1. Frumvarp til laga [1. mál]

um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992.

2. gr.

Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fskj. 1–4 með lögum þessum.

3. gr.

Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

OG

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ERU SANNFÆRÐIR UM að Evrópskt efnahagssvæði muni stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis og mannréttinda;

ÁRÉTTA að höfuðáhersla er lögð á náin samskipti Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna, sem grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá fornu fari og evrópskri samkennd;

HAFA EINSETT SÉR að stuðla á grundvelli markaðsbúskapar að auknu frjálsræði og samvinnu í viðskiptum um gjörvallan heim, einkum í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina;

HAFA Í HUGA það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila;

HAFA EINSETT SÉR að beita sér fyrir því að frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, svo og að styrkja og auka samvinnu í jaðarmálum og tengdum málum;

HAFA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að stuðla að samræmdri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu og eru sannfærðir um nauðsyn þess að draga með samningi þessum úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða;

VILJA LEGGJA SITT AF MÖRKUM til að styrkja samvinnu milli þingmanna Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna, svo og milli aðila vinnumarkaðarins í Evrópubandalaginu og EFTA-ríkjunum;

ERU SANNFÆRÐIR UM að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningi þessum og þeirrar verndar dómstóla sem þessi réttindi njóta;

HAFA EINSETT SÉR að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða;

HAFA EINSETT SÉR að við mótun nýrra reglna verði lagðar til grundvallar strangar kröfur um að vernda beri heilsu, öryggi og umhverfi;

GERA SÉR LJÓST mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna, á Evrópska efnahagssvæðinu og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu;

HAFA EINSETT SÉR að efla hagsmuni neytenda og styrkja stöðu þeirra á markaðinum, með öfluga neytendavernd að markmiði;

SETJA SÉR ÞAU SAMEIGINLEGU MARKMIÐ að styrkja vísindalegar og tæknilegar undirstöður evrópsks iðnaðar og gera hann samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi;

ÁLÍTA að gerð samnings þessa eigi ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á möguleika EFTA-ríkja til að gerast aðilar að Evrópubandalögunum;

STEFNA AÐ ÞVÍ, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samnings þessa og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samning þennan, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði;

ÞAR EÐ samningur þessi takmarkar hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

I. HLUTI
MARKMIÐ OG MEGINREGLUR

1. gr.

1. Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

2. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér:

a) frjálsa vöruflutninga;
b) frjálsa fólksflutninga;
c) frjálsa þjónustustarfsemi;
d) frjálsa fjármagnsflutninga;
e) að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum; og einnig
f) nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála.

2. gr.

Í þessum samningi merkir:

a) hugtakið „samningur" meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til;
b) hugtakið „EFTA-ríki" samningsaðila sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu;
c) hugtakið „samningsaðilar", að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB, bæði bandalagið og aðildarríki EB eða annaðhvort bandalagið eða aðildarríki EB. Merkingin, sem leggja ber í þetta orð í hverju tilviki, ræðst af viðkomandi ákvæðum samnings þessa hverju sinni og jafnframt viðkomandi valdsviði bandalagsins og aðildarríkja EB í samræmi við stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

3. gr.

Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.

Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.

4. gr.

Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.

5. gr.

Samningsaðilar geta hvenær sem er vakið máls á áhyggjuefnum í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráðinu í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. og 2. mgr. 89. gr. eftir því sem við á.

6. gr.

Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

7. gr.

Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;
b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

II. HLUTI

FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

1. KAFLI

GRUNDVALLARREGLUR

8. gr.

1. Koma skal á frjálsum vöruflutningum milli samningsaðila í samræmi við ákvæði samnings þessa.
2. Ákvæði 10.-15., 19., 20. og 25.-27. gr. taka einungis til framleiðsluvara sem upprunnar eru í ríkjum samningsaðila nema annað sé tekið fram.
3. Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

a) framleiðsluvara sem falla undir 25.-97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.

9. gr.

1. Kveðið er á um upprunareglur í bókun 4. Þær eru settar með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar sem samningsaðilar eru eða kunna að verða bundnir af samkvæmt Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti.
2. Samningsaðilar skulu áfram leitast við að bæta og einfalda upprunareglur á allan hátt og auka samvinnu á sviði tollamála með það fyrir augum að byggja á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur með samningi þessum.
3. Fyrsta endurskoðun skal fara fram fyrir árslok 1993. Síðan fer endurskoðun fram á tveggja ára fresti. Á grundvelli þessarar endurskoðunar skuldbinda samningsaðilar sig til að ákveða þær viðeigandi ráðstafanir sem eiga að verða hluti samningsins.

10. gr.

Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla.

11. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

12. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

14. gr.

Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.

15. gr.

Þegar framleiðsluvörur eru fluttar út til yfirráðasvæðis annars samningsaðila má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki nema hærri fjárhæð en skattinum sem þegar hefur verið lagður á þær beint eða óbeint.

16. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.
2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsaðilanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðila. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

2. KAFLI

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARAFURÐIR

17. gr.

Í I. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna.

18. gr.

Með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir skulu samningsaðilar tryggja að fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í 17. gr. og a- og b-lið 23. gr. varðandi aðrar vörur en þær er heyra undir 3. mgr. 8. gr., verði ekki stofnað í hættu vegna annarra tæknilegra viðskiptahindrana. Ákvæði 13. gr. skulu gilda.

19. gr.

1. Samningsaðilar skulu taka til athugunar alla erfiðleika sem upp kunna að koma í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og leitast við að finna viðeigandi lausn á þeim.
2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.
3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar sjá um að fram fari endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá.
4. Samningsaðilar munu, í ljósi þeirra niðurstaðna sem fást af þessari endurskoðun, innan ramma landbúnaðarstefnu hvers um sig og með tilliti til niðurstaðna Úrúgvæ-viðræðnanna, ákveða, innan ramma samnings þessa, á grundvelli fríðindaréttinda, með tvíhliða eða marghliða hætti og með gagnkvæmu samkomulagi sem er hagstætt hverjum aðila, frekara afnám hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði, að meðtöldum þeim viðskiptahindrunum sem leiðir af ríkiseinkasölum í viðskiptum á sviði landbúnaðar.

20. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir er að finna í bókun 9.

3. KAFLI

SAMVINNA Á SVIÐI TOLLAMÁLA OG AUÐVELDUN VIÐSKIPTA

21. gr.

1. Til að greiða fyrir viðskiptum skulu samningsaðilar einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 10.
2. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan í tollamálum til þess að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafar. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 11.
3. Samningsaðilar skulu styrkja og auka samvinnu sín í milli með það að markmiði að einfalda framkvæmd vöruviðskipta, einkum að því er varðar áætlanir, verkefni og aðgerðir bandalagsins sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum í samræmi við reglurnar í VI. hluta.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. 8. gr. skal þessi grein taka til allra framleiðsluvara.

22. gr.

Samningsaðili er hefur hug á að lækka virkt stig tolla eða gjalda sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart þriðju löndum með bestu kjör eða íhugar frestun þeirra skal, sé slíkt gerlegt, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það eigi síðar en þrjátíu dögum áður en lækkunin eða frestunin kemur til framkvæmda. Hlutaðeigandi samningsaðili skal gefa gaum athugasemdum frá öðrum samningsaðilum um röskun sem hlotist gæti af þessu.

4. KAFLI

AÐRAR REGLUR UM FRJÁLSA VÖRUFLUTNINGA

23. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag er að finna í:

a) bókun 12 og II. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottanir;
b) bókun 47 varðandi afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín;
c) III. viðauka varðandi skaðsemisábyrgð.

Þau skulu taka til allra framleiðsluvara nema annað sé tekið fram.

24. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál er að finna í IV. viðauka.

25. gr.

Leiði framkvæmd 10. og 12. gr. af sér:

a) endurútflutning til þriðja lands á framleiðsluvöru sem er af hálfu samningsaðila er flytur út háð magntakmörkunum, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif; eða
b) alvarlegan skort, eða hættu á alvarlegum skorti, á framleiðsluvöru sem er mjög mikilvæg samningsaðila er flytur út;

og valdi þær aðstæður, sem að ofan getur, samningsaðila er flytur út meiri háttar erfiðleikum eða eru líklegar til þess getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglurnar í 113. gr.

26. gr.

Í samskiptum samningsaðila skal ekki gera ráðstafanir gegn undirboðum, leggja á jöfnunartolla og grípa til aðgerða gegn ólöglegum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa nema annað sé tekið fram í samningi þessum.

5. KAFLI

KOLA- OG STÁLVÖRUR

27. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi kola- og stálvörur er að finna í bókunum 14 og 25.

III. HLUTI

FRJÁLSIR FÓLKSFLUTNINGAR, FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

1. KAFLI

LAUNAFÓLK OG SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGAR

28. gr.

1. Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum.
2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.
3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði felur það í sér rétt til þess að:
   a) þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;
   b) fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja;
   c) dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;
   d) dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eftir að hafa starfað þar.
4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu.
5. Í V. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi launþega til flutninga.

29. gr.

1. Til að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga skulu samningsaðilar á sviði almannatrygginga, í samræmi við VI. viðauka, einkum tryggja launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum og þeim sem þeir framfæra að:
   a) lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta;
   b) bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yfirráðasvæðum samningsaðila.

30. gr.

Til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skulu samningsaðilar í samræmi við VII. viðauka gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

2. KAFLI

STAÐFESTURÉTTUR

31. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla.

2. Í VIII.-XI. viðauka eru sérstök ákvæði um staðfesturétt.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um starfsemi sem á yfirráðasvæði ákveðins samningsaðila fellur undir meðferð opinbers valds jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum.

33. gr.

Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

34. gr.

Með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði samningsaðila, skal farið, að því er þennan kafla varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum.

Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

35. gr.

Ákvæði 30. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

3. KAFLI

ÞJÓNUSTA

36. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.
2. Í IX.-XI. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi til að veita þjónustu.

37. gr.

Með „þjónustu" er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa fólksflutninga.

Undir „þjónustu" fellur einkum:

a) starfsemi á sviði iðnaðar;
b) starfsemi á sviði viðskipta;
c) starfsemi handverksmanna;
d) sérfræðistörf.

Sá sem veitir þjónustu getur, með fyrirvara um ákvæði 2. kafla, í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

38. gr.

Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga fellur undir ákvæði 6. kafla um flutningastarfsemi.

39. gr.

Ákvæði 30. og 32.-34. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

4. KAFLI

FJÁRMAGN

40. gr.

Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

41. gr.

Gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila samkvæmt ákvæðum samnings þessa skulu lausar við öll höft.

42. gr.

1. Ef beitt er innlendum reglum um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum sem höftum hefur verið létt af samkvæmt ákvæðum samnings þessa skal það gert án mismununar.
2. Lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eða sveitarstjórna þess skulu ekki boðin út eða tekin í öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum nema viðkomandi ríki hafi gert með sér samkomulag um það.

43. gr.

1. Kunni munurinn milli gjaldeyrisreglna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna að verða til þess að menn, búsettir í einu þessara ríkja, færi sér í nyt þær rýmri yfirfærslureglur á yfirráðasvæði samningsaðila sem kveðið er á um í 40. gr. til þess að fara fram hjá reglum einhvers þessara ríkja um fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.
2. Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.
3. Breyti þar til bær yfirvöld samningsaðila gengisskráningu sinni þannig að alvarlegri röskun á samkeppnisskilyrðum valdi geta hinir samningsaðilarnir gert nauðsynlegar ráðstafanir um mjög takmarkaðan tíma til að vinna gegn áhrifum breytingarinnar.
4. Eigi aðildarríki EB eða EFTA-ríki í örðugleikum með greiðslujöfnuð eða alvarleg hætta er á að örðugleikar skapist, hvort sem það stafar af heildarójafnvægi í greiðslujöfnuði eða því hvaða gjaldmiðli það hefur yfir að ráða, getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana, einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd samnings þessa í hættu.

44. gr.

Bandalagið annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skulu beita eigin málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í bókun 18, vegna framkvæmdar ákvæða 43. gr.

45. gr.

1. Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr.
2. Ekki má grípa til neinna verndarráðstafana nema að höfðu samráði í sameiginlegu EES-nefndinni og eftir að henni hafa verið veittar upplýsingar.
3. Í því tilviki sem um ræðir í 2. mgr. 43. gr. getur hlutaðeigandi samningsaðili þó gert ráðstafanirnar, án þess að áður fari fram samráð eða skipti á upplýsingum, þegar það reynist óhjákvæmilegt vegna þess að þær verða að fara leynt eða þola ekki bið.

4. Komi skyndilega upp vandi er varðar greiðslujöfnuð, í því tilviki sem um ræðir í 4. mgr. 43. gr., og sé ekki unnt að fylgja málsmeðferðinni í 2. mgr., getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana. Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á framkvæmd samnings þessa og kostur er á og mega ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.
5. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við 3. og 4. mgr. skal tilkynna það eigi síðar en þann dag sem þær öðlast gildi og skulu upplýsingaskiptin, samráðið og tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. eiga sér stað eins fljótt og auðið er í kjölfar þess.

5. KAFLI

SAMVINNA UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM

46. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.

6. KAFLI

FLUTNINGASTARFSEMI

47. gr.

1. Ákvæði 48.-52. gr. gilda um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.
2. Í XIII. viðauka eru sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga.

48. gr.

1. Engu aðildarríki EB eða EFTA-ríki er heimilt að setja nokkur þau ákvæði um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka sem beint eða óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum ríkjum en innlendum flutningsaðilum.
2. Sérhver samningsaðili er víkur frá meginreglunni í 1. mgr. skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það. Aðrir samningsaðilar, sem fallast ekki á frávikið, geta gripið til viðeigandi gagnráðstafana.

49. gr.

Aðstoð er samrýmanleg samningi þessum ef hún bætir úr þörf fyrir samræmingu á sviði flutninga eða í henni felst endurgjald fyrir að rækja tilteknar skyldur sem falla undir hugtakið opinber þjónusta.

50. gr.

1. Þegar um er að ræða flutninga á yfirráðasvæði samningsaðila skal ekki vera nokkur mismunun sem kemur fram í því að flutningsaðilar leggi á mismunandi gjöld eða setji mismunandi skilmála við flutning sams konar vöru á sömu flutningaleiðum, allt eftir því hvert uppruna- eða ákvörðunarland viðkomandi vöru er.

2. Þar til bært yfirvald samkvæmt VII. hluta skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis rannsaka öll tilvik um mismunun sem falla undir þessa grein og taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

51. gr.

1. Bannað er að leggja á gjöld og setja skilmála er varða flutningastarfsemi innan yfirráðasvæðis samningsaðila og fela í einhverjum mæli í sér aðstoð eða vernd, einu eða fleiri fyrirtækjum eða atvinnugreinum í hag, nema þar til bært yfirvald samkvæmt 2. mgr. 50. gr. heimili það.

2. Þar til bært yfirvald skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis kanna gjöld þau og skilmála sem um getur í 1. mgr., annars vegar einkum með kröfur um æskilega efnahagsstefnu á einstökum landsvæðum í huga, svo og þarfir vanþróaðra svæða og erfiðleika svæða þar sem alvarlegt stjórnmálaástand ríkir, og hins vegar með tilliti til áhrifa gjaldanna og skilmálanna á samkeppni milli mismunandi greina flutningastarfsemi.

Þar til bært yfirvald skal taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

3. Bannið sem um getur í 1. mgr. tekur ekki til gjalda sem ákveðin eru til að bregðast við samkeppni.

52. gr.

Álögur eða gjöld, sem flutningsaðili innheimtir umfram flutningsgjöld vegna flutnings yfir landamæri, mega ekki vera hærri en sanngjarnt er með hliðsjón af raunverulegum kostnaði vegna þessa. Samningsaðilar skulu leitast við að draga smám saman úr slíkum kostnaði.

IV. HLUTI

SAMKEPPNISREGLUR OG AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

1. KAFLI

REGLUR UM FYRIRTÆKI

53. gr.

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:
   a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;
   b) takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;
   c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;
   d) mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;
   e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.
2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.
3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:
   samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;
   ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;
   samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;
   sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:
   a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;
   b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

54. gr.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:
   a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;
   b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns;
   c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum

og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

55. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði sem hrinda 53. og 54. gr. í framkvæmd og er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka við samning þennan skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, sem kveðið er á um í 1. mgr. 108. gr., tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun, sem kveðið er á um í 56. gr., skal að eigin frumkvæði eða að beiðni ríkis á viðkomandi svæði eða hinnar eftirlitsstofnunarinnar rannsaka tilvik þar sem grunur leikur á að meginreglur þessar séu brotnar. Hin þar til bæra eftirlitsstofnun skal framkvæma þessar rannsóknir í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við hina eftirlitsstofnunina sem skal veita henni aðstoð í samræmi við eigin reglur.

Komist hún að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða skal hún gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.

2. Ef ekki er bundinn endi á umrætt brot skal þar til bær eftirlitsstofnun skrá slíkt brot á meginreglunum í rökstuddri ákvörðun.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun getur birt ákvörðun sína og heimilað ríkjum á viðkomandi svæði, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem hún kveður nánar á um, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu. Hún getur einnig farið fram á það við hina eftirlitsstofnunina að hún heimili ríkjum á viðkomandi svæði að gera slíkar ráðstafanir.

56. gr.

1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b) með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c) framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.
4. Hugtökin „fyrirtæki" og „velta" eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

57. gr.

1. Samfylkingar, sem gert er ráð fyrir eftirliti með í 2. mgr. og skapa eða efla yfirburðastöðu er hindrar virka samkeppni á samningssvæðinu eða umtalsverðum hluta þess, skal lýsa ósamrýmanlegar samningi þessum.
2. Eftirtaldir aðilar skulu hafa eftirlit með samfylkingum sem falla undir 1. mgr.:
a) framkvæmdastjórn EB í þeim málum sem falla undir reglugerð EBE nr. 4064/89, í samræmi við þá reglugerð, bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Með fyrirvara um endurskoðunarvald dómstóls EB hefur framkvæmdastjórn EB ein vald til að taka ákvarðanir í þessum málum.
b) eftirlitsstofnun EFTA í þeim málum sem falla ekki undir a-lið hafi viðmiðunarmörkum, sem sett eru í XIV. viðauka, verið fullnægt á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í samræmi við bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Þetta er með þeim fyrirvara að aðildarríki EB séu ekki valdbær í þessu tilliti.

58. gr.

Með það fyrir augum að þróa og viðhalda samræmdu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði samkeppni, svo og að stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða samningsins í þessu skyni, skulu lögbær yfirvöld hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæði bókana 23 og 24.

59. gr.

1. Eigi í hlut opinber fyrirtæki, og fyrirtæki sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skulu samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur samnings þessa, einkum reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53.-63. gr.
2. Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.
3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu hvor innan síns valdsviðs tryggja að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem eru á svæðum hvorrar um sig.

60. gr.

Í XIV. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd þeirra meginreglna sem settar eru í 53., 54., 57. og 59. gr.

2. KAFLI

RÍKISAÐSTOÐ

61. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

2. Eftirtalið samrýmist framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara;

b) aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða.

c) aðstoð sem veitt er til atvinnuvega á ákveðnum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, þar sem skipting Þýskalands hefur áhrif, að því marki sem þörf er á slíkri aðstoð til að bæta upp efnahagslegt óhagræði vegna skiptingarinnar.

3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið;

b) aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

c) aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum;

d) aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta.

62. gr.

1. Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a) framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b) eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26.

2. Með það fyrir augum að tryggja samræmt eftirlit á sviði ríkisaðstoðar á svæðinu sem samningur þessi tekur til skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæðin í bókun 27.

63. gr.

Í XV. viðauka eru sérstök ákvæði um ríkisaðstoð.

64. gr.

1. Ef önnur eftirlitsstofnunin telur að framkvæmd hinnar eftirlitsstofnunarinnar á 61. og 62. gr. samningsins, svo og 5. gr. bókunar 14, samræmist ekki kröfum um sömu samkeppnisskilyrði á svæðinu sem samningur þessi tekur til skal skipst á skoðunum innan tveggja vikna í samræmi við málsmeðferð f-liðar í bókun 27.

Hafi ekki fundist lausn innan þessara tveggja vikna sem aðilar geta sætt sig við getur þar til bært yfirvald samningsaðila, sem málið snertir, gripið án tafar til bráðabirgðaráðstafana til þess að ráða bót á þeirri röskun sem orðið hefur á samkeppni.

Samráð skal síðan hafa í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við.

Hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að finna lausn innan þriggja mánaða og umræddar aðgerðir valda, eða hætta er á að þær valdi, röskun á samkeppni sem hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila er unnt að gera þær varanlegu ráðstafanir í stað bráðabirgðaráðstafananna sem eru bráðnauðsynlegar til að jafna áhrif röskunarinnar. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi EES.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um ríkiseinkasölur sem settar eru á stofn eftir undirritunardag samningsins.

3. KAFLI

AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

65. gr.

1. Í XVI. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi innkaup sem gilda, nema annað sé tekið fram, um allar framleiðsluvörur og þjónustu eins og tilgreint er.

2. Í bókun 28 og XVII. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hugverk og eignarréttindi á sviði iðnaðar og verslunar sem gilda um allar framleiðsluvörur og þjónustu nema annað sé tekið fram.

V. HLUTI

ALTÆK ÁKVÆÐI ER VARÐA FJÓRÞÆTTA FRELSIÐ

1. KAFLI

FÉLAGSMÁL

66. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að bættum starfsskilyrðum og lífskjörum launþega.

67. gr.

1. Samningsaðilar skulu sérstaklega leggja áherslu á að hvetja til umbóta, einkum varðandi vinnuumhverfi, með tilliti til heilsu og öryggis launþega. Til að stuðla að því að þessu markmiði verði náð skulu lágmarkskröfur smám saman koma til framkvæmda og þá með hliðsjón af þeim aðstæðum og tæknilegu reglum er gilda hjá hverjum samningsaðila. Slíkar lágmarkskröfur eru því ekki til fyrirstöðu að samningsaðili láti strangari reglur um starfsskilyrði halda gildi sínu eða setji slíkar reglur enda samrýmist þær samningi þessum.
2. Í XVIII. viðauka eru tilgreind nauðsynleg ákvæði vegna framkvæmdar lágmarkskrafna samkvæmt 1. mgr.

68. gr.

Á sviði vinnulöggjafar skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd samnings þessa. Þessar ráðstafanir eru tilgreindar í XVIII. viðauka.

69. gr.

1. Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu.

Með „launum" er í þessari grein átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns.

Með sömu launum án mismununar vegna kynferðis er átt við að:

a) laun fyrir sömu ákvæðisvinnu skuli miðuð við sömu mælieiningu;
b) laun fyrir tímavinnu skuli vera hin sömu fyrir sams konar starf.

2. Í XVIII. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd 1. mgr.

70. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að því að meginreglan um jafnrétti karla og kvenna verði virt með því að hrinda ákvæðunum sem tilgreind eru í XVIII. viðauka í framkvæmd.

71. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að auka skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu.

2. KAFLI

NEYTENDAVERND

72. gr.

Í XIX. viðauka eru ákvæði um neytendavernd.

3. KAFLI

UMHVERFISMÁL

73. gr.

1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:

a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið;
b) að stuðla að því að vernda heilsu manna;
c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.

74. gr.

Í XX. viðauka eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem skulu gilda samkvæmt 73. gr.

75. gr.

Verndarráðstafanirnar, sem um getur í 74. gr., eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða grípi til þeirra enda samrýmist þær samningi þessum.

4. KAFLI

HAGSKÝRSLUGERÐ

76. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja úrvinnslu og dreifingu samfelldra og sambærilegra hagskýrslna sem lýsi og geri kleift að fylgjast með öllum þeim þáttum sem máli skipta á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar þróa með sér og nota samræmdar aðferðir, skýrgreiningar og flokkanir, svo og sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð hvar sem það á við í stjórnsýslunni og hafa þá í huga nauðsyn þess að fyllsta trúnaðar sé gætt.
3. Í XXI. viðauka eru sérstök ákvæði um hagskýslugerð.
4. Í bókun 30 eru sérstök ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslugerðar.

5. KAFLI

FÉLAGARÉTTUR

77. gr.

Í XXII. viðauka eru sérstök ákvæði um félagarétt.

VI. HLUTI

SAMVINNA UTAN MARKA FJÓRÞÆTTA FRELSISINS

78. gr.

Samningsaðilar skulu efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviði:

rannsókna og tækniþróunar,
upplýsingaþjónustu,
umhverfismála,
menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála,
félagsmála,
neytendaverndar,
lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
ferðamála,
hljóð- og myndmiðlunar og
almannavarna,

að því leyti sem samstarf á þessum sviðum lýtur ekki ákvæðum annarra hluta samnings þessa.

79. gr.

1. Samningsaðilar skulu auka skoðanaskipti sín í milli með öllum viðeigandi aðferðum, einkum samkvæmt reglum VII. hluta, með það fyrir augum að ákveða starfssvið og starfsemi þar sem nánari samvinna getur aukið líkur á að sameiginleg markmið náist á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.
2. Þeir skulu einkum skiptast á upplýsingum og ræða í sameiginlegu EES-nefndinni, að beiðni einstakra samningsaðila, áform og tillögur um að stofna til eða breyta rammaáætlunum, einstökum áætlunum, aðgerðum og verkefnum á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.
3. Ákvæði VII. hluta gilda að breyttu breytanda um þennan hluta þegar sérstaklega er kveðið á um það í þessum hluta eða bókun 31.

80. gr.

Samvinna samkvæmt 78. gr. skal að öðru jöfnu fara fram með eftirfarandi hætti:
þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlunum EB, einstökum áætlunum, verkefnum eða öðrum aðgerðum;
komið verði á sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum þar sem meðal annars gæti verið um að ræða samræmingu eða samstillingu á starfsemi, sameiningu starfsemi sem fyrir er og komið verði á sérstakri sameiginlegri starfsemi;
formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum eða -miðlun;
sameiginlegu átaki til að hvetja til tiltekinnar starfsemi á yfirráðasvæði samningsaðila;
hliðstæðri löggjöf, eftir því sem við á, með sömu eða svipuðum reglum;
samræmingu aðgerða og starfsemi á vettvangi eða fyrir tilstilli alþjóðastofnana, svo og samræmingu samvinnu við þriðju lönd, þar sem um gagnkvæmt hagsmunamál er að ræða.

81. gr.

Þegar samvinna felur í sér þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun EB, einstakri áætlun, verkefni eða annarri aðgerð skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a) EFTA-ríkin skulu hafa aðgang að öllum þáttum áætlunar.
b) Staða EFTA-ríkjanna í nefndum, sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða þróun starfsemi bandalagsins, skal vera í fullu samræmi við það fjárframlag sem EFTA-ríkin kunna að greiða vegna þátttöku sinnar.
c) Ákvæði 3. mgr. 79. gr. gilda um þær ákvarðanir bandalagsins er hafa bein eða óbein áhrif á rammaáætlun, einstaka áætlun, verkefni eða aðra aðgerð sem EFTA-ríki taka þátt í samkvæmt ákvörðun á grundvelli samnings þessa, þó ekki ákvarðanir sem varða fjárlög bandalagsins. Sameiginlega EES-nefndin getur endurskoðað skilmála og skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í viðkomandi starfsemi í samræmi við 86. gr.
d) Þegar um samstarfsverkefni er að ræða skulu stofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar EFTA-ríkja hafa sömu réttindi og skyldur í áætlun bandalagsins eða annarri aðgerð sem um ræðir og samstarfsstofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar aðildarríkja EB. Hið sama gildir að breyttu breytanda um þátttakendur sem fara milli landa vegna viðkomandi samstarfs aðildarríkja EB og EFTA-ríkja.
e) EFTA-ríki, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar skulu hafa sömu réttindi og skyldur að því er varðar úrvinnslu, mat og nýtingu niðurstaðna og aðildarríki EB, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar.
f) Samningsaðilar skuldbinda sig í samræmi við viðkomandi reglugerðir og reglur sínar til að auðvelda flutninga þátttakenda í áætluninni og annarri starfsemi að því marki sem nauðsynlegt er.

82. gr.

1. Þegar samvinna samkvæmt þessum hluta felur í sér fjárframlag frá EFTA-ríkjunum skal framlagið látið í té á einhvern eftirtalinn hátt:

a) Framlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í starfsemi bandalagsins skal reiknað í hlutfalli við:
fjárhagsskuldbindingar; og
greiðsluskuldbindingar;
sem varðandi bandalagið eru settar árlega á þann lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.
Hlutfallsstuðullinn sem ákvarðar framlag EFTA-ríkjanna skal vera summa hlutfallsins milli annars vegar vergrar landsframleiðslu hvers EFTA-ríkis um sig miðað við markaðsverð og hins vegar summa vergrar landsframleiðslu allra aðildarríkja EB og umræddra EFTA-ríkis miðað við markaðsverð. Stuðullinn skal reiknaður fyrir hvert fjárhagsár á grundvelli nýjustu tölfræðilegra upplýsinga.
Bæði að því er varðar fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar skal fjárframlag EFTA-ríkjanna koma til viðbótar fjárframlagi bandalagsins á þeim lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.
Þau framlög sem EFTA-ríkin skulu greiða árlega skulu ákveðin á grundvelli greiðsluskuldbindinganna.
Skuldbindingar sem bandalagið tók á sig áður en EFTA-ríkin hófu á grundvelli samnings þessa þátttöku í viðkomandi starfsemi, svo og greiðslur sem af henni leiðir, kalla ekki á framlög af hálfu EFTA-ríkjanna.

b) Fjárframlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í ákveðnum verkefnum eða annarri starfsemi skal grundvallast á þeirri meginreglu að sérhver samningsaðili skuli bera eigin kostnað, svo og viðeigandi hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

c) Sameiginlega EES-nefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi fjárframlag samningsaðila til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni.

2. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar eru í bókun 32.

83. gr.

Þegar samvinnan felst í upplýsingaskiptum milli opinberra aðila skulu EFTA-ríkin hafa sama rétt á að fá upplýsingar og aðildarríki EB og ber þeim jafnframt sama skylda til að veita upplýsingar, samanber þó kröfur um trúnað sem sameiginlega EES-nefndin ákveður.

84. gr.

Ákvæði um samvinnu á tilteknum sviðum eru í bókun 31.

85. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í bókun 31 skal samvinna, sem þegar fer fram milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja á sviðunum sem um getur í 78. gr. við gildistöku samnings þessa, eftir það lúta viðeigandi ákvæðum þessa hluta og bókunar 31.

86. gr.

Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við VII. hluta, taka allar nauðsynlegar ákvarðanir vegna framkvæmdar 78.-85. gr. og ráðstafana sem af henni leiðir og geta þær meðal annars falið í sér viðbætur við og breytingar á bókun 31, ásamt því að ákveða nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir vegna framkvæmdar 85. gr.

87. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa, efla eða auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviðum sem eru ekki tilgreind í 78. gr. þegar slík samvinna þykir líkleg til að greiða fyrir því að markmiðum samnings þessa verði náð eða samningsaðilar telja slíkt hagstætt báðum aðilum af öðrum ástæðum. Slíkar ráðstafanir geta haft það í för með sér að 78. gr. verði breytt þannig að nýjum sviðum verði bætt við þau sem þar eru tilgreind.

88. gr.

Með fyrirvara um ákvæði annarra hluta samnings þessa skulu ákvæði þessa hluta ekki koma í veg fyrir að einstakir samningsaðilar geti undirbúið, samþykkt og hrundið ráðstöfunum í framkvæmd einhliða.

VII. HLUTI

ÁKVÆÐI UM STOFNANIR

1. KAFLI

SKIPULAG SAMSTARFSINS

1. ÞÁTTUR

EES-RÁÐIÐ

89. gr.

1. EES-ráði er hér með komið á fót. Hlutverk þess er einkum að vera pólitískur aflvaki varðandi framkvæmd samnings þessa og setja almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina.

Í þessum tilgangi skal EES-ráðið meta hvernig samningurinn í heild hefur verið framkvæmdur og hvernig hann hefur þróast. Það skal taka stjórnmálalegar ákvarðanir sem leiða til breytinga á samningnum.

2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, geta tekið mál er valda erfiðleikum upp í EES-ráðinu eftir að hafa rætt þau í sameiginlegu EES-nefndinni, eða geta tekið þau beint upp í EES-ráðinu er mjög brýna nauðsyn ber til.

3. EES-ráðið setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

90. gr.

1. EES-ráðið skipa fulltrúar í ráði Evrópubandalaganna og úr framkvæmdastjórn EB ásamt einum fulltrúa ríkisstjórnar hvers EFTA-ríkis.

Skipa skal fulltrúa í EES-ráðið í samræmi við þau skilyrði sem mælt verður fyrir um í starfsreglum þess.

2. Ákvarðanir EES-ráðsins skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar.

91. gr.

1. Fulltrúi ráðs Evrópubandalaganna og ráðherra í ríkisstjórn EFTA-ríkis skulu gegna embætti forseta EES-ráðsins til skiptis sex mánuði í senn.

2. Forseti EES-ráðsins skal kalla það saman tvisvar á ári. EES-ráðið skal einnig koma saman, þegar aðstæður krefjast, í samræmi við starfsreglur sínar.

2. ÞÁTTUR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

92. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndinni er hér með komið á fót. Skal hún tryggja virka framkvæmd samnings þessa. Í þeim tilgangi skal þar skipst á skoðunum og upplýsingum og taka ákvarðanir í þeim málum sem kveðið er á um í samningi þessum.
2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, skulu hafa samráð í sameiginlegu EES-nefndinni um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum og einhver þeirra hefur tekið upp.
3. Sameiginlega EES-nefndin setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

93. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila.
2. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæla einum rómi, hins vegar.

94. gr.

1. Fulltrúi bandalagsins, þ.e. framkvæmdastjórnar EB, og fulltrúi eins EFTA-ríkis skulu gegna embætti formanns sameiginlegu EES-nefndarinnar til skiptis sex mánuði í senn.
2. Sameiginlega EES-nefndin skal að öðru jöfnu koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði til að gegna störfum sínum. Hana má einnig kalla saman að frumkvæði formannsins eða samkvæmt beiðni einhvers samningsaðila í samræmi við starfsreglur hennar.
3. Sameiginlega EES-nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir eða starfshópa sér til aðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Sameiginlega EES-nefndin skal í starfsreglum sínum mæla fyrir um skipan og starfshætti umræddra undirnefnda og starfshópa. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða verkefni þeirra í hverju tilviki fyrir sig.
4. Sameiginlega EES-nefndin skal gefa út ársskýrslu um framkvæmd og þróun samnings þessa.

3. ÞÁTTUR

SAMVINNA ÞINGMANNA

95. gr.

1. Sameiginlegri EES-þingmannanefnd er hér með komið á fót. Hana skipa jafnmargir þingmenn Evrópuþingsins annars vegar og þjóðþinga EFTA-ríkjanna hins vegar. Heildarfjöldi þingmanna í nefndinni kemur fram í stofnsamþykktinni í bókun 36.
2. Fundir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skulu haldnir til skiptis í bandalaginu og EFTA-ríki í samræmi við ákvæði bókunar 36.
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal með umræðum og fundum stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til.
4. Sameiginlegu EES-þingmannanefndinni er heimilt að láta álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á. Hún skal einkum taka til athugunar ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd og þróun samnings þessa sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. 94. gr.
5. Forseti EES-ráðsins má koma fyrir sameiginlegu EES-þingmannanefndina og taka þar til máls.
6. Sameiginlega EES-þingmannanefndin setur sér starfsreglur.

4. ÞÁTTUR

SAMVINNA AÐILA ER STARFA Á SVIÐI EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLA

96. gr.

1. Fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndarinnar og annarra samtaka, sem eru í fyrirsvari fyrir aðila á sviði félagsmála í bandalaginu, og fulltrúar samsvarandi aðila í EFTA-ríkjunum skulu vinna að því að styrkja tengslin sín í milli og eiga samstarf á skipulagðan og reglubundinn hátt með það að markmiði að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum í stöðugt samofnara efnahagssamstarfi samningsaðilanna og á hagsmunum þeirra innan EES.
2. Ráðgjafarnefnd EES er hér með komið á fót í þessum tilgangi. Hana skipa jafnmargir fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndar bandalagsins annars vegar og ráðgjafarnefndar EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EES er heimilt að láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á.
3. Ráðgjafarnefnd EES setur sér starfsreglur.

2. KAFLI

TILHÖGUN ÁKVARÐANATÖKU

97. gr.

Með fyrirvara um meginregluna um jafnræði, og eftir að öðrum samningsaðilum hafa verið veittar upplýsingar þar um, hefur samningur þessi ekki áhrif á rétt einstakra samningsaðila til að breyta innlendri löggjöf á þeim sviðum sem samningurinn tekur til:

ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu aðl öggjöf, eins og henni hefur verið breytt, hafi ekki áhrif til hins verra á framkvæmd samningsins; eða

ef skilyrðum 98. gr. hefur verið fullnægt.

98. gr.

Breyta má viðaukum samningsins, svo og bókunum 1-7, 9-11, 19-27, 30-32, 37, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. (2. mgr.), 99., 100., 102. og 103. gr.

99. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórn EB hefur undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningur þessi tekur til skal hún leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna.
2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir ráði Evrópubandalaganna tillögur sínar skal hún senda afrit af þeim til EFTA-ríkjanna. Fyrstu skoðanaskipti skulu fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni óski einhver samningsaðila þess.
3. Á þeim tíma sem líður fram að töku ákvörðunar í ráði Evrópubandalaganna skulu samningsaðilar, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan í sameiginlegu EES-nefndinni að beiðni einhvers þeirra á öllum tímamótum á leið að endanlegri töku ákvörðunar.
4. Samningsaðilar skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni í lok meðferðar málsins.

100. gr.

Framkvæmdastjórn EB skal tryggja sérfræðingum EFTA-ríkjanna eins víðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við beitingu framkvæmdarvalds hennar. Í þessum málum skal framkvæmdastjórn EB, þegar hún gengur frá tillögum, ráðgast við sérfræðinga EFTA-ríkjanna á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkja EB.

Í þeim tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráði Evrópubandalaganna í samræmi við starfsreglur sem gilda um viðkomandi nefnd skal framkvæmdastjórn EB koma áliti sérfræðinga EFTA-ríkjanna á framfæri við ráð Evrópubandalaganna.

101. gr.

1. Að því er varðar nefndir, sem falla hvorki undir 81. né 100. gr., skal haft samstarf við sérfræðinga EFTA-ríkjanna þegar góð framkvæmd samningsins krefst slíks.

Þessar nefndir eru skráðar í bókun 37. Kveðið er á um tilhögun slíks samstarfs í bókunum og viðaukum um einstök svið þar sem fjallað er um viðkomandi málefni.

2. Telji samningsaðilar að slíkt samstarf ætti að taka til annarra nefnda sem eru svipaðs eðlis getur sameiginlega EES-nefndin breytt bókun 37.

102. gr.

1. Til að tryggja réttaröryggi og einsleitni EES skal sameiginlega EES-nefndin taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samning þennan eins fljótt og unnt er, eftir að bandalagið hefur samþykkt nýja samsvarandi löggjöf bandalagsins, með það að markmiði að unnt sé að beita samtímis þeirri löggjöf og breytingunum á viðaukunum við samninginn. Bandalagið skal í þessum tilgangi tilkynna öðrum samningsaðilum í sameiginlegu EES-nefndinni eins fljótt og unnt er þegar það samþykkir réttargerð um málefni sem fjallað er um í samningi þessum.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal meta á hvaða hluta viðauka við samning þennan þessi nýja löggjöf hefur bein áhrif.

3. Samningsaðilar skulu gera sitt ítrasta til að komast að samkomulagi um málefni sem samningur þessi tekur til.

Sameiginlega EES-nefndin skal einkum gera sitt ítrasta til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við þegar upp koma alvarleg vandamál á sviðum sem falla undir valdsvið löggjafans í EFTA-ríkjunum.

4. Ef ekki er unnt að komast að samkomulagi um breytingar á viðauka við samning þennan, þrátt fyrir beitingu undanfarandi málsgreinar, skal sameiginlega EES-nefndin kanna alla frekari möguleika á því að tryggja áframhaldandi góða framkvæmd samningsins og taka nauðsynlegar ákvarðanir þar að lútandi, meðal annars möguleika á viðurkenningu á sambærilegri löggjöf. Taka verður slíka ákvörðun eigi síðar en við lok sex mánaða tímabils, frá því að málinu er vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar, eða á gildistökudegi samsvarandi löggjafar bandalagsins ef sá dagur er síðar.

5. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um breytingu á viðauka við þennan samning við lok frests sem settur er í 4. mgr. skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans, sem ákveðinn er samkvæmt 2. mgr., sé frestað til bráðabirgða nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Frestun af þessu tagi gengur í gildi sex mánuðum eftir lok tímabilsins sem um getur í 4. mgr., þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri.

6. Ræða skal um raunhæfar afleiðingar þeirrar frestunar sem um getur í 5. mgr. í sameiginlegu EES-nefndinni. Réttindi og skyldur sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa þegar áunnið sér með samningi þessum skulu haldast. Samningsaðilar skulu, eftir því sem við á, ákveða hvaða breytingar þurfi að gera vegna frestunarinnar.

103. gr.

1. Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.

2. Hafi tilkynningin ekki átt sér stað sex mánuðum eftir að sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun sína skal ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, nema samningsaðili tilkynni að slík gildistakatil bráðabirgða geti ekki átt sér stað. Í síðara tilvikinu, eða tilkynni samningsaðili að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi ekki hlotið samþykki, skal frestunin sem kveðið er á um í 5. mgr. 102. gr. ganga í gildi einum mánuði eftir að tilkynningin fer fram en þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu.

104. gr.

Ákvarðanir teknar af sameiginlegu EES-nefndinni í tilvikum sem kveðið er á um í samningi þessum skulu vera bindandi fyrir samningsaðila frá og með gildistökudegi þeirra, nema kveðið sé á um annað í þeim, og skulu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra og beitingu.

3. KAFLI

EINSLEITNI, TILHÖGUN EFTIRLITS OG LAUSN DEILUMÁLA

1. ÞÁTTUR

EINSLEITNI

105. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná fram og halda sig við eins samræmda túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins og þeim ákvæðum í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn skal sameiginlega EES-nefndin starfa í samræmi við þessa grein.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal stöðugt hafa til skoðunar þróun dómsúrlausna dómstóls Evrópubandalaganna og EFTA-dómstólsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. Í þessum tilgangi skal senda dóma þessara dómstóla til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun á samningnum.

3. Ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að varðveita einsleita túlkun á samningnum innan tveggja mánaða frá því að mismunur á úrlausnum dómstólanna tveggja var lagður fyrir hana má beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 111. gr.

106. gr.

Til að tryggja að samningur þessi verði túlkaður á eins samræmdan hátt og kostur er, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, skal sameiginlega EES-nefndin koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og dómstóla EFTA-ríkjanna á síðasta dómstigi. Í kerfi þessu skal felast:

a) að þessir dómstólar sendi ritara dómstóls Evrópubandalaganna dóma sína um túlkun og beitingu annars vegar samnings þessa og hins vegar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, með áorðnum breytingum og viðbótum, auk þeirra gerða sem hafa verið samþykktar í samræmi við þá, að því leyti sem þeir varða ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum samnings þessa;
b) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sjái um að flokka þessa dóma og semja og birta, eins og þörf krefur, þýðingar og útdrætti;
c) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sendi þau skjöl sem máli skipta til lögbærra yfirvalda hvers lands sem sérhver samningsaðili tilnefnir fyrir sig.

107. gr.

Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að ákveða túlkun EES-reglna.

2. ÞÁTTUR

TILHÖGUN EFTIRLITS

108. gr.

1. EFTA-ríkin skulu koma á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun (eftirlitsstofnun EFTA) svo og kerfi svipuðu og fyrir er í bandalaginu, meðal annars kerfi til að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og til eftirlits með lögmæti aðgerða eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.
2. EFTA-ríkin skulu koma á fót dómstóli (EFTA-dómstóli).

Undir valdsvið EFTA-dómstólsins skal með tilliti til beitingar samnings þessa og í samræmi við sérstakan samning milli EFTA-ríkjanna einkum heyra:

a) mál um tilhögun eftirlits er varðar EFTA-ríkin;
b) áfrýjanir á ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni;
c) lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja.

109. gr.

1. Annars vegar skal eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með efndum á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hins vegar framkvæmdastjórn EB sem starfar samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og samningi þessum.

2. Til að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál.
3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu samnings þessa. Þær skulu skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa.
4. Hvor þessara stofnana um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar.
5. Komi upp ósamkomulag milli þessara tveggja stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr.

110. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt samningi þessum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar. Hið sama skal eiga við um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins samkvæmt samningi þessum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfarsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formskilyrði að gengið hafi verið úr skugga um að ákvörðunin hafi verið tekin af þar til bæru yfirvaldi sem sérhver samningsaðili tilnefnir í þessu skyni og sendir öðrum samningsaðilum, svo og eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB, dómstóli Evrópubandalaganna, dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólnum, tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram, í samræmi við lög þess ríkis þar sem fullnustan á að fara fram, með því að fara með málið beint fyrir lögbært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna hvað varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB, úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða dómstóls Evrópubandalaganna, eða með úrskurði EFTA-dómstólsins hvað varðar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA eða úrskurði EFTA-dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkja hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið rétt að fullnustunni.

3. ÞÁTTUR

LAUSN DEILUMÁLA

111. gr.

1. Bandalagið eða EFTA-ríki getur lagt deilumál er varðar túlkun eða beitingu samnings þessa fyrir sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
2. Sameiginlegu EES-nefndinni er heimilt að leysa deilumálið. Henni skulu gefnar allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til þess að framkvæma nákvæma rannsókn á málinu, með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka alla möguleika til að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.
3. Varði deilumál túlkun ákvæða samnings þessa, sem eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, og hafi málið ekki verið leyst innan þriggja mánaða frá því að það var lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina, geta samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð um túlkun á viðkomandi reglum.

   Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki náð samkomulagi um lausn á slíku deilumáli innan sex mánaða frá þeim degi er þessi málsmeðferð hófst, eða hafi samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, á þeim tíma ekki ákveðið að fara fram á úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna, getur samningsaðili, til að draga úr hugsanlegu ójafnvægi,

   annaðhvort gripið til öryggisráðstafana í samræmi við 2. mgr. 112. gr. og málsmeðferð 113. gr.;

   eða beitt 102. gr. að breyttu breytanda.
4. Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða umfang jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð. Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila.

4. KAFLI

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

112. gr.

1. Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.
3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.

113. gr.

1. Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
2. Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.
3. Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrirfram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

Framkvæmdastjórn EB skal grípa til öryggisráðstafana fyrir bandalagið.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til sameiginlegu EES-nefndarinnar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
5. Í sameiginlegu EES-nefndinni skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hver samningsaðilanna um sig getur hvenær sem er farið fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún endurskoði umræddar ráðstafanir.

114. gr.

1. Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafnumfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Málsmeðferðin sem kveðið er á um í 113. gr. gildir.

VIII. HLUTI

FJÁRMAGNSKERFI

115. gr.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr. Í þessu tilliti hafa þeir í huga ákvæði sem er að finna annars staðar í samningi þessum og bókanir er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum ráðstöfunum er varða landbúnað og sjávarútveg.

116. gr.

EFTA-ríkin skulu koma upp fjármagnskerfi í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum, í tengslum við EES og til viðbótar því sem bandalagið gerir þegar á þessu sviði, til framgangs markmiðunum sem sett eru í 115. gr.

117. gr.

Í bókun 38 eru ákvæði um fjármagnskerfið.

IX. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

118. gr.

1. Álíti samningsaðili það öllum samningsaðilum til hagsbóta að þróa tengslin, sem stofnað er til með samningi þessum, með því að láta þau ná til fleiri sviða en þar er gert ráð fyrir skal hann leggja fram rökstudda beiðni til hinna samningsaðilanna í EES-ráðinu. Ráðið getur falið sameiginlegu EES-nefndinni að rannsaka alla þætti beiðninnar og leggja fram skýrslu.

EES-ráðið getur, eftir því sem við á, tekið stjórnmálalegar ákvarðanir með það fyrir augum að hafnar verði samningaviðræður milli samningsaðila.

2. Samningar sem samningaviðræður samkvæmt 1. mgr. leiða til skulu háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila í samræmi við þeirra eigin reglur.

119. gr.

Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

120. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41, 43 og 44 skulu ákvæði samningsins ganga framar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

121. gr.

Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

a) innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;
b) innan ramma svæðissambandsins milli Sviss og Liechtensteins að því leyti sem markmið sambandsins nást ekki með beitingu ákvæða samnings þessa og góð framkvæmd samningsins raskast ekki;
c) innan ramma samvinnu Austurríkis og Ítalíu varðandi Tíról, Vorarlberg og Trentínó Suður-Tíról/Altó Adíge að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa.

122. gr.

Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

123. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir:

a) sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum;
b) sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;
c) sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum, sem leitt getur til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem hann hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

124. gr.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða samnings þessa skulu samningsaðilar sjá til þess að ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar hvað varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja í skilningi 34. gr.

125. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.

126. gr.

1. Samningurinn gildir á þeim svæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til, með þeim skilmálum sem þar eru settir, og á yfirráðasvæðum Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal samningur þessi ekki gilda um Álandseyjar. Ríkisstjórn Finnlands getur þó gefið út yfirlýsingu, sem lögð skal fram hjá vörsluaðila við fullgildingu samnings þessa og hann skal senda samningsaðilum staðfest endurrit af, þess efnis að samningurinn skuli gilda um þessar eyjar með sömu skilmálum og hann gildir um aðra hluta Finnlands, samanber þó eftirfarandi ákvæði:

a) Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra beitingu ákvæða er gilda hverju sinni á Álandseyjum og varða:
   i) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, og lögpersóna til að eignast og eiga fasteignir á Álandseyjum án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna;
   ii) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, eða lögpersóna til staðfestu og til að veita þjónustu án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna.
b) Samningur þessi hefur ekki á áhrif á réttindi íbúa Álandseyja í Finnlandi.
c) Yfirvöld á Álandseyjum skulu veita öllum einstaklingum og lögpersónum samningsaðila sömu kjör.

127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum að því tilskildu að hann veiti öðrum samningsaðilum að minnsta kosti tólf mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

Jafnskjótt og fyrirhuguð uppsögn hefur verið tilkynnt skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til þess að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á samningnum.

128. gr.

1. Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, en heimilt gangi það í EFTA, að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.
2. Samningsaðilar og ríki sem sækir um skulu gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Slíkt samkomulag skal lagt fyrir alla samningsaðila til fullgildingar eða samþykktar í samræmi við eigin reglur þeirra.

129. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Honum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- og samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðu mála.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið nítján hundruð níutíu og tvö.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN 1
UM ALTÆKA AÐLÖGUN

Ákvæði gerða sem vísað er til í viðaukum við samning þennan skulu gilda í samræmi við samninginn og þessa bókun, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi viðauka. Sérstaka nauðsynlega aðlögun fyrir einstakar gerðir er að finna í þeim viðauka þar sem viðkomandi gerð er skráð.

1. Inngangur að gerðum

Inngangsorð gerða sem vísað er til eru ekki aðhæfðir hvað samning þennan varðar. Mikilvægi þeirra fer eftir því hversu nauðsynleg þau eru fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma samningsins, þeirra ákvæða sem í gerðunum felast.

2. Ákvæði um EB-nefndir

Í 81., 100. og 101. gr. samningsins og bókun 31 er fjallað um starfshætti, fyrirkomulag stofnana eða önnur ákvæði um EB-nefndir í gerðunum sem vísað er til.

3. Ákvæði um tilhögun aðlögunar/breytinga á gerðum bandalagsins

Ef gerð sem vísað er til gerir ráð fyrir Evrópubandalagstilhögun við aðlögun, útvíkkun eða breytingu á gerðinni eða þróun nýrrar stefnu, frumkvæðis og gerða innan bandalagsins gilda viðeigandi reglur um ákvarðanatöku samkvæmt samningnum.

4. Tilhögun varðandi upplýsingaskipti og tilkynningar

a) Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA-ríkjanna slíkar upplýsingar. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.

b) Þegar aðildarríki EB ber að veita einu eða fleiri aðildarríkjum EB upplýsingar skal það einnig veita framkvæmdastjórn EB þessar upplýsingar og skal hún koma þeim á framfæri við fastanefndina sem dreifir þeim til EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríki skal veita einu eða fleiri EFTA-ríkjum samsvarandi upplýsingar og einnig fastanefndinni sem kemur upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórn EB er dreifir þeim til aðildarríkja EB. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að veita upplýsingarnar.

c) Á sviðum þar sem brýn þörf er á skjótvirkri upplýsingamiðlum ber að leita viðeigandi lausna fyrir einstök svið til þess að greiða fyrir beinum upplýsingaskiptum.

d) Starfsemi framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki, upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skal að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 7. tölul. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu skiptast á öllum upplýsingum um þessi málefni. Öllum ágreiningsefnum sem upp koma í þessu samhengi má vísa til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

5. Skýrslugerð

Þegar framkvæmdastjórn EB eða önnur stofnun EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að vinna að skýrslu eða mati eða öðru slíku, skal eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, nema annað sé ákveðið, samtímis gera, eftir því sem við á, samsvarandi skýrslu eða mat eða annað slíkt, með tilliti til EFTA-ríkjanna. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu hafa samráð sín á milli og skiptast á upplýsingum meðan á skýrslugerðinni stendur, en afrit af skýrslunni skal senda sameiginlegu EES-nefndinni.

6. Birting upplýsinga

a) Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.

b) Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild.[1]

7. Réttindi og skyldur

Líta ber á réttindi og skyldur aðildarríkja Evrópubandalagsins eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila, og er með samningsaðilum einnig átt við, eftir atvikum, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

8. Tilvísanir til yfirráðasvæða

Þegar gerðirnar vísað er til geyma tilvísanir til yfirráðasvæða „bandalagsins" eða „sameiginlega markaðarins" ber að líta svo á að því er samninginn varðar að þær séu tilvísanir til yfirráðasvæða samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í 126. gr. samningsins.

9. Tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB

Þegar gerðirnar sem vísað er til geyma tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu einnig tilvísanir til ríkisborgara EFTA-ríkjanna.

---

[1] Í efnisyfirliti EES-deildarinnar yrði einnig vísað til þess hvar umræddar upplýsingar varðandi Evrópubandalagið og aðildarríki þess væri að finna.

10. Tilvísanir til tungumála

Þegar gerð sem vísað er til veitir aðildarríkjum EB eða opinberum stofnunum þeirra, fyrirtækjum eða einstaklingum réttindi eða setur þeim skyldur um notkun einhvers hinna opinberu tungumála Evrópubandalaganna, ber að líta svo á að samsvarandi réttindi og skyldur um notkun á einhverju opinberu tungumáli allra samningsaðila eigi við um samningsaðila, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

11. Gildistaka og framkvæmd gerða

Ákvæði um gildistöku eða framkvæmd þeirra gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn eiga ekki við að því er samninginn varðar. Tímamörk og dagsetningar fyrir gildistöku og framkvæmd EFTA-ríkja á þeim gerðum sem vísað er til miðast við 3. mgr. 129. gr. samningsins, svo og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag.

12. Viðtakendur gerða bandalagsins

Ákvæði þar sem þess er getið að gerð bandalagsins sé beint til aðildarríkja bandalagsins eiga ekki við að því er samninginn varðar.

Fylgiskjal 3.

9. TÖLUL. VIII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 31. - 35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem i eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Fylgiskjal 4.

G-LIÐUR 1. TÖLUL. XII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Inngangur

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi og á ný á 116. löggjafarþingi. Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til þess að fullgilda samning um Evrópskt efnahagssvæði, hér nefndur EES-samningurinn, milli Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), Kola- og stálbandalags Evrópu (KSBE) og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hins vegar, sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992.

Einnig er leitað eftir heimild til þess að fullgilda tvo fylgisamninga milli EFTA-ríkjanna, annars vegar samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér nefndur ESE-samningurinn, og hins vegar samning um fastanefnd EFTA.

Frumvarpinu fylgir samningur í formi bréfaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, en gildistaka hans er háð gildistöku EES-samningsins.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er viðamesti samningur sem Ísland hefur gert og er jafnframt einn sá mikilvægasti. Honum er ætlað að koma á sameiginlegum markaði 19 ríkja Evrópubandalagsins (EB) og Fríverslunarsamtaka Evrópu, með um 380 milljónir íbúa, frá og með 1. janúar 1993.

Með samningnum er stefnt að því að koma á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum, frjálsum fjármagnsflutningum og sameiginlegum vinnumarkaði á þessu svæði. Jafnframt verður samvinna þessara Vestur-Evrópuríkja stóraukin á margvíslegum sviðum, m.a. á sviði félagsmála, jafnréttismála, neytendamála, umhverfismála, menntamála, vísinda- og tæknimála, svo að dæmi séu tekin.

Markmið samningsins eru m.a. að auka viðskipti, glæða hagvöxt, bæta lífskjör og velsæld íbúa allra þátttökuríkja í efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu tilliti og ekki síst að styrkja grundvöllinn að varanlegum friði í Evrópu.

EES-samningurinn skapar íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum bæði tækifæri og hvatningu til þess að þróa ný atvinnutækifæri, greiðir fyrir aðgangi íslenskra afurða og þjónustu að Evrópumarkaði og stuðlar þar með að aukinni fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

Um áhrif EES-samningsins á íslenskt efnahagslíf vísast í skýrslu Þjóðhagsstofnunar „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið" (116. bls., Reykjavík, september 1991). Í viðbæti 2 við frumvarpið er yfirlit yfir utanríkisviðskipti Íslands 1987-91 og í viðbæti 3 er yfirlit yfir hagvöxt 1988-92.

B. Meginefni EES-samningsins

1. Fjórþætta frelsið

Með því að koma á sameiginlegum markaði EB og EFTA-ríkja á sviði vöruviðskipta, þjónustu, fjármagns og vinnuafls eru hin 19 aðildarríki að samræma leikreglur viðskiptalífsins og þar með tengjast þau nánari böndum.

Hinu má ekki gleyma að þær reglur sem Ísland hefur búið við á sviði vöruviðskipta innan EFTA síðan 1970 og skv. fríverslunarsamningum við EB síðan 1972 eru nánast hliðstæðar þeim sem felast í EES-samningnum. Sama má segja um hinn sameiginlega norræna vinnumarkað, sem Ísland hefur verið aðili að um árabil.

Fjórþætta frelsið byggist á grundvallarreglunni um jafnrétti eftir þjóðerni og búsetu. Innan EES-svæðisins verður ekki heimilt að mismuna einstaklingum eða fyrirtækjum á þessum grundvelli, með nokkrum undantekningum þó. Samningurinn er hins vegar ekki því til fyrirstöðu að settar séu skorður á atvinnustarfsemi af ýmsum öðrum toga, eins og t.d. málakunnátta eða aðrir eiginleikar séu áskildir í tiltekinni starfsgrein. Einnig má takmarka frelsi til atvinnurekstrar, í samningnum nefndur „staðfesturéttur", með vísan í allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

Á sviði vöruviðskipta verður með EES-samningnum rutt úr vegi mörgum svonefndum tæknilegum viðskiptahindrunum sem geta hamlað milliríkjaviðskiptum á sama hátt og tollar. Sama gildir um magntakmarkanir í inn- og útflutningi, með nokkrum undantekningum þó. Upprunareglur og tollafgreiðslureglur eru samræmdar, án þess að ytri tollur EB taki gildi fyrir EFTA-ríkin. EES verður ekki tollabandalag. EFTA- ríkjunum verður áfram frjálst að ákveða tolla og reglur þar að lútandi gagnvart þriðju ríkjum, innan þess ramma sem settur er af Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT.

Sameiginleg sjávarútvegs- og landbúnaðarstefna EB gildir ekki á EES-svæðinu, en greitt er fyrir viðskiptum með sjávarafurðir og landbúnaðarvörur, eins og nánar er greint frá að neðan. Jafnhliða EES-samningnum hefur Ísland gert samning við Efnahagsbandalag Evrópu um sjávarútvegsmál. Sá samningur stendur sjálfstætt og verður því ekki fjallað um hann í frumvarpi þessu.

Til þess að tryggja samkeppni með vörur og þjónustu eru í samningnum reglur sem eiga að koma í veg fyrir misbresti á þessu sviði, útiloka hringamyndun og misbeitingu markaðsyfirráða.

Samningurinn takmarkar ríkisstyrki sem skekkja samkeppni og setur reglur um starfsemi ríkiseinkasölufyrirtækja.

EES-samningurinn kemur á sameiginlegum vinnumarkaði á samningssvæðinu. Ríkisborgurum aðildarríkja verður heimilt að fara til allra aðildarríkja í atvinnuleit og dvelja þar í allt að þrjá mánuði á meðan á leit stendur. Þetta mun auðvelda þeim Íslendingum sem þess óska að starfa t.d. tímabundið erlendis. Á sama hátt auðveldar samningurinn íbúum Vestur-Evrópu að leita sér starfa hér á landi. Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út ítarlega skýrslu um íslenskan vinnumarkað með tilliti til erlends vinnuafls.

Samningurinn hefur einnig að geyma reglur um frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga, m.a. til fjárfestinga. Undantekning er gerð með fyrirtæki í sjávarútvegi og er lagt til að þau ákvæði, sem eru í VIII. og XII. viðauka, verði lögfest með 2. gr. frumvarpsins.

Sú undantekning er gerð frá grundvallarreglum fjórþætta frelsisins að hægt er að beita öryggisráðstöfunum samkvæmt 112.-114. gr. samningsins. Þeim verður beitt einhliða ef upp koma alvarlegir erfiðleikar í efnahagsmálum, þjóðfélagsmálum eða umhverfismálum sem tengjast sérstökum framleiðslugreinum eða svæðum, eins og nánar verður útskýrt.

2. Jaðarmálefni

Samningurinn fjallar einnig um svonefnd jaðarmálefni. Þeim má skipta í tvennt, sameiginleg hagsmunamál sem varða fjórþætta frelsið og önnur skyld mál. Hin fyrrnefndu eru félagsmál, öryggi á vinnustað, jafnréttismál, neytendavernd, umhverfismál, hagskýrslugerð og félagaréttur. Hin síðarnefndu eru t.d. rannsóknir og tækniþróun, upplýsingamál, menntamál, aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, ferðamál, almannavarnir o.fl.

3. Stofnanir

Loks fjallar samningurinn um sameiginlegar stofnanir. Þar er tekið á samráðsmálum, samvinnu þingmanna, samvinnu á sviði efnahags- og félagsmála, ákvarðanatöku og lausn deilumála. Sett er á stofn EES-ráð þar sem koma saman ráðherrar aðildarríkja og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB til þess að fjalla um stjórnmálalega stefnumörkun. Sameiginlega EES-nefndin er embættismannanefnd sem fjallar um framkvæmd og útfærslu samningsins. EES-þingmannanefnd er samráðsvettvangur fyrir fulltrúa þjóðþinganna. Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum efnahags- og félagsmálanefndar EB og ráðgjafarnefndar EFTA.

Með EFTA-fylgisamningunum tveimur eru sett á stofn eftirlitsstofnun EFTA (ESE), sem á að hafa eftirlit með framkvæmd EES-reglna, EFTA-dómstóll, hliðstæður EB-dómstólnum, og fastanefnd EFTA, sem er samráðsvettvangur EFTA-ríkjanna um mál er varða samninginn.

C. Réttaráhrif EES-samningsins

1. Yfirlit

EES-samningurinn skiptist í meginmál, sem er í 129 greinum, 49 bókanir, 22 viðauka, 71 yfirlýsingu og fjölda samþykkta. Í viðaukunum er vísað til um 1400 heimilda, hér nefndar „gerðir", fyrst og fremst reglugerða og tilskipana Evrópubandalagsins sem hafa verið aðlagaðar að Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Lögfesting samningsins

EES-samningurinn er þjóðréttarsamningur. Sem slíkur bindur hann íslenska ríkið að þjóðarrétti, en ekki einstaklinga eða fyrirtæki að landsrétti. Þar sem í honum eru ákvæði sem er ætlað að hafa áhrif að landsrétti verður að lögfesta þau. Mælst er til þess í 2. gr. frumvarpsins að sjálft meginmálið verði lögfest, ásamt bókun 1, sem aðlagar gerðir EB, með 12 aðildarríkjum, að Evrópska efnahagssvæðinu, með 19 aðildarríkjum. Einnig er lagt til að mikilvægustu undanþágur Íslands, á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, verði lögfestar.

Nauðsynlegt er að lögfesta ýmsa aðra þætti samningsins, sem er lagt til í fylgifrumvörpum með honum. Listi yfir ráðgerð fylgifrumvörp eru í viðbæti við frumvarp þetta. Það fellur í hlut viðkomandi ráðuneyta að undirbúa lagasetninguna, í samræmi við reglugerð Stjórnarráðsins um starfsskiptingu milli ráðuneyta.

Með lögfestingu meginmáls EES-samningsins fá sum ákvæði hans svonefnd bein réttaráhrif, þ.e. þau binda einstaklinga og lögpersónur, en önnur ákvæði samningsins hafa ekki slík áhrif. Það fer eftir túlkun þeirra hverju sinni hvort um bein réttaráhrif er að ræða, eins og ávallt er þegar milliríkjasamningar eru lögfestir. Lögfesting meginmáls samningsins og annarra hluta hans er ein forsenda þess að skapa samræmdar reglur á markaðssvæðinu.

3. Dómaframkvæmd

EES-samningurinn miðar að því að koma á sameiginlegum markaði með sömu leikreglum. Niðurstaða samningaviðræðnanna við EB varð sú að nota reglur þess sem grunn. Til þess að tryggja sem mest samræmi voru margar greinar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Rómarsamningsins) teknar inn í EES-samninginn og gerðir sem byggja á honum voru teknar inn í viðauka hans. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að beita þessum ákvæðum eins og þau hafa verið túlkuð af dómstól EB og er það einnig af samræmisástæðum. Í viðbæti við frumvarpið er yfirlit yfir samsvörun EES-ákvæða og Rómarsamningsins. Með yfirlitinu er gert auðveldara að kynna sér dómaframkvæmd EB-dómstólsins sem hér skiptir máli með aðstoð handbóka og fræðirita, innlendra og erlendra (t.d. Evrópurétt eftir Stefán Már Stefánsson, 392 bls., Reykjavík 1991). Í athugasemdum við EES-samninginn hér að neðan er einnig getið um helstu dóma, sem samninginn varða.

4. Samningsmarkmið

Af framangreindu má ráða að við EES-samningagerðina reyndist ekki einfalt að ná samræmdum réttaráhrifum EB og EFTA-ríkjanna, sem þó var nauðsynlegt til þess að tryggja sem líkasta lagaframkvæmd á öllu markaðssvæðinu. Af Íslands hálfu var eitt meginsamningsmarkmiðið, sem fleiri EFTA-ríkja, að samningurinn myndi ekki leiða til breytinga á stjórnarskrá, að ekkert löggjafarvald yrði fært til sameiginlegra stofnana og að engar breytingar yrðu nauðsynlegar á fyrirkomulagi ákvarðanatöku innanlands.

5. Réttaráhrif EB-reglna

Þess ber að geta að réttarkerfi EB er öðruvísu uppbyggt en meðal EFTA-ríkja. EB hefur yfirþjóðlegt vald og getur sett reglur sem hafa bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. Hér skal stuttlega gerð grein fyrir þessum reglum eða gerðum og áhrifum þeirra innan EB.

EB-reglugerðum er ætlað að binda alla aðila, ríki, sveitarfélög, einstaklinga og lögpersónur.

EB-tilskipanir beinast eingöngu að ríkjum. Þær eru hugsaðar þannig að eingöngu markmið þeirra er bindandi. Aðildarríkjum er frjálst að velja hvernig því markmiði er náð, en ákveðin stjórnsýsluframkvæmd er ekki nægjanleg í þessu tilliti. Þeim svipar að þessu leyti til þjóðréttarsamninga. Frá þessari meginreglu er mikilvæg undantekning, sem er sú að að svo miklu leyti sem tilskipun er skýr, nákvæm og skilyrðislaus er hún bindandi á sama hátt og EB-reglugerð.

EB-ákvarðanir eru að jafnaði bindandi á sama hátt og reglugerðir fyrir þann eða þá sem þær beinast að.

EB-tilmæli, skoðanir og aðrar heimildir eru ekki bindandi, en ætlast er til þess að tekið sé tillit til þeirra. Þeim getur verið beint til aðildarríkja, stofnana, lögaðila og einstaklinga.

6. Réttaráhrif EES-reglna

Framangreindar skilgreiningar eiga við samkvæmt EB-rétti, sem fyrr segir, en þær eiga ekki við innan EES. Réttaráhrif gerðanna í EES-samningnum fara eftir því hvernig til þeirra er vísað í viðaukunum, en þar er greint á milli bindandi gerða og óskuldbindandi. Bindandi gerðir eru tilgreindar sem „gerðir sem vísað er til", en óskuldbindandi gerðir sem „gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af" eða „tilhlýðilegt tillit til". M.ö.o. getur reglugerð verið bindandi innan EB, en óskuldbindandi innan EES. EES-samningurinn tilgreinir hvort gerð er bindandi fyrir samningsaðila, en ekki form hennar.

En í flestum tilfellum eru skuldbindandi gerðir reglugerðir eða tilskipanir, en óskuldbindandi gerðir tilmæli, leiðbeiningar, ályktanir, bréf eða þess háttar. Þótt gerð sé óskuldbindandi ber samt sem áður að taka tillit til hennar.

Í 7. gr. samningsins segir með hvaða hætti reglugerðir og tilskipanir, sem vísað er til í viðaukum, skulu teknar upp í landsrétt.

Íslenskum stjórnvöldum ber samkvæmt samningnum að lögfesta (bindandi) reglugerðir óbreyttar, sem lög eða stjórnvaldsreglur. Í flestum tiltilvikum yrði það gert með stjórnvaldsreglum, en það fer eftir því hvers eðlis reglurnar eru, hvort þær eru á sviði lagasetningar eða stjórnvaldsreglna samkvæmt almennum íslenskum stjórnarfarsheðum. Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögu um hvor leiðin sé farin.

Tilskipanir er ekki nauðsynlegt að lögfesta sem slíkar. Þær kveða oftast á um ákveðinn ramma eða lágmarkskröfur sem verður að uppfylla. Samningsaðilar verða hins vegar að tryggja að tilgangi (bindandi) tilskipunar sé náð, þótt ákveðin formskilyrði séu ekki sett. Ef tilskipun er skýr, nákvæm og skilyrðislaus er hins vegar rétt að taka hana upp í lög eða stjórnvaldsreglur.

7. Aðrir hlutar samningsins

Í bókunum við samninginn er fjallað um nánari útfærsluatriði á samningnum, önnur en þau sem varða EB-gerðir og taldar eru upp í viðaukunum. Bókanirnar eru 49 talsins og er vísað til þeirra í meginmáli EES-samningsins, sem og viðaukanna. Dæmi er bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir. Í athugasemdum við EES-samninginn hér á eftir er nánar greint frá bókunum og viðaukum á viðkomandi stað í umfjöllun um einstakar greinar hans.

Með lokagerð við samninginn fylgja 30 sameiginlegar yfirlýsingar, 2 yfirlýsingar allra samningsaðila og 39 yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila. Yfirlýsingar eru ekki hluti af samningnum, en hafa þýðingu við túlkun á ákvæðum hans. Ísland setti t.d. fram yfirlýsingar varðandi beitingu öryggisráðstafana og um áfengiseinkasölu.

Með lokagerðinni fylgja einnig samþykktir, sem eru bindandi fyrir samningsaðila. Þær fjalla um túlkun eða nánari útfærslu á einstökum ákvæðum samningsins, hvort heldur er meginmáli, bókunum eða viðaukum.

8. Viðbótarbókanir

EES-samningurinn var gerður þegar Evrópubandalagið var að leggja síðustu hönd á hinn sameiginlega innri markað, sem öðlast gildi 1. janúar 1993. Stefnt er að því að frá þeim tíma geti EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim markaði. Lokaátak EB við að hrinda í framkvæmd áætlun sinni um innri markað hefur leitt til umfangsmikillar lagasetningar sem enn er ekki að fullu lokið. EES-samningurinn tekur mið af þeim EB-reglum sem hafa verið settar á undanförnum 30 árum, fram til 1. ágúst 1991.

Samningsaðilar gera ráð fyrir því að undirrita sérstaka viðbótarbókun við samninginn um þær gerðir, sem hafa bæst við á samningssviðinu frá þeim tíma eins fljótt og auðið er. Varðandi gerðir sem bætast við eftir þann tíma og fram að gildistöku samningsins, gildir umsamið fyrirkomulag, sem fylgir lokagerð með samningnum, þ.e. að vinnuhópar starfi áfram og semji um hvaða gerðir eigi við innan EES. Árangurinn verði annaðhvort skráður í viðbótarbókunum eða afgreiddur í sameiginlegu EES-nefndinni.

D. Sögudrög

Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi að kjósa nefnd um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu, Evrópustefnunefnd. Nefndin gaf út sex bæklinga, sem Alþingi gaf síðan út í einni bók, ásamt áfangaskýrslu Evrópustefnunefndar til Alþingis, í lok árs 1990. Vísast til hennar um sögulegan aðdraganda að EES-samningnum. Að neðan verður stiklað á stóru á því tímabili sem bókin nær yfir, en heldur nánar greint frá því sem gerst hefur á s.l. tveimur árum. Einnig vísast til skýrslna utanríkisráðherra til Alþingis.

1. EB og EFTA

Evrópubandalagið er samheiti á þremur bandalögum, þ.e. Kola- og stálbandalagi Evrópu (stofnað 1951), Efnahagsbandalagi Evrópu (1957) og Kjarnorkubandalagi Evrópu (1957). Efnahagsbandalagið er langvíðtækast og veigamest þessara þriggja bandalaga, sem nú hafa sameiginlegan rekstur og stjórnarstofnanir. Stofnsamningur þess, Rómarsamningurinn, sem stundum hefur verið nefndur Rómarsáttmálinn, ásamt síðari breytingum, þ. á m. með Einingarlögum Evrópu sem tóku gildi 1987, er megingrundvöllur Evrópubandalagsins. Stofnaðilar þessara bandalaga voru sex, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Sambandslýðveldið Þýskaland. Árið 1973 urðu Bretland, Danmörk og Írland aðilar að EB, en tvö hin fyrrnefndu höfðu áður verið aðilar að EFTA. Árið 1981 varð Grikkland aðili að bandalaginu og árið 1986 Spánn og Portúgal, en það síðastnefnda hafði áður verið í EFTA. Voru aðildarríki Evrópubandalagsins þá orðin tólf með um 320 milljónir íbúa.

Tilgangur Evrópubandalagsins er mjög náin samvinna eða samruni á fjölmörgum sviðum. Má þar nefna tollabandalag og þar með sameiginlega viðskiptastefnu út á við, sameiginlega landbúnaðarstefnu, sameiginlega fiskimálastefnu o.s.frv. Innan bandalagsins er stefnt að óhindruðum vöruviðskiptum, fjármagnsflutningum og þjónustuviðskiptum og óhindruðum atvinnurétti og búseturétti þegna bandalagsríkjanna. Þessu marki á að verða náð að fullu fyrir 1. janúar 1993, þ.e. sama tíma og EES-samningurinn á að öðlast gildi. Einnig stefnir bandalagið að náinni samvinnu á sviði fjármála og peningamála, félagsmála

og utanríkismála, svo að dæmi séu nefnd. Í upphafi níunda áratugarins voru miklar umræðu um hvert skyldi stefnt. Tvö meginsjónarmið voru uppi: Stækkun bandalagsins, frekari útvíkkun til annarra Evrópuríkja, annars vegar og dýpkun, styrking ríkjasamstarfsins sem þróast gæti til eins konar sambandsríkis, hins vegar. Með Maastricht-samkomulaginu í desember sl. var tekið stórt skref í átt til dýpkunar bandalagsins og ætlar það nú að snúa sér að stækkun þess sem í fyrsta áfanga gæti náð til Finnlands, Svíþjóðar og Austurríkis, sem þegar hafa sótt um aðild, og e.t.v. Noregs og Sviss, sem hafa lýst vilja sínum til þess að sækja um aðild.

EFTA, eða Fríverslunarsamtök Evrópu, voru stofnuð árið 1960 í þeim tilgangi að tryggja að þróun EB stefndi ekki í tvísýnu því sem áunnist hafði í auknu viðskiptafrelsi í Vestur-Evrópu í heild eftir síðari heimsstyrjöld. Samtökunum var ekki ætluð löng sjálfstæð tilvera og var fremur litið á stofnun þeirra sem áfanga aðildarríkja að nánara samstarfi við Evrópubandalagið. Stofnaðilar EFTA voru sjö ríki, þ.e. Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Finnland gerðist aukaaðili 1961, en fullgildur aðili 1986. Ísland varð aðili að EFTA 1970. Bretland og Danmörk sömdu um aðild að EB og gengu úr EFTA árið 1973, sem fyrr segir. Noregur hafði þá einnig samið um aðild að EB, en sú aðild var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu og var landið áfram í EFTA. Portúgal gekk úr EFTA í EB árið 1986, en Liechtenstein bættist í samtökin árið 1991. Voru þá sjö ríki í EFTA, þ.e. Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Sviss og Svíþjóð. Íbúafjöldi þessara ríkja er samtals 32 milljónir eða einn tíundi hluti af íbúafjölda í ríkjum Evrópubandalagsins.

EFTA var stofnað sem fríverslunarsvæði en ekki tollabandalag, þar sem aðildarríkin felldu niður verndartolla hvert gagnvart öðru, aðallega af iðnaðarvörum, en héldu hvert sinni tollskrá að öðru leyti gagnvart öðrum ríkjum. Fríverslun með fisk gekk í gildi 1. júlí 1990 milli ríkja EFTA. Á árunum 1972-1973 sömdu öll EFTA-ríkin, en þó hvert fyrir sig, við Evrópubandalagið um fríverslun. Hún náði fyrst og fremst til iðnaðarvara, en Ísland samdi jafnframt við EB um tollaívilnanir fyrir mikinn hluta af þeim fiski og fiskafurðum, sem þá voru seld til bandalagsins. Ákvæði um viss fríðindi fyrir sjávarafurðir er einnig að finna í samningum Svía við EB og í sérstökum erindaskiptum Norðmanna og bandalagsins.

2. Samvinna EFTA og EB

Fram til ársins 1984 var samvinna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið að mestu á tvíhliða grundvelli, þ.e. hvert EFTA-ríki átti sjálfstæð samskipti við bandalagið.

Árið 1984 efndu ríki EFTA og EB til sameiginlegs ráðherrafundar í Lúxemborg og samþykktu þar að efla mjög samvinnu allra EFTA-ríkjanna og EB á sviðum sem tengdust vöruviðskiptum, svo og á öðrum sviðum, m.a. í rannsókna og þróunarstarf, mennta- og menningarmálum og umhverfismálum. Þessu samstarfi, sem nefnt hefur verið Lúxemborgarferlið, miðaði vel áfram á þeim árum, sem í hönd fóru, og gerir enn.

Þó þótti ýmsum sem betur mætti gera og þrýsti það ekki síst á, að árið 1985 ákvað Evrópubandalagið að setja sér fasta áætlun um að ryðja úr vegi öllum þeim hindrunum sem enn væru fyrir fullri framkvæmd ákvæða Rómarsamningsins um innri markað bandalagsins. Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir til að koma á raunverulegum innri markaði fyrir árslok 1992 var lögð fram árið 1985 og árið 1987 gengu gildi ýmsar breytingar á stofnsáttmála bandalagsins, svonefnd Einingarlög Evrópu,

sem m.a. áttu að tryggja auðveldari framgang þessara mála. Í Lúxemborgarferlinu var á mörgum sviðum farið að gæta tregðu af hálfu EB varðandi þátttöku EFTA-ríkjanna í ýmsum samstarfsverkefnum innan EB, sérstaklega vegna þátttöku EFTA-ríkjanna í stjórnun þeirra.

Í árslok 1988 bauð Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, til leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Osló dagana 14.-15. mars 1989 til þess að fjalla um samskipti þessara ríkja við Evrópubandalagið. Áður en að þeim fundi kom, eða hinn 17. janúar 1989, flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, ræðu á fundi þings þess í Strasborg þar sem hann vék m.a. að sambandi EFTA og EB og braut þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Þar velti Delors fyrir sér þeirri spurningu hvort nýtt skipulag þyrfti að koma til í stað þess sem nú var milli EFTA og EB. Í raun væri þá um tvær leiðir að ræða: Í fyrsta lagi að halda sig við þáverandi samskiptahætti, sem væru í eðli sínu tvíhliða, þ.e. EB og hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig, og stefna þannig að fríverslun sem næði til EFTA og EB. Í öðru lagi að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefði verið talið koma til greina og gera samstarfið virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum og leggja áherslu á samvinnu á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Með öðrum orðum: samvinna og samstarf á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum.

Þessi ræða Delors og sú viljayfirlýsing um nánara samstarf við EFTA-ríkin, sem fram kom á leiðtogafundi Evrópubandalagsríkja á Ródos í desember 1988, urðu tilefni þess að EFTA-ríkin settu fram á leiðtogafundi sínum í Osló í mars 1989 ákveðnar hugmyndir um samstarf EFTA og EB og samskipti sín innbyrðis í Oslóaryfirlýsingunni. Framhald þessa máls hefur verið nefnt Osló-Brussel ferillinn.

Í yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA segir m.a.:

„Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu, evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:

- Víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem taka þátt í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar;
- auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina;

- lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari;
- auknu samráði um efnahags- og peningamálastefnu.

Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu fólksins" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins. Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan Evrópska efnahagssvæðisins gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.

Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega getu okkar til samningagerðar. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir."

Spánverjar, sem þá gegndu formennsku í Evrópubandalaginu, höfðu frumkvæði að því að boða til sameiginlegs fundar utanríkisráðherra EB og EFTA-ríkja, hins fyrsta þessara ráðherra síðan Lúxemborgarfundurinn var haldinn 1984, þar sem tekin var ákvörðun um nánara samstarf EB og EFTA. Þessi sameiginlegi fundur var haldinn í Brussel 20. mars 1989, eða aðeins 5 dögum eftir leiðtogafund EFTA. Á honum kom fram mikill vilji til þess að efla samstarfið í Vestur-Evrópu, en of skammt var um liðið frá leiðtogafundi EFTA til þess að unnt væri að taka þar stefnumótandi ákvarðanir. Hins vegar var ákveðið að ráðherrarnir hittust aftur fyrir lok ársins og mætu þá stöðuna í ljósi þeirra athugana og frumviðræðna sem þá ættu að hafa farið fram um aukið samstarf EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins.

Í framhaldi af þessu settu EFTA-ríkin og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins á fót stjórnarnefnd háttsettra embættismanna EFTA-ríkja og EB til að skipuleggja og hafa á hendi yfirstjórn væntanlegra viðræðna til að athuga möguleika á víðtækara og nánara samstarfi EFTA-ríkja og EB á öllum sviðum sem tengjast myndun innri markaðar bandalagsins. Þessi hópur háttsettra embættismanna „High Level Steering Group" (skammstafað „HLSG") ákvað á fyrsta fundi sínum, sem haldinn var 28. apríl 1989, að koma á fót fjórum vinnuhópum, þ.e. um (1) vöruviðskipti, (2) þjónustuviðskipti, þ.m.t. fjármagnsflæði, (3) atvinnu- og búseturétt og loks (4) önnur svið, þ.e. jaðarverkefni sem ekki falla beint undir aðra vinnuhópa, s.s. menntamál, neytendamál og umhverfismál. Fimmta hópnum var komið á síðar til að fjalla um (5) réttarreglur og stofnanir.

Þessi stjórnarnefnd og undirnefndir hennar luku könnunarþætti viðræðnanna með því að skila sameiginlegum niðurstöðum hinn 20. október 1989. Skýrsla um þessar könnunarviðræður var lögð fyrir Alþingi í nóvember 1989.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna og EB komu að nýju saman til fundar í Brussel hinn 19. desember 1989 og ræddu þar niðurstöður könnunarviðræðnanna. Þar var ákveðið að hefja, eins fljótt og auðið yrði, á fyrra árshelmingi 1990, formlegar samningaviðræður, sem hefðu það að markmiði að ná víðtækum samningum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Fram til þess tíma skyldu fara fram undirbúningsviðræður til þess að skilgreina nánar umfang og efnisþætti þessa nýja samskiptaramma.

Stjórnarnefndin kom aftur saman 18. janúar 1990 og ákvað að stefna saman að nýju starfshópunum fimm, sem hafði verið komið á fót í fyrri viðræðum þeirra í apríl-október 1989. Þessum formlega þætti undirbúningsviðræðnanna lauk síðan með fundi stjórnarnefndarinnar 20. mars 1990, þar sem ályktað var, að þessar viðræður hefðu leitt til skýrari skilnings á afstöðu hvers aðila. Eftir þessa fundi væri það álit stjórnarnefndarinnar, að nægilegu ljósi hefði verið varpað á mögulegt umfang, efnisatriði og form væntanlegs EES-samnings, og að sú athugun hefði styrkt það mat fundarins 20. október 1989 að efnt skyldi til formlegra samningaviðræðna.

Á fundi stjórnarnefndarinnar var skýrt frá því, að EFTA-ríkin væru þess reiðubúin að Liechtenstein yrði þátttakandi í samningaviðræðunum með það fyrir augum að verða samningsaðili EFTA-megin.

3. Upphaf samningaviðræðna

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjölluðu um niðurstöður könnunar- og undirbúningsviðræðnanna á óformlegum fundi sínum í Genf hinn 3. apríl 1990. Þeir lýstu þar ánægju með undirbúningsstarfið og niðurstöður stjórnarnefndarinnar jafnframt því sem þeir ítrekuðu helstu stefnumið EFTA-ríkjanna í komandi samningaviðræðum.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins undirbjó á næstu vikum tillögu sína til ráðherraráðs bandalagsins um umboð fyrir sig til formlegra samningaviðræðna. Það olli nokkrum töfum á endanlegri afgreiðslu þess umboðs að ýmsir þingmenn Evrópuþingsins töldu framkvæmdastjórn EB hafa stefnt sjálfræði bandalagsins við ákvörðun innri mála sinna í hættu með atriðum í yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar frá 20. mars 1990. Með henni væri verið að lofa EFTA-ríkjum meiri áhrifum á mótun og töku ákvarðana en Evrópuþingið hefði. Nokkurt tillit var tekið til þessa málflutnings við endanlega mótun samningsumboðsins til framkvæmdastjórnarinnar þar sem hnykkt var á því að ekki mætti stefna sjálfræði aðila til mótunar eigin ákvarðana í hættu.

Ráðherraráð Evrópubandalagsins samþykkti samningsumboð framkvæmdastjórnar á fundi sínum 17.-18. júní 1990 og fyrsti fundur aðalsamninganefndar var síðan haldinn hinn 20. júní það ár.

4. Staða samningaviðræðna í byrjun október 1990

Á fyrsta fundi sínum 20. júní 1990 tóku aðalsamninganefndirnar þá ákvörðun að skipa fimm undirnefndir vegna einstakra efnisþátta. Fyrsta nefnd skyldi fjalla um vöruviðskipti, þ.á m. samkeppnisreglur, ríkisstyrki, opinber innkaup og framkvæmdir, önnur nefnd um fjármagns- og þjónustuviðskipti, þriðja nefnd um atvinnu- og búseturéttindi, fjórða nefnd um jaðarmálin og fimmta nefnd um lagaleg og stofnanaleg málefni.

Fyrstu fundir undirnefnda fóru fram í lok júní og fyrri hluta júlí, en raunverulegar samningaviðræður hófust ekki fyrr en snemma í septembermánuði.

Á sameiginlegum fundi ráðherra EFTA-ríkjanna, Evrópubandalagsríkja og fulltrúa í framkvæmdastjórn EB í Brussel hinn 19. desember 1990 var staðfestur sá árangur sem náðst hafði í samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið fram að þeim tíma og samningamönnum falið að leita allra leiða til að samningar mættu nást á fyrra helmingi árs 1991.

Í yfirlýsingu fundarins er vísað til sameiginlegrar yfirlýsingar frá desember 1989 og ítrekuðu ráðherrarnir staðfastan pólitískan ásetning sinn um að ljúka víðtækum EES-samningi á jafnréttisgrundvelli sem fyrst. Hann ætti að tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna að svo miklu leyti sem unnt væri og ná til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi í samstarfinu.

Eftir að hafa hlýtt á skýrslur hvors aðila um sig um samningastöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hafði frá því að samningaviðræðum um EES var hleypt af stokkunum 20. júní 1990. Þeir fögnuðu því hversu dregið hefði saman með samningsaðilum um fjölmarga mikilvæga þætti. Þeir viðurkenndu einnig að varðandi önnur mikilvæg atriði hefði samningaviðræðum ekki miðað nægilega áfram og frekara starfs væri þörf. Þeir tóku fram að lokasamþykki hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fengist á öllum atriðum samningsins, jafnt efnisatriðum sem stofnanahliðum. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna innan samningsins.

Þeir lýstu yfir ánægju með að tekist hefur að mestu að afmarka sameiginlega hvaða reglugerðir Evrópubandalagsins eigi að fella inn í EES-samninginn sem sameiginlegan réttargrundvöll fyrir frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi. Auk viðeigandi innihalds Rómarsamningsins eru tilgreindir réttargjörningar alls um 1400 talsins. Enn er starf óunnið við að ljúka afmörkun viðeigandi samþykkta á tilteknum sviðum. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leita lausna varðandi þau svið sem enn bíða úrlausnar.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES. Til þess að ná þessu markmiði ætti að leggja viðeigandi greinar Rómarsamningsins til grundvallar samkeppnisreglum innan EES og beiting þeirra ætti að tryggja í reynd sama árangur um allt EES. Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður að semja um það hvernig beri að skilgreina hlutverk hvorrar stofnunar um sig, hvernig skipuleggja eigi samstarf þeirra sem og hlutverk úrskurðaraðila.

Varðandi þau vandkvæði sem upp hafa komið varðandi framkvæmd samþykkta Evrópubandalagsins lögðu þeir áherslu á það að stefnt yrði að því að samræma tryggar og strangar verndarkröfur á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndar og frjáls vöruviðskipti. Þeir hvöttu samningamenn til þess að leita viðeigandi og raunhæfra lausna með því að taka hvert mál fyrir sérstaklega.

Ennfremur lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að ná frekari árangri á sviði flutninga, atvinnu- og búseturéttinda og fjármagnsflutninga; þeir tóku þó tillit til þess að afstaða EFTA- ríkjanna hefði þróast varðandi mögulega niðurfellingu beiðna um varanlegar

undanþágur og tóku einnig fram að tvíhliða samningaviðræður stæðu nú yfir varðandi gegnumflutninga.

Þeir tóku jafnframt fram að verulegur árangur hefði náðst um öryggisákvæði og samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að helstu einkenni slíkra öryggisákvæða ættu að vera eftirtalin: Þeim yrði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun en eftir að aðgerðir hafa verið tilkynntar og ræddar með það fyrir augum að finna sameiginlega viðunandi lausn. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða ættu að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst. Þær ættu að vera undir eftirliti og heyra undir dómstóla og mögulegt yrði að grípa til viðeigandi gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum. Þeir hvöttu samningamenn til að vinna rösklega að þessum málum. Þeir tóku fram að á tilteknum sviðum, sem hefðu úrslitaþýðingu fyrir heildarjafnvægi samningsins sem og til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver aðili bæri úr býtum, ættu samningaviðræður enn langt í land. Einkum átti þetta við um sjávarútveg. Einnig þyrfti að ná frekari árangri í landbúnaði.

Varðandi samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) lögðu þeir áherslu á það að EES-samningur ætti að leggja traustan réttargrunn fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf. Einnig ætti hann að stuðla að þróun starfsemi í beggja þágu. Ráðherrar lögðu áherslu á það sameiginlega markmið að halda við, vernda og bæta umhverfið.

Þeir voru ásáttir um það að samningum skyldi haldið áfram af fullum krafti til að kanna aðferðir og leiðir sem gætu dugað til þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES til þess að tryggja allsherjar jafnvægi milli þess sem hver samningsaðili bæri úr býtum.

Atriði á borð við stál, orku, undirboðsreglur og upprunareglur krefjast nánari athugunar.

Þeir tóku fram að umtalsverður árangur hefði nú náðst varðandi laga- og stofnanaatriði en minntu á að virða þyrfti að fullu sjálfræði hlutaðeigandi aðila við ákvarðanatöku og að sjá þyrfti fyrir því að sjónarmið þeirra yrðu tekin til greina til þess að auðvelda samkomulag við ákvarðanir varðandi EES.

Samþykkt var að sérfræðingar frá samningsaðilum ættu að fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni. Samningsaðilarnir munu með því að skiptast stöðugt á upplýsingum og ráða ráðum sínum við mótun ákvarðana gera sitt ítrasta til að komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir að málefni hefur verið skilgreint sem EES-málefni. Við mótun ákvarðana verður þeim kleift að taka upp hvað það sem veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er án þess að valda viðbótartöfum („droit d'évocation" - upptökuréttur). Ákvarðanir á EES-stigi yrðu teknar samhljóða, EFTA-ríkin mundu tala einum rómi. Þær yrðu í formi þjóðréttarreglu, ekki er þörf á því að flytja löggjafarvald til EES. Allir samningsaðilar ættu að framkvæma EES-reglur þannig að þær komist í raun til framkvæmda á sama tíma um allt EES, til þess að tryggja fullt samræmi innan svæðisins. Frekar verður samið um það hvernig bregðast eigi við því ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um nýjar EES-reglur.

Þeir lögðu ennfremur áherslu á nauðsyn fulls réttarsamræmis EES-reglna til þess að tryggja að einstaklingar og aðilar atvinnulífsins gætu notið um allt EES-reglna sem skiluðu sama réttarárangri, gætu starfað við sömu skilyrði og notið sömu kjara. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að til þess að ná þessu markmiði hefði það úrslitaþýðingu að

tryggja jafnsterkt og áreiðanlegt eftirlit og fullnustu reglna um allt EES með skilvirku EES-eftirlitskerfi og EES-úrskurðaraðila. Stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku skyldi ná til EES-ráðsins en í því skyldu sitja meðlimir EB-ráðsins, meðlimir framkvæmdastjórnar EB og ráðherrar EFTA-ríkja. Það skyldi einkum fara með:

1. Almenna pólitíska stefnumótun og frumkvæði;
2. leggja heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á.m. ef nauðsynlegt reyndist að taka upp sérstaklega mál sem veldur áhyggjum („droit d'évocation" - upptökuréttur);
3. pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningum.

Sameiginleg EES stofnun skyldi fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á m. með ákvarðanir varðandi EES. Þær yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-ríkjunum, með einum rómi, hins vegar.

Þeir töldu brýnt að samningamenn sínir gengju frá útistandandi atriðum varðandi víðtækt samkomulag um fyrirkomulag EES-ákvæðanna. Tekið verður tillit til verkefna sem EB-nefndir sinna.

Ráðherrar létu að lokum í ljósi þá ósk að EES-samningurinn gæti gengið í gildi 1. janúar 1993. Í ljósi þess að fullgilda þarf samninginn töldu þeir að allt yrði að reyna til þess að undirrita EES-samninginn fyrir sumarið 1991. Þeir gáfu samningamönnum þau fyrirmæli að herða samningaviðræður til að svo mætti verða.

Á fyrstu mánuðum 1991 var hafist handa við að útfæra þessar ákvarðanir ráðherra EFTA og EB, en sú vinna gekk hægt. Á ráðherrafundi EFTA og EB hinn 14. maí það ár í Brussel náðist samkomulag um stofnanahliðar EES-samningsins og í sameiginlegri yfirlýsingu þess fundar eru staðfestar þær meginreglur sem settar voru fram í hinni sameiginlegu yfirlýsingu ráðherra 19. desember 1990. Jafnframt náðist samkomulag um aðrar óleystar laga- og stofnanahliðar samningsins, þ.e. dómstólaþátt hans og nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna (fyrir utan svokallaðar þriðja flokks nefndir, sem samkomulag náðist fyrst um í október).

Um nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna segir í sameiginlegu yfirlýsingunni:

„Þeir (ráðherrar EFTA og EB) lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja hið fyllsta réttarsamræmi. Til þess að ná því markmiði þyrfti að þróa á þeim sviðum, sem snertu evrópskt efnahagssvæði, stöðugt ferli upplýsingaskipta og samráðs samhliða löggjafarferli Evrópubandalagsins. Ennfremur þyrfti að gefa sérfræðingum EFTA-landanna kost á því að eiga hlut að máli að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því hvaða svið er til umfjöllunar við vinnslu tillagna framkvæmdastjórnar til nefnda EB. Í þessu samhengi tóku þeir fram að þegar framkvæmdastjórn undirbýr tillögur sínar mun hún leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Einnig tóku þeir fram að hægt væri að ræða raunhæfar lausnir fyrir tiltekin sérstök vandamál og ennfremur að staða EFTA-landanna í nefndum sem varða jaðarverkefni muni að fullu mótast af mögulegri fjárhagslegri þátttöku þeirra í viðeigandi verkefnum."

Með ráðherrafundum EFTA og EB í desember 1990 og maí 1991 voru þannig leidd til lykta, ef undan er skilinn dómstólaþáttur EES-samningsins, svo gott sem allar laga- og stofnanahliðar samningsins, sem síðar hafa verið útfærðar af fulltrúum EFTA og EB í lagatexta.

Þegar leið á sumarið tók að kristallast hvaða ágreiningsmál væru óleyst. Nauðsynlegt var talið að leysa þau í einum áfanga þar sem gæta þyrfti jafnvægis gagnvart öllum samningsaðilum. Þyngst á vogarskálinni voru málefni sem vörðuðu fisk, EFTA-sjóð og þungaflutninga um Alpalöndin. Talið var að með úrlausn á þessum þremur ágreiningsmálefnum mætti finna heildarlausn á öðrum málum.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 18.-19. júní 1991 í Lúxemborg var gerð tilraun til að leysa útistandandi ágreiningsmál. Höfuðáhersla var lögð á að finna lausn á þremur fyrrnefndu sviðunum. Eftir fundinn var almennt talið að tekist hefði að finna stjórnmálalega lausn varðandi fiskþáttinn. EB túlkaði síðan niðurstöðu fundarins á annan veg og taldi að vegna fyrirvara um útfærslu væri samkomulag ekki fyrir hendi.

Ástæður þess að ekki tókst að ná heildarlausn á ráðherrafundinum í júní eru vafalaust margar. Þyngst vegur væntanlega að flutningar um Alpalöndin voru til umræðu í tvíhliða viðræðum milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess og á milli Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess. Þær umræður voru einfaldlega ekki komnar nógu langt á veg í júlí til þess að hægt væri að finna lausn þá. Niðurstaða um EFTA-sjóð var háð því að samkomulag næðist um alla aðra þætti. Aðildarríki EB voru ekki nógu kunnug málum til að vera í stakk búin að standa að samkomulagi um heildarlausn. Tíminn var einfaldlega ekki nægur vegna fjölda flókinna ágreiningsmála, þó að hann væri notaður til hins ítrasta. Ýmislegt jákvætt kom þó út úr fundinum og þá einkum það að allir aðilar, ekki síst af hálfu EB, höfðu kynnst allvel óleystum ágreiningsefnum og hugsanlegum lausnum á flestum þeirra. Þetta var því allgóður undirbúningur undir ráðherrafund EFTA og EB í október. Listi ágreiningsefna frá júní-fundinum fylgdi viðræðunum fram að ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október. Í millitíðinni vannst embættismönnum tími til að ræða þessi mál og mögulegar lausnir ásamt áframhaldandi vinnu að gerð samningstexta um önnur mál.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október tókst að ná heildarlausn á óleystum málum, þó enn ætti eftir að útfæra þær niðurstöður og setja í samningstexta.

5. Samkomulagið 21.-22. október 1991

Niðurstaðan varðandi fisk má segja að hafi verið sú að góður samningur náðist fyrir Ísland. Alla tíð var á brattann að sækja vegna afstöðu framkvæmdastjórnar EB og einstakra aðildarríkja þess. Hlutfall frjáls markaðsaðgangs fyrir íslenskar sjávarafurðir í EB-ríkjunum miðað við viðskipti eykst úr rúmlega 60% í yfir 90%. Núverandi íslensk lög um fjárfestingar erlendra aðila nr. 34/1991 gilda áfram eftir að EES-samningurinn tekur gildi, þ.e. engar fjárfestingar útlendinga í útgerð og frumvinnslu verða leyfðar. Allt undir lok samningalotunnar 21. október var það eindregin krafa EB að EFTA-ríkin féllu frá þessu og á tímabili leit út fyrir að öll samningalotan og hugsanlega hugmyndir um EES-samning færu út um þúfur vegna afstöðu EFTA-ríkjanna, einkanlega fyrir hönd Íslands, um þetta efni. Samkomulagið um gerð tvíhliða samnings milli Íslands og EB um gagnkvæm skipti veiðiheimilda að jafnviði 3.000 tonna af karfa er hlutfallslega óverulegt miðað við þá kröfu sem EB hafði uppi gagnvart Íslandi í samningaviðræðunum.

Samhliða ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október 1991 voru haldnir tvíhliða fundir milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB og Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB. Á þessum fundum náðist samkomulag um

þungaflutninga um Alpana og vísað verður til þessara tvíhliða samninga í sérstökum viðaukum við EES-samninginn.

Á þjóðleiðum um Sviss er þungatakmörkun 28 tonn. Allflestar vöruflutningabifreiðar, sem aka milli landa í Vestur-Evrópu, eru þyngri en það. EB hótaði í upphafi samningaviðræðnanna að ekki yrði um neinn EES-samning að ræða varðandi þetta ef Sviss og Austurríki sýndu ekki sveigjanleika. Síðan breytti EB afstöðu sinni þannig að ef ekkert samkomulag næðist á þessu sviði myndi allur flutningakaflinn falla niður í EES-samningnum. Samkomulag náðist milli Sviss og EB um að gefið yrði leyfi fyrir 50 vörubifreiðar frá EB-ríkjum til flutninga um Sviss með því skilyrði að bifreiðarnar væru yngri en tveggja ára og í viðkomandi tilviki væri ekki rúm fyrir þær á flutningavögnum í járnbrautarlestum. Jafnframt er ætlun Sviss að auka stórlega flutningsgetu járnbrauta gegn um landið.

Í Austurríki er leyfður hámarksþungi vöruflutningabifreiða 38 tonn og Austurríki hefur gert tvíhliða samninga við flest EB-ríki um takmarkanir á flutningum með vörubifreiðum. Austurríki vildi verulega takmarka þessa flutninga, sem samið hafði verið um, til að minnka mengun í Austurríki. Samkomulag náðist um að miða leyfilega flutninga við mengunarmörk og eiga heimilaðir flutningar að fela í sér u.þ.b. 60% samdrátt í mengun á 12 árum. Þetta mun einnig verða hvatning fyrir EB-ríkin til að nota vörubifreiðar, sem valda minni mengun, þannig að flutningar þeirra um Austurríki takmarkist ekki í þeim mæli sem annars væri.

Samkomulag varð um stofnun sjóðs, sem EFTA-ríkin greiddu til á fimm árum. Upphæð sjóðsins verði 2 milljarðar evrópskra mynteininga (ECU). Einn og hálfur milljarður verði í formi niðurgreiddra lána (með 3% vöxtum og afborgunarlaust fyrstu tvö árin) og 500 milljónir ECU í formi styrkja. Lán og styrkir verða einkum veitt úr sjóðnum til Suður-Evrópulanda og Írlands, en markmið sjóðsins er að auka jafnstöðu í lífskjörum innan Evrópu og því fara framlög úr honum til landa eða héraða sem eru illa sett í þeim efnum. Framlag Íslands er u.þ.b. 0,7%.

Auk ofangreindra þriggja meginmálefna, sem samkomulag varð um í október 1991, náðist samkomulag um önnur óleyst ágreiningsefni.

1. Gengið var frá sameiginlegum EES-lista yfir þær vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum, sem falla undir samninginn. Ísland undanskildi af sinni hálfu á listanum smjörlíki með lágu fitu- og kolvetnisinnihaldi og mjólkur- og rjómaís. Austurríki fékk aðlögunarfrest varðandi nokkrar vörur á þessum lista.
2. Samkomulag varð um að eftirlitsstofnun EFTA fjalli um meint brot á samkeppnisreglum EES ef í hlut eiga fyrirtæki frá EFTA- og EB-ríki og 33% eða meira af sameiginlegri veltu fyrirtækjanna á sér stað í EFTA-ríkjum.
3. Samkomulag varð um þátttökurétt EFTA-ríkjanna í ýmsum þar til greindum, svokölluðum þriðja flokks nefndum EB.
4. EB hélt til streitu kröfu um að aðrar reglur gildi um styrki til skipasmíða innan EB en innan EFTA. Núverandi reglur EB gilda til 1. janúar 1994. Samkomulag náðist um að við endurskoðun þeirra muni EB hafa samráð við EFTA-ríkin og endurmeta afstöðu sína varðandi gildi reglnanna gagnvart EFTA-löndum í samræmisátt. Á meðan verði ekki beitt gagnaðgerðum vegna opinberra styrkja til skipasmíða.

5. Samkomulag varð um að EFTA-ríkin geti, ef ekki hefur komið tilkynning frá EFTA-ríki um að slíkt sé ekki hægt, beitt nýjum eða breyttum EES-reglum tímabundið þótt endanleg ákvörðun um viðunandi reglu hafi ekki verið tekin af hálfu EFTA- og EB-ríkjanna sameiginlega vegna þess að eitt eða fleiri EFTA-ríki hafi ekki, vegna ákvæða stjórnarskrár getað tekið afstöðu til málsins.
6. Staðfest var viljayfirlýsing um rétt ungs fólks frá EFTA-ríkjunum, sem er í starfsþjálfunarverkefnum á EES, til dvalarleyfis í viðkomandi ríki.

6. Lok samningaviðræðna

Eftir samkomulagið sem tókst 21.-22. október 1991 sendi framkvæmdarstjórnin EB-dómstólnum samninginn til umsagnar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í desember 1991 að stofnanafyrirkomulag EES-samningsins bryti í bága við ákvæði stofnsamnings Evrópubandalagsins. Ástæðan var sú að gert var ráð fyrir því að EES-dómstóllinn, sem skyldi koma á stofn, gæti túlkað ákvæði EES-samningsins sem væru efnislega samhljóða ákvæðum EB-réttarins. Vegna mismunandi markmiða EB- og EES-samninganna gæti það leitt til mismunandi túlkunar á sömu ákvæðum sem EB-dómstóllinn yrði bundinn af.

Eftir þessa niðurstöðu hófust samningaviðræður að nýju um dómstólaþáttinn og náðist saman um lausn 14. febrúar 1992. Hætt var við að setja á stofn EES-dómstól en ákveðið að vísa deilumálum um túlkun einstakra ákvæða samningsins til sameiginlegu EES-nefndarinnar til pólitískrar úrlausnar. Í afmörkuðum tilfellum má vísa ágreiningi vegna umfangs öryggisráðstafana og jöfnunarráðstafana við öryggisákvæði til gerðardóms. Ákveðið var að stofna EFTA-dómstól sem starfi jafnhliða EB-dómstólnum.

Niðurstaða samninganna 14. febrúar var einnig send EB-dómstólnum til umsagnar og féllst hann á að samningurinn væri í samræmi við Rómarsamninginn, en taldi rétt að árétta að þær úrlausnir deilumála sem EES nefndin kæmist að hefðu ekki fordæmisgildi fyrir EB dómstólinn. Var það leyst með bókun 48 við EES-samninginn, sem hljóðar einfaldlega svo: „Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar samkvæmt 105. og 111. gr. mega ekki hafa áhrif á dómsúrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna."

Aðalsamningamenn árituðu EES-samninginn 14. apríl 1992. og var hann undirritaður í Óportó 2. maí 1992, með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Sama dag voru undirritaðir tveir EFTA-samningar, samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Einnig voru undirritaðir tveir tvíhliða samningar Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, annar um sérstakt fyrirkomulag með verslun tiltekinna vara í landbúnaði og hinn um sjávarútvegsmál. Sá fyrri tengist EES-samningnum með bókun 42 við samninginn, en sá síðari tengist EES-samningnum aðeins með óbeinum hætti.

EES-samningurinn inniheldur reglur um innri markað EB sem samkomulag hafði orðið um fyrir 1. ágúst 1991. Samningaviðræður halda því áfram varðandi þær reglur á samningssviðinu sem EB hefur sett frá þeim tíma og mun setja fram að gildistöku samningsins. Ráðgert er að ganga frá viðbótarbókun um þessar reglur eins fljótt og auðið er.

E. Athugasemdir við EES-samninginn

Um inngangsorð samningsins

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en setja samninginn allan í stjórnmálalegt og sögulegt samhengi. Með því að setja fram forsendur samningsins og skýra hvað fyrir samningsaðilum vakti við gerð hans hafa þau áhrif á það hvernig túlka beri ákvæði hans. Nokkrar málsgreinar eru teknar því sem næst orðrétt úr yfirlýsingum sameiginlegra ráðherrafunda EB og EFTA-ríkja á undanförnum árum.

Fyrst er áréttað að samningsaðilar eigi samleið í mikilvægum málum og að EES-samningurinn geti stuðlað að styrkingu frelsis, lýðræðis og mannréttinda í álfunni. Tekið er fram að stefnt sé að auknu viðskiptafrelsi um heim allan og með vísunum til GATT og OECD er gert ljóst að samstarfi þessu er ekki beint gegn þjóðum utan þess. Lögð er áhersla á jafna samkeppnisstöðu, viðskiptafrelsi, réttarsamræmi og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

Það kemur einnig skýrt fram að markmið samningsins eru ekki eingöngu efnahagslegs eðlis. Tryggja verði örugga umhverfisvernd og grundvallarreglur um sjálfbæra þróun og fyrirbyggjandi aðgerðir eru ítrekaðar. Mikilvægi neytendaverndar, rannsókna og þróunar, jafnréttis karla og kvenna og framþróunar í félagsmálum er áréttað.

Um I. hluta
Markmið og meginreglur

Um 1. gr.

Kjarni EES-samningsins kemur fram strax í fyrstu grein. Til þess að efla viðskipti og styrkja efnahagstengsl samningsríkjanna er gert ráð fyrir því að viðskipti með vörur og þjónustu verði frjáls og hindrunum á fjármagnsflutningum og atvinnu- og búseturéttindum verði aflétt. Ennfremur er talið nauðsynlegt að setja reglur sem tryggi jöfn samkeppnisskilyrði. Náin samvinna á öðrum sviðum er áskilin og sérstaklega er tilgreint samstarf á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála. Hið fjórþætta frelsi atvinnulífsins, samkeppnisreglur og jaðarverkefnin eru sett fram í stuttu máli en nánari útfærsla bíður annarra ákvæða samningsins.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind nokkur hugtök sem samninginn varða. Samningurinn sjálfur telst vera, auk þeirra 129 greina sem eru í sjálfu meginmálinu, 49 bókanir og 22 viðaukar. Þær gerðir, hin afleidda löggjöf, sem vísað er til í viðaukum, teljast einnig hluti samningsins.

Hugtakið EFTA-ríki í samningnum merkir þau ríki sem eru aðilar að þessum samningi sem einnig eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Fríverslunarsamtökin (EFTA) sem slík eru ekki aðili að samningnum. Ríki sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökunum (EFTA) síðar fær ekki sjálfkrafa aðgang að EES-samningnum, heldur yrði að semja um það sérstaklega.

Evrópubandalagið er aðili að samningunum og einnig öll aðildarríki þess. Í c-lið er nánar tilgreint að það fari eftir samhengi hverju sinni hvort orðið samningsaðili eigi við Evrópubandalagið, aðildarríki þess eða bæði Evrópubandalagið og aðildarríkin. Flest samningssvið EES falla undir valdsvið Evrópubandalagsins. Framkvæmdastjórn EB kemur þá fram fyrir hönd aðildarríkjanna. Á þeim samningsviðum sem falla utan valdsviðs Rómarsamningsins t.d. að því er varðar einstaka þætti hugverkaréttinda, framkvæmd landamæraeftirlits o.fl., reka aðildarríkin sjálf sín erindi.

Um 3. gr.

Hér er áréttað að orð skuli standa og samningsaðilar muni gera sitt til þess að samstarf gangi hnökralaust. Hnykkt er á skuldbindingum án þess þó að nokkru sé efnislega bætt við.

Um 4. gr.

Ein grundvallarregla EES-samningsins er að öll mismunun á grundvelli ríkisfangs sé bönnuð á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þetta á að tryggja að stjórnvöld hniki ekki til samkeppnisaðstæðum til þess að hygla vissum fyrirtækjum á kostnað annarra. Ekki verður t.d. hægt að setja strangari reglur um innfluttar vörur en þær sem gilda um innlenda framleiðslu og réttarstaða fyrirtækja alls staðar á EES-svæðinu verður að vera söm og jöfn. Samsvarandi regla er í 7. gr. Rómarsamningsins en hún er víðtækari þar því Rómarsamningurinn nær til miklu fleiri þátta en EES-samningurinn. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að gerðar séu efnislegar kröfur, t.d. um tungumálakunnáttu umsækjenda í starf eða um að vara eða þjónusta sem falboðin er hæfi íslenskum aðstæðum.

Sérstakar undanþágur eru tilgreindar frá þessari meginreglu annars staðar í samningnum. T.d. er hægt að áskilja ríkisborgararétt þegar ráðið er í stöður á vegum ríkisins, sem fela í sér sérstakt trúnaðarsamband við vinnuveitanda (28. gr.). Ef allsherjarregla, almannaöryggi eða almannaheilbrigði krefst þess er einnig hægt að láta sérstakar reglur gilda um erlenda ríkisborgara (33. gr.). Loks má geta þess að tekin eru af öll tvímæli um það í samningnum að Ísland og Noregur geti takmarkað aðgang erlendra ríkisborgara að fyrirtækjum í sjávarútvegi, eins og gildandi lög kveða á um.

Rétt er að taka fram að þessi meginregla hefur ekki í för með sér að allar reglur þátttökuríkja EES verði að fullu samræmdar. Töluverður munur getur verið á því hvaða reglur eru í gildi á tilteknum sviðum en tryggja verður aðeins að framkvæmd þeirra mismuni ekki eftir ríkisfangi. Þannig er hægt að setja strangari reglur hér um ýmsan varning eða starfsemi en tíðkast annars staðar svo fremi þær reglur gildi jafnt um Íslendinga sem erlenda ríkisborgara og valdi ekki hindrunum í milliríkjaviðskiptum innan EES.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um rétt samningsaðila til þess að taka upp mál í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráðinu eftir þeim reglum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 89. og 2. mgr. 92. gr. Gert er ráð fyrir að vandamál séu fyrst tekin fyrir í sameiginlegu EES-nefndinni. Almennt hefur verið litið svo á að hér gangi EB til móts við sjónarmið EFTA-ríkja og auki möguleika þeirra á að hafa áhrif á afgreiðslu mála innan EB þegar líklegt er talið að þau hafi áhrif innan EES. Upptökurétturinn gildir um öll mál sem varða

samningssviðið. Einnig gildir upptökurétturinn fyrir vandamál sem koma upp á öllum stigum samstarfsins hvort sem það er á meðal sérfræðinga, embættismanna eða ráðherra. Þetta ákvæði tryggir því sérhverjum samningsaðila rétt til að færa umræðuna á það stig sem nauðsynlegt er talið til þess að úrlausn fáist á vandamálum hans.

Um 6. gr.

Grundvallarmarkmið EES-samningsins er að tryggja samræmi innan alls svæðisins og jafna samkeppnisaðstöðu. Byggt er á þeim réttargrundvelli sem settur hefur verið innan EB á viðskiptasviðinu. Mörg samningsákvæði EES-samningsins taka því mið af samsvarandi ákvæðum Rómarsáttmálans og reglur sem settar eru á grundvelli hans eru teknar upp í viðauka við EES-samninginn. En þótt orðanna hljóðan sé hin sama getur túlkun ákvæðanna orðið mismunandi. Því hefur verið talið nauðsynlegt að setja skýrt fram þá túlkunarreglu að samningsákvæði beri að túlka í samræmi við þá úrskurði EB-dómstólsins sem máli skipta og varða þau ákvæði EB-réttar sem eru efnislega samhljóða EES-reglum. Þetta gildir þó aðeins um þá úrskurði sem upp hafa verið kveðnir fyrir undirskrift samningsins.

Ákvæði EB-réttar og EES-réttar teljast aðeins vera efnislega samhljóða þegar efni þeirra og þar með talin markmið eru þau sömu. Þannig eiga t.d. dómar EB um bein réttaráhrif og forgang EB-réttar ekki við um túlkun EES-ákvæðanna þar sem ekki er yfirfært löggjafarvald til stofnanna EES sbr. bókun 35 og álit EB-dómstólsins 1/91 14. desember 1992 tölul. 23-29.

Framangreind regla er túlkunarregla sem sett er með fyrirvara um sjálfstæði dómstólanna og þróun á dómaframkvæmd. Dómarnir eru því lögskýringargagn en þeir eru ekki lögfestir sem slíkir. Það er alltaf í höndum dómstóla að meta hvort EB-dómarnir eigi við EES-ákvæðin að efni til og hvort forsendur séu fyrir sömu túlkun.

Ákvæðið á ekki við um framtíðardóma EB-dómstólsins en í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA er gert ráð fyrir að réttmætt tillit sé tekið til þeirra við túlkun. Sérstakar ráðstafanir verða gerðar um upplýsingaskipti á dómum sbr. 106. gr. til þess að auðvelda samningsaðilum að fylgjast með því hvernig aðrir samningsaðilar túlka einstök ákvæði einnig eftir undirskrift og gera þeim þannig kleift að tryggja samræmi. Komi upp alvarlegt misræmi í túlkun verður það tekið fyrir í sameiginlegu EES-nefndinni.

Í greinargerð þessari er vísað til helstu dóma EB-dómstólsins sem varða EB-reglur sem eru sambærilegar við EES-reglur.

Um 7. gr.

EES-samningurinn er bindandi að þjóðarétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukunum eru einnig bindandi að þjóðarétti. Innan EB hafa reglugerðir bein réttaráhrif sem felur í sér að einstaklingar geta sótt rétt sinn samkvæmt ákvæðum EB-reglna fyrir dómstólum í aðildarríkjunum á sama hátt og á grundvelli landslaga. Aðildarríkin hafa framselt löggjafarvald frá þjóðþingum sínum til stofnana EB sem gerir þeim kleift að setja reglur sem hafa lagagildi án þess að til komi sérstakt samþykki þjóðþinganna. Hið sama gildir ekki innan EFTA. Til þess að einstaklingar í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna. Hið sama

gildir um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þessi grein kveður nánar á um með hvaða hætti EES-reglugerðir og EES-tilskipanir verða teknar upp í landsrétt.

Í réttarkerfi EB er gerður greinarmunur á reglugerð (regulation, forordning, Verordnung), sem hefur lagagildi í aðildarrríkjunum og tilskipun (directive, direktiv, Richtlinie), þar sem sett eru ákveðin markmið en aðildarríkjum er gefinn viss tími til lagasetningar í samræmi við þau á viðeigandi hátt. Tiltölulega lítill hluti gerða þeirra sem vísað er til í EES-samningnum er reglugerðir en þær ber skv. 7. gr. að taka upp orðrétt í landsrétt samningsaðila. Mun meira svigrúm er til þess að meta hvernig hægt sé að standa við þær samningsskuldbindingar sem upp eru teknar vegna tilskipana. Samningsaðilar hafa það í sinni hendi í hvaða formi efni tilskipananna er gert hluti af landsrétti.

Aðrar gerðir sem nefndar eru í viðaukunum oftast í formi tilmæla, orðsendinga eða ályktana eru ekki bindandi fyrir samningsaðilana heldur ber þeim ýmist að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra eða að taka mið af þeim. Einnig eru nefndar gerðir sem eftirlitsstofnunum samningsaðila ber að taka tilhlýðilegt tillit til.

Um bókun 1
Altæk aðlögun

Við samningagerðina voru uppi tveir valkostir við yfirtöku EB-gerða í EES-samningnum, þ.e. reglugerða, tilskipana o.s.frv. Annars vegar með því að umskrifa allar gerðirnar og aðlaga þær að stjórnskipun EES-svæðisins eða með því að notast við tilvísanir og setja sérstakar reglur um aðlögun þeirra vegna EES.

Fyrri kosturinn þótti óframkvæmanlegur miðað við þann tímaramma sem EES-samningnum var settur. Endursamning á öllum gerðunum hefði kallað á samningaviðræður um túlkun og orðalag á einstökum ákvæðum í þeim. Síðari kosturinn var því valinn, en samningurinn er ekki eins auðveldur aflestrar fyrir bragðið.

Reglur um aðlögun EB-gerðanna sem vísað er til í samningnum eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru reglur um altæka aðlögun sem fjallað er um í þessari bókun, þ.e. almennar reglur sem eiga við um allar gerðir. Í öðru lagi eru aðlögunarreglur sem eiga eingöngu við einn málaflokk og er þeirra þá getið í viðkomandi viðauka. Í þriðja lagi eru aðlögunarreglur sem eingöngu eiga við einstakar gerðir eða ákvæði í þeim og er þeirra þá getið í viðaukum þar sem viðkomandi gerð er skráð.

Inngangsorð að EB-gerðunum eru miðuð við markmið og stjórnskipun EB. Oftast fara markmið EB og EES saman að því er varðar fjórfrelsið. Ber því að notast við inngangsorð gerðanna sem túlkunargagn fyrir EES-reglurnar eingöngu að því leyti sem þau eiga við.

Um aðlögun vegna ákvæða er varða þátttöku í EB-nefndum og ákvarðanatöku er vísað til almennra reglna í meginmáli samningsins sem gilda um þessi efni.

Í gerðunum eru framkvæmdastjórn EB falin ýmis störf er varða upplýsingaskipti og tilkynningar til aðildarríkjanna. Þessi störf verða að því er varðar EFTA-ríkin í höndum annars vegar fastanefndar EFTA og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA. Bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól og bókun 1 við samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna fjalla nánar um hvernig þessi störf falla undir valdsvið hvorrar stofnunarinnar um sig.

Þegar skýrslugerðar er krafist innan EB ber fastanefnd EFTA eða eftirlitsstofnun EFTA eftir atvikum að gera samsvarandi skýrslu. Í sameiginlegri yfirlýsingu við samninginn er hins vegar kveðið á um að sameiginlega EES-nefndin geti, hvenær sem hún telur að slíkt komi að gagni, farið fram á að sameiginleg skýrsla verði gerð.

Upplýsingar varðandi staðreyndir og málsmeðferð sem gerðirnar gera ráð fyrir að séu birtar í Stjórnartíðindum EB verða að því er EFTA-ríkin varðar birtar í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB. Um fyrirkomulag birtinga EES vísast til bréfaskipta aðalsamningamanna þar um, en þau eru birt með samningnum.

Þegar rætt er um réttindi og skyldur EB-ríkjanna, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja og einstaklinga í EB-gerðunum er, að því er varðar EES, einnig átt við EFTA-ríkin og opinberar stofnanir þeirra o.s.frv. Þannig eiga t.d. ákvæði um samstarf opinberra stofnana á tilteknu sviði í EB-ríkjunum við um samstarf opinberra stofnana á því sviði í öllum aðildarríkjum EES.

Þegar vísað er til yfirráðasvæða, sameiginlegs markaðar og ríkisborgara EB-ríkja í gerðunum eiga þær tilvísanir einnig við yfirráðasvæði, markaði og ríkisborgara EFTA ríkjanna.

Réttur til að nota eitthvert opinbert tungumál EB-ríkjanna felur í sér rétt til að nota öll hin 13 opinberu tungumál aðildarríkja EES sem talin eru upp í 129.gr. samningsins.

Um gildistöku gerðanna í EES gilda almenn gildistökákvæði sbr. 3. mgr. 129. gr. samningsins og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag, en þar er átt við aðlögunartíma fyrir einstök ríki sem getið er um í viðaukum.

Um II. hluta
Frjálsir vöruflutningar

Þótt samstarf um aukna fríverslun milli EB og EFTA eigi sér alllanga forsögu og standi fastari fótum á vörusviðinu en t.d. í þjónustuviðskiptum eða fjármagnsflutningum hefur reynst nauðsynlegt að kveða skýrar á um nokkur atriði en gert er í fríverslunarsamningunum frá 1972. Í fyrsta lagi eru áréttaðar þær reglur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða uppruna vöru. Þær eru nokkru einfaldari en tíðkast hefur til þessa og er það nánar skýrt hér á eftir. Einnig eru endurteknar reglur um að tollar og magntakmarkanir séu ekki leyfð á þeim vörum sem undir samninginn falla og fjáröflunargjöld ýmiss konar mega ekki leggjast af meiri þunga á innfluttar vörur en innlendar. Þar eru ennfremur settar sérstakar starfsreglur fyrir ríkiseinkasölur. Landbúnaðar- og sjávarafurðir falla ekki undir meginákvæði samningsins og er því fjallað sérstaklega um meðferð þeirra í 2. kafla. EES verður ekki tollabandalag en samstarf tollyfirvalda verður aukið og er það skilgreint nánar í 3. kafla. Loks er í 4. kafla tekið á ýmsum öðrum þáttum, t.d. tæknilegum viðskiptahindrunum, orkumálum og undirboðsaðgerðum, en á kola- og stálvörum í 5. kafla.

Um 1. kafla
Grundvallarreglur

Um 8. gr.

Í þessari grein er nánar kveðið á um óhindruð vöruviðskipti milli samningsaðila. Þar sem EES verður ekki tollabandalag og samræmir því ekki tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins er sérstaklega tekið fram í 2. tölulið að nokkur tilgreind ákvæði samningsins eigi aðeins við um vörur sem upprunnar eru á samningssvæðinu. Hér er um að ræða ákvæði samningsins um afnám tolla og annarra gjalda (10. gr.), afnám magntakmarkana í innflutningi og útflutningi (11., 12. og 13. gr.), afnám allrar mismununar við skattlagningu innanlands (14. og 15. gr.), frekara samstarf við þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir (19. gr.), vísan til sérmeðferðar fyrir sjávarafurðir (20. gr.), útflutningstakmarkanir í undantekningartilvikum (25. gr.), afnám allra undirboðsaðgerða (26. gr.) og vísan til sérstakra reglna um kol og stál (27. gr.).

Loks er tekið fram í 3. mgr. að ákvæði samningsins eigi við um iðnvarning í tollflokkum 25-97 í samræmdu tollskránni. Undanskilin eru örfá efni, t.d. kasein, albúmín, albúmínöt, dextrín og umbreytt sterkja. Þessi tilhögun endurspeglar það fyrirkomulag sem er t.d. í fríverslunarsamningi Íslands við EB frá 1972 en þar eru einnig almennar reglur samningsins látnar gilda um iðnvarning, með sömu undantekningum og hér, en sérstakt fyrirkomulag haft um landbúnaðar- og sjávarafurðir. Nokkrar vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefni falla undir ákvæði samningsins, sbr. b-lið, en um þær gilda þó að auki sérstakar reglur. T.d. er heimilt að setja á þær verðjöfnunargjöld við innflutning eins og nánar er kveðið á um í bókun 3. Sams konar ákvæði var í fyrsta viðauka fríverslunarsamningsins.

Um bókun 2

Vörur þær sem taldar eru upp hér eru í flokki með iðnvarningi í tollskrá en í þeim eru landbúnaðarhráefni og hafa þær því verið undanþegnar fríverslun. Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var samsvarandi listi (viðauki I) en þar var einnig talinn upp korkur auk albúmíns.

Um bókun 49
Ceuta og Melilla

Ceuta og Melilla eru spænsk landsvæði á norðurströnd Afríku, umkringd af Marokkó, sem gerir tilkall til þeirra. Bæði þessi landsvæði eru fríhafnir og er hið fyrrnefnda 19,5 ferkm að stærð og hefur um 70.000 íbúa en hið síðara 12,5 ferkm með rúmlega 60.000 íbúa. Vegna sérstakrar stöðu þessara svæða er talin ástæða til þess að árétta að vörur þaðan skuli hljóta EES-meðferð.

Um bókun 3
Framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins
(Breytingar frá fyrri útgáfu skáletraðar)

Í fríverslunarsamstarfi eftirstríðsáranna hefur lengi tíðkast að gera greinarmun á almennum landbúnaðarafurðum og unnum landbúnaðarvörum eða iðnvarningi sem unninn

er úr landbúnaðarhráefni. Í fríverslunarsamningi Íslands við EB frá 1972 eru þessar afurðir skráðar í bókun 2 og í stofnskrá EFTA, Stokkhólmssamningnum, í viðauka D. Gilt hafa þær reglur að tollar og magntakmarkanir eru afnumin en heimilt hefur verið að leggja á sérstök verðjöfnunargjöld *á innflutning og greiða sérstakar útflutningsbætur vegna útflutnings* til þess að jafna samkeppnisaðstöðu vegna mismunandi verðs á landbúnaðarafurðum sem notaðar eru sem hráefni í viðkomandi vörum. *Þetta tryggir iðnfyrirtækjum sem nota landbúnaðarvörur sem hráefni sambærileg samkeppnisskilyrði hvernig sem landbúnaðarstefna er rekin í löndum samningsaðila, en það er einmitt megintilgangur kerfisins.*

Í bókun 3 er reynt að tryggja að þessi framkvæmd verði sem einföldust og leiði ekki til frekari viðskiptahindrana. Í stað staðlaðra uppskrifta er miðað við raunverulegt innihald *samkvæmt yfirlýsingu framleiðenda við staðgreiðslu* og þegar reiknaður er út verðjöfnunarþáttur má ekki lengur miða við mismun á heimaverði og heimsmarkaðsverði heldur verður miðað við mismun á heimaverði og því verði sem lægst er á EES-svæðinu. *Í þeim tilvikum sem ákvæði 3.-9. gr. bókunar 3 eru ekki uppfyllt sbr. 11. gr., s.s. þegar raunuppskriftir eru ekki til staðar, verður bókun 2 í fríverslunarsamningunum notuð áfram, t.d. hvað varðar staðlaðar uppskriftir við útreikning verðjöfnunargjalds.* Ekki er gert ráð fyrir því að heildarálögur verði hærri eftir að kerfið hefur verið tekið upp en þær sem tíðkuðust 1. 1. 1992. *Viðmiðun hvað Ísland varðar er þó árið 1991, sjá hér að neðan.* Reikna má niðurgreiðslur innlends hráefnis sem jafngildi innflutningsgjalds og í þeim tilfellum sem algert innflutningsbann hefur ríkt verður ekkert slíkt þak. Sérstakar reglur munu gilda um það hvaða hráefni megi verðjafna, hvernig tilkynna eigi um innihald, hvernig reikna eigi viðmiðunarverð og innihald við frekari vinnslu en tæknilegri forvinnu er enn ekki að fullu lokið. Í vissum tilfellum munu ákvæði fríverslunarsamningsins frá 1972 gilda. Ákvæði bókunarinnar eiga aðeins við um þær vörur sem þar eru taldar upp en listinn er heldur lengri en samsvarandi listi í bókun 2 (við bætist kaffi, te, kakaómassi o.fl.) *og er hann að fullu samræmdur þ.e. sami listi gildir fyrir öll EFTA-ríki og EB.*

Tvenns konar varningur á lista þessum er undanþeginn ákvæðum bókunarinnar við innflutning til Íslands: 21.05 rjómaís og úr 21.06.90 blöndur af smjöri og jurtafitu þar sem smjörinnihald er meira en 15%. Þetta tollnúmer nær til afurða á borð við „Létt og laggott" og „Smjörva". Heimilt er því samkvæmt þessu að viðhalda innflutningsbanni en rétt er að minna á að rjómaís með súkkulaði var á samsvarandi lista í fríverslunarsamningnum frá 1972. Rétt er einnig að taka fram að ekki er hægt samkvæmt þessu að banna innflutning á blöndu af jurtafeiti og smjöri ef smjörinnihald er milli 10 og 15 %.

Hér að framan var sagt að ekki mætti leggja á hærri gjöld en tíðkuðust 1. janúar 1992. Þar sem íslensk stjórnvöld hafa lítið notað sér möguleika til verðjöfnunargjalda setur þetta nokkrar skorður við innheimtu þeirra í framtíðinni þar sem innflutningur hefur verið frjáls. Undanþága frá þessu ákvæði fékkst fyrir nokkrar afurðir í 5. gr. 1. viðbætis, t.d. jógúrt, bragðbætt eða blandað ávöxtum, hnetum eða kakaó (0403), smjörlíkisblöndur sem innihalda meira en 10% en minna en 15% smjör (1517), súkkulaði og aðrar vörur sem innihalda kakaó (1806), maltextrakt (1901), pasta (1902), brauð, kökur og kex (1905), sultur og marmelaði (2007), sósur (2103) og súpur (2104). Allar þessar vörur eru nú án tolla, en jöfnunargjald hefur verið á sumum þeirra. *Í 2. mgr. 2. tölul. 5. gr. I. viðbætis*

er fjallað um aðrar vörur sem ekki eru innan ramma undanþágunnar í 1. mgr. 2. töluliðs og er þar tekið fram að fyrir þessar vörur verði miðað við álögð gjöld árið 1991 en ekki 1. 1. 1992, sem er viðmiðun annarra samningsaðila. Þar sem þak verðjöfnunarkerfis fyrir Ísland miðast við álögð aðflutningsgjöld árið 1991, reyndist ekki nauðsynlegt að hafa allar vörutegundir sem nú eru framleiddar hér á landi og eru á lista bókunar 3, innan áðurnefndrar undanþágu. Þetta stafar af því að verulega há aðflutningsgjöld voru á nokkrum vörutegundum 1991 s.s. frönskum kartöflum, kartöfluflögum o.fl. auk þess sem jöfnunargjald var lagt á margar þeirra. Auk þess ber að taka tillit til innri sem ytri verðjöfnunar. Þetta þýðir að reikna má niðurgreiðslur innlends hráefnis sem jafngildi innflutningsgjalds, þótt þær hafi ekki verið fluttar inn. Þá er einnig vert að geta þess að þegar bókun 2 verður notuð gildir þak á verðjöfnunargjald ekki gagnvart þeim vörum sem taldar eru upp í vörulista hennar.

Um 1. gr. bókunar 3

Hér er kveðið á um að öll ákvæði samningsins skuli gilda um þær vörur sem falla undir bókunina (þ.e. vörur sem falla undir verðjöfnunarkerfið í töflu I og vörur sem verða í fullri fríverslun í töflu II). Ákvæðið er sett til öryggis þar sem vörur í 1.-24. kafla tollskrárinnar falla almennt ekki undir samninginn.

Um 2. gr. bókunar 3

Þessi kafli fjallar um verðjöfnunarkerfið sem gildir um vörur í töflu I. Hér eru sett fram nánari ákvæði um hvernig samningsaðilar skuli standa að verðjöfnun á unnum landbúnaðarvörum.

Vinnu við ýmis tæknileg framkvæmdaatriði vegna verðjöfnunarkerfisins var ekki hægt að ljúka fyrir undirritun samningsins, sbr. 2.-7. viðbæti. Þessari vinnu á hins vegar að ljúka fyrir 1. júlí 1992.

Eins og í bókun 2 við fríverslunarsamninginn frá 1972 á verðjöfnunarkerfið að jafna þann mun sem er á verði landbúnaðarhráefna í framleiðslu á unnum landbúnaðarvörum sem taldar eru upp í töflu I. Þetta er gert með því að leggja breytilegt gjald - verðjöfnunargjald - á innfluttar vörur og endurgreiða útflytjendum varanna þennan mismun.

Ef einhver samningsaðilanna gerir ráðstafanir innanlands til lækkunar á hráefnisverði, t.d. með því að niðurgreiða hráefni til iðnaðarins, ber að taka tillit til þess við álagningu verðjöfnunargjalds og endurgreiðslu við útflutning.

Um 3. gr. bókunar 3

Verðjöfnun skal reiknuð út á grundvelli raunverulegs magns landbúnaðarhráefnis í endanlegu framleiðslunni. Verðjöfnunin verður með því eðlileg og sanngjörn. Hér er um að ræða breytingu frá því sem gilt hefur í fríverslunarsamningnum frá 1972 en þar er gert ráð fyrir að reikna megi verðjöfnunina út á grundvelli staðlaðra uppskrifta og getur það leitt til mismununar gagnvart einstökum framleiðendum.

Um 4. gr. bókunar 3

Til að finna raunverulegt magn hráefnis í vörunni er tekið upp það fyrirkomulag að framleiðandi eða útflytjandi vörunnar gefur yfirlýsingu um innihaldið, sem er staðfest af yfirvöldum í útflutningslandinu og lögð fram við tollafgreiðslu eða útflutning, og verðjöfnunargjald eða endurgreiðsla til útflytjanda reiknuð á grundvelli hennar.

Um 5. gr. bókunar 3

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr. bókunar 3

Það viðmiðunarverð, sem lagt verður til grundvallar verðjöfnuninni verður staðfest af sameiginlegu EES-nefndinni, þ.e. það verð sem greitt er af framleiðendum á svæðinu. Verðjöfnunin verður síðan reiknuð sem mismunur á innlendu hráefnisverði og lægsta verði sem gildir innan EES. Þetta þykir skapa sem mest samræmi innan svæðisins en í bókun 2 við fríverslunarsamninginn 1972 gildir sú regla að verðjöfnun er reiknuð á grundvelli mismunar á innlendu hráefnisverði og heimsmarkaðsverði.

Um 7. gr. bókunar 3

Ef ekki hefur verið samþykkt viðmiðunarverð fyrir hráefni sem notað hefur verið við framleiðsluna verða notaðir ákveðnir stuðlar til að umreikna hráefnisverð sem samþykkt hefur verið.

Um 8. gr. bókunar 3

Hér er kveðið á um það sem áður hefur komið fram að munurinn á innlendu viðmiðunarverði og lægsta viðmiðunarverði innan EES skuli vera grundvöllur verðjöfnunarinnar.

Um 9. gr. bókunar 3

Verðjöfnunarkerfi fyrir unnar landbúnaðarvörur hefur verið framkvæmt í nokkra áratugi og er m.a. útfært í fríverslunarsamningum milli EFTA-landanna og EB og í stofnsamningi EFTA. Bókun 3 er í raun ekki ætlað að breyta miklu frá fyrra kerfi. Meiri áhersla hefur verið lögð á að einfalda kerfið og samræma þær reglur sem munu gilda á svæðinu. Því er í þessari grein kveðið á um að samningsaðilarnir skuldbindi sig til að leggja ekki hærri gjöld á þær vörur sem falla undir kerfið en þeir gerðu 1. janúar 1992. Um er að ræða nokkurs konar varnagla til að einstaka lönd noti ekki tækifærið og hækki sín gjöld. Nokkrar undantekningar eru frá þessari reglu, sjá síðar.

Um 10. gr. bókunar 3

Hér er fjallað um vörur sem taldar eru upp í töflu II. Um þær mun gilda full fríverslun. Samkvæmt því má hvorki leggja á þær tolla, önnur innflutningsgjöld, þ.m.t. verðjöfnunargjöld, né leggja bann eða takmarkanir á innflutning þeirra.

Undantekningar frá þessu ákvæði er að finna í 1. viðbæti en þar er að finna ákvæði um stiglækkun tolla sem enn eru lagðir á ýmsar vörur sem falla undir töflu I. Þessi ákvæði hafa ekki áhrif á Íslandi þar sem aðflutningsgjöld hafa þegar verið felld niður af þeim vörum sem þar eru taldar upp.

Um 11. gr. bókunar 3

Til að ákvæði bókunar 3 um verðjöfnun verði framkvæmd þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt, m.a. ákvæði 3.-9. gr. bókunarinnar. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, t.d. ef ekki er lögð fram yfirlýsing um hráefni eða ef viðmiðunarverð hefur ekki verið ákveðið af sameiginlegu nefndinni, er ekki hægt að nota kerfið. Því er kveðið á um í

þessari grein að þá skuli nota ákvæði bókunar 2 við fríverslunarsamninga EFTA-landanna og EB.

Um 12. gr. bókunar 3

Í þessari grein er fjallað um tilkynningar og upplýsingaskipti samningsaðilanna innan sameiginlegu EES-nefndarinnar um verðjöfnunaraðgerðir, bæði innan EES og ef slíkar aðgerðir eru notaðar í viðskiptum aðilanna við þriðju ríki.

Um 13. gr. bókunar 3

Vegna ákvæða 9. gr. um takmörkun verðjöfnunaraðgerða við þau gjöld, sem lögð voru á vörur hinn 1. janúar 1992 sáu nokkur EFTA-landanna fram á að þeim yrði óheimilt að nota verðjöfnunarákvæðin varðandi ýmsar vörur. Sérstakar undanþágur er því að finna í 4.-6. gr. 1. viðbætis.

Þetta á við, að því er varðar ákvæði fyrir Finnland og Noreg, vegna innflutningsbanns sem verið hefur á tilteknum vörutegundum, og þar af leiðandi tollfrelsi, og að því er varðar Austurríki, vegna sérstakra ákvæða um stiglækkun tolla á áfengi. Ennfremur hefur Austurríki fengið samþykkt sérstök ákvæði vegna sterkjuframleiðslu þar sem hún mun hafa verulega þýðingu fyrir ákveðin fátæk landbúnaðarsvæði í landinu.

Sérstök ákvæði sem gilda um Ísland er að finna í 5. gr. 1. viðbætis. Gerð hefur verið grein fyrir þeim í almennum athugasemdum við bókunina.

Um 14. gr. bókunar 3

Viðskipti með unnar landbúnaðarvörur, svo og verðjöfnunarkerfi bókunarinnar, verða endurskoðuð á tveggja ára fresti, m.a. til að kanna möguleika á auknum viðskiptum, svo og þróun verðjöfnunarkerfisins almennt.

Um 9. gr.

EES-samningurinn veitir varningi af EES-svæðinu talsverð fríðindi umfram vörur annars staðar frá. En áður en fríðindi þessi eru veitt við tollafgreiðslu verður að sýna fram á að vörurnar séu í raun upprunnar af EES-svæðinu. Sérstakar reglur gilda um það hvernig sýna skal fram á EES-uppruna og eru þær að verulegu leyti byggðar á upprunareglum þeim sem gilt hafa samkvæmt bókun 3 við fríverslunarsamninga EB og EFTA-ríkja. Fjallað er um þessar upprunareglur í bókun 4 við EES-samninginn, en einnig er áréttað að skuldbindingar þær sem samningsaðilar hafa tekist á herðar eða munu gangast undir innan GATT skuli standa. Eftir að vara hefur verið afgreidd inn til EB verður ekki þörf frekari eftirlits.

Vara telst upprunavara EES ef hún er að fullu unnin á svæðinu úr hráefni af svæðinu. Einnig getur hún öðlast upprunaréttindi ef vinnsla hennar uppfyllir viss skilyrði, sjá nánar II. viðbæti við bókun 4 en þar er skráð hvaða aðvinnsla veitir upprunaréttindi. Þar er einnig nánar kveðið á um það hversu mikið hráefni má nota frá ríkjum utan svæðisins án þess að missa tollfríðindi. Heimilt er að láta vinna vöru að hluta utan EES-svæðis án þess að glata upprunaréttindum ef virðisauki vegna aðvinnslunnar þar nemur ekki meira en 10% af heildarverðmæti. Reglur um vefnaðarvörur og fatnað eru þó strangari hvað þetta varðar. Engu máli skiptir hins vegar þótt aðvinnslan fari fram á mörgum stöðum innan

EES. Almennt er sú krafa gerð að vöru fylgi annaðhvort upprunavottorð eða yfirlýsing framleiðanda á reikningi.

Samningsaðilar skuldbinda sig í 2. mgr. 9. gr. til þess að endurbæta frekar og einfalda allar upprunareglur og efla samstarf sitt í tollamálum.

Upprunareglur þessar verða teknar til fyrstu endurskoðunar fyrir árslok 1993. Væntanlega verður það gert í hópi upprunasérfræðinga landanna 19 en þeir hafa haft með sér náið samstarf um áraraðir. Þaðan í frá verður samstarfið endurskoðað á tveggja ára fresti.

Um bókun 4
Upprunareglur

Í fríverslunarsamningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu eru ákvæði um upprunareglur í bókun 3. Upprunareglur eru reglur sem vara þarf að uppfylla til að hún geti notið fríðindameðferðar samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins.

Í bókun 4 eru ákvæði um upprunareglur sem gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við gerð þeirra var höfð hliðsjón af sambærilegum reglum fríverslunarsamninga EB og EFTA-landanna en reynt eftir mætti að einfalda orðalag, svo og reglurnar sjálfar og framkvæmd alla, til að inn- og útflytjendur og tollyfirvöld eigi auðveldara með að nota þær. Helstu breytingar frá gildandi upprunareglum eru eftirfarandi:

1. EES-uppruni

Vörur sem framleiddar eru innan svæðisins úr hráefnum sem þar eru fengin eða uppfylla að öðru leyti aðvinnslureglur bókunarinnar verða svokallaðar EES-upprunavörur. Samkvæmt fríverslunarsamningnum eru vörur upprunavörur í því landi sem þær eru framleiddar í.

2. Hráefnanotkun

Unnt verður að nota hráefni hvaðanæva að af frá svæðinu án þess að vara glati upprunaskráningu sinni. Þá eru einnig veittar rýmri heimildir til að nota hráefni utan svæðisins án þess að uppruni glatist og ennfremur opnast möguleikar á aðvinnslu upprunavara utan svæðisins.

3. Formsatriði og eyðublöð

Formsatriði við staðfestingu á að upprunareglum sé fullnægt eru einfölduð, m.a. eru mörk fjárhæða hækkuð að því er varðar undanþágur frá framlagningu upprunavottorða og vegna upprunayfirlýsingar á vörureikningi.

Eyðublöðum og vottorðum er fækkað og verða nú tvö í stað fjögurra áður, þ.e. EUR 1 skírteini og yfirlýsing útflytjanda á vörureikningi.

Ákvæði um samvinnu og upplýsingagjöf stjórnvalda og reglur um sannprófanir upprunayfirlýsinga o.s.frv. eru sambærilegar við núgildandi ákvæði um upprunareglur.

Benda má á að í 9. gr. samningsins er ákvæði um samvinnu samningsaðilanna um frekari þróun og einföldun upprunareglnanna.

Um 1. gr. bókunar 4

Hér eru taldar upp skilgreiningar sem nota á við framkvæmd bókunarinnar. Skilgreiningarnar eru almennt sambærilegar við þær sem notaðar eru í bókun 3 við

fríverslunarsamninga EFTA-landanna og EB en þó hefur verið reynt að einfalda orðalag og gera það skýrara.

Um 2.-9. gr. bókunar 4

Þær vörur sem framleiddar eru á EES og uppfylla skilyrði sem sett eru í þessum ákvæðum og í öðrum ákvæðum bókunarinnar teljast vera upprunnar í EES. Hér er um að ræða verulega breytingu frá því sem gildir í fríverslunarsamningum milli EBE og EFTA-landanna, en samkvæmt þeim getur vara einungis verið upprunnin í því landi þar sem varan er framleidd. Framleiðendum verður heimilt að nota hráefni frá hvaða landi innan EES sem er án þess að framleiðsluvaran glati upprunaskráningu sinni. Í fríverslunarsamningunum er almenna reglan hins vegar sú að einungis má nota hráefni frá hinum samningsaðilanum, t.d. í viðskiptum Íslands og EB má einungis nota íslenskt eða hráefni frá EB-ríki, en ekki frá öðru EFTA-landi. Þessar reglur voru hins vegar rýmkaðar nokkuð fyrir nokkrum árum en reglur EES-samningsins eru mun frjálslegri þar sem uppruni hráefnis má vera hvaðanæva að af svæðinu. Þá er einnig gert ráð fyrir svokallaðri „valkvæðri hlutfallsreglu", sem er nýmæli, en hún gerir ráð fyrir að sækja megi 10% af verðmæti vörunnar utan svæðisins án þess að hún glati uppruna sínum.

Í þessum bálki er nánar kveðið á um skilyrði þess að vara verði talin upprunavara innan EES og eru þau að sumu leyti sambærileg við það sem gildir nú. Við gerð bókunarinnar var hins vegar reynt að einfalda reglur og orðalag til þess að auðvelda notkun hennar fyrir inn- og útflytjendur, tollyfirvöld o.s.frv.

Vert er að geta þess að í II. viðbæti er skrá yfir aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunavörur, til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi innan EES. Þessi skrá er í samræmi við sams konar skrá sem er í bókun 3 við fríverslunarsamning Íslands og EB.

Um 10.-17. gr. bókunar 4

Almenna reglan er sú að auk reglna um notkun hráefna þurfi framleiðsla og aðvinnsla þeirra að fara fram á EES til þess að vara teljist EES-upprunavara. Í samningaviðræðunum lögðu EFTA-ríkin ríka áherslu á að reglur um þetta yrðu rýmkaðar þannig að aðvinnsla og öflun hráefna gætu einnig komið frá þriðju ríkjum. Niðurstaðan varð hins vegar sú að sett voru inn ákvæði sem gera aðvinnslu utan svæðisins mögulega í takmörkuðum mæli. Þetta gildir hins vegar ekki um vefnaðarvörur.
Gert er ráð fyrir því að á þessu ári hefjist viðræður milli EB, EFTA ríkja og Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands um einföldun upprunareglna.

Um 25. gr. bókunar 4

Hér er lagt bann við endurgreiðslum eða undanþágum frá tollum og gjöldum vegna framleiðslu upprunavara í ríkjum EES. Ákvæðið á að tryggja að einstakt land geti ekki veitt innlendri framleiðslu vernd gagnvart vörum frá öðrum samningsaðilum.

Um 12.-31. gr. bókunar 4

Til að vara geti notið tollfrelsis samkvæmt samningnum þarf að liggja fyrir sönnun á að hún uppfylli upprunareglur bókunar 4. Í þessum ákvæðum eru settar form- og framkvæmdareglur um útgáfu upprunayfirlýsinga, þ.e. EUR 1 flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi. Reglurnar eru sambærilegar við reglur núgildandi

fríverslunarsamninga milli EB og EFTA-ríkja en þó hefur verið reynt að einfalda reglurnar og fækka þeim skjölum sem notuð eru við staðfestingu uppruna. Þau verða tvö í stað fjögurra áður. Í III.-VI. viðbæti við bókunina eru fyrirmyndir þeirra skjala sem nota skal og nánari reglur um notkun þeirra.

Um 32.-36. gr. bókunar 4

Hér er að finna ákvæði um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda vegna framkvæmdar upprunareglnanna, t.d. ef sannprófa þarf uppruna. Reglurnar eru sambærilegar við reglur fríverslunarsamninganna milli EB og EFTA-ríkja.

Um 37.-38. gr. bókunar 4

Um hin spænsku landsvæði Ceuta og Melilla gilda sérstök ákvæði, sbr. einnig bókun 48. EES-upprunareglurnar munu ekki gilda um vörur sem framleiddar eru á þessum svæðum heldur eru í þessum ákvæðum sérstakar upprunareglur fyrir þær. Er þetta í samræmi við margnefndar reglur bókunar 3 í fríverslunarsamningum EB-EFTA.

Um 10. gr.

Hér er lagt bann við öllum tollum á innflutning eða útflutning í viðskiptum milli samningsaðila. Bann þetta á einnig við fjáröflunartolla. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á vörugjöld eða aðra skattlagningu sem leggst jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu og hefur því engin verndaráhrif. Sérstakar undanþágur eru þó veittar í bókun 5 fyrir Sviss og Liechtenstein fyrir nokkrar tilteknar vörur (kaffi, bensín, vélar, bifreiðar og varahluti) í takmarkaðan tíma. Það fyrirkomulag verður tekið til endurskoðunar í sameiginlegu EES-nefndinni fyrir árslok 1996. Undirbúningur er hafinn að breytingu á skattlagningu þar og er gert ráð fyrir því að neysluskattar komi í stað fjáröflunartolla þessara. Skattabreytingar eru þungar í vöfum í Sviss og því veitir ekki af þessum tíma til breytinganna.

Svipuð ákvæði eru í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1972 í 3.-7. gr. Í þeim var Íslandi þó veitt undanþága fyrir langan lista fjáröflunartolla sem skv. tollskrá í dag hefði fyllt 174 síður. Íslenska ríkið hafði einhliða fallið frá mörgum þeirra í áranna rás en kröfu um að halda inni sömu heimildum og í fríverslunarsamningunum var haldið til streitu til síðustu stundar eða þar til ljóst var að viðunandi árangur mundi nást hvað varðar tollfrelsi sjávarafurða. Í fríverslunarsamningnum voru langir aðlögunartímar og tollar felldir niður í áföngum en þar sem tollar á iðnvarningi tíðkast ekki lengur í samskiptum EES-ríkjanna er hér hægt að gera langa sögu stutta.

Fjáröflunartollar voru á árinu 1991 einkum lagðir á ljós- og kvikmyndavörur, ýmsar vörur úr plasti, gúmmíi, leir, járni, stáli og áli, ýmsar vélar, heimilistæki, rafmagnstæki, ökutæki og skotfæri. Tekjur ríkissjóðs vegna þessara tolla á vörum frá löndum hins Evrópska efnahagssvæðis voru um 940 milljónir á árinu 1991. Í stað þessara tekna gætu komið vörugjöld eða skráningargjöld. Aðalatriðið er að gjöld þessi leggist jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu.

Um bókun 5
Fjáröflunartollar (Liechtenstein, Sviss)

Sjá athugasemdir við 10. gr.

Um bókun 6
Söfnun lögboðins varaforða í Sviss og Liechtenstein

Sviss hefur lengi rekið mjög viðamikið almannavarnakerfi. Þannig er í hverju fjölbýlishúsi öruggt geislavarið byrgi, lofthreinsitæki og matarbirgðir til reiðu ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi. Ríkið stendur þess vegna í allumfangsmiklum innkaupum. Í bókun þessari er tekið fram að ekki megi mismuna í rekstri þessa kerfis gagnvart innflutningi.

Um 11. gr.

Hér er aftur verið að árétta hlut sem í raun var kominn á að mestu leyti með fríverslunarsamningi Íslands við EB 1972, sbr. 13. gr. þess samnings. Orðalagið endurspeglar 30. grein Rómarsamningsins. Í stuttu máli má segja að bannið nái til allra viðskiptahindrana sem tálma viðskiptum milli samningsaðila, beint eða óbeint. Þó hefur verið viðurkennt að nauðsynlegt geti verið að grípa til ráðstafana sem í raun hindra viðskipti, ef hægt er að færa fyrir þeim gild rök, t.d. vegna neytendaverndar, umhverfisverndar, vinnueftirlits eða skattaeftirlits.

Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var þó haldið inni heimild til innflutningstakmarkana á olíu og olíuvörum vegna viðskiptahátta við Ráðstjórnarríkin og á ýmiss konar burstum vegna innlendrar framleiðslu á vegum Blindrafélagsins. Ekki þótti ástæða til þess að halda við takmörkunum á olíu og olíuvörum í ljósi breyttra viðskiptahátta en í samráði við Blindrafélagið var haldið inni takmörkunum á nokkrum tegundum sópa og bursta. Er nánar kveðið á um þær í bókun 7 við samninginn.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 29.11.78, mál 83/78, Pigs Marketing Board, B 1978, bls. 2347)
(DEB, 11.07.74, mál 8/74, Dassonville, B 1974, bls. 837)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Rewe, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB, 20.02.75, mál 12/74, Sekt und Weinbrand, B 1975, bls. 181)
(DEB, 08.11.79, mál 15/79, Viande Chevaline, B 1979, bls. 3409)
(DEB, 26.06.80, mál 788/79, Gilli et Andres, B 1980, bls. 2071)
(DEB, 16.12.80, mál 27/80, Fietje, B 1980, bls. 3839)
(DEB, 22.01.81, mál 58/80, Dansk Supermarked, B 1981, bls. 181)
(DEB, 05.02.81, mál 53/80, Nisine, B 1981, bls. 409)
(DEB, 19.02.81, mál 130/80, Kelderman, B 1981, bls. 527)
(DEB, 17.05.81, mál 113/80, Articles de bijouterie, B 1981, bls. 1625)
(DEB, 14.07.81, mál 155/80, Oebel, B 1981, bls. 1993)
(DEB, 09.12.81, mál 193/80, Vinaigre II, B 1981, bls. 3019)
(DEB, 17.12.81, mál 272/80, Biologische Producten, B 1981, bls. 3277)
(DEB, 31.03.82. mál 75/81, Blesgen, B 1982, bls. 1211)
(DEB, 10.11.82. mál 261/81, Rau (Margarine), B 1982, bls. 3961)
(DEB, 17.03.83, mál 94/82, De Kikvorsch, B 1983, bls. 947)
(DEB, 20.04.83, mál 59/82, Vermouth, B 1983, bls. 1217)
(DEB, 14.07.83, mál 174/82, Sandoz, B 1983, bls. 2445)
(DEB, 29.11.83, mál 181/82, Roussel, B 1983, bls. 3849)
(DEB, 30.11.83. mál 227/82, Van Bennekom, B 1983, bls. 3883)
(DEB, 07.02.84, mál 238/82, Duphar, B 1984, bls. 523)

(DEB, 13.03.84, mál 16/83, Prantl, B 1984, bls. 1299)
(DEB, 06.06.84, mál 94/83, Melkunie, B 1984, bls. 2367)
(DEB, 19.09.84, mál 94/83, Heijn, B 1984, bls. 3263)
(DEB, 10.01.85, mál 229/83, Prix fixe du livre, B 1985, bls. 1)
(DEB, 11.07.85, mál 60 og 61/84, Cinétheque, B 1985, bls. 2605)
(DEB, 26.11.85, mál 182/84, Miro, B 1985, bls. 3731)
(DEB, 10.12.85, mál 247/84, Motte, B 1985, bls. 3887)
(DEB, 28.01.86, mál 188/84, Homologation des machines á travailler le bois, B 1986, bls. 419)
(DEB, 13.03.86, mál 54/85, Mirepoix, B 1986, bls. 1067)
(DEB, 06.05.86. mál 304/84, Kampfmeyer, B 1986, bls. 1511)
(DEB, 04.12.86, mál 179/85, Pétillant de raisin, B 1986, bls. 3879)
(DEB, 12.03.87, mál 178/84, Loi de pureté de la biere, B 1987, bls. 1227)

Um bókun 7
Magntakmarkanir sem Ísland má viðhalda

Hér vísast til athugasemda við 11. gr.

Um 12. gr.

Þessi grein endurspeglar orðalag 34. gr. Rómarsamningsins og gildir um hana það sama og sagt var hér að framan um 11. gr. Rétt er að minna á að bann þetta nær ekki til sjávarafurða því að um þær gilda sérstakar reglur samkvæmt bókun 9 en þar er ekki kveðið á um útflutningsbann. Í 25. gr. samningsins eru sérstök ákvæði um leyfilegar útflutningstakmarkanir, t.d. vegna hráefnisskorts.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 30.10.74, mál 190/73, Van Haaster, B 1974, bls. 1123)
(DEB, 15.12.76, mál 41/76, Donckerwolcke, B 1976, bls. 1921)
(DEB, 23.01.75, mál 51/74, Van der Hulst, B 1975, bls. 79)
(DEB, 03.02.77, mál 53/76, Bouhelier, B1977, bls. 197)
(DEB, 18.05.77, mál 111/76, Van Den Hazel, B 1977, bls. 901)
(DEB, 29.11.78, mál 83/78, Pigs Marketing Board, B 1978, bls. 2347)
(DEB, 08.11.79, mál 15/79, Groenveld, B 1979, bls. 3409)
(DEB, 14.07.81, mál 155/80, Oebel, B 1981, bls. 1993)
(DEB, 15.12.82, mál 286/81, Oosthoek, B 1982, bls. 4575)
(DEB, 07.02.85, mál 173/83, Huiles usagées, B 1985, bls. 491)

Um 13. gr.

Þessa grein má kalla fastagest í fríverslunarsamningum því að orðalag hennar er að heita má samhljóða 36. gr. Rómarsamningsins, 21. gr. fríverslunarsamnings Íslands við EB, 8. grein fríverslunarsamnings EFTA við Tyrkland og svipaðra samninga sem EFTA hefur gert við önnur lönd. Efnisinnihald 12. gr. stofnsamnings EFTA, Stokkhólmssáttmálans er og hið sama. Greinin gefur stjórnvöldum svigrúm til þess að beita hindrunum þegar mikið liggur við til þess að vernda m.a. almennt siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, heilsu manna, dýra eða gróðurs, þjóðarverðmæti eða hugverkaréttindi. Hefð er fyrir því að túlka þessi ákvæði þröngt. Sýna verður fram á að

þær aðgerðir sem gripið er til séu ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur, að þær séu markvissar og að ekki sé önnur leið fær til þess að ná fram sömu áhrifum sem ekki veldur röskun á viðskiptum. Sérstaklega er tekið fram í 25. gr. hvenær grípa megi til magntakmarkana á útflutningi.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 19.12.61, mál 7/61, Viande porcine et produits dérivés, B 1961, bls. 635)
(DEB, 10.12.68, mál 7/68, Æuvres d´art, B 1968, bls. 617)
(DEB, 19.12.68, mál 13/68, Salgoil, B 1968, bls. 661)
(DEB, 20.02.75, mál 12/74, Sekt und Weinbrand, B 1975, bls. 181)
(DEB, 20.05.76, mál 104/75, De peijper, B 1976, bls. 613)
(DEB, 25.01.77, mál 46/76, Bauhuis, B 1977, bls. 5)
(DEB, 27.10.77, mál 30/77, Bouchereau, B 1977, bls. 1999)
(DEB, 12.10.78, mál 13/78, Eggers, B 1978, bls. 1935)
(DEB, 23.11.78, mál 7/78, Regina/Thopmson, B 1978, bls. 2247)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB,14.12.79, mál 34/79, Henn & Darby, B 1979, bls. 3795)
(DEB, 10.07.84, mál 72/83, Campus Oil Lts, B 1984, bls. 2727)
(DEB, 06.11.84, mál 177/83, Kohl, B 1984, bls. 3651)
(DEB, 25.09.85. mál 34/84, Leclerc, B 1985, bls. 2915)
(DEB, 25.09.85, mál 114 og 115/84, Leclerc S.A et Carrefour supermarché S.A., B 1985, bls. 2961)
(DEB, 11.03.86, mál 121/85, Conegate, B 1986, bls. 1007)

Um 14. gr.

Hér er nánar útfærð almenn krafa EES-samningsins um að ekki sé mismunað eftir þjóðerni við óbeina skattlagningu eða gjaldtöku. Ákvæðið gefur stjórnvöldum fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er, svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Samsvarandi ákvæði er að finna í 19. grein fríverslunarsamnings Íslands við EB. Orðalag endurspeglar 95. gr. Rómarsamningsins. Greinina ber einnig að lesa með hliðsjón af 11. gr. samningsins, sem bannar allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir. Þetta á við um skattlagningu sem hefur það í för með sér að erlend framleiðsluvara er látin sæta hærri álögum en sambærileg innlend vara. Hið sama gildir ef lagt er á gjald sem síðan nýtist aðeins eða er endurgreitt innlendum iðnaði, jafnvel þótt gjaldið sjálft leggist jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu. Hægt er að skattleggja vöru þótt ekki sé um neina samsvarandi framleiðslu að ræða innanlands ef gjaldið er hluti af almennu skattheimtukerfi sem rekið er án tillits til uppruna vöru.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 22.03.77, mál Steinike, 78/76, B 1977, bls. 595)
(DEB, 07.05.87, Bananaskattur, mál 193/85, B 1987, bls. 2085)

Um 15. gr.

Efni greinarinnar er í beinu framhaldi af greininni á undan og tekur efnislega upp síðari hluta 19. greinar fríverslunarsamningsins við EB. Aftur er hér verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatt en þann sem lagður hefur verið á

vöru og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsríkis. Orðalagið endurspeglar 96. gr. Rómarsamningsins. Ekkert hefur reynt á þetta ákvæði innan EB eftir að virðisaukaskattur var almennt tekinn upp.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB. 01.12.65, Endurgreiðsla skatta til útfl., mál 45/64, Rec. 1965, bls. 1057)
(DEB. 16.06.66, mál 57/65, Lutticke, B 1966, bls. 293)
(DEB. 27.02.80, mál 168/78, Framkvæmdastj. gegn Frakklandi, B 1980, bls. 347)

Um 16. gr.

Þessi grein endurspeglar orðalag 37. gr. Rómarsamningsins en þar er kveðið á um að tryggja verði að ríkiseinkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar. Ákvæðið gildir einnig í þeim tilfellum sem ríkið hefur framselt öðrum einkarétt sinn eða stýrir á einn eða annan hátt inn- og útflutningi milli aðildarríkja EES. Grein þessi á hins vegar hvorki við um ríkiseinkarétt til framleiðslu, sem getur verið óskertur, né til þjónustu.

Taka verður tillit til þess hvernig ákvæðið hefur verið túlkað innan EB en þar hefur áherslan verið lögð á það að ávallt verði að vera hægt að stunda svokallaðan samhliða innflutning og veita einkaréttarhafanum þar með samkeppni. Í samningaviðræðum um EES hafa Norðurlöndin öll innan EFTA, sem öll hafa með hendi ríkiseinkasölu á áfengi, ekki talið að skuldbindingar samningsins gefi ástæðu til þess að breyta fyrirkomulagi áfengissölu, svo fremi einkasölurnar ábyrgist það að þær mismuni ekki áfengistegundum eftir uppruna þeirra. Bent hefur verið á að í raun sé um að ræða fyrirkomulag smásölu og því innanríkismál fremur en mál sem beint snerti alþjóðaviðskipti. Framkvæmdastjórn EB hefur í samningaviðræðum ekki dregið þessa túlkun í efa.

Til þess að tryggja stöðu sína enn frekar ef til þess kæmi að þetta atriði kæmi fyrir dómstóla hafa Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, gefið yfirlýsingu við samninginn þar sem áréttað er að áfengiseinkasala sé mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum.

Þess má geta að upp hefur komið dómsmál innan EB þar sem tóbakseinkasölu Ítalíu var gert að breyta starfsemi sinni vegna 37. gr. Rómarsamningsins. Þar var hins vegar um að ræða greinilega tilraun til þess að vernda innlenda tóbaksframleiðslu.

Vegna þessarar greinar verður skylt að svipta Áburðarverksmiðju ríkisins einkaleyfi til þess að flytja inn áburð. Tveggja ára aðlögunartími er þó til ársins 1995, sbr. bókun 8 við samninginn.

Nánar er rætt um ríkiseinkasölur að neðan.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 17.02.76, mál 91/75, Göttingen, B 1976, bls. 217)
(DEB, 30.04.74, mál 155/73, Sacchi, B 1974, bls. 409)
(DEB, 03.02.76, mál 59/75, Manghera, B 1976, bls. 91)
(DEB, 21.03.72, mál 82/71, Sail, B 1972, bls. 119)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB, 13.03.78, mál 91/78, Hansen, B 1979, bls. 935)
(DEB, 13.03.79, mál 119/78, Peureux II, B 1979, bls. 975)

Um bókun 8
Ríkiseinkasölur

Nokkrar EFTA-þjóðir, Austurríkismenn, Íslendingar og Svisslendingar, fóru fram á aðlögunartíma til þess að aðlaga einkasölur sínar breyttum aðstæðum. Ísland fékk aðlögunartíma fyrir áburð, Austurríki fyrir salt en Sviss og Liechtenstein fyrir salt og byssupúður. Fékkst það fram til ársbyrjunar 1995 eins og greint er frá hér að framan.

Í bókuninni er tekið fram að 16. gr. samningsins eigi einnig við um vín og er það gert vegna þess að í raun fellur vín ekki undir almenn ákvæði samningsins þar sem í 8. gr. er tekið fram að ákvæði hans nái einungis til varnings í tollskrárflokkum 25-97 og þess varnings sem tilgreindur er í bókun 3, en vín fellur undir hvorugan flokkinn.

Um 2. kafla
Landbúnaðar- og sjávarafurðir

Allar meginreglur fríverslunar hafa til þessa miðast við iðnvarning en sérstakar reglur gilt um landbúnaðar- og sjávarafurðir. EES-samningurinn er engin undantekning frá þessari reglu. Reynt verður þó að greiða fyrir viðskiptum einnig á þessu sviði eftir föngum og er nánar kveðið á um það í þessum kafla.

Um 17. gr.

Grein þessi vísar til umfangsmikils viðauka um reglur þær sem gilda skulu um eftirlit með heilbrigði dýra og plantna. Við upphaf samningaviðræðna var talið víst að ógerlegt væri að samræma reglur á þessu viðkvæma og margslungna sviði en svo fór að lokum að EFTA-ríkin, öll nema Ísland, samþykktu að taka upp reglur EB um heilbrigði dýra, með nokkrum undantekningum þó. Ástæða þess að fast var haldið af Íslands hálfu í algera undanþágu var sérstaða íslenskra bústofna vegna langvarandi einangrunar og viðkvæmni fyrir farsóttum. Samningurinn breytir því engu um innflutningsbann það sem verið hefur, ekki aðeins á lifandi dýrum heldur einnig kjöti, eggjum og ýmsum búfjárafurðum. Íslensk löggjöf um fóður og plöntur, verður hins vegar samræmd EES reglum með fáeinum undantekningum.

Mikilvægt var hins vegar að tryggja hagsmuni íslensks sjávarútvegs, en heilbrigðiseftirlit með sjávarfangi fellur undir dýralæknadeildir EB. Því var sérstaklega tekið fram að reglur um sjávarafurðir skyldu einnig gilda um Ísland, þrátt fyrir ofangreinda undanþágu. Með þessu er tryggt að heilbrigðiseftirliti verður ekki beitt á Evrópumarkaði harðar gegn íslenskum sjávarafurðum en samsvarandi afurðum frá EB-löndum, en þess er nokkuð farið að gæta nú.

Rétt er að taka fram að landamæraeftirliti verður haldið áfram fyrir bæði dýr og plöntur.

Um I. viðauka
Heilbrigði dýra og plantna

Viðaukanum um heilbrigði dýra og plantna er skipt í þrjá meginkafla, þ.e. heilbrigði dýra, fóðurvörur og heilbrigði plantna.

1. Heilbrigði dýra

Í þessum kafla er fjallað um heilbrigði lifandi dýra, hollustu mjólkur-, eggja- og sláturafurða, varnir gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma og útrýmingu þeirra, fiskafurðir, fiskeldi, notkun vaxtarhvetjandi efna, notkun fúkkalyfja í dýrafóður, eftirlit með efna- og lyfjaleifum í sláturafurðum, reglur um viðurkenndar rannsóknastofur, hreinræktun búfjár og ýmsar stjórnarnefndir.

Önnur EFTA-ríki munu fella allar reglur í þessum kafla inn í löggjöf sína, öll nema Ísland, sem halda mun sinni löggjöf óbreyttri. Þrjár tilskipanir sem mikilvægar eru vegna markaðssetningar og útflutnings sjávarafurða eru teknar með hvað Ísland varðar og íslenskri löggjöf breytt til samræmis. Hér er um að ræða:

a. tilskipun ráðsins um fiskafurðir 91/493/EBE:
b. tilskipun ráðsins um lindýr 91/492/EBE;
c. tilskipun ráðsins um fiskeldi 91/67/EBE.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sem mun uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í ákvæðum fyrrgreindra tilskipana um eftirlit og sölu fiskafurða, þar með talin eldisfisks.

Undanþegin eru ákvæði í tilskipun 91/67/EB, þar sem fjallað er um lifandi fiska og krabbadýr, hrogn og kynfrumur fiska og krabbadýra til eldis eða til endurnýjunar stofna en þar mun núgildandi íslensk löggjöf gilda áfram óbreytt.

2. Fóðurvörur handa dýrum

Gerðir EB sem taldar eru upp í þessum kafla I. viðauka skulu samkvæmt samningnum öðlast gildi hér á landi 1. janúar 1993. Þó skal Ísland geta stuðst við eigin löggjöf hvað snertir blöndun sýklalyfja í fóður, sem skal endurskoða á árinu 1995, og um þráavarnarefni, bragðbætandi og lystaukandi efni, svo og litarefni, þar með talda dreifuliti, sem gildir fram til 31. desember 1995.

Lögum nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær verður að breyta til að þau stangist ekki á við gerðir EB.
Þær breytingar felast í 2. gr. um eftirlit og 19. gr. um verslun með áburð.
Einnig þarf að taka lög nr. 43/1970 til endurskoðunar vegna einkasölu Áburðarverksmiðju ríkisins á áburði.

3. Plöntur

Í þessum kafla er fjallað um fræ og sáðvörur og gilda þar sömu athugasemdir og tekið var fram um 2. kafla hér að framan, að breyta þarf lögum nr. 53/1978 til samræmingar við gerðir EB.

EES-samningnum fylgir sameiginleg yfirlýsing um að meðan á endurskoðun gerða er snerta plöntur stendur yfir og þar til þeirri endurskoðun er lokið skal löggjöf einstakra aðildarríkja gilda óbreytt.

Um 18. gr.

Þar sem EES-samningurinn gildir ekki almennt um landbúnaðarafurðir þótti rétt í þessari grein að árétta að ekki verði settar frekari viðskiptahindranir en þær sem heimilar eru samkvæmt þeim sérstöku reglum sem kveðið er á um í I. viðauka um heilbrigði dýra og plantna, II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, bókun 12

um samninga við þriðju lönd um samræmismat eða bókun 47 um um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

Um 19. gr.

Frá upphafi samningaviðræðna þrýstu mörg aðildarríki EB á um að gera hlut landbúnaðar sem stærstan í þessum samningum og litu hýru auga til markaða EFTA-ríkja. Árangur þessarar viðleitni er lítill, ef frá er talið að EFTA-ríkin greiddu í sérstökum erindaskiptum götu nokkurra suðrænna landbúnaðarafurða inn á markaði sína. Til þess að miðla málum var sæst á þetta orðalag sem skuldbindur samningsaðila aðeins til þess að koma saman og ræða leiðir til þess að auðvelda viðskipti með landbúnaðarafurðir á tveggja ára fresti. Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var í 15. gr. einnig kveðið á um það að samningsaðilar væru reiðubúnir til þess að þróa viðskipti með landbúnaðarafurðir, forðast mismunun við beitingu heilbrigðisreglugerða og leita lausna á þeim vandamálum sem upp kynnu að koma.

Ákvæði 4. mgr. eru byggð á þeim grundvallarforsendum sem ákvarðast af sjálfstæðri landbúnaðarstefnu hvers aðila um sig, niðurstöðum Úrúgvæ-viðræðnanna og EES-samningnum. Hins vegar hafa tíðkast milli samningsríkjanna 19, samningar af ýmsu tagi á landbúnaðarsviðinu, sem veitt hafa vissum ríkjum forgang. Sérstaklega var Austurríkismönnum annt um samninga þá sem þeir hafa gert við EB um forgangsaðgang að EB-mörkuðum fyrir tilteknar landbúnaðarafurðir. Einnig var þeim í mun að tryggja að gagnkvæmt jafnvægi yrði að ríkja á landbúnaðarsviðinu en óskyld vandamál væru ekki leyst með því að vísa á þetta svið.

Um bókun 42
Tvíhliða fyrirkomulag
varðandi tilteknar landbúnaðarvörur

Sjá athugasemdir við samninginn um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði.

Um 20. gr.

Hér er aðeins vísað til bókunar 9 en nánari skýringar við hana fara hér á eftir.

Um bókun 9
Viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir

Í könnunarviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins 1989 um grundvöll fyrir stofnun Evrópsks efnahagssvæðis urðu aðilar sammála um það, að hvorki yrði stefnt að sameiginlegri landbúnaðarstefnu né sameiginlegri sjávarútvegsstefnu. Hver samningsaðili heldur þannig sinni eigin stefnu á þessum sviðum.

Ríki EFTA lögðu síðan höfuðáherslu á í samningaviðræðunum að tekin yrði upp fríverslun með sjávarafurðir innan EES á sama hátt og með sömu samkeppnisskilyrðum og giltu um iðnaðarvörur.

Haustið 1990 hafnaði Evrópubandalagið kröfu EFTA um fríverslun með sjávarafurðir, m.a. á þeirri forsendu að ekki stæði til að taka upp sameiginlega sjávarútvegsstefnu innan EES og hver aðili myndi því halda sinni stefnu. Kröfur EFTA taldi bandalagið jafngilda því, að höggið væri að rótum sjávarútvegsstefnu EB sem, eins og landbúnaðarstefnan, byggði á því að þessar atvinnugreinar væru sérstakar og yrðu að njóta verndar á ýmsan

hátt til að tryggja framboð matvæla, jafnvægi í byggð og lífskjör fyrir þá sem þessar atvinnugreinar stunda, sambærileg við þau sem fengjust við aðra starfsemi.

Þegar ljóst varð að bandalaginu varð ekki þokað með hreina fríverslun fyrir sjávarafurðir breyttu EFTA-ríkin kröfu sinni á þann veg að krefjast a.m.k. niðurfellingar allra tolla af sjávarafurðum innan EES. Evrópubandalagið svaraði þeirri kröfu á þann hátt, að tollaniðurfelling myndi raska því viðkvæma jafnvægi sem væri til staðar á sviði sjávarútvegs innan bandalagsins. Ef jafnvægi ætti að haldast eftir að tollfrelsi væri komið á yrðu EFTA-ríkin að veita sjómönnum bandalagsins fiskveiðiheimildir í lögsögu EFTA-ríkja svo að aukinn afli gæti bætt upp minni tollvernd.

Á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins í Lúxemborg í júní 1991 komu Norðmenn nokkuð til móts við þessi sjónarmið EB með því að bjóðast til að bæta aðgang sjómanna frá ríkjum EB að norskum fiskimiðum. Svo virtist í Lúxemborg sem tekist hefði að leysa málin og að EFTA ríkin fengju tollfrjálsan aðgang að mörkuðum EB. Við nánari umræður innan EB urðu þær skoðanir hins vegar ofaná að hvorki væri tilboð Norðmanna nógu hátt til að réttlæta fullt tollfrelsi né væri undir neinum kringumstæðum unnt að veita fullt tollfrelsi fyrir allar fisktegundir inn á markað EB. Ýmis ríki á suðurvæng EB voru tilbúin til að veita fullt tollfrelsi ef meiri veiðiheimildir væru í boði en önnur ríki EB norðar í Evrópu neituðu fullu tollfrelsi, sama hvaða veiðiheimildir kynnu að vera í boði.

Allar tilraunir til að samræma þessi ólíku sjónarmið reyndust árangurslausar og var þessi deila helsta ástæða þess að EES-viðræður sigldu tímabundið í strand um sumarið.

Þegar samningaviðræður um sjávarútvegsmál hófust að nýju fyrir alvöru í september og október 1991 lögðu Norðmenn höfuðáherslu á tvennt, annars vegar að þar yrði þróunargrein sem gæfi þeim möguleika á að halda því fram að samningurinn stefndi að því - til lengri tíma litið - að allir tollar af sjávarafurðum yrðu felldir niður og hins vegar að fá tryggingu fyrir því að norskar fiskafurðir, ekki síst lax, sættu ekki undirboðsaðgerðum og jöfnunartollum. Önnur ríki EFTA studdu Norðmenn við að reyna að ná fram þessum kröfum. Evrópubandalagið gat hins vegar ekki fallist á þær nema ýmsir aðrir þættir kæmu þá inn í myndina líka. Þróunargrein gæti ekki átt við bættan markaðsaðgang nema bandalaginu væri jafnframt heimilt að ræða önnur atriði, m.a. aðgang að fiskimiðum og ekki væri unnt að lofa að beita ekki undirboðsaðgerðum eða jöfnunartollum nema ríkisstjórnir einstakra EFTA-ríkja skekktu ekki samkeppnisstöðu með ríkisstyrkjum umfram það sem bandalagið veitir sjálft samkvæmt sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sinni, með markaðsskipulagi sem veitti framleiðendum í EFTA ríkjunum meiri lögbundinn stuðning við samkeppni en framleiðendur innan EB nytu, eða með því að neita hafnaraðstöðu og umflutningsrétti („transit") sem skip EFTA-ríkja hefðu óhindrað í ríkjum EB. Fleiri atriði töldu samningamenn EB að kynnu að geta komið til athugunar áður en ákvæði 26. gr. EES-samningsins og bókunar 13 gætu gilt um fisk, þ.e. að undirboðsaðgerðum eða jöfnunartollum yrði ekki beitt.

Hér fara á eftir skýringar og athugasemdir við einstakar greinar bókunarinnar.

Um 1. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um afnám hafta á innflutningi sjávarafurða til EFTA-landa og gildir það jafnt um tolla, gjöld, magntakmarkanir og aðrar aðgerðir sem hafa svipuð áhrif.

Evrópubandalagið sóttist eftir því að fá inn í þessa grein sérstök ákvæði um afnám útflutningsgjalda, útflutningstakmarkana og annarra aðgerða sem hefðu svipuð áhrif og vísaði þar til þess að almennt ákvæði þess eðlis er í 12. gr. samningsins. Þessu var vísað á bug af Íslands hálfu þar sem ekki þótti ráðlegt að skerða frekar svigrúm til útflutningsstjórnar frá því sem nú er, á meðan sömu samkeppnisskilyrði eru ekki að fullu tryggð innan EES í sjávarútvegi. Ennfremur var bent á að í 20. gr. samningsins er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi varðandi sjávarafurðir í bókun 9. EB lét þessa kröfu sína niður falla og samþykkti textann eins og hann var upphaflega lagður fram af Íslands hálfu. Þess ber þó að geta að Evrópubandalagið hefur oftar en einu sinni látið í ljós, að beiting útflutningsleyfa til þess að tryggja hámarksverð sé ekki í samræmi við fríverslunarsamningana né GATT-skuldbindingar, án þess þó að sækja það mál af neinni hörku.

Um 2. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um tollalækkanir á innflutningi sjávarafurða til Evrópubandalagsins. Athygli er vakin á því að þegar um er að ræða 70% niðurfellingu tolla er miðað við það tollstig sem gildir samkvæmt gildandi tvíhliða samningum en ekki tolla samkvæmt almennri tollskrá EB. Ef tollar lækka í GATT-viðræðunum verður lækkaður tollur tekinn til viðmiðunar. Bætt er inn vísan til 13. gr. samningsins líkt og í 1. gr.

Um 3. gr. bókunar 9

Greinin kveður á um uppruna varnings sem bókunin nær til og vísar til bókunar 4 við samninginn um upprunareglur.

Um 4. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um að allir ríkisstyrkir til sjávarútvegs sem skekki samkeppni skuli afnumdir og löggjöf um markaðsskipulag í sjávarútvegi breytt til þess að skekkja ekki samkeppnisstöðu. Einnig er samningsaðilum uppálagt að tryggja þær samkeppnisaðstæður sem geri hinum samningsaðilunum kleift að forðast undirboðstolla. Þessi grein styrkir stöðu Íslands við gagnrýni á þá styrki sem einstök aðildarríki EB veita til sjávarútvegs en þau fjárframlög sem koma beint frá framkvæmdastjórn EB teljast ekki skekkja samkeppni samkvæmt eigin skilgreiningum EB.

Um 5. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um aðgang að höfnum og rétt til landana. Að kröfu Íslendinga er tekið fram að þetta gildi ekki um landanir fisks ríki ágreiningur um nýtingu viðkomandi fiskistofns. Orðalagið er byggt á orðalagi samsvarandi texta innan EFTA.

Aðalatriðið hér er að tryggt er að hægt er að stöðva landanir EB-skipa sem stunda veiðar með leyfi Grænlendinga ef ágreiningur kemur upp um nýtingu t.d. karfa eða rækju á miðum milli Íslands og Grænlands, en ekki hafa náðst samsvarandi samningar um þessa stofna og varðandi loðnu.

Um 6. gr. bókunar 9

Líkt og fyrr er tekið fram að sé lagalegri framkvæmd ákvæða þessarar bókunar áfátt að einhverju leyti skuli vísa því máli til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag geta aðrir samningsaðilar gripið til gagnaðgerða.

Um 7. gr. bókunar 9

Sérstaklega er tekið fram að þar sem fyrri samningar gefi meiri réttindi en þessi samningur skuli fyrri samningar gilda. Þetta tryggir meðal annars áframhaldandi tollfrelsi á rækjum, bæði frystum og niðurlögðum, lýsi og fiskimjöli en allar þessar afurðir njóta tollfrelsis samkvæmt bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands við EBE en falla almennt ekki undir Fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EBE. Athygli er ennfremur vakin á því að á listanum sem kemur fram í 3. viðbæti við bókunina um fyrri samninga sem áfram skuli gilda er einungis vitnað til 1. gr. bókunar 6, sem kveður á um tollalækkanir en ekki til 2. gr. sem vísar til efnahagsvandkvæða EB vegna útfærslu fiskveiðlögsögu Íslands. EB hefur gjarnan vitnað til síðari greinarinnar þegar það hefur gengið eftir kröfum um fiskveiðiheimildir við Ísland.

Um 1. viðbæti við við bókun 9

Hér er kveðið á um undanþágur og aðlögunartíma EFTA-þjóða frá tollalækkunum. Finnar hafa aðlögunartíma svipað og í EFTA-samningum fyrir lax og síld, Sviss fyrir vatnafisk. Sviss hefur einnig leyfi til þess að leggja breytilegt gjald á fiskimjöl og lýsi frá EB og Svíþjóð hefur leyfi til magntakmarkana á síld og þorsk fram til ársloka 1993 ef það reynist nauðsynlegt til að forðast markaðshrun.

Um 2. viðbæti við bókun 9

Þessi viðbætir hefur að geyma þrjár töflur og sérstakt fylgiskjal við þá þriðju. Hin fyrsta er tæmandi upptalning sjávarafurða samkvæmt fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA. Tollar og magntakmarkanir falla niður af öllum þessum vörum við innflutning inn til EFTA-landa frá EB.

Önnur taflan telur upp þær sjávarafurðir sem tollar falla niður af við innflutning inn til EB frá EFTA-löndum. Þar á meðal eru margar þær afurðir sem þyngstan toll hafa borið við innflutning til EB og nægir að nefna saltaðan þorsk, saltfiskflök og fersk þorsk-, ýsu- og ufsaflök.

Þriðja taflan er tæmandi skrá yfir allar sjávarafurðir í 3. kafla tollskrár og nær allar í 16. kafla (vantar 1603-fiskisafa). Af öllum þessum afurðum fæst 70% tollafsláttur, sem kemst að fullu til framkvæmda 1.1.1997. Samningurinn nær ekki til hvalkjöts (tollfl. 0208), lýsis (tollfl. 1504 og 1516) né fiskimjöls (tollfl. 2301), en þessar afurðir falla undir bókun 6 í fríverslunarsamningnum við EBE, þannig að ekki kemur að sök.

Loks eru í sérstöku fylgiskjali við þriðju töflu taldar upp þær afurðir sem falla utan samnings og er um að ræða síld, lax, makríl, hörpudisk, rækju og leturhumar og afurðir unnar úr þeim. Það hefur þó fengist staðfest að söltuð síldarflök sem falla undir tollfl. 0305 3090 eru tollfrjáls.

Nákvæm skilgreining á því hvað falli undir einstök tollskrárnúmer er víðtækara mál en svo að um það sé yfirleitt samið í viðskiptasamningum milli einstakra ríkja eða ríkjasamtaka. Tollasamvinnuráðið (Customs Cooperation Council) er sá alþjóðavettvangur þar sem sú vinna er framkvæmd og hafa verið gefnar út víðtækar skilgreiningar og leiðbeiningar um tollaflokkanir á vegum ráðsins.

Nokkrar vísbendingar um flokkun einstakra tegunda saltsíldarflaka með aukaefnum er að finna í útgefnum leiðbeiningum Tollasamvinnuráðsins „Harmonized commodity description and coding system, explanatory notes". Í skýringum við kafla 03.05. segir

m.a.: „The salt used in the preparation of fish, salted or in brine, may contain added sodium nitrite or sodium nitrate. Small quantity of sugar may be used in the preparation of salted fish without affecting the classification of the fish in this heading". Síðar í skýringum Tollasamvinnuráðsins stendur: „The heading does not cover:
(a) Cooked fish (subject to the above provisions regarding smoked fish) and fish prepared in any other way, for example preserved in oil or vinegar or in a marinade, and caviar substitutes (heading 16.04)."

Síldarútvegsnefnd (SÚN), sem flokkar söltuð síldarflök eftir mismunandi framleiðsluaðferðum, vill að eftirtalin flök, við innflutning til EB-ríkja, flokkist undir tollflokk CN 0305 30 90 og njóti þannig tollfrelsis:

1.	Saltflök				
	- léttsöltuð	saltinnihald	7-10%		
	- millisöltuð	"	10-13%		
	- harðsöltuð	"	13-16%		
2.	Sykurflök	"	10-13%	sykur	1-3,5%
3.	Kryddflök	"	10-13%	"	1-3,5%
4.	Edikflök	"	4-8%	"	0,5-2,5%

Í byrjun desember 1991 leitaði sendiráðið í Brussel eftir áliti skrifstofu Tollasamvinnuráðsins á tollskrárflokkun saltsíldarflaka samkvæmt framangreindri lýsingu Síldarútvegsnefndar. Samkvæmt því telur skrifstofa ráðsins rétt að flokka saltflökin, sykurflökin og kryddflökin undir 0305 (og þar með yrðu þau tollfrjáls í EES). Á hinn bóginn telur skrifstofan rétt, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að flokka edikflök undir tollskrárflokk 16.04. Sá tollflokkur er utan EES-samnings að því er síld varðar, en hins vegar njóta íslensk edikflök þá tollívilnunar við innflutning til EB á grundvelli bókunar 6, þ.e. 10% í stað 20%, en sú bókun gildir áfram jafnhliða EES-samningnum.

Samkvæmt framansögðu virðist nokkuð ljóst að fyrstu þrír flokkarnir á lista Síldarútvegsnefndar eiga að falla undir 0305 og njóti tollfrelsis. Sama gildir ekki um fjórða flokkinn, ediksöltuð flök, en þar gæti oltið nokkuð á skilgreiningu ediksins sem notað er, þ.e. hvort um er að ræða landbúnaðarvöruna edik = vinegar eða kemiskt framleidda sýru. Síðari möguleikinn yki líkurnar á flokkun í 0305. Þetta atriði þarf nánari athugunar við en formleg niðurstaða fæst væntanlega ekki fyrr en endurskoðun á aukaefnaskrá EB hefur verið lokið.

Saltsíldarútflutningur til EB hefur ekki verið mikill á undanförnum árum. Þannig hefur saltsíldarútflutningur til EFTA-ríkja verið tífalt meiri en til EB og útflutningur til Austur-Evrópu fjórtánfaldur. Nokkrar vonir eru þó bundnar við þróun síldarmarkaðar í Þýskalandi. Þegar og ef Svíþjóð og önnur Evrópuríki ganga í EB verða af sjálfu sér teknar upp að nýju samningaviðræður þar sem tillit verður tekið til þess að tollar eru engir á síld innan EFTA.

Makrílveiðar hafa litlar sem engar verið hér við land og er sú undanþága því léttvæg. Sama máli gegnir um rækju því að samkvæmt bókun 6 við samninginn við EBE er bæði fryst og niðurlögð rækja frá Íslandi tollfrjáls nú þegar. Ennfremur er staðfest að íslenskur hörpudiskur (Chlamys Islandica) fellur undir tollflokk 03072990 en ekki 03072100 (pecten maximus) og nýtur því 70% tollalækkunar eins og aðrar sjávarafurðir á töflu III við bókun 9. Íslenskur leturhumar nýtur hins vegar engra tollalækkana samkvæmt þessum samningi,

sem vissulega er bagalegt þar sem t.d. Frakklandsmarkaður verður æ mikilvægari. Andstöðu EB við að lækka tolla á þessari afurð má rekja til byggða- og verndarstefnu franskra stjórnvalda sem er umhugað um að vernda svæði nokkur í Bretagne sem óttast samkeppni frá EFTA-löndum. Þegar fram í sækir er vel mögulegt að ná fram tollkvóta og aðrar ívilnanir. Loks er það laxinn sem engra tollfríðinda nýtur. Þetta kemur mun harðar niður á Norðmönnum en Íslendingum því að á flestum þeim laxafurðum sem fluttar hafa verið út frá Íslandi hefur aðeins verið 2% tollur.

Um 3. viðbæti við bókun 9

Hér eru taldir upp samningar milli EFTA-ríkjanna og EB sem snerta sjávarútveg. Taldir eru upp fríverslunarsamningar Sviss, Svíþjóðar og Noregs og þau bréfaskipti um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, sem þessi þrjú ríki hafa gengið frá síðan. Það er með ráðum gert að þegar kemur að fríverslunarsamningi Íslands og EB er aðeins vísað til 1. gr. bókunar 6, en hún kveður á um tollalækkanir. Ákvæði 2. gr. bókunar 6 fjalla um óleystan efnahagsvanda EB vegna útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu og tengir lausn hans gildistöku bókunarinnar. EB hefur túlkað þessa grein svo að það eigi kröfu á hendur Íslandi um fiskveiðiheimildir hér við land en þeim kröfum hefur sem kunnugt er ævinlega verið vísað á bug. Það að ekki er lengur vísað til þessarar greinar er óbein viðurkenning EB á því að hún eigi ekki lengur við og sé úrelt.

Um sameiginlega yfirlýsingu um túlkun á 1. og 2. mgr. 4. gr. bókunar 9

Hér er sérstaklega áréttað að EFTA-ríkin taka ekki upp sameiginlega fiskveiðistefnu EB. Innan EB eru þó í gildi samkeppnisreglur á sjávarútvegssviðinu sem takmarka t.d. svigrúm til ríkisstyrkja (þótt beinir styrkir frá stofnunum EB séu þar undanþegnir) og skipulagðra ríkisaðgerða til að skipuleggja markaði. Tekið verður tillit til þessara reglna þegar metið er hvað skekkir samkeppnisstöðu og hvað ekki. EB-ríkin, einkum Danmörk, hafa ásakað Noreg um að misnota ríkisstyrki til sjávarútvegs og vilja halda möguleikum opnum til gagnaðgerða. Norðmönnum er hins vegar mjög í mun að tryggja sig gegn slíkum aðgerðum. Eina leiðin sem Norðmönnum er fær er að laga sig sem mest að reglum EB á þessu sviði. Geti þeir sýnt fram á að þessar reglur séu virtar er ekki grundvöllur fyrir gagnaðgerðir af hálfu EB.

Um yfirlýsingu Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir

Tekið er fram að fimm EFTA-ríki og EB framfylgi banni við innflutningi hvalafurða og muni halda því áfram. Þetta var áður neðanmálsgrein í 2. viðbæti bókunar 9 en krafa EB var að textinn yrði settur upp sem sameiginleg yfirlýsing allra samningsaðila. Ekki var á það fallist af Íslands hálfu að slík yfirlýsing gæti verið sameiginleg þar sem það hefði mátt túlka sem samþykki við slíku banni.

Um bókun 46 Þróun samvinnu í sjávarútvegi

Í samantekt um samningsniðurstöður var tekið fram hvernig texti þessi ætti að hljóma og er það að ósk EB að hann er nú settur upp sem sérstök bókun. Vildi EB upphaflega

hafa yfirskriftina „Bókun um fiskveiðar" en því var hafnað af hálfu EFTA þar sem það gæti gefið villandi hugmyndir um inntak hennar. Hér er lýst yfir vilja til þess að efla samstarf í sjávarútvegi innan ramma sjávarútvegstefnu samningsaðila.

Um yfirlýsingu Evrópubandalagsins varðandi umflutninga í sjávarútvegi

Hér vísar EB til 6. gr. í bókun 9 og áskilur sér rétt til gagnaðgerða hafi ekki náðst samkomulag um gegnumflutning fisks áður en samningurinn gengur í gildi.

Um 3. kafla
Samvinna á sviði tollamála og auðveldun viðskipta

Um 21. gr.

Eins og fram hefur komið verður landamæraeftirlit við lýði á EES-svæðinu en leitast verður við að tryggja að það hindri viðskipti sem minnst. Í því skyni hefur verið samið um aðferðir til þess að einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýringum við bókun 10.

Í 2. mgr. er vísað til ákvæða í bókun 11 um samstarf tollvarða og rétta framkvæmd tollalöggjafar. Slíkt samstarf er nauðsynlegt ef hægt á að vera að halda uppi virku eftirliti, bæði með gjaldtöku og innflutningstakmörkunum. Einnig er gert ráð fyrir að saman verði unnið að því að einfalda viðskiptahætti, þ.m.t. ýmis skjöl og yfirlýsingar sem fylgja verða varningi. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýringum við bókun 11. EFTA-ríkin og EB hafa nú þegar gengið frá tveimur samningum til þess að auðvelda viðskipti, nefndir „SAD" og „Transit" frá 1987.

Einnig er vísað til þess almenna samstarfs sem verður milli EES-ríkja utan hins fjórþætta frelsis og rakið er í VI. hluta samningsins, en innan EB hafa verið starfrækt samstarfsverkefni, t.d. um tölvuvæðingu tollgagna (TEDIS).

Sérstaklega er tekið fram að grein þessi nái til allra vara, þ.m.t. sjávarafurða og landbúnaðarafurða.

Um bókun 10
Einföldun skoðunar og formsatriða vegna vöruflutninga

Til að auðvelda viðskipti samningslandanna munu þau einfalda landamæraeftirlit og formsatriði við flutning vara um landamæri. Ákvæði um þetta eru í 21. gr. samningsins og bókun 10 þar sem settar eru nánari reglur um framkvæmd og samskipti.

Ákvæði bókunarinnar munu auðvelda flutning varnings og farartækja um landamæri og með því er stefnt að því að auðvelda viðskipti innan svæðisins. Bókuninni er ætlað að tryggja það, þó án þess að nauðsynlegt eftirlit með innfluttum varningi verði fyrir borð borið eða að ólöglegur innflutningur geti flætt óhindrað á milli landa.

Ákvæði bókunarinnar taka aðallega til afgreiðslu vara og farartækja á raunverulegum landamærum milli landa og munu því ekki hafa mikil áhrif á tollafgreiðslur hér á landi, t.d. varðandi opnunartíma landamærastöðva og hraðlínur á landamærum.

Tollyfirvöld skulu viðurkenna sérstakar skoðanir, t.d. að því er varðar plöntuheilbrigði, sem gerðar hafa verið í öðru landi, nema sérstakar ástæður liggi fyrir. Einnig er gert ráð

fyrir að skoðanir tollyfirvalda á innfluttum vörum verði gerðar með úrtaki til að afgreiðsla geti gengið hraðar fyrir sig og komið verði í veg fyrir hindranir í viðskiptum á milli landa.

Í bókuninni er auk þess að finna ákvæði um samskipti og samvinnu tollyfirvalda.

Um bókun 11
Gagnkvæm aðstoð í tollamálum

Á liðnum árum hefur Ísland gert samninga við önnur lönd um gagnkvæma aðstoð í tollamálum auk þess að gerast aðili að ályktun Tollasamvinnuráðsins frá árinu 1953 um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð. Þó að sú ályktun taki til margra landa og hafi oft gagnast tollyfirvöldum hér á landi þá hefur hún takmarkaðra gildissvið en sérstakir tvíhliða samningar sem síðar hafa verið gerðir. Nú eru í gildi þrír samningar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum á milli Íslands og Þýskalands, milli Íslands og Póllands og Norðurlandasamningur.

Áður nefndir samningar hafa reynst tollyfirvöldum hér á landi mjög gagnlegir þegar þurft hefur að afla upplýsinga eða sönnunargagna vegna innflutnings frá þessu löndum hingað til lands. Hins vegar hefur oft þurft að leita fanga í þessu efni hjá fleiri Evrópulöndum og þrátt fyrir að samningar um aðstoð hafi ekki verið gerðir hefur íslenskum tollyfirvöldum verið veitt margvísleg aðstoð og upplýsingar. Styrkari stoðum er skotið undir samstarf í tollamálum við lönd EFTA og Evrópubandalagsins með þessari bókun. Efni hennar er að flestu leyti sambærilegt við þá samninga sem Ísland hefur áður gert. Þó að telja verði að tollasamstarf Íslands við aðrar þjóðir hafi verið til verulegs ávinnings fyrir tollyfirvöld hér á landi þá höfum við ekki eingöngu verið þiggjendur heldur getað veitt samstarfsaðilum okkar upplýsingar oft og tíðum. Ljóst er að tollasamstarf milli þjóða mun verða enn mikilvægara í framtíðinni en verið hefur þar sem tolleftirlit á landamærum í Evrópu mun minnka innan EES og jafnvel hverfa innan EB í framtíðinni.

Um 22. gr.

Þar sem ekki er um tollabandalag að ræða milli EFTA-ríkja og EB verða tollar gagnvart ríkjum utan svæðisins ekki samræmdir. Þar sem viðskipti eru hins vegar eins mikil og raun ber vitni milli samningsaðilanna þykir rétt að samráð sé haft áður en meiri háttar breytingar eru gerðar á innheimtu tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins. Því er þetta ákvæði sem skyldar til þess að tilkynna um tollalækkanir 30 dögum fyrir framkvæmd. Ákvæði 12. gr. fríverslunarsamningsins við EB frá 1972 eru svipaðs eðlis þó þau séu ekki eins afdráttarlaus.

Um 4. kafla
Aðrar reglur um frjálsa vöruflutninga

Um 23. gr.

Hér er vísað til ákvæða og fyrirkomulags í bókunum 12 og 47 og II. og III. viðauka og tekið fram að þau skuli ná til alls varnings, þ.e.a.s. ekki aðeins þess sem vísað er til í 8. gr. samningsins heldur einnig þess sem fellur undir tollflokka 1-24.

EES-samningurinn hefur ekki í för með sér samræmingu á viðskiptastefnu gagnvart ríkjum utan svæðisins en æskilegt er þó að samráð sé haft um ýmsa hluti, þ.m.t. hvað varðar samninga við lönd utan svæðisins um samræmismat. Í bókun 12 er gert ráð fyrir því að þegar EB semur við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu merkinga og samræmismats verði samhliða gengið frá svipuðum samningum milli þessara ríkja og EFTA-ríkjanna. Náið samráð verður haft við gerð slíkra samninga milli EB og EFTA-ríkja. Komi upp ágreiningur verður reynt að leysa hann í sameiginlegu nefndinni.

Að slepptum tollum og magntakmörkunum hafa svonefndar tæknilegar viðskiptahindranir helst staðið í vegi fyrir viðskiptum. Í mörgum tilfellum hefur tæknilegum reglugerðum um framleiðslu vöru og ákvæðum um staðla, prófanir og vottanir verið beitt til þess að hindra innflutning og beint eða óbeint vernda innlenda framleiðslu. EB og EFTA-ríkin hafa unnið að því um alllangt skeið að ryðja úr vegi hindrunum sem þessum. EFTA-ríkin gengu árið 1988 frá samningi sín á milli um gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottana og 1989 var gengið frá samningi milli EB og EFTA-ríkja um gagnkvæma upplýsingagjöf um nýjar tæknilegar reglugerðir. Samningaviðræður hafa staðið yfir lengi milli sérfræðinga um samræmingu á einstökum sviðum en þeim hefur miðað hægt áfram. Einn umfangsmesti hluti EES-samningsins eða um helmingur gerða þeirra sem vísað er til fjallar einmitt um þetta og eru þær taldar upp í II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun. Viðaukinn er í 27 þáttum, frá vélknúnum ökutækjum og landbúnaðardráttarvélum til lyfja og áfengra drykkja. Nánar er um þetta fjallað í skýringum við II. viðauka.

Í greininni er einnig vísað til bókunar 47 um afnám hindrana í viðskiptum með vín, einkum hvað varðar vöruskilgreiningu og markaðssetningu, en ákvæði hennar snerta ekki gjaldtöku eða tolla.

Loks er vísað til III. viðauka um skaðsemisábyrgð en íslensk löggjöf hefur nú þegar verið færð til samræmis við EB-reglur á þessu sviði.

Um bókun 12
Samningar við þriðju lönd um samræmismat

Sjá athugasemdir við 23. gr.

Um II. viðauka
Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun

Inngangur

Efni það sem hér um ræðir er oftast nefnt samheitinu tæknilegar viðskiptahindranir og er flokkað í 27 þætti í II. viðauka. Áður en vikið verður að einstökum þáttum skal farið um efnið nokkrum almennum orðum.

Löggjöf, reglugerðir og staðlar eru mismunandi eftir löndum. Þetta hefur í för með sér að gerðar eru mismunandi kröfur til varnings sem á markaði er, hvaða viðurkenningar hann nýtur og hvaða eftirlit með honum er haft uppi. Allt þetta getur dregið úr eðlilegum og æskilegum viðskiptum milli landa. Til ýmissa ráða hefur verið gripið til að eyða eða koma í veg fyrir slíkar tæknilegar viðskiptahindranir. Hin helstu eru:

- Víðtæk samvinna milli stjórnvalda einstakra landa til að stuðla að samræmingu reglna, sem gilda í þessum efnum.

- Setning sameiginlegra reglna til prófunar, gagnkvæmrar viðurkenningar og eftirlits með varningnum.
- Sérstakir samskiptahættir um upplýsingagjöf landa milli um nýjar tæknireglugerðir og staðla.

Unnið hefur verið að afnámi tæknilegra viðskiptahindrana bæði í GATT, EB/EFTA og meðal Norðurlandaþjóðanna. Samræmd löggjöf hefur verið ofarlega á blaði innan EB og skipar verulegan sess við framkvæmd hins svonefnda innri markaðar. Síðan 1984 hafa EFTA-löndin og EB átt náið samstarf um afnám tæknilegra viðskiptahindrana á vettvangi Lúxemborgarferlisins.

Hér verður á eftir vikið nánar að því hvernig mál þessi hafa þróast innan EFTA og hvernig samstarfinu við EB hefur verið háttað.

Samræmdar vörukröfur

Árið 1985 samþykkti Evrópubandalagið áætlun um að koma á svokölluðum „innri markaði". Í áætluninni voru tillögur um á þriðja hundrað aðgerða til að gera raunverulegan sameiginlegan markað að veruleika. Ákveðið var árið 1986 að breyta Rómarsamningnum á þann veg að tilskipanir mætti að jafnaði setja með auknum meirihluta í stað þess að vera samþykktar samhljóða. Með afgreiðslu slíks meirihluta hefur öll ákvarðanataka reynst miklu skilvirkari.

Þá voru í maímánuði 1985 settar nýjar grundvallarreglur um samræmingu lagabálks EB - hin svonefnda „nýja aðferð" („New Approach"). Í aðferðinni felst í stórum dráttum að hinar almennu kröfur (grundvallarkröfur) vegna heilbrigði, öryggis og umhverfis eru settar fram í svonefndum rammatilskipunum. Einstökum aðildarríkjum er látið það eftir hvernig þetta er framkvæmt, þ.e. hvernig grundvallarkröfunum er fullnægt, en oftast koma evrópsku staðlastofnanirnar, CEN (Evrópska staðlaráðið), CENELEC (Evrópska rafstaðlaráðið) og ETSI (Evrópska fjarskiptastaðlastofnunin) við sögu og setja nánari tæknilegar reglur um útfærslu í formi evrópskra staðla. Varningur sem fellur undir eða er háður tilskipunum samkvæmt nýju aðferðinni (nýaðferðartilskipunum) og framleiddur er samkvæmt evrópskum staðli óhindraðrar umsetningar innan EB og sama mun gilda innan EES.

Nú þegar hefur EB beitt nýju aðferðinni á vörusviðunum vélar, byggingarvörur, notendabúnaður fyrir síma, lækningatæki og leikföng. Farið er að vinna að tilskipunum í þessum dúr fyrir skemmtibáta, skipabúnað, togbrautir og bólstruð húsgögn.

Fyrir önnur vörusvið hafa verið settar miklu nákvæmari reglur í EB samkvæmt eldri aðferð. Reglur af því tagi gilda t.d. fyrir matvæli, hættuleg efni, ökutæki og lyf, svo að dæmi séu nefnd. Fyrir þessi vörusvið mun bandalagið setja í auknum mæli rammatilskipanir með tilheyrandi sértilskipunum um tæknilega útfærslu. Evrópskum staðlastofnunum mun m.ö.o. ekki verða falið að setja staðla að þessu leyti.

Með Lúxemborgarferlinu var eins og áður segir stofnað til náinnar samvinnu milli EFTA og EB um sameiginlegar aðgerðir til að greiða fyrir viðskiptum og auka skilning og innsýn í lög og reglur sem gilda í EFTA-löndum og aðildarríkjum bandalagsins. Þessi samvinna hefur fyrst og fremst beinst að almennum upplýsingaskiptum svo og til þeirra sviða þar sem EB hefur sett tilskipanir samkvæmt nýju aðferðinni. EFTA og EB standa t.d. þannig að verki í þessum efnum að samtímis eru sendar stöðlunarbeiðnir til evrópsku

staðlastofnananna um setningu staðla sem nauðsynlegir eru vegna nýaðferðartilskipana. Ísland er eins og önnur EFTA-lönd og aðildarríki EB fullgildur aðili að þessum samtökum.

Í EES-samningi felst að þessi nána samvinna verður enn aukin milli samningsaðilanna um þróun og setningu sameiginlegra reglna. Samræmdar reglur á þessu sviði munu hafa í för með sér samræmdar vörukröfur og eftirlitskerfi fyrir þær og skapa grundvöll að raunverulega frjálsri umsetningu varnings innan EES.

Eftirlitskerfi og notkun CE-merkis

Það hefur sýnt sig að sameiginlegar vörureglur og staðlar er hvorugt einhlítt til að tryggja frjálsa umsetningu vara milli landa. Til þess að fylgjast með að tilteknum kröfum í tilskipun sé fullnægt og farið sé eftir tæknilýsingum í stöðlum er nauðsynlegt að koma á fót eftirlitskerfum sem tryggja að svo sé. Í EB hafa því verið settar almennar viðmiðunarreglur um prófanir og eftirlit sem byggjast á samræmdum kröfum til rannsóknastofa og gæðatryggingarkerfa. Gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli þeirra stofnana í einstökum löndum sem annast prófanir og eftirlit. Þetta nána samstarf er forsenda þess að treysta megi prófunum og skoðunum sem framkvæmdar hafa verið í öðrum löndum. Svonefnd faggilding er aðferð til að slá því föstu að eftirlitsstofnun standist settar evrópskar kröfur. Nú er óðum verið að setja á laggirnar slíkar faggildingarstofnanir í Evrópulöndum.

Vörur sem háðar eru nýaðferðartilskipunum og framleiddar í fullu samræmi við þær mega bera svonefnt CE-merki. Merkið tryggir ekki gæði heldur sýnir það að óhætt er að nota vöruna vegna þess að útfærsla grundvallarskilyrðanna hefur verið tryggð.

EFTA-löndin gerðu með sér samning 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi (Tampere-samninginn) til að efla samvinnu á þessu sviði. Þá gerðu EFTA-löndin, Evrópubandalagið og evrópsku staðlaráðin með sér samkomulag um stofnun Evrópusamtaka fyrir prófanir og viðurkenningar (European Organization for Testing and Certification, EOTC). Íslendingar eru aðilar að stofnuninni.

Upplýsingaskylda um tæknilegar reglugerðir

Til þess að hamla gegn nýjum tæknilegum viðskiptahindrunum gerðu EFTA og EB með sér samning í júlí 1989 um að ekkert aðildarland gæti sett tæknilega reglugerð fyrr en henni hefði verið dreift til hinna landanna til umsagnar. Frestur til að koma athugasemdum á framfæri er almennt þrír mánuðir. Ef nauðsynlegt reynist að setja reglugerð með skömmum fyrirvara af heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfisástæðum er hægt að láta reglugerð taka gildi umsvifalaust, en nauðsyn þess þarf að rökstyðja sérstaklega. Upplýsingaskylda þessi helst óbreytt í EES-samningnum.

Hér fer á eftir umsögn um einstaka þætti II. viðauka.

Ökutæki og dráttarvélar

Vélknúið ökutæki sem er gerðarviðurkennt í einhverju landi innan Evrópska efnahagssvæðisins á í framtíðinni, án tæknilegra hindrana, að fá viðurkenningu til skráningar hér á landi. Ekki verður séð að þetta skapi vandkvæði, en getur þegar fram

líða stundir aukið festu, þægindi og öryggi við innflutning vélknúinna ökutækja. Samræmd gerðarviðurkenning er samt ekki enn þá komin til framkvæmda í EB-löndum.

Ekki gilda alveg sömu reglur um búnað ökutækja í Bandaríkjunum og í Evrópu. Ísland hefur haft þá sérstöðu að viðurkenna ökutæki til skráningar hér á landi sem búin eru samkvæmt bandarískum reglum (stöðlum). Áfram verður unnt að flytja til landsins ökutæki frá löndum utan svæðis þó útbúnaður sé annar.

Með hliðsjón af ákvæðum í II. viðauka samningsins þarf að aðlaga íslenskar reglur um gerð og búnað ökutækja. Heimild er til þess í umferðarlögum.

Engin tæknileg vandkvæði eru sjáanleg á innflutningi á dráttarvélum.

Lyfti- og flutningabúnaður, gastæki, byggingarsvæði og búnaður, aðrar vélar, þrýstihylki, persónuhlífar og vélar

Við skoðun á tilskipunum EB sem snerta ofangreinda þætti er ljóst að breyta þarf flestum tæknilegum reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi vélar og tæki, eða semja nýjar. Þetta er talið hafa í för með sér mjög umfangsmikla vinnu á næstu misserum, svo og vegna útkomu nýrra Evrópustaðla sem fjalla um þessa málaflokka og tengjast þessari löggjöf. Ljóst er að Evrópustaðlar sem fjalla um öryggisbúnað véla og tækja munu bæta mjög og verða mun ítarlegri en núgildandi reglur. Sérstaka athygli má hér vekja á tilskipun EB um persónuhlífar og Evrópustaðla sem verið er að semja fyrir þann málaflokk. Engar íslenskar sérreglur hafa fram að þessu verið til á þessu sviði þótt nauðsynlegar hafi verið.

Þess skal getið að hjá Vinnueftirliti ríkisins var á sl. ári samin ítarleg greinargerð um EB og vinnuvernd. Þar er m.a. að finna greinargóðar upplýsingar um þær tilskipanir EB sem fjalla um ofangreinda þætti II. viðauka.

Mælitæki

Öll EFTA-ríki og aðildarríki EB hafa með sér náið samstarf innan Alþjóðamælifræðistofnunarinnar, (OIML), og hafa notað niðurstöður hennar við reglugerðasmíði. Löggildingarstofan hér á Íslandi hefur fylgst með undirbúningi nýrra reglna á þessu sviði innan EB. Á grundvelli þeirra er gert ráð fyrir setningu Evrópustaðla sem fari í öllu eftir ábendingum OIML.

Heimilistæki og rafmagnsvörur

Tilskipun EB 74/23/EBE er megintilskipun í viðfangsefnunum „Heimilistæki" og „Rafmagnsvörur" og fjallar hún um meðferð raffanga og rafkerfa, svonefnd „lágspennutilskipun". Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða rafföng og rafkerfi að uppfylla kröfur um að þau veiti mönnum, dýrum og mannvirkjum nógsamlega vernd til að koma í veg fyrir tjón og slys. Um þessi mál fjallar fjöldi samræmdra staðla, sem þegar hafa verið settir hérlendis eða eru í vinnslu. Vegna krafna um afnám tæknilegra viðskiptahindrana verður lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda, innflytjenda og dreifenda á að varan sé í fullu samræmi við kröfur.

Önnur megintilskipun EB í þessum málaflokkum er tilskipun 89/336/EBE, um rafsegulsviðssamhæfi. Með þessari tilskipun er leitast við að koma í veg fyrir að rafföng valdi rafsegultruflunum eða verði fyrir áhrifum frá þeim. Þetta á m.a. við um það að opinber fjarskiptakerfi og -tæki séu varin gegn rafsegultruflunum.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur í áratugi haft eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum í samræmi við reglugerð um raforkuvirki og alþjóðlegar reglur, staðla og heföir. Við gildistöku tilskipana EB má ætla að starfsemi stofnunarinnar muni breytast á næstu árum. Má þar einkum nefna að þörf á raffangaprófun minnkar, þar sem gera má ráð fyrir að æ fleiri rafföng komi til landsins fullprófuð samkvæmt samræmdum kröfum ríkjanna. Frumprófana verður því ekki þörf nema að litlu leyti hér á landi, og þá einkum fyrir íslenskan iðnað, og til að sinna þörfum markaðseftirlits og úrtaksprófana. Skráning raffanga verður ekki leyfð, heldur ekki viðurkenningarskylda í því formi sem hún hefur verið hér á landi. Því verður að stórauka markaðseftirlit með rafföngum hérlendis.

Raflagnareglur þjóðanna verða samræmdar. Vegna þess eru mikilvægar breytingar á gildandi reglugerð um raforkuvirki nauðsynlegar. Framvegis verður í henni vísað í samræmda staðla sem skýringar verða skrifaðar við eftir þörfum notenda.

Ekki er talin þörf á að breyta lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Matvæli

Eins og fram hefur komið er eitt af markmiðum með samskiptum EB og EFTA að tryggja frjáls viðskipti með vörur. Þessu markmiði skal náð án þess að slaka á heilbrigðiskröfum, um leið og tryggt verði að neytendur fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að öðlast þekkingu á samsetningu og eiginleikum vöru. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt á matvælasviði þar sem ein umfangsmesta löggjöf sem EES-samningurinn nær til eru reglur (tilskipanir) EB um matvæli og matvælaeftirlit og sambærilegar reglur EFTA-ríkja.

Helstu efnisatriði. Á matvælasviði ná samningarnir til reglna um efnainnihald matvæla og þá sérstaklega aukefna og varnarefna (pesticides), reglna um samsetningu umbúða og umbúðamerkingar, auk matvælaeftirlits og þátta því tengdra. Þetta eru helstu efnisatriðin, en einnig má nefna sérreglur um einstakar fæðutegundir eða tilgreinda fæðuflokka.

Samræmd matvælalöggjöf EB á framangreindum sviðum nær í sumum tilvikum lengra en sambærilegar íslenskar reglur, en á öðrum sviðum eru reglur hér á landi mun ítarlegri. Samræmdar reglur EB um aukefni eru þannig nokkuð takmarkaðar, en það sama verður ekki sagt um reglur varðandi samsetningu umbúða fyrir matvæli, og þá helst plastumbúða, og einnig reglur um mesta leyfilegt magn varnarefna í matvælum.

Ný löggjöf - breyttar áherslur. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur samræmd matvælalöggjöf EB verið lögð til grundvallar og leiðir það til verulegrar breytingar á íslenskri matvælalöggjöf. Breyttar áherslur verða í framkvæmd matvælaeftirlits og þá ekki síst hvað varðar eigið eftirlit (innra eftirlit) þeirra sem framleiða og dreifa matvælum og ábyrgð þeirra á eigin vöru. Samstarf Evrópuríkja mun jafnframt aukast og verður meginstefnan í opinberu matvælaeftirliti sú að hvert ríki stuðli að því að matvæli framleidd þar uppfylli heilbrigðiskröfur og aðra þætti matvælalöggjafar í EES. Þetta merkir þó ekki að eftirlit með vörum sem fluttar eru til landsins frá öðrum Evrópuríkjum verði lagt niður. Þess í stað mætti líta á íslenskt matvælaeftirlit sem hluta af matvælaeftirliti í EES, þar sem markmiðið er frjáls viðskipti með matvæli, án þess að slakað verði á heilbrigðiskröfum og framkvæmd matvælaeftirlits. Breyttar áherslur í matvælaeftirliti eiga því ekki aðeins við um eigið eftirlit framleiðenda og dreifenda, heldur einnig eftirlit opinberra aðila.

Kostir og gallar. Samningur um Evrópska efnahagssvæðið mun hafa í för með sér kosti og galla hvað varðar matvælalöggjöf og matvælaeftirlit. Ekki er hins vegar einfalt að meta kosti á móti göllum, þar sem reynsla af auknu samstarfi Evrópuríkja á þessum vettvangi er ekki fengin og ekki er ljóst hver þróun mála verður varðandi löggjöf um tiltekna þætti á matvælasviði.

Breyttar áherslur í matvælaeftirliti og aukið samstarf á þeim vettvangi má telja til augljósra kosta, enda þótt reynsla af slíkum breytingum verði ekki nægileg fyrr en að nokkrum árum liðnum. Á hinn bóginn er einn helsti ókosturinn sá að Evrópubandalagið hefur enn ekki náð fram samræmingu á mikilvægum sviðum löggjafarinnar, auk þess sem tímabært er að endurskoða vissa þætti í samræmdri matvælalöggjöf bandalagsins. Að þessum verkefnum er nú unnið, en ríki EFTA hafa ekki haft raunhæfa möguleika á að leggja fram tillögur eða hafa á annan hátt áhrif á endurskoðun og gerð nýrra reglna EB á matvælasviði. Þetta mun hins vegar breytast til batnaðar með EES-samningnum.

Lyf

Helstu breytingar varða skráningu lyfja, sem með samræmdum reglum verður fljótvirkari, auk þess sem hún verður að hluta ákveðin fyrir öll löndin í einni af tveimur skráningarnefndum á vegum EB. Hægt verður áfram að skrá lyf „þjóðlegri skráningu" vegna sérþarfa í einstökum löndum, en hins vegar verður ekki lengur hægt að hafna skráningu lyfs, t.d. vegna verðs eða vegna þess að skráningaryfirvöld telja ekki þörf fyrir lyfið.

Lyfjahugtakið mun ná yfir fleiri lyf en hingað til. Má þar nefna bóluefni, lyf sem unnin eru úr blóði, geislavirk lyf, náttúrulyf og hómópatalyf, sem verður að líkindum að skrá hér á landi jafnt og í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins.

Óheimilt verður að vera með einokun á innflutningi lyfja en að öðru leyti þarf ekki enn sem komið er að breyta sérstaklega þeim ákvæðum núgildandi laga er fjalla um lyfjainnflutning og lyfjadreifingu vegna EES-samningsins. Hins vegar þarf að laga ýmis atriði í reglugerðum að breyttum aðstæðum.

Ýmsar breytingar verða á auglýsingum og kynningu lyfja. Heimilt verður að auglýsa lyf fyrir almenning, sem fást án lyfseðils, með ákveðnum skilyrðum, t.d. í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Auglýsingar og kynningar á lyfseðilsskyldum lyfjum verða hins vegar háðar strangari reglum en gilt hafa. Fylgiseðlar með ítarlegum upplýsingum verða að fylgja öllum lyfjum.

Samkvæmt þeim hluta GATT-samningsins er fjallar um hugverkaréttindi er aðildarríkjum samningsins skylt að veita einkaleyfi jafnt fyrir afurðum sem aðferðum á öllum tæknisviðum. Samkvæmt gildistökuákvæði í 2. mgr. 75. gr. einkaleyfislaga, sem tóku gildi um síðustu áramót, er ekki hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laganna. Þessi tími var hugsaður sem aðlögunartími fyrir innlendan lyfjaiðnað. Í EES-viðræðum tókst hins vegar að ná fram tveggja ára aðlögunartíma, til 1. janúar 1995. Þessu ákvæði einkaleyfalaganna verður því að breyta til samræmis við framangreindan aðlögunartíma.

Stefnt er að samræmingu á lyfjaverði, flokkun lyfja í lausasölu og lyfseðilsskyldum lyfjum, þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og ýmsum fleiri atriðum, en óvíst er hvenær þeim markmiðum verður náð.

Áburður

Íslensk lög og gildandi reglugerð (nr. 256/81) eru mun ófullkomnari en reglur EB. Drög að nýrri reglugerð, sem draga dám af dönskum EB-reglum, hafa legið fyrir um hríð en ekki hefur orðið af útgáfu. Er það einkum vegna þess að þessi mál eru mjög í deiglunni og línur eiga eftir að skýrast. Nauðsynlegt er að takmarka kadmíum magn í tilbúnum áburði, sem er eiturefni er það skolast út í náttúruna. Ríki EFTA geta samkvæmt EES-samningnum gengið lengra en EB hefur til skamms tíma viljað.

Hættuleg efni

Reglur eru samræmdar til að tryggja frjáls viðskipti með eiturefni og hættuleg efni milli aðildarríkja EFTA og EB. Þetta skal þó gert á þann hátt að tryggja sem best öryggi og heilsu fólks og verndun umhverfis fyrir skaðlegum áhrifum efnanna, m.a. með því að þeir sem umgangast efnin fái nægjanlegar upplýsingar um þau. Árið 1986 tóku stjórnvöld hér þá stefnumarkandi ákvörðun að við flokkun og merkingu eiturefna og hættulegra efna skyldi taka mið af reglum Evrópubandalagsins og annarra Norðurlandaþjóða eins og framkvæmanlegt þætti og hagkvæmt.

Reglur (tilskipanir) EB, sem lagðar eru til grundvallar, eru einkum á eftirfarandi þremur sviðum:

Flokkun, merking og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Stefnt er að því að ákvæði tilskipana EB um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna taki gildi 1. janúar 1995. Fram til þess tíma vinna samningsaðilar að því að leysa þau atriði sem enn er ágreiningur um. Árið 1994 á að meta stöðuna og þau ríki sem eru óánægð með gang mála geta sótt um að EB-reglurnar gildi ekki fyrir sig.

Takmarkanir og bönn. Tilskipanir EB um takmarkanir og bann við sölu og notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna öðlast strax gildi. Þó er EFTA-ríkjunum heimilt að halda þeim reglum sem ganga lengra á eftirtöldum sviðum: lífræn klórsambönd - asbest -kvikasilfurssambönd - arsensambönd - lífræn tinsambönd - pentaklórenól - kadmíum - rafhlöður. Árið 1995 verður staða mála könnuð á ný.

Varnarefni. Tilskipanir EB um flokkun og merkingu varnarefna og um varnarefni sem innihalda tiltekin virk efnasambönd öðlast gildi strax. EFTA-ríkin geta þó takmarkað innflutning á varnarefnum samkvæmt landsreglum sem í gildi eru við undirritun samningsins.

Snyrtivörur

Engin löggjöf mun vera til á Íslandi sem fjallar sérstaklega um snyrtivörur. EB hefur hins vegar sett reglur um framleiðslu og samsetningu þessara vara, svo og reglur um greiningu á þessum vörum til eftirlits með samsetningu þeirra. Þessar reglur eru í stöðugri endurskoðun. EFTA hefur þegar stofnað sérfræðingahóp á þessu sviði (sem heyrir undir fastanefnd um tæknilegar viðskiptahindranir) til að taka þátt í að móta setningu reglna á þessu sviði.

Umhverfisvernd

Eins og áður segir hefur eitt veigamikið samningsatriði á vörusviðinu verið að afnema skuli, að svo miklu leyti sem unnt er, tæknilegar viðskiptahindranir sem fyrir hendi eru og skapast vegna ólíkra tæknilegra fyrirmæla og um leið að koma í veg fyrir að nýjar

hindranir verði til. Heimilt er að halda íslenskum umhverfisverndarkröfum í þeim tilvikum sem þær ná lengra en samsvarandi reglur EB.

Aðlögun að reglum EB um hávaða og útblástursreglum fyrir dráttarvélar mun hafa í för með sér að íslensk ákvæði um umhverfi verða hert. Hvað snertir brennistein í olíubrennslu og blýmagn í bensíni þá eru íslenskar reglur samrýmanlegar reglum EB. Sama gildir um þvottaefni. Núverandi íslenskar reglur um umbúðir fyrir drykkjarvörur eru í samræmi við reglur EB.

Auk þessa hefur verið samið um eftirfarandi sérlausnir:

Bílaútblástur. Heimilt er að halda núverandi reglum um útblástur fyrir allar gerðir vélknúinna farartækja. Fram til 1. 1. 1995 er heimilt að neita að viðurkenna bíla sem hafa verið framleiddir í EB-löndum, ef þeir standast ekki íslenskar lágmarkskröfur. Frá og með 1. 1. 1995 verða bifreiðar frá EB viðurkenndar, sem standast lágmarkskröfur EB enda eru hertar EB-kröfur nú í undirbúningi sem verða gengnar í gildi þá.

Unnið verður sameiginlega að því að semja strangari reglur í framtíðinni, innan ramma þess samstarfsfyrirkomulags sem EES-samningurinn kveður á um.

Efnavörur. Aðilar eru sammála um þau áform, að EFTA-löndin viðurkenni reglur EB um flokkun og merkingu hættulegra efnavara eins og þær eru 1. 1.1995. Þangað til verður unnið sameiginlega að því að minnka mismuninn. Fari svo, engu að síður, að Ísland (eða eitthvert annað EFTA-land) telji að ekki sé unnt 1.1. 1995 að viðurkenna reglur EB skal þeim ekki framfylgt í viðkomandi landi. Það land mun þá standa utan við samstarfið hvað varðar þennan þátt, svo framarlega sem ekki semst um annað.

Hvað snertir takmarkanir og bönn við hættulegum efnavörum verður heimilt að halda gildandi reglum, í þeim tilvikum er þær ganga lengra en reglur EB, varðandi klórhreinsuð lífræn upplausnarefni, asbest, kvikasilfur, arsenik, pentaklórfenól, kadmíum og lífræn tinefnasambönd. Aðilar munu endurmeta stöðuna árið 1995.

Áburðarefni. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka kadmíum-magn í tilbúnum áburði samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurmat fer fram árið 1995.

Eiturefni. Einnig varðandi eiturefni eiga EFTA-löndin rétt á að takmarka verslun samkvæmt reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Samvinna verður um það þegar nýjar reglur eru mótaðar.

Rafhlöður. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka verslun samkvæmt reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurskoðun fer fram 1995.

Efni sem leysa upp ósonlagið. EFTA-löndin eiga rétt á að fara eftir reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurskoðun fer fram árið 1995.

Upplýsingatækni, fjarskipti og gagnavinnsla

Reglur EB á þessu sviði eru í reynd tvenns konar. Annars vegar er um að ræða sölu á vörum, og um það verður fjallað hér nánar, og hins vegar er sala á þjónustu. Ljóst er að víðtæk notkun staðla á þessu sviði ræður úrslitum um raunhæfan sameiginlegan markað. Hvert land um sig hefur eða hefur haft til skamms tíma mismunandi flóknar reglur um tækni og búnað fyrir fjarskipti sem gilda í hverju landi. Á sviði upplýsingatækni og tölvuvinnslu eru opinberar reglur aftur á móti miklu fáskrúðugri, enda hafa framleiðendur sjálfir ráðið ferðinni í ríkum mæli. Að undanförnu hefur EB þó lýst því með margvíslegum hætti á ýmsum vettvangi hvernig það hyggst þoka þessum málum

til réttari vegar. Hér er því um ærin verkefni að ræða í samskiptum samningsaðila innan EES.

Almenn ákvæði um tæknilegar viðskiptahindranir og frjálsir vöruflutningar - almennt

Um þess tvo þætti vísast til hinnar almennu greinargerðar um II. viðauka hér að framan.

Byggingarvörur

Tilskipunin um byggingarvörur er frábrugðin öðrum tilskipunum að því leyti að sérstök túlkunarskjöl munu fylgja henni til þess að færa hinar svokölluðu grunnkröfur yfir á tæknimál. Vinnu við gerð þessara sex túlkunarskjala er ekki enn lokið en lokadrög liggja fyrir.

Áhrif tilskipunarinnar og tengdra skjala hér á landi munu verða mjög mikil þar eð samræmdar upplýsingar munu verða til staðar um einstakar vörur og vöruflokka sem fengið hafa sérstakt EB-merki. Áhersla á að vera á upplýsingar um vörurnar með fyrirhugaða notkun í huga. Varðandi vörur sem hafa ekki EB-merki eru breytingar aðeins þær að með tilkomu samræmdra evrópskra staðla og leiðbeininga um tæknisamþykki verður auðveldara að krefjast upplýsinga um þær og/eða fara fram á prófanir.

Samþykkt tilskipunarinnar um byggingarvörur leggur nokkrar kvaðir á herðar stjórnvöldum. Nefna má eftirfarandi:

- Framkvæmdastjórn EB hefur ákveðið hlutverk samkvæmt tilskipuninni. Ekki hefur verið ákveðið hver fer með þetta hlutverk fyrir hönd Íslands með samþykkt tilskipunarinnar.
- Hugsanleg aðild að fastanefndinni um byggingarmál (eða samsvarandi nefnd á vegum EFTA).
- Aðild að „Samtökum um evrópskt tæknisamþykki" („European Organization for Technical Approvals, EOTA"). EFTA-lönd hafa ekki fram að þessu átt þess kost að gerast aðilar að EOTA. Samkvæmt 3. tölul. 11. gr. í tilskipuninni er aðildarríkjum skylt að birta viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki á þjóðtungu sinni. Hér gæti því komið til mikillar vinnu við þýðingar.
- Tilnefna þarf vottunaraðila, skoðunaraðila og prófunarstofur til að leysa af hendi verkefni í sambandi við tæknisamþykki, vottun samræmis, skoðanir og prófanir samkvæmt tilskipuninni. Þessir aðilar verða að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í IV. viðauka tilskipunarinnar.
- Ísland er þegar aðili að Staðlaráði Evrópu (CEN) eins og öll lönd EB og EFTA.

Leikföng

Tilskipun ráðsins 88/378/EBE um samræmingu aðildarríkjanna um öryggi leikfanga var ein af þeim fyrstu sem samdar voru samkvæmt hinni svokölluðu nýju aðferð, þ.e. að leikföngin þurfa að vera í samræmi við gildandi staðla til að þau uppfylli öryggiskröfur tilskipunarinnar. Þau leikföng sem uppfylla þessar kröfur eru merkt CE og eiga þannig að geta borist um allt Evrópska efnahagssvæðið hindrunarlaust. Til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar hér á Íslandi verður samin reglugerð á grundvelli laga um öryggi framleiðsluvara.

Tóbak

Íslensk löggjöf varðandi tóbak er annars vegar lög nr. 63/1969 um að allt tóbak til sölu innanlands skuli merkt ÁTVR og hins vegar lög nr. 74/1984 og reglugerð nr. 499/1984 um að skráð skuli aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar. Auk þess eru tóbaksauglýsingar bannaðar með lögum á Íslandi. Löggjöf EB á þessu sviði er tiltölulega ný. Ráðstilskipun 89/622/EBE fjallar um merkingu tóbaksvara og mælir fyrir um samræmda aðvörunar- og innihaldsmerkingu fyrir tóbaksvörur frá 1. janúar 1993 að telja. Þegar hafa komið fram fjölmargar breytingartillögur um annan aðvörunartexta og staðsetningu hans á umbúðum og er verið að vinna úr þessum tillögum. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort eða hvernig þurfi að breyta íslenskum reglum um þetta efni. Á Íslandi hafa engar reglur verið settar um tjöruinnihald tóbaks. ÁTVR hefur þó birt upplýsingar um tjöruinnihald í verðskrám sínum. Með tilskipun 90/239/EBE setti hins vegar EB reglur sem kveða á um 15 mg hámarksinnihald tjöru. Nokkur skriður er á frekari löggjöf innan EB. Unnið er að tillögu að tilskipun um bann við tóbaksauglýsingum og drög að tilskipun sem banna mundi vissar tegundir munntóbaks eru talin komin vel á veg. Um þessar tillögur að tilskipunum verður fjallað af fulltrúum EFTA og EB samkvæmt samskiptareglum EES-samningsins.

Orkumál

Í þessum þætti er ein tilskipun þar sem kveðið er á um að aðildarríkin skuli ekki hamla, takmarka eða hindra markaðssetningu á bensíni (eða öðru eldsneyti fyrir sprengihreyfla) sem blandað hefur verið með súrefnisbindandi efnasamböndum sem upp eru talin í viðauka við tilskipunina, í þeim hlutföllum sem þar koma fram. Á grundvelli tilskipunarinnar skal starfa nefnd til að aðlaga viðaukann framþróun á sviði vísinda og tækni. Í nefndinni sitja fulltrúar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Tilskipunin vísar til 235. gr. Rómarsamningsins.

Áfengir drykkir

Í reglum EB um vín og brennd vín eru ákvæði um framleiðslu, skilgreiningar, notkun íblöndunarefna, merkingar o.fl. Reglurnar eru birtar sem reglugerð sem er bindandi fyrir öll aðildarríkin. Samkvæmt EES-samningi þurfa EFTA-lönd að fella þessi ákvæði inn í landslög eins og efni standa til. Sérreglur munu gilda með Norðurlandaþjóðunum í EFTA að þau geta bannað sölu á vodka sem er framleitt úr öðrum efnum en korni og kartöflum. Þá geta þau einnig hafnað umsetningu áfengis með hærra alkóhólmagni en 60%. Vöruheitin Íslenskt brennivín og Íslenskt vodka eru vernduð samkvæmt samningnum.

Um bókun 47

Afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

Bókunin kveður á um að heimila skuli innflutning og markaðssetningu á vínum sem eru upprunnin innan EES, svo fremi sem þau uppfylli skilyrði þeirra gerða sem taldar eru upp í viðbæti við bókunina.

Í viðbætinum eru gerðir, ásamt breytingum, varðandi skilgreiningu á vínum, starfsvenjum í vínfræði, samsetningu á vínum og aðferðir við dreifingu og markaðssetningu.

Um III. viðauka
Skaðsemisábyrgð

Í III. viðauka við samninginn er fjallað um skaðsemisábyrgð, en þar er um að ræða skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni, sem hlýst af ágalla á vöru, sem þeir hafa framleitt eða dreift.

Vísað er til tilskipunar EB-ráðsins frá 25. júlí 1985 (85/374/EBE) um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum.

Frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð var flutt á 112. löggjafarþingi og síðan aftur á 113. löggjafarþingi með nokkrum breytingum. Voru lög nr. 25 frá 27. mars 1991 samþykkt á grundvelli þess. Íslensku lögin um skaðsemisábyrgð eru í fullu samræmi við framangreinda tilskipun og þarf því ekki að gera á þeim breytingu í tengslum við EES-samninginn.

Um 24. gr.

Hér er vísað til IV. viðauka um orku. Innan EB hefur ekki þróast nema í mjög takmörkuðum mæli sameiginleg stefna í orkumálum. Ennfremur kom fljótt í ljós í samningaviðræðum um EES að erfitt yrði að sameinast um reglugerðir um birgðahald vegna þess að sameiginlegar stofnanir skorti til eftirlits. Því varð ofan á að samstarf á þessu sviði er nokkru takmarkaðra en stefnt var að í fyrstu. Sameiginlegar reglur verða þó um gagnkvæma tilkynningarskyldu um fjárfestingar á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku, blöndun annars eldsneytis í olíu og aðgang að orkuflutninganeti. Hið síðasta gæti komið að gagni ef og þegar af útflutningi orku frá Íslandi til Evrópu með sæstreng verður.

Um IV. viðauka
Orka

Í IV. viðauka er vísað í eftirfarandi tilskipanir og reglugerðir:

Reglugerð **1056/72/EBE** frá 18. maí 1972 um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um áhugaverð fjárfestingarverkefni fyrir bandalagið á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins 1215/76/EBE frá 4. maí 1976.

Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli greina framkvæmdastjórninni frá fjárfestingarverkefnum sem lúta að vinnslu, flutningi, geymslu eða dreifingu á jarðolíu, jarðgasi eða rafmagni og að framkvæmdastjórnin (ESE fyrir EFTA-ríki) skuli birta árlega yfirlit um þessi fjárfestingarverkefni. Farið er með upplýsingar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

Tilskipun **75/405/EBE** frá 14. apríl 1975 um takmarkanir á notkun olíuvara í orkuverum.

Í tilskipuninni er kveðið á um að leyfi stjórnvalda í viðkomandi aðildarríki þurfi til að reisa rafstöðvar sem brenna olíu eingöngu eða að mestu leyti. Ákvæði eru um hvenær veita megi slík leyfi. Þannig má t.d. veita slíkt leyfi ef afl rafstöðvarinnar er undir 10 MW eða ef hún er eingöngu notuð sem toppaflsstöð eða ef um vararafstöð er að ræða. Kveðið er á um að tilkynna skuli framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um leyfi sem veitt eru og um ástæður leyfisveitingarinnar.

Tilskipun **76/491/EBE** frá 4. maí 1976 um starfshætti bandalagsins varðandi upplýsingamiðlun og samráð um verð hráolíu og olíuvara í bandalaginu.

Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin skuli veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um fob- og/eða cif-verð á innfluttum olíuvörum og smásöluverð á olíuvörum bæði með og án tolla og skatta. Þau aðildarríki sem hafa hámarksverð á olíuvörum skulu gefa upplýsingar um það bæði með og án gjalda og skatta. Farið er með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Á grundvelli þessara upplýsinga tekur framkvæmdastjórnin (ESE fyrir EFTA-ríki) ársfjórðungslega saman og sendir aðildarríkjunum yfirlit um verð á hráolíu og olíuvörum, samanburð á verði olíuvara í aðildarríkjunum o.fl.

Tilskipun **78/170/EBE** frá 13. febrúar 1987 um virkni tækja til upphitunar húsnæðis og vatns í nýjum og eldri byggingum, sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, eins og henni var breytt með tilskipun frá 10. desember 1982.

Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríkin sjá til þess að ný tæki til upphitunar húsnæðis og/eða vatns í nýjum og eldri byggingum, sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, fullnægi lágmarkskröfum um virkni. Hún nær til katla sem hita vatn, gufukatla, lofthitunartækja og tækja sem hita vatn og vinna rafmagn samhliða óháð því hvaða orkuberi er nýttur. Tilskipunin kveður einnig á um að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir til að hita- og neysluvatnskerfi séu einangruð eftir því sem hagkvæmt getur talist.

Reglugerð **1893/79/EBE** frá 28. ágúst 1979 um að koma á skráningu á innflutningi hráolíu- og/eða olíuvara til bandalagsins, eins og henni var breytt með reglugerð 4152/88/EBE frá 21. desember 1988.

Reglugerðin kveður á um að þeim sem flytja inn hráolíu eða olíuvörur sé skylt að láta viðkomandi aðildarríki í té upplýsingar um hvern farm. Einstök aðildarríki senda síðan reglulega yfirlit um innflutninginn til framkvæmdastjórnarinnar (ESE fyrir EFTA-ríki), sem síðan er dreift til ríkjanna. Farið er með upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

Tilskipun **85/536/EBE** frá 5. desember 1985 um sparnað á hráolíu með notkun eldsneytislíkis í bensíni, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/441/EBE frá 29. júlí 1987 um sparnað á hráolíu með notkun eldsneytislíkis í bensíni.

Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin skuli ekki hamla, takmarka eða hindra markaðssetningu á bensíni (eða öðru eldsneyti fyrir sprengihreyfla) sem blandað hefur verið með súrefnisbindandi efnasamböndum, sem upp eru talin í viðauka við tilskipunina, í þeim hlutföllum sem þar koma fram. Á grundvelli tilskipunarinnar skal starfa nefnd til að aðlaga viðaukann framþróun á sviði vísinda og tækni. Í nefndinni sitja fulltrúar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar (ESE fyrir EFTA-ríki).

Tilskipun **90/377/EBE** frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til endanlegra notenda í atvinnuskyni.

Þessi tilskipun er tilgreind í upplýsingaskyni.

Tilskipun **90/547/EBE** frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi (transit).

Tilskipunin kveður á um gegnumflutning á raforku milli meginflutningskerfa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau fela meðal annars í sér að orkuflutningurinn hefjist eða að honum ljúki í aðildarríki bandalagsins og að hann sé yfir landamæri milli bandalagsríkja. Listi yfir flutningskerfin og orkufyrirtæki sem eru ábyrg fyrir þeim er í viðauka sem fylgir tilskipuninni. Samningar um gegnumflutning skulu vera milli fyrirtækja sem bera ábyrgð á flutningskerfunum og fyrirtækja sem annast inn- eða útflutning á rafmagni í aðildarríkjunum, ef það á við. Kveðið er á um að tilkynna skuli viðkomandi aðildarríkjum og framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um samningaviðræður. Ef samningar nást ekki skal greina frá ástæðum. Ef skýringarnar eru ekki taldar studdar nægum rökum eða eru ófullnægjandi ber framkvæmdastjórninni (ESE) að eigin frumkvæði eða ósk þess aðila sem biður um gegnumflutninginn að gera ráðstafanir sem hún hefur heimild til í lögum bandalagsins. Sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki getur farið fram á að skilmálar um gegnumflutning séu samræmdir af stofnun sem framkvæmdastjórnin (ESE) kemur á fót.

Kveðið er á um aðlögun þessarar tilskipunar í viðaukanum. Þar segir að sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á að stofnun sem eftirlitsstofnun EFTA (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn að því er varðar viðskipti innan EFTA. Í honum er einnig kveðið á um að hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin samræmi reglur um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA-ríkis. Í 1. viðbæti með IV. viðauka er skrá um flutningskerfi sem heyra undir tilskipunina. Meðal þeirra er kerfi Landsvirkjunar.

Tilskipun ráðsins **91/296/EBE** frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi.

Tilskipunin kveður á um gegnumflutning á jarðgasi um meginflutningskerfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau fela meðal annars í sér að flutningurinn skuli hefjast eða ljúka í aðildarríki bandalagsins og að hann sé yfir landamæri milli bandalagsríkja. Listi yfir flutningskerfin og orkufyrirtæki sem eru ábyrg fyrir þeim er í viðauka sem fylgir tilskipuninni. Samningar um gegnumflutning skulu vera milli fyrirtækja sem bera ábyrgð á flutningskerfunum og fyrirtækja sem annast inn- eða útflutning á jarðgasi í aðildarríkjunum, ef það á við. Kveðið er á um að tilkynna skuli viðkomandi aðildarríkjum og framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um samningaviðræður. Ef samningar nást ekki skal greina frá ástæðum. Ef skýringarnar eru ekki taldar studdar nægum rökum eða eru ófullnægjandi ber framkvæmdastjórninni að eigin frumkvæði eða ósk þess aðila sem biður um gegnumflutninginn að gera ráðstafanir sem hún hefur heimild til í lögum bandalagsins. Sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki getur farið fram á að stofnun sem framkvæmdastjórnin (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn. Í tilskipuninni er vísað til greinar 100c í Rómarsamningnum.

Í viðaukanum er kveðið á um hvernig ákvæði tilskipunarinnar skulu aðlöguð vegna EES-samningsins. Þar er meðal annars kveðið á um að sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á að stofnun sem eftirlitsstofnun EFTA (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn að því er varðar viðskipti innan EFTA. Í

honum er einnig kveðið á um að hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin samræmi reglur um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA-ríkis. Í 2. viðbæti með IV. viðauka er skrá fyrir flutningskerfi sem heyra undir tilskipunina.

Um 25. gr.

Hér er sleginn varnagli og svigrúm gefið til þess að grípa til sérstakra aðgerða ef framkvæmd ákvæða 10. og 12. gr. hefur í för með sér röskun á viðskiptastefnu gagnvart ríki utan svæðisins eða ef frjáls útflutningur leiðir til alvarlegs skorts á hráefni sem er útflutningslandinu mikilvægt. Almenn framkvæmd aðgerða sem þessara skal vera í samræmi við 113. gr., sem kveður á um framkvæmd öryggisaðgerða.

Um 26. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir því að samkeppnisaðstæður allar verði hinar sömu alls staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði mun enginn samningsaðila grípa til undirboðsaðgerða gegn öðrum. Undirboðsaðgerðir hafa í raun verið eitt beittasta vopn EB við framkvæmd viðskiptastefnu sinnar og EFTA-ríkin hafa staðið uppi berskjölduð gagnvart því. EB hefur t.d. tekið til athugunar að grípa til undirboðsaðgerða gagnvart járnblendi frá Íslandi og formlega eru nú í gildi undirboðstollar á íslensku járnblendi þótt Grundartangaverksmiðjan hafi umsamda undanþágu. Grein þessi styrkir því verulega stöðu orkufreks iðnaðar á Íslandi á mikilvægasta markaðssvæðinu, Evrópu. Grein þessi nær þó ekki til sjávarafurða vegna þess að ekki eru sameiginlegar samkeppnisreglur á því sviði í gildi innan svæðisins.

Um bókun 13
Jöfnunartollum og aðgerðum gegn undirboðum verði ekki beitt

Sérstaklega er tekið fram að bann það sem lagt er við undirboðsaðgerðum og jöfnunartollum eigi aðeins við um þær vörur sem falla undir samninginn og þar sem reglur EB eru að fullu felldar inn í samninginn. Þetta gefur t.d. EB svigrúm til þess að beita undirboðsaðgerðum gegn niðurgreiddum, norskum laxi.

Um 5. kafla
Kola- og stálvörur

Um 27. gr.

Sögulegar ástæður eru fyrir því að sérstaklega er með kol og stál farið. Undanfari EB var einmitt Kola- og stálbandalagið, þar sem koma átti í veg fyrir styrjöld í Evrópu með því að samtvinna framleiðslu kola og stáls í álfunni. Þótt Evrópubandalögin þrjú, Kola- og stálbandalagið, Efnahagsbandalagið og Kjarnorkubandalagið (EURATOM), séu nú í raun runnin saman eru ýmis stjórnsýsluákvæði enn í gildi sem gera það að verkum að verkaskiptingu milli Framkvæmdastjórnar og aðildarríkja er öðruvísi háttað þegar kemur að kolum og stáli en þegar aðrar vörur eru til umfjöllunar. Í upphafi samningaviðræðna gerði EB ekki ráð fyrir því að viðskipti með þessar vörur yrðu hluti af samningnum en lét undan kröfu EFTA-ríkja, einkum Austurríkis og Sviþjóðar. EB-ráðið gaf því

framkvæmdastjórninni sérstakt umboð til samninga um þetta efni. Þetta endurspeglast í EES-samningnum í bókunum 14 og 25.

Þegar Ísland gerði fríverslunarsamning við EB 1972 var ekki gert ráð fyrir því að af útflutningi á stáli frá Íslandi til EB gæti orðið. Því féllu tollar ekki niður á íslensku stáli inn til EB þótt EB-stál yrði tollfrítt inn til Íslands. Þegar Stálfélagið hóf framleiðslu sína og miðaði við að flytja út til EB var hafist handa við að fá leiðréttingu á þessu. Var það mál komið á góðan rekspöl þótt ekki tækist að fá því framgengt áður en verksmiðjan hætti starfsemi sinni. EES-samningurinn mun hins vegar sjálfkrafa leiðrétta þessa stöðu og tryggja fulla gagnkvæmni.

Um bókun 14
Verslun með kola- og stálvörur

Í bókuninni er tekið fram að ákvæði fríverslunarsamninganna haldi gildi sínu en allir tollar og magntakmarkanir skuli falla burt. Þar sem ekki er um sérstök ákvæði í fríverslunarsamningunum að ræða gilda almenn ákvæði samningsins. Þetta mun m.a. auðvelda viðskipti með brotajárn, sem hafa verið nokkrum takmörkunum háð milli Evrópuríkja. Þetta er enn áréttað í 3. gr. bókunarinnar þar sem hvers kyns höft eru bönnuð í viðskiptum með kol og stál. Vísað er til samkeppnisreglna í bókun 21 og 25 og XIV. viðauka. Sérstakar reglur skulu þó gilda um aðstoð við stáliðnaðinn svipað og tíðkast innan EB. Innan EB hefur þó verið reynt að halda aðstoð við stáliðnaðinn í þröngum skorðum og binda hana við umhverfisaðgerðir, rannsóknir og þróun, félagslega hjálp og aðstoð við lokun.

Í 6. gr. er kveðið á um upplýsingaskipti um markaðsmál og fjárfestingar. Þetta var sérstakt áhugaefni EB þar sem það auðveldar starf framkvæmdastjórnar við að hafa yfirlit með þróun stálmarkaðarins.

Loks er tekið fram í 7. gr. að upprunareglur bókunar 4 í þessum samningi skuli gilda, en þær eru einfaldari og þægilegri í notkun en þær sem tíðkast hafa samkvæmt bókun 3 í fríverslunarsamningum EBE og EFTA-ríkja.

Um bókun 25
Samkeppni varðandi kol og stál

Bókun 25 fjallar um samkeppnisreglur á sviði kola og stáliðnaðar. Þar er t.d. allt það bannað sem hindrað gæti frjálsa samkeppni, þ.á m. samninga um fast verð, framleiðslutakmarkanir og samningar milli fyrirtækja um skiptingu markaðar. Leita verður umsagnar eftirlitsstofnunar við samruna fyrirtækja ef heildarvelta er veruleg og sérstaklega er reynt að forðast að einn aðili nái ríkjandi stöðu á markaði. Ákvæði 1. og 2. gr. bókunarinnar endurspegla 65. og 66. gr. stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins. Einnig er vísað til almennra ákvæða samningsins um framkvæmd eftirlits og samvinnu EB og EFTA á því sviði.

Um III. hluta
Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar

Um 1. kafla
Launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar

Frelsi íbúa í einstökum ríkjum er tilheyra munu Evrópska efnahagssvæðinu til að þiggja störf í öðrum ríkjum innan svæðisins skal vera tryggt. Ennfremur skal þeim frjálst að setja á stofn sjálfstæða starfsemi í öðru ríki með því að próf þeirra, sem jafngilda prófum innlendra borgara séu viðurkennd. Þá skal einstaklingum frjálst að veita persónulega þjónustu milli ríkja innan svæðisins. Þeim einstaklingum sem starfs síns vegna er nauðsynlegt að taka sér búfestu í öðru ríki en sínu eigin innan svæðisins, skal tryggt dvalarleyfi. Þetta eru höfuðatriði þess sem nefnt hefur verið atvinnu- og búsetufrelsi.

Um 28. gr.

Afnema skal alla mismunun milli einstaklinga í aðildarríkjum EB og EFTA sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Þetta felur í sér að óheimilt er að ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins upp á önnur launakjör en ákveðin hafa verið í viðkomandi ríki. Þá er ekki heimilt að gera aðrar kröfur um t.d. menntun, starfsreynslu og þess háttar en krafist er af innlendum mönnum. Í reglugerð sem sett var árið 1968 um frjálsa flutninga launþega er öll mismunun varðandi ráðningar bönnuð. Hins vegar er tekið fram að það teljist ekki mismunun að krefjast tungumálakunnáttu þegar viðkomandi starf krefst hennar. Starf kennara, hver svo sem kennslugrein viðkomandi er, hefur verið tekið sem dæmi um starf þar sem krefjast verður kunnáttu í tungumáli viðkomandi starfslands. Þetta felur það í sér að sæki Íslendingur og ríkisborgari frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins um sama starf og báðir uppfylla kröfur til starfans, teljist það ekki mismunun að hafna hinum erlenda borgara, ef hann hefur ekki nægilegt vald á íslenskri tungu. Ef hinn erlendi borgari er talinn betri umsækjandi hvað varðar menntun og starfsreynslu, þarf að meta sérstaklega hvort hann hafi tilhlýðilega íslenskukunnáttu. Gæti það orðið til þess að hinum erlenda borgara yrði hafnað, þrátt fyrir aðra yfirburði til starfans.

Bannið við mismunun ríkisborgara frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér að ekki má mismuna þeim varðandi þjónustu vinnumiðlunar, eða gera aðrar kröfur, í tengslum við störf, svo sem varðandi búsetu um tiltekið árabil. Allt það sem felur í sér dulbúnar hindranir er ósamrýmanlegt ákvæðunum. Má nefna sem dæmi að gera hinum erlenda borgara að uppfylla kröfur, sem einungis er hægt að uppfylla með búsetu um árabil í viðkomandi landi. Aðrar hindranir, eins og það að gera hinum erlenda borgara erfiðara að fá húsnæði en innlendum eru einnig óheimilar.

Óheimilt er að skattleggja tekjur hins erlenda borgara á annan hátt en innlendra. Aðild að verkalýðsfélögum skal standa hinum erlenda borgara til boða. Hann hefur sama rétt og innlendir til að gegna trúnaðarstörfum í verkalýðsfélögum.

Forsenda allra þessara réttinda er að hinn erlendi borgari hafi raunverulega starf með höndum. Samningurinn kveður því fortakslaust á um það að frelsið felist m.a. í því að mega þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru gerð. Hafi tekist samningar við atvinnurekanda um starf í öðru ríki öðlast launþeginn rétt til þess að dveljast í viðkomandi landi í samræmi við þær reglur sem gilda um störf innlendra manna. Venjulega er gefið út skilríki til fimm ára í senn um rétt launþegans til dvalar í landinu. Hinum erlenda borgara er heimilt að koma til landsins með fullgilt vegabréf og leita sér að starfi í allt að þrjá mánuði. Hafi hann ekki fengið starf innan þess tíma, verður hann að fara úr landi. Hverju ríki er frjálst að beita því eftirliti við landamæri er þar tíðkast og ennfremur að fylgjast með því að erlendir borgarar hafi fengið dvalarleyfisskilríki.

Skilyrði þess að fá útgefið dvalarleyfi er að viðkomandi leggi fram:

1. Skilríki er þeir höfðu við komu til landsins;
2. staðfestingu atvinnurekenda um ráðningu þess starfsmanns.

Fjölskylda launþegans öðlast sama rétt til dvalar og launþeginn. Gildir það óháð því af hvaða þjóðerni maki er. Þannig á maki frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins rétt til að dveljast jafnlengi og launþeginn. Maki og börn eiga rétt til allrar félagslegrar þjónustu sem innlendir og aðgang að skólum og endurmenntunarnámi.

Til að fjölskylda fái útgefin dvalarleyfisskilríki þarf hún að leggja fram:

1. Skilríki sem viðkomandi lögðu fram við komu til landsins;
2. staðfestingu sveitarstjórna í heimaríki um fjölskyldutengsl við starfsmann.

Eftir að starfsævi lýkur öðlast launamaðurinn rétt á að dveljast áfram í viðkomandi ríki og hið sama gildir um fjölskyldu hans. Fjölskylduhugtakið nær til maka, barna og forfeðra. Skilyrði er að viðkomandi hafi dvalist í landinu síðustu 3 ár fyrir starfslok, þar af hafi starfsmaðurinn unnið a.m.k. 12 mánuði.

Framangreint er einungis heimilt að takmarka með því að byggja það á allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði. Eru það í reynd sömu reglur og hvert ríki hefur rétt á að beita gagnvart sérhverjum útlendingi. Er þar um að ræða reglur um öryggi ríkisins, hættulegar farsóttir og þess háttar.

Framangreint á við um öll störf á almenna vinnumarkaðinum. Í samningnum er hins vegar tekið fram að þetta eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Við gerð Rómarsamningsins mun hafa verið litið svo á, að öll störf í opinberri þjónustu væru undanskilin. Í gegnum árin hafa hins vegar gengið allmargir dómar er varða túlkun þessa ákvæðis. Af þeim verður ekki ráðið nákvæmlega hvaða störf falli undir opinbera þjónustu, en hins vegar má ráða af dómum EB-dómstólsins að til að starf teljist til opinberrar þjónustu þurfi það að fela í sér ákveðið trúnaðarsamband milli ríkisvaldsins og starfsmannsins. Honum sé falið að fara með ákveðið vald af hálfu hins opinbera, sem ekki er talið æskilegt frá sjónarmiði öryggishagsmuna að sé í höndum erlendra borgara. Störf sem í sumum ríkjum innan svæðisins eru í höndum einkaaðila, en annars staðar í höndum opinberra aðila, virðast almennt falla utan við þetta ákvæði. Af dæmum má ráða að eftirtalin störf falli ekki undir opinbera stjórnsýslu: Starfsmenn við póstþjónustu, lestarstjórar, hlaðmenn, ófaglærð störf tengd járnbrautum, hjúkrunarfræðistörf við sjúkrahús, barnahjúkrunarfræðingar, næturverðir, pípulagningarmenn, rafvirkjar, garðyrkja,

arkitektar og verkstjórar hjá sveitarfélögum, kennaranemar í starfsþjálfun, rannsóknarmenn og tungumálakennarar við háskóla. Af þessu er ljóst að innihald starfans skiptir höfuðmáli, en ekki ráðningarform eða þess háttar.

Með hverjum dómi sem kveðinn er upp skýrist þetta ákvæði betur. Ágreiningur hefur verið um það innan Evrópubandalagsins hvort það sé á valdsviði EB að skilgreina hvað séu störf í opinberri þjónustu. Virðist litið svo á að það sé á valdi hvers ríkis að ákveða þetta. Hverju ríki er frjálst að gera kröfu um ríkisfang að skilyrði fyrir skipun í opinbera stöðu. Slíkt skilyrði er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 04.12.1974, mál 41/74, Van Duyn, B 1974, bls. 1337)
(DEB, 19.03.1964, mál 75/63, Unger, B 1964, bls. 347)
(DEB, 15.10.1969, mál 15/69, Ugliola, B 1969, bls. 363)
(DEB, 13.12.1972, mál 44/72, Marsman, B 1972, bls. 1243)
(DEB, 11.04.1973, mál 76/72, Michel S., B 1973, bls. 457)
(DEB, 30.09.1975, mál 32/75, Cristini, B 1975, bls. 1058)
(DEB, 03.07.1986, mál 66/85, Lawrie-Blum, B 1986, bls. 2121)
(DEB, 12.02.1974, mál 152/73, Sotique, B 1974, bls. 153)
(DEB, 03.07.1974, mál 9/74, Casagrande, B 1974, bls. 744)
(DEB, 28.11.1974, mál 16/78, Choquet, B 1978, bls. 2293)
(DEB, 28.02.1975, mál 67/74, Bonsignore, B 1975, bls. 297)
(DEB, 27.10.1977, mál 30/77, Bouchereau, B 1977, bls. 1999)
(DEB. 16.06.1987, mál 225/85, Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu, B 1987, bls. 2625)
(DEB, 17.12.1980, mál 149/79, Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu)
(DEB, 04.04.1974, mál 167/73, Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, B 1974, bls. 359)

Um V. viðauka
Frelsi launþega til flutninga

Tilskipun ráðsins **64/221/EBE** frá 25. febrúar 1964 um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis (Stjtíð. EB nr. 56, 4.4.1964, bls. 850).

Almenna reglan samkvæmt EB-rétti er sú að einstaklingar innan EB eiga rétt til að fara úr landi, dvelja, leita að atvinnu og hverfa á braut. Tilskipunin kveður á um hvenær hægt er að takmarka atvinnu- og búseturétt vegna allsherjarreglu, öryggis eða heilbrigðis. Tilskipunin nær til ríkisborgara aðildarríkja og fjölskyldna þeirra, sem dvelja í eða ferðast til annars aðildarríkis til að taka að sér starf sem launþegar eða sjálfstætt starfandi eða til að inna af hendi eða njóta þjónustu.

Takmörkun á rétti til útgáfu og endurnýjunar dvalarleyfis og brottvísunar má ekki byggjast á fjárhagsástæðum.

Takmörkun vegna allsherjarreglu og öryggis verður að byggjast eingöngu á persónulegri hegðun viðkomandi. Brottvísun má ekki byggja á því að vegabréf eða kennivottorð sé útrunnið.

Aðeins tilgreindir sjúkdómar eða fötlun réttlæta synjun á komu til lands eða útgáfu fyrsta dvalarleyfis. Sjúkdómar sem koma til eftir útgáfu fyrsta dvalarleyfis réttlæta ekki synjun á endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun.

Með breytingartilskipunum 72/194/EBE og 75/35/EBE var tilskipunin einnig látin ná til launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga að loknum starfsferli.

Framangreindar tilskipanir gera nauðsynlegt að breyta lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Reglugerð ráðsins **(EBE) nr. 1612/68** frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

Reglugerðin byggir á 48. og 49. gr. Rómarsamningsins. Reglugerðin er nánari útfærsla á markmiðum hans um frjálsan atvinnu- og búseturétt launþega og fjölskyldna þeirra og byggir á þeirri meginreglu að allir launþegar aðildarríkja hafi jafnan rétt til vinnu og tengdra félagslegra réttinda án tillits til þjóðernis.

Launþegi og fjölskylda hans hefur m.a. sama rétt til skattaafsláttar, almannatrygginga, starfsmenntunar og endurmenntunar, aðildar að stéttarfélagi, rétt til húsnæðis, þ.á m. að kaupa það húsnæði sem hann þarf.

Réttur til starfsmenntunar nær einnig til almenns aðgangs að framhaldsskólum og háskólum þó viðkomandi hafi ekki verið starfandi eða tilheyrt fjölskyldu launþega í viðkomandi landi.

Setja má skilyrði um tungumálakunnáttu launþega ef starfið krefst þess. Frjáls atvinnuréttur nær ekki til opinberra trúnaðarstarfa.

Reglugerðin kveður á um samstarf vinnumiðlana í aðildarríkjunum og evrópskrar samræmingarskrifstofu um dreifingu á upplýsingum um atvinnuástand og lausar stöður. Verði röskun á vinnumarkaði í einu aðildarríki sem gæti ógnað lífskjörum eða atvinnustigi á vissu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein, á EB-aðildarríki að upplýsa framkvæmdastjórnina, en EFTA-ríki eftirlitsstofnun og fastanefnd EFTA, um ástandið. Fastanefnd EFTA ber þá að grípa til ráðstafana til að draga úr atvinnuumsóknum á því svæði.

Tilskipun ráðsins **68/360/EBE** frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum og fjöldskyldum þeirra (Stjtíð. EB nr. L 257, 19.10.1968, bls. 13).

Markmiðið með tilskipuninni er að afnema hömlur á tilflutningum og búsetu ríkisborgara samningsríkjanna og fjölskyldna þeirra. Tilskipunin kveður á um að ríkisborgarar aðildarríkjanna skuli hafa rétt til að fara úr landi í því skyni að hefja starf í öðru samningsríki gegn framvísun vegabréfs eða kennivottorðs, án áritunar, en slíkur réttur gildir einungis fyrir ríkisborgara aðildarríkja. Réttur er til dvalarleyfis, einnig fyrir fjölskyldumeðlimi sem eru ekki ríkisborgarar samningsaðila. Dvalarleyfi skal veitt til 5 ára og endurnýjað sjálfkrafa. Allt að 6 mánaða rof á dvöl breytir ekki gildi leyfis. Ef um skammtímaráðningu er að ræða má gefa út leyfi til samningstímans. Dvalarleyfi verður ekki afturkallað þótt vinnu ljúki, hvort heldur er vegna veikinda eða atvinnuleysis eða gegn eigin vilja. Viðurkenna skal dvalarrétt þeirra sem taka að sér starf sem ekki er áætlað að standi lengur en í 3 mánuði án sérstaks dvalarleyfis.

Ákvæði tilskipunarinnar gilda með hliðstæðum hætti um þá sem eru sjálfstætt starfandi, eða ætla sér að láta í té þjónustu og þeirra sem ætla að njóta þjónustu í öðru ríki (tilskipun 73/148/EBE frá 21. maí 1973).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar **(EBE) nr. 1251/70** frá 29. júní 1970 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki (Stjtíð. EB nr. L 142, 30.6.1970, bls. 24).

Reglugerðin tekur til launþega og fjölskyldna þeirra sem starfað hafa í aðildarríki EB skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1612/68.

Rétt til áframhaldandi dvalarleyfis í aðildarríki á:

a. Launþegi sem náð hefur ellilífeyrisaldri þegar hann lætur af starfi og hefur haft þar vinnu í a.m.k. 12 mánuði og búið þar samfellt í meira en 3 ár.
b. Launþegi sem hættir störfum vegna varanlegs óhæfis til vinnu og búið hefur í viðkomandi aðildarríki í a.m.k. 2 ár samfellt. Ekki skal þó gerð krafa um tímalengd búsetu ef óhæfi til vinnu stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi sem veitir rétt til lífeyris að hluta til eða að öllu leyti frá stofnun í því ríki.
c. Launþegi sem eftir þriggja ára samfellda vinnu og búsetu í því ríki starfar í öðru ríki en heldur heimili í fyrra ríkinu og hverfur þangað að jafnaði daglega eða a.m.k. einu sinni í viku.

Ákvæðin í a- og b-lið um tímalengd vinnu eða búsetu eiga ekki við ef maki launþegans er ríkisborgari viðkomandi ríkis eða hefur misst hann við að giftast launþeganum. Ákvæði eru um rétt fjölskyldunnar.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda með hliðstæðum hætti um þá sem tilskipun 73/148/EBE tekur til, þ.e. til sjálfstætt starfandi fólks sem látið hefur af starfi, sbr. tilskipun 75/34/EBE frá 17. desember 1974.

Tilskipun ráðsins **72/194/EBE** frá 18. maí 1972 um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE frá 25. febrúar 1964, um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis, svo að það nái einnig til launþega sem neyta réttarins til að dveljast áfram í aðildarríki eftir að hafa verið þar við störf (Stjtíð. EB nr. L 121, 26.5.1972, bls. 32).

Tilskipunin kveður á um að ferðafrelsi og búseturéttur þeirra aðila sem eiga rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því verði eingöngu takmarkaður á grundvelli aðgerða sem byggðar eru á allsherjarreglu, öryggis- eða heilbrigðissjónarmiðum.

Tilskipun ráðsins **77/486/EBE** frá 25. júlí 1977 um menntun barna farandlaunþega (Stjtíð. EB nr. L 199, 6.8.1977, bls. 32).

Tilskipun þessi kveður á um að stjórnvöld skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að börn farandlaunþega fái kennslu í tungumáli gistiríkis og í samvinnu við upprunaríkin efla kennslu barnanna í móðurmáli sínu. Þetta skal fara fram í samræmi við þær reglur og þær aðstæður sem gilda í hverju ríki.

Um bókun 15
Aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein)

Bókun 15 kveður á um aðlögunartíma varðandi frjálsan atvinnu- og búseturétt ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA í Sviss og Svisslendinga í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum fram til 1. janúar 1998. Ríkjunum verður frjálst að halda gildandi lögum gagnvart þeim fram til þess tíma.

Sviss verður heimilt að beita fjöldatakmörkunum vegna nýrra íbúa og farandverkamanna fram til 1. janúar 1998 og jafnframt takmörkunum á því að árstíðabundið vinnuafl geti flutt sig á milli greina eða svæða.

Frá 1. janúar 1993 verða tímabundnir ráðningarsamningar framlengdir sjálfkrafa. Þá er m.a. kveðið á um það að Sviss geti viðhaldið takmörkunum varðandi þá sem fara yfir landamæri til vinnu, þó lengst til 1. janúar 1998.

Svipuð ákvæði gilda um Liechtenstein að öðru leyti en því að 10., 11. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 gilda um farandverkamenn í Sviss frá 1. janúar 1997 en um þá sem hafa lögheimili í Liechtenstein munu aðilar sameiginlega fara yfir þetta svið þar sem tekið verði sérstaklega tillit til hinnar sérstöku landfræðilegu stöðu Liechtensteins.

Um 29. gr.

Ein forsenda þess að fólk geti flutt milli landa í atvinnuskyni er sú að flutningurinn hafi ekki í för með sér missi réttinda til almannatrygginga. Rómarsamningurinn hefur því að geyma ákvæði í 51. gr sem á að tryggja það að launþegi eða einstaklingur sem starfar sjálfstætt og kýs að vinna og dveljast í öðru aðildarríki en heimaríkinu missi í engu almannatryggingaréttindi vegna flutningsins milli landa. Tvær reglugerðir um almannatryggingar hafa og verið settar hjá EB sem lýsa nánar reglum á þessu sviði. Þetta er reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Reglum EB á sviði almannatrygginga er ætlað að tryggja samræmda og samfellda beitingu löggjafar aðildarríkjanna á sviði almannatrygginga gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem skipta um vinnustað eða dvalarstað innan EB. Þær koma ekki í veg fyrir að reglur EB-ríkjanna á sviði almannatrygginga séu ólíkar bæði að formi og efni þannig að réttindi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda geta verið mismunandi eftir því hvar þeir starfa.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir að reglur EB á sviði almannatrygginga verði jafnframt reglur EES-svæðisins. Í 29. gr. EES-samningsins er því að finna ákvæði sambærilegt við 51. gr. Rómarsamningsins. Í VI. viðauka við samninginn er síðan að finna nánari útfærslu einstakra EFTA-ríkja vegna aðlögunar þeirra að fyrrnefndum reglugerðum EB á sviði almannatrygginga.

Í 29. gr. felast tvær af fjórum meginreglum Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga, annars vegar samlagningarreglan og hins vegar útflutningsreglan.

Samlagningarreglan tryggir að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt missa í engu áunnin réttindi eða réttindi sem þeir eru um það bil að ávinna sér þó svo að þeir flytjist til eða hefji störf í öðru samningsríki. Í samlagningarreglunni felst að ef löggjöf lands hefur t.d. að geyma ákvæði um það að launþegi skuli hafa verið tryggður eða starfað

í ákveðinn tíma áður en hann öðlast rétt til bóta þá skal við ákvörðunina um það hvort skilyrði þessu sé fullnægt taka tillit til þess að launþeginn hefur verið tryggður eða unnið í öðru samningsríki. Þetta þýðir að tryggingatímabil, starfstímabil og búsetutímabil sem áunnin eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis skal telja með eins og þau væru áunnin samkvæmt löggjöf viðkomandi lands.

Útflutningsreglan hefur í för með sér að almannatryggingabætur skal greiða hvarvetna innan EES-svæðisins. Reglunni er þannig ætlað að tryggja hinn tryggða gegn tekjutapi eingöngu af þeirri ástæðu að hann kýs að flytja frá því landi þar sem hann á rétt á bótunum. Útflutningsreglan er mismunandi eftir því hvort um er að ræða útflutning á peningabótum, s.s. dagpeningum eða lífeyri eða sjúkrahjálp, s.s. læknishjálp eða sjúkrahúsdvöl. Um sjúkrahjálpina gildir sú meginregla að hún er greidd í samræmi við löggjöf þess ríkis sem bótaþeginn býr í eða dvelst í án tillits til þess hvort hann heyri undir löggjöf þess ríkis. Útflutningurinn felst í því að stofnun í því landi þar sem bótaþeginn telst tryggður í skal endurgreiða stofnun í dvalarlandinu þann kostnað sem hún hafði af sjúkrahjálpinni við bótaþegann. Um peningagreiðslur gildir sú regla að þær eru inntar af hendi í samræmi við löggjöf þess lands þar sem viðkomandi telst tryggður. Peningagreiðslurnar á að greiða honum án tillits til þess hvort hann búi í öðru samningsríki. Tvennt kemur til greina varðandi peningasendinguna, annaðhvort er hægt að senda viðkomandi peningana beint eða í gegnum stofnun í því ríki þar sem hann býr.

Aðrar meginreglur almannatrygginga hjá Evrópubandalaginu sem verða reglur EES samkvæmt samningnum eru jafnræðisreglan og *pro rata temporis* reglan. Jafnræðisreglan byggist á 7. gr. Rómarsamningsins og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71. Í jafnræðisreglunni felst að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt munu að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Af þessu leiðir að ef almannatryggingalöggjöf viðkomandi lands hefur að geyma skilyrði um ríkisborgararétt, má ekki beita þessu skilyrði gagnvart þeim sem heyra undir reglur EES um almannatryggingar. *Pro rata temporis* reglan tryggir bótaþega hlutfallsgreiðslu ef hann, vegna breytinga á vinnustað, hefur ekki náð því að vinna sér inn nægileg réttindi til að fá fullar bætur. Reglan er ekki almenn að því leyti að henni er ekki beitt um allar bótagreiðslur. Beiting reglunnar er takmörkuð við greiðslur sem byggja á söfnun réttinda þ.e.a.s. lífeyrisgreiðslur, og í ákveðnum tilvikum bætur samkvæmt löggjöf um slysatryggingu vegna atvinnusjúkdóma. Ef lífeyrir er greiddur samkvæmt *pro rata temporis* reglunni þá hefur það í för með sér að greiddur lífeyrir er í hlutfalli af tryggingatímabili eða búsetutímabili viðkomandi í samningsríkinu.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:
(DEB, 21.10.1975, mál 24/75, Petroni, B 1975, bls. 1161)

Um VI. viðauka
Félagslegt öryggi

Vísað er til ahugasemda við 29. gr.

Um bókun 16
Ráðstafanir á sviði félagslegs öryggis varðandi aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein)

Mikill fjöldi Spánverja og Portúgala en þó einkum Ítala hefur stundað árstíðabundin störf í Sviss. Því hefur reynst nauðsynlegt að setja sérstök tímabundin ákvæði um réttindi þeirra á aðlögunartímabili.

Í bókuninni er kveðið á um aðlögunartímabil fyrir beitingu almannatryggingareglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar launþega sem vinna árstíðabundin störf. Á aðlögunartímanum á farandverkamaður rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt löggjöf Sviss og Liechtensteins á sama hátt og innlendir. Sérreglur gilda um endurgreiðslur atvinnuleysisiðgjalda.

Jafnframt er tekið fram að nokkrir tvíhliða samningar sem Sviss hefur gert um atvinnuleysisbætur skuli gilda út aðlögunartímann.

Gildistími þessarar bókunar er hinn sami og bókunar nr. 15.

Um 30. gr.

Mikið starf hefur verið unnið á undanförnum áratugum innan Evrópubandalagsins til að ryðja úr vegi þeirri hindrun að próf og starfsréttindi fólks fáist ekki viðurkennd. Í samningnum er kveðið á um, til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja starfsemi, að gerðar skuli nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur menntun ákveðinna heilbrigðisstétta verið samræmd. Fyrirliggjandi eru tilskipanir sem tryggja læknum, hjúkrunarfræðingum, lyfjafræðingum, ljósmæðrum, tannlæknum og dýralæknum rétt á viðurkenningu menntunar sinnar í hverju einstöku aðildarríki. Með þessum samningi njóta þessar heilbrigðisstéttir viðurkenningar hvar sem er á efnahagssvæðinu.

Um VII. viðauka
Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi

Í viðaukanum er að finna tilskipun um lögfræðinga, sem felur þó ekki í sér gagnkvæma viðurkenningu prófa. Hún felur í sér viðurkenningu á starfsheiti, en unnt er að skilyrða lögfræðistörf við það að þau fari fram í samvinnu við innlenda lögmenn. Arkitektatilskipunin byggist ekki á samræmdu námi, heldur á lista yfir þau próf sem menn þurfa að hafa til að eiga rétt á viðurkenningu sem arkitektar.

Á sviði verslunar er í viðaukanum tilskipanir um milliliði í verslun eins og smásala, heildsala, umboðssala og farandsala. Sérstakar tilskipanir eru um handverk og iðnað. Á þessum sviðum eru menntunarkröfur afar mismunandi í aðildarríkjum samningsins. Í sumum löndum er einungis krafist starfsreynslu um tiltekið árabil, en ekki formlegra prófa. Gert er ráð fyrir að iðnmeistari, sem hefur full réttindi í heimalandi sínu, geti fengið réttindi sín viðurkennd í öðru ríki, ef hann hefur starfað sex ár sjálfstætt. Sömu kröfur varðandi tryggingar og aðrar þær kröfur sem gerðar eru til borgara viðkomandi ríkis myndu gilda um stofnsetningu fyrirtækis.

Tilskipanir eru um ýmiss konar starfsemi tengda flutningum, s.s. flutningamiðlun, ferðaskrifstofurekstur og skipamiðlun. Ef um er að ræða svið þar sem krafist er

viðurkenningar hérlendis getur sjálfstætt starf um tiltekið árabil gefið fólki rétt á að fá viðurkenningu. Hinn erlendi borgari byggi eftirleiðis við nákvæmlega sömu kröfur og gerðar eru til innlendra rekstraraðila.

Tilskipanir á sviði landbúnaðar heimila borgurum frá öðru aðildarríki svæðisins að gerast sjálfstæðir bændur hafi þeir unnið sem landbúnaðarverkamenn um tiltekið árabil. Ennfremur er erlendum bændum heimilað að taka við jörðum sem hafa verið í eyði um tveggja ára skeið, með þeim skilyrðum sem viðkomandi landslög kveða á um.

Tilskipanir um prófaviðurkenningar eru aðlagaðar í viðaukanum að prófgráðum í EFTA-ríkjum. Með hliðsjón af þeim fjölda Íslendinga sem lýkur háskólanámi eða framhaldsnámi utan Evrópu gáfu samningsaðilarnir út sameiginlega yfirlýsingu við samninginn þar sem mælst er til þess að próf sem Íslendingar hafa lokið í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins séu viðurkennd, hafi þau hlotið viðurkenningu íslenskra stjórnvalda.

Þróunin innan Evrópubandalagsins hefur leitt í ljós að afar flókið og tímafrekt er að samræma menntunarkröfur. Var því valin sú leið að semja almenna tilskipun um viðurkenningu á æðra námi sem tæki a.m.k. þrjú ár.

Nær hún til þeirra starfa er krefjast löggildingar og byggjast á að minnsta kosti þriggja ára háskólanámi. Hún myndi hins vegar ekki hrófla við eldri tilskipunum sem ná til einstaka starfsgreina þar sem krafist er æðri menntunar. Gert er ráð fyrir að hverju ríki fyrir sig verði falið að yfirfara umsóknir um viðurkenningu á æðra námi og kanna hvort menntun viðkomandi sé sambærileg við það sem krafist er af innlendum aðilum til að fá löggildingu. Skorti þar eitthvað á yrði að gefa hinum erlenda borgara kost á að þreyta próf eða bæta við sig námi, ef nám er verulega styttra en í gistiríki. Aldrei mætti þó krefjast meira en þriggja ára viðbótarnáms eða starfsþjálfunar. Stjórnvöld gætu því aðeins fyrirskipað hvor leiðin sé farin, ef um er að ræða löggildingu til starfa sem krefjast mikillar þekkingar á innlendum lögum og reglum. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla mála taki aðeins þrjár vikur, þannig að hinir erlendu borgarar þurfi ekki að velkjast í vafa um stöðu sína. Með þessari tilskipun er stefnt að því að ekki þurfi eftirleiðis að semja tilskipanir um einstök störf er njóta löggildingar. Samsvarandi almenn tilskipun um iðnnám er í undirbúningi.

Að lokum skal getið um tilskipanir á þessu sviði varðandi kvikmyndaiðnaðinn.

Tilskipun um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu að því er varðar kvikmyndaiðnaðinn, 63/607/EBE frá 15. október 1963, fjallar m.a. um skilgreiningar hugtaka, hvenær kvikmynd telst hafa þjóðerni aðildarríkis og bann við takmörkunum á innflutningi, dreifingu og nýtingu á tilteknum tegundum kvikmynda.

Tilskipun um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði kvikmyndaiðnaðar, 65/264/EBE frá 13. maí 1965, fjallar um afnám hafta á kvikmyndasviðinu.

Tilskipun ráðsins um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er varðar starfsemi á sviði kvikmyndadreifingar, 68/369/EBE frá 15. október 1969.

Framangreindar reglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt gera ríkisborgara frá EES-ríkjum í reynd jafnsetta og norrænir ríkisborgarar samkvæmt samningi um norrænan vinnumarkað frá 1982. Þau ganga lengra að því leyti að mun betur er tryggt að borgarar

þessara ríkja fái starfsréttindi sín viðurkennd. Hvað almannatryggingar áhrærir er staðan sú sama og nú gildir fyrir norræna borgara. Áfram munu hins vegar gilda þær verulegu takmarkanir sem eru á atvinnuþátttöku annarra erlendra borgara á Íslandi.

Um 2. kafla
Staðfesturéttur

Orðið „staðfesturéttur" er nýyrði og er þýðing á enska hugtakinu „right of establishment" eða norræna hugtakinu „etableringsfrihet" (stofnsetningarréttur, atvinnurekstrarréttur). Um staðfesturétt er fjallað í þessum kafla.

Um 31. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar, sem svarar til 52. gr. Rómarsamningsins, skulu ekki vera hömlur á rétti borgara aðildarríkjanna til að setjast að og stofna til atvinnurekstrar hvar sem er á EES-svæðinu. Þetta gildir einnig um stofnsetningu umboðskrifstofa, útibúa eða dótturfyrirtækja. Staðfesturrétturinn felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi eftir sömu reglum og gilda að landslögum um borgara eða lögaðila þess ríkis, þar sem staðfestan er fengin. Frá þessu er þó undanþága í EES-samningnum að því er varðar starfsemi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu á Íslandi.

Atvinnu- og búsetufrelsi nær til einstaklinga sem í krafti löggildingar öðlast rétt til að starfa sjálfstætt. Engar hömlur eða hindranir má leggja á starfsemi þeirra, umfram það sem gert er við starfsemi innlendra aðila. Hins vegar er það skilyrði sett, að viðkomandi borgarar frá öðrum ríkjum EES-svæðisins hafi hlotið löggildingu þar til bærra íslenskra stjórnvalda.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:
(DEB, 21.06.1974, mál 2/74, Reyners, B 1974, bls. 631)

Um VIII. viðauka
Staðfesturéttur

Hér er að finna nánari ákvæði um staðfesturétt. Í 8. tölul. er vísað í tilskipun ráðsins 90/366/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt námsmanna og í 9. tölul. er tekið fram að Íslandi sé heimilt að beita áfram höftum á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu, sem eru í gildi við undirritun samningsins. Þetta ákvæði yrði lögfest með frumvarpinu.

Ýmis atriði í IX. - XI. viðauka snerta staðfesturétt, en jafnframt frelsi til að veita þjónustu og verður fjallað nánar um viðaukana í framhaldi af umfjöllun um 36. gr. samningsins.

Um 32. gr.

Í greininni, sem samsvarar 55. gr. Rómarsamningsins, segir að ákvæði kaflans um staðfesturétt gildi ekki um starfsemi sem fellur undir meðferð opinbers valds, jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum. Hér er átt við störf ýmissa opinberra embættis- og sýslunarmanna, sem eftir sem áður verður unnt að binda við ríkisborgara eina.

Um 33. gr.

Hér er um að ræða frekari undantekningu frá staðfesturétti, er byggist á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði. Í tilskipun 64/221/EBE er að finna nánari reglur um þær takmarkanir á staðfesturétti, sem byggst geta á greininni, og miðast tilskipunin við að samræma ólík ákvæði í löggjöf einstakra landa. Kemur þar fram að aðgerðir verða að miðast við tiltekna háttsemi erlendra ríkisborgara í landinu og mega ekki byggjast á aðstæðum, sem ekki eiga við í því tilviki sem til umfjöllunar er.

Um 34. gr.

Af þessari grein samningsins leiðir að ríki innan EES skuldbinda sig til þess að gefa fyrirtækjum frá öðrum ríkjum svæðisins sama rétt og innlendum fyrirtækjum eða það sem nefna mætti „landskjör" („national treatment" á enskri tungu).

EES-samningurinn hefur í för með sér að aðildarríkin geta haldið áfram hömlum á staðfesturétti fyrir aðila sem koma frá ríkjum utan EES-svæðisins. Samkvæmt bókun 17 hafa aðildarríkin rétt til þess að grípa til aðgerða til þess að hindra að reglur, sem takmarka staðfesturéttinn eða aðgang að sameiginlega markaðnum verði sniðgengnar af hálfu lands utan EES með því að nýta aðstöðu á landsvæði annars EES-ríkis. Samkvæmt hinum almennu reglum samningsins ber þó að leitast við að samræma reglur um slíkar aðgerðir á öllu samningssvæðinu.

Í flestum EFTA-ríkjunum hafa gilt reglur, sem takmarka rétt útlendinga til staðfestu og til kaupa á fyrirtækjum eða fasteignum. Ríkin verða nú að breyta þessum reglum og er veittur sérstakur aðlögunartími til þess í samningnum, sbr. ákvæðin um frjálsa fjármagnsflutninga og ákvæði XII. viðauka. Gera þarf breytingar á lögum nr. 34 frá 25. mars 1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. og lög nr. 23 frá 27. mars 1991 um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Að því er staðfesturéttinn sjálfan varðar þarf að fella út eins árs búsetuskilyrði í fjölmörgum lögum um atvinnuréttindi þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

Um bókun 17
Varðandi 34. gr.

Í framangreindri bókun 17 segir í 1. tölul. að ákvæði 34. gr. skuli ekki koma í veg fyrir að samningsaðilar setji löggjöf eða beiti neinum þeim ráðstöfunum sem varða aðgang þriðja lands að mörkuðum þeirra. Farið skuli með löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningnum og beri samningsaðilum að kappkosta að starfa í samræmi við samsvarandi reglur EES.

Þá segir í bókuninni að samningsaðilum beri í öllum öðrum tilvikum að upplýsa sameiginlegu EES-nefndina um ráðstafanirnar og leitast við, eftir því sem þörf krefur, að samþykkja ákvæði er tryggi að ráðstafanirnar séu ekki sniðgengnar á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila. Ef ekki tekst að koma að samkomulagi um slíkar reglur eða ákvæði, geti hlutaðeigandi samningsaðili gripið til ráðstafana sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma í veg fyrir að ráðstafanirnar séu sniðgengnar.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði 30. gr. EES-samningsins gildi um málefni er falla undir staðfesturétt og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 3. kafla
Þjónusta

Um 36. grein

Frjáls viðskipti með þjónustu eru eitt af fjórfrelsum EES-samningsins á sama hátt og í Rómarsamningnum. Um þetta er fjallað í 36. gr. samningsins, sem svarar til 59. gr. Rómarsamningsins. Í IX.-XI. viðauka er að finna nánari ákvæði um útfærslu frjálsra þjónustuviðskipta á EES-svæðinu og um aðlögunartíma einstakra ríkja að tilteknum breytingum.

Með þjónustu er átt við þjónustu á sviði iðnaðar eða verslunar eða ýmiss konar handiðnað og þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sem veitt er gegn greiðslu. Þetta hefur í för með sér að ýmiss konar opinber þjónusta fellur utan gildissviðs EES-samningsins. Samningurinn hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu á þeirri þjónustu sem ákvæði hans ná til en eins og áður segir er hér um meginreglu að ræða sem gildir nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Frjáls þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar eru ekki þáttur í gildandi fríverslunarsamningum Íslands við Vestur-Evrópuríkin og EES-samningurinn markar tímamót í efnahagssamvinnu EFTA-ríkjanna innbyrðis og við aðrar þjóðir. Með því að setja sameiginlegar reglur um frjáls þjónustuviðskipti og frelsi í fjármagnshreyfingum er stefnt að því að auka skilvirkni og lækka kostnað þeirra sem kaupa þjónustu á sviði flutninga, fjármálastofnana og á fleiri sviðum, að bæta nýtingu fjármagns og að skapa sambærileg samkeppnisskilyrði fyrir þjónustuviðskipti og um fjármagnshreyfingar jafnframt því sem tekið sé tillit til sameiginlegra hagsmuna varðandi umhverfisvernd, öryggi og neytendavernd.

Frelsi í fjármagnshreyfingum, óheftir greiðslustraumar og afnám mismununar í staðfesturétti og fyrirtækjarekstri eru grundvöllur sameiginlegs markaðar með fjármálaþjónustu í EB-ríkjunum. Nánari ákvæði um framkvæmd sameiginlegs markaðar á þessu sviði er ekki að finna í Rómarsamningnum, en með heimild í 2. mgr. 54. gr. hans hefur Evrópubandalagið gefið út allmargar tilskipanir sem leggja grunn að skipan fjármálaþjónustu í bandalaginu. Þær byggjast á þremur meginreglum. Í fyrsta lagi á einu starfsleyfi, í öðru lagi á eftirliti heimaríkis og í þriðja lagi á lágmarkssamræmingu löggjafar aðildarríkjanna svo að unnt sé veita gagnkvæma viðurkenningu á stofnunum og starfsemi. Tilskipanirnar sem hér um ræðir hafa í öllum meginatriðum verið teknar upp í EES-samninginn og verður því að breyta íslenskri löggjöf um fjármálaþjónustu til samræmis við þær.

Meginreglan um „eitt starfsleyfi" merkir að starfsleyfi eða löggilding, sem fjármálafyrirtæki fær í því ríki, sem það hefur aðalstöðvar í, skal gilda hvarvetna innan EES-svæðisins. Fyrirtækið getur án hindrana selt þjónustu sína frá heimalandi yfir landamæri milli aðildarríkjanna og það getur jafnframt sett á fót útibú í öðrum aðildarríkjum.

Meginreglan um „eftirlit heimaríkis" merkir að það eru eftirlitsstofnanir þess ríkis, sem fjármálafyrirtækið hefur aðalstöðvar í, sem fylgjast skulu með því að fyrirtækið standist allar lögskyldar kröfur og að starfsemi þess sé með eðlilegum hætti. Þessar stofnanir skulu einnig fylgjast með útibúum fyrirtækisins í öðrum aðildarríkjum. Þannig

yrðu það bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlitið sem hafa eftirlit með íslenskum bönkum og vátryggingafélögum og útibúum þeirra erlendis.

Skipanin um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis byggist á því að hvert aðildarríki viðurkenni reglur annarra aðildarríkja um fjármagnshreyfingar og rekstur fjármálafyrirtækja og að opinbert eftirlit heimaríkis sé nægilegt til þess að tryggja að allt sé með felldu í rekstri fjármálastofnana þess á erlendri grundu. Því hafa tilskipanir EB beinst að því að setja lágmarkskröfur um samræmingu starfsreglna fyrir banka og aðrar lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki. Og í því skyni að forðast árekstra á hinum samræmdu mörkuðum hafa verið settar verklagsreglur fyrir stjórnsýslulega samvinnu eftirlitsstofnana aðildarríkjanna.

Um IX. viðauka
Fjármálaþjónusta

Þjónusta á sviði vátryggingastarfsemi

Í viðaukanum er fyrst fjallað um vátryggingastarfsemi, en hún fellur bæði undir staðfesturétt og rétt til að selja þjónustu yfir landamærin milli EB-ríkjanna. Markmið EB er að neytendur geti keypt sér þá vátryggingu sem þeim hentar best og þar sem þeim líkar þjónustan best í ríkjum EB. Vátryggingafélög geti því boðið þjónustu sína hvar sem er á svæðinu og ekki megi koma í veg fyrir það með ákvæðum í lögum einstakra ríkja. Samræmingarreglur EB um vátryggingastarfsemi eru hluti af reglum EES og skal hér getið þeirra helstu.

Staðfesturéttur til vátryggingastarfsemi var lögfestur á áttunda áratugnum með svokallaðri staðfestutilskipun. Í fyrstu tilskipuninni um skaðatryggingar (73/239/EBE) frá árinu 1973 og í fyrstu tilskipuninni um líftryggingar (79/267/EBE) frá 1979 er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli setja starfsleyfi sem skilyrði fyrir rekstri vátryggingastarfsemi. Í báðum tilskipununum var lýst þeim reglum sem gilda ættu og hvaða skilyrði skyldi setja fyrir stofnun útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar í öðru EB-ríki. Í þessum tilskipunum var líka að finna ákvæði er miða að því að tryggja að fjárhagur vátryggingafélaga sé fullnægjandi sterkur miðað við þau viðskipti sem viðskiptavinum standa til boða. Í annarri tilskipuninni um skaðavátryggingar, sem samþykkt var á árinu 1988 (88/357/EBE), er gerður greinarmunur á stóráhættu og annarri áhættu (þar á meðal fjöláhættu). Sala vátrygginga gegn stóráhættum er gefin frjáls á öllu EB-svæðinu með einu starfsleyfi og undir eftirliti heimalands, en hér er fyrst og fremst um að ræða flutninga-, sjóvá- og greiðslu- og efndavátryggingar, sem teknar eru af atvinnurekendum ásamt fasteigna- og ábyrgðartryggingum sem teknar eru af stórum fyrirtækjum. Eftirlit gistiríkis er þó ekki alveg fellt niður þótt það sé takmarkað og leyfisveitingin sé í höndum heimaríkis. Eftirlit gistiríkis skal fylgjast með starfseminni og gera athugasemdir þegar þörf krefur. Í vissum tilvikum getur eftirlit gistiríkis jafnvel bannað sölu stóráhættuvátrygginga í því ríki, en afturköllun starfsleyfis er hins vegar í höndum heimaríkis þegar um stóráhættu er að ræða.

Fyrir sölu vátrygginga gegn fjöláhættu, en þar er m.a. átt við heimilistryggingar, bifreiðavátryggingar og fleiri neytendavátryggingar, eru gerðar sérstakar kröfur um neytendavernd. Aðildarríkin hafa því rétt til þess að setja skilyrði um þjónustuviðskipti á því sviði yfir landamærin og að fella þau undir eftirlitsstarfsemi sína.

Í nóvember 1990 var önnur tilskipunin um líftryggingar samþykkt (90/619/EBE). Hún fjallar bæði um tryggingasamninga við einstaklinga og um hóplíftryggingar. Meginreglurnar um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis eru teknar upp að því er varðar líftryggingar sem tryggingartaki tekur að eigin frumkvæði í öðru aðildarríki en hann er búsettur í. Ákvæði tilskipunarinnar um líftryggingar þegar um er að ræða töku líftrygginga að eigin frumkvæði tryggingartaka er nánast samhljóða annarri skaðavátryggingartilskipun að því er eftirlit gistiríkis varðar.

Varðandi aðrar líftryggingar er talin þörf fyrir sérstaka neytendavernd og geta aðildarríkin því valið hvort þau vilja taka upp regluna um eftirlit heimaríkis eða hvort þau vilja áfram byggja á eigin starfsleyfi skv. samræmdum reglum fyrir slíkum þjónustuviðskiptum yfir landamæri sín.

Í 4. gr. fyrstu tilskipunarinnar um skaðatryggingar (73/239/EBE) eru tiltekin vátryggingafélög og stofnanir undanþeginr almennum ákvæðum hennar sökum lögbundinnar sérstöðu í aðildarríkjum EB. Í viðaukanum er bætt við nokkrum slíkum félögum í EFTA-ríkjum og eru þar á meðal Húsatryggingar Reykjavíkurborgar og Viðlagatrygging Íslands. Í kaflanum um líftryggingar er í c-lið veittur aðlögunarfrestur vegna smárra líftryggingafélaga, m.a. hér á landi, en hann skal endurskoðaður fyrir 1. janúar 1995. Aðlögunarfrestur er einnig veittur til 1. janúar 1995 fyrir smá skaðatryggingafélög í samþykktum vegna IX. viðauka. Hér er fyrst og fremst átt við bátaábyrgðarfélögin.

Verið er að endurskoða íslenska löggjöf um vátryggingastarfsemi. Sérstök nefnd fjallar um endurskoðun laga nr. 50/1978 og er starf hennar langt komið. Flestar breytingartillögur nefndarinnar hefðu vafalaust komið fram án tillits til EES-samningsins, þar eð löggjöfin er komin til ára sinna og ekki nægilega ítarleg í ýmsum atriðum. En til viðbótar koma nokkur ákvæði, sem nauðsynlegt þykir að taka upp til samræmingar við löggjöf EB.

Varðandi löggjöf á vátryggingasviði að öðru leyti skal þess getið, að fyrirhugað er að leggja fram frumvarp sem ná mun til breytinga á þeim sérlögum á sviði vátrygginga sem nauðsynlegt er að breyta til þess að þau samrýmist EES-samningnum.

Þjónusta banka og annarra lánastofnana

Í fyrstu tilskipun EB um samræmingu bankareglna frá árinu 1977 (77/780/EBE) er mælt fyrir um að aðildarríki skuli ætíð krefjast starfsleyfis af lánastofnunum. Með lánastofnun er ekki einungis átt við banka heldur einnig stofnanir eða fyrirtæki sem taka á móti innlánsfé eða á annan hátt taka fé að láni frá almenningi og veita það að láni fyrir eigin reikning.

Í því skyni að undirbúa jarðveginn fyrir hið endanlega markmið um eitt starfsleyfi voru á níunda áratugnum settar nokkrar reglur um lágmarkssamræmingu, þ.á m. tilskipun um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga fyrir lánastofnanir, um höfuðstól þeirra og eiginfjárhlutfall.

Í desember 1989 var svo sett önnur tilskipun EB um samræmingu bankareglna (89/646/EBE), sem skapa á grundvöll fyrir fullkominni samræmingu fjármagnsmarkaðarins með einu starfsleyfi og eftirliti heimalands. Lánastofnun á rétt á því í krafti starfsleyfis frá heimaríki að starfa í öðrum aðildarríkjum, annaðhvort með viðskiptum yfir landamæri eða frá útibúi, sem hún á rétt á að koma þar upp. Í fylgiskjali með tilskipuninni eru taldar

upp ýmsar stofnanir sem reka fjármálaþjónustu á einn eða annan hátt og falla undir það. Allar þessar stofnanir skulu hafa starfsréttindi hvar sem er á svæðinu í krafti starfsleyfis síns, burtséð frá því hvort gistiríkið heimilar eigin lánastofnunum slíkan rekstur.

Eftirlit heimalands nær yfir útibú innan EB-svæðisins en ekki til dótturfélaga. Þau eru að forminu til sjálfstæð fyrirtæki með starfsleyfi og undir eftirliti þess ríkis, sem þau eru stofnuð í. Í vissum tilvikum er þó litið á heildarsamstæðu fyrirtækja. Í tilskipun frá árinu 1983 er kveðið á um eftirlit með heildarsamstæðu fyrirtækja (1983/350/EBE), en þar segir að heimaríki lánastofnunar skuli krefjast samstæðuuppgjörs milli stofnunarinnar og annarra lána- og fjármálastofnana, sem lánastofnunin á verulegan hlut í.

Enn eru ekki fyrir hendi bindandi reglur um innstæðutryggingu innan EB. Framkvæmdastjórn EB gaf á árinu 1986 út meðmæli um innstæðutryggingu (87/63/EBE). Búist er við tillögu um nýja tilskipun um innstæðutryggingu á árinu 1992, en efni meðmælanna er hluti af EES-samningnum. Í júní árið 1991 var samþykkt tilskipun um „peningaþvott", þ.e. starfsemi sem miðar að því að koma í löglega umferð ólöglega fengnu fé, svo sem afrakstri fíkniefnasölu o.fl. Tilskipunin (91/308/EBE) er einnig hluti af reglum EES.

Í viðaukanum er m.a. tekið fram að byggingarsjóðir ríkisins séu undanþegnir ákvæðum reglnanna um lánastofnanir, og Íslendingar hafa aðlögunarfrest til þess að koma á ákvæðum fyrstu og annarrar bankatilskipunarinnar með síðari breytingum allt til 1. janúar 1995. Á aðlögunartímanum njóta íslenskar lánastofnanir ekki starfsréttar í öðrum EES-ríkjum fyrr en tilskipanirnar hafa komið alfarið til framkvæmda.

Framangreind ákvæði kalla á ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf um viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir. Sérstakur starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins, með þátttöku fulltrúa Seðlabankans og annarra fjármálastofnana, hefur umsjón með frumvörpum til þessara breytinga á lögunum.

Verðbréfaþing og verðbréf

Markmið samræmingar á reglum um verðbréfaviðskipti innan EB er að koma á sameiginlegum verðbréfamarkaði þar sem ólíkir aðilar geta gefið út og átt viðskipti með verðbréf yfir landamæri um leið og fjárfestum í aðildarríkjunum er eftir samræmdum reglum veitt aukin vernd gegn misferli.

Nokkrar tilskipanir á sviði kauphallarviðskipta hafa verið samþykktar. Í þeim eru settar lágmarkskröfur um ýmislegt sem tengist viðskiptum með verðbréf á markaðsþingi. Kjarna þeirra er að finna í þremur kauphallartilskipunum (79/279/EBE, 80/390/EBE og 82/121/EBE) sem innihalda ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til opinberrar skráningar verðbréfa í kauphöll eða á verðbréfaþingi, hvaða upplýsingar útboðslýsing verðbréfa skal hafa að geyma, skýrslugjöf til fjárfesta um hag fyrirtækja o.fl.

Tilskipuninni um efni útboðslýsinga verðbréfa var fylgt eftir með tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu þeirra (87/345/EBE og 90/211/EBE). Þar segir m.a. að útboðslýsing sem viðurkennd er af yfirvöldum í einu EB-ríki skuli einnig njóta viðurkenningar í hinum EB-ríkjunum. Mælt er fyrir um gagnkvæmni á gildi fleiri kauphallarskjala í tilskipun frá árinu 1990 (90/211/EBE) og má þar nefna umsóknargögn um skráningu í kauphöll. Til viðbótar má svo nefna svokallaða „flöggunartilskipun" frá árinu 1988 (88/627/EBE) en hún mælir fyrir um að tilkynna skuli með ákveðnum hætti

um kaup eða sölu hlutafjáreignar yfir tilteknum mörkum í hlutafélagi sem skráð er kauphöll.

Svipaðar reglur og er að finna í áðurnefndum tilskipunum um útboðslýsingu skráðra verðbréfa er einnig að finna í tilskipun frá 1989 (89/298/EBE) um útboðslýsingu verðbréfa, sem ekki eru skráð í kauphöll eða á verðbréfaþingi en ætlunin er að selja almenningi.

Ákvæði um verðbréfasjóði („UCITS") er að finna í tveimur tilskipunum frá árinu 1985 (85/611/EBE og 85/612/EBE). Þær hafa að geyma ákvæði um lágmarkssamræmingu reglna varðandi fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og byggjast þau á meginreglunum um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis. Tilskipunin um innherjaviðskipti (89/592/EBE) miðar að því að koma í veg fyrir að menn notfæri sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir öðlast í starfi sínu, til þess að afla sér ágóða eða forðast tap í verðbréfaviðskiptum.

EES-samningurinn nær ekki til EB-tilskipunar um starfsleyfi heimaríkis og eftirlit heimaríkis með fjárfestingarfélögum.

Framangreindar tilskipanir munu leiða til talsverðra breytinga á íslenskri löggjöf um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en Íslendingar hafa aðlögunarfrest á nokkrum sviðum til 1. janúar 1995, enda er þróun verðbréfamarkaðar ekki komin jafnlangt hér á landi og í öðrum ríkjum EES.

Um X. viðauka
Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta

Tilskipun ráðsins frá 1989 (89/552/EBE) um samræmingu reglna um sjónvarpssendingar yfir landamæri er byggð á markaðssamræmingu og miðar m.a. að því að styrkja markaðsstarf fyrir vöru- og þjónustuviðskipti á hinum sameiginlega innra markaði.

Í tilskipuninni eru sett markmið um að auka hlut evrópsks efnis í sjónvarpssendingum frá aðildarríkjunum og samvinnu framleiðenda slíks efnis í ríkjunum. Þá hefur tilskipunin að geyma reglur um að nýjar kvikmyndir skuli ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en tiltekinn tími er liðinn frá frumsýningu þeirra nema öðruvísi sé um samið milli rétthafa og sjónvarpsstöðvar, reglur um hvernig auglýsingar séu birtar í sjónvarpi og siðareglur um auglýsingar í sjónvarpi. Samkvæmt tilskipuninni skulu tóbaksauglýsingar bannaðar í sjónvarpi og hömlur settar á áfengisauglýsingar, sem þó eru ekki bannaðar með öllu.

Í EES-samningaviðræðunum var tekist á um síðastnefnda atriðið og varð niðurstaðan sú, sem greinir í b-lið 1. tölul. X. viðaukans, þar sem segir að EFTA-ríkjunum sé í sjálfsvald sett hvort þau geri kapalfyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, skylt að rugla eða á annan hátt trufla innskotsauglýsingar fyrir áfenga drykki. Þessi undanþága hefur ekki áhrif á takmarkanir á endurvarpi á hluta sjónvarpsefnis, öðru en innskotsauglýsingum fyrir áfenga drykki. Samningsaðilar munu endurskoða þessa undanþágu sameiginlega árið 1995, en þess skal getið að vaxandi raddir eru uppi í EB-ríkjunum um algert bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi.

Á vegum Evrópuráðsins hefur verið saminn sáttmáli um sjónvarpssendingar yfir landamæri. Hann var undirritaður af fyrstu aðildarríkjunum á árinu 1989 og reiknað hefur verið með að hann geti öðlast gildi á árinu 1992. Íslendingar hafa ekki undirritað sáttmálann.

Samræmi er á milli sáttmálans og tilskipunarinnar í mörgum atriðum, t.d. varðandi auglýsingar og þátttöku utanaðkomandi aðila í kostnaði við sjónvarpsþætti. Sáttmálinn byggist þó meira á menningarlegum en viðskiptalegum sjónarmiðum, en þar er m.a. heimilað að þurrka út áfengisauglýsingar við beint endurvarp efnis um kapalkerfi.

Íslendingar hafa haft sérstöðu bæði varðandi tilskipunina og sáttmálann sökum þýðingarskyldu á beinni endurútsendingu sjónvarpsefnis. Ekkert er því til fyrirstöðu að krefjast þýðingarskyldu á venjulegri útsendingu efnis frá íslenskum sjónvarpsstöðvum eða í kapalkerfum, en þegar um er að ræða beint endurvarp erlends efnis, sem t.d. er móttekið frá útsendingu útvarpshnattar og samtímis endurvarpað um þráð eða þráðlaust, er ekki hægt að krefjast samtímis þýðingar yfir á íslensku.

Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur fjallar um reglur um sjónvarpsdreifingu innan bandalagsins. Í tilskipuninni segir m.a. að:

1. Leitast skuli við að styrkja hinn sameiginlega markað framleiðslu og dreifingar á sjónvarpsefni með því m.a. að aðildarríki leitist við að helmingur dagskrárefnis sé evrópskur og að sjónvarpsstöðvar skuli leitast við að leggja a.m.k. 10% af dagskrárgerðarfé til sjálfstæðra kvikmyndagerðarmanna eða verka framleiddra af þeim;
2. greiða skuli fyrir sjónvarpssendingum milli landa með því að aðildarríkin skuldbindi sig til að ryðja burt hindrunum sem kunna að vera fyrir dreifingu á sjónvarpssendingum annarra aðildarríkja. Þetta atriði knýr á um breytingu á fortakslausri þýðingarskyldu á erlendu dagskrárefni í upprunalegum útsendingum;
3. settar eru lágmarkskröfur sem sjónvarpssendingar þurfa að uppfylla, einkum með tilliti til barna en einnig varðandi efni og tilhögun auglýsinga. Samþykktur er sérstakur fyrirvari vegna banns við áfengisauglýsingum.

Tilskipun þessi kallar á breytingar á útvarpslögum og reglugerðum, sérstaklega varðandi þýðingarskyldu og einstökum skilgreiningu hugtaka.

Um XI. viðauka
Fjarskiptaþjónusta

Hið almenna frelsi EES-samningsins um þjónustuviðskipti nær einnig til fjarskiptaþjónustu. Í þessum viðauka er að finna mikilvægar gerðir, sem hafa munu mikil áhrif á framþróun fjarskiptaþjónustu í álfunni. Fjarskipti verða sífellt mikilvægari í efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun innan Evrópu. Þau hafa ekki aðeins mikil áhrif á þjónustu almennt, s.s. fjármálaþjónustu, samgöngur og ferðaþjónustu, heldur einnig á vöruviðskipti og samvinnu Evrópuríkja á sviði iðnaðar.

Stefna EB í fjarskiptum var mörkuð með útgáfu svokallaðrar „grænbókar" árið 1987 um þróun sameiginlegs markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og fjarskiptabúnað. Á grundvelli þeirrar stefnumörkunar hefur EB gefið út ýmsar gerðir, sem verða hluti af EES-samningnum.

Um langan aldur hafa ríkisreknar símastjórnir og símafélög annast fjarskipti, yfirleitt í skjóli einkaréttar sem löggjöf hlutaðeigandi ríkja hefur veitt þeim. Breytt viðskiptalegt umhverfi, ör tækniþróun, aukin samkeppni frá öðrum ríkjum og þrýstingur frá notendum varð til þess að stjórnvöld í ríkjum EB hófu endurskoðun stefnunnar í fjarskiptamálum. Markmið þeirra, sem síðan endurspeglaðist í áðurnefndri grænbók, var að veita evrópskum

notendum fjölbreyttari og betri fjarskiptaþjónustu á lægra verði. Með EES-samningnum hafa EFTA-ríkin fallist á að aðlaga löggjöf sína sama markmiði.

Mikilvægustu gerðirnar eru tilskipanir sem setja ramma um þær breytingar sem áformaðar eru á fjarskiptakerfum EB-ríkjanna. Meðal þessara tilskipana má nefna ráðstilskipun um samkeppni á markaði fyrir símaþjónustu, tilskipun um fjarskiptaþjónustu og ráðstilskipun um að koma skuli á fót sameiginlegum markaði fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að hinum opinberu símanetum (grunnnetum) þannig að aðrir aðilar en þeir sem netin reka geti selt almenningi ýmsa viðbótarþjónustu við venjulega símtalaþjónustu. Þar á meðal má nefna rekstur gagnaneta, upplýsinga- og svarþjónustu og margs konar tengingar fyrir tölvubúnað. Er síðastnefnda tilskipunin nefnd ONP-tilskipunin en skammstöfunin stendur fyrir ensku orðin „Open Network Provision".

Þessar tilskipanir hafa í för með sér að markaðurinn er opnaður fyrir samkeppni á öllum sviðum öðrum en á sviði venjulegrar símtalaþjónustu, sem heimilt er að halda áfram í höndum einokunarfyrirtækja. Varðandi gagnanet er heimilt að setja það skilyrði fyrir aðgangi að símakerfi ríkisins, að slíkt net nái til landsins alls eða hluta þess en ekki einungis til þeirra svæða, þar sem búast má við mestri notkun á netinu. En tryggja skal þeim sem setja vilja upp viðbótarþjónustu aðgang að símakerfinu gegn sanngjarnri þóknun fyrir afnotin og þær takmarkanir sem settar eru skulu byggðar á hlutlægum sjónarmiðum með meginregluna um frjálsan aðgang að leiðarljósi.

Meðal annarra reglna, sem upp eru taldar í viðaukanum, má nefna samræmingarreglur um farsíma, um boðkerfi, um stafræn þráðlaus fjarskipti, um stöðlun o.fl. Þá er mælt fyrir um að aðskilja skuli eftirlit og rekstur á sviði fjarskipta, sem hefur í för með sér að fjarskiptaeftirlit, svo sem leyfisveitingar, eftirlit með gerðarskoðunum og úthlutun tíðna til þráðlausra fjarskipta, skal aðskilið frá viðkomandi símastjórn eða opinberu símafélagi. Skal eftirlitið vera óháð einstökum rekstraraðilum. Þetta kallar á breytingar hér á landi og er undirbúningur þeirra þegar hafinn.

Íslendingar hafa aðlögunartíma til 1. janúar 1995 varðandi gildistöku ákvæða tilskipunarinnar um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að símakerfum.

Upplýsingaþjónusta

Markaðurinn fyrir tölvutæka upplýsingaþjónustu vex mjög ört. Talið er að heimsmarkaðurinn á þessu sviði hafi numið að jafnvirði um 500 milljörðum króna á árinu 1988, þar af um 140 milljörðum í Evrópu. Árlegur vöxtur er áætlaður um 20% fram til aldamóta.

Með nútímafjarskiptum hefur Íslendingum opnast ódýr möguleiki á því að nýta margvíslega gagnabrunna innanlands og erlendis, og jafnframt hafa opnast möguleikar á því að koma á fót slíkri sérhæfðri upplýsingaþjónustu hér landi sem selji þjónustu sína út fyrir landsteinana.

Sökum þeirra möguleika sem nútíma upplýsingaþjónusta hefur í för með sér fyrir þróun og vaxtarskilyrði verslunar, iðnaðar og rannsókna, ákvað EB-ráðið á árinu 1988 að framkvæma áætlun um að koma á fót sameiginlegum innri markaði EB-ríkjanna á sviði upplýsingaþjónustu fyrir árslok 1992 (IMPACT). Á árinu 1991 var svo ákveðið að framlengja líf áætlunarinnar árin 1992-1995 undir heitinu IMPACT 2.

EFTA-ríkin hafa sýnt því áhuga að taka þátt í IMPACT 2 með sömu kjörum og EB-ríkin. Við gildistöku EES-samnings skal sameiginlega EES-nefndin ákveða skilmálana fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna í IMPACT 2.

Samkvæmt IMPACT-áætluninni er m.a. unnið að því að samræma réttarreglur um upplýsingaþjónustu. Slíkar reglur fjalla m.a. um gjald fyrir aðgang að opinberum gagnabrunnum, um höfundarrétt, persónuvernd, um lögfulla sönnun í tölvusamskiptum, um refsiverð brot í tölvunotkun, um bankaviðskipti og innkaup með aðstoð tölva og um útgáfustarfsemi í gagnabrunnum. Þetta samræmingarstarf á eftir að hafa mikil áhrif á markaðinn fyrir upplýsingaþjónustu í Evrópu á næstu árum.

EB vinnur jafnframt að því að framkvæma áætlun um að breiða út upplýsingar um nýjungar og hátækni (SPRINT) á árunum 1989-1992. Með EES-samningnum opnast möguleikar fyrir EFTA-ríkin að taka þátt í SPRINT- áætluninni.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 03.12.1974, mál 33/74, Van Binsbergen, B 1974, bls. 1299)
(DEB, 02.02.1989, mál 186/87, Cowan, B 1989, bls. 195 (ferðamenn)
(DEB, 31.01.1984, mál 286/72, Luisi og Carone, B 1984, bls. 377 (sjúklingar)
(DEB, 18.01.1979, mál 110-111/78, Van Wesemael, B1979, bls. 35)

Um 37. gr.

Í 37. gr., sem svarar til 60. gr. Rómarsamningsins, er þjónusta skilgreind á þann veg að átt sé við þjónustu sem að jafnaði sé veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lúti ekki ákvæðum um frjálst vöruflæði, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa flutninga fólks. Síðan eru talin upp helstu svið þjónustu og er þar að finna starfsemi á sviði iðnaðar, starfsemi á sviði viðskipta, starfsemi handverksmanna og sérfræðistörf. Jafnframt segir að sá sem veiti þjónustu geti í því skyni, með fyrirvara um ákvæði kaflans um staðfesturétt, stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 11.07.1985, mál 61/84, Cinéthéque, B 1985, bls. 2605)
(DEB, 18.03.1980, mál 52/79, Debauve, B 1980, bls. 833)
(DEB, 27.09.1988, mál 263/86, Humbel, B 1988, bls. 5365)

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í þessari grein er tekið fram að ákvæði 30. gr. um ráðstafanir til þess að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skuli gilda um þau atriði, sem fjallað er um í þjónustukaflanum, og sömuleiðis ákvæði 32.-34. gr. í kaflanum um staðfesturétt.

Um 4. kafla
Fjármagn

Ein af meginreglum EES-samningsins er á sama hátt og regla 67. gr. Rómarsamningsins sú, að ekki skuli lagðar hindranir í veg fjármagnshreyfinga yfir landamæri aðildarríkjanna, en það hlýtur að vera forsenda fyrir staðfesturétti og markaðssamrunanum sem áætlað er að komi að fullu til framkvæmda í ársbyrjun 1993.

Um 40. gr.

Hér er staðfest meginreglan um frjálsar fjármagnshreyfingar. Óheimil eru hvers konar höft á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB og EFTA og önnur mismunun byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé er notað til fjárfestingar. Síðan er í greininni vísað til XII. viðauka, sem fjallar nánar um framkvæmd þessarar meginreglu.

Um XII. viðauka
Frjálsir fjármagnsflutningar

Í þessum viðauka er vísað til einnar tilskipunar ráðsins, þ.e. tilskipunar frá árinu 1988 (88/361/EBE) um framkvæmd 67. gr. Rómarsamningsins, sem samsvarar 40. gr. EES-samningsins eins og áður segir. Tilskipunin fjallar um afnám hafta á fjármagnshreyfingum milli aðildarríkja. Í viðaukanum er bætt við hana ýmsum sérákvæðum er varða EFTA-ríkin í EES-samstarfinu. Þannig er að finna þar nokkur sérákvæði er varða Ísland sérstaklega.

Í fyrsta lagi er þar að finna heimild fyrir Íslendinga til að viðhalda hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns til 1. janúar 1995. Samkvæmt reglugerð nr. 312/1990 verða þær hömlur sem eftir standa á fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra ríkja, aðrar en hömlur á skammtímahreyfingum fjármagns, felldar niður frá 1. janúar 1993. Afnám hafta á skammtímahreyfingum fjármagns kallar á bætt stjórntæki Seðlabankans til þess að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur á íslenskum gjaldeyrismarkaði.

Í öðru lagi er Íslendingum heimilt að viðhalda hömlum á beinum fjárfestingum innanlands til 1. janúar 1996 og á fjárfestingum í fasteignum innanlands til sama tíma.

Í þriðja lagi er Íslendingum áfram heimilt þrátt fyrir ákvæði 40. gr. og hinna almennu ákvæða viðaukans að beita áfram þeim höftum, sem í gildi eru við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Hér er um varanlega undanþágu að ræða frá meginreglunni um frjálsar fjármagnshreyfingar innan EES-svæðisins.

Af Íslands hálfu var í upphafi samningaviðræðnanna um EES farið fram á varanlega undanþágu varðandi aðgang og eignarrétt erlendra aðila að orkulindum Íslands. Fram

kom að ekkert er því til fyrirstöðu í reglum EB að orkuvinnsla og dreifing raforku og jarðvarma hér á landi sé í höndum opinberra fyrirtækja eins og nú er. Ef einkaaðilum væru hins vegar falin þessi hlutverk mætti ekki mismuna einstaklingum eða lögaðilum frá ríkjum EES-svæðisins á grundvelli þjóðernis. Sama gilti um eignarrétt að orkulindunum sjálfum.

Eins og kunnugt er, hefur töluverð óvissa verið ríkjandi hérlendis varðandi eignarrétt að orkulindum landsins, t.d. um það hvort eignarrétti á landi fylgi ótakmarkaður réttur til nýtingar hita í iðrum jarðar. Iðnaðarráðuneytið hefur umsjón með frumvörpum er fjalla um eignarrétt og nýtingarrétt jarðvarma og vatnsafls hér á landi, leitast er við að afmarka þann rétt nánar.

Varðandi rétt erlendra aðila til kaupa á fasteignum voru upphaflega ýmsir fyrirvarar og beiðnir um varanlegar undanþágur sett fram af EFTA-ríkjunum. Niðurstaðan varð hins vegar sá aðlögunartími, sem um getur í þessum viðauka, en jafnframt munu ákvæði laga um eignarrétt að jarðeignum og öðrum fasteignum í ýmsum tilvikum tekin til endurskoðunar. Slík endurskoðun fer nú fram á vegum landbúnaðarráðuneytisins hér á landi, en jafnframt gaf ríkisstjórnin í samningaviðræðunum sérstaka yfirlýsingu um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt samningnum, ef til komi alvarleg röskun vegna innstreymis á vinnumarkað eða alvarleg röskun á fasteignamarkaði.

Um 41. gr.

Ákvæði 41. gr. svarar til 2. mgr. 67. gr. Rómarsamningsins og er eðlilegt fylgiákvæði 40. gr., en það slær því föstu að gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflæði, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila samkvæmt ákvæðum samningsins skuli vera lausar við öll höft af hálfu stjórnvalda.

Um 42. gr.

Í þessari grein er fjallað um þá grundvallarreglu að ekki megi mismuna íbúum samningsríkjanna á grundvelli þjóðernis við beitingu reglna um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum, og í 2. mgr. sömu greinar er sett um það regla að ekki skuli án samkomulags við viðkomandi stjórnvöld í EES-ríki bjóða þar út lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar annars EES-ríkis eða sveitarfélags í því. Þykir eðlilegt að stjórnvöld hvers ríkis hafi forræði um það, hvort þau leyfi öðrum ríkjum eða sveitarfélögum þeirra að taka lán á fjármagnsmarkaðinum, m.a. með tilliti til stefnu stjórnvaldanna í vaxtamálum.

Um 43. gr.

Þessi grein hefur að geyma öryggis- eða varnaglaákvæði sem grípa má til ef menn notfæra sér reglur í öðru samningsríki til þess að fara fram hjá þeim reglum, sem gilda um fjármagnsflutninga í heimalandi þeirra, og ef fjármagnsflutningar leiða til röskunar á fjármagnsmarkaði.

Ákvæði 1. mgr. 43. gr., sem svarar til 2. mgr. 70. gr. Rómarsamningsins, og gefur samningsaðila sem ekki hefur að öllu leyti gefið frjálsar fjármagnshreyfingar gagnvart öllum ríkjum („erga omnes") heimild til þess að grípa til ráðstafana til þess að hindra að hægt sé að fara í kringum reglur samningsaðilans um fjármagnshreyfingar til og frá þriðja landi með því að notfæra sér milligöngu í öðru EES-ríki.

Ákvæði 2. mgr. 43. gr. svarar til 73. gr. Rómarsamningsins, en það veitir samningsaðila rétt til þess að grípa til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga, ef fjármagnshreyfingar valda röskun á starfsemi fjármagnsmarkaðar samningsaðilans.

Ákvæði 3. mgr. 43. gr., sem svarar til 2. mgr. 107. gr. Rómarsamningsins, fjallar um rétt samningsaðila til þess að grípa til tímabundinna gagnráðstafana, ef þar til bær yfirvöld annars samningsaðila breyta gengisskráningu sinni þannig að valdi alvarlegri röskun á samkeppnisskilyrðum.

Ákvæði 4. mgr. 43. gr. svara til 1. mgr. 108. gr. Rómarsamningsins, en hún veitir samningsaðila rétt til þess að grípa til verndarráðstafana, ef erfiðleikar á sviði greiðslujafnaðar við önnur ríki og í gjaldeyrismálum koma upp og þá einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd EES-samningsins í hættu.

Um 44. gr.

Í þessari grein segir að EB annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skuli beita eigin málsmeðferð vegna framkvæmdar 43. gr. Jafnframt er vitnað til bókunar 18 um þetta efni.

Um bókun 18
Reglur aðila vegna framkvæmdar 43. gr.

Bókunin fjallar um innri reglur varðandi beitingu verndarráðstafana.

Segir þar að, að því er bandalagið varðar, séu þær reglur sem fara eigi eftir settar fram í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Rómarsamningnum).

Að því er EFTA-ríkin varðar séu reglurnar settar fram í samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og muni þær taka til eftirfarandi atriða:

- EFTA-ríki sem hafi í hyggju að gera ráðstafanir í samræmi við 43. gr. samningsins skuli tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna með góðum fyrirvara.
- Þó, ef um leynd sé að ræða og málið sé aðkallandi, skuli tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum og fastanefnd EFTA í síðasta lagi daginn sem ráðstafanirnar öðlast gildi.
- Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal athuga aðstæður og skila áliti um hvort beita skuli þessum ráðstöfunum. Hún skal endurskoða aðstæður og henni er heimilt hvenær sem er, með meirihluta atkvæða, að mælast til mögulegra breytinga, niðurfellingar eða afnáms á þeim ráðstöfunum sem komið hefur verið á eða varðandi aðrar ráðstafanir aðstoða hlutaðeigandi EFTA-ríki við að ráða fram úr vandamálum sínum.

Framangreindar verklagsreglur eru settar fram til uppfyllingar á ákvæðum 44. gr.

Um 45. gr.

Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr. og fjallar 45. gr. um samráð samningsaðila í slíkum tilvikum. Megintilgangur þessara ákvæða er að koma í veg fyrir að einn samningsaðili valdi öðrum samningsaðilum erfiðleikum með ráðstöfunum, sem haft geta alvarleg áhrif t.d. á greiðslujöfnuð, eða spákaupmennsku með gjaldeyri þeirra. Því er lögð áhersla á greitt upplýsingaflæði og samráð, þegar alvarlegir örðugleikar koma upp á fjármagnsmarkaði einstakra samningsaðila.

Um 5. kafla
Samvinna um stefnu í efnahags- og peningamálum

Um 46. gr.

Í 46. gr. er fjallað um skipti samningsaðila á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samningsins og áhrif samstarfsins á efnahagsleg umsvif og stefnumörkun í efnahags- og gjaldeyrismálum. Ennfremur geta samningsaðilar rætt framtíðarhorfur og stefnu í efnahagsmálum. Tekið er fram í lokamálslið greinarinnar að þetta skuli gert án nokkurra skuldbindinga.

Samræmd efnahagsstefna samningsaðilanna er ekki forsenda fyrir markaðssamruna af því tagi sem stefnt er að með EES-samningnum. Það er hins vegar æskilegt að efnahagsstefna einstakra samningsaðila gangi ekki þvert á stefnu annarra samningsaðila. Þá dregur markaðssamruninn, t.d. afnám hafta á fjármagnshreyfingum, óneitanlega úr möguleikum einstakra samningsaðila til þess að reka algjörlega sjálfstæða efnahagsstefnu, sem gengur þvert á ríkjandi efnahagsstefnu á svæðinu. Því er eðlilegt að samningsaðilar skiptist reglulega á skoðunum um ýmsa þætti efnahags- og gjaldeyrismála.

Innan EFTA hafa upplýsingaskipti af þessu tagi farið fram í efnahagsnefnd EFTA um langt árabil. Á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 var komið á árlegum fundum efnahagsnefndar EFTA og fulltrúa framkvæmdanefndar EB þar sem rætt var um ýmsa þætti efnahagsmála. Eftir að könnunarviðræður EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði hófust var fundunum fjölgað í tvo á ári. Á þeim hefur verið skipst á skoðunum og upplýsingum um efnahagsmál og hefur höfuðáherslan verið lögð á upplýsingar um áhrif efnahagssamruna á EB- og EFTA-ríkin. Ráðgert er að áframhald verði á þessum fundum og að þeir verði aðalvettvangur þeirra skoðanaskipta, sem kveðið er á um í 46. gr. Í efnahagsnefnd EFTA sitja fyrir Íslands hönd fulltrúar Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnunar og fjármálaráðuneytisins.

Á Maastrichtfundinum í desember 1991 ákváðu aðildarríki EB að stefna að enn nánara samstarfi í efnahags- og peningamálum en áður og taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í síðasta lagi í ársbyrjun 1999. Þessi áform hafa ekki áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Efnahagsstefna EB-ríkjanna verður hins vegar mun samhæfðari en verið hefur og áhrifameiri en áður um efnahagsmál í álfunni allri. Þörfin fyrir skipti samningsaðila á skoðunum og upplýsingum um efnahagsmál verður því enn mikilvægari.

Um 6. kafla
Flutningastarfsemi

Í 74. gr. Rómarsamningsins er kveðið á um að aðildarríki EB skuli móta sér sameiginlega stefnu í flutningastarfsemi. Ekki er um sambærilegt ákvæði að ræða í EES-samningnum, en EFTA-ríkin hafa ákveðið að samþykkja ýmsar mikilvægar reglur EB á sviði flutningamála sem hluta af honum. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þessa kafla eiga við um alþjóðlega flutningastarfsemi og eiga því ekki við um landflutninga hér á landi nema að mjög litlu leyti. Eftir sem áður gildir íslensk löggjöf um landflutninga íslenskra aðila og ekki er um starfsemi erlendra aðila að ræða á því sviði á íslensku yfirráðasvæði að ræða nema í algerum undantekningartilvikum. Í slíkum

tilvikum mætti þó ekki mismuna flutningaaðilum á grundvelli þjóðernis og í ýmsum tilvikum yrði að hafa hliðsjón af hinum sameiginlegu reglum. Þessu er öðruvísi farið með önnur EFTA-ríki, sem öll eru í vega- og bílferjusambandi við EB-ríkin. Þó er þess að geta að þær reglur EB sem EFTA-ríkin hafa fallist á í EES-samningnum hafa auk ákvæða um flutninga að geyma ýmis ákvæði um flutningatæki, þ.e. gerð og búnað ökutækja, sem Íslendingar verða að laga sínar reglur að. Eins má nefna reglur um ökuskírteini, lágmarksreglur um skoðun ökutækja o.fl. en um bæði þessi atriði hafa nýlega verið settar samræmingarreglur í ráðstilskipunum EB og eru þær nú til umfjöllunar á sameiginlegum fundum fulltrúa EB og EFTA-ríkja.

Þá eru í EES-samningnum margvíslegar reglur um flutninga með járnbrautum og á vatnaleiðum, sem ekki eiga við hér á landi af alkunnum ástæðum. Ísland er samt ekki undanþegið þessum reglum frekar en aðrar EFTA-þjóðir.

Hins vegar eiga Íslendingar samleið með öðrum EFTA- og EB-ríkjum á sviði sjó- og loftflutninga og samningurinn gerir ráð fyrir samræmdum reglum á því sviði. Slíkar reglur hjá EB byggjast á ákvæðum 2. mgr. 84. gr. Rómarsamningsins, en EFTA-ríkin hafa samþykkt að taka margar þeirra með í XIII. viðauka, sem fjallar um allar tegundir flutningastarfsemi.

Stefna EB á sviði flutningastarfsemi byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Frelsi til að láta í té þjónustu;
2. afnámi hindrana á frjálsri samkeppni;
3. afnámi ríkisstyrkja á sviði flutninga, auknu öryggi flutningatækja og í umferð og bættum mengunarvörnum í flutningum;
4. almennum reglum Rómarsamningsins um staðfesturétt, frjálsa samkeppni og um fleiri atriði;

Þrátt fyrir þessar meginreglur er þó langt í land að stefnan hafi náð fram að ganga á öllum sviðum. Að því er þó markvisst unnið.

Ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins um frjálsa samkeppni munu hafa mikil áhrif á rekstur á sviði flutningastarfsemi og mun það koma í hlut væntanlegrar eftirlitsstofnunar EFTA að framfylgja þeim.

Um 47. gr.

Þessi grein fjallar um gildissvið 48.-52. gr. og vísar til XIII. viðauka samningsins. Eins og áður segir hefur hann að geyma ákvæði um allar tegundir flutningastarfsemi. Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 04.04.1974, mál 167/73, Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, B 1974, bls. 359)
(DEB, 22.05.1985, mál 13/83, EB-þingið gegn EB-ráðinu, B 1985, bls. 1513)

Um XIII. viðauka
Flutningastarfemi

Landflutningar

Þær gerðir EB, sem teknar hafa verið með í EES-samninginn, fjalla m.a. um kröfur til flutningatækja á sviði tæknistaðla og öryggis, um skattlagningu á flutningastarfsemi, reglur um vinnuvernd og fleiri félagsleg atriði, um aðgang að flutningamarkaði, rétt

ríkisborgara EES-ríkis til innanlandsflutninga í öðru EES-ríki (s.k. „cabotage"), kröfur um gerð og ástand flutningatækja og fleira mætti nefna .

Sérstök ákvæði gilda um flutninga á vegum og með járnbrautum gegnum Sviss og Austurríki.

Nákvæmar reglur gilda um flutningastarfsemi á landi milli og innan meginlandsríkjanna í EB og EFTA og setja þær verulegt mark á XIII. viðaukann. Þar sem íslenskir flutningaaðilar starfa lítt á þeim markaði verða þær ekki raktar hér. Reglurnar eru í örri þróun um þessar mundir.

Siglingar

Reglur EES-samkomulagsins um sjóflutninga lúta fyrst og fremst að rekstri kaupskipaútgerðarinnar. Afskipti stjórnvalda jafnt í EB- sem EFTA-ríkjum af flugrekstri annars vegar og siglingum hins vegar hafa verið með ólíkum hætti. Opinber afskipti eru mikil af flugrekstri og ýmiss konar leyfa er krafist til rekstrar á því sviði. Meginreglan á sviði sjóflutninga er athafnafrelsi, þ.e. starfsemi án afskipta stjórnvalda, en stefnumótun EB hefur einkum miða að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar aðildarríkjanna undir eigin þjóðfána og auka hlutdeild þeirra í alþjóðlegri kaupskipaútgerð. Kaupskipafloti aðildarríkja EB er stór, en hefur að stórum hluta verið skráður undir „þægindafánum". Stefna EB miðast við að ná fram breytingum á þessu. Með EES-samningnum hafa EFTA-ríkin tekið undir þessa stefnu, en Norðurlandaríkin fjögur í EFTA hafa sömu hagsmuna að gæta varðandi kaupskipasiglingar, þótt mikill stærðarmunur sé á flota þeirra.

Kjarnann í gerðum EB á þessu sviði er að finna í nokkrum reglugerðum, en auk þess eru tvær tilskipanir EB-ráðsins teknar með í XIII. viðauka, sem fjallar um tæknileg efni.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 er fjallað um beitingu samkeppnisreglna Rómarsamningsins gagnvart flutningastarfsemi á sjó. Þar er skilgreindur frjáls aðgangur að kaupskipasiglingum til og frá bandalagslöndum og má ekki mismuna útgerðum í slíkum siglingum með magnkvótum, forgangi að flutningum o.þ.h. Reglugerðin gildir eingöngu um mismunun í kaupsiglingum til og frá EB-ríkjum gegn skipum í eigu og/eða rekstri útgerða innan EB. Þar er einnig skilgreint til hvaða aðgerða EB geti gripið, ef EB-útgerð er mismunað í alþjóðlegum siglingum og geta slíkar aðgerðir falist í sektum vegna flutninga einstakra útgerðarfyrirtækja allt til afskipta af heildarútflutningi þeirra til og frá EB. Dæmi er um að framkvæmdastjórn EB hafi ákvarðað sektir á útgerðarfyrirtæki í Suður-Kóreu sökum opinberrar mismununar sem það naut í samkeppni um flutninga milli EB-ríkis og Kóreu. Íslensk stjórnvöld og útgerðarfyrirtæki yrðu á sama hátt að aðlaga sig reglum EB um siglingar milli Íslands og EB-ríkja þótt ekki væri um EES-samninginn að ræða, en samningurinn kveður á um gagnkvæmar skuldbindingar, sem felast í því að virða þær meginreglur sem staðfestar eru í reglugerðinni.

Í bókun 19 við samninginn er fjallað um tengsl við þriðju lönd á sviði sjóflutninga.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86 frá 22. desember 1986 er fjallað um frelsi til að veita þjónustu í kaupskipasiglingum. Markmið hennar er að afnema hindranir og verndarmúra í kaupsiglingum milli EB-ríkjanna. Með því að taka þess reglu í EES-samninginn er samkomulag um að á EES-svæðinu gildi sú meginregla, að aðgangur sé frjáls fyrir öll skipafélög í EES-ríkjum. Upphaflega tillagan að framangreindri

reglugerð gerði ráð fyrir að frelsið næði einnig til innanlandssiglinga („cabotage"), en um það náðist ekki samkomulag og er enn fjallað um það efni innan EB.

Þessi reglugerð er almennt talin veigamest af þeim reglum sem gilda í EB um kaupskipasiglingar. Hún nær til allra sjóflutninga og stefnir að afnámi tvíhliða samninga um kvótaskiptingu milli ríkja. Sá fyrirvari er þó gerður, að þar sem reglugerðin stangast á við ákvæði samþykktar Sameinuðu þjóðanna um samsiglingakerfi (línusiglingar), gilda ákvæði samþykktarinnar, en hún fjallar um samvinnu í áætlunarsiglingum á ákveðnum siglingaleiðum, um samræmd flutningsgjöld og tíðni þjónustu. Samþykktin mælir einnig fyrir um skiptingu farmmagns milli aðildarríkja og um hlutdeild þriðju ríkja eftir svonefndri 40-40-20%-reglu. Ríki EB hafa gert veigamikinn fyrirvara við samþykktina (Brusselfyrirvarann), þar sem segir að 40% flutninganna, sem falli í hlut EB-ríkis, skuli opin fyrir samkeppni allra EB-ríkja og einnig OECD-ríkja, sem staðfest hafa samþykktina með Brusselfyrirvörunum. Íslendingar hafa ekki staðfest þessa samþykkt Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt reglugerðinni (EBE) nr. 4056/86 gilda samkeppnisreglur Rómarsamningsins í alþjóðlegum siglingum, öðrum en tilfallandi flutningum. Reglugerðin hefur að geyma ítarleg ákvæði um hvernig samkeppnisreglunum skuli beitt í sjóflutningum. Samkvæmt ákvæðunum eru heimilaðar ýmsar undanþágur frá frjálsri samkeppni og banni gegn samráði og samningum, t.d. varðandi samsiglingakerfin, samræmingu á viðkomu skipa í áætlunarsiglingum, viðbótarþjónustu áætlunarútgerða, þ.á.m. um heildarflutningsgjöld og skipti á flutningsrými í áætlunarsiglingum. Undirboð á farmgjöldum í skjóli ríkisaðstoðar eru bönnuð, en undirboð eru skilgreind sem flutningsgjöld sem eru lægri en aðrar útgerðir innan eða utan samsiglingakerfis bjóða á ákveðinni siglingaleið. Allir rekstrarstyrkir eða forréttindi sem fánaríki veitir útgerðum sínum eru skilgreind sem forsenda fyrir aðgerðum EB (eða eftirlitsstofnunar EFTA) og geta útgerðarfélög í EES-ríkjunum kært óraunhæf undirboð keppinauta sinna á þeim grundvelli.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan ríkja EB getur haft verulega þýðingu hér á landi. Samkvæmt henni er aðildarríki óheimilt að neita að skrá skip á tæknilegum forsendum þegar skip hefur gild skírteini og fullnægir kröfum fyrra heimalands. Þar með er í raun numin brott heimild einstakra ríkja til að framfylgja sérreglu um tækni- og öryggisbúnað, en um leið eykst þrýstingur á að setja sameiginlegar reglur fyrir EES-svæðið á þessu sviði.

Tillögur um frekari aðgerðir stjórnvalda í EB-ríkjum til þess að styðja við kaupskipaútgerð í ríkjunum voru lagðar fram árið 1989. Ekki hefur enn náðst samkomulag um þær innan EB, en einstök atriði þeirra kunna að komast á dagskrá EES-samstarfsins á næstunni.

Loftflutningar

Samgöngur í lofti eru sú grein samgangna sem býr við ítarlegustu reglur allra samgöngugreina innan EES sem utan. Áhersla EB á breytingar í flugsamgöngum, sem nú er staðfest í EES-samningnum, lýtur að því að koma á almennum leikreglum og frelsi í áætlunarflugi og væntanlega einnig leiguflugi. Þessi stefna mun líklega leiða til stórfelldra breytinga á flugsamgöngum í Evrópu.

Stefnt er að því að mynda einn sameiginlegan markað fyrir flutningsþjónustu með flugvélum, markað þar sem virk samkeppni ríkir, m.a. með auknu frelsi í ákvörðun fargjalda, og markað sem er opinn öllum flugfélögum í ríkjum EES-svæðisins. Með þessum hætti er stefnt að því að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu evrópskra flugfélaga og stuðla að lækkun fargjalda.

Flugsamgöngur í Evrópu hafa um áratugaskeið byggst á tvíhliða samningum milli ríkja og samningum einstakra flugfélaga sem deilt hafa með sér markaðnum. Þetta fyrirkomulag um tvíhliða samninga byggist á yfirráðarétti þjóða yfir lofthelgi sinni, en efnislega hafa samningarnir kveðið á um aðgang að mörkuðum, skiptingu sætaframboðs milli flugfélaga og ákvörðun fargjalda. Slíkir samningar hafa takmarkað athafnafrelsi flugfélaga en jafnframt hafa þeir verndað þau gegn samkeppni.

Áformað er nú að breyta þessu, en ákveðið var að breytingin gerðist í þremur áföngum, sem öðlast hafa gildi 1. janúar 1988, 1. janúar 1990 og þriðji áfanginn á að öðlast gildi 1. janúar 1993. Í þeim áföngum, sem þegar hafa öðlast gildi og eru þáttur í EES-samningnum, eru veittar undanþágur frá meginreglunni um frjálsa samkeppni á sviði flugsamgangna. Jafnframt eru settar ýmsar samræmingarreglur. Reglurnar gilda einungis um millilandaflug en ekki um innanlandsflug.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 gilda hinar almennu samkeppnisreglur um flugsamgöngur með þeim undanþágum sem þar eru veittar. Víkja má frá þessu þegar markmið takmarkana er að stuðla að endurbótum eða samvinnu um tæknileg málefni og er það nánar útfært í reglugerðinni. Í reglugerð ráðsins nr. 4261/88 eru síðan settar nánari verklagsreglur um framkvæmd framangreindrar reglugerðar.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90 frá 24. júlí 1990 fjallar um markaðsaðgang flugfélaga í áætlunarflugi innan bandalagsríkjanna og skiptingu á sætaframboði milli áætlunarflugfélaga í flugi innan ríkjanna.

Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 setur reglur um notkun tölvuvæddra bókunarkerfa flugfélaganna, reglugerð (EBE) nr. 294/91 frá 4. febrúar 1991 setur reglur um vöruflutningaflug milli aðildarríkjanna og reglugerð (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 setur sameiginlegar reglur um skaðabætur flugfélaga til farþega, sem ekki fá far með flugfélagi þrátt fyrir staðfesta farpöntun. Þessar reglur er varða markaðsaðgang áætlunarflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega stefna að því að öll höft á skiptingu sætaframboðs verði afnumin 1. janúar 1993. Hverju aðildarríki er nú heimilað að tilnefna fleiri en eitt flugfélag til áætlunarflugs („multiple designation"). Með reglugerðinni um vöruflutningaflug er leitast við að afnema höft sem nú hindra frjálsan aðgang að markaðinum fyrir slíka þjónustu og aðildarríkjunum er gert að heimila farmflugfélögum víðtækan flugrétt, ef þau hafa slíkt flugrekstrarleyfi í öðru aðildarríki. Farmtaxtar skulu ákveðnir með frjálsum samningum milli aðila að farmflutningasamningum.

Reglugerð (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990 fjallar um fargjöld flugfélaga. Þar eru reglur um ákvörðun fargjaldanna rýmkaðar. Flugfélög þurfa ekki lengur að samræma fargjöld sín fargjöldum samkeppnisaðilanna og heimild ríkisstjórna til afskipta af fargjöldum, sérstaklega lágum fargjöldum, er takmörkuð. Reglugerðin mælir fyrir um að aðildarríkjum beri að samþykkja fargjöld í áætlunarflugi innan svæðisins ef þau eru í eðlilegu samhengi við kostnað flugfélags á viðkomandi flugleið. Jafnframt skal taka tillit til þess að fjármagn skili viðunandi arði og að lágmarkskostnaður nægi til þess að tryggja

fullnægjandi öryggi. Það skal taka tillit til fleiri þátta, svo sem þarfa neytenda og samkeppnissjónarmiða. En það, að fargjald flugfélags sé lægra en fargjald sem annað flugfélag býður sem þjónar sömu flugleið, réttlætir ekki synjun yfirvalda á fargjaldinu.

Hér að framan hefur verið fjallað um meginefni þeirra reglna um flugmál, sem eru hluti EES-samningsins. En eins og áður er getið er ætlunin að þriðji þáttur breytinganna í flugmálum taki gildi 1. janúar 1993 og að tillögur framkvæmdastjórnar EB verði lagðar fyrir ráðherraráð EB í júní 1992. Rétt þykir að gera grein fyrir efni þeirra breytinga eins og það birtist í þeim þremur reglugerðardrögum, sem kynnt hafa verið og ætlunin er að hafi að geyma meginefni breytinganna. Fjalla þær um leyfisveitingu til flugfélaga, markaðsaðgang þeirra og verðlagningu á flugþjónustu.

Varðandi leyfisveitingu til flugfélaga er þess getið að meginhluti starfsemi flugrekanda og skráðar höfuðstöðvar séu innan þess aðildarríkis EB, sem flugrekstrarleyfi veitir, og ennfremur að flugfélagið sé í beinni eigu eða meirihluti hlutabréfa sé í eigu aðila innan EB. Frá þessu má þó víkja í vissum tilvikum. Verði þriðji þátturinn samþykktur sem hluti af EES-samningnum ná reglurnar til alls EES-svæðisins að breyttu breytanda. Til þess að tryggja nauðsynlegan stöðugleika í flugrekstri eru gerðar kröfur um fjárhagsstöðu flugrekenda. Samkvæmt þeim þarf nýtt flugfélag að hafa a.m.k. 100 000 ECU eða rúmlega 7,2 millj. kr. í stofnfé og geta sýnt fram á greiðslugetu fyrir a.m.k. þriggja mánaða rekstur. Önnur flugfélög þurfa hvenær sem er að geta sýnt fram á að þau geti fullnægt öllum fjárhagsskyldum sínum í a.m.k. 12 mánuði.

Lagt er til að sömu reglur gildi um leyfi til áætlunarflugs og leiguflugs og er það gert í því skyni að einfalda reglur um leyfisveitingarnar. Loks eru gerðar miklar kröfur um ýmis tæknileg atriði og þjálfun flugliða. Er óheimilt að veita leyfi nema þessum kröfum sé fullnægt.

Í reglugerðardrögunum um markaðsaðgang er gert ráð fyrir mjög víðtækum heimildum til flugs innan markaðssvæðisins. Er þá miðað við að viðurkennd verði svokölluð þriðju, fjórðu og fimmtu réttindi í flugrekstri og að samkeppni verði heimiluð í innanlandsflugi aðildarríkjanna að vissu marki. Aðildarríki verður þó heimilt að takmarka þátttöku í innanlandsflugi, þar sem notkun opinberra stuðningsaðgerða er talin réttlætast af aðgerðum gegn neikvæðri byggðaþróun. Slíkt skal þó aðeins heimilt að höfðu samráði við önnur aðildarríki og það á ekki við um flug til alþjóðaflugvalla. Varðandi aðgang að innanlandsflugi er gert ráð fyrir að ekki megi mismuna flugfélögum á grundvelli skrásetningarríkis flugfélags innan EES og meginreglan verður sú, að ekki sé unnt að takmarka aðgang að flugrekstri til eða frá innanlandsflugvelli sem um fara meira en 30.000 farþegar á ári. Þetta á við um fjóra flugvelli utan Reykjavíkur og Keflavíkur, en það eru flugvellirnir á Akureyri, í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum og á Ísafirði.

Varðandi verðlagningu á flugi er markmiðið það að gefa verðlagningu frjálsa sem meginreglu frá ársbyrjun 1993. Verður þá stjórnvöldum óheimilt að neita um staðfestingu fargjalda nema bæði ríkin komist að þeirri niðurstöðu, þegar um millilandaflug er að ræða, að verðlagning feli í sér óraunhæft undirboð eða augljóst okur. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu verða þó ýmsar undanþágur frá henni í gildi, en í greinargerð framkvæmdastjórnar EB kemur fram að stefnt sé að því, að frjáls verðlagning sé komin til framkvæmda að fullu í ársbyrjun 1996.

Leiguflug er mjög verulegur hluti af allri loftflutningaþjónustu í EB-ríkjunum. Þar hefur því stefnumörkun í málefnum leiguflugs verið til umfjöllunar og er niðurstaða

framkvæmdastjórnar EB, að sömu reglur skuli gilda um áætlunarflug og leiguflug. Þetta þýðir að sömu reglur gildi um flugfargjöld, markaðsaðgang og flugrekstrarleyfi fyrir öll flugfélög. Þessi stefna myndi láta flugrekendum það eftir að ákveða á viðskiptalegum grunni, hvort þau vilji þjóna markaðnum með leiguflugi eða áætlunarflugi.

Loks er þess að geta að á sl. hausti samþykkti EB nýjar reglur á sviði flugþjónustu til viðbótar reglugerðinni um tæknilega samræmingu. Þessar reglur eru þegar til umræðu á fundum fulltrúa EB og EFTA-ríkja. Hér er um að ræða reglur um þær kröfur sem gera á til flugmanna og nýjar lágmarkskröfur um tæknilega getu flugfélaga á sviði viðhalds og rekstrar.

Í undirbúningi eru reglur EB um hámarksvinnutíma flugáhafna og reglur um úthlutun til flugfélaga á afgreiðslutíma á flugvöllum („slots"-reglur). Þessar reglur eru þáttur í því að skapa sambærilegt rekstrarumhverfi fyrir flugfélögin hvarvetna á markaðssvæðinu.

Um bókun 19
Flutningar á sjó

Í þessari bókun eru ákvæði er varða samskipti EES-ríkja við þriðju lönd og félög í þriðju löndum á sviði flutninga á sjó. Er þar áhersla lögð á samræmingu aðgerða aðildarríkjanna í málefnum er varða stöðu þeirra gagnvart samkeppni í farmflutningum með skipum frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um bókun 20
Aðgangur að skipgengum vatnaleiðum

Í bókun 20 er fjallað um aðgang að skipgengum vatnaleiðum, en flutningar á þeim eru flokkaðir með flutningum á landi. Segir þar m.a. að ráðstafanir til þess að tryggja gagnkvæman, jafnan aðgang að vatnaleiðum innan yfirráðasvæðis samningsaðila fyrir alla samningsaðila skuli gerðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana fyrir 1. janúar 1996, að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem er að finna í tilheyrandi marghliða samningum, og er þar t.d. átt við sérstaka milliríkjasamninga um skipaumferð á fljótunum Rín og Dóná.

Um 48. gr.

Þessi grein inniheldur bann við reglum einstakra aðildarríkja um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka, sem beint og óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum aðildarríkjum en innlendum flutningsaðilum. Reglan svarar til 76. gr. Rómarsamningsins.

Þó er gert ráð fyrir að frávik geti verið frá þessu, en þá skal það tilkynnt öðrum samningsaðilum og geta þeir gripið til mótaðgerða.

Um 49. gr.

Hér er fjallað um opinbera aðstoð við flutningaþjónustu og er reglan í samræmi 77. gr. Rómarsamningsins.

Um 50. gr.

Hér er lagt bann við ákveðinni mismunun á flutningasviði og svarar greinin til 1. mgr. og 4. mgr. 79. gr. Rómarsamningsins.

Um 51. gr.

Í þessari grein er einnig fjallað um mismunun fyrirtækja eða atvinnugreina gagnvart flutningaþjónustu af völdum opinberra aðgerða og svarar greinin til 80. gr. Rómarsamningsins.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um kostnað umfram flutningsgjöld, sem heimilt er að krefja um. Jafnframt skal stefnt að því að draga úr slíkum kostnaði.

Um IV. hluta
Samkeppnisreglur og aðrar reglur

Um 1. kafla
Reglur um fyrirtæki

Eitt megin markmið EES-samningsins er að skapa jöfn samkeppnisskilyrði á öllu Evrópska efnahagssvæðinu sbr. 1. gr. samningsins. Í EES-samningnum fjalla 53.-60. gr. um samkeppnismál og fela 53. gr. og 54. gr. í sér helstu efnisreglurnar. Reglurnar gilda í framkvæmd aðeins um stór fyrirtæki þegar athafnir þeirra fela í sér samkeppnishömlur sem hafa eða geta haft áhrif á viðskipti milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Samkeppnisreglur hvers lands fyrir sig gilda því áfram um viðskipti sem aðeins hafa áhrif innan landamæra viðkomandi lands. Eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglna EES verður í höndum framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA og fer skipulag málanna eftir því hvar áhrif viðskiptanna koma fram. Reglur um eftirlit með samkeppnisreglum EES er að finna í 108.-110. gr. samningsins og í samningi EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól.

Um 53. gr.

Samkvæmt þessari grein eru samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir um verð, framleiðslutakmarkanir, fjárfestingatakmarkanir, markaðsskiptingu o.fl. bannaðar. Þrjár forsendur þurfa þó að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að framfylgja bönnunum.

Í fyrsta lagi þurfa að vera fyrir hendi samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir á milli fyrirtækja. Þegjandi samkomulag er nóg í þessu sambandi þegar augljóslega er um samstilltar aðgerðir að ræða.

Í öðru lagi þurfa aðgerðirnar að geta haft áhrif á viðskipti á milli aðildarlandanna. Í framkvæmd er reglunum aðeins beitt á samkeppnishömlur sem hafa afgerandi áhrif á milliríkjaviðskipti eða sem kunna að hafa slík áhrif.

Þriðja forsendan er að aðgerðirnar þurfa að hafa að markmiði eða leiða til þess að samkeppni innan hins sameiginlega markaðar skerðist. Til þess að skera úr um það er nauðsynlegt að afmarka sérstaklega þann markað þar sem áhrifa samkeppnishamlanna gætir í hverju tilviki, þ.e.a.s þann markað sem máli skiptir í einstökum málum. Þar er bæði um að ræða vörumarkaðinn þar sem litið er á innbyrðis staðgengi varanna og hinn landfræðilega markað. Verður nánar vikið að þessum hugtökum hér á eftir.

Þrátt fyrir að 53. gr. feli í sér víðtæk bönn eru ekki allir samningar sem fela í sér samkeppnishömlur bannaðir. Nefna má s.k. minniháttarreglu (rule de minimis - bagatel-regla), sem felur í sér að samningar, sem ná til innan við 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU (um 15 milljarðar kr.), eru undanþegnir þessu bannákvæði. Skilyrði fyrir undanþágum er að báðar forsendurnar séu uppfylltar.

Fyrir utan minniháttarregluna eru í 53. gr. heimildir til þess að veita aðrar undanþágur frá hinum ströngu bannákvæðum þegar sýnt þykir að jákvæð áhrif samkeppnishamla séu meiri en hin neikvæðu. Þetta gildir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir stuðla að

bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilega og efnahagslega framþróun en það er algjört skilyrði að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í því sem ávinnst. Undanþágurnar eru yfirleitt bundnar einstökum tilvikum en einnig eru undanþágur fyrir ákveðna flokka samninga, sbr. XIV. viðauki.

Um 54. gr.

Bann við misbeitingu á markaðsráðandi stöðu

Samkvæmt þessari grein er markaðsráðandi fyrirtækjum bannað að misnota aðstöðu sína með því t.d. að ákvarða ósanngjarnt verð, takmarka framleiðslu, markaðs- eða tækniþróun til skaða fyrir neytendur, mismuna viðskiptavinum o.fl. Regla þessi á aðeins við ef misbeitingin hefur áhrif á viðskipti á milli aðildarríkjanna. Ákvæði 54. gr. eiga bæði við fyrirtæki sem hefur markaðsráðandi stöðu og einnig til fyrirtækja sem með samstarfi ná markaðsráðandi stöðu. Afmörkun á þeim markaði sem skiptir máli hverju sinni bæði út frá innri staðgengi varanna og út frá landfræðilegum sjónarmiðum ræður úrslitum um túlkun hugtaksins markaðsráðandi staða.

Vörumarkaðurinn

EB byggir mat sitt á staðgengi vara fyrst og fremst á hlutlausum forsendum sem hægt er að tengja beint við sjálfa vöruna, eins og einkenni hennar, verð og notkun. Í reynd hefur þó einnig verið tekið tillit til annarra aðstæðna á markaðnum. Þannig hafa líkar vörur sem höfða til mismunandi hópa neytenda verið taldar tilheyra ólíkum mörkuðum. Almennt má segja að það verður að vera töluvert mikið staðgengi fyrir hendi til þess að vörur teljist tilheyra sama markaði. Í dómi EB-dómstólsins í máli United Brand-fyrirtækisins voru t.d. bananar taldir tilheyra sérmarkaði þó að aðrir ávextir hafi að vissu marki verið taldir geta komið í stað banana. Bananar og aðrir ávextir voru sem sagt ekki taldir vera í beinni samkeppni. Í svokölluðu Philip Morris-máli var litið svo á að sígarettur væru sérstakur markaður aðskilinn frá markaði fyrir vindla, pípur o.s.frv. Almennt er því matið á umfangi vörumarkaðarins þröngt hjá EB.

Landfræðilegi markaðurinn

Almennt mætti gera ráð fyrir að auðveldara væri að afmarka hinn landfræðilega markað sem máli skiptir en vörumarkaðinn. Í EB-rétti er gert ráð fyrir að landfræðilegi markaðurinn nái til verulegs hluta af hinum sameiginlega markaði. Skilgreining á hugtakinu „verulegur hluti hins sameiginlega markaðar" hefur verið mjög teygjanleg og virðist í reynd geta átt við smæstu markaði, svo framarlega sem þeir eru álitnir sérstakir afmarkaðir samkeppnismarkaðir. Það er hugsanlegt að þrátt fyrir smæð íslenska markaðarins verði hann í ýmsum tilvikum skilgreindur sem sérstakur landfræðilegur markaður vegna einangrunar hans frá öðrum mörkuðum.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 10.07.1980, mál 37/79, Marty/Lauder, B 1980, bls. 2481)
(DEB, 14.07.1972, mál 48/69, Imperial Chemical Industries, B 1972, bls. 619)
(DEB, 16.12.1975, mál 40-48/50, 54-56/111, 113-114/73, Suiker Unie, B 1975, bls. 1663)
(DEB, 25.11.1971, mál 22/71, Béguelin, B 1971, bls. 949)
(DEB, 22.06.1973, mál 48/72, „Haecht II" B 1973, bls. 77)

(DEB, 27.01.1987, mál 45/85, Verband der Sachversicherer, B 1987, bls. 405)
(DEB, 14.07.1981, mál 172/80, Züchner, B 1981, bls. 2021)
(DEB, 20.06.1966, mál 56/65, Société Technique Miniére, B 1966, bls. 281)
(DEB, 06.04.1962, mál 13/61, Bosch, B 1962, bls. 93)

Markaðsyfirráð

Í United Brand-málinu (bananamálinu) gaf EB-dómstóllinn út eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu yfirburðastaða eða markaðsyfirráð: „Það er sú staða þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að fyrirtækinu er kleift að hindra virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til samkeppnisaðila, viðskiptavina og neytenda." Innan EB hefur verið miðað við þá meginreglu að markaðshlutdeild undir 40% feli ekki í sér markaðsyfirráð. Ítrekað skal að markaðsyfirráð sem slík eru ekki bönnuð, heldur misbeiting þeirra.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 14.07.1981, mál 172/80, Züchner, B 1981, bls. 2021)
(DEB, 10.07.1980, mál 37/79, Marty/Lauder, B 1980, bls. 2491)
(DEB, mál 27/76, „Chiquita-bananar", B 1978, bls. 207)
Við 53.-54. gr.:
(DEB, 17.10.1989, mál 97-99/87, „Dow Chemical", B 1989, bls. 3165)
(DEB, 21.09.1989, mál 46/87 og 227/88 Hoechst, B 1989 ıs. 2859)
(DEB, 20.03.1985, mál 41/83, Ítalía, misnotkun yfirburða á markaði, B 1985, bls. 873)
(DEB, 03.10.1985, mál 311/84, Télémarketing (CBEN), B 1983, bls. 3261)
(DEB, 05.10.1988, mál 247/86, Alsatel/Novanianu, B 1988, bls. 5987)
(DEB, 13.02.1969, mál 14/69, Walt Wilhelm, B 1969, bls. 1)

Um 55. gr.

Hér er kveðið á um að framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA (ESE) skuli tryggja framkvæmd meginreglnanna sem felast í 53.-54. gr. og úrskurða um brot á þeim.

Fyrir flestar tegundir samkeppnismála hafa verið settar reglur um framkvæmd eftirlits, sbr. reglur í bókun 21 og XIV. viðauka. Þær almennu reglur sem settar eru fram um framkvæmd eftirlitsins í 55. gr. eiga við þegar sérstakar reglur hafa ekki verið ákveðnar á því sviði.

ESE er skylt að framkvæma rannsóknir á meintum brotum í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við framkvæmdastjórn EB. Á sama hátt skal framkvæmdastjórn EB hafa samvinnu við eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi stjórnvöld.

Um bókun 21
Framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

Í bókun 21 skuldbinda EFTA-ríkin sig til að fela eftirlitsstofnun EFTA, í sérstökum samningi á milli EFTA-ríkjanna, sambærilegt valdsvið og framkvæmdastjórn EB á sviði samkeppnisreglna til tryggingar á framkvæmd þeirra meginreglna sem EES-samningurinn kveður á um. Einnig skuldbindur EB sig til að setja ákvæði sem tryggi framkvæmd á samkeppnisreglum EES-samningsins.

Í bókuninni eru jafnframt settar fram nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins á sviði samkeppnisreglna.

Um XIV. viðauka
Samkeppni

Í viðaukanum er getið um 15 bindandi gerðir á sviði samkeppnismála. Meginreglunum sem þar koma fram er lýst í athugasemdum hér á undan.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd á 53.-54. gr. og hvernig framkvæmdastjórn EB og ESE skulu skipta á milli sín þeim málum sem koma til umfjöllunar hjá þeim.

Eftirlit samkvæmt þessari grein og 57. gr. beinist að fyrirtækjum. Við skiptingu á valdsviði og eftirlitsstörfum eftirlitsstofnananna, ESE og framkvæmdastjórn EB, skiptir ekki máli hvar fyrirtækið á heimili heldur er skipting mála miðuð við hvar áhrifa þeirra viðskipta sem fela í sér samkeppnishömlur gætir. Með tilliti til réttaröryggis fyrirtækja og til að koma í veg fyrir að mál séu til rannsóknar á tveimur stöðum í einu miðast reglurnar um skiptinguna við að mál geti aðeins heyrt undir aðra hvora stofnunina.

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um mál sem aðeins snerta viðskipti á milli EFTA-ríkjanna. Mál sem einungis hafa áhrif á viðskipti á milli EB-ríkja falla undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB.

Svokölluð blönduð mál sem hafa áhrif á viðskipti bæði á meðal EFTA-ríkjanna og EB falla undir eftirlitsstofnun EFTA ef þau hafa áhrif á viðskipti á milli EFTA-ríkjanna og eins EB-ríkis, en þó aðeins að því gefnu að velta fyrirtækjanna á EFTA-svæðinu sé minnst einn þriðji hluti af veltunni á öllu EES. Einnig falla undir eftirlitsstofnun EFTA öll blönduð mál sem ekki hafa umtalsverð áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna. Öll önnur blönduð mál verða undir eftirliti framkvæmdastjórnar EB.

Um bókun 22
Skilgreining á „fyrirtæki" og „veltu" (56. gr.)

Í bókuninni er að finna skilgreiningar á „fyrirtæki" og „veltu" og hvernig hún reiknast.

Um 57. gr.

Eftirlit með samruna fyrirtækja

Það er náið samband á milli misbeitingar á markaðsráðandi stöðu og eftirlits með samruna fyrirtækja. En það er ekki fyrr en á síðustu árum sem athyglin í Vestur-Evrópu hefur beinst að því að setja á sérstakar samrunareglur. EB tók upp samrunareglur á árinu 1989. Samkvæmt 57. gr. taka samrunareglur EES aðeins til samruna sem fer yfir ákveðna veltutölu. Þannig þarf velta þeirra fyrirtækja sem hyggjast sameinast að vera yfir 5 milljarðar ECU (370 milljarðar kr.) í öllum heiminum og a.m.k. tvö af fyrirtækjunum þurfa að selja fyrir 250 milljónir ECU (18 milljarða kr.) innan Evrópska efnahagssvæðisins til þess að samruninn falli undir reglur þess. Þessi mörk eru mjög há og er því mjög ólíklegt að þessi grein muni hafa áhrif á íslensk fyrirtæki.

Um 58. gr.

Samvinna eftirlitsstofnana

Í þessari grein er kveðið á um að framkvæmdastjórn EB og ESE og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skuli hafa með sér nána samvinnu um túlkun og samræmt eftirlit með samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Bókanir 23 og 24 fjalla um nánari reglur fyrir samstarf stofnanna. Sjá nánar umfjöllun um samstarf eftirlitsstofnana í athugasemdum við samning EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:

(DEB, 21.09.1989, mál 46/87 og 227/88, Hoechst, B 1989, bls. 2859)

Um bókun 23
Samvinna milli eftirlitsstofnana (58. gr.)

Sjá athugasemdir við 58. gr.

Um bókun 24
Samvinna varðandi eftirlit með samfylkingum

Sjá athugasemdir við 58. gr.

Um 59. gr.

Opinber fyrirtæki

Í 59. gr. er kveðið á um að opinber fyrirtæki eða fyrirtæki með einkaleyfi eða sérleyfi skuli aðlaga sig samkeppnisreglum EES.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, mál 10/71, ríkissaksóknari Lúxemborgar gegn Mutter, B 1971, bls. 738)

(DEB, mál 6 og 7/73, Commercial Solvents, B 1974, bls. 223)

Um 60. gr.

Í 60. gr. er vísað til XIV. viðauka við samninginn sem felur í sér ákvæði um nánari framkvæmd á þeim reglum sem eru í 53., 57. og 59. gr. Í XIV. viðauka eru m.a. reglur um undanþágur flokka fyrirtækja á samkeppnissviðinu.

Um 2. kafla
Ríkisaðstoð

Í samningnum er miðað við að reglur um ríkisstyrki hafi ekki áhrif á samkeppni fyrirtækja í viðskiptum milli aðildarríkja. Meginreglan er sú að allir opinberir styrkir sem hefta samkeppni með því að mismuna fyrirtækjum eða framleiðsluvörum teljast ósamrýmanlegir framkvæmd samningsins svo framarlega sem þeir hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja. Undanþágum frá þessari reglu má skipta í tvennt. Annars vegar eru styrkir sem alltaf samrýmast framkvæmd samningsins, s.s. félagslegir styrkir til einstaklinga og styrkir til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða sérstakra atburða.

Hins vegar eru styrkir sem geta samrýmst framkvæmd samningsins, s.s. styrkir til að efla atvinnuþróun og stuðla að efnahagslegum framgangi á svæðum þar sem lífskjör eru slæm, styrkir sem efla sameiginlega hagsmuni aðildarríkja eða bæta úr alvarlegri röskun á efnahagslífi. Ráðherraráð og framkvæmdastjórn EB hafa sett nánari reglur um framkvæmd þessarar stefnu og eru þær lagðar til grundvallar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Skilgreining á ríkisstyrkjum nær yfir bein fjárframlög, ábyrgðir og skattaívilnanir, auk trygginga og niðurgreiðslu lánskjara frá markaðskjörum, og á jafnt við styrki veitta af ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu opinberra aðila að hluta til eða öllu leyti.

Samningurinn kveður á um að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins annars vegar og eftirlitsstofnun EFTA hins vegar fylgist stöðugt með öllum ríkisstyrkjum sem veittir eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðildarríki hafa upplýsingaskyldu gagnvart þessum eftirlitsstofnunum og þurfa að tilkynna fyrirfram og fá samþykki fyrir áætlunum sínum um veitingu ríkisstyrkja. Eftirlitsstofnanirnar skulu tryggja að styrkir séu í samræmi við samningsákvæði og útfærslu þeirra í XV. viðauka. Til að tryggja enn frekar samræmda framkvæmd beggja eftirlitsstofnana á umsóknum og eftirliti með veitingu ríkisstyrkja í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þá er í sérstakri bókun kveðið nánar á um samvinnu þeirra í milli.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun leiða til umtalsverðrar kerfisbreytingar hér á landi, bæði hvað snertir framkvæmd og form ríkisstyrkja. Styrkir til fyrirtækja og atvinnuvega eru hlutfallslega lágir hér á landi ef tekið er mið af öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þess vegna verður ekki um mikla breytingu að ræða varðandi opinberar styrkveitingar. En vegna hinnar almennu bannreglu við ríkisstyrkjum, reglunum um tilkynningu, samþykkt og eftirlit með styrkveitingum í „undanþágutilvikum", verður framkvæmd styrkveitinga að breytast í veigamiklum atriðum hér á landi. Í því efni skal nefna þrjú atriði: áætlanir um styrkveitingar, gegnsæi styrkja og söfnun upplýsinga um styrkveitingar og áhrif þeirra.

Við gildistöku samnings um Evrópska efnahagssvæðið mun eftirlitsstofnun EFTA safna upplýsingum um gildandi áætlanir um styrkveitingar í EFTA-ríkjunum. Þegar einstök ríki óska samþykktar stofnunarinnar fyrir nýjum styrkveitingum, skulu þær vera í formi áætlana, en ekki upplýsingar um styrki til einstakra verkefna eða fyrirtækja. Þannig leggja ríkin fram áætlun um veitingu byggðastyrkja, styrkja til rannsóknar- og þróunarverkefna, til einstakra atvinnugreina, umhverfisverndar o.fl. á tilteknu tímabili. Fram koma helstu markmið, umfang styrkja, hvers konar verkefni fái notið þeirra o.s.frv. Að fengnu samþykki eftirlitsstofnunar þurfa ríkin síðan að gera nákvæma grein fyrir framkvæmd styrkáætlana. Í XV. viðauka er gerð grein fyrir þeim kröfum sem báðar eftirlitsstofnanirnar, ESE og framkvæmdastjórn EB, gera til styrkáætlana á einstökum sviðum til þess að þær hljóti samþykki. Á það t.d. við um gegnsæi styrkja, þ.e. að augljóst sé með hvaða hætti styrkir séu veittir og einfalt að áætla upphæðir styrkja.

Ef einstök ríki veita ríkisstyrki án samþykktar eftirlitsstofnunar, þá getur hún krafist þess að styrkþegar endurgreiði styrkveitingar og skal viðkomandi ríki framfylgja þeirri ákvörðun.

Um 61. gr.

Grein þessi endurspeglar orðalag 92. greinar Rómarsamningsins og setur almennt bann við ríkisaðstoð sem raskar samkeppni og áhrif hefur á milliríkjaviðskipti. Tilgreindar eru undanþágur, vegna félagslegra aðstæðna, náttúruhamfara o.s.frv., sbr. athugasemdir við 2. kafla. Í sameiginlegri yfirlýsingu um c-lið 3. mgr. taka samningsaðilar fram að einnig skuli tekið tillit til strjálbýlis þegar athugað er hvort ríkisaðstoð eigi rétt á sér. Sameiginlega EES-nefndin getur ævinlega úrskurðað aðstoð samrýmanlega samningum á stjórnmálalegum forsendum, sbr. d-lið 3. mgr.

Tilgangur þessarar greinar er sem fyrr að tryggja sem jöfnust samkeppnisskilyrði og sem greiðust viðskipti. Ríkisstyrkir geta í raun haft sömu áhrif og tollar, þ.e. skekkt samkeppnisstöðu jafnmikið. Hins vegar er viðurkennt að þeir geti átt rétt á sér í vissum tilfellum. Fyrsta málsgrein skilgreinir ekki „hvers kyns aðstoð sem ríki veitir", en túlkun hefur skýrst í áranna rás í meðferð EB-dómstólsins. Þar hefur verið áréttað að ekki er aðeins um beinar greiðslur að ræða heldur einnig afslætti, fríðindi eða undanþágur frá gjöldum sem vanalega eru innheimt. Allar aðgerðir ríkisins til styrktar fyrirtæki sem hafa í för með sér útgjöld eða tekjutap fyrir ríkið geta flokkast undir ríkisaðstoð, jafnvel þótt fyrirtækið greiði fyrir að hluta. Hið sama gildir um aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem ríkið hefur stofnað til og fjármagnar, jafnvel þó þeir séu reknir sjálfstætt. Ríkisaðstoð getur verið í formi beinna framlaga, skattafsláttar, lána á vildarkjörum, undanþágu frá launatengdum gjöldum, hagstæðra kjara við innkaup, afhendingu bygginga eða lóða undir markaðsverði, lánatrygginga eða tekjutryggingar. Í vissum tilfellum getur hugtakið einnig náð til beinna greiðslna til stofnana tiltekinnar iðngreinar. Einnig hefur verið viðurkennt að hlutabréfakaup ríkisins í fyrirtækjum geta í vissum tilfellum talist ríkisaðstoð. Öll aðstoð sem er almenns eðlis og beinist ekki að tilteknum fyrirtækjum er undanþegin ákvæðum greinarinnar. Greinin á hins vegar jafnt við um ríkisfyrirtæki sem einkafyrirtæki.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, 23.02.61, mál 30/59, De Gezamenlijke Steenkolenmijnen, B 1961, bls. 3)
(DEB, 09.07.69. mál 5/69, Völk-Vervaecke. B 1969, bls. 295)
(DEB, 10.12.69, mál 6 og 11/69, Taux de réescompte préférentiel á l´exportation, B 1969, bls. 523)
(DEB, 25.06.70, mál 47/69, Taxe parafiscale appliquée aux produits textiles en France, B 1970, bls. 487)
(DEB, 19.06.73, mál 77/72, Capolongo, B 1973, bls. 611)
(DEB, 12.07.73, mál 70/72, Aides á la reconversion des région miniéres, B 1973, bls.813)
(DEB, 11.12.73, mál 120/73, Lorenz, B 1973, bls. 1471)
(DEB, 02.07.74, mál 173/73, Allocation familiales dans le secteur textile, B 1974, bls. 709)
(DEB, 22.03.77, mál 78/76, Steinike, B 1977, bls. 595)
(DEB, 21.05.77, mál 31/77 R og 53/77 R, Ordonnance, B 1977, bls. 921)
(DEB, 17.09.80, mál 730/79, Philip Morris, B 1980, bls. 2671)
(DEB, 14.11.84, mál 323/82, Intermills, B 1984, bls. 3809)
(DEB, 13.03.85, mál 296 og 318/82, Aide dans le secteur de la transformation du carton, B 1985, bls. 809)
(DEB, 07.05.85, mál 18/84, Avantages fiscaux pour la presse, B 1985, bls. 1339)

(DEB, 15.01.86, mál 52/84, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 89)
(DEB, 10.07.86, mál 234/84, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 2263)
(DEB, 10.07.86, mál 40/85, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 2321)
(DEB, 24.02.87, mál 310/85, Deufil, B 1987, bls. 901)

Um 62. gr.

Hér er kveðið á um framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð innan EB og EFTA. EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum haft eftirlit með ríkisstyrkjum með þeim hætti að þeir hafa verið tilkynntir og ræddir á sérfræðingafundum. Skamkvæmt stofnskrá Stokkhólmssamningsins er og hægt að taka meirihlutaákvörðun um það innan EFTA-ráðsins að grípa til aðgerða gegn ríki sem misnotar útflutningsstyrki. Innan EFTA hefur einnig verið bönnuð ríkisaðstoð við sjávarútveg.

Reglur EFTA hafa þróast í sömu átt og reglur EB en ekki verið eins víðtækar né skýrar. Einnig skorti lengi skilvirkt eftirlitskerfi þó samþykkt hafi verið árið 1989 að koma því á fót. Með samningi þessum skuldbinda EFTA-ríkin sig til að koma á sambærilegu eftirliti með ríkisstyrkjum og er við líði innan EB. Sjá nánari umfjöllun í athugasemdum við bókun 3 við EES-samninginn.

Sjá einnig dómatilvísanir við 61. grein.

Um bókun 26
Valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA
á sviði ríkisaðstoðar

Bókunin kveður á um skuldbindingu EFTA-ríkjanna að fela með samningi sín á milli eftirlitsstofnun EFTA sams konar eftirlitsvald á sviði ríkissaðstoðar og framkvæmdastjórn EB hefur innan EB. Sjá 24. gr. ESE-samningsins og bókun 3 við sama samning.

Um bókun 27
Samvinna á sviði ríkisaðstoðar

Hér er vísað til athugasemda við ESE-samninginn.

Um 63. gr.

Hér er vísað til XV. viðauka.

Um XV. viðauka
Ríkisaðstoð

Í viðauka þessum er aðeins tilgreind ein bindandi gerð, tilskipun sem leggur aðildarríkjum þá skyldu á herðar að veita upplýsingar um fjármálatengsl aðildarríkja og opinberra fyrirtækja. Eftirlitsaðilum innan EES, þ.e.a.s. Framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA er hins vegar gert að taka tilhlýðilegt tillit til nokkurra annarra.

Eins og kunnugt er rekur EB umfangsmikla byggðastefnu sem kostuð er úr sameiginlegum sjóðum. Framlög vegna hennar eru undanþegin ákvæðum um bann við ríkisaðstoð. Aðstoðaraðgerðir einstakra ríkja ber að tilkynna og hefur innan EB verið talið

að aðstoð til svæðis eigi alla jafnan rétt á sér þegar tekjur íbúa eru innan við 75% af meðaltekjum EB-íbúa. Einnig hefur ríkjum verið heimilað að aðstoða einstök héröð ef atvinnuleysi er þar mun meira en í landinu öllu eða fátækt meiri.

Sérstakar reglur gilda innan EB um aðstoð til skipasmíða. Þar er heimiluð ríkisaðstoð sem nemur allt að 9% kostnaðar fyrir stærri verkefni en 4,5% fyrir þau smærri. Þó er aðstoð sem leiðir til aukinnar skipasmíðaaðstöðu bönnuð. Meiri aðstoð er heimiluð ef skipið er flutt út frá EB. Ekki náðist samkomulag um að taka upp sameiginlegar reglur um aðstoð við skipasmíðar innan EES, en í yfirlýsingu er tekið fram að stefnt sé að því fyrir árslok 1993, þegar 7. tilskipun EB um aðstoð til skipasmíða rennur út.

Sérstakar reglur gilda og um aðstoð til bílaiðnaðar, textílframleiðslu, kol- og stálframleiðslu vegna samdráttar í þessum greinum.

Heimilað hefur verið að fjármagna allt að 50% kostnaðar við rannsóknir og þróun. Einnig hefur ekki verið amast við aðstoð við fyrirtæki sem færri en 150 vinna hjá og þar sem árleg velta er minni en 1.100 millj. kr. ef tilgangurinn er að skapa atvinnutækifæri eða ef hvert fyrirtæki fær minna en 15 millj. kr. í sinn hlut.

Innan EB hefur og tíðkast að veita undanþágur ef verkefnið er talið vera í þágu allra EB-ríkja. Með sameiginlegri yfirlýsingu er tekið fram að samningsaðilar skuli taka tillit hver til annars við beitingu slíkra undanþágna.

Um 64. gr.

Grein þessi kveður á um það hvernig bregðast eigi við ef önnur hvor eftirlitsstofnunin slær slöku við að mati hinnar. Þá er efnt til viðræðna. Ef þær eru árangurslausar er gripið til bráðabirgðaráðstafana og máli vísað til sameiginlegu EES nefndarinnar. Ef engin lausn fæst þar geta ráðstafanirnar orðið viðvarandi.

Oftast gæti slíkt misræmi stafað af því að samningsaðilar túlka samninginn á mismunandi hátt en eins og kunnugt er nú enginn sameiginlegur úrskurðaraðili í slíkum tilfellum.

Minnt er á að skv. 2. mgr. 109. gr. er tekið fram að stofnanirnar skuli hafa samstarf sín á milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál. Ekki er því gert ráð fyrir því að mismunandi túlkunarheföir geti náð að þróast.

Umfang þeirra ráðstafana sem minnst er á takmarkast af almennum reglum samningsins um að sem minnst beri að raska framkvæmd hans og frjálsum viðskiptum.

Um 3. kafla
Aðrar sameiginlegar reglur

Um 65. gr.

Í 1. mgr. er vísað til XVI. viðauka um opinber innkaup.

Um XVI. viðauka
Opinber innkaup

Samkomulag um opinber innkaup á Evrópumarkaði miðar að því að tryggja aukna alþjóðlega samkeppni á markaði opinberra innkaupa. Samkomulagið felur í sér ítarlegar reglur um það hvernig þeir aðilar sem tilgreindir eru eiga að haga útboðum vegna opinberra innkaupa og samþykkja tilboð. Skamkvæmt samningnum eiga lög, reglugerðir, framkvæmdareglur og venjur varðandi opinber innkaup að vera skýr og tryggja að innlend framleiðsla eða seljendur sé ekki vernduð eða gert upp á milli erlendrar framleiðslu og innlendrar.

Núverandi opinbert innkaupakerfi á Íslandi

Um opinber innkaup gilda í dag lög nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir og lög nr. 57/1987 um opinber innkaup, ennfremur reglugerð nr. 189/1988 um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda og hagkvæmni við verkframkvæmdir.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið. Það er meginregla í lögunum að bjóða út kaup á vörum og þjónustu og verkframkvæmdir.

Í meginatriðum eru útboðsaðferðir, meðferð tilboða og val svipað og í þeirri reglu sem tíðkast í GATT og þeim reglum sem gilda hjá EB.

Innkaupastofnun ríkisins er falið að annast útboð, vörukaup og verksamninga fyrir ríkisstofnanir, nema ráðherra feli eða heimili ríkisstofnunum að annast eigin viðskipti. Hefur það verið gert í nokkrum tilfellum í sambandi við verkframkvæmdir, t.d. Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnamálastofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Póst- og símamálastofnun og Flugmálastjórn. Þá hefur og Landsvirkjun annast eigin viðskipti á þessu sviði. Ekki eru ákvæði í þessum lögum eða reglugerðum um lágmarksverðmæti þess sem skylt er að bjóða út á opinberum markaði eða um lágmarksútboðstíma.

Í verkútboðum er mikið stuðst við staðalinn ÍST 30 og þær reglur sem þar eru tilgreindar.

Reykjavíkurborg rekur eigin innkaupastofnun sem annast innkaup og verkútboð fyrir borgina og er eina sveitarfélagið sem rekur sérstaka innkaupastofnun. Önnur sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum falið Innkaupastofnun ríkisins að annast meiriháttar innkaup fyrir sig. Í EB- reglum er opinberum innkaupum skipt í fjóra þætti:

i. Opinber vörukaup

Hjá EB eru vörukaup fyrir ríkisstofnanir og sveitarfélög yfir verðmæti 130 þús. ECU, eða um 10 millj. kr. án virðisaukaskatts, boðin út á Evrópumarkaði samkvæmt sérstökum lista og tilgreindum reglum um útboðsaðferðir og val tilboða. Um ýmsar aðrar vörutegundir gilda verðmætismörk yfir 200 þús. ECU eða um 15 millj. kr. Ekki verður séð að þær meginreglur sem Evrópubandalagið hefur í gildi stangist í grundvallaratriðum á við íslensk lög og venjur, en reglurnar eru og nákvæmari um einstök útfærsluatriði en í íslenskum lögum og reglugerð.

Enginn vafi er á því að verulegur fjöldi vörukaupaútboða fyrir ríkisstofnanir hér á landi eru yfir þeim mörkum, sem hér að framan eru talin. Hins vegar munu vera fá tilfelli yfir mörkum hjá sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg.

ii. Opinberir verksamningar

Annar þáttur opinberra innkaupa hjá EB eru opinber verkútboð og verksamningar. Þar er gert ráð fyrir í meginatriðum sams konar útboðsaðferðum og við opinber vörukaup, en þar er lágmarksútboðsverðmæti 5 millj. ECU eða 375 millj. kr. Verðmæti miðast við heildarverkið, það er að segja hönnun, vinnu og helstu vörukaup.

Aðföng sem nauðsynleg eru við framkvæmdir og samningsaðilar hafa látið verktaka í té teljast innifalin í lágmarksútboðsverðmæti.

iii. Útboð vegna opinberra rekstrarfyrirtækja (orkusala, Póstur og sími, vatnsveitur og flutningar)

Um þennan þátt gilda í meginatriðum sömu reglur og um opinbera verksamninga, verðmæti lágmarksútboðs er 5 millj. ECU eða 375 millj. kr. og vörukaup skal bjóða út ef verðmæti er yfir 400 þús. ECU eða um 30 millj. kr. nema hjá Pósti- og síma. Þar er lágmark vörukaupa 600 þús. ECU eða um 45 millj. kr.

iv. Opinber innkaup á þjónustu

Tilskipun um það efni er enn í vinnslu hjá EB og því ekki hluti af EES-samkomulaginu.

Sameiginleg atriði

Eftirtalin atriði eru sameiginleg fyrir alla 4 innkaupaflokka á EES-svæðinu:

1. Strangar reglur gilda um auglýsingar og meðferð útboða og val bjóðenda. Útboðum er skipt í flokka, m.a. almenn útboð, sem er öllum opið og lokuð útboð, þar sem útboðslýsing er gerð í samráði við 1 eða 2 aðila og um fáa framleiðendur eða bjóðendur að ræða.
2. Allar auglýsingar skulu birtast í Stjórnartíðindum EB, í sérstakri EES-deild, og eru á kostnað bandalagsins. Óheimilt að auglýsa í heimalandi fyrr en auglýsing hefur verið send til Stjórnartíðinda EB.
3. Útboðstími er nákvæmlega skilgreindur í hverju tilfelli og er langur miðað við það sem tíðkast hefur á Íslandi.
4. Sérstakir aðilar á vegum EB úrskurða innan EB eða fjalla um ágreiningsmál er varða gerð útboðslýsinga og val bjóðenda. Á EES-svæðinu skiptist eftirlit milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitstofnunar EFTA.
5. Lögð er áhersla á Evrópustaðla við gerð útboðslýsinga.
6. Lögð er rík áhersla á að öll aðildarríki fari eftir tilskipunum og reglugerðum, en einstaka EB og EFTA-ríki hafa fengið lengdan aðlögunartíma eftir 1992.
7. Mikil upplýsingaskylda hvílir á þátttökuþjóðum hvað varðar öll opinber innkaup og skulu upplýsingar sendar til framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.
8. Verðmætismörk í útboðum eru endurskoðuð annað hvort ár.

Væntanlegar breytingar á Íslandi

Af framangreindu má ályktа að eftirfarandi aðgerða sé þörf hér á landi:

1. Breyting á lögum eða reglugerðum um opinber innkaup til samræmis við Evrópumarkaðinn, þar með talið að skylda sveitarfélög til að efna til opinberra útboða samkvæmt reglum á Evrópumarkaði.
2. Einni opinberri stofnun sé falið að annast öll opinber samskipti hvað varðar upplýsingar og framkvæmd opinberra útboða á Evrópumarkaði. Jafnframt sé þeirri stofnun falið að vera öðrum opinberum stofnunum ríkis og sveitarfélaga til ráðuneytis við gerð útboðslýsinga og túlkun og framkvæmd þeirra reglna sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Sennilega þarf að efla þýðingamiðstöð til að annast þýðingar á útboðslýsingum og öðrum gögnum sem snerta þetta mál, en væntanlega mun kostnaður við þýðingar á útboðsgögnum aukast eitthvað. Einnig er möguleiki á því að sameiginleg þýðingamiðstöð starfi á einum stað í Evrópu.

Lokaorð

Um langt skeið hefur verið fyrir hendi opinn alþjóðlegur útboðsmarkaður hér á landi við opinber innkaup, bæði hvað varðar vörur og meiri háttar verkkaup. Með aðild að EES er því ekki um verulega grundvallarbreytingu að ræða hvað varðar samkeppnisaðstæður eða samkeppnisreglur. Samkeppnisávinningur er óviss vegna þess hve útboð eru nú þegar opin og á alþjóðamörkuðum, en væntanlega kemur hann fram í aukinni þátttöku bjóðenda. Hins vegar aukast möguleikar innlendra framleiðenda og verktaka vegna upplýsingaflæðis hingað til lands um opinber innkaup í öðrum aðildarríkjum.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 31.10.1974, mál 15/74, Centrafarm, B 1974, bls. 1147)
(DEB, 08.06.1971, mál 78/70, Deutsche Grammophon, B 1971, bls. 487)

Um 2. mgr. 65. greinar

Hér er vísað til bókunar 28 og XVII. viðauka

Um bókun 28
Hugverk

Um 1. gr. bókunar 28

Ákvæði samningsins hagga ekki þeirri vernd sem þegar er veitt með núgildandi höfundarlögum.

Nánari ákvæði um þær gerðir sem falla undir bókun 28 eru í XVII. viðauka. Þessar gerðir eru á sviði höfundarréttar:

Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit og að sínu leyti einnig tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása, en slík vernd er sérstaks eðlis og byggist í flestum ríkjum á sérstakri löggjöf.

Tillögur liggja fyrir um tilmæli um leigu, lán og viss réttindi höfundaréttar (COM (90) 586 final-SYN 319) og ennfremur tilmæli sem lúta að skuldbindingu til að gerast aðilar að alþjóðasáttmálum á þessu sviði (COM (90) 582 final-SYN 318).

Höfundaréttarleg vernd í öllum ríkjum Evrópu grundvallast á alþjóðlegum sáttmálum á þessu sviði, þ.e. Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og alþjóðlega höfundarréttarsáttmálanum. Því er inntak verndar nánast hið sama í þessum ríkjum.

Um vernd tölvuforrita verður sérstaklega vikið í greinargerð með XVII. viðauka.

Um 2. gr. bókunar 28

Tæming réttinda á sviði hugverkaréttar innan Evrópubandalagsins byggist á þeirri meginreglu að handhafi höfundarréttar, eða hugverkaréttar almennt, að hugverki, sem nýtur verndar samkvæmt löggjöf aðildarríkis, megi ekki beita þeirri löggjöf til þess að koma í veg fyrir innflutning hugverksins, hafi það með lögmætum hætti verið markaðssett af handhafanum sjálfum eða með samþykki hans í öðru aðildarríki EB.

Með tæmingu réttinda er ekki átt við tæmingu á einkaréttalegum heimildum sem felast í höfundarrétti að öðru leyti, s.s. heimildum til opinbers flutnings, eintakagerðar, leigu, aðlögunar og þýðingar o.s.frv.

Tilgangur EB-reglna um tæmingu réttinda byggist á því sjónarmiði að afnema hindranir í viðskiptum milli ríkja.

Um 3. gr. bókunar 28

Samningsaðilar skuldbinda sig til að leitast við að ljúka samningaviðræðum innan þriggja ára frá gildistöku samningsins um einkaleyfi í bandalaginu (89/695/EBE) ACP um að EFTA-ríkin taki þátt í þeim samningi.

ACP-samningurinn miðar að því að koma á EB-einkaleyfi, þ.e. einkaleyfi sem yrði veitt og hefur gildi í öllum aðildarríkjum EB, en í dag eru einkaleyfi eingöngu veitt fyrir hvert ríki fyrir sig. Tilgangur samkomulagsins er að hindra að einkaleyfi valdi viðskiptahindrunum. Samkomulagið gerir ráð fyrir að samhliða venjulegum landsbundnum einkaleyfum verði hægt að skrásetja EB-einkaleyfi sem gilda fyrir allt EB-svæðið. Slík einkaleyfi yrðu veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu (European Patent Office eða EPO). EPO veitir einkaleyfi fyrir aðildarríki EPO samhliða einkaleyfastofnunum einstakra aðildarríkja. Eftir að einkaleyfin eru veitt gilda þau í hverju ríki fyrir sig, óháð einkaleyfum í öðrum ríkjum eins og er um venjuleg einkaleyfi. Ef samkomulagið gengi í gildi þá myndu einkaleyfi sem EPO veitti fyrir aðildarríki ACP-samkomulagsins gilda fyrir allt það landsvæði, sem það nær til, en ekki hafa óháða tilveru í hverju aðildarríki eins og nú er.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að EB-ráðið geti boðið öðrum ríkjum að gerast aðilar að sáttmálanum ef þau eru í fríverslunar- eða tollabandalagi við EB og eru jafnframt aðilar að EPO. Ísland er ekki aðili að EPO.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi ný einkaleyfalög á Íslandi sem eru í öllum atriðum byggð á norrænum einkaleyfalögum. Norrænu lögin eru efnislega samhljóða EPO-sáttmálanum auk þess sem mið hefur verið tekið af efni ACP-samningsins.

Ef Ísland gerðist aðili að ACP-samningnum yrðu Íslendingar að gerast aðilar að EPO. EFTA-ríkin vilja að þau EFTA-ríki sem eru aðilar að EPO geti sjálfkrafa gerst aðilar að ACP.

Ísland getur gerst aðili að EPO án þess að til efnisbreytinga á einkaleyfalögunum þurfi að koma. Ekki hefur verið gerð ítarleg úttekt á áhrifum þess að Ísland gerðist aðili að

EPO en svo virðist sem íslensk þátttaka geti verið til hagsbóta þar sem það leiddi til að allar erlendar umsóknir um einkaleyfi yrðu rannsakaðar af EPO. Of fljótt er að segja nokkuð um aðild að ACP-samkomulaginu þar sem mörg atriði um framkvæmd þess eru enn óljós.

Um 4. gr. bókunar 28

Í bókuninni er einnig fjallað um vernd svæðislýsinga á hálfleiðurum. Þar er tekið fram að samningsaðilar EES geti tekið ákvarðanir um að láta verndina einnig ná til aðila sem ekki er aðili að samningnum. Í slíkum tilfellum skal leitast við að tryggja að sá aðili veiti öðrum samningsaðilum samningsins rétt til verndar með sambærilegum skilmálum og þeim sem honum eru veittir. Þessi aukna vernd skal viðurkennd og virt af öllum samningsaðilum.

Um 5. gr. bókunar 28

Hér er fjallað um skuldbindingu samningsaðila EES til að fara að tilteknum sáttmálum á sviði hugverkaréttar. Ísland er þegar aðili að stjórnunarkafla Parísartexta Bernarsamningsins frá 1971, en ekki efnisákvæðum þess texta. Undirbúningur er þegar hafinn fyrir fullgildingu Rómarsamningsins frá árinu 1961 um vernd listflytjenda o.fl..

Núgildandi höfundarlög eru samin með hliðsjón af ákvæðum þessara samninga. Ekki er því þörf á breytingum á núgildandi löggjöf vegna þeirra, en brýnt er að tryggja innlendum og erlendum höfundum og listflytjendum þá réttarvernd sem í þessum alþjóðasamningum felst.

Um 6. gr. bókunar 28

Samningsaðilar samþykkja að bæta það stjórnarfyrirkomulag sem komið hefur verið á með EES-samningnum í ljósi niðurstaðna Úrúgvæ-samningalotunnar í GATT-viðræðunum.

Um 7. gr. bókunar 28

Samningsaðilar skuldbinda sig til að veita hver öðrum upplýsingar á sviði hugverkaréttar og að hafa samráð á því sviði.

Um 8. gr. bókunar 28

Í bráðabirgðaákvæði bókunarinnar segir að samningsaðilar samþykki aðild að samningaviðræðum til þess að þau EFTA-ríki sem áhuga hafi geti síðar meir tekið fullan þátt í ráðstöfunum vegna hugverka sem samþykktar kunna að verða í löggjöf bandalagsins.

Um 9. gr. bókunar 28

Þarfnast ekki skýringa.

Um XVII. viðauka
Hugverkaréttindi

Í viðaukanum er vísað í eftirfarandi tilskipanir og ákvarðanir:

Tilskipun **87/54/EBE** frá 16. desember 1986 um lögvernd smárása.

Smárás er fullkomin rafmagnsrás fyrir lágspennu, framleidd sem ein eining og getur gegnt sjálfstæðu hlutverki. Smárásir eru unnar úr hálfleiðaraefnum og eru ómissandi í öllum nútímarafeindatækjum. Með tilskipuninni eru settar fram reglur um hvernig vernd smárása skuli háttað efnislega í aðildarríkjum EB. Hins vegar er einstökum ríkjum eftirlátið að ákveða ýmis formskilyrði, eins og t.d. hvort skráning skuli vera grundvöllur verndar. Ólíkt því sem gildir almennt í hugverkarétti byggist tilskipunin á því að vernd smárása skuli aðeins ná til ríkisborgara EB eða fyrirtækja og annarra lögpersóna sem staðsett eru í aðildarríkjum þess.

Tilskipun **89/104/EBE** frá 21. desember 1988 um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi vörumerki.

Reglur tilskipunarinnar miða að því að samræma vörumerkjalög aðildarríkja þannig að ákvæði þeirra valdi ekki viðskiptahindrunum. Í tilskipuninni er kveðið á um það hvaða merki geti talist vörumerki, af hvaða ástæðum megi hafna eða ógilda skráningu vörumerkja, hvað vörumerkjaréttur feli í sér, verndarsvið þekktra vörumerkja, takmörkun á vörumerkjarétti, hvenær vörumerkjaréttur teljist tæmdur, skyldu til að nota skráð vörumerki og afleiðingar þess ef skráð vörumerki er ekki notað. Tilskipunin kveður hins vegar ekki á um hvernig staðið skuli að skráningu eða ógildingu skráningar. Aðildarríkin geta því skipað málum þessum sjálf. Tilskipunin tekur heldur ekki afstöðu til þess hvort vörumerkjaréttur geti eingöngu stofnast með skráningu eða hvort notkun geti verið grundvöllur vörumerkjaréttar eins og byggt er á hjá Norðurlandaþjóðunum.

Gera þarf nokkrar efnisbreytingar á gildandi vörumerkjalögum. Helsta breytingin er sú að notkun skráðs vörumerkis sé forsenda fyrir gildiskráningar, en í dag hvílir ekki notkunarskylda á eigendum skráðra vörumerkja. Notkun sem grundvöllur áframhaldandi vörumerkjaverndar er eðlileg þróun í vörumerkjarétti. Á síðustu áratugum hefur skráðum vörumerkjum fjölgað verulega. Það hefur leitt til þess að samkeppnisaðilar eiga erfiðara með að finna ný nothæf vörumerki sem þeir geta skráð.

Önnur breyting er sú að auka þarf vernd frægra vörumerkja til að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar geti notfært sér viðskiptavild þeirra eða rýrt gildi þeirra. Aðrar efnisbreytingar eru minni háttar og ættu ekki að skapa erfiðleika fyrir íslenskan iðnað. Vörumerkjalög okkar byggjast á norrænum grunni og eru efnislega samhljóða vörumerkjalögum annarra Norðurlandaþjóða. Í Danmörku öðluðust ný vörumerkjalög gildi 1. janúar 1992. Í þeim er tekið tillit til ofangreindrar tilskipunar auk þess sem Danir hafa notað tækifærið og breytt ýmsum öðrum atriðum. Af Íslands hálfu verður haft samráð við Finna, Svía og Norðmenn um útfærsluatriði.

Ákvörðun ráðsins **90/510/EBE** frá 9. okt. 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum.

Þegnar ríkja eða þeir sem hafa heimilisfesti í þeim ríkjum sem talin eru upp í viðauka við ákvörðunina eiga sama rétt og þegnar EB. Þetta getur einnig gilt um lögaðila.

Ákvörðun ráðsins **90/511/EBE** 9. okt. 1990 um aukningu á vernd smárása.
Ákvörðunin er nær samhljóða tilskipun 90/510/EBE.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar **90/541/EBE** frá 26. okt. 1990.
Vísar til ákvörðunar ráðsins 90/511/EBE frá 9. okt. 1990 og bætir Bandaríkjunum og Sviss í hóp þeirra ríkja er njóta verndar.

Tilskipun ráðsins **91/250/EBE** frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit.
Samkvæmt tilskipuninni ber að veita tölvuforritum vernd eins og um bókmenntaverk í skilningi Bernarsáttmálans væri að ræða. Orðið „tölvuforrit" tekur einnig til undirbúnings- og hönnunarvinnu við gerð forrita. Einstaklingar, hópar einstaklinga eða lögpersónur geta talist höfundar forrits. Þegar starfsmaður hefur hannað forrit í starfi sínu eða samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda á vinnuveitandinn að öllu jöfnu einkaréttinn. Einkaréttur höfundarins nær til afritunar, þýðingar, aðlögunar, uppröðunar, dreifingar og leigu. Helstu undanþágur eru fólgnar í því að ekki þarf leyfi rétthafa til að gera leiðréttingar á forriti sem aflað hefur verið með lögmætum hætti. Auk þess má sá sem rétt hefur til að nota forritið gera af því öryggisafrit og kynna sér eða kanna hvernig forritið verkar. Einnig er óþarfi að fá leyfi höfundar þegar afritun forrits og þýðing þess er óhjákvæmileg til að ná þeim upplýsingum sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfni utanaðkomandi forrits, þó að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Aðildarríkjum ber að kveða á í landslögum sínum um viðeigandi úrræði gagnvart þeim sem brýtur á rétti höfundar.
Verndin gildir svo lengi sem höfundur forritsins lifir og í 50 ár frá dauða hans eða dauða síðasta eftirlifandi höfundar verksins.
Miðað er við að aðildarríkin verði búin að aðlaga lög sín fyrir 1. janúar 1993.
Í menntamálaráðuneytinu hefur verið samið frumvarp til nýrra höfundarlaga en núgildandi lög eru nr. 73/1972. Þar er fjallað sérstaklega um tölvuforrit og njóta þau verndar á sama hátt og önnur höfundarréttindi, en þó með sérstökum hætti, í samræmi við tilskipunina. Er vikið frá meginreglum höfundarréttarverndar að nokkru leyti, sérstaklega hvað varðar takmörkun á heimildum höfundarréttarhafa til þess að koma í veg fyrir að eigandi eintaks geti gert fleiri eintök af því. Eintakagerð er því heimiluð ef hún er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum vegna afnota af forritinu. Þá eru einnig sérstök ákvæði um heimildir vinnuveitenda til að ráðstafa forriti ef það er unnið á grundvelli vinnusamnings.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 29.02.68, mál 24/67, Parke Davis, B 1968, bls. 81)
(DEB, 08.06.71, mál 78/70, Deutsche Grammophon, B 1971, bls. 487)
(DEB, 03.07.74, mál 192/73, Van Zuylen/Hag, B 1974, bls. 731)
(DEB, 31.10.74, mál 15/74, Centrafarm/Sterling Drug, B 1974, bls. 1147)
(DEB, 31.10.74, mál 16/74, Centrafarm/Winthrop, B 1974, bls. 1183)
(DEB, 22.06.76, mál 119/75, Terrapin/Terranova, B 1976, bls. 1039)
(DEB, 23,05.78, mál 102/77, Hoffmann La Roche/Centrafarm, B 1978, bls. 1139)
(DEB, 10.10.78, mál 3/78, Centrafarm/American Home products, B 1978, bls. 1823)

(DEB, 20.01.81, mál 55 og 57/80, Musik-Vertrieb Membran/Gema, B 1981, bls. 147)
(DEB, 22.01.81. mál 58/80, Dansk Supermarked/Imerco, B 1981, bls. 181)
(DEB, 15.07.81, mál 187/80, Merck/Stephar, B 1981, bls. 2063)
(DEB, 03.12.81, mál 1/81, Pfizer/Eurim-Pharm, B 1981, bls. 2913)
(DEB, 14.09.82, mál 144/81, Keurkoop/Nancy Kean Gifts, B 1982, bls. 2853)
(DEB, 06.11.84, mál 177/83, Kohl/Ringelhan & Rennett, B 1984, bls. 3651)
(DEB, 09.07.85, mál 19/84, Pharmon/Hoechst, B 1985, bls. 2281)
(DEB, 09.04.87, mál 402/85, Basset/SACEM, B 1987, bls. 1747)

Um V. hluta
Altæk ákvæði er varða fjórþætta frelsið

Þessi hluti samningsins fjallar um samstarf sem einskorðast ekki við neitt eitt svið fjórþætta frelsisins. Hér er að finna almenn ákvæði, sem geta haft áhrif á öll sviðin. Þetta samstarf er mjög mikilvægt til þess að markmið innri markaðar um jafna samkeppnisaðstöðu náist.

Samstarfið nær til félagsmála, umhverfismála, neytendaverndar, hagskýrslna og félagaréttar. Samkvæmt EES-samningnum eru þessi svið meðhöndluð eftir sömu reglum og þau, sem varða innri markaðinn, og þær gerðir EB, sem vísað er til í þessum hluta, eru bindandi á sama hátt og aðrar sem varða fjórþætta frelsið. Flestar greinarnar eiga sér samsvörun í Rómarsamningnum og er gert ráð fyrir að í framtíðinni gildi sömu reglur um þessa málaflokka innan EES.

Samstarfið grundvallast á XVIII.-XXII. viðauka við EES-samninginn. Í flestum tilvikum er um að ræða lágmarkskröfur og samningsaðilar geta því sett strangari reglur innan landamæra sinna.

Þegar um er að ræða samstarfsáætlanir eða einstök verkefni á sviði félagsmála, umhverfismála og neytendaverndar, fellur það samstarf undir VI. hluta samningsins um samvinnu utan marka fjórþætta frelsisins.

Um 1. kafla
Félagsmál

Innri markaðurinn gerir ráð fyrir umfangsmiklu og bindandi samstarfi um málefni sem tengjast aðstæðum á vinnumarkaði. Meðal markmiða þessa samstarfs eru útrýming atvinnuleysis, bætt starfsumhverfi, jafnrétti á vinnumarkaði, starfsmenntun og jöfn tækifæri íbúa á öllu svæðinu, sem felur í sér stuðning við þá sem verr eru settir, bæði landfræðilega og félagslega.

Í samningaviðræðunum um EES lögðu EFTA-ríkin mikla áherslu á að samningurinn yrði grundvöllur að umfangsmiklu lagalega bindandi samstarfi á sviði félagsmála með það að meginmarkmiði að auka gæði á öllum sviðum samfélagsins.

Samstarfið innan EB á þessu sviði, sem er hluti af samningnum um EES, byggist á 117., 118., 119. og 123. gr. í Rómarsamningnum og 118. gr. a og b, sem bættust við með Einingarlögunum.

Til viðbótar við ofangreind markmið er í þessum greinum gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn EB stuðli að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins. Slíkt samráð fellur í hlut fastanefndar EFTA í EFTA-ríkjunum samkvæmt EES-samningnum.

Árið 1988 átti framkvæmdastjórn EB frumkvæði að því að semja stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks til þess að settar yrðu rammareglur, sem tryggðu íbúum bandalagslandanna félagslegt og efnahagslegt öryggi. Aðilar vinnumarkaðarins tóku þátt í því að móta þessar reglur.

Stofnskráin um félagsleg grundvallarréttindi er ekki bindandi, en hún var undirrituð árið 1989 af öllum bandalagsríkjunum nema Bretlandi. Með EES-samningnum fylgir

yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um að þau vilji fylgja þeim reglum, sem settar eru fram í stofnskránni. Á ráðherrafundi EB-landanna í Maastricht í desember sl. sameinuðust löndin 11, sem undirritað hafa stofnskrána, um félagsleg grundvallarréttindi um að efla samstarfið á sviði félagsmála og renna traustari stoðum undir það með nýjum greinum í Rómarsamningnum.

Í framhaldi af undirritun stofnskrárinnar 1989 gerði framkvæmdastjórn EB áætlun til að fylgja henni eftir. Í áætluninni eru 47 ráðstafanir sem eiga að vera komnar til framkvæmda ekki síðar en 1. janúar 1993, en aðeins nokkrar þeirra hafa enn verið samþykktar af EB-ráðinu.

Innan EB hefur mikil áhersla verið lögð á að aðilar vinnumarkaðarins taki þátt í að móta samstarfið á sviði félagsmála og hefur framkvæmdastjórnin þar frumkvæði. Er það einnig eitt af markmiðum EES-samningsins að samningsaðilar auki skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu, sbr. 71. gr.

Um 66. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 67. gr.

Ákvæði greinarinnar skylda samningsaðila til að leitast við að bæta vinnuumhverfi til verndar heilsu og öryggi launþega. Í þessum tilgangi skulu lágmarkskröfur koma smám saman til framkvæmda, en samningsaðilum er heimilt að setja strangari reglur.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB, sem fela í sér þær lágmarkskröfur sem fylgja á.

Meðal þeirra ákvæða sem eru í gerðum þessum má nefna ákvæði um skyldur atvinnurekenda og launafólks, verndaraðgerðir og fyrirbyggjandi aðgerðir, þátttöku launafólks í stjórn fyrirtækja, menntun og eftirlit.

Settar eru reglur um búnað á vinnustað, einkum með tilliti til öryggis launafólks.

Um 68. gr.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB sem fela í sér ákvæði um þær ráðstafanir á sviði vinnulöggjafar sem samningsaðilum ber að hlíta til að tryggja góða framkvæmd samningsins.

Hér er einkum fjallað um réttindi launafólks við yfirtöku eins fyrirtækis á öðru, en sá sem tekur við fyrirtæki er skyldugur til að uppfylla þær skuldbindingar sem fyrri atvinnurekandi hafði við launafólk fyrirtækisins.

Ákvæði eru um að tryggja skuli stöðu launafólks verði atvinnurekandi gjaldþrota. Aðildarlöndin eru skylduð til að koma á fót stofnunum, sem bera eiga ábyrgð á að launakröfur vegna gjaldþrots séu uppfylltar.

Ákvæði eru um hópuppsagnir (10 starfsmanna eða fleiri). Tilgangurinn er að styrkja stöðu launafólks gegn hópuppsögnum með því m.a. að skylda atvinnurekendur til að ræða fyrirhugaðar hópuppsagnir við trúnaðarmenn launafólks. Tilgangurinn með viðræðunum er að reyna að koma í veg fyrir uppsagnir eða draga eins mikið úr þeim og gera þær eins léttbærar launafólki og unnt er.

Tilkynna skal stjórnvöldum um hópuppsagnir og þau skulu leitast við að leysa vandamál sem af þeim leiðir.

Um 69. gr.

Sjá athugasemdir við 70. gr.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dósmstólsins:
(DEB, 13.05.1986, mál 107/84, Bilka, B 1986, bls. 1607)
(DEB, 26.02.1986, mál 152/84, Marshall, B 1986, bls. 723)

Um 70. gr.

Ákvæði 69. og 70. gr. skuldbinda samningsaðila til þess að stuðla að því að meginreglan um jafnrétti kynjanna sé virt og í 69. gr. er sérstaklega kveðið á um jöfn laun fyrir jafna vinnu. Hér er byggt á 119. gr. Rómarsamningsins.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB, sem fela í sér ákvæði um jafnrétti kynjanna. Þar er m.a. kveðið á um launajafnrétti, jafnan aðgang að störfum, starfsmenntun og frama í starfi.

Þeir sem telja sig misrétti beitta að þessu leyti eiga að geta vísað máli sínu til dómstóla án þess að hætta á að missa vinnuna. Atvinnurekandi verður að sýna fram á að allur launamismunur eigi sér aðrar orsakir en mismunandi kynferði.

Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að aðildarlöndin geti gripið til aðgerða til þess að bæta stöðu kvenna.

Mikil áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna varðandi bætur, m.a. vegna veikinda, en viðurkenndur er sérstakur réttur kvenna vegna barneigna.

Gerðir EB á sviði jafnréttismála eru lágmarkskröfur og hverju landi er heimilt að setja strangari reglur.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 08.04.1976, mál 43/75, Defrenne, B 1976, bls. 455)
(DEB, 11.03.1981, mál 69/80, Worringham, B 1981, bls. 767)

Um 71. gr.

Þessi grein skyldar samningsaðila til þess að leitast við að auka skoðanaskipti milli atvinnurekenda og launafólks í Evrópu. Samsvarandi ákvæði er í 118. gr. a í Rómarsamningnum.

Um bókun 29
Starfsþjálfun

Hér er staðfestur vilji samningsaðila til þess að auðvelda námsmönnum að sækja skóla í öðru ríki en sínu eigin. Þó er tekið fram að samningurinn breyti engu um innheimtu skólagjalda. Breskir háskólar geta því t.d. eftir sem áður innheimt hærri skólagjöld af námsmönnum frá EFTA-ríkjunum en af sínum eigin.

Um XVIII. viðauka
Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna

Sjá athugasemdir við einstakar greinar í 1. kafla um félagsmál

Um 2. kafla
Neytendavernd

Hinn sameiginlegi markaður sem EES-samningurinn skapar, með frjálsum flutningum vöru og þjónustu, hlýtur að byggjast á því m.a. að neytendur á svæðinu megi treysta nýjum vörum sem koma á markað. Gera verður strangar kröfur um öryggi framleiðslunnar og auka upplýsingar um vörurnar. Einnig verður að tryggja réttindi neytenda.

Sú neytendalöggjöf sem er hluti af samningnum um EES byggist fyrst og fremst á reglum um hvaða kröfur megi gera til vöruframleiðslu og hvaða skilyrðum verði að fullnægja til þess að selja megi vöru og þjónustu.

Um 72. gr.

Greinin vísar í XIX. viðauka.

Um XIX. viðauka
Neytendavernd

Í þessum viðauka eru eftirfarandi gerðir EB sem hafa að geyma ákvæði um neytendavernd og eru hluti EES-samningsins.

Tilskipun ráðsins nr. **87/102/EBE** frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrimælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Tilskipun **90/88/EBE** frá 22. febrúar 1990 til breytingar á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi upplýsingaskyldu um lánskjör til neytenda.

Tilgangur tilskipananna er að koma skipulagi á samkeppni milli lánveitenda, svo og að vernda neytendur með því að samræma kröfur til lánveitenda, einkum að því er upplýsingaskyldu þeirra varðar. Eru þar m.a. ákvæði um að allur kostnaður sem neytandinn þarf að greiða fyrir lántökuna eigi að reiknast út sérstaklega á sama hátt og vextir.

Tilskipun **84/450/EBE** frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.

Tilgangur tilskipunarinnar er að vernda neytendur, viðskiptafólk og hagsmuni almennings gegn villandi auglýsingum og óréttlátum afleiðingum þeirra.

Engra breytinga er þörf á íslenskri löggjöf varðandi þetta mál.

Tilskipun **85/577/EBE** frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, þ.e í svokallaðri húsgöngusölu.

Ákvæði tilskipunarinnar miða að því að tryggja rétt neytenda þegar þeir eiga í viðskiptum í heimahúsum eða í gegnum póstverslun. Í slíkum viðskiptum eiga neytendur rétt á minnst sjö daga umhugsunarfresti eftir að kaupin fóru fram og er farandsölum skylt að gera neytendum grein fyrir þessu áður en kaupin eru gerð. Setja þarf lög um húsgöngusölu til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar.

Tilskipun **90/314/EBE** frá 13. júní 1990 um pakkaferðir, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka.

Í tilskipuninni er kveðið á um skyldur seljenda og skipuleggjenda ferðanna gagnvart neytendum. T.d. eru seljendur skyldaðir til að hafa starfsábyrgðarvátryggingu svo að öruggt reynist að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar, bæklingar verða að vera auðlesnir og án villandi upplýsinga. Ekki má hækka áður umsamið verð 30 dögum fyrir brottför og eftir það verður að gefa upp nafn á umboðsmanni seljanda á áfangastað þannig að hægt verði að leysa fljótt og örugglega úr öllum kvörtunarmálum sem upp kunna að koma.

Setja þarf ákvæði í lög og reglugerðir til að framfylgja ákvæðum tilskipunarinnar hér á landi.

Í viðauka þessum eru einnig nefndar tvær óskuldbindandi gerðir. Þær eru:

Tilmæli **88/590/EBE** frá 17. nóvember 1988 um greiðslumiðlanir einkum sambandið milli korthafa og kortaútgefanda í greiðslukortaviðskiptum.

Tilmæli þessi fjalla um þörf neytenda á upplýsingum og vernd í tengslum við notkun fjármálaþjónustu, sem veitt er með notkun tölvukerfa, einkum með tilliti til greiðslumiðlunar, sem fram fer með notkun greiðslukorta. Er þá fyrst og fremst verið að huga að hvernig samningsgerð er háttað á milli kortaútgefanda annars vegar og korthafa hins vegar. Tilmælin taka m.a. til hvaða upplýsingum neytandinn á rétt á áður en samningur um notkun kortsins er gerður. Jafnframt er fjallað um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í samningnum sjálfum, hvernig ábyrgðin skiptist á milli aðila þegar kort týnist, því er stolið eða það falsað og hver sé ábyrgð kortaútgefanda þegar greiðslumiðlunin mistekst.

Á árinu 1989 lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp á Alþingi varðandi greiðslukortastarfsemi. Síðan þá hefur frumvarp þetta verið lagt fram þrisvar sinnum án þess að hafa fengið afgreiðslu. Við samningu frumvarpsins á sínum tíma voru ofangreind tilmæli höfð til hliðsjónar.

Ályktun **88/C153/01/EBE** frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum og öðrum vörum er tilgreint.

Tilgangurinn með þessari ályktun er að auðvelda afgreiðslu innan aðlögunartímabilsins á tilskipunum sem fjalla um verðlagningu á matvælum. Lagt er til í ályktuninni að teknar verði upp staðlaðar magnumbúðir innan bandalagsins fyrir ýmsa vöruflokka, endurskoðað það úrval magnumbúða sem fyrir er og það bætt.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti getur verðlagsstofnun sett reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið að tilteknar vörur skuli bjóða í nánar tilteknum einingum.

Löggjöf Evrópubandalagsins á sviði neytendaverndar er víðtækari en íslensk löggjöf og með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu verður neytendalöggjöf hérlendis færð til betri vegar.

Um 3. kafla
Umhverfismál

EES-samningurinn gefur nýja möguleika á samstarfi á sviði umhverfismála og skapar Íslandi vettvang til að hafa áhrif á sameiginlega stefnu Vestur-Evrópuríkja í umhverfismálum framtíðarinnar. Aðlögunin að reglum EB um umhverfismál hefur í mörgum tilvikum í för með sér að ákvæði í íslenskum umhverfisreglum verða hert. Vegna ákvæðanna um eftirlit með framkvæmd samningsins mun Íslandi einnig gefast kostur á geta brugðist við innan stofnanaramma EES þegar aðildarríki EB fara ekki eftir settum reglum á sviði umhverfismála.

Um 73. gr.

Samkvæmt samningnum eiga ráðstafanir sem gerðar eru vegna umhverfismála að miða að því að:

1. Viðhalda, vernda og bæta umhverfið;
2. stuðla að heilsuvernd manna;
3. tryggja skynsamlega og hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda.

Ráðstafanir sem samningsaðilar gera varðandi umhverfið eiga að byggjst á þeim meginreglum, að gerðar skuli fyrirbyggjandi ráðstafanir, að umhverfisspjöllum skuli, eins og frekast er kostur, sinnt við upptökin og að sá sem skaðar umhverfið skuli bera kostnaðinn við að lagfæra það sem aflaga hefur farið (s.k. PPP-regla). Kröfur um umhverfisvernd skulu vera hluti af stefnumiðum samningsaðila á öðrum sviðum.

Um 74. gr.

Greinin vísar í XX. viðauka. Í honum eru þær tilskipanir sem fjalla um umhverfismál, sem eru 32 talsins auk tilskipana sem breyta þeim. Efni þeirra má skipta í fimm flokka. Í fyrsta lagi eru tvær sem fjalla almennt um umhverfismál, í öðru lagi 11 sem fjalla um varnir gegn vatnsmengun, í þriðja lagi eru átta sem fjalla um varnir gegn loftmengun, í fjórða lagi fjórar sem fjalla um mengun af völdum hættulegra efna og í fimmta og síðasta lagi eru sjö sem fjalla um aukið eftirlit með úrgangi og förgun hans.

Um 75. gr.
(Viðbót við fyrri útgáfu)

Samkvæmt 75. gr. samningsins geta einstakir samningsaðilar viðhaldið strangari umhverfislöggjöf, eða gripið til hennar, að því tilskyldu að slíkar reglur samræmist samningnum að öðru leyti. Til dæmis verður að telja að umhverfislöggjöf einstakra samningsaðila samræmist ekki samningnum ef hún hefur þær afleiðingar í för með sér að samkeppnisstaða einstakra samningsaðila skerðist. EB-dómstóllinn hefur þó gefið til kynna að umhverfisvernd geti haft forgang fram yfir reglur um frjálsa flutninga ef sýnt væri fram á brýna þörf fyrir umhverfisvernd.

Um XX. viðauka
Umhverfismál
(Breytt frá fyrri útgáfu)

Gerðir sem vísað er til í þessum viðauka fjalla m.a. um:

1. *Mat vegna framkvæmda sem geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið;*
2. *aðgang að upplýsingum stjórnvalda um umhverfismál og upplýsingamiðlun þeirra;*
3. *vatnsvernd, þ.e. takmörkun eða bann við losun ýmissa óæskilegra efna í vatn;*
4. *reglur um hættulegan úrgang t.d. um losun og flutning.*

Reglurnar í XX. viðauka hafa oft á tíðum þær afleiðingar í för með sér að íslenskar reglur verða gerðar ítarlegri eða þær hertar auk þess sem nýmæli verða tekin upp. Heimilaður hefur verið aðlögunartími til 1. janúar 1995 varðandi margar af tilskipununum sem birtar eru í viðaukanum.

Um 3. gr. bókunar 31
(Viðbót við fyrri útgáfu)

Bókunin fjallar um þau svið þar sem styrkja skal samvinnu samningsaðila í umhverfismálum. Samningsaðilar stefna að aukinni samvinnu á eftirfarandi sviðum:

-Við stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar um umhverfið,

-við samþáttun umhverfissjónarmiða við aðra málaflokka,

-við noktun hagtækja í þágu umhverfisverndar,

-við lausn alþjóðlegra umhverfisvandamála og

-við lausn mikilvægra svæðisbundinna eða alþjóðlegra málefna, sem til umræðu eru innan alþjóðastofnana.

Ennfremur segir í 2. mgr. 3. gr. bókunarinnar að nauðsynlegt sé að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) þegar hún tekur til starfa. Hlutverk hennar verður m.a. að sjá aðilum samningsins og almenningi fyrir hlutlausum og áreiðanlegum upplýsingum um ástand umhverfisins.

Umhverfismál tengd verslun

Eitt veigamikið samningsatriði á vörusviðinu fjallar um afnám tæknilegra viðskiptahindrana og bann við upptöku nýrra. Þó er unnt að halda íslenskum umhverfisverndarkröfum í þeim tilvikum sem þær ná lengra en samsvarandi reglur EB.

EFTA-löndin hafa innan ramma EES-samningsins skuldbundið sig til að fylgja ákveðnum samræmdum reglum EB, sem eru mikilvægar fyrir umhverfið.

Aðlögun að reglum EB um hávaða og útblástursreglur fyrir dráttarvélar mun hafa í för með sér að íslensk ákvæði um gerð og búnað ökutækja verða hert. Hvað snertir brennistein í olíubrennslu og blýmagn í bensíni eru íslenskar reglur samrýmanlegar reglum EB. Sama gildir um þvottaefni. Núverandi íslenskar reglur um umbúðir fyrir drykkjarvörur eru í samræmi við reglur EB.

Auk þessa hefur verið samið um eftirfarandi sérlausnir:

Útblástur ökutækja. Hægt er að halda núverandi reglum um útblástur fyrir allar gerðir vélknúinna farartækja. Fram til 1. 1. 1995 er heimilt að neita að viðurkenna bíla sem hafa verið framleiddir í EB-löndum, ef þeir ekki standast lágmarkskröfur hér á landi varðandi útblástur. Frá og með 1. 1. 1995 verða Íslendingar að viðurkenna ökutæki frá EB-ríkjunum, sem standast lágmarkskröfur bandalagsins.

Unnið verður sameiginlega að því að semja strangari reglur í framtíðinni, innan ramma þess samstarfsfyrirkomulags sem EES-samningurinn kveður á um.

Efnavörur. Samningsaðilar eru sammála um þau áform, að EFTA-löndin viðurkenni reglur EB um flokkun og merkingu hættulegra efnavara eins og þær verða 1. 1. 1995. Þangað til, verður unnið að aukinni samræmingu. Fari svo, engu að síður, að Ísland (eða eitthvert annað EFTA-land) telji að ekki sé unnt 1. 1. 1995 að viðurkenna reglur EB, skal þeim ekki framfylgt í viðkomandi landi. Þetta land mun þá standa utan við samstarfið hvað varðar þann þátt, svo framarlega sem ekki semst um annað.

Hvað snertir takmarkanir og bönn við hættulegum efnavörum geta þjóðarreglur gilt áfram í þeim tilvikum er þær ganga lengra en reglur EB (klórhreinsuð lífræn upplausnarefni, asbest, kvikasilfur, arsenik, pentaklórfenol, kadmíum og lífræn tinefnasambönd). Aðilar munu endurmeta stöðuna árið 1995.

Áburðarefni. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka kadmíummagn í tilbúnum áburði samkvæmt þeim reglum sem gilda í hverju ríki þegar EES-samningurinn gengur í gildi.

Endurmat árið 1995

Eiturefni. EFTA-ríkin geta takmarkað verslun með eiturefni og rafhlöður samkvæmt gildandi reglum þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Atriði þetta verður endurskoðað árið 1995.

Umhverfisrannsóknir

EB starfrækir samstarfsverkefni um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála. Ísland og önnur EFTA-ríki hafa samið um þátttöku í starfsáætlun um vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og áætlun um veðurfarsfræði og náttúrurvá (EPOCH).

Starfið innan EES
(Breytt frá fyrri útgáfu)

Innan EB eru starfandi fjöldi nefnda og starfshópa á sviði umhverfismála (u.þ.b. 40), sem vinna að undirbúningi nýrrar lagasetningar eða breytingum á gildandi reglum. Þegar EES-samningurinn tekur gildi ber EB að tryggja að sérfræðingar EFTA-ríkjanna geti tekið þátt í þessu starfi og leitað ráða hjá þeim.

Annað

Að öðru leyti er vísað til skýrslu Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra um lagasetningu vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði og áhrif hans á umhverfismál.

Um 4. kafla
Hagskýrslugerð

Evrópuríki hafa um langan aldur átt með sér víðtækt samstarf á sviði hagskýrslugerðar. Þetta samstarf hefur einkum verið innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega hagskýrslunefndar samtakanna og hagstofu þeirra í New York og Efnahagsnefndar Evrópu í Genf. Þetta starf hefur m.a. falist í þróun sameiginlegra flokkunarkerfa og staðla, mótun og hagnýtingu nýrra aðferða og tækni og útgáfu hagskýrslna. Ofangreindar stofnanir Sameinuðu þjóðanna gegndu lengi forystuhlutverki á þessu sviði. Á því hefur orðið talsverð breyting nokkur undangengin ár og stafar hún bæði af fjárhagsvanda samtakanna og af auknum umsvifum hagstofu EB í Lúxemborg, Eurostat. Mikil aukning umsvifa hagstofu EB og opinberrar hagskýrslugerðar á vegum Evrópubandalagsins stafar af stóraukinni áherslu EB á hagskýrslugerð. Ákvarðanir þar að lútandi voru teknar í kjölfar þess að bandalagið ákvað að stofna innri markað sinn frá og með árinu 1993 og að stefna að því að auka til muna samstarfið innan bandalagsins á sviði efnahagsstjórnar. Aukin og endurbætt hagskýrslugerð var talin meðal grundvallarforsendna þessa samstarfs. Í því skyni samþykkti ráð EB á árinu 1989 víðtæka áætlun um forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar fyrir árin 1989-1992. Í hagskýrsluáætluninni er lögð áhersla á allt í senn, útvíkkun hagskýrslugerðar EB-ríkja til sviða sem hafa verið vanrækt eða ekki notið forgangs, svo sem skýrslugerðar um umhverfis- og félagsmál, aukna samræmingu í hagskýrslugerð aðildarríkja með notkun sameiginlegra flokkunarkerfa og samræmdra aðferða og vinnubragða og aukna útgáfu sameiginlegra skýrslna. Í ljósi þessara ákvarðana og þeirrar forystu sem Evrópubandalagið og hagstofa þess tóku með þessu ákváðu hagstofustjórar EFTA-ríkjanna á árinu 1988 að óska eftir sérstöku samstarfi við Hagstofu EB. Áhugi EFTA-hagstofanna stafaði m.a. af tvennu, að sýnt var að stefnt væri að víðtæku þróunarstarfi, sem væri faglega mjög áhugavert, og að EB-ríkin væru að færa sig inn á starfssvið þar sem EFTA-ríkin töldu sig hafa mikilla hagsmuna að gæta og höfðu mikinn áhuga á að hafa áhrif á. Átti það ekki síst við hagskýrslugerð á sviði umhverfismála. Hagstofa EB tók málaleitan hagstofustjóra EFTA-ríkjanna mjög vel og bauð til sameiginlegs hagstofustjórafundar haustið 1989.

Frá þeim tíma hefur þróast víðtækt samstarf með þessum aðilum. Samstarfið hefur greinst í tvennt. Annars vegar hefur það snúist um að undirbúa formlegt samkomulag um samstarf í hagskýrslugerð sem hluta af EES-samningnum. Hins vegar hefur hagskýrslusamstarfið beinst að þeim hluta hagskýrslugerðar EB sem háður er óformlegu samkomulagi hagstofa aðildarríkjanna fremur en formlegum laga- og reglugerðarákvæðum. Undir þetta fellur mikill meirihluti hagskýrslugerðarinnar því að lauslega er áætlað að 2/3 hlutar hennar byggist á óformlegu samkomulagi hagstofanna en 1/3 hluti á formlegum ákvæðum í lögum og reglum bandalagsins.

Á fundi sínum haustið 1989 urðu hagstofustjórarnir sammála um að leggja til við aðalsamninganefndir aðila að EES-samningurinn tæki til hagskýrslugerðar sem sjálfstæðs verkefnis. Bent var á að hagskýrslugerðin ætti við samningssviðið allt en ekki einstaka hluta þess og því sýndist nauðsynlegt að rætt yrði og samið um hana sem slíka. Aðalsamninganefndirnar samþykktu þetta, ákváðu að verkefnið skyldi falla undir samningahóp IV sem þverfaglegt viðfangsefni og fólu hagstofustjórunum að mynda sérfræðinganefnd til að undirbúa þennan hluta EES-samningsins. Þessi nefnd hefur starfað

frá því í ársbyrjun 1990 og verið lengst af undir formennsku íslenska hagstofustjórans. Verkefni nefndarinnar hefur verið að kanna og leggja fram tillögur um hvaða ákvæði laga og reglna Evrópubandalagsins um hagskýrslugerð væru samningsefni milli aðila og hvernig staðið skuli að hagskýrslusamstarfi milli aðila eftir að EES-samningurinn væri kominn á.

Þær reglugerðir og tilskipanir sem EB hefur sett um hagskýrslugerð með formlegum hætti lúta m.a. að skýrslugerð sem nauðsynleg hefur verið talin vegna sameiginlegrar stefnu EB í tilteknum málaflokkum eða sameiginlegrar fjármögnunar úr sjóðum bandalagsins. Hvað EES-samninginn snertir hefur verið samkomulag um að hann tæki einungis til þess hluta hinna formlegu ákvæða sem snerust um almenna hagskýrslugerð. Ekki yrði hins vegar samið um þau ákvæði er lúta að sérgreindri skýrslugerð sem unnin væri vegna stjórnvaldsþarfa EB. Um þetta hefur tekist gott samkomulag og er lagt til að samningurinn taki til þeirra reglugerðarákvæða EB sem snerta hagskýrslugerð um umsvif og fjárfestingu í iðnaðar- og byggingarstarfsemi, um flutningastarfsemi innanlands og milli landa, um utanríkisverslun, samræmda gerð þjóðhagsreikninga, notkun atvinnugreinaflokkunar EB, um landbúnaðarframleiðslu, fiskiskýrslur og meðferð trúnaðarupplýsinga í hagskýrslugerð. Í nokkrum tilvikum hefur EB sett reglugerðir um hagskýrslugerð eftir að samningaviðræðum lauk eða áformar að setja reglugerðir áður en samningurinn öðlast gildi. Er þá gert ráð fyrir að semja sérstaklega um þetta og er undirbúningur þess í höndum sérfræðinganefnda aðila. Hér má einkum nefna reglugerðir um samræmdar vinnumarkaðskannanir, um samræmt flokkunarkerfi í framleiðsluskýrslum og skýrslur um fiskafla. Sem fyrr segir er sá hluti hagskýrslugerðarinnar, sem byggist á óformlegu samkomulagi, miklu viðameiri en hinn formlegi. Hér er m.a. um að ræða hagskýrslugerð um mannfjölda, félagsmál, verðlagsmál, laun og tekjur, samgöngur á sjó og í lofti, um umsvif í verslunar- og þjónustugreinum, um umhverfismál og margt fleira.

Hagskýrslusamstarf EB- og EFTA-ríkjanna hefur að undanförnu þróast þannig að dregið hefur úr skilunum milli hins formlega og óformlega samstarfs og er sýnt að lítill munur verður þar á er samningurinn kemur til framkvæmda. Samstarfið snýst fyrst og fremst um vinnu að þróun og upptöku samræmdra aðferða, flokkunarkerfa og vinnubragða, og að samhæfingu gagnaöflunar og úrvinnslu, bæði hvað snertir efni og tímasetningar. Meginmarkmið er samræmd og samhæfð hagskýrslugerð á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála sem lýsi stöðu þessara mála og breytingum í tímans rás. Áhersla er nú lögð á að leggja drög að sameiginlegri hagskýrsluáætlun EB og EFTA. Er ætlunin að unnið verði eftir þessari áætlun næstu árin. Þá er gert ráð fyrir að samstarfið verði innan vébanda þeirra stofnana, sem fyrir eru, og byggist á gildandi tilhögun í þessum efnum, þar sem það er talið skjótvirkara og ódýrara en að koma á nýju skipulagi og stofnunum í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að sameiginlegir hagstofustjórafundir hafi yfirumsjón með samstarfinu og leiði það en unnið verði að sameiginlegum verkefnum í starfsnefndum. Þá er gengið út frá því að samhæfing gagnaöflunar verði á vegum Skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA og hagstofu EB en hún annist jafnframt varðveislu og úrvinnslu sameiginlegra skýrslna. Loks má nefna að samningsákvæði um hagskýrslugerð eru í 76. gr. samningsins, í bókun 30 þar sem kveðið er á um skipulags- og framkvæmdaratriði og í XXI. viðauka er skrá um þær tilskipanir og reglugerðir EB, sem um er samið, og um frávik frá þeim.

Um 76. gr.

Í 76. gr. eru ákvæði um samstarf í hagskýrslugerð innan EES og á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Segir þar fyrst að samningsaðilar skuli vinna og dreifa samfelldum og sambærilegum hagskýrslum um helstu þætti á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála innan EES. Hér er um stefnumarkandi ákvæði að ræða. Verður þá að hafa í huga að stofnun innri markaðar Evrópubandalagsins og hið víðtæka samstarf og viðskiptafrelsi milli aðildarríkjanna nítján, sem að er stefnt með samningnum, gerir sérstakar kröfur til hagskýrslugerðar. Nauðsynlegt er að skýrslugerðin verði aðlöguð nýjum viðskiptaháttum og sameiginlegum verkefnum og að hún verði sem sambærilegust. Í 76. gr. er þannig kveðið á um að samningsaðilar skuli þróa með sér og beita samræmdum aðferðum, skilgreiningum og flokkunum og móta sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð, sem beitt skuli á öllum sviðum stjórnsýslu ríkjanna.

Í 76. gr. er ennfremur vísað til XXI. viðauka, en þar eru upp taldar þær tilskipanir og reglugerðir EB um hagskýrslugerð sem aðilar hafa orðið ásáttir um að taka upp í samninginn. Í þessu sambandi má hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Þær reglugerðir og tilskipanir, sem hér um ræðir, varða aðeins hluta verkefna á sviði hagskýrslugerðar. Mikill meirihluti verkefna er ekki háður formlegum ákvæðum laga og reglna og hefur fram til þessa fremur byggst á óformlegu samkomulagi. Eftir að samningurinn gengur í gildi er gert ráð fyrir að samstarf í hagskýrslugerð verði einkum markað með sameiginlegri hagskýrsluáætlun sem nái til allra þeirra sviða sem EES-samningurinn tekur til.
2. Í XXI. viðauka koma fram þær undantekningar frá ákvæðum tilskipana og reglugerða sem samkomulag er um. Eru þær í aðalatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi er að hluta tekið tillit til aðstæðna í einstökum ríkjum. Í öðru lagi tekur samningurinn til almennrar hagskýrslugerðar en ekki til stjórnsýslu- eða fjárúthlutunarþarfa EB. Í þriðja lagi er í nokkrum tilvikum að finna undantekningar fyrir EFTA-ríkin frá því að beita nákvæmlega þeim aðferðum sem bandalagið hefur lagt fyrir aðildarríkin. Í þessum tilvikum telja EFTA-ríkin sig beita aðferðum sem eru síst lakari en þær sem bandalagið hefur áskilið.
3. Sýnt er að hagskýrslusamstarfið krefst talsverðs undirbúnings- og aðlögunartíma. Því er samkomulag um að það taki gildi frá og með skýrslugerð um árið 1995. Hér er sleginn allsherjarvarnagli og víst er að úrvinnsla og birting sameiginlegra hagskýrslna mun hefjast mun fyrr á mörgum sviðum.

Í 76. gr. er loks vísað til bókunar 30 um skipulag hagskýrslusamstarfsins. Af hagkvæmnisástæðum er gert ráð fyrir að samstarfið fylgi þeim farvegi sem þegar hefur verið markaður og byggist á þeim stofnunum sem þegar eru tiltækar. Þannig er að því stefnt að sameiginlegir hagstofustjórafundir verði vettvangur ákvarðana og umsjónar með samstarfinu, en að unnið verði að þróunarverkefnum í sameiginlegum starfsnefndum. Loks er gert ráð fyrir að hagstofa EB, Eurostat í Lúxemborg, annist úrvinnslu sameiginlegra hagskýrslna en skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA í Lúxemborg verði samhæfingaraðili og annist samskipti milli EFTA-ríkjanna og hagstofu EB.

Um XXI. viðauka
Hagskýrslugerð

XXI. viðauki hefur að geyma skrá um tilskipanir og reglugerðir Evrópubandalagsins um hagskýrslur sem um hefur samist að EFTA-ríkin taki upp. Í skránni kemur fram hvernig viðkomandi tilskipanir og reglugerðir skuli aðlagaðar að því er samninginn varðar, þ.e. hvaða frávik, undantekningar og sérákvæði skuli gilda, ýmist fyrir EFTA-ríkin í heild eða einstök EFTA-ríki. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni þessara gerða, helstu frávikum og sérákvæðum og áhrifum þeirra á íslenska hagskýrslugerð.

Sérákvæði um upphaf hagskýrslugerðar samkvæmt þeim gerðum sem samningurinn tekur til

Ljóst er að þær hagskýrslur, sem gera á samkvæmt ákvæðum þeirra tilskipana og reglugerða sem greinir í XXI. viðauka, bætast í ýmsum tilvikum við núverandi hagskýrslugerð EFTA-ríkjanna eða eru frábrugðnar þeim skýrslum, sem nú eru gerðar. Frávikin geta varðað efni skýrslna, tíðni athugana og úrvinnslu, tímasetningu og aðferðir við gagnaöflun og úrvinnslu. Af þessu leiðir að nauðsynlegt hefur þótt að nægur tími gæfist til aðlögunar fyrir EFTA-ríkin, þ.e. fyrir upptöku nýrra hagskýrslna og breytinga á núverandi hagskýrslugerð. Því hefur orðið að samkomulagi að EFTA-ríkin skuli hefja skýrslugerð samkvæmt þeim gerðum sem hér um ræðir eigi síðar en á árinu 1995. Er þá átt við gagnaöflun vegna þess árs. Gildir þetta um allar þær tilskipanir og reglugerðir um gagnasöfnun, úrvinnslu og afhendingu hagskýrslna, sem falla undir samninginn. Auk þessa eru í nokkrum tilvikum sérákvæði fyrir einstök ríki og er gerð grein fyrir slíkum ákvæðum um Ísland hér á eftir.

Almenn efnisleg frávik

Þau ákvæði gerða EB um hagskýrslugerð, sem talin eru samningsefni, lúta að almennri hagskýrslugerð. Ákvæði sem lúta að sérgreindri hagskýrslugerð til nota við stjórnvaldsákvarðanir innan EB, svo sem við ákvörðun fjárhagsgrundvallar til að innheimta gjöld eða úthluta fé og til eftirlits með stjórnvaldsákvörðunum, eru ekki talin samningsefni. Í XXI. viðauka er að finna ýmis dæmi um undantekningar af þessum ástæðum. Af öðrum efnislegum sérákvæðum má nefna að EFTA-ríkin hafa yfirleitt áskilið að ekki yrði samið um hagskýrslugerð í sundurliðun eftir landsvæðum. Þá er jafnframt að finna ákvæði um undantekningar frá ákvæðum um notkun tiltekinna aðferða við gagnaöflun í þeim tilvikum, þar sem EFTA-ríkin telja sig beita jafngóðum eða betri aðferðum en áskildar eru enda bitni það ekki að marki á sambærileika skýrslna. Í þessu sambandi má m.a. nefna hagnýtingu Norðurlanda á ýmsum stjórnvaldsskrám til hagskýrslugerðar, svo sem þjóðskrám, fyrirtækjaskrám og skattskrám, sem oft má telja að gefi betri vitneskju en sérstakar kannanir.

Efni reglugerða og áhrif á íslenska hagskýrslugerð

Þær reglugerðir og tilskipanir sem eru samningsefni skiptast í nokkra málaflokka. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir hverjum þeirra og áhrifum viðkomandi gerða á íslenska hagskýrslugerð eins og unnt er að meta þau nú.

Iðnaðarskýrslur. Hér er um að ræða fjórar tilskipanir um athuganir á umsvifum og fjárfestingu í iðnaði og byggingarstarfsemi. Tvær þeirra verða árlegar athuganir og svipar þeim að mörgu leyti til íslenskra skýrslna. Nokkru meiri sundurliðunar er þó krafist, sem unnt ætti að vera að fullnægja án mikillar fyrirhafnar. Þá er samkomulag um að beitt verði nýrri atvinnugreinaflokkun EB. Hér á landi hefur um nokkurt skeið verið stefnt að upptöku nýrrar atvinnugreinaflokkunar og því koma þessi samningsákvæði vel heim við innlenda þörf. Flokkunarkerfið sem um er að ræða er leitt af hliðstæðri flokkun hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC, 3. endursk.) og tengist henni með einfaldri lyklun. Tvær tilskipanir um iðnaðarskýrslur lúta að gerð mánaðarlegra skýrslna um skammtímabreytingar umsvifa í iðnaði og byggingarstarfsemi. Fallist er á að Ísland sé undanþegið þessari skýrslugerð enda yrði hún fjárfrekari en réttlætanlegt væri að svo stöddu fyrir innanlandsþarfir.

Flutningaskýrslur. Um er að ræða skýrslur um vöruflutninga og er kveðið á um þær í þremur tilskipunum eftir því hvort um er að ræða vöruflutninga eftir vegum, vatnaleiðum eða járnbrautalestum. Tvær þær síðasttöldu eiga ekki við Ísland eðli málsins samkvæmt. Íslensk hagskýrslugerð um vöruflutninga eftir vegum er mjög fátækleg en áhugi er á að efla hana. Hins vegar eru kannanir þær, sem hér yrðu nauðsynlegar, mjög dýrar. Því er fallist á að Íslendingar hefji þessa skýrslugerð þremur árum síðar en almennt gildir, þ.e. frá 1998, og að skýrsluna þurfi ekki að gera oftar en þriðja hvert ár.

Verslunarskýrslur. Á þessu sviði er um að ræða níu reglugerðir um hagskýrslugerð um utanríkisverslun. Hér er um hefðbundna skýrslugerð að ræða sem þegar er sinnt hér á landi og ekki þarf að gera teljandi breytingar vegna samningsins.

Trúnaðarkvaðir í hagskýrslum. EB hefur sett reglugerð um þetta efni til að tryggja að gætt sé fyllsta trúnaðar í meðferð gagna sem háð eru trúnaðarkvöðum í hagskýrslugerð. Þessi reglugerð er samningsefni og nauðsynleg ef unnt á að vera að afhenda Hagstofu EB gögn til úrvinnslu og birtingar eins og kveðið er á um í 76. gr. samningsins. Í þessu sambandi má nefna að EFTA-ríkin fá fulla aðild að þeirri nefnd EB, sem fjallar um ákvörðunar- og álitamál á þessu sviði.

Mannfjölda- og félagsmálaskýrslur. Á þessu sviði er aðeins um eina reglugerð að ræða og lýtur hún að skýrslugerð um erlent vinnuafl. Hér er um nýja skýrslugerð að ræða fyrir Íslendinga sem telja verður bæði áhugaverða og nauðsynlega.

Þjóðhagsreikningar. Í þessum málaflokki telst tilskipun um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði vera samningsefni. Tilskipunin mælir fyrir um að beita skuli evrópska þjóðhagsreikningakerfinu við gerð þjóðhagsreikninga. Íslendingar fylgja 2. útgáfu af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu Þjóðanna og þurfa brátt að taka upp 3. útgáfu þess, en á henni og evrópska kerfinu er óverulegur munur.

Flokkunarkerfi. Hér er samkomulag um upptöku atvinnugreinaflokkunar EB, eins og þegar hefur verið vikið að.

Landbúnaðarskýrslur. Reglugerðir EB og tilskipanir á þessu sviði miðast að mörgu leyti við sérgreinda hagskýrslugerð til stjórnvaldsnota í tengslum við hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu EB fremur en almenna skýrslugerð. Því er hér samkomulag um ýmiss konar frávik og áhersla lögð á að einungis sé samið um almenna skýrslugerð um framleiðslu og umsvif.

Fiskiskýrslur. Um er að ræða nýlega reglugerð EB um landanir fiskafla. Skýrslugerðin, sem hér er krafist, er nokkuð frábrugðin íslenskum skýrslum um þetta efni en á þó að vera fyrirhafnarlítil.

Orkuskýrslugerð. Undir hagskýrslugerð í þessum málaflokki fellur aðeins ein reglugerð og er þar kveðið á um öflun og birtingu upplýsinga um verð á rafmagni og gasi til þess að verðlagning verði auðskildari en ella. Þar sem reglugerðin miðast við samkeppni í orkusölu á meginlandi Evrópu hafa upplýsingar frá Íslandi ekki þýðingu í þessu sambandi og er Ísland undanþegið því að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð.

Um bókun 30
Sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

Í þessari bókun eru ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslna. Eins og rakið er í almennum athugasemdum og í athugasemd við 76. gr. hafa Evrópubandalagið og EFTA-ríkin þegar með sér mikið samstarf í hagskýrslugerð. Sameiginlegir hagstofustjórafundir EB- og EFTA-ríkjanna hafa yfirumsjón með þessu samstarfi. Í bókun 30 er gert ráð fyrir að hið formlega samstarf í hagskýrslugerð innan Evrópska efnahagssvæðisins verði byggt á þeim grunni sem fyrir er og ráðstefnu hagstofustjóra ríkjanna falin umsjón með því. Þessar ráðstefnur hafa verið haldnar tvisvar á ári og er fyrirhugað að svo verði áfram. Á þessum ráðstefnum er farið yfir samstarfið og teknar ákvarðanir um starfsáætlanir. Vinna að sameiginlegum verkefnum fer nú að mestu fram í allmörgum starfsnefndum. Þessar nefndir voru upphaflega settar á stofn innan EB til þess að fjalla um og útfæra í nákvæmum atriðum áætlanir EB um hagskýrslugerð. EFTA-ríkin hafa tekið þátt í starfi margra af þessum nefndum sem fullgildir aðilar um þau verkefni sem þegar hafa verið skilgreind sem formleg samstarfsverkefni, en sem áheyrnaraðilar á þeim sviðum þar sem enn er unnið að skilgreiningu sameiginlegra verkefna.

Í 2. tölul. bókunar 30 er kveðið á um að EFTA-ríkin skuli taka þátt í áætlunum um forgangsaðgerðir á sviði hagskýrslugerðar. Þetta starf er þegar í undirbúningi og er byggt á fyrirliggjandi hagskýrsluáætlun EB sem samþykkt var í tengslum við þá ákvörðun bandalagsins að koma á fót innri markaði þess 1993. Hagskýrsluáætlunin tekur til allra sviða hagskýrslugerðar. Er að því stefnt að EFTA-ríkin taki fullan þátt í því þróunarstarfi, sem hér um ræðir, að svo miklu leyti sem um almenna hagskýrslugerð er að ræða. Áætlun EB felur að auki í sér allmörg verkefni, sem miða að þróun skýrslugerðar vegna beinna stjórnvaldsþarfa bandalagsins. Er þá oft um að ræða gerð hagskýrslna til að mynda grundvöll fyrir ákvarðanir um úthlutun fjár úr sameiginlegum sjóðum eða fyrir eftirlit með þess háttar fjárnotkun og framkvæmd stjórnvaldsaðgerða. Skýrslugerð af þessu tagi fellur

ekki undir samstarfsverkefni EES og munu EFTA-ríkin ekki taka þátt í henni eða þróun hennar.

Í 3 tölul. eru frekari ákvæði um framkvæmd og er fyrst vikið að hlutverki skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA í því sambandi. Þessi skrifstofa var stofnuð 1. febrúar 1991 og er staðsett í húsakynnum hagstofu Evrópubandalagsins (Eurostat) í Lúxemborg. Á skrifstofunni eru nú þrír starfsmenn og er verkefni þeirra að koma fram fyrir hagstofur EFTA-ríkjanna gagnvart hagstofu EB og aðstoða EFTA-ríkin við þátttöku í starfsnefndum EB. Skrifstofa hagskýrsluráðgjafans lýtur faglegri stjórn hagstofustjóra EFTA-ríkjanna. Sýnt er að hagskýrslusamstarf EB og EFTA verður mjög umfangsmikið. Hagstofur EFTA-ríkjanna hafa á hinn bóginn takmarkað bolmagn til að taka fullan þátt í því með reglubundinni þátttöku í sameiginlegum starfsnefndum eins og þó er nauðsynlegt eigi EFTA-ríkin að hafa áhrif á samstarfið. Því er áhugi á því að efla skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA þannig að unnt verði að fela henni að taka mun meiri þátt í starfsnefndunum, fylgjast með framgangi mála og halda fram þeim áhersluatriðum sem EFTA-ríkin verða sammála um. Væri þetta mjög æskilegt þar sem þeim er ókleift vegna smæðar sinnar að taka verulegan þátt í svo víðtæku samstarfi sem hér er að stefnt.

Í 3. tölul. bókunar 30 felst beinlínis að þegar sameiginleg hagskýrslugerð EB og EFTA hefst muni hagstofur EFTA-ríkjanna senda hagskýrslugögn sín til skrifstofu hagskýrsluráðgjafans. Hlutverk skrifstofunnar verði að skipuleggja innheimtu og fylgjast með samhæfingu gagnaöflunar og úrvinnslu. Jafnframt er svo gert ráð fyrir því að hagstofa EB taki við gögnunum, varðveiti þau og vinni úr þeim heildarskýrslur fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu sambandi má benda á að aðilar eru sammála um að byggja á og nýta þá stofnun, sem þegar er til staðar, hagstofu EB, til sameiginlegrar skýrslugerðar. Sýnist það mun vænlegri og ódýrari kostur en að koma upp nýrri stofnun í þessu skyni. Í 5. tölul. eru ákvæði um hvernig fara skuli með þann kostnað sem af þessu hlýst.

Ákvæði 4. og 6. tölul. bókunar 30 fela í sér tvær meginreglur um hina sameiginlegu hagskýrslugerð. Í 4. tölul. er sú meginregla mörkuð að framkvæmdaraðilum sé skylt að koma skýrslum sínum til notenda og fyrir almenningssjónir. Þessi birtingarskylda er sjálfsögð og hvílir í reynd á öllum opinberum hagskýrslustofnunum. Skýrslugerðin er til orðin vegna ákveðinna þarfa, almennra og sérgreindra, en kemur ekki að gagni nema notendur og almenningur hafi fullan aðgang að skýrslunum. Meginreglan sem felst í 6. tölul. er hin mikilvægasta en hún lýtur að meðferð trúnaðarupplýsinga. Sú regla sem þar kemur fram, að hagskýrslugögn, sem háð eru trúnaðarkvöðum, megi einungis nýta til hagskýrslugerðar, er grundvallarregla í allri opinberri hagskýrslugerð. Með þessu ákvæði er tryggt að svo verður einnig í hagskýrslusamstarfi EB- og EFTA-ríkja.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið um skipulag og framkvæmdaratriði samstarfs í hagskýrslugerð skv. bókun 30 má nefna að í samþykktum með EES-samningnum er kveðið á um fimm nefndir EB á sviði hagskýrslugerðar sem EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í. Nefndirnar eru þessar:

1. Nefnd um hagskýrsluáætlanir EB sem verður í reynd nefnd um hagskýrsluáætlanir EES. Nefndin skal skipuð fulltrúum hagskýrslustofnana aðildarríkjanna (í reynd hagstofustjórum). Nefndin skal fjalla um framkvæmd hagskýrsluáætlana til margra ára og vera til ráðuneytis um ákvarðanir í þeim efnum. Nefndin sinnir auk þess vissum úrskurðar- og ráðgjafarskyldum í tengslum við framkvæmd reglugerða um atvinnugreinaflokkun EB, kannanir á iðnaðarframleiðslu og árlegar vinnumarkaðskannanir.
2. Nefnd um hagskýrslur um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð. Nefndin er skipuð fulltrúum þeirra stofnana í aðildarríkjunum, sem fara með ofangreinda málaflokka. Verkefni hennar eru hliðstæð verkefnum hagskýrsluáætlananefndarinnar.
3. Nefnd um samræmingu skýrslugerðar um þjóðarframleiðslu á markaðsvirði. Nefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og skal hafa eftirlit með að samræmis sé gætt í þjóðhagsreikningagerð í aðildarríkjunum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að þjóðartekjur og aðrar þjóðhagsreikningastærðir mynda í mörgum tilvikum grunn að skattlagningu, skiptingu greiðslna eða úthlutun fjár milli aðildarríkja EB. Nauðsynlegt er að EFTA-ríkin eigi aðild að þessari nefnd, einkum þar sem skipting kostnaðar milli EB og EFTA byggist samkvæmt samningnum á þjóðarframleiðslu ríkjanna.
4. Ráðgjafarnefnd um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála. Hér er um fjölmenna nefnd að ræða sem skipuð skal fulltrúum úr ýmsum greinum efnahags- og félagsmála í aðildarríkjum, hagstofustjórum og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin skal koma saman a.m.k. árlega og vera vettvangur umræðna um upplýsingastefnu og hagskýrslugerð á fyrrnefndum sviðum.

Um 5. kafla
Félagaréttur

Um 77. gr.

Greinin vísar í XXII. viðauka.

Um XXII. viðauka
Félagaréttur

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofna og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um rétt hluthafa í hlutafélögum, 2) um samruna og skiptingu almenningshlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um hlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um rétt hluthafa (og kröfuhafa) í stórum og smáum hlutafélögum (almenningshlutafélögum og einkahlutafélögum), er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum, en í 2. tilskipuninni um almenningshlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna almenningshlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli um ársreikninga hlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikning útibúa hlutafélaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um hlutafélög eins aðila.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem felur í sér aðlögun að þróun félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnun og rekstur félaga og fyrirtækja annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er þegar reglurnar verða hvarvetna þær sömu.

Ákvæði reglugerðarinnar um Evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur virðast almennt séð vera nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en formið er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ekki virðist vandkvæðum bundið að aðlaga á hlutafélagalögin og skylda löggjöf EB-réttinum. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í almenningshlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum, ECU, (tæpum 2 millj. kr.) er talið rétt að stefna að setningu tvennra laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um almenningshlutafélög og hins vegar um einkahlutafélög (þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum). Væntanlega verður við samningu frumvarpa til nýrra laga byggt á tvennum hlutafélagalögum í Danmörku og löggjöf þar í landi um ársreikninga o. fl. Þarf með öðrum orðum að breyta lögum um bókhald hér á landi en fella ákvæði um ársreikninga og því um líkt úr hlutafélagalöggjöfinni (og lögum um samvinnufélög).

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna almenningshlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan. Þarf því að byggja á slíkum reikningsskilum þegar verðbólga hefur náðst niður á Íslandi þannig að varanlegt megi telja. Ekki þarf að breyta um aðferð þótt skammtímasveiflur verði. Í þessu sambandi má hafa í huga það sem greint er frá hér að neðan um almennan aðlögunartíma á sviði félagaréttarins.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr 1. tilskipun, eru gerðar nokkru strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina, sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna, að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja því að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga en hlutafélaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf lögin um bókhald af þessum sökum og er að því unnið á vegum fjármálaráðuneytisins.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögunum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga, og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi. Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á sviði 12. tilskipunarinnar um einkahlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar almenningshlutafélaga þarf að vera samkvæmt 2. tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um Evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál í íslenskri löggjöf, en breytingar kann að þurfa að gera á löggjöfinni síðar ef reglugerðinni verður breytt þannig að slík félög geti átt aðsetur í EFTA-löndunum.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni, m.a. tillaga um yfirtökutilboð til verndar minnihluta í almenningshlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru engin ákvæði um slíkt. Þriðjungsreglan samkvæmt drögum þessum, um skyldur til að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra, getur fræðilega séð valdið vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd, ef samþykkt yrði, og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði almenningshlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, svo og í tengslum við þau drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja, sem íslensk löggjöf geymir svo til engin ákvæði um.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi

til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum félags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki (m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess). Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Almennur aðlögunartími til að samræma ofangreindar níu tilskipanir og reglugerðina er til 1. janúar 1995.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:

(DEB, 27.09.1988, mál 81/87, Daily Mail, B 1988, bls. 5483)

Um VI. hluta
Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins

Í VI. hluta samnings þessa er kveðið á um eflingu samstarfs utan marka fjórþætta frelsisins. Byggist það einkum á samstarfssamningum og stefnuyfirlýsingum sem eru óskuldbindandi. Þótt samstarfið sé í öðru formi en samstarf á sviði fjórþætta frelsisins, er það mikilvægt til þess að ná markmiði samningsins. Hér er rennt stoðum undir umfangsmikið samstarf á sviði menntamála, rannsókna og þróunar, umhverfismála, félagsmála, neytendaverndar, samstarfs lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á fleiri sviðum, sem aðrir hlutar samningsins taka ekki til en eru talin upp í 78. gr. Nánar er gerð grein fyrir samstarfinu utan marka fjórþætta frelsisins í bókun 31. Fjallað er um bókunina í athugasemdum við 84. gr.

Samstarf á sumum þessara sviða milli EB og EFTA-ríkjanna er þegar hafið, en það hefur verið mjög takmarkað og tekið langan tíma fyrir EFTA-ríkin að fá aðild að samstarfinu þar sem gera hefur þurft sérstaka samninga um hvert einstakt verkefni. Einnig hefur EB haldið ýmsum verkefnum utan samstarfsins, t.d. á sviði rannsókna og þróunar og menntamála.

Á þeim takmörkuðu sviðum, sem samstarf hefur farið fram hafa EFTA-ríkin ekki haft nein áhrif á skipulag, stjórnun og þróun verkefnanna eða á það hvaða verkefni hafa forgang. Þetta breytist með EES-samningnum þar sem EFTA-ríkjunum er tryggður réttur til áhrifa á öll þessi atriði.

Þegar til þátttöku í verkefnum hefur komið, hafa EFTA-ríkin ekki notið fulls jafnréttis, þrátt fyrir fjárframlög, en ákvæði VI. hluta tryggja slíkt jafnrétti eftir gildistöku þessa samnings.

Þegar samningurinn gengur í gildi fá EFTA-ríkin aðgang að nær öllum verkefnum EB á umræddum sviðum. Eina undantekningin er á sviði menntamála, þar sem þátttaka hefst í áföngum, sbr. 4. gr. bókunar 31. Þau verkefni sem þegar er samstarf um samkvæmt tvíhliða samningum verða hluti af EES-samningnum frá gildistöku hans með þeim auknu réttindum sem lýst hefur verið hér að ofan.

Hvað Ísland varðar hefst full þátttaka í rammaáætlun EB á sviði rannsókna og þróunar ekki fyrr en 1. janúar 1994 að ósk Íslendinga.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að efla og auka samstarfið á grundvelli VI. hluta þessa samnings. Gert er ráð fyrir stöðugum skoðanaskiptum í þeim tilgangi að komast að samkomulagi um starfsemi og aðgerðir til þess að ná sameiginlegum markmiðum á þeim sviðum sem VI. hluti fjallar um. Ákvæði eru um að þessi skoðanaskipti skuli fara fram eftir sömu reglum og þegar um samstarf innan fjórþætta frelsisins er að ræða, þótt niðurstaðan verði ekki lagalega bindandi.

Til samstarfsverkefna samkvæmt VI. hluta greiða EFTA-ríki í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Fyrsta samstarfsárið a.m.k. greiða EFTA-ríkin helming framlags síns í janúar og helming í júlí með þeim hætti að fé verður lagt inn á reikning í seðlabönkum eða öðrum stofnunum í viðkomandi EFTA-ríki, sbr. bókun 32. EB hefur heimild til að taka út af reikningnum til greiðslu vegna þeirra verkefna sem samið hefur verið um, þegar starfræksla þeirra hefst.

Sameiginlega EES-nefndin á að taka allar ákvarðanir vegna framkvæmdar VI. hluta samningsins og getur hún m.a. gert breytingar á bókun 31, en þar er nánari útfærsla á

samstarfinu og samstarfsformum á umræddum sviðum. Einnig er gert ráð fyrir því að sameiginlega nefndin geti bætt nýjum samstarfssviðum inn í VI. hluta telji samningsaðilar æskilegt að þróa samstarfið enn frekar.

Um 78. gr.

Hér eru talin upp þau svið utan marka fjórþætta frelsisins þar sem samningsaðilar hafa ákveðið að efla og auka samstarf sitt innan ramma þess samstarfs sem EB hefur þegar komið á milli bandalagsríkjanna. Gerð er nánari grein fyrir umfangi og tilhögun samstarfsins á hinum ýmsu sviðum í bókun 31, eins og fram kemur í 84. gr.

Um 79. gr.

Hér er kveðið á um skyldu samningsaðila til að efla skoðanaskipti sín í milli til þess að ákveða hvaða nánara samstarf geti stuðlað að sameiginlegum markmiðum á þeim sviðum sem talin eru upp í 78. gr. Þótt samstarfið samkvæmt VI. hluta EES-samningsins sé utan marka fjórþætta frelsisins er kveðið á um að sömu reglur gildi um ákvarðanatöku og gilda um aðrar gerðir, sé þess getið í samningnum eða í bókun 31. Ákvæði um ákvarðanatökuna eru í VII. hluta samningsins.

Allir samningsaðilar hafa rétt til að gera athugasemdir og beita áhrifum sínum ef áformuð er endurskoðun eða breytingar á verkefnum, sem hafin eru. Sama gildir um ný verkefni, bæði rammaáætlanir, einstakar áætlanir, aðgerðir og önnur verkefni.

Um 80. gr.

Hér er kveðið á um þau samstarfsform sem gert er ráð fyrir á þeim sviðum sem 78. gr. tiltekur. Bæði er gert ráð fyrir þátttöku EFTA-ríkja í einstökum áætlunum og verkefnum EB, sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum og formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum. Loks er gert ráð fyrir að samningsaðilar samræmi aðgerðir sínar á starfsvettvangi alþjóðastofnana og samstarf sitt við lönd utan EES.

Um 81. gr.

Þessi grein tryggir jafnrétti EFTA-ríkja á við aðildarlönd EB í samstarfi á grundvelli VI. hluta. Í því samstarfi sem fram hefur farið til þessa milli EB og EFTA-ríkja á sviðum sem getið er í 78. gr. hafa EFTA-ríkin ekki setið við sama borð og aðildarlönd EB. En hér er t.d. kveðið á um að EFTA-ríki skuli hafa aðgang að öllum þáttum áætlana, en þetta hefur ekki verið raunin, t.d. á sviði rannsókna og þróunar. EFTA-ríkin hafa til þessa ekki átt sæti í nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun og þróun verkefna þótt þau hafi greitt fé til þeirra, heldur hafa verið settar upp sameiginlegar nefndir EB annars vegar og hvers EFTA-ríkis fyrir sig hins vegar, enda hafa samstarfssamningarnir verið tvíhliða. EFTA-ríkin hafa því ekki haft tækifæri til að hafa bein áhrif á þróun og stjórnun samstarfsverkefnanna, en slík áhrif á þessi samningsgrein að tryggja.

Eins og fram kemur í greinargerð með 79. gr. á að fara með ákvarðanir sem hafa áhrif á þau samstarfsverkefni samkvæmt reglum í VII. hluta þessa samnings. Þó er hér tekið fram að slíkt eigi ekki við þegar um er að ræða ákvarðanir sem varða almenna fjárhagsáætlun bandalagsins.

Í d- og e-lið er hnykkt á um jafnrétti EFTA-ríkja og aðildarríkja EB í samstarfinu sem byggt er á VI. hluta, og skiptir þá ekki máli hvort um stofnanir eða einstaklinga er að

ræða, og í f-lið felst skuldbinding um að greiða fyrir því að þegnar ríkja samningsaðila geti tekið þátt í samstarfinu og ekki séu lagðar hindranir í veg þeirra þótt samstarfið feli í sér flutning milli landa. Oftast er um skammtímadvöl að ræða.

Um 82. gr.

Hér er kveðið á um með hvaða hætti EFTA-ríki greiða kostnað af samstarfi, sem fram fer á grundvelli VI. hluta þessa samnings. Gert er ráð fyrir þremur möguleikum:

1. Þegar EFTA-ríki taka þátt í verkefnum bandalagsins er framlag þeirra reiknað hlutfallslega eins og nánar er skilgreint í 2. mgr., bæði miðað við áætlun bandalagsins um kostnað við viðkomandi verkefni og raunverulegan kostnað, þegar hann liggur fyrir. Framlög EFTA-ríkjanna eru færð árlega inn á viðkomandi fjárlagalið á fjárlögum bandalagsins.

   Framlög EFTA-ríkja koma til viðbótar þeim fjárveitingum sem EB notar til hvers verkefnis og verða greiðslur fyrir hvert ár miðaðar við raunverulegan kostnað.
2. Ef samningsaðilar hafa með sér samstarf sem ekki flokkast undir reglulega starfsemi bandalagsins, skal hver greiða sinn eigin kostnað og hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
3. Sameiginlega EES-nefndin á að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir varðandi framlög samningsaðila til starfseminnar.

Í 2. tölul. er vísað til bókunar 32 þar sem settar eru reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Um bókun 32
Fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar á 82. gr.

Um 1. gr. bókunar 32

Hér er gerð grein fyrir tilhögun við ákvörðun fjárframlags EFTA-ríkjanna. Fyrstu upplýsingar um fjárframlög EFTA-ríkjanna byggjast á fjárlagatillögum EB til þeirra verkefna sem EFTA-ríkin taka þátt í. Hlutfall fjárframlags EFTA-ríkjanna er ákveðið samkvæmt reglunni, sem sett er fram í 82. gr. Sameiginlega EES-nefndin fær útreikningana til staðfestingar í síðasta lagi 30. maí ár hvert og skal staðfestingin eða athugasemdir ef einhverjar eru hafa borist EB fyrir 1. júlí.

Þegar fjárlög EB hafa verið samþykkt skulu lokaútreikningar á framlagi EFTA-ríkjanna tilkynntar sameiginlegu EES-nefndinni og hefur hún þá 15 daga til að staðfesta að þær séu í samræmi við ákvæði 82. gr.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna ákveður hve stóran hluta fjárframlagsins hvert EFTA-ríki á að greiða og skal tilkynna framkvæmdastjórn EB um skiptinguna eigi síðar en 1. janúar á hverju fjárhagsári. Hafi þessar upplýsingar ekki borist miðar EB við skiptingu ársins á undan til bráðabirgða.

Um 2. gr. bókunar 32

Gert er ráð fyrir að fjárframlög EFTA-ríkjanna séu greidd tvisvar á ári, helmingur eigi síðar en 20. janúar og helmingur eigi síðar en 15. júlí. Þau eru greidd inn á reikninga hjá ríkissjóði í hverju landi eða stofnun sem tilnefnd er í þessu skyni. Liggja því

peningarnir hjá EFTA-ríkjunum þar til EB þarf að greiða til samstarfsverkefnanna. Þegar að greiðslum kemur getur framkvæmdastjórnin tekið út fé af reikningunum.

Um 3. gr. bókunar 32

Þessi ákvæði eiga við ef breytingar verða á fjárlögum EB, eftir að þau hafa verið samþykkt, sem valda breytingu á framlagi EFTA-ríkjanna. EFTA-ríkin telja sig ekki geta samþykkt að taka á sig hækkanir eftir að þau hafa samþykkt fjárlög fyrir viðkomandi fjárhagsár. Hækkanir verða stundum hjá EB, m.a. með tilfærslum og fjáraukalögum.

Hér er gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu að EFTA-ríkin jafni mun þann er skapast kann á fjárlögum næsta fjárhagsárs á eftir. Þó er gert ráð fyrir að sameiginlega EES-nefndin geti samþykkt að farið sé fram á viðbótarframlag frá EFTA-ríkjunum á sama fjárhagsári og breyting er gerð. Er gerð grein fyrir því í 3. mgr. hvernig með slíkar viðbótagreiðslur skuli farið.

Einnig er hér ákvæði um að sameiginlega EES-nefndin skuli setja viðbótarreglur um framkvæmd 1.-3. mgr. ef slíkt reynist nauðsynlegt.

Um 4. gr. bókunar 32

Sameiginlega nefndin skal endurskoða, fyrir 1. janúar 1994, 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr., sem fjalla um fyrirkomulag greiðslna EFTA-ríkjanna.

Ástæðan til þessa er að EFTA-ríkin telja hagkvæmara að greiða framlög sín með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og féllust samningamenn EB á að þessi atriði mætti endurskoða.

Um 5. gr. bókunar 32

Framlög EFTA-ríkjanna eru færð inn á fjárlagaliði, merkta þeim verkefnum sem þau taka þátt í, og er óheimilt að nota þau til annars.

Um 6. gr. bókunar 32

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr. bókunar 32

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr. bókunar 32

Upplýsingar um verga landsframleiðslu á markaðsverði skulu veittar á grundvelli samstarfsins innan EES um hagskýrslugerð, sem ákvæði eru um í 76. gr. samningsins. Ekki er ráðgert að það samstarf hefjist að fullu fyrr en 1. janúar 1995 og þess vegna verða upplýsingar OECD notaðar a.m.k. fyrstu tvö árin.

Um 83. gr.

Hér er kveðið á um að réttindi og skyldur opinberra aðila í EFTA-ríkjum séu þær sömu og aðildarríkja EB þegar samstarfið felur í sér upplýsingamiðlun milli opinberra aðila. Gert er ráð fyrir að sameiginlega EES-nefndin setji reglur um hvaða upplýsingar skuli farið með sem trúnaðarmál.

Um 84. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bókun 31
Um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

Um 1. gr. bókunar 31
Rannsóknir og tækniþróun

Hér er kveðið á um tilhögun þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990-1994).

Um a-lið 1. mgr. 1. gr.

Hér er kveðið á um að frá og með gildistöku þessa samnings skuldbindi EFTA-ríkin sig til að taka þátt í þriðju rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar með þeim skilmálum sem hér að neðan greinir.

Rammaáætlanir EB eru heildaráætlanir til ákveðins tíma um rannsóknir og þróun, einkum á sviðum raunvísinda og tækni. Annarri rammaáætluninni lauk í árslok 1991 en þá tók við þriðja rammaáætlunin sem gildir frá 1990-94. Innan hverrar rammaáætlunar er fjöldi undiráætlana um rannsóknir á tilteknum afmörkuðum sviðum.

Með rammaáætlunum EB hefur verið stuðlað að aukinni samvinnu ríkja EB með því að veita úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins styrki til ákveðinna samvinnuverkefna. Þessi verkefni eru afmörkuð svo sem framkvæmdastjórn bandalagsins ákveður hverju sinni í samvinnu við aðildarríki þess. Markmiðið með þessum rammaáætlunum er m.a. að efla vísindalegan og tæknilegan grundvöll evrópsks iðnaðar og efla alþjóðlega samkeppnisstöðu hans. Þær eiga að stuðla að hagkvæmari verkaskiptingu milli ríkja bandalagsins og koma í veg fyrir að fleiri en einn aðili vinni sömu verkin. Við val á viðfangsefnum í rammaáætlanirnar eru höfð í huga eftirfarandi verkefni:

1. Sem hvert ríki eitt og sér ræður ekki við;
2. sem reikna má með að hafi hagnýtar, seljanlegar niðurstöður;
3. sem eru fjölþjóðleg í eðli sínu;
4. sem styrkja heildarmarkmið aðildarríkjanna.

Rannsóknaverkefni lúta fyrst og fremst að undirstöðuatriðum en ekki vöru- eða afurðaþróun í markaðslegum skilningi. Þess ber þó að geta að verkefni fást fyrst og fremst við raunvísindi, tækni og þróun sem leitt geta til bættrar samkeppnisaðstöðu aðildarríkjanna á heimsmarkaði.

Í þriðju rammaáætluninni fyrir árin 1990-1994 er lögð megináhersla á þrjú svið:

1. Þróun nýrrar tækniþekkingar eða tæknigetu.
2. Auðlindastjórn.
3. Mannauð.

Nánar tiltekið skiptist þriðja rammaáætlun EB í eftirfarandi 15 undiráætlanir:

1.	Upplýsingatækni	1352
2.	Fjarskiptatækni	489
3.	Flutningsþjónusta fyrir uppl. á vegum símastofnana	380
4.	Iðn- og efnistækni (áður BRITE/EURAM í 2. rammaáætluninni)	748
5.	Mælingar og prófanir	140
6.	Umhverfisrannsóknir (áður STEP/EPOCH í 2. rammaáætluninni)	414
7.	Hafrannsóknir (áður MAST í 2. rammaáætluninni)	104
8.	Líftækni	164
9.	Rannsóknir á sviði landbúnaðar, fiskveiða og -vinnslu	333
10.	Læknisfræði- og heilbrigðisrannsóknir	133
11.	Rannsóknir í líffræðigreinum m.t.t. þróunarlanda	111
12.	Rannsóknir á öðrum orkugjöfum en kjarnorku (áður JOULE)	157
13.	Öryggi í kjarnorkuvinnslu	199
14.	Beislun kjarnasamruna	458
15.	Mannauður (human capital and mobility) (áður SCIENCE)	518
	Samtals millj. ECU	**5700**

Ákvæði VI. hluta þessa samnings og 1. gr. þessarar bókunar tryggja að EFTA-ríkin verða fullgildir aðilar að öllum þessum rannsóknaáætlunum nema kjarnorkurannsókna-áætlunum, nr. 13 og 14, en þær eru hluti af samþykktum Kjarnorkubandalags Evrópu (EURATOM) sem EES-samningurinn nær ekki til. Full aðild EFTA-ríkja að rammaáætlun EB gefur rannsóknastofnunum, fyrirtækjum og vísindamönnum í EFTA-ríkjunum möguleika á að EB fjármagni samstarfsverkefni þeirra við aðila í EB-ríkjum um allt að 50% af verkefniskostnaði. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar á þessu ári verður Ísland, samkvæmt tvíhliða samningum þar um, aðili að tveimur af ofangreindum undiráætlunum, þ.e. á sviði umhverfisrannsókna og mannauðs, nr. 6 og 15.

Bæði Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð hafa mælt með því að Ísland gerist aðili að rammaáætlun EB með þeim skilmálum sem um ræðir í EES-samningnum. Fram hefur komið við mat á aðild Íslands að rammaáætlunum EB að meirihluti einstakra undiráætlana sem gilda fyrir árin 1990-1994 uppfyllir eftirfarandi skilyrði: 1) Íslenskir vísindamenn og rannsóknastofnanir hafa mikilvæga sérfræðiþekkingu fram að færa á viðfangsefnum áætlananna, 2) þátttaka í þeim gæti eflt vísinda- og tæknistig hérlendis á umtalsverðan hátt og 3) meiri fjármunir gætu skilað sér til baka til hérlendrar vísindastarfsemi en sem nemur kostnaði Íslands við aðild að áætlunum.

Hér á landi mun menntamálaráðuneytið tryggja framkvæmd ákvæða EES-samnings á sviðum sem snerta rannsóknir og tækniþróun, en gera má ráð fyrir að Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins verði falin umsjón með þátttöku Íslands í einstökum áætlunum.

Um b-lið 1. mgr. 1. gr.

Samtals munu EFTA-ríkin greiða u.þ.b. 800 milljónir ECU til þriðju rammaáætlunarinnar en þær greiðslur bætast við fjárframlag EB. Reikna má með að aðild Íslands að rammaáætluninni á árinu 1994 komi til með að kosta u.þ.b. 100 millj. kr. Upphæð fjárframlags Íslands á árinu 1993 fer eftir þeim fjölda undiráætlana sem Ísland

fær aðild að 1. janúar 1993 en frá því máli hefur ekki verið endanlega gengið við EB. Útreikningar á fjárframlögum EFTA-ríkjanna fara eftir ákvæðum í 82. gr. og bókun 32.

Um c-lið 1. mgr. 1. gr.

Hvert aðildarríki EFTA fær rétt til að tilnefna 1-2 fulltrúa í hinar 13 stjórnunarnefndir undiráætlana rammaáætlunar EB en hver stjórnunarnefnd skipar síðan vinnuhópa á ákveðnum sérsviðum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna hafa ekki atkvæðisrétt í umræddum nefndum en hafa að öðru leyti jafnan rétt og aðildarríki EB til að móta starfsemi þessara nefnda, hafa áhrif á innihald áætlana og koma sínum sjónarmiðum fram að öðru leyti. Í þeim nefndum sem hér um ræðir er atkvæðisrétti sjaldnast beitt heldur mótast verkefni og áætlanir af gæðum faglegs framlags hvers og eins.

Um d-lið 1. mgr. 1. gr.

Nefnd um vísinda- og tæknirannsóknir (Scientific and Technical Research Committee, CREST) er æðsta ráðgjafar- og stefnumótandi nefnd EB á sviði vísindamála. Hvert EFTA-ríki tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina. Hlutverk CREST er einkum þrenns konar:

1. Ráðgefandi fyrir EB-ráðherraráðið.
2. Ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB í málefnum sem eru utan EES-samningsins.
3. Ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB í málefnum sem eru á sviði EES-samningsins.

Í sameiginlegri yfirlýsingu samningsaðila er samkomulag um að frá og með gildistöku samnings taki fulltrúar EFTA-ríkjanna fullan þátt í störfum CREST-nefndarinnar þegar hún fjallar um mál sem falla undir lið 3.

Aðrar nefndir á þessu sviði sem EFTA-ríkin fá aðild að á grundvelli þessa ákvæðis eru vísinda- og tækniþróunarnefnd Evrópu (Committee for the European Development of Science and Technology, CODEST) og ráðgjafarnefnd um iðnaðarrannsóknir og þróun (Industrial Research and Development Advisory Committee, IRDAC). Báðar þessar nefndir eru ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB. Í CODEST-nefndinni eru 24 EB-fulltrúar en í IRDAC-nefndinni eru þeir 14. CODEST-nefndin fjallar um málefni sem varða mótun og framkvæmd á almennri vísinda- og tæknistefnu EB en IRDAC-nefndin um málefni er snerta iðnaðarrannsóknir og þróun. Ekki hefur endanlega verið gengið frá hvernig aðild EFTA-ríkjanna að þessum tveimur nefndum verður háttað.

Um 2. mgr. 1. gr.

Ákvæðið felur í sér að Ísland er ekki skuldbundið til að taka fullan þátt í rammaáætlun EB á sviði vísinda- og tækniþróunar fyrr en 1. janúar 1994, enda er samstarf Íslands og EB hvað varðar þennan málaflokk skammt á veg komið í samanburði við samstarf EB og annarra EFTA-ríkja. Ákvæðið hindrar samt ekki að Ísland verði fullgildur aðili að einstökum undiráætlunum fyrir þennan tíma á grundvelli tvíhliða rammasamnings sem gerður var 1990 og fái þar með fulla aðild að stjórnunarnefndum einstakra áætlana, sbr. c-lið mgr. 1. hér á undan, þótt ekki sé gert ráð fyrir slíkri aðild í tvíhliða samningnum. Samkomulag er um að Ísland fái þangað til 1. janúar 1994 áheyrnaraðild að CREST-, CODEST- og IRDAC-nefndunum og þeim stjórnunarnefndum einstakra undiráætlana rammaáætlunar EB sem Ísland er ekki fullgildur aðili að nú þegar.

Eins og áður hefur komið fram verður Ísland þegar á þessu ári, samkvæmt tvíhliða samningum þar um, aðili að rannsóknaáætlunum EB á sviði umhverfisrannsókna og mannauðs. Í EES-viðræðum við EB var einnig af Íslands hálfu lögð áhersla á að frá 1. janúar 1993 fengi Ísland fulla aðild að eftirtöldum undiráætlunum rammaáætlunar EB: Upplýsingatækni, líftækni, hafrannsóknir, læknisfræði- og heilbrigðisrannsóknir.

Um 3. mgr. 1. gr.

Hér er einkum um að ræða nýjar aðgerðir á sviði rannsókna og tækniþróunar sem framkvæmdastjórn EB kynni að samþykkja á gildistíma rammaáætlunar. Þessar samþykktir kynnu að hafa í för með sér auknar fjárhagsskuldbindingar fyrir aðildarríki samningsins en tryggja jafnframt áhrif EFTA-ríkja á endurskoðun rammaáætlunarinnar.

Um 4. mgr. 1. gr.

Þeir samningar sem Ísland hefur gert við EB og falla undir þetta ákvæði eru rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni sem öðlaðist gildi 6. júní 1990 og samstarfssamningur um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE-áætlunin) en hann öðlaðist gildi 28. október 1991.

Um 2. gr. bókunar 31
Upplýsingaþjónusta

Hér er kveðið á um að samningsaðilar feli sameiginlegu EES-nefndinni að ákveða skilyrði fyrir og tilhögun þátttöku EFTA-ríkja í eftirfarandi áætlunum EB-ráðsins, eða öðrum áætlunum sem leiðir af þeim, á sviði upplýsingaþjónustu:

1. Aðgerðaáætlun til að koma á fót markaði fyrir upplýsingaþjónustu. Áætlunin felur í sér eftirfarandi verkefni: a) Öflun og úrvinnslu tölfræðiupplýsinga um evrópskan markað fyrir upplýsingaþjónustu. b) Kynna EB-ráðinu tillögur um afnám lagalegra, stjórnunarlegra og tæknilegra viðskiptahindrana á markaði á sviði upplýsingaþjónustu. c) Örva samstarf hins opinbera og einkageirans á sviði upplýsingaþjónustu. d) Hefja undirbúning að samtengingu bókasafna í aðildarríkjum EB.
2. SPRINT-áætlunin sem er aðallega ætlað að stuðla að tæknisamvinnu á milli smærri fyrirtækja yfir landamæri. Verkefnið felur m.a. í sér að komið verður á fót upplýsinganeti á milli fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og atvinnugreinasamtaka. Auk þess er gert ráð fyrir miðlun um árangur af starfrækslu áðurgreindra upplýsinganeta, rannsóknum og námsstefnum og endurskoðun lagareglna, skattareglna, fjármögnunarmöguleika o.fl.

Um 3. gr. bókunar 31
Umhverfismál

Um þetta samstarf vísast í athugasemdir við 3. kafla V. hluta.

Um 4. gr. bókunar 31
Menntun, þjálfun og æskulýðsmál

Samstarf EB á sviði menntamála fer yfirleitt fram með þeim hætti að ákveðin eru samstarfsverkefni og miðað við að þau séu þess eðlis að samstarf skili betri árangri en aðgerðir á vegum stjórnvalda hvers lands.

EB hefur ekki sameiginlega menntastefnu og forræði í málaflokknum er hjá stjórnvöldum hvers bandalagslands.

Menntamálaráðherrar bandalagsins hittast reglulega, taka ákvarðanir um vænleg samstarfsverkefni og gefa út yfirlýsingar um stefnumál, sem þeir eru sammála um að fylgja í löndum sínum.

Menntamálasamstarf það, sem hér er kveðið á um, byggist á samstarfsverkefnum líkum þeim sem EB hefur staðið að á undanförnum árum, einkum í þeim tilgangi að gera ungu fólki, bæði háskólanemum og öðrum, og einnig kennurum, auðveldara að kynnast öðrum EB-löndum en heimalöndum sínum og stunda þar nám og störf. Einnig hefur verið unnið að því í tengslum við þessi samstarfsverkefni að koma á samstarfi milli skóla, einkum á háskólastigi, og tengslum háskóla og atvinnulífs, einkum á sviði tækniþjálfunar.

EFTA-ríki hafa þegar gert tvíhliða samstarfssamninga við EB um þátttöku í tveimur verkefnum á sviði menntamála, COMETT II, sem stuðlar að samstarfi háskóla og atvinnulífs á sviði tækniþjálfunar, og ERASMUS, sem stuðlar einkum að nemendaskiptum á háskólastigi en auk þess kennaraskiptum og samstarfsnetum háskóla.

EFTA-ríkin hafa tekið þátt í COMETT II frá 1990, en áætlunin nær til fimm ára tímabils. Ráðstöfunarfé til áætlunarinnar úr sjóðum bandalagsins, sem EFTA-ríki greiða einnig til, er um 16,5 milljarðar kr. Eftir að Ísland hóf þátttöku í COMETT II var eitt fyrsta verkefnið að sækja um styrk til að reka samstarfsnefnd um eflingu tækniþjálfunar á Íslandi. Í nefndinni sem nefnist SAMMENNT (Samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla um menntun og þjálfun í tengslum við COMETT) eiga sæti um 20 aðilar, skólar, fyrirtæki og stofnanir. Slíkar samstarfsnefndir eru um 150 innan EB- og EFTA-ríkja. Þær mynda þéttriðið net samstarfs um alla Evrópu.

Fjárframlag Íslands til COMETT II er reiknað út með sama hætti og gert er ráð fyrir í 82. gr. þessa samnings. Er gert ráð fyrir að Íslendingar greiði um 3,5 millj. kr. í framlag til áætlunarinnar árlega.

SAMMENNT hefur hlotið um 12 millj. kr. í styrk frá COMETT til reksturs verkefnanna í þrjú ár. Auk þess hafa fengist styrkir til endurmenntunar, samstarfs um fiskvinnslu og nemendaskipta samtals að upphæð 3,1 millj. kr.

Þátttaka EFTA-ríkja í ERASMUS-áætluninni hefst á þessu ári, en áætlunin hefur verið starfrækt hjá EB frá 1987. Markmiðið með ERASMUS er einkum að efla samstarf milli háskóla og stuðla að því að nemendur stundi hluta háskólanáms síns utan heimalandsins, en skilyrði fyrir slíkri námsdvöl eru að heimaskóli nemandans viðurkenni námsdvöl hans erlendis sem hluta námsins og hann tapi ekki tíma. Evrópubandalagið stefnir að því að 10% háskólanemenda stundi hluta af námi sínu í háskóla utan heimalandsins 1992, en mikið vantar á að þetta markmið sé í sjónmáli og aðeins 2-3% nemenda njóta stuðnings ERASMUS á þessu skólaári.

Framlag EB til ERASMUS til þriggja ára frá 1990-1993 nemur um 14,5 milljörðum kr. Miðað við þann útreikning sem notaður er vegna þátttöku EFTA-ríkja greiðir Ísland um það bil 7 millj. kr. á ári vegna þátttöku sinnar í áætluninni. Styrkur til nemendaskipta

úr sjóðum EB samkvæmt áætluninni nemur um 15 millj. kr. á ári en auk þess eru möguleikar á styrkjum til annarra verkefna eins og fram kemur hér að neðan;

ERASMUS-áætlunin skiptist í fjóra þætti sem styrktir eru sérstaklega:

1. Skólar á háskólastigi geta fengið styrk til undirbúnings og reksturs samstarfsneta, til þess að koma á nemendaskiptum, kennaraskiptum, hafa samstarf um skólaþróun og setja upp námskeið bæði fyrir nemendur og kennara.
2. Nemendaskipti eru megintilgangur áætlunarinnar. Skilyrði fyrir styrk til nemendaskipta er að nemandi fái nám sitt erlendis metið sem hluta af náminu við heimaskóla. Styrkirnir eiga að greiða þann umframkostnað, sem af því hlýst að stunda nám erlendis, en gert er ráð fyrir að nemandinn haldi námsaðstoð sem hann á rétt á í sínu heimalandi til framfærslu, hér á landi námslánum.
3. Starfsfólk skóla á háskólastigi getur fengið styrki til að fara náms- og kynnisferðir til þátttökulanda í áætluninni, m.a. til að kanna möguleika á samstarfsnetum og ýmsa aðra þætti samstarfs sem tengjast áætluninni, t.d. varðandi mat og viðurkenningu á prófgráðum og námsáföngum. Einnig eru kennurum veittir styrkir til stuttra kennsluheimsókna, hámark er fjórar vikur.
4. Stofnanir í aðildarlöndum geta sótt um styrki til aðgerða til að efla nemendaskipti, m.a. útgáfustyrki og styrki til kynningar á ERASMUS-áætluninni.

Styrkjum samkvæmt 1, 3 og 4 er úthlutað af ERASMUS-skrifstofunni í Brussel, en styrkjum samkvæmt 2 er úthlutað af yfirvöldum í hverju landi og hefur alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands verið falið að hafa forgöngu um úthlutunina og hafa til samráðs nefnd, skipaða fulltrúum frá öðrum skólum á háskólastigi. Alþjóðaskrifstofa háskólans hefur ennfremur með höndum upplýsingastarfsemi bæði vegna COMETT II og ERASMUS og sér um samskipti við aðila í Brussel vegna þátttöku í áætlununum, í umboði menntamálaráðuneytisins.

Í samræmi við 85. gr. þessa samnings kemur hann í stað tvíhliða samninga um COMETT II og ERASMUS og samstarfið verður innan ramma EES frá gildistöku hans. Það hefur þá breytingu í för með sér fyrir EFTA-ríki að þau fá fulltrúa í nefndum sem stjórna verkefnunum, sbr. b-lið 81. gr. þessa samnings. EFTA-ríki hafa því í framtíðinni áhrif á undirbúning, skipulag og stjórnun verkefna sem EB efnir til, en samkvæmt tvíhliða samningunum hafa EFTA-ríki fengið aðild að fullmótuðum verkefnum EB án nokkurra möguleika á því að hafa áhrif á þróun þeirra. Samkvæmt tvíhliða samningunum er það einnig skilyrði að hver samstarfsaðili í EFTA-ríki verði að finna samstarfsaðila í tveimur EB-ríkjum, en samkvæmt þessum samningi nægir einn samstarfsaðili innan EB.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram að EFTA-ríki fá aðild að einni samstarfsáætlun til viðbótar við COMETT II og ERASMUS, þegar þessi samningur gengur í gildi, í samræmi við VI. hluta og nefnist hún "Æska í Evrópu".

Markmið áætlunarinnar er að gefa ungu fólki á aldrinum 15-25 ára tækifæri til að kynnast öðrum löndum. Áætlunin skiptist í fjóra hluta:

1. Ferðastyrkir til ungs fólks.
2. Styrki fyrir þá sem starfa að æskulýðsmálum til stuttra kynnisferða innan bandalagsins.
3. Styrki til samtaka sem eru ekki á vegum opinberra aðila en vilja beita sér fyrir ungmennaskiptum.

4. Styrki til menntunar æskulýðsleiðtoga, einkum frá evrópsku sjónarmiði.

Styrkirnir eru veittir til verkefna sem fela í sér þátttöku frá 16-60 ungmenna og er gert ráð fyrir að þeir greiði 50% kostnaðar, nema um sé að ræða fatlaða sem hafa sérstakan forgang og fá 74% heildarkostnaðar. Einnig hafa forgang ungmenni sem ekki hafa áður átt kost á að taka þátt í skipulögðum ungmennaskiptum.

Ekki eru veittir styrkir til ferða sem telja má hluta af reglulegu námi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir fullri þátttöku EFTA-ríkja í verkefnum bandalagsins frá 1. janúar 1995. Ástæðan til þess að hér er ekki miðað við gildistöku samningsins er, að af hálfu EB var bent á að flest þau verkefni önnur sem EFTA-ríkin lýstu áhuga á þátttöku í væru tímabundin og við það að renna út 1. janúar 1993. Því gæti ekki orðið um raunverulega þátttöku að ræða fyrr en ný verkefni, annaðhvort á grunni þeirra sem nú er unnið að eða annars konar verkefni, hæfust og rétt væri að miða við 1. janúar 1995. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríki taki frá gildistöku samningsins þátt í skipulagningu og þróun verkefna bandalagsins á þessu sviði.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að umfangsmikið samstarf hefjist þegar við gildistöku samningsins, bæði á grundvelli starfsemi bandalagsins og einnig geti samningsaðilar haft frumkvæði um ný samstarfsverkefni.

Í 6. mgr. er sérstaklega vikið að samstarfi um málefni sem heyra undir Evrópumiðstöð um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP). Hlutverk stofnunarinnar er að aðstoða framkvæmdastjórnina við eflingu og þróun starfsmenntunar og endurmenntunar. Hún á að stuðla að sameiginlegri starfsmenntastefnu og hvetja til upplýsingaskipta og samanburðar á reynslu. Stofnunin á að taka mið af þeim tengslum, sem eru milli starfsmenntunar og annarra hluta menntakerfisins. Ekki er ljóst með hvaða hætti samstarf EFTA-ríkja við CEDEFOP verður.

Starf stofnunarinnar til þessa hefur fyrst og fremst verið að lýsa og bera saman starfsmenntun í bandalagsríkjum EB.

Um 5. gr. bókunar 31
Félagsmál

Á sviði félagsmála utan fjórþætta frelsisins er gert ráð fyrir skoðanaskiptum og samstarfi í samræmi við 79. gr. samningsins, m.a. milli sérfræðinga. Samningsaðilar skulu einkum efla samstarf sitt á grundvelli þeirra EB-gerða, sem taldar eru upp í bókun 31 og er óskuldbindandi.

Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í samstarfi EB um málefni aldraðra frá gildistöku samningsins. Þetta samstarf felur einkum í sér fræðslu um starfslok og fundi um önnur málefni, sem varða aldraða.

Um önnur samstarfsverkefni á þessu sviði tekur sameiginlega EES-nefndin ákvörðun. EFTA-ríkin eiga að taka fullan þátt í störfum nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun og þróun áætlana á sviði félagsmála.

Loks er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í starfi Dublin-stofnunarinnar frá gildistöku samningsins, en stofnunin vinnur að því að bæta lífskjör og vinnuumhverfi í Evrópu og eiga aðilar vinnumarkaðarins aðild að stjórn hennar.

Um 6. gr. bókunar 31
Neytendavernd

Í bókuninni segir m.a.: „Á sviði neytendaverndar skulu samningsaðilar auka skoðanaskipti sín í milli eftir viðeigandi leiðum, í þeim tilgangi að finna þau svið og starfsemi þar sem nánari samvinna myndi stuðla að því að markmið þeirra náist."

Í þessu sambandi er lögð áhersla á ályktun ráðsins um forgangsröð í framtíðinni til að endurvekja stefnu um neytendavernd, aðgerðaáætlun til þriggja ára um stefnu í neytendamálum í EB (1990-1992) og ályktun ráðsins um aukna þátttöku neytenda við gerð staðla.

Í ályktun ráðsins um forgangsröð í framtíðinni er aðalmarkmiðið að tryggja heilsu, öryggi og hagsmuni neytenda og efla fræðslu til þeirra. Vinna þarf að því að afgreiða endanlega þær tillögur sem fram hafa komið er varða neytendur, s.s. aukin áhrif neytenda á staðla, tryggja öryggi vara og þjónustu, halda áfram með EHLASS-slysaskráningarkerfið, svo og upplýsingakerfið varðandi hættulegar vörur á markaðinum, auðvelda neytendum aðgang að dómskerfinu, fullgera tilskipunina varðandi óréttmæta samningsskilmála, auka þekkingu neytenda hvað varðar tækninýjungar og efla vitund þeirra gagnvart óréttlátum auglýsingum.

Flestir þessara málaflokka eru þegar til umfjöllunar á ýmsum stigum innan EB og hér á landi er verið eða stendur til að semja frumvörp varðandi sum þessara mála og munum við í framtíðinni væntanlega fylgja þróuninni í Evrópu.

Liðið er á seinni hlutann í þriggja ára áætluninni og má reikna með að ný áætlun verði kynnt á þessu ári.

Í ályktuninni um staðlamál eru ákvæði um að auka eigi áhrif neytenda á staðlavinnuna heima fyrir með setu þeirra í staðlaráðum og -stofnunum og eins að þeir eigi sína fulltrúa í evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum.

Í fjölþjóðasamstarfi hefur að undanförnu verið lögð mikil áhersla á aukið vægi staðla í tengslum við öryggi framleiðsluvara. Þar af leiðandi hafa fulltrúar neytenda farið að hafa meiri afskipti af staðlavinnunni til að hafa áhrif á það að staðlar hljóti ekki samþykki nema þeir uppfylli vissar kröfur.

Síðastliðin tvö ár hefur verið til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til laga um stöðlun. Í frumvarpi þessu segir m.a. að í starfi Staðlaráðs sé tekið tillit til hagsmuna neytenda og er gert ráð fyrir að neytendur eigi fulltrúa í ýmsum nefndum ráðsins. Ef frumvarp þetta verður að lögum þá munu áhrif neytenda á staðlavinnuna hér á landi aukast og er það í fullu samræmi við þróunina annars staðar. Lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eru nú í endurskoðun og munu verða sett ný lög um öryggi framleiðsluvöru. Til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar er eðlilegt að setja reglugerð á grundvelli laga um öryggi framleiðsluvöru.

Um 7. gr. bókunar 31
Lítil og meðalstór fyrirtæki

Evrópubandalagið skilgreinir lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) þannig að það séu fyrirtæki með færri en 500 starfsmenn og nettó fastafjármuni innan við 5,3 milljarða kr. (75 millj. ECU). Jafnframt er skilyrði að minna en 33% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis sé í eigu stærri fyrirtækja en áðurnefnd mörk segja til um. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru LMF um 95% af heildarfjölda fyrirtækja innan bandalagsins. Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru innan þessara marka.

Árið 1986 kynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sérstaka áætlun um lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) innan bandalagsins. Áætlunin hafði þau aðalmarkmið að skapa hagstætt starfsumhverfi fyrir atvinnulíf innan bandalagsins og veita LMF aukna þjónustu sem stuðlað gæti að aukinni nýsköpun og aukinni framþróun þeirra, jafnhliða því að gera þau hæfari til að takast á við aukna samkeppni vegna innri markaðarins eftir 1993. Áhersla var lögð á að lækka útgjöld fyrirtækja með því að einfalda lög og reglugerðir. Reynt er að fjölga tækifærum í rannsóknum og þróun og efla samstarf

Samvinna innan EB um bættar starfsaðstæður lítilla og meðalstóra fyrirtækja hefur einkum farið fram með því:

1. Að aflétta óeðlilegum hömlum á sviði stjórnunar, fjármála og laga er varða fyrirtæki og örva þannig myndun og þróun þeirra;
2. að miðla upplýsingum og aðstoð til fyrirtækja um stefnu og áætlanir bandalagsins, reglugerðir og framkvæmdir;
3. að hvetja til samstarfs á milli fyrirtækja, sérstaklega LMF, frá hinum ýmsu svæðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í EES-samningnum eru um 6 gerðir um þetta efni.

Starfandi verður sérstök sérfræðinganefnd í málefnum LMF. Meginverkefni sérfræðinganefndarinnar verða að móta stefnu í málefnum LMF, sem tekur mið af EES-samningnum, og stuðlar að aukinni samvinnu fyrirtækja í tengslum við verkefni bandalagsins og við miðlun upplýsinga. Megináhersluatriði eru eftirfarandi:

1. Aukið samstarf (m.a. BC-NET);
2. upplýsingamiðlun (m.a. Euro-Info);
3. rannsóknir og tækniþróun;
4. fjármögnun.

Á hverju þessara sviða eru svo ótal verkefni sem hér er gerð grein fyrir í stuttu máli.

1. Aukið samstarf

Aukin samvinna getur haft margvíslega kosti fyrir fyrirtæki, m.a. dreifingu áhættu, nýtingu á hagkvæmni stærðarinnar, nýtingu tæknikunnáttu, markaðssamstarf og samstarf um að koma framleiðslu á erlenda markaði. Dæmi um verkefni á þessu sviði er BC-NET-verkefni bandalagsins en í mars sl. gerðust EFTA-þjóðirnar aðilar að verkefninu. Iðntæknistofnun Íslands annast samskipti fyrir hönd Íslands, en rúmlega 460 slíkir aðilar eru starfandi innan bandalagsins. Innan kerfisins, sem er tölvutengt upplýsingakerfi, geta fyrirtæki leitað eftir samstarfi og upplýsingum. Ennfremur skal minnst á verkefni s.s. Europartnership sem hvetur til samstarfs á milli svæða sem standa höllum fæti og þeirra sem standa betur, Evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag (European Economic Interest

Grouping, EEIG) sem gerir aðilum kleift að stofna fjárhagslega sjálfstæða fyrirtækjahópa. Ennfremur má nefna verkefni um undirverkastarfsemi milli ríkja.

2. Upplýsingamiðlun

EB hefur lagt mikla áherslu á að auka upplýsingamiðlun, ekki síst til og á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í því sambandi hafa verið settar á stofn sérstakar upplýsingaskrifstofur, svokallaðar Euro-Info-Centers, EIC. Þær eiga að miðla upplýsingum um allt er varðar EB, s.s. varðandi lán og stuðning EB, rannsókna- og þróunarverkefni, opinber útboð o.fl. EB gefur auk þess út handbók fyrir stjórnendur, með hagnýtum upplýsingum um verkefni á vegum EB er lúta að LMF. Fyrirtæki geta einnig nálgast upplýsingar um EB í gegnum gagnabanka sem staðsettir eru víða innan bandalagsins.

3. Rannsóknir og tækniþróun

Árið 1990 kynnti EB aðgerðir á sviði rannsókna og tækniþróunar sem gætu orðið til eflingar LMF. Helstu atriðin eru:

1. Hvetja LMF til þátttöku í rannsóknum;
2. miðlun upplýsinga á niðurstöðum rannsókna og tækniverkefna;
3. hvetja til starfsemi með áhættufjármagn;
4. mynda ný verkefni sem m.a. tengjast upplýsingamiðlun, þjálfun starfsmanna og samstarfi fyrirtækja. Ennfremur eru margvísleg verkefni í gangi á þessu sviði, s.s. ESPRIT um þróun upplýsingatækni, BRITE um grunnrannsóknir í þágu iðnþróunar og EUREKA um samstarf í hátækni, COMETT til að styrkja tengsl háskóla og fyrirtækja og SPRINT um nýsköpun og tæknivæðingu, auk fjölda annarra verkefna. Eins og kom fram í athugasemdum við 1. og 4. gr. bókunar 31 er Ísland þegar aðili að sumum þessara verkefna.

4. Fjármögnun

EB hefur ennfremur verkefni á sviði fjármögnunar, m.a. til að auðvelda LMF aðgang að fjármagni, sérstaklega í gegnum hin ýmsu verkefni. Í þessu sambandi má nefna starfsemi Fjárfestingarbanka Evrópu sem lánar til ákveðinna byggðasvæða gegnum viðkomandi svæðisbanka og NIC (New community Instruments) sem eru sérstök lán til LMF, s.s. vegna endurskipulagningar, rannsókna o.fl. Fjárfestingarbankinn sér einnig um þessi lán. Ennfremur er um fjármálaráðgjöf að ræða og áhættufé, s.s. með verkefninu EUROTEC CAPITAL.

Með tilkomu innri markaðarins 1993 mun samkeppni á markaði almennt aukast í Evrópu. Með aðild að EES gefast atvinnulífi auknir möguleikar til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum EB á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja auk annarra áhersluþátta sem áður hafa verið taldir upp. Starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi munu því þróast í samræmi við þessar áherslur. Helstu breytingar verða þær að möguleiki íslenskra fyrirtækja til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum EB á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja vex til muna. Íslensk fyrirtæki geta því nýtt sér verkefni EB á þessu sviði og það mun væntanlega leiða til aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki verður að telja að einungis sé um kosti fyrir íslensk fyrirtæki að ræða þar sem viðbótarmöguleikar eru verulegir á þessu sviði sem fyrirtæki geta valið að nýta sér eða ekki, allt eftir aðstæðum. Mikilvægt er þó að fyrirtækin sjálf geri sérstakar ráðstafanir sem allra fyrst til þess að fylgjast reglubundið og

markvisst með þeim möguleikum og tækifærum sem skapast á þessu sviði. Fyrstu skrefin þurfa ekki að vera stór, en þó er mikilvægt að þau séu stigin sem allra fyrst, t.d. ákveðinn tími vikulega eða mánaðarlega til upplýsingaöflunar á þessu sviði.

Um 8. gr. bókunar 31
Ferðamál

Eins og hér kemur fram er ekki ákveðið um hvað samstarfið á þessu sviði kemur til með að snúast, en samningsaðilar vilja vinna saman að bættum hag ferða iðnaðarins.

Hjá EB hefur að undanförnu verið til umfjöllunar tillaga að framkvæmdaáætlun um ferðamál sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram. Þessi áætlun hefur ekki verið samþykkt ennþá, en það verður væntanlega á þessu ári. Í áætluninni er gert ráð fyrir aðgerðum sem framkvæmdastjórnin ákveður og koma til viðbótar við það sem gert er í hverju landi, en forræði þessara mála er í höndum stjórnvalda. Líklegt er að samstarfið innan EES á þessu sviði taki mið af henni og því þykir rétt að skýra hér frá helstu atriðum hennar:

1. Ýmsar almennar aðgerðir:
   a) Þróun hagskýrslna á sviði ferðamála;
   b) viðræður við aðila í ferðaiðnaði;
   c) samræmd stefnumörkun;
   d) lenging ferðamannatímans;
   e) aukin neytendavernd.
2. Aðgerðir til að auka ferðamannastraum innan bandalagsins:
   a) Ferðir með menningarlegu markmiði;
   b) ferðaiðnaðurinn og umhverfið;
   c) ferðaþjónusta í sveitum;
   d) æskulýðsferðir og ferðir á félagslegum grunni;
   e) náms- og kynnisferðir;
   f) markaðssetning Evrópu utan álfunnar;
   g) samstarfsverkefni sem mörg lönd taka þátt í.

Í Maastricht-samkomulaginu er gert ráð fyrir að EB fái formlega rétt til að stofna til verkefna og efla samstarf bandalagsríkjanna á sviði ferðaiðnaðarins.

Um 9. gr. bókunar 31
Hljóð- og myndmiðlun

Samkvæmt þessari grein fá EFTA-ríkin aðild að MEDIA 95, áætlun EB um þróun hljóð- og myndmiðlunar. Þegar eru hafnar viðræður milli EB og EFTA-ríkjanna á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar um aðild hinna síðarnefndu að þessu samstarfi og er jafnvel gert ráð fyrir að samist hafi um þátttöku EFTA-ríkjanna áður en EES-samningurinn gengur í gildi.

Media-áætluninni er skipt í nokkra ólíka samstarfsþætti:

1. Dreifingu kvikmynda og myndbanda og stuðning við framleiðslu sjónvarpsefnis á fleiri en einu tungumáli. Einnig er sjálfstæðum framleiðendum veittur styrkur.
2. Eflingu þekkingar á framleiðslutækni, t.d. handritsgerð og notkun nýrrar tækni við framleiðslu.
3. Könnun nýrra fjármögnunarleiða.

4. Samstarfsverkefni til að auka menntun og færni þeirra, sem fást við framleiðslu kvikmynda og myndbanda.
5. Stuðning við lönd sem eru fremur stutt á veg komin í þróun hljóð- og myndmiðlunar og gæti þetta komið Íslandi til góða. Einkum eru studd verkefni sem fleiri en eitt land taka þátt í og er sérstaklega gert ráð fyrir að kvikmyndagerðarmenn frá smærri löndum komi þar við sögu.

Um 10. gr. bókunar 31
Almannavarnir

Hér er gert ráð fyrir að samningsaðilar efli samstarf sitt innan ramma starfsemi EB, einkum á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1989.

Ályktunin gerir ráð fyrir samstarfi til að bregðast við náttúruhamförum, umhverfisslysum vegna eiturefna og iðnaðarslysum.

EB hefur þegar komið á tenglaneti þeirra opinberu aðila í löndum bandalagsins sem bera ábyrgð á almannavörnum, og lögð er áhersla á aukna upplýsingamiðlun vegna hamfara og umhverfisslysa, bæði milli opinberra aðila og til almennings.

Hættuástand, sem krefst sameiginlegra viðbragða í aðildarlöndum EB, getur oft haft áhrif í EFTA-ríkjunum og þess vegna er það áhugamál EFTA-ríkjanna að gerast aðilar að þessu samstarfi.

EB-ráðið hefur ákveðið að taka upp sameiginlegt neyðarsímanúmer, númerið 112, í síðasta lagi 31. desember 1995 og er samkomulag um að EFTA-ríkin geri það sama.

Um 85. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 86. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 87. gr.

Þessi grein veitir samningsaðilum heimild til að fjölga þeim sviðum sem samstarf þeirra utan marka fjórþætta frelsisins tekur til. Í samningaviðræðunum var t.d. talað um menningarmál í þessu sambandi. Maastricht-samkomulagið gerir ráð fyrir nánara samstarfi EB-ríkja á þessu sviði.

Samningnum um EES fylgir sameiginleg yfirlýsing samningsaðila um að þeir stefni að því að styrkja og auka samstarf sitt á sviði menningarmála.

Um 88. gr.

Hér er lögð áhersla á að einstakir samningsaðilar geti einhliða komið á fót starfsemi á þeim sviðum sem tiltekin eru í 78. gr. án þess að hún verði hluti af samningnum.

Um VII. hluta
Ákvæði um stofnanir

Um 1. kafla
Skipulag samstarfsins

Það var frá upphafi yfirlýst markmið EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins að með stofnun Evrópska efnahagssvæðisins væri ekki ætlunin að setja á stofn nýjar alþjóðastofnanir sem kölluðu á framsal valds frá stofnunum EB og þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Stjórnun svæðisins byggist því á tveimur stoðum, Evrópubandalaginu annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar. Þess ber að gæta að grundvallarmismunur er á stjórnskipun Evrópubandalagsins og samstarfi EFTA-ríkjanna í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið.

Evrópubandalagið byggist á stjórnskipun þar sem aðildarríkin taka ákvarðanir um samskipti sín í sameiginlegum stofnunum. Framkvæmdastjórn bandalagsins, sem hefur sjálfstætt ákvörðunarvald gagnvart aðildarríkjunum, hefur frumkvæði að undirbúningi að þeim reglum sem gilda eiga í samskiptum aðildarríkjanna. Ráðherraráð EB setur reglurnar en ráðfærir sig áður við Evrópuþingið. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt sjálfstætt eftirlit með því að EB-reglum sé framfylgt. Fari aðildarríkin ekki eftir þeim reglum eða ef ágreiningur er um hvernig túlka á reglurnar er málinu vísað til dómstóls Evrópubandalagsins, en aðildarríkjunum er skylt að fylgja niðurstöðum hans.

Evrópubandalagið hefur vald til að gera samninga við ríki utan bandalagsins á þeim sviðum sem Rómarsamningurinn nær til og er það því sjálfstæður aðili að samningnum. Ástæðan fyrir því að EB-ríkin sjálf eru einnig aðilar að EES-samningnum er hins vegar sú að nokkur samstarfssvið sem samningurinn nær til falla utan valdsviðs EB.

EFTA eða Fríverslunarsamtök Evrópu eru ekki sem slík aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, heldur er sérhvert EFTA-ríki sjálfstæður aðili. Samstarf EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum verður ekki í höndum EFTA-ráðsins. Settar verða upp nýjar nefndir og stofnanir EFTA-ríkjanna, fastanefnd EFTA, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóll sem eingöngu tengjast samstarfi EFTA-ríkjanna vegna Evrópska efnahagssvæðisins. EFTA-ráðið mun hins vegar áfram fjalla um annað samstarf EFTA-ríkjanna, eins og t.d. samstarf við ríki Austur-Evrópu.

Þegar skipulag EES-samstarfsins er skoðað verður að hafa í huga tengsl EB-réttar og EES-samningsins. Þegar Evrópubandalagið gerir samninga við ríki utan bandalagsins verða samningarnir, þegar þeir hafa verið fullgiltir innan EB, hluti af réttarreglum EB. Þannig verður EES-samningurinn hluti af EB-rétti. Það eru því stofnanir EB sem tryggja framkvæmd EES-samningsins innan bandalagsins á sama hátt og annarra EB-reglna. Stofnanir EFTA eiga hins vegar að tryggja framkvæmd samningsins í EFTA-ríkjunum. Sameiginlegar ákvarðanir fyrir Evrópska efnahagssvæðið verða teknar í sameiginlegum stofnunum EES.

Um 1. þátt
EES-ráðið

Um 89. gr.

Stjórnmálaleg yfirstjórn EES-samningsins verður í höndum EES-ráðsins. Þar sitja fulltrúar EB-ráðsins, þ.e. ráðherrar aðildarríkja EB og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB, og ráðherrar EFTA-ríkjanna.

Mál sem koma upp á meðal samningsaðila má taka upp millilíðalaust í EES-ráðinu, sbr. almenna reglan um upptökurétt í 5. gr. samningsins. Sérhver samningsaðili getur því tekið upp mál á fundi ráðsins sem aðildarríki EB taka þátt í og jafnvel kallað til sérstaks fundar vegna þessa, sbr. 91. gr. Gert er ráð fyrir að vandamál séu fyrst rædd í sameiginlegu EES-nefndinni.

Um 90. gr.

Ákvarðanir ráðsins eru fyrst og fremst stjórnmálalegar, en ekki bindandi í lagalegri merkingu. Fram að töku ákvarðana getur hvert ríki talað fyrir sig, en þegar ákvörðun er tekin er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin mæli einum rómi. Ákvarðanir ráðsins eru teknar samhljóða af EFTA-ríkjunum sem hópi annars vegar og EB hins vegar.

Um 91. gr.

EES-ráðinu ber að koma saman tvisvar á ári. Gert er ráð fyrir að í starfsreglum ráðsins verði settar reglur um möguleika til að halda fleiri fundi þegar aðstæður krefjast þess. Í samþykkt vegna 2. mgr. 91. gr. er gert ráð fyrir að orðalagið „þegar aðstæður krefjast „nái til þeirra aðstæðna þegar samningsaðili nýtir sér rétt til upptöku vegna sérstaks vandamáls í samræmi við 2. mgr. 89. gr.

Um 2. þátt
Sameiginlega EES-nefndin

Um 92. gr.

Sameiginlega EES-nefndin er helsti vettvangur fyrir samráð og samstarf samningsaðilanna. Þar sitja fulltrúar samningsaðila, venjulega embættismenn frá EFTA-ríkjunum annars vegar og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB hins vegar. Ef mál sem tekin eru fyrir í nefndinni falla utan valdsviðs EB taka fulltrúar aðildarríkja EB fullan þátt í störfum nefndarinnar.

Hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar er að tryggja virka framkvæmd samningsins og taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á viðaukum og bókunum við samninginn sbr. ákvæði 102. gr.

Sameiginlega EES-nefndin fjallar um hugsanleg deilumál um túlkun á samningnum og reglum sem á honum byggjast, sbr. 105. og 111. gr. samningsins.

Einnig skal í sameiginlegu nefndinni fjalla um öll þau mál er valda vandkvæðum í samskiptum samningsaðila, sbr. 5. gr. samningsins.

Um 93. gr.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru teknar samhljóða. Kveðið er á um að EFTA-ríkin eigi að mæla einum rómi við ákvarðanatöku. Það breytir ekki því að sérhvert EFTA-ríki hefur neitunarvald. Ef eitt ríki beitir neitunarvaldi þýðir það að engin ákvörðun verður tekin. Sjá nánar um ákvarðanatöku í athugasemdum við 97.-104. gr.

Um 94. gr.

Gert er ráð fyrir að sameiginlega nefndin komi saman ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, en oftar ef þörf krefur. Í samþykkt vegna 3. mgr. 94. gr. er gert ráð fyrir að sameiginlega nefndin taki ákvörðun um skipun undirnefnda og starfshópa á einum af sínum fyrstu fundum.

Um 3. þátt
Samvinna þingmanna

Um 95. gr.

Í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sitja 33 þingmenn frá þingi Evrópubandalagsins og 33 þingmenn samtals frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þingmenn frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna verða tilnefndir af þjóðþingunum sjálfum.

Hlutverk sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar er að stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þar eð löggjafarvald verður ekki flutt frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna eða stofnunum bandalagsins til stofnana EES hefur sameiginlega þingmannanefndin fyrst og fremst ráðgjafar-, og eftirlitshlutverk.

Stofnsamþykkt sameiginlegu þingmannanefndarinnar er að finna í bókun 36. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Sérstakur samningur verður gerður á meðal EFTA-ríkjanna um störf nefndar EFTA-þingmanna sem sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni.

Um bókun 36
Stofnsamþykkt sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar

Sjá athugasemdir við 95. gr.

Um 4. þátt
Samvinna aðila er starfa á sviði efnahags- og félagsmála

Um 96. gr.

Í ráðgjafarnefnd EES sitja jafnmargir fulltrúar frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalagsins, þar sem sitja fulltrúar atvinnulífsins í EB-ríkjunum annars vegar, og úr ráðgjafarnefnd EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EFTA er sett upp af EFTA-ríkjunum. Þar sitja fulltrúar atvinnulífsins frá ýmsum samtökum, en þátttakendurnir eru tilnefndir persónulega. Ráðgjafarnefnd EFTA tilnefnir þátttakendur í ráðgjafarnefnd EES.

Ráðgjafarnefnd EES á að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum innan EES. Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk við framkvæmd og þróun EES-samstarfsins.

Um 2. kafla
Tilhögun ákvarðanatöku

Ein af meginforsendum fyrir sameiginlegum markaði á Evrópska efnahagssvæðinu er að sömu reglur og samkeppnisskilyrði gildi á öllu svæðinu. Þar sem sömu reglur gilda að hluta til innan EB og EES verður að vera samkomulag um breytingar og þróun reglnanna í ljósi framfara á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Eitt grundvallarskilyrði við gerð samningsins var að samningsaðilar EB og sérhvert EFTA-ríki héldu sjálfræði sínu til ákvarðanatöku. Ákvarðanir um nýjar eða breyttar EES-reglur verður því að taka samhljóða og löggjafarvald er alfarið í höndum stofnana samningsaðila, þ.e. hjá EFTA-ríkjunum í höndum þjóðþinganna. Þar eð ekki er framselt löggjafarvald til stofnana EES er hver ný ákvörðun um breytingu á EES-reglum því nýr þjóðréttarsamningur.

Um 97. gr.

Samningsaðilar geta breytt innri löggjöf sinni og á það bæði við um EB-löggjöf og landslög á efnissviði samningsins, ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hin nýja löggjöf skaði ekki framkvæmd EES-samningsins eða ef reglur um ákvarðanatöku nýrra EES-reglna sem byggjast á EB-reglum hafa verið fullreyndar. Samkvæmt þessari grein getur EB því sett nýjar reglur sem EFTA-ríkin samþykkja ekki að taka upp, og sama gildir um réttinn til að setja innlenda löggjöf í EFTA-ríkjunum. Skilyrði er að jafnræðisreglunni sé beitt, þ.e. að allir samningsaðilar sitji við sama borð gagnvart hinum nýju reglum og að öllum samningsaðilunum hafi verið tilkynnt um löggjöfina.

Um 98. gr.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fjallað er um í þessum kafla varða breytingar á viðaukum og bókunum þeim sem taldar eru upp í greininni. Sameiginlega EES-nefndin getur ekki tekið ákvarðanir um breytingar á meginmáli samningsins eða þeim bókunum sem ekki eru tilgreindar í greininni. Fyrir slíkar breytingar þarf að kalla til ríkjaráðstefnu. Í báðum tilvikum verða skilyrði stjórnskipunarreglna hjá hverjum samningsaðila að vera uppfyllt, sbr. 103. gr.

Um 99. gr.

Meðferð á tillögum um nýjar EB-gerðir (reglugerðir, tilskipanir o.s.frv.) og samsvarandi EES-reglur mótast óhjákvæmilega af þeirri stjórnskipun sem fyrir hendi er innan EB. Tillögur verða teknar fyrir samhliða í stofnunum EB og EES. EFTA-ríkin tala almennt einni röddu í sameiginlegu nefndinni og hafa því samráð sín á milli í fastanefnd EFTA. Samráð og upplýsingaskipti á milli EB og EFTA-ríkjanna fara síðan fram í sameiginlegu EES-nefndinni þar sem endanleg ákvörðun um EES-reglur er tekin.

Hugmyndum EFTA-ríkjanna að nýjum EES-reglum er hægt að koma á framfæri í sameiginlegu EES-nefndinni. Innan EB hefur framkvæmdastjórnin ein rétt til að setja fram tillögur til EB-ráðsins um nýjar EB-reglur. Aðildarríki EB hafa ekki slíkan tillögurétt að nýjum reglum innan EB.

Strax og undirbúningur hefst að nýrri tillögu um breyttar eða nýjar EB-reglur sem einnig varða efnissvið EES-samningsins ber framkvæmdastjórn EB að leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna. Við undirbúning tillögu er leitað til sérfræðinga sem sjálfstæðra aðila en ekki sem fulltrúa hvers lands. Sérfræðingar frá EFTA-ríkjunum geta því á frumstigi komið að áliti sínu áður en formleg tillaga er lögð fram um nýja löggjöf innan EB og þar með komið í veg fyrir vandamál á síðari stigum.

Þegar tillaga framkvæmdastjórnar EB er formlega lögð fram til EB-ráðsins er afrit af henni jafnframt sent til EFTA-ríkjanna. Umræður um tillöguna á milli EB og EFTA-ríkjanna fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni strax og einhver samningsaðili óskar þess. Stöðugt samráð og upplýsingaskipti um tillöguna og breytingartillögur á henni eða með öðrum orðum samningaviðræður fara fram þar til ákvörðun er tekin.

EFTA-ríkin tala almennt einum rómi í sameiginlegu EES-nefndinni. Samráð EFTA ríkjanna um tillögu að nýjum EES-reglum fer fram í fastanefnd-EFTA til undirbúnings fyrir samninga í sameiginlegu EES-nefndinni. Engar formlegar ákvarðanir um EES-reglur eru teknar í fastanefnd EFTA. Formlegar ákvarðanir um EES-reglur eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni.

Um 100. gr.

Í mörgum EB-tilskipunum sem kalla á tíðar og tæknilegar breytingar, er framkvæmdastjórninni heimilað að setja framkvæmdareglur innan afmarkaðs sviðs án þess að bera þær undir EB-ráðið. Á þeim sviðum þar sem framkvæmdastjórninni er falið slíkt vald eru yfirleitt settar á stofn sérfræðinganefndir með fulltrúum aðildarríkjanna sem framkvæmdastjórninni ber skylda til að bera tillögur sínar undir. Sérfræðinganefndirnar eru ýmist ráðgefandi eða ákvarðandi. Í fyrra tilfellinu ber framkvæmdastjórninni að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar að því marki sem við á. Í síðara tilfellinu ber framkvæmdastjórninni að fara eftir áliti nefndarinnar, en að öðrum kosti ber henni að leggja tillögu sína fyrir EB-ráðið til ákvörðunar. Þetta samspil EB-ráðsins, framkvæmdastjórnar og sérfræðinganefnda er innan EB nefnt „comitology".

Á þeim sviðum þar sem framkvæmdastjórn EB hefur verið falið að setja framkvæmdareglur og henni ber að ráðfæra sig við sérfræðinganefndir EB um undirbúning að drögum að nýjum reglum ber henni einnig að ráðfæra sig við sérfræðinga EFTA-ríkjanna. Ef tillögur framkvæmdastjórnarinnar fara fyrir EB-ráðið ber henni einnig að leggja álit sérfræðinga EFTA-ríkjanna fyrir ráðið.

Samkvæmt yfirlýsingu EB við EES-samninginn um framkvæmd á þátttöku sérfræðinga EFTA í EB-nefndum taka sérfræðingar EFTA þátt í óformlegum störfum EB-nefndanna eins lengi og nauðsynlegt er eða þangað til framkvæmdastjórnin telur tímabært að leggja tillögu sína formlega fyrir EB-nefndina til atkvæðagreiðslu. Óformlegt starf nefndanna getur tekið allt frá einni viku til meira en eins árs eða eftir því hve langan tíma tekur að komast að viðunandi niðurstöðu. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna geta ekki tekið þátt í formlegum störfum EB-nefndanna, þar með talinni atkvæðagreiðslu um niðurstöðu nefndarinnar.

Ef upp kemur vandamál á sérfræðingastigi um afstöðu til nýrra reglna er hægt samkvæmt 5. gr. EES-samningsins að taka það upp til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni.

Þær ákvarðanir um framkvæmdareglur sem innan EB falla undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB, verða innan EES teknar í sameiginlegu EES-nefndinni eins og ákvarðanir um aðrar EES-reglur.

Um 101. gr.

Sérfræðingar EFTA-ríkjanna taka almennt fullan þátt í þeim nefndum sem starfa vegna rammaáætlana EB á ýmsum samstarfssviðum utan fjórfrelsisins. Um þær nefndir er fjallað í 81. gr. samningsins.

Aðrar nefndir, þar sem mikilvægt er vegna framkvæmdar á samningnum að sérfræðingar allra aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna taki þátt í eru taldar upp í bókun 37. Þar er að finna átta nefndir, t.d. vísindanefnd um matvæli og framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega. Sameiginlega EES-nefndin getur tekið ákvörðun um að bæta nefndum á listann ef þörf krefur. Nánar er kveðið á um þátttöku og samstarf EFTA- og EB-sérfræðinganna í þeim viðaukum sem fjalla um viðkomandi svið.

Um bókun 37
Skrá sem kveðið er á um í 101. gr.

Sjá athugasemdir við 101. gr.

Um 102. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga eingöngu við um breytingar eða nýjar reglur í viðaukum við EES-samninginn. Greinin gildir því ekki um breytingar á meginmáli samningsins og bókunum við hann.

Tilgangur með samráði og upplýsingaskiptum samningsaðila um þær reglur sem greinir í viðaukum við samninginn er að þeir geri sitt besta til að greiða fyrir ákvarðanatöku um sameiginlegar reglur. Náist samkomulag er ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni tekin eins fljótt og hægt er eftir að EB er búið að taka sína ákvörðun um nýja eða breytta reglu.

Ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni eru teknar samhljóða. Ef eitt EFTA-ríki styður ekki ákvörðun verður hún ekki tekin. Ef ekki næst samkomulag um nýjar reglur og sérstaklega ef þjóðþing EFTA-ríkjanna samþykkja ekki nýjar reglur ber sameiginlegu EES-nefndinni að leita annarra lausna sem ekki skaða framkvæmd samningsins og komið geta í stað sameiginlegu reglnanna. Hugsanlegt er að sæst yrði á undanþágur eða að hægt væri að una við frávik, t.d. að í gildi séu sambærilegar reglur hjá samningsaðilum þótt þær séu ekki eins. Ákvarðanir um sameiginlegar reglur eða aðrar lausnir verður að taka innan sex mánaða frá því að EB-ráðið hefur sent ákvörðun sína til sameiginlegu EES-nefndarinnar eða ekki síðar en en EB-reglurnar taka gildi.

Samningsaðilar halda rétti sínum til ákvörðunar um nýjar reglur á samningssviðinu ef ekki næst samkomulag, sbr. 97. gr. Vegna þess ójafnvægis sem upp getur komið, t.d. ef í gildi eru nýjar reglur innan EB og gömlu EES-reglurnar gilda á milli EB og EFTA-ríkjanna, er gert ráð fyrir að framkvæmd frestist til bráðabirgða á þeim reglum sem samningsaðilar hafa samþykkt að nýjar reglur hafi bein áhrif á. Umfang frestunarinnar fer því eftir samkomulagi samningsaðila og hún getur aðeins náð til þeirra gerða (reglugerða, tilskipana o.s.frv.) sem eru í viðaukum við EES-samninginn en ekki til meginmáls og bókana samningsins. Frestun á framkvæmd EES-reglna tekur ekki gildi fyrr

en sex mánuðum eftir að þeir sex mánuðir eru liðnir sem gefnir eru til að reyna að ná samkomulagi eftir að EB-ráðið hefur tekið ákvörðun um sínar innri reglur.

Ljóst er að það er hagur allra samningsaðila að ekki komi til slíkrar frestunar á framkvæmd á EES-reglum, einnig þeirra sem setja vilja nýjar reglur sem geta leitt til frestunarinnar. Samningsaðilar hafa staðfest þessa afstöðu til frestunar í samþykkt vegna 111. gr. samningsins sem fjallar um úrlausn deilumála. Þar kemur einnig fram að forðast skuli af fremsta megni að beita frestun.

Sameiginlega EES-nefndin getur tekið ákvörðun um að framkvæmdinni verði ekki frestað þótt ekki hafi náðst samkomulag. Komi hins vegar til hennar tekur hún gildi í fyrsta lagi tólf mánuðum eftir að ákvörðun EB um nýjar reglur kom til sameiginlegu EES-nefndarinnar en aldrei fyrr en nýju reglurnar öðlast gildi innan EB.

Komi til frestunar á framkvæmd EES-reglna munu einstaklingar og fyrirtæki halda þeim réttindum sem þau hafa áunnið sér á grundvelli gömlu EES-reglnanna. Hins vegar er ekki hægt að byggja rétt á eldri reglum sem framkvæmd er frestað á þótt áætlanir hafi byggst á þeim. Þannig getur útlendingur haldið atvinnuleyfi sínu í því landi þar sem hann starfar, en hins vegar getur útlendingur sem gert hefur ráðstafanir til að hefja störf í öðru landi ekki fengið atvinnuleyfi ef ráðningarsamningur liggur ekki fyrir. Nokkur dæmi um áunnin réttindi sem halda sér þrátt fyrir frestun er að finna í samþykkt vegna 6. mgr. 102. gr.

Frestun á framkvæmd á hluta viðauka samkvæmt 5. mgr. 102. gr. samningsins felur ekki í sér að viðkomandi reglur séu felldar úr gildi heldur er framkvæmd ákvæðanna frestað til bráðabirgða. Það þarf því ekki að gera nýjan samning með tilheyrandi samþykki þjóðþinga til að endurvekja ákvæðin ef samkomulag næst í sameiginlegu EES-nefndinni. Leita ber áfram leiða til að hægt sé að falla frá frestun á framkvæmd ákvæðanna. Umfang og gildistöku bráðabirgðafrestunar ber að auglýsa á viðeigandi hátt.

Dæmi um frestun á framkvæmd gildandi þjóðréttarreglna er að finna í samningum EB við þriðju ríki og einnig í 31. gr. Stokkhólmssamningsins (Stofnsamningi EFTA). Þeim ákvæðum hefur þó aldrei verið beitt.

Um 103. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins taka ákvarðanir EES-nefndarinnar ekki gildi fyrir samningsaðila fyrr en að uppfylltum skilyrðum stjórnskipunarréttar hvers lands. Samkvæmt samþykkt með lokagerð samningsins vegna 103. gr. gilda ákvæði 1. mgr. einnig þegar EES-ráðið samþykkir ákvörðun. Samþykktin á eingöngu við þær ákvarðanir EES-ráðsins sem væru bindandi fyrir samningsaðilana, en almennt eru ákvarðanir ráðsins stjórnmálalegar.

Samkvæmt 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar verður að bera alla samninga, sem gerðir eru við önnur ríki, undir Alþingi ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Í framkvæmd hefur með hliðsjón af 21. gr. stjórnarskrárinnar verið metið hverju sinni hvaða samningar hafa verið lagðir fyrir Alþingi.

Ákvarðanir EES-nefndarinnar um nýjar eða breyttar gerðir sem svara til reglugerða eða tilskipana þarf að lögfesta sem slíkar eða að efni til. Þurfi að lögfesta ákvörðunina verður hún að fá þá stjórnskipulegu meðferð sem krafist er til lagasetningar. Allar þær ákvarðanir EES-nefndarinnar sem falla undir valdsvið Alþingis og lögfesta þarf verður því

að taka með fyrirvara um samþykki þingsins. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á EES-reglum sem falla undir valdsvið stjórnvalda eru hins vegar teknar upp í landsrétt með útgáfu stjórnvaldsreglna.

Samþykki Alþingi ekki ákvörðun EES-nefndarinnar tekur hún ekki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Alþingi fær ákvörðunina til synjunar eða samþykktar sem og aðra þjóðréttarsamninga þar sem breytingar eins samningsaðila geta ekki bundið aðra samningsaðila.

Í 2. mgr. 103. gr. er gert ráð fyrir að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geti öðlast gildi til bráðabirgða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, ef frestur verður á að einhverjir samningsaðilar uppfylli stjórnskipuleg skilyrði heima fyrir. Gildistaka til bráðabirgða myndi gilda fyrir alla samningsaðila. Þetta ákvæði var sett sérstaklega með það í huga að koma í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslur í Sviss tefðu framkvæmd samningsins. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geta hins vegar ekki tekið gildi til bráðabirgða í sumum EFTA-ríkjunum nema til komi samþykki þjóðþinganna. Hafi þjóðþingin í þessum ríkjum ekki þegar samþykkt ákvarðanir EES-nefndarinnar verður aðildarríki að tilkynna sérstaklega að ekki sé unnt að láta ákvörðunina gilda til bráðabirgða. Skilyrði fyrir bráðabirgðagildistöku samkvæmt 2. mgr. 103. gr. er því að þjóðþing EFTA-ríkjanna sem þurfa að lögfesta ákvörðunina til að hún öðlist bein réttaráhrif (þ.á m. Ísland) hafi samþykkt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Sú ráðstöfun að tilkynna verði um að gildistaka til bráðabirgða geti ekki farið fram var sett inn sem málamiðlun þar sem nauðsynlegt var fyrir sum EFTA-ríkin að bráðabirgðagildistökunni yrði beitt sjálfkrafa eftir ákveðinn tímafrest. Tilkynning um að samþykki liggi ekki fyrir eða að bráðabirgðagildistaka geti ekki orðið getur leitt til þess að ákvæðum 5. mgr. 102. gr. um frestun á beitingu gildandi ákvæða verði beitt.

Um 104. gr.

Ákvarðanir sem teknar eru af sameiginlegu EES-nefndinni hafa einungis gildi að þjóðarétti. Það fer eftir réttarkerfi hvers lands hvernig þeim er komið í framkvæmd. Ákvarðanir sem svara til EB-reglugerða þarf að lögfesta í heild sinni, en ákvarðanir sem svara til EB-tilskipana þarf að lögfesta samkvæmt efni þeirra, sbr. 7. gr. samningsins.

Um 3. kafla
Einsleitni, tilhögun eftirlits og lausn deilumála

Dómstóll Evrópubandalagsins hafnaði með áliti nr. 1/91 14. desember 1991 stofnun sérstaks dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt áliti EB-dómstólsins braut stofnun sérstaks EES-dómstóls í bága við Rómarsamninginn. Hann átti að dæma í málum sem vörðuðu eftirlit með fullnustu EES-reglna í EFTA-ríkjunum í deilumálum á milli EFTA-ríkjanna og í deilum EFTA-ríkjanna við EB. Taldi EB-dómstóllinn að þar sem EB reglur væru að stórum hluta teknar upp í EES-samninginn myndi valdsvið stofnana EB skerðast þar sem þær yrðu bundnar af túlkun annars dómstóls en EB-dómstólsins sjálfs á sínum eigin reglum. Brottfall EES-dómstólsins kallaði á nýjar lausnir um samræmda túlkun og úrlausn deilumála.

Samræmd túlkun, eftirlit og úrlausn deilumála er nú í höndum sameiginlegu EES-nefndarinnar, dómstóla Evrópubandalagsins og dómstóls EFTA-ríkjanna auk gerðardóms. Eftirlit með framkvæmd samningsins er í höndum framkvæmdastjórnar EB annars vegar og eftirlitsstofnunar EFTA hins vegar.

Um 1. þátt
Einsleitni

Um 105. gr.
(Viðbót við fyrri útgáfu skáletruð)

Sameiginlegu EES-nefndinni ber að fylgjast með dómsúrlausnum EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins með tilliti til þess hvort misræmi er í túlkun þessara tveggja dómstóla á ákvæðum EES-reglna og EB-reglna sem eru eins. Ef upp kemur slíkt misræmi í túlkun ber sameiginlegu nefndinni að gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun EES-samningsins. Til greina gæti komið að samið yrði um nýjar eða breyttar EES-reglur. Ef ekki næst samkomulag um lausn innan tveggja mánaða ber að beita málsmeðferð þeirri er 111. gr. kveður á um vegna úrlausnar deilumála.

Í síðara áliti EB-dómstólsins, 1/92, 10. apríl 1992, er tekið fram að ákvæði EES-samningsins um einsleitni og úrlausn deilumála, þ.e. 105. gr. og 111. gr., séu því aðeins samræmanleg Rómarsamningnum að regla *um að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í þessu tilliti megi ekki hafa áhrif á dómsúrlausnir EB-dómstólsins.* Álit dómstólsins varð tilefni bókunar 48 við samninginn varðandi 105. gr. og 111. gr. þar sem sama regla er tekin fram. Reglan í bókun 48 er staðfesting á þeirri túlkun samningsaðila að valdsvið EB-dómstólsins um túlkun á EB-reglum verði ekki skert og að Evrópubandalagið sé bundið af túlkun EB-dómstólsins. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar verði nýjar EB- og EES-reglur sem breyti þeim reglum sem túlkun EB-dómstólsins byggist á ef samningsaðilarnir eru sammála um að setja slíkar reglur.

Um bókun 48

Sjá athugasemdir við 105. gr.

Um 106. gr.

Sameiginlegu EES-nefndinni ber að koma á upplýsingakerfi um dóma á milli dómstóla Evrópubandalagsins, EFTA-dómstólsins og dómstóla á síðasta dómstigi í EFTA-ríkjunum, sem varða EES-samninginn og þær EB-reglur sem eru einnig teknar upp í EES-samninginn. Dómstólar á síðasta dómstigi í aðildarríkjum EB eru ekki með í þessu upplýsingakerfi þar sem þeim ber að leita eftir forúrskurðum um túlkun á EB-reglum til EB-dómstólsins, sbr. 177. gr. Rómarsamningsins. Forúrskurðir EB-dómstólsins um túlkun á EB-reglum eiga því að gefa upplýsingar um dómsúrlausnir dómstóla í aðildarríkjum EB.

Um 107. gr.

Með 107. gr. og bókun 34 við EES-samninginn er opnað fyrir þann möguleika að dómstólar í EFTA-ríkjunum geti leitað eftir forúrskurði til EB-dómstólsins ef vafi rís um túlkun á þeim reglum EES-samningsins sem eru eins og EB-réttur. Forúrskurður felur í sér að EB-dómstóllinn úrskurðar um túlkun á EES-reglu áður en dómstóll í aðildarríki kveður upp endanlegan dóm í máli sem byggist á slíkri EES-reglu. Dómstólar í EFTA-ríkjunum væru bundnir af slíkum úrskurði ef eftir honum væri sótt.

Forsaga þessa ákvæðis er sú, að EFTA-ríkin óskuðu eftir að sameiginlegur EES-dómstóll gæti kveðið upp úrskurði um túlkun. EB gat ekki fallist á það þar sem slík heimild myndi skerða dómslögsögu EB-dómstólsins. Til að stuðla að samræmdri túlkun gerðu þeir hins vegar kröfu um að dómstólar í EFTA-ríkjunum gætu beðið EB-dómstólinn um álit um túlkun á EB-reglum, sem eru eins og EES-reglur, sem yrði ekki bindandi. Með áliti EB-dómstólsins, 1/91 14. desember 1991, var hins vegar kveðið á um að ef EB-dómstóllinn kvæði á um túlkunaratriði yrði sá úrskurður að vera bindandi. EB gerði kröfu um að bókun 34 yrði haldið inni með breytingum um bindandi áhrif forúrskurðanna.

Skilyrði fyrir heimild dómstóla í EFTA-ríkjunum til að leita eftir forúrskurði til EB-dómstólsins er að viðkomandi ríki hafi tilkynnt um að það ætli að nota bókun 34 og heimila dómstólum sínum að sækja forúrskurði til EB-dómstólsins. Bókunin getur ekki tekið gildi fyrir Ísland án slíkrar tilkynningar. Enga nauðsyn ber til þess að gefa slíka tilkynningu. Slík heimild til handa íslenskum dómstólum myndi krefjast lagaheimildar og jafnvel stjórnarskrárbreytingar. Ekkert EFTA-ríki hefur gefið til kynna að það komi til með að heimila dómstólum að nota þessa heimild.

Í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er gert ráð fyrir að EFTA-dómstóllinn hafi vald til að gefa álit um túlkun á EES-reglum samkvæmt beiðni frá dómstólum í aðildarríkjunum. Slík álit yrðu ekki bindandi fyrir íslenska dómstóla.

Um bókun 34
Dómstólar EFTA-ríkjanna geti farið fram á það að dómstóll Evrópubandalaganna skeri úr um túlkun á EES-reglum sem samsvara EB-reglum

Sjá athugasemdir við 107. gr.

Um bókun 35
Um framkvæmd EES-reglna

EB-reglur ganga framar settum lögum í aðildarríkjum EB. Dómstóll Evrópubandalagsins hefur kveðið skýrlega á um það í máli 106/77 (Amministrazione delle Finanze dello Stato v. Simmenthal SpA.) að ákvæði Rómarsamningsins, og þær ákvarðanir stofnana EB, sem hafa bein réttaráhrif, geri sjálfkrafa óvirkt gagnstæð ákvæði gildandi landslaga, einnig þeirra laga sem sett eru eftir að EB-reglan hefur tekið gildi.

Í EES-samningnum er engin skylda á hendur EFTA-ríkjunum um að taka upp forgangsreglu EB-réttarins. Það var lengi krafa EB í samningaviðræðunum um EES að EFTA-ríkin samþykktu forgang EES-reglna þar sem réttarstaða einstaklinga yrði ekki

tryggð á sama hátt í EFTA-ríkjunum og í EB-ríkjunum ef dómarar í EFTA-ríkjunum dæmdu á grundvelli landsréttar þó hann stangaðist á við EES-reglur.

EFTA-ríkin féllust ekki á þessa kröfu EB þar sem ljóst var að í þeim EFTA-ríkjum þar sem þjóðarétturinn hefur ekki þegar forgang fyrir landslögum, myndi forgangsregla EB-réttarins kalla á framsal löggjafarvalds. Í Austurríki og Sviss hefur þjóðaréttur forgang, þótt skiptar skoðanir séu um hve langt þeirra forgangsreglur ná. Niðurstaða samninganna var sú að í bókun 35 við EES-samninginn staðfesta samningsaðilar að löggjafarvald sé ekki framselt til stofnana EES. Einnig er tekið fram að markmiðum um samræmda túlkun EES-reglna verði að ná með reglum í réttarkerfi hvers ríkis. Samningsaðilar skuldbinda sig því til, ef þörf krefur, að lögfesta túlkunarreglur þess efnis, að ef upp kemur misræmi milli EES-reglna sem hafa verið lögfestar og annarra ákvæða í lögum, þá gildi reglur EES í því tilviki. Sjá nánar 3. gr. frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið og athugasemdir við þá grein.

Um 2. þátt
Tilhögun eftirlits

Með EES-samningnum eru settar sameiginlegar reglur á fjórfrelsissviðinu. Reglur þessar, sem einnig gilda sem lög í aðildarríkjunum, skapa réttindi og skyldur fyrir ríki, einstaklinga og fyrirtæki. Eftirlit með framkvæmd EES-reglnanna felst í því að fylgjast með og tryggja að aðildarríkin framfylgi EES-reglunum á samræmdan hátt og að einstaklingar og fyrirtæki fari að samkeppnisreglum þeim sem gilda um viðskipti á milli ríkja á svæðinu svo að þeir geti notið þeirra réttinda sem samningurinn veitir.

Eftirlit með framkvæmd EES-samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólanna sem fara með eftirlit í aðildarríkjum EB og hins vegar í höndum sérstakrar eftirlitsstofnunar EFTA og sérstaks EFTA-dómstóls sem fara með eftirlit í EFTA-ríkjunum. Þannig byggist eftirlitskerfið á EES-svæðinu á tveimur stoðum sem hvor um sig mun hafa eftirlit á landsvæðum sinna aðildarríkja.

Innan EB fara framkvæmdastjórn og dómstólar EB með eftirlit með EB-reglum samkvæmt Rómarsamningnum og einnig með EES-samningnum sem verður hluti af EB-rétti. Skuldbindingar EB-ríkjanna sín á milli byggjast á Rómarsamningnum en skuldbindingar þeirra gagnvart EFTA-ríkjunum á EES-samningnum.

Almennt eftirlit beinist að ríkjunum sjálfum sem samningsaðilum. Eftirlitsstofnunum, þ.e. framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, ber að taka á móti kvörtunum vegna meintra brota á framkvæmd EES-reglna. Eftirlitsstofnunum ber að tilkynna hvor annarri um kvartanir sem berast. Þær geta krafið ríkin um upplýsingar um fullnustu samningsskuldbindinga þeirra samkvæmt EES-samningnum. Telji eftirlitsstofnun EFTA að EFTA-ríki hafi brotið samningsskuldbindingar sínar getur hún höfðað mál á hendur viðkomandi ríki fyrir EFTA-dómstólnum vegna meints brots á þjóðréttarskuldbindingum samkvæmt EES-reglum. Á sama hátt getur framkvæmdastjórn EB höfðað mál á hendur EB-ríki fyrir EB-dómstóli vegna meints brots á EES-samningnum.

Eftirlit á sviði samkeppnisreglna er ólíkt almennu eftirliti um samningsskuldbindingar ríkjanna sjálfra að því leyti að það beinist að einstaklingum og fyrirtækjum sem nýta sér réttindi þau er samningurinn veitir.

Ef deilur koma upp um eftirlit á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB má vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar til úrlausnar. Sérstakar reglur gilda

um úrlausn slíkra deilumála er varða eftirlit með ríkisstyrkjum og ríkiseinokun, sbr. 64. gr. EES-samningsins.

Um 108. gr.

Greinin kveður á um að EFTA-ríkin skuldbindi sig til að setja upp sjálfstæða eftirlitsstofnun og sérstakan EFTA-dómstól með þeim tilgangi að í EFTA-ríkjunum sé komið á sambærilegu eftirliti með framkvæmd EES-reglna og gildir innan EB. Gerður var sérstakur samningur á milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól 2. maí 1992 í Óportó (ESE-samningurinn).

Í eftirlitsstofnun EFTA sitja sjö eftirlitsfulltrúar skipaðir af EFTA-ríkjunum. Þeir starfa sjálfstætt og er þeim ekki heimilt að taka við fyrirmælum frá EFTA-ríkjunum vegna starfa sinna. Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA er samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna að tryggja fullnustu EFTA-ríkjanna á EES-samningnum og ESE-samningnum og að hafa eftirlit með hvernig aðrir samningsaðilar þ.e. EB og aðildarríki þess uppfylla EES-samninginn. Jafnframt ber eftirlitsstofnuninni að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Sjö dómarar tilnefndir af EFTA-ríkjunum sitja í EFTA-dómstólnum. Dómurinn starfar fullskipaður en EFTA-ríkin mega heimila honum að starfa í deildum.

Eitt meginhlutverk EFTA-dómstólsins er að dæma í málum er varða eftirlit í EFTA-ríkjunum. Eftirlitsstofnun EFTA getur höfðað mál á hendur EFTA-ríki vegna meintra brota á EES-samningnum og ESE-samningnum. EFTA-ríki getur einnig höfðað mál á hendur eftirlitsstofnun EFTA vegna aðgerðaleysis ef henni var skylt að hefjast handa um aðgerðir. Einstaklingar geta einungis höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum ef ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar beinast að þeim eða þeir geta sýnt fram á að þeir eigi beinna hagsmuna að gæta vegna ákvarðana eftirlitsstofnunarinnar.

Nánar er fjallað um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn í athugasemdum við ESE-samninginn í kafla F.

Um 109. gr.

Eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu er skipt á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB og ber þeim að hafa samstarf og skipti á upplýsingum með því markmiði að samræma eftirlit á svæðinu. Hægt verður að kæra til hvorrar stofnunarinnar sem er. Stofnanirnar upplýsa hvor aðra um kærur og taka að sér rannsókn á þeim málum sem heyra undir valdsvið þeirra. Sérákvæði um samstarf eftirlitsstofnananna á sviði samkeppnisreglna er að finna í 56.-59. gr. og á sviði ríkisstyrkja í 62. gr. og í bókunum 23, 24 og 27 við EES-samninginn. Ef upp kemur deila um samstarfið ber sameiginlegu EES-nefndinni að leita lausna á þeim.

Í samþykkt með 3. mgr. 109. gr. er kveðið á um að umkvartanir um beitingu á EES-samningnum nái einnig til kvartana um framkvæmd EES-reglna. Hér er átt við að kvarta megi vegna vanrækslu á lögfestingu EES-reglna.

Um 110. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB geta fylgt ákvörðunum sínum á sviði samkeppnisreglna eftir með því að ákveða sektir eða févíti ef fyrirtæki gerist brotlegt við samkeppnisreglur EES.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar má fara með fyrir EFTA-dómstólinn á sama hátt og skjóta má ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB fyrir dómstól EB á fyrsta dómstigi, en úrlausnum síðarnefnda dómstólsins má áfrýja til EB-dómstólsins.

Til að gera eftirlit framangreindra stofnanna skilvirkt eru ákvarðanir þeirra, er fela í sér sektir eða févíti, fullnustuhæfar í aðildarríkjunum.

Fullnusta sektar- og févítisákvarðana fer að lögum þess ríkis þar sem fullnustan fer fram. Um aðför framangreindra ákvarðana á Íslandi mun fara samkvæmt lögum um aðför nr. 90/1989, sbr. 11. tl. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga. Dómstólar í aðildarríkjunum geta ekki endurmetið sektarákvörðun eftirlitsstofnana, dómstóla EB eða EFTA-dómstólsins. Þeir geta hins vegar dæmt um hvort fullnustan hafi farið fram samkvæmt settum reglum. Sjá nánar um eftirlitsvald og fullnustu á sviði samkeppnisreglna í athugasemdum við ESE-samninginn í kafla F.

Um 3. þátt
Lausn deilumála

Um 111. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 33.

Um bókun 33
Gerðardómsmeðferð

Álit EB-dómstólsins nr. 1/91 frá 14. desember 1991 útilokaði að settur yrði á fót sameiginlegur EES-dómstóll. Deilumál EB og EFTA-ríkjanna fá því ekki dómstólameðferð nema að því er varðar umfang og gildistíma öryggisráðstafana sem bera má undir gerðardóm. Deilumál á milli EFTA-ríkjanna sjálfra má hins vegar bera undir EFTA-dómstólinn.

Evrópubandalagið og EFTA-ríkin mega fara með deilumál um túlkun og beitingu EES-samningsins fyrir sameiginlegu EES-nefndina sem ber að leita allra leiða til að semja um lausn málsins og að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

Ef upp kemur mismunur á túlkun á EB-reglum og sömu reglum sem teknar eru upp í EES-samninginn ber sameiginlegu EES-nefndinni að taka ákvarðanir sem stuðla að samræmdri túlkun. Ef ekki næst samkomulag um lausn innan þriggja mánaða geta aðilar að deilunni komið sér saman um að fá úrskurð EB-dómstólsins um túlkun reglnanna. Úrskurður EB-dómstólsins í deilu á milli EB og EFTA-ríkis verður því ekki fenginn nema EFTA-ríkið sem er aðili að deilunni samþykki að leitað verði eftir slíkum úrskurði.

Takist sameiginlegu EES-nefndinni ekki að finna lausn innan sex mánaða geta samningsaðilar gripið til öryggisráðstafana samkvæmt 112. gr. til að vega upp það ójafnvægi sem hefur skapast með ósamræmdri túlkun. Umfang og gildistíma slíkra ráðstafana verður að takmarka við það sem bráðnauðsynlegt er til að bæta ástandið. Ráðstafanir sem minnst skaða góða framkvæmd samningsins eiga að ganga fyrir. Heimilt er að beita gagnráðstöfunum skv. 114. gr. ef öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. er beitt.

Ef ekki dugir að beita öryggisráðstöfunum geta samningsaðilar gripið til þess ráðs að fresta framkvæmd hluta af þeim viðaukum sem ósamræmd túlkun hefur bein áhrif á. Sömu reglur gilda eftir því sem við á um slíka frestun og þegar ekki næst samkomulag um nýjar eða breyttar EES-reglur. Í samþykkt við 111. gr. eru samningsaðilar sammála um að slíkri frestun beri einungis að beita ef öll önnur ráð bregðast, þar sem frestun á framkvæmd skaði góða framkvæmd samningsins.

Deilur sem varða umfang og gildistíma öryggisaðgerða og hvort gagnráðstafanir eru í réttu hlutfalli við umfang öryggisaðgerða má fara með fyrir gerðardóm ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að leysa deiluna innan þriggja mánaða. Þær öryggisaðgerðir sem hér um ræðir eru einungis þær öryggisaðgerðir sem beitt er samkvæmt skilyrðum almenns öryggisákvæðis samningsins í 112. gr. og þegar öryggisaðgerðum er beitt ef ósamræmd túlkun dómstóla leiðir til ójafnvægis, sbr. 111. gr. Gerðardómurinn getur aðeins dæmt um umfang og réttmæti gildistíma aðgerðanna, en ekki hvort þeim er beitt eða ekki. Aðrar öryggisaðgerðir sem samningsaðilar geta gripið til samkvæmt sérstökum ákvæðum, t.d. vegna ríkisstyrkja, sbr. 63. gr., er ekki hægt að fara með fyrir gerðardóm. Niðurstaða gerðardóms er bindandi fyrir deiluaðila.

Starfsreglur um gerðardóminn eru settar fram í bókun 33. Þeir aðilar sem deila tilnefna tvo gerðardómendur sem síðan koma sér saman um oddamann gerðardómsins. Ef þeir geta ekki komið sér saman um oddamann innan tveggja mánaða skulu þeir velja oddamann af sjö manna lista sem sameiginlega EES-nefndin hefur sett upp.

Um 4. kafla
Öryggisráðstafanir

Um 112. gr.

Í stað fjölda fyrirvara EFTA-ríkjanna á ýmsum samningssviðum varð samkomulag um að í samningnum skyldi vera almennt öryggisákvæði sem samningsaðilarnir gætu beitt einhliða ef á þyrfti að halda. Víða á samningssviðinu er einnig að finna sérstakar öryggisráðstafanir sem heimilt er að beita samkvæmt sérstökum reglum.

Öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. má beita ef alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar, sem líklegir eru til að vera viðvarandi, koma upp í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum.

Beita má öryggisráðstöfunum bæði vegna erfiðleika sem eru orðnir að veruleika og einnig ef þeir eru yfirvofandi. Þær eiga hins vegar ekki við um skammtíma erfiðleika.

Erfiðleikar þeir er verða tilefni til beitingar öryggisráðstafana geta verið takmarkaðir við ákveðnar atvinnugreinar og sérstök svæði. Ákvæðið nær því til vandamála í einstökum atvinnugreinum sem upp koma í afmörkuðum byggðarlögum. Samkvæmt samþykkt vegna 1. mgr. 112. gr. nær ákvæðið einnig til tiltekinna svæða. Samþykkt þessi gerir ráð fyrir að vandamál geti einnig komið upp í einstöku aðildarríki EB.

Það eru samningsaðilarnir sjálfir sem meta hvort skilyrðin eru fyrir hendi. En gert er ráð fyrir að almennt sé haft samráð við aðra samningsaðila áður en ráðstöfunum er beitt.

Ráðstafanirnar eiga að takmarkast við það sem bráðnauðsynlegt er til að ráða bót á ástandinu. Samningsaðilarnir meta það sjálfir þegar þeir beita ákvæðinu hvaða ráðstafana er þörf. Umfang og gildistíma ráðstafananna verður þó hægt að bera undir gerðardóm,

sbr. 111. gr. Gerðardómurinn getur ekki tekið afstöðu til þess hvort nauðsynlegt var að beita ráðstöfunum, en hann getur metið hvort ráðstafanirnar eru í hlutfallslegu samræmi við það vandamál sem þeim er beitt gegn.

Öryggisráðstafanir sem teknar eru vegna erfiðleika sem skapast vegna eins samningsaðila gilda gagnvart öllum samningsaðilum. Þannig myndi ákvörðun um að taka upp atvinnuleyfi vegna fólksflutninga þýða að allir borgarar annara aðildarríkja EES myndu þurfa atvinnuleyfi.

Ríkisstjórn Íslands lagði fram yfirlýsingu með samningnum um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt þessari grein. Þar kemur fram að Ísland geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana, einkum ef alvarleg röskun verður á vinnumarkaði vegna meiriháttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum eða ef alvarleg röskun kemur upp á fasteignamarkaði. Hugtakið fasteignamarkaður í þessari yfirlýsingu nær bæði til þéttbýlis og dreifbýlis, húsa í sveitum og jarða í sveit. Yfirlýsing þessi varð ekki tilefni gagnyfirlýsingar af hálfu annarra samningsaðila og verður því að líta svo á að þessi túlkun ákvæðisins sé óumdeild.

Um 113. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd öryggisráðstafana.

Þeim samningsaðilum sem fyrirhuga að beita öryggisráðstöfunum skv. 112. gr., ber að tilkynna slíka fyrirætlan til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Evrópubandalagið sem samningsaðili beitir ráðstöfunum en ekki einstök aðildarríki. Framkvæmdastjórn EB grípur til öryggisráðstafananna fyrir bandalagið.

Hafa ber samráð í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn á vandamálinu. Allar ákvarðanir þar að lútandi eru teknar með samhljóða atkvæði allra samningsaðila. Engar lausnir verða því samþykktar í sameiginlegu nefndinni nema með samþykki þess samningsaðila sem fyrirhugar að beita öryggisráðstöfunum.

Ef engin lausn finnst í sameiginlegu EES-nefndinni innan mánaðar frá því að samningsaðili hefur tilkynnt um fyrirhugaða öryggisráðstöfun getur hann gripið til aðgerðanna.

Þegar samningsaðili beitir öryggisráðstöfunum sem þola ekki að bíða samráðs í sameiginlegu nefndinni eða eftir að samráð hefur farið fram en engin lausn fundist ber honum að tilkynna um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Athugun í sameiginlegu EES-nefndinni á þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið felur í sér að sameiginlega EES-nefndin tekur málið á dagskrá með það fyrir augum að athuga hvort hægt er að fella ráðstafanirnar úr gildi eða takmarka þær. Engar slíkar ákvarðanir er hægt að taka nema með samþykki allra samningsaðila, þ.á m. þess sem beitir ráðstöfununum.

Um 114. gr.

Ef öryggisráðstöfunum er beitt er heimilt að beita jöfnunarráðstöfunum gagnvart þeim samningsaðila sem beitir öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. Slíkar ráðstafanir má eingöngu gera að því marki sem telst bráðnauðsynlegt til að jafna það misvægi sem upphaflegar öryggisráðstafanir geta valdið.

Sömu reglur gilda um framkvæmd jöfnunarráðstafana og um öryggisráðstafanir.

Umfang jöfnunarráðstafana, þ.e. hvort þær eru jafnumfangsmiklar og upphaflegar ráðstafanir sem valda ójafnvægi á réttindum og skyldum samningsaðila, má bera undir gerðardóm, sbr. 111. gr.

Um VIII. hluta
Fjármagnskerfi

Um 115. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 38.

Um 116. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 38.

Um 117. gr.

Greinin vísar í bókun 38.

Um bókun 38
Fjármagnskerfið

Í bókun þessari eru nánari ákvæði um fjármagnskerfið, framkvæmd úthlutunar styrkja og lána.

Samkvæmt 115.-117. gr. EES-samningsins munu EFTA-þjóðirnar leggja fé í sérstaka þróunaraðstoð við alfátækustu héruðin innan Evrópubandalagsins. Aðstoðin er takmörkuð við 500 millj. ECU (37 milljarða kr.) í styrkjum og niðurgreiðslum á lánsvöxtum, þar sem heildarupphæð lána er 1500 millj. ECU (111 milljarðar kr.).

Sú niðurstaða að efna til þróunaraðstoðar er reist á þeirri forsendu að í samningum af þessu tagi verði að leita heildarjafnvægis hagsmuna allra sem eru aðilar að samningnum. Fyrir liggur að betur þróuð svæði með góða lífsafkomu hafi mikinn ábata af samningnum en það á ekki við um vanþróuð eða fátæk héruð. Til þess að rétta hlut þeirra þótti ásættanlegt að EFTA-þjóðirnar stæðu að þróunaraðstoð til þeirra.

Þessi aðferð við að ná heildarjafnvægi hagsmuna er ekki ný af nálinni. Henni var t.d. beitt í samningum innan EB um að koma á hinum sameiginlega innri markaði. Þá eins og nú var ljóst að ávinningur vissra svæða af innri markaðnum væri a.m.k. mun minni en annarra svæða, jafnframt því sem vanþróun þessara svæða var talin vandamál í sjálfu sér. Var því efnt til þróunar- og styrktaraðstoðar innan EB til að jafna muninn.

Framlag EFTA-landanna í þróunaraðstoð samkvæmt hinu svonefnda fjármögnunarkerfi verður að teljast lágt miðað við ávinning þeirra af samningnum. Samkvæmt áætlunartölum mun Ísland greiða um 70 millj. kr. á ári í fimm ár til þessa verkefnis, sem er lítil upphæð miðað við niðurfellingu og lækkun tolla af sjávarafurðum einum saman. Minna skal á að EFTA-ríkin halda enn uppi styrktarsjóði fyrir Portúgal frá þeim tíma að Portúgal var í samtökunum.

Greiðslum milli EFTA-ríkja er skipt með tilliti til vergrar landsframleiðslu. Tekið er fram í sameiginlegri yfirlýsingu að ef einstök EFTA-ríki gangi í EB muni það ekki leiða til aukinna fjárskuldbindinga.

Grikkland, Portúgal og Írland (þ.m.t. Norður-Írland) munu eiga aðgang að styrkjum sjóðsins.

Í viðbæti við bókunina er skrá yfir þau svæði á Spáni sem koma til greina varðandi styrkveitingar.

Um IX. hluta
Almenn ákvæði og lokaákvæði

Þessi kafli fjallar um ýmis samningsréttarákvæði sem almennt er að finna í þjóðréttarsamningum, þróunarákvæði, tengsl við aðra þjóðréttarsamninga o.s.frv.

Einnig er að finna í kaflanum almenn ákvæði sem eiga ekki heima í öðrum köflum samningsins, eins og um þagnarskyldu og reglur um eignarrétt í einstökum aðildarríkjum.

Um 118. gr.

Óski samningsaðilar að þróa samstarf sitt þannig að það nái til fleiri sviða en samningurinn nær til við gildistöku getur EES-ráðið fjallað um slíkar tillögur.

Skýra ber þessa grein í samræmi við 89. gr. samningsins sem fjallar um hlutverk EES-ráðsins. Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB.

Komist ráðið að þeirri niðurstöðu að æskilegt sé að þróa samstarfið, getur það tekið stjórnmálalega ákvörðun um að samningaviðræður skuli hafnar. Ákvarðanir um ný samningssvið, eða breytingar á meginmálinu fara ekki fram í stofnunum EES. Um þær fer eins og við gerð nýrra samninga. Um fullgildingu slíkra samninga er farið að stjórnskipunarlögum hvers samningsaðila.

Um 119. gr.

Viðaukar og bókanir hafa sömu stöðu og meginmál samningsins. Það sama gildir um þær gerðir sem vísað er til í viðaukum samningsins með þeim aðlögunum eða undanþágum sem um þær gilda.

Um bókun 39
Evrópska mynteiningin (ECU)

Með bókuninni er sett altæk aðlögunarregla eins og í bókun 1 við samninginn. Tekið er fram að þar sem í EB-gerðum er kveðið á um „evrópska reiknieiningu" skuli að því er varðar EES notast við ECU (evrópska mynteiningu) eins og hún er skilgreind af þar til bærum yfirvöldum innan EB.

Um bókun 45
Aðlögunartímabil varðandi Spán og Portúgal

Þegar Spánn og Portúgal gerðust aðilar að EB sömdu þessi lönd um aðlögunartíma um gildistöku EB-reglna á ýmsum sviðum. Bókun þessi kveður á um að ef aðlögunartíminn nær fram yfir gildistöku EES-samningsins þá geti Spánn og Portúgal haldið gildandi rétti þar til aðlögunartímabilið er liðið einnig gagnvart EFTA-ríkjunum.

Um 120. gr.

Sú regla sem hér er sett fram um að EES-samningurinn gangi framar gildandi tvíhliða og marghliða samningum á við um samninga sem í gildi eru á milli Efnahagsbandalags Evrópu annar vegar og eins eða fleiri EFTA-ríkja hins vegar.

Undanþágur frá þessari reglu er að finna víða í EES-samningnum, þó sérstaklega í þeim bókunum sem nefndar eru í greininni.

Reglan felur ekki í sér að samningar á milli EB og einstakra EFTA-ríkja falli úr gildi heldur er framkvæmd þeirra frestað, að svo miklu leyti sem efni þeirra skarast við efni EES-samningsins, á meðan sá samningur er í gildi.

Í bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir er þessi regla áréttuð, en í 7 gr. hennar er tekið fram að ákvæði þeirra samninga sem nánar eru tilgreindir í viðauka með bókuninni, þar á meðal 1. gr. bókunar nr. 6 við fríverslunarsamning EB og Íslands, skuli ganga framar ákvæðum bókunarinnar að því leyti sem þau gefa EFTA-ríkjunum betri viðskiptakjör.

Tvíhliða samningar á milli einstakra aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkis og á milli EFTA-ríkjanna sjálfra falla ekki undir þessa reglu og gilda þeir því samhliða EES-samningnum. Í sameiginlegri yfirlýsingu samningsaðila er það staðfest að EES-samningurinn hafi ekki áhrif á rétt sem byggist á slíkum samningum á meðan EES-samningurinn tryggir ekki sama rétt.

Núgildandi samstarfssamningar Norðurlanda sem varða samningssvið EES-samningsins gilda samhliða EES-samningnum og má beita þeim jafnvel þótt þeir gefi betri rétt en EES-samningurinn.

Um bókun 41
Gildandi samningar

Þeir samningar sem taldir eru upp í þessari bókun gilda áfram á milli EFTA-ríkjanna og EB eftir að EES-samningurinn gengur í gildi þrátt fyrir meginreglu 120. gr.

Um bókun 43
Samningur milli EBE og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum

Bókunin varðar tengsl tvíhliða samnings Austurríkis og EBE á sviði flutninga við EES-samninginn og hefur engin réttaráhrif á Íslandi.

Um bókun 44
Samningur milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum

Bókunin varðar tengsl tvíhliða samnings á milli Sviss og EBE á sviði flutninga og hefur engin réttaráhrif á Íslandi.

Um 121. gr.

Svæðasamstarf innan ramma norrænnar samvinnu og milli Sviss og Liechtensteins og Austurríkis og Ítalíu er heimilt að því leyti sem það raskar ekki góðri framkvæmd EES-samningsins.

Norðurlandasamstarf er því mögulegt einnig í framtíðinni á þeim grunni sem það er byggt á við gildistöku samningsins.

Um 122. gr.

Ákvæði þetta nær einkum til þagnarskyldu um upplýsingar sem varða eftirlit með samkeppnisreglum.

Um 123. gr.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB.

Í samþykkt við grein þessa er tekið fram að samningsaðilar muni ekki nota heimildir í þessari grein til að hindra upplýsingagjöf á sviði samkeppnisreglna.

Um 124. gr.

Þessi grein áréttar almenna reglu 4. gr. um bann við mismunun vegna ríkisfangs að því er varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja eins og hún er skilgreind í 34. gr.

Um 125. gr.

Samningurinn hefur engin áhrif á almennar eignarréttarreglur í aðildarríkjunum svo framarlega sem borgurum aðildarríkja EES er ekki mismunað eftir ríkisfangi.

Um 126. gr.

Ákvæði þetta afmarkar þau landsvæði sem samningurinn nær til. Samningurinn nær til sömu landsvæða og Rómarsamningurinn að því er Evrópubandalagið og aðildarríki þess varðar.

Að því er EFTA-ríkin varðar gildir samningurinn um yfirráðasvæði þessara ríkja.

Samningurinn gildir að því er Noreg varðar um Jan Mayen og Svalbarða en í bókun 40 áskilja Norðmenn sér rétt til að undanþiggja Svalbarða frá ákvæðum samningsins. Gilda þá Stokkhólmssamningurinn og fríverslunarsamningurinn á milli EBE og Noregs.

Álandseyjar eru undanþegnar samningnum nema ríkisstjórn Finnlands leggi fram yfirlýsingu um að samningurinn gildi um eyjarnar, en samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá Finnlands þarf sérstakt samþykki Álandseyja þar um. Öðlist samningurinn gildi gagnvart Álandseyjum gilda sömu reglur um eignarrétt að fasteignum og staðfesturétt gagnvart borgurum aðildarríkja EES og gilda gagnvart borgurum Finnlands.

Um bókun 40
Svalbarði

Sjá athugasemdir við 126. gr.

Um 127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningnum með 12 mánaða fyrirvara. Eina skilyrði uppsagnar er að skrifleg tilkynning þar um sé send öðrum samningsaðilum.

Þegar uppsögn hefur verið tilkynnt ber að boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á samningnum vegna breytingar á aðild að honum.

Um 128. gr.

Gert er ráð fyrir að önnur ríki en þau sem eru stofnaðilar geti gerst aðilar að samningum. Ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu er skylt að gerast aðili að EES-samningnum en verður þó að sækja formlega um aðild að honum. Ríki sem gengur í EFTA hefur hins vegar val um það hvort það sækir um aðild að þessum samningi.

Samþykki allra samningsaðila þarf fyrir nýjum aðilum.

Um 129. gr.

Samningstextinn er jafngildur á 13 tungumálum samningsaðilanna. Þetta gildir einnig um gerðir þær sem vísað er til í viðaukum við hann.

Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingarskjöl til aðalskrifstofu EB-ráðsins fyrir þann dag. Hafi einhver samningsaðili ekki afhent fullgildingarskjöl tímanlega frestast gildistakan þangað til fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Dragist fullgilding samningsaðila fram yfir 30. júní 1993 verður kölluð saman ráðstefna stjórnarerindreka til að meta stöðuna aftur.

Í samþykkt vegna þessarar greinar er gert ráð fyrir að um leið og ljóst er að einhver samningsaðili er ekki tilbúinn að fullgilda samninginn geti undirritunaraðilar metið aðstæðurnar. Ef einhver aðili fullgildir ekki samninginn innan tímamarka þ.e. ef ekki er komin tilkynning um fullgildingu frá öllum samningsaðilum fyrir 30. júní 1993 skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að skoða möguleika á að samþykkja bókun með nauðsynlegum breytingum til þess að samningurinn geti öðlast gildi á milli þessara samningsaðila. Slíka bókun þarf að fullgilda á sama hátt og samninginn sjálfan.

F. Athugasemdir við ESE-samninginn

Almenn ákvæði

Með samningi þessum uppfylla EFTA-ríkin ákvæði 108. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem EFTA-ríkin skuldbinda sig til að setja upp sjálfstæða eftirlitsstofnun og sérstakan EFTA-dómstól til að fara með eftirlit með EES-samningnum í EFTA-ríkjunum á sambærilegan hátt og gert er innan EB. Samningur þessi á milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er einnig nefndur ESE-samningurinn.

Eftirlitið með EES-samningnum byggist á tveimur stoðum. Framkvæmdastjórn EB og EB-dómstólarnir fara með eftirlit í aðildarríkjum Evrópubandalagsins en eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóll hafa með höndum eftirlit í EFTA-ríkjunum.

Í EES-samningnum er fjallað um samstarf eftirlitsstofnanna í 109. gr. og bókun 1, á sviði samkeppnisreglna í 56.-58. gr. og bókunum 23 og 24, og á sviði ríkisstyrkja í 62. gr. og bókun 27.

Forsenda samræmdrar framkvæmdar EES-reglna og þeirra EB-reglna sem eru teknar upp í EES-samninginn er að þær séu túlkaðar eins af eftirlitsstofnunum og dómstólum samningsaðila. Í 3. gr. þessa samnings er því tekið upp ákvæði 6. gr. EES- samningsins um að fara beri eftir dómsúrlausnum EB-dómstólsins, sem fallið hafa fyrir undirritun samningsins, um þær EB-reglur sem eru teknar upp í EES-samninginn og hið sama gildir um þennan samning, sbr. athugasemdir við 6. gr. EES-samningsins.

Í 2. mgr. 3. gr. er fjallað um framtíðardómsúrlausnir EB-dómstólsins. Taka ber réttmætt tillit til þeirra. Í báðum tilvikunum eru dómar EB-dómstólsins lögskýringargögn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. gr. bókunar nr. 2 við Lúganósamninginn frá 1988 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Eftirlitsstofnun EFTA og valdsvið hennar

Í eftirlitsstofnun EFTA sitja sjö eftirlitsfulltrúar, skipaðir af EFTA-ríkjunum með samhljóða ákvörðun. Þeir starfa sjálfstætt og er þeim ekki heimilt að taka við fyrirmælum frá EFTA-ríkjunum vegna starfa sinna. Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA er að tryggja fullnustu EFTA-ríkjanna á EES-samningnum og ESE-samningnum og að hafa eftirlit með hvernig aðrir samningsaðilar uppfylla EES-samninginn. Jafnframt ber eftirlitsstofnuninni að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Ákvæði um almennt eftirlit skv. a-lið 1. mgr. 5. gr. og 22. gr. samningsins beinist að ríkjunum sjálfum. Það felst fyrst og fremst í því að taka á móti kvörtunum og afla upplýsinga um meint brot á EES-reglunum. Telji eftirlitsstofnunin að ríki hafi brotið samningsskuldbindingar getur hún höfðað mál á hendur ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum sbr. 36. gr. samningsins.

Á sviði ríkisstyrkja og gerð verksamninga við opinber innkaup beinist eftirlitið einnig að ríkjunum sjálfum en sérstakar reglur gilda um framkvæmd eftirlitsins. Um framkvæmd eftirlits á þessum sviðum er fjallað í bókunum 2 og 3 við samning þennan.

Eftirlit á sviði samkeppnisreglna EES beinist hins vegar að einstaklingum og fyrirtækjum. Um framkvæmd þess eftirlits er fjallað í bókun 4.

Ýmis önnur störf eftirlitsstofnunnar EFTA sem varða eftirlit og sem eru sambærileg við störf framkvæmdastjórnar EB í EB-gerðum, eru tilgreind í bókun 1.

EFTA-dómstóllinn og valdsvið hans

Dómstóll Evrópubandalagsins hafnaði með áliti sínu 1/91 frá 14. desember 1991 stofnun sameiginlegs EES-dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Taldi dómstóllinn að þar sem EB-reglur væru að stórum hluta teknar upp í EES-samninginn myndi valdsvið dómstólsins skerðast þar sem hann yrði bundinn af túlkun annars dómstóls á innri reglum bandalagsins.

Til þess að tryggja sambærilegt eftirlit með framkvæmd EES-reglna í EFTA-ríkjunum skuldbundu EFTA-ríkin, sig því til að setja upp dómstól fyrir EFTA-ríkin, sbr. 108. gr. EES-samningsins. Sérstök ákvæði um stofnun og valdsvið EFTA-dómstólsins er að finna í 27.-42 gr. samningsins. Nánari reglur um dómstólinn eru settar fram í stofnsamþykkt dómstólsins í bókun 5.

Sjö dómarar sitja í EFTA-dómstólnum, einn frá hverju EFTA-ríki, og eru þeir skipaðir með samhljóða samþykki allra EFTA-ríkjanna.

Hlutverk EFTA-dómstólsins er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi dæmir EFTA-dómstóllinn í málum er varða ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA vegna framkvæmdar EES-reglna í EFTA-ríkjunum. Í öðru lagi dæmir hann í deilumálum er upp kunna að koma á milli EFTA-ríkjanna innbyrðis vegna framkvæmdar á EES-reglum. Í þriðja lagi, getur EFTA-dómstóllinn, til að stuðla að samræmdri túlkun, gefið dómstólum í aðildarríkjunum ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna.

Þeir sem geta höfðað mál fyrir EFTA- dómstólnum eru:

1. Eftirlitsstofnun EFTA gegn EFTA-ríki vegna meintra brota á EES-reglum og þessum samningi.
2. EFTA-ríki gegn eftirlitsstofnuninni ef það telur að hún hafi farið út fyrir valdsvið sitt eða brotið gegn þessum samningi, m.a. með aðgerðarleysi, eða valdið skaðabótaábyrgð.
3. Einstaklingur eða fyrirtæki vegna ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar er beinist að einstaklingnum eða fyrirtækinu eða ef ákvörðunin varðar beina hagsmuni aðila.
4. Dómstólar í EFTA-ríkjunum geta beðið um ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna ef þeir telja það nauðsynlegt vegna niðurstöðu máls. Slík túlkun er ekki bindandi fyrir dómstóla í aðildarríkjunum.

   Einstaklingar sem vilja sækja rétt sinn samkvæmt EES-reglum höfða mál fyrir dómstólum í aðildarríkjunum þar sem þær reglur sem þeir geta byggt rétt sinn á gilda sem landslög.

Réttarstaða eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins

Gerhæfi, forréttindi og friðhelgi sem EFTA-ríkin viðurkenna og veita í tengslum við eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn er að finna í bókunum 6 og 7.

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna ákveða árlega með samhljóða samþykki fjárhagsáætlun fyrir EFTA-dómstólinn að fenginni tillögu dómstólsins. Fjárhagsáætlun eftirlitsstofnunarinnar er einnig ákveðin samhljóða af EFTA-ríkjunum eftir tillögu frá eftirlitsstofnuninni og að höfðu samráði við nefnd þingmanna þjóðþinga EFTA-ríkjanna sem sitja í sameiginlegu EFTA-þingmannanefndinni.

Um bókun 1
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt gerðum í viðaukum við EES-samninginn vegna beitingar bókunar 1 við þann samning

Víða í EB-gerðum sem teknar eru upp í viðauka við EES-samninginn, eru framkvæmdastjórn EB falin ýmis störf, tengd stjórnun og eftirliti á EB-reglum innan EB. Þar sem sömu reglur gilda einnig fyrir EFTA-ríkin samkvæmt EES-samningnum er nauðsynlegt að stofnanir EFTA sjái um þessi sömu störf að því er EFTA-ríkin varðar. Verkefni framkvæmdastjórnarinnar eru hins vegar víðtækari en störf eftirlitsstofnunar EFTA þar sem sú síðarnefnda hefur eingöngu með höndum eftirlitsstörf. Stjórnun á EES-reglunum, sem framkvæmdastjórn EB sinnir innan EB, er því skipt á milli eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndar EFTA þannig að störf, tengd eftirlitinu, falla undir eftirlitsstofnunina en önnur störf undir fastanefndina.

Þannig falla t.d. undir eftirlitsstofnunina ýmis störf er varða málsmeðferð sem heimilar frávik og undanþágur á ýmsum sviðum, staðarathuganir og vottanir.

Eftirlitsstofnun EFTA sér um upplýsingadreifingu til framkvæmdastjórnar EB og til aðildarríkja EFTA þar sem EES-reglurnar kveða á um upplýsingaskyldu. Einnig ber henni að sjá um skýrslugjöf á þeim sérsviðum sem heyra ekki undir fastanefndina.

Þegar framkvæmdastjórn EB ber að leggja mál fyrir sérfræðinganefndir aðildarríkjanna til ráðgjafar eða ákvörðunar ber eftirlitsstofnun EFTA að leggja slík mál fyrir sérfræðinganefndir EFTA sem fastanefnd EFTA kemur á fót.

Um bókun 2
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunarinnar á sviði innkaupa

Á sviði útboða og opinberra verksamninga hafa reglur verið samræmdar og eru upplýsingar um framkvæmd þeirra birtar. Eftirlitsstofnunin hefur almennt eftirlit með að reglurnar séu framkvæmdar.

Einnig hafa verið samræmdar reglur um málsmeðferð krafna vegna kæru útboðs og gerðar verksamninga. Slíkar kærur eru því meðhöndlaðar samkvæmt ákveðnum reglum í stjórnsýslu og dómskerfi aðildarríkjanna. Telji eftirlitsstofnun EFTA að reglurnar hafi verið brotnar ber henni að tilkynna aðildarríkinu um meint brot. Aðildarríkið hefur þó 21 dag til að svara um leiðréttingu brotsins, hvers vegna brotið hafi ekki verið leiðrétt eða ef gerð verksamnings eða útboðs hefur verið slegið á frest, þá af hvaða ástæðum. Senda ber eftirlitsstofnuninni upplýsingar um lok málsins.

Eftirlitið á sviði innkaupa beinist einungis að aðildarríkjunum sjálfum.

Um bókun 3
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar

Eftirlitsstofnun EFTA á í samvinnu við EFTA-ríkin að hafa stöðugt til skoðunar styrkjakerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Samkvæmt bókun 26 við EES-samninginn skuldbinda EFTA-ríkin sig til að eftirlitsstofnun EFTA hafi sams konar vald á sviði ríkisaðstoðar og framkvæmdastjórnin hefur innan EB að því er varðar meginreglur EES-samningsins um ríkisstyrki, þ.e. í e-lið 2. mgr. 1. gr. 49. gr. og 61.- 64. gr. Valdsvið

eftirlitsstofnunar EFTA nær einnig til samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins sem getið er í bókun 14 við EES-samninginn.

Samræmist styrkjakerfin í EFTA-ríkjunum ekki ákvæðum 61. gr. EES-samningsins getur eftirlitsstofnunin kveðið á um að þau skuli lögð niður eða þeim breytt. Hlíti aðildarríkið ekki ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar getur hún höfðað mál á hendur viðkomandi ríki fyrir EFTA-dómstólnum. Samþykki öll EFTA-ríkin að veita undanþágu vegna ríkisaðstoðar ber að fresta eftirlitsaðgerðum eftirlitsstofnunarinnar.

Eftirlitsaðgerðir á sviði ríkisstyrkja beinast að ríkinu sjálfu en ekki einstaklingnum sem fær styrkinn þó þær komi óhjákvæmilega til með að snerta hann óbeint. Skylda til innheimtu ríkisstyrks fer eftir lögum í því landi sem hann er veittur í og hvílir skyldan um innheimtuna á ríkinu en ekki eftirlitsstofnuninni. Ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar má bera undir EFTA-dómstólinn, sbr. 36. gr. samningsins. Einstaklingar og fyrirtæki geta einnig höfðað mál, sbr. 2. mgr. 36. gr. og 37. gr. samningsins, ef þeir sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar eftirltisstofnunarinnar. Réttur einstaklinga til að höfða mál á þjóðréttarsviðinu er ekki óþekktur, sbr. rétt einstaklinga til að höfða mál samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu sem Íslendingar eru aðilar að. Allar ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisstyrkja beinast að ríkinu og eru því þjóðréttarlegs eðlis.

Í bókun 27 við EES-samninginn er kveðið á um samvinnu eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB á sviði ríkisaðstoðar. Til að tryggja samræmda framkvæmd, beitingu og túlkun reglna um ríkisaðstoð á öllu efnahagssvæðinu ber stofnununum að hafa upplýsinga- og skoðanaskipti um almenn stefnumál, hafa samstarf um að útbúa kannanir um ríkisaðstoð og tilkynna hvor annarri um rannsóknir og ákvarðanir í málum um ríkissaðstoð. Allar upplýsingar um áætlanir um ríkisaðstoð og aðstoð í einstökum málum ber að fara með sem trúnaðarmál.

Um bókun 4
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunarinnar á sviði samkeppni
(Breytingar frá fyrri útgáfu skáletraðar)

Meginreglur EES-samningsins um samkeppnismál er að finna í 53. og 54. gr. hans. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir að stór fyrirtæki hafi með sér ólögmæta samvinnu eða að þau misnoti yfirburðastöðu sína á markaðinum að því leyti sem slíkir samningar eða athafnir hafa áhrif á viðskipti á milli samningsaðilanna. Þannig kveður 53. gr. EES-samningsins á um að allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða hún takmörkuð á því svæði sem samningurinn tekur til, séu bönnuð og teljist ósamrýmanleg framkvæmd samningsins. Samkvæmt 54. gr. er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu, sem samningurinn tekur til, eða verulegum hluta þess talin ósamrýmanleg framkvæmd samningsins og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Samkeppnisreglur EES-samningsins varða því aðeins fyrirtæki sem eiga viðskipti á hinum alþjóðlega EES-markaði. Stundum kann að vera erfitt að meta hvort viðskipti hafi áhrif á viðskipti yfir landamæri og geta EES-samkeppnisreglurnar því einnig haft áhrif á viðskipti fyrirtækja innanlands. Þrátt fyrir slík

áhrif geta gilt aðrar reglur um samkeppni fyrirtækja innanlands þegar viðskipti þeirra hafa ekki áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja EES.

Mjög mikilvægar undanþágur eru í gildi um bann við samningum sem fela í sér samkeppnishömlur. Nefna má svokallaða minniháttarreglu (rule de minimis - bagatel regla) sem felur í sér þá viðmiðunarreglu að samningar, sem ná yfir minna en 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU (15 milljarðar kr.), eru að jafnaði undanþegnir bannákvæði 53. gr. Skilyrði fyrir undanþágu er að bæði skilyrðin séu uppfyllt. Ákvæði 53. gr. gera einnig ráð fyrir undanþágum fyrir samninga sem fela í sér samkeppnishömlur en geta haft jákvæð áhrif, t.d. stuðlað að bætta framleiðslu eða vörudreifingu. Einnig eru ýmsir flokkar samninga undanþegnir banninu.

Undanþágureglurnar miða við heildarveltu og markaðshlutdeild á sameiginlegum markaði. Ekki er alltaf átt við samanlagða markaði allra EB- og EFTA-ríkjanna heldur er markaðurinn skilgreindur hverju sinni út frá markaði viðkomandi vörutegundar og einnig út frá landfræðilegum sjónarmiðum. Þannig gæti Ísland hugsanlega verið skilgreint sem einn markaður í einhverjum tilvikum, en sennilega verður sjaldgæft að heildarvelta þeirra fyrirtækja sem koma við sögu geti náð 200 millj. ECU *nema þegar gerðir eru samningar við erlend fyrirtæki.*

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA verður sambærilegt við valdsvið framkvæmdastjórnar EB að því er eftirlit með samkeppnisreglunum varðar. Þannig getur eftirlitsstofnunin hafnað beiðni einstaklinga eða lögaðila um undanþágu skv. 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða lýst því yfir að tiltekin háttsemi þeirra feli í sér brot á samkeppnisreglunum. Einnig getur eftirlitsstofnunin gripið til bráðabirgðaráðstafana gagnvart einstaklingum og lögpersónum ef hún telur að fyrirtæki brjóti gegn ákvæðum 53. gr., t.d. getur hún gefið fyrirmæli um endurnýjuð viðskiptasambönd sem hún telur að hafi verið ólöglega rofin.

Skipting á eftirliti á milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA með samkeppnisreglum EES er ekki miðuð við staðsetningu fyrirtækjanna heldur hvar viðskiptin og aðgerðirnar sem bannaðar eru hafa áhrif (sjá 56. gr. EES-samningsins). Meginreglurnar um skiptingu eru þær að eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með þeim málum, sem hafa áhrif á viðskipti á milli EFTA-ríkjanna, og þeim málum sem hafa áhrif á öllu efnahagssvæðinu en hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna. Einnig fær eftirlitsstofnun EFTA til umfjöllunar mál sem hafa áhrif á viðskipti á milli eins EB-ríkis og fleiri EFTA-ríkja. Skilyrði er þó að velta fyrirtækjanna í EFTA-ríkjunum sé minnst 1/3 hluti veltunnar á efnahagssvæðinu. Framkvæmdastjórn EB fer hins vegar með eftirlit með öðrum málum sem hún telur að hafi áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna.

Framkvæmd eftirlitsins er með þeim hætti að skylda hvílir á fyrirtækjum að tilkynna eftirlitsstofnunum um samninga og athafnir sem varða samkeppnisreglur EES. Innan EB eru langflest mál afgreidd með bréfaskiptum þar sem framkvæmdastjórnin kveður upp úr um eftir að hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar hvernig hún lítur á viðkomandi samninga eða athafnir. Þannig hafa að meðaltali árin 1981-1990 verið tekin fyrir í framkvæmdastjórn EB 3500 mál á ári sem ýmist berast til framkvæmdastjórnarinnar vegna tilkynninga frá fyrirtækjunum sjálfum, vegna kvartana eða framkvæmdastjórnin sjálf hefur frumkvæði um að rannsaka. Þar af hefur framkvæmdastjórnin tekið formlega ákvörðun

í um 13-14 málum á ári. Að meðaltali hefur 9 málum verið skotið til EB-dómstólsins á ári.

Ef þörf krefur getur eftirlitsstofnunin krafið stjórnvöld og fyrirtæki um nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með því að samkeppnisreglum sé fylgt. Þannig hefur eftirlitsstofnunin vald til að fara í fyrirtæki til að rannsaka bókhald og önnur bókhaldsskjöl. Hún getur tekið afrit og beðið um munnlegar útskýringar á staðnum. Slíkar rannsóknir verður að tilkynna fyrirfram til samkeppnisyfirvalda í því ríki þar sem rannsóknin fer fram. Rannsóknin er gerð í samvinnu við samkeppnisyfirvöld í viðkomandi ríki sem mega aðstoða við rannsóknina. Ef fyrirtæki neitar að rannsóknin fari fram ber samkeppnisyfirvöldum í viðkomandi ríki að sjá til þess að rannsóknin geti farið fram.

Reglur um samstarf eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB um eftirlit á sviði samkeppnisreglna er að finna í bókun 23 við EES-samninginn. Eftirlitsstofnanirnar eiga að skiptast á upplýsingum um rannsóknir mála og hafa samráð um stefnumál á sviði eftirlitsins. Eftirlitsstofnanirnar geta sett fram athugasemdir við upplýsingar um málarekstur hvor hjá annarri. Fulltrúar eftirlitsstofnananna eiga rétt á að vera viðstaddir fundi ráðgjafarnefnda hverrar annara. Vanti aðra eftirlitsstofnunina upplýsingar vegna rannsóknar máls sem sækja þarf inn á svæði hinnar eftirlitsstofnunarinnar skal þar til bær eftirlitsstofnun krefja um upplýsingarnar ef þær hafa ekki verið veittar. Á sama hátt annast hvor eftirlitsstofnun um sig rannsókn á sínu svæði. Tilkynningar um samninga á að senda til þeirrar samkeppnisstofnunar sem fer með eftirlit viðkomandi samnings en kvartanir má senda til hvorrar eftirlitsstofnunarinnar sem er. Sambærilegar reglur gilda um samstarf eftirlitsstofnananna um eftirlit með samfylkingum, sbr. bókun 24 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnunin getur fylgt ákvörðunum sínum eftir með því að ákveða sektir eða févíti frá 100-5000 (7,000-370,000 kr.) ECU ef upplýsingar eru af ásetningi rangar eða aðilar neita að láta af hendi upplýsingar. Einnig getur eftirlitsstofnunin ákveðið sektir eða févíti allt að 1 millj. ECU (74 millj. kr.) vegna ásetnings- eða gáleysisbrota á samkeppnisreglum EES-samningsins. Þó má sektarupphæðin ekki fara yfir 10% af veltu hvers þess fyrirtækis, sem þátt á í brotinu, á viðskiptaárinu á undan. Fjársektirnar eru ekki refsiréttarlegs eðlis. Eftirlitsstofnunin getur jafnframt ákvarðað févíti þar til ólögmætu ástandi hefur verið aflétt eða ef neitað er að veita upplýsingar eða veita aðgang að gögnum.

Með ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um févíti eða sektir má fara fyrir EFTA-dómstólinn. Dómstóllinn getur breytt ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar, fellt hana úr gildi eða hækkað eða lækkað sektirnar. Á sama hátt má skjóta ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB til dómstóls EB á fyrsta dómstigi. Úrlausnum fyrsta stigs dómstólsins má síðan áfrýja til EB-dómstólsins.

Samkvæmt 19. gr. ESE-samningsins eru ákvarðanir eftirlitsstofnunar sem varða sektir fullnustuhæfar. Nánari ákvæði um fullnustuna er að finna í 110. gr. EES samningsins sem gert er ráð fyrir að verði lögfest með meginmáli samningsins, en hún kveður einnig á um fullnustuhæfi ákvarðana framkvæmdastjórnar EB, EFTA-dómstólsins og dómstóla EB.

Fullnustan fer að réttarfarsreglum þess ríkis þar sem hún fer fram. Hér á landi mun fullnustan fara að lögum nr. 90/1989 um aðför. Dómstólar í aðildarríkjunum geta ekki

endurmetið sektarákvörðun eftirlitsstofnananna eða dómstóla EB eða EFTA-dómstólsins. Þeir geta hins vegar dæmt um hvort fullnustan hafi farið fram samkvæmt settum reglum.

Afmörkun eftirlitsvaldsins á sviði samkeppnisreglna

Innan EB hafa ákvæði Rómarsamningsins og reglugerðir um samkeppnisreglur er varða fyrirtæki bein réttaráhrif, þ.e. þau gilda sjálfkrafa sem lög í aðildarríkjum EB. Samkeppnisreglur EES-samningsins sem hinar sameiginlegu eftirlitsstofnanir hafa eftirlit með eru hins vegar þjóðréttarsamningar sem samþykktir eru samhljóða og lögfestir af Alþingi og geta því samkvæmt íslenskum lögum varðað réttindi og skyldur íslenskra fyrirtækja og einstaklinga.

Það er hins vegar eftirlit með framkvæmd og fullnustu á alþjóðlegum samkeppnisreglum EES sem Alþingi hefur lögfest sem verður fyrst og fremst í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins í samvinnu við innlend samkeppnisyfirvöld. Í samskiptum innlendra samkeppnisyfirvalda og *eftirlitsstofnunar EFTA* gildir almennt sú regla að mál eru ekki tekin fyrir hjá innlendum yfirvöldum nema eftirlitsstofnun EFTA taki málið ekki upp. Eftirlit með innlendum samkeppnisreglum er hins vegar alfarið í höndum innlendra yfirvalda.

Alþjóðleg einkenni samkeppnisreglna EES

Í öllum ríkjum sem búa við frjálst markaðskerfi er að finna lög um óréttmæta samkeppni. Almennt getur ríki aðeins framfylgt lögum síns ríkis innan sinna landamæra. Markmið samkeppnisreglna EES-samningsins er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að stór fjölþjóðafyrirtæki geti misbeitt aðstöðu sinni. Samkeppnisyfirvöld í hverju landi ná ekki með góðu móti að hafa eftirlit með samningum og markaðsstöðu slíkra fyrirtækja þar sem lögsaga þeirra nær ekki yfir landamæri. Starfsemi fyrirtækjanna er hins vegar óháð landamærum þegar hinn sameiginlegi markaður er kominn á. Þar sem samkeppnisreglur EES-samningsins eru leikreglur fyrirtækja á hinum sameiginlega EES-markaði verður ekki hjá því komist að eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglnanna sé í höndum sameiginlegra stofnana samningsaðilanna.

Ákvarðanir sem fela ekki í sér sektir eða févíti

Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um beitingu samkeppnisreglnanna, ákvörðun um hvernig beri að túlka undanþáguheimildir og hvenær athafnir eða samningar teljast brjóta í bága við samkeppnisreglur EES, geta vart talist skerða íslenska sérhagsmuni heldur verður það þvert á móti að teljast hagur íslenskra fyrirtækja vegna smæðar þeirra á hinum alþjóðlega markaði að eftirlit með samkeppnisreglunum sé virkt.

Framangreindar ákvarðanir geta heldur ekki talist veruleg íhlutun í íslenska réttarskipan enda hafa samkeppnislög á Íslandi hingað til ekki náð til slíkra samninga og athafna. Framkvæmd eftirlitsins getur heldur ekki talist íþyngjandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Það eru fyrst og fremst samkeppnisreglurnar sjálfar en ekki eftirlit með framkvæmd þeirra sem leggja á skyldur um ákveðna hegðan fyrirtækjanna og einstaklinga þegar athafnir þeirra hafa áhrif á milliríkjaviðskipti. Lögsaga framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólsins á sviði eftirlits með samkeppnisreglum nær þegar í dag til þeirra lögskipta fyrirtækja sem hafa áhrif á viðskipti á milli EB-ríkja. Þannig getur framkvæmdastjórnin ákveðið sektir á hendur íslensku fyrirtæki ef það er aðili að samningi sem brýtur í bága

við samkeppnisreglur EB. Eina nýmælið varðandi slíkar ákvarðanir er að ef framkvæmdastjórnin getur ekki gengið að eignum fyrirtækisins innan EB þá er í 110. gr. EES-samningsins komin aðfararheimild gagnvart fyrirtækinu á Íslandi.

Ákvarðanir sem fela í sér sektir eða févíti

Um ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar sem fela í sér sektir eða févíti gilda hins vegar sérsjónarmið þar sem slíkar ákvarðanir eru fullnustuhæfar í öllum aðildarríkjum samningsins. Þannig verða slíkar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA, EFTA-dómstólsins og framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólanna fullnustuhæfar á sama hátt og íslenskir dómar sem kveða á um fjárskuldbindingar.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar dæma íslenskir dómstólar um embættismörk íslenskra yfirvalda. Íslenskir þegnar eiga því stjórnarskrárbundinn rétt til þess að hægt sé að bera ákvarðanir yfirvalda sem beinast að þeim undir sjálfstæðan dómstól. Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA verður hægt að bera undir EFTA-dómstólinn og ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB undir dómstóla EB.

Framkvæmd á fullnustu sektanna eða févítanna verður í höndum innlendra dómstóla. Niðurstöður eftirlitsstofnanna og EFTA og EB-dómstólanna verður hins vegar ekki hægt að bera undir íslenska dómstóla, en þeir geta dæmt um hvort farið hafi verið að settum reglum.

Sektarvald eftirlitsstofnunar EFTA er liður í virku eftirliti með fullnustu samkeppnisreglna EES. Sömu rök eiga því við um eðli slíkra ákvarðana og um aðrar ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar og hvers vegna eftirlitið verður með góðu móti ekki framkvæmt af yfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig.

Nokkur dæmi eru til um hliðstæða samninga sem Ísland er aðili að þar sem ákvarðanir erlendra yfirvalda og dómstóla eru fullnustuhæfar hér á landi.

Erlendar dómsúrlausnir

Norðurlandasamningur um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög 30/1932, og Lúganósamningurinn frá 1988 um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum gera báðir ráð fyrir að erlendar dómsúrlausnir geti hlotið viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi. Forsendan fyrir því að svo geti orðið er að um svokölluð alþjóðleg varnarþing sé að ræða, þ.e. að sakarefnið sé með þeim hætti að það eða aðilar þess geti ekki talist eingöngu „íslenskt". Í þessum tilvikum hefur ekki farið fram framsal á dómsvaldi og hefur löggjafinn það á valdi sínu að viðurkenna slíkar úrlausnir erlendra dómstóla og veita þeim aðfararhæfi hér á landi án þess að þær sæti endurskoðun að efni til.

Einnig má nefna lög 69/1963 um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl. Í 1. gr. laganna er gert ráð fyrir því að fullnægja megi hér á landi sektarrefsingu sem aðila hefur verið gerð á hinum Norðurlöndunum og sama gildir um ákvarðanir sem varða upptöku eigna, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðs manns til tryggingar sektargreiðslu, eignaupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum. Lögin eru þó ekki takmörkuð við fyrrgreind tilvik því að skv. 11. kafla laganna má einnig fullnægja norrænum refsivistardómum hér á landi með þeim skilmálum sem þar eru ákveðnir.

Erlendar stjórnsýsluákvarðanir

Dæmi eru um að erlendum stjórnsýsluákvörðunum sé veitt aðfararhæfi hér á landi. Má t.d. nefna lög nr. 46/1990 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum. Í 14. gr. samningsins er m.a. sagt að úrskurð í skattamáli, sem samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis er aðfararhæfur í því ríki, skuli viðurkenna aðfararhæfan í öðru aðildarríki.

Einnig gera lög 93/1962 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga ráð fyrir svipuðu úrræði. Í 1. gr. samningsins segir m.a. að úrskurði stjórnvalds sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag með maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skuli þegar fullnægt í öðru samningsríki sé þess farið á leit. Í 4. gr. samningsins er gert ráð fyrir því að fullnusta fari fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

Í drögum að frumvarpi til nýrra laga um viðurkenningu og fullnustu norrænna dóma í einkamálum er og gert ráð fyrir því að ýmsar erlendar stjórnsýsluákvarðanir geti orðið aðfararhæfar hér á landi. Í drögunum að frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framkvæmd fullnustunnar fari eftir íslenskum aðfararlögum.

Niðurstöður um eftirlit á sviði samkeppnisreglna

Stjórnmálalegir og efnahagslegir hagsmunir ekki aðeins aðildarríkja EES-samningsins heldur einnig einstaklinga og fyrirtækja í aðildarríkjunum sem starfa á hinum sameiginlega markaði kalla á skilvirka fullnustu þeirra samkeppnisreglna sem gilda á svæðinu öllu. Þar sem eftirlit með fullnustu EES-reglnanna verður eðli málsins samkvæmt ekki tryggt nema með sameiginlegum stofnunum verður að líta svo á að samkeppnisreglurnar falli óhjákvæmilega undir alþjóðlegt varnarþing. Það vald sem fengið er eftirlitsstofnun EFTA er vandlega afmarkað í samningum sem samþykktir eru samhljóða og lögfestir af Alþingi.

Réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja verður tryggt þar sem hægt verður að bera ákvarðanir eftirlitsstofnanana undir dómstóla. Ákvarðanirnar geta ekki talist verulega íþyngjandi þar sem þær fela ekki í sér þyngri viðurlög en sektir og févíti. Innheimta sektanna fer samkvæmt íslenskum lögum fyrir íslenskum dómstólum.

Nokkuð mörg fordæmi liggja fyrir um samninga sem Ísland er aðili að og fela í sér sams konar skyldu til að fullnægja sektarákvarðana erlendra yfirvalda og dómstóla. Þau fordæmi sem fyrir liggja fela í sér sambærilega viðurkenningu á ákvörðunum erlendra yfirvalda og EES-samningurinn gerir ráð fyrir vegna fullnustu á sviði samkeppnisreglna.

Vegna eðlis þeirra lögskipta sem samkeppnisreglur EES ná til og með hliðsjón af þeim fjölda mála þar sem framkvæmdastjórn EB hefur tekið endanlegar ákvarðanir um sektir á 320 milljóna manna markaði og þeim undanþágureglum, sem gilda á sviði samkeppnisreglna EES verður ekki séð að þær ákvarðanir sem hugsanlega gætu snert íslenska aðila, geti talist íhlutun í íslenskt réttarskipulag.

Um bókun 5
Stofnsamþykkt EFTA - dómstólsins

Bókunin hefur að geyma nánari reglur um starfsemi EFTA-dómstólsins, reglur um dómarana, skipulag dómstólsins og málsmeðferð. Dómstóllinn setur sér nánari starfsreglur sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna þurfa að samþykkja samhljóða.

Um bókanir 6 og 7
Gerhæfi, forréttindi og friðhelgi
eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins

Bókanirnar fjalla um rétt stofnananna til að koma fram sem lögpersónur, einkum vegna kaupa á fasteignum og lausafé vegna starfsemi stofnananna.

Ákvæði bókananna um forréttindi og friðhelgi stofnananna og starfsmanna þeirra eru í samræmi við það sem almennt gildir um alþjóðastofnanir. Varðandi skattfríðindi starfsmanna hefur verið tekið mið af sömu reglum og gilda um starfsmenn skrifstofu EFTA. Gert er ráð fyrir að réttarstaða stofnananna og starfsmanna þeirra verði viðurkennd með sérstakri löggjöf sem gildir um alþjóðastofnanir almennt.

G. Athugasemdir við samninginn um fastanefnd EFTA

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gerir ráð fyrir samstarfi EFTA-ríkjanna um ákvarðanatöku, stjórnun, framkvæmd og samráð vegna samningsins. Með þessum samningi er sett á stofn ný nefnd EFTA-ríkjanna sem sinnir samstarfi vegna aðildar að EES. Störf nefndarinnar mega ekki hafa áhrif á störf eftirlitsstofnunar EFTA sem sett er upp samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Fastanefndin er ekki alþjóðastofnun á sama hátt og eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn. Um hana gilda því ekki sérstakar reglur um gerhæfi, forréttindi og friðhelgi.

EFTA-ráðið starfar áfram samkvæmt stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). EFTA-ráðið mun áfram sinna samstarfi EFTA-ríkjanna sem varðar ríki og stofnanir utan Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt ákvæðum Stokkhólmssamningsins.

Með þessu fyrirkomulagi er starf EFTA-ríkjanna vegna EES aðskilið frá öðru samstarfi þeirra og er þriðju ríkjum þar með gefinn kostur á að verða aðilar að EFTA án þess að verða aðilar að EES.

Skrifstofa EFTA sem starfar fyrir EFTA-ráðið mun einnig sinna skrifstofuþjónustu fyrir fastanefnd EFTA. Starfsmenn fastanefndarinnar verða því formlega ráðnir af EFTA-ráðinu.

Um 1.-3. gr.
Hlutverk fastanefndar EFTA

Hlutverk fastanefndarinnar verður í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi hafa EFTA-ríkin samráð í nefndinni varðandi ákvarðanatöku í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni í þeim tilvikum þegar gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin tali með einni röddu, sbr., 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 93. gr. EES-samningsins. Samráð um tillögur um EES-reglur í fastanefndinni er fyrst og fremst undirbúningur undir ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni þar sem endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Önnur störf fastanefndarinnar varða framkvæmd og stjórnun á EES-reglum í EFTA-ríkjunum sem nánar eru tilgreind í 3. gr. samningsins.

Víða í EB-gerðum þeim sem teknar eru upp í viðauka við EES-samninginn er framkvæmdastjórn EB, í sumum tilvikum í samvinnu við sérfræðinganefndir aðildarríkjanna og EB-ráðið, falið að sinna ýmsum störfum er varða framkvæmd og stjórnun EB-reglna. Þessum störfum er að því er varðar EFTA-ríkin skipt upp á milli eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndar EFTA, sbr. bókun 1 við EES-samninginn. Þau störf sem falla í hlut fastanefndarinnar eru talin upp í bókun 1 við þennan samning. Þau störf sem falla í hlut eftirlitsstofnunarinnar eru talin upp í bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnu eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Einnig falla undir fastanefndina störf í tengslum við störf eftirlitsstofnunarinnar. Þegar innan EB er gert ráð fyrir samráði við sérfræðinganefndir aðildarríkja EB og EB-ráðið er á sama hátt gert ráð fyrir að ákvörðunum sé vísað frá eftirlitsstofnun EFTA til sérfræðinganefnda fastanefndarinnar.

Önnur störf fastanefndarinnar varða upplýsingadreifingu, tilkynningar og skýrslugjöf, auk starfa og ákvarðana vegna öryggisráðstafana og frávika á ýmsum sérsviðum og sérstakri meðferð deilumála.

Um 4.-7. gr.
Skipulag fastanefndarinnar

Hvert EFTA-ríki hefur fulltrúa í fastanefndinni og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði. Fulltrúar EFTA-ríkjanna geta á sama hátt og í EFTA-ráðinu verið embættismenn eða ráðherrar. Samkvæmt samþykkt vegna 4. gr. getur fastanefndin komið saman hvenær sem þörf krefur.

Fastanefndin getur skipað undirnefndir og aðra hópa. Slíkar nefndir hafa einnig það hlutverk að aðstoða eftirlitsstofnun EFTA við störf hennar.

Fastanefndin getur tekið ákvarðanir og samþykkt tilmæli varðandi þau störf sem talin eru upp í 3. gr. þessa samnings. Slíkar ákvarðanir eru bindandi fyrir EFTA-ríkin að þjóðarétti.

Almennt eru ákvarðanir fastanefndarinnar teknar samhljóða.

Undanþágur frá því eru taldar upp í viðauka við samninginn. Undanþágunum sem eru nákvæmlega tilgreindar, má skipta í þrjár tegundir ákvarðana:

1. Ákvarðanir stjórnunarlegs eðlis sem eftirlitsstofnun EFTA vísar til sérfræðinganefnda aðildarríkjanna á viðkomandi sviði og fastanefnd EFTA tekur síðan ákvörðun um;
2. ákvarðanir er varða sérstakar undanþágur samkvæmt EES-reglunum á nánar tilgreindum sviðum;
3. ákvarðanir er varða sérstaka meðferð deilumála á sviði flutninga.

Framangreindar ákvarðanir og tilmæli varða einungis framkvæmd samningsins á mjög afmörkuðum sviðum og beinast einungis að ríkjunum sem slíkum. Hér er ekki um að ræða ákvarðanir sem verða grundvöllur fyrir lagasetningu.

Sambærilegar ákvarðanir og tilmæli eru tekin með meirihlutaákvörðunum í EFTA-ráðinu, sbr. 5., 13., 9., 20., og 31. gr. Stokkhólmssamningsins.

Um 8.-14. gr.
Almenn ákvæði

Í 12. gr. er fjallað um tengsl aðildar að EES-samningnum og samningnum um fastanefnd EFTA. Aðild að samningi um fastanefndina fellur sjálfkrafa úr gildi ef samningsaðili afturkallar aðild að EES-samningnum. Einnig er kveðið á um að EFTA-ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu, verði sjálfkrafa ekki lengur aðili að þessum samningi þegar aðild að Evrópubandalaginu gengur í gildi.

Í 13. gr. er kveðið á um að EFTA-ríki sem gerist aðili að EES-samningnum skuli einnig gerast aðili að þessum samningi.

Samningur þessi er gerður á ensku en þýðingar á opinber tungumál EFTA-ríkjanna verða staðfestar fyrir gildistöku hans, sbr. 14. gr. Verður samningurinn því jafngildur á öllum opinberum tungumálum EFTA-ríkjanna við gildistöku.

Samkvæmt 14. gr. fylgir gildistaka samnings þessa gildistöku EES-samningsins.

Um bókun 1
Störf og valdsvið fastanefndarinnar samkvæmt gerðum í viðaukum við EES-samninginn vegna beitingar bókunar 1 við þann samning

Í bókun 1 við EES-samninginn er í d-lið 4. tölul. gert ráð fyrir að þau störf, sem framkvæmdastjórnin innir af hendi er varða stjórnun og framkvæmd á EB-reglum, t.d. sannprófanir, upplýsingar, tilkynningar og upplýsingadreifing verði að því er varðar EFTA-ríkin í höndum fastanefndar EFTA eða eftirlitsstofnunar EFTA.

Í bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og í þessari bókun er kveðið á um hvernig framangreindum störfum er skipt á milli fastanefndarinnar og eftirlitsstofnunarinnar.

Samkvæmt bókuninni sér fastanefndin í meginatriðum um upplýsingadreifingu, upplýsingaskrár, tilnefnir rannsóknastofur sem eru viðurkenndar, staðlamál, ráðgjöf, samræmingarstarf vegna viðurkenningar á prófskírteinum og flokkun náms.

Verði framkvæmdastjórn EB falin sambærileg störf og kveðið er á um í 1. gr. bókunar 1 má einnig fela fastanefnd EFTA að hafa með höndum sambærileg störf að því er varðar EFTA-ríkin.

Um bókun 2
Tilhögun EFTA-ríkja við beitingu ráðstafana samkvæmt 43. gr. EES-samningsins

Bókun þessi fjallar um framkvæmd þeirra verndarráðstafana sem heimilt er að gera á sviði fjármagnsflutninga samkvæmt 43. gr. EES-samningsins.

EFTA-ríki sem ætlar að beita verndarráðstöfunum ber að tilkynna það fastanefnd EFTA sem með meirihluta atkvæða getur sett fram tilmæli um breytingu, frestun eða afnám ráðstafananna.

Tilmæli EFTA-ríkja eru ekki bindandi fyrir viðkomandi ríki.

H. Athugasemdir við samninginn um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði

Stefnumið bandalagsins um jöfnun lífskjara milli landsvæða innan þess tengist mjög landbúnaðarmálum. Er þar einkum um að ræða að bandalagið telur að EFTA-ríkjunum beri að greiða fyrir það hagræði sem, þau hafa af óheftum aðgangi fyrir iðnvarning sinn að samræmdum innri markaði EB, með frjálsari aðgangi að EFTA-mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir. Suðurríki bandalagsins hafa mikla hagsmuni af viðskiptum með ávexti, grænmeti og blóm. Íslendingar hafa löngum haft sömu rök fyrir frjálsum aðgangi fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins.

Strax í byrjun viðræðnanna um EES ákváðu samningsaðilar að landbúnaðarstefnu þeirra skyldi haldið utan samningsins. Þó var ákveðið að EFTA-ríkin gerðu tvíhliða samninga við Evrópubandalagið um jöfnun ávinnings af samningnum fyrir Suðurríki Evrópubandalagsins.

Evrópubandalagið lagði fram skrá yfir afurðir, alls 86 tollskrárnúmer samkvæmt íslensku tollskránni (72 sbr. EB), sem óskað var eftir að EFTA-ríkin flyttu inn óhindrað frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins. Samið var við EFTA-ríkin, hvert um sig, um breytingar á skránni. Niðurstaða viðræðna Evrópubandalagsins og Íslands birtist í meðfylgjandi samningi.

Í samningaviðræðunum lögðu samningamenn Íslands áherslu á að taka tillit til óska allra hagsmunaaðila og lögðu til að innflutningur grænmetis, sem framleitt er af garðyrkjubændum á Íslandi, yrði háður leyfum á þeim tíma sem innlend framleiðsla fullnægir eftirspurn, þ.e. 16. mars - 31. október ár hvert. Svipað má segja um afskorin blóm, en innflutningur á flestum tegundum afskorinna blóma verður áfram háður leyfum allt árið. Íslendingar féllust á óheftan innflutning á afurðum sem falla undir 79 af þeim 86 tollskrárnúmerum sem Evrópubandalagið óskaði eftir, en heimiluðu innflutning sex tegunda grænmetis og fimm tegunda afskorinna blóma yfir vetrartímann.

Afurðirnar sem takmarkaðar eru við tiltekið tímabil eru: Nokkrar tegundir afskorinna blóma (nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfuglablóm), tómatar, salathöfuð, gúrkur, reitagúrkur og papríka.

Afurðirnar sem Íslendingar heimila óheftan innflutning á eru: Laukur, hvítlaukur, spergill, eggaldinjurtir, kúrbítur, belgávextir, þurrkaðar matjurtir, möndlur, valhnetur, heslihnetur, blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum, hnetukjarnar, bananar, ananas, fíkjur, appelsínur, mandarínur, sítrónur, vínber, melónur, apríkósur, kirsuber, ferskjur, plómur, jarðarber, kívíávöxtur, vanilla, safran, rís, plöntuhlutar sem notaðir eru í ilmvötn, agar, kakaósmjör, tómatar unnir eða varðir skemmdum, ræktaðir sveppir unnir eða varðir skemmdum, jarðartískokka, ólívur, kapar, ávaxtasafar, vín, romm, ouzo, írskir rjómalíkjörar og ósunnið tóbak.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild verði veitt til að fullgilda samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) og tvo fylgisamninga milli EFTA-ríkjanna, annars vegar samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samninginn) og hins vegar samning um fastanefnd.

EES-samningurinn og EFTA-samningarnir tveir eru prentaðir í sérheftum sem fylgja frumvarpinu.

Með frumvarpinu er einnig prentaður samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, sbr. bókun 42 við EES-samninginn. Gildistaka hans er háð gildistöku EES-samningsins.

Um efni samninganna vísast til athugasemda hér að framan.

Með „samningi um Evrópska efnahagssvæðið" er átt við meginmál samningsins og fylgiskjöl með honum, þ.e. til bókanir og viðauka, svo og gerðir sem vitnað er til í viðaukum, sbr. 2. gr. samningsins.

Meginmál samningsins er 129 greinar ásamt inngangsorðum.

Samningnum fylgja sameiginlegar yfirlýsingar, yfirlýsingar allra samningsaðila og yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila, en þær geta haft áhrif á túlkun samningsins.

Með samningnum fylgir einnig samkomulag um þrjú atriði, þ.e. um hvernig farið skuli með þær réttarreglur Evrópubandalagsins á því sviði sem samningurinn tekur til og sem settar eru á tímabilinu frá 1. ágúst 1991 fram að gildistöku samningsins, um birtingu upplýsinga sem tengjast EES og um fyrirkomulag sem gildir um birtingu á auglýsingum EFTA um opinber innkaup.

Loks fylgja samþykktir um túlkun einstakra ákvæða samningsins sem eru bindandi fyrir samningsaðila.

Með orðinu „gerðir" er átt við reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, tilmæli og aðrar heimildir EES-réttar. Gerðirnar eru ýmist bindandi fyrir samningsaðila eða óskuldbindandi. EES-reglugerðir og tilskipanir eru dæmi um þær fyrrnefndu en tilmæli um hinar síðarnefndu. Þótt gerðir séu ekki bindandi ber samt sem áður að taka tillit til þeirra. Í viðaukunum við samninginn er skýrt tekið fram hvaða gerðir eru bindandi fyrir samningsaðila og hverjar ekki.

Um 2. gr.

Með 2. gr. er lagt til að meginmál EES-samningsins hafi lagagildi hér á landi.

Sama er að segja með bókun 1 við samninginn, en hún felur í sér aðlögun á gerðum EB, sem getið er í viðaukunum, að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi aðlögun er fólgin í nauðsynlegum breytingum sem stafa m.a. af því að 19 þátttökuríki mynda EES, en EB-ríkin eru 12.

Einnig er lagt til að undanþágur Íslands varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu verði lögfestar. Hér er um mikilvægustu undanþágur Íslands að ræða og þykir því rétt að lögfesta þær sérstaklega þó að það verði ekki talin beinlínis laganauðsyn. Aðrar undanþágur, tímabundnar og ótímabundnar, sem Ísland fær með samningnum halda því fullu gildi sínu.

Gert er ráð fyrir því að lögð verði fram frumvörp til laga af hálfu einstakra ráðuneyta eða að stjórnvaldsreglur verði settar eftir þörfum áður en ákvæði annarra þátta samningsins, svo sem bókana, viðauka og gerða sem þar er vitnað til, eiga að koma til framkvæmda.

Ekki þykir nauðsynlegt að lögfesta hina þrjá fylgisamninga með EES-samningnum í heild sinni, EFTA-samningana tvo og tvíhliða samninginn um landbúnaðarmál.

Um 3. gr.

Í bókun 35 er fjallað um framkvæmd EES-reglna.

Íslenskum dómstólum ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarétt. Í dómum undanfarið hefur Hæstiréttur gengið mjög langt í þessu efni, sbr. t.d. hrd. 1990, bls. 2. Þar vék rétturinn frá nýlegum og skýrum dómafordæmum sínum og túlkaði lög m.a. til samræmis við þjóðréttarreglu, sem gildir ekki sem lög hér á landi, þ.e. túlkun mannréttindanefndar Evrópu á tiltekinni grein mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt þessu verður að telja að verði árekstur milli laga, sem sett hafa verið vegna skuldbindinga í þjóðréttarsamningi, og annarra innlendra réttarreglna veiti dómafordæmi Hæstaréttar vísbendingu um að innlenda reglan verði túlkuð til samræmis við þjóðréttarregluna eftir því sem framast er kostur.

Þar fyrir utan er sterk hefð fyrir þeirri reglu í íslenskum rétti að sérlög gangi framar almennum lögum, þ.e. að lög, sem eru almenns eðlis, eru ekki talin fella brott eldri sérreglur laga um sama efni nema brottfellingarinnar sé getið sérstaklega í yngri lögunum. Oft myndi EES-regla vera sérregla um tiltekið efni.

Í 3. gr. felst m.a. að innlend lög sem eiga stoð í EES-samningnum verði jafnan túlkuð sem sérreglur laga gagnvart ósamræmanlegum yngri lögum, að því leyti að yngri lög víki þeim ekki ef þau stangast á, nema löggjafinn taki það sérstaklega fram. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja samræmi í reglunum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í bókun 35 er og skýrt tekið fram að þessi skýringarregla skuli ekki hafa í för með sér framsal á löggjafarvaldi og er 3. gr. við það miðuð.

Orðin „lög og reglur" taka bæði til innlendra laga og reglna sem ekki tengjast EES-samningnum og til laga og reglna sem sett hafa verið eða sett verða til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum. Hin síðarnefndu geta verið eldri en EES-samningurinn, sbr. t.d. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, en þau geta einnig verið yngri.

Orðin „að svo miklu leyti sem við á" takmarka skýringarreglu greinarinnar með tvennum hætti. Annars vegar tekur skýringarreglan aðeins til laga sem kunna að fara í bága við EES-samninginn. Hins vegar er hnykkt á að hún takmarkast af stjórnarskrá, þ.e. Alþingi getur ekki bundið sjálft sig varðandi framtíðarlagasetningu.

Með EES-samningnum er átt við meginmál samningsins, bókanir og viðauka, ásamt gerðum sem þar er vísað til, sbr. 1. tl. 1. gr. frumvarpsins.

Orðin „reglur sem á honum byggja" taka til EES-reglna, sem samþykktar verða eftir gildistöku EES-samningsins, þ.e. ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar skv. 92. gr. samningsins um breytingar á honum skv. 98. gr., að stjórnskipulegum skilyrðum uppfylltum skv. 103. gr.

Með 3. gr. er jafnframt tryggt að lögfesting meginmáls EES-samningsins skv. 2. gr. frumvarpsins hróflar ekki við þeim undanþágum fyrir Ísland sem felast í samningnum, t.d. um frestun gildistöku einstakra ákvæða, eða öðrum sérákvæðum hans.

Um 4. gr.

Ákvæðið er hugsað sem varaákvæði. Í því felst heimild fyrir hlutaðeigandi ráðherra til að setja nánari stjórnvaldsreglur um framkvæmd EES-samningsins ef sérstök nauðsyn krefur. Rétt er að taka fram að almenna reglan verður sú að slíkar reglur eigi stoð í lögum er gilda um viðkomandi svið og þegar hafa verið sett eða sett verða, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Þessu ákvæði yrði því aðeins beitt ef heimild í settum lögum vantar eða hún er ekki talin nægilega skýr.

Um 5. gr.

Samningarnir í heild verða birtir með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda eins og venja er.

Meginmál EES-samningsins og önnur ákvæði hans, sem getið er í 2. gr. og öðlast eiga lagagildi, verða birt sem fylgiskjöl með lögunum.

Ákvæði 1. gr. um heimild til að fullgilda samningana þrjá öðlast gildi við birtinga laganna, en önnur ákvæði munu öðlast gildi samtímis EES-samningnum, sem einnig verður auglýst í Stjórnartíðindum.

Þótt Ísland fullgildi EES-samninginn öðlast hann ekki gildi fyrr en allir samningsaðilar hafa fullgilt hann eða staðfest, sbr. 129. gr. samningsins.

Viðbætir 1.1

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Með vísan til viðræðna okkar í aðalsamninganefnd og í Lúxemborg 21. október 1991 leyfi ég mér að setja fram eftirfarandi tillögur.

Ég legg til að EB- og EFTA-löndin, í viðræðum sínum um sérsamninga við Pólland, Ungverjaland, Tékkóslóvakíu o.s.frv., reyni í sameiningu að koma á marghliða stighækkandi uppsöfnun í viðskiptum með vörur, að textílvörum meðtöldum. Þar að auki ætti að kanna möguleika á útvíkkun til annarra EFTA-ríkja á fyrirliggjandi stjórnvaldsráðstöfunum frá 1984 milli Austurríkis-EB og Sviss-EB um textílvörur.

Ég legg til að fjallað verði um þessi atriði fyrri hluta árs 1992 á vettvangi reglubundinna upplýsingaskipta milli starfsliðs framkvæmdastjórnar EB og fulltrúa EFTA-landa og EFTA-skrifstofunnar hjá EB, með það fyrir augum að hrinda niðurstöðunum í framkvæmd eins skjótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Ég hef í dag móttekið bréf yðar um upprunareglur varðandi unnar vörur.

Ég hef tekið tillögur yðar til athugunar og mun skoða þær nánar með réttum aðilum á vegum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjunum með könnunarviðræður fyrir augum. Þér munuð heyra frá mér við fyrsta tækifæri varðandi tímasetningu slíkra viðræðna á fyrri hluta árs 1992.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler.
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Viðbætir 1.2

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Með tilvísun til samnings milli bandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna um Evrópskt efnahagssvæði, sem áritaður er í dag, veitist mér sá heiður að staðfesta að hvað varðar ráðgjafarnefnd á sviði bankamála eigi 100. gr. EES-samningsins við um þau störf er nefndin aðstoðar framkvæmdastjórnina við meðferð framkvæmdarvalds í umboði ráðsins. Varðandi önnur störf ráðgjafarnefndar á sviði bankamála munu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og formaður nefndarinnar skiptast á upplýsingum og hafa samráð við fulltrúa þar til bærra yfirvalda EFTA-ríkja fyrir og eftir nefndarfundi. Sama fyrirkomulag skal gilda um tryggingamálanefnd að breyttu breytanda jafnskjótt og viðeigandi EB-löggjöf hefur verið samþykkt og er orðin hluti af EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler,
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Með tilvísun til samnings milli bandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna um Evrópskt efnahagssvæði, sem áritaður er í dag, veitist mér sá heiður að staðfesta að hvað varðar ráðgjafarnefnd á sviði bankamála eigi 100. gr. EES-samningsins við um þau störf er nefndin aðstoðar framkvæmdastjórnina við meðferð framkvæmdarvalds í umboði ráðsins. Varðandi önnur störf ráðgjafarnefndar á sviði bankamála munu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og formaður nefndarinnar skiptast á upplýsingum og hafa samráð við fulltrúa þar til bærra yfirvalda EFTA-ríkja fyrir og eftir nefndarfundi. Sama fyrirkomulag skal gilda um tryggingamálanefnd að breyttu breytanda jafnskjótt og viðeigandi EB-löggjöf hefur verið samþykkt og er orðin hluti af EES-samningnum."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Viðbætir 1.3

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Efni: Framkvæmd bókunar 31 við EES-samninginn. CREST-nefndin

Eins og yður er kunnugt setur d-liður 1. mgr. 1. gr. bókunar 31 við drög að EES-samningnum sérákvæði vegna hlutdeildar EFTA-ríkjanna í störfum nefndar um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST). Í framhaldi af viðræðum á nýafstöðnum sameiginlegum CREST/EFTA fundi þann 29. nóvember 1991 langar mig til að gera yður grein fyrir því hvernig framkvæmdastjórnin telur að framkvæmd fyrrnefndra ákvæða skuli háttað.

Á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1974 um stofnsetningu CREST og með gildistöku EES-samningsins myndi CREST í tengslum við ráðgjafarhlutverk sitt vegna vísinda- og tæknirannsókna í raun gegna þríþættu hlutverki:

1) sem ráðgjafi ráðsins
2) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum innan EBE
3) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum EBE er einnig snerta EES.

Talið er æskilegt að tekið verði tillit til álits sérfræðinga í EFTA-ríkjunum að því er þetta þriðja hlutverk CREST varðar.

Með fyrirvara um yfirstandandi viðræður innan ramma Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 ætti því að bjóða EFTA-ríkjunum að senda sérfræðinga á fundi CREST-nefndarinnar þegar hún gegnir þessu síðasttalda hlutverki sínu. Álit þeirra yrði skráð í fundargerðir. Afriti af drögum að fundargerð yrði dreift á viðtekinn hátt til allra þátttakenda til að þeir geti gert athugasemdir áður en gengið verður frá lokaútgáfunni. Öll EFTA-ríkin munu, jafnt og aðildarríki EB, fá í hendur frumdrög að starfsáætlun ásamt viðeigandi skjölum, eftir því sem þau liggja fyrir, sex mánuðum fyrir næsta fund um málefni sem tengjast EES.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Efni: Framkvæmd bókunar 31 við EES-samninginn. CREST-nefndin

Eins og yður er kunnugt setur d-liður 1. mgr. 1. gr. bókunar 31 við drög að EES-samningnum sérákvæði vegna hlutdeildar EFTA-ríkjanna í störfum nefndar um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST). Í framhaldi af viðræðum á nýafstöðnum sameiginlegum CREST/EFTA fundi þann 29. nóvember 1991 langar mig til að gera yður grein fyrir því hvernig framkvæmdastjórnin telur að framkvæmd fyrrnefndra ákvæða skuli háttað.

Á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1974 um stofnsetningu CREST og með gildistöku EES-samningsins myndi CREST í tengslum við ráðgjafarhlutverk sitt vegna vísinda- og tæknirannsókna í raun gegna þríþættu hlutverki:

1) sem ráðgjafi ráðsins
2) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum innan EBE
3) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum EBE er einnig snerta EES.

Talið er æskilegt að tekið verði tillit til álits sérfræðinga í EFTA-ríkjunum að því er þetta þriðja hlutverk CREST varðar.

Með fyrirvara um yfirstandandi viðræður innan ramma Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 ætti því að bjóða EFTA-ríkjunum að senda sérfræðinga á fundi CREST-nefndarinnar þegar hún gegnir þessu síðasttalda hlutverki sínu. Álit þeirra yrði skráð í fundargerðir. Afriti af drögum að fundargerð yrði dreift á viðtekinn hátt til allra þátttakenda til að þeir geti gert athugasemdir áður en gengið verður frá lokaútgáfunni. Öll EFTA-ríkin munu, jafnt og aðildarríki EB, fá í hendur frumdrög að starfsáætlun ásamt viðeigandi skjölum, eftir því sem þau liggja fyrir, sex mánuðum fyrir næsta fund um málefni sem tengjast EES."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Viðbætir 1.4

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Efni: Viðbótarupplýsingar um fjárhagshliðina á þátttöku EFTA-ríkjanna í tiltekinni starfsemi bandalagsins.

Í 82. gr. EES-samningsins er gerð grein fyrir skilyrðum vegna fjárhagsþátttöku EFTA-ríkja í tiltekinni starfsemi bandalagsins. Þar að auki er í bókun 32 við samninginn mælt fyrir um nauðsynlegar aðferðir við framkvæmd þessarar þátttöku.

Þegar samið var um bókun 32 töldu báðir aðilar æskilegt að veita EFTA-ríkjunum viðbótarupplýsingar --- hvað varðar málsmeðferð innan EB --- um meðferð fjárlaga vegna þátttöku EFTA-ríkjanna bæði varðandi framsetningu og framkvæmd.

Nú veitist mér sá heiður að senda yður í hjálögðum viðauka viðbótarupplýsingar sem að gagni mega koma á þessu stigi. Óþarft er að taka fram að þessar upplýsingar eiga við ástand sem skapast á grundvelli núgildandi laga.

Ég treysti því að upplýsingarnar séu nógu ítarlegar og muni stuðla að bestu hugsanlegu skilyrðum við framkvæmd þeirrar fjárhagssamvinnu sem samkomulag hefur náðst um í EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler

VIÐAUKI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA BÓKUNAR 32 Í EES-SAMNINGNUM

1. Bókhald yfir framlag EFTA-ríkjanna

Í samræmi við ákvæði þriðja undirliðar í annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr. fjárhagsreglugerðar um fjárlög Evrópubandalaganna[1] telst framlag þriðju landa vera „sýndartekjur".

Þetta merkir í framkvæmd að þátttaka EFTA-ríkjanna verður:

annars vegar gjaldfærð í sérstakri línu tekjuhliðar og gæti af þeim sökum ekki talist með öðrum tekjum á fjárlögum.

hins vegar auðkennd, eingöngu vegna bókhaldsins, og væri því eingöngu hægt að nota hana til að greiða kostnað af þeirri starfsemi bandalagsins sem EFTA-ríkin taka þátt í.

Þar af leiðandi, til að ábyrgjast að farið verði eftir meginreglunni um „sýndartekjur", verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í bókhaldi til að tryggja varanlega að þessar aðgerðir verði aðgreindar.

Þar að auki ber að hafa hugfast að svohljóðandi 4. mgr. 7. gr. fjárhagsreglugerðarinnar:

„Ónýttar tekjur og fjárveitingar sem eru fyrir hendi 31. desember sökum sérstakra tekjustofna sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eru sjálfkrafa fluttar áfram" gildir um þessa starfrækslu.

2. Upplýsingar um fjárlagaskipulag í tengslum við framlög EFTA-ríkjanna

Til að tryggja auðkenningu á framlagi EFTA-ríkjanna er fyrirhugað að viðeigandi „fjárlagaskipulag" sem einkum felur í sér eftirtalda þætti komi fram á fjárlögum Evrópubandalaganna:

---

[1] Fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB nr. L 356, 31.12.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins nr. 610 frá 13. mars 1990 (Stjtíð. EB nr. L 70, 16.3.1990, bls. 1), hér eftir nefnd fjárhagsreglugerðin.

1) á tekjuhlið: lína með málamyndafærslu þar sem fjárframlög EFTA-ríkjanna á viðkomandi fjárhagsári skulu færð þegar að framkvæmdum kemur.
   Í athugasemd við línuna komi fram „til upplýsingar" heildarfjárframlag EFTA-ríkjanna, greint í fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar;
2) á útgjaldahlið, III. þætti (framkvæmdastjórn) B-hluta:
   a) í hverri línu sem tengist starfsemi er EFTA-ríkin taka þátt í skal koma fram í athugasemdum vísbending, „til upplýsingar", um fjárframlög EFTA-ríkjanna.
   b) í „yfirlitstöflu"[2] sem fylgir B-hluta skal sýna, á grundvelli viðeigandi, tæmandi nafnaskrár, allar viðkomandi fjárhagslínur og, „til upplýsingar", upphæð fjárframlaga EFTA-ríkja vegna einstakra verkefna.

Þessir þættir línan á tekjuhlið og „yfirlitstaflan" á útgjaldahlið skulu sýna fjárlagaskipulagið varðandi horfur og framkvæmd, þar með talið bókhald, svo og gerð og endurskoðun reikninga.

3. Skilyrði fyrir framkvæmd

Tímasetning samkvæmt ákvæðum 3. gr. hvað varðar aðlögun einkum vegna breytinga á fjárveitingum bandalagsins í kjölfar tilfærslu, leiðréttingar og/eða aukafjárveitinga gæti haft í för með sér að ekki verði tekið tillit til „hlutfallsþáttarins", sem gæti valdið vandkvæðum við framkvæmd fjárlaga og tafið framkvæmd viðkomandi starfsemi.

Framkvæmdastjórnin álítur því nauðsynlegt að fyrirhuga viðeigandi átak beggja aðila eftir gildistöku samningsins til að bæta þetta ástand eins og hægt er.

Framkvæmdastjórnin álítur enn fremur nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á bókun 32 í samræmi við þá endurskoðun sem kveðið er á um í 4. gr. hennar.

Í þessu skyni og að því leyti er framkvæmdastjórnina varðar hyggst hún leggja til viðeigandi breytingu á fjárhagsreglugerðinni, til að skapa nýjan lagagrundvöll sem betur hæfði hinu nýja ástandi og gerði kleift að ráða bót á fyrrnefndum vandkvæðum.

Óþarft er að taka fram að þegar slík tillaga er borin upp verða hlutaðeigandi stofnanir bandalagsins, þ.e. þingið, ráðið og endurskoðunarrétturinn, beðnar að leggja fram krafta sína í samræmi við ákvæði 209. gr. EBE-sáttmálans.

4. Fyrirkomulag er varðar eftirlit

Enn fremur álítur framkvæmdastjórnin að fyrirkomulagi því sem um getur í 2. mgr. 7. gr. bókunar 32 skuli komið á tímanlega eftir því sem þörf krefur.

---

[2] Þessi „yfirlit" gætu í raun verið í formi „viðauka", að því tilskildu að hann verði óaðskiljanlegur hluti fjárlaga, bæði í framsetningu og framkvæmd.

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Efni: Viðbótarupplýsingar um fjárhagshliðina á þátttöku EFTA-ríkjanna í tiltekinni starfsemi bandalagsins.

Í 82. gr. EES-samningsins er gerð grein fyrir skilyrðum vegna fjárhagsþátttöku EFTA-ríkja í tiltekinni starfsemi bandalagsins. Þar að auki er í bókun 32 við samninginn mælt fyrir um nauðsynlegar aðferðir við framkvæmd þessarar þátttöku.

Þegar samið var um bókun 32 töldu báðir aðilar æskilegt að veita EFTA-ríkjunum viðbótarupplýsingar hvað varðar málsmeðferð innan EB um meðferð fjárlaga vegna þátttöku EFTA-ríkjanna bæði varðandi framsetningu og framkvæmd.

Nú veitist mér sá heiður að senda yður í hjálögðum viðauka viðbótarupplýsingar sem að gagni mega koma á þessu stigi. Óþarft er að taka fram að þessar upplýsingar eiga við ástand sem skapast á grundvelli núgildandi laga.

Ég treysti því að upplýsingarnar séu nógu ítarlegar og muni stuðla að bestu hugsanlegu skilyrðum við framkvæmd þeirrar fjárhagssamvinnu sem samkomulag hefur náðst um í EES-samningnum."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

VIÐAUKI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA BÓKUNAR 32 Í EES-SAMNINGNUM

1. Bókhald yfir framlag EFTA-ríkjanna

Í samræmi við ákvæði þriðja undirliðar í annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr. fjárhagsreglugerðar um fjárlög Evrópubandalaganna[1] telst framlag þriðju landa vera „sýndartekjur".

Þetta merkir í framkvæmd að þátttaka EFTA-ríkjanna verður:

annars vegar gjaldfærð í sérstakri línu tekjuhliðar og gæti af þeim sökum ekki talist með öðrum tekjum á fjárlögum.

hins vegar auðkennd, eingöngu vegna bókhaldsins, og væri því eingöngu hægt að nota hana til að greiða kostnað af þeirri starfsemi bandalagsins sem EFTA-ríkin taka þátt í.

Þar af leiðandi, til að ábyrgjast að farið verði eftir meginreglunni um „sýndartekjur", verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í bókhaldi til að tryggja varanlega að þessar aðgerðir verði aðgreindar.

Þar að auki ber að hafa hugfast að svohljóðandi 4. mgr. 7. gr. fjárhagsreglugerðarinnar:

„Ónýttar tekjur og fjárveitingar sem eru fyrir hendi 31. desember sökum sérstakra tekjustofna sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eru sjálfkrafa fluttar áfram"gildir um þessa starfrækslu.

2. Upplýsingar um fjárlagaskipulag í tengslum við framlög EFTA-ríkjanna

Til að tryggja auðkenningu á framlagi EFTA-ríkjanna er fyrirhugað að viðeigandi „fjárlagaskipulag" sem einkum felur í sér eftirtalda þætti komi fram á fjárlögum Evrópubandalaganna:

---

[1] Fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB nr. L 356, 31.12.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins nr. 610 frá 13. mars 1990 (Stjtíð. EB nr. L 70, 16.3.1990, bls. 1), hér eftir nefnd fjárhagsreglugerðin.

1) á tekjuhlið: lína með málamyndafærslu þar sem fjárframlög EFTA-ríkjanna á viðkomandi fjárhagsári skulu færð þegar að framkvæmdum kemur.
   Í athugasemd við línuna komi fram „til upplýsingar" heildarfjárframlag EFTA-ríkjanna, greint í fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar;
2) á útgjaldahlið, III. þætti (framkvæmdastjórn) B-hluta:
   a) í hverri línu sem tengist starfsemi er EFTA-ríkin taka þátt í skal koma fram í athugasemdum vísbending, „til upplýsingar", um fjárframlög EFTA-ríkjanna.
   b) í „yfirlitstöflu"[2] sem fylgir B-hluta skal sýna, á grundvelli viðeigandi, tæmandi nafnaskrár, allar viðkomandi fjárhagslínur og, „til upplýsingar", upphæð fjárframlaga EFTA-ríkja vegna einstakra verkefna.

Þessir þættir línan á tekjuhlið og „yfirlitstaflan" á útgjaldahlið skulu sýna fjárlagaskipulagið varðandi horfur og framkvæmd, þar með talið bókhald, svo og gerð og endurskoðun reikninga.

3. Skilyrði fyrir framkvæmd

Tímasetning samkvæmt ákvæðum 3. gr. hvað varðar aðlögun einkum vegna breytinga á fjárveitingum bandalagsins í kjölfar tilfærslu, leiðréttingar og/eða aukafjárveitinga gæti haft í för með sér að ekki verði tekið tillit til „hlutfallsþáttarins", sem gæti valdið vandkvæðum við framkvæmd fjárlaga og tafið framkvæmd viðkomandi starfsemi.

Framkvæmdastjórnin álítur því nauðsynlegt að fyrirhuga viðeigandi átak beggja aðila eftir gildistöku samningsins til að bæta þetta ástand eins og hægt er.

Framkvæmdastjórnin álítur enn fremur nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á bókun 32 í samræmi við þá endurskoðun sem kveðið er á um í 4. gr. hennar.

Í þessu skyni og að því leyti er framkvæmdastjórnina varðar hyggst hún leggja til viðeigandi breytingu á fjárhagsreglugerðinni, til að skapa nýjan lagagrundvöll sem betur hæfði hinu nýja ástandi og gerði kleift að ráða bót á fyrrnefndum vandkvæðum.

Óþarft er að taka fram að þegar slík tillaga er borin upp verða hlutaðeigandi stofnanir bandalagsins, þ.e. þingið, ráðið og endurskoðunarrétturinn, beðnar að leggja fram krafta sína í samræmi við ákvæði 209. gr. EBE-sáttmálans.

4. Fyrirkomulag er varðar eftirlit

Enn fremur álítur framkvæmdastjórnin að fyrirkomulagi því sem um getur í 2. mgr. 7. gr. bókunar 32 skuli komið á tímanlega eftir því sem þörf krefur.

---

[2] Þessi „yfirlit" gætu í raun verið í formi „viðauka", að því tilskildu að hann verði óaðskiljanlegur hluti fjárlaga, bæði í framsetningu og framkvæmd.

Viðbætir 1.5

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég leyfi mér að tilkynna af hálfu EFTA-ríkjanna að á ráðherrafundinum í Lúxemborg 21. október 1991 samþykktu EFTA-ríkin að reikna framlög sín til fjármagnskerfisins á grundvelli vergrar þjóðarframleiðslu (VÞF) miðað við upplýsingar um markaðsverð þriggja síðastliðinna ára.

Virðingarfyllst

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Ég leyfi mér að tilkynna af hálfu EFTA-ríkjanna að á ráðherrafundinum í Lúxemborg 21. október 1991 samþykktu EFTA-ríkin að reikna framlög sín til fjármagnskerfisins á grundvelli vergrar þjóðarframleiðslu (VÞF) miðað við upplýsingar um markaðsverð þriggja síðastliðinna ára."

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler,
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Viðbætir 2.1

Vöruútflutningur Íslands

Árin 1987 - 1991

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur Fob

	1987	%	1988	%	1989	%	1990	%	1991	%
EES-ríki	34.797,9	65,6%	42.531,8	69,0%	54.013,1	67,5%	70.752,3	76,4%	68.142,4	74,4%
EFTA-ríki	4.346,1	8,2%	6.194,4	10,0%	8.814,1	11,0%	7.990,2	8,6%	7.015,4	7,7%
EB-ríki	30.451,8	57,4%	36.337,4	58,9%	45.199,0	56,4%	62.762,1	67,8%	61.127,0	66,8%
Önnur Evrópulönd	2.953,6	5,6%	4.008,8	6,5%	5.202,9	6,5%	4.408,5	4,8%	1.589,6	1,7%
Bandaríkin	9.677,9	18,2%	8.372,6	13,6%	11.435,5	14,3%	9.176,8	9,9%	11.504,7	12,6%
Japan	4.139,4	7,8%	4.706,5	7,6%	5.674,7	7,1%	5.545,6	6,0%	7.213,6	7,9%
Önnur lönd	1.484,3	2,8%	2.047,0	3,3%	3.745,5	4,7%	2.741,9	3,0%	3.110,1	3,4%
Vöruútflutningur alls	53.053,1	100%	61.666,7	100%	80.071,7	100%	92.625,1	100%	91.560,4	100%
Vísitala meðalgengis (1983 = 100)	184,9		211,4		265,2		297,9		297,5	



Viðbætir 2.2

Vöruinnflutningur Íslands

Árin 1987 - 1991

Innflutningur CIF

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	1987	%	1988	%	1989	%	1990	%	1991	%
EES-ríki	44.541,7	72,7%	50.822,1	73,7%	56.275,7	70,1%	63.952,0	66,2%	70.528,3	69,5%
EFTA-ríki	12.644,0	20.6%	15.300,1	22,2%	15.294,5	19,1%	15.742,7	16,3%	17.330,9	17,1%
EB-ríki	31.897,7	52,1%	35.522,0	51,5%	40.981,2	51,1%	48.209,3	49,9%	53.197,4	52,4%
Önnur Evrópulönd	3.725,8	6,1%	3.935,1	5,7%	5.413,3	6,7%	6.562,1	6,8%	4.678,4	4,6%
Bandaríkin	4.367,0	7,1%	5.186,4	7,5%	8.823,3	11,0%	13.949,4	14,4%	10.509,2	10,3%
Japan	5.015,8	8,2%	4.745,6	6,9%	3.916,9	4,9%	5.419,4	5,6%	7.465,0	7,4%
Önnur lönd	3.586,7	5,9%	4.281,3	6,2%	5.820,9	7,3%	6.738,0	7,0%	8.357,5	8,2%
Vöruinnflutningur alls	61.237,0	100%	68.970,5	100%	80.250,1	100%	96.620,9	100%	101.538,4	100%
Vísitala meðalgengis (1983 = 100)	184,9		211,4		265,2		297,9		297,5	



Viðbætir 3.

Hagvöxtur 1988 - 1992

Hagvöxtur (vöxtur vergrar landsframleiðslu) skv. tölum OECD, desember 1991 (OECD Economic Outlook nr. 50). Prósentubreyting frá árinu á undan.

	1988	1989	1990	1991	1992	Meðaltal
Ísland	-0,8	-1,3	0	0,3	-1,6	-0,68
Noregur	-0,5	0,4	1,8	4,1	2,0	1,56
Svíþjóð	2,3	2,1	0,3	-1,2	0,2	0,74
Finnland	5,4	5,4	0,4	-5,2	-0,4	1,12
Danmörk	0,5	1,2	2,1	2,0	2,5	1,66
EB	4,0	3,5	2,9	1,4	2,1	2,78
Bandaríkin	4,5	2,5	1,0	-0,5	2,2	1,94
OECD	4,5	3,3	2,6	1,1	2,2	2,74

Hagvöxtur skv. tölum Þjóðhagsstofnunar, apríl 1992.

	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Spá 1992	Meðaltal
Ísland	-0,8	0	0,4	1,4	-2,8	-0,36

Viðbætir 4.

Fylgifrumvörp með EES-samningnum

Að neðan er yfirlit yfir ráðgerð lagafrumvörp vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið miðað við 11. ágúst 1992.

Lög nr.:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (ráðgerir 2 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Félagsmálaráðuneytið (ráðgerir 4 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um frjálsa för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Frumvarp til laga um br. á lögum um vinnumarkaðsmál við aðild að EES-samningi.
3. Frumvarp til laga um hópuppsagnir.
4. Frumvarp til laga um réttarstöðu launafólks við eigendaskipti á fyrirtækjum og öðrum atvinnurekstri.

Fjármálaráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um vörugjald á ökutæki og eldsneyti:
   a. 16. gr. l. nr. 4/1960 um efnahagsmál felld úr gildi.
   b. br. á l. nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar.
2. Frumvarp til laga um br. á tollalögum nr. 55/1987 og l. nr. 87/1987 um vörugjald.
3. Frumvarp til laga um br. á ýmsum lögum:

a. l. nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu launþega.
b. l. nr. 49/1974 um lífeyrissjóð sjómanna.
4. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og l. nr. 52/1987 um opinber innkaup.
5. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 75/1981 um tekjaskatt og eignaskatt.
6. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 51/1968 um bókhald.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna EES-samningsins.
2. Frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög.
3. Frumvarp til laga um br. á l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
4. Fumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum.
5. Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.
6. Frumvarp til laga um almannatryggingar.

Iðnaðarráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um eignarrétt að auðlindum í jörðu.
2. Frumvarp til laga um virkjunarrétt fallvatna.
3. Frumvarp til laga um hönnunarvernd.
4. Frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.[3]
5. Frumvarp til laga um staðla.
   Frumvarp um breytingu á:
6. L. nr.17/1991 um einkaleyfi og l. nr. 47/1968 um vörumerki

Landbúnaðarráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

Frumvörp um breytingu á:
1. L. nr. 65/1976, jarðalögum með síðari breytingum
2. L. nr. 43/1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins
3. L. nr. 53/1978 um eftirlit með áburði o.fl.

[3] Unnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um gagnkvæma viðurkenning á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

   Frumvörp um breytingu á:
2. L. nr. 68/1985, útvarpslögum.
3. L. nr. 73/1972, höfundarlögum.

Samgönguráðuneytið (ráðgerir 5 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um fólks- og vöruflutninga á landi.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Frumvarp til laga um loftferðir.
   Frumvörp um breytingu á:
4. L. nr. 73/1984 um fjarskipti.
5. L. nr. 24/1982 um flutningasamninga o.fl.

Sjávarútvegsráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.
2. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.
   Frumvarp um breytingu á:
3. L. nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Umhverfisráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um umhverfismat.
2. Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.
3. Frumvarp til laga um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera.

Utanríkisráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um friðhelgi starfsmanna alþjóðastofnana.
3. Frumvarp til laga um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

Viðskiptaráðuneytið (ráðgerir 17 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Frumvarp til laga um aðrar lánastofnanir.
3. Frumvarp til laga um verðbréfasjóði.
4. Frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.
5. Frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands.
6. Frumvarp til laga um gjaldeyrismál.
7. Frumvarp til laga um innflutning.
8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.
9. Frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu.
10. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru.
11. Frumvarp til samkeppnislaga.
12. Frumvarp til laga um neytendalán.
13. Frumvarp til laga um húsgöngusölu.
14. Frumvarp til laga um hlutafélög.
15. Frumvarp til laga um samvinnufélög (innlánsdeildir).
16. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða íslenskt ríkisfang vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.
17. Frumvarp til laga um umboðssöluviðskipti.

Viðbætir 5.

Samsvarandi reglur

EES-REGLUR SEM ERU SAMA EFNIS OG SAMSVARANDI EB-REGLUR

Meginmál EES-samningsins borið saman við EB-reglur

EES		EB
1.-3. gr.		Nei
4. gr.	bann við mismunun	7. gr.
5.-9. gr.		Nei
10. gr.	bann við tollum	12.-17. gr.
11. gr.	bann við takmörkunum á innflutningi	30. gr.
12. gr.	bann við takmörkunum á útflutningi	34. gr.
13. gr.	takmarkanir er ráðast af öðru en fjárhagslegum ástæðum	36. gr.
14. gr.	bann við misrétti á grundvelli innlendrar skattlagningar	95. gr.
15. gr.	endurgreiðsla á innlendum skatti	96. gr.
16. gr.	ríkisenkasala	37. gr.
17.-20. gr.		Nei
21. gr.		Nei[1]
22. gr.		Nei
23. gr.		Nei[2]
24.-26. gr.		Nei
27. gr.		Nei[3]
28. gr.	frelsi launþega til flutninga	48. gr.

[1] 21. gr. Í stofnsáttmála EB eru engin grundvallarákvæði varðandi einföldun formsatriða við landamæri, gagnkvæma aðstoð í tollamálum og einföldun málsmeðferðar í vöruviðskiptum lík þeim sem eru í 21. gr. Innan bandalagsins er hins vegar kveðið á um þessar reglur í afleiddri löggjöf sem lá að nokkru leyti til grundvallar bókunum 10 og 11. Því má líta svo á að með tilliti til markmiða þessarar greinar geti hún talist að hluta til svara til EB-reglna.

[2] 23. gr. Í stofnsáttmála EB eru engin slík ákvæði, hins vegar eru samsvarandi reglur í II. og III. viðauka. Reglurnar í bókun 12 sem einnig er vísað til í þessu ákvæði svara ekki til EB-reglna.

[3] 27. gr. Það er ekkert slíkt ákvæði í stofnsáttmála EB eða KSE. Þó eru í 27. gr. tilvísanir í bókun 14 og 25 sem hafa að geyma að hluta til samsvarandi reglur.

EES		EB
29. gr.	meginreglur um almannatryggingar	51. gr.[4]
30. gr.	gagnkvæm viðurkenning prófskírteina	1. og 2. mgr. 57. gr.[5]
31. gr.	staðfesturéttur	52. gr.
32. gr.	meðferð opinbers valds	1. mgr. 55. gr.[6]
33. gr.	allsherjarregla, almannaöryggi eða almannaheilbrigði	1. mgr. 56. gr.[7]
34. gr.	jöfn meðferð fyrirtækja	58. gr.
35. gr.	vísan til launþega	66. gr.
36. gr.	frelsi til að veita þjónustu	59. gr.
37. gr.	skilgreining þjónustu	60. gr.
38. gr.	frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga	1. mgr. 61. gr.
39. gr.	vísan til staðfesturéttar	66. gr.
40. gr.	frjálsir fjármagnsflutningar	1. mgr. 67. gr.
41. gr.	gengar greiðslur	2. mgr. 67. gr., 1. mgr. 106. gr.
42. gr.	bann við mismunun og ríkislán	2. og 3. mgr. 68. gr.
43. gr.	skilyrði vegna öryggisráðstafana	2. mgr. 70. gr., 1. mgr. 73. gr. 2. mgr. 107. gr., 1. mgr. 108. gr.
44. gr.		Nei
1. og 2. mgr. 45. gr.		Nei
3. mgr. 45. gr.		2. mgr. 73. gr.
4. mgr. 45. gr.		1. mgr. 109. gr.
5. mgr. 45. gr.		Nei
46. gr.		Nei
1. mgr. 47. gr.	flutningar	1. mgr. 84. gr.
1. mgr. 48. gr.	stöðvun	76. gr.
2. mgr. 48. gr.		Nei
49. gr.	ríkisaðstoð	77. gr.
1. mgr. 50. gr.	bann við mismunun, gjöld og skilmálar á sviði flutninga	1. mgr. 79. gr.
2. mgr. 50. gr.	rannsókn þar til bærra yfirvalda	4. mgr. 79. gr.
51. gr.	aðstoð og vernd	80. gr.
52. gr.	gjöld við landamæri	81. gr.

[4] Ákvæði 51. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði. Ákvæði 29. gr. EES-samningsins er nú vísun í viðeigandi viðauka (almannatryggingar), en efni hennar er enn það sem fram kemur í a- og b-liðum 51. gr. stofnsáttmála EB.

[5] Ákvæði 57. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði. Ákvæði 30. gr. EES-samningsins er nú vísun í viðeigandi viðauka (gagnkvæm viðurkenning á hæfnisskilyrðum), en efni hennar er enn það sem fram kemur í 1. og 2. mgr. 57. gr. stofnsáttmála EB.

[6] Ákvæði 2. mgr. 55. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði.

[7] Ákvæði 2. mgr. 56. gr. stofnsáttmála EB er heimildarákvæði.

EES		EB
53. gr.	samkeppnishömlur	85. gr.
54. gr.	misnotkun á yfirburðastöðu	86. gr.
55. gr.	eftirlit	89. gr.[8]
56. gr.		Nei
1. mgr. 57. gr.		3. mgr. 2. gr. reglugerðar 4064/89
2. mgr. 57. gr.		Nei
58. gr.		Nei
59. gr.	opinber fyrirtæki	90. gr.
60. gr.		Nei
61. gr.	ríkisaðstoð, meginreglur	92. gr.
62. gr.		Nei
63. gr.		Nei[9]
64.-65. gr.		Nei
66. gr.	bætt starfsskilyrði og lífskjör launþega	1. mgr. 117. gr.
67. gr.	lágmarkskröfur	118. gr. a
68. gr.		Nei
69. gr.	jöfn laun karla og kvenna	119. gr.
70.-72. gr.		Nei
73. gr.	aðgerðir varðandi umhverfismál	1. og 2. mgr. 130. gr. r
74. gr.		Nei
75. gr.	strangari verndarráðstafanir	130. gr.
76.-121. gr.		Nei
122. gr.	þagnarskylda	214. gr.
123. gr.	öryggisráðstafanir	223. gr.
124. gr.	fjárfestingar	221. gr.
125. gr.	skipan eignarréttar	222. gr.
126. gr.	yfirráðasvæði	227. gr.
127. gr.		Nei
128. gr.	nýir aðilar	237. gr.
129. gr.	fullgilding, samþykkt og gildistaka	248. gr.

[8] 55. gr. EES-samningsins hefur verið umorðuð lítillega, búið er að endurraða atriðum og vísun til „hinnar eftirlitsstofnunarinnar“ hefur verið bætt við.

[9] 63. gr. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í stofnsáttmála EB en í greininni er tilvísun í afleidda löggjöf EB.

Viðbætir 6

Áhrif frumvarpsins á stjórnsýslu og fjárlög

1. Stofnanir EFTA

Búast má við nokkurri fjölgun starfsmanna EFTA vegna framkvæmdar þessa samnings en framkvæmdastjórn EB og starfslið EFTA munu í sameiningu þjóna samningsaðilum. Ekki er þó að svo stöddu búist við að ný stöðugildi innan EFTA verði fleiri en 20 talsins. Við það munu hins vegar bætast þær stöður sem manna verður við aðrar stofnanir. Komið verður upp sérstakri eftirlitsstofnun EFTA og verður starfslið hennar fyrst um sinn 40-50 talsins. EFTA-dómstóllinn mun einnig verða rekinn sem sjálfstæð eining með innan við 30 starfsmenn. Alls má því búast við að um 100 starfsmenn til viðbótar starfi á vegum EFTA eftir að samningurinn er genginn í gildi. Framlag Íslands til EFTA hefur verið 1,74% af heildarkostnaði. Áætlað framlag til EFTA á þessu ári er um 48 milljónir.

2. Íslensk stjórnsýsla

Undirbúningur þessara samninga hefur nú staðið í þrjú ár og hafa þeir embættismenn sem að þeim hafa unnið jafnframt gegnt öðrum skyldum. Þátttaka í alþjóðasamstarfi er vaxandi þáttur í starfi allra fagráðuneyta og hefur aðgangur að reynslu annarra þjóða oft stytt Íslendingum leið við lausn ýmissa vandamála. Eftir að samningurinn er genginn í gildi verður að gera ráð fyrir talsverðri fundasókn og vinnu við að fylgjast með frekari þróun innan EES. Álagið verður þó mun minna en það hefur verið í samningaviðræðunum að undanförnu þegar verið var að skilgreina rammann sem unnið er út frá.

Ekki er því búist við því að þess gerist þörf að endurskipuleggja stjórnarráðið eða auka verulega við starfslið þess vegna EES-samningsins. Tvö ráðuneyti hafa þegar starfsmann á launum við sendiráðið í Brussel og fleiri munu feta í kjölfarið. Önnur ráðuneyti og stofnanir vega og meta hvort fleiri starfsmanna sé þörf. Búast má þó við því að aukinn kostnaður vegna þýðinga verði viðvarandi.

3. Þróunarsjóður EFTA

Starfræktur verður sérstakur þróunarsjóður á vegum EFTA í fimm ár, sem veita mun efnahagslega ver stöddum svæðum innan EB lán á hagstæðum kjörum. Framlag Íslands fyrsta árið verður um 70 milljónir króna.

4. Verkefni á vegum EB

Evrópubandalagið starfrækir samstarfsverkefni um rannsóknir og þróun, menntun, umhverfismál o. fl. Ísland hefur þegar fengið aðgang að einstökum þeirra og haft góða reynslu af. Oftar en ekki hefur meira fé skilað sér til baka en framlagi nemur. Ætlunin er að Ísland taki að fullu þátt í rammaáætlun EB frá 1994 um rannsóknir og þróun og verður þá heildarframlag um 100 milljónir. Ef vel tekst til við undirbúning getur meira fé runnið til íslenskra verkefna. Við þetta bætist kostnaður vegna þátttöku í verkefnum

um menntamál, æskulýðssamstarf, jafnréttismál, ferðamál, tölvuþjónustu og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Unnið er meðal sérfræðinga EB og EFTA að því að gera yfirlit um það hversu umfangsmikið þetta samstarf yrði eftir að samningurinn tekur gildi. Þetta liggur ekki ljóst fyir því samningurinn setur aðeins ramma en gengið verður frá nákvæmri kostnaðaráætlun í sumar.

5. Tryggingagreiðslur

Eftir að samningurinn tekur gildi öðlast Íslendingar erlendis aukinn rétt til að fá sendar til sín greiðslur á borð við tekjutryggingu. Erfitt er að slá tölu á hve mikill kostnaðarauki getur orðið af þessu en á móti koma greiðslur að utan til einstaklinga hér.

Viðbætir 7.1

Yfirlýsing æðstu manna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), í Osló 14.-15. mars 1989.

1. Við, forsætisráðherrar ríkisstjórna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hittumst í Osló 14. og 15. mars 1989 til að ræða framlag EFTA til samruna Evrópu, samskipti EFTA-ríkjanna og aðildarríkja Evrópubandalagsins og markmið EFTA í heimsviðskiptum.
2. Við ítrekum skuldbindingar ríkja okkar varðandi samruna Evrópu. Við teljum að stefna og samvinna EFTA-ríkjanna á alþjóðavettvangi stuðli að pólitísku og félagslegu jafnvægi í Evrópu. Við erum þar af leiðandi sannfærð um að meiri samræming efnahagslífs EFTA-landanna og Evrópubandalagsins styrki Evrópu og auki hagsæld hennar.
3. Við lýsum ánægju okkar með framlag Evrópubandalagsins til meiri samræmingar með því að koma á einum innri markaði árið 1992. Grundvöllur að samvinnu okkar við Evrópubandalagið er sameiginlegur menningararfur, sameiginlegar hugmyndir um grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda, landfræðileg nálægð og hversu háðar þjóðirnar eru hver annarri á sviði iðnaðar, viðskipta og tæknilegrar þróunar. Við erum sammála um að óhindruð viðskipti og opnir markaðir séu mikilvægir til að stuðla að efnahagsþróun og fullri atvinnu. Við erum reiðubúin til að taka höndum saman við ríki Evrópubandalagsins til að bæta velferð ríkisborgara okkar.
4 Við ítrekum markmið Stokkhólmssáttmálans og fríverslunarsamninganna við EB svo og sameiginleg markmið með Evrópubandalaginu eins og þau birtast í Lúxemborgaryfirlýsingunni árið 1984 um að koma á fót samræmdu virku Evrópsku efnahagssvæði (EES), sem nær til allra aðildarríkja EFTA og EB.
5. Við lýsum ánægju með þann árangur sem náðst hefur í að afnema hindranir í vöruviðskiptum með iðnaðarvörur. Tollar og magntakmarkanir hafa verið felldar niður og uppruna- og tollmeðferð hefur verið einfölduð. Verulegur árangur hefur náðst á sviði tæknilegra reglugerða svo og varðandi öryggis- og heilbrigðiskröfur. Þessi þróun hefur styrkt tengsl EFTA og EB enn frekar og stöðu EFTA og EB sem mikilvægustu viðskiptaaðila hvors annars.
6. Samstarf okkar hefur aukist á sviði rannsókna og þróunar og samningar eru fyrirhugaðir til að auðvelda hvers konar þjónustuviðskipti. Á sviði menntamála og umhverfisverndar miðar starfinu áfram og hefur smám saman náð til fjármagnshreyfinga og nokkurra þátta er snerta óhindraðan flutning fólks á milli landa. Á vissan hátt hefur þessi víði samstarfsvettvangur þó ekki að öllu leyti verið í samræmi við metnað okkar og væntingar.
7. Við þurfum að takast á við sömu hindranir og EB í uppbyggingu Evrópska efnahagssvæðisins. Sú leið sem við ákváðum að fara í hinni sameiginlegu Lúxemborgaryfirlýsingu skilar okkur á rétta leið. Við stefnum hins vegar að því að styrkja okkar sérstæða samband við EB á grundvelli jafnvægis á milli réttinda og skuldbindinga. Með hliðsjón af því viðurkennum við að leggja þarf fram aukið starf og

nýjar hugmyndir og viljum þannig kanna þá möguleika sem við höfum til að ná þessu markmiði.

8. Í þessu sambandi lýsum við ánægju okkar með yfirlýsingu frá fundi æðstu manna Evrópubandalagsins sem haldinn var á Ródos þar sem bandalagið óskaði eftir nánari og auknum samskiptum við ríki EFTA og yfirlýsingu Spánverja, sem nú fara með formennsku í EB-ráðinu þess efnis að þeir líti á samskipti EFTA og EB sem helsta forgangsverkefni sitt. Á sama hátt lýsum við ánægju okkar yfir frumkvæði forseta framkvæmdastjórnar bandalagsins, Jacques Delors, á Evrópuþinginu þann 17. janúar þar sem hann lagði til að teknar yrðu upp ítarlegar viðræður um umfang og stofnanlegan ramma nánari samvinnu við EFTA-ríkin.

9. Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnarstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

10. Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

11. Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu, evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB.

12. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:

- víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem stunda rannsóknir og iðnþróun í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar.
- auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina.
- finna lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari.
- auka samráð um efnahags- og peningamálastefnu.

13. Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu ríkisborgaranna" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins.

14. Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan Evrópska efnahagssvæðisins gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála.

15. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.
16. Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra.
17. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega samningamöguleika. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.
18. Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir.[1]
19. Við lýsum ánægju með yfirlýsingar þingmannanefndar EFTA-landanna og ráðgjafarnefndar EFTA sem eru þýðingarmikið framlag til umræðu okkar.
20. Við ítrekum ákvörðun okkar að styrkja og bæta frekar hið marghliða viðskiptakerfi og berjast gegn hvers konar verndarstefnu. Með hliðsjón af þessu markmiði heitum við öflugum stuðningi við það starf sem unnið er í GATT og leggjum áherslu á það samband sem er á milli sameiningar Evrópu og þess að ná fram óhindruðum viðskiptum um allan heim, eins og stefnt er að í Úrúgvæ-viðræðunum. Við lýsum áhyggjum yfir gangi GATT-samningaviðræðnanna og vonum að þeim hindrunum sem nú standa í vegi fyrir því að ná fram nýjum og ákveðnari reglum í heimsviðskiptum verði fljótlega rutt úr vegi.
21. Við leggjum áfram áherslu á hversu nauðsynlegt það er fyrir þróunarlöndin að sameinast hinu opna fjölþjóðakerfi, en jafnframt viðurkennum við ábyrgð okkar á að leggja okkar skerf til þróunar í þessum ríkjum, þar með talið að finna lausn á skuldavanda þeirra. Við lofum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda, og hvenær sem mögulegt er, að bæta aðgang innfluttra vara frá þróunarlöndunum að mörkuðum okkar og sérstaklega frá vanþróuðustu ríkjunum.
22. Við leggjum mikla áherslu á mikilvægi starfs Evrópuráðsins til að efla nánara samstarf innan Evrópu sérstaklega á sviði mannréttinda, menntunar, menningar og félagsmála.
23. Við metum einnig mikils samstarf iðnríkja innan OECD, sem hefur lagt stóran skerf til stefnumótunar, efnahagslegs stöðugleika og hagsældar.
24. Við lýsum yfir fullum stuðningi við endurskipulagningu og opnun hagkerfis Júgóslavíu og bjóðum fulltrúum þess að kanna leiðir til að þróa samstarf okkar.
25. Við lýsum yfir ánægju með árangursríka niðurstöðu Vínarfundar Ráðstefnu um samvinnu og öryggi í Evrópu (RÖSE), og heitum fullum stuðningi við áframhaldandi starf hennar. Við lýsum jafnframt yfir áhuga á pólitískum og efnahagslegum umbótum í Austur-Evrópu og vonum að sú þróun muni skapa grundvöll til nánari viðskipta- og annarra efnahagssamskipta. Við leggjum áherslu á hlutverk Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu þar sem hún er fjölþjóðlegur vettvangur til viðræðna við lönd Austur-Evrópu um þýðingarmikil, sameiginleg hagsmunamál.

---

[1] Fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir tekur gildi 1. júlí árið 1990.

Finnland má tímabundið halda núverandi innflutningsfyrirkomulagi á Eystrasaltssíld og laxi. Fyrir 1. janúar 1993 skal Finnland leggja fram tímaáætlun um afnám þessara undanþága.

Viðbætir 7.2

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Brussel 19. desember 1989

Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar landa Fríverslunarsamtaka Evrópu hittust í Brussel 19. desember 1989 eins og þeir höfðu komið sér saman um á fundi sínum 20. mars 1989.

Fundinum var stjórnað af Roland Dumas, utanríkisráðherra Frakklands og formanni EB-ráðsins, og Jóni Baldvin Hannibalssyni, utanríkisráðherra Íslands og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Jacques Delors, forseti, og Frans Andriessen, varaforseti. Skrá yfir ráðherra aðildarríkja Evrópubandalaganna og EFTA-landanna fylgir hér með. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA sat einnig fundinn.

1. Ráðherrar áréttuðu einstakt mikilvægi hinna sérlega nánu tengsla milli Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-landanna. Þessi tengsl hafa ekki aðeins grundvallarþýðingu fyrir löndin sjálf heldur einnig fyrir alla Evrópu. Þessar þjóðir, sem þegið hafa í arf sömu hugsjónir, aðhyllast sömu grundvallarreglur og eiga sér sameiginlega framtíð, leggja í sameiningu sitt af mörkum til öflugrar framþróunar í Evrópu enda eru þau nú fyrirmynd allra grannþjóða sinna.

   Þeir fögnuðu pólitískum og efnahagslegum breytingum sem orðið hafa að undanförnu í öðrum Evrópulöndum. Þeir ítrekuðu að þeir vildu stuðla að þróun í þessum ríkjum til lýðræðislegra stjórnarhátta og styðja nauðsynlegar efnahagslegar umbætur.
2. Þeir minntust þess hversu mjög Lúxemborgaryfirlýsingin 1984 hefði greitt fyrir samskiptum EB/EFTA og fögnuðu þeim verulega árangri sem náðst hefði á grundvelli hennar í áttina að sameiginlegu Evrópsku efnahagssvæði.
3. Sannfærðir um nauðsyn þess að efla þessi tengsl enn frekar með það að markmiði að koma á Evrópsku efnahagssvæði og lyfta þeim á nýtt stig sem hluta af sameiginlegum evrópskum viðhorfum, urðu þeir ásáttir um að ganga saman til þess verks að skilgreina skipulegra samstarf milli Evrópubandalagsins og allra EFTA-landanna.

   Þeir ákváðu því að hefja formlegar samningaviðræður eins fljótt og auðið er á fyrra helmingi ársins 1990, og setja sér það mark að leiða þær til lykta eins skjótt og verða má.
4. Ráðherrar lýstu ánægju með vönduð vinnubrögð í könnunarviðræðunum hingað til, einkum og sér í lagi með „Niðurstöður fundar stjórnarnefndar könnunarviðræðna framkvæmdastjórnar EB og EFTA (HLSG)" 20. október; þeir fögnuðu því að viðræður framkvæmdastjórnar og EFTA-landanna, þar sem hin síðarnefndu töluðu einum rómi, hefðu leitt í ljós allsamhljóða skilning á umfangi og efnisþáttum endurnýjaðs samskiptaramma milli Evrópubandalagsins og allra EFTA-landanna.
   Þeir urðu ásáttir um að þessu starfi skyldi haldið áfram til þess að skapa sem best skilyrði fyrir væntanlegar samningaviðræður.

5. Í ljósi þess starfs, sem þegar hefur verið unnið töldu þeir að í samskiptarammanum ætti að tryggja í fyllsta máta gagnkvæma hagsmuni hlutaðeigandi aðila, alhliða jafnvægi í samstarfi þeirra og einkum og sér í lagi ætti að fullnægja efnislega eftirfarandi markmiðum:
   - að koma á óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, fjármagnsviðskiptum og atvinnu- og búseturéttindum, samkvæmt reglum sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega á grundvelli viðeigandi og þegar mótaðra reglna Evrópubandalagsins; undanþágur, sem réttlættar eru með hliðsjón af grundvallarhagsmunum einstakra þjóða svo og tilhögun á aðlögunartíma gætu orðið samningsatriði; tryggja bæri jöfn samkeppnisskilyrði;
   - að efla og breikka samstarf á öðrum sviðum, sem falla að starfsvettvangi Evrópubandalagsins, svo sem rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntamál, vinnuskilyrði og félagsmál, neytendamál, aðgerðir til stuðnings smáum og miðlungsstórum fyrirtækjum og ferðamál;
   - að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna.
6. Þeir telja að í samskiptarammanum ætti meðal annars að tryggja aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana.
   Í samræmi við þessa grundvallarreglu ættu samningaviðræðurnar að leiða til þess að séð verði fyrir:
   - aðferðum, sem tryggja á skilvirkan hátt að sjónarmið beggja aðila séu tekin til greina til þess að auðvelda samhljóða niðurstöður við ákvarðanir sem varða Evrópska efnahagssvæðið.
   - viðeigandi formum sem tryggðu bein réttaráhrif sameiginlegrar löggjafar, umsjón með framkvæmd hennar sem og réttarlegt eftirlit.
7. Með samningaviðræðum milli Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-landanna, sem eins viðræðuaðila, hins vegar mun stefnt að því að ná fram alhliða samningum sem næðu til efnisatriða og lagalegra og stofnanalegra hliða sem getið er hér að framan.
8. Þeir telja ennfremur að pólitískar viðræður kæmu til greina, m.a. beint milli allra hlutaðeigandi ráðherra.

Viðbætir 7.3

Yfirlýsing æðstu manna og ráðherra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Gautaborg 13.-14. júní 1990

Evrópa er að breytast, ný skipan er að mótast og þjóðirnar eru að axla nýjar skyldur. Leiðtogar EFTA-ríkjanna og ráðherraráð EFTA komu saman til funda í Gautaborg, Svíþjóð, dagana 13.-14. júní 1990 á 30 ára afmæli Fríverslunarsamtaka Evrópu og staðfestu að EFTA-ríkin einsettu sér að leggja sitt af mörkum til þess að styðja þessa þróun. Þeir gáfu eftirfarandi yfirlýsingu:

1. Við, leiðtogar ríkisstjórna og ráðherrar EFTA-málefna fögnum þeim djúpstæðu breytingum, sem eiga sér stað í Evrópu og hinum nýju krefjandi tækifærum sem gefast til að hnýta fastari bönd, byggð á sameiginlegu gildismati og gagnkvæmum skilningi, er stuðla munu að Evrópu friðar, lýðræðis, hagsældar og réttlætis. Myndun innri markaðar og frekari framþróun Evrópubandalagsins, myndun náins og víðtæks samstarfs milli EFTA og EB um öflugt Evrópskt efnahagssvæði í fullu samræmi innbyrðis og breytingarnar í Austur-Evrópu í átt til lýðræðis, hagsældar og réttlætis eru söguleg skref í nýskipan Evrópu.
2. Við lítum með stolti yfir 30 ára árangur EFTA-starfsins, sem hefur stuðlað að hagsæld, stöðugleika og hagvexti í aðildarríkjunum, ekki síst með gróskumiklum viðskiptum á grundvelli þess að viðskiptahindrunum hefur verið rutt úr vegi, bæði milli EFTA-ríkjanna sem gagnvart Evrópubandalaginu. Við rifjum upp framþróun EFTA, allt frá því að fríverslun með iðnaðarvörur milli aðildarríkjanna komst á árið 1966, fríverslunarsamningana milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins í byrjun áttunda áratugarins, sem mynduðu stærstu fríverslunarsvæði í heiminum, sem og Lúxemborgaryfirlýsinguna, er ráðherrar EFTA og EB samþykktu 1984, en hún færði samvinnu þessara tveggja aðila út fyrir viðskipti og vísaði veginn til myndunar öflugs Evrópsks efnahagssvæðis.
3. Við erum í þann mund að taka nýtt skref fram á veginn í Evrópusamstarfi með því að móta náið og skipulagt samstarf við EB eins og við gerðum ráð fyrir í Oslóaryfirlýsingunni. Við væntum þess að hefja tafarlaust samningaviðræður í kjölfar þess að EB-ráðið samþykki samningsumboð EB.
   EFTA-ríkin hafa gert skýra grein fyrir markmiðum sínum og afstöðu til þessara samninga bæði að því er varðar efnisinnihald og lagaleg og stofnanaleg atriði.
4. EES-samningurinn á að vera víðtækur og yfirgripsmikill og á, samkvæmt sameiginlegri skilgreiningu EFTA- og EB-ráðherra 19. desember s.l., að koma á óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, fjármagnsflutningum og atvinnu- og búseturéttindum. Einnig á hann að styrkja og útvíkka samstarf á jafnréttisgrundvelli að jaðarmálefnum, t.d. umhverfismálum, rannsóknum og þróun, menntamálum og félagsmálum. Á vissum sviðum verður annaðhvort að gera ráð fyrir undantekningum sem réttlætast af grundvallarhagsmunum eða sérstakri tilhögun á aðlögunartíma.

5. Við bendum á að viðeigandi löggjöf Evrópubandalagsins hefur verið afmörkuð í grófum dráttum og verður hún felld inn í EES-samninginn sem sameiginlegur lagalegur grundvöllur. Með fyrirvara um endanlegt samþykki í væntanlegum samningaviðræðum virðist í meginatriðum unnt að fallast á þennan lagalega grundvöll. Viðunandi lausn verður að finnast varðandi sameiginlegan rekstur og um þróun EES-reglna áður en EFTA-ríkin geta tekið endanlega afstöðu til þess að fella viðeigandi reglur EB inn sem sameiginlegan lagalegan grundvöll EES.
6. Nauðsyn ber til að koma á viðeigandi lagalegu og stofnanalegu kerfi til að tryggja fullt samræmi innan EES og til þess að hafa fullan gagnkvæman hag af EES. Slíkt kerfi ætti að gera ráð fyrir frumkvæðisrétti beggja aðila, sameiginlegri mótun og ákvörðun EES-reglna, og jafnsterku og áreiðanlegu eftirliti og fullnustu reglna á öllu EES-svæðinu og sameiginlegum úrskurðaraðila sem hefði víðtækt umboð í EES-málum.

   Samningur verður þá og því aðeins pólitískt viðunandi og hefur tilskilin réttaráhrif ef ákvarðanatökuferillinn verður í raun sameiginlegur bæði að því er tekur til efnisatriða og að formi til. Við erum sannfærð um að slíkt fyrirkomulag geti tryggt aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana. Stofnanafyrirkomulagið á að tryggja að hvorugur aðili standi frammi fyrir orðnum hlut og viðeigandi þátttöku ríkjanna nítján og framkvæmdastjórnar EB. Við staðfestum áhuga okkar á að koma á skoðanaskiptum við Evrópubandalagið, einnig meðal ráðherra.
7. EFTA-ríkin hafa sett fram sameiginlega afstöðu með einum rómi í embættismannaviðræðunum og mun gera slíkt hið sama í samningaviðræðunum. Varðandi stofnanalegt hlutverk EFTA í væntanlegu EES, þá áréttum við þann ásetning okkar í Oslóaryfirlýsingunni að innviðir EFTA verði styrktir í samræmi við þær lausnir sem fundnar verða sameiginlega á hinum nýja ferli.
8. Við áréttum þá ákvörðun EFTA- og EB-ráðherranna 19. desember 1989 að hefja formlegar samningaviðræður á fyrri helmingi ársins 1990 og að leiða þær til lykta eins skjótt og verða má. Við ítrekum það markmið okkar að samningaviðræðunum ljúki á þessu ári og að gildistaka samningsins verði 1. janúar 1993.
9. Við leggjum áherslu á mikilvægi áframhaldandi samstarfs á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 til þess að tryggja áþreifanlegan og skjótan árangur á sumu samvinnusviðum og til að tryggja mikilvægt framlag til samningaviðræðnanna um EES-samninginn.
10. Myndun EES er ákaflega mikilvæg fyrir framtíð og framþróun Evrópu. Með því að vinna saman munu EFTA- og EB-ríkin auka hagsæld, félagslega þróun og menningu í Evrópu til hagsbóta fyrir alla íbúa hennar. Sameiginlega eru þau einnig í betri aðstöðu til að kljást við umhverfisvanda og minnka félagslega og efnahagslega mismunun milli svæða.
11. Við fögnum mjög þeim ásetningi hinna nýju lýðræðisríkja í Evrópu að koma á fjölflokkakerfi, réttarríki, almennum mannréttindum og markaðsbúskap. Við lýsum yfir vilja okkar til að leggja okkar af mörkum til að treysta þessa þróun í sessi og stuðla að viðreisn á hagkerfum þeirra ríkja sem í hlut eiga. Það er álit okkar að nánari samvinna EFTA og EB innan Evrópsks efnahagssvæðis hafi mikla pólitíska þýðingu fyrir nýskipan Evrópu og muni frekar gera báðum kleift sameiginlega að örva og styðja hin nýju lýðræðisríki í Evrópu.

12. Við leggjum ríka áherslu á mikilvægi samstarfsyfirlýsinga milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu hins vegar sem varða m.a. viðskipti, efnahagsmál, iðnað, tækni- og vísindasamstarf, ferðamál, flutningamál og umhverfisvernd. Þessar samstarfsyfirlýsingar og Bergenyfirlýsingin sem gerð var milli EFTA-ríkjanna og Júgóslavíu árið 1983, hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þróun nánari samskipta EFTA-ríkjanna við hlutaðeigandi ríki. Náið samstarf EFTA-ríkja og EB er mikilvægt í þessu sambandi.
13. Við bendum á að innan tíðar munu könnunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands hefjast um hugsanlegan fríverslunarsamning. Við erum reiðubúin til að hugleiða viðeigandi aðgerðir varðandi aðra markaði, þar sem viðskiptum ríkja okkar er verulega mismunað.
14. Úrúgvæ-viðræðurnar, sem á að ljúka í desember, eru að komast á lokastig. Við áréttum eindreginn vilja okkar til að stuðla að góðum árangri viðræðnanna, sem ætti að skapa greiðari aðgang að mörkuðum, styrkja og endurbæta núverandi reglur og framfylgni við þær, fella undir GATT hin nýju svið viðræðnanna og ennfremur leggja grunninn að öruggari alþjóðaviðskiptum sem reist séu á samningsbundnum réttindum og skyldum. Verulegur árangur á öllum þessum sviðum mun birtast í betri og nútímalegri GATT-reglum, sem sporna gegn verndarhyggju, einhliða aðgerðum og tilhneigingu til að grafa undan hinu lögbundna alþjóðlega viðskiptakerfi. Við leggjum áherslu á hin gagnkvæmu tengsl Úrúgvæ-viðræðnanna og stofnsetningar hins Evrópska efnahagssvæðis, með óhindruð samskipti við önnur ríki.

Viðbætir 7.4

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Brussel 19. desember 1990.

Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar landa Fríverslunarsamtaka Evrópu og Liechtensteins hittust í Brussel 19. desember 1990.

Fundinum var stjórnað af Gianni De Michelis, utanríkisráðherra Ítalíu og formanni EB-ráðsins, og Jean-Pascal Delamuraz, efnahags- og viðskiptaráðherra Sviss, formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum voru Jacques Delors, forseti, og Frans Andriessen, varaforseti hennar. Skrá yfir ráðherra aðildarríkja Evrópubandalaganna og EFTA-landanna, sem fundinn sátu, fylgir hér með. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA, sat einnig fundinn.

Þátttakendur samþykktu sameiginlega yfirlýsingu sem hér fer á eftir:

I.

Á síðasta sameiginlega fundi þeirra hafði verið gert ráð fyrir pólitískum skoðanaskiptum. Með það í huga var rædd og metin þróun mála í Evrópu frá síðasta fundi og þær samningaviðræður sem nú fara fram milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna um samning um að koma á Evrópsku efnahagssvæði (EES).

Þeir tóku sérstaklega fram að frá því að þeir hittust síðast fyrir réttu ári hafa orðið í Evrópu djúpstæðari breytingar en dæmi eru til í manna minnum. Pólitískar og efnahagslegar umbætur í Mið- og Austur-Evrópu og sameining Þýskalands gera það að verkum að nú er í sjónmáli nýtt og varanlegt skeið friðar, lýðræðis, virðingar fyrir mannréttindum, hagsældar og félagslegs réttlætis fyrir alla Evrópubúa innan ramma Helsinkiferilsins.

Með tilliti til þeirra efnahagserfiðleika sem lönd Mið- og Austur-Evrópu, þ.m.t. Ráðstjórnarríkin, eiga við að etja, töldu ráðherrar brýnt að auka stuðning við lönd þessi og þjóðir. Ráðherrar samþykktu að starfa áfram að því innan 24-landa hópsins sem annars staðar að samræma alla viðleitni til að auka viðskipti og styrkja samstarf við þessi lönd.

Þeir staðfestu hversu ofarlega þeim væri í huga þau sérstæðu og nánu tengsl sem ríkja milli Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-landanna, nágrannaríkja sem um aldir hafa deilt sama gildismati sem Evrópuríki. Þeir lögðu á það áherslu að með EES mundu þessi nánu og sérstöku tengsl taka á sig fasta mynd og leggja drjúgan skerf af mörkum til framtíðarskipulags Evrópu. Í því samhengi lögðu þeir áherslu á mikilvægi framþróunar Evrópubandalagsins í þágu Evrópu allrar.

II.

Þeir vísuðu til sameiginlegrar yfirlýsingar frá desember 1989 og ítrekuðu staðfastan pólitískan ásetning sinn um að ljúka víðtækum EES-samningi á jafnréttisgrundvelli sem fyrst. Hann ætti að tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna að svo miklu leyti og sem unnt væri og ná til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi í samstarfinu.

Eftir að hafa hlýtt á skýrslu hvors aðila um sig um samningastöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hefur frá því að samningaviðræðum um EES var hleypt af stokkunum 20. júní 1990. Þeir fögnuðu því hversu dregið hefði saman með samningsaðilum um fjölmarga mikilvæga þætti. Þeir viðurkenndu einnig að varðandi önnur mikilvæg atriði hefði samningaviðræðum ekki miðað nægilega áfram og frekari starfs væri þörf. Þeir tóku fram að lokasamþykki hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fengist á öllum atriðum samningsins, jafnt efnisatriðum sem stofnanahliðum. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna innan samningsins.

Þeir lýstu yfir ánægju með að tekist hefur að mestu að afmarka sameiginlega hvaða reglugerðir Evrópubandalagsins eigi að fella inn í EES-samninginn sem sameiginlegan réttargrundvöll fyrir frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi. Auk viðeigandi innnihalds Rómarsáttmálans eru tilgreindir réttargjörningar alls um 1400 talsins. Enn er starf óunnið við að ljúka afmörkun viðeigandi samþykkta á tilteknum sviðum. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leita lausna varðandi þau svið sem enn bíða úrlausnar.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að tryggja jöfn samkeppniskilyrði um allt EES. Til þess að ná þessu markmiði ætti að leggja viðeigandi greinar Rómarsáttmálans til grundvallar samkeppnisreglum innan EES og beiting þeirra ætti að tryggja í reynd sama árangur um allt EES. Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður að semja um það hvernig beri að skilgreina hlutverk hvorrar stofnunar um sig, hvernig skipuleggja eigi samstarf þeirra sem og hlutverk úrskurðaraðila.

Varðandi þau vandkvæði sem upp hafa komið varðandi framkvæmd samþykkta Evrópubandalagsins lögðu þeir áherslu á það að stefnt yrði að því samræma tryggar og strangar verndarkröfur á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndar og frjáls vöruviðskipti. Þeir hvöttu samningamenn til þess að leita viðeigandi og raunhæfra lausna með því að taka hvert mál fyrir sérstaklega.

Ennfremur lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að ná frekari árangri á sviði flutninga, atvinnu- og búseturéttinda og fjármagnsflutninga; þeir tóku þó til þess að afstaða EFTA-landanna hefði þróast varðandi mögulega niðurfellingu beiðna um varanlegar undanþágur og tóku einnig fram að tvíhliða samningaviðræður stæðu nú yfir varðandi gegnumflutninga.

Þeir tóku jafnframt fram að verulegur árnagur hefði náðst um öryggisákvæði og samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að helstu einkenni slíkra öryggisákvæða ættu að vera eftirtalin: þeim yrði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun en eftir að aðgerðir hafa verið tilkynntar og ræddar með það fyrir augum að finna sameiginlega viðunandi lausn. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða ættu að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst. Þær ættu að vera undir eftirliti og heyra undir dómstóla og mögulegt yrði að grípa til viðeigandi gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum. Þeir hvöttu samningamenn til að vinna rösklega að þessum málum.

Þeir tóku fram að á tilteknum sviðum, sem hefðu úrslitaþýðingu fyrir heildarjafnvægi samningsins sem og til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver aðili bæri úr býtum, ættu samningaviðræður enn langt í land. Einkum átti þetta við um sjávarútveg. Einnig þyrfti að ná frekari árangri í landbúnaði.

Varðandi samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) lögðu þeir áherslu á það að EES-samningur ætti að leggja traustan réttargrunn fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf. Einnig ætti hann að stuðla að þróun starfsemi í beggja þágu. Ráherrar lögðu áherslu á það sameiginlega markmið að halda við, vernda og bæta umhverfið.

Þeir voru ásáttir um það að samningum skyldi haldið áfram af fullum krafti til að kanna aðferðir og leiðir sem gætu dugað til þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver samningsaðili bæri úr býtum.

Atriði á borð við stál, orku og undirboðsreglur, upprunareglur krefjast nánari athugunar.

Þeir tóku fram að umtalsverður árangur hefði nú náðst varðandi laga- og stofnanaatriði en minntu á að virða þyrfti að fullu sjálfræði hlutaðeigandi aðila við ákvarðanatöku og að sjá þyrfti fyrir því að sjónarmið þeirra yrðu tekin til greina til þess að auðvelda samkomulag við ákvarðanir varðandi EES.

Samþykkt var að sérfræðingar frá samningsaðilum ættu að fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni. Samningsaðilarnir munu með því að skiptast stöðugt á upplýsingum og ráða ráðum sínum við mótun ákvarðana gera sitt ítrasta til að komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir að málefni hefur verið skilgreint sem EES-málefni. Við mótun ákvarðana verður þeim kleift að taka upp hvað það sem veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er án þess að valda viðbótartöfum (droit d'évocation - upptökuréttur). Ákvarðanir á EES-stigi yrðu teknar samhljóða, EFTA-löndin mundu tala einum rómi. Þær yrðu í formi þjóðarréttarreglu, ekki er þörf á því að flytja löggjafarvald til EES. Allir samningsaðilar ættu að framkvæma EES-reglur þannig að þær komist í raun til framkvæmda á sama tíma um allt EES, til þess að tryggja fullt samræmi innan svæðisins. Frekar verður samið um það hvernig bregðast eigi við því ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um nýjar EES-reglur.

Þeir lögðu ennfremur áherslu á nauðsyn fulls réttarsamræmis EES-reglna til þess að tryggja að einstaklingar og aðilar atvinnulífsins gætu notið um allt EES-reglna sem skiluðu sama réttarárangri, gætu starfað við sömu skilyrði og notið sömu kjara. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að til þess að ná þessu markmiði hefði það úrslitaþýðingu að tryggja jafnsterkt og áreiðanlegt eftirlit og fullnustu reglna um allt EES með skilvirku EES- eftirlitskerfi og EES-úrskurðaraðila.

Stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku mun ná til:

EES-ráð en í því munu sitja meðlimir EB ráðsins, meðlimir framkvæmdastjórnar EB og ráðherrar EFTA-landa, mun einkum:

- Fara með almenna pólitíska stefnumótun og frumkvæði;
- leggja heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á.m. ef nauðsynlegt reynist að taka upp sérstaklega mál sem veldur áhyggjum (droit d'évocation - upptökuréttur);
- taka pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningnum.
- Sameiginleg EES-stofnun mun fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á.m. með ákvarðanir varðandi EES. Þær yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-löndunum, með einum rómi, hins vegar.

Þeir töldu brýnt að samningamenn sínir gengju frá útistandandi atriðum varðandi víðtækt samkomulag um fyrirkomulag EES-ákvæðanna. Tekið verður tillit til verkefna sem EB-nefndir sinna.

Ráðherrar létu í ljósi þá ósk að EES-samningurinn gæti gengið í gildi 1. janúar 1993. Í ljósi þess að fullgilda þarf samninginn töldu þeir að allt yrði að reyna til þess að undirrita EES-samninginn fyrir sumarið 1991. Þeir gáfu samningamönnum þau fyrirmæli að herða samningaviðræður til að svo mætti verða.

Viðbætir 7.5

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu í Brussel 13. maí 1991.

1. Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Liechtensteins komu saman til fundar í Brussel 13. maí 1991.
2. Af hálfu Evrópubandalagsins var fundi stýrt af Jacques Poos, utanríkisráðherra Lúxemborgar og formanni EB-ráðsins, en af hálfu EFTA-landanna af Wolfgang Schüssel, efnahagsmálaráðherra Austurríkis og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Frans Andriessen, varaforseti hennar. Skrá yfir ráðherrra sem fundinn sátu fylgir. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA, sat einnig fundinn.

2.a. Ráðherrar staðfestu þann ásetning sinn að leiða til lykta viðræður um víðtækan EES-samning á jafnréttisgrundvelli fyrir sumar, sem skyldi tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna til hins ítrasta en ná jafnframt til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi þess.

3. Eftir að hvor aðili um sig hafði gefið skýrslu um samningsstöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hefur í samningaviðræðunum frá því að þeir hittust síðast í desember 1990.
4. Þeir tóku fram að samkomulag hefði náðst um fjölmarga mikilvæga þætti EES-samnings og komust að þeirri niðurstöðu að leiðir virtust færar til úrlausnar á þeim atriðum sem enn væru eftir. Þeir minntu á að lokasamningur hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fyrir samningsaðila fengist á öllum þeim sviðum sem viðræðurnar ná til, jafnt varðandi efnisatriði sem stofnanahliðar. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi ábata, réttinda og skyldna. Þeir hvöttu samningamenn sína til að draga ekki af sér í leitinni að leiðum til lausnar þeirra mála sem enn eru ófrágengin.
5. Með vísan til þeirra atriða sem talin eru upp í sameiginlegri yfirlýsingu 19. desember 1990 minntust þeir á eftirfarandi atriði þar sem þróun hefur átt sér stað.
6. Þeir fögnuðu þeim árangri sem náðst hefur við skilgreiningu lausnar á rekstrarvanda kerfis sem tryggt gæti jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES, þar með talið að því er varðar ríkisstyrki. Þeir tóku fram að dregið hefði saman með samningsaðilum við að skilgreina í meginatriðum verkaskiptingu og samstarf milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og sjálfstæðrar EFTA-stofnunar sem hefði samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hins vegar. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leiða samninga til lykta eins fljótt og auðið yrði þar með talið um nánari útfærslu þess hvernig skipta mætti málum milli stofnananna tveggja sem og um hlutverk dómstóls.
7. Þátttakendur fögnuðu því að samkomulag hefði náðst um raunhæfar lausnir sem tryggðu jafnt örugga vernd á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála samhliða fríverslun. Þetta mun tryggja að þorri viðeigandi samþykkta Evrópubandalagsins kemur að fullu til framkvæmda innan EFTA-landa frá 1. janúar 1993. Á tilteknum öðrum sviðum verður hindrunum aflétt innan EES frá 1. janúar 1993 á grundvelli

samþykkta Evrópubandalagsins þótt lögggjöf einstakra EFTA-landa geti gilt á aðlögunartíma. Samkomulag náðist um að aflétta hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki frá 1. 1. 1995 á grundvelli samþykkta Evrópubandalagsins. EFTA-lönd geta þó haldið eigin löggjöf þar til lagðar hafa verið fram nýjar bandalagsreglur sem farið verður með samkvæmt því verklagi sem tilgreint verður í samningnum. Fyrir vissar afurðir (þ.e. áburð sem inniheldur kadmíum, CFC, Halons) hefur verið samþykkt ótímabundið aðlögunartímabil sem tekið verður til endurskoðunar 1995. Þau svið sem enn bíða úrlausnar varða nú aðeins hættuleg efni, tilbúin efni og lausnir og meindýraeitur. Samningamenn eru hvattir til þess að starfa enn að lausn þessara mála.

8. Að því er varðar önnur atriði vöruviðskipta tóku þátttakendur fram að góður árangur hefði náðst um opinber útboð, skaðsemisábyrgð, prófanir, vottorð og EB-merki, svo og hugverkaréttindi. Samningurinn mun fela í sér aukið samstarf í tollamálum og bættar og einfaldaðar upprunareglur. Innan ramma samningsins verður unnið að frekari umbótum.
9. Ennfremur var því gefinn gaumur að sá árangur hefði náðst að báðir aðilar samþykkja að stál skuli falla undir EES-samninginn að svo miklu leyti sem ákvæði tvíhliða fríverslunarsamninganna um vörur Kola- og stálbandalagsins gilda ekki, en þau ákvæði verða áfram í fullu gildi. Frekari árangur hefur náðst á orkusviðinu þar sem samkomulag er um að samningurinn skuli taka til hluta af samþykktum Evrópubandalagsins. Ræða þarf frekar þær samþykktir Evrópubandalagsins sem kveða á um framboðsörðugleika.
10. Þeir fögnuðu ennfremur því samkomulagi sem náðst hefur í tengslum við hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipti. EFTA-löndin munu taka upp viðeigandi samþykktir Evrópubandalagsins frá 1. janúar 1993, með þeim undantekningum þó að um vissa þætti munu gilda aðlögunartímabil. Þau EFTA-ríki sem í hlut eiga munu beita núgildandi löggjöf sinni um fjármagnsflutninga frjálslega á aðlögunartíma. Athuga verður nánar útvarpstilskipun Evrópubandalagsins. Ennfremur fögnuðu þeir samkomulagi sem náðst hefur um drög að samstarfi á sviði efnahags- og gjaldeyrismála.
11. Þeir tóku fram að frekari árangur hefur náðst á flutningasviðinu, sem skiptir höfuðmáli innan EES vegna tengsla við frjáls vöru- og þjónustuviðskipti. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að finna þyrfti viðtæka lausn um flutninga. Þeir hvöttu samningamenn sína til að ljúka þeim tvíhliða viðræðum sem nú eiga sér stað um gegnumflutninga sem fyrst og hafa í huga sérstök hagsmunamál nokkurra jaðarsvæða EES.
12. Enn er starf óunnið varðandi búsetu- og atvinnuréttindi.
13. Þeir tóku fram að samkomulag hefði náðst um það að á nokkrum sviðum almenns eðlis þar sem samþykktir bandalagsins verða teknar upp af EFTA-löndunum (félagaréttur, félagsmálastefna, umhverfisstefna) munu almennt gilda aðlögunartímabil í allt að tvö ár.

    Þeir fögnuðu því samkomulagi sem náðst hefur til að styrkja og breikka samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) innan ramma starfsemi Evrópubandalagsins, t.d. á sviði rannsókna og þróunar, þar með talin upplýsingaþjónusta, umhverfismála, menntunarmála, þjálfunar og æskulýðsmála, félagsmálastefnu, neytendaverndar, lítilla

og meðalstórra fyrirtækja, ferðamála og sjónvarps, að svo miklu leyti sem þessi málefni falla ekki undir aðra hluta samningsins. Þeir tóku fram að nú hefði verulega dregið úr ágreiningi um þá þætti sem ættu að verða hluti af EES-samningi til þess að tryggja traustan lagagrundvöll fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf.
Þeir hvöttu samningamenn sína til að starfa enn að lausn þeirra örfáu mála sem enn bíða úrlausnar.

14. Þátttakendur gáfu gaum þeim árangri sem náðst hefur á landbúnaðarsviðinu. Þeir staðfestu þann ásetning sinn að draga úr hömlum á viðskiptum með landbúnaðarafurðir innan EES í samræmi við landbúnaðarstefnu hvers lands fyrir sig. Sérstakt þróunarákvæði verður hluti af EES-samningnum. Ennfremur munu EFTA-löndin afnema eða draga úr innflutningsgjöldum frá 1. 1. 1993 á afurðum sem skipta miður þróuð svæði innan Evrópubandalagsins sérstöku máli. Sérstaklega verður unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta. Að því er hið síðastnefnda varðar munu EFTA-löndin taka upp að svo miklu leyti sem unnt er samþykktir Evrópubandalagsins. Ennfremur verða gerðar raunhæfar ráðstafanir frá 1. 1. 1993 í formi gagnkvæmra tvíhliða samninga milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna innan EES-ramma. Loks verður greitt fyrir viðskiptum með unnar landbúnaðarafurðir. Þeir samþykktu að halda yrði áfram samningaviðræðum um þessa þætti og leiða þær til lykta sem fyrst með tilliti til þess hversu þungt landbúnaðargeirinn vegur við að tryggja jafnvægi í samningnum en einnig sem þáttur í því að draga úr svæðisbundnu, félagslegu og efnahagslegu misræmi.
15. Þeir minntu á að sjávarútvegur væri jafnmikilvægur þáttur EES-samnings og lögðu á það áherslu að brýnt væri að herða róðurinn við samningaviðræður til þess að ná fram lausn sem gæti sameinað á viðunandi hátt hagsmuni beggja hliða fyrir lok samningaviðræðnanna.
Að því er sjávarútveg varðar vísa ráðherrar sérstaklega til fjórðu greinar þessarar yfirlýsingar þar sem sagt er að lokasamkomulag fari eftir því hvort lausn fáist um alla þætti samningaviðræðnanna sem sé viðunandi fyrir hvern um sig; að lokum verður að nást heildarjafnvægi ábata, réttinda og skyldna fyrir sérhvern samningsaðila.
16. Brýnt er ennfremur að vinna að því að finna leiðir til að ná því mikilvæga markmiði að draga úr svæðisbundnu efnahagslegu og félagslegu misræmi. Þetta markmið er nauðsynlegt til þess að ná viðunandi jafnvægi í EES-samningi. Þeir tóku til þess að Evrópubandalagið hefur lagt fram beiðni um að sett verði á stofn fjárhagsstofnun sem muni beita sér á viðeigandi hátt til þess að ná þessu markmiði og til þess að EFTA-löndin eru reiðubúin að athuga þetta. Ganga þarf nú frá framkvæmdaratriðum.
17. Laga- og stofnanahliðar ítrekuðu þáttakendur þær meginreglur sem settar voru fram í sameiginlegri yfirlýsingu frá 19. desember 1990. Þeir töldu að starfhæfar stofnanalausnir þyrftu að nást til að ná sem mestu réttarsamræmi innan Evrópsks efnahagssvæðis án þess þó að stefna í voða hvorki sjálfræði samningsaðila við ákvarðanatöku, sameiningarferli Evrópubandalagsins né séreðli EB löggjafar. Hafandi þetta í huga tóku þeir sérstaklega fyrir eftirfarandi atriði:
18. Þeir voru sammála um nauðsyn þess að samningurinn skyldi hafa að geyma almennt öryggisákvæði sem hægt væri að beita í hvert skipti sem alvarleg efnahagsleg, þjóðfélags- og/eða umhverfisvandamál í atvinnugrein eða í héraði væru að koma upp.

Samningsaðilar gætu með einhliða yfirlýsingum sem milliríkja ráðstefna bókaði, komið á framfæri því sem þau vildu um mögulega beitingu þessa almenna öryggisákvæðis. Þeir staðfestu einnig þau atriði varðandi þetta sem tekin voru fram í sameiginlegu yfirlýsingunni frá 19. desember 1990.

19. Þeir lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja hið fyllsta réttarsamræmi. Til þess að ná því markmiði þyrfti að þróa á þeim sviðum sem snertu evrópskt efnahagssvæði stöðugt ferli upplýsingaskipta og samráðs samhliða löggjafarferli Evrópubandalagsins. Ennfremur þyrfti að gefa sérfræðingum EFTA-landanna kost á því að eiga hlut að máli að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því hvaða svið er til umfjöllunar við vinnslu tillagna framkvæmdastjórnar til nefnda EB. Í þessu samhengi tóku þeir fram að þegar framkvæmdastjórn undirbýr tillögur sínar mun hún leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Einnig tóku þeir fram að hægt væri að ræða raunhæfar lausnir fyrir tiltekin sérstök vandamál og ennfremur að staða EFTA-landanna í nefndum sem varða jaðarverkefni mundi að fullu mótast af mögulegri fjárhagslegri þátttöku þeirra í viðeigandi verkefnum.[1]

20. Þeir minntu á að ákvarðanir í Evrópsku efnahagssvæði væru teknar samhljóða af Evrópubandalaginu annars vegar og EFTA-löndunum með einum rómi hins vegar og minntu á að kæmu upp alvarleg og umfangsmikil vandkvæði á þeim sviðum sem heyra undir þjóðþing EFTA-landanna þá yrðu þau vandkvæði tekin til athugunar af sameiginlegu nefndinni. Hún mundi fyrst af öllu reyna að finna viðunandi lausn fyrir báða aðila sem gerði það kleift að halda öllum samningnum í gildi án þess þó að útiloka þann möguleika að grípa síðar, gerðist þess þörf, til almenns öryggisákvæðis og gagnaðgerða í réttu hlutfalli.

21. Þátttakendur lögðu áherslu á nauðsyn þess að koma á innan evrópsks efnahagssvæðis skilvirku eftirlitskerfi sem framkvæmdastjórn annaðist annars vegar en af hálfu EFTA-stofnun sem starfaði á svipaðan hátt hins vegar. Þar þyrfti einnig sjálfstæður úrskurðaraðili að koma til.

22. Að því er varðar sjálfstæðan úrskurðaraðila verður að taka tillit til eftirfarandi meginreglna:
    - Tilnefndir verða sjö dómarar frá EFTA-löndunum;
    - settur verður á fót sjálfstæður EES-dómstóll en í honum munu sitja fimm dómarar frá Evrópudómstólnum og þrír af EFTA-dómurunum sjö. Hann mundi starfa innan Evrópubandalagsdómstólsins og hafa umboð til að kveða upp úrskurði:
    - varðandi lausn deilumála, (þ.m.t., þegar við á, túlkun EES-reglna) samkvæmt beiðni sameiginlegu nefndarinnar eða samningsaðilanna
    - varðandi deilur milli eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-lands
    - varðandi mál sem fyrirtæki eða ríki taka upp gegn ákvörðunum EFTA-stofnunar á sviði samkeppni (þ.m.t. varðandi ríkisstyrki),
    - styrkja verður réttarsamræmi innan EES með því að gera EFTA-löndum kleift að koma fyrir Evrópudómstólinn og með því að koma á verklagi svipuðu því sem starfrækt er á grundvelli Lúganósamningsins.

---

[1] Framkvæmdastjórnin mun senda EFTA bréf til útskýringar á framkvæmd þessarar greinar

23. Þeir tóku fram að aðildarríki EFTA væru reiðubúin til þess að setja ákvæði í landslög sín í þá veru að reglur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær rekast á við önnur ákvæði landslaga þeirra.

Viðbætir 7.6

Yfirlýsing ráðherra Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Genf 10.-11. desember 1991

1. Ráðherrar EFTA-ríkjanna komu til fundar í Genf 10.-11. desember 1991. Fundinum stýrði Pertti Salolainen, utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands.
2. Ráðherrarnir minntu á að samningaviðræðunum um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins (EES) hafi lokið 21./22. október í Lúxemborg. EES markar nýtt og krefjandi tímabil í samskiptum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Vegna þess hvað samningurinn er víðtækur felur hann í sér fjölbreytt tækifæri og ávinninga fyrir öll nítján EFTA- og EB-ríkin og þegna þeirra.
3. EES gerir öllum EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í innri markaðinum frá upphafi. Óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutningar og atvinnu- og búseturéttindi, auk styrkara og víðtækara samstarfs að jaðarmálefnum, mun ekki einungis stuðla að jákvæðu framlagi til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, verndunar umhverfisins og hagsældar heldur einnig hlynna að samskiptum Evrópubúa og þannig efla evrópska samkennd.
4. Ráðherrarnir gerðu ráð fyrir að upplýsingaskiptum innan EB varðandi ákveðna lagaþætti EES-samningsins yrði lokið eins fljótt og mögulegt væri þannig að hægt yrði að undirrita samninginn fljótlega, eins og frá honum var gengið með samkomulagi ráðherra í Lúxemborg, og að hann geti öðlast gildi 1. janúar 1993.
5. Ráðherrarnir voru fullvissir um að eftir undirskrift EES-samningsins muni allir aðilar hans gera allt sem í þeirra valdi stendur til að staðfesta hann í tíma þannig að hann taki gildi samtímis innri markaði EB. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að fullnægjandi skipulagi yrði komið á fót við gildistöku EES-samnings þannig að hann kæmi strax þá til fullra framkvæmda.
6. Ráðherrarnir fengu skýrslu frá skipulagsnefnd EFTA um stjórnunarlegt fyrirkomulag milli EFTA-ríkjanna vegna undirbúnings framkvæmdar á EES-samningnum og veittu athygli því samkomulagi sem náðst hefði. Ráðherrarnir samþykktu að stofnsetja undirbúningsnefnd með það hlutverk að koma á fót eftirlitsnefnd EFTA og samþykktu einnig að stofnsetja bráðabirgðafastanefnd EFTA.
7. Ráðherrarnir fögnuðu sögulegri ákvörðun EB-ráðsins í Maastricht um efnahags-, gjaldmiðils- og stjórnmálalega samvinnu EB. Ráðherrarnir voru sannfærðir um að þessi ákvörðun væri afar mikilvæg fyrir áframhaldandi nánari Evrópusamvinnu og myndi auðvelda samskipti milli EFTA-ríkjanna og EB á grundvelli EES-samningsins.
8. Ráðherrarnir lögðu áherslu á stjórnmálalega þýðingu EES sem mikilvægs þáttar í nýskipan Evrópu og sem jákvæðs þáttar í aðlögun nýrra lýðræðisríkja Austur- og Mið-Evrópu að evrópsku skipulagi.
9. Ráðherrarnir töldu að EFTA-ríkin hafi miklu hlutverki að gegna í samvinnu Evrópuríkja og í eflingu fríverslunar. Í þessu samhengi veittu þeir athygli áhuga ýmissa þriðju ríkja á að koma á eða auka samvinnu við EFTA-ríkin og við að koma á nýjum tengslum við EFTA.

10. Ráðherrarnir fögnuðu undirritun fríverlsunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands 10. desember, sem búist er við að taki gildi 1. apríl 1992. Þessi samningur mun hafa í för með sér að viðskipti EFTA-ríkjanna við Tyrkland munu njóta sömu ívilnana og eru milli Tyrklands og EB.
11. Ráðherrarnir veittu því athygli að verulegur árangur hafði náðst í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu um fríverslunarsamninga og lögðu áherslu á að þeim lyki fljótlega þannig að samningarnir myndu öðlast gildi á fyrri hluta ársins 1992. Ráðherrrarnir töldu að þessir samningar ásamt samstarfssamningunum sem EB hefur gert við sömu ríki væri mikilvægt framlag til frekari umbreytingaferils þessara ríkja til frjáls hagkerfis og myndi auðvelda þátttöku þeirra í víðtækara fríverslunarskipulagi.
12. Ráðherrarnir fögnuðu endurheimtu sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens og samstarfsyfirlýsingum milli EFTA-ríkjanna og þessara þriggja ríkja, sem undirritaðar voru 10. desember.
13. Ráðherrarnir fögnuðu einnig samstarfsyfirlýsingum milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu og Rúmeníu, sem undirritaðar voru 10. desember.
14. Samstarf á grundvelli allra þessara yfirlýsinga mun vera til viðbótar við aðstoð einstakra EFTA-ríkja bæði tvíhliða og í 24 ríkja hópnum og mun stuðla að þróun í þessum ríkjum í átt að frjálsu hagkerfi og því hagkerfi, sem ríkjandi er í Evrópu og annars staðar.
15. Ráðherrarnir áréttuðu ákvörðun EFTA-ráðsins um að hætta samvinnu við Júgóslavíu. Þeir töldu átökin í Júgóslavíu mikla ógæfu fyrir íbúa landsins. Virða yrði Genfarsáttmálann og viðauka hans og hernaðarátökum yrði strax að linna. Eyðileggingu sameiginlegrar menningararfleifðar, sérstaklega í Dubrovnik, yrði að stöðva. Ráðherrarnir fólu EFTA-ráði embættismanna að kanna möguleika á að aðstoða þá aðila, sem hafa lagt sig fram við að finna yfirgripsmikla stjórnmálalega og friðsæla lausn mála.
16. Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn þess að koma á hagstæðum viðskiptaskilyrðum milli EFTA-ríkjanna og Ísraels og það að ljúka samningaviðræðunum fljótt þannig að EFTA-ríkin njóti sömu samkeppnisskilyrða og aðalviðskiptaaðilar Ísraela.
17. Ráðherrarnir lýstu yfir áframhaldandi áhuga sínum á að kanna möguleika á fríverslunarviðræðum við aðildarríki Persaflóasamvinnuráðsins.
18. Ráðherrarnir áttu fund með þingmannanefnd EFTA og veittu athygli skýrslum um undirbúningsstarf hennar og hliðstæðrar nefndar Evrópuþingsins um framtíðarsamvinnu þeirra í sameiginlegri þingmannanefnd EES. Þeir fögnuðu hinni auknu samvinnu milli þingmannanefndar EFTA og þingmanna frá Ungverjalandi, Póllandi og Tékkóslóvakíu.
19. Ráðherrarnir fögnuðu undirbúningsstarfi ráðgjafarnefndar EFTA og efnahags- og félagsmálanefndar EB varðandi framtíðarsamvinnu þeirra innan ráðgjafarnefndar EES. Þeir veittu einnig framlagi ráðgjafarnefndarinnar athygli varðandi samvinnu við samstarfsaðila þeirra í Mið- og Austur-Evrópu, þ.m.t. við Eystrasaltsríkin.
20. Ráðherrarnir áréttuðu stuðning sinn við jákvæðar niðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna fyrir lok ársins 1991. Þeir staðfestu stuðning sinn við að koma á fót réttlátum og skýrum reglum fyrir alþjóðaviðskipti. Niðurstaða viðræðnanna, sem er í sjónmáli, er víðtæk og yfirgripsmikil. Það mætti ekki missa af þessu tækifæri til að koma á fót

kerfi til þess að eiga fyrirsjáanleg viðskipti og efnahagslega samvinnu fram á næstu öld.

21. Ráðherrarnir veittu með ánægju athygli á að í framhaldi af frumkvæði EFTA-ríkjanna hafi GATT ákveðið að hefja virka athugun á tengslum viðskipta og umhverfismála.
22. Næsti ráðherrafundur verður haldinn 20.- 21. maí 1992 í Reykjavík.

Viðbætir 8

Leiðréttingar á íslenskum texta EES-samningsins

Eftirfarandi lagfæringar hafa verið gerðar á íslensku meginmáls EES-samningsins frá því að hann var undirritaður í Óportó 2. maí síðastliðinn. Verið er að leita staðfestingar annarra samningsaðila á þessum lagfæringum.

2. lína c-liðar 2. gr. „eða annaðhvort bandalagið" verður „eða bandalagið"
2. lína 7. gr. „ teknar upp í landsrétti" verður „teknar upp í landsrétt"
2. lína 2. mgr. 9. gr. „Samningsaðilar skulu áfram" verður „Samningsaðilar munu áfram"
1. lína 3. mgr. 19. gr. „sjá um að fram fari endurskoðun" verður „framkvæma endurskoðun"
3. lína 4. mgr. 19. gr. „á grundvelli fríðindaréttinda" verður „ á grundvelli fríðinda"
1. lína 2. mgr. 21. gr. „að tryggja rétta framkvæmd" verður „að tryggja rétta beitingu"
1. lína 29. gr. talan 1. fellur niður
1. lína 2. mgr. 45. gr. „neinna verndarráðstafana" verður „neinna ráðstafana"
2. lína 41. gr. „samkvæmt ákvæðum" verður „innan ramma ákvæða"
3. lína 58. gr. „lögbær yfirvöld" verður „þar til bær yfirvöld"
1. lína b-liðar 2. mgr. 61. gr. „." verður „;"
1. lína a-liðar 1. mgr. 62. gr. „framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins" verður „framkvæmdastjórn EB"
fimmti undirliður 80. gr. „svipuðum reglum" verður „svipuðum ákvæðum"
1. lína 1. mgr. 89. gr. „pólitískur aflvaki" verður „stjórnmálalegur aflvaki"
1. lína 3. mgr. 91. gr. „Fyrsta endurskoðun skal fara fram" verður „Fyrsta endurskoðun fer fram"
2. lína 1. mgr. 99. gr. „leita óformlega ráða" verður „óformlega leita ráða"
3. lína 4. mgr. 102. gr. „meðal annars möguleika á viðurkenningu á sambærilegri löggjöf" verður „meðal annars að viðurkenna að löggjöf sé sambærileg"
5. lína 1. mgr. 102. gr. „réttargerð" verður „réttarheimild"
1. lína c-liðar 106. gr. „lögbærra yfirvalda" verður „þar til bærra yfirvalda"
2. lína 107. gr. „að ákveða túlkun EES-reglna" verður „að taka ákvörðun um túlkun EES-reglu"
1. lína 2. mgr. 108. gr. „:" verður „."
3. lína annarrar undirgreinar 110. gr. „að gengið hafi verið úr skugga um að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bæru yfirvaldi" verður „að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærum aðila sé staðfest að því yfirvaldi"
3. lína þriðju undirgreinar 110. gr. „lögbært yfirvald" verður „þar til bært yfirvald"
5. lína fjórðu undirgreinar 110. gr. „að ekki sé staðið rétt að fullnustunni" verður „að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti"

3. lína 3. mgr. 111. gr. „hafi málið ekki verið leyst" verður „hafi deilumálið ekki verið leyst"
fyrsti undirliður 3. mgr. 111. gr. „og málsmeðferð 113. gr." verður „og fylgt þá málsmeðferð 113. gr."
2. lína 4. mgr. 111. gr. „eða umfang jöfnunarráðstafana" verður „eða jafngildi jöfnunarráðstafana"
1. lína 1. mgr. 112. gr. „Ef upp koma" verður „Ef upp eru að koma"
4. og 5. lína 115. gr. „og bókanir er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum ráðstöfunum" verður „og bókunum er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum þeirra ráðstafana"
1. lína 1. mgr. 128. gr. „að gerast" verður „að sækja um að gerast"
1. lína annarrar undirgreinar 2. mgr. 129. gr. „Honum skal komið" verður „Samningnum skal komið"
1. lína þriðju undirgreinar 3. mgr. 129. gr. „ Oporto" verður „Óportó"

2. Frumvarp til laga [2. mál]

um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara hefur einkarétt til hagnýtingar hennar samkvæmt lögum þessum.

Nú hafa tveir menn eða fleiri sameiginlega hannað svæðislýsingu smárása í hálfleiðara og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk og eiga þeir þá saman einkarétt til hagnýtingar svæðislýsingarinnar samkvæmt lögum þessum. Hvor aðili um sig getur krafist bóta vegna skerðingar á réttinum.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er háð því að um nýsköpun sé að ræða, annaðhvort í heild eða að hluta.

Ef einstakir þættir svæðislýsingarinnar eru almennt þekktir er verndin háð því að samsetning einstakra þátta svæðislýsingarinnar uppfylli skilyrði um nýsköpun. Skilyrði er að um eigið verk uppfinningamannsins sé að ræða og að það sé almennt ekki þekkt á sviði hálfleiðaratækni.

Vernd samkvæmt lögum þessum tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma en teljast ekki til hennar sjálfrar.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Hálfleiðari* er fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi sem
   a. er samsett úr ýmsum efnum, þar á meðal einu lagi af hálfleiðaraefni,
   b. hefur eitt lag eða fleiri lög af leiðandi efnum, einangrandi efnum eða hálfleiðaraefnum þar sem lögunum er raðað eftir fyrir fram gefnu þrívíddarmunstri og
   c. til stendur að nota hana annaðhvort eingöngu eða m.a. í rafeindatæki.
2. *Svæðislýsing smárása* á hálfleiðara er teikning af uppröðun samverkandi hluta sem hver rás er samsett úr, hvernig sem þetta munstur er áfest eða áritað,
   a. sem sýnir þrívíddarmunstur allra laganna sem mynda smárásir á hálfleiðara og
   b. þar sem hver hluti teikningarinnar hefur að geyma munstur eða hluta af munstri á yfirborði hálfleiðara á ákveðnu stigi í framleiðslu þess.

3. gr.

Rétthafi telst sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara. Hafi svæðislýsingin verið hönnuð sem hluti af starfi hönnuðarins eignast vinnuveitandi einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í ráðningarsamningi.

Hafi svæðislýsing verið hönnuð samkvæmt samningi öðrum en ráðningarsamningi eignast verkkaupi einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í verksamningi.

4. gr.

Verndar samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir ríkisborgarar eða þeir sem hafa fasta búsetu hér á landi. Einnig njóta verndar þau fyrirtæki og lögaðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að réttarvernd samkvæmt lög-

um þessum skuli einnig taka til ríkisborgara í þeim ríkjum sem veita íslenskum ríkisborgurum sams konar rétt.

5. gr.

Í einkarétti aðila á hagnýtingu svæðislýsingar smárása í hálfleiðara felst eftirfarandi:

1. Réttur til afritunar svæðislýsingar smárása sem nýtur verndar skv. 1. gr. laganna.
2. Réttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni (útleigu).
   Hagnýting í atvinnuskyni þýðir sala, leiga, langtímaleiga eða önnur notkun svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni eða tilboð gerð í þeim tilgangi.
3. Réttur til innflutnings svæðislýsingar eða hálfleiðara sem framleiddur var með þeirri svæðislýsingu til nota í atvinnuskyni.

6. gr.

Einkaréttur aðila á hagnýtingu svæðislýsingar smárása takmarkast á eftirfarandi hátt:

1. Heimilt er að afrita svæðislýsingar smárása sé það gert af einkaaðilum og ekki í atvinnuskyni.
2. Einkarétturinn nær ekki til afritunar í þeim tilgangi að rannsaka, meta eða fræða aðra um hugmyndir, ferli, kerfi eða tækni sem liggur að baki hlutaðeigandi svæðislýsingu smárása eða um svæðislýsinguna sjálfa.
3. Einkarétturinn gildir ekki þegar um er að ræða svæðislýsingu smárása sem hefur orðið til á grundvelli rannsóknar og mats á svæðislýsingu smárása sem fram fór í samræmi við 2. tölul.
4. Einkaréttur til að heimila eða banna atferli, sem er nánar lýst í lögum þessum, gildir ekki um slíkt atferli eigi það sér stað eftir að rétthafi eða annar, sem hefur nytjaleyfi frá honum, hefur sett svæðislýsingu smárása á markað.
5. Óheimilt er að koma í veg fyrir að einstaklingur, sem hefur eignast hálfleiðara en hefur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að rétturinn njóti verndar, hagnýti sér hann í atvinnuskyni. Sé aftur á móti um að ræða atferli sem á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að hálfleiðari njóti verndar samkvæmt lögum þessum skal að beiðni rétthafa úrskurða honum sanngjarnar bætur.

7. gr.

Einkaréttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum stofnast þegar svæðislýsing er fyrst áfest eða árituð. Einkarétturinn fellur niður 10 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsing var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Einkarétturinn fellur niður 15 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsingin var fyrst kynnt ef hún hefur ekki enn þá verið notuð í atvinnuskyni.

8. gr.

Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn rétti þeim er lög þessi veita aðila, er skylt að bæta honum tjón það er af hefur hlotist. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en nemur hagnaði hins bótaskylda af brotinu. Krafa um bætur samkvæmt ofangreindu fyrnist á 5 árum. Sé krafan út af refsiverðu athæfi fyrnist hún á 10 árum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði höfum við skuldbundið okkur til að laga íslenska löggjöf að hluta til að reglum Evrópubandalagsins. Frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er eitt þeirra frumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Smárás (*e. integrated circuits*) er fullkomin rafmagnsrás framleidd sem ein eining (flaga, kubbur) og getur gegnt sjálfstæðu hlutverki. Rétt eins og smárinn (*e. transistor*) olli byltingu í rafeindatækninni vegna fjölbreyttra notkunarmöguleika og hve þægilegur hann er í notkun miðað við rafeindalampann ollu smárásirnar byltingu með því að breikka það svið sem hægt er að beita rafeindatækninni á. Nú er hægt að framkvæma hluti með smárásum sem ekki var hægt að framkvæma með rásum samansettum af einstökum íhlutum (*e. components*). Með smárásatækninni er hægt að koma flókinni rás, sem inniheldur marga smára, díóður, viðnám og þétta, fyrir á einum kubb af hálfleiðara (*e. semiconductor*). Því er hægt að smækka flóknar rásir það mikið að hægt er að nota þær í geimförum, stórum tölvum og öðrum tækjum þar sem ekki væri gerlegt að nota rásir samansettar úr fjölda stakra íhluta. Smárásir eru unnar úr hálfleiðaraefnum, t.d. kísil og germaníum. Aðallega hefur verið notast við kísil og af því kemur enska nafnið „silicon chip".

Smárásir voru fundnar upp árið 1958 og síðan hefur þróunin á þessu sviði verið mjög ör hvað varðar tæknina við að rækta kísilkristal og myndun rásanna í kristalinn. Þetta hefur leitt til þess að fjöldi eininga á rás hefur tvöfaldast á ári mörg undanfarin ár. Nú geta, t.d. í svonefndri LS (*e. large-scale*) smárás, falist yfir 100.000 einingar á flögu sem er smærri en frímerki. Þó er nú svo komið að dregið hefur úr þróun í kristalagerð og aðferðum við að mynda rásirnar í kristalinn. Því hafa sjónir manna beinst stöðugt meir að því að vanda til gerðar plans sem ákvarðar hvar hver íhlutur á að vera í kubbnum. Segja má að hægt sé að líkja þessu plani við uppdrátt af húsi þar sem sýnt er á fleti hvar hvert herbergi er. Fyrir smárásina á þetta þá við um hvar hver hlutur fyrir sig á að vera.

Til eru nokkrar aðferðir til að flokka smárásir ýmist eftir notkun þeirra eða framleiðsluaðferðum. Algengustu flokkunaraðferðirnar eru að flokka smárásir í línulegar og stafrænar rásir eftir notkun eða í einsleitar og svonefndar hybrid-rásir eftir framleiðsluaðferð. Línuleg smárás magnar rafmerki eða hefur einhvers konar önnur línuleg áhrif á merkið. Dæmi um línulega rás er einfaldur magnari. Stafrænar rásir eru notaðar í rökrásir og minni, t.d. í tölvum, vasareiknum og örgjörvum. Langflestar smárásir, sem framleiddar hafa verið, eru stafrænar rásir. Smárásir, sem eru allar á einum kubb af hálfleiðaraefni, eru kallaðar einsleitar (*e. monolithic*) rásir. Hybrid-rás getur aftur á móti verið

samansett af einni eða fleiri einsleitri rás eða einstökum smárásum festum á einangrandi efni með viðnámum, þéttum og öðrum íhlutum, öllu samtengdu.

Framleiðsluferli einsleitra rása, en það er einmitt tilurð þeirra sem veldur því að upp koma spurningar um verndun rása, er eftirfarandi: Fyrst er hlutverk rásarinnar ákveðið. Þá þarf að hanna rásina sjálfa, þ.e. rásarteikning er búin til. Til þess þarf töluverða þekkingu í rásarfræði. Ef þetta væri rás þar sem eingöngu væru notaðir íhlutir væri hönnuninni nú lokið og hægt væri að raða íhlutunum saman og byrja að prófa rásina. En þar sem þetta er smárás þarf að ganga einu skrefi lengra í hönnuninni. Það þarf að búa til planið af rásinni á/í hálfleiðarann. Það þarf með öðrum orðum að raða einstökum hlutum, sem rásin samanstendur af, á hálfleiðarann. Það krefst mikillar huglægrar vinnu og krafta margra sérfræðinga sem vinna að hönnuninni með hjálp tölvu. Árangurinn af hönnunarvinnunni er svæðislýsingin (*e. topography*) af smárásinni. Að notað er orðið svæðislýsing, en ekki rásarteikning, á að undirstrika það að rásin er yfirleitt búin til í fleiri en einu lagi hálfleiðarans. Þá er teikningin yfirleitt smækkuð. Smækkunin er gerð í skrefum til að auka nákvæmnina. Í lokin er teikningin orðin minni en fersentimetri að stærð. Þá eru búnir til „maskar" úr teikningunni. Hægt er að líkja þessum „möskum" við maska sem notaðir eru við silkiþrykk. Munurinn er sá að „þrykkt" er á þunnan hálfleiðarakubb en ekki silkiefni og ekki eru notaðir litir heldur ákveðnar kemískar og fótógrafískar aðferðir, auk þess sem kubburinn er hitaður. Yfirleitt eru 100–200 rásir búnar til samtímis á einni silíkon-flögu. Hægt er í stuttu máli að lýsa framleiðsluaðferðinni í fimm skrefum:

1. Þunnt lag af oxíð er lagt yfir flöguna.
2. Þunnt lag af óljósnæmu efni er lagt yfir oxíðið. Í þetta lag er síðan dregið munstrið og það framkallað. Flagan er síðan sett í ætandi efnalausnir sem ná burtu því lagi sem óljósnæma efnið er enn á ásamt oxíðinu þar undir. Þetta munstur, sem nú myndast í kristalinn, gerir það mögulegt að hægt er að tengja saman hina fjölmörgu virku og óvirku íhluta. Þetta munstur kallast svæðislýsingin.
3. Hlutar hálfleiðaraflögunnar eru nú berir og því er hægt að setja „óhreinindi" á flöguna, eða hægt er að „sía" þau inn í flöguna staðbundið. Þessi óhreinindi eru yfirleitt bóron, fosfór eða arseník og þau breyta eiginleikum hálfleiðaraefnisins.
4. Þá er lag af leiðandi efni lagt yfir alla flöguna, það er yfirleitt pólísilíkon eða málmur.
5. Með ætandi efnum er síðan málmurinn fjarlægður af ákveðnum stöðum á flögunni og árangurinn er einfaldur málm-oxíð hálfleiðari. Að lokum eru rásirnar skildar að með því að skera þær hverja frá annarri.

Nýjustu aðferðir við að teikna rásarmyndina á silíkonflöguna felast í að tölva er notuð til að teikna. Með tímanum mun sú aðferð, sem hér að ofan er lýst, verða úrelt og ekki þörf á möskum.

Smárásatæknin hefur gert það kleift að framleiða áreiðanlegri og ódýrari rásir en hægt er með því að nota staka íhluti. Það liggur í því að hægt er að búa til hundruð sams konar rása á einni kísilflögu. Þetta segir þó ekki alla söguna því að áður en hægt er að hefja framleiðslu á smárás þarf að hanna hana. Hönnun slíkra rása krefst mikillar og sérhæfðrar vinnu og því mikils stofnkostnaðar. Því liggja háar fjárupphæðir að baki hverri vel heppnaðri smárás. Aftur á móti er hægt að afrita rásarmunstrið fyrir brot af upphafskostnaði. Vegna þess mikla kostnaðar, sem hönnuður rásarinnar þarf að standa straum af í byrjun, er mikilvægt að umbunin sé nokkuð örugg. Annars mundi þróunin á þessu sviði staðna. Því stofnar það þróuninni á þessu sviði í nokkra hættu hve einfalt og kostnaðar-

lítið það er að afrita smárásir. Af þessum sökum hafa flest iðnaðarríki sett löggjöf um verndun smárása.

Á þessari stundu er engin framleiðsla smárása á Íslandi. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort svo muni verða í næstu framtíð. Þó er ólíklegt að allt ferlið frá hönnun til framleiðslu verði til staðar hér á landi á næstunni. Til þess þarf sérfræðinga á þessu sviði, en þá er ekki að finna hér á landi nú. Flest fyrirtæki, sem framleiða smárásir og standa í hönnun, eru stór fjölþjóðafyrirtæki eða smærri fyrirtæki sem hafa stórfyrirtæki sem bakhjarl.

Tæknin við framleiðslu smárása hefur þegar hlotið einkaleyfavernd, enda uppfyllir hún öll skilyrði einkaleyfaréttar. Aftur á móti er ekki hægt að fá einkaleyfavernd fyrir svæðislýsingunni. Svæðislýsingin uppfyllir ekki skilyrði um nýnæmi. Hægt er að líkja vinnunni að svæðislýsingunni við forritun, allar skipanirnar eru þekktar, en svo er bara að raða þeim saman svo að útkoman verði sú sem til var ætlast.

Fyrir hendi eru tvær leiðir til að tryggja vernd réttinda að svæðislýsingum. Annars vegar að gera kröfur um formlega skráningu hjá ákveðnum skráningaraðila. Sú leið hefur t.d. verið valin í Danmörku. Henni fylgir mikill kostnaður og umfang þar sem mikil sérþekking þarf að vera fyrir hendi á þeirri stofnun er sér um skráninguna.

Hin leiðin er sú að byggja á sömu vernd og samkvæmt höfundalögum, þ.e. að skráning sé ekki gerð að skilyrði. Sú leið hefur verið farin í Noregi, en við gerð þessa frumvarps hefur að mestu verið farið að fyrirmynd þeirra laga, auk þess sem ákvæði tilskipunar EB hafa verið tekin inn í frumvarpið. Samkvæmt tilskipuninni er ríkjum það í sjálfsvald sett hvort skráning verði gerð að skilyrði fyrir vernd réttindanna. Með tilliti til þess að fyrirsjáanlega muni framleiðsla á þessu sviði hérlendis verða óveruleg hefur í frumvarpinu verið tekinn sá kostur að skráning skuli ekki verða gerð að skilyrði heldur tryggist verndin á sama grunni og réttindi á sviði höfundaréttar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um það hver hafi einkarétt til hagnýtingar svæðislýsingar. Í lögunum eru ekki gerðar kröfur um skráningu réttindanna heldur stofnast hann á óformbundinn hátt og fer til þess sem hagnýtir sér hann. Aðilar geta átt einkaréttinn í sameiningu ef ekki er hægt að greina í sundur framlög þeirra til verksins. Gera verður þær kröfur að um sé að ræða eigið verk uppfinningamannsins og að það sé ekki almennt þekkt á sviði hálfleiðaratækni. Ef málum er hins vegar þannig farið að einstakir þættir svæðislýsingarinnar eru almennt þekktir verður samsetning einstakra þátta að uppfylla skilyrði um nýsköpun.

Um 2. gr.

Í hugtakaskilgreiningum 2. gr. er alfarið stuðst við þær skilgreiningar er koma fram í tilskipun EB varðandi þetta efni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um það hver teljist rétthafinn að svæðislýsingunni, þ.e. sá sem hannar hana. Þó þykir ástæða til að gera undantekningu hvað varðar vinnusambönd, en þá fer einkarétturinn til vinnuveitanda hönnuðarins, nema ákvæði í ráðningarsamningi segi annað. Hið sama gildir varðandi samband verksala og verkkaupa.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um þá aðila er notið geta verndar samkvæmt lögum þessum. Þar er fyrst og fremst um að ræða íslenska ríkisborgara eða þá sem hafa fasta búsetu hér á landi. Hér er um að ræða réttindi er ganga í erfðir eftir rétthafa. Verndar njóta einnig þau fyrirtæki eða lögaðilar sem starfrækja raunverulegan atvinnurekstur hér á landi. Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verndin skuli einnig taka til ríkisborgara í þeim ríkjum sem veita gagnkvæman rétt.

Um 5. gr.

Í 5. gr. kemur fram hvað felst í einkarétti aðila á nýtingu svæðislýsingar.

Í fyrsta lagi er um að ræða einkarétt á að gera eftirgerð af svæðislýsingunni. Í því felst öll hagnýting svæðislýsingarinnar sem líkist hinni upprunalegu.

Í öðru lagi felur einkarétturinn í sér rétt til hagnýtingar í atvinnuskyni. Undir skilgreiningu laganna á „hagnýtingu í atvinnuskyni" falla hvorki kaup né notkun. Því falla t.d. ekki undir þetta ákvæði þau tilvik er aðili kaupir sér tölvu til einkanota vitandi það að svæðislýsingin hefur verið fengin á ólögmætan hátt.

Í þriðja lagi felur einkarétturinn í sér að rétthafinn má einn flytja inn svæðislýsingu eða hálfleiðara en þetta á aðeins við ef um er að ræða not í atvinnuskyni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um á hvaða hátt einkarétturinn á hagnýtingu takmarkist.

Einkaaðilum er heimilt að afrita svæðislýsinguna ef það er til einkanota þeirra. Einnig er heimilt að nota svæðislýsinguna í fræðsluskyni hvað varðar þá tækni er liggur að baki svæðislýsingunni. Ef um er að ræða svæðislýsingu sem hefur orðið til á grundvelli slíkra upplýsinga gildir einakrétturinn heldur ekki um hana.

Ef rétthafi eða annar, sem hefur svokallað nytjaleyfi frá honum, hefur sett svæðislýsingu á markað getur einkarétthafi ekki bannað ráðstafanir og athafnir sem bann er lagt við í lögum þessum.

Að lokum er fjallað um stöðu notanda sem er í góðri trú. Mikil áhersla hefur verið lögð á að vernda rétt hans og í ákvæðum 5. tölul. kemur fram að hafi einstaklingur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að hann sé að skerða réttindi annars manns megi ekki koma í veg fyrir að hann hagnýti sér réttindin. Það er þó afdráttarlaust skilyrði að aðili sé grandalaus. Ef hann er grandsamur skal úrskurða rétthafa bætur ef hann fer fram á það. Lögð er áhersla á að fjárhæð þeirra verður að vera sanngjörn miðað við allar aðstæður, svo sem tap rétthafa og gróða grandsams notanda.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um gildistíma einkaréttarins sem er 10 ár frá lokum þess almanaksárs er svæðislýsing var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Ef svæðislýsing er ekki hagnýtt í 15 ár frá lokum þess almanaksárs er hún var fyrst kynnt fellur hún niður ef hún hefur ekki enn þá verið notuð í atvinnuskyni.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna bótaákvæði og ákvæði um fyrningu.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og mun öðlast gildi um leið og EES-samningurinn verði það að lögum.

Tilgangur frumvarpsins er að vernda höfundarétt hönnuða smárása og er það í samræmi við ríkjandi löggjöf í EB-löndum, en til þessa hefur skort lög um þetta efni hér á landi.

Ekki er gert ráð fyrir neinni einkaleyfaskráningu eða annarri stjórnarathöfn til framfylgdar rétthöfum í frumvarpi þessu og því verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi.

1. gr.

Í stað orðanna „hér á landi“ í 2. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Vörumerki geta verið hvers konar tákn er birta má á prenti og til þess eru fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, þ.e.:

1. orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, mannanöfn, nöfn á fyrirtækjum eða fasteignum,
2. bókstafir og tölustafir,
3. myndir og teikningar,
4. útlit, búnaður eða umbúðir vöru.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo:

Í rétti þessum felst þó ekki að eigandi vörumerkisins geti hindrað að aðrir noti nafn sitt, firmanafn eða nafn á fasteign sinni í atvinnuskyni í samræmi við góða viðskiptavenju.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Hætta á ruglingi telst þó vera til staðar gagnvart vel þekktu vörumerki hér á landi ef notkun á öðru líku merki felur í sér misnotkun eða rýrir aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið verndar jafnhliða rétti á eldra vörumerki þótt merkin séu svo lík að villast megi á þeim, að því tilskildu að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og eigandi eldra vörumerkisins hafi þrátt fyrir vitneskju um yngra merkið látið notkun á því afskiptalausa hér á landi í fimm ár samfellt frá skráningardegi.

6. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í 2. málsl. 17. gr. laganna falla niður orðin „og hver atvinnurekstur hans er“.

8. gr.

Aftan við 1. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Skráningin verður þó ekki felld úr gildi vegna ruglingshættu við annað vörumerki ef skilyrði 25. gr. a eiga við um það merki.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. a, sem orðast svo:

Ef eigandi að skráðu vörumerki hefur eigi, innan fimm ára frá skráningardegi, notað vörumerkið hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hafi slík notkun ekki átt sér stað í fimm ár samfellt má ógilda skráninguna með dómi ef ekki koma fram gildar ástæður fyrir því að notkun á vörumerkingu hefur ekki átt sér stað.

Ef vörumerki er notað í annarri útfærslu en greinir í vörumerkjaskrá, þó þannig að um sé að ræða óveruleg frávik sem ekki raska aðgreiningarhæfi þess eða ef merkið hefur verið sett á vörur hér á landi sem eingöngu eru ætlaðar til útflutnings eða á umbúðir þeirra, skal leggja slíkt að jöfnu við notkun skv. 1. mgr.

Ef vörumerki er notað af öðrum en eiganda, en með samþykki hans, skal leggja þá notkun að jöfnu við notkun eiganda.

Skráning verður þó ekki afmáð ef notkun á merki hefur hafist eftir lok fimm ára tímabilsins en áður en krafa um ógildingu kemur fram. Nú er krafa um ógildingu eigi lögð fram fyrr en þrír mánuðir hið skemmsta eru liðnir frá lokum fimm ára tímabilsins en eigandi merkis hefur hafið eða tekið aftur upp notkun þess á síðustu þremur mánuðum áður en krafa um ógildingu kom fram. Skal þá slík notkun ekki hafa áhrif á kröfu um ógildingu hafi eiganda merkis verið kunnugt um að krafan mundi koma fram er hann hóf undirbúning að notkun þess.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. b, sem orðast svo:

Hafi notkunarskyldu verið fullnægt fyrir hluta af þeim vörum eða þjónustu er vörumerkið var skráð fyrir skal ógildingin ekki taka til þess hluta skráningarinnar.

11. gr.

2. mgr. 26. gr. orðast svo:

Vörumerkjaskrárritari er réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1.–3. tölul. 14. gr., 2. mgr. 25. gr. og 25. gr. a.

12. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Eigandi að skráðu vörumerki getur veitt öðrum leyfi til að nota merkið í atvinnuskyni (nytjaleyfi). Nytjaleyfi getur tekið til allrar vöru eða þjónustu sem vörumerkið nýtur verndar fyrir eða takmarkaðs hluta skráningar. Nytjaleyfi getur tekið til landsins alls eða afmarkaðra svæða þess. Eigandi að skráðu vörumerki getur krafist vörumerkjaréttar fram yfir rétt nytjaleyfishafa brjóti hann ákvæði nytjaleyfissamnings varðandi gildistíma, leyfilega útfærslu merkis, hvar og hvernig nota má það eða ákvæði er varða gæði vöru eða þjónustu er leyfishafi býður fram undir merkinu.

Eigandi vörumerkis eða leyfishafi getur, gegn ákveðnu gjaldi, farið fram á að nytjaleyfi verði fært í vörumerkjaskrá og birt, sbr. 20. gr. Sami háttur skal á hafður er nytjaleyfi fellur úr gildi. Skráningaryfirvöld geta hafnað því að færa inn nytjaleyfi ef þau telja að notkun leyfishafa á merkinu geti leitt til ruglingshættu. Um áfrýjun slíkrar synjunar gilda ákvæði 4. mgr. 21. gr.

Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn að um það hafi verið samið.

III. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí sl.

Fjallar I. kafli frumvarpsins um breytingu á löggjöf um einkaleyfi til samræmis við ákvæði samningsins, II. kafli fjallar um breytingu á löggjöf um vörumerki til samræmis við ákvæði samningsins og III. kafli frumvarpins hefur að geyma gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er um að ræða samræmingu á íslenskri einkaleyfislöggjöf við ákvæði í 3. gr. í bókun 28 við EES-samninginn.

Breytingin tekur til þess sem nefna má réttindaþurrð á íslensku (*e. exhaustion of rights*). Það hugtak tekur til þess að hve miklu leyti eigandi einkaleyfis getur stjórnað markaðssetningu afurðar sem framleidd er samkvæmt einkaleyfinu.

Reglan um réttindaþurrð felur í sér að hafi íslenskur einkaleyfishafi eða aðili með hans samþykki sett á markað einkaleyfisverndaða afurð í einu aðildarríki EES-samningsins getur hann ekki hindrað á grundvelli einkaleyfis síns að sú afurð verði markaðssett í öðru aðildarríki EES-samningsins.

Um 1. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga eru ákvæði um takmörk einkaréttar í skilningi einkaleyfalaga. Í 2. tölul. greinarinnar er kveðið á um það að einkaréttur einkaleyfishafa tekur ekki til hagnýtingar afurðar sem hann eða aðili með hans samþykki hefur sett á markað hér á landi.

Af breytingu samkvæmt frumvarpsgreininni leiðir að umrædd takmörk einkaleyfisréttarins miðast nú við allt markaðssvæðið innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um II. kafla.

Hér er fjallað um breytingar á löggjöfinni um vörumerki til samræmis þeim breytingum sem leiðir af 65. gr. EES-samningsins og XVII. viðauka þar sem vitnað er í tilskipun nr. 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu löggjafar aðildarríkja EB varðandi vörumerki.

Samkvæmt EES-samningnum er ekki gert ráð fyrir að vörumerki aðildarríkjanna verði að öllu leyti samræmd, en breytingar þær, sem lagðar eru til í frumvarpinu, takmarkast við þau atriði í gildandi lögum sem beinlínis gætu torveldað frjálsa flutninga vöru og þjónustu milli aðildarríkja EES.

Helstu nýmæli frá gildandi löggjöf varða notkunarskyldu á skráðum vörumerkjum. Enn fremur felur frumvarpið í sér nokkra breytingu á þeim kröfum sem gerðar eru til auðkenna er unnt er að nota sem vörumerki.

Um 2. gr.

Vörumerki er samkvæmt greininni skilgreint sem hvert það tákn er birta má á prenti og uppfyllir kröfur um aðgreiningarhæfi. Í því felst að vörumerkjahugtakið er víkkað nokkuð frá gildandi lögum. Orðið tákn er hér notað í víðtækri merkingu. Það höfðar fyrst og fremst til sjónskynjunar en getur líka átt við um auðkenni sem skynjuð verða með öðrum hætti að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði um aðgreiningarhæfi og séu hæf til birtingar á prenti.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lögð áhersla á að eigandi vörumerkis, er notar þau auðkenni sem tilgreind eru í 1. málsl. greinarinnar, geti ekki hindrað aðra í að nota eigið nafn, firmanafn eða nafn á fasteign sinni í atvinnuskyni að því tilskildu að fylgt sé góðri viðskiptavenju.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að þekktum merkjum sé veitt ríkari vernd en verið hefur. Er þetta í samræmi við þróun á þessu sviði í ríkjum V-Evrópu.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu vörumerkjaréttarins að eldri réttur gangi fyrir yngri þegar um er að ræða merki er villast má á.

Þessi grein felur í sér smávægilega breytingu frá þessu ákvæði. Í stað þess skilyrðis að yngra vörumerki hafi verið skráð í fimm ár er nú gert að skilyrði að eigandi eldra vörumerkis hafi vitað af yngra merkinu í samfellt fimm ár frá skráningardegi þess en látið það afskiptalaust.

Um 6. gr.

Breytingin felur í sér að víkkaðar eru frá gildandi lögum heimildir til að skrá bókstafi og tölustafi sem vörumerki. Slík auðkenni þurfa þó áfram að uppfylla almenn skilyrði laganna um aðgreiningarhæfi. Við mat á því hvort merki af þessu tagi hafi nægilegt sérkenni getur markaðsfesta skipt verulegu máli.

Um 7. gr.

Ekki þykir lengur rétt að gera þá kröfu til umsækjanda að hann greini í umsókn hver sé atvinnurekstur hans. Breytingin er í samræmi við núgildandi framkvæmd.

Um 8.–11. gr.

Ákvæði um notkunarskyldu er ekki að finna í núgildandi vörumerkjalögum. Í notkunarskyldu felst að hafi eigandi skráðs vörumerkis ekki byrjað að nota merkið innan fimm ára frá skráningardegi getur hver sá, er hagsmuna hefur að gæta, höfðað mál gegn honum í því skyni að fá skráninguna fellda úr gildi. Sama á við ef eigandi vörumerkis hefur hafið notkun merkisins en síðar hætt henni og ekki notað merkið samfellt í fimm ár.

Notkun vörumerkis, sbr. 6. gr. frumvarpsins, verður að tengjast raunverulegri markaðssetningu vöru eða þjónustu.

Hafi eigandi vörumerkis fengið vörumerki skráð fyrir heilan vöruflokk (samkvæmt viðurkenndu alþjóðlegu flokkunarkerfi) en eftir fimm ár frá skráningu einungis hafið notkun á því fyrir ákveðnar vörur er tilheyra flokknum verður skráningin ekki gerð ógild í heild sinni, heldur einungis fyrir þær vörur sem hann hefur ekki hafið notkun vörumerkisins fyrir. Þó verður að telja að skráningin yrði heldur ekki gerð ógild fyrir vörur er teljast mjög skyldar þeim vörum sem framleiðsla hefur verið hafin á.

Geti eigandi vörumerkis fært fyrir því gild rök hvers vegna hann hefur ekki hafið notkun á vörumerkinu innan fimm ára frá skráningu verður skráningin ekki ógilt. Erfitt er að setja nokkra vísireglu um hvað telja skuli gild rök. Brostnar forsendur, svo sem fjárskortur, skortur á starfsfólki, erfiðleikar við öflun hráefnis eða markaðssetningu, yrðu væntanlega ekki talin gild rök. Þó mætti gera undantekningu á ef erfiðleikar þessir væru

til komnir vegna aðstæðna sem eigandi fær ekki við ráðið (force majeur).

Um 12. gr.

Þær reglur, er hér eru lagðar til, eru í meginatriðum þær sömu og gilt hafa í framkvæmd hér á landi. Lagt er til að lögfestar verði nú ítarlegri reglur um notkun nytjaleyfa en verið hafa í lögum til þessa.

Um III. kafla.

Lagt er til að gildistaka laganna verði hin sama og gildistaka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Áformað er að hann taki gildi 1. janúar 1993, en verði fullgildingu allra samningsaðila þá ekki lokið gæti gildistökudagur samningsins breyst.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi,
og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

Með frumvarpi þessu er verið að laga íslenska einkaleyfalöggjöf að gildandi lögum Evrópubandalagsins.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um staðla.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Hugtökin *staðall, alþjóðlegur staðall, stöðlun, fyrirmæli á tæknisviði, tæknileg forskrift* og *sammæli* skulu hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu hér á landi eins og hún kemur fram í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not hans.

3. gr.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem áhuga hafa á og hagsmuna hafa að gæta af stöðlun. Aðild að ráðinu er heimil öllum hagsmunaaðilum.

Staðlaráð setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal m.a. kveðið á um skipulag ráðsins, stjórn þess og daglega starfsemi.

Heimilt er að kveða á um í starfsreglum skv. 2. mgr. að stjórn Staðlaráðs eða sérstök nefnd á vegum ráðsins staðfesti fyrir hönd þess staðal sem íslenskan staðal, sbr. 2. gr.

5. gr.

Staðlaráð á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

6. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

1. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
2. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
3. tilkynna um staðfestingu Staðlaráðs á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á gerð staðalsins.

Á vegum Staðlaráðs skal haldin skrá yfir alla gildandi íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Jafnframt skal Staðlaráð sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla og stöðlun hér á landi. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess hlutverks sem staðlar gegna í afnámi viðskiptahindrana milli þjóða, einkum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Stjórnvöld hér á landi og víða erlendis nýta sér staðla í auknum mæli í stað reglugerða.

Markmið með gerð og notkun staðla er að auka vöxt og nýsköpun í þágu íslensks atvinnulífs, neytenda og samfélagsins í heild.

1. Forsaga frumvarpsins.

Í 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, segir m.a. að stofnunin gegni

hlutverki sínu m.a. með stöðlun. Stjórn stofnunarinnar fól nokkrum hagsmunaaðilum að annast skyldur sínar á þessu sviði. Þessir aðilar komu saman á vettvangi sem nefndur var Staðlaráð Íslands. Ráðið samþykkir íslenska staðla. Það starfar á grundvelli starfsreglna sem stjórn Iðntæknistofnunar Íslands setti 27. október árið 1987. Dagleg starfsemi ráðsins hefur verið í höndum staðladeildar Iðntæknistofnunar.

Frumvarp til laga um stöðlun var lagt fram til kynningar á 112. löggjafarþingi. Það var byggt á tillögum nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði 2. ágúst 1989. Í athugasemdum við frumvarpið segir að lagalegur grundvöllur stöðlunar sé ófullnægjandi miðað við þá auknu áherslu sem lögð er á stöðlun og tengda starfsemi í Evrópu. Í frumvarpinu var lagt til að Staðlaráð Íslands yrði gert að sjálfseignarstofnun, auk þess sem lögfest yrðu ýmis ákvæði um sjálfa stöðlunina, þar á meðal um birtingu og not staðla.

Að loknu 112. löggjafarþingi var frumvarpið sent ýmsum aðilum til umsagnar. Að teknu tilliti til ýmissa athugasemda, sem bárust frá hagsmunaaðilum, var frumvarpið flutt að nýju á 113. löggjafarþingi. Frumvarpið varð þá ekki útrætt.

Frumvarpið var flutt á ný á 115. löggjafarþingi í nokkuð breyttri mynd sem frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands. Í stað þess að Staðlaráð Íslands yrði gert að sjálfseignarstofnun var nú gert ráð fyrir að það yrði gert að hlutafélagi og að ríkissjóður legði félaginu til starfsemi og eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar. Var gert ráð fyrir að a.m.k. helmingur hlutafjár í félaginu yrði í eigu ríkissjóðs við stofnun þess. Ákvæði frumvarpsins um sjálfa stöðlunina, svo sem um birtingu og not staðla, voru hins vegar óbreytt frá fyrri gerðum frumvarpsins. Samhliða frumvarpinu var flutt sérstakt frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða stöðlun o.fl. en efni þess hafði áður verið hluti af frumvörpunum um stöðlun. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu á þinginu.

2. Staðlar á alþjóðavettvangi.

Á alþjóðavettvangi hefur einkum verið fjallað um staðla í viðræðum um hindrunarlaus viðskipti milli landa. Gerður hefur verið samningur á vettvangi GATT um viðskiptahindranir á tæknisviðum. Í samningnum eru hugtökin *staðall* og *stöðlun* skilgreind. Auk þess er kveðið á um að vísað skuli til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hverjar tæknilegar kröfur skuli gera til vöru og þjónustu.

Samkvæmt reglum Alþjóðastaðlasambandsins (International Organization for Standardization, ISO) og Alþjóðaraftækniráðsins (International Electrotechnical Commission, IEC) er eitt megineinkenni staðla og stöðlunar að þeir eru samdir í samvinnu helstu hagsmunaaðila og í þeim endurspeglast góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn. Af þessu leiðir að enginn einstaklingur eða stofnun getur samið staðal án samráðs við hagsmunaaðila. Þetta samráð greinir staðla frá öðrum reglum og vöruforskriftum. Annað atriði sem greinir staðla frá stjórnvaldsfyrirmælum er að þeir eru frávíkjanlegir og til frjálsra afnota.

Vegna þessara eiginleika staðla ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (EB) að þeir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að gera bandalagið að einum markaði fyrir árslok 1992. Í maí 1985 ákvað ráðherraráð EB að beita nýrri aðferð við að samhæfa tæknilegar reglur og staðla í aðildarríkjunum. Samkvæmt þessari aðferð skyldi lögbundin samhæfing, þ.e. samhæfing í tilskipunum EB, á tæknisviðum bundin við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfisins. Síðan skyldi þeim aðilum, sem höfðu unnið að stöðlun í iðnaði, fengið það hlutverk að semja tæknilegar for-

skriftir í einstökum atriðum. Þessar forskriftir skyldu gefnar út sem samhæfðir staðlar í aðildarríkjum bandalagsins. Framleiðendum skyldi vera í sjálfsvald sett hvort þeir notfærðu sér staðlana en litið skyldi svo á að þeir sem það gerðu hefðu þar með fullnægt grunnkröfum bandalagsins.

Árið 1985 var einnig gerður rammasamningur við evrópsku staðlasamböndin, CEN (Comité Européen de Normalisation) á almennu sviði og CENELEC (Comité Européen de Normalisation Electrotechnique) á raftæknisviði, um að stýra gerð þeirra staðla sem gert væri ráð fyrir í tilskipunum EB. Í rammasamningnum er það gert að skilyrði að samþykktir staðlar á vettvangi staðlasambandanna, Evrópustaðlar, verði gerðir að landsstöðlum í hverju aðildarríki CEN og CENELEC innan missiris frá samþykkt þeirra. Jafnframt skulu þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem brjóta í bága við Evrópustaðlana. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) fylgdu á eftir og gerðu samsvarandi samning við staðlasamböndin. Í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að vísað verði til Evrópustaðla í stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðum og við opinber innkaup. Staðlaráð Íslands gerðist aðili að CEN og CENELEC um miðbik ársins 1988.

Með þeirri stefnu, sem hér hefur verið lýst, breytist hlutverk þeirra sem semja staðla í smærri Evrópuríkjum mikið. Áður voru nánast einvörðungu samdir staðlar sem iðnaður í viðkomandi ríki taldi sig þurfa á að halda á þeim hraða sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að vísa til staðla. Á þrjátíu ára tímabili voru staðfestir um fimmtíu staðlar á Íslandi en síðan Staðlaráð gerðist aðili að CEN og CENELEC árið 1988 hafa tæplega 1.600 staðlar verið staðfestir.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks, sem stöðlum er ætlað í framtíðinni innan Evrópu, er einstökum ríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu þeirra og taka fullan þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum er varða hagsmuni þeirra. Þetta á reyndar við um fleiri staðla en Evrópustaðla. Fjölmörg sjónvarpstæki hér á landi geta ekki birt sérístenska bókstafi í textavarpi ríkissjónvarpsins vegna ófullnægjandi staðla. Þá er skemmst að minnast tillögu Tyrkja um að sértyrkneskir bókstafir kæmu í stað sérístenskra í alþjóðlegri stafatöflu fyrir tölvur sem samin var á vegum Alþjóðastaðlasambandsins (ISO). Samþykkt þessarar tillögu hefði leitt til þess að gera hefði þurft kostnaðarsamar breytingar á tölvubúnaði sem fluttur væri inn til landsins í framtíðinni til þess að hann geti fallið að sérkennum íslenskrar tungu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá fyrri hugmyndum um að stofna sjálfstætt staðlaráð sem yfirtaki starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands. Fyrir því eru einkum tvenn rök. Í fyrsta lagi er mikilvægt að lagagrundvöllur staðla og gerð þeirra verði styrktur sem fyrst. Til að greiða fyrir framgangi frumvarpsins er því talið heppilegt að engar breytingar verði að sinni gerðar á stöðu Staðlaráðs og staðladeildar Iðntæknistofnunar. Í öðru lagi er nú að störfum nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins sem ætlað er að meta hvort núverandi skipulag þeirra rannsóknastofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, þ.e. Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Orkustofnunar, skili atvinnulífinu árangri í samræmi við þá fjármuni sem til stofnananna er varið. Telja verður eðlilegt að staða Staðlaráðs og staðladeildar Iðntæknistofnunar komi til skoðunar í þessu sambandi.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um gerð og birtingu staðla. Þau eru að mestu leyti samhljóða samsvarandi ákvæðum þar að lútandi í fyrri frumvörpum á þessu sviði. Þá er í frumvarpinu kveðið á um Staðlaráð Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að skýrt verði kveðið á um merkingu hugtaka. Með alþjóðlega viðurkenndri merkingu er einkum átt við merkingu sem fram kemur í GATT-samningi um viðskiptahindranir á tæknisviði, samkomulagi EFTA-ríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi (Tampere-samkomulagsins) og Leiðbeiningariti ISO og IEC nr. 2. Merking eftirfarandi hugtaka er nánar tiltekin þessi:

Staðall (e. standard): Sérstök gerð opinbers skjals sem er byggt á sammæli hagsmunaaðila og staðfest af þar til bærum aðila. Í því eru settar fram reglur, leiðbeiningar fyrir eða lýsing á einkennum algengrar og endurtekinnar starfsemi eða afrakstur hennar. Markmið með gerð slíks skjals er að ná sem mestri samskipan á gefnu sviði með sem víðtækastri notkun þess.

Stöðlun (e. standardization): Það að ná sammæli um staðal, staðfesta hann og gefa út.

Alþjóðlegur staðall (e. international standard): Opinber staðall sem hefur verið staðfestur af alþjóðastaðlasambandi.

Fyrirmæli á tæknisviði (e. technical regulation): Skjal þar sem kveðið er á um lagalega bindandi kröfur á tæknisviði sem staðfestar eru af stjórnvaldi. Kröfurnar eru ýmist tilgreindar í einstökum atriðum með vísun til staðals, tæknilegrar forskriftar eða framkvæmdastaðals eða með því að taka staðalinn upp í heild. Undir þetta falla m.a. lög, reglugerðir, auglýsingar, tilkynningar og orðsendingar.

Tæknileg forskrift (e. technical specification): Skjal þar sem mælt er fyrir um þær kröfur sem vara, ferli eða þjónusta á að fullnægja og þær tilgreindar í einstökum atriðum.

Sammæli (e. consensus): Almennt samkomulag sem mikilvægir hagsmunaaðilar í málinu halda ekki uppi andstöðu við í veigamiklum atriðum. Sammæli næst með því að leitast er við að taka tillit til sjónarmiða allra aðila sem málinu tengjast. Í því felst að finna lausn sem sameinar andstæðar röksemdir.

Í greininni er lagt til að þessi hugtök og viðteknar skilgreiningar á þeim verði settar ásamt öðrum helstu hugtökum á þessu sviði í íslenskan staðal.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að *Evrópustaðall* eða *evrópskur* staðall er opinber staðall sem hefur verið staðfestur af öðru hvoru evrópsku staðlasambandanna, CEN eða CENELEC.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um hvað geti talist íslenskur staðall. Ákvæðinu er einnig ætlað að taka til samsetninga þar sem einkunnum eða öðrum ákvæðisliðum kann að vera bætt við orðalagið íslenskur staðall. Ekki er gert ráð fyrir að endurstaðfesta þurfi alla íslenska staðla sem staðfestir voru fyrir gildistöku laga þessara.

Hvorki með ákvæði þessarar greinar né öðrum greinum frumvarpsins er Staðlaráði Íslands tryggður einkaréttur til að semja staðla. Hins vegar er með þessu ákvæði ásamt ákvæði 6. gr. frumvarpsins tryggt að einungis þeir staðlar eða frumvörp að stöðlum, sem uppfylla ákveðin formskilyrði, geti orðið að íslenskum stöðlum. Þannig þarf skv. 6. gr. að tilkynna um ný stöðlunarverkefni og auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum. Loks þarf staðfestingu Staðlaráðs áður en staðallinn getur tekið gildi.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að staðfesta staðal sem íslenskan staðal þó hann

sé á erlendu máli ef ljóst er að not hans eru bundin við aðila er kunna það mál. Dæmi um þetta eru flóknir staðlar á flugmálasviði. Þetta ákvæði er í samræmi við stefnu annarra norrænna ríkja í þessum efnum. Nefna má að Finnar hafa breytt stjórnarskrárákvæði um lögbirtingu á finnsku og sænsku á þann veg sem hér er lagt til. Heppilegt þykir að lögfesta ekki að staðlar skuli ávallt gefnir út á íslensku. Þess í stað verði metið í hverju tilviki hvort staðall skuli þýddur, m.a. annars með tilliti til notkunar staðalsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú meginregla að staðlar séu til frjálsra afnota í skiptum manna á meðal. Í samræmi við alþjóðlega þróun er hins vegar gert ráð fyrir að stjórnvöld hér á landi muni í auknum mæli vísa til staðla í reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum þannig að sá sem fylgir tilgreindum stöðlum teljist hafa fullnægt ákvæðum stjórnvaldsfyrirmælanna. Þess vegna er í greininni veitt heimild til þess að stjórnvöld geti gert notkun staðals skyldubundna.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að staða Staðlaráðs Íslands verði lögfest. Ekkert ákvæði er nú í lögum um stöðu þess, skipulag og starf heldur er ráðið skilgreint í reglum sem stjórn Iðntæknistofnunar staðfesti í október 1987. Allt frá stofnun Staðlaráðs árið 1978 hefur dagleg starfsemi þess verið í höndum Iðntæknistofnunar. Gera verður ráð fyrir að svo verði áfram enn um sinn þótt einhverjar breytingar kunni að verða í framtíðinni.

Í 1. mgr. er einnig lagt til að skýrt verði kveðið á um að ráðið sé öllum opið. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða með hliðsjón af eðli staðla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Staðlaráð setji sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir. Eðlilegt er að starfsreglurnar verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, þar sem í þeim verður kveðið á um mikilvæg réttindi og skyldur Staðlaráðs. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er kveðið á um nokkur atriði sem fjallað skal um í starfsreglunum.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að framselja vald Staðlaráðs til að staðfesta íslenskan staðal til stjórnar þess eða sérstakrar nefndar á vegum ráðsins, t.d. sérstakrar staðfestingarnefndar. Þykir nauðsynlegt að hafa í lögum óyggjandi ákvæði þessa efnis.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að Staðlaráð eigi aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd. Rétt þykir þó að ráðinu sé heimilt að fela öðrum þátttöku í slíku samstarfi. Ákvæði greinarinnar tekur til aðildar að Alþjóðastaðlasambandinu (ISO), Alþjóðaraftækniráðinu (IEC), auk evrópsku staðlasambandanna CEN og CENELEC. Hún tekur hins vegar ekki til margvíslegrar þátttöku íslenskra stjórnvalda og stofnana í samhæfingarvinnu á alþjóðavettvangi að því marki sem þessi vinna miðast ekki við setningu landsstaðla. Greinin tekur þannig ekki til þess starfs sem fer fram hjá *Codex Alimentarius*. Þar er um að ræða vinnu á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem heilbrigðisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið hafa tekið þátt í.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu Staðlatíðinda þar sem tilkynna skal um ný stöðlunarverkefni. Með ákvæðinu er reynt að tryggja að allir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta, geti haft áhrif á gerð staðals. Skýrar reglur um aðgengileika staðla auðveldar enn fremur tilvísun í staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um staðla.

Með frumvarpi þessu er lagt til að staða Staðlaráðs Íslands verði lögfest, en meginverkefni þess er að staðfesta íslenska staðla og halda skrá yfir þá, auk þess sem því er ætlað að gefa út Staðlatíðindi. Ráðið er samstarfsráð hagsmunaaðila og hefur ekki ákveðinn aðilafjölda né er það heldur launað. Til þessa hefur ráðið starfað á grundvelli reglna sem stjórn Iðntæknistofnunar hefur samþykkt. Í þeim hefur falist að fagleg umsjón með starfi staðladeildar Iðntæknistofnunar hefur verið í höndum Staðlaráðs. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram.

Starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar og Staðlaráðs hefur á undanförnum árum verið fjármögnuð með eftirfarandi hætti:

1. Hluti af ríkisframlagi til Iðntæknistofnunar Íslands hefur runnið til deildarinnar. Er sú fjárhæð um 3 m.kr. á árinu 1992.
2. Fjárveiting af lið 11–299 115, Alþjóðastaðlar CEN og CENELEC, er 13,8 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Henni er varið til að greiða kostnað af aðild Íslands að Evrópustaðlasamtökum CEN og CENELEC, svo og fyrir að gera evrópska staðla að íslenskum stöðlum.
3. Deildin hefur haft umtalsverðar sértekjur af sölu staðla og sölu þjónustu til ýmissa opinberra aðila og einkaaðila.

Ekki verður talið að frumvarpið sem slíkt leiði af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Umsvif á þessu sviði munu eflaust aukast með tímanum en á móti má ætla að sértekjur geti einnig aukist.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um gjaldeyrismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum, viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum,
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,

3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,
4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið stöðvun í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati bankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

4. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga, enda sé gætt ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að:

1. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

2. Viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum.
3. Fasteignakaup erlendra aðila hér á landi.

Slíkar takmarkanir mega þó ekki ná til flutnings fjár í eigu erlends aðila frá landinu við sölu á eignarhlut eða slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

5. gr.

Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1994 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með skuldabréf og víxla í erlendri mynt með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og víxla í íslenskum krónum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum hér á landi.
3. Útgáfu á skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum erlendis með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.
4. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
5. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru eða þjónustu.
6. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
7. Inn- og útflutning skammtímaverðbréfa, peningaseðla og sleginna peninga.
8. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–7. tölul.
9. Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða í reglugerð reglur um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Þessi heimild fellur niður frá og með 1. janúar 1995.

6. gr.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

7. gr.

Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr. eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

8. gr.

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisvið-

skipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni tillögu Seðlabankans, nánari reglur um leyfi til gjaldeyrisviðskipta, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfis.

9. gr.

Ákveða má í reglugerð að viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf skuli fara fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér á landi samkvæmt lögum eða ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Þar má jafnframt kveða á um að einstakir flokkar lögaðila séu undanþegnir kröfu þessari og að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti við erlenda aðila.

10. gr.

Allir þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, skulu hafa til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld sem áskilin eru í slíkum viðskiptum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd 1. mgr.

11. gr.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

12. gr.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

14. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að til þess tíma er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar, en þó ekki lengur en til og með 31. desember 1993, gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með hlutabréf og skuldabréf í erlendri mynt með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti innlendra aðila með hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langtímaverðbréfum.
3. Viðskipti erlendra aðila með skuldabréf í íslenskum krónum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.
4. Útgáfu innlendra aðila erlendis í íslenskum krónum á hlutabréfum og skuldabréfum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.

II.

Núgildandi leyfi viðskiptabanka, sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnunarinnar til gjaldeyrisviðskipta falla úr gildi þremur mánuðum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Gerð frumvarpsins.

Frumvarp þetta var samið af starfshópi sem viðskiptaráðuneytið skipaði 18. nóvember 1991 í því skyni. Hópnum var einnig falið að semja drög að reglugerð um gjaldeyrismál. Í skipunarbréfi hópsins er tilgreint að frumvarpið og reglugerðin skuli vera í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum og ákvæði í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í starfshópnum voru: Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, viðskiptaráðuneytinu, formaður, Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri, viðskiptaráðuneytinu, Kjartan Gunnarsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu, Már Guðmundsson forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Stefán M. Gunnarsson forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur, Seðlabanka Íslands, og Barði Árnason aðstoðarbankastjóri, Landsbanka Íslands, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Starfshópurinn skilaði drögum að fullbúnu frumvarpi til laga ásamt reglugerð til viðskiptaráðherra í mars 1992. Frumvarpið var lagt fram á 115. löggjafarþingi en var ekki tekið til umræðu. Það er nú lagt fram að nýju með örlitlum breytingum.

2. Þróun gjaldeyrisreglna á Íslandi.

Núgildandi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála eru frá 1979. Í þeim er bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Í lögunum kemur fram sú meginregla að vöruinnflutningur til landsins skuli vera óheftur nema annað sé

sérstaklega tekið fram en þjónustugreiðslur og fjármagnshreyfingar til annarra landa skulu óheimilar nema þær séu sérstaklega leyfðar af annaðhvort viðskiptaráðuneytinu eða Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisreglur hér á landi hafa smám saman verið rýmkaðar og stærsta skrefið í þá átt frá 1960 var stigið 1. september 1990 þegar ný reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tók gildi og 15. desember 1990 þegar reglur Seðlabanka Íslands um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt tóku gildi.

Gjaldeyrisreglurnar, sem giltu hér á landi fram að þeim tíma, mátti í ýmsum atriðum rekja til kreppuáranna á fjórða áratugnum og fyrstu áranna eftir síðari heimsstyrjöldina þegar tiltölulega mikil gjaldeyriseign þjóðarinnar hvarf á skömmum tíma. Á þeim tíma þótti nauðsyn bera til að taka upp strangt eftirlit á sviði gjaldeyrismála og hafa hönd í bagga með því hvernig erlendum gjaldeyri, sem þjóðin aflaði, var ráðstafað.

Miklar hömlur á viðskiptum með erlendan gjaldeyri tíðkuðust allt fram til ársins 1960 með tilheyrandi leyfakerfi og pólitískum úthlutunum. Eftir að hafa beitt fjölgengi og uppbótakerfi á sjötta áratugnum var ljóst að í gengis- og gjaldeyrismálum var við verulegan vanda að glíma. Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, „viðreisnarstjórnin", komst til valda árið 1960 urðu hvörf í gjaldeyrismálum þjóðarinnar þegar gjaldeyrisleyfi vegna innflutnings voru að stórum hluta afnumin og komið á fót því innflutningsfrelsi sem ríkt hefur síðan.

Í kjölfar þess að ný lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tóku gildi árið 1979 var gjaldeyrisdeild bankanna lögð niður. Í henni störfuðu á þeim tíma rúmlega tuttugu manns. Í staðinn var ákvörðunarvald banka í gjaldeyrismálum aukið og komið á fót sérstakri samstarfsnefnd um gjaldeyrismál sem enn starfar. Nefndin fjallar m.a. um verklagsreglur í gjaldeyrisviðskiptum, samræmir meðferð mála á milli banka og fjallar um umsóknir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands voru lengi einu viðskiptabankarnir sem höfðu leyfi til að annast gjaldeyrisviðskipti. Búnaðarbanki Íslands fékk sams konar heimild árið 1983. Skömmu síðar fengu einkabankar og sparisjóðir heimild til að annast slík viðskipti. Loks fékk Póst- og símamálastofnunin takmarkaða heimild til gjaldeyrisviðskipta.

Jafnframt því sem æ fleiri aðilum var heimilað að annast gjaldeyrisviðskipti voru gjaldeyrisreglurnar rýmkaðar smám saman. Árið 1983 var heimilað að nota greiðslukort erlendis. Fyrstu eignarleigufyrirtækin hófu starfsemi hér á landi árið 1986 og ári síðar voru settar sérstakar reglur um erlendar lántökur þeirra. Árið 1989 voru svo þær reglur ásamt reglum um erlendar lántökur vegna innflutnings, innlendrar framleiðslu og vegna skipaviðgerða rýmkaðar í tvígang. Sama ár voru reglur um innflutning með greiðslufresti einnig rýmkaðar í tvígang og jafnframt einfaldaðar verulega.

Á árinu 1990 voru gerðar rótttækustu breytingar á gjaldeyrisreglunum síðan 1960. Með gildistöku reglugerðar viðskiptaráðuneytisins um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 312 frá 30. júlí 1990 og fjögurra auglýsinga Seðlabankans um tiltekin svið gjaldeyrisviðskipta varð bæði mikil breyting á framsetningu gjaldeyrisreglnanna til samræmis við alþjóðlega flokkun gjaldeyrisviðskipta og á inntaki þeirra. Nýjar gjaldeyrisreglur tóku gildi 1. september að undanskildum ákvæðum um viðskipti innlendra aðila með verðbréf í erlendri mynt sem tóku gildi 15. desember. Helstu atriðin í þeim breytingum, sem tóku gildi á árinu 1990, voru sem hér segir:

Þjónustugreiðslur.

1. Gjaldeyrisyfirfærslur vegna erlendra þjónustuviðskipta voru gefnar frjálsar en áður voru þær formlega háðar gjaldeyrisleyfi og innheimtu 1% leyfisgjalds. Innheimta leyfisgjaldsins féll niður í árslok 1990.
2. Fjárhæðarmörk vegna ferðakostnaðar erlendis voru hækkuð í 200.000 kr. fyrir hvern einstakling í hverri ferð.[1] Í reglugerðinni var tilgreint að fjártakmarkanirnar féllu niður í ársbyrjun 1993. Áður höfðu fjárhæðarmörkin verið miðuð við jafnvirði 2.000 bandarískra dala (120 þús. kr.) fyrir fullorðna og 1.000 dala (60 þús. kr.) fyrir börn. Þá voru reglur um námskostnað rýmkaðar nokkuð þannig að þeir sem sækja námskeið sem vara allt niður í einn mánuð eiga rétt á slíkri yfirfærslu í stað sex mánaða áður. Í reglugerðinni er tiltekið að allar takmarkanir á gjaldeyrisyfirfærslum til greiðslu námskostnaðar falli niður í ársbyrjun 1993.

Fjármagnshreyfingar.

3. Innlendum aðilum var heimilað að fjárfesta í atvinnurekstri og kaupa fasteignir erlendis án sérstaks leyfis gjaldeyrisyfirvalda. Til ársloka 1990 voru þessar heimildir takmarkaðar við 3.750.000 kr. á ári fyrir fjárfestingu í atvinnurekstri og sömu fjárhæð fyrir kaup á sérhverri fasteign. Jafnframt var tilgreint að fjárhæðarmörkin hækkuðu í 5.625.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 7.500.000 kr. 1. janúar 1992 og féllu niður 1. janúar 1993.
4. Erlendum aðilum var heimilað að flytja söluandvirði eignarhlutar síns í fyrirtækjum og söluandvirði fasteigna úr landi án nokkurra takmarkana. Áður þurfti sérstakt leyfi fyrir slíkum yfirfærslum, sem og yfirfærslum á arði og öðrum fjármagnstekjum sem erlendir aðilar öfluðu hér á landi.
5. Frá 15. desember 1990 var innlendum aðilum heimilt að kaupa erlend markaðsverðbréf og gefa út og selja markaðsverðbréf erlendis í annarri mynt en íslenskum krónum. Erlend verðbréfaeign var í fyrstu bundin við 375.000 kr. fyrir hvern einstakling. Hámarkið gildir þó ekki þegar keypt eru skuldabréf sem innlendir aðilar, eins og ríkissjóður eða Landsvirkjun, hafa gefið út erlendis. Jafnframt er tilgreint í auglýsingu Seðlabankans að þessi fjárhæðarmörk hækki í 562.500 kr. í ársbyrjun 1991, í 750.000 kr. 1. janúar 1992 og að þau falli niður 1. janúar 1993. Þá var verðbréfasjóðum, sem reknir eru af verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands, heimilað að kaupa erlend verðbréf innan tiltekinna fjárhæðarmarka. Hins vegar gilda engar takmarkanir um kaup einstaklinga og fyrirtækja hér á landi á hlutdeildarskírteinum í slíkum verðbréfasjóðum.
6. Erlendum aðilum var heimilað að kaupa markaðsverðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og gefa út markaðsverðbréf hér á landi í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þá var þeim heimilað að flytja til útlanda vexti og annan arð af verðbréfaeign sinni svo og söluandvirði slíkra bréfa. Áður fyrr þurfti sérstakt leyfi gjaldeyrisyfirvalda til þess.
7. Innlendum aðilum var heimilað að taka erlend lán án þess að tilgreina sérstaklega tilefni slíkrar lántöku svo framarlega sem lántakan er ekki með ábyrgð innlendrar fjármálastofnunar. Þá var innlendum aðilum heimilað að veita erlendum aðilum sam-

---

[1] Allar fjárhæðir í gjaldeyrisreglunum breytast mánaðarlega samkvæmt breytingum á gengi krónunnar gagnvart ECU frá 1. ágúst 1990.

bærileg lán. Fyrst í stað takmarkaðist lánsfjárhæðin við 3.750.000 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern einstakling eða lögaðila. Jafnframt var tilgreint í reglugerðinni að fjárhæðin hækkaði í 5.625.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 7.500.000 kr. 1. janúar 1992 og að fjárhæðarmörkin féllu niður 1. janúar 1993.

8. Innlendum aðilum var heimilað að opna bankareikninga erlendis samkvæmt svipuðum reglum og gilt hafa um gjaldeyrisreikninga í innlendum bönkum og sparisjóðum um nokkurra ára skeið. Reikningseiganda er því ekki heimilt að skipta krónum í erlenda mynt og leggja inn á erlendan bankareikning heldur verður hann að eignast erlenda gjaldeyrinn með öðrum hætti. Innstæður voru í fyrstu takmarkaðar við 750.000 kr. en jafnframt tilgreint að fjárhæðarmörkin hækkuðu í 1.500.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 3.750.000 kr. 1. janúar 1992 og að þau féllu niður í ársbyrjun 1993.
9. Reglur um gjaldeyrisyfirfærslur af ýmsu tilefni, t.d. vegna gjafa og greiðslu arfs, voru rýmkaðar úr 14.000 kr. í 200.000 kr. Þá voru reglur um gjaldeyrisyfirfærslur vegna búferlaflutninga rýmkaðar verulega þannig að innlendum aðilum var heimilað að yfirfæra verðmæti eigna sinna til útlanda um leið og þeir hafa sest þar að.
10. Veittar voru heimildir til að gera framvirka samninga um gjaldeyrisviðskipti, gera samninga um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum og stofna til vaxta- og skuldaskipta svo framarlega sem ekki er um að ræða samninga þar sem íslenska krónan kemur við sögu.

Við þessar breytingar á gjaldeyrisreglunum var gætt þeirra meginsjónarmiða að rýmka fyrst reglur um langtímahreyfingar fjármagns áður en hömlum væri aflétt á skammtímahreyfingum þar sem spákaupmennska og óstöðugleiki í peninga- og gjaldeyrismálum fylgir fremur þeim síðarnefndu. Jafnframt var gert ráð fyrir að hömlur yrðu rýmkaðar í áföngum til að draga úr líkum á því að breytingar á gjaldeyrisreglum yrðu til að tefla í tvísýnu því jafnvægi sem hafði myndast á innlendum fjármagnsmarkaði og gefa innlendum aðilum tækifæri til að aðlagast smátt og smátt nýjum aðstæðum.

Eftir að fyrrgreindar breytingar á gjaldeyrisreglunum tóku gildi og fjárhæðarmörk hverfa að fullu í ársbyrjun 1993 verða enn við lýði hömlur á eftirfarandi sviðum gjaldeyrisviðskipta:

1. Beinum fjárfestingum og fasteignakaupum erlendra aðila hér á landi.
2. Öllum skammtímahreyfingum fjármagns til og frá landinu, t.d. kaupum á verðbréfum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.
3. Öllum erlendum langtímalántökum sem falla utan reglnanna um erlendar lántökur án sérstaks tilefnis.
4. Öllum erlendum skammtímalántökum öðrum en greiðslufresti vegna innflutnings vöru.
5. Frjálsum yfirfærslurétti úr krónum í erlenda mynt og notkun erlendra bankareikninga.
6. Framvirkum samningum og öðrum gjaldeyrisviðskiptum af svipuðum toga þar sem krónan kemur við sögu.

3. Alþjóðleg þróun.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gerðu með sér tvær mikilvægar samþykktir árið 1961 til að greiða fyrir milliríkjaviðskiptum með þjónustu og fjármagn. Önnur þeirra fjallar um afnám hafta á þjónustuviðskiptum (Code of Liberalisation of Current Invisible Operations) og hin um afnám hafta á fjármagnshreyfingum (Code

of Liberalisation of Capital Movements). Samþykktirnar fela ekki aðeins í sér að aðildarríkin skuldbinda sig til að heimila gjaldeyrisyfirfærslur vegna viðskiptanna heldur einnig að afnema allar hömlur á viðskiptunum sjálfum. Eftir því sem alþjóðaviðskipti hafa þróast og tekið breytingum í áranna rás hefur nýjum ákvæðum verið bætt við samþykktirnar. Þannig má nefna að á árinu 1989 var samþykkt að bæta við nýjum liðum um skammtímahreyfingar fjármagns og ýmiss konar framvirk viðskipti í fjármagnshreyfingasamþykktina og nýjum liðum um fjármálaþjónustu, sem veitt er í öðru landi án þess að opna þar dótturfyrirtæki eða útibú, í samþykktina um þjónustuviðskipti.

Aðildarríki OECD geta á fjóra vegu vikið sér undan ákvæðum ofangreindra samþykkta. Í fyrsta lagi gátu þau strax í upphafi undanþegið sig algerlega ákvæðum þeirra, þ.e. sett almennan fyrirvara við samþykktirnar í heild. Í öðru lagi geta þau sett ótímabundna fyrirvara við einstaka liði í samþykktunum, annaðhvort strax í upphafi eða við nýja liði í samþykktunum. Í þriðja lagi geta þau, ef alvarlegar aðstæður skapast vegna þess að gjaldeyrisreglur hafa verið rýmkaðar, endurvakið höft sem áður höfðu verið felld niður. Og í fjórða lagi geta aðildarríkin, ef mikill halli er á viðskiptum þeirra við útlönd, endurvakið tímabundið höft sem áður höfðu verið felld niður. Síðastnefndu tveir liðirnir eru því öryggisákvæði.

Ísland setti í fyrstu almennan fyrirvara við báðar samþykktirnar en árið 1964 var fallið frá almenna fyrirvaranum við þjónustusamþykktina og í staðinn settir fyrirvarar við einstaka liði hennar eftir því sem þágildandi gjaldeyrisreglur gáfu tilefni til. Fyrirvörunum hefur síðan fækkað eftir því sem gjaldeyrisreglur hér á landi hafa verið rýmkaðar. Eftir að Spánn, Grikkland og síðast Tyrkland féllu frá almennum fyrirvara sínum við fjármagnshreyfingasamþykktina var Ísland eina aðildarríki stofnunarinnar sem hélt í slíkan fyrirvara.

Breytingarnar á gjaldeyrisreglunum hér á landi í september og desember 1990, einkum rýmkun á fjölmörgum sviðum fjármagnshreyfinga, urðu til þess að 12. desember 1990 tilkynnti viðskiptaráðherra OECD að Ísland hefði ákveðið að falla frá almennum fyrirvara sínum við samþykktina um afnám hafta á fjármagnshreyfingum. Í stað hans yrðu settir fyrirvarar við einstaka liði samþykktarinnar eftir því sem gildandi gjaldeyrisreglur gæfu tilefni til.

Evrópubandalagið.

Langt er síðan flest ríki Vestur-Evrópu gáfu gjaldeyrisviðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu frjáls. Áfram var þó við haldið ýmsum höftum á fjármagnshreyfingum milli landa.

Einn af hornsteinunum í áformum Evrópubandalagsins (EB) um sameinað markaðssvæði er afnám hafta á fjármagnshreyfingum milli landa þannig að bandalagsríkin myndi einn fjármagnsmarkað. Þótt aðildarríki EB, sem aðilar að OECD, hafi um langt skeið unnið að því að fækka höftum á fjármagnshreyfingum í samræmi við samþykkt stofnunarinnar þar að lútandi var það ekki fyrr en árið 1986 með ákvörðuninni um hið sameinaða markaðssvæði að verulegur skriður komst á málið. Bretar voru fyrstir af ríkjum EB til að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum að fullu árið 1979 og á fyrri hluta níunda áratugarins bættust Holland, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland við. Samkvæmt tilskipun EB um fjármagnshreyfingar frá 1988 bar aðildarríkjunum að afnema öll höft á fjármagnshreyfingum fyrir 1. júlí 1990. Grikkland, Írland, Portúgal og Spánn, sem að ýmsu leyti búa við vanþróaðra hagkerfi og fjármagnsmarkað en hin aðildarríkin átta, hafa þó umþóttunartíma til ársloka 1992 (Grikkland og Portúgal jafnvel til 1995).

Á leiðtogafundum EB í Madríd á Spáni í júní 1989 og Maastricht í Hollandi í lok árs

1991 voru teknar ákvarðanir um enn nánara samstarf aðildarríkjanna á sviði peningamála, gengis- og gjaldeyrismála. Fyrsti áfangi hófst 1. júlí 1990. Í honum verður öllum hömlum á fjármagnshreyfingum aflétt og allar þjóðirnar gerast aðilar að gengissamstarfi bandalagsins. Annar áfangi hefst 1. janúar 1994. Í honum skulu aðildarríkin auka sjálfstæði seðlabanka sinna og búa sig að öðru leyti undir þriðja og síðasta áfangann. Í öðrum áfanga verður sett á laggirnar peningamálastofnun Evrópu sem er undanfari sameiginlegs seðlabanka. Í þriðja áfanga taka aðildarríkin upp sameiginlegan gjaldmiðil, ECU, og sameiginlegur seðlabanki tekur til starfa. Fyrir árslok 1996 skulu leiðtogar bandalagsins meta hvort meiri hluti aðildarríkjanna uppfyllir ákveðin skilyrði til að þriðji áfangi geti hafist og hvenær það skuli gerast. Hafi leiðtogarnir ekki náð samkomulagi fyrir árslok 1997 um upphafsdag þriðja áfanga hefst hann 1. janúar 1999. Í því tilviki skulu leiðtogarnir ákveða hver af aðildarríkjunum taka upp sameiginlega gjaldmiðilinn strax við upphaf þriðja áfanga.

Norðurlönd.

Norðurlönd og önnur ríki utan EB hafa brugðist við áformum EB um aukið frjálsræði í gjaldeyrismálum með því að rýmka eigin gjaldeyrisreglur til samræmis við það sem hefur gerst innan EB. Hér kemur einkum tvennt til. Annars vegar ótti við að samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum innan EB versni vegna betri aðgangs þeirra síðarnefndu að stærri og þróaðri fjármagnsmarkaði en fyrirtækjum í ríkjum utan EB gefst kostur á. Hins vegar hafa athuganir víða um lönd á síðustu árum leitt í ljós að vegna tæknibreytinga á sviði fjarskipta og fjármagnsmiðlunar og sívaxandi alþjóðastarfsemi fyrirtækja megna gjaldeyrisreglur ekki lengur að einangra innlendan fjármagnsmarkað frá alþjóðlegum áhrifum í sama mæli og áður. En það hefur einmitt verið höfuðtilgangur með gjaldeyrisreglum víðast hvar.

Á fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi um mánaðamót febrúar og mars 1989 var samþykkt efnahagsáætlun fyrir Norðurlönd fyrir tímabilið 1989–1992. Í henni er m.a. gert ráð fyrir að löndin afnemi hömlur á tilteknum fjármagnshreyfingum fyrir árslok 1992. Danir höfðu þegar í október 1988 afnumið öll höft á fjármagnshreyfingum og því gengið mun lengra en þessi áætlun gerði ráð fyrir þannig að hún hafði ekkert gildi fyrir þá að þessu leyti. Íslendingar gerðu fyrirvara við þessi áform á grundvelli þess að uppbygging hagkerfisins væri ólík því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt var augljóst að afnám hafta á fjármagnshreyfingum var skemmra á veg komið hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og skrefin sem stíga átti því stærri hér á landi. Á fundi á Álandseyjum í nóvember 1989 ákváðu fjármálaráðherrar Norðurlanda að ganga mun lengra en tiltekið er í efnahagsáætluninni og afnema öll höft á fjármagnshreyfingum í síðasta lagi 1. júlí 1990, þ.e. sama dag og þróaðri ríki EB yrðu að hafa gert hið sama. Í samræmi við fyrri afstöðu var gerður fyrirvari við þessa dagsetningu af Íslands hálfu.

Svíar hófu að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum í apríl 1986. Í júlí 1989 stigu þeir síðustu skrefin á þeirri braut þegar fjölmargar hömlur voru afnumdar í einu vetfangi. Er nú svo komið að einungis beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru háð ýmsum takmörkunum, svo og heimildir einstaklinga til að eiga innlánsreikninga í erlendum bönkum. Ráðgert er að afnema þessar hömlur á árinu 1992.

Norðmenn afnámu hömlur á fjármagnshreyfingum í mörgum skrefum. Það gekk þó ekki áfallalaust. Í nóvember 1984 urðu þeir t.d. að takmarka á ný heimildir erlendra aðila til að kaupa innlend skuldabréf en vegna hárra vaxta í Noregi streymdi fjármagn í miklum mæli til landsins. Á árunum 1986 og 1987 urðu þeir að takmarka á ný mögu-

leika innlendra aðila til að fjárfesta í tilteknum fjárfestingarsjóðum í útlöndum vegna ótta við undanskot frá skatti í Noregi. Þessum hömlum var aflétt á ný árið 1989. Í júní 1990 afnámu Norðmenn svo flestallar hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem enn voru til staðar. Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru þó enn háð ýmsum takmörkunum og innlendum aðilum er óheimilt að kaupa aðrar tryggingar en vátryggingar af erlendum tryggingafélögum.

Finnar hafa einnig kosið að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum í áföngum bæði vegna þess að þeir bjuggu lengi við ófullburða fjármagnsmarkað sem var illa í stakk búinn til að mæta erlendri samkeppni og til að forðast of mikla röskun á gjaldeyris- og fjármagnsmarkaði. Í september 1989 og í ársbyrjun 1991 var aflétt flestum gjaldeyrishöftum sem enn voru í gildi. Í október 1991 var svo skrefið nánast stigið til fulls þegar takmarkanir á erlendum lántökum einstaklinga voru afnumdar. Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru þó enn háð ýmsum takmörkunum.

Evrópskt efnahagssvæði.

Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er í meginatriðum ákveðið að reglur EB á sviði gjaldeyrismála gildi um svæðið allt. Það þýðir að engar hömlur má leggja á gjaldeyrisviðskipti í tengslum við inn- og útflutning vöru og þjónustu, ferðalög og búferlaflutninga og fjármagnshreyfingar. Þó er heimilt, rétt eins og gildir innan EB, að viðhalda takmörkunum sem verið hafa á kaupum á íbúðarhúsnæði sem eingöngu er notað hluta úr ári, svo sem sumarbústöðum. Ákvæði samningsins um frelsi í gjaldeyrismálum veldur EFTA-ríkjunum, að Íslandi undanskildu, litlum sem engum vandkvæðum því að þau hafa nú þegar afnumið svo til allar hömlur á því sviði. Hins vegar sömdu EFTA-ríkin um aðlögunartíma vegna fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og fasteignum. Þannig er Íslandi áskilinn þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku samningsins vegna fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og fasteignum. Eftir þann tíma mega lög hér á landi ekki frekar en í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu mismuna á milli innlendra og erlendra aðila hvað þessi atriði varðar. Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða er þó undanþegin ákvæðum samningsins og lögbundið bann við slíkri fjárfestingu má standa um ótakmarkaðan tíma. Þá nýtur Ísland einnig tveggja ára aðlögunartíma til að aflétta hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns.

4. Áhrif af rýmkun gjaldeyrisreglna 1990.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans hefur rýmkun á gjaldeyrisreglum árið 1990 ekki enn sem komið er haft umtalsverð áhrif á fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Sem dæmi má nefna að bein fjárfesting innlendra aðila erlendis umfram beina fjárfestingu erlendra aðila hér á landi á síðasta fjórðungi ársins 1990 nam um 344 m.kr. og 160 m.kr. allt árið. Á árinu 1991 snerist þetta við og bein fjárfesting erlendra aðila hér á landi varð 820 m.kr. hærri en beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Fasteignakaup innlendra aðila erlendis námu á árinu 1991 um 143 m.kr. umfram fasteignakaup erlendra aðila hér á landi samanborið við 68 m.kr. árið 1990. Þá hafa innlendir aðilar ekki reynst ginnkeyptir fyrir verðbréfum í erlendri mynt. Fyrstu sex mánuði ársins 1991 námu kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis um 230 m.kr. umfram kaup erlendra aðila á verðbréfum hér á landi en á síðara helmingi ársins snerist þetta við. Allt árið námu kaup erlendra aðila á verðbréfum hér á landi um 1.300 m.kr. hærri fjárhæð en kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis. Á þessu sviði hefur því hingað til verið um innstreymi fjármagns að ræða en ekki útstreymi.

5. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjölmargar breytingar verði gerðar á skipan gjaldeyris- og viðskiptamála hér á landi. Breytingarnar þjóna þríþættum tilgangi. Í fyrsta lagi að færa reglur á þessu sviði til samræmis við það sem gerist og gengur í helstu samkeppnislöndunum þannig að gjaldeyrisreglur skerði ekki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Í öðru lagi að rýmka gjaldeyrisreglurnar svo að hér á landi geti þróast gjaldeyrismarkaður með eðlilegum hætti þar sem framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri hefur áhrif á gengi krónunnar. Breytingar í þá átt eru í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum sem kynnt var 3. október 1991. Í þriðja lagi eru gjaldeyrislögin með þessum breytingum samræmd ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði á þessu sviði.

Helstu breytingar frá gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála eru þessar:

1. Lagt er til að skilið verði á milli gjaldeyrismála annars vegar og innflutningsmála hins vegar og að sett verði sérstök lög um gjaldeyrismál og önnur um innflutningsmál. Í þessu sambandi má nefna að gjaldeyrisviðskipti má í æ ríkari mæli rekja til fjármagnshreyfinga í stað milliríkjaviðskipta með vöru og þjónustu. Því þykir eðlilegt að skilja á milli gjaldeyrismála og innflutningsmála, rétt eins og lagaákvæði um útflutningsmál eru ekki tengd lagaákvæðum um gjaldeyrismál.
2. Lagt er til að sú meginregla gildi að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skuli vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum. Í þessu felst sú grundvallarbreyting að í stað núverandi reglu um að gjaldeyrisviðskipti séu háð leyfum, nema annað sé sérstaklega tekið fram, mun í framtíðinni gilda sú meginregla að gjaldeyrisviðskipti skuli vera óheft nema þau séu sérstaklega takmörkuð í lögum.
3. Í megintexta frumvarpsins og í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að allt til þess tíma er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar, en þó ekki lengur en til ársloka 1993 og ársloka 1994, geti viðskiptaráðherra ákveðið með reglugerð takmarkanir á þeim flokkum fjármagnshreyfinga sem taldir eru upp í viðkomandi lagagrein og ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin taka mið af ákvæðum í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði og þeim aðlögunarfresti sem Íslandi er heimilaður í samningnum. Í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, kemur nánar fram hvaða hömlur ráðgert er að verði við lýði eftir gildistöku frumvarpsins. Þær varða einkum:
   a. Viðskipti með erlend verðbréf til lengri tíma en eins árs (hömlur felldar niður í árslok 1992).
   b. Skammtímahreyfingar fjármagns aðrar en skammtímalántökur í tengslum við milliríkjaviðskipti með vöru og þjónustu (hömlur felldar niður í áföngum til ársloka 1994).

c. Beinar fjárfestingar í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, fjárfestingu erlendra aðila í fasteignum, sbr. lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og fjárfestingu erlendra aðila í hlutabréfum. Hömlur á þessum sviðum taka mið af ákvæðum fyrrgreindra laga. Samkvæmt ákvæði í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði verður að afnema flestar þeirra í síðasta lagi í árslok 1995. Það skal undirstrikað að ákvæðin um þessi atriði í reglugerðardrögunum endurspegla núgildandi orðalag fyrrgreindra laga. Verði frumvarp þetta að lögum mun reglugerðin að sjálfsögðu endurspegla ákvæði þágildandi laga á þessum sviðum.

Þegar við gildistöku laganna verða því felldar brott allar gildandi hömlur á yfirfærslum vegna ferða- og námskostnaðar, fjárfestingu innlendra aðila í atvinnurekstri erlendis og fasteignakaupum erlendis. Sama gildir um hömlur á erlendum lántökum til lengri tíma en eins árs hvort sem þær tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu eða ekki. Jafnframt verða engar hömlur á skammtímalántökum í tengslum við milliríkjaviðskipti með vöru og þjónustu. Á sama tíma verður stigið fyrsta skrefið í afnámi hafta á öðrum skammtímahreyfingum fjármagns.

Frá og með 1. janúar 1993 er ráðgert að allar hömlur á viðskiptum með langtímaverðbréf hverfi og að 1. janúar 1994 taki gildi annar áfangi í afnámi hafta á skammtímahreyfingum fjármagns. Ráðgert er að allar hömlur á því sviði falli niður frá og með 1. janúar 1994.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rýmkun á gjaldeyrishöftum gildi án mismununar gagnvart þegnum allra ríkja. Þessari meginreglu hefur verið fylgt við afnám gjaldeyrishafta á liðnum árum og öll rök mæla með því að svo verði áfram. Er það einnig í samræmi við stefnu OECD. Þó skal bent á að samkvæmt samþykktum OECD væri aðildarríkjum EB, EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins heimilt að hafa rýmri ákvæði í gjaldeyrisreglum sínum gagnvart þegnum annarra aðildarríkja þessara samtaka en gagnvart þegnum ríkja utan þeirra. Nokkur af aðildarríkjum EB hafa nýtt sér þann rétt en ekkert EFTA-ríkjanna.

4. Í frumvarpinu er svokallað öryggisákvæði sem heimilar Seðlabankanum að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að ákveða tímabundna stöðvun tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga ef fjármagnshreyfingar til og frá landinu valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Þeir flokkar fjármagnshreyfinga, sem unnt verður að hefta samkvæmt þessu ákvæði, eru taldir upp í frumvarpinu. Ákvæði af þessu tagi er heimilt samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði.
5. Í núgildandi lögum er viðskiptaráðuneytinu falið forræði á sumum sviðum gjaldeyrismála og Seðlabankanum á öðrum, t.d. verðbréfa- og fasteignakaup Íslendinga erlendis og lán til erlendra aðila. Þetta er óheppilegt. Því er lagt til að verkaskipting viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankans verði með þeim hætti að ráðuneytið setji allar meginreglur á sviði gjaldeyrismála og Seðlabankinn setji nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta og annist daglega framkvæmd á þessu sviði. Því er gert ráð fyrir að Seðlabankinn, en ekki ráðuneytið, veiti undanþágur frá þeim takmörkunum sem gilda hverju sinni um gjaldeyrisviðskipti.
6. Lagt er til að heimildir til að stunda gjaldeyrisviðskipti fyrir þriðja aðila verði rýmkaðar frá því sem nú er. Í gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum um Seðlabanka Íslands er, auk Seðlabanka Íslands, viðskiptabönkum, sparisjóðum, Lánastofnun sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnuninni heimilað að stunda gjaldeyrisviðskipti innan marka sem Seðlabankinn ákveður að

fengnu samþykki ráðherra. Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að telja upp mismunandi flokka stofnana eða einstakar stofnanir sem hafa heimild til að stunda gjaldeyrisviðskipti. Þess í stað verði lögfest almennt ákvæði þar sem fram kemur með hvaða hætti unnt er að öðlast leyfi til að stunda gjaldeyrisviðskipti: í fyrsta lagi með heimild í lögum, í öðru lagi með heimild í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Sem dæmi má nefna að í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er kveðið á um að starfsleyfi lánastofnana í heimalandi þeirra, þar á meðal leyfi til gjaldeyrisviðskipta, gildi einnig hér á landi. Í þriðja lagi er lagt til að Seðlabankinn geti veitt öðrum aðilum leyfi til að stunda gjaldeyrisviðskipti.

7. Lagt er til að heimildir til að hafa milligöngu um viðskipti milli innlendra og erlendra aðila með verðbréf verði rýmkaðar frá því sem nú er. Samkvæmt auglýsingu Seðlabankans frá 14. desember 1990 um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt er einungis aðilum að Verðbréfaþingi Íslands heimilað að hafa milligöngu um slík viðskipti. Á þeim tíma þótti eðlilegt að takmarka viðskiptin við þann hóp þar sem viðskipti með verðbréf í erlendri mynt voru nýjung og aðilar að Verðbréfaþingi Íslands voru taldir búa yfir mestri þekkingu á þessu sviði. Með auknu frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum þykir hins vegar óeðlilegt að takmarka heimild til að hafa milligöngu um þessi viðskipti við svo þröngan hóp. Nú er lagt til að lögfest verði heimild til ráðherra til að ákveða í reglugerð hvort þessum viðskiptum skuli beint í ákveðinn farveg. Jafnframt verði heimilt að undanþiggja í reglugerðinni ákveðna flokka lögaðila, t.d. viðskiptabanka, sparisjóði og fjárfestingarlánasjóði, kröfunni um að þurfa milligöngu annarra aðila um viðskipti af þessu tagi. Þá er heimilt að kveða á um að Seðlabankinn geti veitt einstökum lögaðilum undanþágu frá þessari kröfu. Þar gæti t.d. verið um að ræða lögaðila sem hyggst kaupa allt hlutafé í lögaðila erlendis.
8. Lagt er til að áfram gildi upplýsingaskylda vegna gjaldeyrisviðskipta þótt gjaldeyrishöft hverfi. Hins vegar er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði um rannsóknar- og úrskurðarvald gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands í meintum brotum á gjaldeyrisreglunum eins og eru í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979. Annars staðar á Norðurlöndum er gengið út frá þeirri meginreglu að öll gjaldeyrisviðskipti séu tilkynningarskyld þótt gjaldeyrisleyfis sé ekki lengur krafist.
9. Lagt er til að lögskipuð samstarfsnefnd um gjaldeyrismál verði lögð niður. Í drögum að reglugerð er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar samráðsnefnd um gjaldeyrismál til að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra. Ætla má að þörf fyrir samráðsnefnd af þessu tagi sé mest á meðan frelsi í gjaldeyrismálum er að festast í sessi.
10. Í frumvarpinu er lagt til að þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, hafi til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld fyrir slíka þjónustu. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um samningskjör vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga. Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að setja slíkar reglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru helstu hugtök skilgreind. Í samræmi við þá stefnu, sem fylgt er hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og í aðildarríkjum hennar, er búseta einstaklings og heimili lögaðila lögð til grundvallar skilgreiningu á því hver telst vera innlendur eða erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Benda má á sambærilegar skilgreiningar í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og reglugerð nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Rétt er að benda á að í fyrrnefndum lögum um fjárfestingu erlendra aðila eru útibú erlendra lögaðila hér á landi talin til erlendra aðila en samkvæmt skilgreiningu í þessu frumvarpi teljast þeir til innlendra aðila. Er það í samræmi við stefnu OECD og gjaldeyrisreglur í öðrum ríkjum. Þetta veldur engum vandkvæðum í ákvæðum þessa frumvarps en hins vegar þarf að gæta þess svo að ekki valdi misskilningi að í ákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi í reglugerð um skipan gjaldeyrismála verði tekið fram að skilgreining laganna um fjárfestingu erlendra aðila gildi á því sviði.

Rétt er að vekja athygli á því að það fer eftir búsetu útgefanda hvort verðbréf eru flokkuð sem innlend eða erlend en ekki myntinni sem verðbréfið er gefið út í. Þannig er verðbréf ávallt innlent ef aðili búsettur hér á landi gefur það út og gildir þá einu hvort það er gefið út hér á landi, erlendis, í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þessar skilgreiningar eru í samræmi við skilgreiningar OECD. Bent skal á að í daglegu tali hér á landi eru verðbréf hins vegar iðulega flokkuð eftir myntinni eða útgáfustaðnum.

Svipað gildir um erlend lán. Í samræmi við notkun hugtaka í þessu frumvarpi er um að ræða erlent lán þegar innlendur aðili fær lán hjá erlendum aðila. Mynt lánsins ræður hér engu um. Í þeim tilvikum, þegar innlendur aðili tekur lán hjá erlendum aðila og endurlánar lánsféð öðrum innlendum aðila, telst fyrra lánið erlent lán en hið síðara innlent.

Um 2. gr.

Í þessari grein kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að öll gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu og fjármagnshreyfinga skuli vera óheft. Til samræmis við skuldbindingar Íslands gagnvart OECD er einnig tekið fram að fjármagnshreyfingarnar sjálfar skuli vera óheftar. Hér er í rauninni um aðskildar athafnir að ræða rétt eins og reglur um innflutning vöru eru ótengdar reglum um greiðslur milli landa fyrir þær.

Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að aflétta öllum hömlum á gjaldeyrisviðskiptum vegna vöru- og þjónustuviðskipta. Hið sama gildir um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Svipað gildir einnig gagnvart OECD vegna samþykkta stofnunarinnar frá 1961 þótt ekki sé þar um jafnafdráttarlausa skuldbindingu að ræða. Í annarri samþykktinni er kveðið á um afnám hafta á þjónustuviðskiptum og gjaldeyrisviðskiptum vegna þeirra. Í hinni er kveðið á um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Um frávik frá reglunni um óheft gjaldeyrisviðskipti er fjallað í 3.–5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði svokallað öryggisákvæði. Óvenjulegar aðstæður, svo sem horfur í vaxtamálum og gengisbreytingum, leiða iðulega til þess að fjármagn streym-

ir skyndilega til eða frá landi í von um skjótfenginn hagnað. Skyndihreyfingar fjármagns geta haft afar óæskileg áhrif á innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað og skapað þar umrót og óvissu. Ótal dæmi eru um spákaupmennsku af þessu tagi í nágrannaríkjunum. Í flestum tilfellum geta seðlabankar stemmt stigu við fjármagnsflæðinu með almennum aðgerðum, einkum kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og vaxtabreytingum. Sú staða getur hins vegar komið upp að slíkar aðgerðir dugi ekki og fjármagnsflæðið verði ekki stöðvað nema með því að binda það höftum. Því er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt að grípa til aðgerða af því tagi að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið en einungis á sviði skammtímahreyfinga fjármagns. Ákvæði af þessu tagi eru heimil samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 4. gr.

Í þessari grein er tryggt samræmi á milli laga og reglugerða um gjaldeyrismál og laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þetta er gert til að gjaldeyrisreglur endurspegli að fullu þær takmarkanir sem fyrrgreind lög setja á þessum sviðum.

Til að taka af allan vafa er í 2. mgr. lagt til að ekki megi setja skorður við flutningi erlendra aðila á fé til útlanda við sölu á eignarhlut í atvinnufyrirtæki, slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

Rétt er að benda á að samkvæmt lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, teljast öll kaup erlendra aðila á eignarhlut í innlendu félagi til beinnar fjárfestingar í atvinnurekstri og falla því undir ákvæði laganna. Þetta er í andstöðu við skilgreiningar OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og flestra annarra ríkja í þessum efnum. Yfirleitt teljast kaup á hlutabréfum upp að ákveðnu marki, t.d. 10% af hlutafé, ekki til beinnar fjárfestingar heldur til óbeinnar fjárfestingar og lúta því sömu reglum og önnur verðbréfakaup. Að óbreyttum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verða því að gilda strangar reglur um kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum, jafnvel í þeim tilvikum þegar um er að ræða óbeina fjárfestingu (verðbréfafjárfestingu) af þeirra hálfu en ekki áhuga á að seilast til áhrifa í íslensku atvinnulífi.

Um 5. gr.

Samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði er Íslandi heimilt að viðhalda allt til 1. janúar 1995 hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns sem taldar eru upp í viðauka II við EB-tilskipunina um fjármagnshreyfingar (88/361/EBE). Þessir flokkar skammtímahreyfinga eru taldir upp í 1. mgr. greinarinnar og er viðskiptaráðherra heimilað að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um einhverja eða alla flokka þessara skammtímahreyfinga til loka aðlögunartímans. Í 2. mgr. er sambærilegt ákvæði um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris.

Í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál, sem birt er í fylgiskjali, kemur fram í 7.–15. gr. að fyrirhugað er að allar hömlur á þessu sviði falli úr gildi 1. janúar 1995. Er það í samræmi við þann aðlögunarfrest sem gefinn er í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þær aðstæður kynnu hins vegar að skapast síðar að ekki þætti ástæða til að nýta aðlögunarfrestinn til fulls.

Um 6. gr.

Ákvæði af þessu tagi eru í gjaldeyrisreglum fjölmargra ríkja og eru heimil samkvæmt reglum OECD og samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 7. gr.

Í þessari grein er í fyrsta lagi lagt til að Seðlabankinn geti veitt undanþágur frá þeim takmörkunum á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum sem settar kunna að verða. Í þessu felst mikilvæg breyting frá núverandi fyrirkomulagi. Vegna ákvæða í gildandi gjaldeyrislögum um valdsvið viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankans veitir ráðuneytið undanþágur í sumum tilvikum og Seðlabankinn í öðrum. Þannig veitir t.d. ráðuneytið leyfi til að taka erlend lán en Seðlabankinn undanþágur frá reglum um fasteignakaup innlendra aðila erlendis og kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis. Nú er lagt til að dagleg framkvæmd í gjaldeyrismálum, þar á meðal veiting undanþágna, sé í höndum Seðlabankans. Rétt er að benda á að frá og með 1. janúar 1995 verður búið að aflétta öllum hömlum og upp frá því ekki um neinar undanþágur að ræða nema því aðeins að öryggisákvæðinu skv. 3. gr. frumvarpsins sé beitt.

Í öðru lagi er lagt til að innheimt verði 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Í 14. gr. núgildandi gjaldeyrislaga er heimild til að innheimta allt að 2% leyfisgjald samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Gjaldið hefur um langt skeið verið 1% og er lagt til að það hlutfall verði lögfest.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um þá aðila sem heimilt er að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri hér á landi. Það eru Seðlabankinn, þeir aðilar sem til þess hafa heimild í lögum, t.d. bankar og sparisjóðir, þeir aðilar sem heimild hafa til þess í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og þeir aðilar sem hafa fengið leyfi frá Seðlabankanum. Með alþjóðlegum samningum er fyrst og fremst verið að vísa til samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Ákvæðið ber að túlka þannig að þar sé átt við aðila sem hafa það að meginstarfsemi að versla við almenning með erlendan gjaldeyri eða þar sem slík viðskipti eru eðlilegur hluti af starfseminni. Ákvæðið nær því einkum til banka, sparisjóða og annarra sambærilegra stofnana. Einnig má hugsa sér að í framtíðinni hafi ferðaskrifstofur áhuga á viðskiptum af þessu tagi og að sérstakar skiptistöðvar fyrir erlendan gjaldeyri verði settar á laggirnar. Ákvæðið nær hins vegar ekki til viðskipta í verslunum þegar erlendur ferðamaður greiðir fyrir vöru með erlendum gjaldeyri né til annarra slíkra viðskipta.

Um 9. gr.

Í núgildandi reglum um viðskipti með erlend verðbréf er kveðið á um að einungis aðilar að Verðbréfaþingi Íslands megi hafa milligöngu um þau. Var það talin eðlileg krafa þegar þessi viðskipti voru heimiluð á árinu 1990. Slíkt ákvæði er andstætt samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Hins vegar væri unnt að útiloka aðila utan Evrópska efnhagssvæðisins frá því að hafa milligöngu um viðskipti af þessu tagi hér á landi. Í greininni er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð hvort þessum viðskiptum skuli beint í tiltekinn farveg. Sé það gert þykir nauðsynlegt að hafa ótvíræð lagaákvæði um að í reglugerðinni megi undanskilja einstaka flokka lögaðila, t.d. viðskiptabanka, sparisjóði og fjárfestingarlánasjóði, kröfunni um milligöngu annarra aðila. Í öðru lagi er tekið fram að í reglugerðinni megi kveða á um að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga millliliðalaus verðbréfaviðskipti við erlenda aðila. Dæmi um slíkt er þegar lögaðili fjárfestir í atvinnurekstri erlendis með kaupum á hlutabréfum eða hefur sjálfur til að bera mikla þekkingu á verðbréfaviðskiptum.

Um 10. gr.

Hér er um nýjung að ræða í íslenskum gjaldeyrisreglum. Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði eru m.a. tilmæli til aðildarríkjanna um að setja reglur um upplýsingar sem veita verður viðskiptavinum um kostnað og önnur kjör í gjaldeyrisviðskiptum og úrskurð deilumála sem kunna að rísa af þessu tilefni. Tilgangurinn er sá að viðskiptavinir hafi ávallt möguleika til að kynna sér fyrir fram þann kostnað sem af viðskiptunum hlýst. Ekki þykir ástæða til að lögfesta þessar reglur og er því gert ráð fyrir að þær verði settar með reglugerð.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu til að veita upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti. Lagt er til að ákvæðið þar að lútandi verði afdráttarlaust. Jafnframt er ákvæði þess efnis að Seðlabankinn geti sett nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga í eigu innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

Í flestum tilvikum mun upplýsingaskyldunni verða fullnægt með þeim hætti að viðskiptavinur fyllir út eyðublað í banka eða sparisjóði með lágmarksupplýsingum rétt eins og gildir um fjölmörg svið innlendra viðskipta. Upplýsingar um heildargjaldeyrisviðskipti dagsins samkvæmt helstu flokkum ganga síðan til Seðlabankans. Í öðrum tilvikum verður gerð sú krafa að tilkynna verður einstök viðskipti. Á þetta sérstaklega við um opnun bankareikninga erlendis og notkun þeirra. Er talið eðlilegt að lögfesta ekki framkvæmdaratriði af þessu tagi heldur fela Seðlabankanum að setja reglur þar að lútandi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er það einungis að hluta til flutt vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt vegna áframhaldandi frjálsræðisþróunar í gjaldeyrismálum hér á landi, einkum þróun frjáls gjaldeyrismarkaðar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að hafa aflétt hömlum á þeim fjármagnshreyfingum sem taldar eru upp í ákvæðinu og gjaldeyrisviðskiptum vegna þeirra við gildistöku samningsins. Hér er því lagt til að frá þeim tíma, sem lögin taka gildi þar til samningurinn tekur gildi, en þó ekki lengur en til 1. janúar 1994, geti viðskiptaráðherra með reglugerð ákveðið að hömlur gildi á þessu sviði. Þykir eðlilegt að búa svo um hnútana þar sem gildistaka frumvarpsins er ekki miðuð við gildistöku samningsins hér á landi. Hins vegar þykir engin ástæða til að lagaheimildin fyrir þessum höftum geti staðið lengur en til ársloka 1993 enda gert ráð fyrir því í núgild-

andi gjaldeyrisreglum að hömlur á þessu sviði falli niður í lok þessa árs. Fyrirhugaðar reglur koma fram í 6. gr. í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál sem birt er í fylgiskjali með frumvarpinu. Er þar eingöngu um að ræða hömlur á viðskiptum með langtímaverðbréf og taka þær mið af núgildandi reglum á því sviði, sbr. auglýsingu Seðlabankans um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt frá 14. desember 1990.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Drög.

Reglugerð um gjaldeyrismál.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda. Til erlendra aðila teljast m.a. starfsmenn erlendra sendiráða hér á landi sem eru erlendir ríkisborgarar og varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Sama gildir um skyldulið þessara aðila sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum (á ensku: forward contract, futures), viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum, option) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum (swap),
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,
4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins, þar á meðal lántaka með sérstökum skilyrðum, sbr. 39. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum, sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

II. KAFLI
Meginreglur um gjaldeyrisviðskipti.

2. gr.
Óheft gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Bein fjárfesting erlendra aðila hér á landi.

Erlendum aðilum er heimilt innan þeirra marka, sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Um skilgreiningu á erlendum aðila í þessu sambandi fer eftir lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og teljast því hérlend útibú erlendra lögaðila til erlendra aðila.

Takmarkanir á beinum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eru:

1. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.
2. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.
4. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
5. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmd mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati Seðlabankans. Sé um að ræða

erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Erlendum aðila er jafnframt heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

4. gr.

Hlutabréfaviðskipti erlendra aðila.

Kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum eru háð sömu takmörkunum og beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og 3. gr. þessarar reglugerðar:

1. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
2. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er leggur stund á vinnslu sjávararfurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Hins vegar telst umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu ekki til vinnslu í þessu sambandi.
3. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er á eða eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um félag sem stundar orkuvinnslu eða orkudreifingu.
4. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar flugrekstur hér á landi ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 49%.
5. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í íslenskum viðskiptabanka ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 25%.
6. Kaup erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis á hlutabréfum í innlendu félagi eru óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári skulu kaup á hlutabréfum umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmd mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabankanum öll kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til kaupa erlends aðila á hlutabréfum í félagi sem hann hefur ekki átt í áður og kaupa á viðbótarhlutafé í slíku félagi. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati bankans. Tilkynningarskyldan hvílir á viðkomandi félagi.

5. gr.

Fasteignaviðskipti erlendra aðila hér á landi.

Um heimildir erlendra aðila til að kaupa eða öðlast afnotarétt yfir fasteignum hér á landi fer eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. 8. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

1. Ef um er að ræða einstakling þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
2. Ef um er að ræða félag þar sem hver eigandi ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
3. Ef um er að ræða félag þar sem sumir eigenda bera fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
4. Ef félag er þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins eða stofnun skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef um er að ræða aðila sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., en hefur rétt til að þess að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- eða afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

Óheimilt er innlendum aðila að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti erlendra aðila vegna kaupa eða leigu á fasteign nema framvísað sé samningi, afsali eða öðrum heimildarskjölum með áritun dómsmálaráðuneytisins.

Erlendum aðila er heimilt við sölu á eignarhlut sínum í fasteign hér á landi að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

6. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend langtímaverðbréf.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlend hlutabréf, skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga a.m.k. að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskír-

teini verðbréfasjóða sem fjárfesta í langtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
4. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 150.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1993 falla ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. úr gildi.

7. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend skammtímaverðbréf.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlend skuldabréf og víxla og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
4. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 125.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1994 hækkar fjárhæðin í 3. tölul. 1. mgr. í 1.500.000 kr. eða

jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt og fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 250.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. úr gildi.

8. gr.

Viðskipti innlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf í erlendri mynt.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa innlend skuldabréf í erlendri mynt og víxla og önnur verðbréf í erlendri mynt með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
3. Verðbréfin skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
4. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
5. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 125.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1994 hækkar fjárhæðin í 3. tölul. 1. mgr. í 1.500.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt og fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 250.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 4. og 5. tölul. 1. mgr. úr gildi.

9. gr.

Viðskipti erlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf.

Erlendum aðilum er heimilt að kaupa innlend skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem innlendir aðilar gefa út erlendis, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra.
3. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum hjá innlendum aðila þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.

4. Heildareign erlends aðila á skammtímaverðbréfum í íslenskum krónum, sem gefin eru út hér á landi, skal ekki nema hærri fjárhæð en 50.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1994 hækkar fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 100.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 4. tölul. 1. mgr. úr gildi.

10. gr.

Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.

Innlendum aðilum er heimilt að taka lán, sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu, hjá erlendum aðilum eða veita þeim lán til skemmri tíma en eins árs með eftirfarandi skilyrðum:

1. Lánið sé ekki hærra en sem nemur 3.750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu.
2. Ekki sé um að ræða endurlán frá öðrum innlendum aðila.
3. Fullkomið eintak lánasamninga, þar með talin allir viðaukar og fylgiskjöl, séu varðveitt í innlendum banka, sparisjóði, annarri lánastofnun eða Seðlabankanum.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1.–2. tölul. 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir lögaðilar, sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1994 hækkar fjárhæðin í 1. tölul. 1. mgr. í 7.500.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. úr gildi.

11. gr.

Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, skulda- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti.

Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, skulda- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti með eftirfarandi takmörkunum:

1. Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur við þá aðila sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, ef fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt. Útflytjendum vöru og þjónustu er þó heimilt að gera framvirka samninga um sölu á erlendum gjaldeyri vegna væntanlegra greiðslna frá erlendum aðilum þótt greiðslusamningur liggi ekki fyrir. Afhending eða sala erlends gjaldeyris í framvirkum viðskiptum innlendra aðila skal fara fram á sama tíma og greiðsla samkvæmt þeim greiðslusamningi sem viðskiptin byggjast á eða á þeim tíma sem ætla má að greiðsla berist frá erlendum aðila. Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur skulu ekki vera til lengri tíma en tólf mánaða vegna þjónustuviðskipta og fjármagnshreyfinga. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.
2. Innlendum aðilum, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, er heimilt að eiga hvers kyns framvirk gjaldeyrisviðskipti við innlenda sem erlenda aðila með þeim takmörkunum sem gilda um

gjaldeyrisviðskipti þessara aðila og samkvæmt reglum sem Seðlabankinn setur um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum þessara aðila. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.

3. Innlendum aðilum er heimilt að gera samninga um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum við aðra innlenda aðila eða erlenda aðila svo framarlega sem eingöngu er um að ræða samninga um tvær eða fleiri erlendar myntir, en ekki íslenskar krónur, og fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt.
4. Innlendum aðilum, sem tekið hafa erlend lán, er heimilt að stofna til mynt- og vaxtaskipta, enda sé þess gætt að samningstímabil sé ekki lengra en lánstími tiltekins erlends láns viðkomandi aðila.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

12. gr.

Reikningar í erlendum innlánsstofnunum.

Óheimilt er að opna bankareikninga í íslenskum krónum erlendis.

Innlendum aðilum er heimilt að opna bankareikninga í erlendri mynt í útlöndum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningseigandi eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.
2. Heildarinnstæður hvers innlends aðila séu að hámarki jafnvirði 3.750.000 kr. í erlendri mynt. Þessi fjárhæðarmörk falla úr gildi frá og með 1. janúar 1993.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir þeim fjárhæðarmörkum sem fram koma í 2. tölul. 2. mgr., enda sé hlutaðeigandi bankareikningur skráður hjá Seðlabankanum:

1. Eigendur íslenskra flutningstækja sem starfsrækt eru að hluta til eða að öllu leyti erlendis.
2. Innlendir aðilar sem starfrækja fyrirtæki erlendis, að því marki sem nauðsynlegt er vegna reksturs þeirra.
3. Innlend vátryggingafélög sem endurtryggja erlendis eða taka að sér tryggingar erlendis.
4. Innlendir aðilar sem fá umboðslaunatekjur erlendis.
5. Innlendar lánastofnanir.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

13. gr.

Reikningar í innlendum innlánsstofnunum.

Innlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í erlendri mynt í innlendum innlánsstofnunum, enda hafi þeir eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.

Erlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í innlendum innlánsstofnunum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningarnir skulu ávallt vera skráðir með nafni reikningseiganda og íslenskri kennitölu hans.
2. Þegar um er að ræða reikninga í íslenskum krónum skal hinn erlendi aðili hafa með höndum starfsemi hér á landi og opnun reikningsins tengjast starfseminni. Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði gegn umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 2. tölul. 2. mgr. úr gildi.

14. gr.

Inn- og útflutningur verðbréfa, peninga og dýrra málma.

Um inn- og útflutning peningaseðla, myntar, gulls og annarra dýrra málma, dýrra steina og verðbréfa fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið.

15. gr.

Sölu- og skilaskylda erlends gjaldeyris.

Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, gilda eftirfarandi reglur:

1. Henni telst fullnægt með sölu til innlends aðila sem heimild hefur til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, innan eðlilegs frests frá því að hann komst í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.
2. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri mynt í innlendri innlánsstofnun, sbr. 13. gr.
3. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri innlánsstofnun, sbr. 12. gr.
4. Henni telst fullnægt er hinum erlenda gjaldeyri er varið til að greiða kostnað erlendis.

Ráðstöfun erlends gjaldeyris skv. 1. mgr. er upplýsingaskyld til Seðlabankans samkvæmt nánari reglum sem hann setur, sbr. 20. gr.

Innlendir aðilar, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, eru undanþegnir sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris samkvæmt nánari reglum sem hann setur.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

16. gr.

Lántökur erlends stjórnvalds.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

III. KAFLI
Öryggisákvæði.

17. gr.

Tímabundin stöðvun tiltekinna fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið stöðvun í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að hans mati óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.

5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.
Leyfisgjald.

Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt frá þeim fjárhæðartakmörkunum sem gilda um fjármagnshreyfingar í II. kafla. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

19. gr.
Samráðsnefnd um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðherra skipar samráðsnefnd um gjaldeyrismál. Í henni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og þeirra aðila sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri. Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra.

20. gr.
Upplýsingaskylda.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

21. gr.
Þagnarskylda.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

22. gr.
Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál.

23. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 312/1990, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og auglýsing nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Viðskiptaráðuneytið,

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gjaldeyrismál.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Það skal tekið fram að um tekjur ríkissjóðs af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana gilda sérstök lög (lög nr. 52/1984) og hefur frumvarp þetta ekki áhrif á þau.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um innflutning.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

2. gr.

Þegar undanþágur eru veittar frá innflutningshömlum skal innheimt sérstakt 1% gjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Gjaldið skal innheimt af þeim aðila sem hefur milligöngu um gjaldeyrissölu vegna innflutningsins. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innflutningur á burstum og öðrum hliðstæðum vörum, sem framleiddar eru á vinnustofum blindra hér á landi, sé háður takmörkunum og að undanþágur frá þeim séu háðar leyfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um gjaldeyrismál. Lagt er til að þau komi í stað núgildandi laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979. Í þeim lögum er bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Nú er lagt til að þessir tveir málaflokkar verði aðskildir í lögum þar sem gjaldeyrismál tengjast í æ ríkara mæli ýmiss konar fjármagnshreyfingum fremur en greiðslum fyrir innflutning og lántökum vegna hans.

Frumvörpin voru fyrst lögð fram á 115. löggjafarþingi. Þau voru ekki tekin til umræðu. Þau eru nú lögð fram að nýju með örlitlum breytingum.

Gjaldeyris- og innflutningsreglur hér á landi hafa smám saman verið rýmkaðar og stærsta skrefið í þá átt síðan 1960 var stigið 1. september 1990 þegar ný reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tók gildi og 15. desember 1990 þegar reglur Seðlabanka Íslands um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt tóku gildi.

Gjaldeyrisreglurnar, sem giltu hér á landi fram að þeim tíma, mátti í ýmsum atriðum rekja til kreppuáranna á fjórða áratugnum og fyrstu áranna eftir síðari heimsstyrjöldina. Á þeim tíma þótti nauðsyn bera til að taka upp strangt eftirlit á sviði gjaldeyrismála og hafa hönd í bagga með því hvernig erlendum gjaldeyri, sem þjóðin aflaði, var ráðstafað.

Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, „viðreisnarstjórnin“, komst til valda árið 1960 urðu umskipti í gjaldeyrismálum þjóðarinnar þegar gjaldeyrisleyfi vegna innflutnings voru að stórum hluta afnumin og komið á fót því innflutningsfrelsi sem ríkt hefur síðan.

Í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979 kemur fram sú meginregla að innflutningur skuli ekki háður leyfum nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, reglugerðum eða auglýsingum. Listi yfir þær vörur, sem háðar eru innflutningsleyfi,

hefur styst smátt og smátt. Landbúnaðarvörur hafa löngum verið meginuppistaða hans. Á síðari árum hafa einnig verið á listanum ýmsar olíuvörur, bensín og ýmiss konar burstar. Hinn 1. janúar 1991 var bensín fellt út af listanum. Í október 1991 hurfu nokkrar tegundir bursta og pensla. Frá og með 1. janúar 1992 voru brennsluolíur, gasolíur og jarðolíur felldar út af listanum. Eftir eru á listanum fjölmargar landbúnaðarvörur auk tveggja vöruflokka af burstum. Með innflutningstakmörkunum á burstum er verið að vernda framleiðslu Blindrafélagsins.

Efnisatriði þessa frumvarps eru nánast þau sömu og innflutningsákvæðanna í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þó hefur verið fellt niður ákvæði þess efnis að við setningu reglugerða eða auglýsinga um innflutningsmál skuli haft samráð við Seðlabanka Íslands, enda falla innflutningsmál ekki undir starfssvið hans eftir að skilið hefur verið á milli gjaldeyris- og innflutningsmála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 1. málsl. 1. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Með henni er innflutningsfrelsi lögfest. Í lögunum frá 1979 er einungis fjallað um innflutning á vöru en nú þykir rétt að leggja til að einnig verði lögfest að innflutningur þjónustu til landsins sé óheftur. Þá hefur verið fellt niður ákvæði í lögunum frá 1979 um að við setningu reglugerða eða auglýsinga um innflutningsmál skuli haft samráð við Seðlabanka Íslands, enda falla innflutningsmál ekki undir starfssvið hans eftir að innflutningsmál hafa verið skilin frá gjaldeyrismálum.

Lagt er til að einungis verði unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með stoð í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Dæmi um þetta eru ákvæði um innflutningstakmarkanir á búvöru og dýrum í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, svo og innflutningstakmarkanir í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að innflutningsleyfis sé ekki þörf þegar um er að ræða innflutning á vöru fyrir sendiráð erlendra ríkja og annarra sem samkvæmt lögum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þessa efnis hefur hingað til verið í reglugerð, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Rétt þykir hins vegar að lögfesta undanþágu af þessu tagi. Það er þó tekið fram að ákvæðið eigi ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

Um 2. gr.

Efnisatriði þessarar greinar samsvarar 14. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í þeim lögum er þó kveðið á um að gjaldið geti numið allt að 2% af fjárhæð leyfa og að ríkisstjórnin ákveði hvernig tekjum af því skuli varið. Gjaldið hefur um langt skeið verið 1% og hér er lagt til að það hlutfall verði lögfest. Þriðjungur af tekjum af gjaldinu ásamt þriðjungi af tekjum af gjaldi fyrir gjaldeyrisleyfi hefur á undanförnum árum runnið til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál til að standa undir ýmsum kostnaði við útgáfu og skráningu leyfa, skýrslugerðir og þróun hugbúnaðar en afgangurinn hefur runnið í ríkissjóð. Hér er lagt til að tekjur af gjaldinu renni beint í ríkissjóð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í frumvarpi til laga um gjaldeyrismál er kveðið á um brottfall laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er viðskiptaráðherra heimilað að víkja frá meginreglu laganna um innflutningsfrelsi og setja í reglugerð takmarkanir á innflutningi bursta og hliðstæðra vara sem framleiddar eru í vinnustofum blindra hér á landi. Innflutningstakmarkanir af þessu tagi hafa tíðkast um langt skeið og í samningsdrögum um Evrópskt efnahagsvæði er Íslandi heimilað að viðhalda slíkum takmörkunum þrátt fyrir meginreglu samningsins um innflutningsfrelsi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um innflutning.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Gjaldtaka skv. 2. gr. frumvarpsins er samhljóða núgildandi framkvæmd á 14. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en þau lög falla úr gildi þegar frumvarp þetta verður að lögum.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um vog, mál og faggildingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um vog og mál, faggildingu og löggildingu mælitækja og vigtarmanna innan íslenskrar efnahagslögsögu.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Eftirlit merkir athugun á vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða verksmiðju til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur eða almennar kröfur og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

Kvörðun merkir röð aðgerða sem staðfesta við tilgreindar aðstæður sambandið milli gilda sem mælitæki eða mælibúnaður sýnir eða gilda sem áþreifanlegur mælikvarði táknar og tilsvarandi þekktra gilda þess sem mælt er.

Landsmæligrunnur merkir opinbera viðmiðun allra annarra mæligrunna í landinu.

Löggilding merkir aðgerð til að tryggja og staðfesta að mælitæki og vigtarmenn fullnægi í einu og öllu kröfum laga og reglugerða.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferils eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Tilnefndur aðili merkir prófunarstofu, vottunarstofu eða eftirlitsaðila sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins (EB) og samkomulagi aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi frá 15. júní 1988 (Tampere-samkomulaginu).

Vottun merkir aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

II. KAFLI
Mælieiningar og landsmæligrunnar.

3. gr.

Á Íslandi skal nota alþjóðlega einingakerfið sem skilgreint er af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað að notaðar séu mælieiningar utan alþjóðlega einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega einingakerfinu.

Mælieiningar samkvæmt þessari grein nefnast lögformlegar mælieiningar.

4. gr.

Í landinu skulu vera til nauðsynlegir landsmæligrunnar. Þeir skulu eiga ætt sína að rekja til alþjóðlegra frummæligrunna eins og þeir eru skilgreindir af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál. Landsmæligrunnarnir skulu vera grundvöllur allra annarra mæligrunna hér á landi og kvörðunarvottorða.

III. KAFLI
Löggilding mælitækja.

5. gr.

Skylt er að löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um reglubundna endurlöggildingu mælitækja. Í þeim er m.a. heimilt að undanþiggja tilteknar gerðir mælitækja ýtrustu kröfum um löggildingarhæfni. Slík mælitæki skulu þó háð eftirliti Löggildingarstofunnar.

Löggildingarstofan sker úr um hvort mælitæki séu löggildingarskyld. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofan kvað upp úrskurð sinn.

6. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu ávallt uppfylla þær mælitæknilegu kröfur sem til þeirra eru gerðar. Tækjunum skal þannig fyrir komið að hvorki umhverfi þeirra, uppsetning né aðbúnaður hindri notkun, prófun eða stillingu tækjanna. Sé þess ekki gætt má banna notkun þeirra.

7. gr.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram og hönd selur hendi og í því sambandi notuð löggildingar- eða eftirlitsskyld mælitæki skal þannig um búið að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust.

8. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu vera staðsett með þeim hætti og vera í slíku ástandi að viðskiptavinurinn geti borið traust til þeirra niðurstaðna sem tækin sýna. Merkingar og ástand mælitækja og aukabúnaðar þeirra skulu ávallt vera í fullkomnu lagi.

9. gr.

Aukabúnaður, sem tengdur er löggildingarskyldu mælitæki, skal sýna sömu mæliniðurstöðu og tækið sjálft.

Tenging hvers kyns aukabúnaðar við löggildingarskylt mælitæki, sem dregið getur úr nákvæmni þess eða búnaðarins sjálfs, er með öllu óheimil.

10. gr.

Eigendum eða vörslumönnum löggildingar- og eftirlitsskyldra mælitækja ber að sjá til þess að tækin sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nú uppfyllir löggildingar- eða eftirlitsskylt mælitæki ekki þær kröfur sem til þess eru gerðar og skal notkun þess þá bönnuð. Heimilt er Löggildingarstofunni að loka með innsigli löggildingar- eða eftirlitsskyldum mælitækjum sem notkun hefur verið bönnuð á og hafa á brott með sér slík tæki eða hluta úr þeim ef vafi leikur á að settum reglum sé fullnægt.

Óheimilt er að nota löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki nema þau beri gilt auðkenni þar að lútandi.

IV. KAFLI
Faggilding.

11. gr.

Löggildingarstofan annast faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Allir, sem þess óska, skulu geta látið faggilda starfsemi sína, enda uppfylli þeir þær kröfur sem settar eru, sbr. 12. gr.

Stofnanir og fyrirtæki, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða votta að vara, ferli eða þjónusta svo og hæfni og þekking starfsmanna uppfylli lögbundnar kröfur, skulu hafa faggildingu Löggildingarstofunnar eða hliðstæðra stofnana í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur í reglugerð heimilað að faggilding frá stofnunum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi hér á landi.

Löggildingarstofan metur tilnefnda aðila, sbr. 2. gr.

Löggildingarstofan annast hér á landi málefni sem lúta að alþjóðlegum verklagsreglum á prófunarstofum í efnafræði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð forsendur faggildingar skv. 11. gr. enda séu þær í samræmi við hliðstæðar forsendur í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerðinni skal telja upp þá staðla sem byggt skal á og birta meginreglur og sérreglur um faggildingu, vottun, prófun og eftirlit, svo og reglur um brottfall faggildingar á slíkri starfsemi.

13. gr.

Nú synjar Löggildingarstofan umsókn um faggildingu og skal synjunin þá rökstudd skriflega. Synjun má skjóta til sérstakrar úrskurðarnefndar. Hún skal skipuð einum fulltrúa hvors málsaðila og fulltrúa ráðuneytisins sem jafnframt er oddamaður.

V. KAFLI
Löggildingarstofan.

14. gr.

Löggildingarstofan er sjálfstæð ríkisstofnun er lýtur yfirstjórn viðskiptaráðuneytis.

Löggildingarstofan skiptist í deildir samkvæmt ákvörðun ráðherra. Heimilt er að setja á laggir nefndir sérfróðra manna til að vera stofnuninni til ráðuneytis um starfsemi einstakra deilda.

15. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar er að:

1. löggilda mælitæki, hafa eftirlit með mælitækjum, löggilda vigtarmenn og sjá að öðru leyti um að lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt,
2. annast öflun, varðveislu og viðhald landsmæligrunna,
3. annast kvörðun mæligrunna og mælitækja og útgáfu vottorða þar að lútandi,
4. stunda faggildingu,
5. veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um faggildingu og mælifræðileg málefni og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á þeim sviðum,
6. vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni og á sviði faggildingar,
7. hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði og faggildingar.

Ráðherra getur enn fremur falið Löggildingarstofunni að sjá um kennslu vigtarmanna og annast rannsóknir á sviði mælifræði.

16. gr.

Ráðherra getur að tillögu Löggildingarstofunnar og að höfðu samráði við samtök atvinnulífsins, eftirlitsstofnanir og samtök neytenda ákveðið að komið skuli á fót eftirliti með mælitækjum á sviðum sem ekki falla undir 5. gr. þar sem þess er talin þörf vegna einstakra atvinnugreina eða hagsmuna neytenda, svo og vegna aðstæðna er varða umhverfisvernd og heilbrigði eða öryggi almennings.

17. gr.

Löggildingarstofan getur með samningi falið aðilum með sérþekkingu og nauðsynlega hæfni að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Löggildingarstofan innheimtir gjöld fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur stofnunarinnar standi undir útgjöldum hennar.

Þess skal ávallt gætt að tekjum Löggildingarstofunnar af löggildingu mælitækja og annarri lögbundinni starfsemi sé ekki varið til að standa straum af kostnaði við þjónustu sem öðrum aðilum er einnig heimilt að veita.

VI. KAFLI
Löggiltir vigtarmenn.

19. gr.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Löggildingarstofunnar sem gefur út skírteini þeim til handa. Ráðherra setur þeim erindisbréf.

Löggiltir vigtarmenn geta menn orðið uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. eru búsettir hér á landi,
2. eru fullra tuttugu ára,
3. eru sjálfráða og fjárráða,
4. hafa sótt námskeið og staðist prófkröfur í námskeiðslok.

Í reglugerð skal kveðið á um prófkröfur skv. 4. tölul. 1. mgr.

Synja má manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding vigtarmanns gildir í allt að fimm ár en heimilt er að ákveða styttri gildistíma í einstökum tilfellum samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Heimilt er að binda löggildingu vigtarmanns við tiltekinn eða tiltekna vinnustaði. Enn fremur má undanþiggja ákveðna vinnustaði. Löggildingarstofan getur kveðið á um að störf hjá tilteknum vinnuveitendum séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna.

20. gr.

Vottorð löggilts vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Ráðherra getur í reglugerð tilgreint að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

22. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög:

Lög nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 33 16. nóvember 1907, um metramæli og vog.

Tilskipun nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 60 3. nóvember 1915, um löggilta vigtarmenn.

Lög nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Lög nr. 21 22. mars 1949, um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skulu löggildingar, sem veittar hafa verið vigtarmönnum af lögreglustjórum skv. 1. gr. laga nr. 60/1915, halda gildi sínu uns þeim er breytt eða þær eru afturkallaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó ekki lengur en til 1. janúar 1998.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. öðlast ákvæði 2. mgr. 11. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að laga lagaákvæði um löggildingu að breyttum tímum og lögfesta ákvæði um faggildingu. Hvort tveggja er nauðsynlegt í ljósi aukinna alþjóðaviðskipta og þeirra skuldbindinga sem þau hafa í för með sér. Jafnframt er með frumvarpinu lagður grunnur að því að einkaaðilar geti í auknum mæli annast ýmis verkefni sem hingað til hafa verið á verksviði Löggildingarstofunnar.

1. Forsaga frumvarpsins.

Frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Að lokinni 1. umr. um frumvarpið var því vísað til efnahags- og viðskiptanefndar sem sendi það fjölmörgum hagsmunaaðilum til umsagnar. Skriflegar umsagnir bárust frá átta aðilum. Frumvarpið hefur nú verið endurskoðað í ljósi þeirra athugasemda sem bárust. Jafnframt var endurskoðuð útgáfa frumvarpsins kynnt helstu hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um efni þess. Frumvarpið, sem nú er lagt fram, er afrakstur þessa samráðs.

2. Saga löggildingar hér á landi.

Fyrstu lagasetningu um mál og vog hér á landi er að finna í Jónsbók frá 1281 en þar er svo mælt að pundarar, stikur og mælikeröld skuli „liggja á Þingvelli undir lögmannslási“. Enn fremur er sagt að eftir því skuli sýslumenn rétta tæki sín og eftir þeirra tækjum bændur.

Upphafleg lengdareining hér á landi var svokölluð lögalin sem var 19 danskir þumlungar eða um 48 sentimetrar að lengd. Í byrjun sextándu aldar breyttist alin þegar upp var tekin svokölluð Hamborgaralin sem var 22 þumlungar eða um 57,8 sentimetrar að lengd, en árið 1776 var dönsk alin löggilt hér á landi með konunglegri tilskipun. Var hún 24 þumlungar eða 62,8 sentimetrar að lengd.

Hin forna vogareining var mörk sem var 8 aurar eða 24 örtugar. Mörkin er talin hafa verið 214 grömm að þyngd. Í hundraði silfurs voru 120 aurar eða 3.210 grömm.

Af fornum lagarmálum má nefna að 1 fat jafngilti 4 uxahöfðum, 1 uxahöfuð 6 ankerum og 1 anker 40 pottum lagar.

Árið 1907 var svo metramál löggilt hér á landi og voru þá í lögum nr. 33/1907 sett ákvæði um umreikning eldri eininga í metramál. Lögreglustjórum var falið að framfylgja lögunum.

Árið 1915 voru sett lög um löggilta vigtarmenn. Tóku þau gildi 1. janúar 1916. Árið 1917 voru svo sett lög um mælitæki og vogaráhöld og var þar meðal annars að finna ákvæði um að sett skyldi á fót löggildingarstofa í Reykjavík sem stimpla skyldi og löggilda mælitæki og vogaráhöld, annast einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækj-

um, svo og vogaráhöldum, og hafa verklegt eftirlit með slíkum tækjum. Árið 1919 var svo birt tilskipun um löggilt mælitæki og vogaráhöld og er þar að finna ýmis ákvæði mælifræðilegs eðlis, um eftirlit löggildingarstofunnar og gjöld fyrir þjónustu hennar. Árið 1925 var svo sett ný tilskipun um mælitæki og vogaráhöld og er hún enn í gildi. Jafnframt voru á fyrstu áratugum aldarinnar sett nokkur lög um sölu á eggjum, korni, kolum og salti eftir vigt og um þyngd bakarabrauða og árið 1980 var sett reglugerð um mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

Eins og áður segir var stofnsett löggildingarstofa í Reykjavík með lögunum frá 1917 og tók hún til starfa 1. janúar 1919. Þorkell Þorkelsson kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri, síðar veðurstofustjóri, var skipaður fyrsti forstöðumaður löggildingarstofunnar. Fékk hann aðstoð forstöðumanns Fysisk Laboratorium við Polyteknisk Læreanstalt í Kaupmannahöfn, K. Prytz prófessors, við að útvega nauðsynlegustu tæki til þess að hægt væri að hefja starfsemi löggildingarstofunnar. Voru aðalmælitækin fengin að láni þar eð þau fengust þá eigi keypt og má þar á meðal nefna nákvæmt kílógrammslóð, hálfmetra úr messing og lítrarúmmál úr sömu málmblöndu. Önnur tæki voru keypt en vegna upplausnarástands í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar reyndist erfiðleikum bundið að fá þau til landsins. Fyrsta löggilding stofunnar á mælitækjum fór fram 12. apríl 1919 en alls urðu þær 2.350 fyrsta starfsárið. Í árslok 1919 störfuðu þrír menn á Löggildingarstofunni auk forstöðumanns.

Löggildingarstofan var fyrst til húsa að Laufásvegi 16 en árið 1922 var hún flutt í nýtt og betra húsnæði að Skólavörðustíg 3. Árið 1920 var sett á fót veðurstofa og var hún nefnd Veðurstofudeild Löggildingarstofunnar. Starfaði hún til 1925 er hún var skilin frá Löggildingarstofunni.

Tekin var upp samvinna við systurstofnanir Löggildingarstofunnar á öðrum Norðurlöndum og stofan gerðist aðili að samvinnu Norðurlanda um prófanir og tegundaviðurkenningar (Nordjust) milli ríkjanna. Árið 1984 varð Löggildingarstofan aðili að Alþjóðastofnuninni fyrir lögmælifræði sem hefur aðsetur í París. Þá hefur Löggildingarstofan átt þátt í samvinnu og samningum milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) um mælitæknileg atriði.

Miklar framfarir hafa átt sér stað á sviði mælitækni á síðustu árum. Þróaðri og flóknari tæki hafa rutt sér til rúms í iðnaði, verslun og viðskiptum almennt og hér á landi eru nú framleiddar vogir til notkunar á sjó og landi. Löggildingarstofan hefur reynt að fylgja þessari þróun eftir með aukinni þjálfun og menntun starfsmanna og með kaupum á búnaði til þess að staðreyna nákvæmni þeirra mælitækja sem notuð eru, en þar á meðal má nefna vogarlóð, bensín-, olíu- og mjólkurmæla, vogir í sláturhúsum og við fiskvinnslu, löndunarvogir fyrir fiskimjölsverksmiðjur, hafnarvogir, vogir í verslunum og lyfjaverksmiðjum, áburðar-, sements-, ál- og járnblendiverksmiðjum. Þá má nefna mælitæki við fóðurblöndun, vínsölu, mælingu öxulþunga og stærð á möskvum.

Eins og áður segir byggist mælifræðilegt eftirlit hér á landi á tilskipun frá 1925 en hún hentaði vel stöðu atvinnuvega landsmanna á þeim tíma. Síðan hafa komið upp nýjar þarfir um nákvæmni í mælingum, t.d. á hitastigi, tíðni, geislun og fleiri atriðum. Þá hefur Löggildingarstofunni verið falið að vera framkvæmdaraðili fyrir Íslands hönd í Tampere-samkomulagi EFTA-ríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi og gagnvart ríkjum EB á sama sviði. Grunnur þessa samstarfs er að í hverju ríkjanna sé sérstakur faggildingaraðili en orðið faggilding er nýyrði yfir hugtak sem á Norðurlandamálum er nefnt „akkreditering“ og á ensku „accreditation“. Þessi aðili veitir vottunar- og prófunaraðilum faggildingu samkvæmt sameiginleg-

um reglum sem settar eru fram í evrópskum stöðlum og skulu þá vottorð frá vottunar- og prófunaraðilunum njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í öllum ríkjunum.

Starf Löggildingarstofunnar hefur nú stóraukna þýðingu fyrir atvinnuvegina jafnt á sviði mælifræðilegs eftirlits sem faggildingar og er því unnið að eflingu hennar.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um notkun alþjóðlega einingakerfisins hér á landi eins og það er skilgreint af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál í París (Organisation Internationale des Poids et Mesures, OIPM). Alþekktar mælieiningar í því kerfi eru metrinn, kílógrammið, lítrinn og sekúndan. Þó er heimilað að hér á landi skuli notaðar aðrar mælieiningar en þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega einingakerfinu.

Til að tryggja hagsmuni þeirra sem stunda viðskipti hér á landi, bæði fyrirtækja og neytenda, og opinberra aðila er kveðið á um að mælitæki, sem notuð eru til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna, skuli vera löggild. Sama gildir um vigtarmenn.

Í frumvarpinu er löggilding mælitækja og vigtarmanna falin Löggildingarstofunni sem er ríkisstofnun. Sá möguleiki er fyrir hendi samkvæmt frumvarpinu að Löggildingarstofan feli öðrum aðilum með sérþekkingu verkefni á þessu sviði. Þannig kemur t.d. til greina að einkaaðilar taki að sér að ganga úr skugga um að mælitæki mæli rétt og gefi út vottorð eða setji á mælitæki auðkenni um að svo sé. Slíkt yrði þó ávallt gert í umboði Löggildingarstofunnar og viðkomandi aðilar háðir eftirliti hennar, t.d. með því að hljóta faggildingu.

Þar sem löggilding nær yfirleitt til einstakra mælitækja þar sem þau eru notuð og er fyrst og fremst veitt til að tryggja hagsmuni hér á landi þykir ekki eðlilegt að heimila að tæki, sem löggilt hafa verið erlendis og flutt til landsins, séu undanþegin löggildingu hér á landi. Hins vegar skal undirstrikað að hinar ýmsu tegundir tækja og búnaðar, sem teljast hæfar til sölu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, teljast það sjálfkrafa hér á landi samkvæmt ákvæði í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í kröfunni um löggildingu tækja og búnaðar hér á landi felst því engin viðskiptahindrun. Eigi hins vegar að nota þau í viðskiptum þurfa þau að hljóta löggildingu hér á landi.

Með faggildingu er átt við úttekt á því að tiltekin starfsemi uppfylli ákveðnar kröfur um verklagsreglur þannig að fullt traust megi bera til þeirra aðila sem hana hljóta. Slíkar kröfur eru yfirleitt settar fram í alþjóðlegum stöðlum. Í frumvarpinu er Löggildingarstofunni falið að stunda faggildingu hér á landi. Jafnframt er kveðið á um það að faggilding frá hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skuli gilda hér á landi og að ráðherra geti ákveðið að sama gildi um faggildingu frá stofnunum í ríkjum utan þess svæðis.

Í frumvarpinu er kveðið á um starfsemi Löggildingarstofunnar. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að annast verkefni á sviði lögformlegrar mælifræði, þ.e. að sjá til þess að hér á landi séu til helstu landsmæligrunnar þannig að tryggt sé t.d. að á Íslandi sé til metri sem er jafnlangur og hann á að vera og kílógramm af réttri þyngd. Aðrir aðilar á Íslandi eiga ávallt að geta leitað til Löggildingarstofunnar til að fá sína eigin mæligrunna og mælitæki kvörðuð þótt ekki sé þörf á að löggilda þau. Löggildingarstofunni er heimilað að veita almenna þjónustu á þessu sviði en þó er skýrt tekið fram að tekjur hennar af lögbundinni þjónustu, einkum löggildingu, megi ekki nota til að niðurgreiða slíka þjónustu. Með því er verið að koma í veg fyrir að Löggildingarstofan fái óeðlilega samkeppnisstöðu á sviði þar sem hún kann að keppa við aðra aðila.

Í frumvarpinu er mörkuð sú meginstefna að Löggildingarstofan sé þjónustustofnun sem veiti viðskiptalífinu og neytendum mikilvæga og eftirsóknarverða þjónustu. Jafnframt er mörkuð sú stefna að hún geti falið einkaaðilum að sinna ýmsum verkefnum á verksviði sínu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Gömul hefð er fyrir orðasambandinu vog og mál en merkingarsviðið hefur verið misvítt. Alþjóðastofnunin fyrir vog og mál (Organisation Internationale des Poids et Mesures, OIPM) var stofnuð 1875 með alþjóðlegu metrasamþykktinni. Í heitinu koma fyrir orðin vog og mál sem í þröngri merkingu taka aðeins til eininganna kílógramms og metra. Þessi stofnun hafði þó frá upphafi víðara verksvið og er í dag sú stofnun í heiminum á sviði mælifræði sem allir aðrir miða sig við. Orðasambandið vog og mál er því notað sem hluti fyrir heild fyrir allt svið mælifræðinnar. Í sumum heitum erlendra stofnana og laga eða reglugerða má finna samsvarandi orðasamband í þrengri merkingu fyrir lögmælifræði.

Löggildingarstofunni eru með lögum þessum falin verkefni sem flokkuð eru með nokkuð mismunandi hætti meðal nágrannaþjóða okkar. Venjulega eru þau falin fleiri en einni stofnun. Þessi verkefni eru málefni landsmæligrunna, kvörðun, mælitæknilegt eftirlit og faggilding. Svo nefnd séu dæmi má geta þess að í Finnlandi, Englandi og Þýskalandi eru faggildingardeildir innan mælifræðistofnunar landsins en mælitæknilegt eftirlit er hjá öðrum stofnunum. Í Svíþjóð er sjálfstæð faggildingarstofnun en önnur stofnun hefur með höndum grunnmælifræðina og mælitæknilega eftirlitið.

Um 2. gr.

Í greininni eru helstu hugtök frumvarpsins skilgreind. Nokkur þeirra er að finna í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi en önnur eru þýðingar á alþjóðlega viðurkenndum skilgreiningum hugtaka eða heitum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að notkun alþjóðlega einingakerfisins (Systéme International d'Unités) sem skilgreint er af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál í París (Organisation Internationale des Poids et Mesures, OIPM). Alþekktar mælieiningar í kerfinu eru metrinn, kílógrammið, lítrinn og sekúndan. Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra þó heimilað í reglugerð að notaðar séu einingar utan alþjóðlega einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega einingakerfinu með þeim fyrirvörum sem kveðið er á um í alþjóðlegum stöðlum og reglum sem settar hafa verið um alþjóðlega einingakerfið og vísa skal til í reglugerðinni.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að í landinu skuli vera til nauðsynlegir landsmæligrunnar. Þeir skulu vera byggðir á alþjóðlegum frummæligrunnum eins og þeir eru skilgreindir af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál. Þeir skulu vera grundvöllur allra annarra mæligrunna hér á landi og vottorða sem gefin eru út um kvörðun, þ.e. stillingu mælitækja. Með þessu ákvæði er verið að tryggja eins og kostur er að t.d. metrinn hér á landi sé jafnlangur og hann á að vera og unnt sé með óyggjandi hætti að rekja tengslin milli metrans á Íslandi og frummetrans.

Í greininni er ekki tekið fram hvaða landsmæligrunnar skuli vera til hér á landi. Ekki er víst að það svari kostnaði að eiga hér á landi landsmæligrunna fyrir aðrar einingar alþjóðlega einingakerfisins en metrann og kílógrammið en það verður að vega og meta í hverju tilviki. Í þeim tilvikum að landsmæligrunnar eru ekki til hér á landi verður Löggildingarstofan að leita til erlendra systurstofnana þegar á þarf að halda.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvaða mælitæki eru löggildingarskyld. Dæmi um slík mælitæki eru vatnsmælar, hitaveitumælar, bensínsöludælur, gjaldmælar leigubifreiða, vogir í verslunum og framleiðslufyrirtækjum, vínmælar, akstursmælar dísilbifreiða, bílvogir, löndunarvogir og raforkumælar.

Í 2. mgr. er ráðherra heimilað að undanþiggja tilteknar gerðir mælitækja ýtrustu kröfum um löggildingarhæfni. Slíkt kann að vera réttlætanlegt vegna þess kostnaðar sem löggilding samkvæmt ýtrustu kröfum kynni að valda. Þannig kann t.d. að vera réttlætanlegt að ganga úr skugga um nákvæmni rennslismæla með því að vega vökva sem hefur runnið í gegnum þá. Með þessu er hugsanlega vikið frá ýtrustu alþjóðlegum kröfum sem lagðar skulu til grundvallar þegar slík mælitæki eru löggilt. Til að taka af allan vafa er kveðið á um það að þótt mælitæki séu undanþegin ýtrustu löggildingarhæfni skuli þau engu að síður háð eftirliti Löggildingarstofunnar.

Um 6. gr.

Með ákvæði greinarinnar er reynt að koma í veg fyrir að nákvæm mælitæki séu sett upp með þeim hætti að illgerlegt eða jafnvel ómögulegt sé að komast að þeim til að prófa þau eða stilla. Með ákvæðinu er einnig verið að koma í veg fyrir eins og kostur er að ytri aðstæður valdi því að tæki séu ónákvæmari en ástæða er til.

Um 7. gr.

Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að viðskiptavinur, sem horfir á mælingu fara fram, geti ávallt fylgst sjálfur með niðurstöðunni og gengið þannig úr skugga um að rétt sé mælt eða vegið.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Algengt er að tengja ýmiss konar búnað við mælitæki til að gera aflestur mælinga mögulegan frá fleiri en einum stað samtímis eða til að flytja aflestur sjálfkrafa frá mælitæki til tölvu eða prentara. Mikilvægt er að tenging slíks búnaðar verði ekki til þess að draga úr nákvæmni mælitækisins eða búnaðarins. Tvenns konar hætta er fyrir hendi. Í

fyrsta lagi getur aukabúnaðurinn valdið mæliskekkju í mælitækinu og í öðru lagi geta röng skilaboð borist frá mælitækinu til aukabúnaðarins. Mikilvægt er að hvorugt gerist.

Um 10. gr.

Með þessari grein eru tekin af öll tvímæli um hver ber ábyrgð á að mælitæki séu rétt og sæti því eftirliti sem ber. Hingað til hefur Löggildingarstofan fylgst með því að mælitæki séu endurlöggilt með reglubundnum hætti. Með frumvarpi þessu er hins vegar lögð til sú breyting að í reglugerð, sem ráðherra setur skv. 5. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um það hversu langur tími skuli líða milli reglubundinna endurlöggildinga hinna ýmsu flokka mælitækja og hversu lengi megi draga hana fram yfir fasta dagsetningu. Það verður svo á ábyrgð eigenda eða vörslumanna að sjá til þess að reglubundin endurlöggilding fari fram. Löggildingarstofan eða annar aðili á vegum stjórnvalda getur síðan með skipulegu markaðseftirliti gengið úr skugga um að mælitæki hafi verið löggilt.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Löggildingarstofan annist faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Stofnunin er því hinn íslenski faggildingaraðili. Í ákvæðinu felst að annar slíkur aðili starfar ekki í umboði og á ábyrgð hérlendra stjórnvalda. Í þessu felst hins vegar ekki einokun á þessari starfsemi hér á landi því að innlendum aðilum er að sjálfsögðu heimilt að leita eftir þessari þjónustu hjá erlendum faggildingaraðilum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða votta að vara, ferli eða þjónusta svo og hæfni og þekking starfsmanna uppfylli lögbundnar kröfur, skuli hafa faggildingu. Ákvæðið ber að túlka svo að það nái einnig til prófana og vottunar sem skylt er að framkvæma samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Hér er um nýjung að ræða. Í þessu felst að gerðar skuli ríkar kröfur um verklagsreglur og traust þeirra aðila sem annast lögbundna starfsemi af þessu tagi hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila sem taka að sér lögbundin verkefni. Í þessu felst viss trygging stjórnvalda, atvinnulífsins og alls almennings fyrir því að þessir aðilar uppfylli tilteknar kröfur. Dæmi um opinberar stofnanir, sem falla undir þetta ákvæði, eru Vinnueftirlit ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Með því að lögfesta kröfur af þessu tagi skapast forsendur til að fela einkaaðilum fleiri verkefni sem opinberar eftirlits- og prófunarstofur hafa sinnt til þessa. Í ákvæðinu felst að sjálfsögðu ekki krafa um faggildingu þeirra prófunarstofa og vottunarstofa sem stunda prófun eða vottun á öðrum sviðum en þar sem lögbundnar kröfur eru um slíkt. Sem dæmi má nefna að vottunarstofa getur vottað að kröfu framleiðanda eða viðskiptamanns að gæðakerfi framleiðandans uppfylli kröfur alþjóðlegra staðla án þess að vottunarstofan þurfi að hafa faggildingu.

Í öllum aðildarríkjum EB og EFTA eru starfandi faggildingaraðilar. Þeir starfa eftir samræmdum reglum sem settar eru fram í alþjóðlegum stöðlum. Tilgangurinn með starfsemi þeirra hefur fyrst og fremst verið sá að skapa nauðsynlegt traust milli stjórnvalda þannig að unnt sé að taka skyldubundna prófun í einu ríki gilda í öðru svo framarlega sem hún er framkvæmd af faggiltri prófunarstofu. Tilgangurinn með þessu er að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum sem m.a. felast í endurteknum prófunum á vöru þegar hún er flutt milli landa.

Til að tryggja eðlilega samkeppni er lagt til í 2. mgr. að faggilding frá faggildingarstofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli einnig gilda hér á landi og að ráðherra geti veitt stofnunum utan svæðisins sams konar heimild. Þetta þýðir að aðilar á Ís-

landi geta leitað eftir faggildingu erlendis. Þar með býr Löggildingarstofan við eðlilega samkeppni á þessu sviði.

Þótt Löggildingarstofunni sé ætlað að sinna faggildingu hér á landi er ekki gert ráð fyrir að sú starfsemi kalli á marga nýja starfsmenn. Starfsemin er þess eðlis að við faggildingu á einstökum stofnunum eða fyrirtækjum verður leitað til sérfróðra manna á því sviði sem um er að ræða hverju sinni. Þá hefur viðskiptaráðuneytið f.h. Löggildingarstofunnar gert samstarfssamning við sænsku faggildingarstofnunina (SWEDAC) um aðgang Löggildingarstofunnar að sérfræðingum og þekkingu hennar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Löggildingarstofan meti tilnefnda aðila. Þar er um að ræða aðila sem tilnefndir eru af stjórnvöldum sem prófunarstofur, vottunarstofur eða eftirlitsaðilar á tilteknum sviðum vöruviðskipta. Aðeins niðurstöður tilnefndra aðila eru teknar gildar innan EFTA og EB.

Í 4. mgr. er Löggildingarstofunni falið að annast hér á landi málefni sem lúta að alþjóðlegum verklagsreglum á prófunarstofum í efnafræði. Á ensku nefnast þær „good laboratory practice". Hingað til hefur Lyfjaeftirlit ríkisins annast þann hluta þessara verklagsreglna er lýtur að lyfjum og lyfjaiðnaði og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Hins vegar þykir rétt að taka af allan vafa um hvaða aðili á Íslandi annast þetta málefni í heild sinni. Eðlilegt þykir að fela það Löggildingarstofunni þar sem ýmislegt bendir til að faggilding og alþjóðlegar verklagsreglur á prófunarstofum í efnafræði renni um síðir saman.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um ákvæði 3. mgr. um að Löggildingarstofan meti tilnefnda aðila og ákvæði frumvarps til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Samkvæmt 3. mgr. er það Löggildingarstofan sem metur tilnefnda aðila. Tilnefndur aðili er skilgreindur með eftirfarandi hætti í 2. gr. frumvarpsins: Tilnefndur aðili merkir prófunarstofu, vottunarstofu eða eftirlitsaðila sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins (EB) og samkomulagi aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi frá 15. júní 1988 (Tampere-samkomulaginu). Hér er fyrst og fremst átt við prófanir og staðfestingar á samræmi hefðbundinna iðnaðarvara. Í frumvarpinu um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra er í 2. mgr. 14. gr. Fiskistofu eða öðrum aðila samkvæmt ákvörðun ráðherra falið að veita skoðunarstofum viðurkenningu. Á meðan ekki gilda sömu reglur um sjávarafurðir innan Evrópska efnahagssvæðisins og hefðbundnar iðnaðarvörur er ekkert sem mælir á móti því að annar aðili en Löggildingarstofan taki út starfsemi skoðunarstofa. Rétt er þó að benda á að sjávarútvegsráðherra getur í raun falið öðrum aðila en Fiskistofu þetta verkefni, t.d. Löggildingarstofunni. Fari hins vegar svo að sjávarafurðir verði felldar undir sama kerfi faggildingar, vottunar og prófunar mundu skoðunarstofur væntanlega teljast til tilnefndra aðila og falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar þessa frumvarps.

Um 12. gr.

Faggildingaraðilar starfa samkvæmt samræmdum alþjóðlegum stöðlum, evrópskum stöðlum. Þeir hafa verið staðfestir af Staðlaráði Íslands sem íslenskir staðlar og eru í ÍST EN 45000 staðlaröðinni. Staðlarnir fjalla um verklagsreglur og er unnt að beita þeim á mjög ólíkum fagsviðum. Vegna þess að staðlarnir eru almenns eðlis þurfa í sumum tilvikum að koma til viðbótarreglur við þá. Þetta á einkum við ef um er að ræða afmarkað sérsvið.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um hvernig með skuli farið ef Löggildingarstofan synjar umsókn um faggildingu. Eðlilegt þykir að unnt sé að skjóta synjun Löggildingarstofunnar til sérstakrar úrskurðarnefndar enda er kveðið á um að svo skuli vera í alþjóðlegu stöðlunum um þessa starfsemi. Vilji málsaðilar ekki sætta sig við úrskurð nefndarinnar má að sjálfsögðu bera málið undir dómstóla.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um stöðu Löggildingarstofunnar innan stjórnkerfisins. Þar sem hér er um þjónustustofnun að ræða kunna ýmis rök að mæla með því að hún verði í B-hluta fjárlaga og ríkisreiknings. Það er á valdi ríkisreikningsnefndar að ákveða slíkt.

Í 2. mgr. er tekið fram að heimilt sé að setja á laggir nefndir sérfróðra manna til að vera Löggildingarstofunni til ráðuneytis um starfsemi á afmörkuðum sviðum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að bæði mælifræði og faggilding eru þess eðlis að mikilvægt er að starfsmenn hennar á þessum sviðum eigi öruggan aðgang að sérþekkingu og viðhorfum sérfróðra manna utan Löggildingarstofunnar. Þá er einnig mikilvægt að helstu hagsmunaaðilar um faggildingu geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk Löggildingarstofunnar. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að Löggildingarstofan hafi einkarétt á að annast kvörðun mæligrunna og mælitækja hér á landi og útgáfu vottorða þar að lútandi. Þvert á móti er hér um að ræða starfsemi sem einkaaðilar geta auðveldlega sinnt. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila Löggildingarstofunni að sinna verkefnum af þessu tagi þannig að hún geti veitt hana ef einkaaðilar kjósa að gera það ekki. Til að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppnisstöðu Löggildingarstofunnar á þessu sviði er í 18. gr. frumvarpsins lagt til að henni sé óheimilt að nota tekjur af löggildingu mælitækja og annarri lögbundinni starfsemi til að standa straum af kostnaði við þjónustu sem öðrum aðilum er einnig heimilt að veita.

Í 2. mgr. er ráðherra heimilað að fela Löggildingarstofunni að sjá um kennslu vigtarmanna. Hér er ekki um lögbundna starfsemi hennar að ræða og verður að telja eðlilegt að hún sinni ekki þessu verkefni ef aðrir aðilar í þjóðfélaginu gera það með fullnægjandi hætti. Nánar er fjallað um löggildingu vigtarmanna í VI. kafla frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í þessari grein er veitt heimild til að koma á fót eftirliti með mælitækjum sem ekki falla undir ákvæði 5. gr. frumvarpsins. Um gæti verið að ræða mælitæki sem tengjast umhverfisvernd, heilbrigði eða öryggi almennings.

Um 17. gr.

Í þessari grein felst að Löggildingarstofan getur falið öðrum aðilum að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þessir aðilar verða að hafa til þess hæfni og nauðsynlega sérþekkingu. Þá verður að telja að ákvæði 11. gr. eigi við í slíkum tilvikum sem þýðir að viðkomandi aðilar verða að hafa faggildingu. Ekki er kveðið á um það í greininni en telja verður eðlilegt að verksamningar, sem Löggildingarstofan gerir samkvæmt þessari grein, séu uppsegjanlegir án fyrirvara. Um er að ræða verkefni sem ríkisstofnun eru falin og því eðlilegt að unnt sé að segja upp án fyrirvara

samningi við aðila sem bregst því trausti sem honum er sýnt. Hins vegar verður að telja eðlilegt að fyrirvaralausri uppsögn samninga sé ekki beitt nema í mjög alvarlegum tilfellum.

Ekki er að fullu ljóst hversu langt er unnt að ganga í því að fela öðrum aðilum verkefni Löggildingarstofunnar en möguleikar á því sviði eru vissulega fyrir hendi. Þannig má nefna að samkvæmt frumvarpi til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi og verður lagt fram að nýju á 116. löggjafarþingi, munu skoðunarstofur fylgjast reglulega með hreinlæti, búnaði og gæðakerfum fyrirtækja og skipa í sjávarútvegi. Verði það frumvarp að lögum virðist fátt mæla á móti því að Löggildingarstofan semji við skoðunarstofur um að þær annist löggildingu voga í sjávarútvegi í umboði Löggildingarstofunnar.

Um 18. gr.

Um athugasemdir við þessa grein frumvarpsins vísast til athugasemda við 15. gr. Telja verður eðlilegt að gætt sé ýtrustu hagkvæmni í rekstri Löggildingarstofunnar þannig að gjaldtaka hennar verði ekki íþyngjandi fyrir íslenskt atvinnulíf.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um löggildingu vigtarmanna. Helstu skilyrði fyrir löggildingu eru talin upp í 2. mgr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að að vigtarmenn skuli hafa löggildingu Löggildingarstofunnar. Með hliðsjón af ákvæði 17. gr. frumvarpsins ber að túlka 19. gr. þannig að Löggildingarstofan geti með samningi falið einni eða fleiri vottunarstofum að votta um hæfni þeirra sem vilja gerast vigtarmenn. Í slíkum tilvikum væri engin nauðsyn á því að Löggildingarstofan héldi sérstök námskeið fyrir þá sem vilja gerast löggiltir vigtarmenn eins og henni er heimilt skv. 2. mgr. 15. gr. Á grundvelli vottunar frá vottunarstofu og að uppfylltum skilyrðum í 1.–3. tölul. 2. mgr. fengi viðkomandi einstaklingur löggildingu Löggildingarstofunnar sem vigtarmaður.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um sönnunargildi vottorðs frá löggiltum vigtarmanni. Auk þyngdar á vigtarmaður að skrá hvað var vegið. Þetta er t.d. mikilvægt í tengslum við stjórn fiskveiða þar eð fiskiskipum er úthlutað heimildum til að veiða visst magn af tilteknum tegundum. Hins vegar eru veiðar á öðrum tegundum frjálsar. Veigamikill þáttur í veiðieftirliti lýtur því að því að afli sé rétt flokkaður og vigtaður eftir tegundum. Víða erlendis er löng hefð fyrir slíku og sú ábyrgð lögð á vigtarmann að tilgreina á vigtarseðli í hvernig ástandi hið vegna var. Þessar upplýsingar eru svo hafðar til hliðsjónar þegar vara kemur á áfangastað og kannað er hvort um sé að ræða sömu vöru að magni og gæðum. Vigtarmaður má þó ekki votta um innihald veginna íláta eða flutningatækja nema hann hafi sjálfur haft aðstöðu til að staðreyna innihaldið.

Um 21., 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er lagt til að stofnanir og fyrirtæki, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða votta að vara, þjónusta, hönnun vöru, ferli eða verksmiðja svo og hæfni og þekking starfsmanna uppfylli lögbundnar kröfur, skuli hafa faggildingu. Hér er um nýjung að ræða og þar sem bæði er tímafrekt og kostnaðarsamt að laga starfsemi þessara aðila að þeim kröfum, sem gerðar eru til að öðlast faggildingu, þykir rétt að veita þriggja ára aðlögunarfrest að þessu ákvæði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu.

Með frumvarpi þessu er verið að laga lagaákvæði um löggildingu að breyttum tímum og lögfesta ákvæði um faggildingu. Um leið er gert ráð fyrir að nokkur eldri lög verði felld úr gildi. Frumvarpið felur ekki í sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir að varið verði 46,4 m.kr. til Löggildingarstofunnar og þar á móti komi 27,7 m.kr. sértekjur. Frumvarpið gefur ekki tilefni til að ætla að þessi kostnaður þurfi að aukast af þess völdum.

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um öryggi framleiðsluvöru.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir að vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum, munum og umhverfi.

Til að stuðla að því er seljanda gert skylt að gefa nauðsynlegar upplýsingar í öryggis- og aðvörunarskyni og í vissum tilfellum er hægt að banna honum að bjóða fram vöru eða þjónustu eða skylda hann til að afturkalla vöru eða þjónustu af markaði.

2. gr.

Lögin ná til vöru og þjónustu sem boðin er fram í atvinnuskyni og neytendur færa sér í nyt í einhverjum mæli.

Lögin ná til framleiðslu, innflutnings, sölu, notkunar, framsals afnotaréttar og annarrar meðhöndlunar, svo og til útflutnings.

Lög þessi gilda ekki ef fyrir hendi eru fyrirmæli í sérlögum sem hafa sama markmið og úrræði þessara laga.

3. gr.

Vara merkir í lögum þessum sérhverja vöru sem ætlunin er að afhenda neytendum til notkunar gegn gjaldi eður ei sem lið í viðskiptum hvort heldur varan er ný, notuð eða endurgerð. Þetta á þó aðeins við í þeim tilfellum sem um er að ræða viðskipti við neytendur, en ekki um vörur sem einungis eru notaðar í tengslum við atvinnurekstur. Þetta gildir heldur ekki ef um er að ræða notaða vöru sem telst hafa fornmunagildi eða þarfnast lagfæringar fyrir notkun, þó með því skilyrði að seljandinn geri kaupanda grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða kaupanda megi vera það augljóst.

Þjónusta merkir í lögum þessum sérhverja tegund þjónustu sem boðin er fram til neytenda gegn þóknun eða í kynningarskyni.

Örugg vara eða þjónusta merkir í lögum þessum sérhverja vöru eða þjónustu sem er notuð á þann hátt sem eðlilegt kann að teljast og hefur ekki í för með sér áhættu. Áhættan má þó vera í eðlilegu samræmi við notkun vörunnar og í samræmi við kröfur sem gerðar eru með tilliti til almannahagsmuna um öryggi og heilsu.

Hættuleg vara merkir í lögum þessum sérhverja vöru sem ekki fellur undir ofangreinda skilgreiningu á *öruggri vöru*.

Seljandi merkir í lögum þessum framleiðanda vöru, innflytjanda, millilið á síðari stigum og dreifingaraðila, að svo miklu leyti sem afskipti hans geta haft áhrif á öryggi vörunnar.

Neytandi merkir kaupanda vörunnar og notanda hennar.

4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um eftirlitsaðila með framkvæmd þeirra.

5. gr.

Hafi seljandi sett á markað vöru eða boðið þjónustu sem haft getur í för með sér hættu fyrir menn, muni eða umhverfi getur eftirlitsaðilinn skyldað seljanda til að veita upplýsingar er komið gætu í veg fyrir hugsanlegt tjón. Hægt er að nota eftirfarandi úrræði:

1. Skylda seljanda til að merkja vöruna sjálfa eða láta henni fylgja leiðbeiningar.
2. Skylda seljanda til að hafa upplýsingar til reiðu í öðru formi á sölustað.
3. Ef um er að ræða þjónustu má skylda seljanda til að láta af hendi leiðbeiningar í formi skriflegra upplýsinga eða í öðru formi sem seljandi notar við markaðssetninguna.

6. gr.

Hafi seljandi látið fara frá sér vöru sem getur valdið tjóni á mönnum, munum eða umhverfi getur eftirlitsaðilinn skipað honum að afturkalla vöruna. Fyrirmæli um afturköllun skulu ná til allra eintaka af vörunni. Afturköllun getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Seljandi fái möguleika á að lagfæra vöruna þannig að hún reynist ekki lengur hættuleg.
2. Seljandi taki vöruna til baka og afhendi sams konar vöru, gallalausa.
3. Seljandi taki vöruna til baka og greiði bætur í staðinn.

7. gr.

Eftirlitsaðili getur bannað seljanda að setja vöru á markað eða bjóða þjónustu sem hætta er á að geti valdið tjóni á mönnum, munum eða umhverfi.

8. gr.

Ef ekki er hægt að nota úrræði 5.–7. gr. og veruleg hætta er á tjóni á mönnum, munum eða umhverfi skal eftirlitsaðilinn sjá til þess að aðrar aðgerðir séu tiltækar í því skyni að koma á sanngjarnan hátt í veg fyrir tjónið.

9. gr.

Nú er fyrirmælum eftirlitsaðila ekki hlýtt og getur ráðherra þá fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir. Slíkar dagsektir eru aðfararhæfar.

10. gr.

Seljanda ber að veita eftirlitsaðila þær upplýsingar sem krafist er vegna rannsóknar, auk þess sem honum ber að hafa til reiðu sýnishorn.

Seljandi getur átt rétt til bóta vegna sýnishorna er hann hefur látið af hendi í þágu rannsóknar.

Eftirlitsaðili getur skyldað seljanda til að bera kostnað við rannsókn að hluta.

Starfsmenn á vegum eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um atriði er koma fram við rannsókn og varða starfsleyndarmál.

11. gr.

Eftirlitsaðila ber að tilkynna aðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er og veita honum eðlilegan frest til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heimilt er að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur eftirlitsaðilinn tekið bráðabirgðaákvörðun um fyrirmæli eða bann. Ákvörðun samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra, en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Skv. 72. gr. og XIX. viðauka samningsins skal samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála með ákveðnum hætti og er þar á meðal nefnd tilskipun EB-ráðsins frá 25. júní 1987 (87/357/EBE) um vörur sem reynst gætu hættulegar heilsu og öryggi neytenda eða þær virðast aðrar en þær eru. Er efni frumvarpsins byggt á tilskipuninni, en það flokkast undir hugtak sem nefnt er „produkt sikkerhed“ á skandinavískum málum og „product safety“ á ensku.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi framleiðsluvöru, en hins

vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þess atriðis að hluta. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að þau séu sett til að sporna við því „að ekki séu hafðar á boðstólum og seldar sviknar matvörur og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur er fyrir það skorti aðallega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna, enda má svo heita, að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku". Á þeim 56 árum, sem síðan hafa liðið, hefur margt breyst og lögin svara ekki lengur kalli tímans. Hafa þau nú verið endurskoðuð að því er matvæli varðar og frumvarp þetta kemur í stað þess sem þá stóð eftir af lögunum frá 1936.

Lög um öryggi framleiðsluvöru á Norðurlöndum.

Í **Danmörku** er verið að aðlaga gildandi löggjöf með hliðsjón af EB-tilskipuninni. Nokkur sérlög eru til varðandi vöruöryggi, t.d. um rafmagnsvörur, matvæli, snyrtivörur og eiturefni.

Í **Noregi** eru lög um öryggi framleiðsluvöru að stofni til frá árinu 1976 en gerðar hafa verið á þeim nokkrar breytingar. Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir að framleiðsluvara valdi tjóni á heilsu manna eða umhverfi. Lögin taka til framleiðslu, innflutnings, sölu, notkunar eða annarrar meðferðar á vöru. Eftirlitsstofnun getur tekið ákvörðun um það hvaða aðferðum beri að beita til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón, jafnframt því sem hægt er að skylda seljanda til að veita nauðsynlegar upplýsingar í því skyni. Þau úrræði, sem eftirlitsstofnun hefur til að fylgja fyrirmælum sínum eftir, eru bann og afturköllun af markaði.

Í **Finnlandi** tóku almenn lög um öryggi framleiðsluvöru gildi 1. maí 1987. Lögunum er beitt varðandi innflutning, framleiðslu og viðskipti með neysluvörur en taka hvorki til útflutnings né þjónustu. Tilgangur laganna er að vernda heilsu og eignir neytenda. Eftirlitsstofnun getur krafist þess að gert sé við vörur og að aðvörun fylgi með þeim. Hægt er að krefjast þess að varan sé eyðilögð eða leggja bann við því að hún sé sett á markað. Eftirlitsstofnunin getur einnig gert seljandanum skylt að tilkynna um bannið á heppilegan hátt, svo og um hættur sem notkun vöru getur haft í för með sér. Í finnsku lögunum er hins vegar ekki að finna ákvæði um afturköllun eða hald á vörur.

Í **Svíþjóð** tóku lögin um öryggi framleiðsluvöru gildi 1. júlí 1989. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir að hættulegar vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum eða munum. Lögin taka fyrst og fremst til vöru eða þjónustu sem seljendur láta af hendi til neytenda. Seljendum ber að gera þær ráðstafanir sem lögin boða af fúsum og frjálsum vilja. Eftirlitsstofnunin getur í einstaka tilvikum samið við viðkomandi seljanda um það hvaða ráðstafana hann eigi að grípa til. Ef samkomulag næst ekki getur eftirlitsstofnunin sett seljanda ákveðin fyrirmæli eða beitt banni. Fyrirmælin geta verið fólgin í því að skylda seljanda til að gefa vissar aðvörunar- og öryggisupplýsingar, banna honum að bjóða ákveðna vöru eða þjónustu eða skylda hann til að afturkalla vöru. Aðvörunarupplýsingar og afturköllunarúrræði eru nýmæli í sænskri löggjöf en reglurnar um öryggisupplýsingar og sölubann hafa að mestu leyti verið teknar úr lögunum um markaðsöflun. Afturköllun getur verið með þrennu móti, þ.e. hægt er að láta lagfæra vöru, skipta henni eða skila henni aftur.

Í frumvarpi þessu er að mestu leyti stuðst við ákvæði sænsku laganna sem fyrirmynd, en löggjöf í Finnlandi og Noregi verður aðlöguð EB-tilskipuninni við gildistöku EES-samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna stefnuyfirlýsingu um tilgang og markmið laganna. Markmiðið er að koma í veg fyrir að vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum, munum og umhverfi. Í frumvarpinu er fjallað um þau stjórnsýsluúrræði sem þörf er á til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón sem stafað getur af hættulegum eiginleikum framleiðsluvöru eða þjónustu. Þær aðferðir, sem hægt verður að nota til að ná því fram, felast í því að skylda seljanda til að veita nauðsynlegar upplýsingar, leggja bann við að bjóða fram vöru eða þjónustu eða skylda til afturköllunar af markaði.

Markmiðið með þessu frumvarpi er einnig að efla neytendavernd en brýn þörf er á að lögfesta fleiri reglur á því sviði hér á landi.

Um 2. gr.

Ákvæði frumvarpsins ná einungis til vöru eða þjónustu sem boðin er fram í atvinnuskyni. Aðeins er átt við vöru eða þjónustu sem boðin er neytendum, en ekki er hér átt við aðila sem stunda viðskipti í atvinnuskyni.

Í 2. mgr. eru talin upp þau svið sem ákvæði frumvarpsins ná yfir, allt frá fyrsta framleiðslustigi til almennrar notkunar.

Ákvæði frumvarpsins gilda ekki ef fyrir eru ákvæði í sérlögum, t.d. varðandi matvæli, lyf eða leikföng.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um helstu skilgreiningar á hugtökum þeim er koma fram í ákvæðum frumvarpsins.

Hugtakið *vara* á einungis við framleiðsluvöru sem boðin er neytendum til notkunar gegn gjaldi eða endurgjaldslaust í tengslum við atvinnurekstur seljanda. Með *vöru* er átt við framleiðsluvöru á öllum stigum framleiðslu hvort heldur varan er seld sem hráefni, hálfunnin eða fullunnin vara. Ekki er hér gerður greinarmunur á því hvort varan er seld ný, notuð eða endurgerð. Sérstök ástæða þykir hér til að undanskilja vörur sem hafa fornmunagildi.

Með *þjónustu* er aðeins átt við þjónustu sem boðin er neytendum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða þjónustu gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Við mat á *öruggri vöru eða þjónustu* ber að miða við að hvort tveggja sé notað á eðlilegan hátt. Er meta á hvort áhættan sé í eðlilegu samræmi við notkunina ber að taka tillit til ýmissa þátta eins og samsetningar, umbúða, viðhalds, kynningar og merkingar. Sérstaklega ber að gera ríkari kröfur ef um er að ræða neytendahópa sem eru í sérstakri áhættu, t.d. börn.

Að hægt sé að útvega aðra vöru eða þjónustu sem er síður hættuleg að einhverju leyti er ekki nægileg ástæða til að telja að umrædd vara eða þjónusta sé hættuleg.

Hættuleg vara er hér skýrð með neikvæðri skýringu.

Seljandi merkir í frumvarpinu aðila á öllum stigum en það er gert að skilyrði að afskipti hans geti haft einhver áhrif á öryggi vörunnar.

Um 4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna og hefur heimild til að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um hana auk þess sem þar verða sett fyrirmæli um það hvaða stofnun eigi að hafa eftirlit með því að ákvæðunum sé framfylgt.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um eitt þeirra stjórnsýsluúrræða sem ákvæði frumvarpsins heimila eftirlitsaðila að beita, þ.e. að skylda seljanda til að veita skriflegar upplýsingar til neytenda í öryggis- og aðvörunarskyni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna fyrirmæli um afturköllun. Umfang hennar verður að vera í samræmi við þörfina á að koma í veg fyrir tjón. Gert er ráð fyrir þrenns konar aðferðum sem hægt er að beita varðandi afturköllun, þ.e. að seljandi lagfæri vöruna, afhendi nýja og sams konar vöru eða greiði bætur í stað vöru sem hann tekur aftur. Við val á milli þessarra aðgerða ber að taka mið af hættunni sem stafar af vörunni.

Fyrirmæli um afturköllun skulu ná til allra eintaka af vörunni og hægt er að binda þau við fleiri en einn seljanda ef það þykir nauðsynlegt til að ná fram markmiði laganna.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um þriðja úrræðið sem eftirlitsstofnun getur beitt, þ.e. að leggja bann við því að seljandi setji vöru á markað eða bjóði fram þjónustu sem hætta er á að valdið geti tjóni.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna ákvæði sem heimilar eftirlitsstofnun að grípa til annarra aðgerða en þeirra er að framan getur í þeim tilfellum sem ekki er hægt að beita þeim. Vissar takmarkanir verður þó að gera á svo víðtækri heimild stjórnvalds og því verður að vera um að ræða verulega hættu á tjóni. Aðgerðirnar mega ekki fara út fyrir ramma þess sem nauðsynlegt má teljast til að koma í veg fyrir tjón.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um dagsektir sem ráðherra getur lagt á seljanda ef ekki er farið að fyrirmælum eftirlitsaðila samkvæmt frumvarpinu. Með dagsektum er átt við févíti sem er úrræði til að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Dagsektir eru ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu seljanda til að veita eftirlitsaðila nauðsynlegar upplýsingar og að láta af hendi sýnishorn í þágu rannsóknar þegar þess er krafist. Ef um er að ræða verulegar fjárhæðir getur seljandi átt rétt til bóta vegna sýnishorna er hann hefur látið af hendi. Eðlilegt verður að teljast að kostnaður við rannsókn sé að mestu leyti lagður á seljanda ef hún leiðir í ljós að veruleg hætta getur stafað af vöru þeirri eða þjónustu sem hann er að bjóða.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á þá þagnarskyldu sem eftirlitsaðilar eru bundnir varðandi atriði er þeir komast að í starfi sínu og varða atvinnuleyndarmál og trúnaðarupplýsingar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um skyldu eftirlitsaðila til að rökstyðja íþyngjandi ákvarðanir sínar og að veita beri aðila kost á að koma fram með andmæli sín innan eðlilegs frests. Jafnframt er hér að finna ákvæði sem heimilar endurskoðun ákvörðunar ef aðstæður hafa breyst.

Í 3. mgr. eru ákvæði um bráðabirgðabann ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Eftirlitsaðili verður þó ætíð að láta skriflegan rökstuðning fylgja ákvörðun sinni. Hægt er að skjóta ákvörðun eftirlitsaðila til ráðuneytis sem þá fjallar um málskotið sem stjórnsýslukæru. Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ekki er lagt til að lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, sem að hluta til fjalla um sama efni, verði felld úr gildi en hins vegar er reiknað með að þau verði felld úr gildi með nýjum matvælalögum sem verið er að semja á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru.

Frumvarp þetta hefur þann tilgang að varna því að vörur og þjónusta geti valdið tjóni. Það er lagt fram í tengslum við væntanlega aðild Íslands að EES og er ætlað að verða að lögum um leið og EES-samningurinn gengur í gildi.

Frumvarpið byggist á að tilteknir eftirlitsaðilar fylgist með vörum og þjónustu eftir ákvæðum frumvarpsins. Frumvarpið greinir ekki frá hverjir þeir eftirlitsaðilar eiga að vera en gerir aðeins ráð fyrir í 4. gr. að framkvæmd laganna heyri undir viðskiptaráðherra og hann setji nánari fyrirmæli í reglugerð um framkvæmd laganna og skipan eftirlitsaðila. Erfitt er að áætla hver kostnaðarauki ríkissjóðs verður af þessu frumvarpi. Það ræðst fyrst og fremst af því hvernig og með hve miklu umfangi slíku eftirliti verður komið fyrir. Verði það úr að sett verði upp sérstök stofnun til að annast slíkt eftirlit mun rekstur hennar ekki kosta undir 40–50 millj. kr. á ári og stofnkostnaður vart undir 30–40 millj. kr. Er hér höfð hliðsjón af hvað nýjar stofnanir ríkisins kosta.

Verði hins vegar ákveðið að láta þær eftirlitsstofnanir, sem fyrir eru í ríkiskerfinu, annast umrætt eftirlit verður mögulegt að halda niðri kostnaðinum þannig að hann geti orðið mun minni. Hollustuvernd ríkisins gæti þannig annast eftirlit með matvælum, eiturefnum og skyldum vörum, Rafmagnseftirlit ríkisins með rafmagnsvörum og nokkrum öðrum vöruflokkum. Því til viðbótar gæti komið til greina að hlutverki Verðlagsstofnunar

verði breytt þannig að hún taki að sér eftirlit á því sviði sem frumvarpið fjallar um.

Samkvæmt 10. gr. getur eftirlitsaðili skyldað seljanda til að bera kostnað við rannsókn að hluta. Vafi er á að þetta ákvæði sé nægilega víðtækt til að hægt sé að skapa sértekjur sem staðið geta undir auknum kostnaði sem slíku eftirliti fylgir. Því verður að ætla að mestum hluta af þeim kostnaðarauka, sem frumvarpi þessu fylgir, verði að mæta úr ríkissjóði nema bætt verði við nýjum lagaákvæðum um þjónustugjöld.

9. Frumvarp til samkeppnislaga. [9. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og efla virka samkeppni í viðskiptum með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands.

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði laga þessara gildi um samninga, skilmála og athafnir sem áhrif hafa utan Íslands, enda sé kveðið á um slíkt í samningi við annað ríki eða alþjóðastofnun sem Ísland er aðili að. Með slíkum samningi er einnig hægt að takmarka áhrif laganna innan lands á tilteknum sviðum. Ráðherra getur einnig ákveðið með reglugerð að úrskurðir, sem gerðir eru um samkeppnismál af þeim stofnunum sem fara með framkvæmd sameiginlegra samkeppnisreglna samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að, hafi sama gildi hér á landi og úrskurðir samkvæmt lögum þessum.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Orðskýringar.
4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgreiðslu, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Sölustig framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.

Þjónusta er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Vara er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þar með talin skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.

Verð er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.

Virk yfirráð eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins,
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker viðskiptaráðherra úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.
5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

6. gr.

Í samkeppnisráði eru fimm menn. Skipar ráðherra þrjá þeirra, þ.e. formann ráðsins án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í ráðið sem skulu hafa þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn, en við ríkisstjórnarskipti getur ráðherra fellt niður skipun formanns og varamanns hans og skipað nýja menn í þeirra stað til loka skipunartíma samkeppnisráðs er þá situr.

7. gr.

Samkeppnisráði til ráðgjafar er fastanefnd skipuð þremur mönnum.

Nefnist hún auglýsinganefnd og skal fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og þær brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. laga þessara.

Nefndin skal skipuð af ráðherra og skal formaður og varamaður hans vera úr hópi aðal- og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að máli, þar með talin samtök neytenda. Skipunartími nefndarmanna fellur niður um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur.

Ráðherra setur nánari starfsreglur fyrir nefndina og gerir hún tillögur um afgreiðslu mála til samkeppnisráðs.

Auk framangreindrar fastanefndar er ráðherra heimilt að beiðni samkeppnisráðs að skipa ráðgjafarnefndir er skipaðar séu sérfróðum mönnum auk formanns úr hópi aðal- og varamanna samkeppnisráðs í því skyni að fjalla um afmörkuð viðfangsefni á sviði samkeppnismála. Slíkar nefndir skulu skipaðar til takmarkaðs tíma og eigi lengur en til eins árs í senn og aldrei lengur en til loka skipunartíma samkeppnisráðs.

8. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan þriggja mánaða ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.

Ráðherra skipar forstjóra Samkeppnisstofnunar og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri eða staðgengill hans sitja fundi samkeppnisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Ákvörðunum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar má áfrýja til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjun frestar ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar. Í áfrýjunarnefnd sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af viðskiptaráðherra. Skulu tveir þeirra, formaður og varaformaður, uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara og sá þriðji skal hafa staðgóða kunnáttu á sviði viðskipta. Skipunartími áfrýjunarnefndar samkeppnismála er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

IV. KAFLI
Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti eða álagningu,
b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,
c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð.

11. gr.

Óheimilt er að ákveða eða semja um eða á annan hátt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi. Bannið nær einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslætti og álagningu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur seljandi gefið upp leiðbeinandi endursöluverð, enda láti hann koma skýrt fram í tilkynningum sínum að verðið sé leiðbeinandi. Jafnframt getur seljandi ákveðið hámarksverð sem endurseljandi getur notað við verðlagningu á vörum, enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum seljanda að um hámarksverð sé að ræða. Seljanda ber að tilkynna endurseljanda í hverju tilviki að honum sé frjálst að selja vöruna á verði sem sé lægra en hámarksverðið.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.–19. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10., 11. og 12. gr. geta fyrirtæki gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati Samkeppnisstofnunar aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða. Ákvæðin eru heldur ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein.

Óski fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eftir því að fá skýra afstöðu Samkeppnisstofnunar til þess hvort samningar eða samvinna þeirra falli undir ákvæði 1. mgr. geta þau sent tilkynningu þar að lútandi til stofnunarinnar. Geri stofnunin ekki athugasemd við tilkynninguna innan þriggja mánaða frá móttöku hennar telst samkomulagið falla undir 1. mgr. Gildir það í þrjú ár frá því að þriggja mánaða fresturinn er liðinn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. geta móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki í sömu grein eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt af því leiði takmörkun samkeppni.

15. gr.

Bannákvæði skv. a- og b-liðum 1. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. sömu greinar, tekur ekki til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur sem nytjaleyfishafi og nytjaleyfisnotandi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi, vörumerki eða mynstur á sviði iðnaðar.

16. gr.

Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá bannákvæðunum í 10., 11. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,
b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,
c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

V. KAFLI
Eftirlit með samkeppnishömlum.

17. gr.

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t. d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa.

18. gr.

Samkeppnisstofnun getur skyldað fyrirtæki til að tilkynna um samruna fyrirtækja, yfirtöku á öðru fyrirtæki, kaup á meiri hluta í öðru fyrirtæki eða yfirtöku á starfsemi annars fyrirtækis með öðrum hætti sem gera má ráð fyrir að hafi veruleg áhrif á samkeppnisaðstæður.

Einnig er hægt að leggja á tilkynningarskyldu um samruna fyrirtækja þegar a.m.k. eitt fyrirtækjanna starfar í vernduðu umhverfi að því er samkeppni varðar sem því hefur verið skapað í skjóli ákvarðana opinberra aðila enda þótt samruninn leiði ekki til markaðsráðandi stöðu.

Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið lagt bann við fyrirhuguðum samruna eða yfirtöku fyrirtækja og mælt fyrir um ógildingu á samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að hamlað geti samkeppni og brotið í bága við markmið laganna. Kröfu um slíka ógildingu skal bera fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ráðinu varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

19. gr.

Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti.

VI. KAFLI
Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

20. gr.

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

21. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

22. gr.

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrif á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

23. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

24. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

25. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

26. gr.

Óheimilt er við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem látið er í té og lög þessi taka til að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það sem jafna má til kaupbætis nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

27. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

28. gr.

Í atvinnustarfsemi er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars aðila eða þann sem kemur fram á hans vegum með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt sem greinir í 1. mgr. og eiga þá ákvæði 1. mgr. við ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

29. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

30. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

31. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið, íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskota til þeirra á annan hátt.

32. gr.

Samkeppnisráð getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum svo og almennar reglur um beitingu 20.–23. gr. Samkeppnisstofnun skal eftir því sem kostur er ráðgast við hluteigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

VII. KAFLI
Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

33. gr.

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Samkeppnisstofnun getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

34. gr.

Samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

35. gr.

Við framkvæmd þessara laga getur Samkeppnisstofnun birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

36. gr.

Í því skyni að stuðla að og efla virka samkeppni skal Samkeppnisstofnun afla upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birta niðurstöður, eftir því sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Eftirlit með greiðslukortastarfsemi.

37. gr.

Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð skulu hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Skal þess gætt að viðskiptakjör neytenda verði eigi lakari í slíkum viðskiptum hér á landi en almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum Íslendinga.

38. gr.

Útgefendur greiðslukorta skulu tilkynna slíka útgáfu til Samkeppnisstofnunar og heldur hún skrá yfir þá. Sama gildir um umboðsmenn erlendra greiðslukortafyrirtækja sem reka greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta hér á landi.

39. gr.

Kortaútgefendum er skylt að veita Samkeppnisstofnun upplýsingar um viðskiptaskilmála sína gagnvart korthöfum og greiðsluviðtakendum. Skulu kortaútgefendur birta gjaldskrár sínar opinberlega ef Samkeppnisstofnun krefst þess.

Telji samkeppnisráð að viðskiptaskilmálar kortaútgefenda feli í sér óréttmæt skilyrði sem aðeins taki mið af eigin hagsmunum eða komi illa niður á hagsmunum korthafa eða greiðsluviðtakenda og séu ekki í samræmi við ákvæði 37. gr. getur það lagt bann við slíkum skilmálum og lagt fyrir kortaútgefanda að breyta viðskiptaháttum sínum.

40. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um greiðslukortastarfsemi að fengnum tillögum samkeppnisráðs þar að lútandi.

IX. KAFLI
Verðstöðvun.

41. gr.

Ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, styrjaldarástands eða óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum, getur ríkisstjórnin ákveðið verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagningu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör. Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun skulu annast eftirlit með framkvæmd slíkra ákvarðana.

Aðgerðir skv. 1. mgr. geta staðið allt að þrjá mánuði. Ef talið er nauðsynlegt að aðgerðir standi lengur þarf samþykki Alþingis að koma til í formi þingsályktunar.

X. KAFLI
Upplýsingaskylda.

42. gr.

Samkeppnisstofnun getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Samkeppnisstofnun getur einnig lagt skyldu á þá aðila, sem um getur í 1. mgr., að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

43. gr.

Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt lögum þessum eða ástæða er til að ætla að skilyrði til íhlutunar séu fyrir hendi.

XI. KAFLI
Um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

44. gr.

Skylt er þeim sem um er beðinn að veita eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þeim er nauðsynlegt að afla sér samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samningnum milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól eða samkvæmt fyrirmælum sem gefin eru með heimild í 51. gr.

Samkeppnisstofnun getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 1. mgr. og getur hún sett skilafrest í því sambandi.

45. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum á sama hátt og Samkeppnisstofnun enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

Fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppnisstofnun framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppnisstofnunar og framkvæmdastjórnar EB þegar eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi.

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA og Samkeppnisstofnunar þess efnis að vettvangsrannsókn skuli fara fram má fullnægja með aðfarargerð.

46. gr.

Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar EFTA, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna á Evrópska efnahagssvæðinu.

47. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á samkeppnisreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, á reglum samnings EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA eða á reglum sem settar eru með heimild í 51. gr. þessara laga.

Sömu aðilar geta einnig lagt á févíti til að tryggja að farið verði eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samkeppnisreglnanna, sbr. ákvæði 1. mgr.

Ákvarðanir um sektir og févíti samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.

48. gr.

Ákvæði í 1.–3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn um samkeppni varðandi verslun með kol og stál skulu hafa lagagildi hér á landi.

49. gr.

Hafi ríkisaðstoð, sem 61. gr. EES-samningsins tekur til, verið tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA geta íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárhagsstuðning fyrr en eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Sama gildir um fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem fallið getur undir 61. gr. samningsins.

50. gr.

Sveitarfélag, sem hyggst veita fyrirtæki aðstoð af því tagi sem um getur í 61. gr., skal tilkynna Samkeppnisstofnun um hina fyrirhuguðu aðstoð.

Telji eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita, brjóti gegn 61. gr. EES-samningsins skal Samkeppnisstofnun tilkynna það sveitarstjórn. Samkeppnisráð getur fylgt eftir framkvæmd slíks úrskurðar með álagningu févítis, sbr. 2. mgr. 47. gr.

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skapar það sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

51. gr.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn samkeppnisráðs að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Ráðherra er einnig heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

XII. KAFLI
Almenn ákvæði.

52. gr.

Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.

53. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Enginn má af hálfu stjórnvalda taka þátt í úrlausn máls er lög þessi ná til ef hann hefur þar persónulegra hagsmuna að gæta. Viðkomandi stjórnvald sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma í því sambandi.

XIII. KAFLI
Viðurlög.

54. gr.

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 20., 21. og 22. gr. laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið.

Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

55. gr.

Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal tekið tillit til þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið og þess ávinnings sem þær hafa haft í för með sér. Sektir geta hæst numið 10% af veltu sl. almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum.

Ákvörðun samkeppnisráðs um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

56. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur samkeppnisráð ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

57. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef áfrýjun er skotið til áfrýjunarnefndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

58. gr.

Ákvörðun samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

59. gr.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

60. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

61. gr.

Ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sbr. 42., 43. og 44. gr., eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 18. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

62. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal gefa starfsmönnum Verðlagsstofnunar kost á sambærilegu starfi hjá Samkeppnisstofnun og skal 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við í því tilviki.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Ástæður þess að þetta frumvarp til samkeppnislaga er lagt fram er vaxandi þýðing virkrar samkeppni í að vinna að sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta og stuðla almennt að efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Þótt samkeppni hafi aukist mikið í ýmsum greinum á síðustu árum vantar töluvert á að hún sé fullnægjandi og þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi samkeppnislöggjöf í því skyni að stuðla að örvun samkeppni. Hér er lagt til að unnið verði að þessu markmiði með því að skerpa þær samkeppnisreglur sem nú eru í gildi, örva upplýsingamiðlun og draga úr opinberum samkeppnishömlum. Síðasttalda atriðinu er þó aðeins með óbeinum hætti hægt að vinna að með endurskoðun samkeppnislöggjafarinnar þar sem opinberar samkeppnishömlur eru bundnar í öðrum lögum eða reglum sem þarf að endurskoða sérstaklega.

En samhliða mikilvægi þess að endurskoða samkeppnislöggjöfina í því skyni að treysta samkeppni á innlendum vettvangi er einnig nauðsynlegt vegna áformaðrar þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði að endurskoða reglurnar og samræma þær, eftir því sem ástæða þykir til, þeim reglum sem gilda annars staðar í Evrópu.

Frumvarp þetta var lagt fyrir 115. löggjafarþing og er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að bætt er við kafla um greiðslukortastarfsemi og kafla um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og síðar verður vikið að.

II. Samkeppni.

Upphaf samkeppnisreglna.

Þótt samkeppnisreglur hafi komið tiltölulega seint til sögunnar mun hafa verið þörf fyrir þær miklu fyrr. Að minnsta kosti skrifaði Adam Smith 1789 „að fjármagnseigendur gætu undir engum kringumstæðum komið saman, jafnvel þó tilefnið væri einungis til ánægju og skemmtunar, án þess að félagsskapurinn endaði í einhvers konar samsæri gegn almannaheill eða leynilegu samkomulagi um verðhækkanir". En það var ekki fyrr en 100 árum eftir að Adam Smith sagði þetta að fyrstu samkeppnisreglurnar litu dagsins ljós. Þær áttu upptök sín í Bandaríkjunum með setningu svokallaðra Sherman-laga árið 1890 og Clayton-laga árið 1914 og eru þessar reglur enn í fullu gildi.

Í Evrópu var það hins vegar ekki litið eins alvarlegum augum lengi fram eftir öldinni þótt samráð og einokun væru viðhöfð í viðskiptum og það var ekki fyrr en um 1950 sem fyrstu formlegu samkeppnisreglurnar komu fram í Evrópu.

Bannregla — misbeitingarregla.

Samkeppnisreglur eru byggðar á tveimur mismunandi grundvallaraðferðum. Annars vegar á banni en hins vegar á misbeitingu. Þau lög, sem byggja á banni, fela í sér þá meginreglu að nær allar samkeppnishömlur eru bannaðar. Þau lög, sem byggja á misbeitingu, fela hins vegar ekki í sér að samkeppnishömlur séu fyrir fram bannaðar heldur byggja þau á möguleikum á því að grípa inn í samkeppnishömlur í einstökum tilvikum séu þær taldar skaðlegar.

Bannið er lagt til grundvallar bandarískri löggjöf og einnig samkeppnisreglum Efnahagsbandalagsins. Bannið er einnig lagt til grundvallar í þýskri, franskri, spænskri og ítalskri löggjöf.

Misbeiting hefur almennt verið lögð til grundvallar löggjöf lítilla ríkja í Vestur Evrópu, t.d. í Hollandi, Belgíu, Sviss, Austurríki og á Norðurlöndum. Þróunin er hins vegar í þá átt í þessum ríkjum að færa sig nær bannreglunni.

Ekki ber þó að gera allt of mikið úr þeim mismun sem er á bann- og misbeitingaraðferðinni í framkvæmd. Áhrif bannsins eru oft milduð með því að veita undanþágur frá því og stundum er skerpt á misbeitingaraðferðinni með nokkrum bönnum. En yfirleitt er auðveldara að framfylgja bannaðferðinni þar sem ákvæðin fela í sér hvað má og hvað má ekki. Hitt getur reynst erfiðara að sýna fram á skaðsemi tiltekinna samkeppnishamlna.

Tegundir samkeppnishamlna.

Í grófum dráttum eru fjórar tegundir samkeppnishamlna algengastar og þess vegna er samkeppnisreglum helst beint gegn þeim.

Í fyrsta lagi eru það láréttir samningar, þ.e. samningar milli aðila sem eru á sama stigi í framleiðslu eða dreifingu, t.d. innbyrðis milli framleiðenda, innbyrðis milli heildsala eða innbyrðis milli smásala. Samkeppnisreglur eru yfirleitt strangastar um þessa tegund samkeppnishamlna, sérstaklega þar sem bannaðferðin er lögð til grundvallar.

Önnur aðaltegundin er lóðréttir samningar, þ.e. milli aðila sem eru ekki á sama stigi í framleiðslu eða dreifingu, t.d. samningur milli framleiðanda og heildsala eða milli heildsala og smásala.

Þriðja tegundin er misnotkun á markaðsyfirráðum. Það er almennt viðurkennt að þessari tegund samkeppnishamlna þurfi að fylgjast sérstaklega vel með. Það eru hins vegar skiptar skoðanir um það á alþjóðavettvangi hvort hentar betur að beita bannaðferðinni eða misbeitingaraðferðinni ef um er að tefla misnotkun á markaðsyfirráðum.

Fjórða aðaltegundin er eftirlit með samruna fyrirtækja sem er reyndar nátengt eftirliti með markaðsyfirráðum. Þessari tegund samkeppnishamlna var gefinn gaumur mun síðar en hinum fyrri, í Bandaríkjunum um 1950 og í Vestur-Evrópu ekki fyrr en eftir 1970. Og enn eru menn ekki á eitt sáttir um nauðsyn sérstaks eftirlits með samruna fyrirtækja og heldur ekki um það með hvaða hætti slíkt eftirlit eigi að vera.

III. Samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Eins og að framan greinir er möguleg aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði önnur meginástæða þess að frumvarpið kemur fram nú. Það er því eðlilegt að gera grein fyrir þeim samkeppnisreglum sem gilda munu á efnahagssvæðinu áður en fjallað verður um frumvarpið sjálft.

Samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eru að meginefni byggðar á samkeppnisreglum Evrópubandalagsins (EB). Þær eru því byggðar á bannaðferðinni. En vakin er sérstök athygli á því að samkeppnisreglur EES gilda aðeins þegar um er að ræða samkeppnishömlur sem hafa eða geta haft áhrif á viðskipti milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að svæðinu. Samkeppnisreglur hvers lands fyrir sig gilda því áfram um viðskipti sem aðeins hafa áhrif innan landamæra viðkomandi lands. Oft ríkir hins vegar óvissa um hvar draga eigi mörkin og í slíkum tilvikum er líklegt, a.m.k. miðað við reynslu innan EB, að EES-reglur muni oftar en ekki gilda. Samkeppnisreglur EES munu því vafalaust einnig framvegis hafa áhrif í viðskiptum sem aðeins eiga sér stað innan einstakra landa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu samkeppnisreglum EES.

Bann við samningum um samkeppnishömlur í 53. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt 53. gr. EES-samningsins eru samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir um verð, framleiðslutakmarkanir, fjárfestingartakmarkanir, markaðsskiptingu o.fl. bannaðar. Þrjár forsendur þurfa þó að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að framfylgja bönnunum.

Í fyrsta lagi þurfa að vera fyrir hendi, formlega eða óformlega, samningar, samþykktir eða samstillar aðgerðir á milli fyrirtækja. „Heiðursmannasamkomulag" er nóg í þessu sambandi.

Í öðru lagi þurfa aðgerðirnar að geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarlandanna. Þessi forsenda felur í sér tilraun til þess að greina á milli þess hvenær EES-reglur gilda og hvenær gilda reglur einstakra aðildarlanda. Eins og áður segir er þessi forsenda túlkuð mjög vítt af EB og hefur bandalagið m.a. talið það vera nægilega ástæðu til þess að mál falli undir samkeppnisreglur þess að áhrif á viðskipti milli aðildarlanda séu möguleg í framtíðinni.

Þriðja forsendan er að aðgerðirnar þurfa að hafa að markmiði eða leiða til þess að samkeppni innan hins sameiginlega markaðar skerðist. Til þess að skera úr um það er nauðsynlegt að afmarka sérstaklega þann markað þar sem áhrifa samkeppnishamlnanna gætir í hverju tilviki, þ.e. þann markað sem máli skiptir í einstökum málum. Þar er bæði um að ræða vörumarkaðinn þar sem litið er á innbyrðis staðgengi varanna og hinn landfræðilega markað.

Þótt 53. gr. feli í sér víðtæk bönn eru ekki allar aðgerðir er varða samkeppnishömlur bannaðar. Nefna má svokallaða minniháttarreglu (rule de minimis eða bagatel-reglu) sem felur í sér að samningar, sem ná til innan við 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna, sem hlut eiga að máli, er innan við 200 millj. ECU, eru undanþegnir þessu bannákvæði. Skilyrði fyrir undanþágum er að báðar forsendurnar séu uppfylltar.

Fyrir utan minniháttarregluna eru í 53. gr. heimildir til þess að veita aðrar undanþágur frá hinum ströngu bannákvæðum þegar sýnt þykir að jákvæð áhrif samkeppnishamlna séu meiri en hin neikvæðu. Þetta gildir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilega og efnahagslega framþróun en það er algjört skilyrði að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í því sem ávinnst. Undanþágurnar eru yfirleitt bundnar einstökum tilvikum en einnig eru undanþágur fyrir ákveðna flokka vöru og þjónustu.

Vegna þess hve mikilvægt er við framkvæmd samkeppnisreglna EES að afmarka þann markað sem skiptir máli hverju sinni er rétt að fjalla stuttlega um hvernig hann er skilgreindur.

Vörumarkaður sem skiptir máli.

Það sem úrslitum ræður um hvort ákveðnar vörur eigi að teljast til sama markaðar er innbyrðis staðgengi varanna.

EB byggir mat sitt á staðgengi vara, fyrst og fremst á hlutlausum forsendum sem hægt er að tengja beint við sjálfa vöruna, svo sem einkenni hennar, verð og notkun. Í reynd hefur þó einnig verið tekið tillit til annarra aðstæðna á markaðnum. Þannig hafa líkar vörur, sem höfða til mismunandi hópa neytenda, verið taldar tilheyra ólíkum mörkuðum. Almennt má segja að það verður að vera töluvert mikið staðgengi fyrir hendi til þess að vörur teljist tilheyra sama markaði. Í dómi EB-dómstólsins í máli United Brand fyrirtækisins voru t.d. bananar taldir tilheyra sérmarkaði þó að aðrir ávextir hafi að vissu

marki verið taldir geta komið í stað banana. Bananar og aðrir ávextir voru sem sé ekki taldir vera í beinni samkeppni. Í svokölluðu Philip Morris máli var litið svo á að sígarettur væru sérstakur markaður aðskilinn frá markaði fyrir vindla, pípur o.s.frv.

Almennt er því matið á umfangi vörumarkaðarins mjög þröngt hjá EB og það er ótvírætt að samkvæmt löggjöf bandalagsins hefur hann verið túlkaður þrengra en hægt er að færa rekstrarfræðileg rök fyrir. Gera má ráð fyrir að skilgreining EB á hugtakinu „vörumarkaður" muni hafa áhrif á túlkun EES-reglna.

Landfræðilegi markaðurinn sem máli skiptir.

Almennt má segja að það sé auðveldara að afmarka hinn landfræðilega markað sem máli skiptir en vörumarkaðinn. EB gerir ráð fyrir að landfræðilegi markaðurinn nái til verulegs hluta af hinum sameiginlega markaði. Í reynd hefur þó annað komið í ljós. Skilgreining á hugtakinu verulegur hluti hins sameiginlega markaðar hefur verið mjög teygjanleg og virðist í reynd geta átt við smæstu markaði, svo framarlega sem þeir eru álitnir sérstakir afmarkaðir samkeppnismarkaðir. Það verður að telja líklegt að þrátt fyrir smæð íslenska markaðarins verði hann í mörgum tilvikum skilgreindur sem sérstakur landfræðilegur markaður vegna einangrunar hans frá öðrum mörkuðum.

Bann við misbeitingu á markaðsráðandi stöðu í 54. gr. samningsins.

Samkvæmt 54. gr. EES-samningsins er markaðsráðandi fyrirtækjum bannað að misnota aðstöðu sína með því t.d. að ákvarða ósanngjarnt verð, takmarka framleiðslu, markaðs- eða tækniþróun til skaða fyrir neytendur, mismuna viðskiptavinum o.fl.

Það ræður úrslitum um notkun 54. gr. hvernig hugtakið markaðsráðandi staða er túlkuð og hvernig vörumarkaðurinn og landfræðilegi markaðurinn eru skilgreindir.

Markaðsyfirráð.

Eins og áður hefur komið fram getur verið töluvert erfitt að skilgreina þá vörumarkaði og landfræðilegu markaði sem máli skipta og ýmis sjónarmið virðast ráða við mat á þeim. En þegar það mat hefur farið fram í einstökum málum hefur grunnurinn að skilgreiningu á markaðsyfirráðum verið lagður.

Í United Brand málinu (bananamálinu) gaf EB-dómstóllinn út eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu markaðsyfirráð: „Það er sú staða þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að fyrirtækinu er kleift að hindra virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til samkeppnisaðila, viðskiptavina og neytenda."

Þó að stærð markaðshlutdeildar skipti mestu máli þarf hún ekki alltaf að vera mjög mikil til þess að um markaðsyfirráð sé að ræða. T.d. getur hófleg markaðshlutdeild í tengslum við tæknilega sérþekkingu, yfirráð yfir hráefnum og yfirráð yfir fjármagni gefið fyrirtæki möguleika á að ákvarða verð eða stýra framleiðslu eða dreifingu á verulegum hluta þeirra vara sem um ræðir. Ýmis fleiri atriði geta leitt til markaðsyfirráða þó að markaðshlutdeild sé ekki mjög mikil.

EB telur 80% markaðshlutdeild ótvírætt leiða til markaðsyfirráða. Í reynd hefur 57% markaðshlutdeild og þar yfir verið talin nægileg til þess að um markaðsyfirráð sé að ræða. 40–45% markaðshlutdeild er í sjálfu sér ekki nægileg til þess að hægt sé að fullyrða án frekari upplýsinga að markaðsyfirráð séu fyrir hendi en þó eru ekki gerðar kröfur um miklar viðbótarupplýsingar til þess að sýna fram á að sú markaðshlutdeild sé nægilega mikil.

En eins og áður segir geta ýmis atriði gert það að verkum að lítil markaðshlutdeild leiði til markaðsyfirráða. Undir 11% eru markaðsyfirráð þó talin útilokuð. 20–40% geta hins vegar skapað markaðsyfirráð ef fyrirtæki eru óháð fjármagni, hráefnum, samkeppnisaðilum o.s.frv.

Ítreka skal að markaðsyfirráð í sjálfu sér eru ekki bönnuð heldur misbeiting þeirra.

Eftirlit með samruna fyrirtækja skv. 57. gr. samningsins.

Það er náið samband milli misbeitingar á markaðsráðandi stöðu og eftirlits með samruna fyrirtækja. En það eru ekki nema rúmlega tvö ár síðan EB setti reglur um eftirlit með samruna fyrirtækja. Þær höfðu þó verið í undirbúningi í um fimmtán ár en samstaða náðist ekki um þær fyrr en 1989. Samkvæmt 57. gr. EES-samningsins eru reglur EB á þessu sviði teknar upp. Framkvæmd reglnanna verður þó nær eingöngu í höndum EB en í náinni samvinnu við eftirlitsstofnun EFTA.

Samrunareglurnar taka aðeins til samruna fyrirtækja sem hafa árlega veltu yfir ákveðnum mörkum. Þannig þarf velta þeirra fyrirtækja, sem hyggjast renna saman, að vera yfir 5 milljarðar ECU í öllum heiminum og a.m.k. tvö fyrirtækjanna þurfa að selja fyrir 250 milljónir ECU hvort innan Efnahagsbandalagsins til þess að samruninn falli undir reglur þess. Þessi mörk eru mjög há og er því ólíklegt að þessi grein muni hafa áhrif á íslensk fyrirtæki.

Opinber fyrirtæki þurfa að laga sig að samkeppnisreglum.

Í 59. gr. er kveðið á um með vissum undantekningum, t.d. um skattheimtu fyrir ríkissjóð, að opinber fyrirtæki eða fyrirtæki með einkaleyfi eða sérleyfi skuli laga sig að samkeppnisreglum EES.

Aðrar samkeppnisreglur EES.

Fleiri megingreinar samningsins um EES fjalla um samkeppnismál, þar á meðal um skiptingu mála og samvinnu á milli eftirlitsstofnana EFTA og EB og um framkvæmd eftirlits með samkeppnisreglunum. Þá er aragrúi af reglugerðum, fyrirmælum og tilmælum um samkeppnismál sem gerð verður grein fyrir á öðrum vettvangi.

IV. Samkeppnisreglur á Norðurlöndum.

Eins og að framan greinir eru samkeppnisreglur á Norðurlöndum í meginatriðum byggðar á misbeitingaraðferðinni en þó eru nokkur bannákvæði í gildi. Það hefur jafnframt komið fram að aðild að EES felur ekki í sér að einstök lönd þurfi að breyta miklð þeim meginreglum sem þau hafa nú og gilda aðeins um viðskipti sem áhrif hafa innan landanna.

Engu að síður telja Finnar, Norðmenn og Svíar nauðsynlegt að endurskoða gildandi samkeppnisreglur samhliða aðild að EES og laga þær að þeim reglum sem gilda munu á efnahagssvæðinu án þess þó að taka að öllu leyti upp bannregluna. Þjóðirnar hafa haft samráð við endurskoðun reglnanna og komist að svipaðri niðurstöðu. Þó virðast Svíar ætla að ganga lengst í því að samræma reglur sínar reglum EES.

Þótt Danir hafi verið aðilar að EB í tuttugu ár eru dönsku samkeppnisreglurnar, þ.e. þær reglur sem gilda í viðskiptum innan Danmerkur, í meginatriðum byggðar á misbeitingaraðferðinni. Danir hafa til þessa ekki talið nauðsynlegt að laga algjörlega reglurnar að þeim samkeppnisreglum sem gilda hjá EB en hins vegar taka þeir ríkt tillit til reglna EB við framkvæmd samkeppnismála í Danmörku og þess vegna hefur bannreglan nú þeg-

ar mikil áhrif í viðskiptum innan Danmerkur. Danir hafa þó hafið undirbúning að því að samræma reglurnar formlega samkeppnisreglum EB og er stefnt að því að breytingarnar taki gildi um leið og innri markaður EB.

Í þeirri endurskoðun á samkeppnisreglum, sem nú fer fram í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, er, eins og að framan greinir, gert ráð fyrir að laga að þær þeim reglum sem gilda munu á EES. Þó er gert ráð fyrir að banna aðeins þá samninga og samþykktir sem nær undantekningarlaust skerða samkeppni. Þá er m.a. átt við bann við samráði um verð, markaðsskiptingu og við gerð tilboða. Í hugmyndunum er hins vegar gert ráð fyrir að misbeitingaraðferðin verði áfram í gildi þegar um er að ræða skaðlegar samkeppnishömlur sem nauðsynlegt er að meta í einstökum tilvikum. Þá er einkum um að ræða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, mismunun á milli viðskiptavina o.fl. sem getur verið matsatriði hvort hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Í þessu frumvarpi er, eins og nánar verður komið að síðar, tekið mið af þeim hugmyndum sem eru uppi á Norðurlöndum en jafnframt tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Áður en nánar verður komið að því hvaða meginbreytingar frumvarpið felur í sér er rétt að gera stuttlega grein fyrir þróun þessara mála hér á landi undanfarna áratugi.

V. Þróun verðlags- og samkeppnismála hér á landi.

Þróun verðlags- og samkeppnismála hér á landi hefur á undanförnum áratugum að nokkru verið með öðrum hætti en í nágrannalöndunum eins og rakið verður hér á eftir.

1939–1990. Rauði þráðurinn afskipti af verðlagningu.

Frá því að skipulagt verðlagseftirlit hófst fyrir hálfri öld má segja að starfsemi verðlagsyfirvalda, með stuttum hléum, hafi í meginatriðum verið fólgið í því að framfylgja verð- og álagningarstöðvunum og þess á milli verðlagsaðhaldi í einu eða öðru formi. Rauði þráðurinn hefur því verið bein eða óbein afskipti af verðlagningu en það er ekki fyrr en á síðustu árum sem starfseminni hefur verið beint inn á þá braut að örva samkeppni.

1939–1960. Takmarkað vöruframboð.

Ástæður verðlagsafskiptanna hafa verið breytilegar eftir aðstæðum á hverjum tíma. Þannig var tilefnið í heimsstyrjöldinni og fyrstu árin eftir hana takmarkað vöruframboð. Það var enginn ágreiningur um nauðsyn verðlagsákvæða á stríðsárunum síðari þegar mikill vöruskortur var og engin skilyrði til samkeppni fyrir hendi enda voru verðlagsákvæði einnig í gildi í nágrannalöndunum á þeim árum.

Þegar vöruframboð jókst eftir stríð drógu nágrannalöndin fljótlega úr opinberu verðlagseftirliti og tóku upp samkeppnisreglur. Hér á landi voru hins vegar sett á innflutningshöft sem í gildi voru til ársins 1960. Það var því ekki ágreiningur um það í þjóðfélaginu að opinber afskipti af verðmyndun væru nauðsynleg fram að þeim tíma.

1960–1970. Hagstæðari samkeppnisskilyrði.

Á áratugnum milli 1960 og 1970 sköpuðust með frelsi í innflutningi og tiltölulega hóflegri verðbólgu skilyrði til þess að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun. Sú ríkisstjórn, sem þá sat að völdum, hafði á stefnuskrá sinni að hrinda þessu í framkvæmd en það gerðist hins vegar ekki.

Frumvarp, sem ríkisstjórnin lagði fram í þessu skyni, var fellt á þinginu 1969.

Ýmsar ástæður voru fyrir því að frumvarpið var fellt, m.a. afstaða launþegasamtak-

anna. Þau voru tortryggin og töldu að meiri undirbúning þyrfti vegna þess m.a. hve miklu erfiðara það væri að koma á virkri samkeppni hér en í nágrannalöndunum. Fámenni og landfræðileg einangrun gerði það að verkum að samkeppni væri ekki eins mikil og í nágrannalöndunum en einnig kæmi hér til stefna stjórnvalda í tolla- og gjaldeyrismálum o.fl.

1970–1982. Verðstöðvun.

Á árinu 1970 var þvert á umræðuna, sem þá fór fram, sett á verðstöðvun og var hún í einu eða öðru formi í gildi í tólf ár. Í reynd var þó ekki um eiginlega verðstöðvun að ræða nema skamman tíma heldur var verðlagsyfirvöldum falið að koma í veg fyrir að kostnaðarhækkanir færu meira út í verðlagið en brýna nauðsyn bæri til. Ýmsar ástæður lágu því til grundvallar af hálfu stjórnvalda að draga að aflétta verðstöðvuninni. Á þessum árum ríkti mikil spenna í efnahagslífinu. Verulegar launa- og olíuverðshækkanir ásamt gengisfellingum ollu óðaverðbólgu og almenningur hafði því engin tök á að fylgjast með og leggja mat á verð og verðbreytingar. Við þessar aðstæður töldu stjórnvöld sig þurfa að hafa hönd í bagga með þróun verðlagsmála.

Samkeppnislöggjöf 1978.
Framkvæmd enn frestað vegna lagabreytinga og verðbólgu.

Þrátt fyrir spennuna í efnahagslífinu hættu ekki umræður um breytt fyrirkomulag í verðlagsmálum. Þær héldu áfram og á árinu 1978 voru loks samþykkt þau lög sem nú eru í meginatriðum í gildi. Gildistaka laganna átti að vera 1. nóvember 1978. En ýmislegt gerðist áður en að gildistöku kom sem sýnir hve viðkvæm þessi mál voru á þeim tíma.

Ný ríkisstjórn tók við haustið 1978 og frestaði gildistöku laganna um eitt ár til 1. nóvember 1979 og breytti jafnframt því ákvæði í lögunum sem erfiðast hafði verið að ná pólitískri samstöðu um. Þetta ákvæði hljóðaði þannig eins og lögin voru upphaflega samþykkt: „*þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag,* **skal** *verðlagning vera frjáls*".

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingu á þessu ákvæði sem hér segir: „*Þegar samkeppni er nægileg* **getur** *verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, vikið frá núgildandi reglum um verðlagningu og m.a. heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan ákvæðum.*"

Með þessari breytingu var í rauninni verið að ganga enn lengra í átt til opinberrar verðákvörðunartöku en þau lög, sem áður voru í gildi, fólu í sér. Við þessi skilyrði hóf verðlagsráð starf sitt í nóvember 1979. Lagaákvæðið var ekki endurskoðað á ný fyrr en á árinu 1982 er því var í meginatriðum breytt í sama horf og í lögunum sem samþykkt voru 1978.

1983. Hafist handa um afnám verðlagsákvæða.

Á árinu 1983 var því fyrst að marki hægt að huga að því að fella niður verðlagsákvæði þar sem samkeppni var fyrir hendi. Aðstæður til þess að taka þessi skref höfðu að vísu ekki mikið breyst, verðbólga var enn gríðarlega mikil en hins vegar urðu mönnum annmarkar gildandi fyrirkomulags sífellt betur ljósir og töldu að það fælist því ekki mikil áhætta í því að gera tilraun með afnám verðlagsákvæða. Ýmis atriði voru nefnd í þessu sambandi.

1. Í fyrsta lagi væri verðlagskerfið ósveigjanlegt og ekki hvetjandi og veitti fyrirtækjum því ekki nægilegt aðhald. Þvert á móti hvetti það t.d. til óhagkvæmra innkaupa að halda álagningarprósentu verslunarinnar mjög lágri þar sem hlutur verslunarinnar í krónutölu yrði stærri eftir því sem keypt væri dýrara inn.
2. Nátengt þessu hafði komið fram í könnunum Verðlagsstofnunar að hin lága álagning, sem leyfð hafði verið í innflutningsversluninni, hefði leitt til óeðlilegrar umboðslaunatöku erlendis sem áhrif hefði haft til hækkunar á vöruverði.
3. Þá hefði sá seinagangur, sem verið hefði á afgreiðslu mála hjá verðlagsyfirvöldum, sérstaklega eftir að ríkisstjórnin setti þá starfsreglu að ákvarðanir tækju ekki gildi nema með staðfestingu ríkisstjórnar, valdið fyrirtækjum verulegu tjóni og leitt til enn hærra verðs síðar.
4. Þá hefði hið opinbera verðmyndunarkerfi ósjálfrátt þjappað fyrirtækjum og einstaklingum saman í því skyni að geta betur sem heild þrýst á taxtahækkanir. Reynslan sýndi að þegar heilar starfsgreinar tækju sig saman um taxtahækkanir miðuðust kröfur þeirra yfirleitt við þá sem lakast stæðu sig án tillits til þess hvort þörf væri fyrir þá áfram í starfsgreininni. Þess vegna væri veruleg hætta á að í þessum starfsgreinum væri haldið uppi óeðlilega háum verðtöxtum.
5. Þá voru færð rök að því að hið opinbera verðmyndunarkerfi hefði villt um fyrir neytendum þar sem þeir hefðu talið sig betur verndaða af kerfinu en þeir í raun hefðu verið. Neytendur hefðu því ekki haldið nægilega vöku sinni og veitt það aðhald sem enginn annar en þeir gætu veitt.

Þetta leiddi jafnframt til þess að verslunin hefði til hins ýtrasta getað nýtt sér heimilaða hámarksálagningu án tillits til þess hvort hún taldi vera þörf fyrir hana eða ekki.

Þessir annmarkar og fleiri áttu m.a. þátt í því að hafist var handa um afnám verðlagsákvæða á árinu 1983 þrátt fyrir að skilyrði til þess væru að ýmsu leyti óhagstæð. Á næstu þremur árum voru verðlagsákvæði síðan afnumin í flestum greinum iðnaðar og verslunar.

Í framhaldi af þessum ákvörðunum um afnám verðlagsákvæða var gert ráð fyrir því að verðlags- og samkeppnisyfirvöld legðu áherslu á að stuðla að eflingu samkeppni á hinum ýmsu mörkuðum. Það hefur verið gert en þó ekki í eins ríkum mæli og stefnt var að vegna þess að strax á árinu 1987 og næstu ár á eftir var verðlagsyfirvöldum á ný falið að framfylgja verðstöðvun, hertu verðlagseftirliti, eftirliti með álagningu vörugjalds, virðisaukaskatti o.fl. Enn á ný voru verðlagsafskipti sett á forgangslista. Það dróst því enn nokkuð að færa starfsemina formlega yfir í að sinna samkeppnismálum. Töluvert samkeppnishvetjandi starf hefur þó verið unnið með verðkönnunum og annarri upplýsingamiðlun og eins hefur verið fjallað um einstök kærumál milli fyrirtækja og hefur þeim fjölgað að undanförnu. Með þessu frumvarpi er lagður grunnur að því að efla þennan þátt í starfsemi verðlags- og samkeppnisyfirvalda enn frekar.

Óréttmætir viðskiptahættir.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum var með lögunum frá 1978 fellt undir löggjöfina um verðlag og samkeppnishömlur. Ástæðan fyrir því að þessi málaflokkur var settur inn í sömu lög á sínum tíma var smæð markaðarins og að of kostnaðarsamt þótti að koma á fót sérstakri stofnun til að fylgjast með óréttmætum viðskiptaháttum. Aðstæður hafa ekki breyst að þessu leyti enda hentar að mörgu leyti vel að þessir málaflokkar, sem stefna að sama markmiði, séu áfram undir sömu stofnun. Erlendis er mismunandi fyrirkomulag á þessu en m.a. í Bretlandi og Frakklandi er sama fyrirkomulag og hér á landi.

VI. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að efla virka samkeppni. Ekki vegna þess að samkeppni sé eitthvert takmark í sjálfu sér, heldur samkeppni á þeim sviðum þar sem hún tryggir best hag neytenda, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild.

Ef litið er á helstu breytingar sem felast í frumvarpinu ber að nefna að andi laganna hefur breyst þar sem í fyrri lögum var meiri áhersla lögð á bein verðlagsafskipti. Í frumvarpinu er hins vegar megináhersla lögð á að efla samkeppni en að sama skapi að draga úr verðlagsafskiptum. Þess vegna er m.a. lagt til að nafni Verðlagsstofnunar verði breytt í Samkeppnisstofnun og nafni verðlagsráðs í samkeppnisráð.

Í frumvarpinu er ákvæði um að Samkeppnisstofnun eigi að veita aðstoð við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Þarna er m.a. verið að uppfylla kröfur sem gerðar verða til landa sem aðilar verða að Evrópsku efnahagssvæði og í tengslum við fullgildingu EES-samningsins hefur verið bætt við frumvarpið frá fyrri gerð þess, sem lögð var fyrir 115. löggjafarþing, sérstökum kafla um framkvæmd þeirra sameiginlegu samkeppnisreglna sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur einnig verið bætt við frumvarpið sérstökum kafla um greiðslukortastarfsemi.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fjölga bannákvæðum við þeim samkeppnishömlum sem að fenginni reynslu má telja skaðlegastar en jafnframt verði misbeitingarreglan áfram í gildi gagnvart þeim samkeppnishömlum sem nauðsynlegt er að leggja sérstakt mat á hvort hafi skaðleg áhrif í för með sér.

Að því er varðar láréttu samkeppnishömlurnar, þ.e. samvinnu milli aðila sem eru í beinni samkeppni, er lagt til að samningar eða aðrar samstilltar aðgerðir um verð, gerð tilboða og markaðsskiptingu verði bannaðar. Bann við markaðsskiptingu er nýmæli í íslenskri löggjöf og einnig bann við leiðbeinandi láréttu samráði, t.d. ýmissa starfsstétta um útgáfu sameiginlegs taxta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gildandi reglur um lóðréttar samkeppnishömlur, þ.e. að seljandi megi ekki binda hendur endurseljanda vöru um ákvörðun verðs, verði áfram í gildi. Nýmæli er þó að seljandi vöru getur ákveðið það verð sem endurseljandi má hæst verðleggja vöruna á.

Frá þessum bannákvæðum eru undanþáguheimildir ef þær geta leitt til aukinnar samkeppni, aukinnar framleiðni eða þegar sérstakar aðstæður, er varða almannaheill, eru fyrir hendi. Enn fremur er leyfð samvinna á milli aðila sem eru svo litlir að áhrif þeirra á markaðinn eru svo lítil að hún skiptir ekki máli eða samvinna þeirra getur leitt til þess að samkeppni á markaðnum eflist. Þá er í frumvarpinu m.a. gert ráð fyrir undanþágu vegna nytjaleyfissamninga.

Fyrir utan bannákvæði, sem eru lögfest, er í frumvarpinu gert ráð fyrir íhlutun í aðrar skaðlegar samkeppnishömlur. Annars vegar er um að ræða almenna heimild til íhlut-

unar gegn m.a. markaðsráðandi fyrirtækjum sem misnota aðstöðu sína.

Hins vegar er um um að ræða nýmæli í íslenskum lögum sem felur í sér heimild til þess að banna samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki ef það dregur verulega úr samkeppni. Einnig felur heimildin í sér möguleika á að ógilda samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Sjötti kafli laganna fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og er hann í meginatriðum óbreyttur frá samsvarandi kafla í gildandi lögum. Þó er bætt inn nýju ákvæði um auglýsingar, einkum til verndar óheppilegum áhrifum auglýsinga á börn. Á hinn bóginn er tekið út ákvæði sem felur í sér bann við úthlutun vinninga í verðlaunasamkeppni ef markmiðið er örvun sölu eða þjónustu og tilviljun ræður hver vinning hlýtur.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að efla gagnsæi markaðarins með upplýsingamiðlun enda er það grundvallarforsenda fyrir þróun virkrar samkeppni að seljendur og kaupendur vöru og þjónustu beri gott skynbragð á verð, viðskiptakjör, gæði o.fl.

Eins og fram er komið gerir frumvarpið ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld beiti verðlagsákvæðum aðeins í undantekningartilvikum ef önnur úrræði duga ekki. Í frumvarpinu er hins vegar heimild til handa ríkisstjórn til þess að setja á verðstöðvun eða aðrar verðlagningarreglur ef neyðarástand skapast, t.d. vegna náttúruhamfara eða styrjaldarástands.

Nýmæli er í lögunum að samkeppnisráði er veitt heimild til þess að leggja á sektir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta er í samræmi við þróun í nágrannalöndunum og byggist á því hve samkeppnismál eru flókin og vandmeðfarin og því er talið rétt að þeir sem hafa sérþekkingu fái slíka heimild. Ákvörðun samkeppnisráðs má áfrýja til sérstakrar áfrýjunarnefndar.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið hefst á almennri stefnuyfirlýsingu um tilgang og markmið laganna. Markmið laganna er að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta og efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Samkvæmt frumvarpinu er þessu markmiði náð m.a. með því að efla virka samkeppni í viðskiptum.

Forðast ber samkeppnishindranir og aðrar takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri og er því skerpt á núgildandi samkeppnisreglum og dregið úr mikilvægi beinna verðlagsákvæða. Í b-lið greinarinnar er kveðið á um að unnið skuli gegn óréttmætum viðskiptaháttum og felur frumvarpið ekki í sér veigamiklar breytingar á ákvæðum í núgildandi lögum sem fjalla um þetta efni.

Um 2. gr.

Frumvarpið tekur til allrar atvinnustarfsemi, hvort sem hún er á vegum einstaklinga, félaga, ríkis og sveitarfélaga eða annarra, sem fer fram gegn endurgjaldi. Með því að láta frumvarpið ná til atvinnurekstrar á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem og einkaaðila, er tryggt að samræmd framkvæmd næst á ýmsum sviðum atvinnulífsins óháð því hvort rekstur fyrirtækja er á vegum einkaaðila eða hins opinbera.

Tekið er sérstaklega fram að frumvarpið nær ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í þágu atvinnurekenda.

Þjónusta, sem opinberir aðilar veita, svo sem fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónusta og rekstur sjúkrahúsa, félagsmálastarfsemi og þess háttar, telst ekki atvinnustarfsemi og fellur því ekki undir ákvæði frumvarpsins. Lögin ná til samgangna og flutningastarfsemi,

hvort heldur er á vegum einkaðila eða opinberra aðila. Frumvarpið tekur ekki til góðgerðarstofnana, þeð með talið happdrætti, nema atvinnustarfsemin sé rekin á viðskiptagrundvelli. Með þjónustu er átt við hvers konar fyrirgreiðslu, vinnu eða þjónustu gegn endurgjaldi, nema launaða vinnu í þjónustu annarra. Hér er t.d. átt við flutningastarfsemi, vöruafgreiðslu, rekstur kvikmyndahúsa, gisti- og sólbaðstofa, tölvu-, dans- og fimleikaskóla, myndbandaleigu o.fl.

Um 3. gr.

Lögin ná til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Samkeppnislögin gilda því á Íslandi og er þá stuðst við kenningu um áhrifasvæði eins og samkeppnislög annarra þjóða byggja á, t.d. eins og í ríkjum Evrópubandalagsins og Bandaríkjunum.

Samkvæmt kenningunni um áhrifasvæði er talið nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld geti beitt sér gegn ráðstöfunum sem hafa áhrif á íslenskum markaði þótt sá sem beiti þeim sé erlent fyrirtæki. Íslenskum lögum sé því hægt að beita innan lands og utan þótt svo íslenskri refsilöggjöf verði einungis við komið hér á landi. Með aukinni fjárfestingu og starfsemi útlendinga hér á landi er þýðingarmikið að hægt sé að hafa áhrif á eða banna skilmála eða athafnir erlendra aðila sem hafa áhrif á Íslandi. Í þessum tilvikum næst ekki til erlendra samningsaðila af íslenskum yfirvöldum en hægt er að ná til umboðsmanna og fulltrúa þeirra á Íslandi varðandi hlutdeild þeirra í ákvörðunum og ábyrgð hér á landi. Þá er hugsanlegt að sakfella viðkomandi útlending vegna þátttöku í broti og framkvæma upptöku eigna hans á Íslandi þótt aðför í heimalandi verði að fara samkvæmt alþjóðlegum reglum varðandi fullnustu dóma og stjórnsýsluákvæða.

Lögin ná ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands og ná því ekki til útflutnings. Útflutningur telst jöfnum höndum vera sala vöru úr landi, flutningur frá landinu og þjónusta við erlenda aðila ef hún er greidd af erlendum aðilum. Fyrirtæki í útflutningi, sem gerir samninga, beitir skilmálum eða viðhefur aðgerðir sem eru samkeppnishamlandi á heimamarkaði og á útflutningsmarkaði, getur samt sem áður ekki borið við útflutningsundanþágu á þeim hluta starfseminnar sem fer fram á Íslandi. Talið er óþarft að íslensk samkeppnislöggjöf taki til útflutnings þar sem eðlilegra þykir að starfsemi útflutningsfyrirtækja sé bundin samkeppnislöggjöf viðkomandi innflutningslands. Það er gert með hliðsjón af því að rétt þykir að allir samkeppnisaðilar á tilteknum markaði séu háðir sömu leikreglum svo ekki komi til árekstra milli samkeppnisyfirvalda viðkomandi ríkja varðandi túlkun mismunandi lagaákvæða.

Því hefur það lagaákvæði verið sett í frumvarpið að ráðherra geti ákveðið að lögin gildi um samninga, skilmála og athafnir sem hafa áhrif erlendis og hér á landi á tilteknum sviðum enda sé kveðið á um slíkt í samningi við annað ríki eða alþjóðastofnun sem Ísland er aðili að. Ráðherra getur því víkkað út áhrifasvæði laganna erlendis eða þrengt áhrifasvæðið hér innan lands á ákveðnum sviðum ef kveðið er á um slíkt í samningum við önnur ríki eða alþjóðastofnanir um samstarf á alþjóðavettvangi. Ekki er nú unnt að segja til um nauðsyn á slíkri útvíkkun á áhrifasvæði laganna en ekki er útilokað að til hennar komi í framtíðinni.

Ráðherra er heimilt að gefa út með reglugerð úrskurði um samkeppnismál sem kveðnir eru upp af þeim stofnunum sem fara með framkvæmd sameiginlegra samkeppnisreglna samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar sem Ísland er aðili að. Sam-

kvæmt 4. mgr. er búið í haginn fyrir gagnkvæma aðstoð í samkeppnismálum milli Íslands og annarra ríkja og alþjóðastofnana í samkeppnismálum. Þetta ákvæði er sett inn í frumvarpið, m.a. með hliðsjón af áformuðum samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður framkvæmd laganna í höndum viðskiptaráðherra og í hans umboði annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á sviði því sem lögin ná til.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um skipun og tilnefningu í samkeppnisráð. Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi formann samkeppnisráðs án tilnefningar en Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni hvort sinn fulltrúa. Hlutlausa aðild að samkeppnisráði er reynt að tryggja með því að fela Hæstarétti Íslands að skipa tvo menn og með því að krefjast þess að þeir skuli vera óháðir hagsmunum atvinnulífsins. Þeir eiga að hafa alhliða þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Jafnmargir varamenn séu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Lagt er til að ráðherra geti skipt um formann og varamann hans við ríkisstjórnarskipti.

Um 7. gr.

Það er nýmæli í lögum um samkeppnismál að samkeppnisráði til ráðgjafar sé fastanefnd, auglýsinganefnd, skipuð mönnum með ákveðna fagþekkingu á þeim sviðum.

Auglýsinganefnd á að fjalla sérstaklega um auglýsingar en þær falla undir VI. kafla um óréttmæta viðskiptahætti, sbr. ákvæði 21. og 22. gr. Nefndin gerir t.d. tillögu til samkeppnisráðs um bann við ákveðnum auglýsingum brjóti þær í bága við 21. og 22. gr. Sé banni samkeppnisráðs ekki hlítt er hægt að beita ákvæðum XI. kafla um viðurlög. Þar sem oft er erfitt að aðgreina auglýsingar frá öðrum söluhvetjandi viðskiptaaðferðum skv. VI. kafla er auglýsinganefnd látin leggja tillögur sínar um auglýsingar fyrir samkeppnisráð sem hefur ákvörðunarvaldið.

Samkeppnisráð velur formann og varaformann nefndarinnar úr hópi aðal- og varamanna samkeppnisráðs. Ráðherra skipar og aðra nefndarmenn og varamenn þeirra að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Skipunartíma manna í nefndinni lýkur um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur. Ráðherra setur fastanefnd nánari starfsreglur.

Að beiðni samkeppnisráðs er viðskiptaráðherra heimilt að skipa ráðgjafarnefndir úr hópi aðalmanna og varamanna til að fjalla um afmarkað viðfangsefni samkeppnismála. Formaður undirnefnda skal valinn á sama hátt og formaður fastanefndar. Skipunartími undirnefndar er takmarkaður með það fyrir augum að flýta störfum, en hægt er að framlengja hann árlega ef verkefni nefndar verður varanlegt á sama hátt og verkefni auglýsinganefndar.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um starfslið Samkeppnisstofnunar og hlutverk. Stofnuninni er heimilt undir stjórn forstjóra að taka ákvörðun til bráðabirgða um einstök mál enda taki samkeppnisráð afstöðu til ákvörðunarinnar innan þriggja mánaða annars fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Samkeppnisráði er jafnframt gefin heimild til að framselja vald sitt til Samkeppnisstofnunar eftir reglum sem ráðið setur.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem er nýmæli í samkeppnislöggjöf hér á landi. Samkeppnisráð er skipað einstaklingum sem eiga að hafa þekkingu á samkeppnismálum, viðskiptum og lögum og á það að vera ákveðin trygging fyrir faglegri meðhöndlun mála og úrskurðum. Þar sem Samkeppnisstofnun tekur við og annast umfjöllun mála samhliða því að hún getur haft stefnumarkandi áhrif er nauðsynlegt til að tryggja sem réttlátasta meðferð mála að hægt sé að áfrýja úrskurðum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Til manna í áfrýjunarnefnd samkeppnismála eru gerðar kröfur um ítarlega þekkingu á sviði samkeppnismála og skal formaður og varaformaður uppfylla sömu skilyrði og dómarar í Hæstarétti Íslands, sbr. 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Heimilt er að höfða mál til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar fyrir dómstólum þegar úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Áfrýjun eða málshöfðun frestar þó ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs, Samkeppnisstofnunar né áfrýjunarnefndar. Viðskiptaráðherra skipar áfrýjunarnefnd samkeppnismála án tilnefningar.

Um 10. gr.

Greinin tekur til láréttra samkeppnishamlna, þ.e. samkeppnishamlna sem fyrirtæki á sama sölustigi standa að. Hver grundvöllurinn er, þ.e. hvort tilteknar samkeppnishömlur byggja á samningi, samþykkt eða þegjandi samkomulagi sem lýsir sér í samstilltum aðgerðum, skiptir ekki máli. Liggi fyrir að samkeppni sé takmörkuð með einhverjum þeim hætti sem lýst er í greininni og sú takmörkun sé afleiðing af samanteknum ráðum er um að ræða brot á þessari grein. Annað mál er að erfitt kann að vera í einstökum tilvikum að greina annars vegar á milli samræmdra eða samstilltra aðgerða fyrirtækja sem þau meðvitað taka þátt í til þess að takmarka samkeppni og hins vegar þegar fyrirtæki haga sér eins eða líkt á markaði vegna samkeppninnar. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna fákeppnismarkað (oligopoli) þar sem fyrirtæki á slíkum markaði verða sífellt að hafa í huga hver viðbrögð samkeppnisaðilanna á markaðnum yrðu við tiltekinni ákvörðun, t.d. ákvörðun um verðlækkun. Yfirleitt á þó athugun á markaðnum og markaðsaðstæðum að geta leitt í ljós hvort um samstilltar aðgerðir er að ræða. Á grundvelli slíkra athugana taka samkeppnisyfirvöld ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir. Þannig munu samkeppnisyfirvöld geta lagt á stjórnvaldssekt skv. 43. gr. frumvarpsins telji þau að undangenginni slíkri athugun að yfirgnæfandi líkur séu á að um samstilltar aðgerðir sé að ræða enda þótt engin skjalfest sönnun liggi fyrir.

Í þremur stafliðum 1. mgr. 10. gr. eru talin upp þau atriði sem fyrirtæki á sama sölustigi mega ekki koma sér saman um:

a. Samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum. Ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita.

b. Þessi stafliður felur hins vegar í sér nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum getur verðlagsráð að vísu bannað samninga um markaðsskiptingu teljist þeir skaðlegir en hér er lagt til að hvers konar samningar um markaðsskiptingu séu með öllu ólöglegir. Það þýðir að ekki þarf að athuga í hverju tilviki samkeppnislega skaðsemi þeirra. Ástæða bannsins er einfaldlega sú að skipting markaða eftir landsvæðum, viðskiptavinum eða eftir sölu og magni er talin bjóða heim óeðlilegum verðhækkunum og óeðlilega háu verðstigi sem aftur hefur í för með sér óhagkvæma nýtingu á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins.

Rétt er að taka fram að samningar um sérhæfingu eða verkaskiptingu í framleiðslu mundu ekki vera ólöglegir samkvæmt þessu ákvæði svo framarlega sem ekki fylgdu með ákvæði sem miðuðu að því að skipta sölunni á hinu framleidda eftir svæðum, viðskiptavinum o.s.frv. Ákvæði þetta stendur ekki í vegi fyrir þessari verkaskiptingu sem að er stefnt með búvörusamningi ríkisvalds og bænda að því er varðar skipulag, framleiðslu og sölu á búvörum enda um þau efni fjallað í sérstökum lögum.

Ákvæðið tekur ekki til samvinnu um innkaup.

c. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Samkvæmt þessu ákvæði er aðilum, sem gera formlegt tilboð í verk eða þjónustu samkvæmt útboði eins og það er t.d. skilgreint í ÍST 30, íslenskum staðli um verksamninga, bannað að hafa samráð um tilboð sín. Ef aðili leitar eftir tilboðum með óformlegum hætti, þ.e. hætti sem fellur utan skilgreiningar í ÍST 30, og þeir sem tilboðið gera koma sér saman um hvað hver og einn skuli bjóða, mundi það hins vegar vera brot á a- eða jafnvel b-liðum 1. mgr. Að sama skapi mundi það vera brot á b-lið ef tiltekinn aðili, sem hefði getað gert tilboð, gerir það ekki þar sem sá sem leitar tilboðsins telst vera utan hans markaðssvæðis.

Þegar ákvarða skal hvort samningur, samþykkt eða samstilltar aðgerðir brjóti gegn þessari grein skiptir ekki máli hvort tilgangur samnings, samþykktar eða samstilltra aðgerða hafi verið sá að takmarka samkeppni ef ljóst er að samningurinn hefur þau áhrif að samkeppni minnkar. Þetta á út af fyrir sig einnig við um 11. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er einnig hvers konar samráð bannað um hvernig reikna eigi eða megi út verð, afslætti og álagningu. Samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum en með þessu ákvæði er tekinn af allur vafi um að bann við samráði um verð, álagningu og afslætti tekur einnig til leiðsagnar um hvernig reikna beri þessar stærðir.

Um 11. gr.

Grein þessi tekur til ákveðinna tegunda lóðréttra samkeppnishamlna. Samkvæmt 1. mgr. verður bannað að ákveða, semja um eða með öðrum hætti gefa til kynna verð, álagningu eða afslætti sem gilda skulu við endursölu á næsta sölustigi. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort verðákvörðun stendur ein sér eða er hluti samnings sem tekur til fleiri þátta, svo sem vöruúrvals, þjónustu, innréttinga sölustaðar o.s.frv.

Það er alkunna að þeirrar tilhneigingar gætir töluvert hjá seljendum að gefa endurseljendum upp á hvaða verði þeir skuli selja vöruna og þarf ekki að fjölyrða um hversu mjög slík háttsemi dregur úr samkeppni milli verslana. Líkt og gildir um ákvæði 10. gr. er lagt til að bannið taki einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, álagningu og afslætti.

Samkvæmt 2. mgr. verður þó seljanda, t. d. framleiðanda eða heildsala, heimilt að gefa upp leiðbeinandi endursöluverð með því skilyrði að endurseljendum sé gert ljóst að ein-

ungis sé um leiðbeinandi verð að ræða. Undanþága þessi tekur þó aðeins til leiðbeinandi verðs en ekki leiðbeininga um álagningu eða afslætti. Þá er jafnframt að finna nýmæli í 2. mgr. sem heimilar seljanda að ákveða hámarksverð á vörum sínum enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum hans að um hámarksverð sé að ræða. Þetta þýðir að endurseljanda er óheimilt að selja vöruna á hærra verði en seljandi gefur upp en hins vegar er endurseljanda að sjálfsögðu frjálst að selja hana á lægra verði. Ákvæði þetta mun einkum hafa þýðingu í þeim tilvikum þegar seljandi, sem t.d. er nýr á markaðnum, vill hasla sér völl með því að vera með ódýrar vörur og þarf því að geta tryggt sig gegn því að endurseljendur geri honum þetta ókleift.

Um 12. gr.

Hér er hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga eða við ákvarðanir sem samkeppnisyfirvöld hafa tekið með heimild í 17.–19. gr.

Til þess að koma í veg fyrir allan vafa um túlkun er tekið fram í 2. mgr. að bannið taki einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna samtaka og manna sem gegna trúnaðarstörfum hjá eða á vegum samtaka fyrirtækja.

Um 13. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í flestum ríkjum, þar sem bann er lagt við ákveðnum tegundum samkeppnishamlna, eru jafnframt í gildi ákvæði sem undanþiggja samninga sem ella samkvæmt orðanna hljóðan eru óheimilir enda sé talið að tiltekinn samningur hafi lítil eða „minni háttar" áhrif á þann markað sem um er að ræða *(e. relevant market)*. Ljóst er að það skiptir töluverðu máli um áhrif samkeppnistakmarkandi samnings hvort fyrirtækin, sem að honum standa, hafa 70%, 20% eða þaðan af minni markaðshlutdeild. Þannig getur samningur fyrirtækja með litla markaðshlutdeild annað tveggja haft svo lítil áhrif á samkeppni að ástæðulaust er að banna hann eða samningurinn beinlínis eykur samkeppni á markaðnum vegna þess að tvö eða fleiri lítil fyrirtæki styrkjast gagnvart hinum ráðandi á markaðnum.

Í mörgum ríkjum hefur sú leið verið farin að tilgreina ákveðin viðmiðunarmörk til að notast við þegar ákveða á hvort samningur telst löglegur eða ólöglegur. Í öllum tilvikum eru þetta þó aðeins mörk til viðmiðunar, t.d. í Noregi 20% og samkvæmt samkeppnisreglum EB 5%. Hér hefur sú leið verið farin að nefna enga hlutfallslega viðmiðun. Það skapar að vísu ákveðna óvissu fyrir fyrirtæki. Á hinn bóginn skapar það e.t.v. falska öryggiskennd hjá fyrirtækjum ef ákveðin viðmiðun er nefnd í lögum, sérstaklega þegar haft er í huga hve erfitt getur verið að leggja mat á og skilgreina hver viðkomandi markaður er.

Ástæða er til að leggja áherslu á að það eru samkeppnisyfirvöld sem meta það hvort skilyrði eru fyrir hendi til að beita minniháttarreglunni. Jafnframt er ljóst að oft getur það verið vandkvæðum bundið að meta hver markaðurinn sé í hverju tilviki. Það er þó óhætt að fullyrða að minniháttarreglunni verður ekki beitt á samning eða ákvörðun um bindandi verð á næsta sölustigi.

Með ákvæði 2. mgr. er fyrirtækjum eða samtökum gert kleift að draga úr þeirri réttaróvissu sem þau kunna að búa við að því er varðar minniháttarregluna með því að bera samning þann sem um ræðir undir Samkeppnisstofnun. Stofnunin hefur þá þrjá mánuði til að gera athugasemd við samninginn. Geri hún það ekki telst samningurinn undanþeginn skv. 1. mgr. Undanþágan gildir hins vegar aðeins í þrjú ár enda geta markaðsaðstæður breyst mikið á þeim tíma.

Um 14. gr.

Tilgangur samkeppnisreglna er einkum að hamla gegn því að þeir aðilar, sem eru eða ættu að geta verið keppninautar á markaði, dragi úr samkeppni sín á milli með tilheyrandi skaða fyrir þjóðfélagið. Fyrirtæki undir sömu eignaraðild geta vart talist keppinautar í ofangreindum skilningi og því er eðlilegt að undanþiggja þau banni samkvæmt ákvæðum 10. og 11. gr. en hins vegar er hægt að brjóta upp tengsl eignaraðildar í sumum tilvikum, sbr. 18. gr.

Um 15. gr.

Það er talið samræmast þjóðhagslegum hagsmunum að veita eigendum uppfinninga réttarvernd í formi skráðra einkaleyfa þegar um er að ræða höfundarétt. Með vísan til sömu raka og enn fremur með vísan til nauðsynjar á samkvæmni í löggjöf er talið eðlilegt að sá sem einkaleyfis nýtur (nytjaleyfishafi) sé undanþeginn bannákvæðum a- og b-liða 1. mgr. 10. gr. þegar hann gerir samninga um nýtingu einkaleyfis síns (nytjaleyfissamning). Enn fremur er talið eðlilegt að hið sama gildi um notkun eða nýtingu mynsturs á sviði iðnaðar enda njóti sá er telur sig eiga viðkomandi mynstur verndar á grundvelli óhlutbundins eignarréttar.

Að öðru leyti en í greininni segir verða þeir sem gera samning á sviði óhlutbundinna eignarréttinda að sækja um undanþágu skv. 16. gr. ef ákvæði í samningnum stangast á við bannákvæði 10. gr. enda sé samningurinn ekki þegar undanþeginn skv. 13. gr.

Undanþága samkvæmt greininni tekur ekki til samninga eða ákvæða í samningum um notkun skráðra vörumerkja enda væri þá hætt við að farið yrði í kringum bannákvæðin með því að tengja ákvæði, sem brjóta gegn 10. gr., samningi um notkun vörumerkis.

Um 16. gr.

Greinin er hliðstæð 24. gr. gildandi laga. Þó eru skilyrðin, sem sett eru fyrir því að undanþágu megi veita, skýrari en gildandi lög. Á það einkum við um stafliði a og b.

Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt með stoð í þessari grein að það geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði frumvarpsins. Eða eins og í a-lið segir — „samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir“ — og í b-lið — „vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra . . .“

Um heimildina til að veita undanþágu á grundvelli c-liðar er það að segja að þetta er almenn heimild sem er sama efnis og c-liður 24. gr. gildandi laga. Ákvæðið er almennt orðað og er ógerlegt að segja við hvers konar aðstæður því kunni helst að verða beitt. Hitt er ljóst að eftir því sem bönn við samkeppnishömlum verða víðtækari þeim mun þrengri verða skilyrðin til að beita undanþáguákvæðum á borð við þau sem er að finna í þessari grein frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í IV. kafla er að finna ákvæði sem banna tilteknar tegundir samkeppnishamlna sem

að öllu jöfnu eru skaðlegar. Í 17. gr. þessa kafla er hins vegar mælt fyrir um þær heimildir sem samkeppnisyfirvöld hafa til að grípa inn í aðrar samkeppnishömlur en notaðar eru í IV. kafla þegar þær teljast vera með þeim hætti að hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Til leiðbeiningar er talið upp í a- og b-liðum 1. mgr. í hverju hin skaðlegu áhrif geta falist. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning. Hins vegar eru engin dæmi nefnd um hvers konar samningar, skilmálar eða athafnir geti leitt af sér hin skaðlegu áhrif enda eru hugarflugi manna í þeim efnum lítil takmörk sett. Það eru þó ákveðnar tegundir samkeppnishamlna sem reynslan hefur sýnt að jafnan er mikil freisting að grípa til og birtast þessar tegundir með ýmsum blæbrigðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur samkeppnisráð skorist í leikinn með ýmsum hætti. Ráðið getur bannað fyrirtæki að nota ákveðna skilmála eða samningsákvæði, t.d. ákvæði um að samningsaðili skuli ekki hafa vörur frá keppninautum á boðstólum. Íhlutun getur falist í fyrirmælum til fyrirtækis um að selja ákveðnum aðila sem vill kaupa framleiðslu þess. Þá getur samkeppnisráð mælt fyrir um á hvaða verði fyrirtæki eða fyrirtækjahópar skuli selja vörur sínar eða þjónustu. Þessi heimild kemur einkum til greina þegar samkeppni er ófullnægjandi. Hin ófullnægjandi eða takmarkaða samkeppni getur átt sér ýmsar orsakir. Fyrirtækin, sem í hlut eiga, kunna að hafa komið málum svo fyrir með því að viðhafa ýmiss konar samkeppnishindranir. Fyrirtæki kann að vera markaðsráðandi sökum eðlis þess sviðs sem það starfar á, svo sem veitufyrirtæki og ýmis önnur þjónustufyrirtæki fyrir almenning. Loks getur fyrirtæki verið einrátt á markaði sökum þess að hið opinbera eða löggjafinn hefur séð svo til.

Markaðsyfirráð samkvæmt þessari grein eru ekki ólögmæt í sjálfu sér en hins vegar misbeiting þeirra. Einnig hefur markaðsráðandi staða þær afleiðingar að samkeppnisyfirvöld munu fylgjast sérstaklega með því eða þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga og geta í vissum tilvikum gripið inn í, sbr. t.d. ákvæði 18. gr.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli.

Á síðustu árum hefur þeim ríkjum á Vesturlöndum fjölgað sem hafa tekið upp reglur um eftirlit með samruna og yfirtöku fyrirtækja. Hér á landi hefur samruni og yfirtaka fyrirtækja orðið algengari á síðustu árum. Yfirtaka eins fyrirtækis á öðru eða samruni fyrirtækja getur leitt til þess að samkeppni, sem hefur verið til staðar, minnkar eða hverfur jafnvel alveg. Þannig getur við samruna eða yfirtöku orðið til fyrirtæki sem hafa markaðsráðandi stöðu eða jafnvel einokun á markaðnum. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld bregðist við slíkri stöðu með því að hafa sérstakt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem njóta markaðsyfirráða og geti gripið inn í starfsemi þeirra sé talið að þau misnoti aðstöðu sína. Hér er hins vegar lagt til að yfirvöldum verði gert kleift að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist á markaðnum að fyrirtæki nái með yfirtöku eða samruna einokun eða markaðsráðandi stöðu með því að banna yfirtöku eða samruna. Þannig má líkja þessari heimild við forvarnastarf sem einkum yrði beitt þegar ljóst væri að afleiðingar samruna eða yfirtöku yrðu verulega minni samkeppni á viðkomandi markaði, t.d. vegna þess hversu erfitt yrði fyrir ný fyrirtæki að komast inn á markaðinn.

Ljóst er að þegar einokunar- eða markaðsráðandi stöðu hefur verið náð duga úrræði á grundvelli 17. gr. ekki alltaf til að gera samkeppni á viðkomandi markaði nægilega virka til að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Því er einnig gert

ráð fyrir því í greininni að samkeppnisyfirvöldum verði heimilað að mæla fyrir um ógildingu á samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Bann við yfirtöku og samruna er afdrifarík aðgerð og oft eru miklir hagsmunir í húfi. Því er eðlilegt að yfirvöldum séu sett tímamörk til að taka ákvörðun um bann við yfirtöku eða samruna. Það leiðir af sjálfu sér að engin slík tímamörk geta gilt um heimild samkeppnisyfirvalda til að ógilda yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Jafnafdrifaríkum heimildum og samkeppnisyfirvöldum eru fengnar með þessari grein verður ekki beitt nema ríkar ástæður séu til og þau telji að virkri samkeppni sé veruleg hætta búin ef fyrirhuguð yfirtaka fer fram eða samruni sem þegar hefur farið fram fær að standa.

Í 2. málsl. 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að ákvæði málsgreinarinnar eigi einnig við þegar fyrirtæki nær virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki. Um hugtakið virk yfirráð vísast til orðskýringa. Hér skal því þó bætt við að við skilgreiningu á því hvort fyrirtæki hafi náð virkum yfirráðum er það hin raunverulega aðstaða sem það hefur til að stjórna eða fara með eignir annars fyrirtækis sem skiptir máli. Hvaða eða hvers konar aðstæður það eru sem gera fyrirtæki þetta kleift skiptir hins vegar ekki máli.

Forsenda þess að yfirvöld geti gripið inn í yfirtöku fyrirtækja, samruna eða aðra yfirráðatöku er að samkeppnisyfirvöld fái upplýsingar um yfirtökuna eða samrunann. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. er Samkeppnisstofnun opnuð leið til þess að afla þessara upplýsinga með því að leggja tilkynningarskyldu á fyrirtæki sem standa að eða taka þátt í yfirtöku eða samruna hvort sem hann er fyrirhugaður eða hefur þegar átt sér stað.

Samkvæmt greininni verður hægt að leggja á viðvarandi tilkynningarskyldu þannig að fyrirtæki verður í eitt skipti fyrir öll skyldað til að tilkynna stofnuninni um hvers konar yfirtöku eða samruna sem það síðar kann að verða aðili að. Stofnunin getur ákveðið gildistíma tilkynningarskyldunnar. Að öðru leyti gilda ákvæði IX. kafla um tilkynningarskyldu eftir því sem við á.

Um 19. gr.

Tilgangur með þessari grein er að vinna að því að frjáls samkeppni ríki á öllum sviðum atvinnustarfsemi landsmanna þar sem meginstefna laganna á við. Í ýmsum lagafyrirmælum kunna hömlur að vera settar gegn þessu.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 26. gr. núgildandi laga og er einungis um orðalagsbreytingu að ræða. Hér er um meginreglu að ræða sem er ætlað að ná til ýmissa tilvika sem aðrar greinar kaflans, sem fjalla um sérstök tilfelli eða aðrar sérstakar viðskiptaaðgerðir, taka ekki til. Viðskiptaaðferðir eru margvíslegar og breytilegar þannig að hætta er á að sérákvæðin nái ekki til allra tilvika sem brjóta í bága við góða viðskiptahætti. Það hefur einnig sýnt sig við framkvæmd laganna að oft hefur þurft að beita þessari meginreglu. Hefur reynt á hana næstoftast þegar horft er t.d. á málafjölda síðasta árs hjá Verðlagsstofnun. Það er nauðsynlegt að hafa almenn varúðarákvæði sem þessi til þess að hægt sé að fylgja eftir breytingum í viðskiptaháttum og beina þeim á grundvelli löggjafar í þann farveg sem telja verður heppilegastan á hverjum tíma. Ekki er nægilegt í þessu tilliti að hafa einungis meginreglu en ekki sérákvæði þar sem réttarframkvæmd mundi ákveða hvað teldist brjóta í bága við góða viðskiptahætti og væri óhæfilegt gagnvart neytendum. Sérákvæðin gegna því mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta. Enn fremur er rétt að hafa ákvæði þar sem verknaðarlýsing er sem nákvæmust.

Ákvæði af þessu tagi er í löggjöf hvarvetna á Norðurlöndum. Greinin er orðuð á mismunandi hátt en efnislega er hún svipuð. Nokkuð er mismunandi hversu víðtæk beiting þessa ákvæðis hefur orðið sem er eðlilegt þar sem þetta svið er í örri þróun og einnig breytilegt eftir löndum. Orðalag þessa ákvæðis er sniðið eftir dönsku og norsku lögunum.

Verknaður, sem greininni er ætlað að ná til, verður að vera unninn í atvinnustarfsemi. Er um rúma skilgreiningu á því hugtaki að ræða hvers konar atvinnustarfsemi fellur hér undir.

Mat á því hvað telja beri góða viðskiptahætti ræðst af atvikum á þeim stað og tíma sem verknaður er unninn á. Ekki er nægilegt að kanna hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins sem um er að tefla hverju sinni. Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Erlendis starfa ýmsar nefndir og stofnanir sem ætlað er það hlutverk að fylgjast með viðskiptaháttum og stuðla að góðum siðum í þeim efnum.

Samkvæmt lagagreininni er einnig óheimilt að hafast nokkuð það að sem er óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda. Þarna er verið að leggja sérstaka áherslu á að taka beri fullt tillit til neytendasjónarmiða í ákvörðunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Greinin beinist að starfsemi fyrirtækja út á við, en hrein innri starfsemi fellur utan við ákvæðið. Greininni er ekki ætlað að veita heimild til að banna vörur sökum þess að þær séu almennt lélegar, standist ekki öryggiskröfur eða séu yfirleitt óæskilegar. Þessari grein er ætlað það hlutverk að leiðrétta óréttmæta samningsskilmála hvort sem um er að ræða einstök tilfelli eða almennt óhæfileg samningsform. T.d. getur komið til kasta greinarinnar þegar um er að ræða ranga eða villandi framsetningu samningsskilmála sem í boði eru. Einnig væri t.d. hægt að banna samningsform sem eru þannig úr garði gerð að viðskiptavinir fá ranga eða ófullkomna hugmynd um efni þeirra.

Lagagrein þessi getur snert svið laga um vörumerki, firmu, gæðamerki og löggjafar um verndun hugverka. Þessi grein getur skipt máli til fyllingar ákvæðum slíkra laga, t.d. þegar einkaréttur er tímabundinn. Ekki er unnt að nota greinina til að veita einkaréttarlega vernd þegar skilyrði sérlaga eru ekki uppfyllt eða verndartími útrunninn. Greinin gæti hins vegar náð til ótilhlýðilegrar hagnýtingar þess að eftirlíkingu svipar mjög til upprunalegrar vöru. Af málum af þessu tagi yrðu það aðallega ýmiss konar óhæfilegar framleiðsluefturlíkingar sem kæmu til kasta þessarar greinar enda fjallar 30. gr. þessa frumvarps og núgildandi laga um tiltekna vernd firmanafns, verslunarmerkis og þess háttar. Á þá grein mundi reyna í dómaframkvæmd samhliða sérlögum, svo sem firmalaga.

Aðalaðgerðir gegn brotum á þessari grein munu felast í ákvörðunum samkeppnisráðs um bann við athöfnum. Um beitingu banns og málsmeðferð fyrir samkeppnisráði, að því er það snertir, er fjallað í XI. kafla frumvarpsins. Þess ber að geta og athuga sérstaklega að athöfn, sem brýtur í bága við siðareglur á borð við þær sem fjallað er um í grein þessari, á ekki út af fyrir sig að geta leitt til viðurlaga, hvorki einkaréttarlega né refsiréttarlega, heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin. Bannið tekur til framtíðarinnar. Sé hins vegar brotið gegn fyrirmælum samkeppnisráðs um bann er grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga, þ.e. refsiákvæða, skv. XI. kafla. Samningar eða samningsákvæði, sem eru óréttmæt og bönnuð, eru ógild, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga og er einungis um smáa orðalagsbreytingu að ræða. Í þessari grein er fjallað um eina mikilvægustu meginregluna sem felst í löggjöf um ólögmæta viðskiptahætti, þ.e. að upplýsingar og skírskotun til annars, er atvinnurekendur beita til framdráttar starfsemi sinni, mega ekki vera villandi enda hefur langmest reynt á þessa lagagrein varðandi framkvæmd laganna.

Sú breyting er gerð hér að nota orðið keppinautur í staðinn fyrir atvinnurekandi sem er þó nokkuð víðtækara.

Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ástæða þess að bannaðar eru ófullnægjandi upplýsingar er að það sem ekki er látið uppi getur verið vel fallið til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara. Þetta ákvæði þarf oft og tíðum að skoða með hliðsjón af 23. gr. um leiðbeiningarskyldu. Ekki skiptir hér máli í hvaða formi „upplýsingar" eru. Þær geta verið skriflegar eða munnlegar, upplýsingar í auglýsingum, myndum, kvikmyndum, útvarpi eða sjónvarpi. Hugtakið upplýsingar er þannig notað í víðtækri merkingu í þessu ákvæði og á að taka til margvíslegs tjáningarháttar. Hér er þó sérstaklega getið um auglýsingar sem er langalgengasta formið og því rétt að leggja áherslu á það.

Með því að orða „aðrar viðskiptaaðferðir" er tilgangurinn að ná til ýmiss konar yfirlýsinga og fullyrðinga sem ekki geta fallið undir upplýsingagjöf.

Upplýsingarnar og aðrar viðskiptaaðferðir verða samkvæmt ákvæðinu að vera fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o.s.frv. en þær þurfa ekki að hafa haft nein áhrif.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildir 1. mgr. þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgreinar enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Ótilhlýðilegt form getur t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. Skírskotun til óviðkomandi mála getur birst í ýmsum myndum, t.d. þannig að stjórnmála- eða trúarskoðanir keppinauta séu dregnar inn í málið eða skírskotað til góðgerðastarfsemi og safnana í þágu almennings sem telja verður að sé óviðkomandi mál.

Með greininni eru ákvæði 3. mgr. núgildandi laga felld niður. Ekki er talin þörf á því að taka það fram sérstaklega að ábyrgð skv. 1. og 2. mgr. hvíli á félögum eða samtökum.

Um 22. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Efni þessarar greinar er að nokkru tekið úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem legið hefur fyrir Alþingi og fyrst var lagt fram á 112. löggjafarþingi 1989–90, svokallað auglýsingafrumvarp.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að allar auglýsingar skuli vera á íslenskri tungu sem er í samræmi við ákvæði í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi nema að því leyti að í reglugerðinni er tekið fram að erlendir söngtextar megi vera hluti auglýsingar. Mundi þetta ákvæði gilda framar reglugerðarákvæðinu. Auglýsingar, sem höfða til íslenskra neytenda, eiga því að vera á íslensku. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi er fjallað um það þegar dreift er viðstöðulaust um gervi-

hnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar íslenskuskilyrði reglugerðarinnar. Eðli málsins samkvæmt yrði væntanlega að túlka 1. mgr. 22. gr. með sama fyrirvara en þó ekki um auglýsingar sem sérstaklega er beint að Íslandi.

2. mgr. er þess efnis að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og þær verða að vera skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Er þetta efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en víðtækara að því leyti að þetta ákvæði nær ekki einungis til auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi heldur allra auglýsingar, sbr. 11. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins. Meðal þeirra tilvika, sem gætu fallið undir 2. mgr. 22. gr., má nefna ef orðið fréttir eða því um líkt væri notað til að auðkenna auglýsingar t.d. í fyrirsögn þeirra.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi er talað um að auglýsingar skuli fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum. Þessi regla er ekki sett inn í frumvarpið. Auglýsingar geta því að einhverju leyti tengst dagskrá.

Þess ber að geta að í 11. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi er aðalreglan sú að auglýsingar skuli birta á milli dagskrárliða. Ef viss skilyrði eru uppfyllt má skjóta auglýsingum inn í dagskrárliði þannig að þær spilli ekki heildaráhrifum og gildi dagskrárliða enda sé tekið tillit til eðlilegra hléa í dagskrárliðum, lengdar og eðlis þeirra og réttinda rétthafa. Í 11. gr. er m.a. mælt fyrir um það að auglýsingar skuli aðeins vera í hléum í íþróttaþáttum og eru þröngar skorður settar við rofi á kvikmyndum, fréttaþáttum og barnatímum en rýmri skorður settar við rofi á t.d. léttum skemmtiþáttum. Vegna aukins samstarfs Evrópuríkja er þess að vænta að reglur og framkvæmd hér á landi verði með svipuðu sniði er fram líða stundir. Tekið skal fram í þessu tilliti að umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum og Verðlagsstofnun hafa nýlega samþykkt sameiginlegar stefnumarkandi reglur um sjónvarpsauglýsingar og er það m.a. liður í því að samræma reglur á þessu sviði. Hafa þær reglur verið kynntar fyrir öðrum þjóðum EB og EFTA-ríkja. Þessar reglur eru enn sem komið er til leiðbeiningar og hafa ekki verið lögfestar á Norðurlöndum. Þær hafa verið kynntar rækilega, m.a. hér á landi. Þær eru byggðar á meginreglu löggjafarinnar um bannið við auglýsingum og öðrum söluaðferðum sem eru óhæfilegar gagnvart neytendum. Verða þessar reglur því hafðar til hliðsjónar við túlkun laganna hvað varðar sjónvarpsauglýsingar.

Í 3.–5. mgr. 22. gr. er sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar. Þetta á sér fyrirmynd í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og í ofangreindum, sameiginlegum, norrænum stefnumarkandi reglum um sjónvarpsauglýsingar. Þetta er víðtækara en ákvæði í reglunum og í reglugerð þar sem þetta ákvæði nær til allra auglýsinga almennt eftir því sem við getur átt. Útfæra mætti þessa grein nánar ef þurfa þykir í reglum sem gert er ráð fyrir að samkeppnisráð geti sett, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Við setningu reglna á þessu sviði mætti taka mið af fyrrnefndum norrænum reglum um sjónvarpsauglýsingar en þar er í sérkafla sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar í fjórum liðum og efnislega fjalla þær reglur að miklum hluta um börn. Einnig má benda á 13. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi og leiðbeiningar ráðsins við siðareglurnar.

Sem dæmi um það sem fallið getur undir 5. mgr. 22. gr. er auglýsing er sýnir barn við stýri ökutækis eða að leik aftan við það.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Hér hefur verið lögfest almenn leiðbeiningar- og upplýsingaskylda við framboð vöru, þjónustu og annars þess sem lögin taka til. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessari grein. Við túlkun hennar verður að hafa í huga að á ýmsum sviðum hafa myndast fastar venjur um það hversu ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar neytendum eru gefnar.

Í ákvæðinu er tekið fram að leiðbeiningarskyldan sé háð því að leiðbeininga sé þörf við mat á eiginleikum vörunnar eða þess sem í té er látið. Dæmi eru nefnd um eiginleika sem taldir eru skipta máli, svo sem notagildi, endingu, hættueiginleika og upplýsingar um meðferð. Þetta er einungis nefnt sem dæmi, aðrir eiginleikar geta einnig skipt miklu máli.

Skyldur þær, sem hér er kveðið á um, er unnt að uppfylla með ýmsum hætti. Eðlilegast er að nota vörumerkingar og notkunarleiðbeiningar með fjöldaframleiddum vörum. Í öðrum tilfellum er heppilegast að veita leiðbeiningar munnlega, t.d. svör við spurningum kaupenda. Er ekki ætlast til þess að meta þurfi einstaklingsbundnar þarfir kaupandans nema sérstakt tilefni væri til þess, svo sem upplýsingar hans sjálfs.

Grein þessi mælir ekki fyrir um almenna skyldu til vörumerkinga en í mörgum tilfellum er upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu fullnægt samkvæmt þessari grein ef vörumerkingarskylda er uppfyllt. Ef kveðið er á um upplýsingaskyldu í sérlögum, t.d. löggjöf um merkingu lyfja og eiturefna, mun mat á þeim kröfum sem ákvæði þessarar greinar gera til upplýsingaskyldu ráðast af því hvernig ofannefnd fyrirmæli hinna ýmsu sérlaga í þessum efnum eru uppfyllt.

Þessi lagagrein á við á öllum sölustigum. Við mat upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu hvers sölustigs samkvæmt greininni verður að taka tillit til þeirra möguleika sem fyrir hendi eru á viðkomandi sölustigi til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Þessi lagagrein tekur bæði til ábyrgðaryfirlýsinga sem eru þáttur í stöðluðum samningsskilmálum og sjálfstæðra ábyrgðaryfirlýsinga sem talsvert eru notaðar, einkum við sölu heimilistækja og skyldra vara og fer það vaxandi.

Oft eru yfirlýsingar um ábyrgðir fremur yfirlýsingar um ábyrgðarleysi þar sem í þeim hefur oft falist lakari réttur en ákvæði laga kveða á um.

Samkvæmt þessu ákvæði má ekki takmarka ábyrgð frá því sem gildir samkvæmt almennum lögum um lausafjárkaup og samningalögum. Hefur hæstaréttardómur fallið sem skýrir ákvæðið þannig. Á það bæði við um ábyrgðartímann og einnig efnislega um ábyrgð almennt. Hún má ekki vera minni en eitt ár samkvæmt kaupalögum, 54. gr., og má ekki takmarkast efnislega frá því sem kveðið er á um í kaupalögum.

Mjög eðlilegt er að tryggja í lögum lágmarksrétt sem svarar til hinna frávíkjanlegu reglna í kaupalögum og hefur þessi grein uppfyllt það hlutverk hvað þetta varðar.

Við mat á því hvort ábyrgðaryfirlýsing veiti móttakanda hennar meiri rétt en ákvæði gildandi laga verður að líta á yfirlýsinguna í heild sinni. Ákvæði í ábyrgðarsamningum, sem takmarka ábyrgðina, eru þá væntanlega ógild, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Þessi grein svarar til 30. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Notkun sérstakra auðkenna skipta mjög miklu máli í viðskiptum. Auðkenni greina starfsemi og vörur eða þjónustu fyrirtækja frá öðrum.

Slíkt ákvæði var fyrst sett í lög nr. 84/1933 en fyrir þann tíma fór um vernd slíkra auðkenna eingöngu eftir ákvæðum í firma- og vörumerkjalögum. Vernd auðkenna, sem veitt er með firma- og vörumerkjalögum, er háð ýmsum skilyrðum og nær því ekki alltaf nógu langt. Þrátt fyrir aukna sérlöggjöf á þessu sviði er enn þörf á því að hafa almenna samkeppnisreglu um vernd auðkenna.

Ákvæðið hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni sem annar á (firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt). Réttur til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf, t.d. lögum um vörumerki, nr. 47/1968, lögum um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um almenn gæðamerki, nr. 89/1935, breyting með lögum nr. 47/1968, VIII. kafli. En ákvæði þessarar greinar skipta máli um viðbótarvernd þá sem ofangreind sérlög veita auðkennum.

Rétturinn til að nota eigin auðkenni er með ákvæðum 2. málsl. greinarinnar takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Tekur þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði áfram í íslenskri löggjöf en það kemur enn að gagni til fyllingar á vörumerkjavernd.

Um 26. gr.

Grein þessi svarar til 31. gr. gildandi laga og er óbreytt. Samkvæmt greininni er bannað að bjóða neytendum svokallaðan kaupbæti með vörum, þjónustu eða öðru því sem haft er á boðstólum.

Greininni er ekki ætlað að útiloka almennan verðafslátt og heldur ekki dagatöl eða aðrar smágjafir sem teljast lítils eða einskis virði og eru hluti af kynningarstarfi eða auglýsingu.

Það má velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa sérstaka reglu um bann við kaupbæti þar sem hér er einungis verið að tala um eina tegund ólöglegra viðskiptaaðferða sem gæti fallið undir önnur ákvæði í kaflanum, 21. gr. eða jafnvel 20. gr., þar sem meginreglurnar eru. Rétt þykir þó að hafa áfram í lögum sérákvæði varðandi þetta atriði enda hefur slíkt ákvæði verið lengi í lögum og hefur reynslan sýnt að fyrirtæki freistast oft og einatt til að beita þessari aðferð við framboð vara sinna.

Rök fyrir banni við notkun kaupbætis í viðskiptalífinu eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er hætta á því að með kaupbæti sé villt um fyrir neytendum og í öðru lagi eru viðbótargreiðslur þær, sem felast í kaupbæti, óviðkomandi þeim viðskiptum sem um er að ræða og því almennt fallnar til að hafa truflandi áhrif á markaðnum.

Hugtakið kaupbætir er ekki skilgreint í ákvæðinu. Svo hefur verið litið á varðandi þetta ákvæði að helstu einkenni hugtaksins liggi fyrir og jafnframt svigrúm til að móta það frekar.

Rétt er þó að benda á helstu einkenni hugtaksins. Segja má að kaupbætir sé sérhver sú viðbótargreiðsla (vara, þjónusta eða annað) sem bundin er við framboð aðalgreiðslunnar án þess að eðlileg tengsl séu þar á milli. Hér er því um að ræða að við sölu vara, þjónustu o.s.frv. sé neytendum látin í té án sérstaks endurgjalds önnur vara eða greiðsla.

Í greininni er sú takmörkun gerð að einungis er um löglegan kaupbæti að ræða við sölu til neytenda.

Kaupbætir getur verið fólginn í vörum, þjónustu, vinnuframlagi o.fl. Ekki skiptir máli við mat á því hvort viðbótargreiðslur falla undir ákvæði greinarinnar um kaupbæti þótt notuð hafi verið merki eða önnur skilríki er veita viðtakanda (handhafa) rétt til viðbótargreiðslu. Það er viðbótargreiðslan sjálf og tengsl hennar við aðalgreiðsluna sem máli skipta. Ekki er unnt að líta öðruvísi á réttinn til viðbótargreiðslunnar en greiðsluna sjálfa.

Um 27. gr.

Grein þessi samsvarar 32. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Fjallar þessi grein um kaupbæti í formi merkis og því um líks. Samkvæmt aðalreglunni er óheimilt að bjóða neytendum gegn afhendingu merkis eða annars vottorðs sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu eitthvað annað en peninga.

Samkvæmt þessari grein er það boðið sjálft sem er óheimilt. Það getur verið sá sem selur viðkomandi vöru er veitir boðið, t.d. smásali sem afhendir viðskiptavinum sínum vottorð í einhverri mynd sem hann skuldbindur sig til að innleysa í vörum. Boðið getur einnig verið veitt af framleiðanda. Slíkt boð getur komið fram á umbúðum vörunnar eða t.d. í auglýsingum.

Þessi skilríki og vottorð, sem ákvæðið á við, geta verið af mörgum og ólíkum gerðum. Þetta geta t.d. verið merkimiðar sem eru festir við vöruna eða hlutar af umbúðum hennar.

Athuga verður að ókeypis afhending til heimila á merkimiðum, sem gefa rétt á afslætti við kaup ákveðinnar vöru, er ekki refsiverð. Sama gildir um merkimiða sem klipptir eru út úr auglýsingum í blöðum.

Skuli boð teljast óheimilt er gert ráð fyrir að vottorðið sé innleyst með öðru en peningum. Reglan á bæði við vottorð sem beint má skipta á og vörum og vottorð sem veita rétt til afsláttar við innkaup. Greinin tekur einnig til vottorða sem innleysa má annaðhvort með peningum eða vörum.

Í 2. mgr. er undantekning frá aðalreglunni. Undantekningin varðar skilríki eða merki sem aðeins veita rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda.

Um 28. gr.

Grein þessi svarar til 34. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Eðlilegt er að hafa áfram ákvæði til að fyrirbyggja mútugjafir í lögum um samkeppnis- og viðskiptahætti enda hefur slíkt ákvæði verið lengi í íslenskri löggjöf.

Miðað er hér við að gjafir séu boðnar af hálfu einhverra í atvinnustarfsemi sem frumvarpið tekur til, sbr. 2. gr., og sá sem við tekur þarf ekki að vera starfsmaður atvinnurekanda er rekur slíka starfsemi. Gjafþegar geta því verið starfsmenn ýmissa annarra aðila en þeirra sem falla undir 2. gr. þessa frumvarps.

Hugrænu kröfurnar eru þannig að ákveðins tilgangs er krafist sem er að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra.

Gjafirnar eða hlunnindin, sem greinin tekur til, verða að vera fallin til þess að hafa áhrif á viðtakanda. Þessi takmörkun leiðir til þess að venjulegar tækifærisgjafir falla utan ákvæðisins.

Varðandi afstöðu þess aðila, sem starfsmaður starfar fyrir, er sú regla sett að sé gjöfin eða hlunnindin veitt með vitund hans fellur atferlið utan ákvæðisins. Í þessu tilliti er það sjónarmið látið ráða að múturnar séu einkum trúnaðarbrot gagnvart þeim aðila er

viðtakandi starfar fyrir. Sé hins vegar litið á mútur fyrst og fremst sem ótilhlýðilega samkeppnisaðferð ætti vitneskja og jafnvel samþykki ekki að leysa undan ábyrgð.

Í 2. mgr. er tekið á því þegar gjafir eru gefnar eða hlunnindi eru veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum. Nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í lögum, m.a. af lagatæknilegum ástæðum, þar sem málum mun oft vera þannig háttað að gjöfum eða hlunnindum er lofað áður en verknaður er unninn en látið líta svo út sem um eftirfarandi umbun sé að ræða. Til þess að ávinningur falli undir þetta verður hann að geta talist óhæfilegur.

Um 29. gr.

Þessi grein er samsvarandi 35. gr. gildandi laga og er hún óbreytt.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Eru þessar reglur reistar á því að fyrirtækið eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felast í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra er snerta sérstaklega samkeppnisstöðu sé haldið leyndum, þ.e. að upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna.

Hagsmunir þeir, sem greinin verndar, eru atvinnuleyndarmál. Það hugtak er ekki skýrt í greininni né heldur rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Ekki eru skörp skil á milli þessara hugtaka og í einstöku leyndarmáli geta verið þættir úr þeim báðum. Rekstrarleyndarmál varða fremur tæknileg atriði. Þó að skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt getur verið um verndað rekstrarleyndarmál að ræða.

Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrám yfir viðskiptavini, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Athuga verður að viðskiptaleyndarmál geta aldrei öðlast vernd samkvæmt einkaleyfisrétti svo sem orðið getur um rekstrarleyndarmál þannig að þetta ákvæði er eina vernd þessa atriðis.

Almenn þekking og reynsla starfsmanns getur ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Til þess að svo sé þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina.

Það verður að gera þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt greininni að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggi í hlutarins eðli.

Um atvinnuleyndarmál getur verið að ræða enda þótt fleiri en eigandi eða stjórnandi viti um það. En því fleiri sem þekkja atvinnuleyndarmál og ekki eru háðir þagnarskyldu leikur meiri vafi á um hvort hagsmunirnir eru þess eðlis að þeir eigi að njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.

Varðandi mat á því hvað telja beri atvinnuleyndarmál kemur við sögu hugtak sem kallast á erlendu máli „know-how“. Mörk þess hugtaks eru ekki skýr en segja má að það sé eins konar millistig milli atvinnuleyndarmála og almennrar tækniþekkingar. „Know-how“ hefur skipt mestu máli á iðnaðarsviðinu. Ef „know-how“ felur í sér atvinnuleyndarmál nýtur það verndar samkvæmt ákvæðinu, annars ekki.

Í 1. mgr. greinarinnar er svo kveðið á að óheimilt sé að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum. Þessi málsgrein beinist að þeim sem aflar sér eða reynir að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál annars. Iðnaðarnjósnir falla hér undir. Ákvæðið tekur bæði til utanaðkomandi aðila og starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki.

Aðferðin, sem notuð er til þess að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál, verður að teljast ótilhlýðleg til þess að málsgreinin taki til háttseminnar.

Í 2. mgr. er lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Þagnarskyldan á að haldast í þrjú ár eftir að störfum lýkur.

Í 3. mgr. er lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum og þess háttar. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað það sem ætkunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina getur fallið „know-how" sem ekki er atvinnuleyndarmál. Hér er ekki miðað við leyndina sjálfa heldur eru talin í málsgreininni öll þau andlög sem njóta verndar.

Samkvæmt ákvæði í 4. mgr. verður sá — í hugrænu tilliti — sem notfærir sér atvinnuleyndarmál að vita að um er að ræða atvinnuleyndarmál eða þau atriði sem um ræðir í 3. mgr. og að upplýsinga um þau eða umráða yfir þeim hafi verið aflað með því að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði svarar til 36. gr. gildandi laga og er það óbreytt.

Vegna þess að sérstök ákvæði um útsölur hafa lengi verið hér í löggjöf og útsölur eru algeng verslunaraðferð hér þykir rétt að hafa áfram sérstakt ákvæði um þetta efni. Annars staðar á Norðurlöndum eru hins vegar engin sérákvæði í lögum um útsölur heldur eru ákvæði um bann við villandi upplýsingum látin nægja.

Aðaláhersla þessa ákvæðis er að tryggja rétt kaupenda.

Tilgangur með lagagreininni er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Þannig njóta keppinautar einnig verndar.

Samkvæmt 1. mgr. má því aðeins auglýsa eða tilkynna útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og einnig skal þess getið með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en hann selur sams konar vöru venjulega á. Hafi verð verið hækkað í þeim tilgangi að geta síðan auglýst verðlækkun mundi slík auglýsing teljast villandi og fellur því undir 21. gr. Ekki er þess krafist að nein ástæða sé tilgreind fyrir verðlækkuninni.

Samkvæmt greininni má halda útsölur hvenær sem er og engar ástæður þarf að tilgreina fyrir þeim.

Þetta ákvæði á umfram allt að tryggja það að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og að kaupendur geti áttað sig á verðmuninum.

Í 2. mgr. er sá réttur kaupenda tryggður enn frekar.

Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 37. gr. gildandi laga og er hún óbreytt.

Samkvæmt 1. mgr. er bannað að nota alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi og önnur hliðstæð auðkenni til þess að merkja vörur hvort sem þær eru þannig merktar sjálfar eða umbúðir þeirra eða miðar með þeim. Slík merki er einnig bannað að nota í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Ákvæði í 3. mgr. eiga tvímælalaust heima í lögum um óréttmæta viðskiptahætti þar sem tilgangur reglnanna er að koma í veg fyrir að villst verði á íslenskum og erlendum vörum vegna ýmiss konar íslenskra auðkenna sem sett hafa verið á erlendu vörurnar. Rétt er að hafa þetta ákvæði áfram, sérstaklega vegna þess að ekki er víst að tilvik, sem falla undir þessa málgrein, falli undir 21. gr. um villandi upplýsingar.

Um 32. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Í greininni er gert ráð fyrir því að samkeppnisráð geti sett nánari reglur til fyllingar 20.–23. gr. frumvarpsins. Er þetta eðlilegt þar sem þau ákvæði eru víðtæk og því eðlilegt að settar séu nánari reglur um þau á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Með heimild í þessari lagagrein ætti einnig að verða auðveldara fyrir stjórnvaldið samkvæmt lögunum að uppfylla það hlutverk sitt að vera til leiðbeiningar um það hvað séu góðir viðskiptahættir skv. 20. gr. frumvarpsins og móta þá stefnu.

Hér er gert ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun ráðgist við hlutaðeigandi aðila áður en slíkar reglur eru settar. Eðlilegt er að leyfa atvinnurekendum sjálfum að koma með sínar tillögur við samningu slíkra reglna eftir því sem kostur er. Oft og tíðum vita atvinnurekendur sjálfir best hvernig viðskiptavenjur eru og hafa mótast í viðkomandi atvinnugrein. En oft geta viðskiptavenjur hafa mótast þannig að ástæða er að breyta þeim. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð bera endanlega ábyrgð á slíkum reglum og ber að framfylgja þeim. Ef ekki er farið eftir slíkum settum reglum brýtur það í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr., eða þá lagagrein sem við á hverju sinni, 20.–23. gr.

Er ætlunin með þessari grein að móta betur hvað telja beri góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr., og gefa út leiðbeinandi reglur svo að komið sé í veg fyrir t.d. að upplýsingar í auglýsingum séu villandi, sbr. 21. gr. og leiðbeiningar um eiginleika vöru.

Um 33. gr.

Í 45. gr. í gildandi lögum eru heimildarákvæði til handa Verðlagsstofnun að setja reglur um verðmerkingar og verðskrár. Heimildir stofnunarinnar eru víðtækar og hafa samkvæmt þeim verið settar reglur um verðmerkingar. Eru reglurnar almenns eðlis auk þess sem settar hafa verið reglur um verðmerkingar hjá nokkrum greinum verslunar og þjónustu.

Samkvæmt 33. gr. eru fyrirtæki skylduð að lögum til að verðmerkja vörur eða þjónustu sem seld er til neytenda þannig að auðvelt sé fyrir þá að sjá verðmerkinguna. Jafnframt getur Samkeppnisstofnun sett nánari fyrirmæli um verðmerkingar með opinberri tilkynningu. Með greininni er vísað til verðupplýsinga til neytenda enda er litið svo á að atvinnurekendur hafi aðrar og betri forsendur til að afla þeirra verðupplýsinga sem þeir þarfnast.

Um 34. gr.

Það er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir virkri samkeppni að kaupendur geti sjálfir áttað sig og haft nægilega yfirsýn yfir markaðinn. Það er ekki nóg að tryggja nægilegt framboð á markaðnum með því t.d. að uppræta samkeppnishömlur þegar viðskiptavinir vegna skorts á yfirsýn hafa ekki forsendur til að meta eða taka afstöðu til hinna ólíku tilboða á markaðnum.

Fyrirmælunum í 34. gr., sem Samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum, er ætlað að auðvelda bæði neytendum og fyrirtækjum að efla yfirsýn yfir markaðinn. Fyrirmælin geta

falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika vöru og þjónustu og hvernig vara skuli mæld, vegin og flokkuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Þær reglur, sem hér er fjallað um, ná ekki aðeins til upplýsinga til neytenda heldur til allra aðila á markaðnum.

Um 35. gr.

Í 14. gr. gildandi laga er fjallað um tilkynningarskyldu markaðsráðandi fyrirtækja og ákvarðanir sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í 16. gr. laganna er tekið fram að Verðlagsstofnun skuli halda skrá yfir tilkynningar sem berast samkvæmt ákvæðum 14. gr. og skuli hún vera aðgengileg öllum þeim sem óska eftir að kynna sér tilkynningarnar í skránni.

Ákvæðum þessara greina hefur í litlum mæli verið framfylgt. Er það margra mat að tilkynningar um samkeppnishömlur, sem þannig berast samkeppnisyfirvöldum, séu síst þær sem greina frá mikilvægum samningum um samkeppnishömlur. Er víða reynsla fyrir því að slíkri skrá, sem vísað er til í 16. gr., fylgi mikil skriffinnska en skili í raun takmörkuðum upplýsingum um markaðinn til aðila markaðarins.

Í lagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir tilkynningarskyldu fyrirtækja um samkeppnishömlur, sjá þó 2. mgr. 13. gr., 18. gr. og 4. mgr. 38. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir að við framkvæmd laganna geti Samkeppnisstofnun skv. 35. gr. birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Opinber upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur í nútíma samkeppnisstefnu. Þess vegna er nauðsynlegt að Samkeppnisstofnun hafi rúmar heimildir til að birta opinberlega upplýsingar um samkeppnishömlur samkvæmt því sem að framan segir. Það verður háð mati samkeppnisyfirvalda hvaða upplýsingar þau telja nauðsynlegt að birta til að sinna markmiðum samkeppnislaga. Þó er hafður sá fyrirvari að tekið skuli tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum, þ.e. að ekki skuli birta slíkar upplýsingar opinberlega.

Um 36. gr.

Í 13. gr. gildandi laga eru ákvæði svipaðs efnis og í þessari grein. Tilgangurinn með henni er, eins og segir í greininni og vísar í raun til alls VII. kafla frumvarpsins, að stuðla að og efla virka samkeppni. Skal það gert með öflun upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og skal birta niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Að baki þessu liggur að auka gagnsæi á markaðnum. Því gagnsærri sem markaðurinn er þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni.

Þessari grein er ekki síst ætlað að auka upplýsingamiðlun til neytenda þannig að þeir geti veitt fyrirtækjum nauðsynlegt aðhald.

Um VIII. kafla.

Á undanförnum löggjafarþingum hefur verið lagt fram stjórnarfrumvarp um greiðslukortastarfsemi, en það hefur ekki orðið útrætt. Vorið 1992 samþykkti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að óska eftir því að meginefni frumvarpsins yrði fellt inn í frumvarp þetta og verði samkeppnisráði m.a. veitt heimild til að setja reglur um greiðslukortastarfsemi sem tryggi að hagur neytenda hér á landi verði eigi lakari í slíkum viðskiptum en almennt gerist í öðrum ríkjum hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis.

Í 78. gr. EES-samningsins skuldbinda samningsaðilar sig til þess að efla og auka samvinnu sín á milli á nánar tilteknum sviðum, þar á meðal á sviði neytendaverndar og í eftirfarandi greinum er samvinnan nánar útfærð, sbr. og bókun 31 með samningnum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að farið verði eftir hliðstæðri löggjöf, eftir því sem við á, með sömu eða svipuðum reglum.

Í gerðum EB er ekki að finna tilskipun um greiðslukortastarfsemi, en hins vegar gaf framkvæmdastjórnin árin 1987 og 1988 út tilmæli varðandi greiðslumiðlun með rafeindatækni og er þar m.a. fjallað um þörf neytenda á upplýsingum, vernd í tengslum við slíka greiðslumiðlun, um samninga milli útgefenda greiðslukorta og korthafa, um upplýsingavernd, ábyrgð korthafa og um ábyrgð kortaútgefenda þegar gallar koma upp í greiðslumiðluninni (87/598/EB og 88/598/EB). Frekari reglur um greiðslumiðlun eru enn til umfjöllunar innan bandalagsins að kröfu neytendasamtaka í ríkjum bandalagsins og væntanlega munu neytendasamtök EFTA-ríkjanna bera fram sömu kröfur í samstarfinu milli EES-ríkjanna. Í sumum aðildarríkja EB hefur verið sett sérstök löggjöf um greiðslukortastarfsemi og var stjórnarfrumvarp það sem fyrr er getið að verulegu leyti byggt á dönsku löggjöfinni.

Um 37. gr.

Hér er lagt til að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði sé falið eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Skal þess gætt að viðskiptakjör neytenda verði eigi lakari í slíkum viðskiptum en almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum Íslendinga, en sem dæmi um frávik frá þessu sem tíðkast hér á landi má nefna almenna kröfu kortaútgefenda um tryggingar frá þriðja aðila á skilvísri greiðslu korthafa.

Um 38. gr.

Hér er lagt til að Samkeppnisstofnun haldi skrá um greiðslukortaútgefendur sem starfa hér á landi og mælt fyrir um tilkynningarskyldu þeirra.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um upplýsingaskyldu kortaútgefenda og samkeppnisráði m.a. veitt vald til að leggja bann við tilteknum viðskiptaháttum.

Um 40. gr.

Hér er m.a. lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að setja með reglugerð nánari reglur um greiðslukortastarfsemi að fengnum tillögum samkeppnisráðs þar að lútandi. Er þá haft í huga að tæknibreyting er ör á sviði þeirrar greiðslumiðlunar er hér um ræðir og eins að stöðugt er unnið að samræmdum alþjóðareglum um þessa starfsemi sem stöðugt verður alþjóðlegri.

Um 41. gr.

Almenn ákvæði um verðstöðvun, hámarksverð, hámarksálagningu og aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör eru í meginatriðum í mótsögn við markmið og tilgang samkeppnislaga. Þó geta mál þróast með þeim hætti að nauðsynlegt kunni að vera að geta gripið til slíkra aðgerða. Það á einkum við ef skyndilegar og óvæntar breytingar á ytri aðstæðum ógna jafnvæginu í efnahagsmálum þjóðarinnar og leiða til óeðlilegra breytinga á verðlagi. Til að grípa til aðgerða þegar slík hætta steðjar að getur Alþingi sett sérstök lög til að beita við fyrrgreindar aðstæður. Það hefur hins vegar verið horfið að því

ráði að setja sérstaka grein í samkeppnislögin sem heimilar ríkisstjórninni að ákveða tímabundna verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagningu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna nátturuhamfara, styrjaldarástands eða vegna óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum.

Setning sérstakra laga, ef áðurgreindar hættur steðja að, getur verið of seinvirk þar eð þurft getur að grípa til aðgerða með mjög skjótum hætti. Er því nauðsynlegt að þetta heimildarákvæði sé í lögum.

Á það er lögð áhersla að einungis verði unnt að grípa til ákvæða skv. 41. gr. til að koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á verðlagi vegna mikils ójafnvægis við skyndilegar breytingar í efnahagsmálum umheimsins eða skyndibreytingar á stöðu innlends þjóðarbúskapar.

Hér skal vísað til þess sem oft hefur áður komið fram í umræðu um verðlagsákvæði að ávinningur af þeim minnkar eftir því sem þau eru látin gilda lengur. Hins vegar eykst skaðsemin af verðlagsákvæðum á virka samkeppni eftir því sem þau eru látin gilda lengur. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að aðgerðir ríkisstjórnar skv. 41. gr. geti staðið lengur en í þrjá mánuði án þess að Alþingi samþykki þingsályktun þar að lútandi.

Um 42. gr.

Við athugun einstakra mála getur Samkeppnisstofnun krafið þá sem lögin taka til um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja.

Í 6. gr. gildandi laga er ákvæði svipaðs efnis. Þetta ákvæði í 1. mgr. 42. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt við upplýsingaöflun fyrir Samkeppnisstofnun þegar hún er að rannsaka mál sem grunur leikur á að tengist óréttmætum eða ólögmætum samkeppnishömlum. Upplýsingar er unnt að veita munnlega eða skriflega og skal veita innan hæfilegs frests sem Samkeppnisstofnun setur.

Á sama hátt og í 1. mgr. 42. gr. getur Samkeppnisstofnun skv. 2. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Það kann að reynast nauðsynlegt að yfirvöld fái í hendur frumgögn eða ljósrit af þeim. Getur verið um að ræða tölvugögn, bréfaskriftir og annað.

Í 3. mgr. segir að Samkeppnisstofnun geti í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra. Ákvæði sama efnis er í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga. Samkvæmt þessu ákvæði á þagnarskylda annarra stjórnvalda ekki að hindra Samkeppnisstofnun í athugunum sínum og á hún m.a. rétt á að skoða og athuga skjöl og önnur gögn sem eru í vörslu viðkomandi stjórnvalda. Þetta á Samkeppnisstofnun rétt á að gera hvort sem það þjónar hagsmunum eða starfsmarkmiðum þeirra stjórnvalda sem hafa skjölin eða gögnin í vörslu sinni eða ekki.

Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. getur Samkeppnisstofnun skyldað þá aðila sem um getur í 1. mgr. til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laganna. Getur stofnunin gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu. Þetta ákvæði nýtist samkeppnisyfirvöldum við almennt eftirlit með samkeppnisháttum, annaðhvort einstakra markaðsráðandi fyrirtækja eða í greinum þar sem sérstök ástæða er til eftirlits. Þetta er gert án þess að um ástæður til gruns um óréttmætar eða ólögmætar samkeppnishömlur sé að ræða. Upplýsingaskyldan getur náð til einstaks fyrirtækis eða hóps af fyrirtækjum og er nauðsynleg til að upplýsa samkeppnisyfirvöld, almennt eða um einstök atriði.

Um 43. gr.

Þessi grein er nýjung í samkeppnislögum. Er litið svo á að við rannsókn máls og þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum, sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sé nauðsynlegt að Samkeppnisstofnun geti komið óvænt á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn. Gögn, sem sýna samráð, samvinnu og athafnir sem eru brot á bannákvæðum laganna, geta verið í formi bréfaskrifta, minnispunkta eða með öðrum óformlegum hætti. Til að koma í veg fyrir að slíkum gögnum sé skotið undan eða þau eyðilögð er nauðsynlegt að geta komið í skyndiheimsókn á starfsstað fyrirtækis til að leggja hald á gögnin til rannsóknar.

Um XI. kafla.

Samkeppnisreglur, sem gilda eiga í viðskiptum yfir landamæri milli EES-ríkjanna, eru að talsverðum hluta þess eðlis að þær snúa beint að lögaðilum, þ.e. þeim er ætlað að hafa bein réttaráhrif. Til þess að Íslendingar fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum þarf því að lögfesta reglurnar hér á landi. Í frumvarpi til laga um staðfestingu samnings um Evrópska efnahagssvæðið er lagt til að meginmál EES-samningsins skuli hafa lagagildi hér á landi. Að því er varðar samkeppnisreglur fyrirtækja er þar um að ræða ákvæði 53.–60. gr. samningsins. Aðrar samkeppnisreglur EES-samningsins eru í bókunum 21–25 með samningnum og í viðauka XIV við hann. Þá eru reglur er lúta að samkeppni fyrirtækja í samningnum milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól (ESE-samningnum), sbr. bókun 4 við þann samning.

Samkeppnisreglur EES og samkeppnisreglur frumvarpsins eru í meginatriðum byggðar á sama grunni. Gert er ráð fyrir að Samkeppnisstofnun muni, jafnframt því sem hún framfylgi samkeppnisreglum í innanlandsviðskiptum, aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna EES. Því þykir hagkvæmt að fella inn í samkeppnislagafrumvarpið þær EES- og ESE-reglur sem nauðsynlegt er að lögfesta hér á landi í tengslum við EES-samninginn.

Nátengt samkeppnissviðinu eru reglur EES um ríkisaðstoð og því er hér lagt til að þau ákvæði samningsins, sem þann þátt snerta og þarf að lögfesta sérstaklega, verði felld inn í samkeppnislagafrumvarpið.

Hluta af samkeppnisreglum EES, ESE-reglna og reglnanna um ríkisaðstoð má setja með stjórnvaldsfyrirmælum og er því lagt til að ráðherra hafi sérstaka heimild til að setja slík fyrirmæli með reglugerð eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Um 44. og 45. gr.

Lögfesting þeirra atriða, sem greinarnar fjalla um, er forsenda þess að fram geti farið hér á landi nauðsynleg upplýsingaöflun og rannsóknir á ætluðum brotum á samkeppnisreglum EES-samningsins með þeim hætti sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Framkvæmd þessara ákvæða mun í meginatriðum byggja á þeim reglum sem gerð er grein fyrir í bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Þær reglur verða efnislega settar fram í reglugerð er sett yrði með heimild í 51. gr.

Um 46. gr.

Ákvæðið tekur til þagnarskyldu sem hvílir á opinberum aðilum samkvæmt beinum ákvæðum laga eða samkvæmt almennum stjórnarfarsreglum. Ákvæðið nær einungis til upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna EES-svæðisins og þær má aðeins nota við umfjöllun eftirlitsstofnana um samkeppnismál. Stofnanirnar, sem við upplýsingum taka, eru að sínu leyti bundnar þagnarskyldu um þær upplýsingar sem aflað er með þessum hætti.

Um 47. gr.

Samkvæmt EES-samningnum verður unnt að leggja á fyrirtæki sektir fyrir brot á þeim samkeppnisreglum sem þar greinir. Enn fremur má leggja á dagsektir eða févíti fyrir að sinna ekki ákveðinni skyldu sem á aðila er lögð, þar á meðal um upplýsingagjöf. Til þess að dómum og ákvörðunum þessa efnis verði fullnægt og hafi gildi hér á landi verður að lögfesta ákvæðið með þeim hætti sem hér er lagt til.

Fari fyrirtæki hins vegar ekki eftir dómi eða ákvörðun um greiðslu sektar eða févítis verður dóminum eða ákvörðuninni fullnægt með aðför, sbr. lög um aðför, nr. 90/1989, og 110. gr. EES-samningsins. Sektir, sem framkvæmdaaðilum samkeppnisreglna EES-samningsins er heimilt að leggja á, eru ekki taldar refsingar í hefðbundnum skilningi heldur er um að ræða stjórnarfarsúrræði eða svokallaðar stjórnvaldssektir.

Um 48. gr.

Í bókun 25 við EES-samninginn eru settar fram meginreglur sem gilda eiga um samkeppni í kola- og stáliðnaði. Reglurnar eru ekki í meginmáli EES-samningsins og því ekki lögfestar með honum. Hins vegar þykir rétt að lögfesta þær í þessum lögum þrátt fyrir að þær muni væntanlega ekki hafa mikil áhrif hér á landi.

Um 49. gr.

Reglur um ríkisaðstoð í 61.–64. gr. EES-samningsins eru náskyldar samkeppnisreglum en án þeirra væri unnt að raska samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á hinum sameiginlega markaði á margvíslegan hátt með því að veita einstökum fyrirtækjum fjárhagsstuðning frá hinu opinbera. Slíkur stuðningur er þó heimill í sérstökum tilvikum. Tekið skal fram að skilgreining á ríkisaðstoð er víðtæk og geta t.d. skattahlunnindi í tilteknum atvinnugreinum talist til fjárstuðnings hins opinbera. Tilkynning til eftirlitsstofnunar EFTA jafngildir kæru og þykir því rétt að taka fram að ekki sé unnt að úrskurða um lögmæti tilkeinna opinberra styrktaraðgerða fyrr en eftirlitsstofnun hefur kynnt álit sitt.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er með ýmsum hætti í ríkjum hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis. Til þess að ríkin standi jafnfætis gagnvart reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð er því nauðsynlegt að taka fram að aðgerðir sveitarfélags geti einnig fallið undir ákvæði 61. gr. Um þetta yrði nánar fjallað í reglugerð sem sett yrði með heimild í 51. gr. og sett yrði í samræmi við sameiginlegar skilgreiningar EES-ríkjanna.

Um 50. gr.

Því er lagt til að þær reglur, sem lýst er í greininni, séu lögfestar um sambærilegan fjárstuðning sveitarfélaga til einstakra aðila og 61. gr. nær til.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði að afturköllun ákvörðunar um ríkisaðstoð, þar með talin aðstoð sveitarfélags, þar sem talið sé að hún brjóti í bága við ákvæði samn-

ings um Evrópska efnahagssvæðið, baki ekki ríkissjóði eða sveitarfélagi skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beindist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni. Ef skaðabótaskylda væri fyrir hendi væri afturköllunin í raun marklaus.

Um 51. gr.

Hér er lagt til að ráðherra verði veitt heimild, að fenginni umsögn samkeppnisráðs, að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Með fullgildingu samningsins fær meginmál hans lagagildi en 53.–60. gr. hans fjalla um samkeppnisreglur. Til viðbótar því og þeim atriðum, sem felast í frumvarpi þessu, er nauðsynlegt að lögfesta reglugerðarheimild til handa ráðherra um nánari framkvæmd samkeppnisreglna. Þar er fyrst og fremst um að ræða reglur um undanþágur frá bannákvæðum 53. gr. samningsins og um nánari framkvæmd eftirlits með samruna fyrirtækja og um samkeppni á sviði flutninga. Reglurnar eru nefndar í XIV. viðauka samningsins. Þá er eins og áður er nefnt nauðsynlegt að fella ákvæði bókunar 4 með samningnum milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og EFTA-dómstól í reglugerð, en þar er að finna afmörkun á störfum og valdsviði eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni og verklagsreglur sem fylgja skal.

Lagt er til að ráðherra fái einnig heimild til þess að útfæra nánar framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð í reglugerð og yrði reglugerðin byggð á samræmdri túlkun reglnanna í EFTA-ríkjunum, t.d. varðandi mörkin milli aðstoðar ríkis og sveitarfélaga, undanþágur vegna byggðastuðnings o.s.frv.

Um 52. gr.

Hér er kveðið á um að samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laganna, séu ógildir. Er hér átt við bannákvæðin í IV. og VI. kafla frumvarpsins.

Um 53. gr.

Hér er mælt fyrir um þagnarskyldu þeirra sem framfylgja eiga lögunum um þau atriði sem leynt eiga að fara. Jafnframt mega þeir sem af hálfu stjórnvalda eiga að taka þátt í úrlausn mála, sem lögin taka til, ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta. Viðkomandi stjórnvald sker úr um hvort um slíka hagsmuni er að ræða.

Um 54. gr.

Hér er kveðið á um að samkeppnisráð geti bannað athafnir sem brjóta í bága við 20., 21. og 22. gr. laganna, en þær eru í VI. kafla frumvarpsins um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Í 20. gr. er bannað að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti. Í 21. gr. segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem frumvarpið tekur til. Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Í 22. gr. er fjallað um auglýsingar og vernd barna gagnvart auglýsingum. Ef banni er ekki hlítt getur samkeppnisráð lagt á dagsektir.

Áður en bann er lagt á skal Samkeppnisstofnun reyna að ná sáttum.

Um 55. gr.

Grein þessi fjallar um úrræði samkeppnisráðs gagnvart fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laganna eða brotum gegn ákvörðunum sem byggðar eru á þeim. Getur ráðið beitt stjórnvaldssektum nema brot sé óverulegt eða ef ekki er talin þörf á slíku. Með stjórnvaldssekt er átt við fésekt sem ákvörðuð er af samkeppnisráði og rennur hún í ríkissjóð.

Við ákvörðun stjórnvaldssektar skal taka mið af þeim skaða sem samkeppnishömlur hafa valdið og þeim ávinningi sem þær hafa haft í för með sér. Þó má sekt ekki nema hærri upphæð en nemur 10% af veltu sl. almanaksárs hjá hverju einstöku brotlegu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja.

Ákvörðun samkeppnisráðs má skjóta til áfrýjunarnefndar, sbr. 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, en ákvæðið er sniðið eftir þeirri löggjöf sem væntanlega mun gilda innan EES og gildir nú í ríkjum EB.

Um 56. gr.

Hér er kveðið á um dagsektir sem samkeppnisráð getur ákveðið ef ekki er farið að ákvörðun samkvæmt frumvarpinu. Með dagsektum er átt við févíti sem er sekt til að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Dagsektir eru ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð.

Ákvörðun um dagsektir ber að tilkynna á sannanlegan hátt, t.d. með ábyrgðarbréfi eða staðfestu símskeyti.

Um 57. gr.

Hér er kveðið á um fjórtán daga frest til áfrýjunar ákvörðunar um dagsektir til áfrýjunarnefndar. Dagsektir reiknast ekki fyrr en að áfrýjunarfresti liðnum. Ef áfrýjað er til áfrýjunarnefndar reiknast dagsektir ekki fyrr en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Um 58. gr.

Hér er kveðið á um að úrskurður áfrýjunarnefndar verði að liggja fyrir áður en unnt er að höfða mál vegna ákvörðunar samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar.

Um 59. gr.

Hér er fjallað um að unnt er að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Um meðferð dómstóla á ákvörðunum áfrýjunarnefndar er það að segja að þeir geta að sjálfsögðu úrskurðað um öll atriði er lúta að lögmæti ákvarðana. Að því er varðar réttmæti ákvarðana áfrýjunarnefndar eða meðferð lögleyfðs valds verða dómstólar að skera úr um hversu langt þeir telja úrskurðarvald sitt ná í þeim efnum en það kann að reynast mismunandi eftir tegund og eðli ákvörðunar.

Um 60. gr.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Refsiákvæðum þessum svipar til gildandi ákvæða um þessi efni í lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Samkvæmt greininni er það aðalreglan að mælt er fyrir um að brot varði fjársektum. Við miklar sakir eða ítrekað brot er þó heimilt að beita refsivist, þ.e. fangelsi eða varð-

haldi. Þar sem brot gegn ákvæðum frumvarps þessa munu oftast vera þess eðlis að brotamaður hefur aflað sér fjár með brotinu er hér vísað til 49. gr. almennra hegningarlaga sem mælir fyrir um að í slíkum tilvikum megi, þegar sérstaklega stendur á, dæma fjársekt jafnframt refsivist sem við brotinu kann að liggja.

Við framkvæmd ákvæða frumvarpsins reynir mjög á skýrslugjöf til þeirra aðila sem framkvæmdina munu hafa með höndum, sbr. t.d. 42. gr. Röng skýrslugjöf er refsiverð skv. XV. kafla almennra hegningarlaga er fjallar um rangan framburð og rangar sakargiftir.

Önnur viðurlög samkvæmt greininni geta verið réttindasvipting um tiltekinn tíma eða ævilangt, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Sektum má beita hvort heldur er gagnvart einstaklingi eða lögaðila. Ber lögaðili ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til þess að greiða.

Um 61. gr.

Hér er kveðið á um að viðurlög skv. 54., 55. og 56. gr., sbr. 18. gr., og sakarkostnaður sé aðfararhæft. Með aðför er átt við fógetagerð sem framkvæmd er til þess að knýja fram efndir.

Áfrýjun ákvörðunar Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar frestar aðför þar til úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

Framkvæmd aðfarar samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal vera skv. 13. kafla aðfararlaga og skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til að taka af öll tvímæli er hér kveðið á um að starfsfólk Verðlagsstofnunar flytjist til Samkeppnisstofnunar ef það kýs að halda áfram störfum. Ákvæði laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna varðandi biðlaun, þegar staða eða stofnun er lögð niður, eiga því ekki við.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til samkeppnislaga.

Með frumvarpinu er sett ný löggjöf um samkeppni á markaði í stað núgildandi laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Markmið þess er að efla virka samkeppni á markaði.

Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið hafi í för með sér óverulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpinu fækkar fulltrúum í verðlagsráði, sem framvegis

skal heita samkeppnisráð, úr níu í fimm. Á móti kemur skipun sérstakrar þriggja manna áfrýjunarnefndar. Þá munu tvær þriggja manna ráðgjafarnefndir starfa með samkeppnisráði, en greiðsla til nefndarmanna fer eftir fjölda funda og er ekki reiknað með miklum fundahöldum á vegum þeirra. Þá er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði við rekstur Verðlagsstofnunar sem mun framvegis heita Samkeppnisstofnun.

Sú stefna að leggja aukna áherslu á virkt samkeppniseftirlit í stað beins verðlagseftirlits er líkleg til að breyta starfsemi Verðlagsstofnunar (Samkeppnisstofnunar) verulega á komandi árum. Aukið samkeppniseftirlit krefst sérmenntaðra lögfræðinga og viðskiptafræðinga en á móti mun fækka verulega í hinu fjölmenna starfsliði stofnunarinnar sem sinnir beinu verðlagseftirliti.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um húsgöngu- og fjarsölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lög þessi eiga við um samninga sem gerðir eru í húsgöngusölu milli seljanda sem lætur í té vöru eða þjónustu og neytanda í söluferð sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar eða í tengslum við sölustarfsemi á heimili neytandans eða annars neytanda eða á vinnustað neytandans og neytandi hefur ekki óskað eftir.

Lögin eiga einnig við um samninga sem gerðir eru um afhendingu vöru eða þjónustu, annarrar en þeirrar sem tengist komu seljanda að beiðni neytandans sjálfs. Það er skilyrði að þegar neytandinn hefur sjálfur óskað eftir komu seljandans hafi honum ekki verið kunnugt um eða getað verið kunnugt um að afhending þeirrar vöru eða þjónustu væri hluti af viðskipta- eða þjónustustarfsemi seljanda.

Lögin eiga við um samninga þar sem neytandinn leggur fram tilboð við svipaðar aðstæður og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þótt neytandinn sé ekki bundinn af því tilboði fyrr en seljandi hefur gengið að því.

Lögin eiga einnig við um tilboð sem neytandinn gerir samningsbundið við svipuð skilyrði og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þegar neytandinn er bundinn af tilboði sínu.

Lögin eiga einnig við um fjarsölu þar sem neytandi gerir samning um kaup á vöru á grundvelli pöntunarlista eða annars konar vörukynningar seljanda án þess að hafa möguleika á að skoða vöruna.

2. gr.

Húsgöngusala merkir farandsölu sem venjulega fer fram með þeim hætti að seljandi kveður óbeðinn dyra hjá neytanda og býður varning eða þjónustu til sölu.

Neytandi merkir í lögum þessum einstakling sem í viðskiptum, sem lög þessi taka til, kemur fram sem kaupandi og í tilgangi sem telja má óskyldan starfi hans.

Seljandi merkir í lögum þessum einstakling eða lögaðila sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni sem verslunarmaður eða hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda.

Fjarsala merkir í lögum þessum sölu sem fer fram milli kaupanda og seljanda án þess að þeir hittist augliti til auglitis. Þetta getur gerst með notkun síma, bréfsíma, sjónvarps, sölulista og heimatölvu.

3. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. Samninga um smíði, sölu og leigu fasteigna eða samninga um önnur réttindi í sambandi við fasteignir.
   Samningar um að látnar skuli í té vörur og þær felldar að fasteignum eða samningar um viðgerðir fasteigna skulu þó falla undir gildissvið laganna.
2. Samninga um reglubundna afhendingu matvöru, drykkjarvöru eða annarrar vöru sem ætluð er til heimilisnota.
3. Vátryggingasamninga.
4. Samninga um verðbréfakaup.
5. Samninga um afhendingu vöru eða þjónustu að því tilskildu að eftirfarandi þrjú skilyrði séu uppfyllt:
   a. Að gengið sé frá samningnum á grundvelli sölubæklings seljanda sem neytandinn hefur fengið tækifæri til að skoða án þess að umboðsmaður seljanda sé viðstaddur.
   b. Að ráðgert sé framhald á sambandi neytanda og umboðsmanns seljanda með tilliti til yfirstandandi viðskipta eða annarra viðskipta síðar.
   c. Að í sölubæklingi og samningi komi skýrt og greinilega fram réttur neytanda til að skila vörunum aftur til þess sem lét hana í té innan tíu daga hið minnsta frá móttöku vörunnar eða að öðrum kosti falla frá samningnum án annarrar skuldbindingar en þeirrar að veita vörunni eðlilega umsjá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. er heimilt að undanskilja samninga um afhendingu vöru eða þjónustu sem eru í beinum tengslum við þá vöru og þjónustu sem orðið hafa tilefni til þess að neytandi óskaði sjálfur eftir heimsókn seljanda.

4. gr.

Þegar um er að ræða samninga er falla undir 1. gr. skal seljandi upplýsa neytanda skriflega um rétt hans til þess að segja samningnum upp innan þess frests sem um getur í 5. gr. Jafnframt skal í hinum skriflegu upplýsingum tilkynna nafn og heimilisfang aðila sem unnt er snúa sér til með uppsögn samnings.

Hinar skriflegu upplýsingar seljanda skulu vera dagsettar og hafa að geyma einkenni þess samnings sem gerður er milli seljanda og neytanda. Þær skulu látnar neytanda í té við gerð samningsins þegar um er að ræða tilfelli eins og greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. eða þegar neytandi leggur fram tilboð sitt í tilvikum er greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr.

5. gr.

Lög þessi eiga við um fjarsölu eftir því sem við á, en ráðherra getur sett nánari reglur um neytendavernd í því sambandi í samræmi við þær reglur sem samþykktar verða um það efni í samstarfi ríkja Evrópska efnhagssvæðisins.

6. gr.

Neytandi skal hafa rétt til að falla frá samningi við seljanda, er fellur undir lög þessi, með því að tilkynna um það með ábyrgðarbréfi sem sent er innan tíu daga frá því að

neytanda berast í hendur upplýsingar um söluskilmála sem um getur í 4. gr.

Með tilkynningunni er neytandi leystur undan öllum skilmálum samningsins sem sagt er upp.

7. gr.

Neytandi getur ekki afsalað sér þeim réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi samkvæmt lögum þessum skal um réttaráhrif þess fara eftir lögum um lausafjárkaup, einkum með tilliti til endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin var í té og skila á móttekinni vöru.

9. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

10. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, en í 72. gr. EES-samningsins, sem vísar til XIX. viðauka hans, samþykkja stjórnvöld EFTA-ríkja að laga löggjöf sína að tilteknum gerðum Evrópubandalagsins. Tilskipun EB-ráðsins frá 22. desember 1985 (85/577/EBE) fjallar um þetta efni og er frumvarpið sniðið eftir efni hennar.

Viðskiptahættir, þar sem seljendur og kaupendur gera með sér samninga eða takast á hendur einhliða skuldbindingar utan starfsstöðva seljanda, verða æ algengari í samfélagi nútímans. Þeir eru í frumvarpi þessu nefndir „húsgöngusala“ sem er nýyrði er svarar til orðanna „door-to-door“ sales á enskri tungu og „dörsalg“ á skandinavískum málum. Frumvarpið nær einnig til fjarsölu, en markmið þess er að sett verði lög sem verndi neytendur gegn óréttmætum viðskiptaháttum er tengjast sölumennsku utan fastra starfsstöðva verslunarmanna eða verslunarfyrirtækja.

Það einkennir þá samninga sem gerðir eru utan starfsstöðvar seljanda að það er nær undantekningarlaust seljandinn sem á frumkvæði að viðskiptunum. Neytandinn er því oft óviðbúinn viðskiptunum og tilboð seljanda koma honum í opna skjöldu. Neytendum gefst sjaldnast kostur á því að bera gæði og verð tilboðsins saman við önnur tilboð á markaðnum. Viðskipti, sem koma neytendum í opna skjöldu, eiga ekki aðeins við um sölumennsku við húsdyr eða í heimahúsum, heldur einnig í mörgum öðrum tilvikum þegar seljandi býður vörur eða þjónustu til neytenda sem staddir eru utan fastrar starfsstöðvar seljanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint til hvers konar samninga frumvarpi þessu er ætlað að taka. Er hér um að ræða samninga milli seljenda og neytenda sem gerðir eru utan fastrar starfsstöðvar seljanda, t.d. á heimili neytanda eða vinnustað hans og neytandinn hefur ekki óskað eftir komu seljanda.

Um 2. gr.

Greinin hefur að geyma skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér eru taldar upp þær tegundir samninga sem frumvarpið nær ekki til. Er þar um að ræða samninga er tengjast fasteignum, samninga um vörur til heimilisnota sem afhentar eru neytandanum reglulega, samning varðandi afhendingu vöru eða þjónustu, þegar hann er gerður á grundvelli sölubæklings seljanda og réttur neytanda til að skila vörunni innan tíu daga frá móttöku hennar kemur skýrt fram í sölubæklingnum, vátryggingasamninga og samninga um verðbréfakaup.

Um 4. gr.

Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að neytandi fái skriflegar upplýsingar um rétt sinn til að rifta samningnum. Jafnframt er lögð sú skylda á seljanda að hann tilgreini skriflega nafn og heimilisfang aðila sem hægt er að snúa sér til í framhaldi af samningsgerð. Ákvæði þetta er sett í þeim tilgangi að veita neytendum aukna vernd er þeir kaupa vörur eða þjónustu af húsgöngusölum, t.d. er gallar koma upp og koma þarf kvörtunum á framfæri við seljandann.

Um 5. gr.

Unnið er nú að gerð samræmdra reglna um fjarsölu á vegum Evrópubandalagsins og munu EFTA-ríkin koma að því verki við gildistöku EES-samnings. Með fjarsölu er átt við viðskipti þar sem kaupandi og seljandi hittast ekki, en sölustarfsemi seljanda fer fram með aðstoð síma, bréfsíma, sjónvarpi, útsendum pöntunarlistum, tölvusamskiptum o.fl. Þessi tegund markaðsstarfsemi er í örri þróun og þykir því nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til þess að láta ákvæði laga þessara einnig ná til hennar eftir því sem nauðsyn krefur og setja nánari reglur um þá markaðsstarfsemi sem um er að ræða í samræmi við sameiginlegar reglur EES-svæðisins.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er neytanda veittur tíu daga frestur til að rifta kaupsamningi sem lög þessi ná til. Er fresturinn talinn hæfilegur tími til þess að neytanda gefist færi á því að meta þær skuldbindingar sem í kaupsamningnum felast.

Um 7. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í veg fyrir að seljandi í húsgöngusölu geti komið sér undan þeim skyldum sem á honum hvíla, t.d. með því að bjóða neytanda sérstakan afslátt af kaupverði gegn réttindaafsali.

Um 8. gr.

Í þessari grein er vísað til laga um lausafjárkaup um endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin er í té og skil á móttekinni vöru. Í núgildandi lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, segir í 57. gr. að sé kaupum rift eigi seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur nema hann skili aftur því er hann hefur fengið af andvirði hans og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt nema hann skili aftur því er hann hafði við tekið í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu sem það var í er hann tók við því.

Um 9. gr.

Um brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mál og varða brot sektum. Þetta merkir að neytendur skulu beina kærum vegna brota á lögunum til sýslumanns eða lögreglustjóra.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar. Áformað er að samningurinn taki gildi 1. janúar 1993, en ef það dregst eitthvað þá dragist gildistaka laganna um sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsgöngu- og fjarsölu.

Með frumvarpi þessu er leitast við að skapa kaupendum svokallaðrar húsgöngu- og fjarsölu ákveðinn rétt til viðbótar við þann rétt sem nú fyrirfinnst í öðrum lögum, t.d. um lausafjárkaup samninga.

Hér verður ekki séð að ríkissjóður hafi sérstakan aukakostnað af frumvarpi þessu verði það að lögum. Allar afleiðingar af væntanlegum lögum verða á sviði dómstóla og er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdarvaldið þurfi að neinu leyti að grípa þar inn í.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréf:*
   a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
   b. Framseljanleg skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið (afleidd skuldaskjöl).
2. *Verðbréfamiðlun:* Milliganga sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.
3. *Verðbréfamiðlari:* Einstaklingur sem fengið hefur leyfi til verðbréfamiðlunar, sbr. 2. gr., og þeir sem vinna að verðbréfamiðlun undir stjórn og á ábyrgð hans.
4. *Verðbréfafyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra, sbr. 7. gr., og annast starfsemi skv. V. kafla laga þessara.
5. *Fjárvarsla:* Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns.
6. *Almennt útboð:* Útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.
7. *Viðskiptavaki:* Verðbréfafyrirtæki eða annar aðili sem hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
8. *Sölutrygging:* Samningur milli verðbréfafyrirtækis og útgefanda verðbréfa þar sem verðbréfafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.
9. *Opinber verðbréfamarkaður:* Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir erlendis.

II. KAFLI
Leyfi til verðbréfamiðlunar.

2. gr.

Viðskiptaráðherra veitir leyfi til verðbréfamiðlunar. Leyfi verður einungis veitt einstaklingum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eru búsettir hér á landi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.
4. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem

settar eru í reglugerð sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða leggja fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptavinum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála skulu ákveðin með reglugerð.

Umsókn skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

3. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa leyfi skv. 2. gr., er heimilt að stunda verðbréfamiðlun og nefna sig verðbréfamiðlara, sbr. þó 2. og 3. mgr. 35. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni svo sem búskiptum eða félagsslitum.

4. gr.

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði VII. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum eru falin til sölu eða að selja eigin verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða verðbréf skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða sem ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

6. gr.

Ákvæði V. kafla taka einnig til verðbréfamiðlara eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Starfsleyfi verðbréfafyrirtækja.

7. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi nema það uppfylli skilyrði laga þessara og hafi fengið starfsleyfi ráðherra. Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð að minnsta kosti 40 millj. kr. og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 40 millj. kr. Fjárhæðir þessar skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

2. Stjórnarmenn skulu vera a.m.k. þrír og fullnægja skilyrðum 1.–3. tölul. 2. gr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrði 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.
3. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 1.–4. tölul. 2. gr.
4. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
5. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir verðbréfafyrirtækisins, staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

IV. KAFLI
Synjun leyfa.

8. gr.

Uppfylli umsækjandi um leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 2. gr. eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækis skv. 7. gr. ekki skilyrði laga þessara skal umsókn hlutaðeigandi synjað.

Ráðherra getur synjað umsókn hafi umsækjandi um leyfi til verðbréfamiðlunar eða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis, að mati ráðherra,

1. verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

9. gr.

Synjun ráðherra á leyfi skv. 8. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

V. KAFLI
Réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja.

10. gr.

Verðbréfafyrirtækjum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfafyrirtæki“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

11. gr.

Verðbréfafyrirtæki skv. 7. gr. er, ásamt verðbréfamiðlurum, heimilt að stunda verðbréfamiðlun gegn þóknun. Því er jafnframt heimilt að annast almennt útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og skylda starfsemi. Þá er verðbréfafyrirtæki heimilt að annast umsjá og vörslu verðbréfa verðbréfasjóða að fenginni viðurkenningu bankaeftirlitsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði. Öðrum aðila en verðbréfafyrirtæki er óheimilt að ann-

ast þá starfsemi sem að framan greinir nema lög ákveði annað, sbr. þó 35. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 1. mgr.

12. gr.

Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Tilkynna skal bankaeftirlitinu fyrir fram um stofnun útibús.

13. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn fyrirtækisins njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skal verðbréfafyrirtækið, að teknu tilliti til þekkingar viðskiptamanna, veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfafyrirtækja skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

14. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hvaða þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara.

Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að hafa samráð um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

15. gr.

Taki verðbréfafyrirtæki að sér þjónustu sem því er heimil samkvæmt lögum þessum, sbr. 11. gr., skal, eftir því sem við á, gerður um það sérstakur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptamanns þess þar sem meðal annars skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 22. gr., sbr. þó 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr.

16. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal halda fjármunum viðskiptamanns tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi fyrirtækið fengið til þess skriflegt umboð. Í framsalsáritun ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði og ber verðbréfafyrirtæki að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á verðbréfi sem framselt hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Sá sem veitt hefur verðbréfafyrirtæki umboð skv. 2. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun verðbréfafyrirtækis skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til fyrirtækisins fylgi ekki verðbréfinu.

17. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis, sbr. þó 1. mgr. 11. gr. Útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra útboða í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Verðbréf í almennu útboði skulu skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda um skráningu verðbréfa.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, sbr. 1. mgr. 11. gr., tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að kaupa verðbréf sem fyrirtækinu eru falin til sölu. Eigendum verðbréfafyrirtækis, stjórnendum og öðrum starfsmönnum svo og mökum þeirra er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf við fyrirtækið.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Viðskipti skv. 2. mgr. eru bundin því skilyrði að þau séu ekki á neinn hátt óvenjuleg, samþykkt af stjórn verðbréfafyrirtækis og bókuð í gerðabók hennar.

Kaup eða sala verðbréfa stjórnenda og annarra starfsmanna verðbréfafyrirtækis fyrir eigin reikning skal fara fram fyrir milligöngu þess verðbréfafyrirtækis, sem þeir eru stjórnendur í eða starfa hjá, samkvæmt reglum sem verðbréfafyrirtækið setur og bankaeftirlitið staðfestir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfafyrirtæki heimilt að kaupa fyrir eigin reikning eða selja úr eigu sinni verðbréf, enda hafi fyrirtækið formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki eða sölutryggjandi verðbréfanna og hafi með formlegum hætti kunngert viðskiptavinum sínum það fyrir fram.

19. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgðir vegna verðbréfakaupa eða hafa milligöngu um slík viðskipti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfafyrirtæki heimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum, sbr. 11. gr., þó ekki fyrir hærri fjárhæð en nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

20. gr.

Verðbréfafyrirtæki er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi verðbréfafyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, sbr. 1. mgr. 13. gr.

21. gr.

Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar þess. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Bankaeftirlitið sker úr um hvort eignarhlutur brjóti í bága við grein þessa og getur veitt undanþágu frá henni mæli sérstakar ástæður með því.

Um heimildir annarra starfsmanna verðbréfafyrirtækis varðandi þau atriði, sem í 1. mgr. greinir, fer eftir reglum sem stjórn verðbréfafyrirtækis setur og bankaeftirlitið staðfestir.

VI. KAFLI
Misnotkun trúnaðarupplýsinga.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til verðbréfa sem eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann hafa hlotið viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

23. gr.

Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 22. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

24. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 1. mgr. 23. gr., sem hlotið hafa vitneskju um trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær með þeim hætti sem þar segir, enda hafi þeir vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

25. gr.

Ákvæði 23. og 24. gr. ná einnig til lögaðila og taka til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að fara með viðskipti fyrir reikning lögaðilans.

26. gr.

Útgefendur verðbréfa skulu setja eigin reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.

Stjórnvöld og aðrir aðilar, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér reglur skv. 1. mgr.

VII. KAFLI
Ársreikningar og endurskoðun.

27. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfafyrirtækis er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfafyrirtækis.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

28. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þess eða starfa að öðru leyti í þess þágu en að endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfafyrirtækis og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn þess veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

29. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann

hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal láta í ljós álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skal endurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té. Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis varðandi framkvæmd rekstursins eða atriði sem geta veikt fjárhagsstöðu fyrirtækisins skal endurskoðandi þegar gera stjórn fyrirtækisins og bankaeftirlitinu viðvart.

30. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfafyrirtækis ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra en eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Jafnframt er verðbréfafyrirtækjum skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati þess, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum VI. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögðaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynlegt til rannsóknar málsins.

IX. KAFLI
Afturköllun leyfa.

32. gr.

Skylt er ráðherra að afturkalla leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækis

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði laga þessara fyrir leyfisveitingu,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

33. gr.

Hafi verðbréfamiðlari eða verðbréfafyrirtæki ítrekað eða með alvarlegum hætti brot-

ið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim og ekki sinnt kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 31. gr. er ráðherra heimilt að afturkalla leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta hlutaðeigandi leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi um stundarsakir. Skal ráðherra þá skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

34. gr.

Afturköllun á starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða leyfi til verðbréfamiðlunar skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfafyrirtækis endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á fyrirtækinu eða flutning á starfsemi þess til annars verðbréfafyrirtækis.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Hyggist verðbréfamiðlari eða verðbréfafyrirtæki hefja starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna það bankaeftirlitinu og eftirlitsaðila í hlutaðeigandi ríki.

Leyfi til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi fer samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Um gildi leyfa til starfsemi er lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

36. gr.

Verðbréfamiðlarar og starfsmenn þeirra, svo og stjórnendur, framkvæmdastjórar og aðrir starfsmenn verðbréfafyrirtækja, eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

37. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki.

38. gr.

Ráðherra getur falið bankaeftirlitinu veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar skv. II. kafla og starfsleyfa verðbréfafyrirtækja skv. III. kafla, afturköllun leyfa skv. IX. kafla, svo og setningu reglna sem ráðherra er falið að setja samkvæmt lögum þessum.

39. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, þar á meðal um viðurlög í formi dagsekta.

XI. KAFLI
Viðurlög.

40. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Brot gegn ákvæðum VI. kafla varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðinu.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XII. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlarar samkvæmt lögum nr. 20/1989, sem eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu hafa lagað starfsemi sína að ákvæðum laganna eigi síðar en einu ári frá gildistöku þeirra. Ráðherra getur þó veitt verðbréfafyrirtækjum lengri frest, þó aldrei lengur en í sex mánuði.

Þeim sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 20/1989 við gildistöku laga þessara er eigi skylt að sækja námskeið skv. 4. tölul. 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðherra skipaði vinnuhóp 18. nóvember 1991 sem var falið það verkefni að „semja nauðsynleg lagafrumvörp og drög að reglugerðum vegna aðlögunar á íslenskum rétti á sviði lánastofnana og verðbréfaviðskipta að ákvæðum í samningi um Evrópskt efnahagssvæði". Í vinnuhópinn voru skipaðir Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, formaður, Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytis, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneyti, Sveinbjörn Hafliðason forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Seðlabanka Íslands, og Ólafur Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka. Starfsmaður og ritari hópsins var Jóhann Albertsson deildarstjóri, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tryggvi Axelsson lét af störfum í vinnuhópnum um miðjan apríl 1992. Sæti hans tók Páll Ásgrímsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneyti.

Eiríkur Guðnason skilaði séráliti um 17. gr. frumvarpsins og er það birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Löggjöf um verðbréfaviðskipti.

Löggjöf um verðbréfaviðskipti er tiltölulega ný hér á landi. Fyrstu lög á þessu sviði voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með núgildandi lögum, nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem eru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannalanda á þessu sviði. Þó var ljóst að einstök atriði laganna frá 1989 þörfnuðust endurskoðunar að fenginni reynslu af framkvæmd þeirra. Hugmyndir þar að lútandi hafa nýst við aðlögun íslenskrar löggjafar á þessu sviði að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frumvarp þetta er eitt þeirra frumvarpa sem vinnuhópurinn samdi á sviði verðbréfaviðskipta og lánastofnana í samræmi við efni skipunarbréfs. Þrjú þeirra eru á sviði verðbréfaviðskipta en auk þessa frumvarps voru samin frumvörp til laga um verðbréfasjóði og laga um Verðbréfaþing Íslands. Drög að þessum þremur frumvörpum voru kynnt hagsmunaaðilum á verðbréfamarkaði og leitað eftir skriflegum athugasemdum þeirra. Auk þess voru frumvörpin rædd við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði. Ýmsar ábendingar komu fram frá þessum aðilum og hefur verið tekið tillit til þeirra eftir því sem ástæða þótti til.

Meginefni frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var í fjölmörgum atriðum stuðst við ákvæði núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Einnig var höfð hliðsjón af löggjöf nágrannalanda, einkum danskri og norskri, en löggjöf þessara landa hefur verið aðlöguð reglum Evrópubandalagsins að meira eða minna leyti. Auk þess var höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins sem gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í ýmsum atriðum eru ákvæði þessa frumvarps sambærileg við ákvæði frumvarps til laga um verðbréfasjóði sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þá er rétt að vekja jafnframt athygli á því að frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands, sem er einnig lagt fram samhliða þessu frumvarpi, hefur að nokkru áhrif á einstök ákvæði frumvarpsins.

Enda þótt stuðst hafi verið við ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði í fjölmörgum atriðum felast engu að síður nokkrar breytingar frá þeim í frumvarpinu. Í I. kafla er einstökum skilgreiningum núgildandi laga breytt og nýjar settar fram. Skilyrðum fyrir veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar og starfsleyfa verðbréfafyrirtækja er breytt nokkuð, sbr. II. og III. kafla. Ákvæði IV. kafla um synjun um leyfi eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga og sama á við um V. kafla um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara og verðbréfasjóða. Svonefnd innherjaákvæði eru einnig mun ítarlegri en verið hefur, sbr. VI. kafla, og heimildir bankaeftirlits til að krefjast upplýsinga vegna rannsóknar slíkra mála eru auknar. Ákvæði um afturköllun leyfa skv. IX. kafla eru endurbætt og viðurlög skv. XI. kafla eru hert og mælt fyrir um þyngri viðurlög vegna brota gegn VI. kafla frumvarpsins um misnotkun trúnaðarupplýsinga.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Flest hugtakanna eru byggð á skilgreiningum sem bæði er að finna í lögum nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, og einnig í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Önnur hugtök eru hins vegar nýmæli. Frá gildandi lögum hafa hugtökin „verðbréfasjóður“ og „markaðsverðbréf“ verið felld brott.

Um 1. gr.

Hugtakið „verðbréf“ er skilgreint í tveimur stafliðum í 1. tölul. Fyrri liður skilgreiningarinnar er óbreyttur frá gildandi lögum. Í síðari staflið ákvæðisins er hins vegar að finna viðbót við skilgreiningu núgildandi laga á hugtakinu verðbréf sem er nýmæli. Samkvæmt þessum lið nær hugtakið verðbréf nú einnig til framseljanlegra skilríkja sem veita rétt til peningagreiðslu. Það er þó sett sem skilyrði að skilríkin eigi rót að rekja til eins eða fleiri tiltekinna verðbréfa eins og þau eru skilgreind í fyrri staflið 1. tölul. Þau skilríki, sem um ræðir, hafa verið nefnd afleidd skuldaskjöl, nefnd „derivatives“ á ýmsum erlendum tungumálum. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á þeim skuldaskjölum sem teljast mundu verðbréf samkvæmt þessari skilgreiningu. Dæmi um skuldaskjöl, sem falla mundu undir ákvæðið, eru svonefndar „options“ og „futures“. Að öðru leyti er ákvæðinu ætlað að veita svigrúm á verðbréfamarkaði til að taka upp nýjungar og viðskipti með skuldaskjöl sem ekki eru almennt stunduð hér á landi enn sem komið er.

Hugtökin „verðbréfamiðlun“ og „verðbréfamiðlari“ eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

„Verðbréfafyrirtæki“ er efnislega skilgreint á svipaðan hátt og samkvæmt gildandi lögum. Þó er nú gert ráð fyrir starfsleyfi í stað rekstrarleyfis í núgildandi lögum. Ekki er lengur talið upp í skilgreiningunni það sem verðbréfafyrirtæki mega gera heldur vísað til þess kafla frumvarpsins sem fjallar um réttindi og skyldur fyrirtækjanna. Samkvæmt frumvarpinu er felld brott heimild verðbréfafyrirtækja til að annast rekstur verðbréfasjóða. Sú breyting er til komin vegna ákvæða í tilskipun Evrópubandalagsins nr. 85/611 sem er hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Í henni er gert ráð fyrir að félag, sem annast rekstur verðbréfasjóðs, hafi eingöngu slíka starfsemi með höndum. Um slík félög eru sérstök ákvæði í frumvarpi til laga um verðbréfasjóði sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

„Fjárvarsla“ hefur ekki áður verið skilgreind sérstaklega í lögum. Höfð var hliðsjón af skilgreiningu norskra laga nr. 61/1985, um verðbréfaviðskipti. Það er skilyrði að þjónusta, sem um ræðir, sé veitt gegn endurgjaldi og að gerður sé um hana sérstakur samningur. Almennt verður að gera ráð fyrir að fjárvarsla verði stunduð með reglulegum hætti og sé ætlað að standa yfir í nokkurn tíma og jafnvel ótímabundið. Það er því mikils um vert fyrir báða aðila fjárvörslu að skýrt sé kveðið á um hvað í henni felst, til að mynda í hvaða verðbréfum skuli fyrst og fremst fjárfest fyrir eigin reikning viðskiptamanns sem alla jafna hefur ekki dagleg afskipti af framkvæmd fjárvörslunnar. Með kröfunni um sérstakan samning er stuðlað að auknu öryggi og trausti í þjónustu af þessu tagi.

Ákvæðið er einnig í samræmi við meginreglu 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins um skyldu til samningsgerðar.

Skilgreining á hugtakinu „almennt útboð“ í 6. tölul. er einnig ný í lögum hér á landi en hugtakið hefur verið skilgreint í reglum Seðlabanka Íslands frá 1990 um gerð útboðsgagna vegna almennra útboða markaðsverðbréfa og um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka skv. 15. gr. laga nr. 20 4. apríl 1989. Í þeim reglum er almennt útboð skilgreint sem útboð markaðsverðbréfa sem beint er til almennings og einnig öll útboð nýs hlutafjár í hlutafélagi þar sem hluthafar eru 50 eða fleiri. Í frumvarpi þessu hefur verið fallið frá að nota hugtakið „markaðsverðbréf“ líkt og gert er í núgildandi lögum. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að við almenn útboð verði fleiri en eitt samkynja verðbréf boðin almenningi með þeim hætti sem lýst er í þessum tölulið. Nánari ákvæði um framkvæmd almennra útboða er að finna í 17. gr. frumvarpsins.

Í 7. tölul. er hugtakið „viðskiptavaki“ skilgreint með nokkuð öðrum hætti en sam-

kvæmt núgildandi lögum. Breytingin er fólgin í því að í stað „markaðsverðbréfa“ tekur viðskiptavakahlutverk nú til verðbréfa eins og þau eru skilgreind í frumvarpinu. Þá er nú sérstaklega tekið fram í skilgreiningunni að viðskiptavakar skuli skuldbinda sig formlega og opinberlega. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja betur en verið hefur í framkvæmd núgildandi laga að tilkynningar berist út á verðbréfamarkaðinn. Með formlegri og opinberri tilkynningu er átt við að fram komi í fjölmiðlum, t.d. dagblöðum, að tiltekinn aðili sé viðskiptavaki með tiltekin verðbréf. Jafnframt væri eðlilegt að sams konar tilkynning birtist ef fallið er frá viðskiptavakahlutverki.

Hugtakið „sölutrygging“ í 8. tölul. hefur ekki verið skilgreint sérstaklega hingað til enda þótt sölutrygging sé veigamikill þáttur í þeirri starfsemi sem verðbréfafyrirtækjum er einum heimilt að annast nema lög ákveði annað. Þótti því eðlilegt að skilgreining þessa hugtaks yrði lögfest.

Loks er skilgreining á „opinberum verðbréfamarkaði“ í 9. tölul. Hugtakið, sem er nýmæli í löggjöf á þessu sviði, leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og tekur mið af skilgreiningum Evrópubandalagsins, t.d. í tilskipun 85/611 um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Með hugtakinu er átt við viðurkenndar kauphallir eins og Kauphöll Óslóar, Kauphöll Kaupmannahafnar, Kauphöll Lundúna og Verðbréfaþing Íslands en frumvarp til laga um starfsemi þess er lagt fram samhliða frumvarpi þessu.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um veitingu leyfa til verðbréfamiðlunar. Ákvæði kaflans eru að mestu efnislega samhljóða ákvæðum II. kafla núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þó verða tilteknar breytingar á skilyrðum fyrir veitingu leyfa sem leiðir af samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Leyfisveitingavaldið er í höndum viðskiptaráðherra en þó er honum veitt heimild til að fela það bankaeftirliti skv. 38. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er efnislega óbreytt ákvæði frá 1. mgr. 3. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði enda þótt orðalagi hafi verið breytt. Leyfi til verðbréfamiðlunar verða áfram einungis veitt einstaklingum sem fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1.–5. tölul. málsgreinarinnar. Í 1. tölul. er sett búsetuskilyrði en fallið frá ríkisfangskröfum sem gerðar eru samkvæmt samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þessi breyting leiðir af samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem heimilar ekki slík skilyrði gagnvart ríkisborgurum ríkja innan svæðisins. 2. og 3. tölul. eru óbreyttir frá gildandi lögum. Kröfur um sérstakt próf skv. 4. tölul. eru óbreyttar frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er ráðgert að viðskiptaráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðinu mæli sérstakar ástæður með því. Þykir eðlilegt að slík heimild sé fyrir hendi enda geta aðstæður umsækjanda, svo sem námsferill eða óumdeild starfsreynsla, verið með þeim hætti að óeðlilegt væri að honum yrði gert að standast sérstakt próf. Telja verður eðlilegt að þessari undanþáguheimild sé beitt af íhaldssemi og ávallt leitað umsagnar þeirra aðila sem gerst þekkja til þessara mála, svo sem bankaeftirlitsins, prófnefndar verðbréfamiðlara og

Samtaka verðbréfafyrirtækja. Skilyrði 5. tölul. eru einnig óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er veitt heimild til að setja fleiri tryggingar en ábyrgðartryggingu viðurkennds vátryggingafélags eða bankatryggingu enda meti viðskiptaráðherra slíkar tryggingar gildar. Samkvæmt þessu gæti t.d. óumdeild veðtrygging komið til greina sem trygging samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um formskilyrði varðandi umsóknir um leyfi til verðbréfamiðlunar. Krafa um umsögn bankaeftirlitsins áður en leyfi er veitt er nýmæli. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um einkarétt þeirra sem fengið hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar skv. 2. gr. frumvarpsins til að stunda verðbréfamiðlun og nefna sig verðbréfamiðlara. Einkaréttur til þessara starfa er viðurkenndur samkvæmt gildandi lögum og er einungis verið að kveða skýrar á um hann í lagatextanum. Að því er varðar einkarétt til að nefna sig verðbréfamiðlara hefur ekki verið kveðið á um slíkt í lögum en þykir eðlilegt. Ákvæðið tekur til þeirra sem fengið hafa leyfi viðskiptaráðherra. Tilvísun til 35. gr. frumvarpsins á við um aðila í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa sams konar leyfi lögbærra yfirvalda í heimalandi sínu, en slík leyfi hafa sjálfkrafa gildi hér á landi samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Jafnframt á tilvísunin við um erlenda leyfishafa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfylla skilyrði viðskiptaráðherra um starfsemi þeirra.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fólgin breyting frá núgildandi lögum. Tilvísun til Verðbréfaþings Íslands fellur brott vegna breytinga samfara sérstöku frumvarpi um Verðbréfaþing Íslands sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Umfjöllun um skilgreiningu á opinberum verðbréfamarkaði er að finna í athugasemdum við 9. tölul. 1. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem þar segir. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á „öðrum skipulegum mörkuðum“. Segja má að um sé að ræða neikvæða skilgreiningu á opinberum verðbréfamarkaði, þ.e. verðbréfamarkaði sem ekki telst opinber í skilningi frumvarpsins en uppfyllir að öðru leyti skilyrði frumvarpsins um skipulega og reglulega starfsemi, að hann sé opinn almenningi og að hann hafi hlotið viðurkenningu lögbærra eftirlitsaðila eftir því sem segir í ákvæðinu. Með viðurkenningu bankaeftirlitsins á slíkum markaði er átt við að bankaeftirlitið hafi, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk þeirra sem að markaðnum standa eða annarra, kannað skipulag markaðarins og starfsemi hans og önnur atriði sem eru til þess fallin að skapa traust á hlutaðeigandi markaði. Hin eiginlega viðurkenning fælist síðan í því að bankaeftirlitið ritaði viðkomandi markaði bréf þar sem því væri lýst yfir að bankaeftirlitið teldi markaðinn uppfylla nauðsynleg skilyrði til þess að teljast skipulegur markaður samkvæmt ákvæðum laga eða kunngerði það opinberlega með viðeigandi hætti, t.d. auglýsingu eða fréttatilkynningu. Á Íslandi kynni

Opni tilboðsmarkaðurinn, sem starfræktur er í samvinnu verðbréfafyrirtækja, að falla undir þessa skilgreiningu.

Heimildir til viðskipta samkvæmt ákvæðinu eru ekki einskorðaðar við innlenda verðbréfamarkaði eins og kveðið er á um í 6. gr. núgildandi laga. Leiðir þessi breyting óhjákvæmilega af samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 6. gr.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja. Ákvæði þess kafla taka til verðbréfamiðlara eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti þarfnast 6. gr. frumvarpsins ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru sett skilyrði fyrir veitingu leyfis til reksturs verðbréfafyrirtækis sem er nefnt starfsleyfi í stað rekstrarleyfis samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt ákvæðum kaflans verða nokkrar breytingar á skilyrðum til veitingar leyfa, m.a. um lágmark hlutafjár og stjórnarmenn, auk þess sem sett eru ákvæði um form umsókna.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. eru nánar tilgreind skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Samkvæmt 1. tölul. er lágmarksfjárhæð innborgaðs hlutafjár hækkuð úr 20 millj. kr. í 40 millj. kr. og sama á við um eigið fé sem aldrei skal nema lægri fjárhæð. Þá er einnig gerð sú breyting að fjárhæðir þessar miðast við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU í stað lánskjaravísitölu eins og verið hefur. Þessar breytingar eru báðar ákveðnar með hliðsjón af ákvæðum í drögum að tilskipun Evrópubandalagsins um „investment services" (íslenskt heiti ekki enn fyrirliggjandi) sem enn er ófrágengin. Samkvæmt þeim drögum er gert ráð fyrir lágmarkskröfum að þessu leyti upp á 500 þúsund ECU en ein slík eining samsvarar rösklega 70 íslenskum krónum. Þar sem þessi tilskipun mun taka til verðbréfafyrirtækja þótti rétt að taka þegar tillit til hennar við samningu frumvarps þessa eftir því sem unnt er. Á hinn bóginn kynni að þurfa að endurskoða þessi ákvæði þegar tilskipunin liggur endanlega fyrir.

Í 2. tölul. 2. mgr. er lágmarksfjöldi stjórnarmanna færður úr fimm í þrjá. Er með því tekið tillit til breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um hlutafélög frá því að lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði tóku gildi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem eru búsettir í aðildarríkum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði og leiðir það af samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er viðskiptaráðherra heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Ákvæði 3.–5. tölul. 2. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. eru sett formskilyrði fyrir umsókn um starfsleyfi og gögn sem skulu fylgja henni. Eðli máls samkvæmt má ætla að umsóknir verði almennt settar fram skriflega. Engu að síður þykir rétt að taka skýrt fram að svo skuli gert og jafnframt hvaða gögn skuli að lágmarki fylgja umsókn. Slíkt er til hagræðis komi til ágreinings vegna hugsanlegrar synjunar á umsókn um leyfi skv. IV. kafla frumvarpsins. Kröfur um aðrar upplýsingar, sem ráðherra ákveður, skulu vera almennar og gilda fyrir alla umsækjendur.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um synjun á umsóknum um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja og málsmeðferð í slíkum tilvikum. Ákvæði kaflans eru nýmæli frá gildandi löggjöf og var m.a. höfð hliðsjón af ákvæðum danskra laga um Kauphöll Kaupmannahafnar frá 1992. Samsvarandi ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um verðbréfasjóði sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Þykir eðlilegt að til viðbótar kröfum um starfsleyfi sé kveðið á með skýrum hætti um þau tilvik sem geta valdið synjun umsókna um starfsleyfi. Ákvæði af þessu tagi eru til hagsbóta fyrir verðbréfamarkaðinn í heild og ekki síður einstaka umsækjendur.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er tekið fram með skýrum hætti að uppfylli umsækjandi um starfsleyfi ekki skilyrði til veitingar leyfis skuli umsókn synjað. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru hlutlæg og veita ekki svigrúm til mats á huglægum forsendum sem leitt gætu til undanþágu í einstökum tilvikum. Ákvæðið er ekki síður mikilvægt með tilliti til þess að leyfi, sem veitt hefur verið hér á landi, öðlast sjálfkrafa gildi í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Því verður að vera tryggt að leyfishafar hafi frá upphafi uppfyllt lögbundnar kröfur.

Samkvæmt 2. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til að synja verðbréfafyrirtæki um starfsleyfi séu aðstæður með þeim hætti sem ákvæðið greinir enda þótt umsækjandi uppfylli skilyrði frumvarpsins að öðru leyti. Samsvarandi ákvæði er að finna í dönskum lögum um Kauphöll Kaupmannahafnar frá 1992 og einnig í frumvarpi til laga um verðbréfasjóði sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu og var þar tekið mið af tilskipun Evrópubandalagsins nr. 85/611 um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

Í 1. tölul. 2. mgr. er heimildin bundin við að hlutaðeigandi hafi ekki gerst sekir um og hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að þeir misnoti aðstöðu sína í störfum sínum fyrir verðbréfafyrirtæki. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á þeim tilvikum sem fallið geta undir ákvæðið en almennt yrði að vera um að ræða alvarleg fjármálaafbrot samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem fjársvik eða fjárdrátt, eða brot gegn sérrefsilögum. Sé svo ástatt um þá aðila sem ákvæðið tekur til er ekki talið eðlilegt að þeim sé heimilað að hafa með höndum stjórn fyrirtækja á verðbréfamarkaði.

Í 2. tölul. er veitt heimild til að synja um starfsleyfi hafi þeir sem þessi grein fjallar um sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á þann hátt sem krefjast verður af aðilum á verðbréfamarkaði. Á sama hátt og segir um 1. tölul. er ekki unnt að gefa tæmandi talningu á þeim aðstæðum sem réttlætt geta synjun á grundvelli þessa töluliðar. Heimild til synjunar er hér ekki bundin við að brotið hafi verið gegn lögum eða að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir umrædda háttsemi. Áhersla er lögð á það hvort ferill viðkomandi eða fyrri störf rýri svo álit hans að ekki teljist rétt með tilliti til hagsmuna verðbréfamarkaðarins í heild eða almennings að hann hafi með höndum ábyrgðarstörf á verðbréfamarkaði. Almennt yrði þó að vera um að ræða alvarlegar ávirðingar eða óæskilega háttsemi á fjármálasviði.

Samkvæmt greininni er það mat viðskiptaráðherra hvort atvik séu með þeim hætti að réttlætanlegt sé að synja umsókn um starfsleyfi á grundvelli ákvæðisins. Almennt er ekki ætlast til að synjun sé beitt, nema í alvarlegum tilvikum. Samkvæmt 3. mgr. er viðskiptaráðherra gert að leita umsagnar bankaeftirlitsins áður en til synjunar kemur. Enda þótt

ráðherra sé ekki bundinn af umsögn bankaeftirlitsins verður að ætla að síður komi til synjunar telji bankaeftirlitið ekki ástæðu til hennar.

Með þessari grein er leitast við að tryggja heiðarleika á verðbréfamarkaði og það traust sem ætlast verður til að almenningur geti borið til markaðarins og þeirra sem þar starfa.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er viðskiptaráðherra gert skylt að rökstyðja synjun skv. 8. gr. og senda umsækjanda. Almennt hlýtur synjun að varða umsækjanda miklu og því er talið eðlilegt að hún sé rökstudd þannig að umsækjandi geti metið ástæður hennar sjálfstætt og tekið ákvörðun um hvort hann uni synjun eða ákveði að leita réttar síns fyrir dómstólum samkvæmt almennum reglum.

Þá má einnig ætla að það skipti umsækjanda miklu að ákvörðun ráðherra um hvort leyfi skuli veitt eða ekki liggi fyrir innan hæfilegs frests. Því er kveðið á um að ákvörðun ráðherra skuli að jafnaði liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum og í síðasta lagi sex mánuðum frá því að honum barst fullbúin umsókn. Þykir eðlilegt að miða frestinn við þann tíma sem umsókn er fullbúin þar sem það kann að taka umsækjanda nokkurn tíma að bæta úr ef umsókn er ófullnægjandi þegar hún er upphaflega lögð fram. Ráðherra metur hvort gögn séu fullnægjandi en hann ákveður hvaða gögnum er óskað eftir með umsókn, sbr. 2. og 7. gr. frumvarpsins.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja og taka ákvæði hans einnig til verðbréfamiðlara skv. II. kafla frumvarpsins eins og við getur átt, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Í V. kafla eru ítarlegri ákvæði um réttindi og skyldur þessara aðila en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði frá 1989. Við samningu kaflans var m.a. höfð hliðsjón af gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, dönskum lögum og einnig að hluta norskum lögum.

Um 10. gr.

Samkvæmt 11. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er verðbréfafyrirtækjum skylt að geta rekstrarleyfis viðskiptaráðherra með sérstökum hætti. Ekki er beinlínis sagt að þeim sé það jafnframt einum heimilt. Úr þessu er bætt með 10. gr. frumvarpsins. Er með því dregið úr hættu á ruglingi milli verðbréfafyrirtækja og annarra fyrirtækja sem starfa kunna á fjármagnsmarkaði eða á öðrum sviðum og einnig spornað við því að aðilar, sem ekki hafa starfsleyfi, villi á sér heimildir. Sams konar ákvæði er í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og hefur þeim verið beitt í nokkrum tilvikum. Þá eru einnig sams konar ákvæði í dönskum lögum.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega óbreytt frá 1. og 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þó er ekki notað hugtakið „markaðsverðbréf“ varðandi sölutryggingu. Þá er einnig felld brott heimild verðbréfafyrirtækja til að annast rekstur verðbréfasjóða en verðbréfafyrirtækjum hins vegar heimilað að annast umsjá og varðveislu eigna verðbréfasjóða. Þessar breytingar leiðir af samræmingu lagaákvæða um rekstur verðbréfasjóða við tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði og er nánar vikið að þessu atriði í athugasemdum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að öðr-

um aðilum en verðbréfafyrirtækjum sé óheimilt að annast þá starfsemi sem þar getur nema lög ákveði annað. Þannig verður væntanlega kveðið á um í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, fjárfestingarlánasjóði og aðrar lánastofnanir hvaða starfsemi á verðbréfamarkaði þessum stofnunum er heimil. Þá felst í tilvísun ákvæðisins til 35. gr. frumvarpsins fyrirvari um gildi leyfa sem veitt hafa verið af lögbærum yfirvöldum ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og eftir atvikum af lögbærum yfirvöldum annarra ríkja.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að teknu tilliti til breytinga sem getið var í athugasemdum við 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. er efnislega óbreytt frá 6. mgr. 11. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Í upphafi 1. mgr. er sett sú meginregla að verðbréfafyrirtæki skuli kappkosta að gæta óhlutdrægni í störfum sínum. Er með þessu lögð á það áhersla að ábyrgð þessara aðila tekur til verðbréfamarkaðarins í heild og hvers viðskiptamanns um sig. Er um að ræða nýmæli og er stuðst við ákvæði norskra laga um það sem þar er nefnt „god meglerskikk" og er eins konar almennur mælikvarði á það hvernig góðum og gegnum verðbréfamiðlara ber að rækja störf sín. Mat á því hvort þessara sjónarmiða hafi verið gætt í starfsemi verðbréfafyrirtækja eða verðbréfamiðlara fer eftir atvikum hverju sinni. Síðari hluti 1. mgr. er eðlilegur hluti af þessari almennu skyldu verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlara og er efnislega samhljóða 4. gr. núgildandi laga. Verðbréfamiðlara ber samkvæmt ákvæðinu að veita viðskiptamanni allar þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að geta metið sjálfstætt mismunandi fjárfestingarkosti með tilliti til ávöxtunar, áhættu og annarra atriða sem máli skipta.

Í 2. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu verðbréfafyrirtækja sem er efnislega samhljóða 14. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að öðru leyti en því að ekki er kveðið á um að Verðlagsstofnun setji reglur um þessi atriði að fengnum tillögum bankaeftirlits. Bankaeftirlitinu ber hins vegar að kveða á um þetta í krafti almenns eftirlitshlutverks síns og er talið heppilegra að slíkar ákvarðanir séu í höndum þess aðila sem fer með eftirlit með starfseminni.

Um 14. gr.

Þetta ákvæði er efnislega óbreytt frá 17. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að bent skal á að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra samkeppnislaga þannig að lagatilvitnun í 2. mgr. gæti breyst.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu að gerður skuli samningur milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptamanna þess um þjónustu sem fyrirtækið tekur að sér fyrir viðskiptamenn sína. Ætlunin með þessu er að stuðla að auknu öryggi í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna og koma í veg fyrir ágreining í samskiptum þeirra og viðskiptamanna sem dæmi eru um að komið hafi upp. Almennt ber að líta svo á að því viðameiri, lengri eða reglulegri sem samskipti fyrirtækis og viðskiptamanns eru þeim mun meiri ástæða sé til samningsgerðar samkvæmt ákvæðinu. Á þetta t.d. við um

fjárvörslu og sölutryggingar. Hins vegar er ekki raunhæft að ætlast til sérstakrar samningsgerðar um einstök tilfallandi samskipti fyrirtækis og viðskiptamanna, t.d. milligöngu um kaup eða sölu einstakra verðbréfa.

Í 2. mgr. er tekið fram að verðbréfafyrirtækjum sé óheimilt að annast milligöngu um viðskipti sem starfmenn þess vita eða hafa ástæðu til að ætla að grundvallist á trúnaðarupplýsingum. Með viðskiptum á grundvelli trúnaðarupplýsinga er átt við það sem nefnt hefur verið innherjaviðskipti og eru lýst ólögmæt í gildandi lögum. Um þau er nánar fjallað í VI. kafla frumvarpsins. Þykir eðlilegt að taka þetta bann sérstaklega fram enda þótt almennt sé gert ráð fyrir að verðbréfafyrirtæki eða verðbréfamiðlarar aðhafist ekkert í störfum sínum sem andstætt er lögum eða að öðru leyti ósamrýmanlegt eðlilegum starfsskyldum þessara aðila, sbr. athugasemdir við 13. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að því undanskildu að 2. mgr. gildandi ákvæðis er felld brott enda er hugtakið „markaðsverðbréf" ekki notað í frumvarpinu.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um almennt útboð verðbréfa. Er ákvæðið nokkuð breytt frá 15. gr. núgildandi laga sem að hluta má rekja til frumvarps til laga um Verðbréfaþing Íslands sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Í 1. mgr. eru gerðar þær breytingar frá gildandi lögum að fallið er frá notkun hugtaksins „markaðsverðbréf" og tekur ákvæðið nú til allra verðbréfa sem boðin eru almenningi með almennu útboði. Þá er felld brott heimild hlutafélaga til að annast sjálf útboð. Að fenginni reynslu þykir rétt að sú heimild falli brott og í stað hennar komi skýrar reglur sem gildi um öll almenn útboð. Meginreglan samkvæmt ákvæðinu verður sú að almennt útboð fari fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja nema lög ákveði annað, sbr. einnig 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Loks er tilkynningarskylda um fyrirhuguð útboð verðbréfa færð frá Seðlabanka Íslands til Verðbréfaþings Íslands sem setur nánari reglur í þessu sambandi. Er þessi breyting í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um Verðbréfaþing Íslands sem gerir ráð fyrir auknu vægi og sjálfstæði þingsins.

Samkvæmt 2. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt sama heimild til að setja reglur um fyrsta söludag einstakra útboða og bankinn hefur skv. 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga. Þó er ekki gert ráð fyrir að bankinn setji með þessum reglum ákvæði um gerð útboðsgagna en slík heimild felst efnislega í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins og er flutt til viðkomandi verðbréfamarkaðar samkvæmt því ákvæði. Þessi breyting er í samræmi við það sem sagði um Verðbréfaþing Íslands í athugasemdum við 1. mgr.

Með 3. mgr. er gerð sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að öll verðbréf, sem boðin eru almenningi með almennu útboði, skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Ákvæðinu er m.a. ætlað að stuðla að virkari viðskiptum á opinberum verðbréfamarkaði hér á landi en þróun þeirra hefur verið hægari en vonast hafði verið til. Þessi skipan er í samræmi við tillögur ráðgjafarfyrirtækisins Enskilda Securities sem tvívegis hefur unnið að úttekt á verðbréfamarkaði hérlendis. Þá er ákvæðinu einnig ætlað að auka öryggi einstakra fjárfesta. Er talið eðlilegt að aðilar, sem veittur er aðgangur að almenningi til að fjármagna starfsemi sína, virði jafnframt þann rétt almennings að eiga greiðan aðgang að ítarlegum upplýsingum um viðkomandi verðbréf og útgefendur þeirra. Slík skipan er ein af frumforsendum virks verðbréfamarkaðar. Ekki er um skyldu til skráningar

allra verðbréfa að ræða samkvæmt ákvæðinu heldur einungis þeirra sem boðin eru almenningi með almennu útboði. Eftir sem áður gætu útgefendur verðbréfa leitað fjármögnunar hjá þrengri hópi aðila án þess að um almennt útboð væri að ræða. Ekki er skylt að skrá slík verðbréf á opinberum verðbréfamarkaði. Um nánari útfærslu á skráningu verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði færi eftir reglum sem settar yrðu af viðkomandi verðbréfamarkaði. Þar á meðal væru reglur um gerð útboðsgagna sem settar yrðu af stjórn Verðbréfaþings Íslands, en frumvarp til laga um starfsemi þess er lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

Ákvæði 4. mgr. eru efnislega óbreytt frá 2. mgr. 15. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tilkynningarskylda flyst frá Seðlabanka Íslands til Verðbréfaþingsins og getur nú náð til fleiri aðila sem leiðir af 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Með 1. mgr. er stefnt að því að sporna við hagsmunaárekstrum eða misnotkun á aðstöðu í starfsemi verðbréfafyrirtækja. Ákvæðið er efnislega í samræmi við 26. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að teknu tilliti til breyttrar uppbyggingar löggjafar á þessu sviði. Ákvæðið er einnig eðlilegt í samhengi við almenna reglu 13. gr. frumvarpsins um óhlutdrægni verðbréfafyrirtækja í starfsemi sinni. Undantekning er gerð samkvæmt greininni varðandi viðskipti aðila með verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði. Almennt eru minni líkur á því að þær aðstæður, sem ákvæðinu er ætlað að sporna við, komi upp varðandi slík verðbréf.

Samkvæmt 2. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 1. mgr. eigi samkvæmt greininni ekki við varðandi viðskipti aðila með verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði. Almennt eru minni líkur á því að þær aðstæður, sem ákvæði 1. mgr. er ætlað að sporna við, eigi við um viðskipti með slík verðbréf.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli hér á landi en sams konar ákvæði eru í norskum og dönskum lögum á þessu sviði. Þykir eðlilegt að viðskipti þeirra sem ákvæðið tekur til fari fram á vegum þess verðbréfafyrirtækis sem viðkomandi starfa hjá og hefur þessi skipan verið talin eðlileg af þeim sem starfa á verðbréfamarkaði hér á landi. Má ætla að ákvæðið veiti viðkomandi visst aðhald og stuðli að því að um eðlileg viðskipti sé að ræða, enda er gert ráð fyrir að settar séu innri reglur í verðbréfafyrirtækinu um þessi atriði sem staðfestar skulu af bankaeftirlitinu. Þá má einnig ætla að ákvæðið geti stuðlað að greiðari athugun á hugsanlegri misnotkun trúnaðarupplýsinga skv. V. kafla frumvarpsins. Ákvæðið á við um öll verðbréfaviðskipti þeirra aðila sem þar eru tilgreindir, þar á meðal viðskipti skv. 2. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er efnislega óbreytt frá 26. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og getur gegnt veigamiklu hlutverki við athuganir á meintum brotum í starfsemi verðbréfafyrirtækis.

Með 5. mgr. er veitt eðlileg undanþága vegna þeirra aðstæðna sem þar er lýst enda er þar um að ræða starfsemi sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að annast skv. 11. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Um framkvæmd ákvæðisins vísast til athugasemda við skilgreiningu á hugtakinu „viðskiptavaki“ í 1. gr. frumvarpsins, eftir því sem við á.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er lagt bann við því að verðbréfafyrirtæki veiti lán eða gangi í ábyrgðir vegna verðbréfakaupa. Sams konar ákvæði er í norskum lögum. Ákvæðinu, sem er nýjung að því er verðbréfafyrirtæki varðar, er ætlað að stuðla að óhlutdrægni og óháðri stöðu verðbréfafyrirtækja samkvæmt meginreglu 13. gr. frumvarpsins. Megintilgangur ákvæðisins er fyrst og fremst sá að verðbréfafyrirtæki örvi ekki sölu verðbréfa með því að bjóðast til að lána kaupanda andvirði bréfanna að fullu eða hluta til skemmri eða lengri tíma. Í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er að finna hliðstætt bann við lánveitingum verðbréfasjóða.

Eðlilegt þótti að taka sérstaklega fram í 2. mgr. að 1. mgr. hefði ekki áhrif á heimildir verðbréfafyrirtækja til að annast sölutryggingar á verðbréfum, enda má segja að í sölutryggingu felist ákveðin ábyrgð á sölu verðbréfa. Takmörkun á fjárhæð sölutryggingar er í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli í löggjöf um verðbréfaviðskipti hér á landi en sams konar ákvæði er í norskum lögum og samkvæmt dönskum lögum er verðbréfafyrirtækjum bannað að eiga dótturfélög. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að óhlutdrægni og óháðri stöðu verðbréfafyrirtækisins eins og orðalag þess ber með sér. Hvort um er að ræða starfsemi í eðlilegum tengslum við almenna starfsemi verðbréfafyrirtækisins samkvæmt frumvarpinu verður að meta í hverju einstöku tilviki.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. mgr. er aukið og endurbætt frá samsvarandi ákvæði 13. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og nær nú einnig til þátttöku í atvinnurekstri og eignarhluta í fyrirtækjum. Var m.a. höfð hliðsjón af ákvæðum laga um viðskiptabanka. Ákvæðinu er ætlað að tryggja óhlutdrægni framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að verðbréfafyrirtæki setji sérstakar reglur um heimildir annarra starfsmanna í þeim efnum sem 1. mgr. tekur til. Ekki er mælt fyrir um efnisinnihald slíkra reglna en það lagt í vald hvers fyrirtækis. Bankaeftirlitið skal hins vegar staðfesta reglurnar og gæti hafnað þeim teldust þær ekki fullnægjandi að mati þess.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað mun ítarlegar og nákvæmar en áður um misnotkun trúnaðarupplýsinga en í núgildandi lögum er slíkt nefnt innherjaviðskipti. Var höfð hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópubandalagsins um slík viðskipti og einnig ákvæðum danskra laga.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði kaflans taki til verðbréfa sem eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði sem starfar reglulega og er opinn almenningi. Ákvæðið er ekki takmarkað við markaði tiltekinna ríkja. Hins vegar þurfa svonefndir „aðrir skipulegir markaðir“ innan Evrópska efnahagssvæðisins að hafa hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé markaður utan svæðisins þarf viðurkenningu bankaeftirlitsins og er þá ekki greint milli opinbers eða annars skipulegs markaðar. Er ákvæðið í samræmi við ákvæði danskra laga

að þessu leyti. Afmörkunin er eðlileg enda væri óframkvæmanlegt að hafa eftirlit með slíkum viðskiptum utan markaða af þessu tagi.

Í 2. mgr. er nánar skilgreint hvað átt er við með hugtakinu trúnaðarupplýsingar. Slíka skilgreiningu er ekki að finna í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem fyrst og fremst skilgreina persónur sem teljast innherjar í skilningi laganna. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. frumvarpsins eru trúnaðarupplýsingar upplýsingar um útgefanda verðbréfa, upplýsingar um verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru. Samkvæmt þessu er ekki lengur gerð krafa um að upplýsingarnar hafi veruleg áhrif á markaðsverðið.

Í ákvæðinu er veitt almenn leiðbeining um það hvenær upplýsingar teljast opinberar og þar með ekki lengur trúnaðarupplýsingar. Er sérstaklega tekið fram að tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljist opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Að öðru leyti er miðað við það að upplýsingum hafi verið miðlað til verðbréfamarkaðarins í heild með viðurkenndum hætti. Ekki er unnt að gefa nákvæma skilgreiningu á hvenær því skilyrði telst fullnægt og verður að meta hvert tilvik sjálfstætt. Aðilar geta fengið upplýsingar af þessu tagi með ýmsum hætti, t.d. í fjölmiðlum, fagtímaritum eða samkvæmt opinberum gögnum sem almenningur á aðgang að. Ýmis markatilvik geta því komið til athugunar og er þá m.a. rétt að kanna hvort vitneskja viðkomandi byggist eingöngu á einhverjum slíkum almennum eða birtum upplýsingum eða hvort tengsl hans við þann sem býr yfir trúnaðarupplýsingum eru með þeim hætti að líklegt sé að vitneskja hafi borist þaðan. Þá getur skipt máli hvort um er að ræða aðila skv. 23. gr. frumvarpsins sem mætti nefna fruminnherja eða aðila skv. 24. gr. þess.

Um 23. gr.

Í þessu ákvæði er sérstaklega fjallað um þá aðila sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna aðstæðna sem þeir eru í gagnvart útgefanda verðbréfa eða öðrum.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. er þeim sem ákvæðið tekur til óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Með orðalaginu beint eða óbeint er átt við að viðkomandi, eða einhver fyrir hans hönd, nýti sér trúnaðarupplýsingar sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Með orðalaginu að afla eða ráðstafa er átt við hvers konar athafnir sem miða að þessu en ekki einungis bein kaup eða sölu. Loks tekur ákvæðið til þess að um hagsbætur sé að ræða og er með því átt við beinan hagnað eða það að forðast fjárhagslegt tjón.

Í 2. tölul. er lagt bann við að láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té. Þetta á þó ekki við séu upplýsingarnar veittar í eðlilegu sambandi við aðstæður sem nefndar eru í þessum tölulið. Ýmis tilvik geta verið fyrir hendi sem gera þeim sem býr yfir trúnaðarupplýsingum skylt að láta öðrum þær í té og verður að meta aðstæður sjálfstætt í hverju tilviki fyrir sig. Útgefendur gætu t.d. veitt viðskiptabönkum sínum eða verðbréfafyrirtækjum, sem starfa í þeirra þágu, upplýsingar, enda sé þessum aðilum þörf á að fá slíka vitneskju vegna starfa sinna fyrir útgefanda verðbréfanna. Upplýsingar verðbréfamiðlara til viðskiptamanna sinna eru ekki undanskildar samkvæmt ákvæðinu. Þó verður að ætla að verðbréfamiðlurum eða verðbréfafyrirtækjum væri heimilt að stunda venjulega og eðlilega starfsemi sína, t.d. sem viðskiptavakar, þrátt fyrir fyrirliggjandi trúnaðarupplýsingar um verðbréf. Einnig hér yrði að meta hvert tilvik sérstaklega með tilliti til aðstæðna og gætu t.d. óvenjuumfangsmikil viðskipti með verðbréf á ákveðnu tímabili verið vísbending um hugsanleg brot.

Ákvæði 3. tölul. er í eðlilegu samhengi við fyrri tölulið ákvæðisins og einnig ákvæði 24. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast þessi töluliður ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins nr. 89/592 og dönsk lagaákvæði um misnotkun trúnaðarupplýsinga. Það á einungis við í þeim tilvikum þar sem viðskipti þessara aðila eru liður í almennri stefnu ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu. Að öðru leyti ættu ákvæði V. kafla frumvarpsins við um viðskipti þessara stofnana.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins nr. 89/592. Ákvæðið er einnig efnislega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem nær til sérhvers sem býr yfir trúnaðarupplýsingum. Þó er nú gerð sú krafa að þriðji aðili hafi vitað eða mátt vita að um þess konar upplýsingar væri að ræða. Skiptir þá ekki máli með hvaða hætti hann fékk vitneskju um trúnaðarupplýsingar. Nýti þriðji aðili sér hins vegar upplýsingarnar með einhverjum þeim hætti sem fjallað er um í 23. gr. gerist hann brotlegur.

Um 25. gr.

Ákvæði 25. gr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að því leyti að það tekur til lögaðila. Þó er gerð sú breyting að tilgreindir eru þeir einstaklingar sem taka þátt í ákvörðun um tiltekin viðskipti fyrir reikning lögaðilans. Er þetta í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins nr. 89/592. Ákvæðið ber að skilja þannig að til beitingar viðurlaga geti komið bæði gagnvart lögaðila og viðkomandi einstaklingum.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar skylda útgefendur verðbréfa, stjórnvöld og aðra aðila, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, til að setja sérstakar reglur til að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna hjá eða fyrir hlutaðeigandi. Á erlendum málum hefur þetta verið nefnt „Chinese wall", þ.e. Kínamúr. Ákvæðið er nýmæli í íslenskri löggjöf. Ekki eru taldir upp þeir aðilar sem það tekur til en sem dæmi mætti nefna verðbréfafyrirtæki, viðskiptabanka og sparisjóði, opinbera eftirlitsaðila eins og bankaeftirlit, lögmenn og endurskoðendur. Ekki er heldur unnt að setja ákvæði um efnisinnihald slíkra reglna, enda fer það m.a. eftir skipulagi, uppbyggingu og stærð hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar. Sams konar ákvæði eru í dönskum lögum.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um ársreikning og endurskoðun hjá verðbréfafyrirtækjum. Ákvæði kaflans eru að efni til byggð á hliðstæðum ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 32 frá 1978, með síðari breytingum, gildandi ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins, svo og dönskum lögum um þetta efni. Einstakar greinar kaflans skýra sig sjálfar að efni til.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli fjallar um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlara.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega óbreytt frá 1. mgr. 34. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir eftirliti með starfsemi verðbréfasjóða í 1. mgr. en kveðið á um það í sérstöku frumvarpi um starfsemi þeirra. Þá er ekki fjallað um afturköllun rekstrarleyfis í 2. mgr., enda er fjallað ítarlega um afturköllun leyfa í IX. kafla frumvarpsins.

Í 3. mgr. er að finna nýtt ákvæði sem veitir bankaeftirliti rúmar heimildir til aðgangs að upplýsingum og gögnum fleiri aðila en nú er hafi það rökstuddan grun um brot gegn ákvæðum frumvarpsins um misnotkun trúnaðarupplýsinga. Þykir nauðsynlegt og eðlilegt að rýmka heimildir bankaeftirlitsins í þessum tilvikum. Rannsókn mála af þessu tagi er afar erfið, t.d. með tilliti til sönnunarfærslu, og ekki er ávallt við því að búast að verðbréfamiðlarar eða verðbréfafyrirtæki búi yfir vitneskju um slík brot eða viðskiptin fari fram fyrir milligöngu þeirra. Án víðtækrar heimildar er dregið úr möguleikum til að sporna við brotum af þessu tagi sem almennt eru talin með skaðlegri brotum á verðbréfamarkaði. Ákvæðið er í samræmi við meginreglu tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 89/592 um að eftirlitsaðila skuli tryggðar nægar heimildir til eftirlits með viðskiptum af þessu tagi.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað sérstaklega um afturköllun leyfa til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfa verðbréfafyrirtækja. Eru ákvæði kaflans mun ítarlegri en ákvæði gildandi laga bæði að því er varðar heimildir og skyldu til afturköllunar og málsmeðferð í slíkum tilvikum. Höfð var hliðsjón af ákvæðum danskra laga og einnig eru í kaflanum óbreytt ákvæði frá gildandi lögum.

Um 32. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um skyldu til afturköllunar leyfa og er nýmæli frá gildandi lögum sem ekki hafa bein ákvæði um þetta atriði.

Með 1. tölul. greinarinnar er lögð áhersla á að ávallt þurfi að fullnægja skilyrðum til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækja en ekki nægilegt að þeim sé fullnægt á þeim tíma sem sótt er um leyfi. Auk afturköllunar vegna þess að formskilyrðum 2. eða 7. gr. frumvarpsins er ekki lengur fullnægt gæti komið til afturköllunar væru aðstæður með þeim hætti að 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins ætti við um leyfishafa. Væri óeðlilegt að viðkomandi héldi starfsleyfi sem hann hefði e.t.v. ekki hlotið í upphafi vegna þeirra tilvika sem um ræðir. Enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í ákvæðinu yrði viðkomandi væntanlega veittur tiltekinn frestur til úrbóta samkvæmt meginreglu 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins áður en til afturköllunar kæmi.

Séu aðstæður með þeim hætti sem segir í 2. tölul. er eðlilegt að leyfi séu afturkölluð. Eðli máls samkvæmt verður ekki um fresti til úrbóta að ræða í þessum tilvikum. Að því er varðar gjaldþrot sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlara færi afturköllun þó fram á grundvelli 1. tölul. ákvæðisins þar sem um formskilyrði er að ræða skv. 2. gr. frumvarpsins.

Um 33. gr.

Hér er um heimild viðskiptaráðherra til afturköllunar að ræða.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samsvarandi lokamálslið 2. mgr. 34. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þó eru að vissu leyti gerðar strangari kröfur en

samkvæmt gildandi lögum þar sem um þarf að vera að ræða ítrekuð eða alvarleg brot og að kröfum bankaeftirlitsins um úrbætur hafi ekki verið sinnt. Er þetta eðlilegt enda verður afturköllun að teljast viðurhlutamikil athöfn sem snertir ríka hagsmuni leyfishafa og almennings. Með sama hætti yrðu atvik, sem talin eru leiða til þess að starfsemi leyfishafa sé metin óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, að vera alvarlegs eðlis. Mat á því hvort réttlætanlegt sé að leggja til afturköllun á þeim grundvelli er hins vegar í höndum bankaeftirlitsins hverju sinni. Almennt yrði veittur frestur til úrbóta en þó kynnu atvik að verða metin svo alvarlegs eðlis að rétt væri að krefjast tafarlausrar afturköllunar.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 38. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um málsmeðferð við afturköllun leyfa og gerð krafa um að hún sé rökstudd skriflega. Þykir eðlilegt að gera slíka kröfu sem stuðlar að vönduðum og faglegum vinnubrögðum. Þá verður að telja að sá sem fyrir afturköllun verður eigi rétt á rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun og kann það að vera mikilvægt fyrir hann, til að mynda komi til dómsmáls vegna ágreinings um réttmæti afturköllunar. Ekki er síður mikilvægt fyrir almenning og verðbréfamarkaðinn í heild að fá vitneskju um afturköllun leyfa. Því er mælt fyrir um birtingu tilkynninga um afturköllun í Lögbirtingablaði og einnig opinbera auglýsingu í fjölmiðlum.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Ekki er fyrir hendi sérstök tilskipun innan Evrópubandalagsins um starfsemi fyrirtækja sem frumvarp þetta tekur til. Hins vegar er unnið að tilskipun um svonefnda „investment services“ sem þessi starfsemi mundi falla undir. Með hliðsjón af því og einnig meginreglu samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frelsi til að starfa innan svæðisins er ákvæði 1. mgr. sett. Önnur sjónarmið eiga hins vegar við um ríkisborgara eða fyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þessarar greinar ekki skýringa.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Í þessu ákvæði er það nýmæli að kostnaður við tilkynningar samkvæmt frumvarpinu greiðist af viðkomandi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki. Þykir eðlilegt að þessir aðilar beri þennan kostnað og má benda á að víða erlendis tíðkast að tiltekinn kostnaður við eftirlit af þessu tagi greiðist af þeim sem eftirlitið tekur til.

Um 38. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari með leyfisveitingar, afturköllun þeirra og setningu reglna um ýmis atriði. Víða erlendis hefur þróunin hins vegar verið sú að eftirlitsaðilum séu falin þessi verkefni, t.d. í dönskum lögum. Þykir heppilegt að viðskiptaráðherra hafi heimild til að fela bankaeftirlitinu verkefni af þessu tagi og fylgja þeirri þróun kjósi hann að gera svo. Með ákvæðinu er opnuð leið til þess án þess að til lagabreytingar þurfi að koma.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XI. kafla.

Hér er fjallað um viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðin eru nokkuð breytt frá gildandi lögum. Almenn viðurlög eru hert og einnig eru sett sérstök viðurlög við brotum gegn ákvæðum VI. kafla um misnotkun trúnaðarupplýsinga.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. eru sett almenn viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins, önnur en gegn ákvæðum VI. kafla. Viðurlög eru hert frá gildandi lögum. Brot varða nú sektum eða fangelsi allt að einu ári í stað átta mánaða eins og nú er. Ástæða þessarar breytingar er fyrst og fremst sú að verðbréfaviðskipti hafa á undanförnum árum orðið sífellt umfangsmeiri hluti fjármagnsmarkaðar og samfara því hefur orðið ljóst að brot gegn lögum á því sviði eru til þess fallin að hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir fjármagnsmarkaðinn í heild og ekki síður einstaklinga sem fyrir brotum verða. Þykir því nauðsynlegt að viðurlög séu með þeim hætti að þau fæli frá brotum og því eru þau hert. Er þetta í samræmi við þróun víða í nágrannalöndum. Þá er jafnframt bætt inn í ákvæði frumvarpsins fyrirvara um hugsanlega þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Með viðskiptum sem brjóta gegn ákvæðum VI. kafla um misnotkun trúnaðarupplýsinga er vegið að grundvallarforsendum eðlilegs og heilbrigðs verðbréfamarkaðar og því trausti sem nauðsyn er á að þar ríki. Séu þessi brot framin af aðilum sem starfa á verðbréfamarkaði sem formlegir leyfishafar eða á þeirra ábyrgð bregðast þeir því trausti og kröfum um heiðarleika sem eðlilegt er að til þeirra séu gerðar. Það er því talið eðlilegt að ströng viðurlög, sem geti haft varnaðaráhrif, séu við brotum af þessu tagi. Ströng ákvæði um viðurlög við slíkum brotum tíðkast víða í nágrannalöndum. Þá er einnig í 2. mgr. heimild samkvæmt dómi til eignaupptöku á beinum eða óbeinum hagnaði af þessum brotum. Óeðlilegt væri að aðili, sem brotið hefur gegn ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga, héldi ólögmætum ágóða af því.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að gera upptækan beinan hagnað og einnig fjárhæð eða verðmæti sem svara til þess fjárhagslega tjóns sem viðkomandi tókst að forðast með broti.

Ákvæði 3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gildistaka frumvarpsins er miðuð við gildistöku samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um frest starfandi verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja til að laga starfsemi sína að ákvæðum frumvarpsins. Almennt er fresturinn eitt ár en þó er ráðherra heimilt að veita verðbréfafyrirtækjum sex mánaða frest til viðbótar. Tímalengd frests leiðir af reglum Evrópubandalagsins.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SÉRÁLIT

Eiríks Guðnasonar um 17. gr. í tillögum vinnuhóps að frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti.

Undirritaður leggur til þá breytingu á tillögu vinnuhópsins að 3. mgr. 17. gr. falli niður.

Framangreind tillaga er að því leyti frábrugðin tillögu vinnuhópsins að þeim sem efna til almenns útboðs verðbréfa er ekki gert skylt að fá bréfin skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Engu að síður er hér gert ráð fyrir að almennt útboð sé háð ákveðnum reglum sem stjórn Verðbréfaþings Íslands mundi setja. Með slíkum reglum væri stuðlað að vönduðum vinnubrögðum þegar almenningi eru boðin verðbréf, m.a. á þann hátt að útboðsgögn gefi glögga mynd af bréfunum sem um ræðir og aðstæðum útgefanda.

Verði lögfest sú tillaga að bréf, sem boðin eru til sölu í almennu útboði, skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði, þ.e. Verðbréfaþinginu, má segja að valfrelsi það, sem útgefendur hafa nú, væri skert verulega. Slík skráningarkvöð er ekki fólgin í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið heldur er þar þvert á móti gert ráð fyrir að unnt sé að gefa út bréf í almennu útboði án þess að þau séu tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi, sjá III. þátt tilskipunar 89/298/EBE.

Það er vel hægt að fallast á það sjónarmið að æskilegt væri að sem flestir verðbréfaflokkar, sem boðnir eru almenningi til kaups, séu skráðir á opinberu verðbréfaþingi. En þróun í þá átt á að eiga sér stað ef og þegar aðilar á markaðnum sjá sér hag í því ekki með lögboði. Ef kaupendur verðbréfa leggja mikið upp úr opinberri skráningu vegna reglulegra upplýsinga um markaðsverð og um hag útgefanda sem hún tryggir þeim munu þeir einkum kaupa skráð bréf og útgefendur þá sækjast eftir skráningu.

Frá sjónarhóli Verðbréfaþings er æskilegt að fá sem flesta verðbréfaflokka á skrá en þingið á ekki að þurfa að fá bréfin á silfurfati frá löggjafanum heldur er því hollt að þurfa að sýna fram á ágæti skráningar.

Það er rétt sem kemur fram í greinargerð varðandi 17. gr. að skýrsla Enskilda um verðbréfamarkaðinn á Íslandi, sem birt var á sl. ári, fól í sér tillögu um skráningarskyldu allra verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði. Í viðræðum við sérfræðinga Enskilda sem sömdu skýrsluna kom hins vegar fram að þeir vissu ekki um neitt land þar sem slíkt væri boðið með lögum.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.

Með frumvarpi þessu er ætlað að setja ítarlegri lög um verðbréfaviðskipti en áður var gert með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þau lög munu falla úr gildi um leið og frumvarp þetta verður að lögum en það mun öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Helsta breytingin frá fyrri lögum er að lög um verðbréfasjóði verða nú aðskilin frá lögum um verðbréfaviðskipti og er frumvarp þar að lútandi lagt fram um leið og þetta, svo og frumvarp um Verðbréfaþing Íslands.

Ekki verður séð af frumvarpi þessu að til beins kostnaðar komi fyrir ríkissjóð. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands mun aðallega hafa það hlutverk að líta eftir framfylgd laga þessara. Stjórnsýsluhlutverk viðskiptaráðuneytis mun með tímanum aukast með umfangi verðbréfaviðskipta þótt ekki verði beinn kostnaðarauki þar af nú.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um verðbréfasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd verðbréfasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og
2. gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá félaginu fé til ávöxtunar og innleysa þau að kröfu eigenda af eignum félagsins.

II. KAFLI
Starfsleyfi verðbréfasjóða og skráning.
2. gr.

Starfsemi samkvæmt lögum þessum verður einungis stunduð af verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara og fengið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir starfsleyfi eru sem hér segir:

1. Verðbréfasjóðurinn sé löglega stofnaður, sbr. 9. gr.
2. Hann hafi yfir að ráða minnst 50 milljónum króna eða minnst 10 milljónum króna sem skiptist á a.m.k. 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10.000 krónum og hljóði á nafn.
3. Samþykktir sjóðsins fullnægi ákvæði 1. mgr. 8. gr.
4. Vörslufyrirtæki og rekstrarfélag fullnægi skilyrðum V. kafla.
5. Endurskoðun sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir verðbréfasjóðs og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

3. gr.

Verðbréfasjóðum með fullgilt starfsleyfi er einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1. gr. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Verðbréfasjóðum er skylt og einum heimilt að nota orðið „verðbréfasjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögum þessum í fyrirtæki sem lögin taka ekki til.

4. gr.

Uppfylli verðbréfasjóður ekki skilyrði laga þessara til að öðlast starfsleyfi skal umsókn synjað.

Ráðherra getur synjað um leyfi til reksturs verðbréfasjóðs hafi stjórnarmenn sjóðsins eða framkvæmdastjórar rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis

1. verið dæmdir fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

5. gr.

Synjun ráðherra á leyfi skv. 4. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

6. gr.

Ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um starfsleyfi verðbréfasjóðs. Í tilkynningunni skal koma fram nafn sjóðsins, stjórnarmanna og endurskoðenda auk nafns rekstrarfélags og vörslufyrirtækis sjóðsins. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynning hefur verið birt.

Hefji verðbréfasjóður ekki starfsemi innan tólf mánaða frá veitingu starfsleyfis fellur það úr gildi.

7. gr.

Bankaeftirlitið skal halda sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi.

Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna verðbréfasjóðs og hverjir séu endurskoðendur hans. Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um þær upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI
Samþykktir verðbréfasjóða.

8. gr.

Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

1. Nafn verðbréfasjóðs, heimili og varnarþing.
2. Nafn vörslufyrirtækis sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um það.
3. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
4. Ákvæði um boðun aðalfundar og málefni sem þar skal fjallað um, þar á meðal hvort og með hvaða hætti samþykktum verði breytt.
5. Hverjir eigi rétt til setu á aðalfundi og atkvæðisréttur þeirra.
6. Stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélag hans, sbr. 12. gr.
7. Hver hafi rétt til að skuldbinda verðbréfasjóðinn og hver fari með atkvæðisrétt sem fylgir verðbréfum í hans eigu.
8. Fjárfestingarstefna verðbréfasjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum.
10. Hvernig háttað skuli innlausn hlutdeildarskírteina.
11. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
12. Endurskoðun og reikningsár sjóðsins.
13. Ákvæði um samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
14. Hvernig sjóði verði slitið.

Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu bankaeftirlitsins. Breytingar skulu staðfestar séu þær í samræmi við lög, enda séu þær að öðru leyti í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli gegn staðfestingu. Breytingar öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema bankaeftirlitið ákveði annað. Tilkynning um breytingar skal birt í Lögbirtingablaði.

Verðbréfasjóður skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um hverja breytingu á samþykktum sjóðsins og jafnframt auglýsa hana opinberlega.

IV. KAFLI
Stjórn og skipulag verðbréfasjóða.

9. gr.

Verðbréfasjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagsformi.

Heimilt er að verðbréfasjóður starfi í aðgreindum deildum. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

10. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum verðbréfasjóðs. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta. Aðalfund skal boða með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

11. gr.

Stjórn verðbréfasjóðs skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta og skal vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 2. mgr. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags skv. V. kafla.

V. KAFLI
Rekstrarfélög og vörslufyrirtæki.

12. gr.

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Félagið skal vera hlutafélag með aðsetur hér á landi. Það skal vera óháð í störfum sínum og einungis hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum sem ekki falla undir ákvæði laga þessara. Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki skv. 14. gr.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast hluti með atkvæðisrétti í þeim mæli að það geri félaginu kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

13. gr.

Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Honum er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja án samþykkis bankaeftirlitsins.

14. gr.

Umsjá og varðveisla verðbréfa verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal

1. sjá um að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. sjá um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans,
4. sjá um að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,

5. sjá um að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Viðurkenningu sem vörslufyrirtæki geta hlotið

1. verðbréfafyrirtæki,
2. viðskiptabankar og sparisjóðir,
3. aðrar lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum sem um þær gilda,
4. útibú hliðstæðra stofnana sem starfa hér á landi.

15. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að skipta um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki án samþykkis bankaeftirlitsins.

VI. KAFLI
Hlutdeildarskírteini.

16. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar. Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda um skráningu verðbréfa.

17. gr.

Í hlutdeildarskírteini skal eftirtalinna atriða m.a. getið:

1. Nafns verðbréfasjóðs, fjárvörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

18. gr.

Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal halda skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Í skránni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Númer skírteinis og söludagur þess.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags verðbréfasjóðs. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið.

Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gerð nafnaskrá þar sem fram komi nöfn þeirra sem eiga atkvæðisrétt og atkvæðafjöldi. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að fá afrit af þessari skrá eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund sjóðsins.

19. gr.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum samþykkta verðbréfasjóðsins. Þó er verðbréfasjóði heimilt samkvæmt ákvæðum samþykkta að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt bankaeftirliti og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Bankaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

VII. KAFLI
Fjárfestingarstefna verðbréfasjóða.

20. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.
2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eða að þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða deild innan hans heimilt að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem heimila verðbréfasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

Heildarfjárfesting skv. 2. og 3. mgr. má aldrei fara fram úr 10% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

21. gr.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild innan hans er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 22. og 23. gr. Fjárfesti sjóðurinn eða einstök deild hans meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða einstakri deild hans heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur bankaeftirlitið heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samanlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

22. gr.

Bankaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði eða einstakri deild hans að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 21. gr. telji bankaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans.

Bankaeftirlitið getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

23. gr.

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta meira en sem svarar til 5% af eignum sjóðsins eða deildarinnar í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem uppfylla skilyrði laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem hafa sömu stjórn eða rekstrarfélag eða eru að öðru leyti nátengd verðbréfasjóðnum. Bankaeftirlitið getur þó heimilað slíka fjárfestingu samkvæmt reglum sem það setur.

Rekstrarfélagi er óheimilt að leggja á gjöld eða kostnað vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna sjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í öðrum verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi sem rekstrarfélagið er tengt vegna sameiginlegrar stjórnar eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

24. gr.

Verðbréfasjóður má ekki eignast meira en

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa,
3. 10% hlutdeildarskírteina í einstökum verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,
2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,
3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

25. gr.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki náð innan sex mánaða. Bankaeftirlitið getur í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest.

26. gr.

Verðbréfasjóðir mega ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

27. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka lán nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Skammtímalán allt að 10% af eignum sjóðsins til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina.
2. Lán allt að 10% af eignum sjóðsins til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lán skv. 1. mgr. mega hæst nema 15% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra.

28. gr.

Eigendum og stjórnendum verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags, svo og mökum þeirra, er einungis heimilt að eiga viðskipti við hlutaðeigandi verðbréfasjóð með verðbréf sem eru skráð á opinberum markaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði, enda séu viðskiptin ekki á neinn hátt óvenjuleg, samþykkt af stjórn verðbréfasjóðsins og bókuð í gerðabók hennar.

Um viðskipti annarra starfsmanna fyrirtækja skv. 1. mgr. við hlutaðeigandi verðbréfasjóð fer eftir reglum sem stjórnir þeirra setja.

VIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

29. gr.

Stjórnir verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfasjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfasjóðs.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

30. gr.

Ársreikningur verðbréfasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags, vera starfsmaður þessara aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Ákvæði 2. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstrarfélagi og vörslufyrirtæki sem nauðsynleg eru vegna endurskoðunar hjá verðbréfasjóði.

31. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningur hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning, skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstrarins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins og bankaeftirlitinu viðvart. Endurskoðanda er að öðru leyti skylt að láta bankaeftirlitinu í té allar þær upplýsingar um málefni verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir.

Ákvæði 3. mgr. taka til endurskoðenda rekstrarfélags og vörslufyrirtækis eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaeftirlitið ákveður skal einnig sent því og það liggja frammi á starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Auk ársreiknings verðbréfasjóðs samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga vörslufyrirtækis og rekstrarfélags eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum félögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

IX. KAFLI
Eftirlit.

33. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum, sem lögin taka til, sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands svo og lög um verðbréfaviðskipti.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

X. KAFLI
Afturköllun leyfa.

34. gr.

Skylt er ráðherra að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

35. gr.

Hafi verðbréfasjóðir, rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 33. gr. hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðsins að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfasjóðs á ákvæðum laga þess-

ara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

36. gr.

Afturköllun á starfsleyfi verðbréfasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars verðbréfasjóðs.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín eða stofna útibú í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning eða stofnun útibús er fyrirhuguð.

Leyfi til starfsemi, er lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa fer samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Um gildi leyfa til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

38. gr.

Stjórnendur og starfsmenn verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

39. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfasjóði.

40. gr.

Ráðherra er heimilt að fela bankaeftirlitinu veitingu leyfa skv. II. kafla, afturköllun leyfa skv. X. kafla, svo og setningu reglna sem ráðherra er falið að setja samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

XII. KAFLI
Viðurlög.
42. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

XIII. KAFLI
Gildistaka.
43. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi verðbréfasjóðir við gildistöku laga þessara skulu hafa uppfyllt ákvæði þeirra og hlotið starfsleyfi ráðherra eigi síðar en einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Verðbréfafyrirtækjum, sem annast rekstur verðbréfasjóða við gildistöku laga þessara og hafa með höndum starfsemi sem lögin taka til, er heimilt að stunda þá starfsemi í eitt ár eftir gildistöku laga þessara. Ráðherra getur veitt lengri frest, þó ekki lengur en í sex mánuði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðherra skipaði vinnuhóp 18. nóvember 1991 til að semja nauðsynleg lagafrumvörp og drög að reglugerðum vegna aðlögunar íslensks réttar á sviði lánastofnana og verðbréfaviðskipta að ákvæðum í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í vinnuhópinn voru skipaðir eftirtaldir: Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, formaður, Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytis, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneyti, Sveinbjörn Hafliðason forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Seðlabanka Íslands, Ólafur Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka. Starfsmaður og ritari vinnuhópsins var Jóhann H. Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tryggvi Axelsson hvarf til starfa erlendis og lét af störfum í vinnuhópnum um miðjan apríl 1992. Sæti hans tók Páll Ásgrímsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneyti.

Löggjöf um verðbréfaviðskipti.

Löggjöf um verðbréfaviðskipti er tiltölulega ný hér á landi. Fyrstu lög á þessu sviði voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með núgildandi lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem að ýmsu leyti eru ítarlegri en lögin frá 1986. Þó var þegar ljóst að gildandi löggjöf þarfnaðist endurskoðunar í ýmsum atriðum að fenginni reynslu af framkvæmd þeirra. Voru því uppi hugmyndir um endurskoðun þeirra sem nýst hafa við þá samræmingu íslenskrar löggjafar á þessu sviði sem samningur um Evrópska efnahagssvæðið krefst.

Frumvarp þetta er eitt þeirra frumvarpa sem vinnuhópurinn samdi á sviði verðbréfa-

viðskipta og lánastofnana í samræmi við efni skipunarbréfs sem að framan er getið. Þrjú þeirra eru á sviði verðbréfaviðskipta en auk þessa frumvarps voru samin frumvörp til laga um verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands. Drög að þessum þremur frumvörpum voru kynnt hagsmunaaðilum á verðbréfamarkaðinum og leitað eftir skriflegum athugasemdum þeirra. Auk þess voru frumvarpsdrögin rædd við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði. Ýmsar ábendingar komu fram frá þessum aðilum og hefur verið tekið tillit til þeirra eftir því sem ástæða þótti til.

Meginefni frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var m.a. stuðst við ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði frá 1989 eftir því sem talið var eiga við. Jafnframt var stuðst við tilskipanir og tilmæli Evrópubandalagsins sem munu gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins og löggjöf nágrannalanda, svo sem Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Löggjöf þessara landa hefur verið löguð að reglum Evrópubandalagsins að meira eða minna leyti.

Í frumvarpinu er fallið frá að nota skilgreiningar með sama hætti og gert er í I. kafla laga nr. 20/1989. Skilgreiningar af því tagi voru fremur taldar eiga heima í frumvarpi til almennra laga um verðbréfaviðskipti sem samið var jafnhliða þessu frumvarpi. Í frumvarpinu felast einnig að öðru leyti verulegar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar rekstur verðbréfasjóða. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir að verðbréfasjóðir hafi sérstakt starfsleyfi, sbr. II. kafla, og ítarlegri ákvæði um stjórn verðbréfasjóðs og hlutverk hennar, sbr. IV. kafla. Í V. kafla kemur fram meginbreyting þar sem skilið er á milli daglegs reksturs verðbréfasjóðs og varðveislu eigna hans og daglegur rekstur er færður úr höndum verðbréfafyrirtækja til sérstakra félaga sem skulu eingöngu annast rekstur verðbréfasjóðs. Samkvæmt VII. kafla frumvarpsins verða grundvallarbreytingar á fjárfestingu verðbréfasjóða. Samkvæmt kaflanum, sem er mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði gildandi laga, er sett sú meginregla að verðbréfasjóðir fjárfesti nánast eingöngu í verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. Ákvæði X. kafla frumvarpsins um afturköllun leyfa eru mun ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum og loks eru viðurlög við brotum hert, sbr. XII. kafla.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um til hvaða fyrirtækja frumvarpinu er ætlað að taka. Er í því sambandi stuðst við tilskipun Evrópubandalagsins nr. 611 frá 1985 um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (undertakings for collective investment in transferable securities).

Um 1. gr.

Fyrirtæki, sem frumvarpið tekur til, eru nánar skilgreind í 1. gr. frumvarpsins. Skiptist skilgreining þeirra í tvo þætti.

Samkvæmt 1. tölul. greinarinnar er um að ræða fyrirtæki sem hafa eingöngu að markmiði sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Í frumvarpinu er notað samheitið verðbréfasjóður yfir slík fyrirtæki enda annast fyrirtæki, sem frumvarpið tekur til, starfsemi sem verðbréfasjóðir hafa annast hér á landi. Í 2. tölul. 1. gr. er síðan gert ráð fyrir að fyrirtæki, sem frumvarpið tekur til, gefi út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá

því fé til ávöxtunar og að skírteinin verði innleyst að kröfu eigenda þeirra af eignum fyrirtækisins.

Hugtakið verðbréfasjóður er skilgreint í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði með eftirfarandi hætti: „Í 6. mgr. er skilgreint hugtakið verðbréfasjóður, en með því er átt við sérhvern lögaðila, sbr. IV. kafla frumvarpsins, sem hefur það markmið að kaupa og selja verðbréf í eigin nafni, en almenningur getur átt aðild að. Sú starfsemi, sem hér um ræðir, er nýlega til komin hérlendis. Markmið hennar yrði jafnan það að taka við fjármunum til sameiginlegra fjárfestinga til hagsbóta þeim sem leggja fé af mörkum í því skyni og dreifa þannig áhættu af áföllum í verðbréfaviðskiptum. Sá lögaðili, sem hefur slíka starfsemi með höndum, getur gegnt hlutverki sínu með ýmsum hætti, en gera verður ráð fyrir að það verði jafnan gert með því að kaupa verðbréf og selja í nafni lögaðilans í því skyni að afla ávinnings. Skilgreining þessa hugtaks er í frumvarpi þessu bundin við að lögaðili af þessu tagi sé í hlutafélagsformi eða hafi sett sér samþykktir í samræmi við 18. gr. frumvarpsins og að skilyrði fyrir aðild að honum felist í skuldaviðurkenningu hans, — hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Það er einnig skilyrði þess að félag eða stofnun með þessum tilgangi teljist verðbréfasjóður í merkingu frumvarpsins að almenningur eða þrengri hópur manna eigi kost á aðild að honum. Eins og síðar er vikið að ráðgerir frumvarpið að það sé skilyrði fyrir rekstri verðbréfasjóðs í þessum skilningi að hann sé rekinn af verðbréfafyrirtæki skv. III. kafla frumvarpsins."

Enda þótt meginefni skilgreiningar í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 20/1989 eigi einnig við um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum er þó rétt að benda á einstök frávik samkvæmt frumvarpi þessu. Skilgreining þess tekur ekki fram einstök verðbréf sem fjárfest skal í heldur nefnir einungis framseljanleg verðbréf og er þá átt við verðbréf eins og þau eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins. Þá er skilgreining frumvarpsins einnig þrengri að því leyti að felld er brott tilvísun til „þrengri hóps manna" og miðað við að verðbréfasjóðir séu opnir almenningi. Þessi breyting leiðir af tilskipun Evrópubandalagsins nr. 85/611.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um starfsleyfi og skráningu verðbréfasjóða. Ákvæði kaflans um skráningu verðbréfasjóða eru efnislega þau sömu og í gildandi lögum. Að því er varðar starfsleyfi verðbréfasjóða er um að ræða breytingu frá gildandi lögum sem ekki gera ráð fyrir sérstakri leyfisveitingu af hálfu viðskiptaráðherra, að uppfylltum nánari skilyrðum, vegna starfrækslu verðbréfasjóða heldur einungis staðfestingu bankaeftirlitsins á samþykktum sjóðanna. Kröfur um sérstaka leyfisveitingu eru í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 85/611 um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Bent skal á að skv. 40. gr. frumvarpsins getur viðskiptaráðherra falið bankaeftirlitinu að annast leyfisveitingar.

Þá felast í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um málsmeðferð við umsókn um starfsleyfi verðbréfasjóða, m.a. um synjun á leyfi sem einnig er nýmæli frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. er tekið fram að einungis verðbréfasjóðir, sem uppfylla skilyrði frumvarpsins og hafa fengið formlegt starfsleyfi viðskiptaráðherra, megi stunda þá starfsemi sem frumvarpið tekur til. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins hnykkja enn á kröfum um formlega leyfisveitingu.

Nánari skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis er að finna í 2. mgr. Í 1. tölul. málsgreinarinnar er það skilyrði sett að verðbréfasjóður sé löglega stofnaður í skilningi 9. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er heimilt að stofna verðbréfasjóð sem hlutafélag eða í öðru félagsformi.

Með 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á að það félagsform, sem fyrir valinu verður, fullnægi kröfum sem til þess eru gerðar að lögum, m.a. að því er varðar málsmeðferð við stofnun.

Í 2. tölul., sem er nýmæli frá gildandi lögum, eru gerðar fjárhagslegar kröfur til verðbréfasjóða. Þykir það eðlilegt og nauðsynlegt meðal annars með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir sjálfstæðari stöðu verðbréfasjóða en verið hefur, t.d. að því er varðar aðildarhæfi að dómsmálum.

Í 3. tölul. er það skilyrði sett að í samþykktum verðbréfasjóðsins sé fullnægt þeim lágmarkskröfum sem settar eru með 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa og vísast til athugasemda við 8. gr. í þessu samhengi.

Í 4. tölul. kemur fram ein af meginbreytingum frumvarpsins að því er varðar skipulag á rekstri verðbréfasjóða með tilkomu svonefndra rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sem hvort tveggja er nýmæli í löggjöf hér á landi. Gert er ráð fyrir aðskilnaði daglegs reksturs verðbréfasjóðs sem verði falinn sérstöku rekstrarfélagi og varðveislu eigna sjóðsins sem falin verður sérstöku vörslufyrirtæki. Vísast til V. kafla frumvarpsins til nánari skýringar á þessu atriði.

Í 5. tölul. er loks mælt fyrir um að endurskoðun hjá verðbréfasjóðum skuli framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Með 3. mgr. eru settar þær formkröfur að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg enda þótt gera megi ráð fyrir að svo verði almennt. Samþykktir verðbréfasjóðs skulu fylgja umsókn en að öðru leyti er viðskiptaráðherra veitt heimild til að ákveða hverjar aðrar upplýsingar skuli lagðar fram við umsókn. Eðli máls samkvæmt skulu kröfur um upplýsingar vera almennar og gilda fyrir alla umsækjendur. Þá er einnig gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar bankaeftirlitsins áður en leyfi er veitt.

Um 3. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins er í 1. mgr. 3. gr. mælt fyrir um að verðbréfasjóðir, sem hlotið hafa fullgilt starfsleyfi, hafi einir rétt til að stunda starfsemi sem frumvarpið fjallar um. Jafnframt er tekið fram að verðbréfasjóðum sé óheimilt að annast aðra starfsemi. Þessi takmörkun leiðir af 1. gr. frumvarpsins og á rætur að rekja til tilskipunar Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er verðbréfasjóðum gert skylt og einum veitt heimild til að nota orðið verðbréfasjóður, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir hættu á ruglingi og einnig að aðilar, sem ekki uppfylla skilyrði frumvarpsins til að stunda starfsemi sem það tekur til, villi á sér heimildir. Ákvæðið stuðlar að því að skapa nauðsynlegt traust á fjármagnsmarkaði.

Loks er lagt bann við því í 3. mgr. að verðbréfasjóðum verði síðar breytt í annars konar fyrirtæki en þau sem frumvarpið tekur til. Ákvæðið er sett í samræmi við ákvæði í reglum Evrópubandalagsins. Var það talin nauðsynleg forsenda fyrir frelsi verðbréfasjóða til starfsemi innan Evrópubandalagsins og þar af leiðandi einnig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er það einnig öryggisatriði fyrir viðskiptamenn verðbréfasjóða sem

fá þeim fjármuni til ávöxtunar að sjóðurinn uppfylli ávallt kröfur frumvarpsins um fjárfestingar og fleiri atriði.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um synjun umsókna um starfsleyfi verðbréfasjóða. Þykir eðlilegt að samhliða kröfum um starfsleyfi verðbréfasjóða sé jafnframt kveðið með skýrum hætti á um þau tilvik sem valdið geta synjun umsókna.

Í 1. mgr. 4. gr. er tekið fram með skýrum hætti að uppfylli umsækjandi um starfsleyfi ekki skilyrði frumvarpsins til veitingar leyfisins skuli umsókn synjað. Þau skilyrði, sem um er að ræða, koma fram í 2. gr. frumvarpsins og eru hlutlæg. Það er eðlilegt og til hagsbóta fyrir verðbréfamarkaðinn í heild og ekki síður umsækjendur sjálfa að kröfur og málsmeðferð að þessu leyti séu skýrar og ótvíræðar og ekki sé hætta á að matskennd atriði leiði til undanþága í einstökum tilvikum. Með ákvæðinu er með öðrum orðum lögfest eðlileg málsmeðferðarregla sem telja verður almennt viðurkennda í stjórnsýslu. Er ákvæðið ekki síður mikilvægt með tilliti til þess að leyfi, sem veitt hefur verið hér á landi, hefur sjálfkrafa gildi í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Verður því að vera tryggt að leyfishafar hafi frá upphafi uppfyllt lögbundnar kröfur.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar er viðskiptaráðherra veitt heimild til að synja umsókn um starfsleyfi verðbréfasjóðs séu aðstæður með þeim hætti sem ákvæðið segir enda þótt umsækjandi uppfylli skilyrði frumvarpsins að öðru leyti. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði. Samsvarandi ákvæði er einnig t.d. í dönskum lögum.

Í 1. tölul. 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til synjunar hafi viðkomandi aðilar gerst sekir um refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að þeir misnoti aðstöðu sína í starfi á vegum verðbréfasjóðsins. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á þeim tilvikum sem fallið geta undir töluliðinn en almennt yrði um að ræða alvarleg fjármálabrot samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem fjársvik, fjárdrátt eða brot gegn sérrefsilögum. Synjun samkvæmt þessu ákvæði byggist á því að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir verknað. Jafnframt er sett það skilyrði fyrir synjun á grundvelli ákvæðisins að ástæða sé til að ætla að viðkomandi misnoti aðstöðu sína.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að synja um starfsleyfi hafi viðkomandi aðilar sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt. Ákvæðið er ekki bundið við brot gegn lögum eða að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir umrædda háttsemi. Áhersla er lögð á það hvort ferill viðkomandi eða fyrri störf rýri álit hans svo að ekki teljist verjandi að hann hafi með höndum ábyrgðarstörf á verðbréfamarkaði. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu tilvika sem til greina gætu komið. Almennt yrði þó að vera um að ræða alvarlegar ávirðingar eða óæskilega háttsemi á fjármálasviði.

Með 1. og 2. mgr. þessarar greinar er leitast við að tryggja heiðarleika stjórnenda á verðbréfamarkaði og það traust sem ætlast verður til að almenningur geti borið til markaðarins og þeirra sem þar starfa.

Samkvæmt 4. gr. er það mat viðskiptaráðherra hvort atvik séu með þeim hætti að réttlætanlegt sé að synja um umsókn um starfsleyfi verðbréfasjóðs á grundvelli ákvæðisins. Almennt er ekki ætlast til að ákvæðinu sé beitt nema í alvarlegum tilvikum. Í 3. mgr. er mælt fyrir um að leitað skuli umsagnar bankaeftirlitsins áður en viðskiptaráðherra ákveður synjun á grundvelli ákvæðisins. Enda þótt ráðherra sé ekki bundinn við um-

sögn bankaeftirlitsins verður að ætla að síður komi til synjunar á umsókn telji bankaeftirlitið ekki ástæðu til hennar.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er viðskiptaráðherra gert skylt að rökstyðja synjun skv. 4. gr. og senda umsækjanda. Almennt hlýtur synjun á umsókn um starfsleyfi að varða umsækjandann miklu og því er talið eðlilegt að slík synjun sé rökstudd þannig að umsækjandinn geti metið ástæður hennar sjálfstætt og tekið ákvörðun um hvort hann uni niðurstöðu ráðherrans eða ákveði að leita réttar síns fyrir dómstólum samkvæmt almennum reglum.

Með sama hætti má einnig ætla að það skipti umsækjanda miklu að ákvörðun ráðherra, hvort sem leyfi er veitt eða synjað, liggi fyrir innan hæfilegs tíma. Því er kveðið á um að ákvörðun ráðherra skuli að jafnaði liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum og í síðasta lagi innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn berst ráðherra. Miðað er við þau tímamörk að fullbúin umsókn hafi borist. Aðstaða kann að vera sú að ófullnægjandi gögn eða upplýsingar hafi borist frá umsækjanda og þykir því eðlilegt að frestur samkvæmt ákvæðinu teljist frá þeim tíma að fullnægjandi upplýsingar berast að mati ráðherra. Það er hins vegar á valdi ráðherra hvaða gögnum hann óskar eftir, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins eru efnislega í samræmi við 2. mgr. 19. gr. núgildandi laga nr. 20 frá 1989 að öðru leyti en því að í stað þess að bankaeftirlitinu er ætlað að birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um staðfestingu samþykkta verðbréfasjóða er nú gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra birti tilkynningu um þá sjóði sem hafa hlotið starfsleyfi. Er eðlilegt að sá aðili, sem veitir leyfið, annist birtingu slíkra tilkynninga. Að öðru leyti mælir greinin fyrir um þær upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningu samkvæmt ákvæðinu og skal þar m.a. geta rekstrarfélags og vörslufyrirtækis verðbréfasjóðsins. Þá er mælt fyrir um í ákvæðinu að óheimilt sé að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynningin hefur verið birt. Slíkt ákvæði er einnig í 2. mgr. 19. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Samkvæmt því er verðbréfasjóðum, sem fengið hafa starfsleyfi, veittur árs frestur til að hefja starfsemi að öðrum kosti falli leyfið sjálfkrafa úr gildi. Samsvarandi ákvæði er að finna í danskri löggjöf. Með ákvæðinu er reynt að tryggja að einungis þeir sem raunverulega ætla sér að stunda starfrækslu verðbréfasjóða sækist eftir starfsleyfi til þess. Þá er einnig mikilvægt að tilkynningar viðskiptaráðherra skv. 1. mgr. ákvæðisins og upplýsingar í skráningu skv. 7. gr. frumvarpsins veiti á hverjum tíma eins réttar upplýsingar og kostur er um starfandi verðbréfasjóði.

Um 7. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að bankaeftirlitið skuli halda sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði sem fengið hafa starfsleyfi og er kveðið nánar á um hvaða upplýsingar skuli koma þar fram. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er einnig gert ráð fyrir að skráðar verði upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðs.

Ákvæði 2. mgr. veitir bankaeftirlitinu heimild til að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega tekið fram að breytingar á áður tilkynntum atriðum skuli þegar tilkynntar bankaeftirlitinu. Nokkur misbrestur hefur orðið á að slíkar

breytingar hafi verið tilkynntar bankeftirlitinu enda núgildandi lög ef til vill ekki nægilega skýr að þessu leyti. Á þessu er nú ráðin bót með lokamálslið þessarar málsgreinar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru settar lágmarkskröfur um þau atriði sem skulu koma fram í samþykktum verðbréfasjóða, svo og hvernig skuli staðið að breytingum á þeim.

Um 8. gr.

1. mgr. er nokkru efnismeiri en ákvæði 2. mgr. 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði en það leiðir af breyttu skipulagi á rekstri verðbréfasjóða. Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Ákvæði 2. mgr. er að mestu efnislega samhljóða 5. og 6. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þó er sú breyting gerð frá núgildandi lögum að felld er brott heimild stjórnar verðbréfasjóðs skv. 5. mgr. 18. gr. núgildandi laga til að ákveða breytingar á samþykktum nema annað sé ákveðið í stofnsamþykktum sjóðsins. Þykir eðlilegra að einungis sé kveðið á um breytingar á samþykktum verðbréfasjóðsins í samþykktunum sjálfum, sbr. 4. tölul. 1. mgr.

Með 3. mgr. er kveðið skýrar á um en gert er í núgildandi lögum að það sé í verkahring verðbréfasjóðsins sjálfs að tilkynna um breytingar á samþykktum með þeim hætti sem þar greinir.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um stjórn og skipulag verðbréfasjóða. Í kaflanum eru ítarlegri ákvæði en samkvæmt núgildandi löggjöf um aðalfund, skipan stjórnar og hlutverk hennar. Þá eru einnig sett hæfisskilyrði um stjórnarmenn.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er kveðið á um félagsform verðbréfasjóða. Ákvæðið er samhljóða fyrri hluta 2. málsl. 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Verðbréfasjóðir verða samkvæmt ákvæðinu einungis stofnaðir sem félög en félagsformið sjálft er ekki ákveðið. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði í lögum sem sett kunna að vera varðandi samþykktir félaga, sbr. til að mynda lög um hlutafélög.

Í 2. mgr. er heimilað að verðbréfasjóður starfi í aðgreindum deildum og er sú heimild einnig fyrir hendi samkvæmt núgildandi lögum. Hins vegar er í 2. mgr. bætt við ákvæði um innbyrðis ábyrgð einstakra deilda á skuldbindingum. Er kveðið skýrt á um það að hver deild beri ábyrgð á sínum skuldbindingum. Með þessu er hnykkt á þeirri meginreglu sem hefur raunar verið almennt viðurkennd í starfsemi verðbréfasjóða að viðskiptamenn einstakra deilda sjóðanna, þar á meðal eigendur hlutdeildarskírteina, eigi einungis kröfu á þá deild sem þeir hafa átt viðskipti við. Á hinn bóginn felst einnig í ákvæðinu að deildir verðbréfasjóðs innbyrðis skulu sjálfar bera þann kostnað sem á beinlínis rætur að rekja til starfsemi hverrar deildar. Dæmi þessa væri auglýsingakostnaður o.þ.h. vegna einstakrar deildar. Öðru máli gegnir hins vegar um það sem telja má sameiginlegan kostnað, svo sem skrifstofuhald og endurskoðun sem tíðast er framkvæmd af sama aðila fyrir verðbréfasjóð í heild. Allar deildirnar bera sameiginlega ábyrgð á slíkum kostnaði.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um aðalfund verðbréfasjóðs sem fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Ákvæðið er nýmæli frá gildandi löggjöf. Það þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stjórnarmenn verðbréfasjóða, hæfi þeirra og skyldur. Sams konar ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum. Með ákvæðinu er stefnt að meira sjálfstæði og aukinni ábyrgð stjórnarinnar á rekstri verðbréfasjóða.

Í 1. mgr. er kveðið á um lágmarksfjölda stjórnarmanna sem skulu vera þrír hið fæsta. Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um þetta atriði. Þá mælir 1. mgr. með skýrum hætti fyrir um hlutverk og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi verðbréfasjóðs en slík ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum. Þykir eðlilegt með tilliti til þess aukna sjálfstæðis sem verðbréfasjóðum er ætlað frá gildandi lögum að kveða einnig skýrar á um þessi atriði. Ekki síst verður það nauðsynlegt með tilliti til þess að með frumvarpinu eru felldar brott takmarkanir gildandi laga að því er varðar aðild verðbréfasjóðs að dómsmálum.

Samkvæmt 2. mgr. eru sett sérstök hæfisskilyrði fyrir stjórnarmenn verðbréfasjóða. Ákvæðið er nýmæli frá gildandi lögum en eðlilegt þykir að slík skilyrði séu sett með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í athugasemdum við 1. mgr. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Ákvæði 3. mgr. undanþiggur stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skilyrðum 2. mgr. um búsetu. Slík undanþága leiðir af samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Viðskiptaráðherra er jafnframt veitt heimild til að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu. Hún gæti ýmist falist í sérstakri ákvörðun hverju sinni eða almennum reglum sem viðskiptaráðherra setur.

Ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði hafa ekki að geyma reglur sem banna aðilum að sitja samtímis í stjórnum verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis sem annast rekstur sjóðsins enda þótt telja verði slíka skipan óeðlilega og skapa hættu á hagsmunaárekstrum. Úr þessu er bætt með 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um að stjórnarmenn verðbréfasjóðs megi ekki jafnframt eiga sæti í stjórnum rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis verðbréfasjóðsins. Ákvæðið er eðlilegt með tilliti til þess almenna eftirlitshlutverks sem stjórn verðbréfasjóðs er ætlað skv. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þá er það einnig í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði sem mælir fyrir um að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðs skuli vera óháð í störfum sínum. Enda þótt fyrst og fremst sé átt við að þessi félög séu óháð innbyrðis má ætla að skipan sú, sem gert er ráð fyrir í 4. mgr., tryggi enn frekar að þessu markmiði verði náð.

Um V. kafla.

Samkvæmt gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er gert ráð fyrir því að rekstur verðbréfasjóða skuli falinn sérstökum hlutafélögum — verðbréfafyrirtækjum. Verðbréfasjóðir hér á landi hafa samkvæmt þessari skipan verið byggðir upp og starfræktir með hliðstæðum hætti og sams konar fyrirtæki víða erlendis (mutual funds). Reglur Evrópubandalagsins um starfsemi fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, sem öðlast gildi hér á landi með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, leiða til þess að verðbréfafyrirtækjum verður óheimilt að reka verðbréfasjóði eins og verið hefur. Reglur bandalagsins kveða á um að félög, sem annast rekstur verð-

bréfasjóða, skuli eingöngu hafa slíkan rekstur með höndum. Miðað við óbreytt form á rekstri verðbréfasjóða hér á landi er því nauðsynlegt að til komi ákvæði um rekstrarfélög verðbréfasjóða svo sem mælt er fyrir um í þessum kafla frumvarpsins. Á hinn bóginn gætu starfandi verðbréfafyrirtæki ákveðið að taka að sér að vera rekstrarfélag samkvæmt þessum kafla frumvarpsins, enda láti þau þá af annarri starfsemi sem þeim er nú heimilt að annast og verður áfram samkvæmt frumvarpi til almennra laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli í frumvarpinu að öðrum aðila en rekstrarfélagi verðbréfasjóðs, svonefndu vörslufyrirtæki, skuli falið að varðveita eignir sjóðsins. Er þessi nýskipan í samræmi við reglur Evrópubandalagsins. Samkvæmt frumvarpinu gæti verðbréfafyrirtæki gegnt hlutverki vörslufyrirtækis og annast varðveislu eigna verðbréfasjóðs.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er rekstrarfélagi, sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins, ætlað að annast daglegan rekstur verðbréfasjóðs sem verðbréfafyrirtæki annast nú samkvæmt núgildandi lögum. Þessi skipan leiðir af tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði. Rekstrarfélag annast því sölu og innlausn hlutdeildarskírteina viðkomandi sjóðs og fjárfestingar fjármuna sem sjóðnum eru fengnir til ávöxtunar. Það skilyrði er sett varðandi rekstrarfélög að þau séu óháð og starfi eingöngu að rekstri verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum sem ekki falla undir skilgreiningu frumvarpsins á verðbréfasjóðum. Dæmi um slík fyrirtæki eru hlutabréfasjóðir og fjárfestingarfélög. Ákvæðinu er ætlað að tryggja viðskiptamönnum verðbréfasjóða að rekstrarfélög hafi yfir að ráða nægilegri sérhæfingu eða sérþekkingu og jafnframt að sporna við hugsanlegum hagsmunaárekstrum í starfsemi þessara félaga.

Með ákvæði 1. mgr. er ekki ætlunin að rekstrarfélög geti ekki annast og ráðstafað eigin eignum heldur einungis lögð áhersla á að þess sé gætt að slíkar ráðstafanir skerði ekki óháða stöðu félagsins í tengslum við þá starfsemi sem því er ætlað að stunda. Með þetta í huga ber einnig að líta á ákvæði 2. mgr. Ákvæðinu er með öðrum orðum ætlað að tryggja óháða stöðu félagsins og að ráðstafanir þess á eignum verðbréfasjóðs taki einungis mið af hagsmunum sjóðsins og eigenda hlutdeildarskírteina. Ákvæði 2. mgr. er sett með hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við það sem gilt hefur um framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækja samkvæmt núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þykir eðlilegt að gerðar verði sömu kröfur til daglegs stjórnanda rekstrarfélags sem annast rekstur sem fram að þessu hefur verið falinn verðbréfafyrirtæki.

Um 14. gr.

Í þessari grein, sem leiðir af reglum Evrópubandalagsins, er það nýmæli að skilið er á milli daglegs reksturs verðbréfasjóða annars vegar og varðveislu og umsjár með þeim eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í hins vegar. Er með því stefnt að frekari vernd fyrir viðskiptavini verðbréfasjóða. Vörsluaðila er ætlað að stuðla að því að fjármunir séu fjárfestir með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykkta verðbréfasjóða og hlíta fyrirmælum rekstrarfélags um ráðstöfun eignanna nema þau séu andstæð lögum eða samþykktum. Í samræmi við þetta ber vörslufyrirtæki einnig að fylgjast með því að

sala hlutdeildarskírteina, innlausn þeirra og útreikningur á innlausnarvirði fari fram í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ákvæðið girðir ekki fyrir að sami verðbréfasjóður hafi fleiri en eitt vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtæki skal hafa hlotið viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Nánari ákvæði um hlutverk vörslufyrirtækja eru í 1.–5. tölul. 1. mgr. og skýra sig efnislega sjálf. Í hlutverki vörslufyrirtækis samkvæmt ákvæðinu felst ekki að það sé ábyrgt fyrir því að starfsemi verðbréfasjóðs sé í lögmætu horfi. Þá ábyrgð ber stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélag hans. Vörslufyrirtæki ber hins vegar að leitast við að tryggja að starfsemi verðbréfasjóðs sé í samræmi við lög og samþykktir hans og ber ábyrgð á því ef hann sinnir ekki þeim skyldum sínum.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvaða aðilar geti fengið viðurkenningu bankaeftirlitsins sem vörslufyrirtæki. Sameiginlegt öllum þessum aðilum er að þeir lúta lögbundnu eftirliti samkvæmt lögum sem um hvern þeirra gildir. Er það í samræmi við reglur Evrópubandalagsins um vörslufyrirtæki.

Um 15. gr.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins er sett í samræmi við reglur Evrópubandalagsins og skýrir sig sjálft.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og er að mestu stuðst við ákvæði 20.–23. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði en einnig tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði og ákvæði danskra laga.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu verðbréfasjóða til að gefa út hlutdeildarskírteini. Ákvæðið er í samræmi við skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins og er óbreytt frá 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að ekki er lengur tekið fram að eigendur hlutdeildarskírteina hafi réttarstöðu lánadrottna gagnvart verðbréfasjóði. Óþarft þykir að taka það fram sérstaklega en ekki er með því ætlunin að breyta réttarstöðu aðila frá því sem mælt er fyrir um í gildandi lögum.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Það er sett með tilliti til ákvæða í frumvarpi um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir að öll verðbréf, sem boðin eru almenningi með almennu útboði, verði skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Þar sem hlutdeildarskírteini eru boðin almenningi með þeim hætti að jafna megi til almenns útboðs þykir eðlilegt að gera kröfu til skráningar skírteinanna.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 22. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um skyldu til að tilkynna eigendaskipti hlutdeildarskírteina en gildandi lög eru óskýr um þetta atriði. Slíkar tilkynningar eru nauðsynlegar vegna þeirrar skráningar sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 22. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið beinlínis á um að hlutdeildarskírteini verði einungis seld gegn staðgreiðslu. Ákvæðið er nýmæli en á sér hliðstæður í ákvæðum tilskipunar Evrópubandalagsins á þessu sviði og dönskum lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu til innlausnar hlutdeildarskírteina að kröfu eigenda þeirra samkvæmt ákvæðum samþykkta verðbréfasjóðs en slíkt ákvæði er í samræmi við skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins og raunar einnig skilgreiningu núgildandi laga. Ákvæðið er einnig í samræmi við reglur Evrópubandalagsins og dönsk lög.

Þá er í 2. mgr. kveðið sérstaklega á um frestun innlausnar en það er ekki gert í núgildandi lögum. Ákvæðið tekur mið af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði og ákvæðum danskra laga. Komi til frestunar samkvæmt ákvæðinu skal hún vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ákvæðið er undantekning frá meginreglu frumvarpsins um innlausn að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina og ber að túlka þannig að til frestunar á innlausn geti eingöngu komið mæli sérstakar aðstæður með því með tilliti til hagsmuna eigenda skírteinanna, enda sé verðbréfasjóður ófær um að uppfylla skyldur sínar til innlausnar. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphalla þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti verðbréfasjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Líta ber á heimildir til frestunar á innlausn sem tímabundnar og skulu samþykktir hafa að geyma nánari ákvæði um slíkar heimildir.

Loks er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að frestun innlausnar hlutdeildarskírteina sé tilkynnt bankaeftirliti og eftirlitsaðilum í þeim ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Í þessu sambandi er höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði og dönskum lögum. Er þessi krafa eðlileg með tilliti til trausts og öryggis verðbréfamarkaðarins í heild og hagsmuna almennings.

Í 3. mgr. er enn nýmæli frá gildandi löggjöf, einnig í samræmi við reglur Evrópubandalagsins og ákvæði danskra laga. Um er að ræða sjálfstæða heimild bankaeftirlitsins til að krefjast frestunar á innlausn hlutdeildarskírteina. Ákvæðið tekur bæði til þess að aðstæður séu með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. án þess að verðbréfasjóður beiti frestunarheimild samkvæmt því ákvæði. Einnig getur bankaeftirlitið krafist frestunar af öðrum ástæðum telji það hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina eða verðbréfamarkaðarins krefjast þess enda þótt ástæður, sem varða viðkomandi verðbréfasjóð, krefjist ekki frestunar.

Ákvæði 4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um fjárfestingar verðbréfasjóða og einstakra deilda þeirra. Ákvæði kaflans eru mun ítarlegri en nú er og fela í sér grundvallarbreytingar frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði sem veita verðbréfasjóðum frjálst val um það í hvers konar verðbréfum er fjárfest. Þessi kafli frumvarpsins er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði. Meginreglan verður samkvæmt kaflanum fjárfesting í verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla frumvarpsins varðandi fjárfestingu verðbréfasjóða sem hefur í för með sér verulegar breytingar frá núgildandi lögum hér á landi. Samkvæmt frumvarpinu er sú meginregla sett að verðbréfasjóðir fjárfesti eingöngu í framseljanlegum verðbréfum sem eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. Um þetta er fjallað nánar í 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar. Þrátt fyrir að sagt sé að verðbréfasjóðum sé eingöngu heimilað að fjárfesta með þeim hætti sem í 1. mgr. segir þá leiðir það af öðrum ákvæðum þessa kafla frumvarpsins að í raun er ætlast til að að minnsta kosti 90% eigna þeirra séu fjárfest samkvæmt ákvæðinu. Með ákvæðinu eru hagsmunir þeirra sem fjárfesta í verðbréfasjóðum tryggðir betur en verið hefur með því að verðbréf, sem sjóðirnir fjárfesta í, hafi ýmist uppfyllt þær ströngu reglur sem víðast gilda um skráningu verðbréfa á opinberum verðbréfamarkaði, t.d. um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfanna um ýmis atriði í rekstri sínum, eða gangi kaupum og sölum á skipulegum verðbréfamarkaði. Hvort tveggja gerir verðbréfin auðseljanlegri og þar af leiðandi heppilegri eign fyrir verðbréfasjóði.

Í 1. tölul. er fjallað um fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum viðurkenndum verðbréfamarkaði. Fjárfestingar í verðbréfum samkvæmt ákvæðinu eru ekki bundnar við tiltekna verðbréfamarkaði eða lönd. Með opinberum verðbréfamarkaði er átt við viðurkenndar kauphallir eins og t.d. Kauphöll Óslóar, Kauphöll Kaupmannahafnar og Kauphöll Lundúna. Jafnframt er verðbréfasjóðum heimilað að fjárfesta eignir sínar í framseljanlegum verðbréfum sem ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum mörkuðum en kauphöllum. Séu slíkir markaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa þeir að hafa hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sé um að ræða slíkan markað utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf bankaeftirlitið að viðurkenna hann. Þá er sú krafa einnig gerð til slíkra markaða að þeir starfi reglulega og séu opnir almenningi. Ekki er unnt að gefa tæmandi yfirlit eða upptalningu þeirra markaða sem falla undir síðari hluta ákvæðisins. Með viðurkenningu bankaeftirlitsins á slíkum markaði er átt við að bankaeftirlitið hafi, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk þeirra sem að markaðnum standa eða annarra, kannað skipulag markaðarins og starfsemi hans og önnur atriði sem eru til þess fallin að skapa traust á hlutaðeigandi markaði. Hin eiginlega viðurkenning fælist síðan í því að bankaeftirlitið ritaði viðkomandi markaði bréf þar sem því væri lýst yfir að bankaeftirlitið teldi markaðinn uppfylla nauðsynleg skilyrði til þess að teljast skipulegur markaður samkvæmt ákvæðum laga eða kunngerði það opinberlega með viðeigandi hætti, t.d. auglýsingu eða fréttatilkynningu. Á Íslandi kynni Opni tilboðsmarkaðurinn, sem starfræktur er í samvinnu verðbréfafyrirtækja, að falla undir þessa skilgreiningu.

Í 2. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til fjárfestingar í nýútgefnum framseljanlegum verð-

bréfum sem hafa ekki verið skráð eða tekin til sölu á einhverjum þeirra markaða sem fjallað var um í umfjöllun um 1. tölul. ákvæðisins. Þessi heimild er hins vegar bundin því skilyrði að í skilmálum vegna útgáfu verðbréfanna sé kveðið á um að skráningar verði óskað á opinberum markaði eða þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan eins árs frá útgáfu þeirra. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að einhvers konar skráning hliðstæð skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eigi sér stað samkvæmt þeim reglum sem gilda um hlutaðeigandi markað. Ákvæðinu er ætlað að veita verðbréfasjóðum svigrúm til að fjárfesta í nýjum verðbréfaútgáfum en eftir sem áður er ætlast til þess að viðskipti með þau á opinberum verðbréfamarkaði eða öðrum skipulegum verðbréfamarkaði hefjist innan tiltölulega skamms tíma frá útgáfu. Verði ekki af skráningu verðbréfa samkvæmt þessum tölulið, innan settra tímamarka, telst skilyrðum ákvæðisins ekki fullnægt. Hins vegar kynni verðbréfasjóði eftir sem áður að vera heimilt að eiga verðbréfin áfram, enda sé sameiginlegt verðmæti þeirra innan þeirra takmarka sem sett eru í 2.–4. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 1. mgr. takmarka ekki heimildir verðbréfasjóða til að fjárfesta allar eigur sínar í verðbréfum skv. 1. og 2. tölul. ákvæðisins svo framarlega sem gætt er annarra takmarkana VII. kafla frumvarpsins. Þrátt fyrir þetta teldust slíkar fjárfestingar í verðbréfum skv. 2. tölul. 1. mgr. almennt ekki æskilegar.

Í 2. mgr. er veitt undanþága frá meginreglu 1. mgr. um fjárfestingar í skráðum verðbréfum eða verðbréfum sem verða skráð innan tiltekinna tímamarka eða verðbréfum sem ganga eða munu ganga kaupum eða sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. Með 2. mgr. er veitt tiltekið, eðlilegt svigrúm í fjárfestingum verðbréfasjóða án þess að skerða hagsmuni fjárfestanna eða ganga gegn grundvallarsjónarmiði frumvarpsins um áhættudreifingu.

Með 3. mgr. er bankaeftirliti heimilað að setja reglur um fjárfestingar verðbréfasjóða í skuldaskjölum sem talin eru jafngild framseljanlegum verðbréfum fyrir allt að 10% eigna verðbréfasjóða. Þó er sett það skilyrði að skuldaskjöl samkvæmt ákvæðinu uppfylli tiltekin grundvallaratriði sem eiga við um fjárfestingar verðbréfasjóða. Er þar m.a. átt við að skuldaskjöl séu framseljanleg, auðseljanleg og að verðgildi þeirra megi ákvarða hvenær sem er, eftir því sem segir til um í þeim reglum sem kunna að verða settar af bankaeftirliti um fjárfestingar af þessu tagi. Ekki er unnt að gefa almenna skilgreiningu á skuldaskjölum sem falla undir ákvæðið, slíkt yrði háð mati bankaeftirlitsins. Hins vegar veitir ákvæðið mikilvægt svigrúm til að mæta nýjungum á verðbréfamarkaði hverju sinni og jafnframt því að skilgreiningar einstakra ríkja á framseljanlegum verðbréfum kunna að vera mismunandi.

Í 4. mgr. er kveðið á um að fjárfestingar skv. 2. og 3. mgr. megi samtals ekki fara fram úr 10% af eignum verðbréfasjóðs. Ákvæðið er eðlilegt með tilliti til meginreglu 1. mgr.

Í 5. mgr. er lagt bann við fjárfestingum í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim. Ákvæðið er eðlilegt enda eru fjárfestingar af þessu tagi andstæðar skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar felur í sér takmarkanir á heimildum verðbréfasjóða eða einstakra deilda þeirra til að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ákvæðinu er ætlað að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingu verðbréfasjóða og tekur mið af ákvæðum reglna Evrópubandalagsins á þessu sviði. Undanþága gildandi laga að því

er varðar fjárfestingu í verðbréfum með ríkisábyrgð eða ábyrgð innlánsstofnana er felld brott, svo og fyrirvari um heildareignir verðbréfasjóða.

Í 1. mgr. er lagt bann við að fjárfesta meira en 10% af eignum verðbréfasjóða í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Í reglum Evrópubandalagsins er miðað við 5% sem meginreglu en veitt heimild til að hækka hlutfallið í 10% eins og gert er hér. Er þetta nokkur rýmkun frá gildandi ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 20/1989 sem miðast við 5% í þessum tilvikum. Þó er sett sú regla sem er nýmæli og er ætlað að tryggja enn frekar áhættudreifingu að fjárfesti verðbréfasjóður eða einstök deild hans meira en 5% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda megi samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum verðbréfasjóðsins eða deildarinnar.

Í 2. mgr. er veitt undanþága frá meginreglu 1. mgr. að því er varðar fjárfestingu í verðbréfum sem þeir aðilar, sem í ákvæðinu greinir, gefa út eða ábyrgjast. Má almennt ætla að áhætta samfara þessum fjárfestingum sé lítil og því réttlætanlegt að rýmka heimildir að því er þær varðar. Þó er sett hámark í ákvæðinu við 35% af eignum verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, og er með því enn lögð áhersla á grundvallarregluna í starfsemi verðbréfasjóða um áhættudreifingu. Þessi takmörkun er breyting frá gildandi lögum hér á landi. Með ákvæði 2. mgr. er einnig tekið tillit til þess að einstakir verðbréfasjóðir kunna nú þegar að hafa fjárfest mikinn hluta eigna sinna í verðbréfum af því tagi sem ákvæðið tekur til. Verðbréf skv. 2. mgr. verða að uppfylla skilyrði 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins nema annað leiði af ákvæðum þess.

Í 3. mgr. er höfð hliðsjón af sams konar ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins sem voru settar sérstaklega með tilliti til aðstæðna í Danmörku þar sem mikið er um fjárfestingu í verðbréfum tryggðum með veði í fasteignum vegna húsnæðislánakerfis þar. Þótti heppilegt að taka inn í frumvarpið sams konar ákvæði með tilliti til hugsanlegar breytingar á þessu sviði hér á landi.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er bankaeftirlitinu heimilað að veita undanþágu frá meginreglu 21. gr. frumvarpsins um fjárfestingu verðbréfasjóða í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ákvæðið er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði. Rökin fyrir þessari undanþáguheimild eru einkum þau að tiltölulega lítil áhætta er fólgin í fjárfestingu í þeim verðbréfum sem tilgreind eru í ákvæðinu. Þá er með ákvæðinu tekið tillit til verðbréfasjóða sem hafa einkum sérhæft sig í að fjárfesta í slíkum verðbréfum. Sá almenni fyrirvari er þó settur að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina séu tryggðir að mati bankaeftirlitsins. Samkvæmt þessu er ætlast til að fram fari sjálfstætt mat á því í hverju tilviki hvort veita eigi heimild til fjárfestinga samkvæmt ákvæðinu.

Þrátt fyrir að fjárfesting skv. 1. mgr. sé almennt talin fela í sér lágmarksáhættu eru settar nánari reglur um þessa fjárfestingu í 2. mgr. sem byggjast á meginsjónarmiði frumvarpsins um áhættudreifingu í fjárfestingu verðbréfasjóða. Ákvæðið er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins.

Með 3. mgr. er bankaeftirlitinu veitt heimild til að setja nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins. Meðal þess sem slíkar reglur gætu tekið til er með hvaða hætti fjárfestingar samkvæmt ákvæðinu skuli vera getið í samþykktum verðbréfasjóðs og staðfesting bankaeftirlitsins á því og hvernig verðbréfasjóður stendur að kynningu á slíkri fjárfestingu gagnvart almenningi.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. er ætlað að tryggja áhættudreifingu. Það felur í sér þá breytingu frá 28. gr. núgildandi laga að samanlögð fjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða má ekki fara fram úr 5% af eignum sjóðsins eða einstakrar deildar hans. Ákvæðið er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins.

Það er skilyrði fjárfestingar skv. 1. mgr. að verðbréfasjóðir, sem fjárfest er í, uppfylli skilyrði frumvarpsins til að teljast verðbréfasjóðir, sbr. 1. gr. þess. Það er hins vegar ekki skilyrði að viðkomandi verðbréfasjóðir séu staðsettir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal tekið fram að séu hlutdeildarskírteini þeirra ekki skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða gangi kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði skv. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins fellur fjárfesting í skírteinunum undir ákvæði 2. og 3. mgr. þeirrar greinar frumvarpsins.

Með 2. mgr. er verðbréfasjóðum bannað að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem eru þeim tengdir. Þó getur bankaeftirlitið heimilað slíkar fjárfestingar samkvæmt reglum sem það setur. Ákvæði þetta er í samræmi við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði. Samkvæmt þeim er m.a. gert ráð fyrir að verðbréfasjóðum verði einungis heimilað að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum sem ákvæðið fjallar um ef sá sjóður, sem fjárfest er í, hefur í samþykktum sínum ákvæði um að hann sérhæfi sig í fjárfestingu innan tiltekinna landfræðilegra marka eða í tiltekinni atvinnustarfsemi. Þá er í reglunum gert ráð fyrir að verðbréfasjóður, sem hyggst stunda slíka fjárfestingu, tilkynni þá fyrirætlan sérstaklega. Sams konar sjónarmið verði látin gilda komi til þess að bankaeftirlitið heimili fjárfestingu af þessu tagi. Með sama hætti og kom fram í athugasemdum við 1. mgr. þessarar greinar mundu hlutdeildarskírteini, sem ekki eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða öðrum skipulegum markaði skv. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins, falla undir ákvæði 2. og 3. mgr. þeirrar greinar.

Ákvæði 3. mgr. á við um fjárfestingu skv. 2. mgr. verði hún heimiluð af bankaeftirliti. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra verðbréfasjóða, sem reknir eru af sama rekstrarfélagi, vegna innbyrðis viðskipta sjóðanna eða viðskipta sjóðs við önnur félög sem rekstrarfélagið er tengt með þeim hætti sem greinir í ákvæðinu, enda er einnig gert ráð fyrir því í frumvarpinu að rekstrarfélög skuli vera óháð í störfum sínum fyrir verðbréfasjóði, sbr. 1. mgr. 14. gr. Þá er með ákvæði 3. mgr. komið í veg fyrir óeðlilega myndun þóknunar til rekstrarfélags í þeim tilvikum sem fjárfesting af þessu tagi kann að vera heimiluð.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja enn frekar áhættudreifingu í fjárfestingu verðbréfasjóða. Enda þótt fjárfesting sé innan þeirra marka sem önnur ákvæði frumvarpsins setja gætu verðbréfasjóðir fjárfest í jafnvel öllum verðbréfum eða öðrum skuldaskjölum tiltekins útgefanda. Slíkt væri í andstöðu við grundvallarsjónarmið um áhættudreifingu í rekstri verðbréfasjóða. Því eru þessar takmarkanir settar. Þær eru í samræmi við reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 25. gr.

Í þessari grein er lögfest sú almenna regla sem gilt hefur í framkvæmd í starfsemi verðbréfasjóða hér á landi. Í greininni er þó það nýmæli að kveðið er á um tiltekinn frest sem meginreglu og kveðið sérstaklega á um að heimild bankaeftirlitsins þurfi til að víkja

frá þeim fresti. Ákvæðið er í samræmi við almenn ákvæði í reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði og auk þess er höfð hliðsjón af dönskum lögum. Meginreglan er þó ljóslega sú að annmarkar í fjárfestingu verði lagfærðir án ástæðulauss dráttar nema sérstök tilvik, með tilliti til hagsmuna verðbréfasjóðsins og viðskiptamanna hans, réttlæti annað.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 4. mgr. 28. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að því undanskildu að verðbréfasjóði er heimilað að fjárfesta í fasteignum að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi hans. Miðað er við að slík fjárfesting sé innan eðlilegra marka og ber að skýra ákvæðið þröngt. Að öðru leyti þarfnast það ekki skýringa.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Í þessu ákvæði eru settar fram sömu meginreglur og gilda samkvæmt núgildandi lögum. Hins vegar verða nokkrar efnislegar breytingar frá gildandi löggjöf um þessi atriði. Ákvæðið tekur mið af ákvæðum tilskipunar Evrópubandalagsins á þessu sviði og ákvæðum danskra laga.

Í 1. mgr. er sett sama meginregla og gildir samkvæmt núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði um bann við lántökum verðbréfasjóða. Lántaka er þó heimil í tveimur tilvikum:

Í fyrsta lagi gerir ákvæðið ráð fyrir að veita megi heimild vegna skammtímalána til að standa straum af innlausnum hlutdeildarskírteina, sbr. 1. tölul. 1. mgr. Hámark slíkrar lántöku er 10% af eignum verðbréfasjóðsins sem er lækkun frá gildandi lögum. Lækkunin leiðir af reglum Evrópubandalagsins.

Í öðru lagi veitir 2. tölul. 1. mgr. heimild til lántöku verðbréfasjóðs til fjárfestingar í fasteignum sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins. Eðli máls samkvæmt þótti ekki rétt að binda slíkar lántökur við skammtímalán. Þetta er nýmæli og breyting frá gildandi lögum sem ekki veita neina heimild til fjárfestingar í fasteignum eins og nú er gert með 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Líkt og sagði í athugasemdum við þá grein ber að skýra ákvæði 2. tölul. þessarar greinar þröngt.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið veiti heimildir til lántöku í hverju einstöku tilviki. Það leiðir jafnframt af þeim fyrirvara að bankaeftirlitið metur hvort skilyrði séu til veitingar heimilda hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. setur skorður við því hve samtala fjárfestingar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. má vera mikill hluti af eignum verðbréfasjóðs. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega óbreytt frá 27. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega að mestu samhljóða 26. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði að teknu tilliti til breyttrar uppbyggingar samkvæmt frumvarpinu með tilkomu rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja. Þeim aðilum, sem 1. mgr. tekur til, er þó fækkað frá gildandi lögum. Ákvæðið var efnislega skýrt þannig í athugasemdum við 26. gr. frumvarpsins sem varð að lögum um verðbréfaviðskipti og verð-

bréfasjóði að það væri sett til að girða fyrir óeðlileg verðbréfaviðskipti og á sú skýring enn við.

Samkvæmt 2. mgr. er stjórnum fyrirtækja, sem greind eru í 1. mgr., ætlað að setja sérstakar reglur um viðskipti almennra starfsmanna sinna við hlutaðeigandi verðbréfasjóð. Þykir nægilegt að stjórnirnar setji sérstakar innri reglur um þessi viðskipti sem tryggi að ekki komi til hagsmunaárekstra í daglegri starfsemi fyrirtækjanna.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um ársreikning og endurskoðun hjá verðbréfasjóðum. Ákvæði kaflans er að efni til byggt á hliðstæðum ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins, svo og dönskum lögum um þetta efni.

Um 29.–32. gr.

Ákvæði 29.–32. gr. frumvarpsins skýra sig sjálf að efni til.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með starfsemi verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja. Bankaeftirlitið hefur farið með eftirlit á þessu sviði allt frá því að lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, voru sett og einnig samkvæmt núgildandi lögum nr. 20 1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Jafnframt hefur eftirlitið átt stoð í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og lögum og reglugerð um Seðlabanka Íslands. Nú er jafnframt kveðið svo á að um eftirlitið gildi ákvæði laga um verðbréfaviðskipti en frumvarp til almennra laga um slík viðskipti er lagt fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 33. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða gildandi ákvæði 1. mgr. 34. gr. núgildandi laga, að teknu tilliti til þeirra skipulagsbreytinga sem frumvarpið felur í sér en þó með breyttu orðalagi að hluta. Ákvæðið tryggir bankaeftirlitinu víðtækan aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem það telur nauðsynlegt til að rækja skyldur sínar til eftirlits með þeirri starfsemi sem um ræðir.

Ákvæði 2. mgr. er einnig efnislega samhljóða samsvarandi ákvæði 2. mgr. 34. gr. núgildandi laga en með breyttu orðalagi að hluta. Þó er ekki mælt fyrir um afturköllun leyfa líkt og gert er í gildandi ákvæði enda er sérstakur kafli í frumvarpinu um afturköllun leyfa.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað með ítarlegri og skýrari hætti en gert er í núgildandi lögum um afturköllun viðskiptaráðherra á þegar veittum starfsleyfum verðbréfasjóða. Á það við um tilvik sem leitt geta til afturköllunar og einnig eru tilgreind tilvik sem leiða til þess að skylt er að afturkalla veitt leyfi en skylda til þess er ekki lögmælt í núgildandi lögum. Þá eru einnig sett ítarleg ákvæði um málsmeðferð komi til afturköllunar sem talin eru eðlileg og nauðsynleg með tilliti til hagsmuna leyfishafa sjálfra og ekki síður almennings. Höfð er hliðsjón af ákvæðum danskra laga og gildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Um 34. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um skyldu til afturköllunar sem er nýmæli frá gildandi lögum.

Samkvæmt 1. tölul. er gert ráð fyrir skyldu til afturköllunar uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði frumvarpsins til að öðlast leyfi. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að ekki sé nægilegt að uppfylla skilyrði til leyfisveitingar á þeim tíma sem leyfis er óskað heldur skuli viðkomandi ávallt fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfisveitingu. Auk afturköllunar vegna þess að formlegum skilyrðum 2. gr. frumvarpsins er ekki lengur fullnægt af leyfishafa gæti komið til afturköllunar væru aðstæður með þeim hætti að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins ætti við. Væri óeðlilegt ef verðbréfasjóður héldi starfsleyfi sem hann hefði e.t.v. ekki hlotið í upphafi vegna þeirra tilvika sem um ræðir. Enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í ákvæðinu er gert ráð fyrir að viðkomandi verði að jafnaði gefinn tiltekinn frestur til úrbóta áður en til afturköllunar kemur.

Ákvæði 2. tölul. þarfnast ekki sérstakra skýringa. Séu aðstæður með þessum hætti er eðlilegt að leyfi sé afturkallað. Í þessum tilvikum yrði af eðlilegum ástæðum ekki um frest til úrbóta að ræða.

Um 35. gr.

Ákvæðið er heimildarákvæði sem viðskiptaráðherra getur beitt við afturköllun leyfa.

Í 1. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til afturköllunar, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, séu atvik með þeim hætti sem þar greinir. Gerðar eru strangari kröfur í þessu sambandi en í 2. mgr. 34. gr. núgildandi laga með því að nú er gert ráð fyrir að um ítrekuð eða alvarleg brot sé að ræða. Er þetta eðlilegt enda verður afturköllun að teljast viðurhlutamikil athöfn sem snertir ríka hagsmuni leyfishafa og almennings. Með sama hætti yrðu atvik, sem talin eru leiða til þess að starfsemi viðkomandi verðbréfasjóðs sé metin að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, að vera alvarlegs eðlis. Mat á því er hins vegar í höndum bankaeftirlitsins hverju sinni. Þá er einnig gert ráð fyrir því að áður en bankaeftirlitið leggur til afturköllun hafi viðkomandi að jafnaði verið gefið tækifæri til að bæta úr ágöllum sé þess kostur, sbr. 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 38. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um málsmeðferð af hálfu viðskiptaráðherra við afturköllun á starfsleyfi verðbréfasjóðs. Þykir eðlilegt að gera kröfur til skriflegs rökstuðnings ákvarðana af þessu tagi. Slíkt er almennt til þess fallið að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og sporna við misnotkun heimilda til afturköllunar. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir leyfishafa að fá rökstuðning fyrir afturköllun, t.d. til notkunar í dómsmáli sætti viðkomandi sig ekki við rök fyrir afturköllun.

Í síðari málslið er kveðið á um birtingu tilkynningar um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsingu um hana í fjölmiðlum. Ekki er síður mikilvægt fyrir almenning og verðbréfamarkaðinn í heild að fá sem fyrst vitneskju um afturköllun og er því ákvæðið sett.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir tilkynningarskyldu verðbréfasjóða til bankaeftirlitsins og

eftirlitsaðila í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins hyggist verðbréfasjóðurinn markaðssetja hlutdeildarskírteini sín eða stofna útibú í einhverju þessara ríkja, enda munu verðbréfasjóðir þurfa að senda eftirlitsaðilanum ýmsar upplýsingar og gögn í þessu sambandi þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í ákvæðinu af hagkvæmnisástæðum. Ákvæðið er sett með hliðsjón af tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði. Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að tilkynningar samkvæmt því skulu berast hlutaðeigandi fyrir fram.

Ákvæði 2. mgr. leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 7. gr. núgildandi laga en með breyttu orðalagi og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 39. gr.

Í þessu ákvæði er það nýmæli að kostnaður við tilkynningar samkvæmt frumvarpinu greiðist af viðkomandi verðbréfasjóðum. Þykir eðlilegt að sjóðirnir beri þennan kostnað og má benda á að víða erlendis tíðkast að kostnaður við eftirlit af þessu tagi greiðist af þeim sem undir eftirlitið eru settir.

Um 40. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra fari með leyfisveitingar, afturköllun þeirra og setningu ýmissa reglna samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Víða erlendis hefur þróunin verið sú að eftirlitsaðilum séu falin þessi verkefni og má sem dæmi nefna dönsk lög á þessu sviði. Enda þótt bankaeftirlitinu séu í frumvarpinu falin ýmis verkefni þykir heppilegt að hafa heimild af þessu tagi í frumvarpinu. Með því móti er ráðherra gert kleift að fylgja þróun þessara mála erlendis kjósi hann að gera svo.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi viðurlagaákvæðum laga nr. 20 1989 að öðru leyti en því að refsingar eru hertar og bætt inn í ákvæðið fyrirvara um hugsanlega þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Ástæða þess að viðurlög eru hert er fyrst og fremst sú að viðskipti á verðbréfamarkaði hafa orðið sífellt umfangsmeiri hluti fjármagnsmarkaðar á undanförnum árum. Samfara því hefur orðið ljóst að brot gegn lögum á þessu sviði geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir verðbréfamarkaðinn í heild og ekki síður einstaklinga sem fyrir brotum verða. Þykir því nauðsynlegt að viðurlög séu hert þannig að þau séu til þess fallin að hafa almenn varnaðaráhrif. Er þetta í samræmi við þróun víða í nágrannalöndum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 43. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gildistaka frumvarpsins er miðuð við gildistöku samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Óvíst er hvenær samning-

urinn öðlast endanlega gildi og þótti því eðlilegt að orða ákvæðið með þessum hætti enda er frumvarpið samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. er kveðið á um að starfandi verðbréfasjóðir við gildistöku frumvarpsins hafi tólf mánuði til að uppfylla skilyrði þess. Lengd frestsins leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði um að ræða sjálfkrafa heimildir þessara aðila til að starfa á grundvelli frumvarpsins heldur þurfi formleg veiting starfsleyfis að koma til.

Frestur sá, sem 2. mgr. mælir fyrir um, er settur með hliðsjón af ákvæðum í samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði.

Með frumvarpi þessu er ætlað að setja ítarlegri lög um verðbréfasjóði en áður var gert með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þau lög munu falla úr gildi um leið og frumvarp þetta verður að lögum en það mun öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Helsta breytingin frá fyrri lögum er að lög um verðbréfasjóði verða nú aðskilin frá lögum um verðbréfaviðskipti og er frumvarp þar að lútandi lagt fram um leið og þetta, svo og frumvarp um Verðbréfaþing Íslands.

Ekki verður séð af frumvarpi þessu að til beins kostnaðar komi fyrir ríkissjóð. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands mun aðallega hafa það hlutverk að líta eftir framfylgd laga þessara. Stjórnsýsluhlutverk viðskiptaráðuneytis mun með tímanum aukast með umfangi verðbréfasjóða þótt ekki verði beinn kostnaðarauki þar af nú.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um Verðbréfaþing Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Stofnun og hlutverk.
1. gr.

Verðbréfaþing Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur einkarétt á að stunda kauphallarstarfsemi hér á landi eins og hún er nánar skilgreind í lögum þessum og starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Önnur starfsemi er Verðbréfaþinginu óheimil.

Verðbréfaþingið tekur við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands sem starfar samkvæmt reglum nr. 26/1992.

Verðbréfaþinginu er skylt og einu heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfaþing“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Verðbréfaþingsins er m.a. eftirfarandi:

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. VI. kafla,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila, sbr. IV. kafla,
3. að meta skráningarhæfi verðbréfa, sbr. V. kafla,
4. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
5. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt, sbr. ákvæði VIII. kafla.

II. KAFLI
Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins skipa sjö menn. Þeir skulu valdir til tveggja ára í senn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Seðlabankinn tilnefnir formann stjórnar. Aðrir þingaðilar tilnefna tvo menn. Annar þeirra er varaformaður stjórnar. Útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tilnefna tvo menn. Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefna einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra tilnefnir einn mann sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að Verðbréfaþinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar skipar viðskiptaráðherra þá stjórnarmenn sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

Reglur, sem settar eru af stjórninni, skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Aðalfund Verðbréfaþingsins skal halda fyrir febrúarlok ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar, sbr. 16. og 17. gr.

Rétt til setu á aðalfundi hafa auk stjórnarmanna, varamanna þeirra og framkvæmdastjóra fulltrúar allra þingaðila, sbr. IV. kafla.

Stjórnin getur, þegar hún telur tilefni til, boðað alla þingaðila, sbr. IV. kafla, til fundar. Hver þingaðili, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn, á rétt á að senda einn fulltrúa á slíka fundi. Skylt er henni að boða til fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

III. KAFLI
Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins ræður framkvæmdastjóra þess. Hún ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjórans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur þingsins. Framkvæmdastjórinn skal vera búsettur hér á landi. Hann skal hafa óflekkað mannorð, aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóranum og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan Verðbréfaþingsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlitið sker úr ágreiningi í einstökum tilvikum. Þegar sérstaklega stendur á getur bankaeftirlitið veitt hlutaðeigandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

7. gr.

Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnar og tekur þátt í umræðum nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur henni reglulega skýrslur um starfsemi og daglegan rekstur Verðbréfaþingsins.

IV. KAFLI
Þingaðilar.

8. gr.

Þingaðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Þingaðilar geta einungis orðið:

1. Seðlabanki Íslands.
2. Verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
3. Verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem starfa í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar.

Ráðherra getur einnig veitt verðbréfamiðlurum og verðbréfafyrirtækjum í öðrum ríkjum, sem öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar, leyfi til að sækja um aðild að Verðbréfaþinginu að fenginni umsögn stjórnar þess.

Þrátt fyrir að Seðlabanki Íslands sé þingaðili stundar hann ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi, aðra en útgáfu og sölu verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Þingaðilar einir hafa rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild frá öðrum en Seðlabankanum, sem er sjálfkrafa aðili án umsóknar, skulu sendar stjórn Verðbréfaþingsins. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 8. gr. Auk þess skulu umsækjendur uppfylla eftirgreind skilyrði:

1. að hafa til að bera næga reynslu í verðbréfaviðskiptum,
2. að hafa undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og í einu og öllu í samræmi við gildandi lög og reglur.

10. gr.

Nú telur stjórn Verðbréfaþingsins að þingaðili hafi hagað sér á þann hátt í starfi sínu að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins og skal hlutaðeigandi þingaðili þá að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar án ástæðulauss dráttar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar en hún skal svipta þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Uppfylli þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrði um aðild að þinginu skal stjórnin svipta hann aðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI
Skráning verðbréfa.

11. gr.

Þingaðilar sækja um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins. Skráning er háð samþykki stjórnar þingsins sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til skráningar. Skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf,
2. að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur,
3. að þingaðila sé tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn er lögð fram.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

12. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi skráðra verðbréfa eða þingaðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá Verðbréfaþingsins. Sé um hlutabréf að ræða skal beiðni um niðurfellingu fylgja staðfesting á að hluthafafundur í hlutaðeigandi félagi hafi samþykkt hana með að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Stjórn Verðbréfaþingsins skal verða við beiðni um niðurfellingu skv. 2. mgr. nema hún teljist andstæð hagsmunum verðbréfamarkaðarins.

Ráðherra getur tímabundið stöðvað öll viðskipti á Verðbréfaþinginu þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Hann skal leitast við að hafa samráð við stjórn þingsins áður en slík ákvörðun er tekin.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið.

13. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

14. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Þingaðilar skulu gera stjórn Verðbréfaþingsins grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

15. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir staðfesti með formlegum hætti að þeir sætti sig við það. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur settar skv. 13. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

16. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Verðbréfaþingsins skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og reglna. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár þingsins er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu Verðbréfaþingsins.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi Verðbréfaþingsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hennar og afkomu á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum. Í ársskýrslu skal jafnframt veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknun eða aðrar greiðslur til starfsmanna, stjórnar og framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu þingsins.

17. gr.

Ársreikningur Verðbréfaþingsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi þingsins má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum Verðbréfaþingsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn hennar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðandi áritar ársreikning og greinir frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann gefur yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna. Endurskoðandi lætur í ljós álit sitt á ársreikningnum og greinir frá niðurstöðum að öðru leyti.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Birta skal endurskoðaðan ársreikning ásamt ársskýrslu í B-deild Stjórnartíðinda.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

18. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Verðbréfaþingsins sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirlitinu heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingsins, þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands, svo og lög um verðbréfaviðskipti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stjórn Verðbréfaþingsins annast eftirlit með því að verðbréfaviðskipti í þinginu séu í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stjórn þingsins skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks síns. Verði stjórn eða starfsmenn þingsins þess áskynja að brotið hafi verið gegn þeim skal stjórnin þegar grípa til viðeigandi ráðstafana og jafnframt gera bankaeftirlitinu viðvart.

Stjórn og starfsmenn Verðbréfaþingsins skulu þegar gera bankaeftirlitinu viðvart verði þeir í starfi sínu varir við starfsemi sem ætla má að sé í andstöðu við lög, reglugerðir eða reglur og ekki fellur undir ákvæði 2. mgr., enda sé umrædd starfsemi til þess fallin að skaða hagsmuni verðbréfamarkaðarins.

Ákvæði 2. mgr. skerðir í engu rétt bankaeftirlitsins til eftirlits og aðgerða gagnvart þeim sem lög þessi taka til telji bankaeftirlitið slíkt nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kostnaður af rekstri Verðbréfaþingsins greiðist af tekjum þess samkvæmt gjaldskrá sem stjórn þingsins setur.

20. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins getur ákveðið að taka þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamiðstöðvar og greiðslujöfnunarkerfis fyrir verðbréf.

21. gr.

Verðbréfaþinginu er óheimilt að veita lán eða takast á hendur ábyrgð fyrir þriðja aðila. Einnig er þinginu óheimilt að bera á nokkurn hátt ábyrgð sem meðeigandi eða þátttakandi í rekstri annarra stofnana, félaga eða fyrirtækja, sbr. þó ákvæði 20. gr.

22. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Verðbréfaþingsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila þingsins, málefni þess, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Verðbréfaþinginu heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem Verðbréfaþingið fær ofangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

X. KAFLI
Viðurlög.

23. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

24. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur, að fengnum tillögum stjórnar Verðbréfaþingsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar. Jafnframt falla úr gildi reglur um Verðbréfaþing Íslands nr. 26/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. situr stjórn Verðbréfaþings Íslands við gildistöku laga þessara til loka febrúar 1994.

II.

Verðbréf, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara, skulu halda skráningunni án þess að sótt sé um skráningu fyrir þau að nýju samkvæmt ákvæðum laganna.

III.

Þingaðilar að Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara skulu vera það áfram án þess að sótt sé um aðild skv. 9. gr. laganna, enda fullnægi þeir skilyrðum IV. kafla laganna um aðild að þinginu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 18. nóvember 1991 skipaði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra starfshóp til þess að semja nauðsynleg lagafrumvörp og drög að reglugerðum vegna aðlögunar íslensks réttar á sviði lánastofnana og verðbréfaviðskipta að ákvæðum í samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Í starfshópinn voru skipaðir Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, formaður, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, viðskiptaráðuneytinu, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Seðlabanka Íslands, Sveinbjörn Hafliðason forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, og Ólafur Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka. Jóhann H. Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, starfaði með starfshópnum og var ritari hans. Tryggvi Axelsson hætti störfum í starfshópnum um miðjan apríl 1992 þegar hann hóf störf erlendis. Sæti hans tók Páll Ásgrímsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneytinu.

Frumvarp þetta er eitt af fimm frumvörpum sem starfshópurinn samdi á sviði lánastofnana og verðbréfaviðskipta í samræmi við efni skipunarbréfs sem að framan er getið. Þrjú þeirra eru á sviði verðbréfaviðskipta. Auk þessa frumvarps eru það frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti og frumvarp til laga um verðbréfasjóði. Drög að frumvörpunum voru kynnt hagsmunaaðilum á verðbréfamarkaðnum og leitað eftir skriflegum athugasemdum þeirra. Auk þess voru frumvarpsdrögin rædd við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði. Ýmsar ábendingar komu fram og hefur verið tekið tillit til þeirra, eftir því sem ástæða þótti til.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum vinnuhópsins nema að því leyti að lagt er til að hinn opinberi verðbréfamarkaður hér á landi verði áfram kallaður Verðbréfaþing Íslands en ekki Kauphöll Íslands eins og vinnuhópurinn lagði til. Innan vinnuhópsins komu jafnframt fram hugmyndir um að breytingar yrðu gerðar á samsetningu stjórnar Verðbréfaþingsins. Í frumvarpinu er lagt til að svo verði ekki gert að sinni. Almenn samstaða náðist á meðal helstu hagsmunaaðila á verðbréfamarkaði um meginatriðin í núgildandi reglum um Verðbréfaþing Íslands snemma árs 1992, þar á meðal um samsetningu stjórnar þingsins. Lítil reynsla hefur enn fengist af starfsemi þingsins eftir að nýjar reglur tóku gildi og ný stjórn tók við. Þykir því eðlilegt að lögfesta nánast óbreytta skipan mála byggða á núgildandi reglum um Verðbréfaþingið. Hins vegar mælir margt með því að taka lögin um Verðbréfaþing Íslands, verði frumvarp þetta að lögum, til gagngerrar endurskoðunar að tveimur til þremur árum liðnum þegar nokkur reynsla hefur fengist af þeim.

Tilurð skipulegra verðbréfaviðskipta hér á landi.

Það var ekki fyrr en síðla árs 1984 að farið var að vinna af alvöru að undirbúningi að skipulegum verðbréfaviðskiptum hér á landi fyrir forgöngu Seðlabanka Íslands. Bankinn hafði heimild til slíks í 15. gr. laga bankans nr. 10/1961 en hún er svohljóðandi: „Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir."

Að undirbúningsvinnu lokinni, sem unnin var af starfshópi innan Seðlabankans í samvinnu við fulltrúa frá Landsbanka Íslands, Fjárfestingarfélagi Íslands hf. og Kaupþingi hf., voru fyrstu reglur um Verðbréfaþing Íslands settar af bankastjórn Seðlabankans og

staðfestar af viðskiptaráðherra hinn 28. júní 1985. Reglurnar voru nr. 268/1985 og voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í tilefni af þessum tímamótum gaf Seðlabankinn út eftirfarandi fréttatilkynningu 19. júlí 1985: „Að undanförnu hefur verið unnið á vegum Seðlabankans og aðila, sem hann hefur kallað á til samstarfs við sig, að undirbúningi að stofnun skipulegs verðbréfamarkaðs, þar sem skráð séu reglulega bæði ríkisskuldabréf og verðbréf fyrirtækja og opinberra stofnana sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur.

Eins og kunnugt er hafa verðbréfaviðskipti þróast jafnt og þétt hér á landi á undanförnum árum og þó sérstaklega sl. tvö ár fyrir forgöngu nokkurra verðbréfamiðlara sem þegar hafa öðlast allmikla reynslu á þessum markaði. Það er því orðið bæði tímabært og nauðsynlegt að betra skipulag komist á þennan markað þannig að hann geti þróast örar en hann hefur gert hingað til og öðlast sem víðtækast traust fjármagnseigenda.Tillögur bankans um reglur fyrir þennan markað, sem hlotið hefur nafnið Verðbréfaþing Íslands, voru staðfestar af viðskiptaráðherra 28. júní sl. Í reglunum er lögð áhersla á það að markaðurinn sé sem sveigjanlegastur og markaðsaðilarnir ráði sjálfir mestu um þróun hans og skipulag. Jafnframt er tryggt með skýrum starfsreglum og eftirliti að markaðurinn starfi með heilbrigðum hætti, traustar upplýsingar liggi fyrir um viðskipti og starfshætti, þannig að sem best sé borgið öryggi þeirra sem vilja ávaxta fé sitt fyrir milligöngu hans. Talið er að skilyrði séu nú fyrir hendi til þess að verðbréfaviðskipti geti farið ört vaxandi á næstu árum og brátt orðið mikilvægur þáttur í fjármögnun atvinnurekstrar í landinu. Á síðara stigi er svo að því stefnt að koma á skráningu hlutabréfa en fyrir því eru varla forsendur í upphafi.

Bankastjórn Seðlabankans hefur nú með heimild í ákvæðum greindra reglna um Verðbréfaþing Íslands tilnefnt tvo menn í stjórn þingsins og jafnmarga til vara og eru þeir: Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri, formaður stjórnar þingsins, og Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur. Varamenn eru Eiríkur Guðnason, hagfræðingur Seðlabankans, og Ingimundur Friðriksson hagfræðingur.

Bankastjórnin bauð eftirtöldum aðilum að tilnefna fulltrúa í fyrstu stjórn þingsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í reglunum og hafa þeir tilnefnt fulltrúa sem hér segir:

Landsbanki Íslands: Tryggva Pálsson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, og til vara Helga Bachmann, framkvæmdastjóra lánasviðs.

Fjárfestingarfélag Íslands hf.: Gunnar H. Hálfdanarson framkvæmdastjóra og til vara Þorstein Guðnason rekstrarhagfræðing.

Kaupþing hf.: Dr. Pétur H. Blöndal framkvæmdastjóra og til vara dr. Sigurð B. Stefánsson hagfræðing.

Stjórnin mun taka til starfa nú þegar til að undirbúa hið eiginlega starf Verðbréfaþings Íslands en stefnt er að því að regluleg skráning verðbréfa hefjist í haust."

Við undirbúning að hinu eiginlega starfi Verðbréfaþingsins var gert ráð fyrir að þegar í byrjun yrði komið á sameiginlegu tölvuneti þingsins og yrðu stofnaðilar að vera viðbúnir að tengjast því og taka þátt í kostnaði sem af því hlytist. Þetta gekk eftir og fóru því viðskipti á Verðbréfaþinginu aldrei fram á „gólfi" eins og tíðkaðist víðast hvar í heiminum þá og hafði tíðkast frá alda öðli. Þess má geta að nú fara viðskipti fram á þennan tæknivædda hátt í mörgum löndum, t.d. annars staðar á Norðurlöndum.

Hinn 1. ágúst 1985 var auglýst eftir umsóknum þeirra verðbréfamiðlara sem vildu eiga aðild að Verðbréfaþinginu frá upphafi. Umsóknir bárust frá fimmtán aðilum, úr þeim hópi valdi stjórnin fjóra. Stofnaðilar Verðbréfaþings Íslands voru því auk Seðlabanka Íslands:

Fjárfestingarfélag Íslands hf., Iðnaðarbanki Íslands hf., Kaupþing hf. og Landsbanki Íslands.

Fyrstu verðbréfin voru skráð í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins 8. nóvember 1985 og voru það flestir útistandandi flokkar spariskírteina ríkissjóðs. Síðar bættust við ýmsir flokkar verðbréfa sem voru m.a. útgefnir af veðdeildum viðskiptabankanna. Fyrstu viðskipti með skráð verðbréf áttu sér stað hjá einum þingaðila 31. desember 1985 og fyrstu viðskipti með skráð verðbréf milli þingaðila fóru fram hinn 6. mars 1986.

Eftir því sem tímar liðu voru fleiri samþykktir sem aðilar að Verðbréfaþinginu og urðu þeir flestir þrettán talsins. Nú eru aðilar að þinginu tíu. Ástæðu fyrir fækkun þeirra má rekja til sameiningar viðskiptabankanna þar sem allir bankarnir, sem stofnuðu og reka Íslandsbanka hf., voru aðilar að þinginu.

Viðskipti á Verðbréfaþinginu hafa nær eingöngu tekið til spariskírteina ríkissjóðs og nú í seinni tíð til húsbréfa. Hlutabréf voru fyrst samþykkt til skráningar 15. október 1990 en þar var um að ræða hlutabréf Olíuverzlunar Íslands hf. og Fjárfestingarfélags Íslands hf. Nú hafa alls sex félög skráð hlutabréf sín á Verðbréfaþinginu. Viðskiptin fóru hægt af stað en hafa aukist ár frá ári eins og sjá má á töflunni hér að neðan sem nær yfir árin 1988–1991 og fyrstu fjóra mánuði ársins 1992:

Viðskipti milli þingaðila á Verðbréfaþingi Íslands.

Í m.kr.	1988	1989	1990	1991	1992
Janúar	22,5	98,6	61,0	203,9	66,5
Febrúar	24,0	38,7	99,3	255,2	167,6
Mars	27,4	190,7	121,8	276,2	430,2
Apríl	4,8	204,6	77,1	209,3	377,1
Maí	30,9	95,6	90,0	249,9	705,3
Júní	54,8	21,9	123,9	193,0	
Júlí	36,1	145,7	90,7	193,7	
Ágúst	84,6	79,2	124,8	198,4	
September	73,8	213,5	207,4	301,8	
Október	17,4	93,7	254,2	115,1	
Nóvember	23,0	160,7	399,9	92,4	
Desember	123,8	145,0	812,6	140,3	
Samtals	523,1	1.487,9	2.462,7	2.429,2	1.746,7

Með tilkomu Verðbréfaþings Íslands var í fyrsta skipti hér á landi skapaður grundvöllur fyrir skipuleg verðbréfaviðskipti á eftirmarkaði þar sem skýrar leikreglur voru settar og eftirlit með framkvæmd þeirra var í höndum eins aðila í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sem annast eftirlit á þeim sviðum þar sem það gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að meginatriði núgildandi reglna um Verðbréfaþing Íslands verði lögfest og þingið skipulagt sem sjálfstæð sjálfseignarstofnun. Hingað til hefur Verðbréfaþingið verið starfrækt undir handarjaðri Seðlabanka Íslands sem hefur borið það uppi að miklu leyti, m.a. með vinnuframlagi starfsmanna bankans og með því að leggja því til starfsaðstöðu. Eftirleiðis er því gert ráð fyrir að starfsemin verði borin uppi af eigin tekjum og færist er tímar líða frá Seðlabankanum.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir frjálsu flæði fjármagns milli aðildarríkjanna. Grundvallarsjónarmið varðandi verðbréfaviðskipti er að því aðeins sé hægt að tala um einn sameiginlegan markað að útgefendur og kaupendur verðbréfa búi við sambærilegar aðstæður hvarvetna á þeim markaði. Áhersla hefur því verið lögð á að samræma skilyrði á verðbréfamarkaði. Reglurnar sem settar hafa verið eru miðaðar við að vernda kaupendur verðbréfa en einnig að auðvelda útgefendum verðbréfa að afla sér fjár á stærri markaði en áður.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur ekki í sér kvöð um að aðildarríkin setji lög um kauphöll. Í tilskipun EB nr. 79/279, sem fellur undir samninginn, segir í 1. tölul. 9. gr. að aðildarríkin skuli tilnefna innlent yfirvald eða yfirvöld sem til þess eru bær að heimila opinbera skráningu verðbréfa. Segja má að Verðbréfaþing Íslands geti gegnt þessu hlutverki en um það gilda reglur settar á grundvelli seðlabankalaga og staðfestar af ráðherra. Hins vegar er talið æskilegt að sett séu sérstök lög um þetta svið svo að sem minnstur vafi leiki á þeim réttindum og skyldum sem hið lögbæra yfirvald hefur þar, svo og þeim réttindum og skyldum sem aðrir hafa gagnvart hinu lögbæra yfirvaldi. Benda má á 2. tölul. 9. gr. í tilskipun EB nr. 79/279 en þar segir: „Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir til að rækja skyldur sínar.“ Enn fremur má benda á 15. gr. sömu tilskipunar en þar segir að aðildarríkin skuli tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóla tilteknum ákvörðunum þessara sömu yfirvalda.

Þau yfirvöld, sem til þess eru bær að heimila opinbera skráningu verðbréfa, eru nefnd í ýmsum tilskipunum EB, þar á meðal nr. 79/279 um opinbera skráningu, nr. 88/627 um ákveðna tilkynningarskyldu (flöggunarskyldu) skráðra hlutafélaga, nr. 82/121 um viðvarandi upplýsingaskyldu skráðra hlutafélaga, nr. 80/390 um skráningarlýsingu, nr. 87/345 um að skráningarlýsing er hefur verið samþykkt í heimalandi skuli viðurkennd í öðrum löndum sé um það sótt og nr. 90/211 um að útboðslýsing geti einnig verið skráningarlýsing. Í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að Ísland hafi aðlögunarfrest til 1. janúar 1995 að öllum þessum tilskipunum. Hér skal vikið fáeinum orðum að efni þessara tilskipana.

Tilskipun 79/279: Skráning. Tilskipunin fjallar um lágmarksskilyrði fyrir skráningu verðbréfa á opinberu verðbréfaþingi, yfirvöld sem hafa heimild til að samþykkja opinbera skráningu verðbréfa, veitingu upplýsinga til almennings, samvinnu milli aðildarríkja og sérstaka nefnd sem öll aðildarríkin taka þátt í sem auðvelda á framkvæmd tilskipunarinnar. Í sérstökum viðaukum er gerð grein fyrir skilyrðum sem útgefendur verðbréfa þurfa að uppfylla við skráningu og eftirleiðis.

Sem dæmi um skilyrði sem nefnd eru skulu hlutabréfaflokkar vera minnst 1 milljón ECU að stærð (markaðsvirði) og skulu minnst 25% þess fjár vera í eigu almennings. Skuldabréfaflokkar skulu vera minnst 200 þúsund ECU. Hjá Verðbréfaþingi Íslands er í núgildandi reglum miðað við sömu stærð hlutabréfaflokka en aðeins gert ráð fyrir að 15% séu í eigu 200 hluthafa eða fleiri. Lágmarksstærð skuldabréfaflokka hjá Verðbréfaþingi

var 65 millj. kr. til skamms tíma en hefur verið færð niður í sama lágmark og EB tilskipunin miðar við sem er um 15 millj. kr.

Tilskipunin þarf ekki að gilda um bréf ríkissjóðs, sveitarfélaga né verðbréfasjóða.

Tilskipun 88/627: Flöggun. Tilskipunin er viðauki við tilskipun nr. 79/279. Samkvæmt henni er skylt að opinbera upplýsingar um það ef eignaraðild einhvers hluthafa í félagi, sem skráð er á opinberu verðbréfaþingi, breytist þannig að atkvæðamagn hans fer upp fyrir eða niður fyrir tiltekin þrep. Þrepin eru 10%, 20%, 33,3%, 50% og 66,7%. Í stað 20% og 33,3% má þó hafa 25% og í stað 66,7% má hafa 75%. Átt er við atkvæðamagn sem einn hluthafi, maður eða lögaðili, ræður yfir enda þótt það sé að hluta til formlega í eigu annarra. Tilskipunin þarf ekki að ná til löggiltra verðbréfamiðlara ef þeir skipta sér ekki af stjórnun hlutafélagsins.

Hluthafar eru skyldugir til að tilkynna hlutafélaginu og lögbærum yfirvöldum um þetta innan sjö daga frá viðskiptunum. Hlutafélagið hefur síðan mest sjö daga til að opinbera upplýsingarnar í samræmi við reglur sem lögbær yfirvöld setja. Framangreinda flöggunarreglu er nú þegar að finna í reglum Verðbréfaþings Íslands. Eðlilegt kann að vera að fella efni tilskipunarinnar inn í ákvæði laga um hlutafélög, nr. 32/1978, sbr. lög nr. 69/1989.

Tilskipun 82/121: Viðvarandi upplýsingaskylda skráðra hlutafélaga. Gert er ráð fyrir að skráð hlutafélög birti sex mánaða uppgjör og samanburðartölur frá samsvarandi tímabili ári fyrr. Gera má strangari kröfur (tíðari uppgjör) enda gildi það jafnt um öll félög eða öll félög í sömu grein.

Í reglum Verðbréfaþings er nú þegar gert ráð fyrir upplýsingaskyldu þessari.

Tilskipanir 80/390, 87/345 og 90/211: Skráningarlýsing. Hér er að finna efnisyfirlit yfir þau atriði sem fram skulu koma í sérstökum bæklingi, skráningarlýsingu sem útgefandi verðbréfa skal gefa út þegar bréf hans eru tekin á skrá á opinberu verðbréfaþingi. Tilskipanirnar þurfa ekki að gilda um verðbréf ríkis, sveitarfélaga né verðbréfasjóða.

Mikilvægt atriði þeirra tilskipana, er gilda um þetta svið, er að útboðslýsingu eða skráningarlýsingu þarf aðeins að rannsaka í einu aðildarlandi, þ.e. því landi þar sem útgefandinn hefur skráð aðsetur. Eftir það verða önnur aðildarlönd að taka lýsinguna góða og gilda, þó að því tilskildu að hún hafi verið þýdd og í hana bætt upplýsingum sem eiga sérstaklega við um hlutaðeigandi land (skattar, umboðsaðilar og þess háttar). Hins vegar er ekki hægt að krefjast viðbótarupplýsinga um útgefandann.

Hafi verið gefin út útboðslýsing vegna almenns útboðs verðbréfa og hún samþykkt af lögbærum yfirvöldum getur útgefandi lagt hana fram sem skráningarlýsingu sæki hann um skráningu á opinberu verðbréfaþingi eða þingum enda sé lýsingin ekki eldri en þriggja mánaða gömul. Á þetta bæði við um heimalandið og önnur lönd. Sé sótt um skráningu í tveimur eða fleiri löndum samtímis skulu drög að skráningarlýsingu send til þeirra allra. Enga skráningarlýsingu má birta áður en hún hefur verið samþykkt af lögbærum yfirvöldum.

Þess má geta að gildandi reglur Verðbréfaþingsins um skráningarlýsingu eru að verulegu leyti miðaðar við tilskipun EB. Þó eru þar ekki ákvæði um erlenda útgefendur verðbréfa sem kynnu að sækja um skráningu hér á landi né heldur um samskipti við útlönd varðandi verðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi.

Eins og að framan greinir er lagt til að Verðbréfaþing Íslands verði í formi sjálfseignarstofnunar. Er sjálfseignarstofnunarformið talið henta best hér á landi, a.m.k. fyrst um sinn, fremur en önnur eignarform, aðallega hlutafélagsformið. Þess má geta að kauphallir í Danmörku (Københavns Fondsbörs) og Noregi (Oslo Börs) eru sjálfseignarstofn-

anir (selvejende institutioner). Í frumvarpi til laga um kauphallarstarfsemi, sem lagt hefur verið fram í Svíþjóð, er gert ráð fyrir að leyfi til reksturs kauphallar sé bundið við að slík starfsemi sé í formi hlutafélags (svenskt aktiebolag) eða „en svensk ekonomisk förening". Í Finnlandi er umrædd starfsemi í formi „andelsbolags" sem mun einna helst líkjast samvinnufélagsforminu.

Lagt er til að Verðbréfaþing Íslands hafi einkarétt á að stunda kauphallarstarfsemi hér á landi, eins og hún er nánar skilgreind í frumvarpinu, og starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Tillaga þessi byggist á því að talið er að verðbréfamarkaður hér á landi beri varla nema eitt fyrirtæki sem rekur kauphallarstarfsemi á faglegum grunni. Þess má geta hér að samkvæmt nýsettum dönskum lögum nr. 26 15. janúar 1992, um Köbenhavns Fondsbörs, hefur sú stofnun áfram einkarétt á að starfrækja kauphallarstarfsemi í Danmörku. Aðra skipan þessara mála er að vísu að finna í Noregi samkvæmt lögum nr. 57 frá 17. júní 1988 sem gera ráð fyrir að unnt sé að veita fleirum en Oslo Börs starfsheimild á þessu sviði. Engu að síður hefur sú þróun orðið í Noregi eftir setningu laganna að litlar kauphallir hafa lagt niður starfsemi eða sameinast Oslo Börs svo að nú er aðeins ein kauphöll þar í landi. Í Svíþjóð liggur fyrir frumvarp til laga um kauphallarstarfsemi sem gerir ráð fyrir að einkaréttur Stockholms Fondsbörs verði afnuminn.

Meginefni frumvarpsins er að öðru leyti sótt til gildandi reglna um Verðbréfaþing Íslands að teknu tilliti til þeirra breytinga sem nauðsynlegar þóttu vegna forms og efnis frumvarpsins. Einnig hafa hugmyndir verið sóttar til nágrannaþjóða okkar, aðallega Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Í þriðja lagi hefur verið tekið tillit til skuldbindinga Íslands sem leiðir af aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Vikið verður að greindum atriðum í umsögn um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað annars vegar um eignarform og stöðu Verðbréfaþings Íslands og hins vegar um hlutverk þess.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um eignarform Verðbréfaþingsins. Gert er ráð fyrir að það verði sjálfseignarstofnun sem hafi einkarétt á að stunda kauphallarstarfsemi hér á landi eins og slík starfsemi er nánar skilgreind í frumvarpinu, meðal annars í 2. gr., og starfsemi sem sé í eðlilegum tengslum við hana. Lagt er til að önnur starfsemi sé Verðbréfaþinginu óheimil. Um eignarformið og einkaréttinn er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Í þeirri tillögu að Verðbréfaþingið öðlist einkarétt á að stunda kauphallarstarfsemi hér á landi felst að því einu er heimilt að vera vettvangur reglubundinna opinberra viðskipta þar sem leidd eru saman kaup- og sölutilboð í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum verðbréfum með það fyrir augum að kaup og sala þeirra geti átt sér stað og að slík viðskipti séu skráð opinberlega. Samfara þessu hafi Verðbréfaþingið yfir að ráða viðskipta- og upplýsingakerfi þar sem birtar séu upplýsingar um verð og veltu. Um þessi atriði er nánar fjallað í öðrum greinum frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins um einkarétt Verðbréfaþingsins á að stunda kauphallarstarfsemi girða þó ekki fyrir það að t.d. verðbréfafyrirtæki geti birt opinberlega verð verðbréfa sem þau hafa til sölu eða óska eftir að kaupa á ákveðnu verði, hvort sem slík verðbréf eru skráð í Verðbréfaþinginu eða ekki. Slíkir viðskiptahættir eru þekktir í öðrum löndum þar sem kauphallarstarfsemi er stunduð og hafa verið nefndir „over the counter" viðskipti.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Verðbréfaþingið taki við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands sem nú starfar samkvæmt reglum nr. 26/1992. Í endurskoðuðu rekstraryfirliti Verðbréfaþingsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1991 kemur fram að heildartekjur á tímabilinu hafi verið 4.251.136 kr. og gjöld 2.386.311 kr. Nettó tekjur voru 1.864.825 kr. Efnahagsyfirlit frá 31. desember 1991 er sem hér segir:

Eignir:	
Innstæða í Seðlabanka	1.697.440
Vélbúnaður	828.667
Hugbúnaður	1.004.120
Inneign hjá þingaðilum	70.135
Eignir alls kr.	3.600.362
Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddir reikningar	323.936
Stofnframlög	1.674.960
Óráðstafað eigið fé	1.601.466
Skuldir og eigið fé	3.600.362

Ráðgert er að uppgjör fari fram hjá Verðbréfaþinginu við gildistöku laganna sem áætluð eru um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi, sbr. ákvæði 25. gr. frumvarpsins, og taki hið nýja Verðbréfaþing við eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþingsins eins og þær verða þá.

Ákvæði 3. mgr. eru efnislega hliðstæð sambærilegum ákvæðum í lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, og þarfnast ekki nánari skýringa.

Í 4. mgr. segir að heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins séu í Reykjavík. Þykir það eðlilegt þar sem höfuðstöðvar allra peninga- og fjármálastofnana eru í höfuðborg landsins.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. reglna nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands. Hlutverk Verðbréfaþingsins er þar skilgreint í meginatriðum í fimm töluliðum. Þar er m.a. kveðið á um eftirfarandi:

1. Að Verðbréfaþingið sé vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfræki í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi eins og nánar er fjallað um í VI. kafla frumvarpsins. Um viðskipta- og upplýsingakerfið vísast til reglna um það sem settar voru af stjórn Verðbréfaþingsins 3. febrúar 1992 og birtar eru í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Gera má ráð fyrir að greindar reglur komi til með að gilda við upphaf starfsemi Verðbréfaþingsins eða þar til stjórn þess ákveður annað.

2. Að Verðbréfaþingið geri faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila eins og nánar er greint í IV. kafla frumvarpsins. Um þessa þætti er fjallað í athugasemdum við greindan kafla frumvarpsins.
3. Að Verðbréfaþingið meti skráningarhæfi verðbréfa eins og nánar er fjallað um í V. kafla frumvarpsins. Um skráningu skuldabréfa og hlutabréfa ásamt skráningarlýsingu (útboðslýsingu) slíkra verðbréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða vísast til reglna frá 3. febrúar 1992 sem settar hafa verið af stjórn Verðbréfaþingsins og birtar eru í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Gera má ráð fyrir að greindar reglur muni gilda við upphaf starfsemi þingsins eða þar til stjórn þess ákveður annað.
4. Að Verðbréfaþingið skrái gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir. Hér kemur fram eitt meginhlutverk Verðbréfaþingsins, að skrá verðbréf sem metin hafa verið skráningarhæf, sbr. 3. tölul. hér að framan. Einnig skal það skrá upplýsingar um skráða verðbréfaflokka eftir því sem þurfa þykir. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins lætur stjórn Verðbréfaþingsins útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf sem almenningur hefur aðgang að. Um skráningu verðbréfa er að öðru leyti fjallað í V. kafla frumvarpsins.
5. Að Verðbréfaþingið hafi eftirlit með framkvæmd á reglum sem það setur. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum er bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt. Í VIII. kafla frumvarpsins er nánar greint frá eftirlitshlutverkum hvors aðila um sig.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórn Verðbréfaþingsins og fundi með þingaðilum.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn Verðbréfaþingsins verði skipuð á hliðstæðan hátt og mælt er fyrir um í núgildandi reglum þingsins. Þó er lögð til sú breyting að stjórnin sitji í tvö ár en ekki eitt eins og nú er. Almenn samstaða virðist vera meðal þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í starfsemi þingsins, að ekki sé tímabært að hrófla við stjórnarfyrirkomulaginu að sinni. Með reglum nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands voru gerðar nokkrar breytingar á skipan stjórnar. Fyrsta stjórn sem skipuð var samkvæmt þeim reglum tók við í júlí 1992. Enn sem komið er hefur því lítil reynsla fengist af núverandi skipan mála. Hins vegar virðist vera eining um að eins árs starfstími stjórnar sé of skammur.

Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að stjórn Verðbréfaþingsins við gildistöku laganna sitji til loka febrúar 1994.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru hliðstæð samsvarandi ákvæðum í 4. gr. reglna um Verðbréfaþingið og þarfnast ekki nánari skýringa.

Í 2. mgr. er lagt til að reglur, sem stjórnin setur, skuli birtar í Lögbirtingablaðinu. Hér er um nýmæli að ræða. Eðlilegt þykir að slíkar reglur séu birtar opinberlega enda geta þær varðað almenning en ekki einungis hinn þrönga hóp sem vinnur við kauphallarviðskipti.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að aðalfund Verðbréfaþingsins skuli halda fyrir febrúarlok ár hvert og að þar skuli leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar, sbr. ákvæði 16. og 17. gr. frumvarpsins er lúta að ársreikningi og endurskoðun. Í samræmi við eignarform Verðbréfaþingsins er ekki gert ráð fyrir að aðalfundur taki afstöðu til ársreiknings og skýrslu stjórnar. Aðalfundurinn hefur því ekkert formlegt vald eins og vera mundi ef eignarform Verðbréfaþingsins væri ákveðið sem hlutafélag þar sem fundir hluthafa eru æðsta vald í málefnum slíkra félaga, m.a. að því er varðar samþykki ársreikninga og kosningu stjórnar. Aðalfundurinn er því einungis hugsaður sem formleg athöfn í líkingu við ársfundi ýmissa sjóða og stofnana sem eru í eigu hins opinbera.

Í 2. mgr. er lagt til að rétt til setu á aðalfundi hafi auk stjórnarmanna, varamanna þeirra og framkvæmdastjóra fulltrúar allra þingaðila. Ákvæði þetta ber ekki að skilja svo að forsvarsmenn Verðbréfaþingsins geti ekki boðið gestum og fulltrúum fjölmiðla að vera viðstaddir aðalfund þess.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórnin geti, þegar hún telur tilefni til, boðað alla þingaðila til fundar. Hver þingaðili, sem ekki á fulltrúa í stjórn, á rétt á að senda einn fulltrúa á slíka fundi. Stjórninni er jafnframt skylt að boða til fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess. Fyrirmynd að fundum stjórnar með þingaðilum er í núgildandi reglum um Verðbréfaþingið. Með því breytta fyrirkomulagi, sem fyrirséð er verði frumvarp þetta að lögum, ber að líta á fundi þessa sem tækifæri stjórnar til að miðla upplýsingum til þingaðila og þiggja ráð þeirra í málum sem upp koma og kunna að verða tekin fyrir á slíkum fundum. Fundi þessa ber því að skoða sem ráðgefandi og ekki ætlaða til að binda hendur stjórnar við endanlega ákvörðun hennar í málefnum Verðbréfaþingsins.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um framkvæmdastjóra Verðbréfaþingsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að stjórn Verðbréfaþingsins ráði framkvæmdastjóra, ákveði kaup hans og kjör og setji honum erindisbréf. Framkvæmdastjórinn skal annast daglegan rekstur Verðbréfaþingsins. Í núgildandi reglum um Verðbréfaþingið er heimild til að ráða framkvæmdastjóra. Hún hefur ekki verið nýtt þar sem stjórnarformaður ásamt einum starfsmanni sem er launaður af Verðbréfaþinginu og einn starfsmaður peningamáladeildar Seðlabankans hafa að mestu séð um daglegan rekstur þingsins. Miðað við breyttar áherslur og væntanlega aukin umsvif Verðbréfaþingsins verði frumvarp þetta að lögum og starfsemi þess alfarið skilin frá Seðlabankanum þykir nauðsynlegt að ráðinn sé framkvæmdastjóri sem annist allan daglegan rekstur.

Í 2. mgr. er fjallað um búsetu- og hæfisskilyrði framkvæmdastjórans. Lagt er til að sett skuli sem skilyrði að hann sé búsettur hér á landi. Ákvæði þetta setur engin skilyrði um ríkisfang framkvæmdastjórans. Lagt er til að hæfisskilyrði skuli vera almenns eðlis, þ.e. að hann hafi óflekkað mannorð, hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og hafi til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar. Ekki er talin þörf á að setja fram kröfu um sértæk hæfisskilyrði, svo sem að framkvæmdastjórinn hafi leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Að áliti vinnuhópsins mundi slíkt þrengja um of þann hóp manna sem Verðbréfaþinginu stæði til boða. Í 3. mgr. er lagt til að settar séu eðlilegar takmarkanir á heimildir framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna Verðbréfaþingsins til að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan þess og taka þátt

í atvinnurekstri að öðru leyti. Slíkt verði einungis heimilt með sérstöku leyfi stjórnar. Jafnframt er lagt til að hlutafjáreign í fyrirtæki teljist þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ráði úrslitum um stjórnun þess og geti fyrst og fremst talist vera í eigu greindra aðila sem eðlilegur fjárfestingarkostur til ávöxtunar sparifjár. Rísi ágreiningur um ofangreind atriði er lagt til að bankaeftirlitið skeri úr. Í sérstökum tilvikum getur bankaeftirlitið veitt hlutaðeigandi frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar. Með ákvæðum málsgreinarinnar er reynt að girða fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í störfum þeirra fyrir Verðbréfaþingið. Jafnframt er verið að fyrirbyggja að greindir aðilar stundi spákaupmennsku eða nýti sér trúnaðarupplýsingar í starfi sínu til að auðgast eða forða sér frá tapi.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við viðteknar venjur um samskipti framkvæmdastjóra og stjórnar og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um þingaðila að Verðbréfaþinginu.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. fjallar um þá sem geta orðið aðilar að Verðbréfaþinginu. Lagt er til að þeir nefnist þingaðilar. Heiti þetta hefur verið notað frá stofnun Verðbréfaþingsins og fests í sessi. Þingaðilar hafa samkvæmt ákvæðum 1. mgr. rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Jafnframt er lagt til að þingaðilar geti einungis orðið þessir:

1. Seðlabanki Íslands.
2. Verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
3. Verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem starfa í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar.

Í 2. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til að veita verðbréfamiðlurum og verðbréfafyrirtækjum í öðrum ríkjum, þ.e. ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar, leyfi til að sækja um aðild að Verðbréfaþinginu að fenginni umsögn stjórnar þess.

Í 1. tölul. 1. mgr. er lagt til að Seðlabanki Íslands sé einn af þingaðilum. Seðlabankinn hefur verið þingaðili frá upphafi skipulegra verðbréfaviðskipta hér á landi og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir breytingu þar á enda hefur bankinn verið frumkvöðull slíkra viðskipta hér á landi. Þessi skipan mála á sér einnig langa hefð í nágrannalöndum okkar og má í því sambandi vísa til löggjafar á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum.

Í 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki, sem öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, geti orðið þingaðilar. Í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er að finna ákvæði um þessa aðila og hvaða skilyrði þeir verða að uppfylla til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar. Þau ákvæði verða ekki tíunduð frekar hér.

Í 3. tölul. 1. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að verðbréfamiðlarar og verðbréfa-

fyrirtæki, sem starfa í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar, geti orðið þingaðilar. Hér er um að ræða einn þátt í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu felst að áðurgreindir aðilar, sem uppfylla skilyrði töluliðs þessa, þurfa ekki að sækja sérstaklega um leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt hérlendum lögum um verðbréfaviðskipti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið á að tryggja að hérlendir aðilar njóti hliðstæðra réttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins þannig að eitt leyfi (single licence), sem gefið er út í heimalandi hlutaðeigandi aðila af lögbæru yfirvaldi, gildi innan allra ríkja svæðisins.

Í 2. mgr. er tekið á því hvernig skuli fara að ef verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins óska eftir leyfi til að sækja um aðild að Verðbréfaþinginu. Hér er einnig um nýmæli að ræða. Lagt er til að í slíkum tilvikum geti viðskiptaráðherra veitt slíkt leyfi að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþingsins. Sé greindum aðila eða aðilum frá „þriðja ríki" veitt heimild eins og hér um ræðir getur „gistiríkið" sett þau skilyrði fyrir leyfi sem það telur eðlileg og nauðsynleg. Slíkt leyfi, sem veitt er af aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir eingöngu innan þess aðildarríkis og veitir slíkum aðila frá „þriðja ríki" engan rétt til að krefjast sambærilegra réttinda í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæðin, sem rakin eru hér að framan, eru hliðstæð sambærilegum ákvæðum laga á þessu sviði sem gilda nú annars staðar á Norðurlöndum og frumvarpa til laga sem eru til umfjöllunar á þjóðþingum þar.

Efni 3. mgr. er sambærilegt gildandi ákvæðum reglna um Verðbréfaþingið og byggir á sérstöðu Seðlabankans og lagahömlum sem gilda um hann varðandi samkeppni um viðskipti á verðbréfamarkaðnum og við innlánsstofnanir.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða ákvæði 2. mgr. 8. gr. gildandi reglna um Verðbréfaþingið. Í því er áréttað að þingaðilar einir hafi rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Vakin er athygli á því að orðið „þingaðili" nær einungis til verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og Seðlabankans. Fulltrúar útgefenda verðbréfa, sem kunna að eiga sæti í stjórn Verðbréfaþingsins, eru ekki þingaðilar, svo dæmi sé tekið.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um umsóknir um aðild að Verðbréfaþinginu. Lagt er til að umsóknir um aðild séu lagðar fyrir stjórn Verðbréfaþingsins, þó er gerð undantekning að því er varðar Seðlabanka Íslands. Hvorki er talið nauðsynlegt né eðlilegt að Seðlabankinn leggi fram umsókn um aðild þar sem honum er tryggð aðild skv. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Stjórn Verðbréfaþingsins skal gæta þess að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. gr. og 1. og 2. tölul. 9. gr.

Í 1. og 2. tölul. þessarar greinar er fjallað annars vegar um að umsækjandi hafi til að bera næga reynslu í verðbréfaviðskiptum og hins vegar að umsækjandi gefi og undirriti drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og í einu og öllu í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ekki þykir ástæða til að leggja til frekari skilyrði en fram koma undir 1. og 2. tölul. þar sem aðild takmarkast við aðila sem greindir eru í 2. og 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þar af leiðandi þótti ekki ástæða til þess að viðhalda skilyrðum núgildandi reglna Verðbréfaþingsins um menntun umsækjenda og að settar séu sérstakar tryggingar til efnda á

skyldum í viðskiptum. Menntunarskilyrði þykir fullnægt með tilliti til skilyrðanna um leyfisveitingu hérlendis eða erlendis skv. 2. og 3. tölul. og 2. og 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Sama gildir um tryggingar með tilvísun til framangreindra forsendna. Jafnframt skal bent á að samkvæmt frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, þurfa verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki að afla sér trygginga, sem bæta eiga tjón sem þessir aðilar gætu bakað viðskiptamanni, til að geta öðlast starfsleyfi.

Um 10. gr.

Efni 10. gr. frumvarpsins er hliðstætt efni 10. gr. reglna 26/1992 um Verðbréfaþingið. Efni greinarinnar þarfnast ekki nánari skýringa en rétt er að taka fram að þær ávirðingar, sem um ræðir, geta verið af faglegum, fjárhagslegum og siðferðilegum rótum runnar, sbr. ákvæði 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11., 12. og 14. gr. reglna Verðbréfaþingsins. Í samræmi við ákvæði í samningi um Evrópskt efnahagssvæði er bætt við einu ákvæði, 3. tölul., sem gerir þá kröfu til stjórnar Verðbréfaþingsins að hún tilkynni þingaðila ákvörðun sína um umsókn um skráningu innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn var lögð fram. Í núgildandi reglum Verðbréfaþingsins er þessi afgreiðslufrestur mun styttri, eða tveir mánuðir.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. tölul. 2. gr. frumvarpsins hefur stjórn Verðbréfaþingsins sett reglur um skráningu skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Núgildandi reglur um þetta efni eru frá 3. febrúar 1992 og eru þær birtar í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Vikið hefur verið að því hér að framan að gera má ráð fyrir að greindar reglur gildi við upphaf starfsemi Verðbréfaþingsins eða þar til stjórn þess ákveður annað. Um efni reglnanna vísast til fylgiskjalsins.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er lagt til að sett verði fyllri ákvæði en nú gilda samkvæmt reglum Verðbréfaþingsins um skyldu stjórnar til að fella verðbréf af skrá Verðbréfaþingsins og niðurfellingu af skrá samkvæmt ósk útgefanda skráðra verðbréfa eða þingaðila fyrir hans hönd. Einnig er lagt til að viðskiptaráðherra geti tímabundið stöðvað öll viðskipti á Verðbréfaþinginu þegar sérstakar aðstæður krefjast þess.

1. mgr. er að efni til hliðstæð 15. gr. núgildandi reglna um Verðbréfaþingið. Annars vegar er um að ræða skyldu stjórnar Verðbréfaþingsins til að fella af skrá verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði 11. gr. frumvarpsins og reglna sem stjórnin setur í því sambandi. Hins vegar er um að ræða heimild stjórnarinnar til að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til. Ákvæði í þá veru, sem lýst er hér að framan, eru hliðstæð sambærilegum ákvæðum sem gilda í öðrum ríkjum þar sem kauphallarstarfsemi er þróuð.

Í 2. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að útgefandi skráðra verðbréfa eða þingaðili fyrir hans hönd geti óskað eftir því skriflega að hlutaðeigandi verðbréf verði felld af skrá

Verðbréfaþingsins. Jafnframt eru settar fram tillögur um að strangari reglur gildi sé um hlutabréf að ræða. Í slíkum tilvikum skal beiðni um niðurfellingu fylgja staðfesting á að hluthafar í hlutaðeigandi félagi hafi samþykkt slíka niðurfellingu með auknum meiri hluta greiddra atkvæða á hluthafafundi. Eðlilegt þykir að gera strangari kröfur til beiðni um niðurfellingu af skrá sé um hlutabréf að ræða en beiðni varðandi skuldabréf og er þá litið til eðlis hlutabréfa. Hlutabréf eru gefin út án tímamarka en skuldabréf hafa almennt fyrir fram ákveðinn líftíma. Eðli máls samkvæmt er því meira í húfi fyrir eigendur hlutabréfa að hafa aðgang að upplýsingum um markaðsverð þeirra á hverjum tíma. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í norskri löggjöf.

Efni 3. mgr. er nýmæli. Þar er lagt til að stjórn Verðbréfaþingsins skuli verða við beiðni um niðurfellingu af skrá skv. 2. mgr. nema slíkt teljist andstætt hagsmunum verðbréfamarkaðarins. Með þessu er lagt til að stjórnin meti hvort hafna beri beiðni, t.d. í þeim tilvikum að hún telji hagsmunum fjárfesta betur borgið með því að viðhalda skráningu hlutaðeigandi verðbréfa. Þess eru dæmi erlendis að svona beiðni sé hafnað. Slíks er t.d. getið í ársskýrslu Helsingfors Fondsbörs 1991.

Nýmæli er í 4. mgr. þar sem lagt er til að viðskiptaráðherra geti tímabundið stöðvað öll viðskipti í Verðbréfaþinginu þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Jafnframt er lagt til að ráðherra skuli leitast við að hafa samráð við stjórn Verðbréfaþingsins áður en slík ákvörðun er tekin. Ákvæði þessi eru m.a. efnislega samhljóða 42. gr. í lögum um Köbenhavns Fondsbörs. Eins og kunnugt er geta utanaðkomandi atburðir á verðbréfa- og fjármálamörkuðum, hvort sem er hérlendis eða erlendis, orðið þess valdandi að talið er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi heimild til að grípa fyrirvaralaust inn í rás atburða með þeim hætti sem hér er lagt til. Eðlilegt þykir að leggja til að inngrip af þessu tagi sé á valdi og ábyrgð ráðherra. Of tafsamt þykir að leggja til að ráðherra þurfi að hafa fyrir fram samráð við stjórn Verðbréfaþingsins þar sem viðbúið er að atburðir, sem leitt geta til þess að ákvæði 4. mgr. verði beitt, gerist að jafnaði fyrirvaralítið.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um viðskipta- og upplýsingakerfi Verðbréfaþingsins. Lagt er til að VI. kafli núgildandi reglna Verðbréfaþingsins verði að efni til lögfestur að mestu óbreyttur. Um viðskipta- og upplýsingakerfi Verðbréfaþingsins gilda nú reglur sem stjórn þess setti 3. febrúar 1992. Gert er ráð fyrir að reglur þessar gildi við upphaf starfsemi Verðbréfaþingsins þar til stjórn þess ákveður annað. Reglurnar eru birtar í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Um 13.–15. gr.

Eins og að framan getur eru 13.–15. gr. að mestu leyti samhljóða núgildandi reglum Verðbréfaþingsins um viðskipta- og upplýsingakerfi þess. Ekki þykir ástæða til að taka upp ákvæði 17. gr. reglna um Verðbréfaþingið. Í henni er kveðið á um að þingaðili skuli senda öllum öðrum þingaðilum upplýsingar um fjölda, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að eða vill eiga viðskipti með fyrir eigin reikning. Skilyrðum þessum þykir fullnægt með vísan til 13. gr., sbr. 15. gr. frumvarpsins. Enn fremur þykir ekki ástæða til að taka upp ákvæði 1. málsl. 19. gr. reglna um Verðbréfaþingið um að stjórnin setji reglur um skiptingu sölulauna þegar tveir eða fleiri þingaðilar eiga viðskipti með verðbréf sín á milli í viðskiptakerfinu. Eðlilegra þykir að slíkt ráðist af samkomulagi aðila.

Vakin er athygli á niðurlagi 13. gr. sem felur í sér að stjórn Verðbréfaþingsins get-

ur krafist upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf enda þótt viðskiptin eigi sér stað utan viðskiptakerfis hennar. Til frekari upplýsinga er vísað til reglna Verðbréfaþingsins 3. febrúar 1992 um viðskipta- og upplýsingakerfið sem eru birtar í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um ársreikning Verðbréfaþingsins og endurskoðun hans. Ákvæði þessa kafla er að efni til byggt á hliðstæðum ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með áorðnum breytingum, ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins, svo og höfð hliðsjón af lögum um þetta efni annars staðar á Norðurlöndum.

Um 16. og 17. gr.

Ákvæði 16. og 17. gr. þarfnast ekki nánari skýringa.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með starfsemi Verðbréfaþingsins af hálfu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og eftirlitshlutverk stjórnar Verðbréfaþingsins. Samkvæmt 5. tölul. 2. gr. frumvarpsins er eitt af hlutverkum Verðbréfaþingsins að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum sem settar hafa verið af stjórn þess. Jafnframt er kveðið á um að það skuli hafa samvinnu við bankaeftirlitið á þeim sviðum þar sem það gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt. Ákvæði VIII. kafla frumvarpsins eru nánari útfærsla á tilgreindum eftirlitshlutverkum.

Um 18. gr.

Það má telja algilda reglu að kauphallarstarfsemi sé háð eftirliti opinberra eftirlitsaðila. Vísa má til fordæma austan og vestan hafs því til stuðnings. Annars staðar á Norðurlöndum er eftirlitshlutverkið falið hlutaðeigandi eftirlitsstofnunum sem eru Finanstilsynet í Danmörku, Bankinspektionen í Finnlandi, Kredittilsynet í Noregi og Finansinspektionen í Svíþjóð. Í reglum Evrópubandalagsins er jafnframt gert ráð fyrir að eftirlitshlutverkið sé falið lögbæru yfirvaldi (competent authority) í hlutaðeigandi ríki. Hér á landi er slíkt lögbært yfirvald bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið hafi eftirlit með að starfsemi Verðbréfaþingsins sé í samræmi við ákvæði frumvarps þessa og reglna eða reglugerða settra á grundvelli þess. Jafnframt er kveðið á um að bankaeftirlitinu sé heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi Verðbréfaþingsins, þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem það telur nauðsynleg til þess að geta gegnt eftirlitshlutverki sínu. Bankaeftirlitið hefur hingað til haft aðgang að gögnum og upplýsingum vegna eftirlits þess með starfsemi Verðbréfaþingsins á grundvelli reglna um þingið. Sambærilegan aðgang hefur bankaeftirlitið haft að gögnum og upplýsingum hjá þingaðilum, annaðhvort á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989, eða laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, eftir því sem við hefur átt. Aftur á móti hefur bankaeftirlitið skort lagaheimildir til að hafa slíkan aðgang að gögnum og upplýsingum hjá útgefendum skráðra verðbréfa. Óhjákvæmilegt þykir að bankaeftirlitið hafi slíkar heimildir til þess að það geti gegnt eftirlitshlutverki sínu á verðbréfamarkaðnum á eðlilegan og raunhæfan hátt. Lagt er til að úr þessu verði bætt með ákvæðum 1. mgr. Í lok 1. mgr. er áréttað að ákvæði laga um Seðlabanka Íslands og laga um verðbréfaviðskipti geti gilt um eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins í þessum efnum eftir því sem við getur átt.

Í 2. mgr. er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins skuli stjórn Verðbréfaþingsins annast eftirlit með því að verðbréfaviðskipti á Verðbréfaþinginu séu í samræmi við ákvæði frumvarpsins og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Með þessu ákvæði er lagt til að stjórnin sé skyldug til að sinna eftirliti sjálf (selvregulering). Eftirlit hennar á þrátt fyrir það á engan hátt að koma í veg fyrir að bankaeftirlitið sinni lögbundnu eftirlitshlutverki sínu hvar og hvenær sem það ákveður slíkt.

Í 2. málsl. 2. mgr. eru stjórn Verðbréfaþingsins veittar hliðstæðar heimildir og lagt er til í 1. mgr. að bankaeftirlitið öðlist varðandi aðgang að gögnum og upplýsingum um starfsemi þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks síns. Í 3. málsl. 2. mgr. er tíundað hvernig stjórn og starfsmenn Verðbréfaþingsins skuli bregðast við verði þeir þess áskynja að brotið hafi verið gegn ákvæðum frumvarps þessa, verði það að lögum, og reglugerða og reglna. Jafnframt er skylt að gera bankaeftirlitinu viðvart í slíkum tilvikum.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórn eða starfsmenn Verðbréfaþingsins skuli þegar gera bankaeftirlitinu viðvart verði þeir í starfi sínu varir við starfsemi sem ætla má að sé í andstöðu við önnur lög, reglur eða reglugerðir en getið er í 2. mgr., enda sé umrædd starfsemi til þess fallin að skaða hagsmuni verðbréfamarkaðarins. Ákvæði 3. mgr. eiga helst við um viðbrögð við meintum brotum á öðrum lögum, reglum eða reglugerðum sem gilda á sviði verðbréfaviðskipta og almennum hegningarlögum. Í þessu sambandi ber þó einkum að líta til ákvæða laga um verðbréfaviðskipti um misnotkun trúnaðarupplýsinga (innherjaviðskipti). Ákvæði um innherjaviðskipti eru nú í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þau hafa að undanförnu verið til umfjöllunar í endurskoðun þeirri sem farið hefur fram á löggjöf á fjármálasviðinu og er fjallað um slík viðskipti og viðurlög við þeim í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Í 4. mgr. er áréttað það sem að framan er sagt að ákvæði 2. mgr. um eftirlit stjórnar Verðbréfaþingsins skerði í engu rétt bankaeftirlitsins til eftirlits og aðgerða telji bankaeftirlitið slíkt nauðsynlegt.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla frumvarpsins er fjallað um ýmis ákvæði er varða rekstur Verðbréfaþingsins, þátttöku þess í öðrum rekstri, bann við lánveitingum og að takast á hendur ábyrgðir og þagnarskyldu.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að kostnaður af rekstri Verðbréfaþingsins skuli greiddur af tekjum þess samkvæmt gjaldskrá sem stjórnin setur. Óþarft þykir að leggja til að lögfest séu ítarlegri ákvæði um þetta efni þar sem framangreind tillaga gefur stjórninni að líkindum þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er í þessum efnum. Þó skal þess getið að erlendis eru dæmi um að kauphallir hafi staðið frammi fyrir fjárhagsvanda þegar dregið hefur úr verðbréfaviðskiptum án þess að skyldur kauphallar hafi minnkað að sama skapi. Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er birt núgildandi gjaldskrá Verðbréfaþingsins sem sett var með heimild í 21. gr. reglna um þingið 6. mars 1992.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn Verðbréfaþingsins geti ákveðið að taka þátt í stofnun

og starfrækslu verðbréfamiðstöðvar og greiðslujöfnunarkerfis fyrir verðbréf. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Verðbréfaþinginu sé óheimil önnur starfsemi en kauphallarstarfsemi þykir eðlilegt og nauðsynlegt að þingið geti verið þátttakandi í ofangreindri starfsemi á verðbréfamarkaðnum þegar og ef slíkri starfsemi verður komið á fót hér á landi. Með verðbréfamiðstöð er átt við tölvuskráningu verðbréfa eða pappírslaus verðbréfaviðskipti en slík aðferð við útgáfu verðbréfa á markaði hefur rutt sér til rúms erlendis og standa aðrar Norðurlandaþjóðir þar fremstar, einkum Danir. Hinn 3. janúar 1991 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem fjallaði um „hvernig koma megi á skjalalausum verðbréfaviðskiptum þar sem skráning í tölvubúnaði verðbréfamiðstöðvar sé fullgild aðferð við kaup og sölu verðbréfa og geti komið í stað útgáfu verðbréfa á pappír og síðari meðferð þeirra á lög- og venjubundinn hátt". Nefndin skilaði áliti 22. október 1991. Mál þetta er eins og sakir standa ekki komið á framkvæmdastig.

Í löndum, þar sem kauphallarstarfsemi er þróuð og viðskipti mikil, eru starfrækt sérstök greiðslujöfnunarkerfi (clearing) þar sem uppgjör viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum fer fram. Hér á landi er enn sem komið er engu slíku til að dreifa, m.a. vegna smæðar verðbréfamarkaðarins. Líklegt er að þörf fyrir skipulegt greiðslujöfnunarkerfi vaxi í náinni framtíð með auknum umsvifum á verðbréfamarkaðnum, m.a. á milli landa. Slík kerfi eru jafnframt trygging fyrir fjárfesta fyrir skjótum og öruggum viðskiptum á markaðnum. Nauðsynlegt þykir því að leggja til að Verðbréfaþingið geti verið þátttakandi í slíku greiðslujöfnunarkerfi.

Í núgildandi reglum um Verðbréfaþingið er kveðið á um að þingaðilar geri upp viðskipti beint sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur og beri ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf. Stjórn þingsins hefur sett reglur á þessu sviði og eru þær í III. kafla reglna um viðskipta- og upplýsingakerfið sem birtar eru í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Um 21. gr.

Efni greinarinnar er áréttíng á þeirri meginreglu sem kemur fram í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að Verðbréfaþinginu sé óheimil önnur starfsemi en kauphallarstarfsemi, sbr. þó ákvæði 20. gr.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um þagnarskyldu stjórnarmanna og allra starfsmanna Verðbréfaþingsins. Ákvæði 1. mgr. eru hliðstæð sambærilegum ákvæðum annarra gildandi laga á fjármálamarkaðnum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé Verðbréfaþinginu heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar, þó að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi og gilda hér á landi. Ákvæði í þessa veru þykir nauðsynlegt vegna erlendra samskipta. Þess má geta hér að Verðbréfaþingið tekur nú virkan þátt í samstarfi kauphalla á Norðurlöndum jafnframt því sem þátttaka er hafin að einhverju leyti í samtökum kauphalla á alþjóðavettvangi (Fédération International des Bourses de Valeurs). Jafnframt eru ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. um gagnkvæman trúnað vegna upplýsinga sem Verðbréfaþingið kynni að fá hjá greindum erlendum aðilum.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér að aðildarríki skuli kveða á um þagnarskyldu eins og lagt er til í þessari grein.

Um X. kafla.

Í X. kafla frumvarpsins er fjallað um viðurlög við brotum. Efni kaflans er hliðstætt sambærilegum ákvæðum laga á fjármálamarkaði.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla frumvarpsins er fjallað um heimild ráðherra til að setja reglugerð, gildistöku og niðurfellingu reglna nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er lagt til að núverandi stjórn Verðbréfaþingsins sitji til febrúarloka 1994. Hún tók til starfa í júlí 1992 samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi reglum um Verðbréfaþingið og ætti samkvæmt þeim reglum að starfa til febrúarloka 1993. Í ljósi þess að í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að skipunartími stjórnar verði lengdur úr einu ári í tvö ár og að mikilvægt er að stjórn, sem kunnug er starfsemi þingsins, leiði það um sinn eftir að frumvarp þetta verður að lögum er talið eðlilegt að núverandi stjórn sitji áfram til febrúarloka 1994.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæði þessu er lagt til að verðbréf, sem eru skráð á Verðbréfaþinginu við gildistöku frumvarps þessa, haldi skráningunni við upphaf starfsemi þess samkvæmt lögum þessum án þess að sérstaklega sé sótt um skráningu fyrir þau. Yfirfærsluákvæði þetta þykir nauðsynlegt til að fyrirbyggja að tómarúm myndist á verðbréfamarkaðnum í viðskiptum með skráð verðbréf. Jafnframt mæla engin haldbær rök með því að sækja þurfi sérstaklega um skráningu þeirra verðbréfa sem stjórn Verðbréfaþingsins hefur þegar viðurkennt sem markaðshæf.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Eðlilegt þykir að leggja til að þingaðilar að Verðbréfaþinginu við gildistöku frumvarps þessa skv. 25. gr. verði það áfram án þess að þeir sæki sérstaklega um aðild skv. 9. gr., enda fullnægi þeir skilyrðum IV. kafla frumvarpsins um aðild að Verðbréfaþinginu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og er ætlað að taka gildi sem lög um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi. Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins mun kostnaður af rekstri Verðbréfaþingsins greiðast af tekjum þess samkvæmt gjaldskrá sem stjórn þingsins setur. Eftirlit með starfsemi Verðbréfaþingsins mun falla á bankaeftirlitið skv. 18. gr., auk þess sem stjórn þingsins ber ábyrgð á starfsemi þess. Beinn kostnaður ríkissjóðs verður því enginn af starfsemi þingsins nema hvað stjórnsýsluumfang viðskiptaráðuneytis mun aukast af þessum sökum þar sem verðbréfaviðskipti og umsjá með þeim fer vaxandi.

Fylgiskjal 1.

Reglur um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI
Stofnun og hlutverk
1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m. a. eftirfarandi:

a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi sbr. VI. kafla;
b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila sbr. IV. kafla;
c) að meta skráningarhæfi verðbréfa sbr. V. kafla;
d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
e) að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum þingsins og í því skyni að hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

II. KAFLI
Stjórn og fundir þingaðila
3. gr.

Stjórn þingsins skipa sjö menn, og skulu þeir valdir til eins árs í senn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Seðlabankinn skal tilnefna formann. Aðrir þingaðilar skulu kjósa tvo menn og skal annar þeirra vera varaformaður, útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tvo menn, Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra einn mann, sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að þinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði

jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Ársfundur stjórnar og þingaðila skal haldinn fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar, aðrir en Seðlabankinn, fulltrúa í stjórn og varastjórn svo og einn endurskoðanda beinni kosningu. Reikningar þingsins skulu lagðir fram á þessum fundi til samþykktar. Jafnframt skal fundurinn ákveða þóknun stjórnar og endurskoðenda.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

Auk stjórnarmanna situr einn fulltrúi hvers þingaðila, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn þingsins, fundi skv. 1. og 2. mgr. og aðra þar sem kveðið er á um að stjórn og þingaðilar komi saman. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði stjórnarformanns úrslitum. Við stjórnarkjör skal þó atkvæðamagn hvers þingaðila vera í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI
Framkvæmdastjóri
6. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Stjórn þingsins ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur þingsins. Hann ræður starfsfólk að höfðu samráði við stjórn þingsins.

7. gr.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar þingsins og taka þátt í umræðum, nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur stjórn þingsins reglulega skýrslur um starfsemi þingsins.

IV. KAFLI
Þingaðilar
8. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

2

Þingaðilar hafa einir rétt á að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á þinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi reglum um aðild að þinginu sem stjórnin setur sem að minnsta kosti skulu fela í sér eftirfarandi atriði:

a) Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði;
b) hefur til að bera nægа menntun og reynslu í verðbréfaviðskiptum;
c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efndum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
d) hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

10. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 9. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI
Skráning verðbréfa

11. gr.

Verðbréf fást skráð í viðskiptakerfi þingsins þegar þingaðili, fyrir hönd útgefanda, óskar þess og stjórn þingsins samþykkir.

12. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um verðbréfaflokka sem teknir eru til skráningar og skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

a) Að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf.
b) Að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans, sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna, skv. reglum sem stjórnin setur.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. gilda um öll skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, þ.m.t. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem sótt er um að skráð séu í viðskiptakerfi þingsins.

14. gr.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

15. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið
16. gr.

Stjórnin skal setja reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, þar sem kveðið skal á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfi þingsins eða utan þess.

17. gr.

Í samræmi við reglur skv. 16. gr. skal þingaðili senda öllum öðrum þingaðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að eða vill eiga viðskipti með fyrir eigin reikning sbr. þó 20. gr.

18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar tveir eða fleiri þingaðilar eiga viðskipti með verðbréf sín í milli í viðskiptakerfi þingsins. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að

annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur skv. 16. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Gjaldskrá o.fl.

21. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að setja gjaldskrá sem hefur að geyma ákvæði um tekjur þingsins af stofngjöldum, skráningargjöldum o.þ.h. eins og nánar er ákveðið í reglum þessum. Gjaldskráin skal staðfest á fundi stjórnar og þingaðila innan eins mánaðar frá ákvörðun stjórnar.

22. gr.

Innheimta skal óafturkræft inntökugjald, sem allir þingaðilar greiða til þingsins. Einnig getur stjórn þingsins ákveðið að þingaðilar greiði árgjald til þingsins sem sé fast gjald og/eða gjald, sem sé fyrirfram ákveðið hlutfall af sölu verðbréfa skráðra á þinginu.

23. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skráningargjald fyrir hvern flokk verðbréfa sem tekinn er á skrá þingsins svo og árlegt gjald fyrir viðhald skráningar hvers flokks. Gjöld þessi eru óafturkræf.

24. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skuli gjald vegna afgreiðslu umsóknar um að hlutafélag annist sjálft útgáfu eigin markaðsverðbréfa, sbr. ákvæði 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Stjórnin getur ákveðið að innheimt skuli gjald fyrir upplýsingar sem látnar eru í té með reglubundnum hætti svo og fyrir gögn sem afhent eru.

25. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skv. reglum þessum skal greiddur af tekjum þess, sem aflað er skv. þessum kafla.

Færa skal sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn á ársfundi stjórnar og

þingaðila sbr. 5. gr.

Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Nú sér stjórn þingsins fyrir fjárvöntun eða erfiðleika í rekstri þingsins, og skal hún þá, að undangengnum tilraunum stjórnar og þingaðila til að leysa vandann, án óhæfilegs dráttar gera viðskiptaráðherra og bankastjórn Seðlabankans grein fyrir stöðu mála.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði
27. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða siðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

28. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

29. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans.

30. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila getur ákveðið að þingið taki þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamiðstöðvar og/eða greiðslujöfnunarkerfis ("clearing") fyrir verðbréf.

31. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn þingsins skulu undirrita yfirlýsingu þar sem þeir heita þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila þingsins, málefni þingsins sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins, nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt eða dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þinginu heimilt að eiga gagnkvæm

upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld hér á landi og erlendis er varða eftirlit með verðbréfaviðskiptum.

32. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr.36/1986 um Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra og öðlast gildi 1. febrúar 1992. Þann dag falla jafnframt úr gildi reglur nr. 166 frá 4. apríl 1990 um Verðbréfaþing Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en fyrir árslok 1993. Skal þá að því stefnt að fulltrúi minni fjárfesta verði tilnefndur með öðrum hætti en segir í 3. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. gr. skal val stjórnar árið 1992 fara fram á tímabilinu 15. júní til og með 30. júní 1992. Sé stjórn ekki fullskipuð hinn 1. júlí 1992 á þann hátt er 1. mgr. 3. gr. ákveður, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar. Núverandi stjórn þingsins skal starfa áfram þar til ný hefur verið valin.

III.

Seðlabanki Íslands veitir Verðbréfaþingi Íslands og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu í samráði við stjórnina uns þingið flytur í aðsetur utan bankans.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði í 11. gr. um að umsókn um skráningu verðbréfa skuli berast frá þingaðila, er stjórn þingsins heimilt, fram til 1. júlí 1992, að taka við umsóknum um skráningu hlutabréfa beint frá útgefanda þeirra, enda sé áætlað markaðsverðmæti hlutabréfa þess útgefanda minnst 1 milljarður króna.

Seðlabanki Íslands

Reykjavík, 16. janúar 1992

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið

21 janúar 1992

Fylgiskjal 2.

Reglur um skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþingi Íslands

I. Inngangur

1. gr.

Flokkur skuldabréfa (hér eftir einnig nefndur flokkur) fæst skráður á Verðbréfaþingi Íslands (hér eftir nefnt Verðbréfaþing eða þing) þegar þingaðili f.h. útgefanda óskar þess og stjórn Verðbréfaþings samþykkir.

Með flokki skuldabréfa er átt við framseljanleg skuldabréf, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups, þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þ.á m. nafn útgefanda (skuldara), útgáfudagur (1. vaxtadagur), grunnvísitala, lánstími, endurgreiðsluform, gjalddagar, veð, ábyrgðir eða aðrar tryggingar, uppsagnarákvæði, skattskylda og stimpilskylda. Skuldabréf í sama flokki skulu hafa að geyma sams konar réttindi.

Með umsjónaraðila í reglum þessum er átt við þingaðila sem sækir um skráningu skuldabréfa fyrir útgefanda á Verðbréfaþingi Íslands.

II. Skilyrði fyrir skráningu

2. gr.

Útgefandi skuldabréfa skal uppfylla ákvæði laga, reglugerða og annarra opinberra fyrirmæla, sem um starfsemi hans kunna að gilda, t.d. um stofnun starfseminnar, auk þess sem starfsemin verður að öðru leyti að vera í samræmi við gildandi samþykktir útgefanda.

Skuldabréf sem óskað er skráningar á skulu jafnframt vera í samræmi við sett lög og reglur, sem um þau gilda.

3. gr.

Heildarfjárhæð seldra skuldabréfa í hverjum flokki skal ekki vera lægri en 15 milljónir króna. Breytist kaupgengi evrópskrar mynteiningar (ECU) frá því sem það var 31. janúar 1992, kr. 73,539, breytist framangreind fjárhæð hlutfallslega í samræmi við það til hækkunar eða lækkunar.

4. gr.

Stjórn Verðbréfaþings getur heimilað skráningu þó svo að skilyrði 3. gr. sé ekki fullnægt, sé stjórn Verðbréfaþings þess fullviss að nægilegur markaður verði fyrir skuldabréfin.

5. gr.

Viðskipti með skuldabréf skulu vera án takmarkana. Stjórn Verðbréfaþings getur þó samþykkt takmarkanir ef rök mæla með slíku.

6. gr.

Með tilteknum fyrirvara áður en skráning hefst, sbr. reglur sem stjórn Verðbréfaþings setur, skal almenningur eiga þess kost að fá eftirtalin gögn án endurgjalds hjá útgefanda og/eða aðilum sem annast milligöngu fyrir útgefanda, eftir því sem við á:

1. Samþykktir útgefanda.

2. Síðasta ársreikning, svo og hlutaársreikning yfirstandandi árs.

3. Skráningarlýsingu skuldabréfanna sem stjórn Verðbréfaþings hefur samþykkt, sbr. fylgiskjal með reglum þessum.

Endanleg skráningarlýsing skal á sama tíma hafa borist stjórn Verðbréfaþings í tólf eintökum.

7. gr.

Útgefandi skal birta auglýsingu um skráningu a.m.k. einu sinni í einu dagblaði sem hefur almenna dreifingu. Í slíkri auglýsingu má gefa upplýsingar um efni skráningarlýsingar og hana má birta í heild. Að öðru leyti má ekki í auglýsingunni felast neins konar hvatning eða áróður fyrir því að almenningur kaupi skuldabréfin. Í auglýsingunni skal koma fram hvar gögn skv. 6. grein eru fáanleg. Tilgangur auglýsingarinnar skal fyrst og fremst vera sá að vekja athygli á, að samþykkt hafi verið að skrá skuldbréfin á Verðbréfaþingi Íslands og að allar upplýsingar, sem málið varði, séu veittar í þeim gögnum.

8 gr.

Heimilt er að skrá breytanleg skuldabréf (convertibles) eða skuldabréf með kauprétti (warrants), ef hlutabréf sama útgefanda eru þegar skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn Verðbréfaþings getur, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, ákveðið að skráning sé heimil þótt hlutaðeigandi hlutabréf séu ekki skráð á þinginu, enda sé tryggt að til reiðu séu allar þær upplýsingar sem þarf til að hægt sé að mynda sér skoðun á verðgildi hlutabréfa sem þessi skuldabréf tengjast.

III. Umsóknir um skráningu skuldabréfa og afgreiðsla þeirra.

9. gr.

Umsókn um skráningu skulu fylgja drög að skráningarlýsingu í því formi sem reglur þingsins mæla fyrir um, sbr. fylgiskjal með reglum þessum.

10. gr.

Stjórn Verðbréfaþings samþykkir, vísar frá eða hafnar umsókn með skriflegu svari innan tveggja mánaða frá því að fullbúin umsókn var lögð fram og rökstyður ástæður eða skilyrði afgreiðslunnar eða, ef stjórn Verðbréfaþings telur þörf á frekari upplýsingum á þeim tíma, þá innan tveggja mánaða frá því að umsækjandinn leggur þær fram. Samþykki hún að taka bréfin á skrá þingsins tilgreinir hún jafnframt hvenær skráningin hefst.

Stjórn Verðbréfaþings er heimilt að hafna umsókn um opinbera skráningu á flokki skuldabréfa, telji hún að aðstæður útgefanda séu slíkar að skráning þeirra sé öndverð hagsmunum fjárfesta. Skal hún rökstyðja afstöðu sína.

11. gr.

Hafni stjórn Verðbréfaþings umsókn um skráningu skuldabréfa, sbr. 10. grein, er umsækjanda heimilt að leggja slíka ákvörðun fyrir gerðardóm til úrskurðar. Sama á við ef stjórn Verðbréfaþings ákveður að hætta skráningu skuldabréfa. Hvor aðili um sig skipar einn fulltrúa í gerðardóminn, en oddamaður skal skipaður af Yfirborgardómaranum í Reykjavík. Kostnaður vegna gerðardómsins skiptist á aðila málsins í því hlutfalli sem oddamaður dómsins ákveður. Málsaðilar eru að öllu leyti bundnir við gerðina.

IV. Gjöld

12. gr.

Árlegt gjald fyrir skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþingi og skráningargjald, skal ákveðið sérstaklega af stjórn þess fyrirfram fyrir hvert ár í senn og birt opinberlega. Umsjónaraðili með skráningu skuldabréfa skal sjá um greiðslu árgjaldsins til Verðbréfaþings fyrir hönd útgefanda.

V. Stöðvun skráningar

13. gr.

Uppfylli útgefandi skráðra skuldabréfa ekki lengur reglur þessar, getur stjórn Verðbréfaþings ákveðið að skýra frá því opinberlega. Stjórn Verðbréfaþings getur einnig ákveðið að taka bréf af skrá þingsins um tíma eða að fullu og öllu, ef eðlilegri starfsemi markaðarins getur verið eða er um tíma stefnt í voða og ef vernd fjárfesta krefst þess. Sé bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta skulu skráð skuldabréf hans tekin af skrá þingsins. Áður en ákvörðun um stöðvun skráningar skuldbréfa er tekin, skal gefa forsvarsmönnum kost á því að skýra ástæður sínar. Óski útgefandi þess

sjálfur að skuldabréf hans séu tekin af skrá þingsins skal stjórn þingsins verða við þeirri ósk að undangenginni athugun á forsendum fyrir slíkri ósk.

VI. Upplýsingagjöf útgefanda
Ársreikningur o.fl.
14. gr.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur Verðbréfaþingi Íslands um leið og hann er aðgengilegur eigendum. Ársreikningurinn skal hafa borist Verðbréfaþingi í tólf eintökum í síðasta lagi innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs.

Almenningur skal auk þess eiga greiðan aðgang að þessum upplýsingum, eins fljótt og auðið er.

Ársreikningur og önnur reikningsskil útgefanda skulu hafa að geyma rekstrarreikning viðkomandi tímabils, efnahagsreikning, fjármagns- eða sjóðsstreymi og skýringar.

Ef reikningsskilaaðferðum er breytt frá fyrri reikningsskilum, skal útskýra rækilega í hverju breytingarnar felast og hvaða áhrif þær hafa á afkomu og efnahagsstöðu.

Gefi útgefandinn bæði út eigin ársreikning og samstæðureikning skal hvorutveggja vera aðgengilegt almenningi. Almenningur skal eiga þess kost að fá reikninga útgefanda hjá útgefanda og/eða aðilum sem annast milligöngu fyrir útgefanda. Stjórn Verðbréfaþings getur þó fallist á að aðeins annar hvor reikningurinn sé til reiðu fyrir almenning, enda geymi sá sem ekki er til reiðu fyrir almenning ekki mikilvægar viðbótarupplýsingar.

Mikilvægar ákvarðanir eða atvik
15. gr.

Útgefandi skráðra skuldabréfa skal strax tilkynna Verðbréfaþingi Íslands um ákvarðanir eða atvik, sem að mati útgefanda geta haft veruleg áhrif á aðstæður hans og mat verðbréfamarkaðar á honum. Sama á við þegar útgefandi er móðurfélag og ákvarðanir eða atvik varðandi dótturfélag hafa áhrif á aðstæður samstæðunnar. Ákvarðanir eða atvik skv. þessari grein skal kunngera án tafar í samræmi við ákvæði 19. greinar þessara reglna.

Viðkvæmar upplýsingar
16. gr.

Ef birting upplýsinga frá útgefanda, t.d. úr reikningsskilum, getur talist skaðleg fyrir hann, getur útgefandi komist hjá birtingu þeirra með fyrirfram samþykki stjórnar Verðbréfaþings.

Skuldabréfaskráning á öðrum vettvangi
17. gr.

Sé skuldabréfaflokkur einnig skráður á öðru verðbréfaþingi, eða útgefandi er af öðrum ástæðum bundinn skyldum um opinbera miðlun upplýsinga til annarra, skal hann senda samtímis samsvarandi upplýsingar til Verðbréfaþings Íslands. Skýrslur og upplýsingar sem sendar eru erlendu verðbréfaþingi eða kauphöll skulu einnig sendar Verðbréfaþingi Íslands.

Aðrar upplýsingar frá útgefanda
18. gr.

Ef skráð skuldabréf eru breytanleg skuldabréf eða skuldabréf með kauprétti, verður útgefandi tafarlaust að tilkynna eigendum um allar breytingar á réttindum sem fylgja verðbréfum þeim sem að baki þeim standa.

Tilhögun upplýsingagjafar
19. gr.

Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands eða fulltrúa þess skulu eiga sér stað með sannanlegum hætti. Umsjónaraðili með skráningu skuldabréfa er í fyrirsvari fyrir útgefanda gagnvart Verðbréfaþingi Íslands vegna upplýsinga sem senda ber þinginu.

VII. Skuldabréf ríkissjóðs og sveitarfélaga.
20. gr.

Þegar ríkissjóður eða sveitarfélög eru útgefendur skráðra skuldabréfa er stjórn Verðbréfaþings heimilt að falla frá því að ákvæði 3., 6., 8., 14. og 18. greina þessara reglna eigi við um þessa aðila.

VIII. Önnur ákvæði
21. gr.

Aðrar reglur Verðbréfaþings Íslands gilda einnig um skráningu skuldabréfa eftir því sem við getur átt, þ.á m. reglur nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands, reglur um viðskiptakerfi Verðbréfaþings nú frá 3. febrúar 1992 og reglur um eftirlitskerfi Verðbréfaþings nú frá 3. febrúar 1992.

22. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara reglna skulu ákvarðanir stjórnar Verðbréfaþings í hverju tilviki gilda.

23. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í Reglum um Verðbréfaþing Íslands nr. 26 frá 21. janúar 1992, öðlast gildi hinn 3. febrúar 1992. Jafnframt falla úr gildi reglur um skráningu skuldabréfa frá 10. ágúst 1989.

Reykjavík 3. febrúar 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Skráningarlýsing (útboðslýsing), Efnisyfirlit yfir lýsingu á skuldabréfaflokki sem sótt er um að verði skráður á Verðbréfaþingi Íslands

(Skráningarlýsing fyrir skuldabréfaflokka gefna út af ríki og sveitarfélögum þarf einungis að innihalda efni skv. II.kafla.)

I. KAFLI.
Upplýsingar um þá sem ábyrgjast skráningarlýsingu og endurskoðun reikninga

1.1. Nöfn, kennitala og staða manna og nöfn og aðsetur lögaðila sem ábyrgjast skráningarlýsingu, eða eftir atvikum tiltekinn hluta hennar ásamt tilgreiningu um hvaða hluta er að ræða.

1.2. Yfirlýsing þeirra sem getið er í lið 1.1. um að skráningarlýsing sé, að þeirra bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt.

1.3. Nöfn, kennitölur og aðsetur þeirra löggiltu endurskoðenda sem endurskoðað hafa ársreikninga útgefanda undanfarin þrjú reikningsár í samræmi við landslög.

Yfirlýsing um að ársreikningar hafi verið endurskoðaðir. Hafi endurskoðendur neitað að árita ársreikninga, eða gert athugasemdir í áritunum sínum, skal hafa yfirlýsingu þeirra um þetta efni eftir óstytta og gefa skýringar á henni.

Þess skal og getið ef endurskoðendur hafa endurskoðað önnur atriði skráningarlýsingar.

II. KAFLI.
Upplýsingar um skráningu og um skuldabréfaflokk sem óskað er skráningar á

2.1. Skilmálar:

2.1.0. Heildarnafnverð skuldabréfaflokks og greining þess í undirflokka.

Lýsing á skuldabréfum sem óskað er skráningar á og þá einkum á fjölda bréfa, tölusetningu og tilgreindum fjárhæðum.

2.1.1. Vaxtakjör og verðtrygging.

2.1.2. Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum og hvernig þau hlunnindi eru reiknuð út.

2.1.3. Skattskylda og stimpilskylda.

2.1.4. Endurgreiðsluform og uppsagnarákvæði ef um slíkt er að ræða.

2.1.5. Greiðslustaðir.

2.1.6. Gjaldmiðill skuldabréfs. Ef fjárhæð er tilgreind í reikningseiningum, skal gefa upp gildi reikningseiningar.

2.1.7. Tímamörk:

a) Útgáfudagur.

b) Lánstímabil og allir gjalddagar.

c) Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls.

2.1.8. Ávöxtunarkrafa og sölugengi á útgáfudegi eða þegar fyrirhugað er að skrá bréfin á Verðbréfaþinginu.

2.2. Lagaleg atriði:

2.2.0. Ákvarðanir, heimildir og samþykktir um gerð og/eða útgáfu skuldabréfa.

Tegund útgáfu og fjárhæð.

2.2.1. Eðli og umfang ábyrgða og/eða skuldbindinga sem ætlað er að tryggja skilvísa endurgreiðslu á vöxtum, verðbótum og höfuðstól skuldabréfanna.

Hvar almenningur hefur aðgang að samningum um ofangreindar ábyrgðir, veð og skuldbindingar.

2.2.2. Ákvæði um víkjandi rétt skuldar gagnvart öðrum skuldum útgefenda sem þegar hefur verið samið um eða mun verða samið um.

2.2.3. Meðferð ágreinings um túlkun skilmála.

2.2.4. Hömlur á framsali skuldabréfa, ef einhverjar eru.

2.3. Upplýsingar um töku skuldabréfaflokks til skráningar.

2.3.0. Nöfn, kennitölur, aðsetur og deili á mönnum og lögaðilum sem veita sölutryggingu eða ábyrgð á útboði eða ábyrgjast

það gagnvart útgefanda. Sé ekki veitt sölutrygging eða ábyrgð fyrir allri útgáfunni skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging eða ábyrgð nær ekki til.

2.3.1. Fjármálafyrirtæki sem annast milligöngu fyrir útgefandann, þegar skráning fer fram.

2.3.2. Ef opið eða lokað útboð fer fram eða hefur farið fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri ríkjum og ef hluti þeirra hefur verið eða er tekinn frá fyrir sum þeirra, skulu allir slíkir hlutir tilgreindir.

2.3.3. Á hvaða verðbréfaþingi skuldabréf í sama flokki hafa þegar verið skráð ef um eitt eða fleiri er að ræða.

2.3.4. Ef skuldabréf sama útgefanda hafa ekki enn verið tekin til skráningar á þinginu en verslað er með þau á einum eða fleiri mörkuðum sem háðir eru ákveðnum reglum, starfa reglulega og eru viðurkenndir og opnir, þá skal þeirra getið.

2.4. Upplýsingar um útgáfu ef hún er samfara skráningu á þinginu eða ef hún hefur farið fram innan þriggja mánaða frá skráningu.

2.4.0. Hvernig neyta megi forkaupsréttar, hvort áskriftarrétt megi framselja; hvernig farið sé með ónýttan áskriftarrétt.

2.4.1. Hvernig greiða eigi útgáfu- eða útboðsverð.

2.4.2. Hvenær útgáfa eða útboð hefst, útboðstímabil og hvort sölu kunni að ljúka fyrr en áætlað var, nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu skuldabréfa.

2.4.3. Fjármálastofnair sem taka við áskriftum almennings.

2.4.4. Ef nauðsynlegt er, skal taka fram hvort draga megi úr áskriftum.

2.4.5. Heildarupphæð þess fjár sem aflað er með útgáfunni, nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu á skuldabréfum.

2.4.6. Markmið útgáfu og fyrirhuguð notkun fjárins.

2.4.7. Viðskiptavaki og tilhögun við sölu verðbréfa þ.m.t. sölustaðir.

III. KAFLI.
Upplýsingar um útgefanda og eigið fé hans

3.1. Almennar upplýsingar um útgefanda.

3.1.0. Nafn, kennitala, skráð aðsetur og höfuðstöðvar, séu þær aðrar en hið skráða aðsetur.

3.1.1. Stofndagur og rekstrartími.

3.1.2. Sérstök lög sem varða starfsemi útgefanda.

3.1.3. Tilgangur með starfsemi útgefanda, skv. samþykktum hans.

3.1.4. Tilgreining á hlutafélagaskránni og færslunúmeri í hlutafélagaskránni, ef um hlutafélag er að ræða.

3.1.5. Hvar ganga má að skjölum sem vitnað er til í skráningarlýsingu.

3.2. Almennar upplýsingar um eigið fé, ef um hlutafélag er að ræða.

3.2.0. Heildarhlutafé, fjöldi og flokkar seldra hluta ásamt meigineinkennum þeirra. Greinargerð um óseldan hluta þess.

Hver hluti útgefins hlutafjár er enn ógreiddur, ásamt fjölda, heildarnafnverði og tegund þeirra hluta sem ekki hafa enn verið að fullu greiddir, sundurliðað þar sem við á, eftir því að hve miklu leyti þeir hafa verið greiddir.

3.2.1. Liggi fyrir ónotuð heimild um aukningu hlutafjár eða skuldbinding að auka það, t.d. í sambandi við breytanleg (convertable) skuldabréf eða veitta kauprétti (warrants) að hlutabréfum, skal greina frá fjárhæð slíkrar heimildar eða skuldbindingar, hvenær hún rennur út, hverjir hafa forkaupsrétt og skilmálum slíkrar útgáfu.

3.2.2. Tilheyri útgefandi samstæðu fyrirtækja skal lýsa henni stuttlega og greina frá stöðu útgefanda innan hennar.

3.2.3. Komi það ekki sérstaklega fram í efnahagsreikningi skal greina frá eigin hlutabréfum sem útgefandi, eða fyrirtæki sem útgefandi á meira en 50% hlut í, hefur eignast og á. Greina skal frá fjölda þessara bréfa, bókfærðu verði og nafnverði.

IV. KAFLI.
Upplýsingar um starfsemi útgefanda

4.1. Meginstarfssvið útgefanda.

4.1.0. Lýsing á meginstarfsemi útgefanda. Geta skal helstu flokka vöru eða þjónustu sem hann selur. Einnig skal geta mikilvægra nýjunga í starfseminni.

4.1.1. Rekstartekjur síðastliðin tvö reikningsár, sundurliðaðar eftir

starfsemi og markaðssvæðum, eftir því sem við á.

4.1.2. Greinargerð um varanlega rekstrarfjármuni.

4.1.3. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á þær upplýsingar sem veittar eru samkvæmt liðum 4.1.0.-4.1.2., skal þeirra getið.

4.2. Byggi útgefandi starfsemi sína að verulegu leyti á einkaleyfum, sérstökum samningum eða nýjungum í framleiðslu, skal gefa yfirlit yfir slíkt.

4.3. Greina skal frá kröfum sem leitt hafa eða kunna að leiða til málaferla gagnvart útgefanda sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans og frá hvers kyns truflunum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhasstöðu hans.

4.4. Meðalfjöldi starfsmanna og breytingar hans síðustu þrjú ár, hafi þær verið miklar. Einnig, ef mögulegt er, flokkun starfsmanna eftir helstu starfssviðum.

4.5. Fjárfestingarstefna.

4.5.0. Töluleg lýsing á fjárfestingum í öðrum fyrirtækjum t.d. í skuldabréfum eða hlutabréfum. Yfirlit skal ná yfir þrjú undangengin reikningsár og það sem af er yfirstandandi ári.

4.5.1. Greinargerð um aðrar fjárfestingar sem unnið er að og um fjármögnun þeirra.

4.5.2. Upplýsingar um helstu fjárfestingaráform.

V. KAFLI.
Upplýsingar um eignir og skuldir útgefanda, fjárhagsstöðu hans og afkomu

5.1. Reikningar útgefanda:

5.1.0. Efnahags- og rekstrarreikningar síðustu þriggja reikningsára settir þannig upp að samanburður sé auðveldur. Skýringar síðasta ársreiknings skulu fylgja.

5.1.1. Semji útgefandi aðeins samstæðuársreikning skal hann birtur í samræmi við 5.1.0.

Gefi útgefandi bæði út eigin reikinga og samstæðureikninga skulu báðar tegundir koma fram eins og lýst er í 5.1.0. Stjórn þingsins getur þó heimilað að aðeins komi fram önnur tegundin, enda geymi hin ekki mikilvægar viðbótarupplýsingar.

5.1.2. Séu liðnir meira en 9 mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir, skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. 6 mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið.

Semji útgefandi aðeins samstæðureikninga skal stjórn þingsins ákveða hvort hlutaársreikningurinn sé gerður fyrir samstæðuna eða ekki.

Í skráningarlýsingu eða fylgiskjali með henni, skal greina frá öllum mikilvægum breytingum sem orðið hafa eftir lok þess tímabils sem síðasti ársreikningur eða hlutaársreikningur nær til.

5.1.3. Sé ársreikningur ekki í samræmi við góðar reikningsskilavenjur um ársreikninga fyrirtækja og gefi ekki sanna og rétta mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu útgefanda og afkomu hans skal gefa nánari upplýsingar eða viðbótarupplýsingar.

5.1.4. Nýjustu upplýsingar um eftirfarandi atriði (dagsetning verður að koma fram) ef það skiptir máli:

- heildarfjárhæð útistandandi lána þar sem gerður er greinarmunur á tryggðum lánum (með veði eða tryggt á annan hátt af útgefanda eða þriðja aðila) og ótryggðum lánum,

- heildarfjárhæð á öllum öðrum lántökum og skuldum er svipar til lána þar sem gerður er greinarmunur á tryggðum og ótryggðum lántökum og skuldum,

- heildarfjárhæð á öllum skilyrtum skuldbindingum.

Tilgreina skal, þar sem við á, ef ekki eru fyrir hendi slík lán, lántökur, skuldbindigar eða skilyrtar skuldbindingar.

Ef útgefandi gerir samstæðurársreikning skulu gilda reglur sem kveðið er á um í lið 5.1.1.

Almennt séð skal ekki taka með í reikninginn skuldir milli fyrirtækja sama hóps, en ef þörf krefur skal taka það fram.

5.1.5. Yfirlit yfir sjóðsstreymi eða fjármagnsstreymi síðustu þriggja ára.

5.2. Nákvæm greinargerð, sbr. eftirfarandi lista, um eignaraðild útgefanda að öðrum fyrirtækjum, sem kann að ráða nokkru um mat á eignum, skuldum, fjárhagslegri stöðu og afkomu útgefanda.

Gefa verður upplýsingar skv. eftirfarandi lista ef eign útgefanda,

bein eða óbein, er a.m.k. 10% af eigin fé eða leggur til a.m.k. 10% af rekstrarafkomu útgefanda eða, sé um samsteypu að ræða, þá a.m.k. 10% af eigin fé eða rekstrarafkomu skv. samstæðureikningi.

Ekki þarf að veita upplýsingar skv. eftirfarandi lista ef útgefandi sannar að aðeins sé um tímabundið eignarhald að ræða.

Sleppa má liðum e og f í eftirfarandi lista ef fyrirtæki sem eignarhaldið er í veitir ekki almenningi aðgang að ársreikninum sínum.

Stjórn þingsins getur veitt leyfi til að fella niður upplýsingar sem kveðið er á um í liðum d-h hér á eftir ef ársreikningar fyrirtækis sem útgefandi á hlutdeild í eru gerðir samstæðir ársreikningum alls hópsins eða ef verðmæti sem hlutdeild samsvarar er birt í ársreikningum, enda telji stjórn þingsins það ekki líklegt til að villa um fyrir almenningi hvað snertir atvik og aðstæður sem nauðsynlegt er að þekkja til mats á viðkomandi verðbréfum þótt upplýsingunum sé sleppt.

a. Nafn, kennitala og aðsetur fyrirtækisins.

b. Starfssvið.

c. Hve stór hluti hlutafjár er í eigu útgefanda.

d. Hlutafé.

e. Annað eigið fé.

f. Rekstrarafkoma eftir frádrátt tekju- og eignarskatts síðast liðið reikningsár fyrirtækisins.

g. Bókfært verð hlutabréfa hjá útgefanda.

h. Ógreidd eigin hlutabréf.

5.3. Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á meira en 10% í, sem ekki er vitnað til í 5.2.

a. Nafn, kennitala og skráð aðsetur.

b. Eignarhlutur útgefanda.

5.4. Séu birtir samstæðureikningar í skráningarlýsingu skal greina frá:

a. aðferð við gerð samstæðureikninga sé henni ekki lýst í lögum eða hún frábrugðin slíkum lagaákvæðum eða viðteknum venjum;

b. nafni, kennitölu og aðsetri fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni, þegar slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að meta eignir og

skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu útgefanda. Nægilegt er að merkja við þau fyrirtæki í listanum sem birta skal skv. 5.2.;

c. eignarhlutdeild annarra í hverju fyrirtæki skv. lið b.

5.5. Sé útgefandi aðalaðili í samstæðu skal greina frá atriðum skv. IV. og VII. kafla bæði fyrir útgefanda og samstæðu. Stjórn Verðbréfaþings getur þó leyft að þessu sé sleppt.

5.6. Ekki þarf að endurtaka þær upplýsingar, sem gert er ráð fyrir í þessu fylgiskjali, séu þær birtar í ársreikningi sem birtur er í samræmi við þennan kafla.

VI. KAFLI.
Upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðun

6.1. Nöfn, kennitölu, aðsetur og starfssvið eftirtalinna manna og upplýsingar um meginviðfangsefni þeirra utan fyrirtækisins, ef þær skipta máli:

a) Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur.

b) Stofnendur, sé fyrirtæki yngra en 5 ára.

c) Sameigendur með ótakamarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagshlutafélag.

VII. KAFLI.
Upplýsingar um nýorðna þróun hjá útgefanda og horfur.

7.1. Almennar upplýsingar um gang mála hjá útgefanda frá því síðast var gerður ársreikningur, einkum meginatriði varðandi framleiðslu, sölu, birgðir, pantanir, kostnað og söluverð.

7.2. Upplýsingar um horfur í rekstri útgefanda að minnsta kosti fyrir yfirstandandi reikningsár, nema þar sem stjórn Verðbréfaþings Íslands hefur veitt undanþágu.

VIII. KAFLI.
Gildistaka

8.1. Fylgiskjal þetta með Reglum um skráningu skuldabréfa tekur gildi hinn 3. febrúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi Form útboðslýsingar skuldabréfa frá 22. júní 1988.

Reykjavík 3. febrúar 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Fylgiskjal 3.

Reglur um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands

I. Inngangur

1. gr.

Hlutabréf hlutafélags fást skráð á Verðbréfaþingi Íslands (hér eftir nefnt Verðbréfaþing eða þing) þegar þingaðili fyrir hönd stjórnar viðkomandi hlutafélags óskar þess og stjórn þingsins samþykkir.

II. Skilyrði gengisskráningar

2. gr.

Áætlað markaðsverð hlutabréfa, sem sótt er um að skráð séu, eða bókfært eigið fé félags að viðbættum hagnaði eða að frádregnu tapi frá síðasta fjárhagsári, sé ekki unnt að áætla markaðsverð, skal vera minnst 75 milljónir króna. Fjárhæðir í þessari og 3. gr. skulu breytast í samræmi við breytingar á skráðu kaupgengi evrópskrar mynteiningar (ECU) frá genginu hinn 31. janúar 1992 73,539.

3. gr.

Áður en skráning hefst skulu minnst 15% af hlutafé félagsins, vera í eigu fleiri aðila en 200 og skal hver þeirra eiga a.m.k. kr. 30.000,-.

4. gr.

Stjórn þingsins getur við skráningu leyft aðra dreifingu en þá sem nefnd er í 3. gr. gegn því að fyrirtækið ábyrgist að dreifa nægjanlegu hlutafé til að mæta kröfu þessari innan tímamarka sem stjórn Verðbréfaþings ákveður. Með dreifingu er hér átt við hlutabréf sem ekki eru í eigu stjórnarmanna og annarra stjórnenda félagsins, eða móður/dótturfélaga þess, né venslamanna þeirra s.s. maka og náinna skyldmenna.

5. gr.

Viðskipti með hlutabréf félagsins skulu vera án takmarkana. Stjórn þingsins getur þó samþykkt takmarkanir ef rök mæla með slíku.

III. Umsóknir um hlutabréfaskráningu

6. gr.

Umsókninni skulu fylgja eftirtalin gögn í tólf eintökum:

1. Samþykktir félagsins.

2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins undanfarinna 3 ára, áritaðir af

löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur eldri en 8 mánaða, skal einnig fylgja hlutaársreikningur ekki eldri en svo að liðnir séu meira en 4 mánuðir frá lokum þess tímabils sem hann nær til. Séu liðin færri en 3 ár frá stofnun félagsins, skal að lágmarki fylgja einn endurskoðaður ársreikningur sem staðfestur hefur verið á aðalfundi félagsins.

3. Drög að útboðs- eða skráningarlýsingu hlutabréfanna, skv. fylgiskjali með þessum reglum.

4. Vottorð frá Hlutafélagaskrá um félagið.

Stjórn Verðbréfaþings er heimilt að óska þess að lögð verði fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu fyrir gengisskráningu hlutabréfanna.

IV. Afgreiðsla Verðbréfaþings

7. gr.

Stjórn Verðbréfaþings samþykkir, vísar frá eða hafnar umsókn með skriflegu svari innan 2 mánaða frá því að fullbúin umsókn var lögð fram og rökstyður ástæður eða skilyrði afgreiðslunnar. Samþykki hún að taka bréfin á skrá þingsins tilgreinir hún jafnframt hvenær skráningin hefst.

8. gr.

Hafni stjórn Verðbréfaþings umsókn um skráningu hlutabréfa, sbr. 7. grein, er umsækjanda heimilt að leggja slíka ákvörðun fyrir gerðardóm til úrskurðar. Sama á við ef stjórn þingsins ákveður að hætta skráningu hlutabréfa. Hvor aðili um sig skipar einn fulltrúa í gerðardóminn, en oddamaður skal skipaður af Yfirborgardómaranum í Reykjavík. Kostnaður vegna gerðardómsins skiptist á aðila málsins í því hlutfalli sem oddamaður dómsins ákveður. Málsaðilar eru að öllu leyti bundnir við gerðina.

V. Gjöld

9. gr.

Félagið skal greiða þinginu skráningargjald og árgjald, sem ákveðin eru af stjórn þingsins og birt eru í gjaldskrá þess.

VI. Upplýsingagjöf útgefanda

Markmið

10. gr.

Markmið með upplýsingagjöf félagsins er að gengisskráning hlutabréfa þess á þinginu endurspegli sem best upplýsingar sem máli skipta um hag þess. Forsvarsmenn viðkomandi félags skulu því ávallt kappkosta að opinbera allar upplýsingar sem kunna að hafa þýðingu fyrir rétta gengisskráningu eins og nánar er gerð grein fyrir í þessum kafla.

Upplýsingar vegna skráningar
11. gr.

Með tilteknum fyrirvara áður en skráning hefst, sem stjórn Verðbréfaþings ákveður, skal almenningur eiga þess kost að fá eftirtalin gögn án endurgjalds hjá félaginu og/eða aðilum sem annast milligöngu fyrir félagið:

1. Samþykktir félagsins.

2. Síðasti ársreikningur, svo og hlutaársreikningur yfirstandandi árs ef við á.

3. Útboðs- eða skráningarlýsingu hlutabréfanna sem stjórn Verðbréfaþings hefur samþykkt, sbr. fylgiskjal með þessum reglum.

Endanleg útboðs- eða skráningarlýsing skal á sama tíma hafa borist stjórn Verðbréfaþings í tólf eintökum.

12. gr.

Félagið skal birta auglýsingu um skráningu a.m.k. einu sinni í einu dagblaði sem hefur almenna dreifingu. Í slíkri auglýsingu má gefa upplýsingar um efni útboðs- eða skráningarlýsingar og hana má birta í heild. Að öðru leyti má ekki í auglýsingunni felast neins konar hvatning eða áróður fyrir því að almenningur kaupi hlutabréf í félaginu. Í auglýsingunni skal koma fram, hvar gögn skv. 11. grein séu fáanleg. Tilgangur auglýsingarinnar skal fyrst og fremst vera sá að vekja athygli á, að samþykkt hafi verið að skrá hlutabréfin á Verðbréfaþingi Íslands og að allar upplýsingar, sem málið varði, séu veittar í gögnum skv. 11. gr. Stjórn Verðbréfaþings getur sett nánari reglur um gerð auglýsinga og viðmiðanir í því sambandi.

Ársreikningur o.fl.
13. gr.

Endurskoðaður ársreikningur skráðs félags, ásamt árskýrslu, skal sendur Verðbréfaþingi um leið og hann er aðgengilegur hluthöfum en þó í síðasta lagi innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs.

Reikningsskil, sem taka til fyrstu sex mánaða reikningsársins, skulu gerð opinber og send þinginu innan þriggja mánaða frá lokum tímabilsins. Hafi þessi reikningsskil verið endurskoðuð skal áritun endurskoðanda fylgja. Reikningsskil félagsins skv. þessari grein skulu send þinginu í tólf eintökum.

Í stað þess að reikningsskil taki til sex mánaða, sbr. 2. mgr., getur stjórn þingsins samþykkt í tilteknum tilvikum að þau skuli taka til þriggja eða fjögurra mánaða í senn.

Ársreikningurinn og önnur reikningsskil félagsins skulu hafa að geyma

rekstrarreikning viðkomandi tímabils, efnahagsreikning, fjármagns- eða sjóðsstreymi og skýringar. Ef reikningsskilaaðferðum er breytt frá fyrri reikningsskilum, skal útskýra rækilega í hverju breytingarnar felast og hvaða áhrif þær hafa á afkomu og efnahagsstöðu.

Séu sérstakar ástæður fyrir hendi að mati stjórnar Verðbréfaþingsins, getur hún óskað eftir frekari upplýsingum, svo sem meginniðurstöðum rekstrar- og greiðsluáætlana.

Hluthafafundir
14. gr.

Gögn þau, sem fjallað er um í 3. og 4. mgr. 71. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, skulu send stjórn Verðbréfþings í tólf eintökum jafnskjótt og þau eru aðgengileg hluthöfum. Allar ákvarðanir sem máli skipta og teknar eru á hluthafafundum skulu tilkynntar stjórn Verðbréfaþings án tafar.

Mikilvægar ákvarðanir eða atvik
15. gr.

Félagið skal strax tilkynna Verðbréfaþingi um ákvarðanir eða atvik, sem að mati þess geta haft veruleg áhrif á aðstæður þess og mat hlutabréfamarkaðar á því. Sama á við þegar félagið er móðurfélag og ákvarðanir eða atvik varðandi dótturfélag hafa áhrif á aðstæður samstæðunnar. Ákvarðanir eða atvik skv. þessari grein skal kunngera án tafar í samræmi við ákvæði 20. gr.

Kosningar og ráðningar
16. gr.

Kosning nýrrar félagsstjórnar, varastjórnar og endurskoðenda, og ráðning eða brottvikning forstjóra eða framkvæmdastjóra skal tilkynnt Verðbréfaþingi án tafar.

Hlutabréfaskráning á öðrum vettvangi
17. gr.

Séu hlutabréf einnig skráð á öðru verðbréfaþingi, eða félagið er af öðrum ástæðum bundið skyldum um miðlun upplýsinga til annarra, skal það samtímis senda samsvarandi upplýsingar til Verðbréfaþings Íslands. Skýrslur og upplýsingar sem sendar eru erlendri kauphöll skulu einnig sendar Verðbréfaþingi Íslands.

Aðrar upplýsingar frá félaginu
18. gr.

Allar upplýsingar, sem sendar eru hluthöfum, svo og almennar fréttatilkynningar, skulu samtímis sendar þinginu.

Eigi sér stað veruleg verðbreyting á hlutabréfum félagsins, að mati stjórnar þingsins, skal stjórn félagsins birta álit sitt þar að lútandi í fjölmiðlum, telji stjórn þingsins nauðsyn bera til. Félagið skal senda fjölmiðlum þær upplýsingar sem Verðbréfaþingið álítur nauðsynlegar.

Innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs skal félagið skila þinginu skýrslu um eigendaskipti hlutabréfa á undangengnum ársfjórðungi. Skal þar greint frá hve oft á tímabilinu urðu eigendaskipti með hlutabréf félagsins svo og hve mikil þau voru að nafnvirði.

Fulltrúi stjórnar þingsins skal hafa aðgang að hluthafaskrá félagsins og er heimilt að fá afrit af henni, sé þess óskað.

Stjórn þingsins skal tilkynnt strax og félaginu er kunnugt um að eignaraðild einhvers hluthafa, einstaklings eða lögaðila, hafi breyst þannig að atkvæðisréttur hans hækki uppfyrir eða lækki niðurfyrir eftirtalin þrep: 10%, 20%, 33,3%, 50% og 66.7%.

Viðkvæmar upplýsingar
19. gr.

Ef birting upplýsinga frá félaginu, t.d. úr reikningsskilum, getur talist skaðleg fyrir það, getur félagið komist hjá birtingu þeirra með fyrirfram samþykki stjórnar þingsins.

Tilhögun upplýsingargjafar
20. gr.

Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands eða fulltrúa þess skulu eiga sér stað með sannanlegum hætti.

21. gr.

Skráð félag skal birta upplýsingar skv. 13. gr. í auglýsingu í a.m.k. einu íslensku dagblaði, eða greina frá því í slíkri auglýsingu hvar almenningur hefur aðgang að þeim.

Innherjaviðskipti
22. gr.

Skráð félag skal skrá í bækur sínar og tilkynna þinginu eins fljótt og unnt er, viðskipti eftirtalinna aðila með hlutabréf félagsins: Stjórnarmanna og annarra stjórnenda félagsins svo sem forstjóra, framkvæmdastjóra, deildarstjóra og faglegra ráðgjafa þeirra innan félagsins eða utan, svo og náinna venslamanna framantalinna.

Stjórn þingsins er heimilt að óska eftir nafnaskrá frá félaginu um þá sem koma til álita sem innherjar skv. framansögðu.

VII. Önnur ákvæði

23. gr.

Reglur þessar skulu einnig gilda um skráningu á áskriftarrétti eftir því sem við getur átt.

24. gr.

Uppfylli skráð hlutafélag ekki lengur reglur þessar getur stjórn þingsins ákveðið að skýra frá því opinberlega. Stjórn þingsins getur einnig ákveðið að taka bréfin af skrá þingsins um tíma eða að fullu og öllu. Sé félagið tekið til gjaldþrotaskipta skulu hlutabréf þess tekin af skrá þingsins. Óski stjórn félagsins þess að hlutabréfin séu tekin af skrá þingsins skal stjórn þingsins verða við því að undangenginni athugun á forsendum fyrir slíkri ósk.

25. gr.

Aðrar reglur Verðbréfaþings Íslands gilda einnig um skráningu hlutabréfa eftir því sem við getur átt, þ.á.m. reglur nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands, reglur um viðskiptakerfi Verðbréfaþings nú frá 3. febrúar 1992 og reglur um eftirlitskerfi Verðbréfaþings nú frá 3. febrúar 1992.

26. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara reglna skulu ákvarðanir stjórnar þingsins í hverju tilviki gilda.

27. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í Reglum um Verðbréfaþing Íslands nr. 26/1992, öðlast gildi hinn 3. febrúar 1992. Jafnframt falla úr gildi reglur um skráningu hlutabréfa frá 15. október 1990.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Á tímabilinu 3. febrúar 1992 til 30. júní 1992 gilda þau frávik frá reglum þessum að í stað þess að leggja fram eina skýrslu, sbr. 3. tl. 6. gr. og 3. tl. 11. gr., með upplýsingum þeim sem lýst er í fylgiskjali, getur hlutafélag sem óskar skráningar hlutabréfa sinna, lagt fram eftirtalin gögn:

1. Ársreikning fyrir árið 1990.
2. Árshlutareikning fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 1991.
3. Viðbótarskýrslu á einföldu formi með upplýsingum skv. fylgiskjali með reglum þessum, sem á vantar í tl. 1 og 2.

Hafi ársreikningur fyrir árið 1991 verið birtur, skal hann lagður fram í stað gagna skv. tl. 1 og 2.

II.

Þrátt fyrir ákvæði í 1. gr. um að umsókn um skráningu verðbréfa skuli berast frá þingaðila, er stjórn þingsins heimilt, fram til 1. júlí 1992 að taka við umsóknum um skráningu hlutabréfa beint frá stjórn hlutaðeigandi félags, enda sé áætlað markaðsverðmæti hlutabréfa þess minnst einn milljarður króna.

III.

Stefna skal að því að fella inn í þessar reglur svo fljótt sem verða má ákvæði þess efnis að skráð félög birti í ársskýrslu upplýsingar um ónotaða heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Reykjavík 3. febrúar 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Skráningarlýsing (útboðslýsing), efnisyfirlit yfir lýsingu hlutabréfa

Fylgiskjal með reglum um skráningu hlutabréfa, sem sótt er um að skráð verði á Verðbréfaþingi Íslands

I. KAFLI
Upplýsingar um þá sem ábyrgjast skráningarlýsingu og endurskoðun reikninga

1.1. Nöfn, kennitala og staða manna og nöfn, kennitala og aðsetur lögaðila, sem ábyrgjast skráningarlýsingu, eða eftir atvikum, tiltekinn hluta hennar, ásamt tilgreiningu um hvaða hluta er að ræða.

1.2. Yfirlýsing þeirra sem getið er í lið 1.1. um að lýsingin sé, að þeirra bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt.

1.3. Nöfn og aðsetur þeirra löggiltu endurskoðenda sem endurskoðað hafa ársreikninga fyrirtækisins undanfarin þrjú reikningsár í samræmi við landslög.

Yfirlýsing um að ársreikningarnir hafi verið endurskoðaðir. Hafi endurskoðendur neitað að árita ársreikninga, eða gert athugasemdir í áritunum sínum, skal hafa yfirlýsingu þeirra um þetta efni eftir óstytta og gefa skýringar á henni.

Þess skal og getið ef endurskoðendur hafa endurskoðað önnur atriði skráningarlýsingar.

II. KAFLI
Upplýsingar um skráningu og um hlutabréf sem óskað er skráningar á.

2.1. Þess skal getið hvort um sé að ræða hlutabréf sem þegar hafa verið seld, eða hvort ætlunin sé að selja ný hlutabréf.

2.2. Upplýsingar um hlutabréf:

2.2.0. Stutt greinargerð um heimildir og samþykktir sem liggja eða hafa legið til grundvallar útgáfu hlutabréfa félagsins. Einkenni hlutabréfaflokksins og heildarfjárhæð svo og fjölda hluta, sé hann ákveðinn.

2.2.1. Séu hlutabréf gefin út í tengslum við samruna fyrirtækja, sundurhlutun fyrirtækis, yfirtökutilboð eða yfirfærslu eigna og skulda, í heild eða að hluta, skal skýrt frá því hvar al

menningur geti gengið að upplýsingum um skilmála slíkra aðgerða.

2.2.2. Nákvæm lýsing á réttindum sem hlutabréfin veita einkum atkvæðisrétti, rétti til arðs, hlutdeild í eignum við slit og öllum sérréttindum.

Ákvæði samþykkta um fyrningu réttar til arðs, sem ekki hefur verið vitjað.

2.2.3. Viðurkenning skattstjóra á fyrirtækinu skv. 11.gr laga nr.9/1984.

2.2.4. Hömlur á framsali bréfanna, ef einhverjar eru.

2.2.5. Upplýsingar um það frá hvaða degi bréfin bera arð og um greiðslu hans.

2.2.6. Önnur verðbréfaþing þar sem skráningar er óskað eða ráðgert er að óska skráningar.

2.2.7. Fjármálafyrirtæki sem annast milligöngu fyrir útgefanda, þegar skráning fer fram.

2.3. Hafi hlutabréf, sem óskað er skráningar á, verið gefin út eða sett á markað innan 12 mánaða fyrir skráningu, skal veita eftirfarandi upplýsingar um tilhögun útgáfunnar eftir því sem við á, hvort sem um er að ræða almennt eða lokað útboð:

2.3.0. Forkaupsréttur hluthafa og nýting hans. Hafi forkaupsréttur verið takmarkaður skal skýra frá ástæðum þess. Jafnframt skal þá útskýra hvernig gengi útgáfunnar var ákveðið, hafi verið um að ræða sölu gegn staðgreiðslu. Hafi forkaupsréttur verið takmarkaður í því skyni að ákveðnir aðilar nytu góðs af, skal greina frá hverjir þeir eru.

2.3.1. Heildarfjárhæð og fjöldi bréfa slíkrar útgáfu, skipt í meginflokka ef við á.

2.3.2. Hvort og að hve miklu leyti útgáfan fer fram í öðrum löndum.

2.3.3. Áskriftar- eða sölugengi hluta ásamt nafnverði hvers hlutar. Þóknun og annar kostnaður sem kaupanda eða áskrifanda er gert að greiða.

Skilmálar um greiðslu eftirstöðva, ef hlutir eru ekki staðgreiddir.

2.3.4. Nánari upplýsingar um hvernig með forkaupsrétt er farið,

hvort áskriftarréttur er framseljanlegur og hvernig farið er með ónýttan áskriftarrétt.

2.3.5. Sölu- eða áskriftartímabil og nöfn fjármálafyrirtækja sem taka á móti áskriftum.

2.3.6. Hvar og hvenær hlutabréf eru gefin út og hvort gefin verða út bráðabirgðaskírteini.

2.3.7. Verðbréfafyrirtæki, sem tryggja sölu fyrir útgefanda. Sé ekki tryggð sala allrar útgáfunnar skal tilgreina hlut þann sem tryggður er.

2.3.8. Upplýsingar eða áætlun um heildarkostnað eða kostnað á hvern hlut við útgáfuna, þar sem fram komi þóknun verðbréfamiðlara, þ.m.t. þóknun fyrir sölutryggingu og markaðssetningu.

2.3.9. Hreint fjárstreymi til útgefanda vegna útgáfu og upplýsingar um ráðstöfun fjárins, t.d. til fjárfestingar eða styrktar á fjárhagsstöðu útgefanda.

2.4. Upplýsingar um töku hlutabréfa til skráningar.

2.4.0. Lýsing á hlutabréfum sem óskað er skráningar á, og þá einkum á fjölda bréfa og nafnvirði hluta.

2.4.1. Sé áformað að hefja á verðbréfaþinginu viðskipti með hlutabréf sem ekki hafa áður verið boðin almenningi til kaups, skal gefa skýrslu um hve margir hlutir verða boðnir fram á markaðnum og um nafnverð þeirra.

2.4.2. Dagsetningar þegar vænst er að nýju bréfin verði skráð á þinginu og viðskipti hefjist.

2.4.3. Hafi hlutabréf úr sama flokki þegar verið skráð á einu eða fleiri verðbréfaþingum, skal það upplýst.

2.4.4. Hafi hlutabréf úr sama flokki ekki verið skráð opinberlega, en verslað er með þau á markaði eða mörkuðum sem háðir eru ákveðnum reglum, starfa reglulega og eru viðurkenndir og opnir, skal upplýst um það.

2.4.5. Tilboðsverð, tilboðsskilmálar og niðurstaða í þeim tilvikum að á næstliðnu og yfirstandandi reikningsári hafi annað tveggja gerst:

þriðji aðili hafi lagt fram kauptilboð í hlutabréf útgefanda í yfirtökuskyni, eða

útgefandi hafi lagt fram kauptilboð í hlutabréf annarra fyrirtækja í yfirtökuskyni.

2.5. Bjóði útgefandi fram í lokuðu útboði hlutabréf í sama flokki og bréfin eru sem samtímis eða því sem næst er óskað að skráð séu á þinginu, eða bréf í öðrum flokki í almennu eða lokuðu útboði, skal lýsa slíkum aðgerðum nákvæmlega og greina frá fjölda og einkennum bréfanna sem þannig eru boðin fram.

III. KAFLI
Upplýsingar um útgefanda og eigið fé hans

3.1. Almennar upplýsingar um útgefanda:

3.1.0. Nafn, kennitala, skráð aðsetur og höfuðstöðvar, séu þær aðrar en hið skráða aðsetur.

3.1.1. Stofndagur félags. Sé fyrirséð hvenær félaginu verði slitið, skal einnig upplýst um það.

3.1.2. Sérstök lög sem varða starfsemi útgefanda.

3.1.3. Tilgangur félags skv. samþykktum þess.

3.1.4. Hvar ganga má að skjölum sem vitnað er til í skráningarlýsingu.

3.2. Almennar upplýsingar um eigið fé:

3.2.0. Heildarhlutafé, fjöldi og flokkar seldra hluta ásamt megineinkennum þeirra. Greinargerð um óseldan hluta þess.

3.2.1. Liggi fyrir ónotuð heimild um aukningu hlutafjár eða skuldbinding um að auka það, t.d. í sambandi við breytanleg (convertible) skuldabréf eða veitta kauprétti (warrants) að hlutabréfum, skal greina frá fjárhæð slíkrar heimildar, hvenær hún rennur út, hverjir hafi forkaupsrétt og skilmálum slíkrar útgáfu.

3.2.2. Fjárhæðir og skilmálar sérstakra lána sem kunna að hafa verið tekin, þ.á m. breytanlegra skuldabréfa og skuldabréfa sem kaupréttur fylgir að hlutabréfum.

3.2.3. Ákvæði í samþykktum félags um breytingar hlutafjár og réttinda hlutabréfa í mismunandi flokkum, séu ákvæðin strangari en lágmarkskröfur laga.

3.2.4. Stutt lýsing á breytingum hlutafjár undangengin þrjú ár.

3.2.5. Að svo miklu leyti sem útgefandi getur skal hann greina frá

hvaða menn eða lögaðilar beint eða óbeint, einir sér eða sameiginlega, ráða eða gætu ráðið yfir fyrirtækinu og hve miklu atkvæðamagni þeir ráða yfir.

Með sameiginlegum yfirráðum er átt við að tveir eða fleiri menn eða lögaðilar hafi gert með sér samning sem leitt getur til samræmdrar afstöðu þeirra gagnvart útgefanda.

3.2.6. Að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt skal hann upplýsa um tíu stærstu hluthafa í félaginu.

3.2.7. Tilheyri útgefandi samstæðu skal lýsa henni stuttlega og greina frá stöðu útgefanda innan hennar.

3.2.8. Komi það ekki sérstaklega fram í efnahagsreikningi skal greina frá eigin hlutabréfum sem útgefandi, eða fyrirtæki sem útgefandi á meira en 50% hlut í, hefur eignast og á. Greina skal frá fjölda þessara bréfa, bókfærðu verði og nafnverði.

IV. KAFLI
Upplýsingar um starfsemi útgefanda

4.1. Meginstarfssvið útgefanda:

4.1.0. Lýsing á meginstarfssviði. Geta skal helstu flokka vöru- eða þjónustu sem hann selur. Einnig skal geta mikilvægra nýjunga í starfseminni.

4.1.1. Rekstrartekjur undanfarin þrjú reikningssár sundurliðaðar eftir starfsemi og markaðssvæðum eftir því sem við á.

4.1.2. Greinargerð um varanlega rekstrarfjármuni.

4.2. Byggi útgefandi starfsemi sína að verulegu leyti á einkaleyfum, sérstökum samningum eða nýjungum í framleiðslu, skal gefa yfirlit yfir slíkt.

4.3. Greina skal frá stefnu útgefanda síðustu þrjú reikningsár varðandi rannsóknir, vöruþróun eða nýjungar í framleiðslu, eftir því sem við á.

4.4. Greina skal frá kröfum sem leitt hafa eða kunna að leiða til málaferla gagnvart útgefanda og kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu hans.

4.5. Greina skal frá hvers kyns truflunum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda.

4.6. Meðalfjöldi starfsmanna og breytingar hans síðustu þrjú ár, hafi

þær verið miklar. Einnig, ef mögulegt er, flokkun starfsmanna eftir helstu starfssviðum.

4.7. Fjárfestingarstefna:

4.7.0. Töluleg lýsing á fjárfestingum í öðrum fyrirtækjum t.d. í skuldabréfum eða hlutabréfum. Yfirlitið skal ná yfir þrjú undangengin reikningsár og það sem af er yfirstandandi ári.

4.7.1. Greinargerð um aðrar fjárfestingar sem unnið er að og um fjármögnun þeirra.

4.7.2. Upplýsingar um helstu fjárfestingaráform.

V. KAFLI
Upplýsingar um eignir og skuldir útgefanda, fjárhagslega stöðu hans og afkomu.

5.1. Reikningar útgefanda:

5.1.0. Efnahags- og rekstrarreikningar síðustu þriggja reikningsára settir þannig upp að samanburður sé auðveldur. Skýringar síðasta ársreiknings skulu fylgja.

Ekki skulu vera liðnir meira en 18 mánuðir frá lokum þess árs er síðasti ársreikningurinn nær til. Stjórn Verðbréfaþings getur þó ákveðið annað ef sérstaklega stendur á.

5.1.1. Semji útgefandi aðeins samstæðureikning skal hann birtur í samræmi við 5.1.0.

Gefi útgefandi bæði út eigin reikninga og samstæðureikninga skulu báðar tegundir koma fram eins og lýst er í 5.1.0. Stjórn Verðbréfaþings getur þó heimilað að aðeins komi fram önnur tegundin, enda geymi hin ekki mikilvægar viðbótarupplýsingar.

5.1.2. Greina skal frá hagnaði (tapi) af reglulegri starfsemi eftir frádrátt tekju- og eignarskatts á hvern hlut í fyrirtæki útgefanda síðustu þrjú reikningsár. Þetta á bæði við um eigin reikninga og samstæðureikninga.

Hafi orðið breyting á fjölda hlutabréfa undangengin þrjú ár skal gera viðeigandi leiðréttingar svo upplýsingar skv. næstu mgr. hér á undan verði sambærilegar. Greina skal frá aðferðinni sem notuð er til leiðréttingar.

5.1.3. Arður á hvern hlut síðustu þrjú ár. Tölur skulu vera sambærilegar sbr. næstu mgr. hér á undan.

5.1.4. Séu liðnir meira en 9 mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir, skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. 6 mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið.

Semji útgefandi aðeins samstæðureikninga skal stjórn Verðbréfaþings ákveða hvort hlutaársreikningur sé gerður fyrir samstæðuna eða ekki.

Í skráningarlýsingu eða fylgiskjali með henni skal greina frá öllum mikilvægum breytingum sem orðið hafa eftir lok þess tímabils sem síðasti ársreikningur eða hlutaársreikningur nær til.

5.1.5. Yfirlit yfir sjóðstreymi eða fjármagnstreymi síðustu þriggja reikningsára.

5.2. Nákvæm greinargerð, sbr. eftirfarandi lista, um eignaraðild útgefanda að öðrum fyrirtækjum, sem kann að ráða nokkru um mat á eignum, skuldum, fjárhagslegri stöðu og afkomu útgefanda.

Gefa verður upplýsingar skv. eftirfarandi lista ef eign útgefanda, bein eða óbein, er a.m.k. 10% af eigin fé eða leggur til a.m.k. 10% af rekstrarafkomu útgefanda eða, sé um samsteypu að ræða, þá a.m.k. 10% af eigin fé eða rekstrarafkomu skv. samstæðureikningi.

Ekki þarf að veita upplýsingarnar skv. eftirfarandi lista ef útgefandi sannar að aðeins sé um tímabundið eignarhald að ræða.

Sleppa má liðum e og f í eftirfarandi lista ef fyrirtæki sem eignarhaldi er í veitir ekki almenningi aðgang að ársreikningum sínum.

a. Nafn, kennitala og skráð aðsetur fyrirtækis.

b. Starfssvið.

c. Hve stór hluti hlutafjár er í eigu útgefanda.

d. Hlutafé.

e. Annað eigið fé.

f. Rekstrarafkoma eftir frádrátt tekju- og eignarskatts síðastliðið reikningsár fyrirtækis.

g. Bókfært verð hlutabréfa hjá útgefanda.

h. Ógreidd eigin hlutabréf.

i. Fjárhæð arðs sem útgefandinn hefur fengið af hlutabréfunum sl. reikningsár útgefanda.

j. Skuld útgefanda við fyrirtækið eða fyrirtækisins við útgefanda.

5.3. Upplýsingar um fyrirtæki, sem útgefandi á meira en 10% í, sem ekki er vitnað til í 5.2.

a. Nafn, kennitala og skráð aðsetur.

b. Eignarhlutdeild útgefanda.

5.4. Séu birtir samstæðureikningar í skráningarlýsingu skal greina frá:

a. aðferð við gerð samstæðureiknings sé henni ekki lýst í lögum eða hún frábrugðin slíkum lagaákvæðum eða viðteknum venjum;

b. nafni, kennitölu og aðsetri fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni. Nægilegt er að merkja við þau fyrirtæki í lista sem birta skal skv. 5.2;

c. eignarhlutdeild annarra í hverju fyrirtæki skv. b.

5.5. Sé útgefandi aðalaðili í samstæðu skal greina frá atriðum skv. kafla IV og VII bæði fyrir útgefanda og samstæðu. Stjórn Verðbréfaþings getur þó leyft að þessu sé sleppt sé þetta ekki mikilvægt.

5.6. Séu tilteknar upplýsingar sem kveðið er á um í þessu fylgiskjali birtar í ársreikningi samkvæmt þessum kafla, er ekki þörf á að endurtaka þær.

VI. KAFLI
Upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðun.

6.1. Nöfn, kennitölur, aðsetur og starfssvið eftirtalinna manna og upplýsingar um meginviðfangsefni þeirra utan fyrirtækisins ef þær skipta máli.

a. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur.

b. Stofnendur, sé fyrirtæki yngra en 5 ára.

6.2. Hagsmunir þeirra, sem getið er í 6.1-a, hjá fyrirtæki:

6.2.0. Laun og hvers kyns fríðindi greidd undangengið fjárhagsár til þeirra sem getið er í 6.1-a. Hér skal aðeins tilgreina heildarfjárhæð til hvers hóps um sig, þ.e. stjórnar, framkvæmdastjórnar og endurskoðenda.

6.2.1. Heildarfjöldi hlutabréfa í félaginu sem eru í eigu þeirra, sem getið er í 6.1-a, svo og forkaupsréttur sem þeir eiga að hlutabréfum félagsins.

6.2.2. Upplýsingar um eðli og umfang óvenjulegra viðskipta fyrirtækis við þá, sem getið er í 6.1-a, undangengið og yfirstandandi fjárhagsár. (Hér getur verið um að ræða kaup eða sölu fasteigna, eða önnur óregluleg viðskipti.) Hafi slík viðskipti átt sér stað fyrr, án þess að uppgjöri sé lokið skal einnig upplýsa um það.

6.2.3. Heildarfjárhæð lána fyrirtækis til þeirra, sem getið er í 6.1-a, svo og heildarfjárhæð ábyrgða sem fyritæki hefur veitt í þeirra þágu.

6.3. Sérstakir skilmálar sem kunna að gilda um kaup starfsmanna á hlutabréfum útgefanda.

VII. KAFLI
Upplýsingar um nýorðna þróun og horfur hjá fyrirtæki

7.1. Almennar upplýsingar um gang mála hjá fyrirtæki frá því síðast var gerður ársreikningur, einkum meginatriði varðandi framleiðslu, sölu, birgðir, pantanir, kostnað og söluverð.

7.2. Niðurstöður rekstraráætlunar og horfur hjá fyrirtæki, a.m.k. fyrir yfirstandandi reikningsár.

VIII. KAFLI
Gildistaka

8.1. Fylgiskjal þetta með Reglum um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands tekur gildi hinn 3. febrúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi fylgiskjal 2 með reglum um skráningu hlutabréfa frá 15. október 1990.

Reykjavík 3. febrúar 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Fylgiskjal 4.

Reglur um skráningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða

1. gr.

Um skráningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða á Verðbréfaþingi Íslands gilda sömu reglur og um skráningu hlutabréfa og skuldabréfa eftir því sem við getur átt. Reglur um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi íslands eru nú frá 3. febrúar 1992 og reglur um skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþingi Íslands eru nú frá 3. febrúar 1992.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli reglna nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands, öðlast gildi 3. febrúar 1992. Jafnframt falla úr gildi Reglur um skráningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða frá 20. júlí 1989.

Reykjavík 3. febrúar 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Fylgiskjal 5.

Reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi

I. Almenn atriði

1. gr.

Viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands (hér eftir nefnt Verðbréfaþing eða þing) byggist á því að þingaðilar setja fram tilboð í tölvuvætt viðskipta- og upplýsingakerfi. Upplýsingar um kaup- og sölutilboð á þinginu í skráð bréf eru settar fram í tilboðsskrá og upplýsingar um viðskipti, sem fram hafa farið, færast sjálfkrafa í viðskiptaskrá.

Þingaðilar skulu sjá til þess að upplýsingar um viðskipti, sem þeir eiga utan þings með bréf skráð á þinginu, séu skráðar í viðskipta- og upplýsingakerfi þingsins eigi síðar en fyrir hádegi næsta viðskiptadag.

2. gr.

Framkvæmdastjóri þingsins, eða rekstraraðili kerfisins fyrir hans hönd, getur án fyrirvara ákveðið að gert skuli stutt hlé á viðskiptum með tiltekin bréf þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Skal stjórn þingsins gerð grein fyrir hverju slíku tilviki fyrir sig.

II. Tilboð

3. gr.

Þingaðili kemur tilboðum sínum á framfæri við aðra þingaðila með því að senda þau til tilboðsskrár. Þingaðili getur takmarkað gildistíma tilboðs. Einnig getur hann ógilt tilboð sín á gildistímanum.

4. gr.

Tilboð á tilboðsskrá er skuldbindandi á gildistíma þess, eða þar til því er tekið, sbr. þó ákvæði um ógildingu í 3. gr.

5. gr.

Vilji þingaðili ganga að tilboði sem fyrir liggur í tilboðsskrá, skal hann skrá það inn í tölvukerfið og hafa samband við mótaðila til að greina honum frá tilboðstökunni. Við skráningu fá báðir aðilar kvittun í tölvukerfinu til staðfestingar tilboðstökunni.

6. gr.

Viðskiptavaki skal jafnan gera kauptilboð í bréf úr flokkum sem hann vakir yfir og skal heildarkaupverð bréfa í hverjum flokki, sem hann skuldbindur sig til að kaupa á degi hverjum, ekki vera lægra en sem

svarar fimm viðskiptaeiningum, sbr. 9. gr.

III. Viðskipti

7. gr.

Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum á þinginu. Kaupandi skal inna af hendi greiðslu þegar seljandi hefur komið til hans hlutaðeigandi verðbréfum. Skal þetta gerast fyrir kl. 15.00 sama dag og tilboð er staðfest, hafi það verið gert fyrir kl. 13.00 þann dag, en annars fyrir kl. 13.00 næsta virka dag.

Kaupandi og seljandi geta samið um að afhending og greiðsla fari fram með öðrum hætti en lýst er í 1. mgr.

8. gr.

Þingaðilar taka þóknun af viðskiptamönnum sínum hvort sem um er að ræða aðstoð við kaup eða sölu verðbréfa, og skipta því ekki með sér sölulaunum.

9. gr.

Heildarfjárhæð viðskipta sem samið er um í hvert sinn, skal ekki vera lægri en ein viðskiptaeining, sem er kr. 100.000.-. Fjárhæðin skal breytast í febrúar ár hvert í hlutfalli við breytingar lánskjaravísitölu frá grunnvísitölunni 2584.

10. gr.

Viðskiptadagur, sem tilgreindur er í viðskiptaskrá, skal vera dagurinn þegar tilboð er staðfest.

11. gr.

Villur vegna mistaka í skráningu viðskipta skal stjórn þingsins sjá um að verði leiðréttar enda séu aðilar viðskipta samþykkir slíkum leiðréttingum. Stjórn þingsins sker úr ágreiningi varðandi leiðréttingar.

IV. Miðlun upplýsinga

12. gr.

Aðilum utan þingsins, sem þess óska, skal veittur aðgangur að upplýsingum kerfisins gegn gjaldi.

13. gr.

Vikuleg fréttatilkynning um tilboð á þinginu skal miðast við tilboðsskrá á hádegi fyrsta virkan dag vikunnar. Fréttatilkynning um viðskipti á þinginu í tilteknum mánuði skal unnin upp úr viðskiptaskrá eftir fyrsta

virkan dag næsta mánaðar á eftir.

Stjórn þingsins getur ákveðið tíðari birtingu fréttatilkynninga um tilboð og viðskipti en að framan greinir, enda sé öllum þingaðilum kynnt hvenær hlutaðeigandi skrár eru teknar til slíkrar úrvinnslu.

Raunávöxtun, sem birt er í fréttatilkynningum, byggist á reglum um verðbólguforsendur sem stjórn þingsins ákveður.

14. gr.

A.m.k. árlega skal birta í fréttatilkynningu gjaldskrá yfir þóknanir vegna viðskipta með skráð verðbréf.

V. Annað

15. gr.

Verði búnaður sá sem notaður er við tilboð og viðskipti óstarfhæfur um tíma getur stjórn þingsins án fyrirvara ákveðið að viðskipti skuli fara fram með öðrum hætti en lýst er í greinum 1 - 11 og skal öllum þingaðilum tilkynnt um það án tafar.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli reglna nr. 26/1992 um Verðbréfaþing Íslands, taka gildi 3. febrúar 1992. Jafnframt falla úr gildi reglur um viðskiptakerfi þingsins frá 12. október 1989.

Reykjavík 4. maí 1992.
Verðbréfaþing Íslands

Fylgiskjal 6.

Gjaldskrá

		Kr / %
I.	Stofngjald þingaðila	200.000
	Árgjald þingaðila	200.000
	Árgjald fyrir hvern notanda umfram tvo í viðskiptakerfi	25.000
	Sölugjald af allri veltu skráðra hlutabréfa hjá þingaðilum	0,01%
	Sölugjald af allri veltu skráðra skuldabréfa hjá þingaðilum	0,01%
	Sölugjald af veltu hlutdeildarbréfa á Verðbréfaþingi	0,01%
II.	* Stofngjald vegna skráningar verðbréfa á Verðbréfaþingi af áætluðu markaðsverði bréfa, þó minnst 75.000 og mest 300.000 kr.	0,025%
	Árgjald hlutabréfa yfir 1 mrð. að markaðsverðmæti	300.000
	Árgjald annarra hlutabréfa	200.000
	Árgjald af 1. árgangi skuldabréfa yfir 1 mrð. að markaðsverðmæti	100.000
	Árgjald af 1. árgangi skuldabréfa undir 1 mrð. að markaðsverðmæti	50.000
	Árgjald af 2.,3.,4.,.. árgangi skuldabréfa sama útgefanda	10.000
	Árgjald af 1. flokki hlutdeildarbréfa	100.000
	Árgjald af 2.,3.,4.,.. flokki hlutdeildarbréfa sama rekstraraðila	10.000
III.	Útgefendur markaðshlutabréfa sem annast sjálfir útgáfu, af áætluðu markaðsverði, þó minnst 75.000 og mest 300.000	0,05%
IV.	Áskrift að upplýsingum pr. mánuð uppfletting í Hafsjó	1.500
	Áskrift að upplýsingum pr. mánuð sívinnsla	7.000
	Mappa með reglum Verðbréfaþings Íslands ásamt áskrift að breytingum	5.000

*) Stofngjöld vegna skráningar verðbréfa taka gildi þann 1. október 1992.
Stofngjöld skulu greidd innan fjögurra vikna frá því að skráning á Verðbréfaþingi hefst.

Sölugjöld af veltu skulu greidd á tveggja mánaða fresti, innan mánaðar frá lokum hvers tímabils. Velta þingaðila utan þings er reiknuð samkvæmt tilkynningum um viðskipti utan þingsins. Sölugjald er tekið af allri veltu, hvort sem um kaup eða sölu er að ræða. Velta á Verðbréfaþingi eru þau viðskipti sem fram fara í viðskiptakerfi þingsins.

Árgjald þingaðila skal greitt fyrir 1. ágúst ár hvert. Árgjald vegna skráðra verðbréfa skal greitt fyrir 1. júlí ár hvert. Sé verðbréf skráð eftir 1. júlí skal árgjald greitt við skráningu. Árgjöld greiðast í réttu hlutfalli við skráningar-/aðildartíma á ári. Árgjöld eru óafturkræf.

Helmingur gjalds af útgáfu í eigin umsjá greiðist þegar umsókn er lögð inn, og afgangur innan tveggja vikna frá því samþykki stjórnar liggur fyrir. Gjaldið er óafturkræft.

Gjaldskrá gildir á tímabilinu 01.03.92 - 28.02.93. Gjaldskráin er sett samkvæmt heimild í 21 gr. reglna um Verðbréfaþing Íslands frá 21.01.92. Stjórn Verðbréfaþings Íslands áskilur sér rétt til að breyta gjaldskrá þessari beri nauðsyn til.

Reykjavík 06.03.1992
Verðbréfaþing Íslands

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um neytendalán.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið og hugtök laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila.

2. gr.

Eftirtaldir lánssamningar eru undanþegnir lögum þessum:

a. Lánssamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði.
b. Lánssamningar sem fela í sér endurgreiðslur án vaxta og kostnaðar.
c. Leigusamningar, nema eignarleigusamningar, sbr. lög nr. 19/1989.
d. Lánssamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr.
e. Lánssamningar sem tryggðir eru með veði í fasteign.
f. Lánssamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi.
g. Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að kaupa eða viðhalda fasteignum eða til þess að reisa, endurnýja eða endurbæta byggingu.

3. gr.

Þrátt fyrir undanþágu skv. f-lið 2. gr. og um er að ræða samkomulag milli lánastofnunar eða fjármálastofnunar og lántakanda um lánveitingu í formi heimildar til fyrirframúttektar af tékkareikningi, þó ekki greiðslukortareikningi, skulu lántakanda veittar eftirtaldar upplýsingar áður en gengið er frá samningnum:

a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
b. Hverjir eru ársvextir og hvaða gjöld falla á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
   Þessar upplýsingar skulu staðfestar skriflega.
c. Lántakanda skal tilkynnt um allar breytingar á ársvöxtum eða viðeigandi gjöldum sem verða á samningstímanum.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. Neytandi er einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgreiðslu, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.
b. Lántakandi er einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem tekur lán.
c. Lánveitandi er einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán.
d. Lánssamningur er samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita lántakanda lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og lántakandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.
e. Heildarlántökukostnaður lántakanda er allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og lántakanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur.
f. Árleg hlutfallstala kostnaðar er heildarlántökukostnaður sem hlýst af gerð lánssamn-

ings, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við 10.–12. gr.

g. Eignarréttarfyrirvari er þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

II. KAFLI
Upplýsingaskylda lánveitenda.

5. gr.

Lánssamningur skal gerður skriflega og fela í sér upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 6. og 8. gr. Lántakandi skal fá í hendur eintak af lánssamningnum.

6. gr.

Við gerð lánssamnings skal lánveitandi gefa lántakanda upplýsingar um:

1. Höfuðstól, þ.e. lánsfjárhæð án nokkurs kostnaðar.
2. Fjárhæð útborgunar.
3. Árlega nafnvexti.
4. Lántökukostnað í krónum, reiknaðan út skv. 7. gr.
5. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknaðri út skv. 10.–12. gr.
6. Heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar.
7. Fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga.
8. Gildistíma lánssamnings og skilyrði uppsagnar hans.

Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina lántakanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skal lánveitandi þess í stað skýra lántakanda frá því hverjir árlegir nafnvextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið.

Útreikningur á lántökukostnaði.

7. gr.

Lántökukostnaður felur í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem lántakandi skal greiða af því, með þeim undantekningum sem greinir í 2. mgr. Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala lánskostnaðar skal ekki tekið tillit til eftirfarandi kostnaðarliða:

1. Kostnaðar vegna vanskila.
2. Kostnaðar sem lántakandi greiðir við kaup á lausafé eða þjónustu, hvort heldur kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða samkvæmt lánssamningi.
3. Kostnaðar vegna yfirfærslu fjár.
4. Kostnaðar vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láninu að undanskildum kostnaði við innheimtu endurgreiðslna, hvort heldur um er að ræða staðgreiðslu eða annað greiðslufyrirkomulag.
5. Félagsgjalda er rekja má til samninga sem ekki tengjast lánssamningnum, jafnvel þótt þau hafi áhrif á lánsskilmála.
6. Kostnaðar vegna trygginga eða ábyrgða nema þær eigi að tryggja lánveitanda endurgreiðslu lánsins.

Ákvæði 3.–4. tölul. 1. mgr. eiga því aðeins við að lántakandi hafi hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirfærsla fjárins eða endurgreiðslan fari fram, svo og að kostnaður sé ekki óeðlilega hár.

8. gr.

Þegar samningur er gerður skal lánveitandi gefa lántakanda upplýsingar um kostnað þann sem frá er greint í 2.–6. tölul. 1. mgr. 7. gr. og jafnframt tilgreina hvenær slíkur kostnaður fellur á. Ef kostnaður er óþekktur skal lánveitandi, ef kostur er, veita lántakanda upplýsingar um hvernig hann er reiknaður út eða áætla hver hann er.

Breytilegur lántökukostnaður.

9. gr.

Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að lántakandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar og skal tilgreint með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir. Einungis má semja um að vextir fylgi að hluta til eða öllu leyti meðalvöxtum sem Seðlabanki Íslands auglýsir eða vöxtum annarra lánastofnana sem lánveitandi getur ekki haft áhrif á.

Ákvæði 1. mgr. gildir á sama hátt um aðra liði lánskostnaðar en vexti. Lánveitandi skal tilkynna lántakanda allar breytingar sem verða á árlegum nafnvöxtum eða öðrum kostnaðarliðum þegar breytingarnar verða.

Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

10. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar er heildarlántökukostnaður við lánssamning, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er. Árleg hlutfallstala kostnaðar skal reiknuð út samkvæmt stærðfræðilíkingu samkvæmt reglugerð er ráðherra setur. Í henni skal einnig setja nánari reglur um útreikning kostnaðarins.

11. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar skal reiknuð út á þeim tíma sem lánssamningur er gerður. Við útreikning árlegrar hlutfallstölu skal gengið út frá því að lánssamningur gildi umsaminn tíma og að lánveitandi og lántakandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins.

12. gr.

Ef lánssamningur heimilar breytingu á vaxtagjöldum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreyttur til loka lánstímabilsins.

Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala kostnaðar skal gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Ef engin hámarksupphæð er tilgreind í lánssamningi skal hámarksupphæð láns, sem veitt er, teljast 150.000 kr.
2. Ef ekki er tilgreindur ákveðinn lánstími og ekki er unnt að ráða hann af samningi skal lánstími talinn eitt ár.

3. Ef í samningi er kveðið á um fleiri en einn greiðsludag skal inna af hendi endurgreiðslu á þeim tíma sem samningur kveður fyrst á um.

Auglýsingar.
13. gr.

Í auglýsingum um lán og lánafyrirgreiðslu skal gefa upp vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar.

III. KAFLI
Vanræksla á upplýsingaskyldu.

14. gr.

Séu ekki veittar upplýsingar um lántökukostnað sem greinir í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. skal lántakandi greiða höfuðstól og ársvexti af honum sem samsvara vöxtum af almennum skuldabréfum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Ef lántökukostnaður er tilgreindur í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. er lánveitanda eigi heimilt að krefjast frekari lántökukostnaðar. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sem um getur í 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð getur lánveitandi ekki krafist hærri lántökukostnaðar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef lánveitandi getur sannað að lántakanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera. Ef ákvæði 1. eða 2. mgr. leiða til lækkunar eftirstöðva skal lántakandi greiða þær samkvæmt samningnum og lækkunin koma fram á síðustu afborgunum.

15. gr.

Hafi lánveitandi ekki veitt þær upplýsingar sem fyrir er mælt í 6. gr., sbr. 5. gr., getur hann ekki krafist greiðslu kostnaðar sem annars félli á lántakanda vegna vanskila.

IV. KAFLI
Greiðsla fyrir gjalddaga.

16. gr.

Lántakanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann tíma sem settur er í samningnum. Getur lántakandi þá krafist lækkunar lánskostnaðar, sbr. 19. gr.

17. gr.

Lánveitandi getur krafist greiðslu fyrir gjalddaga ef ákvæði þar að lútandi eru í samningnum og eitthvert eftirtalinna skilyrða er fyrir hendi:

1. Ef vanskilatíminn er orðinn lengri en mánuður og fjárhæðin er hærri en 10% heildarskuldarinnar.
2. Ef vanskilatíminn er orðinn lengri en mánuður og fjárhæðin er hærri en 5% heildarskuldarinnar og fleiri en ein afborgun eru fallnar í gjalddaga.
3. Lántakandi er í vanskilum með greiðslur vegna annarra skuldbindinga við lánveitanda.
4. Trygging fyrir greiðslu hefur minnkað verulega.
5. Ef lántakandi sýnir með athöfn sinni að hann ætlar að komast undan að greiða skuld sína, t.d. með undanskoti eigna.

6. Ef um kaup með eignarréttarfyrirvara er að ræða og lántakandi fer svo illa með hlutinn að það veldur því að trygging fyrir greiðslu minnkar.

18. gr.

Nú hyggst lánveitandi fá greitt fyrir fram skv. 1.–3. tölul. 17. gr. og skal þá segja samningnum upp með fjögurra vikna fyrirvara. Skal uppsögnin tilkynnt í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Ef lántakandi greiðir vanskilin innan fjögurra vikna frestsins ásamt dráttarvöxtum fellur uppsögnin úr gildi. Sama á við um 4.–6. tölul. ef lántakandi getur sýnt fram á tryggingu fyrir greiðslunni.

19. gr.

Þegar greitt er fyrir gjalddaga, sbr. 16.–18. gr., skal tekið tillit til eftirfarandi atriða þegar skuldin er reiknuð út:

1. Lántakandi skal greiða vexti og kostnað fram að greiðsludegi.
2. Lánveitandi getur ekki krafist bóta vegna greiðslu fyrir gjalddaga. Ef lánsvextir eru miðaðir við allt lánstímabilið samkvæmt samningnum getur lánveitandi haldið eftir hluta vaxtanna ef skilyrði eru fyrir því í samningnum.
3. Ef greiðsla fyrir gjalddaga fer fram á öðrum degi en gjalddaga skal vaxtatímabil og kostnaðartímabil miðast við næsta gjalddaga þar á eftir.

V. KAFLI
Framsal kröfuréttinda.

20. gr.

Ef lánveitandi framselur kröfu til þriðja aðila getur lántakandi haldið uppi sömu mótbárum við hann og upphaflegan eiganda kröfunnar. Sama á við ef kröfuhafi hefur sett kröfuna að veði og fjárnám hefur verið gert í henni.

Lántakandi getur við greiðslu haldið uppi sömu mótbárum við framsalshafa og lánveitanda sjálfan.

Þetta á þó ekki við ef lántakandi innir greiðslu af hendi til lánveitanda og vissi að lánveitandi hafði ekki rétt til að taka við greiðslu eða gera samning þar að lútandi. Þetta á ekki heldur við ef lántakandi nálgaðist ekki upplýsingarnar af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.

Ef lántakandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa, t.d. vegna galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda þar til uppgjör hefur farið fram. Lánveitandi er þó ekki skyldugur að greiða meira en það sem hann hefur fengið greitt frá lántakanda.

21. gr.

Lánveitanda er ekki heimilt að taka við víxli eða annarri skuldaviðurkenningu af lántakanda sem við framsal getur valdið því að réttur lántakanda glatist til þess að halda uppi mótbárum.

VI. KAFLI
Kaup með eignarréttarfyrirvara.

22. gr.

Eignarréttarfyrirvari á aðeins við:

a. ef um hann er samið fyrir fram og eigi síðar en við afhendingu vöru til lántakanda,

b. ef verð vöru er a.m.k. 20.000 kr.,
c. ef greiðsla við afhendingu vöru er a.m.k. 30% af staðgreiðsluverði hennar.

Eignarréttarfyrirvari má aldrei vera til tryggingar öðrum skuldum lántakanda við lánveitanda.

VII. KAFLI
Endurheimt eignarréttar.

23. gr.

Lánveitandi getur endurheimt hlut á grundvelli kaupsamnings með atbeina sýslumanns ef kaupsamningurinn uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Kaupsamningurinn skal vera undirritaður af lántakanda og honum hefur verið afhent eintak af samningnum.
2. Kaupsamningurinn verður að kveða á um eignarréttarfyrirvara. Þrátt fyrir samþykki lántakanda er ekki heimilt að endurheimta hlut ef hann er undanþeginn aðför að lögum.

24. gr.

Nú greiðir lántakandi skuld eftir gjalddaga með dráttarvöxtum og áföllnum kostnaði áður en hlutur hefur verið endurheimtur. Getur lánveitandi þá hvorki gjaldfellt skuldina og endurheimt hlut á þeim forsendum né beitt öðrum þeim úrræðum sem tiltæk voru fyrir greiðslu nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Útreikningur eftirstöðva.

25. gr.

Við útreikning eftirstöðva skuldar er lánveitandi vill endurheimta söluhlut samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. Frádráttar vaxta frá þeim degi er hlutur er endurheimtur ef lánsvextir miðast við allt tímabilið.
2. Ef hlutur er endurheimtur á öðrum degi en gjalddaga skal vaxta- og kostnaðartímabil miðast við næsta gjalddaga á eftir.

Útreikningur andvirðis söluhlutar.

26. gr.

Þegar söluhlutur er endurheimtur skal andvirði hans renna til kaupanda við uppgjör milli aðila. Andvirði söluhlutar er sú fjárhæð sem unnt er að fá fyrir hlutinn við sölu hans á almennum markaði.

27. gr.

Ef andvirði söluhlutar er meira en seljandi getur krafist skv. 25. gr. getur lánveitandi ekki tekið söluhlut nema því aðeins að hann greiði lántakanda mismuninn um leið.

28. gr.

Ef andvirði söluhlutar er minna en seljandi getur krafist skv. 25. gr. getur lánveitandi ekki krafist mismunarins nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, svo sem ef lántakandi hefur ekki umgengist eða varðveitt hlutinn á viðeigandi hátt eða reynir á einhvern hátt að torvelda eða hindra endurheimt hans.

29. gr.

Ef ákvæði 23. gr. er því til fyrirstöðu að söluhlutur verði endurheimtur getur lánveitandi krafist greiðslu mismunar ef aðstæður eru skv. 28. gr.

Ef söluhlutur finnst ekki hjá lántakanda við endurheimt getur lánveitandi með aðför hjá lántakanda tryggt greiðslu skuldarinnar skv. 18. gr.

30. gr.

Nú hafa fleiri en einn hlutur verið keyptir samkvæmt einum samningi og lánveitandi leggur fram kröfu um endurheimt þeirra. Getur lántakandi þá valið einn eða fleiri hlutanna til afhendingar gegn því að greiða um leið mismun andvirðis þeirra hluta sem hann heldur eftir, sbr. 25. gr. Ef inneign lánveitanda er minni en andvirðið á lántakandi rétt á að fá mismuninn greiddan um leið og hlutirnir eru afhentir.

Í fjórtán daga frá endurheimt hefur lántakandi rétt til að innleysa hina endurheimtu hluti til sín. Skal hann þá greiða fjárhæð þá sem inneign lánveitanda er hærri en verðmæti þeirra hluta sem eftir eru. Skal fjárhæðin reiknuð skv. 25. gr.

Lántakandi getur ekki leyst til sín hlut ef hann er úr safni eða samstæðu sem lánveitandi hefur einnig endurheimt frá lántakanda og aðskilnaðurinn hefur í för með sér verulega rýrnun á verðmæti hlutanna.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Viðskiptaráðherra getur ákveðið að lög þessi taki ekki til tiltekinna tegunda lána sem veitt eru gegn lægra gjaldi en almennt gerist og standa almenningi ekki til boða.

32. gr.

Viðskiptaráðherra getur sett reglur um hvernig prenta skuli leiðbeiningar um réttarstöðu lántakanda á skriflega samninga og skjöl sem lögin taka til.

33. gr.

Viðskiptaráðherra getur breytt fjárhæðarmörkum lánssamninga sem lög þessi taka til eftir því sem verðlagsþróun gefur tilefni til.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim skulu varða sektum nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála. Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort brot verður sannað á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila sekt og sviptingu starfsréttinda.

35. gr.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

36. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara né reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, lántakanda í óhag.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Hér á landi eru ekki í gildi almenn lög um lánsviðskipti eða afborgunarkaup. Lögð hafa verið fram á Alþingi frumvörp til laga um afborgunarviðskipti en þau hafa ekki náð fram að ganga.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu er gert ráð fyrir aðlögun íslenskrar löggjafar að reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði. Frumvarp þetta er því eitt þeirra sem lögð eru fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

EB-tilskipanir varðandi neytendalán ásamt viðauka hafa verið hafðar til hliðsjónar við samningu frumvarpsins, tilskipanir ráðs Evrópubandalaganna nr. 87/102 EBE og nr. 90/88 EBE. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af dönsku og sænsku frumvarpi um lánssamninga.

Tilgangurinn með EB-tilskipuninni um neytendalán er að samræma reglur í löggjöf hvers lands á sviði neytendalána, einkum reglur um hvaða upplýsingar neytendur skulu fá í tengslum við lán. Löggjöf um þetta efni var nokkuð ólík í EB-löndum sem leitt gat til röskunar á samkeppni lánveitenda þar og neytendur njóta mismikillar verndar í aðildarríkjunum hvað varðar neytendalán. Tilgangurinn með tilskipuninni og breytingu á henni er einnig að ná fram jafnari stöðu lánveitenda og tryggja neytendum sem mesta vernd.

2. Meginatriði frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu nær það til lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila með vissum undantekningum. Það nær til lána vegna kaupa á lausafé og þjónustu, svo og almennra neyslulána. Það tekur jafnt til lánssamninga sem einstaklingur gerir og lögaðili. Talið er mikilvægt að hér á landi eigi fyrirtæki rétt á upplýsingum í lánsviðskiptum jafnt og einstaklingar. Tilgangur frumvarpsins er m.a. að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og er ákvæði í frumvarpinu þess efnis að lánveitandi á að upplýsa lántakanda í prósentum um svokallaða árlega hlutfallstölu kostnaðar áður en lánssamningurinn nær fram að ganga. Upplýsingar um þetta gera lántakanda auðveldara að meta hvort hann vill taka lánið. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það hvernig árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út og hvernig upplýsingar um hana eiga að koma fram.

Í frumvarpinu er sérstakur kafli um endurheimt eignarréttar. Þar er gert ráð fyrir því að þegar vara er keypt með afborgunum og eignarréttarfyrirvara eigi lántakandi eða kaupandi rétt á því að leysa til sín hlut sem seljandi eða lánveitandi hefur endurheimt, að vissum skilyrðum uppfylltum.

3. Efni tilskipunar.

Frumvarpið hefur þann tilgang að fullnægja skilyrðum EB-tilskipana nr. 87/102 EBE og nr. 90/88 EBE með íslenskri löggjöf. Meginatriði í tilskipun nr. 87/102 EBE er að neytandinn fái upplýsingar um lántökukostnað í prósentum samkvæmt árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Útreikningur á árlegri hlutfallstölu samkvæmt tilskipuninni átti að gerast samkvæmt gildandi aðferðum í löggjöf hvers lands. Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar nægði að tilgreina eða gefa upp að minnsta kosti heildarlánskostnað neytandans á meðan beðið væri eftir samþykkt aðildarríkja varðandi útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Með tilskipun nr. 90/88 EBE var 5. gr. felld úr gildi og aðildarríkin skylduð til að taka upp í löggjöf sérstakan útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt nánar tilgreindum reglum og reikna lántökukostnað út samkvæmt henni.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir því að neytandinn hafi ætíð, í tengslum við lánssamning, upplýsingar um árlega hlutfallstölu í prósentum, þ.e. samanlagðan kostnað vegna lánsins, lýst sem árlegri prósentu sem reiknuð er út samkvæmt sérstakri stærðfræðilíkingu. Tilskipunin leiðir einnig að öðru leyti til samræmingar á kostnaðarliðum sem eiga að koma inn í útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar í prósentum. Samkvæmt tilskipuninni eiga aðildarríkin að vera búin að taka upp útreikning samkvæmt líkingunni í síðasta lagi 31. desember 1992. Samkvæmt samningnum um EES þurfa Íslendingar að uppfylla báðar tilskipanirnar og er eðlilegt að það sé gert með einni lagasetningu. Þar sem hér á landi eru hvorki í gildi lög um upplýsingaskyldu í lánsviðskiptum né neytendalán ætti þetta frumvarp að verða veruleg réttarbót fyrir neytendur.

4. Gildissvið laganna.

Frumvarpið tekur til lánssamninga, sbr. 1. gr., sem gerðir eru við lántakanda í atvinnuskyni af hálfu verslana, framleiðenda og þjónustuaðila. Lánssamningur er skilgreindur sem samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita lántakanda lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og lántakandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins. Frumvarpið tekur til lánssamninga, hvort sem þeir eru gerðir við einstakling, lögaðila eða hóp slíkra aðila, sbr. 4. gr. Frumvarpið gildir um lánssamninga og skiptir ekki máli hvort lántakandi er að kaupa sér eitthvert lausafé með afborgunum eða hvort hann er að kaupa þjónustu.

Reglur frumvarpsins um framsal kröfuréttinda í V. kafla taka einungis til lánssamninga milli lánveitanda og lántakanda sem kaupir vöru eða þjónustu sem telja má óskylda starfi hans. Lánssamningar, sem gilda stuttan tíma, eru undanþegnir lögunum, sbr. 2. gr. Lánveitandi er skilgreindur í frumvarpinu sem einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán, sbr. 4. gr., og skal lánveitandi vera atvinnurekandi.

5. Beiting laganna við sérstakar tegundir lánssamninga.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar geta aðildarríkin undanþegið nokkrar tegundir lánssamninga. Samkvæmt henni þarf ekki að beita tilskipuninni um lánssamninga sem eru einkum ætlaðir til þess að afla eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu sem reist hefur verið eða áformað er að reisa eða sem ætlaðir eru til að endurnýja eða bæta slíka byggingu. Samkvæmt tilskipuninni er ekki heldur nauðsynlegt að beita reglum hennar um lánssamninga þar sem lántakandi á að borga lánið innan þriggja mánaða. Er gert ráð fyrir þessum undantekningum í frumvarpinu.

Tilskipunin undanskilur einnig vaxta- og kostnaðarlaus lán. Reglunum um upplýsingaskyldu lánveitanda ætti því ekki að beita ef lánið er án kostnaðar. Ekki er unnt að

gera miklar kröfur til lánveitanda þegar ekki þarf að greiða kostnað eða vexti vegna lánsins. Öðrum reglum frumvarpsins, t.d. um vernd fyrir lántakanda þegar um kröfuhafaskipti er að ræða, ætti aftur á móti einnig að beita um kostnaðarlaus lán.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins getur viðskiptaráðherra ákveðið að tilteknar tegundir lána, sem veitt eru gegn lægra gjaldi en almennt gerist og standa almenningi ekki til boða, séu undanþegnar, en dæmi um lán, sem uppfylla þessi skilyrði, eru þau sem veitt eru öryrkjum og öðrum sem fá örorkubætur.

Samkvæmt tilskipuninni eru samningar um lán lægri en 200 ECU og hærri en 20.000 ECU undanþegnir. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að lánssamningar, að lægri fjárhæð en 15.000 kr. sem er samsvarandi 200 ECU, séu undanþegnir, en ekki þótti ástæða til að undanskilja samninga sem eru hærri en ákveðin hámarksfjárhæð.

6. Upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar í prósentum.

Það er meginatriði í tilskipun nr. 87/102 EBE og frumvarpinu að lántakandi skuli fá upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar í prósentum í tengslum við samþykkt samnings.

Í íslenskum rétti hefur fram að þessu ekki verið í gildi krafa um að lántakandi skuli eiga rétt á slíkum upplýsingum. Tilgangurinn með ákvæði er skyldar lánveitanda til að upplýsa lántakanda um árlega hlutfallstölu er að gefa lántakanda færi á að meta hve mikill kostnaður fylgir láninu. Árleg hlutfallstala kostnaðar gefur upp samanlagt verð á því að taka að láni 100 kr. í eitt ár og greinir þannig frá kostnaðinum við lánið án tillits til fjárhæðar eða greiðsluskilmála o.s.frv.

Upplýsingar um hlutfallstöluna gera lántakanda auðveldara að bera saman mismunandi lánstilboð og geta því komið að gagni í samkeppninni og jafnvel haft áhrif til lækkunar á lántökukostnaði. Skilgreining árlegrar hlutfallstölu í frumvarpinu er í samræmi við a-lið 1. gr. í áðurnefndri tilskipun.

Um útreikning hlutfallstölunnar fer eftir stærðfræðilíkingu sem sett verður í reglugerð og er þá gert ráð fyrir að farið verði eftir samræmdum EES-reglum á hverjum tíma. Í frumvarpinu kemur fram hvað er tekið með í útreikning á árlegri hlutfallstölu. Útreikningur á árlegri hlutfallstölu kann að vera erfiðleikum bundinn, sérstaklega hjá litlum fyrirtækjum, en talið er auðvelt að búa til tölvuforrit sem leysir þetta í öllum almennum lánsviðskiptum og með lítils háttar stöðlun á afborgunarviðskiptum gætu fyrirtæki notað sérstakar töflur í starfseminni. Huga þarf þó vel að því að nægur aðlögunartími gefist til að útbúa slíkar töflur og forrit.

7. Auglýsingar um lán og lánafyrirgreiðslu.

Samkvæmt frumvarpinu skulu upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar ásamt upplýsingum um vexti og lántökukostnað koma fram í auglýsingum. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að gefa lántakandanum færi á því, áður en hann ákveður að taka lán, að velta fyrir sér kostnaðinum við það og bera það að öðru leyti saman við önnur lánstilboð.

8. Upplýsingaskyldunni ekki fullnægt.

Í tilskipun nr. 87/102 EBE eru ekki neinar reglur um til hvers það leiðir ef lánveitandi lætur hjá líða að upplýsa lántakanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Lög í hverju landi verða því að skera úr um það. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er of lág í lánssamningum með fastri fjárhæð skuli lánveitandi ekki

krefja lántakanda um hærri kostnað en samningur kveður á um, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Fyrir vikið verður að ætla að lánveitendur gæti þess að fullnægja upplýsingaskyldunni. Varla er unnt að setja um það almenn ákvæði hvaða áhrif rangar upplýsingar um árlega hlutfallstölu skuli hafa á skyldu lántakanda til að greiða lántökukostnað. Það verður að athuga sérstaklega við túlkun tiltekins samnings. Hér skal vísað til athugasemda við 14. gr.

9. Eftirlit með lánveitanda.

Með 12. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum lögð sú skylda á herðar að hafa skipulagt opinbert eftirlit með lánveitendum. Í ákvæðinu er getið um þrenns konar skipulag sem aðildarríki geta valið um. Í fyrsta lagi er þess krafist að lánveitandi hafi opinbert leyfi. Í öðru lagi er þar krafist opinbers eftirlits. Í þriðja lagi þurfa að vera til stofnanir sem taka við kvörtunum vegna lánssamninga eða lántökuskilmála og veitt geta lántakendum marktækar ráðleggingar þar að lútandi. Samkvæmt íslenskum lögum eru gerðar almennar kröfur um leyfi til handa aðilum sem hafa milligöngu um lánsviðskipti. Verðlagsstofnun hefur stjórnvaldseftirlit varðandi ákvæði í lögum um óréttmæta viðskiptahætti og á m.a. að fylgjast með því að fyrirtæki aðhafist ekkert er brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

Verðlagsstofnun getur t.d. vegna kvartana frá einstaklingum eða samtökum tekið mál til umfjöllunar. Hún getur einnig með tilmælum reynt að hafa áhrif á atvinnurekendur þannig að þeir hagi sér í samræmi við góða viðskiptahætti. Verðlagsstofnun getur farið fram á að verðlagsráð banni athafnir sem brjóta í bága við þetta. Hún gegnir ákveðnu hlutverki sem ráðgefandi aðili. Það fellur hins vegar utan verksviðs hennar að taka ákvarðanir í tilteknum málum sem varða einkarétt. Um þau verða almennir dómstólar að fjalla. Telja verður að allir lánssamningar, sem lögin taka til, séu háðir stjórnvaldseftirliti annaðhvort þannig að leyfi þurfi til starfseminnar, hún sé háð eftirliti opinbers aðila eða að stofnun sé til staðar sem hægt sé að snúa sér til með kvartanir. Íslenskur réttur virðist því uppfylla 12 gr. tilskipunarinnar. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til samkeppnislaga þar sem lagt er til að samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun taki við framangreindu hlutverki verðlagsráðs.

10. Endurheimt eignarréttar.

Samkvæmt tilskipun nr. 87/102 EBE skulu aðildarríki tryggja að þegar hlutir eru seldir með eignarréttarfyrirvara og lánveitandi eða seljandi tekur aftur hlut sem hann hefur selt eigi kaupandinn rétt á því að leysa til sín aftur endurheimtan hlut. Má lánveitandi eða seljandi ekki hagnast óeðlilega mikið á því.

Engar lögfestar reglur eru til um kaupsamninga með eignarréttarfyrirvara þó að slík viðskipti hafi tíðkast lengi hér á landi.

Samkvæmt frumvarpinu getur lánveitandi endurheimt söluhlut með aðför ef kveðið er á um eignarréttarfyrirvara í kaupsamningnum. Ekki er heimilt að endurheimta hlut ef hann er undanþeginn aðför og skiptir þá ekki máli hvort lántakandi hefur samþykkt slíkt. Lántakandi á rétt á því í fjórtán daga að leysa hina endurheimtu hluti til sín aftur. Á seljanda eða lánveitanda vöru, sem seld er með eignarréttarfyrirvara, hvílir sama upplýsingaskylda og á öðrum lánveitendum. Ef seljandi vanrækir upplýsingaskyldu sína, t.d. varðandi árlega hlutfallstölu kostnaðar, hefur það alvarlegar einkaréttarafleiðingar, en ófullnægjandi upplýsingaskylda hefur ekki áhrif á gildi eignarréttarfyrirvarans. Seljandi þarf ekki að fá dóm fyrir kröfu ef kaupsamningurinn fullnægir tilteknum skilyrðum.

11. Efnahagslegar og stjórnarfarslegar afleiðingar.

Verðlagsstofnun mun sjá um að framfylgja lögum þessum. Í tengslum við gildistöku laganna er nauðsynlegt að upplýsa almenning og atvinnurekendur um efni þessara nýju reglna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi um leið og EES-samningurinn. Lánveitandi á m.a. frá þeim tíma að upplýsa lántakanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar í tengslum við samþykkt. Því verður að kynna þessar reglur nú þegar. Er það mjög nauðsynlegt, t.d. þar sem útreikningur er flókinn og lánveitendur þurfa m.a. að verða sér úti um tölvuforrit til þess að fullnægja skyldum sínum samkvæmt lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er skýrt frá gildissviði laganna. Þau fjalla um lánssamninga sem gerðir eru við lántakanda af hálfu atvinnurekanda í atvinnuskyni. Ekki er skilyrði að lántakandi sé að gera lánssamninga í atvinnuskyni.

Hugtakið lánveitandi nær bæði yfir þann sem veitir lánið og þann sem hefur áunnið sér réttindi lánveitanda samkvæmt samningi nema eitthvað annað komi fram í lögunum.

Um 2. gr.

Í a- til g-liðum eru taldir upp lánssamningar sem frumvarpið tekur ekki til, jafnvel þótt þeir samsvari skilgreiningunni í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Grein þessi svarar til 6. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE. Fjallar hún um upplýsingaskyldu lánveitanda þegar um lánveitingu í formi heimildar til fyrirframúttektar af tékkareikningi er að ræða.

Um 4. gr.

Í þessari grein er skýrð merking orða. Er hún í samræmi við 1. gr. tilskipunarinnar. Orðið lántakandi er þó víðtækara hér en í tilskipun, nær bæði yfir einstaklinga og lögaðila, en ekki einungis einstakling sem í viðskiptum kemur fram í augnamiði sem telja má óskylt starfi hans.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði svarar til 4. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE. Það felur í sér skyldu lánveitanda til þess að gera skriflegan samning um lánið. Ekki er að finna neina reglu í íslenskum lögum sem kveður á um að lánssamningar skuli vera skriflegir. Það er hins vegar nauðsynlegt í framkvæmd, t.d. vegna sönnunarbyrði. Í dag eru munnlegir lánssamningar sjaldnast gerðir, a.m.k. ekki í atvinnuskyni. Ákvæðið mun því ekki hafa í för með sér miklar breytingar á þessu í reynd. Krafa um að lánssamningur skuli vera skriflegur er ekki samkvæmt frumvarpinu skilyrði fyrir gildi samnings. Munnlegur samningur er gildur eftir sem áður. Veita á upplýsingar um höfuðatriði samningsins samkvæmt ákvæðinu og er það tilgreint í 6. og 8. gr. Þetta ákvæði mun hafa í för með sér breytingar á efni lánssamninga hvað varðar árlega hlutfallstölu kostnaðar og enn fremur það sem kemur fram í 8. gr. Vart verður talið að höfuðatriði samnings sé umsamið ef það kemur ekki fram í skriflegum samningi. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir að lántakandi fái í hendur eintak af lánssamingi sem er mjög eðlilegt en breytir í engu þeim venjum sem tíðkast hafa í lánsviðskiptum.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði svarar til 4. gr. tilskipunar.

Lánveitandi er skyldugur til að gefa lántakanda ýmsar upplýsingar um það lán sem boðið er. Þær skulu látnar í té þegar samningurinn er gerður og koma fram í hinum skriflega samningi, sbr. 5. gr. Lagt er til að lánveitandi veiti upplýsingar um lántökukostnað í krónum og sem árlega prósentu af upphæð höfuðstóls. Þessar upplýsingar þarf þó ekki að gefa ef heildarupphæðin, sem greiða skal samkvæmt lánssamningnum, fer ekki fram úr 15.000 kr., sbr. d-lið 2. gr. Ástæðan fyrir undanþágunni er sú að erfitt getur verið fyrir lítil fyrirtæki að veita slíkar upplýsingar skriflega.

Upplýsingarnar, sem fram eiga að koma, eru í 1.–8. tölul. Samkvæmt 1. tölul. skal lántakandi fá upplýsingar um höfuðstól lánsins eða lánsfjárhæð. Samkvæmt 2. tölul. skal láta lántakanda í té upplýsingar um útborgunarfjárhæð ef einhver er, t.d. ef tekið er lán í banka. Samkvæmt 3. tölul. á lántakandi rétt á því að fá uppgefna nafnvexti. Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að lántakandi fái skriflegar upplýsingar um lántökukostnað uppgefinn í krónum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins nær lántökukostnaður yfir alla vexti og önnur gjöld sem lántakandi skal greiða af láninu.

Samkvæmt 5. tölul. er gert ráð fyrir því að látnar skuli í té upplýsingar um árlegan lántökukostnað í prósentum. Við útreikning hans skal taka tillit til lánskostnaðar sem skilgreindur er í 4. tölul.

Nánari reglur um útreikning á árlegum lántökukostnaði í prósentum koma fram í 10.–12. gr. frumvarpsins, sbr. skýringar við þær greinar.

Samkvæmt 6. tölul. skal lántakandi fá upplýsingar um heildarupphæð sem greiða skal samkvæmt samningnum. Loks skal lántakandi skv. 6. og 7. tölul. fá upplýsingar um fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga, enn fremur gildistíma lánssamnings og skilyrði uppsagnar hans.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði svarar til a-liðar 1. gr. í tilskipun nr. 87/102 EBE. Í 1. mgr. er lántökukostnaður skilgreindur sem allur sá kostnaður sem lántakandi verður að greiða fyrir lánið, þar með taldir vextir. Í ákvæðinu er tekið fram til hvaða kostnaðarliða á ekki að taka tillit þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð út. Samkvæmt 1. tölul. ber ekki að taka með kostnað vegna vanskila. Samkvæmt 2. tölul. á ekki að reikna með kostnað sem lántaki verður að greiða, hvort heldur kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða samkvæmt lánssamningi. Er hér t.d. átt við afhendingarkostnað. Samkvæmt 3. tölul. á ekki að taka með í útreikning kostnað vegna yfirfærslu á peningum. Er hér t.d. um að ræða kostnað vegna yfirfærslu peninga til lánveitanda með gíróseðli eða póst- eða bankaávísun. Samkvæmt 4. tölul. á ekki að taka með í útreikning kostnað vegna innheimtu á greiðslum, t.d. sendingarkostnað gíróseðla. Samkvæmt 5. tölul. á ekki að reikna með félagsgjöld við inntöku í félag samkvæmt öðrum samningi, jafnvel þótt það hafi áhrif á skilyrði lánssamnings. Þetta ákvæði tekur t.d. til þess skilyrðis að til að öðlast lán í lífeyrissjóði þarf lántakandi að hafa greitt félagsgjöld til félagsins. Að lokum er í 7. tölul. gert ráð fyrir að ekki skuli reiknað með kostnaði vegna trygginga og ábyrgða nema það eigi að tryggja endurgreiðslu lánsins. Samkvæmt þessum tölulið skal taka tillit til útreikninga, t.d. trygginga vegna kaupa með eignarréttarfyrirvara eða bifreiðaláns þar sem veð er stofnað í bifreiðinni til þess að tryggja endurgreiðslu lánveitanda ef söluhlutur glatast.

Taka á tillit til trygginga sem eiga að gera endurgreiðslu lánsins öruggari en ella, t.d. líftrygginga þar sem vátryggingarskjalið er lagt fram í öryggisskyni varðandi endur-

greiðslu á láninu. Aðalreglan felur í sér að kostnað vegna þinglýsingar veðskuldabréfa á að taka með í útreikninga.

Um 8. gr.

Eins og segir í skýringum við 7. gr. á ekki að taka nánar tiltekinn lánskostnað með við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Lántakandi á hins vegar að fá sérstaka vitneskju um þá kostnaðarliði í samningnum. Er kveðið á um það í þessu ákvæði.

Ef lánveitandi þekkir stærðir nefndra kostnaðarliða skal taka þær fram í samningnum. Ef hann veit ekki hve mikill kostnaðurinn er skal, að svo miklu leyti sem kleift er, láta í té vitneskju um reikningsaðferð eða mat á því hve kostnaður er mikill.

Í mörgum tilvikum er það háð upplýsingum frá þriðja aðila hvort lánveitandi getur gegnt upplýsingaskyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði. Með tilliti til þess verður að telja það nægilegt að lánveitandi gefi upp kostnaðinn með dæmi. Ef sett er t.d. það skilyrði fyrir því að veita bifreiðalán að bifreiðin sé kaskótryggð verður að telja nægilegt að lánveitandi gefi upp verð á tryggingunni fyrir ákveðna bifreiðategund og ákveðinn áhættuflokk.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir því að aðilar geti samið um breytilega vexti. Verður þá að tilgreina með hvaða hætti vextir séu breytilegir.

Samkvæmt 2. mgr. gildir þetta einnig um aðra kostnaðarliði en vexti. Sú skylda er lögð á lánveitanda að hann tilkynni lántakanda um slíkar breytingar.

Um 10. gr.

Þetta ákvæði svarar til a-liðar 1. gr. í tilskipun nr. 87/102 EBE. Í ákvæðinu felst skilgreining á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Kveðið er á um það að hlutfallstalan skuli reiknuð út samkvæmt ákveðinni stærðfræðilíkingu sem ráðherra setur með reglugerð. Í ákvæðinu er ráðherra enn fremur heimilað að setja nánari reglur um útreikning hlutfallstölunnar.

Um 11. gr.

Þessi lagagrein svarar til 4. tölul. a-liðar 1. gr. í tilskipun nr. 87/102 EBE. Útreikningurinn á að fara fram þegar lánssamningur gengur í gildi. Ekki skal tekið tillit til breytinga sem verða kunna á samningnum né hugsanlegra vanefnda á samningi.

Um 12. gr.

Í greininni segir við hvað skuli miða útreikning árlegrar hlutfallstölu ef ekki er kveðið á um það í samningi. Þetta ákvæði svarar til 6. og 7. tölul. a-liðar 1. gr. í tilskipun. Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 13. gr.

Þetta ákvæði er í samræmi við 3. gr. framangreindrar tilskipunar. Samkvæmt því er lögð ákveðin upplýsingaskylda á herðar lánveitanda í auglýsingum.

Um 14. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum, 9. lið, felur framangreind tilskipun ekki í sér neinar reglur um það hvaða áhrif það hefur að lánveitandi fullnægi ekki upplýsingaskyldunni.

Í þessu ákvæði eru reglur um það hvað varðar lánssamninga með fastri lánsfjárhæð.

Meginreglan er sú að ekki sé hægt að krefja um frekari lántökukostnað í prósentum en samningurinn kveður á um. Ef ekki eru veittar upplýsingar um lántökukostnað á lántakandi að greiða höfuðstól og ársvexti sem samsvara vöxtum á almennum skuldabréfum.

Þessar reglur gilda ekki ef lánveitandi getur sannað að lántakanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera.

Um 15. gr.

Tilgangur ákvæðisins er að fá lánveitanda til þess að fullnægja upplýsingaskyldunni. Meginreglan er sú að lánveitandi skuli bera afleiðingarnar af því ef hann fullnægir ekki þessari skyldu. Kostnaðurinn fellur á lánveitanda. Þessa reglu á að nota „ex officio“ í dómsmáli.

Um 16. gr.

Með þessu ákvæði er verið að fullnægja 8. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE. Er skýrt kveðið á um það að lántakandi eigi rétt á að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir þann tíma sem ákveðinn er í samningi. Í því tilviki á lántakandi rétt á því að krefjast lækkunar á lánskostnaði og fer þá eftir þeim reglum sem fram koma í 19. gr.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði er að finna reglur um það hvenær lánveitandi getur krafist greiðslu fyrir gjalddaga. Skilyrði þess eru talin upp í 1.–36. tölul. og verða þau að koma fram í samningnum. Tryggir þetta mjög rétt lántakanda. Sjálfir töluliðirnir þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein verður lánveitandi að segja samningi upp með ákveðnum fyrirvara ef hann ætlar sér að nota heimildir í 17. gr. Ef lántakandi greiðir innan frestsins fellur uppsögnin úr gildi. Þetta ákvæði tryggir mjög rétt lántakanda þar sem ekkert hefur fram að þessu verið um þetta í lögum.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði eru reglur um það til hvaða atriða skal tekið tillit við útreikning á skuld þegar greitt er fyrir gjalddaga. Koma reglurnar fram í þremur töluliðum og skýra sig sjálfar.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru reglur sem vernda lántakanda við kröfuhafaskipti.

Um 20. gr.

Þetta ákvæði svarar til 9. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE. Ákvæðið tryggir að lántakandi geti borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila hverja þá vörn sem honum var tiltæk gagn-

vart upphaflegum lánveitanda, þar með talinn skuldajöfnuð. Þetta er háð því skilyrði að lántakanda hafi verið þetta rétt gagnvart lánveitanda áður en kröfuhafaskiptin fóru fram. Er því hér um að ræða breytingu á almennum reglum kröfuréttar.

Í skýringum við 9. og 10. gr. framangreindrar tilskipunar kemur fram að ákvæðið í 9. gr. hreyfir ekki við 10. gr. hvað varðar viðskiptabréfareglur. Lántakandi getur því þrátt fyrir 9. gr. misst rétt gagnvart þriðja manni ef hann skrifar undir viðskiptabréf.

Í 3. mgr. þessarar greinar kemur fram sú regla að þetta gildir einungis ef lántakandi er í góðri trú.

Samkvæmt 4. mgr. getur lántakandi öðlast rétt á hendur framsalshafa vegna kaupa þar til uppgjör vegna kaupanna hefur farið fram.

Um 21. gr.

Þetta svarar til 10. gr. í framangreindri tilskipun. Samkvæmt því ákvæði skulu aðildarríkin sjá til þess að neytendur njóti tilhlýðilegrar verndar varðandi viðskiptabréf. Er með þessu ákvæði í frumvarpinu verið að banna notkun viðskiptabréfa í viðskiptum við lántakendur. Lánveitanda er ekki heimilt að taka við slíkum bréfum sem orðuð eru í ákvæðinu.

Um 22. gr.

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar við kaup með eignarréttarfyrirvara. Er ákvæði þetta í samræmi við 33. gr. danska frumvarpsins til laga um neytendalán.

Um VII. kafla.

Með ákvæðum í þessum kafla er verið að fullnægja 7. gr. framangreindrar tilskipunar. Samkvæmt henni verður að kveða á um skilyrði fyrir endurheimt eignarréttar. Einnig verður að tryggja samkvæmt tilskipuninni að endurheimt hafi eigi í för með sér neina ótilhlýðilega auðgun.

Um 23. gr.

Í greininni koma fram skilyrði fyrir að endurheimta hluti. Skal það gert með atbeina sýslumanns. Skilyrði eru tilgreind í 1. og 2. tölul. og skýra sig sjálf.

Um 24. gr.

Með þessu ákvæði er lántakanda tryggður sá réttur að hann geti greitt skuld eftir gjalddaga en áður en hlutur hefur verið endurheimtur.

Um 25. gr.

Í þessu ákvæði felast reglur um útreikning eftirstöðva skuldar þegar lánveitandi vill endurheimta söluhlut. Þeirra er getið í 1.–3. tölul. sem skýra sig sjálfir.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um að andvirði söluhlutar skuli renna til kaupanda.

Um 27. gr.

Ákvæði um að lántakandi eigi rétt á mismun til þess að lánveitandi geti tekið söluhlut ef um það er að ræða.

Um 28. gr.

Þarna er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að seljandi geti ekki krafist mismunar ef andvirði söluhlutar er minna en lánveitandi getur krafist.

Um 29. gr.

Þarna er gert ráð fyrir að lánveitandi geti krafist mismunar ef ákvæði 23. gr. er til fyrirstöðu um endurheimt þrátt fyrir ákvæði 28. gr. Samkvæmt 2. mgr. getur lánveitandi tryggt rétt sinn með fjárnámi ef hlutur finnst ekki. Er þetta eðlilegt ákvæði og í samræmi við gildandi rétt.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði tryggir rétt lántakanda við endurheimt. Samkvæmt 1. mgr. getur hann valið að halda eftir t.d. einum hlut af mörgum gegn ákveðnum skilyrðum. Í 2. mgr. er lántakanda tryggður sá mikilvægi réttur að hann geti í vissan tíma leyst endurheimta hluti til sín aftur. Samkvæmt 3. mgr. á lántakandi ekki rétt á þessu ef hlutur er úr safni eða samstæðu og aðskilnaður hefur í för með sér rýrnun.

Um 31. gr.

Hér er ráðherra veitt almenn heimild til þess að undanþiggja frá lögunum tilteknar tegundir lána. Samkvæmt tilskipun eru það lán sem ekki eru viðskiptalegs eðlis og veitt eru við sérstök skilyrði. Heimildin í ákvæðinu nær til lána sem veitt eru gegn lægra gjaldi og standa almenningi ekki til boða. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda.

Um 32. gr.

Ákvæðið heimilar ráðherra að setja reglur um hvernig prenta eigi leiðbeiningar um réttarstöðu lántakenda. Getur þetta verið nauðsynlegt, sérstaklega t.d. varðandi útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Um 33. gr.

Ráðherra er þar veitt heimild til þess að breyta upphæðarmörkum í samningum sem lögin taka til.

Um 34. gr.

Gert er ráð fyrir sektarrefsingum samkvæmt frumvarpinu. Lögaðila má einnig gera sekt.

Um 35. gr.

Tilraun og hlutdeild einnig refsiverð.

Um 36. gr.

Samkvæmt ákvæðinu má ekki víkja frá lögunum lántakanda í óhag. Er það í samræmi við 14. gr. tilskipunar nr. 87/102 EBE.

Um 37. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal I

með frumvarpi til laga um lánsviðskipti.

Drög að reglugerð um árlega hlutfallstölu kostnaðar.

1. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar byggir á grunnjöfnu sem sýnir jafnvirði lána annars vegar og endurgreiðslur og gjöld hins vegar.

$$\sum_{K=1}^{K=m} \frac{A_K}{(1+i)^{t_K}} = \sum_{K'=1}^{K'=m'} \frac{A'_{K'}}{(1+i)^{t}_{K'}}$$

Merking stafa og tákna:

K	er númer láns
K'	er númer endurgreiðslu eða greiðslu gjalda
A_K	er fjárhæð láns númer K
$A'_{K'}$	er fjárhæð endurgreiðslu númer K'
$\sum$	stendur fyrir summuna
m	er númer síðasta láns
m'	er númer síðustu endurgreiðslu eða greiðslu gjalda
t_K	er tímabilið í árum eða hluta úr ári milli dagsetningar láns nr. 1 og síðari lána nr. 2 til m
$t_{K'}$	er tímabilið í árum eða hluta úr ári milli dagsetningar láns nr. 1 og síðari lána nr. 2 til m'
i	er kostnaður í hundraðshlutum sem hægt er að reikna út (með algebru, endurteknum nálgunum eða með tölvuforriti) þar sem aðrir hlutar jöfnunnar eru þekktir úr samningnum eða á annan hátt.

Athugasemdir:

a) Fjárhæð sem báðir aðilar greiða á mismunandi tímum þarf ekki nauðsynlega að vera jafnhá og endurgreiðist ekki nauðsynlega með jöfnu millibili.

b) Upphafsdagsetning er dagsetning fyrsta lánsins.

c) Tíminn milli dagsetninga sem notaðar eru við útreikningana skal gefinn í árum og hluta úr ári.

DÆMI UM ÚTREIKNINGA

Fyrsta dæmi

Lánsfjárhæð S = 1 000 ECU.

Hún endurgreiðist með einni greiðslu sem nemur 1 200 ECU 18 mánuðum eða 1 $\frac{1}{2}$ ári eftir dagsetningu lánsins.

Jafnan verður því: $1\,000 = \frac{1\,200}{(1+i)^{1,5}}$

eða $(1+i)^{1,5} = 1,2$

$1+i = 1,129243...$

$i = 0,12924...$

Fjárhæð þessi verður lækkuð niður í 12,9 % eða 12,92 % eftir því hvort heimilt er að jafna hundraðshluta með einum eða fleiri aukastöfum samkvæmt landslögum eða venju.

Annað dæmi

Samþykkt fjárhæð er S = 1 000 ECU en lánveitandi dregur 50 ECU frá kostnaði vegna umsýslan og stjórnunar þannig að lánsfjárhæðin er í raun 950 ECU; 1 200 ECU greiðast til baka, eins og í fyrsta dæminu, 18 mánuðum frá dagsetningu lánsins.

Jafnan verður því: $950 = \frac{1\,200}{(1+i)^{1,5}}$

eða $(1+i)^{1,5} = \frac{1\,200}{950} = 1,263157...$

$1+i = 1,16851...$

$i = 0,16851...$ hækkuð í 16,9 % eða lækkuð í 16,85 %.

Þriðja dæmi

Lánsfjárhæðin er 1 000 ECU sem greiðist til baka með tveimur greiðslum sem nema 600 ECU hvor, önnur er eftir eitt ár, hin eftir tvo.

Jafnan verður því: $1\,000 = \frac{600}{1+i} + \frac{600}{(1+i)^2}$

Hún er leyst með algebru og gefur niðurstöðuna i = 0,1306623, hækkuð í 13,1 % eða 13,07 %.

Fjórða dæmi

Lánsfjárhæðin er 1 000 ECU og fjárhæðirnar sem lántakandi þarf að greiða eru:

Eftir þrjá mánuði	(0,25 ár)	272 ECU
Eftir sex mánuði	(0,50 ár)	272 ECU
Eftir tólf mánuði	(1 ár)	544 ECU
Alls		1 088 ECU

Jafnan verður því:

$$1\,000 = \frac{272}{(1+i)^{0,25}} + \frac{272}{(1+0)^{0,50}} + \frac{544}{1+i}$$

Með þessari jöfnu er hægt að reikna i með endurteknum nálgunum sem má forrita á vasareiknivél.

Niðurstaðan er:

$i = 0,1321$ jöfnuð í 13,2 eða 13,21 %.

Sölugengi ECU 11/6 92 er kr. – 73.9916.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Með frumvarpi þessu er ætlað að koma á þeirri reglu í flestum lánsviðskiptum að lánveitandi tilgreini raunverulega vexti sem lánssamningur leiðir af sér. Frumvarp þetta er hiðstætt löggjöf margra annarra landa. Frumvarp þetta er eitt þeirra sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði af sér sérstakan kostnað fyrir ríkissjóð þar sem dómstólar munu verða að fjalla um allar afleiðingar af deilum um lánsviðskipti sem upp kunna að koma vegna laga þessara og framkvæmdarvaldið mun verða að hafa lítil afskipti þar af.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Við lög nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu, bætist ný grein, 18. gr., svohljóðandi:

Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 5. gr. þeirra laga, skulu ríkisborgarar annarra svæðisríkja en Íslands, í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, vera undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, sbr. tilskipanir 64/222-224/EBE, 68/363-364/EBE, 70/522-523/EBE og 86/653/EBE.

Sama undanþága gildir varðandi skilyrði um heimilisfesti á Íslandi, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga þessara.

Ríkisborgarar annarra svæðisríkja en Íslands skulu eigi njóta lakari aðstöðu með tilliti til undanþágu frá menntunar- eða starfsreynsluskilyrði en íslenskir ríkisborgarar, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga þessara.

2. gr.

1. tölul. 3. gr. laga nr. 42 18. maí 1978, iðnaðarlaga, hljóðar svo:

1. Er íslenskur ríkisborgari. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 5. gr. þeirra laga, skulu ríkisborgarar annarra svæðisríkja en Íslands, í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, vera undanþegnir skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta leiðir af skuldbindingum í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið varðandi jafnræði ríkisborgara svæðisríkja. Frumvarpið geymir ekki tæmandi upptalningu á lagabreytingum á grundvelli skuldbindinganna heldur taka fleiri frumvörp á þessu og öðru. Að öðru leyti þykir eigi þörf á sérstökum skýringum við frumvarpið.

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breytingu á lögum nr. 65 26. júní 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Finnur Ingólfsson, Steingrímur Hermannsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á fiskveiðitímabilinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 er sjávarútvegsráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila í sjávarútvegi, að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skuli ráðstafað án endurgjalds að öllu leyti til þeirra skipa sem verða fyrir verulegum samdrætti í aflatekjum milli veiðitímabila af veiði á tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Skal aflaheimildum sjóðsins ráðstafað þannig að skerðing heildaraflaheimilda verði sem jöfnust hjá þeim skipum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að jafna í nokkru það mikla áfall sem þorskveiðiflotinn verður fyrir vegna skertra aflaheimilda á fiskveiðiárinu 1992–1993. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir því á síðasta ári með lagasetningu að afnema jöfnunarhlutverk Hagræðingarsjóðs og ákvað að selja mætti þann afla sem hann hefur til umráða hæstbjóðanda. Með þessu var gerð veigamikil breyting á stjórnkerfi fiskveiða án þess að tilskilið samráð væri haft við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar sagði m.a.: „Þá er í frumvarpinu lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu."

Á fyrsta starfsári Hagræðingarsjóðs var aflaheimildum hans varið til að mæta skertum aflaheimildum loðnuveiðiskipanna. Á síðasta fiskveiðiári gengu aflaheimildir sjóðsins til flotans í heild. Nú blasir við meiri skerðing en nokkru sinni fyrr og þá ákveður ríkisstjórnin að selja þessar aflaheimildir og afnema möguleika til jöfnunar. Hér er stigið skref sem er óviðunandi fyrir þá aðila sem mest byggja á þorskveiðum. Hún felur í sér slíkt óréttlæti að ekki verður við unað.

Ríkisstjórnin hefur rígbundið sig í að selja ákveðinn hluta veiðiheimildanna án tillits til aðstæðna hverju sinni. Andstaða talsmanna sjávarútvegsins gegn þessu gerræði virðist litlu breyta. Það er því nauðsynlegt að Alþingi grípi í taumana og breyti þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar með lögum.

Sjávarútvegsráðherra hefur lagt til að sjóðurinn verði notaður með svipuðum hætti og hér er lagt til, enda er það eina leiðin í þeirri stöðu sem upp er komin. Því vænta flutningsmenn frumvarpsins þess að mál þetta fái skjóta meðferð á Alþingi og þannig verði komið til móts við óskir sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin hefur vísað þessu vandamáli til Byggðastofnunar. Byggðastofnun hef-

ur nánast enga möguleika til að koma til móts við þá aðila sem verða fyrir mestri skerðingu. Til þess hefur stofnunin hvorki fjármagn né aflaheimildir. Ríkisstjórnin hefur því vísað málinu frá sér og því er eina úrræðið að Alþingi grípi í taumana.

Það er ljóst að rekstrarskilyrði sjávarútvegsins verða ekki bætt með þessari aðgerð einni saman. Þar þarf fleira til að koma. Þessi jöfnun er þó forsenda þess að eðlilegt jafnræði ríki í greininni þótt vissulega hafi komið til álita að nýta jafnframt aðrar aflaheimildir til jöfnunar. Með úthlutun á aflakvótum fyrir fiskveiðiárið 1992–1993 hefur ríkisstjórnin útilokað að hægt sé að grípa til slíkra úrræða. Sem dæmi um hvað hægt hefði verið að gera má nefna að rækjuafli var aukinn sérstaklega á árinu 1991 til úthlutunar vegna loðnubrests.

Það er jafnframt nauðsynlegt að bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins að öðru leyti. Raungengið hefur hækkað of mikið og því getur sjávarútvegurinn ekki staðið undir þeim kostnaði sem á honum hvílir í dag með þeim tekjum sem eru til skiptanna. Það verður því að leita allra ráða til að lækka kostnaðinn og verja þannig gengi krónunnar. Ríkisstjórnin hefur enga tilburði haft uppi til að undirbúa mál með þeim hætti. Nauðsynlegt er að létta margvíslegum kostnaði af sjávarútveginum. Rafmagnsverð er of hátt, aðstöðugjald er óréttmætt og vextir allt of háir. Ríkisstjórnin hefur auk þess beitt sér fyrir margvíslegum álögum á sjávarútveginn og hafa aðilar í greininni metið hækkanir á opinberum álögum allt að 1 milljarði króna á árinu 1992.

Sjávarútvegurinn hefur náð fram verulegri hagræðingu á undanförnum árum og á eftir að sýna mikinn árangur á því sviði. Hann þarf tíma og aðstæður til að halda þeirri vinnu áfram. Jafnframt þarf að skapa honum svigrúm til að nýta sér ýmsa möguleika í vannýttum tegundum og að auka vinnslu innan lands.

Með samvinnu ríkisvalds og greinarinnar sjálfrar er mögulegt að vinna sig út úr erfiðleikunum. Ríkisstjórnin hefur í reynd hafnað slíku samstarfi. Ef frumvarp þetta verður að lögum er skapað nauðsynlegt andrúmsloft og aðstæður til að ríkisvaldið og atvinnugreinin taki höndum saman um úrlausn þeirra erfiðu viðfangsefna sem við blasa. Íslenskt samfélag þolir ekki þann mikla samdrátt, bölsýni og gjaldþrot sem núverandi ríkisstjórn hefur hrundið af stað. Með samþykkt þessa frumvarps er stigið mikilvægt skref í þeirri viðleitni að styðja við bakið á íslenskum sjávarútvegi sem býr nú við þrengri stöðu en oftast áður.

Flutningsmenn frumvarpsins eru þeirrar skoðunar að best sé að breyta lögunum um Hagræðingarsjóð í upphaflegt horf, en jafnframt verði varanleg heimild til að beita sjóðnum í tilfellum sem þeim er við nú stöndum frammi fyrir og stóðum frammi fyrir vegna loðnubrests 1990. Eðlilegt er að bíða með þær breytingar þar til við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Flutningsmenn flytja því breytingartillögu sem ákvæði til bráðabirgða í þeirri von að um það geti skapast meiri samstaða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er sjávarútvegsráðherra heimilað að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til jöfnunar. Í reynd er lögð sú skylda á sjávarútvegsráðherra að jafna skerðingu heildaraflaheimilda þeirra skipa er sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Það skal hann gera í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Ekki þykir rétt að lögfesta með nákvæmum hætti hvernig aflaheimildum sjóðsins skuli skipt. Eðlilegt er að sjónarmið hagsmunaaðila í sjávarútvegi ráði þar miklu. Við með-

ferð málsins á Alþingi er líklegt að það skýrist betur þannig að hægt sé að kveða betur á um skiptinguna. Dæmi um skiptingu má sjá á fskj. V.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpi þessu fylgja eftirtalin gögn:

1. Lög nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
3. Nefndarálit minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
4. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til sjávarútvegsnefndar, dags. 28. júlí 1992, um úthlutun aflaheimilda.
5. Yfirlit sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 5. ágúst 1992, um breytingu aflaheimilda milli fiskveiðiára eftir sveitarfélögum, kjördæmum og útgerðarflokkum, auk útreikninga um ætluð áhrif af dreifingu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs.

Fylgiskjal I.

Lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

(Lög nr. 40 15. maí 1990.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn Hagræðingarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimanna-

sambands Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, einn eftir tilnefningu Byggðastofnunar, en einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðstjórnar.

Nýti einhver tilnefningaraðila ekki rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanns eða náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu skipar ráðherra stjórnarmann í hans stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og getur í 1. mgr.

3. gr.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið nema 800 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 240.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

Hagræðingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

5. gr.

Hagræðingarsjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12.000 þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar skv. ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar.

6. gr.

Stjórn Hagræðingarsjóðs er heimilt árlega að taka lán vegna skipakaupa að fjárhæð allt að 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána þessara.

Noti stjórn Hagræðingarsjóðs heimild 1. mgr. að fullu, eða hluta, til yfirtöku áhvílandi lána á fiskiskipi við kaup ber ríkissjóður sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu eftirstöðva þeirra eftir að veði hefur verið fargað eða það selt úr landi. Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, að tryggja lán með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein í stað 1. veðréttar í skipi.

7. gr.

Við kaup á skipum til úreldingar skal stjórn sjóðsins miða við að fiskiskipastóllinn þróist þannig að fiskstofnarnir séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti, m.a. með tilliti til aldursdreifingar afla og aflameðferðar um borð.

Aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn kaupir, falla ekki niður þótt þeim skipum, sem þær höfðu, sé fargað. Flytjast þær til sjóðsins er ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum laga þessara að teknu tilliti til ákvæða laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma.

Aldrei skal Hagræðingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða. Hafi hlutdeild sjóðsins náð framangreindu hámarki skulu aflaheimildir þeirra skipa, sem úrelt eru, bætast hlutfallslega við aflaheimildir þeirra fiskiskipa sem viðkomandi veiðar stunda frá upphafi næsta árs eða næstu vertíðar. Hafi botnfiskheimildir sjóðsins náð fyrrgreindu hámarki skulu botnfiskveiðiheimildir úreltra báta þó eingöngu dreifast hlutfallslega á bátaflotann og heimildir úreltra togara með sama hætti eingöngu á togaraflotann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að lækka hámark þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari málsgrein.

Styrkir vegna úreldingar skipa, sbr. lokamálslið 1. gr., mega aldrei nema meira en 1/10 hluta húftryggingarverðs skips. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úreldingarstyrki samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tilteknar veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þeirra veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal sjóðstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því fiskveiðiári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt.

Stjórn sjóðsins getur við kaup á fiskiskipi samið svo um að seljandi njóti forkaupsréttar á aflaheimildum í tiltekinn tíma eftir kaupin gegn endurgjaldi er miðist við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki meðan svo er ástatt.

9. gr.

Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari málsgrein.

Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð að fengnu samþykki Byggðastofnunar.

Þær aflaheimildir skv. 1. mgr., sem ekki verða nýttar á viðkomandi fiskveiðiári til aðstoðar skv. ákvæðum þessarar greinar, skulu framseldar skv. ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

10. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Hagræðingarsjóðs.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Hagræðingarsjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

11. gr.

Hagræðingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4. gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark á útflutningi á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en sem nemur 8.000 þorskígildistonnum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna.

II.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Samþykkt á Alþingi 5. maí 1990.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

(124. mál 115. löggjafarþings.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands skal jafnframt annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta hámarksafla í hlutfalli við leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll

er ráðherra ákveður. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn útgerðum í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessari grein skal varið til að standa straum af kostnaði við Hafrannsóknastofnunina. Sjóðurinn skal standa stofnuninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Úreldingarstyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

6. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

7. gr.

9. og 10. gr. laganna falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Jafnframt fellur ákvæði til bráðabirgða II niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal þeim aflaheimildum, sem Hagræðingarsjóður fær til ráðstöfunar skv. 5. gr. laga nr. 40 15. maí 1990, varið til hækkunar á aflamarki einstakra skipa í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim fisktegundum sem sjóðurinn hefur til umráða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Þetta frumvarp hlaut ekki afgreiðslu á því þingi og því var það endurflutt á 112. löggjafarþingi. Með frumvarpinu var lagt til að stofnaður skyldi sjóður sem hefði það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Þessu hlutverki skyldi sjóðurinn sinna með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skyldi sjóðurinn kaupa fiskiskip með aflaheimildum. Í öðru lagi skyldi sjóðurinn greiða úreldingarstyrki sem gátu numið allt að 10% af húftryggingarverðmæti fiskiskipa.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu vorið 1990 voru gerðar verulegar breytingar á efni þess. Nafni sjóðsins var m.a. breytt í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og sjóðnum úthlutað aflaheimildum sem námu allt að 12.000 þorskígildislestum. Þessum aflaheimildum átti sjóðurinn að ráðstafa með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skyldi sjóðurinn framselja allt að helmingi þessara aflaheimilda til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum sem standa höllum fæti. Í öðru lagi skyldi sjóðurinn framselja heimildir sínar til einstakra fiskiskipa. Allar tekjur sjóðsins af framsali aflaheimilda áttu að renna til að standa undir fækkun fiskiskipa.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skyldi sjóðurinn fá úthlutað allt að 8.000 þorskígildislestum á fiskveiðitímabilinu sem hófst 1. janúar 1991 og lauk 31. ágúst 1991. Með lögum nr. 13/1991, um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, var sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að úthluta aflaheimildum sjóðsins til loðnuskipa. Ráðherra nýtti þessa heimild laganna og var með reglugerð nr. 152/1991 tekin ákvörðun um skiptingu 8.000 þorskígildislesta milli einstakra loðnuskipa. Hagræðingarsjóður fékk því ekki úthlutað aflaheimildum á umræddu fiskveiðitímabili.

Með þessu frumvarpi er lagt til að talsverðar breytingar verði gerðar á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi er lagt til að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem gildandi lög um sjóðinn gera ráð fyrir. Tilgangur þessarar breytingar er að stuðla að raunhæfri fækkun fiskiskipa. Í öðru lagi er lagt til að allar tekjur sjóðsins af framsali aflaheimilda renni til Hafrannsóknastofnunar. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að láta atvinnuvegina bera í ríkari mæli en nú kostnað af því rannsóknar- og þjónustustarfi sem fram fer í þeirra þágu á vegum ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að samfara þessu verði hafrannsóknir efldar og hefur m.a. verið tekin ákvörðun um að hefja umfangsmiklar fjölstofnarannsóknir og rannsóknir á heildarsamhengi lífríkis sjávar.

Samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð er sjóðnum heimilt að greiða úreldingarstyrki sem nema allt að 10% af húftryggingarmati fiskiskipa. Skilyrði fyrir greiðslu slíkra styrkja er að aflaheimildir þess fiskiskips, sem úrelt er, verði sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra fiskiskipa í flotanum. Reynslan hefur sýnt að þetta hlutfall

er of lágt því að sjóðnum hefur nánast ekki borist fullgild umsókn um greiðslu styrks. Hafa margir útgerðarmenn frekar kosið að selja endurnýjunarrétt fiskiskipa sem aflaheimildir hafa verið fluttar af eða að halda þeim til veiða á vannýttum tegundum. Þetta mun hins vegar leiða til vaxandi sóknar í þessar tegundir og getur þannig flýtt fyrir að grípa verði til þess að setja hámarksafla á fleiri tegundir en nú er. Þá liggja allmörg fiskiskip bundin við bryggju þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig skipin skulu nýtt. Hætt er við að sum þessara skipa muni verða nýtt til stækkunar á nýjum skipum. Með því að hækka þetta hlutfall í allt að 30% af húftryggingarverðmæti er gert ráð fyrir að hægt verði að ná umtalsverðum árangri í að fækka fiskiskipum.

Með frumvarpinu er ekki lagt til að gjald, sem eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri greiða til sjóðsins í samræmi við stærð skipanna, verði hækkað. Árlegar tekjur sjóðsins af þessu gjaldi nema um 80 millj. kr. en eigið fé hans nam 600 millj. kr. 1. september sl. Reynist eftirspurn eftir styrkjum til úreldinga mikil á næstu árum þarf því annaðhvort að hækka iðgjöldin eða lækka það hlutfall af húftryggingarverðmæti sem styrkfjárhæðin miðast við.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild sjóðsins til þess að kaupa fiskiskip með aflaheimildum verði felld niður. Reynslan hefur sýnt að umframeftirspurn er eftir fiskiskipum til kaups. Þetta endurspeglast í háu verði á fiskiskipum og hætt er við að samkeppni frá opinberum sjóði geti haft óheppileg áhrif á alla verðmyndun. Þá er vandséð miðað við hið háa verð að kaup á fiskiskipum í því skyni að framselja árlegar aflaheimildir þeirra til að standa undir kaupverðinu fái staðist. Það er því eðlilegt að þessi heimild sjóðsins verði felld úr gildi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu.

Eins og áður er rakið er gert ráð fyrir að andvirði þeirra 12.000 þorskígildislesta, sem sjóðurinn fær árlega úthlutað, verði varið til Hafrannsóknastofnunar. Meginhluta teknanna verður varið til að standa undir almennum rekstrarkostnaði stofnunarinnar en að hluta verða þessir fjármunir nýttir til að standa undir sérstökum rannsóknarverkefnum sem eru fyrirhuguð. Gert er ráð fyrir að árlegar aflaheimildir sjóðsins verði framseldar til fiskiskipa eftir sömu reglum og eru í gildandi lögum um sjóðinn. Í upphafi hvers fiskveiðiárs verður útgerðum því boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins í réttu hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips. Nýti útgerð ekki forkaupsrétt verða þær aflaheimildir, sem þannig falla niður, framseldar hæstbjóðanda.

Með þeim breytingum, sem lagðar eru til á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er gert ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem er. Með hliðsjón af því er lagt til að ekki verði skipuð sérstök stjórn fyrir sjóðinn eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Í þess stað er lagt til að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands verði falið að annast veitingu úreldingarstyrkja úr sjóðnum en samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð annast Fiskveiðasjóður daglegan rekstur sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að nafn sjóðsins skuli óbreytt, þ.e. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hins vegar er gerð breyting á hlutverki sjóðsins frá því sem áður var. Hlutverk sjóðsins er nú eingöngu að draga úr afkastagetu fiskiskipaflotans og auka þar með hag-

kvæmni í útgerð. Heimild sjóðsins til að koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum er því felld niður.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um stjórn sjóðsins. Er lagt til að stjórn Fiskveiðasjóðs verði falið að annast stjórn sjóðsins en ekki verði skipuð sérstök stjórn eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þessi breyting þykir eðlileg þar sem gert er ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega.

Þá er kveðið á um að sjóðurinn skulu áfram vistaður hjá Fiskveiðasjóði og fjárhagur sjóðsins verði aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal sjóðnum árlega úthlutað 12.000 þorskígildislestum af botnfiski. Lagt er til að aflaheimildir skiptist milli einstakra botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla og miðað við verðmætahlutföll milli tegunda sem ráðherra ákveður í upphafi hvers fiskveiðiárs. Áður en leyfilegum heildarafla er skipt á milli einstakra fiskiskipa þarf því að taka tillit til aflaheimilda sjóðsins með sambærilegum hætti og gert er varðandi þann hluta línuafla sem telst utan aflamarks í fjóra mánuði á ári hverju.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig aflaheimildum sjóðsins skuli ráðstafað. Er lagt til að útgerðum fiskiskipa, sem hafa aflahlutdeild af þeim tegundum sem sjóðurinn fær úthlutað, verði veittur forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins. Forkaupsrétturinn verður boðinn í upphafi hvers fiskveiðiárs í hlutfalli við aflahlutdeild hvers fiskiskips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Verðið skal ákveðið af ráðherra og miðast við gangverð sambærilegra heimilda. Er gert ráð fyrir að framkvæmd þessara atriða verði í samráði við sjávarútvegsráðuneytið og að forkaupsrétturinn verði boðinn um leið og ráðuneytið sendir út tilkynningar um aflaheimildir við upphaf hvers fiskveiðiárs.

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á, skulu framseldar hæstbjóðanda. Er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði falið að annast útboð þeirra aflaheimilda samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við Hafrannsóknastofnunina. Er hér um breytingu að ræða frá gildandi lögum en samkvæmt þeim skal tekjum sjóðsins af ráðstöfun aflaheimilda varið til fækkunar fiskiskipa.

Um 5. gr.

Til að minnka afkastagetu fiskiskipaflotans skal sjóðurinn greiða styrki til úreldingar fiskiskipa sem nema allt að 30% af húftryggingarverðmæti þess skips sem úrelda á. Er lagt til að ráðherra ákveði, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, fyrir upphaf hvers almanaksárs hve háu hlutfalli af húftryggingarverðmæti fiskiskips styrkurinn nemur. Það ræðst fyrst og fremst af fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlunum um úreldingu skipa hversu hátt þetta hlutfall verður. Þá er lagt til að sett verði 50 m.kr. hámark á þann styrk sem greiða má vegna úreldingar hvers einstaks skips. Er það gert til að beina úreldingu frekar að eldri og verðminni skipum og draga úr hættu á því að einstakar úreldingar geti kollvarpað fjárhagsáætlunum sjóðsins. Í þessu sambandi má einnig benda á að iðgjöld til sjóðsins sæta tilteknu hámarki. Í 2. mgr. er kveðið á um til hvaða fiskiskipa heimilt er að

greiða styrki til úreldingar. Er einungis heimilt að greiða styrki vegna þeirra skipa sem gjaldskyld eru til sjóðsins. Jafnframt er kveðið á um að við greiðslu úreldingarstyrkja skuli miða við húftryggingarverðmæti fiskiskipa eins og það var í upphafi þess almanaksárs sem umsókn barst.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að taka lán er í 3. mgr. ákvæði þess efnis að hægt sé að lækka styrkhlutfallið innan ársins. Þá er stjórn sjóðsins enn fremur heimilt að fresta greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau skilyrði sem eigandi fiskiskips, sem sækir um styrk til úreldingar, þarf að uppfylla áður en stjórn sjóðsins er heimilt að veita loforð um styrk. Í fyrsta lagi þarf eigandi skips að lýsa því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá. Í öðru lagi að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur. Í þriðja lagi að allar aflaheimildir skipsins verði sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra skipa. Með þessu móti er tryggt að greiðsla úreldingarstyrks úr sjóðnum mun í öllum tilvikum leiða til að dragi úr afkastagetu fiskiskipaflotans. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að stjórn sjóðsins sé óheimilt að greiða út styrk fyrr en öll þau skilyrði, sem rakin eru í 1. mgr., hafa verið uppfyllt.

Um 7. gr.

Þessa grein leiðir af breyttu hlutverki sjóðsins og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Rétt er þó að taka fram að ákvæði 3. gr. frumvarpsins koma ekki til framkvæmda fyrr en við úthlutun aflaheimilda í upphafi þess fiskveiðiárs sem hefst 1. september 1992. Þær heimildir, sem sjóðurinn fær til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiári, eru því skv. 5. gr. laga nr. 40/1990. Hér er um að ræða samtals rúmlega 11.000 þorskígildislestir. Um ráðstöfun þeirra er gerð tillaga í ákvæði til bráðabirgða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um ráðstöfun aflaheimilda sjóðsins á fiskveiðiárinu sem hófst þann 1. september 1991 og lýkur 31. ágúst 1992. Lagt er til að öllum aflaheimildum sjóðsins á þessu fiskveiðiári verði varið til hækkunar á aflamarki einstakra fiskiskipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur til umráða. Það verður því fyrst við upphaf þess fiskveiðiárs sem hefst 1. september 1992 sem eigendum fiskiskipa verður boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins samkvæmt ákvæðum 4. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Með frumvarpinu eru gerðar tvenns konar breytingar á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Annars vegar eru breytt ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda sjóðsins. Hins vegar eru breytt ákvæði um styrkveitingar sjóðsins til úreldingar fiskiskipa.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að afla Hafrannsóknastofnun 525 m.kr. með sérstökum tekjum. Samkvæmt frumvarpinu hyggst sjávarútvegsráðuneytið ná því marki með framsali aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til eins árs í senn gegn endurgjaldi, en sjóðurinn fær úthlutað 12.000 þorskígildislestir á ári hverju. Til þess að ná áðurnefndri fjárhæð þyrfti meðalverð hvers kílós, sem sjóðurinn framselur, að vera tæpar 44 kr. Þetta mun vera nokkuð umfram gangverð slíkra heimilda í dag. Þar sem hér er um mjög mikið magn að ræða er óvíst hver áhrif sölunnar verða á markaðinn. Ef ekki tekst að afla áðurnefndra tekna með þessu móti verður að leita annarra leiða til að ná endum saman í rekstri Hafrannsóknastofnunar á árinu 1992.

Breytingar frumvarpsins varðandi styrki til úreldingar fiskiskipa hafa ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs þar sem þeir eru fjármagnaðir með sérstöku gjaldi á fiskiskip en ekki með framlagi úr ríkissjóði.

Fylgiskjal III.

Nefndarálit minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
(Þskj. 310 á 115. löggjafarþingi.)

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum en fengið lítinn tíma til umfjöllunar um málið. Frumvarp þetta verður að skoðast í ljósi þess að í ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins kemur fram að ráðherra skuli fyrir árslok 1992 láta endurskoða lögin. Í því sambandi er honum skylt að hafa samráð við sjávarútvegsnefnd Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Á árinu 1986 fór fram viðamikil endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Nefnd sú, sem vann að endurskoðuninni, lagði til að gamli Úreldingarsjóður fiskiskipa, sem stofnaður var árið 1980, yrði lagður niður. Ástæða þess var einkum sú að nefndin lagði til að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði lagt niður og við það hvarf aðaltekjustofn sjóðsins. Nefndin taldi jafnframt að þörf væri á því að gera starfsemi Úreldingarsjóðs og

Aldurslagasjóðs fiskiskipa markvissari en verið hafði. Þótti sjóðurinn hafa unnið gegn upprunalegum tilgangi sínum því styrkveitingum úr sjóðnum var oftast ráðstafað til kaupa á nýjum og afkastameiri skipum í stað þeirra sem úrelt voru. Gerði nefndin ráð fyrir að síðar yrðu sett ný lög um starfsemi sjóðsins og jafnframt yrðu ákvæði um Aldurslagasjóð endurskoðuð.

Í framhaldi af þessari endurskoðun var lagt fram á 111. löggjafarþingi 1988–1989 frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Hinum nýja úreldingarsjóði var ætlað það hlutverk að kaupa fiskiskip, sem eru til sölu á frjálsum markaði, eyða þeim eða selja úr landi. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafaði veiðiheimildum þeirra skipa sem hann kaupir gegn endurgjaldi og standi með þeim hætti undir frekari skipakaupum. Þá var sjóðnum einnig heimilt að veita beina styrki til úreldingar skipa, enda sé tryggt að úreldingin leiði ekki til kaupa á nýjum skipum er bætist í flotann eða auki afkastagetu hans með öðrum hætti.

Þá var lagt til að stofnfé sjóðsins verði eignir eldra Úreldingarsjóðs fiskiskipa auk eigna Aldurslagasjóðs fiskiskipa sem námu þá rúmlega 300 millj. kr. en þá var gert ráð fyrir því að sjóðnum yrði markaður tekjustofn sem gæfi u.þ.b. 90 millj. kr. á ári. Auk þess var gert ráð fyrir því að sjóðurinn fengi tekjur af sölu veiðiheimilda sem hann eignaðist með kaupum á fiskiskipum en ekki gert ráð fyrir því að hann fengi veiðiheimildir í upphafi.

Þá var lagt til að sjóðnum yrði heimilað að yfirtaka áhvílandi lán á þeim fiskiskipum sem hann kaupir eða að öðrum kosti að taka lán fyrir allt að 80% af kaupverðinu. Þetta var gert til að skapa möguleika fyrir sjóðinn til að hafa raunveruleg áhrif á stærð fiskiskipaflotans strax á fyrstu starfsárunum. Við kaup á fiskiskipum átti sjóðurinn að gæta tveggja meginsjónarmiða. Annars vegar að skipakaupunum sé hagað á þann veg að sem hagkvæmust samsetning náist í fiskiskipaflotanum þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofna sem hámarksafrakstur gefa. Hins vegar var stefnt að betri aflameðferð með því að kaupa þau skip sem ekki fullnægðu nýjustu kröfum um meðferð afla.

Í þessu frumvarpi var gert ráð fyrir að Úreldingarsjóður ráðstafaði gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann eignaðist. Það var gert til þess að sjóðurinn gæti staðið undir greiðslum afborgana og vaxta sem á hann féllu vegna kaupa á fiskiskipum til úreldingar. Gert var ráð fyrir við ráðstöfun veiðiheimilda að útgerðum þeirra skipa, sem tilteknar veiðar stunda, væri gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum.

Jafnframt var gert ráð fyrir því að sjóðurinn hefði heimild til að styrkja aðila, sem vildu úrelda skip sín, með sérstökum fjárframlögum. Þar var gert ráð fyrir að slíkir styrkir væru ekki veittir nema til kæmi raunveruleg úrelding þannig að skipum væri eytt án þess að önnur kæmu í staðinn. Jafnframt var gert ráð fyrir að óheimilt væri að nýta endurnýjunarrétt til stækkunar nýrra skipa. Styrkjunum var einkum ætlað að hvetja eigendur fiskiskipa til að sameina veiðiheimildir og leggja niður óhagkvæm skip í flotanum.

Því voru sett tiltekin takmörk hversu miklar aflaheimildir sjóðurinn mátti eiga. Honum var ekki ætlað að kaupa aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt var til að ná tilgangi sínum. Gert var ráð fyrir að sjóðurinn hefði þau takmörk að hann mætti aldrei öðlast meiri ráðstöfunarrétt en á að 3% heildaraflaheimilda. Ef hlutdeild sjóðsins næði því marki mundu aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn eignast, bætast hlutfallslega við aflaheimildir alls flotans og þannig stuðla að bættum rekstrargrundvelli hans. Gert var ráð fyrir að ráðherra hefði heimild til að lækka þetta hámark með reglugerð. Þannig var gert ráð fyrir að sjóðurinn ynni að aukinni hagræðingu í útgerð sem kæmi öllum flot-

anum til góða. Smátt og smátt hefði flotinn minnkað og aflaheimildir þeirra skipa sem eftir stóðu aukist.

Mikil umræða varð um frumvarp þetta samhliða þeirri viðamiklu umræðu sem fór fram um stjórn fiskveiða. Upphaflega höfðu verið settar fram hugmyndir um það að sjóðurinn eignaðist lítils háttar aflaheimildir þannig að hægt yrði að beita honum af meiri krafti til að minnka flotann. Það var almennt viðurkennt að flotinn væri of stór en á skorti að samþykktar væru aðgerðir til að ná því marki. Á þessum tíma komu upp vandamál í einstökum byggðarlögum vegna þess að fiskiskip voru seld þaðan í burtu. Háværar kröfur komu upp um að fiskveiðistefnunni yrði breytt til að koma til móts við þessi sjónarmið og stjórnvöld voru krafin um úrræði til að koma viðkomandi byggðarlögum til hjálpar. Ákveðnar kröfur komu fram á Alþingi um breytingar á stjórn fiskveiða til þess að koma til móts við þessi sjónarmið þar sem m.a. var gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fengi opna heimild til að stækka flotann í því skyni að tryggja hagsmuni byggðarlaga sem höfðu misst frá sér fiskiskip. Slík heimild hefði orðið til þess að flotinn hefði stækkað. Í atkvæðagreiðslu á Alþingi var slík tillaga felld með aðeins eins atkvæðis mun. Af þessu mátti ráða að sú krafa hafði mikið fylgi að meira tillit væri tekið til hagsmuna einstakra byggðarlaga að því er varðar stjórnun fiskveiða.

Í framhaldi af allri þessari umfjöllun var gerð tillaga um það að Úreldingarsjóðurinn fengi nýtt hlutverk og þjónaði byggðarlögum þar sem sérstakar aðstæður hefðu komið upp. Jafnframt var ákveðið í ljósi þess nýja hlutverks að breyta nafni hans og nefndist hann eftir það Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Aðstoðarhlutverki sínu í þágu byggðarlaga, sem höllum fæti standa, átti sjóðurinn að sinna með því að ráðstafa aflaheimildum sem honum eru úthlutaðar í þessu skyni enda yrði honum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Samkvæmt núgildandi lögum verður ástæða vandans að vera sala fiskiskips eða fiskiskipa úr viðkomandi byggðarlagi sem leiðir til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Áður en ákvörðun er tekin um slíka aðstoð er ljóst að heildarúttekt á atvinnumálum í viðkomandi byggðarlagi verður að liggja fyrir og aðstoð sjóðsins að vera tímabundin hjálp meðan varanlegri úrræða er leitað. Hafi ákvörðun um aðstoð verið tekin skal fyrst og fremst veita sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi kost á að ráðstafa þeim aflaheimildum sem samþykkt hefur verið að verja í þessu skyni gegn greiðslu samkvæmt gangverði. Kjósi sveitarstjórn ekki að hafa slíka milligöngu skal stjórn sjóðsins ráðstafa aflaheimildum til einstakra skipa annaðhvort á almennu gangverði eða til hæstbjóðanda. Það ræðst því af aðstæðum á hverjum stað hvað útgerðir einstakra skipa eru tilbúnar til að greiða til að fá heimildir til að veiða viðbótarafla með því skilyrði að honum verði landað til vinnslu á staðnum. Séu skip, sem skortir aflaheimild, gerð út frá viðkomandi stað eða liggi hann vel við miðum og sé nærri heimahöfn annarra skipa er líklegt að útgerðaraðilar væru tilbúnir til að greiða eðlilegt verð fyrir viðbótarheimildir enda þótt þær væru bundnar slíku löndunarskilyrði. Séu aðstæður örðugri, t.d. um afskekkt byggðarlag að ræða með lélega hafnaraðstöðu, mundi endurgjald, sem fengist fyrir aflaheimildirnar, verða lægra og í undantekningartilfellum getur stjórn sjóðsins fallið frá endurgjaldi að fengnu samþykki ráðherra. Ekki er talið líklegt að slík staða komi upp almennt þar sem mikil umframafkastageta er hjá fiskiskipaflotanum og ætti því að vera fremur auðvelt að fá skip til veiða.

Eftir mikla umfjöllun um þetta mál varð ekki samstaða um betri lausn til að koma til móts við þessi sjónarmið og tryggja visst öryggi fyrir þau byggðarlög í landinu sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Hér er um að ræða lausn sem byggir á því að nýta umframafkastagetu fiskiskipaflotans til að leysa tímabundin og staðbundin vandamál sem upp

kunna að koma. Margvísleg önnur sjónarmið voru að sjálfsögðu um hvernig skyldi bregðast við þessum vandamálum en almennt var talið að hér væri um mikilvægt skref að ræða sem rétt væri að reyna í framkvæmd.

Þegar lögin voru samþykkt á Alþingi kom skýrt fram í umfjöllun um málið að frumvarpið væri svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verði hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Alþingi áréttaði þessa skoðun með því að setja sams konar endurskoðunarákvæði í lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og lögin um stjórn fiskveiða. Með þessu hefur Alþingi samþykkt að endurskoðun laganna skuli vera samhliða og fjallað skuli um það í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd Alþingis. Þetta lagaákvæði hefur ekki verið virt við undirbúning málsins og hefði því í reynd verið eðlilegast að engin umfjöllun færi fram um málið á Alþingi fyrr en ákvæði laganna hefði verið fullnægt. Það er til lítils fyrir Alþingi að samþykkja ákveðin fyrirmæli til framkvæmdarvaldsins og samþykkja síðan í reynd að ekki sé eftir þeim farið. Það hefur verið staðfest af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi að ekkert samráð hefur verið haft við þá í þessu máli. Í samtölum við hina ýmsu aðila kom í ljós að þeim var ekki kunnugt um efni frumvarpsins.

Sú endurskoðunarnefnd, sem nú hefur verið skipuð til að fjalla um endurskoðun á fiskveiðistefnunni, hefur ekki fjallað um málið. Allir viðmælendur nefndarinnar mæltu gegn því að þetta mál verði tekið út úr með þessum hætti og fylgdi ekki annarri endurskoðun sem snerta fiskveiðistefnuna. Enginn aðili í sjávarútvegi hefur mælt með frumvarpinu. Flestir mæla gegn því en aðrir telja rétt að endurskoðun laganna fari fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum. Leitað var til Landshlutasamtaka sveitarfélaga en vegna tímaskorts gafst þeim lítið tækifæri til að fara yfir málið. Ljóst er af umsögum að annaðhvort hefur aðilum ekki gefist ráðrúm til að taka afstöðu til málsins eða vara við fljótfærnislegum breytingum á lögunum. Með þeim breytingum, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, koma fram grundvallarbreytingar á lögum sem snerta fiskveiðistefnuna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þeim fjármunum, sem koma inn vegna sölu veiðiheimilda, verði varið til að fjármagna kostnað ríkissjóðs af hafrannsóknum. Hér er því stigið fyrsta skrefið til að afla tekna í ríkissjóð af sölu veiðiheimilda og að koma á auðlindaskatti. Óttast minni hluti nefndarinnar að svo sé.

Því er haldið fram að hér sé ekki um nýjar álögur á sjávarútveginn að ræða. Það er ekki rétt og er engan veginn sambærilegt við ráðstöfun fjárins til úreldingar fiskiskipa. Sú ráðstöfun hefði komið fljótt fram í auknum tekjum flotans vegna hagkvæmari reksturs. Sú skipan, sem tillaga er gerð um, eykur hins vegar tekjur ríkissjóðs en ekki sjávarútvegsins.

Í öðru lagi er ekki lengur mögulegt að koma til móts við byggðarlög vegna sérstakra aðstæðna. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að byggðarlög með ákveðnar aðstæður skuli hafa möguleika á að kaupa veiðiheimildir enda komi fullt verð fyrir. Á mörgum minni stöðum eru aðstæður þannig að ekki er líklegt að þau geti keppt um veiðiheimildir við ýmsa sterkari aðila. Með því að ekki er lengur mögulegt að lækka verð á veiðiheimildum við slíkar aðstæður er ljóst að hér er ekki um neina aðstoð að ræða.

Í þriðja lagi er ekki lengur gert ráð fyrir að fjármagn sjóðsins nýtist til úreldingar fiskiskipa. Vegna erfiðrar stöðu sjávarútvegsins er afar mikilvægt að verulegt átak verði gert í hagræðingu. Þar sem sjóðurinn hefur ekki lengur tekjur til að standa undir umtalsverðri úreldingu fiskiskipa né möguleika til að kaupa skip til að taka úr rekstri er dregið verulega úr möguleikum sjávarútvegsins til að bæta rekstur sinn.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar kemur fram að eðlilegra sé að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Engar slíkar ráðstafanir virðast vera í sjónmáli enda gert ráð fyrir að skerða möguleika Byggðastofnunar í hvívetna. Forstjóri Byggðastofnunar upplýsti á fundi nefndarinnar að hann sæi enga möguleika fyrir Byggðastofnun að hjálpa til í málum sem þessum. Það er því ljóst að núverandi ríkisstjórn og fylgismenn hennar hafa ákveðið að virða að vettugi þau sjónarmið sem hafa verið uppi varðandi þennan viðkvæma þátt fiskveiðistefnunnar. Með þeim breytingum, sem nú á að keyra í gegn á Alþingi án eðlilegrar umfjöllunar, er samstöðu um breytingar á fiskveiðistefnunni stefnt í verulega hættu. Er með ólíkindum að svo stóru hagsmunamáli skuli vera stefnt í slíka óvissu. Meiri hluti nefndarinnar reynir að klóra yfir þessar staðreyndir með breytingartillögum sem litlu eða engu máli skipta. Það er krafa minni hluta nefndarinnar að máli þessu verði vísað frá og um það fjallað í samræmi við lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það er því tillaga minni hlutans að málinu verði vísað frá eins og fram kemur á sérstöku þingskjali. Með því er virtur vilji Alþingis sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum um stjórn Hagræðingarsjóðs.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur flestum greinum frumvarpsins en getur fallist á að hækka hlutfall úreldingarstyrkja og að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs komi til úthlutunar flotans í heild á fiskveiðiárinu 1991–1992 vegna hins lélega ástands í sjávarútveginum. Minni hluti nefndarinnar gæti fallist á að gera slíkar breytingar á lögunum um stjórn Hagræðingarsjóðs enda fela þær ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á fiskveiðistefnunni. Minni hluti nefndarinnar harmar að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki hafa leitast við að ná samkomulagi í svo mikilvægu máli. Af því má vera ljóst að núverandi stjórnarmeirihluti hyggst ekki leita eftir breiðri samstöðu um endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Hér kemur fram eins og oft áður að samkomulag formanna stjórnarflokkanna í Viðey virðist vera allsráðandi í þessu máli.

Fulltrúi Samtaka um kvennalista, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sótti fundi nefndarinnar og er sammála afstöðu minni hluta nefndarinnar.

Alþingi, 18. des. 1991.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Stefán Guðmundsson.

Jóhann Ársælsson.

Fylgiskjal IV.

Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til sjávarútvegsnefndar um úthlutun aflaheimilda.

(28. júlí 1992.)

Í dag hefur verið gefin út reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir næsta fiskveiðiár sem hefst 1. september n.k.. Með reglugerðinni er leyfður heildarafli á fiskveiðiárinu ákveðinn sem hér segir:

	Heildarafli fiskveiðiárið 1991 til 1992 Þús. lestir	Tillögur Hafrannsókna-stofnunar fiskveiðiárið 1992 til 1993 Þús. lestir	Heildarafli fiskveiðiárið 1992 til 1993 Þús. lestir
Þorskur	265	190	205
Ýsa	50	60	65
Ufsi	75	80	92 *
Karfi	90	90	104 *
Grálúða	25	30	30
Skarkoli	11	10	13
Síld	110	90	110
Úthafsrækja	35	35	40
Innfjarðarrækja	7,1	7,3	7,3
Humar	2,1	2,2	2,4
Hörpudiskur	11,2	11,3	11,3

Ofangreindar tölur eru miðaðar við þyngd á afla upp úr sjó.

Með ákvörðun um 205 þús. lesta þorskafla á komandi fiskveiðiári er stefnt að uppbyggingu á hrygningarstofni þorsks og horfið frá fyrri leið um jafnstöðu stofnsins. Ljóst er þó að stofninn mun vaxa hægar en orðið hefði ef farið hefði verið að tillögum Hafransóknastofnunarinnar um 190 þús. lesta hámarksafla.

Þá var svohljóðandi bókun gerð á fundi ríkisstjórnarinnar í dag:

"Ríkisstjórnin samþykkir að fela Byggðastofnun að gera rækilega athugun á áhrifum þorskbrests á einstök byggðarlög og svæði og vinna álitsgerð um þær ráðstafanir sem mögulegar eru til að milda það áfall sem af þorskbresti leiðir"

Með framangreindri ákvörðun er farið talsvert fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar varðandi flesta aðra nytjastofna en þorsk. Er reynt að ganga eins langt og fært þykir til móts við tillögur um samdrátt í þorskveiðum, en til að vega upp tekjutap þjóðarbúsins sem af því hlýst á næsta ári er afli ákveðinn nokkuð meiri en tillögur fiskifræðinga gera ráð fyrir af ýsu, ufsa, karfa, skarkola, síld og úthafsrækju. Allt eru þetta stofnar sem eru í góðu ástandi og því ekki ástæða til að ætla að þessi ákvörðun hafi alvarleg áhrif á viðkomu þeirra. Aukin sókn í þessa stofna til lengri tíma litið mun hins vegar ekki skila þjóðarbúinu auknum arði, en er réttlætanleg á næsta ári vegna þess áfalls sem 22,6% samdráttur í þorskveiðum milli ára hefur í för með sé

Varðandi ýsuna er hámarksafli ákveðinn 15 þús. lestum meiri en á yfirstandandi fiskveiðiári og er það 30% aukning. Góðir ýsuárgangar eru að bætast við veiðistofninn og mun hrygningarstofn ýsunnar fara vaxandi þrátt fyrir þessa veiðiaukningu.

Að mati Hafrannsóknastofnunar nemur langtímaafrakstursgeta ufsastofnsins 70-80 þús. lestum. Leyfður heildarafli þessa fiskveiðiárs er 75 þús. lestir en ákvörðun er tekin um að auka veiðarnar í 92 þús. lestir eða um 22,7%.

Karfaafli er ákveðinn 104 þús. lestir sem er 14 þús. lesta aukning milli ára en Hafrannsóknastofnun leggur til óbreyttan hámarksafla. Er aukningin tæp 15,6%. Varðandi karfastofninn er rétt að taka fram að nýjar bergmálsmælingar benda til þess að djúpkarfastofninn sé stærri en áður hafði verið ætlað og tillögur um afla næsta árs miðuðust við.

Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um 5 þús. lesta aukningu grálúðuaflans og er þeirri tillögu fylgt. Þá er skarkolaaflinn ákveðinn 13 þús. lestir sem er 2 þús. lestir umfram aflaheimildir yfirstandandi árs.

Leyfður heildarafli af síld er ákveðinn hinn sami og á síðustu vertíð. Íslenski sumargotssíldarstofninn er afar sterkur eftir markvissa uppbyggingu undanfarinna ára og mun stofninn stækka þrátt fyrir að með ákvörðuninni fari aflinn 20 þús. lestir eða 22,2% fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Úthafsrækjustofninn hefur farið vaxandi undanfarin ár og var leyfður heildarafli aukinn í 35 þús. lestir eftir upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs. Á næsta fiskveiðiári er leyfður heildarafli 40 þús. lestir sem er 14,3% umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar.

Samtals nemur leyfður heildarafli kvótabundinna tegunda á næsta ári 439 þús. lestum í þorskígildum talið og er þá miðað við sömu aflaheimildir af loðnu og á yfirstandandi ári. Verður heildarafli af þessum tegundum því um 10 þorskígildislestum minni á næsta fiskveiðiári en því sem nú er að ljúka, eða sem svarar til 2,4% lækkunar á aflaverðmæti milli ára. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að vaxandi áhugi er fyrir veiðum á vannýttum tegundum og benda nýjar rannsóknir á djúpkarfastofninum til að verulega megi auka veiðar af honum. Er því ástæða til að ætla að

fiskiskipaflotinn geti bætt sér upp aflasamdráttinn með aukinni sókn í nýjar tegundir.

Hjálagt fylgir yfirlit sem sýnir lauslega hvernig aflaheimildir einstakra sveitarfélaga breytast á milli ára miðað við þá ákvörðun sem tekin hefur verið um heildarafla. Dæmi 1 sýnir breytingu aflaheimilda áður en tekið er tillit til sölu aflaheimilda Hagræðinarsjóðs. Dæmi 2 sýnir aftur á móti breytingu aflaheimilda milli ára miðað við að allar útgerðir nýti sér forkaupsrétt að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs í samræmi við aflahlutdeild hvers skips. Loks er niðurstaðan sýnd fyrir hvert kjördæmi fyrir sig miðað við ofangreindar forsendur.

SVEITARFÉLAG	DÆMI 1 (án Hagsj.)	DÆMI 2 (með Hagsj.)
Vestmannaeyjar	0,70%	3,49%
Vík í Mýrdal	-18,36%	-15,13%
Stokkseyri	2,05%	4,94%
Eyrarbakki	-3,74%	-1,11%
Selfoss	4,82%	8,89%
Þorlákshöfn	-1,87%	1,07%
Grindavík	-3,28%	-1,24%
Sandgerði	-0,70%	2,30%
Garður	-9,14%	-6,01%
Keflavík	-4,61%	-2,25%
Njarðvík	-0,38%	3,03%
Vogar	-1,43%	2,04%
Hafnarfjörður	-2,73%	0,56%
Garðabær	-25,12%	-22,11%
Kópavogur	-8,02%	-4,93%
Seltjarnarnes	-21,13%	-17,98%
Reykjavík	0,59%	3,56%
Akranes	-1,90%	0,92%
Borgarnes	-26,96%	-24,02%
Arnarstapi	-23,64%	-20,58%
Hellnar	-5,96%	-2,31%
Hellissandur	-11,01%	-8,11%
Rif	-13,82%	-10,91%
Ólafsvík	-11,42%	-8,53%
Grundarfjörður	-4,75%	-1,80%
Stykkishólmur	-10,56%	-8,89%
Flatey	-25,17%	-22,16%
Búðardalur	0,00%	0,00%
Reykhólar	-20,37%	-17,19%
Barðarströnd	-0,06%	0,97%
Patreksfjörður	-15,00%	-12,07%
Tálknafjörður	-12,30%	-9,12%
Bíldudalur	-7,54%	-4,95%
Þingeyri	-9,49%	-6,26%
Flateyri	-9,40%	-5,87%
Suðureyri	-12,40%	-8,97%
Bolungarvík	-7,01%	-4,67%
Ísafjörður	-8,48%	-5,66%
Súðavík	-6,68%	-3,81%
Strandir	0,00%	0,00%
Djúpavík	-8,56%	-7,24%
Drangsnes	1,70%	2,49%
Hólmavík	-9,27%	-6,83%
Hvammstangi	1,53%	2,26%
Blönduós	3,05%	4,60%
Skagaströnd	-8,60%	-5,44%
Sauðárkrókur	-5,54%	-2,34%
Hofsós	-13,79%	-11,37%
Siglufjörður	-9,55%	-6,24%

Ólafsfjörður	-8,65%	-5,69%
Grímsey	-16,86%	-13,96%
Hrísey	-6,12%	-4,15%
Dalvík	-9,89%	-7,09%
Litli Árskógssand	-7,18%	-3,71%
Árskógsströnd	-8,64%	-6,34%
Hauganes	-11,36%	-8,53%
Hjalteyri	-25,54%	-22,55%
Akureyri	-4,85%	-1,75%
Svalbarðsströnd	-24,65%	-21,62%
Grenivík	-11,30%	-8,23%
Húsavík	-6,17%	-4,09%
Kópasker	-25,11%	-22,10%
Raufarhöfn	-15,73%	-12,41%
Þórshöfn	-11,66%	-8,39%
Bakkafjörður	-16,95%	-14,21%
Vopnafjörður	-12,18%	-8,74%
Borgarfj. Eystri	-22,61%	-19,51%
Seyðisfjörður	-12,40%	-8,96%
Mjóifjörður	-19,60%	-16,41%
Neskaupstaður	-7,18%	-4,51%
Eskifjörður	-3,46%	-1,78%
Reyðarfjörður	-7,99%	-4,42%
Fáskrúðsfjörður	-4,01%	-1,70%
Stöðvarfjörður	-7,00%	-3,37%
Breiðdalsvík	-3,58%	0,18%
Djúpivogur	-10,69%	-7,38%
Hornarfjörður	-3,92%	-1,46%
SAMTALS	-4,96%	-2,20%

Kjördæmi	Aflamark	Án Hagræðsj.		Með Hagræðsj.	
	1991/1992	1992/1993	Breyting	1992/1993	Breyting
Suðurland	61.556	61.679	0,20%	63.421	3,03%
Reykjanes	71.444	68.940	-3,50%	70.815	-0,88%
Reykjavík	35.511	35.720	0,59%	36.775	3,56%
Vesturland	40.090	37.229	-7,14%	38.309	-4,44%
Vestfirðir	58.095	52.974	-8,81%	54.581	-6,05%
Norðurl. v	27.271	25.506	-6,47%	26.299	-3,56%
Norðurl. e	75.413	69.805	-7,44%	71.942	-4,60%
Austfirðir	60.567	56.784	-6,25%	58.365	-3,64%
Samtals	429.948	408.637	-4,96%	420.506	-2,20%

Fylgiskjal V.

Yfirlit sjávarútvegsráðuneytisins um breytingu aflaheimilda milli fiskveiðiára auk útreikninga um ætluð áhrif af dreifingu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs.

(5. ágúst 1992.)

Á fundi sjávarútvegsnefndar Alþingis sem haldin var miðvikudaginn 29. júlí sl. var óskað eftir upplýsingum um breytingar á aflaheimildum milli yfirstandandi fiskveiðiárs og þess næsta. Var óskað eftir að upplýsingarnar yrðu settar fram fyrir einstök sveitarfélög, kjördæmi og flokka skipa (með hliðsjón af flokkun skipa á árunum 1988 til 1990). Þá var óskað eftir því að reiknuð yrðu áætluð áhrif af dreifingu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs til einstakra skipa til samræmis við aflahlutdeild hvers skips og hins vegar áhrif þess að nýta aflaheimildir Hagræðingarsjóðs til þess að hækka aflamark þeirra skipa sem verða fyrir mestri skerðingu.

Í meðfylgjandi þremur töflum koma fram umbeðnar upplýsingar. Allar upplýsingarnar eru byggðar á aflahlutdeild einstakra skipa sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eins og hún var skráð í kvótabókhald ráðuneytisins þann 4. ágúst 1992. Jafnframt er flokkun skipa eftir sveitarfélögum miðuð við sama dag.

Athygli er vakin á því að bátar undir 6 brl. sem stunda svonefndar krókaveiðar verða ekki fyrir neinni skerðingu og kann mismunandi vægi þeirra í útgerð einstakra byggðarlaga að skekkja samanburð. Jafnframt er rétt að rekja athygli á því að skráð heimahöfn skips er ekki alltaf raunverulegur útgerðarstaður þess. M.a af þessum sökum ber að taka niðurstöður varðandi samanburð milli byggðarlaga með varúð.

Í fyrsta dálk í töflu 1 koma fram upplýsingar um breytingu á aflamarki skipa með heimahöfn í einstökum sveitarfélögum milli fiskveiðiára miðað við þá ákvörðun sem tekin hefur verið um leyfilegan heildarafla á næsta fiskveiðiári. Eru upplýsingarnar annars vegar sýndar sem þorskígildislestir og hins vegar sem hlutfallsleg breyting á milli ára. Þar sem ákvörðun um leyfilegan heildarafla af loðnu hefur ekki verið tekin er gert ráð fyrir að leyfilegur loðnuafli verði sá sami á næsta fiskveiðiári og á því fiskveiðiári sem er að ljúka. Í öðrum dálki, eða dæmi 1, koma fram sömu upplýsingar nema hvað gert er ráð fyrir að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs dreifist í samræmi við aflahlutdeild hvers skips. Í þriðja og síðasta dálki er þeim 12.000 þorskígildislestum sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar "úthlutað" til þeirra skipa sem verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu. Er niðurstaðan sú að ekkert skip skerðist meira en sem nemur 5,2%. Í töflum 2 og 3 koma fram sömu upplýsingar og í töflu 1 nema hvað aflaheimildirnar sundurgreindar miðað við kjördæmi í töflu 2 en miðað við svokallaða sóknarmarksflokka í töflu 3.

F. h. r.

Tafla 1 Breyting aflaheimilda milli fiskveiðiára eftir sveitarfélögum

	Mismunur á úthlutun milli 1991/1992 og 1992/1993		Dæmi 1 12.000 þíg. dreift hlutfallslega		Dæmi 2 12.000 þíg. í jöfnun	
Sveitarfélag	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall
Vestmannaeyjar	173	0,41%	1.296	3,10%	400	0,96%
Vík í Mýrdal	0	-2,32%	0	1,42%	0	0,81%
Stokkseyri	44	1,32%	139	4,18%	55	1,65%
Eyrarbakki	-16	-2,52%	2	0,36%	-10	-1,54%
Selfoss	34	4,84%	62	8,88%	34	4,84%
Þorlákshöfn	-261	-2,00%	128	0,98%	-128	-0,98%
Grindavík	-822	-3,14%	-290	-1,11%	-546	-2,08%
Sandgerði	-41	-0,51%	203	2,49%	-1	-0,02%
Garður	-319	-8,76%	-205	-5,62%	-76	-2,08%
Keflavík	-503	-3,76%	-189	-1,41%	-114	-0,85%
Njarðvík	2	0,31%	25	3,72%	6	0,85%
Vogar	-58	-2,80%	8	0,39%	-4	-0,19%
Hafnarfjörður	-418	-2,79%	84	0,56%	-124	-0,83%
Garðabær	-4	-13,44%	-3	-10,04%	-2	-5,05%
Kópavogur	-72	-9,38%	-52	-6,79%	-40	-5,19%
Seltjarnarnes	40	8,65%	60	12,81%	43	9,22%
Reykjavík	194	0,53%	1.268	3,49%	374	1,03%
Akranes	-281	-1,89%	150	1,01%	-126	-0,84%
Borgarnes	0	-27,00%	0	-24,04%	0	-5,20%
Arnarstapi	-17	-24,22%	-15	-21,17%	-4	-5,20%
Hellnar	-17	-16,24%	-13	-12,91%	-5	-4,85%
Hellissandur	-145	-11,18%	-105	-8,14%	-67	-5,20%
Rif	-527	-14,10%	-416	-11,14%	-173	-4,64%
Ólafsvík	-1.044	-11,52%	-774	-8,54%	-461	-5,08%
Grundarfjörður	-335	-4,23%	-85	-1,08%	-202	-2,55%
Stykkishólmur	-645	-10,25%	-543	-8,61%	-302	-4,79%
Flatey	-1	-15,54%	-1	-12,19%	0	-4,62%
Reykhólar	-2	-27,00%	-2	-24,04%	0	-5,20%
Barðaströnd	5	0,76%	11	1,48%	5	0,77%
Patreksfjörður	-702	-14,00%	-556	-11,09%	-261	-5,20%
Tálknafjörður	-391	-13,39%	-293	-10,03%	-152	-5,20%
Bíldudalur	-68	-1,93%	23	0,66%	3	0,08%
Þingeyri	-511	-8,93%	-327	-5,70%	-260	-4,54%
Flateyri	-250	-9,47%	-158	-5,96%	-138	-5,20%
Suðureyri	-278	-11,96%	-198	-8,51%	-121	-5,20%
Bolungarvík	-523	-6,76%	-338	-4,38%	-300	-3,88%
Ísafjörður	-1.578	-8,82%	-1.071	-5,99%	-649	-3,63%
Súðavík	-290	-6,79%	-167	-3,89%	-172	-4,01%
Djúpavík	-11	-8,19%	-9	-6,97%	-7	-5,18%
Drangsnes	37	2,23%	50	3,00%	59	3,54%
Hólmavík	-301	-8,32%	-216	-5,97%	-154	-4,26%
Hvammstangi	40	2,27%	52	2,92%	46	2,61%
Blönduós	72	2,93%	109	4,42%	78	3,19%

Sveitarfélag	Mismunur á úthlutun milli 1991/1992 og 1992/1993		Dæmi 1 12.000 þíg. dreift hlutfallslega		Dæmi 2 12.000 þíg. í jöfnun	
	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall
Skagaströnd	-646	-8,94%	-415	-5,74%	-347	-4,80%
Sauðárkrókur	-421	-6,01%	-183	-2,61%	-232	-3,31%
Hofsós	-44	-12,87%	-37	-11,06%	-18	-5,19%
Siglufjörður	-772	-8,57%	-508	-5,64%	-354	-3,93%
Ólafsfjörður	-959	-8,60%	-627	-5,62%	-432	-3,87%
Grímsey	-161	-16,76%	-133	-13,83%	-50	-5,20%
Hrísey	-204	-4,41%	-116	-2,50%	-129	-2,79%
Dalvík	-747	-9,15%	-521	-6,39%	-274	-3,36%
Litli Árskógssandur	-34	-9,67%	-26	-7,34%	-18	-5,20%
Árskógsströnd	-156	-9,76%	-117	-7,32%	-83	-5,20%
Hauganes	-112	-11,82%	-85	-8,99%	-49	-5,20%
Hjalteyri	-3	-25,50%	-2	-22,50%	0	-4,42%
Akureyri	-1.479	-4,76%	-508	-1,63%	-853	-2,74%
Svalbarðsströnd	-3	-26,54%	-2	-23,56%	-1	-5,20%
Grenivík	-285	-11,39%	-209	-8,34%	-130	-5,20%
Húsavík	-568	-6,16%	-383	-4,15%	-225	-2,44%
Kópasker	-19	-24,89%	-17	-21,86%	-4	-5,20%
Raufarhöfn	-464	-15,45%	-366	-12,21%	-156	-5,20%
Þórshöfn	-305	-11,45%	-217	-8,15%	-138	-5,20%
Bakkafjörður	-151	-16,58%	-126	-13,85%	-47	-5,20%
Vopnafjörður	-388	-12,16%	-277	-8,71%	-166	-5,20%
Borgarfjörður Eystri	-84	-21,13%	-72	-17,97%	-21	-5,20%
Seyðisfjörður	-557	-12,88%	-409	-9,45%	-225	-5,19%
Mjóifjörður	-19	-19,22%	-15	-15,99%	-5	-5,20%
Neskaupstaður	-699	-7,00%	-432	-4,33%	-402	-4,03%
Eskifjörður	-313	-3,87%	-159	-1,96%	-138	-1,70%
Reyðarfjörður	-141	-8,28%	-80	-4,71%	-88	-5,19%
Fáskrúðsfjörður	-297	-3,85%	-120	-1,55%	-131	-1,70%
Stöðvarfjörður	-118	-7,00%	-57	-3,38%	-88	-5,20%
Breiðdalsvík	-53	-3,65%	1	0,10%	-46	-3,20%
Djúpivogur	-277	-10,54%	-190	-7,22%	-137	-5,20%
Hornafjörður	-684	-4,14%	-259	-1,57%	-499	-3,02%
Samtals	-20.952	-4,86%	-9.024	-2,10%	-8.981	-2,09%

Tafla 3 Breyting aflaheimilda milli fiskveiðiára eftir útgerðarflokkum

Útgerðarflokkur	Mismunur á úthlutun milli 1991/1992 og 1992/1993		Dæmi 1 12.000 þíg. dreift hlutfallslega		Dæmi 2 12.000 þíg. í jöfnun	
	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall
Ísfisktogarar á suðursvæði	152	0,31%	2.007	4,13%	261	0,53%
Ísfisktogarar á norðursvæði	-7.020	-7,93%	-3.907	-4,42%	-3.988	-4,72%
Frystitogarar	-2.684	-5,62%	-1.022	-2,14%	-1.464	-3,16%
Sérhæfð rækjuskip	448	9,05%	485	9,79%	448	8,30%
Bátar án sérveiðiheimilda	-3.951	-5,79%	-1.903	-2,79%	-1.068	-1,59%
Síldarbátar	-2.468	-5,87%	-1.422	-3,38%	-1.514	-3,73%
Humarbátar	-307	-1,70%	181	1,00%	-112	-0,62%
Humar- og síldarbátar	-317	-2,94%	-90	-0,84%	-221	-2,09%
Rækjubátar	-558	-5,88%	-411	-4,33%	-262	-2,85%
Skelbátar	-704	-7,31%	-550	-5,72%	-374	-4,04%
Loðnuskip	462	0,85%	724	1,34%	462	0,85%
Smábátar með aflahlutdeild	-3.505	-16,71%	-2.865	-13,66%	-966	-4,82%
Óflokkuð skip	-500	-6,71%	-251	-3,37%	-183	-2,52%
Samtals	-20.952	-4,86%	-9.024	-2,10%	-8.980	-2,13%

Tafla 2 Breyting aflaheimilda milli fiskveiðiára eftir kjördæmum

Kjördæmi	Mismunur á úthlutun milli 1991/1992 og 1992/1993		Dæmi 1 12.000 þíg. dreift hlutfallslega		Dæmi 2 12.000 þíg. í jöfnun	
	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall	þíg. lestir	hlutfall
Suðurland	13	0,02%	1.649	2,79%	377	0,64%
Reykjanes	-2.195	-3,12%	-359	-0,51%	-857	-1,22%
Reykjavík	194	0,53%	1.268	3,49%	374	1,03%
Vesturland	-3.011	-6,94%	-1.802	-4,15%	-1.339	-3,09%
Vestfirðir	-4.865	-8,36%	-3.252	-5,59%	-2.146	-3,69%
Norðurland vestra	-1.770	-6,37%	-983	-3,53%	-826	-2,97%
Norðurland eystra	-5.537	-7,20%	-3.351	-4,36%	-2.569	-3,34%
Austurland	-3.780	-6,44%	-2.194	-3,74%	-1.993	-3,39%
Samtals	-20.952	-4,86%	-9.024	-2,10%	-8.980	-2,09%

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Námsmaður, sem byrjar í námi, á ekki rétt á láni fyrr en að loknu einu missiri enda hafi hann skilað fullnægjandi námsárangri miðað við þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir.

Námsmaður, sem lokið hefur námi í eitt missiri skv. 1. mgr., fær lán fyrir liðið missiri og svo áfram mánaðarlega og jafnóðum meðan hann stundar nám samkvæmt ákvæðum laga þessara.

b. 7. mgr., um lántökugjöld, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin umdeildu um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett í vor komu fjöldamargar breytingartillögur fram við frumvarpið frá stjórnarandstöðunni innan þings og námsmannahreyfingunum utan þings. Stjórnarliðið hafnaði þessum tillögum og sett voru ný lög um Lánasjóðinn sem breyttu á einni nóttu framtíðaráformum þúsunda ungmenna. Fækkun innritana í Háskóla Íslands segir þá sögu sem segja þarf, en þar fyrir utan eru hundruð námsmanna að reyna að hefja nám af krappari efnum en fyrr og er augljóst að íslenskir námsmenn verða svo skuldsettir að loknu námi að þeim mun ekki endast starfsævin til þess að ljúka við greiðslur lánanna.

Umdeildasta atriðið í lögunum um Lánasjóðinn var þó það að afnema lán til handa námsmönnum haustið 1992 og koma þannig aftan að þúsundum fjölskyldna námsmanna og aðstandenda þeirra. Þegar þetta ákvæði var afgreitt á Alþingi lýsti formaður Alþýðubandalagsins því yfir að flokkurinn mundi flytja frumvarp strax á sumarþinginu til að afnema þessa ósvinnu. Þess vegna er þetta frumvarp nú flutt og eru flutningsmenn allir þingmenn Alþýðubandalagsins.

Þegar frumvarpið var afgreitt gerðu þingmenn allra flokka grein fyrir afstöðu sinni til 6. gr. frumvarpsins sem fjallar um bann við samtímagreiðslum námslána. Þá kom fram að formaður þingflokks Alþýðuflokksins kvaðst mundu beita sér fyrir breytingum á þeirri grein ef hún hefði þau áhrif í framkvæmd að námsmönnum fækkaði. Nú liggur það þegar fyrir. Á flokksþingi Alþýðuflokksins, annars stjórnarflokksins, í júní var samþykkt að flokkurinn ætti að beita sér fyrir breytingum á þessu ákvæði á Alþingi. Þess vegna verður að ætla að fyrir þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, sé þingmeirihluti.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur að setja þurfi ný heildarlög um Lánasjóð íslenskra námsmanna og mun þingflokkurinn undirbúa slíkt frumvarp. 6. gr. laganna er hins vegar tekin út úr til þess að láta á það reyna hvort þingmeirihluti er fyrir málinu nú þegar þannig að það verði afgreitt fyrir áramót.

Með greinargerð þessari birtast sem fylgiskjöl breytingartillögurnar frá síðasta vori þannig að hafa megi þær til hliðsjónar. Þá er birt samþykkt flokksþings Alþýðuflokksins frá júnímánuði sl.

Fylgiskjal I.

Samband ungra jafnaðarmanna:

Tillaga að áskorun til þingflokksins.

Flokksstjórn skorar á þingflokk Alþýðuflokksins að beita sér fyrir eftirfarandi breytingum á frumvarpi til Alþingis um Lánasjóð íslenskra námsmanna:

Burt falli 1. mgr. 6. gr.:

„Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur."

Í stað þess komi:

„Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári."

Í greinargerð með þessari málsgrein þarf að koma fram:

Námslán skal greitt út til fyrsta árs nema eftir að hann hefur skilað fullnægjandi námsárangri í fyrstu prófum, eftir það fái námsmaður útborgað lán mánaðarlega samhliða námi að því tilskildu að árangur næstliðinnar annar sé fullnægjandi (skv. skilgreiningu sjóðstjórnar).

Greinargerð með tillögu.

Með áskoruninni hér að ofan er lagt til að námsmenn fái, líkt og áður, lán sín útborguð mánaðarlega samhliða námi. Þó verði fyrsta árs nemar að sýna tilskildan árangur áður en útborgun hefst.

Ef sú staða kemur upp að námsmaður, vegna sérstakra aðstæðna, uppfyllir ekki skilyrði Lánasjóðsins er skuld hans sett strax í innheimtu með 5% vöxtum. Í dag er það þannig að þeim námsmönnum, sem fá ofgreitt lán, er gert skylt að greiða lánin til baka á 10–12 mánuðum. Breytingin, sem frumvarpið felur í sér, hefur engin áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins. Hins vegar hefði slík breyting stórvægileg áhrif á kjör námsmanna. Stór hluti þeirra þyrfti að fjármagna sín útgjöld fram að útborgun með bankalánum á háum vöxtum. Þannig væri framfærslugrunnur stórs hluta námsmanna skertur sem vöxtum bankanna nemur. Auk þess er óvíst að allir námsmenn hafi möguleika á slíkri þjónustu bankanna.

Fyrir hönd SUJ,
Sigþór Ari Sigþórsson, form. FUJ Hafn.,
Jón Þór Sturluson, ritari SUJ.

Fylgiskjal II.

Breytingartillögur minni hluta menntamálanefndar (HG, KÁ, PBj, VS) við frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
(Þskj. 790 á 115. löggjafarþingi.)

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti til náms. Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum fjárhagsaðstoð til náms við menntastofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru við háskóla og sérskóla hérlendis. Þó skal veita fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð. Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   Þeir sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar, annar varaformaður og einn úr röðum samstarfsnefndar háskólastigsins.
4. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi missiri.
   b. Í 4. mgr. falli niður orðin „ásamt vöxtum“.
   c. 6. mgr. falli brott.
5. Við 7. gr. Í stað 3.–5. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi.

Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar.

Endurgreiðslur fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma er námsmaður undirritaði einstök skuldabréf.

Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst ársgreiðsla er 34.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.205 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4% af árstekjum, allt að upphæð 1.200.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.205, en af tekjum umfram þá upphæð er hundraðshlutinn 6%.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 3. mgr., skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða að öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi, sem sækir um undanþágu skv. 5. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein. Lánþega ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku, sbr. 1. mgr. 7. gr., og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

8. Við 15. gr. Orðin „og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.“ í 2. mgr. falli brott.

9. Við 16. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni nema fram komi í lánsumsókn ósk um að það sé ekki gert.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Flm.: Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Svavar Gestsson,
Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „fjögurra varaforseta“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: sex varaforseta.

2. gr.

2. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan 10 vikna og skal skýrslan þá prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

3. gr.

49. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. málsl. 5. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en þrjár mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn.
b. Síðari málsliður 7. mgr. orðast svo: Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en þrisvar, eigi lengur en tvær mínútur í fyrsta sinn og eigi lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn.

4. gr.

Í stað 4. og 5. málsl. fyrri málsgreinar 50. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Enginn má tala oftar en tvisvar um hvert mál, málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn, en aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en tvær mínútur í senn.

5. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Enginn má þó tala lengur en þrjár mínútur í senn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samkomulag sem tekist hefur milli allra þingflokka um breytingar á þingsköpum Alþingis. Meginefni þess felst í breyttri skipan forsætisnefndar og nokkrum breytingum sem varða ræðutíma þingmanna.

Samkvæmt frumvarpinu verður forsætisnefnd skipuð sjö þingmönnum, forseta og sex varaforsetum. Breyting þessi miðar að því að gera öllum þingflokkum kleift að fá aðild að forsætisnefnd en þó þannig að höfð sé hliðsjón af þingstyrk flokkanna.

Eftirfarandi breytingar verða á ræðutíma þingmanna: Ræðutími fyrirspyrjenda og ráðherra í fyrirspurnatímum er styttur þannig að þeir mega aðeins tala í tvær mínútur í síðara sinn í stað þriggja mínútna fyrir fyrirspyrjanda og fimm mínútna fyrir ráðherra eins

og nú er. Ræðutíma við óundirbúnar fyrirspurnir er breytt þannig að fyrirspyrjandi og ráðherra mega tala þrisvar, en aðeins í tvær mínútur í fyrsta sinn og ekki lengur en í eina mínútu í annað og þriðja sinn. Er þess vænst að orðaskipti þingmanna og ráðherra verði þannig hnitmiðaðri og að þetta nýmæli í þingsköpum, óundirbúnar fyrirspurnir, njóti sín betur með þessum tímareglum. Ekki er gert ráð fyrir að aðrir þingmenn geti blandað sér í orðaskipti fyrirspyrjanda og ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum eins og í hefðbundnum fyrirspurnatíma. Ræðutími málshefjanda og viðkomandi ráðherra í hinum styttri utandagskrárumræðum (hálftímaumræðum) er lengdur úr þremur mínútum fyrir málshefjanda og tveimur mínútum fyrir ráðherra í fimm mínútur fyrir báða í fyrra sinn en ræðutími þeirra í síðara sinn verður tvær mínútur eins og annarra þingmanna er þátt taka í umræðunni. Er þetta gert vegna athugasemda sem fram hafa komið um að ræðutími í þessum umræðum fyrir málshefjanda og ráðherra sé nú of knappur. Þá verður ræðutími þingmanna til að gera athugasemdir um gæslu þingskapa, um atkvæðagreiðslu eða til að bera af sér sakir styttur úr fimm mínútum í þrjár.

Loks er í 2. gr. frumvarpsins settur skilafrestur á þær skýrslur sem Alþingi hefur samþykkt að ráðherrar geri og er miðað við 10 vikur. Í núgildandi þingsköpum eru engin slík tímamörk.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum vegna tveggja úrskurða sem Kjaradómur kvað upp hinn 26. júní sl. Nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu. Á þessu ári hafi tekist að treysta stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika felist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir. Afar brýnt sé að varðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi m.a. fram í yfirlýsingum aðila á vinnumarkaði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 92/1986 um Kjaradóm með síðari breytingum bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.

Gjört á Akranesi, 3. júlí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um hópuppsagnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ákvæði 1.–4. gr. eiga við um uppsagnir atvinnurekanda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn, en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

2. gr.

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er.

Með samráðinu skal stefnt að því að ná samkomulagi til að komast hjá uppsögnum að svo miklu leyti sem mögulegt er og draga úr afleiðingum þeirra.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekandi skal senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki fyrir hendi í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Áformi atvinnurekandi að höfðu samráði skv. 2. gr. hópuppsagnir starfsmanna skal hann tilkynna skriflega þær uppsagnir sem fyrirhugaðar eru til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu.

Í tilkynningu þessari skulu koma fram allar upplýsingar, sem máli skipta, um fyrirhugaðar hópuppsagnir, svo og um samráð það við fulltrúa starfsmanna sem kveðið er á um í 2. gr., einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekendur skulu koma afriti af tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., til fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar starfsmanna geta komið á framfæri öllum athugasemdum, sem þeir hafa fram að færa, við stjórn vinnumiðlunar í umdæminu.

4. gr.

Uppsagnir samkvæmt ákvæðum 1.–3. gr. taka fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um fyrirhugaðar uppsagnir berst stjórn vinnumiðlunar í umdæminu.

Frestinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal stjórn vinnumiðlunar nota til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda.

Fulltrúar starfsmanna og atvinnurekandi eða fulltrúar hans skulu gæta þagnarskyldu varðandi upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Ákvæði 1.–4. gr. gilda ekki um:

a. uppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna nema slíkar uppsagnir eigi sér stað áður en þeir samningar renna út eða verkefni lýkur,
b. áhafnir skipa,
c. starfsmenn sem missa vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar.

Uppsagnarfrestur starfsmanna samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum breytist ekki þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

6. gr.

Leiði ráðgerður samdráttur eða aðrar ráðgerðar breytingar í fyrirtæki til uppsagnar fjögurra eða fleiri starfsmanna er atvinnurekanda skylt að tilkynna uppsagnir til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi verkalýðsfélags með tveggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Jafnframt fellur úr gildi 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Með samþykkt frumvarpsins eru lögfestar reglur sem settar eru fram í tilskipun Evrópubandalagsins nr. 75/129/EEC um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar og með vísan til samnings um Evrópskt efnahagssvæði skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búseturétti á Evrópsku efnahagssvæði. Nefndinni var einnig falið að fjalla um þann þátt félagsmála sem snertir samtök aðila vinnumarkaðarins. Í nefndina voru skipuð:

Frá félagsmálaráðuneyti:

Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Þórhildur Líndal deildarstjóri.

Frá Alþýðusambandi Íslands:

Ari Skúlason hagfræðingur og Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri.

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands:

Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur og Kristján Jóhannsson hagfræðingur.

Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk nefndarinnar að koma með tillögur um það hvernig tryggt verði í framkvæmd að Ísland uppfylli þær reglur sem gilda munu á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu á sama tíma og tryggt verði að aðil-

ar vinnumarkaðarins geti fylgst með atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi og að íslenskum kjarasamningum og íslenskum lögum sé framfylgt. Nefndin varð sammála um að eðlilegast væri að efni tilskipunarinnar væri í sérlögum, enda ekki ótvírætt í hvaða lögum þessi nýju ákvæði ættu annars heima.

Frumvarpið felur í sér að tekið er á þeim vandamálum sem fylgja hópuppsögnum sem næst vettvangi og að sveitarfélögin eða vinnumiðlanir þeirra, þar sem þær starfa, annist þessi verkefni. Þar sem sveitarfélag er með fleiri en 500 íbúa verður það að jafnaði stjórn vinnumiðlunar sem annast þetta verkefni. En þar sem íbúar eru færri en 500 verður þetta verkefni sveitarstjórnar eða þess aðila sem hún ákveður að fela slík verkefni eins og t.d. þeim sem annast atvinnuleysisskráningu í sveitarfélaginu. Þetta frumvarp leggur fyrst og fremst áherslu á að sveitarstjórn bregðist við vanda í atvinnumálum í sínu sveitarfélagi eins og hún telur best gert hverju sinni.

Hlutverk vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins breytist ekki með þessum lögum. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að hafa heildarsýn yfir stöðu og þróun atvinnumála í landinu. Eitt af verkefnunum verður eftir sem áður að taka við tilkynningum um uppsagnir og meta atvinnuástandið og þróun þess út frá þessum upplýsingum sem öðrum, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt sé við með orðinu hópuppsagnir. Hugtakið er skilgreint með sama hætti og í tilskipun Evrópubandalagsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir nr. 75/129/EBE. Tekið skal fram að í kjarasamningum geta aðilar vinnumarkaðarins samið um betri rétt en veittur er skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um samráð atvinnurekenda við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa, sem þeir hafa til þess valið, vegna hugsanlegra hópuppsagna.

Að öllu jöfnu er átt við trúnaðarmenn, svo sem sbr. lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hins vegar getur verið um það að ræða að starfsmenn hafi kosið sérstakan fulltrúa til að sinna slíkum málum eða að engum trúnaðarmanni sé til að dreifa á viðkomandi vinnustað eða í viðkomandi starfsgrein. Aðalatriðið er að um sé að ræða starfsmann á viðkomandi vinnustað sem starfsmenn líta á sem sinn fulltrúa og að ekkert vafamál sé um við hvern eigi að hafa samráð á vinnustað. Þessi athugasemd á við aðrar greinar þessara laga þar sem þetta orðalag kemur fyrir.

Á því skal vakin athygli að þetta ákvæði hefur þegar verið útfært í kjarasamningum milli helstu samtaka á vinnumarkaði. Þar er tekið fram að samráð skuli eiga sér stað áður en til uppsagna komi.

Í 4. mgr. er kveðið á um að senda beri afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu eða til sveitarstjórnar ef engin vinnumiðlun er starfrækt í sveitarfélaginu. Hugtakið umdæmi er hér notað í stað sveitarfélaga til að halda því opnu að sveitarfélög geti sameinast um rekstur vinnumiðlunar. Þessi athugasemd á við síðari greinar þar sem fjallað er um vinnumiðlun í umdæminu að sveitastjórnir koma í þeirra stað þar sem t.d. ekki er skylt að reka vinnumiðlun eins og í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um hvernig beri að standa að því að senda tilkynningu um fyrirhugaðar hópuppsagnir til hlutaðeigandi stjórnvalds, þ.e. stjórnar vinnumiðlunar eða sveitarstjórnar. Þá er kveðið á um efnislegt innihald þessara tilkynninga og skyldu atvinnurekenda til að koma afriti af tilkynningunni til fulltrúa starfsmanna. Í niðurlagi greinarinnar er ábending um að fulltrúar starfsmanna geri sínar athugasemdir ef einhverjar eru og komi þeim á framfæri við hlutaðeigandi stjórnvald.

Um 4. gr.

Fram kemur í greininni að uppsagnir, sem hafa verið tilkynntar samkvæmt lögunum, taki fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning hefur borist hlutaðeigandi stjórnvaldi. Uppsagnarfrestur þeirra sem hafa t.d. styttri uppsagnarfrest breytist ekki, sbr. 5. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni eru nefndar þær undantekningar sem eru frá lögunum. Í a-lið er t.d. átt við einstaklinga eða hópa sem ráðnir eru til reynslu eða með tímabundnum ráðningarsamningi. Í c-lið er fyrst og fremst átt við fyrirtæki sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta eða rekstur þess stöðvaður vegna ólögmætrar starfsemi.

Í síðustu málsgrein er vakin athygli á að ákvæði laganna hafi ekki áhrif á uppsagnarfrest samkvæmt lögum nr. 19/1979, kjarasamningum eða ráðningarsamningum.

Um 6. gr.

Í núgildandi löggjöf eru einungis að finna ákvæði um tilkynningu vegna uppsagna fjögurra eða fleiri starfsmanna, sbr. 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. Hér er lagt til að ákvæði þetta verði efnislega fellt inn í þessi lög. Þetta þýðir að hlutverk vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins varðandi hópuppsagnir er að mestu leyti óbreytt. Ástæður þess að fella þetta ákvæði inn í þessi lög er bæði sú að hafa hliðstætt efni í sömu lögum og undirstrika það hlutverk vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins að hafa heildaryfirsýn í slíkum málum, en búast má við að vinnumálaskrifstofan geri kröfur um upplýsingar frá vinnumiðlunum eða sveitarstjórnum í slíkum málum þegar ástæða er til, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun. Ákvæðið á að tryggja að vitneskja um hópuppsagnir berist til ráðuneytisins og verkalýðsfélaga.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. tölul. V. viðauka, reglugerð 1612/68/EBE eins og henni var breytt með reglugerð 312/76/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal hafa lagagildi með

þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum samningsins.

Reglugerðir (EBE) þær, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint tilmælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Vinnuveitendasamband Íslands annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

Komi upp ágreiningur um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar 1612/68 séu haldin er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu auk fulltrúa skv. 1. mgr. tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af fjármálaráðherra eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. ALMENN GREINARGERÐ

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og felur í sér lögfestingu reglugerða Evrópubandalagsins um frjálsa flutninga launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lögfesting þeirra reglugerða, sem þetta frumvarp nær til, eru reglugerð (EBE) nr. 1612/68 um frjálsa fólksflutninga innan EB og reglugerð (EBE) nr. 312/76 sem er breyting á 1612/68/EBE og er um rétt launafólks til þátttöku í stéttarfélögum. Þessar reglugerðir eru lögfestar beint í íslenska löggjöf með tilvísun í ákvæði samningsins. Þetta þýðir að þau gilda sem íslensk lög frá orði til orðs með þeim breytingum og viðaukum sem vísað er til í samningnum. Atvinnurétturinn sem slíkur byggir fyrst og fremst á 28. gr. EES-samningsins og er nánar útfærður með þessum reglugerðum. En til að skýra samhengið milli atvinnuréttar og búseturéttar er nauðsynlegt að víkja að ýmsum ákvæðum í öðrum reglugerðum sem verða lögfestar af öðrum ráðuneytum og ýmsum tilskipunum sem hafa áhrif á túlkun atvinnu- og búseturéttar. En þessar tilskipanir verða væntanlega lagaðar að íslenskri löggjöf annaðhvort sem sérstök lög eða sem breytingar á öðrum lögum.

Samningurinn um að koma á Evrópsku efnahagssvæði felur m.a. í sér að aðalreglurnar um frjálsan atvinnu- og búseturétt fólks, sem gilda í Evrópubandalaginu, eigi að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði inniheldur því í aðalatriðum sömu ákvæði um frjálsan atvinnu- og búseturétt fólks eins og Rómarsamningurinn. Með viðaukum við samninginn eru helstu reglugerðir, tilskipanir o.fl. sem gilda á þessu sviði í Evrópubandalaginu gerðar að hluta samningsins.

Samningur um Evrópskt efnahagssvæði og ákvæði viðauka V fela í sér að breyta þarf ákvæðum í lögum nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum (heyrir undir dómsmálaráðuneytið), lögum nr. 18/1985, um vinnumiðlun, og lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., þannig að sérreglur gildi um þá erlendu ríkisborgara sem samningurinn nær til. Þetta á einkum við um ákvæði um atvinnu- og dvalarleyfi þessara einstaklinga og dvalarleyfi fjölskyldna þeirra.

Með EES-samningnum verður Ísland hluti af sameiginlegum EES-vinnumarkaði. Á þessum vinnumarkaði er einstökum EES-ríkjum bannað að mismuna ríkisborgurum aðildarríkjanna á grundvelli ríkisborgararéttar með löggjöf eða öðrum ákvæðum um laun og önnur starfskjör.

Til að auðvelda atvinnu og búsetu launafólks í aðildarríkjunum er í samningnum ákvæði sem efla rétt barna launþegans til náms meðan á dvölinni stendur, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68. Í því sambandi má einnig nefna tilskipun ráðsins 77/486/EBE um menntun barna farandlaunþega og bókun 29 um starfsþjálfun.

Þá er 30. gr. EES-samningsins mjög mikilvæg fyrir atvinnuréttinn í EES-ríkjunum en hún fjallar m.a. um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Í viðauka VII við EES-samninginn eru tilgreindar þær fjölmörgu tilskipanir ráðsins sem tengjast þessu ákvæði en iðulega er um að ræða sérstakar tilskipanir fyrir hverja starfstétt, starfsgrein eða atvinnugrein.

Fjölmargar reglugerðir og tilskipanir EB, sem öðlast gildi með samningnum, tengjast þannig atvinnu og búseturétti með ýmsum hætti. Í eftirtöldum viðaukum eru taldar upp þær reglugerðir, tilskipanir og aðrar samþykktir EB sem hafa slík ákvæði og ákvæði um aðlögun þeirra: í viðauka V eru EB-samþykktir sem tengjast atvinnu- og búseturétti launþega og fjölskyldna þeirra, sbr. 28. gr. EES-samningsins; í viðauka VI eru EB-samþykktir um félagslegt öryggi, sbr. 29. gr. EES-samningsins; í viðauka VII eru EB-samþykktir um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, sbr. 30. gr. EES-samningsins; í viðauka VIII eru EB-samþykktir um staðfesturétt sjálfstætt starfandi og búseturétt annarra hópa en launþega og fjölskyldna þeirra og í viðauka IX eru EB-samþykktir um staðfesturétt fyrir þá sem stunda fjármálaþjónustu eins og banka- og vátryggingarstarfsemi. Þá eru í viðauka X um hljóð- og myndmiðlun og viðauka XI um fjarskiptaþjónustu ákvæði um staðfesturétt þeirra sem setja á fót sjálfstæða starfsemi innan þessara greina með þeim takmörkunum sem þar gilda. Í 2. kafla III. hluta EES-samningsins, þ.e. 31.–35. gr., er fjallað um staðfesturétt sem tengist ofangreindum viðaukum og í 3. kafla þess hluta um þjónustu, þ.e. 36.–39. gr.

Með viðauka V eru þrjár EB-reglugerðir gerðar að hluta samningsins: reglugerð (EBE) nr. 1612/68 um frjálsa flutninga launþega innan EB; reglugerð (EBE) nr. 312/76 er breyting á 8. gr. 1612/68/EBE og er um rétt launþega til þátttöku í stéttarfélögum; reglugerð (EBE) nr. 1251/70 (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um rétt launþega til áframhaldandi dvalar í aðildarríki EB að lokinni vinnu í því ríki.

Í viðaukum V og VIII eru t.d. 10 tilskipanir sem tengjast atvinnu- og búseturétti sérstaklega. Þær verður að laga að íslenskri löggjöf með umritun og heyra aðallega undir menntamálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Þessar tilskipanir eru: 64/221/EBE (heyr-

ir undir dómsmálaráðuneytið) um takmarkanir á för fólks vegna allsherjarreglu, öryggis eða heilbrigðis; 72/194/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um að tilskipun 64/221/EBE nái einnig til þeirra sem nota sér rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því; 75/35/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um að tilskipun 64/221/EBE nái einnig til aðila sem stundað hafa sjálfstæða starfsemi og nota sér rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því; 68/360/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um afnám takmarkana á ferðum og búsetu launþega og fjölskyldna þeirra innan EB (gildir einnig um sjálfstætt starfandi einstaklinga); 77/486/EBE (heyrir undir menntamálaráðuneytið) um menntun barna innflytjenda; 73/148/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um afnám hafta á flutningi og búsetu sjálfstætt starfandi ríkisborgara aðildarríkja EB innan bandalagsins; 73/34/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dvelja í öðru aðildarríki eftir að hafa stundað þar sjálfstæða starfsemi; 90/364/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um búseturétt þeirra sem hafa tekjur frá öðru landi en þeir búa í; 90/365/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem látið hafa af störfum; og 90/366/EBE (heyrir undir dómsmálaráðuneytið) um búseturétt námsmanna.

2. Um rétt launþega og fjölskyldna þeirra.

Í 28. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði er launþegum tryggð frjáls för á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi réttindi eru nánar skýrð í viðauka V, 1., 3. og 5. tölul. (tilskipunum 64/221/EBE, 68/360/EBE og 72/194/EBE), 2. tölul. (reglugerðum ráðsins (EBE) 1612/68 og 312/76) og 4. tölul. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70).

Launþegar teljast allir ríkisborgarar EES-ríkis sem sækja um og ráða sig í vinnu eða hafa góðar vonir um að fá vinnu í öðru EES-ríki á þeim tíma sem viðkomandi hefur rétt á að dvelja í landinu sem venjulega er þrír mánuðir. Til að tryggja frjálsa för launþega eru reglur um að fjölskylda launþegans eigi rétt á að flytjast með honum. Til fjölskyldu launþegans teljast skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68: a) Maki launþegans og afkomendur þeirra í beinan legg sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra; b) ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á framfæri þeirra.

Þó launþeginn þurfi að vera ríkisborgarari EES-ríkis ef hann ætlar að starfa og búa í öðru aðildarríki þarf fjölskylda hans ekki að vera það til að búa með honum. Fjölskyldumeðlimir, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, þurfa yfirleitt atvinnuleyfi ef þeir ætla að hefja vinnu í öðru aðildarríki og einnig er hægt að krefja þá um vegabréfsáritun eins og síðar er vikið að.

2.1. Um ráðningar, laun og önnur starfskjör.

Í 2. tölul. 28. gr. EES-samningsins er kveðið á um að afnema verði alla mismunun sem byggð er á ríkiborgararétti viðkomandi lands og lýtur að ráðningum, launum og öðrum starfskjörum.

Atvinnurétturinn og jafnræðisreglurnar eru nánar útfærðar í reglugerð (EBE) nr. 1612/68, II. bálkur, 7.–9. gr. Hér kom fram þær skyldur og þau réttindi sem gilda fyrir launþega frá öðrum EES-ríkjum.

7. gr. felur í sér mjög afdráttarlaus ákvæði um að ekki megi mismuna launþegum sem eru ríkisborgarar einhvers aðildarríkjanna. Þetta felur í sér sama rétt og skyldur og innlendir launþegar viðvíkjandi öllum ráðningar- og vinnuskilyrðum, þar með talin launakjör, uppsögn úr starfi, komi til atvinnumissis, endurskipun og endurráðning skv. 1 tölul.

þessarar greinar; félagsleg réttindi og skattaívilnanir skv. 2. tölul.; þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum skv. 3. tölul. Í 4. tölul. þessarar greinar er almennt ákvæði um að ógilda skuli og að engu hafa öll ákvæði bæði í kjarasamningum og ráðningarsamningum sem og öðrum almennum reglum er varða aðgang að atvinnu, ráðningu, launakjör og önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði ef þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja.

8. gr. reglugerðarinnar tryggir að launþegar frá öðrum EES-ríkjum skuli njóta sömu réttinda og innlendir launþegar hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þeirra réttinda er aðildin veitir. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 312/76 eykur þessi réttindi með því að fastsetja að launþegar frá EES-ríkjum geti valist til stjórnunarstarfa og forustu stéttarfélags.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68, 9. gr., tryggir launþegum frá öðrum EES-ríkjum jafnan rétt hvað varðar aðgang að íbúðarhúsnæði.

2.2. Um takmarkanir á atvinnu- og búseturétti.

Í 3. tölul. 28. gr. EES-samningsins kemur nánar fram hvað frjáls för launþega felur í sér. Í inngangínum er þó ákveðið að hægt sé að takmarka þetta frjálsræði þegar þetta er rökstutt með tilliti til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis.

Þetta er útfært nánar í tilskipun ráðsins 64/221/EBE. Í tilskipuninni kemur fram hvenær takmörkun á útgáfu og endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi er heimil.

Í viðauka tilskipunarinnar skv. 4. gr. kemur fram hvaða sjúkdómar geti verið ástæða brottvísunar og neitunar umsóknar um dvalarleyfi. Þetta gildir um smitsjúkdóma vegna almannaheilbrigðis eins og t.d. berkla og sárasótt og um eiturlyfjaneytendur og alvarlega geðræna sjúkdóma vegna almannaöryggis og allsherjarreglu.

Í tilskipuninni eru einnig tilgreindar þær aðstæður sem ekki réttlæta frávísun, brottvísun og höfnun dvalarleyfis. Takmarkanirnar vegna allsherjarreglu og öryggis verða að byggjast eingöngu á persónulegri hegðun viðkomandi. Í 2. tölul. 3. gr. tilskipunarinnar er ákvæði um að fyrri refsiverð hegðun sé ekki nægjanleg í sjálfu sér til að slíkum ráðstöfunum sé beitt.

Dómstóll Evrópubandalaganna hefur í nokkrum dómum túlkað ákvæði tilskipunarinnar. Af þessum dómum má ráða að takmarkanir á för fólks geti ekki byggst á alhæfingum um hópa fólks og að þær hafi heldur ekki það markmið að vera almenn hindrun.

Tilskipun 72/194/EBE víkkar gildissvið tilskipunar 64/221/EBE þannig að efnisatriðin nái einnig til launþega sem nýtir sér réttinn til að dvelja áfram í EES-ríki eftir að hafa lokið atvinnu þar.

Með þeim takmörkunum, sem nefndar hafa verið, hafa ríkisborgarar EES-ríkja samkvæmt a-lið 3. tölul. 28. gr. rétt til að taka þeirri vinnu sem þeim stendur til boða í öðru EES-ríki. Í þessum rétti felst að ríkisborgari EES-ríkis er undanþeginn kröfum um atvinnuleyfi. Þessi réttur er nánar útlistaður í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68, 1.–6. gr. Samkvæmt 4. gr. skulu öll ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis, sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða, ekki gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja.

Hér hafa ekki verið nefndar takmarkanir sem bundnar eru við tiltekin störf í viðkomandi landi eins og opinber störf sem getið er annars staðar eða vegna kröfu um próf og hæfni, sbr. t.d. 2. tölul. 6. gr. reglugerðar 1612/68/EBE, eða tungumálakunnáttu, sbr. t.d. lokamálsgrein 1. tölul. 3. gr. reglugerðar 1612/68/EBE sem verður að athuga í tengslum við hverja atvinnuráðningu því það er atvinnurekandinn sem setur fram kröfur um tungumálakunnáttu.

2.3. Um ferðafrelsi.

Samkvæmt b-lið 3. tölul. 28. gr. EES-samningsins öðlast launþegar rétt til að fara að vild um EES-svæðið til að fá sér vinnu. Þessi réttur felur í sér rétt til að fara til annars EES-ríkis með því að leggja fram persónuskilríki eða vegabréf, sbr. 1. tölul. 3. gr. tilskipunar 68/360/EBE. Þannig verður ekki hægt að krefja launþegann um vegabréfsáritun eða setja sérstök skilyrði fyrir því að hann fái að koma til landsins. Þetta gildir hins vegar ekki um fjölskyldumeðlimi hans ef þeir eru ekki ríkisborgarar einhvers aðildarríkis. Ríkin eru samt sem áður skuldbundin að auðvelda þessum fjölskyldumeðlimum að fá vegabréfsáritun skv. 2. tölul. 3. gr.

Dómstóll Evrópubandalagsins hefur í máli 321/87 tekið nánari afstöðu til hversu víðtækur rétturinn til aðflutnings er. Í þessum dómi kemur fram að EB-rétturinn eigi ekki að hindra að aðildarríki hafi eftirlit með því hvort útlendingur, sem er búsettur í aðildarríkinu, hafi undir höndum dvalarleyfi svo framarlega sem skylda til að sýna persónuskilríki hvíli einnig á ríkisborgurum viðkomandi lands.

2.4. Nánar um dvalarleyfið.

Samkvæmt c-lið 3. tölul. 28. gr. EES-samningsins hafa þeir sem hafa rétt á að flytja til landsins rétt á að dvelja í öðru EES-ríki til að taka þar vinnu í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis.

Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 68/360/EBE eiga EES-ríkin að veita ríkisborgurum annars EES-ríkis dvalarleyfi og fjölskyldu hans ef hann fær þar atvinnu. Staðfesting á þessu dvalarleyfi er veitt með skjali sem ber titilinn „dvalarleyfi“. Til að gefa út slíkt skjal þurfa eftirfarandi skjöl eða gögn að vera fyrir hendi:

Fyrir launþegann:

a. Skjalið sem á að nota eða var notað við komuna til landsins.
b. Staðfesting á atvinnuráðningu.

Fyrir fjölskyldumeðlimina:

a. Skjalið sem var notað við komuna til landsins.
b. Skjal sem sýnir hvernig fjölskylduböndum er háttað. Það þarf að vera útgefið af yfirvöldum í heimalandi viðkomandi eða í síðasta dvalarlandi.
c. Skjal sem sýnir að þeir séu á framfæri launþegans eða voru hluti heimilismanna hans í heimalandinu eða síðasta dvalarlandi. Þetta skjal þarf að vera gefið út af viðkomandi yfirvöldum.

Dvalarleyfið á skv. 6. gr. tilskipunarinnar að gilda í a.m.k. fimm ár og mögulegt á að vera að framlengja það eftir þann tíma. Tímabundin dvalarleyfi eru gefin út vegna ráðningarsamninga sem gilda í þrjá mánuði til eitt ár. Allt að sex mánaða rof á dvöl breytir ekki gildi dvalarleyfis.

Fjölskyldumeðlimir, sem eru sjálfir ríkisborgarar EES-ríkis, fá einnig fimm ára dvalarleyfi. Fjölskyldumeðlimir, sem ekki eru ríkisborgarar aðildarríkis, eiga að fá dvalarleyfisskírteini sem gildir jafnlengi og dvalarleyfi launþegans.

Dvalarleyfi er ekki hægt að afturkalla á þeirri forsendu að atvinnuráðningin sé ekki

lengur fyrir hendi þegar um það er að ræða að launþeginn er óvinnufær vegna sjúkdóms eða slys eða er orðinn atvinnulaus að ósekju, sbr. 1. tölul. 7. gr.

Dvalarleyfið má takmarka í fyrsta skipti sem það er endurnýjað ef leyfishafinn hefur verið atvinnulaus samfellt lengur en 12 mánuði, sbr. 2. tölul. 7. gr. Dvalarleyfið má þó ekki takmarka skemur en 12 mánuði.

Réttur til dvalar í öðru EES-ríki skal viðurkenndur án þess að dvalarleyfi sé gefið út:

a. þegar atvinnuráðning stendur skemur en þrjá mánuði eða
b. þegar launþeginn hefur búsetu í öðru EES-ríki og fer þangað reglubundið a.m.k. einu sinni í viku eða
c. þegar atvinnan er árstíðabundin og byggir á vinnusamningum sem eru viðurkenndir af yfirvöldunum, sbr. 8. gr.

2.5. Áframhaldandi dvalarréttur.

Samkvæmt d-lið 3. tölul. 28. gr. EES-samningsins hafa ríkisborgarar EES-ríkja rétt á áframhaldandi búsetu í öðru EES-ríki eftir að hafa stundað þar atvinnu. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/71 eru helstu ákvæði um skilyrðin fyrir áframhaldandi dvöl nánar tilgreind:

a. Starfsmaður fer á eftirlaun og hefur unnið í landinu síðustu 12 mánuði og verið búsettur þar samfellt í þrjú ár.
b. Starfsmaður sem hlýtur varanlega örorku og hefur verið búsettur a.m.k. tvö ár í landinu. Ef um vinnuslys eða atvinnusjúkdóm, sem vinnuveitandi ber ábyrgð á, er að ræða eru engin tímamörk fyrir búsetu í landinu.
c. Starfsmaður sem búið og unnið hefur samfellt í þrjú ár í ríkinu en starfar í öðru ríki, en heldur heimili í fyrra ríkinu og hverfur þangað að jafnaði daglega eða a.m.k. einu sinni í viku.
d. Ef launþeginn andast þá á fjölskylda hans rétt á áframhaldandi búsetu í landinu. Ef launþeginn andast áður en hann hefur öðlast rétt til búsetu þá á fjölskylda hans rétt á að búa áfram í landinu að uppfylltum þeim skilyrðum sem gefin eru í 2. tölul. 3. gr. reglugerðar 1251/71/EBE.

2.6. Um störf hjá opinberum stofnunum.

Í 4. tölul. 28. gr. EES-samningsins er kveðið á um að ákvæði 28. gr. eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu.

Við gerð Rómarsamningsins var upphaflega litið svo á að þetta ætti við um öll störf í opinberri þjónustu. Þessi skilningur hefur breytst gegnum tíðina, sérstaklega vegna þess að ýmis störf eru í höndum einkaaðila í sumum ríkjum en í höndum opinberra aðila í öðrum ríkjum. Af fjölmörgum dómum Evrópudómstólsins, sem um þetta hafa fjallað, má ráða að það eru fyrst og fremst störf sem tengjast eiginlegum stjórnsýslustörfum og öryggishagsmunum sem eru vernduð með þessum hætti. Atvinnurétturinn nær þannig ekki til þeirra starfa í opinberri þjónustu þar sem um sérstakt trúnaðarsamband milli starfsmanna og hins opinbera er að ræða. Hér er ekki hægt að gefa neinn tæmandi lista um hvaða störf er að ræða sem eru vernduð með þessum hætti þó af dómum dómstóls Evrópubandalaganna megi álykta nokkuð skýran ramma.

3. Um rétt sjálfstætt starfandi og þeirra er stunda þjónustuviðskipti.

Samkvæmt 31. gr. EES-samningsins fá ríkisborgarar EES-ríkja leyfi til að hefja sjálfstæða starfsemi eða koma á fót fyrirtæki í öðru EES-ríki. Slíkur réttur kallast staðfesturéttur og felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna

og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 34. gr., með þeim skilyrðum sem landslög setja um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla. En skv. 2. mgr. 34. gr. er einkum átt við félög eða fyrirtæki stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Sama gildir um þá sem setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki eða kaupa og selja þjónustu.

31. gr. samsvarar 52. gr. Rómarsamningsins. Greinin sem slík segir ekki beinlínis til um frjálsa flutninga sjálfstætt starfandi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frelsið felst hins vegar í þrem tilskipunum ráðsins: 73/148/EBE, 75/34/EBE og 75/35/EBE sem tengdar eru EES-samningnum gegnum viðauka VIII, 3.–5. tölul.

Í formála tilskipunar 73/148/EBE segir að forsendur þess að afnema takmarkanir á staðfesturétti og þjónustuviðskiptum séu þær að afnema þurfi takmarkanir á ferða- og dvalarleyfum. Staðfesturétturinn er ekki framkvæmanlegur nema hægt sé að fá varanlegt dvalarleyfi fyrir það fólk sem óskar að hefja sjálfstæða starfsemi í öðru EBE-ríki. Þeim sem láta í té eða notfæra sér þjónustu annarra verður að tryggja dvalarleyfi meðan slík þjónustuviðskipti eiga sér stað.

Í tilskipun 75/34/EBE er sjálfstætt starfandi og fjölskyldum þeirra veittur réttur til áframhaldandi búsetu eftir að þeir hafa hætt rekstri. Reglurnar eru sambærilegar og fyrir launafólk. Hins vegar falla þeir sem selja eða kaupa þjónustu ekki undir þessi ákvæði.

Tilskipun 75/35 setur sömu takmarkanir fyrir ferða- og dvalarleyfi sjálfstætt starfandi og fjölskyldur þeirra og eru í tilskipun 64/221/EBE fyrir launafólk.

4. Um þá sem ekki stunda atvinnustarfsemi.

Með viðauka VIII, 6.–8. tölul., eru tilskipanir 90/364/EBE, 90/365/EBE og 90/366/EBE gerðar að hluta EES-samningsins. Þessar tilskipanir veita þeim sem ekki eru launþegar eða eru sjálfstætt starfandi eða fjölskyldum þeirra ferða- og dvalarleyfi í öðru EES-ríki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tilskipun 90/364 gildir almennt um þá sem ekki eru starfandi. Tilskipun 90/365 inniheldur sérreglur um ellilífeyrisþega og tilskipun 90/366 inniheldur sérreglur um námsmenn. Þessar þrjár tilskipanir voru samþykktar af EB árið 1990 og tóku gildi í EB 1. júlí 1992.

Tilskipanirnar setja það sem skilyrði fyrir ferða- og dvalarleyfi þeirra sem ekki eru launþegar eða sjálfstætt starfandi að þeir framfæri sig sjálfir og að þeir séu tryggðir fyrir ófyrirséðum útgjöldum, þannig að þeir verði ekki byrði fyrir félagsmálakerfi dvalarlandsins. Það er talið nægjanlegt ef fjármunir, tekjur eða lífeyrir viðkomandi eru hærri en þau tekjumörk sem veita rétt til aðstoðar félagsmálayfirvalda. Ef þessi mælikvarði er ekki nothæfur þá er þess krafist að að fjármunirnir séu hærri en lægsti lífeyrir í viðkomandi landi.

Dvalarleyfi námsmanna er bundið við námstímann. Námsmennirnir eiga ekki rétt á greiðslu námsstyrkja eða námslána í dvalarlandinu. Dvalarleyfi fyrir námsmenn er einungis veitt til eins árs í senn.

Fjölskylda þessara hópa hefur skv. 2. tölul. 2. gr. tilskipunar 90/364/EBE rétt til að fá sér launaða vinnu eða koma á fót sjálfstæðri starfsemi í dvalarlandinu.

Dvalarrétturinn er staðfestur með dvalarleyfi eins og hjá öðrum hópum og almennt yrði slíkt dvalarleyfi veitt í fimm ár eins og fyrir launþega. Undantekning eru námsmenn og einstaka aðrir hópar. Um fjölskyldu viðkomandi gildir það sama og með launþega og ef einhver fjölskyldumeðlimur er ekki ríkisborgari EES-ríkis fær hann jafnlangt dvalarleyfi og sá sem framfærir hann.

Til þess að fá slíkt dvalarleyfi þarf að leggja fram gild persónuskilríki eða vegabréf og staðfestingu á að viðkomandi geti framfært sig og fjölskyldu sína og staðfestingu á að viðkomandi sé tryggður fyrir ófyrirséðum áföllum.

Sömu takmarkanir um allsherjarreglu, öryggi og heilbrigði gilda um þessa hópa og aðra.

5. Öryggisákvæði EES-samningsins.

Í 4. kafla VII. hluta EES-samningsins, þ.e. 112.–114. gr., eru tilgreindar þær öryggisráðstafanir sem hægt er að grípa til við sérstakar aðstæður í hverju aðildarríki sem það sjálft metur sem alvarlegar. Enn fremur eru þar tilgreindar takmarkanir á umfangi slíkra ráðstafana og gildistíma og hvernig að þeim skuli staðið. Þessi ákvæði, ef þeim er beitt, geta leitt til óskilgreindra takmarkana á því ferða-, atvinnu- og búsetufrelsi sem felst í EES-samningnum og viðaukum hans.

Almenna öryggisákvæði EES-samningsins felur í sér að ef upp koma alvarlegir erfiðleikar í efnahagsmálum, þjóðfélagsmálum eða umhverfismálum sem tengjast sérstökum framleiðslugreinum eða svæðum og líklegt er að verði varanlegir getur samningsaðili einhliða gert viðeigandi ráðstafanir með ákveðnum skilyrðum um tilkynningar- og upplýsingaskyldu til samningsaðila og sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ekki má grípa til aðgerða fyrr en einum mánuði eftir að þær hafa verið tilkynntar aðilum, nema því aðeins að þær þoli ekki bið eða búið sé að hafa samráð áður en fresturinn er liðinn. Þau ríki, sem álíta að með öryggisráðstöfunum sé að sér vegið, geta gripið til bráðnauðsynlegra gagnaðgerða til að jafna það misvægi er þau álíta að sé fyrir hendi.

Með samningnum fylgir sérstök yfirlýsing Íslands um beitingu öryggisákvæðisins í ljósi þess hve atvinnulífið er einhæft og landið strjálbýlt. Yfirlýsingin leggur áherslu á sérstöðu Íslands til þess að engum megi blandast hugur um að því verði beitt, ef á þarf að halda, í þeim tilvikum sem menn hafa mestar áhyggjur af. Um er að ræða ef alvarleg röskun yrði á vinnumakaði með stórfelldum flutningum vinnuafls til ákveðinna landshluta, í ákveðin störf eða ákveðnar atvinnugreinar og einnig ef alvarleg röskun verður á fasteignamarkaði.

B. HELSTU ÁKVÆÐI REGLUGERÐAR 1612/68/EBE

Hér að ofan hafa ýmis ákvæði reglugerðar 1612/68 verið tilgreind eftir því sem tilefni hefur verið til. Í þessu yfirliti verður vikið að uppsetningu reglugerðarinnar og helstu ákvæðum hennar.

1. Inngangur reglugerðarinnar.

Í inngangi reglugerðarinnar er vikið að þeim markmiðum og grundvallarreglum sem reglugerðin byggir á. Þar er m.a. víðtæk skilgreining á hugtakinu launþegi sem felur í sér alla þá sem eru í fastri vinnu eða vinna við tímabundin störf, árstíðabundin störf eða sækja vinnu yfir landamæri, svo og þá sem sinna þjónustustörfum. Þá er talað um að frelsi til flutninga teljist til grundvallarréttinda launþega og fjölskyldna þeirra að launþegar njóti jafnra réttinda í raun og að lögum hvað varðar öll málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu sem og í húsnæðismálum. Jafnframt því að öllum hindrun-

um gegn hreyfanleika launþega eigi að ryðja úr vegi, einkum þeim skilyrðum er varða rétt launþega til að fá fjölskyldu sína til sín.

2. Um atvinnu og fjölskyldur launþega.

I. hluti reglugerðarinnar, sem ber heitið „Atvinna og fjölskyldur launþega“, skiptist í þrjá bálka.

I. bálkur, sem ber heitið „Aðgangur að vinnumarkaði“, skiptist í sex greinar. Í þessum sex fyrstu greinum reglugerðar 1612/68/EBE eru grundvallarréttindi um jafnan aðgang ríkisborgara aðildarríkja að vinnumarkaði tilgreind. Jafnframt eru þar ýmis ákvæði um að þau margvíslegu ákvæði, sem gætu takmarkað þetta jafnrétti og kunna að vera í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis, gildi ekki um ríkisborgara aðildarríkjanna. Þar er t.d. kveðið á um að ríkisborgarar aðildarríkja skuli njóta sömu aðstoðar og vinnumiðlanir veita innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

II. bálkur, sem ber heitið „Atvinna og jafnræði við málsmeðferð“, skiptist í þrjár greinar, þ.e. 7.–9. gr. Þessum greinum hafa áður verið gerð nokkur skil og fjalla þær um jafnrétti í launum, öðrum starfskjörum og vinnuskilyrðum, aðgang að stéttarfélögum og aðgang að húsnæði, þar með talið eigið húsnæði og þjónusta húsnæðismiðlunar. Eins og áður sagði breytti reglugerð ráðsins (EBE) nr. 312/76 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68. Ákvæðið svo breytt felur í sér að ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem uppfylla sömu skilyrði og innlendir um aðgang að stéttarfélagi, eigi sama rétt og þeir á að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið. Jafnframt var felldur niður 2. tölul. 8. gr. sem kvað á um endurskoðun greinarinnar. Hins vegar er óbreytt að erlendum ríkisborgurum megi meina sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti.

III. bálkur, sem ber heitið „Fjölskyldur launþega“, skiptist í þrjár greinar, þ.e. 10.–12. gr. Þær fjalla almennt um rétt fjölskyldu launþegans til atvinnu, búsetu, húsnæðis og náms. Um þessar greinar hefur verið fjallað áður en því má bæta við það sem áður var sagt um rétt maka, barna og foreldra viðkomandi launþega að skv. 2. tölul. 10. gr. eiga aðildarríkin að auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþegans eða hafa búið undir sama þaki og hann, að koma til ríkisins. Sú krafa er gerð til launþegans í 3. tölul. 10. gr. að hann hafi yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði sem hann hefur ráðið sig til vinnu, þó með þeim fyrirvara að það leiði ekki til að þessum launþegum sé mismunað á kostnað innlendra launþega. 11. gr. veitir maka og börnum launþegans, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, rétt á að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er í viðkomandi aðildarríki, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins aðildarríkis. En eins og áður sagði þurfa þau sérstakt atvinnuleyfi sem þau eiga sjálfkrafa rétt á. Þau þurfa þannig ekki að uppfylla sérstök skilyrði í lögum um atvinnurétt útlendinga, nr. 26/1982, eins og t.d. að fá samþykki viðkomandi verkalýðsfélags. Í 12. gr. er kveðið á um rétt barna launþegans til skólagöngu, námsvistar og starfsþjálfunar eins og áður sagði.

3. Um atvinnuframboð og atvinnuumsóknir.

II. hluti reglugerðarinnar, sem ber heitið „Atvinnuframboð og atvinnuumsóknir“, skiptist í fjóra bálka.

I. bálkur, sem ber heitið „Samvinna á milli aðildarríkja og við framkvæmdastjórnina“, skiptist í tvær greinar, þ.e. 13. og 14. gr. Þessar greinar kveða á um samvinnu ýmissa aðila í einstökum ríkjum við sambærilegar stofnanir í öðrum aðildarríkjum og við sameiginlegar stofnanir aðildarríkjanna eins og framkvæmdastjórnina, evrópsku sam-

ráðsskrifstofuna (sbr. 21.–23. gr. reglugerðar), umsjónarnefndina (sbr. 32.–37. gr. reglugerðar), ráðgjafarnefndina (sbr. 24.–31. gr. reglugerðar). Þar kemur m.a. fram að aðildarríkin skulu starfrækja sérstaka þjónustuskrifstofu sem gegni hlutverki aðalvinnumiðlunar í hverju ríki. Þessar skrifstofur skulu hafa náið samstarf sín í milli og við framkvæmdastjórnina um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna o.fl. Í þessum greinum eru einnig ákvæði um að gerðar skuli nauðsynlegar kannanir á atvinnutækifærum og atvinnuleysi. Þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna skulu senda til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Þær skulu enn fremur miðla upplýsingum til vinnumiðlunarskrifstofa í sínu landi. Í 14. gr. eru einnig ákvæði um að aðildarríkin upplýsi um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa flutninga fólks og atvinnumál launþega og að gerð séu nákvæm yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum. Framkvæmdastjórnin ákveður í samráði við umsjónarnefndina hvernig með þessi gögn verður farið. Ástandið á vinnumarkaði er metið samkvæmt samræmdum viðmiðunum að fengnu áliti ráðgjafarnefndarinnar. Það er ljóst að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins verður að gegna hlutverki þjónustuskrifstofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar a.m.k. fyrst um sinn meðan skipulögð er starfsemi slíkrar þjónustuskrifstofu.

II. bálkur, sem ber heitið „Ráðstöfun lausra starfa“, skiptist í fjórar greinar, þ.e. 15.–18. gr. Þessar greinar kveða nánar á um starfsemi þjónustuskrifstofunnar og vinnumiðlana í aðildarríkjunum, einkum er varða störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði og starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi. Þá er farið nánar í samstarf þessara aðila við framkvæmdastjórnina og sams konar stofnanir annarra aðildarríkja. Þessi ákvæði og fleiri munu skerpa kröfur til starfsemi vinnumiðlana í landinu, sem og starfsemi vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, einkum er varðar upplýsingastarfsemi og samskipti við önnur lönd en erlend samskipti hafa hingað til að mestu takmarkast við sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

III. bálkur, sem ber heitið „Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum“, skiptist í tvær greinar, þ.e. 19. og 20. gr. Í 19. gr. er fyrst og fremst kveðið á um það hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að vinna skýrslu sem unnin er upp úr upplýsingum aðildarríkjanna um vinnumarkaðinn. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin eiga síðan sameiginlega tvisvar á ári að kanna á grundvelli þessarar skýrslu framvindu í atvinnuráðningum milli aðildarríkjanna ekki síst skiptingu þeirra milli ríkisborgara aðildarríkjanna og ríkisborgara annarra ríkja utan EB (og nú einnig utan EES). Einnig á að kanna fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaðinum varðandi flutning á mannafla innan EB (EES). Í 20. gr. er kveðið á um viðbrögð vegna ríkjandi eða yfirvofandi ókyrrðar á vinnumarkaði aðildarríkis sem getur leitt af sér verulega röskun á lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein. Viðbrögðin fela einkum í sér að óska eftir því við framkvæmdastjórnina að hún láti gera þá starfsemi ráðningarkerfisins óvirka að hluta eða öllu leyti sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr., þannig að vinnumiðlanir annarra aðildarríkja hætti að manna laus störf sem tilkynning hefur borist beint um frá vinnuveitendum í þessari atvinnugrein eða á þessu svæði. Hér er því um sérstakt öryggisákvæði að ræða varðandi ójafnvægi á vinnumarkaðinum. Hins vegar hrekkur þetta ákvæði skammt í að stöðva fólk sem stendur til boða að fara í þessa atvinnugrein eða á þetta atvinnusvæði.

IV. bálkur, sem ber heitið „Evrópska samráðsskrifstofan“, skiptist í þrjár greinar, þ.e.

21.–23. gr. Hlutverk evrópsku samráðsskrifstofunnar er að samræma ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og á almennt að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan EB (EES). Hún ber ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk og samkvæmt reglugerðinni falla undir framkvæmdastjórnina. Hún á að aðstoða innlendar vinnumiðlanir. Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjánlega þróun á vinnumarkaði EB (EES). Þessi verkefni og fleiri eru nánar tilgreind í 22. og 23. gr.

4. Um nefndaskipan.

III. hluti reglugerðarinnar, sem ber heitið „Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra“, skiptist í tvo bálka.

I. bálkur, sem ber heitið „Ráðgjafarnefndin“, skiptist í átta greinar, þ.e. 24.–31. gr. Samkvæmt 24. gr. ber ráðgjafarnefndin ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga hvers konar vafamál sem kunna að koma upp við framkvæmd samningsins og varða frelsi launafólks til flutninga og störf þeirra. Í 25. gr. er tilgreint nánar hvað það er sem nefndin ber einkum ábyrgð á. Í 26. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar, en hvert aðildarríki á sex fulltrúa. Tveir þeirra eru fulltrúar ríkisstjórnar, tveir frá samtökum launafólks og tveir frá samtökum vinnuveitenda. Einn varamaður er tilnefndur fyrir hvern þessara aðila. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra er tvö ár en heimilt er að endurskipa þá. Aðrar greinar þessa bálks kveða nánar á um skipan og meðferð mála hjá nefndinni.

II. bálkur, sem ber heitið „Umsjónarnefndin“, skiptist í sex greinar, þ.e. 32.–37. gr. Samkvæmt 32. gr. ber umsjónarnefndin ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð og viðbótarráðstöfunum í framkvæmd. Í 33. gr. er kveðið nánar á um hvað nefndin eigi einkum að bera ábyrgð á. Í 34. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar, en hver ríkisstjórn aðildarríkjanna á að tilnefna einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni í umsjónarnefndina og einn varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndinni. Aðrar greinar þessa bálks kveða nánar á um skipan og meðferð mála hjá nefndinni.

5. Um bráðabirgðaákvæði og lokaákvæði.

IV. og síðasti hluti reglugerðarinnar, sem ber heitið „Bráðabirgða- og lokaákvæði“, skiptist í tvo bálka.

I. bálkur, sem ber heitið „Bráðabirgðaákvæði“, skiptist í fjórar greinar, þ.e. 38.–41. gr. Bæði 40. og 41. gr. gilda ekki fyrir EES samkvæmt viðauka V í EES-samningnum og 38. og 39. gr. fjalla um að áframhald málsmeðferðar annars vegar af hálfu samráðsskrifstofunnar og hins vegar af hálfu ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar gildi áfram, m.a. þar til framkvæmdastjórnin hefur komið á samræmdu heildarkerfi sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr.

II. bálkur, sem ber heitið „Lokaákvæði“, skiptist í sjö greinar, þ.e. 42.–48. gr. Síðasta greinin gildir ekki fyrir EES samkvæmt viðauka V í EES-samningnum. Að öðru leyti er hér um sundurleit ákvæði að ræða sem flest hafa takmarkað gildi fyrir Ísland. Þó er lokaákvæði 42. gr. ef til vill mikilvægt þar sem kveðið er á um að reglugerðin gildi ekki um launþega frá löndum utan Evrópu sem starfa í aðildarríkjunum samkvæmt sérstökum samningum í einstökum ríkjum.

C. LÖGFESTING REGLUGERÐARINNAR

Eins og áður sagði er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Drög að frumvarpinu er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búseturétti á Evrópsku efnahagssvæði. Nefndinni var falið að fjalla um þann þátt félagsmála sem snertir samtök aðila vinnumarkaðarins. Í nefndina voru skipuð:

Frá félagsmálaráðuneyti: Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Þórhildur Líndal deildarstjóri.

Frá Alþýðusambandi Íslands: Ari Skúlason hagfræðingur og Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri.

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur og Kristján Jóhannsson hagfræðingur.

Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk nefndarinnar að koma með tillögur um það hvernig tryggt verði í framkvæmd að Ísland uppfylli þær reglur sem gilda munu á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu á sama tíma og tryggt verði að aðilar vinnumarkaðarins geti fylgst með atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi og að íslenskum kjarasamningum og íslenskum lögum sé framfylgt.

Innan nefndarinnar áttu sér stað skoðanaskipti um það hvar og hvernig því efni sem hér er til umfjöllunar væri best skipað.

Nefndin var sammála um að eðlilegast væri að ákvæði um eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar hér á landi yrðu hluti af lögfestingarfrumvarpinu sjálfu, þ.e. sem 2. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er reglugerðum nr. 1612/68 og 312/76 gefið lagagildi eins og þær eru aðlagaðar í V. viðauka. Ákvæði 1612/68 skulu aðlöguð sem hér segir:

a. Í 2. mgr. 15. gr. eiga orðin „innan átján mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar“ ekki við.
b. Ákvæði 40. gr. gilda ekki.
c. Ákvæði 41. gr. gilda ekki.
d. Ákvæði 1. mgr. 42. gr. gilda ekki.
e. Í stað tilvísunar í 51. gr. sáttmálans í 2. mgr. 42. gr. komi tilvísun í 29. gr. þessa samnings.
f. Ákvæði 48. gr. gilda ekki.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er komið á fót nefnd sem skal vera innlendur eftirlitsaðili með því að ákvæði reglugerðar 1612/68 séu virt. Ákvæði reglugerðarinnar lúta fyrst og fremst að almenna vinnumarkaðnum. Því er lagt til að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eigi hvort sinn fulltrúa í þriggja manna nefnd, en formaður verði skipaður af félagsmálaráðherra. Þegar nefndin tekur hins vegar til umfjöllunar erindi sem varða sérstaklega opinbera starfsmenn er gert ráð fyrir að fulltrúi hlutaðeigandi heildarsamtaka stéttarfélaga opinberra starfsmanna og annaðhvort fulltrúi fjármálaráðherra eða Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því hvort umfjöllun beinist að ríki eða sveitarfélagi sem atvinnurekanda, taki einnig sæti í nefndinni. Nánari reglur um starfshætti nefndarinnar verða væntanlega sett síðar í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1612/68

frá 15. október 1968

um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins skal ná fram að ganga í síðasta lagi í lok aðlögunartímans. Þetta felur í sér að ekki verður unnt að mismuna launþegum í aðildarríkjunum á grundvelli þjóðernis hvað varðar atvinnu, launakjör og önnur skilyrði er varða vinnu og ráðningar, auk réttar þessara launþega, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði, til að skipta um dvalarstað innan bandalagsins í því augnamiði að hafa launaða atvinnu.

Einkum vegna tilkomu tollabandalagsins og til að ná fram grundvallarstefnumiði bandalagsins, ætti að samþykkja ákvæði til að tryggja að markmiðin sem sett eru fram í 48. og 49. gr. sáttmálans og fjalla um frelsi til flutninga náist og til að bæta úr þeim ráðstöfunum sem voru samþykktar með reglugerð nr. 15 ([3]) um frumráðstafanir til að koma á frelsi launþega til flutninga og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 38/54 ([4]) frá 25. mars 1964 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

([1]) Stjtíð. EB nr. 268, 6. 11. 1967, bls. 9.
([2]) Stjtíð. EB nr. 298, 7. 12. 1967, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB nr. 57, 26. 8. 1961, bls. 1073/61.
([4]) Stjtíð. EB nr. 62, 17. 4. 1964, bls. 965/64.

Frelsi til flutninga telst til grundvallarréttinda launþega og fjölskyldna þeirra. Tryggja ber óheftan hreyfanleika launþega innan bandalagsins sem einn af þeim möguleikum sem launþegar hafa til að bæta lífskjör og vinnuskilyrði sín og bæta félagslega stöðu sína, auk þess sem efnahagslíf í aðildarríkjunum er eflt með þeim hætti. Tryggja ber rétt allra launþega í aðildarríkjunum til að starfa á þeim sviðum sem þeir hafa kosið sér.

Launþegar sem eru í fastri vinnu eða vinna við tímabundin störf, árstíðabundin störf eða sækja vinnu yfir landamæri, svo og þeir sem sinna þjónustustörfum, eiga að njóta slíks réttar án nokkurrar mismununar.

Rétturinn til frjálsra flutninga felur í sér, eigi að virða hann á hlutlægan hátt með frjálsræði og reisn, að launþegar njóti jafnra réttinda í raun og að lögum hvað varðar öll málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu sem og húsnæðismálum, jafnframt því sem öllum hindrunum gegn hreyfanleika launþega skal rutt úr vegi, einkum þeim er varða rétt launþega til að fá fjölskyldu sína til sín og þau skilyrði sem sett eru fyrir komu fjölskyldunnar til gistilandsins.

Reglan um að ekki megi mismuna launþegum innan bandalagsins felur í sér að allir ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti sömu réttinda til vinnu og innlendir launþegar.

Nauðsynlegt er að efla þær stofnanir sem veita upplýsingar um atvinnutækifæri, einkum með því að koma á beinni samvinnu milli helstu vinnumiðlana og einnig á milli svæðisbundinna vinnumiðlana, jafnframt því að auka og samræma upplýsingaskipti til að tryggja að betri heildarmynd fáist af vinnumarkaðinum. Launþegar sem hyggja á flutninga ættu að geta fengið nýlegar upplýsingar um lífskjör og atvinnuskilyrði. Jafnframt skal grípa til ráðstafana í þeim tilvikum þar sem röskun, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði aðildarríkis. Upplýsingaskipti, sem hafa það að markmiði að letja

launþega þess að flytjast til þeirra svæða eða í þær atvinnugreinar, eru ein af leiðunum sem fara ber í fyrstu í þessu skyni en einnig ætti að vera hægt, gerist þess þörf, að auka gagnsemi slíkra upplýsingaskipta með því að leggja niður um stundarsakir þjónustu ofannefndra stofnana en allar slíkar ákvarðanir þarf að taka innan bandalagsins.

Náið samband er á milli frjálsra flutninga launþega, atvinnumála og starfsmenntunar, einkum þar sem hið síðastnefnda hefur það að markmiði að auka möguleika launþega til þess að taka atvinnutilboðum annars staðar í bandalaginu. Tengslin á milli þessara þátta gera það að verkum að mikilvægt er að vandamál sem upp kunna að koma séu skoðuð í heild sinni og metin með hliðsjón hvert af öðru auk þess sem tillit skal tekið til atvinnuástands á viðkomandi svæði. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að aðildarríkin beini kröftum sínum að því að samræma vinnumálastefnu sína innan bandalagsins.

Ráðið samþykkti, með ákvörðun sinni frá 15. október 1968 ([1]), að láta 48. og 49. gr. sáttmálans og þær ráðstafanir sem gerðar voru vegna framkvæmdar þeirra ná til frönsku umdæmanna erlendis.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. HLUTI

ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA

I. BÁLKUR

Aðgangur að vinnumarkaði

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari aðildarríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari aðildarríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

— þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða

— þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra aðildarríkja frá atvinnu sem til boða stendur, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju aðildarríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;

b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;

c) binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði, eða á landsmælikvarða, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í aðildarríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra aðildarríkja sem innlenda, samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963 ([2]).

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB nr. 159, 2. 11. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru aðildarríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins aðildarríkis í stöðu í öðru aðildarríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu aðildarríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru aðildarríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR

Atvinna og jafnræði við málsmeðferð

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars aðildarríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja.

8. gr.

1. Launþegi, sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum aðildarríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum aðildarríkjum meiri rétt.

2. Ráðið skal endurskoða þessa grein á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni sem verður að skila henni innan tveggja ára.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði, það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR

Fjölskyldur launþega

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis:

a) maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;

b) ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.

2. Aðildarríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til

þess að launþegum frá öðrum aðildarríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari aðildarríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins aðildarríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara aðildarríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI

ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR

I. BÁLKUR

Samvinna á milli aðildarríkja og við framkvæmdastjórnina

13. gr.

1. Aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

Aðalvinnumiðlanirnar í aðildarríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan bandalagsins og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við deildir framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal framkvæmdastjórnin birta nákvæmar upplýsingar um þær í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum.

2. Í samvinnu við umsjónarnefndina skal framkvæmdastjórnin ákvarða hvernig farið skuli með gögnin sem greint er frá í 1. mgr. og hve oft skuli skipst á upplýsingum. Til að meta ástand á vinnumarkaði skulu aðildarríkin nota samræmdar viðmiðanir, sem framkvæmdastjórnin setur fram í samræmi við störf umsjónarnefndarinnar samkvæmt d-lið 33. gr., að fengnu áliti ráðgjafarnefndarinnar.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem framkvæmdastjórnin ákveður í samráði við umsjónarnefndina, skal þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum aðildarríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við þá launþega sem hlut eiga að máli.

II. BÁLKUR

Ráðstöfun lausra starfa

15. gr.

1. Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda mánaðarlega hið minnsta skýrslu til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar sem sýnir eftir starfsgreinum og svæðum:

a) störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði;

b) starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til hlutaðeigandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa.

2. Skýrslunum sem um getur í 1. mgr. skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem evrópska samráðsskrifstofan skal setja upp, í samvinnu við umsjónarnefndina, innan átján mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

16. gr.

1. Tilkynna skal um sérhvert laust starf, sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlunum aðildarríkis og ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði en manna má innan bandalagsins á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr., þar til bærum vinnumiðlunum aðildarríkis sem hefur gefið til kynna að það hafi mannafla á lausu í sömu starfsgrein.

2. Vinnumiðlanirnar skulu senda upplýsingar um gildar umsóknir til vinnumiðlana fyrra aðildarríkisins. Á 18 daga tímabili frá því að tilkynning hefur borist um laust starf til vinnumiðlana síðara aðildarríkisins skulu umsóknirnar lagðar fyrir vinnuveitendur með sama forgangi og innlendir launþegar hafa umfram ríkisborgara frá ríkjum utan bandalagsins. Á ofangreindu tímabili skal því aðeins senda tilkynningar um laus störf til ríkja utan bandalagsins að aðildarríkið sem í hlut á telji að ekki sé nægilegt vinnuafl að fá innan aðildarríkjanna í viðkomandi störf.

3. Ákvæði 1. mgr. ná ekki til starfa sem hafa verið boðin launþegum frá ríkjum utan bandalagsins þegar:

a) slíkt tilboð er gert ákveðnum launþega og er í eðli sínu sérstakt vegna þess að um er að ræða:

   i) sérstakar hæfniskröfur eða trúnaðarstarf eða fyrri starfstengsl;

   ii) fjölskyldutengsl, annaðhvort milli vinnuveitanda og launþegans sem í hlut á, eða milli hins síðarnefnda og launþega sem hefur verið í fastri vinnu við fyrirtækið í eitt ár hið minnsta.

   Liðum i) og ii) skal beita í samræmi við ákvæðin sem sett eru í viðaukanum;

b) ráðið er í slík störf úr tiltölulega einsleitum hópi ársstíðabundins vinnuafls þar sem að minnsta kosti einum tilteknum aðila hefur verið boðið starf;

c) vinnuveitendur bjóða slík störf launþegum sem búa á svæðum sem liggja sitt hvorum megin við landamæri aðildarríkis og ríkis sem ekki er aðildarríki;

d) vinnuveitendur bjóða skýlaust launþegum frá ríkjum utan bandalagsins störf með tilliti til þess að starfsemi fyrirtækisins raskist ekki og vinnumiðlanirnar, sem hafa látið málið til sín taka til að tryggja rétt innlendra launþega eða launþega frá hinum aðildarríkjunum, hafi komist að þeirri niðurstöðu að um réttlætanlegar ástæður sé að ræða.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæði 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í aðildarríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir aðildarríkis:

   i) á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

   ii) koma á beinum tengslum við ráðstöfun:

      — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;

      — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;

      — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri aðildarríkja, skiptast reglulega á gögnum sem varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. Aðildarríkin sem hlut eiga að máli skulu senda framkvæmdastjórninni skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; framkvæmdastjórnin skal birta þessa skrá, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri aðildarríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR

Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, sem unnin er upp úr upplýsingum frá aðildarríkjunum, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin kanna sameiginlega tvisvar á ári:

— árangur aðgerða bandalagsins við ráðstöfun lausra starfa;

— hve margir ríkisborgarar ríkja utan bandalagsins hafa verið ráðnir;

— fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði og, að svo miklu leyti sem kostur er, tilflutning mannafla innan bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu ásamt framkvæmdastjórninni kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan bandalagsins. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

20. gr.

1. Þegar röskun, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði aðildarríkis ber því ríki að tilkynna um það til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna og veita þeim nánari upplýsingar um málsatvik.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu grípa til allra tilheyrilegra ráðstafana til að koma slíkum upplýsingum á framfæri innan bandalagsins svo að menn sæki ekki um störf á því svæði eða í þeirri atvinnugrein.

3. Með fyrirvara um beitingu sáttmálans og bókana sem honum fylgja geta aðildarríkin sem um getur í 1. mgr. farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún lýsi því yfir, til að koma aftur á eðlilegu ástandi á því svæði eða í þeirri atvinnugrein, að starfsemi ráðningarkerfisins sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr. skuli felld niður að hluta eða að öllu leyti.

Ekki seinna en tveimur vikum eftir að slík beiðni berst skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um niðurfellinguna og hve lengi hún skuli standa. Hvaða aðildarríki sem er getur farið fram á það við ráðið, þó aðeins innan tveggja vikna, að það ógildi eða breyti slíkri ákvörðun. Ráðið skal bregðast við beiðni af þessu tagi innan tveggja vikna.

4. Hafi slík niðurfelling orðið skulu vinnumiðlanir annarra aðildarríkja, sem hafa gefið til kynna að þær hafi launþega á sínum snærum, ekki grípa til neinna ráðstafana til að manna laus störf sem tilkynning hefur borist um til þeirra beint frá vinnuveitendum í aðildarríkjunum sem getið er um í 1. mgr.

IV. BÁLKUR

Evrópska samráðsskrifstofan

21. gr.

Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla undir framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 13. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a) samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b) vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;

c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, að safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI

NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR

Ráðgjafarnefndin

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu, með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;

b) gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;

c) koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d) láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á, að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meirihluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minnihlutans, fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR

Umsjónarnefndin

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;

b) móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;

c) auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;

d) kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

Bráðabirgðaákvæði

38. gr.

Þar til framkvæmdastjórnin hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

Þar til þær ráðstafanir sem aðildarríkin eiga að grípa til samkvæmt tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 ([1]) taka gildi, og í þeim tilvikum þar sem atvinnuleyfið sem kveðið er á um í 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 38/64 er nauðsynlegt til að ákveða gildistíma og framlengingu dvalarleyfisins, samkvæmt ráðstöfunum sem aðildarríkin grípa til í samræmi við tilskipun ráðsins frá 25. mars 1964 ([2]), getur skrifleg staðfesting um ráðningu frá vinnuveitanda, eða starfsvottorð þar sem starfstímabilið kemur fram, komið í staðinn fyrir slíkt atvinnuleyfi. Skrifleg staðfesting vinnuveitanda eða starfsvottorð sem sýnir að launþegi hefur verið ráðinn ótímabundinni ráðningu skal hafa sama gildi og varanlegt atvinnuleyfi.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB nr. 62, 17. 4. 1964, bls. 981/64.

41. gr.

Ef til þess kemur að aðildarríki geti ekki lengur, vegna niðurfellingar á atvinnuleyfum, safnað saman tilteknum tölfræðilegum upplýsingum um ráðningu erlendra ríkisborgara getur aðildarríkið, þar til búið er að koma á nýjum aðferðum við öflun tölfræðilegra upplýsinga, þó eigi lengur en til 31. desember 1969, í þessu skyni haldið áfram að krefjast þess að ríkisborgarar hinna aðildarríkjanna þurfi atvinnuleyfi. Atvinnuleyfi skal sjálfkrafa gefið út og gilda þar til endanlega er búið að leggja atvinnuleyfi niður í aðildarríkinu.

II. BÁLKUR

Lokaákvæði

42. gr.

1. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á ákvæði sáttmálans um stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu sem fjalla um launþega með viðurkennda menntun eða hæfi í kola- eða stáliðnaði, né heldur ákvæði sáttmálans um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu sem fjalla um aðgang að sérhæfðum störfum í kjarnorkuiðnaði, né heldur neinar þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessum sáttmálum.

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 51. gr. sáttmálans.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar aðildarríkjanna vegna:

— sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar, eða

— samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara aðildarríkja geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna aðildarríkjanna.

43. gr.

Aðildarríkin skulu í upplýsingaskyni senda framkvæmdastjórninni texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega, á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema, í samræmi við skilmála sáttmálans, takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum, í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna sem um getur í III. hluta skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, samanber þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 38/64 fellur úr gildi við gildistöku þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

Fyrir hönd ráðsins,

G. SEDATI

forseti.

VIÐAUKI

Til skýringar við a-lið 3. mgr. 16. gr.:

1) Með orðunum „sérstakar hæfniskröfur" er átt við æðri eða óvenjulega menntun og hæfi innan verksviðs eða starfsgreinar þar sem sérhæfðrar tækniþekkingar er krafist. Þegar um er að ræða árstíðabundið vinnuafl, sem ráðið er í hópum, skal þessi skilgreining gilda um verkstjóra.

2) Með orðinu „trúnaðarstarf" er átt við starf þar sem venjulega er krafist í gistilandinu sérstaks trúnaðartrausts milli vinnuveitanda og launþega.

3) Með orðunum „fyrri starfstengsl" er átt við það þegar vinnuveitandi óskar eftir að ráða til sín launþega sem hefur áður starfað hjá honum á því yfirráðasvæði aðildarríkis í að minnsta kosti tólf mánuði á síðustu fjórum árum.

4) Með orðinu „fjölskyldutengsl" er átt við tengsl vegna hjúskapar eða skyldleika í fyrsta og annan lið á milli vinnuveitanda og launþega og skyldleika í fyrsta lið á milli tveggja launþega.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 312/76

frá 9. febrúar 1976

um breytingu á ákvæðum er varða rétt launþega til þátttöku í stéttarfélögum í reglugerð (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar, ([2])

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Koma þarf fram í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ([3]), að launþegar sem eru ríkisborgarar eins aðildarríkis en starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skuli einnig njóta jafnréttis hvað varðar rétt félagsmanna í stéttarfélagi til að gegna stjórnar- eða stjórnunarstörfum í stéttarfélagi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 er breytt svo sem hér segir:

1. Á eftir yrðingunni „að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði" í fyrsta málslið 1. mgr. 8. gr. komi:

   „og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið."

2. 2. mgr. falli hér með niður.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

G. THORN

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 280, 8. 12. 1975, bls. 43.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 12, 17. 1. 1976, bls. 2.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982, með síðari breytingu.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Lög þessi eiga ekki við um þá erlendu ríkisborgara sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

9. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

11. gr. laganna orðast þannig:

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. útlendinga sem stunda eingöngu nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. útlendinga sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

4. gr.

Við 2. málsl. 4. mgr. a-liðar 11. gr. laganna bætist eftirfarandi: og þá sem falla undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

III. KAFLI
Um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum.

5. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

6. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytja úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborg-

ara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði (EES) munu ríkisborgarar EFTA-ríkja og ríkisborgarar aðildarríkja EB ekki þurfa atvinnuleyfi til að starfa innan EES.

Þeim verður frjálst að dvelja í öðru landi innan EES og leita sér að atvinnu í allt að þrjá mánuði. Fái viðkomandi vinnu innan þess tímabils tryggir EES-samningurinn frelsi til að ráða sig í starfið og þarf ekki atvinnuleyfi og dvalarleyfisskilríki að fást að undangenginni umsókn. Það er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hvert er gildissvið þeirra. Enn fremur krefjast 28. gr. EES-samningsins og reglugerð nr. 1612/68, sem lagt er til að lögfest verði með öðru frumvarpi, þessara breytinga sem hér eru lagðar til.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu á 1. gr. laganna er kveðið á um það að lögin gilda um alla þá erlendu ríkisborgara sem falla ekki undir Evrópska efnahagssvæðið, sbr. þó ákvæði 11. gr. laganna um þá sem ekki þurfa atvinnuleyfi. Ákvæði EES-samningsins gilda því um þá ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sem starfa hér á landi.

Um 2. gr.

Með lögum um breytingar á lagaákvæðum, er varða fjárfestingar erlendra aðila, nr. 23/1991, var m.a. gerð breyting á 1. mgr. 9. gr. og var hún á þá leið að útlendingur, sem átt hefði lögheimili skemur en eitt ár á Íslandi, skyldi sækja um atvinnurekstrarleyfi til félagsmálaráðuneytisins, en annars til viðskiptaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneyti hefur ekki veitt nein leyfi skv. 9. gr. heldur hafa sjálfstætt starfandi einstaklingar fengið leyfi sín á grundvelli 8. gr. Í ljósi þess að atvinnurekstrarmál lögaðila heyra í reynd undir viðskiptaráðuneyti en sjálfstæð atvinnuleyfi einstaklinga, sem ekki byggja á sérstakri löggildingu, heyra undir félagsmálaráðuneytið, sbr. 8. gr. laga nr. 26/1982, er hér lögð til sú breyting að 9. gr. falli alveg niður. Viðskiptaráðuneytið þarf að gera tilsvarandi breytingu. Með því móti verður ljósara hvert aðilar eiga að sækja sín leyfi eftir því hvort í hlut á einstaklingur eða fyrirtæki.

Um 3. gr.

Með þeirri breytingu á 11. gr. laganna, sem hér er lögð til, eru gömul ákvæði sem lúta að sérstöðu Dana felld niður. Samkvæmt 4. tölul. 11. gr., sem lagt er til að verði felldur niður, þurfti ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga er höfðu aðsetur hér á landi er lög nr. 13 31. maí 1927 öðluðust gildi. Þessir einstaklingar verða ekki krafðir um atvinnuleyfi. Með því að fella brott 5. tölul. er sérstakt ákvæði varðandi danska ríkisborgara, sem lög um ráðstafanir í sambandi við Ísland og Danmörku taka til, numið úr

gildi. Samningurinn um norrænan vinnumarkað hefur veitt þessum ríkisborgurum, sem og öðrum Norðurlandabúum, atvinnu- og búseturétt frá 1983. 7. tölul. 11. gr. tryggir ríkisborgurum annars staðar á Norðurlöndum að þeir þurfi ekki atvinnuleyfi eftir þriggja ára búsetu á Íslandi. Ákvæði samningsins um norræna vinnumarkaðinn, sjá auglýsingu C nr. 6/1982, sbr. nr. 5/1983, og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fela það í sér að lögin um atvinnuréttindi útlendinga eiga ekki við um ríkisborgara frá öðrum ríkjum á Norðurlöndum.

Um 4. gr.

Með þessari viðbót er tryggt að þeir sem falla undir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði njóti þjónustu vinnumiðlunar áður en þeir hefja störf hér á landi og enn fremur ef þeir verða atvinnulausir. Er þetta í samræmi við ákvæði reglugerðar 1612/68.

Um III. kafla.

Í tengslum við undirbúning lögfestingar á breytingum á lögum vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði hafa lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks m.a. verið athuguð. Niðurstaðan af þeirri athugun er sú að í ljósi þess hversu viðkvæmur íslenskur vinnumarkaður er fyrir innstreymi erlends vinnuafls, og þá sérstaklega erlendra verktaka, væri nauðsynlegt að hafa ákvæði 1. gr. fyllri og skýrari. Þá hefur komið í ljós að ákvæði íslenskra laga um launajafnrétti kynjanna þykja, a.m.k. að dómi þeirra er fjalla um félagsmálasáttmála Evrópu, ekki nógu afdráttarlaus. Efni tilskipana, nr. 76/207/EBE, um framkvæmd meginreglna um jafnan rétt karla og kvenna til vinnu, starfsþjálfunar, stöðuhækkana og starfsaðstæðna, og nr. 75/117/EBE, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna að þeirri meginreglu að konur og karlar hljóti jöfn laun, þarf að vera fyrir hendi í íslenskum lögum og þykir eðlilegra að gera það í lögum er ná til vinnumarkaðarins fremur en í lögum um jafnrétti kynjanna. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er öll mismunun byggð á þjóðerni óheimil og þykir nauðsynlegt að árétta það í þessum lögum.

Lög nr. 55/1980 gilda um öll störf óháð tímalengd ráðningarsamnings. Slíkt er hins vegar ekki tekið fram beinum orðum í 1. gr. laganna. Í ljósi þess að vinnuafl kann að koma erlendis frá til að inna af hendi verkefni hérlendis um skamma hríð má ætla að tryggara sé að hafa ákvæði í lögum þessa efnis. Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins munu því gilda óháð því hvort ráðningartími er lengri eða skemmri.

Með ofangreindri breytingu er í reynd ekki verið að koma með nein nýmæli heldur verið að undirstrika hvað felst í ákvæðum um lágmarkskjör sem giltu alveg óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma.

Með ákvæðum 6. gr. er stefnt að því að íslensk löggjöf er fjallar um starfsemi lífeyrissjóða brjóti ekki í bága við almannatryggingareglur þær sem gilda munu á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Samkvæmt VI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir því að reglugerð EB nr. 1408/71 gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar ber að líta svo á að þegar endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að sjóðfélagi heyri ekki lengur undir skyldutryggingu samkvæmt löggjöf samningsríkis telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan hann heyrir undir skyldutryggingu launþega samkvæmt löggjöf annars samningsríkis. Það ber þannig að líta á hið Evrópska efnahagssvæði sem eina heild, sbr. 29. gr. EES-samningsins, og þó svo að hlutaðeigandi flytjist milli landa á það ekki að leiða til þess að hann fái iðgjöld þau, sem hann hefur greitt í

lífeyrissjóð, endurgreidd, enda mundi sjóðfélaginn síðar eignast rétt til lífeyris úr viðkomandi lífeyrissjóði með sömu reglum og íslenskir sjóðfélagar.

Í samræmdri reglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða er ekki heimild til að endurgreiða erlendum ríkisborgurum, er flytjast af landi brott, greidd iðgjöld. Hins vegar er slík heimild í reglugerðum nokkurra sjóða innan Landssambands lífeyrissjóða, t.d. í reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Um 5. gr.

Eins og fram hefur komið í athugasemdum hér á undan er með þessu frumvarpi verið að undirstrika það að kjarasamningar gilda sem lágmarkskjör hvort sem í hlut á karl eða kona, Íslendingur eða erlendur ríkisborgari eða hvort ráðningarsamningur sé til lengri eða skemmri tíma. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa. Hér er stuðst við 28. gr. og 69. gr. samnings um EES og reglugerð 1612/68/EBE.

Um 6. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum nema hvað lagt er til að ólögmætt verði að endurgreiða iðgjöld ef það telst bannað samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæðin munu hafa almennt gildi þannig að þau geta ekki aðeins tekið til ríkisborgara þeirra landa sem tilheyra hinu Evrópska efnahagssvæði heldur einnig ríkisborgara annarra landa sem Ísland hefur eða mun hugsanlega síðar gera milliríkjasamninga við.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um aðgerðir til að tryggja vegasamband hjá Jökulsárlóni.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning aðgerða til að tryggja vegasamband á hringveginum hjá Jökulsárlóni í Austur-Skaftafellssýslu. Kostnaður við athuganir og aðgerðir í þessu skyni greiðist af óskiptu vegafé. Skilað verði skýrslu um málið til Alþingis fyrir næstu endurskoðun vegáætlunar.

Greinargerð.

Sem kunnugt er hafa orðið miklar breytingar á afstöðu láðs og lagar við Jökulsárlón í Austur-Skaftafellssýslu. Strandlínan hefur færst inn sem nemur 700 m frá því í byrjun aldarinnar eða sem svarar 8,5 m á ári að meðaltali. Eru nú aðeins 300 m frá fjörubakka að hengibrúnni á þjóðvegi sem byggð var á árunum 1966–1967. Þetta segir hins vegar ekki alla sögu því að breytingar hafa einnig orðið á inn- og útfalli úr jökullóninu norðan brúar. Við óhagstæðar aðstæður, stórstreymi og brim, getur hér orðið hraðfara rof sem veikir undirstöður brúarinnar löngu áður en strandlínan hefur náð henni sem líkur eru á að geti orðið á nokkrum áratugum.

Jökulsárlón er nú orðið um 12,5 ferkílómetrar á stærð og fer stækkandi því að Breiðamerkurjökull er stöðugt að hopa. Nýlegar mælingar á þykkt jökulsins hafa leitt í ljós að

hann liggur í lægð sem er undir sjávarmáli á um 20 km vegalengd til norðurs. Fer dýpi vaxandi innan við núverandi jökulrönd og nær mest rúmlega 200 m undir sjávarmál. Ef jökullinn hyrfi væri þarna um 20 km langur og 2–4 km breiður fjörður sem næði inn á milli Esjufjalla og Svöludals norðvestur af Þverártindsegg. Það er því borin von að með áframhaldandi hopi jökulsins skapist aðstæður til brúargerðar norðan við núverandi jökullón.

Hér er svo stórt og mikilsvert mál á ferðinni að nauðsynlegt er að kanna í tæka tíð hversu við skuli brugðist og hvernig standa eigi að framkvæmdum, tæknilega og fjárhagslega. Í tillögunni kemur fram það viðhorf að eðlilegt sé að greiða kostnað vegna athugana og framkvæmda síðar af óskiptu vegafé þar eð hér er um stórmál að ræða sem varðar landið allt. Á sínum tíma voru vegaframkvæmdir á Skeiðarársandi kostaðar með átaki sem allir landsmenn stóðu að.

Það voru heimamenn sem fyrstir vöktu athygli á því hversu hraðfara breytingar eiga sér hér stað. Í janúar 1990 kynnti Fjölnir Torfason á Hala, sem á hlut að ferðaþjónustu við Jökulsárlón, opinberum stofnunum niðurstöður af mælingum sínum á landbrotinu. Þáverandi samgönguráðherra svaraði í framhaldi af því fyrirspurn um málið á Alþingi og beitti sér fyrir fyrstu aðgerðum. Síðan hafa Vegagerð ríkisins og fleiri fylgst með þróun á svæðinu og rætt hefur verið hvernig við skuli bregðast. Veglína austan brúar hefur þegar verið færð til og er nú styst tæpa 140 m frá fjörubakka en var áður í 56 m fjarlægð.

Með tillögu þessari er birt sem fylgiskjal nýleg grein eftir Helga Jóhannesson, verkfræðing hjá Vegagerð ríkisins, og er þar dreginn fram margháttaður fróðleikur og reifaðar fyrstu hugmyndir um æskileg viðbrögð. Enn fremur er birt fjarvíddarmynd af botni Breiðamerkurjökuls og nágrennis samkvæmt ísjármælingum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Á það skal minnt að umrætt landbrot kemur við fleiri þætti en vegasamband. Til dæmis liggja raflínur og ljósleiðari um eiðið milli Jökulsárlóns og sjávar. Þarf að taka tilllit til alls þessa við málsmeðferð framvegis.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að hið fyrsta verði mörkuð stefna af hálfu stjórnvalda varðandi aðgerðir og að vilji Alþingis liggi fyrir áður en vegáætlun verður endurskoðuð síðar á yfirstandandi þingi.

Fylgiskjal I.

Helgi Jóhannesson:

Landbrot framan við brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi.
(Úr Tæknivísi 1992.)

Inngangur

Nýlega hefur ágangur sjávar við suðurströndina verið mikið til umræðu hér á landi. Talsvert tjón varð af völdum sjávarflóða í óveðrinu þann 9. janúar 1990. Mest varð tjónið við suðurströndina frá Vestmannaeyjum til Grindavíkur. Áætlaður kostnaður við sjóvarnir á þessu svæði er 170 milljónir (Fjarhitun 1990). Suðurfjörutangi við Höfn í Hornafirði er óstöðugur og opnast öðru hvoru. Ástandið þar var mjög slæmt 1988, 1989 og 1990. Tanginn var styrktur á 600 m löngum kafla sumarið 1991 og var kostnaður við það verk rúmmlega 100 milljónir samkvæmt upplýsingum frá Gísla Viggóssyni hjá Hafnamálastofnun. Í framhaldi af óveðrinu í janúar 1990 sendi Fjölnir Torfason frá Hala í Suðursveit bréf (dagsett 4/12 1990) til ýmissa opinberra stofnana, þar á meðal Vegagerðarinnar, þar sem hann gerir grein fyrir mælingum sínum á landbroti fyrir framan brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi og lýsir yfir áhyggjum sínum af ástandi mála. Í bréfi sínu segir Fjölnir meðal annars: „ Í janúar 1990 gekk yfir landið mjög slæmt sunnan og suðvestan veður. Þetta sama veður gjörbreytti öllum aðstæðum á þessum stað til hins verra. Í þessu sama veðri gekk sjór yfir veginn austan Jökulsár á nokkrum kafla en þar sem vegurinn var harðfrosinn á þessum tíma stóð hann af sér þetta áhlaup." Nýjasta dæmið um breytingar á suðurströndinni er landbrotið framan við Vík í Mýrdal.

Brúin yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er 108 m löng hengibrú og var brúin byggð 1967. Hvergi er hægt að sjá í gögnum, varðandi hönnun á þeirri brú, að menn hafi haft áhyggjur af breytingum á ströndinni sem þá var í 500 m fjarlægð frá brúarstæðinu (mynd 1). Stefna brúarinnar (hornrétt á árfarveginn) veldur því að vegurinn austan brúarinnar fer mun nær sjónum en brúarstæðið og hefur vegurinn austan brúarinnar verið næst sjónum í 250m fjarlægð þegar hann var lagður (mynd 1).

Þau verðmæti sem eru í húfi á Breiðamerkursandi eru hringvegurinn, auk raflína sem eru í eigu Landsvirkjunar (byggðalína) og Rafmagnsveita ríkisins (lína í Öræfin) (mynd 1). Hér verður gerð grein fyrir þeim rannsóknum sem verið er að gera við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Markmið rannsóknanna, sem ljúka á sumarið 1992, er að hægt verði að lýsa líklegum aðstæðum á þessu svæði eftir 10, 20 og 30 ár. Á grundvelli rannsóknanna verður síðan valinn til frekari athugunar hagkvæmasti kosturinn sem tryggir öryggi hringvegarins á þessu svæði.

Myndun Jökulsárlóns og orsök landbrotsins

Í grein Price (1982) er gefið gott yfirlit yfir breytingar á Breiðamerkurjökli, Breiðamerkursandi, Jökulsárlóni og Jökulsá frá 1890 til 1980. Þar kemur fram að jökullinn náði lengst til suðurs um 1890 og hefur verið að hopa síðan þá.

Frá 1890 til 1989 hefur jökullinn hopað um 2,4 km. Flatarmál Jökulsárlóns er 10,4 km^2 (loftmynd frá 21/8 1991). Á loftmyndinni frá 1991 sést að það er opið á milli Stemmulóns og Jökulsárlóns. Stemmulón er 2,1 km^2. Það er því réttast að telja Stemmulón sem hluta af Jökulsárlóni sem þá er 12,5 km^2. Til samanburðar er rétt að geta þess að flatarmál Jökulsárlóns árið 1975 var 7,9 km^2 (Boulton, Harris og Jarvis 1982).

Almennt er talið af jarðvísindamönnum að jökuljaðarinn hafi verið mun norðar á landnámsöld. Eftir 1400 byrja jöklar að skríða fram. Samkvæmt korti Knopf's frá 1735 má búast við að jökuljaðarinn hafi verið 9 km frá ströndinni árið 1732 (Sigurður Þórarinsson 1943) og samkvæmt korti Sveins Pálssonar frá 1794 og upplýsingum í ævisögu hans má búast við að jökuljaðarinn hafi verið 2,5 km frá ströndinni árið 1793 (Sigurður Þórarinsson 1943). Hvergi er getið í heimildum frá þessum tíma að á Breiðamerkursandi hafi verið lón þar sem Jökulsárlón er nú. Það er því næsta víst að jökullinn hefur grafið út lægðina þar sem Jökulsárlón er nú á framskriði sínu yfir sandinn. Það að svo djúp lægð hefur grafist í sandinn stafar af flóknu samspili jökulsins og árinnar sem undan honum kemur. Án árinnar getur jökullinn ekki grafið svona djúpa lægð því að það er áin sem skilar efninu til sjávar.

Dýpi lónsins var mælt árið 1975 (sjá Boulton, Harris og Jarvis 1982). Rúmmál lónsins þá mældist 500 milljón m^3. Boulton Harris og Jarvis (1982) töldu líklegt að jökullinn hefði grafið út lónstæðið sem þeir mældu í mesta lagi 130 til 175 árum áður en þeir gerðu sína mælingu (sbr. það sem áður hefur verið sagt um staðsetningu jökuljaðarins skömmu fyrir 1800). Áin þarf því að hafa borið fram til sjávar 3 til 4 milljónir m^3 á ári.

Eftir að jökullinn byrjaði að hopa og lónið myndaðist breyttist framburður Jökulsár til sjávar úr því að vera 3 til 4 milljónir m^3 á ári niður í það að vera ekki neitt. Ástæðan fyrir þessu er sú að straumhraði Jökulsár dettur niður eftir að áin kemur undan jöklinum inn í lónið og allur framburðurinn situr því eftir í lóninu.

Útlit strandarinnar um síðusta aldamót tók mið af því að Jökulsá skilaði miklum framburði til sjávar (mynd 1). Ströndin hafði byggst út við ósa Jökulsár þar til straumar, sem myndast meðfram ströndinni í hvassviðri, náðu að taka við framburði árinnar og skila honum bæði til austurs og vesturs. Eftir að framburður Jökulsár minnkaði niður í ekki neitt var lega strandarinnar ekki lengur í jafnvægi við straumana meðfram ströndinni. Straumarnir taka enn efni úr ströndinni framan við ósinn en ekkert efni berst með ánni til sjávar. Efni tapast því stöðugt og ströndin hopar (mynd 1) þar til lega strandarinnar hefur náð jafnvægi að nýju.

Hraði landbrotsins

Á mynd 1 er strandlínan framan við Jökulsá sýnd fyrir árin 1904, 1945, 1960, 1982 og 1989. Mynd 1 sýnir aðeins hluta korts sem nær allt frá Ingólfshöfða til Hafnar í Hornafirði (Skúli Víkingsson 1991). Rof á sér stað á 8 km langri strandlengju. Ós Jökulsár markar miðju rofsvæðisins þannig að rof á sér stað á 4 km langri strandlengju bæði austan og vestan við ósinn (mynd 1). Vestan við þetta svæði er ströndin að ganga fram en austan við þetta svæði er ströndin í jafnvægi (Skúli Víkingsson 1991).

Í töflu 1 er sýnd stysta fjarlægðin á milli brúarstæðisins og strandarinnar samkvæmt mynd 1. Einnig er sýnd í töflu 1 stysta fjarlægðin á milli vegarins austan brúarinnar og strandarinnar. Samkvæmt töflu 1 hefur ströndin hopað um 700 m á 85 árum eða um 8,5 m/ári að meðaltali. Hraði landbrotsins er svipaður en þó heldur minni frá 1945 til 1989 en frá 1904 til 1945, þannig að ekki er hægt að segja að það hafi dregið úr hraðanum á rofinu svo að marktækt sé.

Á rofsvæðinu við Breiðamerkursand er u.þ.b. 4 m, því sem næst lóðréttur, stallur rétt ofan við fjöruborðið sem sjórinn er stöðugt að grafa undan. Þegar þessi stallur, sem hér er kallaður fjörubakki, kemur að mannvirkjum á svæðinum (vegur, raflína, byggðalína) munu þau einfaldlega hrynja fram af stallinum ef ekkert er að gert. Svo heppilega vill til að Fjölnir Torfason hefur fylgst með fjarlægðinni á milli fjörubakkans og vegarins austan brúarinnar (línur 1 og 2) og fjarlægðinni á milli brúarstæðisins og raflínustaurs sem er 100 m sunnan við brúarstæðið. Mælingar Fjölnis eru sýndar í töflu 2. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að fjörubakkinn hopar um að meðaltali 8 m/ári sem er í góðu samræmi við niðurstöðurnar í töflu 1. Þann 7/2 1991 var fjörubakkinn aðeins í 56 m fjarlægð frá veginum og í 315 m fjarlægð frá brúarstæðinu.

Niðurstöður mælinga og aðgerðir til þessa

Í ljósi þess hve miklar breytingar hafa verið á þessu svæði á síðustu öld, þótti rétt að mæla landið undir jöklinum til þess að fá hugmynd um hvað undan honum kæmi á næstu áratugum ef að hann heldur áfram að hopa. Helgi Björnsson jöklafræðingur á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með þessum mælingum. Úrvinnslu mælinganna er ekki endanlega lokið en niðurstaðan, samkvæmt upplýsingum frá Helga Björnssyni, er í stuttu máli sú að upp af lóninu er 2 til 4 km breiður fjörður sem nær rúmlega 200 m undir sjávarmál (ath. að mesta dýpi lónsins á mynd 1 er 140 m). Fjörðurinn grynnist þegar norðar dregur en hann nær 20 km til norðurs. Hér er því um að ræða fjörð sem er álíka langur og breiður og Hvalfjörður en mun dýpri. Áður en þessar mælingar voru gerðar þótti ekki útilokað að mögulegt vegstæði gæti komið undan jöklunum á næstu áratugum og er óhætt að segja niðurstöður mælinganna hafi rækilega útilokað þann möguleika.

Flóðs og fjöru gætir í lóninu og því má búast við að áraun straums á farveg árinnar fari stöðugt vaxandi eftir því sem flatarmál lónsins eykst og lengd árfarvegarins styttist. Þversniðið undir brúnni hafði þó breyst óverulega samkvæmt mælingu frá 2/2 1991 sem borin var saman við mælingu frá 5/7 1965. Sumarið 1991 byrjaði að grafa undan grjótpylsum við vestari landstöpulinn og var raðað grjóti að báðum stöplum brúarinnar haustið 1991. Búast má við að verja þurfi botninn undir brúnni á næstu árum. Mikilvægt er að fylgjast með samspili lóns og sjávar og er búið að setja síritandi vatnshæðarmæli lónið og hafa Vatnamælingar Orkustofnunar umsjón með rekstrinum á mælinum.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum mælinga á rofi strandarinnar

Mynd 1

Strandbreytingar við Breiðamerkursand. Myndin er unnin á grundvelli korts (mælikv. 1:50000) frá Skúla Víkingssyni (1991) og korts (mælikv. 1:10000) sem Hnit h/f gerði fyrir Vegagerðina. Dýpi í lóninu er fært inn eftir korti frá Boulton, Harris og Jarvis (1982).



TAFLA 1 - Fjarlægð brúarstæðis við Jökulsá á Breiðamerkursandi og vegar austan brúar frá suðurströndinni.

Ár	Heimild	Suðurströnd-brúarstæði (m)	Suðurströnd-vegur (m)
1904	Dönsk kort	1100	850
1945	Amerísk kort	700	500
1960	Loftmynd	560	280
1982	Loftmynd	420	190
1989	Kort unnið af Hnit h/f	370	130

- Fjarlægðin er lengd stystu línu á milli brúarstæðis/vegar og suðurstrandarinnar.

(tafla 1 og 2). Auk þess hafa verið settir út hælar á 4 km löngu svæði beggja vegna við ós Jökulsár og verður fjarlægðin frá þeim að fjörubakkanum mæld árlega. Hælarnir voru settir út haustið 1991 og fyrsta mæling mun því ekki liggja fyrir fyrr en haustið 1992. Almennt má þó segja, að það liggi fyrir, að rofið sé u.þ.b. 8 m/ári að meðaltali og að engra snöggra breytinga sé að vænta á þeirri tölu.

Í ljósi þess hve fjarlægðin frá fjörubakka að vegi austan brúar er stutt þótti ástæða til að færa veginn þar fjær sjónum. Búið er að ýta upp nýja veginum og var umferð hleypt á hann skömmu eftir áramót. Stysta fjarlægð nýju veglínunnar frá staðsetningu fjörubakkans 2/2 1991 er nú tæpir 140 m en var áður 56 m (tafla 1). Raflína RARIK austan brúarinnar verður grafin í jörð norðan við nýja vegstæðið.

Niðurstaða

Eins og fram kemur hér að framan er búið að breyta veglínunni austan brúarinnar þannig hún er 80 m fjær sjónum en hún var áður. Ef miðað er við að hraði landbrotsins sé 8 m/ári má búast við að það þurfi að breyta veglínunni aftur eftir 10 ár. Brúarstæðið var árið 1991 í 315 m fjarlægð frá fjörubakkanum og ef enn er gert ráð fyrir að hraði landbrotsins sé 8 m/ári má búast við brúin tapist í sjóinn eftir tæplega 40 ár. Aðstæður við brúna yrðu að sjálfsögðu orðnar óviðunandi talsvert fyrir þann tíma. Ef miðað er við að hægt sé að verja brúna þangað til fjörubakkinn er í 100 til 200 m fjarlægð frá brúnni fæst að það gæti þurft að færa brúarstæðið eftir u.þ.b. 15 til 25 ár.

Búið er að ræða ýmsa möguleika á lausnum á þeim vanda sem við blasir vegna landbrotsins framan við brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi og sá kostur virðist vænlegastur að færa veginn inn í lónið. Núverandi brú er í 150 m fjarlægð frá útfallinu úr lóninu. Samkvæmt dýptarmælingum Boulton, Harris og Jarvis (1982) virðist gerlegt að fara með vegfyllingu a.m.k. 250 m inn í lónið (mynd 1) þannig að vegfyllingin yrði í 400 m fjarlægð frá núverandi brúarstæði sem er í 315 m fjarlægð frá fjörubakka. Fjarlægð vegfyllingarinnar yrði því í rúmlega 700 m fjarlægð frá núverandi stöðu fjörubakkans. Ný brú yrði þá væntanlega byggð í gömlum farvegi árinnar þar sem vegfyllingin kemur að landi að austanverðu. Hægt yrði að verja þessa vegfyllingu og brúarstæði þó að ströndin hopaði um 600 m frá núverandi staðsetningu. Þessi lausn ætti því að duga í a.m.k. 75 ár og jafnvel lengur ef tekið er tillit til þess að landið verður hærra eftir því sem innar dregur og því þarf að flytja til meiri massa til að skapa sambærilegt rof á strandlengju.

Sumarið 1992 verður gert nákvæmt dýptarkort af syðsta hluta lónsins þannig að hægt verði að ákvarða eðlilegustu

Dags	Lína (1) Fjörubakki-vegur	Lína (2) Fjörubakki-vegur (m)	Lína (3) Fjörubakki-rafmagnsstaur (m)
29/09 1978	138,5	168,3	385
07/11 1979	134	156,5	344
10/11 1980	132,6	150	320
1982	123	146	306
10/04 1990	66	74	237
07/11 1990	62	74	221
07/02 1991	56	70	215
ROF 1978-1991	82,5	98,3	170

staðsetningu á vegfyllingu og að gera kostnaðaráætlun fyrir slíka framkvæmd.

Ef ofangreind lausn yrði valin, yrði að sjálfsögðu gerð spá um lega strandarinnar í framtíðinni. Það að ströndin er að ganga fram aðeins 4 km vestan við ós Jökulsár og að engar breytingar eru á ströndinn 4 km austan við ós Jökulsár bendir vissulega til þess að það muni draga úr hraðanum á landbrotinu á næstu áratugum.

Heimildir

Boulton, G. S., Harris, P. W. V., and Jarvis, J. 1982. Stratigraphy and structure of a coastal sediment wedge of glacial origin inferred from sparker measurements in glacial Lake Jökulsárlón in southeastern Iceland. Jökull, 32, 37-47.

Fjarhitun h/f. 1990. Flóðaveðrið 9. jan. 1990 og sjóvarnir á svæðum sem fyrir því urðu. Skýrsla unnin fyrir Hafnamálastofnun ríkisins, 133 s.

Fjölnir Torfason. 1990. Bréf dagsett 4/12 1990 sem sent var til Vegagerðar ríkisins, 3 s.

Price, R. J. 1982. Changes in proglacial area of Breiðamerkurjökull, southeastern Iceland: 1890 - 1980. Jökull, 32, 29-35.

Sigurður Þórarinsson. 1943. Oscillations of Icelandic glaciers in the last 250 years. Geografiska Annaler, 25, 1-54.

Skúli Víkingsson, 1991. Suðurströnd Íslands. Breytingar á legu strandar samkvæmt kortum og loftmyndum. Orkustofnun, OS-91042/VOD-07 B, 7 s.

Fylgiskjal II.

Fjarvíddarmynd af botni Breiðamerkurjökuls og nágrennis samkvæmt íssjármælingum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.
(Byggt á óbirtum gögnum frá Helga Björnssyni jarðeðlisfræðingi.)

24. Fyrirspurn [24. mál]

til iðnaðarráðherra um jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða niðurstöður eða vísbendingar liggja fyrir eftir jarðhitaleit í Austur-Skaftafellssýslu á þessu ári?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir fjárveitingu til áframhaldandi rannsókna á þessu svæði á fjárlögum 1993?

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Um breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir.

Breytingar á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. breytingu nr. 50/1990.

1. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands.

Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða læknadeild telja hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

c. 3. gr. laganna orðast svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. upp-

fylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

d. 5. gr. laganna orðast svo:

Læknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Áður en leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem mega kalla sig sérfræðinga og starfa sem slíkir hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. 1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem uppfyllir skilyrði 1. gr.

f. Fyrirsögn í staflið A í VII. kafla verður: *Brottfall og svipting lækningaleyfis og staðfestingar á lækningaleyfi.*

g. Við 27. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú er einstaklingur sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Breytingar á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985.

2. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega tannlækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

c. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara, aðra en

ríkisborgara frá EES-landi, að ræða skulu þeir enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

d. 5. gr. laganna orðast svo:

Tannlæknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
2. hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum nefndar sem hann skipar til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands og er hann jafnframt formaður, yfirtannlæknir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytsins og aðili tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands. Nefnd þessi skal einnig gefa umsögn um umsóknir um sérfræðileyfi og skal við meðferð einstakra mála heimilt að kveðja til tvo sérfróða tannlækna í þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á. Fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um þá sem kalla mega sig sérfræðing í tannlækningum skv. 2. tölul. 1. mgr.

e. Við 12. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæðum 1. og 2. mgr. svo og ákvæðum 13. gr. skal beitt eftir því sem við á gagngvart þeim sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa á grundvelli þess hér á landi.

Breytingar á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, sbr. breytingar nr. 57/1986 og 23/1991.

3. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lyfjafræðingsleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem hér mega starfa á grundvelli 2. tölul. 1. mgr.

b. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Rétt til þess að fá leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. hefur sá einn sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

c. Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú er einstaklingur sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Ákvæðum þessa kafla skal beitt eftir því sem við á gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

d. 17. gr. laganna orðast svo:

Veita má erlendum ríkisborgara í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis leyfi skv. I. og II. kafla laga þessara ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem þar eru sett.

Breytingar á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, sbr. breytingar nr. 32/1975 og 58/1984.

4. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega hjúkrun hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeim sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, enda teljist umsækjandi að öðru leyti hæfur að dómi hjúkrunarráðs.

Hjúkrunarráð skal skipað þremur mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 2. mgr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

c. Á eftir 2. mgr. 7. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal eftir því sem við á beitt gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.

Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984.

5. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,
2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega ljósmóðurstörf hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.

b. 2. gr. lagnna orðast svo:

Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands.

Ráðherra getur veitt öðrum leyfi er lokið hafa jafngildu námi erlendis í löndum utan EES-svæðisins að fenginni umsögn ljósmæðraráðs sem ráðherra skipar. Ljósmæðraráð skal skipað þremur aðilum til fimm ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af Ljósmæðrafélagi Íslands og einn af Ljósmæðraskóla Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Breytingar á lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, sbr. breytingu nr. 23/1991.

6. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, sbr. breytingu nr. 23/1991.

7. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundi leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breytingar á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, sbr. breytingu nr. 23/1991.

8. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnlækningum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

b. 3. gr. laganna orðast svo:
Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundi leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

II. KAFLI
Um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði.

Breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, sbr. breytingu nr. 10/1983.

9. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur niður.

Breytingar á lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43/1947, sbr. breytingar nr. 61/1962, 5/1964, 29/1977 og 10/1983.

10. gr.

a. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur niður.
b. 14. gr. laganna fellur niður.
c. 15. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra getur ákveðið að skylt sé að tryggja hjá vátryggingafélagi fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim sem vátryggðir eru iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

Breytingar á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, sbr. breytingar nr. 43/1962, 93/1965 og 37/1980.

11. gr.

a. Heiti laganna breytist og verður: **Lög um brunatryggingar.**
b. 1. gr. laganna fellur niður.
c. 2. gr. laganna orðast svo:
Húseigendum er skylt að tryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður sem hús skv. 3. gr. Hús í smíðum skal einnig tryggja og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.
Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á skyldutryggingu skv. 1. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skyldutryggingar hjá öðru vátryggingafélagi.
d. 3. gr. laganna orðast svo:
Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati getur hann óskað yfirmats.
Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.
e. 6. gr. laganna (var 5. gr. fyrir breytingu í lögum nr. 93/1965) verður svohljóðandi:
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

f. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
Borgarstjórn Reykjavíkur skal hafa með höndum brunatryggingar húseigna í Reykjavík til ársloka 1993 og skulu tilkynna húseigendum tímanlega og eigi síðar en 30. september 1993 ef brunatryggingar þeirra hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar falla niður og að þeir skuli stofna til brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi frá 1. janúar 1994. Ákvæði þetta á einnig við um nýtryggingar sem teknar eru á árinu 1993.

Breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, sbr. breytingar nr. 10/1983 og 108/1988.

12. gr.

a. 7. gr. laganna fellur niður.
b. 8. gr. laganna orðast svo:
Félaginu er heimilt að taka í brunatryggingu hvers konar lausafé hvar sem er á landinu, þar með taldar allar afurðir í vörslu framleiðenda.
c. 20. gr. laganna fellur niður.

Brottfall laga um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983.

13. gr.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1965, sbr. breytingar nr. 26/1973 og 10/1983, falla úr gildi.

Breytingar á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.

14. gr.

a. 2. gr. laganna orðast svo:
Verkefni búfjártryggingadeildar er að selja og annast vátryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, sbr. 3. gr.
b. 3. gr. laganna orðast svo:
Skylt er að tryggja gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.
c. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að tryggja gegn venjulegum vanhöldum og slysum.
d. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.
e. 8. gr. laganna fellur niður.
f. 9. gr. laganna fellur niður.
g. 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna falla niður og 3. mgr. 11. gr., sem verður 1. mgr., verður svohljóðandi:
Nú verður ágreiningur milli vátryggingafélags og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

h. 13. gr. laganna fellur niður.
i. 14. gr. laganna orðast svo:
Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Brottfall laga um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954.
15. gr.

Lög nr. 25/1954 falla úr gildi.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.
16. gr.

1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:
Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem er viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra.

III. KAFLI
Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.
17. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Setja skal með reglugerð ákvæði um það hverjir mega selja og flytja inn eiturefni.

IV. KAFLI
Um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.
18. gr.

a. 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
2. Dvelja hér á landi eða eru í atvinnuleit í EES-landi.
b. Á eftir 41. gr. kemur ný grein, sem verður 41. gr. a, svohljóðandi:
Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

V. KAFLI
Um breytingar á ýmsum lögum um lyfjamál.
Breytingar á lyfjalögum, nr. 108/1984.
19. gr.

a. 3. mgr. 10. gr. laganna fellur niður.
b. 8. gr. laganna orðast svo:
Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.
c. 19. gr. laganna orðast svo:
Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 7. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga og tann-

lækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra, lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal auk nafns framleiðanda, heitis lyfs og virkra efna, tilgreina verð, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám.

d. 20. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er þó að kynna fyrir heilbrigðisstéttum, sbr. 19. gr., lyf og áðurtalinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

e. 21. gr. laganna orðast svo:

Auglýsing og kynning lausasölulyfja er heimil.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingarþjónustu og verð.

Texti slíkra auglýsinga eða kynninga skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla er að þessu lúta.

f. 22. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Önnur afhending eða póstsending lyfjasýnishorna er óheimil.

g. 23. gr. laganna orðast svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Það getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Það getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

h. 24. gr. laganna orðast svo:

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við aukaverkunum þeirra.

i. 25. gr. laganna orðast svo:

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- eða lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. mgr. 19. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

j. 26. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla, þar með talin heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum, sbr. 19. gr. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr.

Breytingar á lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum.

20. gr.

a. 37. gr. laganna fellur niður.

b. 38. gr. laganna fellur niður.

VI. KAFLI
Gildistökuákvæði.
21. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sem undirritaður var 2. maí 1992, er nauðsynlegt að breyta ýmsum lögum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála.

Í yfirliti því, sem utanríkisráðuneytið dreifði 18. maí 1992 um lagabreytingar sem fyrirhugaðar eru vegna EES-samningsins, kemur fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hyggst leggja fram tvö lagafrumvörp í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, annars vegar frumvarp til nýrra lyfjalaga og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna EES-samningsins.

Á þessum fyrirætlunum hafa orðið þær breytingar að frumvarp til nýrra lyfjalaga verður ekki borið fram í tengslum við lagabreytingar vegna EES-samningsins. Þess í stað hafa nauðsynlegar breytingar á lyfjalögum og lyfjadreifingarlögum verið felldar inn í frumvarp það sem hér liggur fyrir um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frumvarpið skiptist í sex kafla og hefur að geyma breytingartillögur við tuttugu lög. Þessi lög eru:

1. Ýmis lög um heilbrigðisstéttir.

a. Læknalög, nr. 53/1988, með síðari breytingu.
b. Hjúkrunarlög, nr. 8/1974, með síðari breytingum.
c. Tannlæknalög, nr. 38/1985.
d. Ljósmæðralög, nr. 67/1984.
e. Lög um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.
f. Lög um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingu.
g. Lög um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingu.
h. Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingu.

Öllum þessum lögum þarf að breyta vegna ákvæða III. hluta EES-samningsins, sbr. VII. viðauka hans um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Hér hafa þrenn lög bæst við frá fyrrnefndu yfirliti utanríkisráðuneytisins, lög um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og sjóntækjafræðinga. Í ljós kom við nánari skoðun að vegna ákvæða þessara laga um íslenskt ríkisfang sem skilyrði leyfisveitingar þarf að rýmka þau gagnvart ríkisborgurum á EES-svæðinu.

2. Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

Lögunum þarf að breyta vegna II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, XV. hluta hans um hættuleg efni og vegna VII. viðauka um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

3. Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Lögunum þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. VI. viðauka hans um félagslegt öryggi.

4. Ýmis lög um lyfjamál.

a. Lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum.
b. Lyfjalög, nr. 108/1984.

Lögunum þarf að breyta vegna ákvæða í II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, sbr. XIII. hluta hans um lyf. Í fyrrnefndu yfirliti utanríkisráðuneytis var gert ráð fyrir að þessar breytingar kæmu í nýtt frumvarp til lyfjalaga. Ákveðið hefur verið að gera nauðsynlegar breytingar á lyfjalögum og lyfjadreifingarlögum í þessu frumvarpi. Nýtt frumvarp til lyfjalaga verður ekki tengt þingmeðferð EES-samningsins.

5. Ýmis lög á vátryggingarsviði.

a. Lög innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu o.fl., nr. 43/1947, með síðari breytingum.
b. Lög um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, með síðari breytingum.
c. Lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum.
d. Lög um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum.
e. Lög um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, með síðari breytingum.
f. Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, með síðari breytingum.
g. Lög um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954.
h. Umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Lögum þessum þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. IX. viðauka hans um fjármálaþjónustu. Hér hafa fimm lög bæst við fyrrnefnt yfirlit utanríkisráðuneytisins. Við nánari skoðun Tryggingaeftirlitsins á íslenskri löggjöf á sviði vátryggingamála kom í ljós að breyta þarf lögum um búfjártryggingar, lögum um ófriðartryggingar og umferðarlögum til að uppfylla skilyrði EES-samningsins. Þá þarf og að fella niður lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga. Lög um búfjártryggingar og umferðarlög heyra undir landbúnaðarráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Í samráði við þessi ráðuneyti var ákveðið að breytingar á lögunum yrðu gerðar í þessu frumvarpi. Þá hefur verið ákveðið að breyta strax lögum um brunatryggingar í Reykjavík. Þessu til viðbótar kom í ljós að vegna vátryggingarreglna EB þarf og að breyta lögum um greiðslu vátryggingaiðgjalda fiskiskipa sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið og loftferðalögum sem heyra undir samgönguráðuneytið. Breytingar á þessum lögum munu gerðar í frumvörpum á vegum þessara ráðuneyta. Í margnefndu yfirliti utanríkisráðuneytis frá því fyrr á þessu ári vantaði þessi lög einnig.

Í frumvarpið vantar breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum, lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, lögum um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, eins og boðað var í áðurnefndu yfirliti.

Fyrr á þessu ári skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem falið var að vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða um bátaábyrgðarfélög hér á landi. Fyrirhugað var, þrátt fyrir þessa heildarendurskoðun, að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna EES-samningsins um leið og öðrum lagaákvæðum á vátryggingarsviði yrði breytt. Endurskoðunarnefndin telur hins vegar að ekki sé hægt að slíta þessar breytingar úr samhengi við þá heildarendurskoðun sem hún vinnur að. Því hefur verið ákveðið að haustið 1992 verði lagt fram á Alþingi frumvarp sem verði árangur þessarar heildarendurskoðunar og þar tekið tillit til þeirra breytinga sem reglur EES-samningsins krefjast. Lögin um bátaábyrgðarfélög og um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eru svo nátengd að ekki er talið unnt að skilja að breytingartillögur á þeim og verða nauðsynlegar breytingar á síðarnefndu lögunum því einnig látnar bíða heildarendurskoðunarinnar.

Sama gildir um lögin um vátryggingarstarfsemi. Fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laganna. Nefndin telur æskilegra að fella nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins inn í heildarendurskoðun sína fremur en gera breytingartillögur nú, ekki síst þar sem fyrirhugað er að leggja nýtt frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi fram á Alþingi í nóvemberbyrjun. Því frumvarpi mun fylgja frumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum, sem nauðsynlegt er talið til að tryggja betur rétt vátryggingartaka þegar gerðir eru vátryggingarsamningar við vátryggingafélög í öðrum ríkjum. Gert er ráð fyrir að það frumvarp verði lagt fyrir strax í ársbyrjun 1993.

Breytingar á lögum um almannatryggingar eru enn fremur látnar bíða um sinn. Fyrir því eru tvær ástæður. Annars vegar sú að í apríllok á þessu ári voru samþykktar veigamiklar breytingar á reglugerð EB á þessu sviði sem kalla á skjóta viðbótarskoðun EFTA-ríkjanna á almannatryggingalöggjöf sinni. Sú vinna er að hefjast og er þess vænst að í ljós komi þörf fyrir frekari breytingar á lögunum um almannatryggingar en þegar hafa verið boðaðar. Hins vegar hefur lögunum um almannatryggingar verið breytt u.þ.b. sjötíu sinnum á þeim tuttugu árum sem þau hafa verið í gildi og þau því lítt aðgengileg. Í byrjun þessa árs var ákveðið, í samræmi við ítrekuð fyrirmæli í breytingarlögum, að fella breytingarlög inn í upphaflegu lögin og gefa þau út að nýju. Í ljós hefur komið að við þessar endurteknu breytingar hafa lögin orðið ónákvæmari en æskilegt væri, rétt röð lagagreina raskast og allnokkrar eyður myndast. Því hefur verið ákveðið að útbúa frumvarp til laga um almannatryggingar með samfelldum, lagfærðum og leiðréttum lagatexta þar sem jafnframt verður að finna nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins. Þetta frumvarp mun lagt fyrir Alþingi í byrjun október.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun því á næstu mánuðum leggja fram fimm lagafrumvörp vegna EES-samningsins til viðbótar við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Þessi frumvörp eru:

1. Frumvarp til laga um brottfall laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu.
3. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.
4. Frumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum.
5. Frumvarp til laga um almannatryggingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Þessi kafli breytir átta lögum um heilbrigðisstéttir og eru breytingarnar afleiðing af reglum Evrópubandalagsins um staðfesturétt og frjálsa för fólks.

Um 1.–5. gr.

Hjá Evrópubandalaginu eru í gildi sérstakar tilskipanir um fimm heilbrigðisstéttir, lækna (75/362 og 75/363), tannlækna (78/686 og 78/687), hjúkrunarfræðinga (77/452 og 77/453), ljósmæður (80/154 og 80/155) og lyfjafræðinga (85/432 og 85/433). Flestum þessum tilskipunum hefur verið breytt. Tilskipanirnar kveða á um skyldu aðildarríkja til að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja í samræmi við þessar tilskipanir. Þetta þýðir að starfsleyfi lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lyfjafræðinga í einu EB-ríki skulu gilda í öðru aðildarríki.

Samkvæmt EES-samningnum skal þessum reglum EB beitt á EES-svæðinu. Af því leiðir að hér á landi þarf að breyta 1. gr. í lögum þessara fimm heilbrigðisstétta því þar segir að sá einn megi starfa hér á landi í viðkomandi starfsstétt sem til þess hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í frumvarpinu er því gerð breyting á 1. gr. allra þessara laga og skýrt tekið fram að innan viðkomandi heilbrigðisstéttar hér á landi geti starfað annars vegar þeir sem hafa til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hins vegar þeir sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á leyfi sínu í EES-ríki. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði nánari reglur settar um hvernig heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið standi að þessari staðfestingu.

Gangur mála yrði þannig að ríkisborgari í EES-ríki með lækningaleyfi, t.d. í Þýskalandi, sem hygðist koma hingað og hefja hér lækningar, þarf fyrst að snúa sér til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og sýna þar þau skjöl sem staðfesta lækningaleyfi hans í Þýskalandi. Að lokinni skoðun ráðuneytisins á réttmæti skjalanna fengi viðkomandi síðan staðfestingu á því að hann mætti starfa sem læknir hér á landi. Þar með væri honum frjálst að starfa hér sjálfstætt sem læknir, t.d. opna stofu. Sömuleiðis gæti hann sótt um stöðu læknis, t.d. á sjúkrahúsum eða á heilsugæslustöðvum. Staðfestingin gefur honum hins vegar engan rétt til stöðuveitingar. Atvinnurekandi gæti t.d. hafnað honum á grundvelli engrar eða lélegrar íslenskukunnáttu.

Í læknalögum og lögum um tannlækningar er að finna ákvæði um sérfræðingsleyfi sem sömu reglur gilda um. Af þeim sökum þarf að breyta 5. gr. læknalaga og 5. gr. tannlæknalaga. Rétt er hins vegar að benda á að í læknisfræði eru viðurkenndar sérgreinar mun færri hjá EB en hér á landi. Réttur til staðfestingar á sérgrein nær eingöngu til sérgreina sem eru sambærilegar milli landanna.

Gerðar eru frekari breytingar á 5. gr., sbr. 2. gr. læknalaga, en nauðsynlegar eru samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Samkvæmt þessum ákvæðum skal sérstök þriggja manna nefnd fjalla um umsóknir um almennt lækningaleyfi en læknadeildin gefa umsögn um umsóknir um sérfræðingsleyfi. Í framkvæmd mun þessi nefnd gefa umsögn um hvort tveggja. Ástæðulaust þykir að hafa sérstaka nefnd í umsögnum um umsóknir vegna almenns lækningaleyfis og ákvæðið um hana því fært yfir í 5. gr. laganna og hún þar gerð að umsagnaraðila.

Þá er og gerð viðbótarbreyting á 5. gr. tannlæknalaga sem ekki tengist EES-samningum. Þar er um að ræða að nefnd þeirri, sem fær til umsagnar sérfræðiumsóknir tannlækna, verður ekki lengur skylt heldur eingöngu heimilt að kveðja til tvo sérfróða tannlækna í þeirri sérgrein sem sótt er um.

Þá er talið nauðsynlegt að skýrt komi fram í lögunum um þessar fimm heilbrigðisstéttir að sé ríkisborgari í EES-landi, sem hér starfar á grundvelli staðfestingar á leyfi í öðru EES-landi, sviptur leyfi sínu þar fellur niður heimild hans til að starfa hér á landi. Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram að brjóti EES-borgari, sem hér starfar á grundvelli staðfestingar, af sér í þeim mæli að það mundi varða hann leyfissviptingu hefði hann leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ráðherra svipt hann staðfestingunni sem starf hans hér á landi grundvallast á.

Um 6.–8. gr.

Í þrennum lögum um heilbrigðisstéttir, lögum um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og lögum um sjóntækjafræðinga er það gert að skilyrði fyrir starfsleyfi hér á landi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari. Þeir sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar geta fengið leyfi en með öðrum skilyrðum.

Reglur EB krefjast þess að engum sé mismunað á grundvelli ríkisfangs. Því er nauðsynlegt að breyta þessum þrennum lögum og tryggja að með umsóknir ríkisborgara í EES-ríki um starfsleyfi í þessum heilbrigðisstéttum sé farið á sama hátt og umsóknir Íslendinga.

Þessum þremur lögum var öllum breytt með lögum nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Þar var gert ráð fyrir að erlendur ríkisborgari, sem hér hefði átt lögheimili í eitt ár, skyldi undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Frumvarp þetta breytir þessu og takmarkar ákvæðið frá því sem breytingin með lögum nr. 23/1991 gerði ráð fyrir. EES-ríkisborgarar munu njóta sama réttar til löggildingar og Íslendingar en aðrir útlendingar falla undir hið almenna ákvæði laganna um erlenda ríkisborgara. Rýmkun laga nr. 23/1991 þykir óþarflega mikil og því ákveðið að erlendir ríkisborgarar, aðrir en EES-borgarar, skuli sæta óbreyttum reglum frá því sem var fyrir gildistöku laganna nr. 23/1991.

Um II. kafla.

Vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga þarf að breyta ýmsum ákvæðum íslenskra laga á vátryggingarsviði. Breytingarnar lúta að því að ryðja úr vegi einkarétti einstakra vátryggingafélaga til að selja tilteknar tryggingar, skattalegum ívilnunum sem sum þessara félaga njóta umfram önnur félög og ákvæðum um staðfestingu ráðherra á vátryggingafélögum eða iðgjöldum svo nokkuð sé nefnt.

Nokkur þeirra laga, sem hafa að geyma vátryggingarákvæði sem þarf að breyta vegna EES-samningsins, heyra undir önnur ráðuneyti. Tveimur þeirra er breytt með þessu frumvarpi í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Um er að ræða umferðarlög sem heyra undir dómsmálaráðuneytið og lög um búfjártryggingar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Einnig mun þurfa að fella niður síðasta málslið 1. mgr. 137. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, með síðari breytingum, og breyta orðalagi í 2. mgr. 2. gr. laga um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, nr. 17/1976, með síðari breytingu. Nauðsynleg breyting á loftferðalögum mun fylgja heildarendurskoðun þeirra sem unnið er að í samgönguráðuneytinu. Sjávarútvegsráðuneytið mun sjálft bera fram nauðsynlegt lagafrumvarp vegna breytinga á lögum um vátryggingariðgjald fiskiskipa.

Um 9. gr.

Hér er gerð lítils háttar breyting á lögum um ófriðartryggingar, nr. 2/1944, með síðari breytingum. Felld er niður 3. mgr. 1. gr. en samkvæmt henni nær ófriðartryggingin ekki til fjármuna í landinu sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana nema slíkir aðilar séu heimilisfastir hér á landi. Þetta ákvæði stangast á við hin almennu ákvæði EES-samningsins um jafnan rétt ríkisborgara svæðisins án tillits til þjóðernis.

Um 10. gr.

Hér eru nauðsynlegar breytingar gerðar á lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43/1947, með síðari breytingum. Í breytingunum felst að einkaréttur Íslenskrar endurtryggingar á stríðsslysatryggingum er felldur niður. Sömuleiðis eru afnumdar undanþágur Íslenskrar endurtryggingar á greiðslu opinberra gjalda og á stimpilskyldu. Þá er gerð breyting á 15. gr. laganna sem hefur í för með sér að ákvæði II. og III. kafla laganna verða almenns eðlis og munu framvegis eiga við um stríðsslysatryggingar hvort sem þær eru teknar hjá Íslenskri endurtryggingu eða öðru vátrygginga-

félagi. Með þessum breytingum er verið að setja Íslenska endurtryggingu jafnfætis öðrum félögum á vátryggingarmarkaði.

Um 11. gr.

Breyta þarf lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum, og fella niður ákvæði þeirra um það að bæjar- og sveitarstjórnir hafi heimild til að semja við eitt vátryggingafélag um brunatryggingar á húsum í viðkomandi umdæmi og að skylt sé að vátryggja allar húseignir í umdæminu hjá þessum aðila. Vegna þessarar breytingar þykir eðlilegt að fella niður ábyrgð sveitarfélaganna á því að vátryggingunni sé haldið við.

Í EES-samningnum er sérstakt undanþáguákvæði fyrir Húsatryggingar Reykjavíkurborgar. Lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, þyrfti því ekki að breyta nú. Óeðlilegt þykir hins vegar að mismuna húseigendum eftir því hvar þeir búa á landinu. Því hefur verið ákveðið að notfæra ekki undanþáguákvæði EES-samningsins vegna Húsatrygginga Reykjavíkur heldur breyta lögunum um brunatryggingar í Reykjavík samhliða breytingunum á lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Eðlilegt sýnist að fella lögin um brunatryggingar í Reykjavík niður, sbr. 15. gr. frumvarpsins, og breyta heiti laganna um brunatryggingar utan Reykjavíkur í lög um brunatryggingar til viðbótar þeim breytingum sem þegar hafa verið raktar.

Vegna brottfalls laganna um brunatryggingar í Reykjavík verður að setja ákvæði til bráðabirgða í lögin um brunatryggingar utan Reykjavíkur (sem eftir samþykkt frumvarpsins munu verða almenn lög um brunatryggingar). Í bráðabirgðaákvæðinu er tryggt að á árinu 1993 verði brunatryggingar húsa í Reykjavík óbreyttar hjá Húsatryggingum Reykjavíkur en að Húsatryggingarnar skuli tímanlega tilkynna húseigendum að frá og með 1. janúar 1994 falli skuldbindingar þeirra niður. Húseigendur í Reykjavík verða því fyrir þann tíma að stofna til nýrrar skyldutryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Húsatryggingar Reykjavíkur eru bundnar af endurtryggingarsamningi til 1. janúar 1994. Bráðabirgðaákvæðið og sá aðlögunartími sem það veitir bæði húseigendum í Reykjavík og Húsatryggingum Reykjavíkur fellur vel saman við gildistíma þess samnings.

Vegna þess að lögin um brunatryggingar í Reykjavík eru felld úr gildi og almenn ákvæði laganna um brunatryggingar utan Reykjavíkur fara að gilda um brunatryggingar húsa í Reykjavík eru hér nefndar tvær breytingar á framkvæmd laganna í Reykjavík á árinu 1993. Tekið er fram að skylt sé að brunatryggja hús í smíðum hvort sem er í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, en ákvæði þar um er nú eingöngu að finna í lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Þá er kveðið á um að miða skuli við vísitölu byggingarkostnaðar um breytingu á vátryggingarverðmæti húsa, en í lögum um brunatryggingar húsa í Reykjavík er almennt kveðið á um að miða skuli við breytingar á byggingarkostnaði.

Afleiðing þessara breytinga er sú að áfram er húseigendum skylt að brunatryggja hús sín en ábyrgð sveitarfélaga á því að vátryggingu sé haldið við fellur niður. Tryggt er eftirlit með að skyldutryggingunni er sinnt með því að vátryggingafélag, sem er með húseign í brunatryggingu, má ekki taka gilda uppsögn tryggingarinnar nema jafnframt sé sýnt fram á að stofnað hafi verið til nýrrar skyldutryggingar hjá öðru félagi. Um Reykjavík gilda þó í fyrstu þær sérreglur að húseigendum ber að sinna skyldutryggingunni.

Sveitarfélög utan Reykjavíkur munu bundin samningum um brunatryggingar við Brunabótafélag Íslands og Samvinnutryggingar g.t. til síðari hluta árs 1995. Ekki er ljóst hvort sá samningur muni standa óski einhver húseigandi utan Reykjavíkur eftir því að vátryggja hús sitt annars staðar en hjá því félagi sem samningurinn gerir ráð fyrir. Á það

kann að reyna fyrir dómstólum fljótlega eftir gildistöku EES-samningsins.

Ráðuneytið telur að þessar breytingar komi ekki í veg fyrir að sveitarfélög geti haft milligöngu um að leita hagstæðra samninga um brunatryggingar enda yrðu húseigendur ekki bundnir við slíkan samning kysu þeir að leita annað.

Um 12. gr.

Breyta þarf lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, með síðari breytingum, vegna breytinga á lögunum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, sbr. 11. gr., og fella tvær lagagreinar úr gildi og breyta einni.

Um 13. gr.

Lagt er til að lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga, nr. 17/1964, með síðari breytingum, verði felld úr gildi. Lögin kveða á um skyldu líftryggingafélaga að verja tilteknum hluta ráðstöfunarfjár tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á tilteknum bréfum af Húsnæðisstofnun ríkisins og setur félagsmálaráðuneytið nánari reglur um framkvæmdina. Ráðstöfunarfé af þessu tagi hefur nánast ekkert verið þar eð lífeyristryggingar hafa ekki náð teljandi útbreiðslu hér á landi. Lögin hafa því ekki haft mikla þýðingu. Ekki mun verða heimilt á EES-svæðinu að skylda vátryggingafélög til að ráðstafa ráðstöfunarfé sínu með þessum hætti.

Um 14. gr.

Hér er gerð breyting á lögum um búfjártryggingar, nr. 20/1943, með síðari breytingum. Breytingin lýtur að því að afnema einkarétt búfjártryggingadeildar Brunabótafélags Íslands á þeim tryggingum sem lögin mæla fyrir um. Því fylgja allnokkrar breytingar á lögunum.

Lög þessi heyra undir landbúnaðarráðuneytið en í samráði við það er þeim breytt í tengslum við aðrar breytingar á lögum á vátryggingarsviði til að tryggja betri yfirsýn yfir nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði vegna EES-samningsins.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að lögin um brunatryggingu í Reykjavík, nr. 25/1954, verði felld úr gildi. Að öðru leyti vísast til skýringa með 11. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Hér er gerð breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Breytingin felst í því að vátryggingafélag, sem annast að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra. Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir að félögin séu viðurkennd. Vegna breytinga á reglum um vátryggingarstarfsemi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að félögin geti einnig verið skráð af dómsmálaráðherra.

Umferðarlögin heyra undir dómsmálaráðuneytið en í samráði við það er ákvæðinu breytt hér í tengslum við aðrar breytingar á lögum á vátryggingarsviði. Þannig fæst betri yfirsýn yfir nauðsynlegar lagabreytingar á þessu sviði vegna EES-samningsins.

Um 17. gr.

Ákvæði laganna um eiturefni og hættuleg efni varðandi sölu og innflutning eiturefna eru of þröng og samrýmast ekki þeim reglum sem gilda hjá EB um þetta efni. Hér er því gert ráð fyrir að ákvæði 6. gr. falli niður en í þeirra stað komi almenn heimild um

að skipa málum vegna sölu og innflutnings eiturefna með reglugerð. Í framhaldi lögfestingar þessa frumvarps mun reglugerð um þetta efni, sem styðst við reglur EB á þessu sviði, verða sett.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar vegna EES-samningsins. Lögin gera nú ráð fyrir að greiðsla atvinnuleysistryggingabóta sé bundin við dvöl hér á landi. Þessu þarf að breyta því reglur EB, sem verða reglur EES-svæðisins, gera ráð fyrir að fari atvinnulaus einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins beri landinu, þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum, að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil, eða þrjá mánuði. Sömuleiðis verður að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að hafa milligöngu um greiðslu atvinnuleysistryggingabóta til þeirra sem með þessum hætti komu hingað til lands í atvinnuleit því reglur EB gera ráð fyrir að stofnun í dvalarlandinu geti annast greiðslu bótanna á kostnað þar til bærrar stofnunar í landinu sem viðkomandi kom frá.

Um 19. gr.

Hér eru gerðar ýmsar breytingar á lyfjalögum. Breytingarnar lúta að því að breyta ákvæðum um auglýsingar og kynningu lyfja til samræmis við reglur EB á þessu sviði. Þannig eru hertar reglur um auglýsingu og kynningu skráningarskyldra lyfja en reglur um auglýsingu og kynningu lausasölulyfja rýmkaðar. Þá er og fellt niður það ákvæði lyfjalaga að hafna megi umsókn um skráningu sérlyfs ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi að það sem skilur geti ekki haft teljandi þýðingu. Þetta ákvæði brýtur í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins.

Um 20. gr.

Vegna samkeppnisreglna EES-samningsins er nauðsynlegt að gera breytingar á 37. og 38. gr. laganna um lyfjadreifingu og fella þær niður.

Um 21. gr.

Breytingar á lagaákvæðum, sem tengjast gildistöku EES-samningsins, eiga að ganga í gildi um leið og samningurinn. Meðan hann hefur ekki verið staðfestur þykir því eðlilegt að hafa gildistökuákvæði laganna skilyrt með þeim hætti sem hér kemur fram. Jafnframt þykir nauðsynlegt að hafa í lögunum endurútgáfuheimild á lögum þeim sem þau eru að breyta.

26. Lög [18. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 19. ágúst.)

Samhljóða þskj. 18.

27. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Breytingar á ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 6. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að lækka eða fella niður tolla í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt að láta að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra, svo og breytingar sem kunna að verða gerðar á slíkum samningum og bókunum og viðaukum við þá. Þegar heimild þessari er beitt skal jafnframt heimilt að fella niður almennan toll í dálki A í tollskrá af hráefni eða efnivörum til innlendrar framleiðslu og lækka toll í allt að 7,5% í öðrum tilvikum. Falli fríverslunar- eða milliríkjasamningur úr gildi eða ákvæðum þeirra er breytt með þeim hætti að forsendur til lækkunar eða niðurfellingar tolla eru ekki lengur til staðar skal almennur tollur í dálki A í tollskrá taka gildi.

b. 13. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Sama gildir um vélar, vélarhluta og varahluti sem notaðir eru til aðvinnslu slíkra vara.

2. gr.

Við XII. kafla laganna bætist ný grein er verður 120. gr. A og orðast svo:

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. Jafnframt skal heimilt að leggja slík gjöld á vörur sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og skal þá miðað við mismun á því innlenda viðmiðunarkerfi er skilgreint er í bókun 3 og heimsmarkaðsverði.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. málsl. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við EES-samninginn, svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar slík

gjaldtaka er óheimil, sbr. 2. mgr. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 111. gr.

3. gr.

Á 143. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra upplýsinga um innflutning og útflutning á einstökum vöruflokkum. Sama gildir vegna framkvæmdar fríverslunar- og milliríkjasamninga en í því tilviki skal jafnframt heimilt að taka upp nýja dálka fyrir tolla eða gjöld sem þar kann að vera kveðið á um.

b. Síðari málsliður 3. mgr. verður 4. mgr. og breytist röð annarra málsgreina í samræmi við það.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. 1. mgr. í viðauka I orðast svo:

Dálkur A í tollskránni gildir fyrir allar innfluttar vörur nema um þær gildi sérreglur í dálki E. Dálkur E í tollskránni gildir fyrir vörur sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra er heimilt með þeim skilmálum, sem kveðið er á um í samningnum eða öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum, að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sérstaka tollmeðferð á vörum sem flokkast undir 1.–24. kafla tollskrárinnar.
2. Tolltaxti í dálki E í 25.–97. kafla tollskrárinnar verður 0%.
3. Tollur á vörum í tollskrárnúmerunum 2710.0012, 2710.0019, 8431.4200, 8431.4300, 8451.1001, 8716.1000 –8716.8009 og 8716.9002 fellur niður.
4. Tollur á vörum í eftirtöldum vöruliðum fellur niður: 8426, 8701, 8702, 8703, 8704, 8705, 8706 og 8707.

II. KAFLI

Breytingar á ákvæðum laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

5. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldflokkar vörugjalds skulu vera eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í viðauka I við lög þessi:

Af vörum í gjaldflokki A skal greiða 6% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki B skal greiða 9% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 16% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 20% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 25% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 30% vörugjald.

6. gr.

Í stað 5. mgr. 8. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Álag skv. 4. mgr. skal vera 2% af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 10/1960, um söluskatt“ í 1. mgr. koma orðin: laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
b. 2. mgr. fellur brott.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. Ákvæði þeirra skulu taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum um vörugjald og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 15. janúar 1993 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarpi þessu, sem lagt er fram í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, er ætlað að tryggja að álagning gjalda á upprunavörur frá ríkjum EES verði í samræmi við ákvæði samningsins. Er hér einkum átt við II. kafla samningsins um frjálsa vöruflutninga ásamt bókun 3 um framleiðsluvörur sem leggja má verðjöfnunargjald á.

Samkvæmt 10. gr. samningsins eru tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, bannaðir á milli samningsaðila. Sambærileg ákvæði eru í stofnsamningi EFTA, Stokkhólmssamningnum, og fríverslunarsamningi Íslands og Evrópubandalagsins. Ísland hefur hingað til haft sérstaka undanþágu til að leggja fjáröflunartolla á vörur frá þessum samningsaðilum sínum á meðan vörur þessar eru ekki framleiddar hér á landi.

Þessar undanþágur falla úr gildi með samningnum um EES. Hins vegar er ekkert í samningnum því til fyrirstöðu að í staðinn komi skattheimta er fullnægir skilyrðum samningsins og þá sérstaklega 14. gr. um að innlenda skatta megi ekki leggja af meiri þunga á framleiðsluvörur annarra samningsaðila en lagðir eru á sams konar innlenda framleiðslu.

Í frumvarpi þessu er að finna breytingar á tollalögum til að uppfylla ákvæði samningsins um niðurfellingu tolla og ákvæði um vörugjöld á almennar iðnaðarvörur. Í sérstöku frumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu, eru tillögur um vörugjöld á ökutæki og eldsneyti. Frumvörp þessi miðast við að tekjur ríkissjóðs af tollum og vörugjöldum séu að mestu óbreyttar og að verðhlutföll milli vörutegunda raskist sem minnst.

2. Helstu breytingar.

Þeir vöruflokkar, sem frumvarp þetta tekur til, eru þær iðnaðarvörur í köflum 25–97 í tollskrá sem í dag bera fjáröflunartolla. Undanskilið er bensín og ökutæki sem fjallað verður um í sérstöku frumvarpi. Sérstök heimildarákvæði eru í frumvarpinu til álagningar verðjöfnunargjalda á framleiðsluvörur úr landbúnaðarhráefnum, auk þess sem tollar verða felldir niður af tilteknum suðrænum landbúnaðarvörum í samræmi við tvíhliða

samning Íslands og EB um landbúnaðarmál en tollur á öðrum vörum, sem samningurinn tekur til, hefur þegar verið felldur niður.

Á árinu 1991 voru vörur þessar fluttar inn fyrir tæplega 3,9 milljarða króna. Þar af komu vörur fyrir rúmlega 2 milljarða króna eða um 54 % innflutningsins frá löndum innan EES. Tollar á framangreindum iðnaðarvörum eru á bilinu 10–30% og á sumum þeirra er enn fremur 9% vörugjald. Tekjur af vörugjaldi og tollum á þessum vörum voru á árinu 1991 um 1.050 m.kr. og voru þær eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

	Tollur %	Vörugjald %
Ljósmyndafilmur	20	-
Hjólbarðar	10	-
Ritföng, gerviblóm, hengilásar o.fl.	30	-
Eldavélar og annar heimilisbúnaður fyrir gas	30	9
Heimilistæki (kæliskápar, þvottavélar o.fl.)	15	9
Rafmagnstæki (sjónvörp, hljómflutningstæki o.fl.)	15/30	9
Bílavarahlutir	10/30	0/9
Skotvopn	30	-
Byggingarkranar o.fl.	15	-
Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1991, m.kr.	**735**	**312**

Gert er ráð fyrir að tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar tolla á iðnaðarvörum verði mætt með viðbót við gildandi vörugjaldskerfi. Vörugjald er nú lagt á í tveimur gjaldflokkum, 9% og 25%, jafnt á innlendar framleiðsluvörur sem innfluttar. Gjaldstofn innlendu framleiðslunnar er heildsöluverð vörunnar en stofn innfluttrar vöru er tollverð (cif-verð) að viðbættum tollum og 25% álagi sem er áætlað ígildi heildsöluálagningar. Á árinu 1991 námu tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi 2.405 m.kr. Þar af voru gjöld af innflutningi um 1.380 m.kr. en rúmlega einn milljarður króna af innlendri framleiðslu. Í eftirfarandi töflu er birt áætluð skipting á þessum tekjum eftir helstu vöruflokkum.

Tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi árið 1991.

	Vörugjald 1991 %	Vörugjald 1991 m.kr.	Innlent m.kr.	Innflutt m.kr.
Sælgæti, gosdrykkir og önnur matvæli	54	1.295	805	490
Rafmagnstæki, heimilistæki	21	500	-	500
Byggingarvörur	17	400	200	200
Bílavarahlutir	4	110	-	110
Snyrtivörur	4	110	20	80
Samtals	**100**	**2.405**	**1.025**	**1.380**

Ytri tollar.

Eins og fram hefur komið felur EES-samningurinn í sér þá kvöð að fella niður tolla á vörum frá löndum innan svæðisins. Það er hins vegar ákvörðunarefni íslenskra stjórnvalda hvort eða að hvaða marki tollum á vörum sem koma frá ríkjum utan svæðisins, svokölluðum ytri tollum, verður viðhaldið.

Ef miðað er við að tekjur ríkissjóðs verði óbreyttar munu ytri tollar leiða til þess að vörur frá löndum utan svæðisins hækka í verði en verð á vörum frá löndum innan svæðisins lækkar. Áhrif ytri tolls á verðhlutföll eru í samræmi við hversu hár hann er. Þannig mun 10% ytri tollur leiða til allt að 10% breytingar á mismun á verði vöru eftir því hvar hún er keypt.

Helstu rökin fyrir því að viðhalda ytri tollum eru þau að í þeim felst nokkur fjáröflun fyrir ríkissjóð, vernd fyrir innlenda framleiðslu og að þeir veiti hugsanlega betri aðstöðu í samningum við ríki utan fríverslunarsvæðis EES-ríkjanna.

Fjáröflun með ytri tollum á þeim vörum, sem frumvarpið tekur til, verður takmörkuð vegna þess að innflutningur á þeim frá löndum utan EES er tiltölulega lítill eða rúmlega 1,8 milljarðar króna. Því mundi 10% ytri tollur gefa um rúmlega 180 millj. kr. í tekjur, eða minna, ef tollurinn leiðir til þess að viðskipti færast frá löndum utan EES til landa innan svæðisins.

Þar sem þær vörur, sem frumvarpið snertir, eru nær eingöngu fluttar inn en ekki framleiddar hér á landi eru verndunaráhrif ytri tolla óveruleg. Eins er óvíst að slíkir tollar hafi veruleg áhrif á samningsstöðu landsins gagnvart „þriðju löndum“ þar sem samningar við þau mundu snúast um lækkun tolla frá þeim bindingum sem fyrir eru og eru aðrar og hærri en virkir tollar. Líklegt er að afstaða þessara ríkja muni fremur mótast af grundvallarviðhorfum til fríverslunar en þeirra takmörkuðu viðskiptahagsmuna sem þau hafa að gæta á íslenskum markaði.

Á móti háum ytri tollum mælir það fyrst og fremst að þeir leiða eðli sínu samkvæmt til óhagkvæmni. Hafi þeir á annað borð áhrif á viðskipti eru þau fólgin í því að beina þeim til landa þar sem þau eru óhagkvæmari og leiðir það til hærra vöruverðs fyrir neytendur og minni tekna fyrir ríkissjóð. Er því æskilegt að takmarka notkun þeirra.

Í þeim tilvikum, sem hér um ræðir, er einnig að því að gæta að gert er ráð fyrir að notuð verði tiltölulega há vörugjöld til að vega upp tekjur af þeim álögum sem fyrir voru á þessar vörur. Ytri tollur mundi leggjast við slík gjöld og leiða til þess að heildarálagning á þessar vörur yrði mjög há og miklu hærri en aðrar innfluttar iðnaðarvörur sem nú bera tolla og vörugjald.

Enn fremur er rétt að hafa í huga að meðal þeirra vöruflokka, sem frumvarpið tekur til, eru vörur sem að stærstum hluta koma frá löndum utan EES, svo sem bílavarahlutir. Ytri tollar mundu leiða til þess að verð á þessum vörum hækkar almennt þar sem tilfærsla viðskipta með þær milli svæða er aðeins möguleg að takmörkuðu leyti þegar um er að ræða sérhæfða vöru.

Í núgildandi tollalögum er heimild til að færa ytri tolla niður í 10% á þær vörur sem fríverslunarsamningar taka til og er algengast að sú heimild hafi verið notuð. Ytri tollar Evrópubandalagsins á þær vörur, sem frumvarpið tekur til, eru yfirleitt á bilinu 3–9% eða allmiklu lægri en tollar hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka ytri tolla á fullunnar iðnaðarvörur frá löndum utan fríverslunarsvæða nokkuð meira en verið hefur eða niður í 7,5% í stað 10% nú. Er ákvörðun vörugjalda og tekjuáætlun miðuð við það.

Með þessum forsendum um ytri tolla felur frumvarpið í sér breytingu á vörugjaldskerfinu sem miðast að öðru leyti við að skila ríkissjóði sem næst óbreyttum tekjum og að verðhlutföll raskist sem minnst að öðru leyti. Þó er vikið frá því í einstökum tilvikum þar sem brýn ástæða var talin til samræmingar.

Breytt vörugjaldskerfi.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að gjaldflokkar vörugjalds verði sex í stað tveggja nú og verði þeir frá 6% til 30%. Vegna þess að vörugjald leggst á tollverð að viðbættu 25% álagi svara þessir vörugjaldsflokkar til 7,5–37,5% tolla. Haft er að leiðarljósi að verðhlutföll milli einstakra vörutegunda raskist ekki um of. Í vissum tilvikum er þó um að ræða samræmingu í álagningu vörugjalds á skylda vöruflokka sem leiðir til breytinga á verðhlutföllum. Á það einkum við um bílavarahluti og rafmagnstæki sem eru nú með mismunandi álögur. Aukið samræmi mun og auðvelda framkvæmd vörugjaldslaganna og draga úr möguleikum á undanskotum.

Í tillögum þessum felst og að leggja þarf vörugjald á nokkrar nýjar tegundir innlendrar framleiðslu til þess að uppfylla kröfur um sömu álagningu á innlendar og innfluttar vörur. Þar ber helst að nefna hjólbarðasólningu og framleiðslu tengivagna. Þá mun vörugjald á framleiðslu bílavarahluta og yfirbygginga bifreiða hækka. Á móti vegur að tollur á aðföngum til þessarar framleiðslu kann að lækka í einhverjum tilvikum, m.a. á notuðum hjólbörðum, komi þau frá löndum innan EES-svæðisins.

Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um umfang þessara iðngreina hér á landi en giskað er á að innlenda framleiðslan skili ríkissjóði um 15 m.kr. í viðbótartekjur á ári.

Tekjuáhrif.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu verða áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs í megindráttum þau að tolltekjur af þeim vörum, sem breytingarnar taka til, lækka úr um 735 m.kr. í 137 m.kr. eða um nálægt 600 m.kr. en tekjur af vörugjaldi hækka um 590 m.kr. Samkvæmt framangreindu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af innflutningi verði um 20 m.kr. lægri eftir breytinguna en þær voru áður en tekjur af innlendri framleiðslu jafni þann mun að mestu. Tekjulækkun af innflutningi er að nokkrum hluta til

komin vegna samræmingar og annarra breytinga sem nauðsynlegar þykja en ekki tengjast samningnum. Má t.d. nefna lækkun gjalda af krónum o.fl., svo og niðurfellingu tolla annarra en ytri tolla á hljóðkútum, án þess að taka upp vörugjald í staðinn. Að teknu tilliti til slíkra breytinga eru tekjubreytingar af innflutningi óverulegar.

Vörugjald í stað tolla.

		Innflutningur m.kr.	Vörugjald %	Ytri tollur %	Tekjur ríkissjóðs. Fyrir breytingu m.kr.	Tekjur ríkissjóðs. Eftir breytingu m.kr.
0.	Ýmislegt	13	0	0	3	0
I.	Hjólbarðar	581	6	7,5	58	63
II.	Hljóðdeyfar, álstigar	83	9	7,5	32	11
	Kranar	209	9	0	31	23
III.	Bílavarahlutir	927	16	7,5	219	239
	Filmur	104	16	7,5	21	23
IV.	Heimilistæki	559	20	7,5	168	147
	Ritföng o.fl	406	20	7,5	122	111
V.	Skotvopn	52	25	7,5	16	18
VI.	Rafmagnstæki	932	30	7,5	376	392
SAMTALS		**3.875**	-	-	**1.047**	**1.026**
Innlend framleiðsla			6–16	-	-	15
HEILD			-	-	**1.047**	**1.041**
þar af tolltekjur			-	-	735	137
- - vörugjald			-	-	312	905

Forsendur:

1. Tilflutningur á viðskiptum milli svæða áætlaður 20% af viðskiptum við lönd utan EES.

Verðlagsáhrif.

Þegar á heildina er litið eru verðlagsáhrif þessara breytinga talin hverfandi. Samkvæmt tillögunni má því reikna með um 3,5% verðlækkun að jafnaði á vörum frá EES-svæðinu en um 4,5% verðhækkun á iðnaðarvörum sem fluttar eru inn annars staðar frá, sbr. meðfylgjandi töflu. Að jafnaði er gert ráð fyrir um 0,4% lækkun á verði innfluttrar vöru. Áhrifin eru hins vegar nokkuð mismunandi eftir vöruflokkum. Það skýrist m.a. af

mismiklu vægi EES-viðskipta í einstökum vöruflokkum, auk þess sem gjaldtaka hefur verið samræmd í nokkrum tilvikum eins og áður var komið fram. Þetta á sérstaklega við um bílavarahluti og rafmagnstæki en í eftirfarandi töflu eru sýndar breytingar á álagningu og áætluð áhrif á verð einstakra innfluttra vöruflokka.

Breyttar álögur og verðlagsáhrif á einstakar innfluttar vörutegundir.

	Tollur og vörugjald fyrir breytingu 1)	Tollur og vörugjald eftir breytingu 1)		Áætluð verðáhrif		
		EES	Annað	Frá EES	Utan EES	Meðaltal[2]
	%	%	%	%	%	%
Bifreiðahjólbarðar	10,0	7,5	15,6	-2,3	5,1	0,8
Ritföng o.fl.	30,0	25,0	34,4	-3,8	3,4	-2,0
Filmur	20,0	20,0	29,0	0,0	7,5	1,3
Heimilistæki, þvottavélar o.fl.	27,9	25,0	34,4	-2,3	5,0	-2,0
Skotvopn	30,0	31,25	41,1	1,0	8,5	3,7
Gaseldavélar o.fl.	44,6	25,0	34,4	-13,6	- 7,1	-10,3
Sjónvörp, útvörp o.fl.	44,6	37,5	47,8	-4,9	2,2	-2,1
Plötuspilarar án hátalara, geislaspilarar o.fl.	27,9	37,5	47,8	7,5	15,5	12,0
Varahlutir í rafkerfi o.fl.	30,0	20,0	29,0	-7,7	-0,8	-3,3
Varahlutir, ýmsir	22,4	20,0	29,0	-1,9	5,4	2,8
Hljóðkútar	44,6	11,25	19,6	-23,1	-17,3	-21,9
Allar vörur	27,0	22,8	32,6	- 3,5	4,5	- 0,4

1) Álögur á cif-verðmæti. Vörugjaldið er reiknað með 25% álagi á tollverð að viðbættum tolli.

2) Miðað er við að 20% viðskipta við lönd utan EES færist til landa innan svæðisins.

Eins og taflan sýnir eru áhrif á verðlag í nokkrum tilvikum veruleg, einkum til lækkunar. Stafar það af samræmingu gjaldtöku. Stærstu frávikin taka til lítilla vöruflokka og hafa því takmörkuð áhrif á heildarútkomuna.

Tollar og vörugjöld á þær vörur, sem frumvarpið snertir, voru að jafnaði um 27% af cif-verði þeirra. Var þetta hlutfall u.þ.b. hið sama fyrir vörur frá EES-löndum og fyrir vörur frá öðrum löndum. Með þeim breytingum, sem frumvarpið felur í sér, verða álögur þessar í heild um 0,5% lægri eða að jafnaði um 26,5%. Með tilliti til svæða breytast þær hins vegar verulega og verða að jafnaði um 22,8% á vörur frá EES-löndum en að jafnaði um 32,6% á vörur frá öðrum löndum.

Ýmis atriði.

Samningar um EES snerta tolla og aðflutningsgjöld umfram það sem hér hefur verið fjallað um og varðar tolltaxta og vörugjöld. Tilgangur samningsins er m.a. að koma á frjálsum vöruflutningum. Í því skyni þarf ekki aðeins að huga að gjöldum sem verið geta til hindrunar og mismunað samningsaðilum eftir því hvar þeir eru búsettir. Tæknilegar

viðskiptahindranir og hvernig staðið er að eftirliti með vöruflutningum skiptir einnig máli.

Í bókun 10 með samningnum eru ákvæði um þær skuldbindingar sem samningsaðilar taka á sig til að einfalda eftirlit og formsatriði vegna vöruflutninga. Tilgangurinn er að auðvelda það og að draga úr töfum og kostnaði þess vegna.

Meðal þess sem bókunin felur í sér er að jafnaði skuli beitt slembiathugunum en ekki heildarskoðun, stefnt verði að því að einn og sami aðili framkvæmi allt eftirlit með vörum á landamærum og að fyrir hendi verði gagnkvæm viðurkenning tollyfirvalda á skjölum og vottorðum. Í bókun 11 með samningnum eru einnig allítarleg ákvæði um gagnkvæma aðstoð yfirvalda í tollamálum.

Ljóst er að bókanir þessar kalla á endurskoðun á starfsháttum við tollgæslu og skipulag hennar. Kröfur um einfaldari og hraðvirkari afgreiðslu ásamt því að tekjur ríkissjóðs af tolli fara minnkandi gefa tilefni til að endurmeta verkefni tollkerfisins sem í vaxandi mæli er orðið að mikilvægum innheimtu- og eftirlitsaðila með virðisaukaskatti og vörugjöldum í stað þess að sinna fyrst og fremst tollheimtu eins og áður var.

Í tollalögum eru nú ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglur um greiðslufrest aðflutningsgjalda. Hefur heimildinni verið beitt við greiðslu virðisaukaskatts við innflutning hjá þeim aðilum sem eftir því hafa leitað og uppfylla ströng skilyrði um tryggingar og skilvísi. Við upptöku pappírslausrar tollafgreiðslu, en undirbúningur hennar er nú á lokastigi, verður að auki heimilt að veita greiðslufrest á öllum öðrum aðflutningsgjöldum. Vörugjöld eru á ýmsan hátt áþekk virðisaukaskatti og því gæti komið til álita að heimild til greiðslufrestunar taki einnig til þeirra. Veiting greiðslufrests hefur hins vegar í för með sér allmikla hliðrun á skilum á tekjum ríkissjóðs. Verður því að fara hægt í sakirnar og verði heimild þessi veitt þarf að dreifa áhrifum af henni á 2–3 ár. Mun þetta atriði verða til athugunar á næstunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Í 1. tölul. 6. gr. tollalaga er að finna heimildarákvæði hliðstætt því sem í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að verði tekið upp. Núgildandi ákvæði var síðast breytt með 3. gr. laga nr. 96/1987 en þá var ákveðið að láta tollalækkanir í samningi Íslands og Efnahagsbandalagsins um breyting á tvíhliðasamningi Íslands og EB vegna aðildar Portúgals og Spánar að EB koma þegar að fullu til framkvæmda.

Þegar tollar eru felldir niður samkvæmt ákvæðum í fríverslunar- eða milliríkjasamningum er heimilt samkvæmt núgildandi ákvæði að lækka jafnframt almennan toll á hráefni og efnivörum til innlendrar framleiðslu í allt að 5% og í allt að 10% af fullbúnum frameiðsluvörum sem koma frá löndum sem standa utan fríverslunarsvæðis. Tollalækkunarheimild þessi tók mið af þeim almennu tollalækkunum sem ákveðnar voru við breytingar á tollskránni 1987 en þá var ytri tollur á svonefndum verndarvörum ákveðinn 5% á hráefni og efnivörum en 10% af fullbúnum vörum, öðrum en fatnaði, sem var ákveðinn 15%.

Í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er með frumvarpi þessu lagt til að tollar á vörum frá löndum innan svæðisins verði almennt felldir niður af iðnaðarvörum í 25.–97. kafla tollskrárinnar, svo og af nokkrum iðnaðarvörum úr landbúnaðarafurðum. Kemur sú breyting fram í 2. tölul. 4. gr. þessa frumvarps. Til þess að mæta tolltekjutapinu er gert ráð fyrir að vörugjald verði samhliða tekið upp á nokkra vöruflokka. Ljóst er að verði vörugjaldið tekið upp á þessa vöruflokka án þess að neinar ráðstafan-

ir verði gerðar varðandi ytri tolla mun það hafa umtalsverð áhrif á verðlag vara frá löndum sem standa utan EES og eins og gerð er grein fyrir í almennri greinargerð er lagt til að núgildandi heimild til að lækka ytri tolla verði breytt þannig að heimilt verði að lækka þá af fullbúnum vörum í allt að 7,5% en fella þá niður af hráefnum og efnivörum.

Gert er ráð fyrir að þeim fríverslunarsamningum, sem nú er unnið að innan EFTA, verði komið til framkvæmda samkvæmt heimildarákvæði þessu auk tvíhliða samnings um niðurfellingu tolla af suðrænum landbúnaðarvörum sem gerður hefur verið við Evrópubandalagið, sbr. fskj. I með frumvarpi þessu.

Um b-lið.

Lagt er til að orðalag 13. tölul. 6. gr. verði rýmkað þannig að heimildin gildi almennt um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla á efnivörum og vélum og tækjum sem notuð eru við framleiðslu innan lands á vörum ef tollur á sambærilegum innfluttum vörum er jafnhár eða lægri en á hráefnunum.

Mikilvægi þessarar heimildar, svo og annarra hliðstæðra, hefur minnkað vegna þeirra umfangsmiklu tollabreytinga sem gerðar hafa verið síðustu áratugina en rétt þykir að ákvæði þetta sé til staðar til að tryggja að ekki geti komið til mismununar milli innlendra framleiðenda og erlendra samkeppnisaðila innlendum framleiðendum í óhag. Í framkvæmd ber þó að gæta takmarkana sem leiða kann af ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum, m.a. vegna framleiðslu á vörum sem njóta upprunarréttinda, sbr. 15. gr. bókunar 4.

Um 2. gr.

Samkvæmt samningnum um EES er gert ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt fyrirkomulag varðandi ýmsar iðnaðarvörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum til þess að jafna framleiðslukostnað vegna mismunandi hráefnisverðs innan EES.

Í þessa grein er lagt til að tekin verði sérstök lagaheimild til álagningar verðjöfnunargjalda. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um útreikning verðjöfnunargjalda í samræmi við ákvæði í bókun 3 við EES-samninginn til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda umræddra vara reynist innlent hráefnisverð hærra en verð á sömu hráefnum sem notuð eru til framleiðslu annars staðar á svæðinu. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild til álagningar verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga, svo og til að gæta samræmis í gjaldtöku á vörur frá öðrum löndum. Þá er heimild til álagningar verðjöfnunargjalda á vörur frá löndum sem við höfum gert fríverslunarsamninga við, t.d. þegar þeir samningar gera ráð fyrir þrengra vörusviði verðjöfnunargjalda en greinir í bókun 3 við EES-samninginn.

Um þær vörur, sem ákvæði þetta tekur til og þær reglur sem byggja ber gjaldtökuna á, er vísað til ítarlegrar greinargerðar um verðjöfnun samkvæmt bókun 3 við EES-samninginn sem fylgir frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið og þegar hefur verið lagt fram. Vegna verðjöfnunargjalda er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á flokkun vara samkvæmt tollskránni en fyrirhugað er að gera þær breytingar með stoð í 143. gr. tollalaga. Í fskj. II með frumvarpi þessu er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt 143. gr. tollalaga hefur fjármálaráðherra heimild til þess að gera ýmsar

breytingar á tollskránni. Breytingar þær, sem heimilaðar eru, eru tæknilegs eðlis og auðvelda m.a. aðlögun hennar að alþjóðlegri fyrirmynd, samræmdri tollskrá Tollasamvinnuráðsins.

Til þess að auðvelda framkvæmd fríverslunar- og milliríkjasamninga, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að, en fríverslunarsamningar m.a. við Austur-Evrópuríki eru nú í sjónmáli, er lagt til með þessari grein að fjármálaráðherra geti tekið upp sérstaka dálka í tollskrá er sýni þá tolltaxta sem slíkir samningar kveða á um.

Um b-lið.

Við lagasetningu 1987 urðu þau mistök að málsliðir 3. mgr. 143. gr., sem áttu að vera tvær sjálfstæðar málsgreinar, voru gerðir að einni málsgrein. Breytingin felur í sér leiðréttingu á þessu þannig að síðari málsliðurinn á við öll þau tilvik sem fjallað er um í 143. gr.

Um 4. gr.

Breytingar þær, sem kveðið er á um í þessari grein, eru þrenns konar.

Í fyrsta lagi er í 1. og 2. tölul. kveðið á um breytingar á tollskránni sem leiðir beint af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. niðurfellingu tolla á iðnaðarvörum frá löndum innan svæðisins. Um þessar breytingar vísast til a-liðar 3. mgr. 8. gr. og 10. gr. EES-samningsins, svo og greinargerðar með frumvarpinu um Evrópska efnahagssvæðið, bls. 85 og 91.

Enn fremur er hér kveðið á um nokkrar breytingar sem nauðsynlegt er að gera á tollskránni vegna tvíhliða samnings Íslands við Efnahagsbandalagið vegna sérstaks fyrirkomulags í landbúnaði. Ítarleg grein er gerð fyrir inntaki þess samnings í greinargerð með frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið, bls. 238, sem hér með er vísað til. Tollabreytingarnar, sem bundnar eru við aðildarríki EB og að hluta bundnar tímamörkum, munu hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóð.

Samkvæmt 3. tölul. falla niður almennir tollar á tollnúmerum 2710.0012 og 2710.0019, þ.e. bensíni með eða án blýs. Í stað þessara tolla, sem eru nú 50%, kemur jafnhátt vörugjald sem kveðið er á um í öðru lagafrumvarpi. Einnig er í töluliðnum felldir niður almennir tollar á ýtublöðum og hlutum til bor- eða brunnvéla. Er hér um að ræða samræmingaratriði sem skiptir óverulega máli fyrir tekjuöflun.

Samkvæmt 4. lið er gert ráð fyrir að almennur tollur verði felldur niður af ökutækjum. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp vörugjald af ökutækjum sem skili ríkissjóði sömu tekjum. Ákvæði um það eru í frumvarpi til laga um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Enn fremur er hér gert ráð fyrir að fella niður almennan toll á krönum og hliðstæðum búnaði. Í stað tollsins er gert ráð fyrir að vörur þessar verði með 9% vörugjaldi. Breytingar þessar eru til að samræma sem unnt er gjaldtöku af þessum vörum og sambærilegum tækjum, svo sem kranabílum.

Um 5. gr.

Lagt er til að gjaldflokkum vörugjalds verði fjölgað úr tveimur í fjóra. Auk núverandi gjaldflokka sem eru 9 (11,25) og 25% (31,25) verði gjaldflokkar 6 (7,5), 16 (20), 20 (25) og 30% (37,5). Vegna þess að vörugjald leggst á tollverð að viðbættu 25% álagi vegna áætlaðrar heildsöluálagningar. Svara gjaldflokkarnir til álags á tollverð (cif-verð) sem tilgreint er í sviga. Tollskrárnúmer gjaldskyldrar vöru eru talin upp í viðauka I við lögin en í reglugerð verða vöruheiti einnig tilgreind. Meginatriði þessarar vöruflokkunar eru sem hér greinir.

Gjaldflokkur A, 6% vörugjald, 7,5% með álagi:

Í flokk þennan fara hjólbarðar, slöngur og annað gúmmíefni. Vara þessi ber nú 10% toll.

Gjaldflokkur B, 9% vörugjald, 11,25% með álagi:

Flokkur þessi er þegar fyrir hendi og eru í honum flestar þær iðnaðarvörur sem framkvæmd fríverslunarsamninga hefur tekið til og framleiddar eru hér á landi. Nýjar vörur í þessum flokki eru kranar og fleiri byggingartæki sem nú bera 15% toll og stigar úr áli sem bera nú 10% toll.

Gjaldflokkur C, 16% vörugjald, 20% með álagi:

Í flokk þennan fari bílavarahlutir og filmur. Bílavarahlutir eru nú annaðhvort með 30% tolli en án vörugjalds eða með 10% tolli og með 11,25% vörugjaldi. Er álag á varahluti samræmt. Filmur hafa til þessa borið 20% toll.

Gjaldflokkur D, 20% vörugjald, 25% með álagi:

Í flokk þennan fari eldhústæki og fleiri heimilistæki. Þau hafa til þessa borið 15% toll og 11,25% vörugjald, nema gaseldunarbúnaður sem bar 30% toll og 11,25% vörugjald.

Gjaldflokkur E, 25% vörugjald, 31,25% með álagi:

Þessi vörugjaldsflokkur er fyrir hendi en hefur ekki verið notaður fyrir iðnaðarvörur í þeim tollskrárköflum sem nú eru til meðferðar. Í þennan gjaldflokk er ætlað að fari skotvopn og fylgivörur sem nú bera 30% toll.

Gjaldflokkur F, 30% vörugjald, 37,5% með álagi:

Í flokk þennan er gert ráð fyrir að rafmagnsvörur fyrst og fremst sjón- og hljóðmiðlunartæki fari. Þær eru nú ýmist með 30% tolli og 11,25% vörugjaldi eða með 15% tolli og 11,25% vörugjaldi.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæðum um álag vegna vangreiðslu á vörugjaldi og dráttarvexti verði samræmd því sem gildir um virðisaukaskatts.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Eftirfarandi breytingar er fyrirhugað að gera með auglýsingu á tollskrá í viðauka I, sbr. 143. gr. tollalaga, vegna tvíhliða samnings Íslands við Efnahagsbandalagið um tollfrjálsan innflutning á nokkrum landbúnaðarvörum Efnahagsbandalagsríkja. Tolltaxti í dálki E við tollskrárnúmerin 0603.1001, 0702.0001, 0703.1001, 0709.6002, 0709.9002, 0710.8001 og 0712.9002 mun eingöngu gilda fyrir vörur upprunnar í ríkjum Efnahagsbandalagsins:

a) Við 6. kafla.

	Tolltaxtar A	E
Undirliðurinn 0603.10 orðast svo:		
- Nýtt:		
- - Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:		
0603.1001 - - - Innfluttar á tímabilinu 1. desember til 30. apríl	30	0
0603.1002 - - - Innflutningur á öðrum tíma	30	
0603.1009 - - Annars	30	

b) Við 7. kafla.

1) Tollskrárnúmerið 0702.0000 skiptist upp og orðast svo:

Tómatar, nýir eða kældir:		
0702.0001 - Innfluttir á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	0
0702.0002 - Innflutningur á öðrum tíma	30	

2) Tollskrárnúmerið 0703.1000 skiptist upp og orðast svo:

- Laukur og skallottlaukur:		
0703.1001 - - Laukur	30	0
0703.1009 - - Skallottlaukur	30	

3) Tollskrárnúmerið 0705.1000 orðast svo:

- - Salat, kálhausar (head lettuce):		
0705.1101 - - - Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	0
0705.1102 - - - Innflutningur á öðrum tíma	30	

4) Tollskrárnúmerin 0709.6002, 0709.6003 og 0709.9002 bætist við undirliði 0709.60 og 0709.90 og orðast svo:

- - Paprika:		
0709.6002 - - - Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	0
0706.6003 - - - Innflutningur á öðrum tíma	30	
0709.9002 - - Kúrbítur (Courgettes)	30	0

5) Tollskrárnúmerið 0710.8000 skiptist upp og orðast svo:

- Aðrar matjurtir:		
- - Paprika:		
0710.8001 - - - Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	30	0
0710.8002 - - - Innflutningur á öðrum tíma	30	
0710.8009 - - Annars	30	

6) Undirliðurinn 0712.90 orðast svo:

	- - Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:		
0712.9001	- - - Sykur maís, tómatar og gulrætur, þó ekki matjurtablöndur	30	
0712.9009	- - Annars	30	0

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi breytingar er fyrirhugað að gera með auglýsingu á viðauka I við tollskrána, sbr. 143. gr. tollalaga, vegna upptöku verðjöfnunargjalda af innfluttum iðnaðarvörum unnum úr landbúnaðarafurðum, sbr. bókun 3 við EES-samninginn:

1. Við 4. kafla.

Tollskrárnúmerin 0403.1004 og 0403.9004 bætist við undirliðina 0403.10 og 0403.90 og orðast svo:

0403.1004	- - Bragðbætt, ót. a.	0
0403.9004	- - Bragðbætt, ót. a.	0

2. Við 7. kafla.

Tollskrárnúmerið 0711.9002 bætist við undirlið nr. 0711.90 og orðast svo:

0711.9002	- - Sykurmaís	0

3. Við 13. kafla.

Tollskrárnúmerið 1302.2000 skiptist upp og orðast svo:

	- Pektínefni, pektínöt og pektöt:	
1302.2001	- - Sem innihalda 5% eða meira miðað við þunga af viðbættum sykri	0
1302.2009	- - Annað	0

4. Við 15. kafla.

a) Tollskrárnúmerið 1517.1000 skiptist upp og orðast svo:

	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:	
1517.1001	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga	0
1517.1009	- - Annað	0

b) Tollskrárnúmerið 1517.9005 bætist við undirlið nr. 1517.90 og orðast svo:

1517.9005	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga	0

5. Við 19. kafla.

Tollskrárnúmerið 1902.2003 bætist við undirlið 1902.20 og orðast svo:

1902.2003	- - Annað en vörur sem innihalda að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði, eða blöndum af því	0

6. Við 20. kafla.

a) Tollskrárnúmerið 2001.9002 bætist við undirlið nr. 2001.90 og orðast svo:

2001.9002	- - Sykurmaís (Zea mays var. saccharata); kínverskar kartöflur, sætar kartöflur, og aðrir svipaðir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þunga	0

b) Vöruliður nr. 2004 orðast svo:

2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða edikssýru, frystar:	
	- Kartöflur:	
2004.1001	- - Fín- eða grófmalaðar eða flögur	0
2004.1009	- - Aðrar	0
	- Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:	
2004.9001	- - Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	0
2004.9009	- - Annars	0

c) Tollskrárnúmerið 2005. 2000 orðast svo:

	- Kartöflur:	
2005.2001	- - Fín eða grófmalaðar eða flögur	0
2005.2009	- - Aðrar	0

d) Tollskrárnúmer 2008.1100 skiptist upp og orðast svo:

	- Jarðhnetur:	
2008.1101	- - Hnetusmjör	0
2008.1109	- - Aðrar	0

e) Tollskrárnúmerið 2008.9202 bætist við undir nr. 2008.92 og orðast svo:

2008.9202	- - - Að meginstofni úr korni	0

f) Tollskrárnúmerið 2008.9902 bætist við undirlið nr. 2008.99 og orðast svo:

2008.9902	- - - Maís (korn) annað en sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	0

7. Við 21. kafla.

a) Tollskrárnúmerið 2101.1001 orðast svo:

	- Kjarni, kraftur, seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:		
2101.1001	- - Með 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurprótíni, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þunga	20	0
2101.1009	- - Annað	20	0

b) Tollskrárnúmerið 2101.2001 orðast svo:

	- Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:		
2101.2001	- - Með 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurprótíni, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þunga	20	0
2101.2009	- - Annað	20	0

c) Tollskrárnúmerið 2101.3000 skiptist upp og orðast svo:
- Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
2101.3001 - - Annað brennt kaffilíki en brenndar síkóríurætur, kjarni, kraftur og seyði úr öðru brenndu kaffilíki, en brenndum síkóríurótum 20 0
2101.3009 - - Annars 20 0

d) Tollskrárnúmerið 2102.1000 skiptist upp og orðast svo:
- Lifandi ger:
2102.1001 - - Annað en brauðger, þó ekki það sem notað er í skepnufóður 0
2102.1009 - - Annað 0

e) Tollskrárnúmerið 2102.2003 bætist við undirlið nr. 2102.20 og orðast svo:
2102.2003 - - Til nota í skepnufóður 0

f) Tollskrárnúmerið 2103.3000 skiptist upp og orðast svo:
- Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep):
2103.3001 - - Unninn mustarður (sinnep) sem inniheldur meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga 0
2103.3009 - - Annað 0

g) Tollskrárnúmerið 2103.9004 bætist við undirlið nr. 2103.90 og orðast svo:
2103.9004 - - Mangómauk (Mango Chutney), fljótandi 0

h) Tollskrárnúmerið 2106.9043 bætist við undirlið nr. 2106.90 og orðast svo:
2106.9043 - - Bragðbætt og litað sykursíróp 0

8. Við 22. kafla.

a) Tollskrárnúmerið 2208.9004 orðast svo:
2208.9004 - - Líkkjörar, ót. a. 0

b) Tollskrárnúmerið 2208.9005 bætist við undirlið nr. 2208.90 og orðast svo:
2208.9005 - - Líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga 0

c) Tollskrárnúmerið 2208.9005 bætist við undirlið nr. 2208.90 og orðast svo:
2208.9006 - - Ákavíti 0

9. Við 35. kafla.
Tollskrárnúmerið 3505.1000 skiptist upp og orðast svo:
- Dextrín og önnur umbreytt sterkja:
3505.1001 - - Sterkja, esterað og eterað 0
3505.1009 - - Annars 0

Fylgiskjal III.

Eftirfarandi breytingar er fyrirhugað að gera með auglýsingu á tollskrá í viðauka I, sbr. 143. gr. tollalaga, vegna álagningar vörugjalds.

1) Við 40. kafla.
Tollskrárnúmerið 4016.9925 bætist við undirlið nr. 4016.99 og orðast svo:

	4016.9925 - - - Hlutar og fylgihlutar til ökutækja í 8701.8705	10	0	0	X3
2)	Við 70. kafla.				
	Tollkrárnúmerin 7007.1100 og 7007.2100 skiptast upp og orðast svo:				
	- Hert:				
	- - Að stærð og lögun hæft til ísetningar í ökutæki, loftför, geimför eða skip:				
	7007.1101 - - - Til ökutækja	7,5	0	0	X3
	7007.1109 - - - Annað	5	0	0	
	7007.1900 - - - Annað	5	0	0	X2
	- Lagskipað öryggisgler:				
	- - Að stærð og lögun hæft til ísetningar í ökutæki, loftför, geimför eða skip:				
	7007.2101 - - - Til ökutækja	7,5	0	0	X3
	7007.2109 - - - Annað	5	0	0	
	7007.2900 - - - Annað	5	0	0	X2
3)	Við 84. kafla.				
	Tollskrárnúmerið 8451.1000 skiptist upp og orðast svo:				
	- Þurrhreinsivélar:				
	8451.1001 - - Vélar sem taka meira en 10 kg af þurru líni	0			
	8451.1009 - - Annað	10	0	0	X4
4)	Við 85. kafla.				
	Tollskrárnúmerið 8545.9000 skiptist upp og orðast svo:				
	- Annað:				
	8545.9001 - - Kveikjuraflagnasett og önnur raflagnasett	0			X2
	8545.9009 - - Annars	0			

Viðauki I við lög um vörugjald

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 6% vörugjald:

4011.1000	4012.1000	4013.9000
4011.2000	4012.2000	
4011.4000	4012.9000	4016.9922
4011.5000		
4011.9100	4013.1000	
4011.9900	4013.2000	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 9% vörugjald:

2523.1000	3212.9001	3814.0002
2523.2100	3212.9009	3814.0009
2523.2900		
2523.3000	3213.1000	3816.0000
2523.9000	3213.9000	
		3823.4000
3208.1001	3214.1001	3823.5000
3208.1002		
3208.1003	3303.0001	3916.1001
3208.1004	3303.0002	3916.2001
3208.1009		3916.9001
3208.2001	3304.1000	
3208.2002	3304.2000	3917.2101
3208.2009	3304.3000	3917.2201
3208.9001	3304.9100	3917.2301
3208.9002	3304.9900	3917.2901
3208.9003		3917.3201
3208.9009	3305.1001	
	3305.1009	3918.1001
3209.1001	3305.2000	3918.1002
3209.1002	3305.3000	3918.9011
3209.1009	3305.9000	3918.9019
3209.9001		3918.9021
3209.9002	3307.1000	3918.9029
3209.9009	3307.2000	
3210.0011	3307.3000	3919.9001
3210.0012	3307.4100	
3210.0019	3307.4900	3920.1002
3210.0021	3307.9002	3920.2001
3210.0029	3307.9009	3920.3001
		3920.4101
3211.0000	3808.2001	3920.4202

3920.5101
3920.5901
3920.6101
3920.6201
3920.6301
3920.6901
3920.7101
3920.7301
3920.7901
3920.9101
3920.9201
3920.9301
3920.9401
3920.9902

3921.1101
3921.1201
3921.1902
3921.9002

3922.1000
3922.2000
3922.9001
3922.9009

4008.1101
4008.2101

4016.9100
4016.9918
4016.9919

4403.1000
4403.2000
4403.3100
4403.3200
4403.3300
4403.3400
4403.3500
4403.9100
4403.9200
4403.9900

4407.1001
4407.2101
4407.2201
4407.2301
4407.9101
4407.9201
4407.9901

4409.1001
4409.2001

4410.1001
4410.9001

4411.1101
4411.1901
4411.2101
4411.2901
4411.3101
4411.3901
4411.9101
4411.9901

4412.1101
4412.1201
4412.1901
4412.2101
4412.2901
4412.9101
4412.9901

4413.0001

4418.3000
4418.5000

4504.1002
4504.1005
4504.9003

4601.2000

4811.1000

4814.1000
4814.2001
4814.2009
4814.3000
4814.9001
4814.9002
4814.9009

4815.0000

4823.9005

5602.9001

5701.1000
5701.9000

5702.1000
5702.2000
5702.3100
5702.3200
5702.3900
5702.4100
5702.4200
5702.4900
5702.5100
5702.5200
5702.5900
5702.9100
5702.9200
5702.9900

5703.1001
5703.1009
5703.2001
5703.2009
5703.3001
5703.3009
5703.9001
5703.9009

5704.1000
5704.9000

5705.0001
5705.0009

5805.0000

5904.1000
5904.9100

5904.9200

5905.0001
5905.0009

6801.0000

6802.1000
6802.2109
6802.2209
6802.2309
6802.2909
6802.9109
6802.9209

6802.9309
6802.9909

6803.0000

6806.1009
6806.2000
6806.9001
6806.9009

6807.1001
6807.9001

6808.0000

6809.1101
6809.1901
6809.9001
6809.9009

6810.1100
6810.1900
6810.9100
6810.9900

6811.1000
6811.2001
6811.9001
6811.9009

6814.1000

6815.9101
6815.9901

6901.0000

6902.1000
6902.2000
6902.9000

6904.1000
6904.9000

6905.1000
6905.9000

6907.1000
6907.9000

6908.1000
6908.9000

6910.1000
6910.9000

7003.1100
7003.1900
7003.2000
7003.3000

7004.1000
7004.9000

7005.1000
7005.2100
7005.2900
7005.3000

7006.0000

7007.1900
7007.2900

7008.0000

7009.9100
7009.9200

7016.1000
7016.9009

7019.3101
7019.3901
7019.9003
7019.9009

7210.2001
7210.3101
7210.3901
7210.4100
7210.5001
7210.6001
7210.7001

7212.2101
7212.2901
7212.3001
7212.4001
7212.5001
7212.6001

7213.1001
7213.2001
7213.3101
7213.3901
7213.4101
7213.4901
7213.5001

7214.2001
7214.3001
7214.4001
7214.5001
7214.6001

7216.9001

7217.1100
7217.1200
7217.1900
7217.2100
7217.2200
7217.2900
7217.3100

7217.3200
7217.3900

7304.1000
7304.2000

7305.1100
7305.1200
7305.1900
7305.2000

7306.1000
7306.2000

7313.0000

7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000

7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000

7417.0000

7418.2000

7419.9904

7606.1101
7606.1201
7606.9101
7606.9201

7615.2000

7616.9009

8407.3100
8407.3200
8407.3300
8407.3400

8408.2000

8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001

8426.1201
8426.1209
8426.1900
8426.2000
8426.3000
8426.4101
8426.4109
8426.4900
8426.9100
8426.9900

8428.1001
8428.4000

8431.3100

8452.1000

8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000

8507.1000
8507.2000
8507.3000
8507.4000
8507.8000
8507.9000

8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901

8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9000

8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000

8537.1009
8537.2000

8538.1000
8538.9000

8544.1100
8544.1900
8544.2000
8544.3000
8544.4100
8544.4900
8544.5100
8544.5900
8544.6000
8544.7000

8706.0009

8707.1000
8707.9000

8708.9200

8714.1100
8714.1900

8716.9002

9007.1100	9405.1009	9405.6009
9007.1900	9405.2001	9405.9101
9007.2100	9405.2009	9405.9109
9007.2900	9405.3000	9405.9201
9007.9100	9405.4001	9405.9202
9007.9200	9405.4009	9405.9209
	9405.5000	9405.9901
9405.1001	9405.6001	9405.9909

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 16% vörugjald:

3701.2000	7007.1101	8511.5000
3701.9109	7007.2101	8511.8000
3701.9909		8511.9000
	7009.1000	
3702.2000		8544.3000
3702.3100	7014.0001	
3702.3200		8545.9001
3702.3909	7315.9001	
3702.4402		8708.1000
3702.5100	7320.1000	8708.2900
3702.5200	7320.2001	8708.3100
3702.5300	7320.9001	8708.3900
3702.5400		8708.4000
3702.5500	8301.2000	8708.5000
3702.5600	8301.4001	8708.6000
3702.9100		8708.7000
3702.9200	8302.1001	8708.8000
3702.9300	8302.3000	8708.9100
3702.9400	8302.4901	8708.9300
3702.9500		8708.9400
	8511.1000	8708.9900
3926.3001	8511.2000	
	8511.3000	8716.9009
4016.9925	8511.4000	

D. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

6702.1000	7321.8200	8302.3000
6702.9000	7321.8300	
	7321.9000	8418.1001
7321.1100		8418.2100
7321.1200	8301.1000	8418.2200
7321.1300	8301.5000	8418.2900
7321.8100		8418.3001

8418.4001
8418.6101
8418.6901

8421.1201
8421.3901

8422.1100

8433.1100
8433.1900

8450.1100
8450.1200
8450.1900
8450.9000

8451.1009
8451.2100
8451.3001
8476.1100
8476.1900
8476.9000

8479.8901

8509.2000
8509.3000
8509.8000
8509.9000

8516.3300
8516.4009
8516.7909
8516.8001

8539.1000
8539.2100
8539.2200
8539.2900
8539.3100
8539.3900
8539.4000
8539.9000

8540.1100
8540.1200
8540.2000
8540.3000
8540.4100
8540.4200
8540.4900
8540.8100
8540.8900
8540.9100
8540.9900

8716.8001
8716.8009

9608.1000
9608.2000
9608.3100
9608.3900
9608.4000
9608.5000
9608.6000
9608.9100
9608.9900

9609.1000
9609.2000
9609.9000

9613.1000
9613.2000
9613.3000
9613.8000
9613.9000

9614.1000
9614.2000
9614.9000

E. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

1701.1100
1701.1200
1701.9101
1701.9102
1701.9103
1701.9104
1701.9105
1701.9106
1701.9107
1701.9109
1701.9901
1701.9902
1701.9903
1701.9904
1701.9905
1701.9906
1701.9907
1701.9909

1702.1000
1702.2000
1702.3001
1702.3002
1702.3009
1702.4001
1702.4002
1702.4009
1702.5000
1702.6000
1702.9001
1702.9002
1702.9003
1702.9004
1702.9009

1703.1001
1703.1002
1703.1009
1703.9001
1703.9009

1704.1000
1704.9001
1704.9002

1704.9003
1704.9004
1704.9005
1704.9009

1805.0001
1805.0009

1806.1000
1806.2001
1806.2009
1806.3101
1806.3109
1806.3201
1806.3202
1806.3203
1806.3209
1806.9003
1806.9004
1806.9005
1806.9006
1806.9009

1905.2000
1905.3011
1905.3019
1905.3091
1905.3099

2009.1101
2009.1109
2009.1901
2009.1909
2009.2001
2009.2009
2009.3001
2009.3009
2009.4001
2009.4009
2009.5001
2009.5009
2009.6001
2009.6009
2009.7001
2009.7009
2009.8001
2009.8009
2009.9001
2009.9009
2106.9011
2106.9019
2106.9021
2106.9022
2106.9029
2106.9041

2201.1000

2202.1001
2202.1009
2202.9001
2202.9009

2203.0001

2204.2101
2204.2901
2204.3000

2206.0000

2208.9009

2209.0000

3003.9001

3004.5004
3004.9004

3302.1002

9301.1000

9302.0000

9303.1000
9303.2000
9303.3000
9303.9009

9304.0000

9305.1000
9305.2100
9305.2900
9305.9000

9306.1000
9306.2100
9306.2900
9306.3009
9306.9009
9307.0000

F. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

8518.2100
8518.2200
8518.2900
8518.3000
8518.4000
8518.5000
8518.9000

8519.1000
8519.2100
8519.2900
8519.3100
8519.3900
8519.4000
8519.9100
8519.9901
8519.9902
8519.9909

8520.1000
8520.2000
8520.3100
8520.3900
8520.9001
8520.9009

8521.1021
8521.1029

8521.9021
8521.9029

8522.1000
8522.9000

8527.1101
8527.1102
8527.1109
8527.1900
8527.2101
8527.2102
8527.2109
8527.2900
8527.3101
8527.3102
8527.3109
8527.3200
8527.3900
8527.9009

8528.1002
8528.1009
8528.2009

8529.1009
8529.9002
8529.9003
8529.9009

8543.8001
8543.9001

28. Frumvarp til laga [27. mál]

um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði og gjaldskylda.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af vélknúnum ökutækjum sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, öðrum ökutækjum, vörum, svo sem nánar greinir í lögum þessum, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og eldsneyti, sbr. 27. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, eftir því sem segir í lögum þessum.

Gjaldskylda.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, sbr. 1. gr., nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða settar eru saman hér á landi. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um flokkun vara jafnframt um vörugjald.

II. KAFLI
Vörugjald af ökutækjum.

Gjaldflokkar ökutækja.

3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal vörugjald lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd þess eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Eigin þyngd í kg	Slagrými	Gjald í %
I	0 - 700	0–1.000	26
II	701 - 800	1.001–1.300	34
III	801 - 900	1.301–1.600	41
IV	901–1.100	1.601–2.000	48
V	1.101–1.300	2.001–2.300	60
VI	1.301–1.500	2.301–3.000	75
VII	yfir 1.500	yfir 3.000	87

Ef tveir framangreindra flokka koma til álita við ákvörðun gjaldskyldu skal miðað við lægri gjaldflokkinn. Með „eigin þyngd“ er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skilgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles - Weights - Vocabulary (tölul. 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m.a.

með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

Af ökutækjum, sem knúin eru rafhreyfli, skal greiða vörugjald samkvæmt flokkun eftir þyngd, sbr. 1. mgr.

4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

15% vörugjald:

Tengivagnar og festivagnar, til vöruflutninga, íbúðar eða ferðalaga, sem ekki eru vélknúnir, og yfirbyggingar á þá.

Kranabifreiðar og borkranabifreiðar.

Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.

Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.

Hópferðabifreiðar fyrir 30 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.

30% vörugjald:

Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.

Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og skráð eru fyrir 11 til 29 farþega að meðtöldum ökumanni.

Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga.

Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.

70% vörugjald:

Bifhjól, þar með talin stigin bifhjól, og reiðhjól með hjálparvél.

Beltabifhjól (vélsleðar).

90% vörugjald:

Fjórhjól.

5. gr.

Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa og sendiræðismanna eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt kafla þessum sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður gjald samkvæmt þessum kafla á þau ökutæki sem hér greinir:

1. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
2. Ökutæki á beltum yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætluð til aksturs í snjó.
3. Slökkvibifreiðar, snjóplógar.
4. Sjúkrabifreiðar.
5. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
6. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.

Innflutt ökutæki.

6. gr.

Þegar ökutæki er innflutt skal innflytjandi þess afhenda viðkomandi tollyfirvaldi með aðflutningsskýrslu staðfestingu um forskráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd þess og stærð aflvélar þess.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu gilda eftir því sem við getur átt um gjald af vörum samkvæmt þessum kafla laganna.

Innlend framleiðsla, samsetning og aðvinnsla.

8. gr.

Breytist ökutæki við aðvinnslu áður en það er skráð samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skal sá er aðvinnsluna framkvæmir skila gjaldi af ökutækinu í samræmi við þann gjaldflokk er ökutækið fellur í eftir aðvinnslu og breyttan gjaldstofn, sbr. 20. gr.

Heimilt er gjaldanda að draga frá greiðslu skv. 1. mgr. það vörugjald sem hann hefur þegar greitt af ökutækinu og efnivörum í það.

9. gr.

Eigandi ökutækis, sem skráð hefur verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skal greiða viðbótarvörugjald sé ökutæki svo breytt eftir aðvinnslu eða endurnýjun að það flokkist eftir breytingu í hærri gjaldflokk en það gerði við upphaflega skráningu þess eigi breytingin sér stað innan fimm ára frá upphaflegum skráningardegi. Hlutfall viðbótargjaldsins skal vera munur á þeim gjaldflokki sem ökutækið hefði flokkast í óbreytt og þeim gjaldflokki sem ökutækið fellur í eftir breytinguna og skal útreikningurinn miðast við gjaldflokkana eins og þeir eru þegar viðbótarvörugjaldið gjaldfellur.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Tollstjóri getur krafist þess að gjaldskyldir aðilar leggi fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um eigin þyngd þess og stærð sprengirýmis aflvélar þess eða samsvarandi upplýsingar innlends aðila sem annast hefur aðvinnslu eða breytingar á ökutækinu.

11. gr.

Óheimilt er að skrásetja ökutæki sem gjaldskylt er samkvæmt lögum þessum fyrr en gjald samkvæmt lögum þessum hefur verið greitt.

Lögreglustjóri eða Bifreiðaskoðun Íslands skulu ganga úr skugga um það við skráningu ökutækis að gjald skv. II. kafla hafi verið greitt af viðkomandi ökutæki. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal synjað um skráningu og viðkomandi tollstjóra þegar tilkynnt um það.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð að ökutæki, sem falla undir lög þessi og ekki eru ætluð til einkanota eða undanþegin eru gjaldi samkvæmt lögum þessum, verði auðkennd sérstaklega.

III. KAFLI
Vörugjöld af eldsneyti.

Almennt vörugjald af eldsneyti.

13. gr.

Af bensíni skal greiða 50% vörugjald.

Sérstakt vörugjald af eldsneyti.

14. gr.

Auk vörugjalds skv. 13. gr. skal greiða sérstakt vörugjald — bensíngjald — af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 21,78 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 23,82 kr. af hverjum lítra.

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

15. gr.

Bensíngjald skv. 14. gr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka bensíngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti bensíngjalds er miðaður við vísitölu 1. febrúar 1990, þ.e. 164,9 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir sem hafa bensín til umráða, er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

16. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fella niður eða að ákveða endurgreiðslu á gjöldum skv. 13. gr. og 14. gr. af bensíni ef sönnur eru færðar á að það hafi verið notað eða verði notað á flugvélar.

IV. KAFLI
Gjaldskyldir aðilar, gjaldstofn og gjalddagar.

17. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, vinna að þeim eða setja þær saman hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi, þar sem þeir eru heimilisfastir, gjald það sem þeim ber að standa skil á.

Gjaldstofn.

18. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–12. gr. tollalaga, nr. 55/1987, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

19. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af gjaldskyldum vörum, sem framleiddar eru, unnið er að eða settar eru saman hér á landi, er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð framleiðanda þeirra án vörugjalds til óháðs aðila, sbr. 8. gr. tollalaga. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð skal tollstjóri meta það. Skal við matið höfð

hliðsjón af tollverði hliðstæðrar innfluttrar vöru eða framleiðsluverði hliðstæðrar vöru sem framleidd er hérlendis.

20. gr.

Gjaldstofn ökutækis, sem framkvæmd hefur verið breyting á eða unnið hefur verið að, sbr. 9. og 10. gr., skal vera verðmæti ökutækis eftir breytingu eða aðvinnslu.

Sé erfiðleikum bundið að finna verðmæti ökutækis skv. 1. mgr. skal tollstjóri áætla það, sbr. 19. gr.

Gjalddagar.

21. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu. Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum, sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. skal vörugjald af skráningarskyldum ökutækjum, sem flutt eru inn af þeim sem stunda innflutning þeirra í atvinnuskyni, greitt við sölu þess frá slíkum aðila. Gjaldið skal þó ætíð vera greitt áður en skráning ökutækis fer fram.

23. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu bensíngjalds er miðast við sölu birgða.

V. KAFLI
Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

24. gr.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

25. gr.

Heimilt er að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið samkvæmt lögum þessum. Reynist vera um brot að ræða er heimilt að taka skráningarmerki af ökutækinu til varðveislu.

26. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðrar framkvæmdir varðandi gjald skv. 1. gr. skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, og laga nr. 97/1987, um vörugjald, eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Breyting á skráningarskyldu frá því sem nú er ákveðið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, hefur ekki áhrif á gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lagaákvæði o.fl.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

29. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, og eftirtalin ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, breytast sem hér segir:

1. 1. gr., 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. laganna falla brott.
2. Í stað orðanna „Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. kemur orðið: Þungaskattur.
3. Orðið „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. fellur brott.
4. 2. og 3. mgr. 6. gr. falla brott.
5. Orðin „bensíngjalds og“ í 1. málsl. 8. gr. falla brott.
6. 2. málsl. 8. gr. fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Í II. hluta þess samnings er fjallað um frjálsa vöruflutninga innan EES. Hann felur í sér að aðildarþjóðir samningsins skuldbinda sig til þess að afnema tæknilegar hindranir innan svæðisins á þeim vörum sem samningurinn tekur til og að sköttum verði ekki beitt með þeim hætti að þeir hindri frjálst vöruflæði. Aðalákvæðin sem þetta varða og snerta skatta er að finna í 10. gr. og 14. gr. samningsins. Taka þau til vöruliða í 25.–97. kafla vörulýsingar- og vörunúmeraskrár (tollskrár), þ.e. iðnaðarvara og einstakra annarra vöruliða, einkum vara úr landbúnaðarafurðum, sem fjallað er um í bókunum 2 og 3 með samningnum og um gilda sérstakar reglur. Þær greinar samningsins, sem vísað er til hér að framan, eru svohljóðandi:

„10. gr.

Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla.“

„14. gr.

Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innan lands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar vörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.“

Eins og greinar þessar bera með sér leggur samningurinn þær kvaðir á samningsaðila að leggja ekki á tolla eða skatta sem brjóta gegn því grundvallarmarkmiði að koma

á frjálsum vöruflutningum. Að öðru leyti mælir hann ekki fyrir um skattlagningarreglur og er það í samræmi við það að innan EB og að sjálfsögðu einnig innan EFTA er skattlagning að fullu í höndum hvers og eins aðildarríkis og verður henni ekki breytt með sameiginlegum ákvörðunum.

Hvað tolla og skatta varðar er meginatriði tilvitnaðra greina að jafnræði ríki milli samkeppnisaðila og að ekki skipti máli við gjaldtöku frá hvaða landi vara kemur. Það þýðir að Ísland þarf að leggja niður innflutningstolla og önnur gjöld sem leggjast á innflutning sérstaklega.

Samningurinn hindrar það ekki að í stað tolla og innflutningsgjalda verði tekin upp gjöld sem leggjast jafnt á innflutning og innlenda framleiðslu. Slík gjöld eru kölluð vörugjöld og hafa þegar verið tekin upp á fjölmarga vöruliði sem ekki er heimilt að leggja toll á við innflutning frá EFTA- og EB-löndunum séu vörur þessar einnig framleiddar hér á landi.

Samkvæmt gildandi tollalögum er heimilt að fella niður tolla í samræmi við þá fríverslunarsamninga sem Ísland gerist aðili að. Jafnframt niðurfellingunni er heimilt að lækka tolla á innflutningi frá löndum, sem Ísland hefur ekki gert fríverslunarsamning við, í 10% á unnum vörum og í 5% á hráefni. Niðurfelling tolla mun leiða til mismunar í samkeppnisaðstöðu milli vöru frá þeim löndum sem eru aðilar að fríverslunarsamningi og hinna sem eru það ekki nema tollar séu einnig felldir af sömu vörum frá þeim.

Í frumvarpi þessu er eingöngu fjallað um gjaldtöku af ökutækjum og tengdum vörum og eldsneyti. Í öðru frumvarpi, sem lagt er fram samhliða, er fjallað um gjaldtöku af öðrum iðnaðarvörum.

Samkvæmt gildandi lögum er lagður 10% tollur á flestar bifreiðar aðrar en atvinnubifreiðar sem bera yfirleitt 30% tolla. Á fólksbifreiðar er hins vegar einnig lagt sérstakt innflutningsgjald, sem tekur mið af þyngd bifreiðar og vélastærð, og er 16% til 77%. Af eldsneyti er einungis lagður tollur á bensín, 50%, en á það er einnig lagt sérstakt innflutningsgjald samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Í frumvarpi þessu er miðað við eftirfarandi:

— að gjaldtaka af þeim vörum sem það tekur til verði óbreytt bæði í heild og gagnvart einstökum vörum,

— að ekki verði gerður mismunur á gjaldtöku eftir því hvort varan er flutt inn frá EES-löndunum eða annars staðar frá,

— að ekki verði breytt þeim tekjum af bensíni sem fara til vegagerðar.

Í samræmi við þessi markmið er í frumvarpinu gengið út frá því að felldir verði niður allir tollar af þeim vörum sem það tekur til. Ákvæði þess efnis eru í öðru frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, sbr. framangreint, og fjallar m.a. um allar breytingar sem gera þarf á tollalögum.

Þá felur frumvarpið í sér að núverandi bifreiðatollur og sérstakt aðflutningsgjald á bifreiðar verður sameinað í vörugjald á bifreiðar. Hvað eldsneyti varðar er lagt til að í stað tolls á bensín komi jafnhátt vörugjald og í stað hins sérstaka innflutningsgjalds á bensín komi sérstakt vörugjald, bensíngjald, sem eftir sem áður verði hluti af fjáröflun til vegagerðar.

Við undirbúning að lögfestingu ákvæða varðandi þá vöru, sem frumvarp þetta fjallar um, kom til álita að fella gjaldtökuákvæði inn í núgildandi lög um vörugjald. Frá því var þó horfið og ákveðið að flytja sérstaklega frumvarp til laga um vörugjald á ökutæki og eldsneyti. Ástæðurnar eru nokkrar. Í fyrsta lagi er hér um að ræða stóra og sértæka veruflokka sem um margt eru frábrugðnir almennri iðnaðarvöru. Í öðru lagi eru gjald-

flokkar núgildandi vörugjaldslaga miðaðir við tiltekin tollnúmer en hvað bifreiðar varðar er nauðsynlegt að miða gjaldtöku við aðra flokkun eins og gert er í frumvarpi þessu. Í þriðja lagi falla vörur þessar illa að þeirri skilgreiningu gjaldstofns sem notuð er í vörugjaldslögum, þ.e. heildsöluverði, sem er áætlað hvað innflutning varðar. Í fjórða lagi kalla vörur þessar, einkum bifreiðar, á ýmis sértæk framkvæmdaákvæði einkum hvað snertir gjöld af bifreiðum.

Niðurstaðan varð því sú að flytja sérstakt frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti. Auk ýmissa framkvæmdaákvæða og flokkunarreglna er það frábrugðið almennu vörugjaldslögunum í því að gjaldstofn innfluttrar vöru er innfluttningsverð hennar en gjaldstofn innlendrar vöru er framleiðslu- eða verksmiðjuverð hennar en í almennu vörugjaldslögunum er gjaldstofn innfluttrar vöru tollverð hennar að viðbættum tolli og áætluðu 25% heildsöluálagi. Gjaldstofn innlendrar vöru er þar heildsöluverð hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um gildissvið laganna. Vörugjald þetta kemur í stað tolla og annarra aðflutningsgjalda sem í dag eru innheimt af þeim vörum sem undir lögin falla.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að gjaldskylda taki jafnt til allrar vöru hvort sem hún er innflutt eða ekki. Enn fremur að um álitamál varðandi gjaldskyldu verði fjallað með sama hætti og um tolla.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um þá gjaldflokka sem fólksbifreiðar falla undir og hvað ráði þeirri flokkun. Í 3. mgr. greinarinnar er lagt vörugjald á rafbíla sem áður voru undanþegnir gjaldinu en í 2. mgr. 5. gr. er hins vegar heimild til að undanþiggja þessar bifreiðar gjaldinu séu þær fluttar inn eða framleiddar í tilraunaskyni. Í áðurgreindu ákvæði 2. mgr. 5. gr. er einnig heimild til að undanþiggja önnur ökutæki undir þessum vörulið ef ástæða er til. Að öðru leyti er ekki um breytingu á gjaldtöku á ökutækjum að ræða.

Um 4. gr.

Í greininni eru talin upp þau vélknúnu ökutæki og fylgihlutir sem bera skulu vörugjald og ekki eru talin upp í 3. gr. Ekki er um að ræða breytingu á gjaldtöku af ökutækjum frá því sem nú er að öðru leyti en því að tengivagnar, sem báru 10% toll ef þeir voru til íbúðar eða ferðalaga en 30% ella, eru allir færðir í sama gjaldflokk, 15%. Grindur með hreyfli einnig eru settar í sama gjaldflokk en grindur fyrir almennings- og vörubifreiðar voru með 30% tolli. Samkvæmt greininni leggst gjaldið á öll ökutæki o.fl. sem þar eru talin upp en þau ökutæki, sem í dag eru undanþegin gjaldi, er heimilt að undanþiggja skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin felur í sér undanþágur frá hinni almennu reglu um gjaldskyldu vélknúinna ökutækja. Í 1. mgr. er bein undanþága varðandi ökutæki erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa, sendiræðismanna, alþjóðasamtaka og -stofnana sem hér eru að því tilskildu að skylt sé samkvæmt milliríkjasamningum að undanþiggja þessi ökutæki. Í 2. mgr. er

hins vegar um að ræða heimild til handa fjármálaráðherra að lækka eða fella niður gjald samkvæmt kafla þessum af tilteknum sérhæfðum ökutækjum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Tilvitnuð grein tollalaganna kveður á um ýmsar undanþágur frá gjaldskyldu við innflutning og gildir hún því um vörugjald samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á. Fyrst og fremst er um að ræða ýmis tilvik vegna tímabundins innflutnings.

Um 8. gr.

Greinin tekur til ökutækja eða hluta úr þeim sem ekki hafa verið skráð, svo sem bifreiðagrinda sem síðan er unnið við þannig að úr verði skráningarskylt ökutæki. Miðast endanleg gjaldskylda við eðli ökutækisins og verð þess að aðvinnslu lokinni. Í 2. mgr. greinarinnar felst heimild til handa framleiðanda að draga frá það vörugjald sem hann hefur þegar greitt af aðföngum til viðkomandi ökutækis.

Um 9. gr.

Þessari grein er ætlað að taka til þeirra ökutækja sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, og hafa verið skráð og notuð í samræmi við skráninguna. Sé slíku ökutæki síðan breytt, t.d. sendibíl breytt í fólksbíl, á samkvæmt greininni að greiða vörugjald í samræmi við mismun gjaldhlutfalla ef breyting þessi er gerð innan fimm ára frá upphaflegri skráningu.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni er Bifreiðaskoðun Íslands og lögreglu óheimilt að skrá ökutæki nema gjald samkvæmt lögum þessum hafi verið greitt af því. Einnig felst í greininni skylda fyrir viðkomandi að tilkynna það tollyfirvöldum sé gjald ógreitt þegar ökutæki er fært til skoðunar.

Um 12. gr.

Í greininni er heimild til handa ráðherra að ákveða að ökutæki, sem ekki eru ætluð til einkanota, verði auðkennd sérstaklega. Hér er um að ræða bifreiðar sem fluttar eru inn í atvinnuskyni einhvers konar eða njóta gjaldaívilnana. Slíku auðkenni er ætlað að auðvelda eftirlit með þessum ökutækjum og gæti einnig stuðlað að bættu eftirliti með virðisaukaskatti.

Um 13. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að greiða skuli vörugjald af bensíni. Samkvæmt tollalögum í dag er lagður 50% tollur á bensín. Þar sem gert er ráð fyrir að gjaldstofn vegna álagningar vörugjalds verði sá sami og gildir um álagningu tolls í dag munu tekjur ríkissjóðs verða óbreyttar þrátt fyrir að tollur falli niður og í stað hans verði lagt á vörugjald.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að greiða skuli sérstakt vörugjald, bensíngjald, af bensíni. Þetta bensíngjald er eins og það bensíngjald sem í dag er lagt á samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, að öðru leyti en því að það er ekki innflutningsgjald og mundi því leggjast á innlent bensín væri það til. Í 2. mgr. er kveðið á um það að tekjum af þessu gjaldi skuli einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun en samsvarandi ákvæði er í lögunum um fjáröflun til vegagerðar að því er varðar bensíngjald sem innheimt er samkvæmt þeim lögum.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein er kveðið á um það að heimilt sé að hækka bensíngjald í samræmi við hækkun sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er lagt til að gjaldið verði miðað við vísitölu byggingarkostnaðar er í gildi var í febrúar 1990. Þetta er gert vegna þess að heimild til hækkunar á bensíngjaldi hefur ekki verið fullnýtt og er gjaldið nú í samræmi við það vísitölustig sem tilgreint er í frumvarpinu. Með þessu er gert ráð fyrir að heimild til hækkunar á bensíngjaldi sé óbreytt að því er varðar blýlaust bensín frá ákvæðum gildandi laga, þ.e. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Þetta felur jafnframt í sér að heimild til að hækka verð á blýbensíni verður nokkru rýmri en hún er nú.

Um 16. gr.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er lagt til að 50% vörugjald leggist á allt bensín. Jafnframt er í 14. gr. frumvarpsins lagt til að bensíngjald leggist á allt bensín. Ekki er nú lagður tollur né bensíngjald á bensín sem notað er á flugvélar (flugvélabensín). Er því lagt til að heimilt verði að fella niður vörugjöld af bensíni sem notað er á flugvélar. Flugvélabensín, sem notað kann að vera í öðrum tilgangi, t.d. til að knýja bíla, verður hins vegar gjaldskylt.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um hverjir séu gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum og hvar þeim beri að greiða gjaldið. Gjaldskyldir eru allir innflytjendur, framleiðendur og aðvinnsluaðilar gjaldskyldrar vöru og innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi gjaldskylds aðila annast innheimtuna.

Um 18., 19. og 20. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum. Er hann hinn sami og notaður hefur verið við ákvörðun vörugjalds á aðrar vörur að því frátöldu að vörugjald samkvæmt þessum lögum er lagt á innflutningsverð eða verksmiðjuverð en ekki heildsöluverð.

Um 21. gr.

Hér kemur fram almenna reglan um gjalddaga vörugjalds, annars vegar af innfluttum vörum og hins vegar innlendum vörum sem framleiddar eru hér eða hlotið hafa aðvinnslu. Eru þeir hinir sömu og gilt hefur um vörugjöld hingað til. Í 22. og 23. gr. eru sérákvæði um bifreiðar og bensín.

Um 22. gr.

Greinin tekur til þeirra sem stunda innflutning ökutækis o.fl. í atvinnuskyni og eru skráðir sem slíkir. Gjalddagi vörugjalds hjá þeim aðilum er við sölu ökutækis en þó aldrei síðar en við skráningu þess. Þetta er sami gjalddagi og gildir um innlenda framleiðendur eða aðvinnsluaðila skráningarskyldra ökutækja. Breyting þessi á ekki að hafa veruleg áhrif á innstreymi tekna ríkissjóðs þar sem tollafgreiðsla og greiðsla fer nú yfirleitt ekki fram nema fáum dögum fyrir skráningu. Breytingin getur á hinn bóginn auðveldað og einfaldað framkvæmd fyrir tollyfirvöld og innflytjendur og gert ýmsar sérreglur, svo sem um ryðvörn og sýningarbíla, óþarfar.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráðherra heimilt að kveða á um gjaldfrest á bensíngjaldi. Í gildandi lögum er samsvarandi heimild.

Um 24. gr.

Til að taka af öll tvímæli er látið koma hér fram að gjald samkvæmt lögum þessum myndar gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Um 25. gr.

Hér er heimild til að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar svo ganga megi úr skugga um að gjald hafi verið greitt í samræmi við lög þessi, svo og til þess að taka af því skráningarmerki hafi gjaldið ekki verið greitt.

Um 26. gr.

Ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, og laga um vörugjald, nr. 97/1987, gilda um vörur samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt. Breyting á skráningarskyldu samkvæmt umferðarlögum hefur ekki sjálfkrafa áhrif á gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

Um 27. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa ráðherra að setja nánari fyrirmæli að því er varðar framkvæmd laganna og er gert ráð fyrir að svo verði gert m.a. til að skilgreina nánar flokkunarreglur, ákveða frekar hvernig gjaldtaka af ökutækjum verður framkvæmd o.fl.

Um 28. og 29. gr.

Þessar greinar kveða á um gildistöku laganna og brottfall eldri laga og skýra sig sjálfar.

29. Frumvarp til laga [28. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði leiguaksturs með vörur og farþega að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði fólksflutninga með langferðabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

3. gr.

Siglingalög, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli. Breytist númeraröð gildandi XVI. kafla og greina hans til samræmis við það. Hinn nýi kafli orðast svo:

XVI. KAFLI

Um aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

243. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði siglingalaga að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

4. gr.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, með síðari breytingum.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

5. gr.

Lög um leiðsögu skipa, nr. 48/1933.

1. Við 1. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.
2. Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli. Hinn nýi kafli orðast svo:

VI. kafli

Um aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

28. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um leiðsögu skipa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Hafnalög, nr. 69/1984, með síðari breytingum.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Vegalög, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Á eftir 6. gr. laganna bætist við ný grein, 6. a, sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði vegamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

8. gr.

Lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

1. Á eftir c-lið 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við nýr málsliður er orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um heimilisfesti á Íslandi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

2. Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um veitinga- og gististaði að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

9. gr.

Lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

1. Við b-lið 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um ríkisfang á Íslandi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.
2. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag ferðamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

10. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Á eftir 2. málsl. 1. gr. laganna bætist við nýr málsliður er orðast svo: Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

II. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennar athugasemdir.

Segja má að lykilorðin í stefnu Evrópubandalagsins í flutningamálum séu frelsi og samræming sem byggist á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Frelsi til að láta í té þjónustu.
2. Afnámi hindrana í vegi frjálsrar samkeppni.
3. Afnámi ríkisstyrkja, eflingu öryggis og mengunarvarna.
4. Almennum reglum Rómarsáttmálans um samkeppni, rétti til stofnunar fyrirtækja o.s.frv.
5. Samræmingu á gildandi stefnu aðildarríkja í flutningamálum.

Flutningamál gegna mikilvægu hlutverki í mótun hins innri markaðar Evrópu. Markmiðið er að skapa bestu hugsanlegu skilyrði svo að samgöngur með farþega og vörur verði án mikilla hindrana í bandalaginu og myndun hins innri markaðar verði þannig auðvelduð.

Með því að samþykkja ýmsar mikilvægar reglur EB á sviði flutningamála sem hluta af EES-samningnum hafa EFTA-ríkin samþykkt að laga hluta löggjafar sinnar að hinni sameiginlegu flutningastefnu EB. Rétt er að taka fram að ákvæði samningsins hér að lútandi gilda fyrst og fremst um alþjóðlega flutningastarfsemi en ekki um innanlandsflutninga. Aðildarríkjum samningsins verður því áfram heimilað að móta eigin stefnu í innanlandsflutningum, en þau mega þó ekki mismuna fólki og fyrirtækjum sökum þjóðernisskrafna. Gildandi íslenskri löggjöf og stefnumörkun í samgöngumálum verður því ekki breytt af því tilefni, en öðru máli getur gegnt um ýmis samræmingaratriði, t.d. um gerð og búnað bifreiða, ökuskírteini o.fl.

2. Um heimildarákvæði vegna gerða EES-samningsins á sviði flutninga.

Í III. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 6. kafla, eru ákvæði um flutningastarfsemi (47.–52. gr.). Um ákvarðanatöku og eftirlit með framkvæmd samningsins, þar á meðal á sviði samgöngumála, eru ákvæði í 2. kafla VII. hluta samningsins (97. gr. – 111. gr.). Til nánari skýringar er vísað til almennu greinargerðarinnar með frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Þær bókanir EES-samningsins, er tengjast flutningastarfsemi, eru eftirfarandi:

1. bókun — um almenna aðlögun.
19. bókun — um flutninga á sjó.
20. bókun — um aðgang að skipgengum vatnaleiðum.
37. bókun — um skrá sem getið er í 101. gr. samningsins. Þar er kveðið á um samstarf sérfræðinga EFTA-ríkjanna í sérstakri nefnd um samgöngumannvirki líkt og Evrópubandalagið kom á fót með sérfræðingum frá aðildarríkjum þess með ákvörðun ráðsins 78/194/EBE.

43. og 44. bókun sem kveða á um sérstaka samninga Evrópubandalagsins við Austurríki annars vegar og Sviss hins vegar.

XIII. viðauki EES-samningsins fjallar um flutningastarfsemi. Þar eru taldar allar þær gerðir eða samþykktir Evrópubandalagsins er lúta beint að flutningastarfsemi og ætlast er til með EES-samningnum að lögfestar verði hér á landi með beinum eða óbeinum hætti. Langstærstur hluti gerða XIII. viðaukans fjallar um flutninga á landi og vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Íslensk flutningafyrirtæki starfa takmarkað á sumum þeim sviðum og hefur því gildistaka gerðanna ekki mikla raunhæfa þýðingu hér á landi. Þó eru gerðir á sviði landflutninga sem hafa munu áhrif hér. Hér er einkum um að ræða gerðir er miða að samræmingu á stöðlum og öðrum kröfum, t.d. kröfur til flutningstækja á sviði tæknistaðla og öryggis, reglur um vinnuvernd, aðgang að flutningamarkaði o.fl.

Gerðir XIII. viðauka á sviði sjóflutninga lúta fyrst og fremst að rekstri kaupskipaútgerðarinnar. Opinber afskipti af sjóflutningum hafa verið lítil og er meginreglan þar frelsi til siglinga, þ.e. án afskipta ríkisvaldsins. Stefnumótun EB miðast að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar aðildarríkja undir eigin þjóðfána og auka hlutdeild EB-ríkjanna í alþjóðlegri kaupskipaútgerð.

Um ferðamál er fjallað í VI. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, „samvinna utan marka fjórþætta frelsisins“, einkum í 78. og 79. gr. Einnig er í 8. gr. 31. bókunar við samninginn fjallað um nánari samvinnu og aðgerðir á sviði ferðamála.

Í VII. viðauka samningsins er fjallað um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Til að mynda er í G-lið, 38. tölul. þess viðauka, fjallað um aðgerðir á sviði ferðamála. Í I-lið, 43. tölul. sama viðauka, er fjallað um samvinnu og aðgerðir er varða rekstur veitinga- og gististaða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði heimild til að setja þær reglur á sviði samgöngu- og ferðamála sem kveðið er á um í VII. og XIII. viðauka EES-samningsins og ekki verður skipað í önnur lög. Hér er átt við þær gerðir sem hvorki brjóta í bága við gildandi lög né falla beint undir önnur heimildarákvæði laganna. Þykir því nauðsynlegt að lögbinda sérstakar heimildir til reglugerðarsetningar á sviði flutninga- og ferðamála á gildissviði EES-samningsins.

Öðru máli gegnir um ýmsar aðrar gerðir viðaukans sem annaðhvort brjóta í bága við gildandi lög eða eru þess eðlis að rétt þykir að setja í lög efnisatriði hlutaðeigandi gerðar.

3. Lagabreytingar sem varða ríkisfang og búsetu.

Meginregla samningsins um Evrópskt efnahagssvæði um jafnræði ríkisborgara svæðisríkja er lögfest í 1. og 2. kafla III. hluta samningsins. Í 1. kafla er fjallað um launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga og í 2. kafla um fyrirtæki (staðfesturéttur). Á sviði samgöngumála þarf að breyta eftirfarandi lagaákvæðum er varða ríkisfang og búsetuskilyrði vegna ákvæða samningsins:

Lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, 2. gr.

Lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum, 15. gr.

Lögum um leiðsögu skipa, nr. 48/1933, 3. gr.

Lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Ákvæðum laga um loftferðir hér að lútandi verður breytt við heildarendurskoðun laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði leiguaksturs með vörur og farþega og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er um að ræða I. kafla viðaukans, um flutninga á landi, en þó einkum II. kafla er fjallar um flutning á vegum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði fólksflutninga með langferðabifreiðum og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er um að ræða I. kafla viðaukans, um flutninga á landi, en þó einkum II. kafla er fjallar um flutning á vegum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði siglingalaga og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er um að ræða V. kafla viðaukans, um flutninga á sjó.

Núgildandi siglingalög eru nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986, nr. 19/1991 (64. tölul. 194. gr.) og 82. gr. laga nr. 92/1991.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast eftirliti með skipum og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er um að ræða V. kafla viðaukans, um flutninga á sjó.

Núgildandi lög um eftirlit með skipum eru nr. 51/1987, sbr. 67. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991.

Um 5. gr.

Ákvæði um ríkisfang leiðir af skuldbindingum í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði varðandi jafnræði borgara svæðisríkjanna og þarfnast ekki nánari skýringar.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast leiðsögu skipa og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er um að ræða V. kafla viðaukans, um flutninga á sjó.

Núgildandi lög um leiðsögu skipa eru nr. 48/1933.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði hafnalaga og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins. Hér er aðallega um að ræða I. kafla viðaukans, um flutninga á landi, en einnig V. kafla viðaukans, um flutninga á sjó.

Núgildandi hafnalög eru nr. 69/1984, sbr. 68. og 69. gr. laga nr. 108/1988, sbr. 29.–32. gr. og 54. gr. laga nr. 1/1992.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði vegalaga og um er getið í XIII. viðauka EES-samningsins, einkum I. kafla hans, um flutninga á landi. Einnig er vísað til 101. gr. EES-samningsins og 37. bókunar en þar er kveðið á um samstarf sérfræðinga EFTA-ríkjanna í sérstakri nefnd um samgöngumannvirki líkt og Evrópubandalagið kom á fót með sérfræðingum frá aðildarríkjum þess með ákvörðun ráðsins 78/194/EBE.

Núgildandi vegalög eru nr. 6/1977, sbr. lög nr. 30/1983, nr. 38/1983, nr. 55/1988, 67. gr. laga nr. 108/1988 og 72.–73. gr. laga nr. 87/1989.

Um 8. gr.

Ákvæði um búsetu leiðir af skuldbindingum í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði varðandi jafnræði borgara svæðisríkjanna og þarfnast ekki nánari skýringar. Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast rekstri veitinga- og gististaða og um er getið í almennum inngangi frumvarps þessa.

Núgildandi lög um veitinga- og gististaði eru nr. 67/1985.

Um 9. gr.

Ákvæði um ríkisfang leiðir af skuldbindingum í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði varðandi jafnræði borgara svæðisríkjanna og þarfnast ekki nánari skýringar.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins er tengjast sviði ferðamála og um er getið í almennum inngangi frumvarps þessa.

Núgildandi lög um skipulag ferðamála eru nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988, sjá einnig 55. gr. laga nr. 1/1992.

Um 10. gr.

Ákvæði um ríkisfang og búsetu leiðir af skuldbindingum í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði varðandi jafnræði borgara svæðisríkjanna og þarfnast ekki nánari skýringar.

Núgildandi lög um skráningu skipa eru nr. 115/1985, sbr. 15. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 24. gr. laga nr. 23/1991 og 85. gr. laga nr. 92/1991.

Um 11. gr.

Ákvæðið um gildistöku þarfnast ekki skýringar.

30. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [29. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson,
Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ragnar Arnalds.

21. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu alþingismanna greiði því atkvæði.

Greinargerð.

Við athugun á samningi um Evrópskt efnahagssvæði hefur umræðan m.a. beinst mjög að því hvort samningurinn, ásamt fylgisamningum, brjóti í bága við íslensk stjórnarskipunarlög. Hafa skoðanir um þetta atriði verið skiptar.

Í því skyni að gefa álit um mál þetta skipaði utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, fjóra lögfræðinga, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Má Stefánsson prófessor og Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra. Þessir sérfræðingar staðfesta að um framsal valds er að ræða en telja stjórnarskrána ekki koma í veg fyrir það, enda sé umrætt vald *„vel afmarkað á takmörkuðu sviði og ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila“*.

Einnig liggja fyrir skrifleg álit Björns Þ. Guðmundssonar, prófessors í stjórnsýslurétti, og dr. Guðmundar Alfreðssonar þjóðréttarfræðings. Þessir sérfræðingar komast hins vegar að þeirri niðurstöðu að stjórnarskráin heimili ekki það framsal valds sem um er að ræða í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Einnig hefur Ragnar Aðalsteinsson, formaður Lögmannafélags Íslands, gagnrýnt niðurstöður sérfræðinga utanríkisráðherra og lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni.

Álit umræddra lögfræðinga verða ekki rakin hér nánar. Skriflegu álitsgerðirnar fylgja hins vegar með þessari greinargerð sem viðaukar.

Umræðan snýst einkum um tvær greinar stjórnarskrárinnar, 2. og 21. gr.

2. gr. stjórnarskrárinnar fjallar um skiptingu ríkisvalds. Þar segir:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Hvorki í þessari grein né í öðrum greinum stjórnarskrárinnar er þess getið að fela megi erlendum stofnunum það vald sem um er fjallað í þessari grein. Nefnd utanríkisráðherra telur að það beri alls ekki að túlka svo að ekki megi fela erlendum stofnunum hluta af því valdi sem hér um ræðir. Nefndin segir:

„Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr."

Niðurstaða Björns Þ. Guðmundssonar prófessors og dr. Guðmundar Alfreðssonar gengur hins vegar þvert á niðurstöðu fjórmenninganna. Þeir telja augljóst að 2. gr. stjórnarskrárinnar eigi aðeins við íslenska aðila og hafi þeir sem stjórnarskrána sömdu ekki getað haft annað í huga.

Með 21. gr. stjórnarskrárinnar er forseta heimilað að gera samninga við önnur ríki. Þar segir:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til."

Í þessari grein er framsal á valdi með slíkum samningum hvorki heimilað né bannað. Það er ekki nefnt.

Í fáum orðum má segja að viðurkennt er að um framsal á valdi er að ræða. Nefnd utanríkisráðherra telur að stjórnarskráin banni það ekki og því sé það heimilt ef um *„afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi valdaframsal"* er að ræða.

Björn Þ. Guðmundsson prófessor og dr. Guðmundur Alfreðsson komast hins vegar að þeirri niðurstöðu að þar sem stjórnarskráin heimili ekki framsal valds til erlendra stofnana beri að telja það óheimilt.

Fjölmörg önnur ágreiningsatriði koma fram í greinargerðum lögfræðinganna. Er í því sambandi vísað í greinargerðirnar. Það sem hér er talið verður að nægja til þess að vekja athygli á þeim alvarlegu efasemdum sem upp eru komnar um heimildir í stjórnarskránni til þess að lögfesta þjóðréttarsamninga sem fela í sér eitthvert framsal á valdi. Þetta hlýtur að vera mikið umhugsunarefni í þeim heimi stöðugt nánari samskipta þjóðanna sem við lifum í nú. Þær spurningar hljóta til dæmis að vakna hvort stjórnarskráin heimili að lögfesta mannréttindasamning Evrópuráðsins og þar með talið lögsögu stofnana ráðsins í mannréttindamálum. Í þessu sambandi má einnig nefna væntanlega alþjóðasamninga í umhverfismálum sem ætla má að geri ráð fyrir yfirþjóðlegu valdi ef tilætlaður árangur á að nást á því mjög mikilvæga sviði.

Varla getur í slíkum tilfellum talist viðunandi að álykta sem svo að slíkt framsal valds sé heimilt ef það er afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi. Í raun er engum fært að leggja mat á slíkt fyrir fram. Ákvörðun alþjóðlegrar stofnunar getur verið mjög íþyngjandi fyrir einstaklinginn eða fyrirtækið þótt hún sé það ekki fyrir þjóðfélagið sem heild.

Ekki verður heldur til lengdar við það búið að taka áhættuna af því að Hæstiréttur Íslands úrskurði síðar að lögfesting Alþingis á þjóðréttarsamningi hafi verið óheimil sam-

kvæmt stjórnarskránni. Sá úrskurður mundi í mörgum tilfellum valda ólýsanlegri röskun þar sem allar gjörðir, sem á slíkum samningi hafa byggst, yrðu þar með ógildar. Hvað sem mönnum sýnist um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði eða aðra milliríkjasamninga hlýtur að vera samstaða um að eyða slíkri óvissu eins og frekast er unnt.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa menn áttað sig á þeim staðreyndum sem hér hafa verið raktar og þeim breyttu aðstæðum sem orðnar eru á alþjóðavettvangi síðan stjórnarskrár viðkomandi ríkja voru samdar.

Danska stjórnarskráin heimilar í 20. gr. framsal valds til alþjóðlegra stofnana samkvæmt milliríkjasamningum, enda sé slíkt samþykkt af ⅚ þingmanna þjóðþingsins.

Svipað ákvæði er að finna í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Þar er slíkt heimilað með samþykki ¾ hluta þingmanna. Í þessari grein er það jafnframt áskilið ef um alþjóðlegar stofnanir er að ræða sem Noregur á aðild að.

Í sænsku stjórnarskránni, í 9. gr. 10. kafla, er svipað ákvæði. Þar er áskilið samþykki minnst ¾ hluta þingmanna.

Með því frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að breyta 21. gr. stjórnarskrárinnar þannig að heimilt verði að lögfesta alþjóðlega samninga þótt þeir feli í sér framsal á valdi til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka. Þá yrði hins vegar áskilið að ¾ alþingismanna greiði því atkvæði.

Eins og fyrr segir heimilar 21. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú, forseta lýðveldisins að gera samninga við önnur ríki. Þar segir jafnframt:

„Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til.“

Gert er ráð fyrir að gera þessa setningu fyllri. Í stað orðsins „landhelgi“ er lagt til að komi: *á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu.*

Þá er gert ráð fyrir að bæta við í þá upptalningu sem í setningunni felst orðunum: *framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka.*

Loks er gert ráð fyrir að forseta verði aðeins heimilt að gera slíka samninga ef ¾ alþingismanna hafa greitt þeim atkvæði. Rétt þykir að gera þá kröfu í sambandi við öll þau atriði sem í setningunni felast en ekki aðeins þegar um framsal einhvers hluta ríkisvalds er að ræða þótt ekki sé svo í greininni eins og hún er nú.

Með því að lögfesta umrætt ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins er óvissu eytt og þeirri miklu áhættu sem í því felst að gerð Alþingis verði úrskurðuð ólögmæt.

Fylgiskjal I.

Álit nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES-samninginn.

(6. júlí 1992.)

Hinn 14. apríl 1992 skipaði Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, Gunnar G. Schram prófessor og Stefán Má Stefánsson prófessor ásamt Ólafi W. Stefánssyni skrifstofustjóra, samkvæmt tilnefningu Þorsteins Pálssonar dómsmálaráðherra, "í nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins sem ætlað er að leggja mat á það hvort samningurinn um evrópska efnahagssvæðið, ásamt fylgisamningum, brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög."

Mat nefndarinnar fer hér á eftir.

I. Inngangur.

Þau ákvæði í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem koma aðallega til athugunar í þessu mati, eru 1., 2. og 21. gr.

Í 1. gr. stjórnarskrárinnar segir:
"Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn."

Þetta ákvæði var sett, þegar lýðveldi var stofnað 1944, og kom þá í stað svohljóðandi greinar í stjórnarskránni frá 1920: "Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn." Í sambandslögunum frá 1918 sagði í 1. gr.: "Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung og um samning þann, er felst í þessum sambandslögum." Í stjórnarskránum frá 1920 og 1944 er ekki að finna í upphafsákvæðinu orðið "ríki" og þar er ekki vikið að frelsi og fullveldi. Það getur þó ekki leikið á tveimur tungum, að Ísland er frjálst og fullvalda ríki.

Í því felst, að það er aðili að þjóðarétti og getur tekið á sig skuldbindingar eins og síðar verður lýst. Gildi ríkishugtaksins í stjórnskipunarrétti er umdeilt. Ólafur Jóhannesson notar það þó og segir í riti sínu Stjórnskipun Íslands: "Ríki er mannlegt samfélag, er hefur varanleg yfirráð yfir tilteknu landssvæði, býr við lögbundið skipulag og lýtur stjórn, er sækir vald sitt til samfélagsins sjálfs en eigi til annarra ríkja, enda fari sú stjórn með æðsta vald í landinu, óháð valdhöfum annarra ríkja, að öðru en því, er leiðir af reglum þjóðaréttar." Við teljum litlum vafa bundið, að hugmyndir sem þessar hafi verið forsendur þeirra ákvæða, sem í stjórnarskránni er að finna. Ekki er þó grundvöllur til að telja, að 1. gr. stjórnarskrárinnar hafi sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess álitaefnis, sem okkur er ætlað að fjalla um.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir:

"Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Aðalálitaefnið er hvort samningurinn um evrópska efnahagssvæðið og þeir samningar, sem honum fylgja, fái samrýmst þessu ákvæði.

Ganga verður út frá því, að allt það, sem kalla má löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald, sé í höndum þeirra, sem upp eru taldir. Þetta er eðlileg skýring á orðum greinarinnar, þegar haft er í huga, að orðin eru höfð með greini. Það er einnig eðlileg skýring þegar horft er til venjuhelgaðra hugmynda um þetta atriði.

Kenningin um þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald er gamalgróin og vel þekkt. Handhafar löggjafarvalds setja almennar reglur, handhafar framkvæmdavalds beita þeim og handhafar dómsvalds skera úr réttarágreiningi.

Raunveruleikinn að baki þessu er umdeilanlegur, og meðal lögfræðinga hefur verið reynt að betrumbæta kenninguna, til dæmis með því að skilja "ríkisstjórnarvald" frá framkvæmdavaldi. Þá hefur verið margbent á, að vald til að setja fjárlög sé meira í ætt við framkvæmdavald en löggjafarvald að efni til og fleira hefur verið rætt.

Kenningar þær, sem hér hefur verið vikið að, munu ekki ræddar nánar. Hins vegar er brýnt að benda á, að sú réttarregla, sem felst í 2. gr., er meginregla, sem undantekningar eru frá, svo sem nú mun rakið.

Í þessu sambandi er vert að minna á þá alkunnu staðreynd, að Alþingi framselur hluta af löggjafarvaldinu til handhafa framkvæmdavalds, oftast til ráðherra, með því að heimila eða leggja svo fyrir, að settar séu reglugerðir um tiltekin atriði. Þetta valdframsal er stundum víðtækt. Eru dæmi um þetta svo mörg og þetta svo alkunnugt, að ekki er ástæða til að skýra það frekar. Vafalaust er, að þetta fær samrýmst stjórnarskránni. Í henni er að finna nokkur ákvæði, sem eðlilegt er að skýra svo, að valdframsal sé óheimilt og að Alþingi sjálft verði að setja reglur um það efni, sem um er fjallað. Til dæmis segir í 76. gr.: "Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum." Orðin benda til að reglugerð dugi ekki, þó að hún styðjist við lagaheimild. En dæmi eru engu að síður til þess, að slík stjórnarskrárákvæði hafa ekki verið talin undantekningalaus. Í upphafi 40. gr. segir þannig: "Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum." Hæstiréttur sagði þó í dómi um svonefnt kjarnfóðurgjald: "Það hefur lengi tíðkast í íslenskri löggjöf, að ríkisstjórn eða ráðherra væri veitt heimild til þess að ákveða, hvort innheimta skuli tiltekna skatta. Verður að telja, að nú sé svo komið, að þessi langa og athugasemdalausa venja löggjafans hafi helgað slíka skattheimtu innan vissra marka." (Hrd. 1985:1544).

Þá má benda á, að stundum eru ákvarðanir, sem eftir eðlilegum skilningi á orðum 2. gr. stjórnarskrárinnar ættu að

vera í höndum handhafa framkvæmda- eða dómsvalds, faldar löggjafanum. Til dæmis eru ákvarðanir um vegagerð, sem að efni til eru stjórnsýsluákvarðanir, teknar af Alþingi. Segir um þetta í 10. gr. vegalaga frá 1977, að Alþingi skuli "ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun ..." Kosning í bankaráð og aðrar slíkar nefndir fer einnig fram á Alþingi, þó að ekki sé unnt að telja það löggjafarstarf að efni til.

Loks eru ákvarðanir, sem eðlilegast er að telja dómsathafnir, stundum teknar af öðrum en dómendum. Í stjórnarskránni, 46. gr., segir til dæmis, að Alþingi skeri sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir. Í 15. gr. laga nr. 30/1992 um yfirskattanefnd segir: "Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla." Hér er mikilsvert atriði tekið undan forræði dómstóla.

Við höfum talið rétt að fjalla með nokkrum orðum almennt um 2. gr. stjórnarskrárinnar í því skyni að benda á, að í henni felst meginregla, sem sætir frávikum á grundvelli stjórnarskrárinnar sjálfrar eða samkvæmt venju og dómafordæmum. Síðar í þessu mati víkjum við að því, hvort dæmi séu til þess, að aðrir aðilar en íslenskir geti farið með vald samkvæmt 2. gr.

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir: "Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til."

Í stjórnarskránni frá 1920 var sams konar ákvæði í 17. gr. Var orðalagið eins að öðru leyti en því, að upphafið var þannig: "Konungur gerir samninga við önnur ríki." Í stjórnarskránni frá 1874 er ekkert að finna um samninga við önnur ríki, ekki heldur eftir breytinguna, sem gekk í gildi 1904, enda var stjórnarskráin allt til 1920 um "hin sérstaklegu málefni Íslands" eins og þau

voru tiltekin í "stöðulögunum", sem danska þingið setti 1871. Þar eru sérmál Íslands talin, og eru utanríkismál ekki meðal þeirra.

Þegar sambandslögin höfðu tekið gildi 1. desember 1918 þurfti að setja ríkinu nýja stjórnarskrá, og lagði ríkisstjórnin frumvarp að henni fyrir Alþingi 1919. Í því var ekki vikið að samningum við önnur ríki. Hin svonefnda samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu, sem fjallaði um frumvarpið á þingi, gerði tillögu um það ákvæði, sem síðar varð 17. gr. Framsögumaður nefndarinnar sagði, þegar hann fylgdi breytingartillögunni úr hlaði: "Þetta er viðbót, sem nefndin er ásátt um að bera fram. Það hefir verið skoðun sumra, að konungur gæti afsalað réttindum landsins, án samþykkis Alþingis, og þótti nefndinni nauðsyn til bera að girða fyrir allan vafa um svo mikilvægt atriði." (Alþt. 1919 B 1458).

Fyrir þá athugun, sem hér er gerð grein fyrir, skiptir það máli, hvort í 21. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til að forseti, þ.e. ráðherra í umboði forseta, og Alþingi standi sameiginlega að EES-samningnum og að stjórnarskrárbreyting sé óþörf, þótt talið yrði, ef greinin væri ekki í stjórnarskránni, að stjórnarskrárbreytingar væri þörf. Svarið við þessari spurningu teljum við að sé vafalaust neitandi. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki sjálfstæð og sérstök heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem breyta stjórnarskránni.

Þess má geta, að 21. gr. stjórnarskrárinnar á sér danska fyrirmynd, eins og fleiri ákvæði hennar. Var það ákvæði í dönsku stjórnarskránni frá 1855 til 1915, en var þá breytt. Þó að dönsku reglurnar, einnig þær sem síðan hafa verið í gildi, séu til fróðleiks fyrir Íslendinga, er ekki ástæða til að ræða þær hér, þar sem danskir fræðimenn hafa verið sömu skoðunar um það, sem skiptir máli að því er varðar evrópska efnahagssvæðið, þ.e. að orðin "samninga við önnur ríki" breyti í engu um nauðsyn stjórnarskrárbreytinga, ef efni eru til þeirra eftir öðrum reglum.

Ef samningur er gerður við annað ríki eða við alþjóðastofnun

og gætt er þess, sem í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir, er samningurinn bindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Í því felst, að íslenska ríkið hefur skuldbundið sig gagnvart viðsemjanda sínum eða viðsemjendum að hlíta samningnum og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, jafnvel að breyta stjórnarskrá og lögum ef þörf er á. Þannig er því farið samkvæmt EES-samningnum, enda hefur verið boðað að mörg lagafrumvörp verði lögð fram og að settar verði margar reglugerðir, sem talið er nægja á vissum sviðum. Samningurinn sjálfur gildir ekki sem lög á Íslandi nema hann verði lögfestur, eins og lagt hefur verið til. Þetta viðhorf til alþjóðasamninga (þjóðréttarsamninga), þ.e. að þeir hafi ekki lagagildi nema sett séu sérstök lög um það, byggist hér á landi á fordæmisreglum frá Hæstarétti (sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 5. nóvember 1991 í máli Jökuls hf. gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra). Niðurstaðan er hin sama og í rétti hinna Norðurlandanna, Bretlands og Írlands. Í flestum öðrum ríkjum í Vestur- og Suður-Evrópu og í rétti Evrópubandalagsins fá alþjóðasamningar hins vegar lagagildi þegar þeir hafa verið fullgiltir og þeim verður beitt í dómsmálum, þar sem einstaklingar eða lögpersónur geta verið aðilar. Ef Ísland uppfyllir ekki skuldbindingar, sem það hefur tekist á hendur með alþjóðasamningi, getur það átt á hættu viðbrögð frá viðsemjendum sínum. Fer eftir atvikum hver þau verða.

Í þessum þætti mats okkar hefur verið fjallað um þær þrjár greinar í íslensku stjórnarskránni, sem telja má að skýra þurfi, þegar meta á samninginn um evrópska efnahagssvæðið, fylgisamninga hans og nauðsynlega löggjöf, sem þeim tengist. Huga mætti einnig að nokkrum öðrum greinum.

Þannig segir í 14. gr.: "Ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum." Af þeim lögum, kenningum fræðimanna og eðli máls leiðir, að ráðherrar bera aðeins ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sem þeir hafa framkvæmt, vitað um eða látið viðgangast. Felst því ekki í greininni stjórnskipuleg hindrun varðandi gerð EES-samningsins.

Samningarnir skerða ekki rétt Alþingis til að setja lög eða leggja á skatta (38. gr. og 40. gr. stjórnarskrárinnar) og verður vikið nánar að fyrra atriðinu hér á eftir.

Í 60. gr. segir m.a.: "Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda." Þessi regla varðar valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Ef það sem segir í 2. gr. stjórnarskrárinnar heimilar gerð þeirra samninga, sem hér er fjallað um, hefur ákvæðið í 60. gr. ekki sjálfstæða þýðingu með þeim hætti, að það geti leitt til annarrar niðurstöðu.

II. Löggjafarvald.

A. Framsal löggjafarvalds.

Hér verður fjallað um ákvæði EES-samningsins um breytingar á viðaukum við hann og það álitaefni, hvort um sé að ræða framsal lagasetningarvalds. Ekki verður fjallað um breytingar á bókunum í mati þessu þar sem ekki er sérstakt tilefni til þess. Sama er um breytingar á meginmáli EES-samningsins. Um þær gilda venjulegar þjóðréttarreglur.

Þegar rætt er um þetta atriði er nauðsynlegt að kanna hvaða ákvæði er að finna í samningnum sjálfum um lagasetningarvaldið, þ.e. á hvern hátt viðaukum hans verður breytt eða nýjar lagareglur settar á samningssvæðinu sem gilda fyrir samningsaðila.

Skýrasta ákvæðið um þetta efni er að finna í bókun 35 um framkvæmd á reglum EES. Þar segir m.a.:

"Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins."

Hér kemur glöggt fram, að með EES-samningnum er ekki sú kvöð lögð á samningsaðila, að þeir framselji löggjafarvald til stofnana EES. Þessum markmiðum, segir síðan í bókuninni, verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig. Er þar átt við að farið verði eftir stjórnskipulegum leiðum hinna einstöku ríkja við mótun og lögfestingu hinna sameiginlegu reglna á þessu sviði.

Þótt meginreglan um meðferð löggjafarvaldsins innan EES komi fram hér að framan, er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig réttarreglur, er gilda fyrir EES, munu verða mótaðar og settar. Það er í raun spurningin um hvernig ákvarðanatöku verður háttað í þessum efnum.

a. Lögfesting EES-samningsins.

Að því er varðar sjálft meginmál EES-samningsins verður að lögfesta það hér á landi til þess að það fái gildi sem landslög og einstaklingar og lögaðilar geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins. Leiðir það af því að EES-samningurinn gerir ekki ráð fyrir því að löggjafarvaldið verði framselt til stofnana EES. Jafnframt verður að lögfesta ýmsar reglugerðir EB og auk þess efni EB tilskipana í tengslum við samninginn, eftir því sem þörf er talin á, en áður eru þær þó aðlagaðar réttarkerfi EES.

Af þessu leiðir að ákvæði samningsins fá ekki bein réttaráhrif gagnvart íslenskum ríkisborgurum, enda gerir hann ekki ráð fyrir slíku, nema að uppfylltum skilyrðum íslenskra stjórnskipunarlaga.

b. Lögfesting breytinga á og viðbóta við viðauka við samninginn.

Heimilt er að breyta viðaukum við EES-samninginn, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sbr. nánar 98. gr. Á þann hátt eru nýjar lagareglur settar, sem gilda skulu innan EES, eða gömlum breytt. Þessar nýju reglur munu svara til nýrra EB reglugerða og tilskipana.

Í sameiginlegu EES-nefndinni eiga sæti fulltrúar samningsaðila og á hún að tryggja virka framkvæmd samningsins og taka ákvarðanir, m.a. um fyrrgreindar breytingar. Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli EB annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar. Kveðið er á um að EFTA-ríkin eigi að mæla einum rómi við ákvarðanatöku í nefndinni, sbr. 2. mgr. 93. gr. samningsins. Hvert EFTA-ríki hefur því sjálfstætt neitunarvald að því er varðar ákvarðanir. Ef eitt ríki, t.d. Ísland, beitir neitunarvaldi í nefndinni um nýja löggjöf þýðir það að ekki hefur náðst samkomulag í sameiginlegu EES-nefndinni.

Ákvarðanir um þær reglur sem settar eru á grundvelli samningsins og samningsaðilar eru bundnir af eru samkvæmt þessu allar teknar samhljóða. Þær reglur sem útheimta íslenska lagasetningu eru að jafnaði ekki bindandi fyrir samningsaðila fyrr en Alþingi hefur samþykkt þær og eftir atvikum lögfest þær.

c. Ferill breytinga á viðaukum við samninginn.

Áður hefur verið að því vikið að EES-samningurinn er þjóðréttarsamningur. Hver ný ákvörðun um breytingu á viðaukum EES-samningsins er því nýr þjóðréttarsamningur. Þarf fyrst að samþykkja hann samhljóða í sameiginlegu EES-nefndinni. Síðan þarf hann að hljóta stjórnskipulegt samþykki hvers samningsaðila, sbr. 1. mgr. 103. gr. Tillögur um nýjar EES-reglur eða breytingar á þeim koma því til fullgildingar samningsaðilanna í formi nýs þjóðréttarsamnings. Alþingi tekur því ákvörðun um nýjar reglur innan EES á sama hátt, formlega séð, og þegar það fjallar um breytingar á þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Alþingi hefur fullt og óskorað vald til þess að samþykkja eða hafna hlutaðeigandi samningsuppkasti sem fyrir það er lagt. Um breytingar á því er hins vegar ekki að ræða.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt, er rétt að víkja að því á hvern hátt ný löggjöf er sett innan EES eftir að samningurinn hefur tekið gildi.

Þegar framkvæmdastjórn EB undirbýr tillögur um nýja löggjöf, á sviði sem EES-samningurinn tekur til, ber henni að leita ráða með óformlegum hætti hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB um mótun tillagnanna. Samningaferillinn um nýja EES-reglu hefst því áður en formleg tillaga er lögð fram. Þegar tillaga er formlega lögð fyrir EB-ráðið er hún jafnframt send EFTA-ríkjunum. Ef óskað er fara fram skoðanaskipti um tillöguna i sameiginlegu EES-nefndinni. Stöðug samráð og upplýsingaskipti og þá einnig samningaumleitanir fara þar fram áður en ákvörðun er tekin um hina nýju lagareglu, sbr. 99. gr.

Með þessu móti gefst EFTA-ríkjunum tækifæri til að hafa áhrif á mótun hinnar nýju reglu.

Náist samkomulag um nýja reglu tekur sameiginlega EES-nefndin ákvörðun um hana eins fljótt og unnt er. Náist hins vegar ekki samkomulag, frestast til bráðabirgða framkvæmd þess hluta viðauka, sem samningsaðilar hafa komið sér saman um að nýja löggjöfin hafi bein áhrif á. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram reyna að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við, svo að draga megi frestunina til baka, sbr. nánar 5. mgr. 102. gr. Ef lausn fæst ekki í nefndinni, nær hlutaðeigandi breyting ekki fram að ganga. Hið sama gerist að jafnaði, ef breytingin er ekki samþykkt í öllum EFTA-ríkjunum samkvæmt þeim reglum sem um það gilda í stjórnskipunarlögum þeirra.

Náist hins vegar samkomulag í sameiginlegu EES-nefndinni um nýja EES-reglu, tekur hún gildi ef og þegar uppfyllt eru skilyrði stjórnskipunarréttar allra samningsaðila. Oftast þarf að leggja samningsbreytinguna fyrir Alþingi. Síðan getur þurft lagabreytingu, en reglugerðarbreyting byggð á lagaheimild getur verið nægileg. Við þetta allt er þörf á samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis.

d. Áhrif synjunar Alþingis.

Samþykki Alþingi ekki ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar tekur hún ekki gildi á evrópska efnahagssvæðinu nema það undantekningartilvik eigi við sem um getur í fyrri málsl. 2. mgr. 103. gr. samningsins. Alþingi fær ákvörðunina til samþykktar eða synjunar eins og aðra þjóðréttarsamninga. Þar að auki þarf að setja íslenska löggjöf um efnið eftir því sem atvik eru til svo sem fyrr segir.

Ef Alþingi vill gera breytingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar geta þær breytingar ekki bundið aðra samningsaðila. Er slík einhliða breyting því ekki raunhæfur kostur.

Hér ber að hafa í huga að náist ekki samkomulag getur Evrópubandalagið sett nýja löggjöf hjá sér, þótt EFTA-ríkin samþykki hana ekki.

Niðurstöður.

Svo sem áður hefur verið vikið að koma formlegar tillögur um breytingar á EES-reglum frá EB. Er um þær fyrst fjallað í sérfræðinganefndum EB og EFTA. Tillagan fær síðan umfjöllun í sameiginlegu EES-nefndinni. Þarf að því búnu að samþykkja hana einróma þar og loks af þjóðþingum EFTA-ríkjanna eða öðrum aðilum, sem hafa til þess stjórnskipulega heimild. Fáist ekki samþykki getur komið til frestunar til bráðabirgða á tilteknum hluta viðauka eins og áður er lýst. Þjóðréttarlegar skuldbindingar sem þessar fela í sér skyldu til að lögtaka á Íslandi reglur sem hafa bein áhrif á réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila á viðtæku sviði. Þessum skulbindingum eru tengd eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn sem eru sjálfstæðar þjóðréttarlegar stofnanir. Spyrja má hvort í slíku ferli felist visst framsal á löggjafarvaldi, þ.e. hvort hið efnislega löggjafarvald hafi með þessu verið framselt til alþjóðastofnunar, þó að eftir standi formlegt löggjafarvald hjá EFTA-ríkjunum. Kemur 2. gr. stjórnarskrárinnar til álita í þessu efni.

Setning nýrra EES-reglna fer ekki eftir reglum landsréttar hvers ríkis, þar sem hér er um að ræða breytingar á þjóðréttarsamningi. Þar eiga því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna. Um breytingar á ákvæðum samningsins fer formlega á sama hátt og um breytingar á öðrum þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að. Ísland getur samþykkt viðkomandi breytingu eða hafnað henni. Jafnframt hefur Alþingi eftir sem áður fullt vald til þess að ákveða hvaða reglur skuli leiddar í lög samkvæmt skuldbindingum sem felast í EES-samningnum. Ef slík lagasetning er hins vegar ekki í samræmi við þær skuldbindingar getur það kallað á viðbrögð samkvæmt samningnum.

Þessi atriði teljum við að ráði úrslitum um það, að ákvæði EES-samningsins um setningu reglna eru samrýmanleg 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Það styður þessa niðurstöðu, að EES-samningurinn fjallar um svið sem er skýrt afmarkað.

B. Rétthæð reglna.

Bókun 35 við EES-samninginn um framkvæmd EES-reglna hljóðar svo:

"Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og
þar eð þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig;

Stök grein

Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, laga-ákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Í ríkjum Evrópubandalagsins eru reglur þess settar af stofnunum EB án þess að atbeini þjóðþinga komi þar til nema í takmörkuðum mæli. Reglur EB eru rétthærri en réttarreglur hvers ríkis um sig. Þess vegna á til dæmis dómstóll í Danmörku að dæma eftir Evrópubandalagsreglu, ef velja verður milli hennar og danskrar réttarreglu, sem þjóðþingið þar í landi hefur sett. Þessi skipan mála mun ekki, þó að EES-samningurinn verði fullgiltur, gilda hér á landi, eins og þegar hefur verið tekið fram. Ísland hefur engu að síður skuldbundið sig að þjóðarétti á þann hátt sem segir í bókuninni. Löggjafarvald er þó ekki á neinn hátt framselt til stofnana EES eins og getið er í fyrri hluta bókunarinnar. Af síðastgreindu atriði er ljóst að skuldbindingin er ekki víðtækari en felst í öðrum þjóðréttarsamningum. Fyrrgreind bókun útheimtir því ekki sérstakar aðgerðir

varðandi íslensku stjórnarskrána.

Í 3. gr. lagafrumvarpsins um EES, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, segir: "Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

Með þessu er þeirri skyldu fullnægt, sem bókun 35 leggur samningsaðilum á herðar. Skyldan felur í sér að íslensk lög beri að skýra til samræmis við þjóðréttarreglur, eftir því sem unnt er, á grundvelli lögskýringarreglna íslensks réttar.

Við teljum því, samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, að ekki felist afsal lagasetningarvalds í bókuninni og að 3. gr. lagafrumvarpsins fullnægi samningsskyldum samkvæmt henni. Ef lagasetning verður hins vegar ekki í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum getur það kallað á viðbrögð samkvæmt honum.

III. Framkvæmdavald.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir sem fyrr greinir, að "forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum" fari með framkvæmdavaldið. Þegar meta skal, hvort EES-samningurinn samrýmist þessu ákvæði, er rétt í upphafi að minna á, að Ísland hefur fullgilt marga alþjóðasamninga, sem leggja ríkinu umfangsmiklar skyldur á herðar. Nægir að minna á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Norður-Atlantshafssamninginn og stofnskrá og mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Sett hafa verið lög um lagagildi samnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna og um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðsins. Þá voru sett lög um lagagildi varnarsamningsins, sem gerður var á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Önnur lög hafa ekki verið sett vegna þessara alþjóðasaminga, t.d. ekki um fullnustu dóma mannréttindadómstóls Evrópu, en af því leiðir, að ákvæðum í þessum dómum um skaðabætur verður ekki fullnægt beint með aðför hér á landi. Meginsjónarmiðið um lagasetningu vegna alþjóðasamninga er, að ákvæði sem einungis fela í sér skuldbindingar að þjóðarétti þarf ekki að lögfesta, en ákvæði sem varða réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila þarf að lögfesta, ef þau eiga að hafa bein réttar áhrif hér á landi þannig að unnt sé að bera þau fyrir sig í dómsmálum eða hjá stjórnvöldum.

Af því sem nú var sagt leiðir, að margvísleg ákvæði í samningnum um evrópska efnahagssvæðið kalla ekki á neinar lagabreytingar og geta ekki varðað við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Svo er um ákvæði um stofnanir, starfshætti þeirra og ákvarðanir sem ekki varða einstaklinga og lögaðila. Öll slík samningsákvæði eru heimiluð samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinnar. En eftir standa nokkur ákvæði, sem kunna að veita stofnunum EFTA og EB völd, þannig að ákvarðanir þeirra hafi í sumum tilvikum bein og bindandi áhrif á réttindi og skyldur einkaaðila hér á landi. Athuga þarf reglur um opinber innkaup og ríkisaðstoð (ríkisstyrki) og þó einkum samkeppnisreglur. Verður að gera grein fyrir þeim, og þá fyrst að því er varðar framkvæmdavaldið en síðan dómsvaldið.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um forseta lýðveldisins og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum. Ekki er tekið fram, að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld, og hugsanlegt er að alþjóðastofnanir séu stjórnvöld eftir 2. gr. Það er með öðrum orðum til skoðunar, hvort í 2. gr. stjórnarskrárinnar felist heimild til að ákveða með lögum að þættir framkvæmdavaldsins skuli vera í höndum alþjóðastofnana. Þegar haft er í huga, hve mikilvægt alþjóðasamstarf er á okkar dögum fyrir Íslendinga sem aðra, er þessi hugmynd ekki fráleit. Þar við bætist að unnt er að færa rök fyrir því að skýra beri íslensk stjórnskipunarlög í samræmi við gildandi þjóðarétt á hverjum tíma. Það er hins vegar næsta óvíst, miðað við forsendur stjórnarskrárinnar, að hve miklu leyti þetta er gildandi íslenskur réttur. Við lögskýringar verður oft að taka þann kost, sem er öruggur, og af þeim sökum teljum við ekki unnt að byggja niðurstöðu okkar varðandi framkvæmdavaldið og 2. gr. stjórnarskrárinnar á því, að á grundvelli hennar megi fela alþjóðastofnunum framkvæmdavald í ótilteknum mæli. Síðar verður rætt, hvort þetta sé unnt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum.

a. Eftirlitskerfið.

Hlutverk fastanefndar EFTA, sem sérstakur samningur er um, lýtur að mörgum þáttum varðandi framkvæmd og þróun EES-reglna. Aðalákvæðin um verkefni hennar er að finna í 3. gr. samningsins um nefndina og í bókun 1 sem fylgir þeim samningi. Þessi störf eru m.a. á sviði upplýsingadreifingar, staðlamála, ráðgjafar og samræmingar. Jafnframt getur hún farið með visst eftirlitsvald. Dæmi eru um að fastanefndinni sé fengið vald til að veita undanþágur í tilteknum tilvikum og hún hefur stundum vald til þess að framkvæma eftirlit á vettvangi. Störf fastanefndarinnar mega þó ekki vera þess eðlis að þau fari í bága við það valdsvið sem eftirlitsstofnun og dómstóli EFTA er fengið með samningi um þær stofnanir (ESE-samningnum). Vikið verður að þeim störfum fastanefndarinnar sem koma til skoðunar við mat þetta hér síðar eftir því sem ástæða þykir til. Að öðru leyti eru störf hennar

ekki þess eðlis að þau komi til frekari skoðunar við mat þetta.

Eftirlit með framkvæmd EES-samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og dómstóla EB, sem fara með eftirlit í aðildarríkjum EB, og hins vegar í höndum sérstakrar eftirlitsstofnunar EFTA og sérstaks EFTA-dómstóls sem fara með eftirlit í EFTA-ríkjunum. Eftirliti á evrópska efnahagssvæðinu er þannig skipt á milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA og ber þeim að hafa samstarf og að skiptast á upplýsingum til þess að samræma eftirlit á svæðinu.

Hlutverki eftirlitsstofnunar EFTA má skipta í tvo meginþætti, þ.e. annars vegar eftirlit með aðildarríkjunum sjálfum og hins vegar eftirlit sem beinist einkum að einstaklingum og lögaðilum. Að þessu er vikið í 5. gr. ESE-samningsins þar sem gert er ráð fyrir því að eftirlitsstofnun EFTA skuli tryggja að EFTA-ríkin standi við skuldbindingar sínar, sbr. einnig 22. gr. þess samnings.

b. Almennt eftirlit með ríkjum.

Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsnefnd EFTA skulu rannsaka þær kvartanir sem falla undir valdsvið þeirra og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar. Verði ágreiningur milli þessara stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Sameiginlega EES-nefndin hefur hins vegar aðeins sáttahlutverk. Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB um eftirlitsaðgerðir gegn EFTA-ríki getur því aldrei orðið bindandi fyrir það.

Ákvæði um almennt eftirlit eftirlitsstofnunar EFTA er að finna í 5. og 22. gr. ESE-samningsins svo sem fyrr greindi. Eftirlitsstofnuninni eru fengin ýmis úrræði. Það helsta sem hér skiptir máli er að finna í 31. gr. ESE-samningsins. Þar er eftirlitsnefndinni m.a. heimilað að höfða mál á hendur EFTA-

ríki fyrir EFTA-dómstólnum vegna meintra samningsbrota. Samkvæmt 33. gr. samningsins er EFTA-ríki skylt að hlíta úrlausn dómstólsins í slíku máli.

c. Sérstakt eftirlit með aðildarríkjum.

Hér er fyrst og fremst um að ræða eftirlit er varðar opinber innkaup og ríkisaðstoð (ríkisstyrki). Í báðum þessum tilvikum hefur eftirlitsnefndin heimild til þess að höfða mál með þeim hætti sem getið var í b-lið hér að framan, ef hún telur að ríki hafi brotið gegn samningsskyldum sínum.

Ákvæði 23. gr. ESE-samningsins tekur til opinberra innkaupa. Þar skiptir mestu máli að í bókun 2 sem fylgir samningnum er gert ráð fyrir að eftirlitsnefndin hafi tiltekin úrræði, ef hún telur að reglurnar um útboð og samningsgerð við innkaup hafi verið brotnar.

Þær skyldur sem felast í reglunum um opinber innkaup lúta að aðildarríkjunum sjálfum. Þær geta engu að síður varðað lögmæta hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Reglurnar um samræmingu laga um kæruheimildir þeirra, sem telja rétt á sér brotinn vegna opinberra innkaupa, fela í sér, að EFTA-ríkjunum er skylt að taka í lög sín ýmis nánar tiltekin réttarúrræði til hagsbóta fyrir þá sem telja rétti sínum hallað.

Ákvæði 24. gr. ESE-samningsins tekur til ríkisaðstoðar. Um ríkisaðstoð er fjallað í 1. gr., 49. gr. og 61.-64. gr. EES-samningsins og bókunum 14, 26 og 27 og viðaukum XIII og XV við þann samning, svo og bókun 3 sem fylgir ESE-samningnum. Þau atriði sem hér skipta einkum máli er að finna í 61.-64. gr. EES-samningsins. Aðalreglan er sú að hvers kyns aðstoð sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara er ósamrýmanleg EES-samningnum að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Frá þessu eru nokkrar

undantekningar.

Samkvæmt bókun 3 getur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að tiltekin ríkisaðstoð sé ekki í samræmi við EES-samninginn og að EFTA-ríki skuli hætta slíkri aðstoð eða breyta henni. EFTA-ríkin geta þó ákveðið, ef þau eru sammála, að veita undanþágu vegna ríkisaðstoðar ef sérstaklega stendur á. Hafi EFTA-ríki óskað eftir slíkri undanþágu ber að fresta eftirlitsaðgerðum.

Eftirlit er varðar ríkisaðstoð beinist að aðildarríkjunum en hvorki að einstaklingum né lögaðilum. Ákvörðun um ríkisstyrk getur þó varðað hagsmuni þessara aðila. Að jafnaði yrðu þeir að sækja leiðréttingu mála sinna hjá stjórnvöldum eða dómstólum í því ríki þar sem styrkurinn var veittur. Ekki er þó útilokað að aðgerðir eftirlitsstofnunar EFTA snerti einstakling eða lögaðila beint og sérstaklega með þeim hætti að þeir ættu sjálfstæðan málsóknarrétt samkvæmt 2. mgr. 36. eða 37. gr. ESE-samnings fyrir EFTA-dómstólnum. Af því leiðir að ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA getur haft áhrif samtímis bæði á ríki og einstaklinga og lögpersónur sem málið kann að varða.

d. Samkeppnisreglur.

Meginreglur EES-samningsins um samkeppnismál er að finna í 53. og 54. gr. Ákvæði 53. gr. er ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki hafi með sér ólögmæta samvinnu, ef slík samvinna hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila og getur útilokað, hamlað eða spillt samkeppni á því svæði sem EES-samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti er samkvæmt 54. gr. misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu bönnuð og lýst ósamrýmanleg samningnum að svo miklu leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Samkeppnisreglur EES-samningsins taka því aðeins til fyrirtækja að samningar milli þeirra eða misnotkun á markaðsráðandi aðstöðu hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í fljótu bragði mætti því búast við að t.d. samningar milli fyrirtækja

innan tiltekins ríkis hefðu ekki slík áhrif. Svo þarf þó ekki að vera. Samningar milli fyrirtækja eða misnotkun á markaðsráðandi aðstöðu geta samtímis farið í bága við EES-reglur og löggjöf viðkomandi ríkis.

Undanþágur eru frá banni við samningum sem fela í sér samkeppnishömlur. Mikilvægust er reglan um "minni háttar samninga" (de minimis eða bagatel reglan). Samningar um minna en 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU (um 15 milljarða ísl. kr.) eru að jafnaði undanþegnir bannákvæði 53. gr. Skilyrði fyrir undanþágu er að bæði atriðin eigi við. Minniháttarreglan er viðmiðunarregla. Hún varðar aðeins 53. gr. og framkvæmd hennar bíður frekari túlkunar að því er Ísland varðar. Ákvæði 53. gr. gera einnig ráð fyrir undanþágum varðandi samninga sem geta haft jákvæð áhrif, t.d. stuðlað að bættri framleiðslu eða vörudreifingu. Einnig eru ýmsir aðrir flokkar samninga undanþegnir.

Undanþágureglurnar miða við heildarveltu og markaðshlutdeild á sameiginlegum markaði. Ekki er alltaf átt við samanlagða markaði allra EB- og EFTA-ríkjanna heldur er markaðurinn skilgreindur hverju sinni eftir viðkomandi vörutegundum og landfræðilegum sjónarmiðum. Þannig gæti Ísland hugsanlega talist einn markaður í einhverjum tilvikum.

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA verður sambærilegt við valdsvið framkvæmdastjórnar EB að því er eftirlit með samkeppnisreglum varðar. Þær ákvarðanir sem eftirlitsstofnunin hefur heimild til að taka og sem snúa að einstaklingum og lögaðilum eru þessar helstar:

- Bindandi yfirlýsingar um það hvort tiltekin aðgerð fyrirtækis brjóti í bága við samkeppnisreglur EES og hvort undanþágu skuli veita.

- Bindandi fyrirmæli um skyldur fyrirtækis ef eftirlits-

stofnunin telur aðgerðina ólögmæta.

- Tímabundnar bindandi bráðabirgðaráðstafanir gegn fyrirtækjum, t.d. um að samning megi ekki gera.

- Rannsóknaraðgerðir gegn fyrirtækjum á vettvangi, t.d. bókhaldsrannsókn. Slíkar rannsóknir verður að tilkynna fyrirfram til samkeppnisyfirvalda í því ríki þar sem rannsóknin fer fram og er rannsóknin gerð í samvinnu við þau.

- Sektir og févíti sem eru aðfararhæf hjá fyrirtæki þegar eftirlitsaðili telur það hafa brotið samkeppnisreglur eða það hefur ekki leyft rannsókn á vettvangi. Eftirlitsstofnunin getur ákveðið sektir eða févíti frá 100 til 5000 ECU (um 7.500 - 350.000 ísl. kr.), ef fyrirtæki veitir vísvitandi eða af hirðuleysi rangar eða villandi upplýsingar í beiðnum eða tilkynningum eða framvísar ófullnægjandi bókhaldi þegar rannsókn fer fram. Einnig getur eftirlitsstofnunin ákveðið sektir eða févíti allt að 1 millj. ECU (um 75 millj. ísl. kr.) vegna brota á samkeppnisreglum EES-samningsins sem framin eru af ásetningi eða af hirðuleysi. Þó má sektin ekki fara yfir 10% af ársveltu fyrirtækis, sem þátt á í broti. Eftirlitsstofnunin getur einnig lagt á févíti til að þvinga fyrirtæki til að láta af ólögmætu ástandi eða til að veita upplýsingar eða aðgang að gögnum.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um þau atriði sem nú voru greind (þ.á m. ákvarðanir um févíti eða sektir) verða ekki bornar undir dómstóla í aðildarríkjunum heldur undir EFTA-dómstólinn til endalegrar úrlausnar eða EB-dómstólinn ef um svonefnd blönduð samkeppnismál er að ræða.

Í samkeppnismálum þar sem fyrirtæki eiga heimili bæði í aðildarríkjum EB og EFTA fer einnig fram viss skipting á eftirliti.

Reglur um samstarf eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB um eftirlit á sviði samkeppnisreglna er að finna í

bókun 23 við EES-samninginn og bókun 21 gildir um framkvæmd samkeppnisreglna.

Framkvæmd eftirlitsins er með þeim hætti að skylda hvílir á fyrirtækjum að tilkynna eftirlitsstofnun um samninga og athafnir sem varða samkeppnisreglur EES. Innan EB eru langflest mál afgreidd með bréfaskiptum þar sem framkvæmdastjórnin lýsir skoðun á samningi eða athöfnum. Þannig hafa að meðaltali árin 1981-1990 verið tekin fyrir í framkvæmdastjórn EB um 3500 mál á ári, sem ýmist berast til hennar vegna tilkynninga frá fyrirtækjunum sjálfum, vegna kvartana eða eftir eigin rannsókn. Málsókn er sjaldgæf. Það segir þó ekki alla söguna um þau óbeinu áhrif sem heimildir eftirlitsstofnana kunna að hafa, auk þess sem framkvæmdastjórnin tekur margar ákvarðanir, sem ekki leiða til málsóknar.

Þær ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB sem fyrr voru greindar eru bindandi fyrir þau fyrirtæki sem þær beinast að. Samkvæmt 19. gr. ESE-samningsins eru ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um sektir og févíti aðfararhæfar. Nánari ákvæði um aðförina er að finna í 110. gr. EES-samningsins, en hún kveður einnig á um aðfararhæfi ákvarðana framkvæmdastjórnar EB, EFTA-dómstólsins og dómstóla EB. Aðförin fer að réttarfarsreglum þess ríkis þar sem hún fer fram. Hér á landi mun aðförin fara að 11. tölulið 1. mgr. 1. gr. í lögum nr. 90/1989 um aðför. Dómstólar í aðildarríkjunum geta ekki endurskoðað sektarákvörðunina. Þeir geta hins vegar dæmt um hvort fullnustan hafi farið fram samkvæmt þeim reglum sem um hana gilda.

Niðurstaða.

1. Hið almenna eftirlitsvald stofnana EFTA og vald þeirra varðandi opinber innkaup og ríkisaðstoð beinist, a.m.k. að langmestu leyti, að íslenska ríkinu en ekki einstaklingum eða lögaðilum. Slíkt vald er ekki svo að fyrirsjáanlegt sé andstætt 2. gr. stjórnarskrárinnar. Ef til þess kemur að þetta vald varði réttindi einstaklinga eða lögaðila gildir um það hið sama og

greinir í næsta tölulið.

2. Um ákvörðunarvald stofnana EFTA og EB á sviði samkeppnisreglna er þetta að segja:

Ef EES-samningurinn verður lögtekinn hér á landi fær eftirlitsstofnun EFTA heimild til að taka ákvarðanir sem hafa bein réttaráhrif fyrir einstaklinga og lögaðila.

Rétt er að vekja á þessu stigi athygli á, að ekkert er því til fyrirstöðu samkvæmt núgildandi rétti hér á landi, að íslenskir dómstólar beiti erlendum réttarreglum í úrlausnum sínum, t.d. þegar er um að ræða mál sem varða verslunarviðskipti við önnur lönd. Lagareglur sem segja til um, hvaða réttarreglum skuli beita, kallast lagaskilareglur eða reglur alþjóðlegs einkamálaréttar. Byggt er á, við hvaða land viðskiptin tengjast helst, og eru ýmsar leiðbeiningarreglur þar að lútandi. Einnig eru þess dæmi, að ákveðið sé í lögum, að beitt skuli erlendum réttarreglum, sbr. t.d. lög nr. 29/1931 og síðari lög sem fjalla um gildistöku samnings milli Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Það sem nú hefur verið sagt um beitingu erlendra laga hér á landi varðar ekki beint það álitaefni, sem hér er til umfjöllunar, þar sem ekki er samkvæmt lagaskilarétti um að ræða að erlendum stjórnvöldum sé falið vald til að gefa fyrirmæli, sem gilda eiga hérlendis. Einnig er það vegna þess, að samkeppnisreglurnar, sem vissulega fjalla um samskipti einkaaðila, hafa einnig allsherjarréttarlega hlið, þar sem yfirvöld hafa eftirlit og ákvörðunarvald um þessi efni. Engu að síður leiðir það, sem nú hefur verið sagt, í ljós, að um viðskipti milli landa verður að fjalla með hliðsjón af lagareglum í öðrum löndum. Verður að telja tvímælalaust að 2. gr. stjórnarskrárinnar taki mið af slíkum sjónarmiðum í einhverjum mæli.

Þess eru einnig dæmi, svo sem í fyrrgreindum Norðurlandasamningi, að ákvarðanir teknar af erlendum stjórnvöldum beri að framkvæma hér á landi. Í 22. gr. samningsins, eins og hún er nú

eftir lögum nr. 95/1973, segir að tilteknir úrskurðir umboðsstjórnar skuli "gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna." Þetta er dæmi þess að heimilt hafi verið talið að fá stjórnvöldum utan Íslands stjórnvald, sem er skýrt afmarkað og ekki umfangsmikið eða verulega íþyngjandi fyrir einstaklinga eða lögaðila.

Sem dæmi um erlendar aðfararhæfar stjórnsýsluákvarðanir má nefna lög nr. 93/1962 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, sbr. 1. gr. samningsins, og lög nr. 46/1990 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum, sbr. 14. gr. samningsins.

Loks má nefna sem dæmi um löggjöf, sem gerir ráð fyrir að erlendir dómar séu aðfararhæfir hér á landi, lög nr. 30/1932 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Norðurlandanna um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra og lög nr. 94/1980 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Þegar meta skal, hvort reglurnar um vald stofnana EFTA á sviði samkeppnisreglna sé samrýmanlegt 2. gr. stjórnarskrárinnar, ber að okkar áliti að hafa hliðsjón af því sem nú var sagt.

Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti. Ekki verður talið skipta máli í þessu sambandi þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið sé í afmörkuðum tilvikum í höndum eftirlitsaðila EB. Skipting valds milli eftirlitsnefndar EFTA og framkvæmdastjórnar EB í þessum tilvikum

helgast af nauðsyn í viðskiptum milli ríkja, það er afmarkað og skýrar heimildir liggja því að baki. Þá er það einnig gagnkvæmt að vissu marki, enda eru bæði EB og EFTA-ríkin aðilar að hinu nýja réttarkerfi, sem komið er á með EES-samningnum.

Við teljum því, að þær reglur varðandi framkvæmdavaldið, sem hér hefur verið rætt um, séu ekki andstæðar 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

IV. Dómsvald.

EES-samningnum tengjast tveir fylgisamningar og hefur verið lagt til á Alþingi, að þeir verði báðir fullgiltir, en ekki er lagt til að meginmál þeirra fái lagagildi. Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnum eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningurinn) hefur að geyma ákvæði um að setja skuli á stofn EFTA-dómstól skipaðan 7 dómendum, einum frá hverju EFTA-ríki. Um þetta segir nánar í IV. hluta ESE-samningsins og að auki eru ákvæði varðandi dómstólinn í I. hluta hans og í bókunum og viðaukum.

Í 108. gr. EES-samningsins segir, að EFTA-ríkin skuli koma á fót dómstóli. Undir hann eiga einkum að heyra þrenns konar mál: tilhögun eftirlits er varðar EFTA-ríkin, áfrýjanir á ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni og loks lausn deilumála tveggja eða fleiri EFTA-ríkja. Þarna er ekki um um að ræða tæmandi greiningu á því valdi sem dómstóll EFTA getur haft, auk þess sem dómstóll EB getur stundum haft dómsvald í málefnum EFTA-ríkja og aðila í þeim, svo sem fyrr er rakið. Hér verður vikið að nokkrum atriðum sem helst má vænta að varði það verkefni sem til úrlausnar er:

a. Af sömu ástæðum og tilgreindar voru, þegar fjallað var um ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA, teljum við að dómsvald EFTA-dómstólsins um samkeppnismál sé samrýmanlegt stjórnarskránni. Sama gildir um það dómsvald sem dómstóll EB getur haft í samkeppnismálum.

b. Ákvæði í 4. mgr. 111. gr. EES-samningsins um gerðardóm varðar þjóðréttarskuldbindingar, en ekki atriði, sem kanna þarf í sambandi við íslensku stjórnarskrána. Í þessu sambandi má einnig minna á að Ísland hefur um langt skeið viðurkennt lögsögu dómstóla alþjóðastofnana, svo sem Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.

c. Í 34. gr. ESE-samningsins eru ákvæði, sem ekki eiga sér hliðstæðu í núgildandi íslenskum rétti, þess efnis, að dómstóll

í aðildarríki geti leitað "ráðgefandi álits" EFTA-dómstólsins um túlkun á EES-samningnum. Í þessu felst ekki regla, sem varðar íslensku stjórnarskrána, þar sem álitið verður aðeins ráðgefandi en ekki bindandi fyrir viðkomandi dómstól.

d. Í 107. gr. EES-samningsins og bókun 34 eru ákvæði, sem "gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli ... að biðja dómstól Evrópubandalaganna að ákveða túlkun EES-reglna." Gengið er út frá því að úrlausnir dómstólsins verði bindandi ef til kemur. Það er á valdi Íslands, hvort þetta ráð verður tekið. Þar sem hér er ekki um skuldbindandi ákvæði að ræða teljum við að þetta atriði skipti ekki máli um úrlausnarefni okkar. Ef til þess kemur hins vegar, að ákvörðun verði tekin um að leita slíkra forúrskurða þarf að setja heimild til þess í íslensk lög. Er ekki ástæða til þess að við tökum nú afstöðu til þess, hvort stjórnarskrárbreyting sé þá nauðsynleg vegna þessa atriðis.

e. Dómar EB dómstólsins hafa þýðingu sem fordæmi við túlkun EES-reglna. Að þessu er vikið í 6. gr. EES-samningsins og 2. mgr. 3. gr. ESE-samningsins. Skylda samkvæmt 6. gr. EES-samningsins er takmörkuð með tvennum hætti. Í fyrsta lagi á hún aðeins við um þá dóma dómstóls EB "sem máli skipta" og í öðru lagi á hún því aðeins við að reglur EES og EB "séu efnislega samhljóða". Með hliðsjón af þessum fyrirvörum ber að líta svo á að fyrrgreint ákvæði feli aðeins í sér túlkunarreglu, sem er leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hérlendis. Ber í því sambandi að líta sérstaklega til þess að greinin vísar til dóma sem ekki eru nánar tilgreindir. Við slíkar aðstæður er ekki unnt að reikna með að niðurstaða þeirra feli í sér bindandi réttarreglu. Það styrkir þessa niðurstöðu að í aðfararorðum EES-samningsins er því lýst yfir að við samræmingaraðgerðir skuli gætt sjálfstæðis dómstólanna, sbr. einnig 106. gr. samningsins.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. ESE-samningsins fjallar um skyldur á hendur eftirlitsstofnun og dómstóli EFTA. Þegar af þessum ástæðum kemur ákvæði þetta ekki til frekari skoðunar í þessu samhengi.

f. Í 25. gr. bókunar 5 með ESE-samningnum um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins segir að dómstóllinn geti fyrirskipað að vitni eða sérfræðingur gefi skýrslu fyrir dómsyfirvaldi á þeim stað er hann hefur fasta búsetu. Samkvæmt 26. gr. skal EFTA-ríki fara með brot gegn þessari vitnaskyldu á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Gert er ráð fyrir að sérstök lög verði sett hér á landi til þess að fullnægja þessari skuldbindingu.

Umrædd samningsskuldbinding kemur til með að hafa bein réttaráhrif fyrir íslenska aðila en hún felur ekki í sér neinar þær kvaðir sem koma til álita þegar það er metið hvort þær standist íslensk stjórnskipunarlög.

V. Önnur atriði.

Hér að framan höfum við komist að þeirri niðurstöðu, að EES samningurinn og fylgisamningar hans eða sú lagasetning sem af þeim leiðir brjóti ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög, ef þetta er metið út frá einstökum ákvæðum samningsins.

Með þessu er ekki endanlega lokið því verkefni, sem fyrir okkur hefur verið lagt.

Hugsanlegt er, að þau ákvæði, sem hér geta skipt máli, geti öll saman leitt til þess, að samningarnir verði ekki taldir samrýmast stjórnarskránni, þó að hvert ákvæði metið sér í lagi geri það. Við teljum að vísu að færa megi nokkur rök gegn einstökum þáttum í því, sem hér að framan er rakið, en við teljum þó, að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli, að tilefni sé til að draga þá ályktun, að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef þeir taka gildi.

Þá er hugsanlegt, að reynslan leiði í ljós, að það reynist ekki rétt, sem við byggjum á um framkvæmdavaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar, að slíkra breytinga sé þörf, er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær.

VI. Lokaorð.

Okkur er ætlað að meta, hvort samningurinn um evrópska efnahagssvæðið, ásamt fylgisamningum, brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Þetta höfum við gert, og eru aðalniðurstöður okkar þessar:

Eina greinin í stjórnarskránni, sem hugsanlega gæti að lögum staðið því í vegi, að samningarnir yrðu gerðir, er 2. gr. Hún er þannig:

"Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið."

Samningarnir, sem hér um ræðir, eru alþjóða- eða þjóðréttarsamningar. Þeir verða ekki íslensk lög nema með sérstakri ákvörðun Alþingis, sem forseti staðfestir. Frumvarp um lögtöku þeirra að hluta hefur verið lagt fram, og jafnframt hefur verið boðað, að önnur frumvörp fylgi í kjölfarið og að breytingar á reglugerðum og sambærilegum reglum séu fyrirhugaðar. Er þessi málsmeðferð í samræmi við íslenskan stjórnskipunarrétt. Stjórnarskráin stendur því þó í vegi, að með lögunum um samningana sé vald, hvort sem um er að ræða löggjafarvald, framkvæmdavald eða dómsvald, með óheimilum hætti lagt í hendur annarra en taldir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar, ef um er að ræða ákvæði, sem leggja skyldur á einstaklinga eða lögaðila. Skyldur, sem aðeins varða íslenska ríkið að þjóðarétti, fela ekki í sér stjórnarskrárbrot.

Í bókun 35, sem fylgir samningnum um evrópska efnahagssvæðið, segir, að aðildarríkjunum sé ekki gert að framselja löggjafarvald til stofnananna, sem samningurinn fjallar um. Við teljum þetta ljóst og afdráttarlaust. Að því er þennan valdþátt varðar, brjóta samningarnir, sem nú er lagt til að gerðir verði, því ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Í því sambandi hefur ekki úrslitaþýðingu, hvernig haga á málsmeðferð við síðari

breytingar á viðaukum. Lögskýringarreglur, sem ætlunin er að lögfesta hér á landi, geta ekki heldur haft þýðingu að því er varðar nauðsyn stjórnarskrárbreytingar.

Um framkvæmdavald og dómsvald er þess að geta, að báðir þessir valdþættir munu á tilteknu sviði verða í höndum eftirlitsstofnunar EFTA, dómstóls EFTA og við sérstakar aðstæður sem varða bæði EFTA-ríki og ríkin í Evrópubandalaginu, í höndum stofnana þess. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að reglurnar um opinber innkaup og um ríkisaðstoð séu þess efnis, að ekki felist í þeim valdframsal. Eftir standa aðeins samkeppnisreglur samninganna. Þær varða samkeppni í viðskiptum milli samningsaðila, það er milliríkjaviðskipti. Eins og nánar er rakið hér að framan teljum við eftirtalin atriði ráða niðurstöðunni:

1. Það er íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður beri að beita erlendum réttarreglum hér á landi,
2. dæmi eru til þess, að ákvarðanir erlendra stjórnvalda gildi hér á landi og að þær séu aðfararhæfar,
3. dæmi eru til þess, að erlenda dóma megi framkvæma hér á landi,
4. vald það, sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningunum, sem hér er fjallað um, er vel afmarkað,
5. þetta vald er á takmörkuðu sviði,
6. það er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Við erum þeirrar skoðunar, að þessi atriði tekin saman leiði til þess, að það sé heimilt að fela áðurnefndum alþjóðastofnunum það vald á sviði samkeppnisreglna, sem um ræðir í samningnum um evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningum hans. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst meginregla, sem margar og mikilvægar undantekningar eru frá að því er varðar valdmörk innlendra aðila. Nokkrar undantekningar frá henni eru einnig í gildandi íslenskum lögum að því er varðar erlenda valdhafa. Þess er sérstaklega að geta að því er dómsvaldið varðar, að ákvæði um svonefnda forúrskurði leggja ekki bindandi skyldur á íslenska aðila og skipta hér ekki máli.

Við höfum tekið til athugunar, hvort sameiginleg áhrif samninganna geti falið í sér óheimilt valdframsal, þó að einstök ákvæði, skoðuð hvert fyrir sig, geri það ekki. Við teljum það ekki vera.

Þá bendum við á, að síðar megi eða beri að gera stjórnarskrárbreytingu, ef fram kemur, að forsendur okkar standist ekki.

Að síðustu er rétt að hafa í huga að EES-samningurinn er uppsegjanlegur með tólf mánaða fyrirvara samkvæmt 127. gr. hans, sbr. einnig 50. gr. ESE-samningsins og 12. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Við slíkar aðstæður fá þeir tvíhliða samningar fullt gildi sem einstök EFTA-ríki hafa nú við Efnahagsbandalagið.

6. júlí 1992

Þór Vilhjálmsson

Gunnar G. Schram

Ólafur W. Stefánsson

Stefán Már Stefánsson

Fylgiskjal II.

Álit prófessors Björns Þ. Guðmundssonar um stjórnarskrána og EES-samninginn.

(22. júlí 1992.)

Margir hafa orðið til þess á undanförnum vikum að spyrja mig hvers vegna ég láti ekkert í mér heyra um ofangreint efni. Ég hef svarað því til í fyrsta lagi að ég hafi ekki verið spurður, í öðru lagi væri ég með þeim ósköpum gerðum að þurfa gögn og tíma til rannsókna áður en ég láti álit í té og í þriðja lagi hafi verið um það talað að óháð lögfræðinganefnd yrði fengin til að segja álit sitt og væri þá ekki verra að einhver fyndist í lagadeild sem ekki teldist vanhæfur til að gefa slíkt álit. Nú hefur mér gefist nokkur tími til að kynna mér álitaefnið og fátt bendir til að á hin tvö atriðin reyni og leyfi ég mér því nú að senda hæstvirtri utanríkismálanefnd af sjálfsdáðum afrakstur vinnu minnar að þessu máli undanfarnar vikur til meðferðar eins og nefndinni sjálfri sýnist.

Þegar eftir framlagningu frumvarpsins til laga um staðfestingu EES-samningsins ásamt fylgigögnum, hóf ég að kynna mér málið fyrst og fremst fyrir sjálfan mig. Við þá athugun vöknuðu verulegar efasemdir um það hvort ýmis ákvæði samningsins, ef lögfest yrðu, stæðust óbreytta stjórnarskrá. Settist ég því niður og samdi uppkast að áliti á eins almennu máli og ég taldi mér unnt og hafði nýlokið því er mat lögfræðinganefndar utanríkisráðherra var lagt fram. Niðurstöður athugana minna hafði ég geymt hjá sjálfum mér í þeirri von að álit fjórmenninganefndarinnar eyddi efasemdum mínum en því miður varð svo ekki. Þess vegna legg ég eindregið til að frekari lögfræðileg rannsókn fari fram svo sem ég geri nánari grein fyrir á þeim blöðum sem hér fylgja með.

Ég væri ekki samkvæmur sjálfum mér ef ég léti þess ekki getið að lokum, þótt í hlut eigi hæstvirt utanríkismálanefnd, að mér hefur runnið til rifja gálaust tal ýmissa stjórnmálamanna um stjórnarskrárlegan þátt þessa máls en um hann einan er hér fjallað. Það má aldrei verða í þingræðisríki að framkvæmdavaldshafar misleiði þjóðfélagsþegnana í afstöðu sinni til þess lagagrunns sem þjóðin byggir tilveru sína á.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ganga á fund hæstvirtrar utanríkismálanefndar, ef hún óskar eftir, en tek þó fram að ég verð í útlöndum frá 26. júlí til 13. ágúst n.k.

Virðingarfyllst,



STJÓRNARSKRÁIN OG EES-SAMNINGURINN

I.

Með skýrslu lögfræðinganefndar utanríkisráðherra, dags. 6. júlí s.l., um stjórnarskrána og EES-samninginn, sem nefndin kallar "mat", er fenginn góður grundvöllur til málefnalegrar lögfræðilegrar umræðu um afdrifaríkasta lögfræðilegt álitaefni sem þjóðin hefur hingað til sameiginlega staðið andspænis, en sú umræða hófst raunar fyrst með svonefndum borgarafundi Lögfræðingafélags Íslands í síðasta mánuði. Segja má að nægilegar forsendur fyrir slíkri umræðu hafi ekki legið fyrir fyrr en nú um stundir, svo skammt sem liðið er frá því að hið viðamikla frumvarp til laga um EES-samninginn var lagt fram á Alþingi. Er vonandi að þjóðin beri gæfu til að Alþingi taki ekki ákvörðun í þessu mikilsverða stjórnarskrármáli fyrr en allir lögfræðilegir þættir þess hafa verið rannsakaðir til þeirrar hlítar sem vit okkar stendur til. Þessir minnispunktar mínir eiga að vera lóð á þá vogarskál. Þá set ég á blað embættis míns vegna sem prófessor í stjórnsýslurétti, vegna nokkurrar sérþekkingar minnar á þjóðarétti og samanburðarlögfræði, en síðast en ekki síst samvisku minnar vegna sem óbreyttur þegn þessarar þjóðar.

Ég hlýt að taka fram að skrif mín markast óhjákvæmilega af þeim skamma tíma sem ég hef haft til þess að kynna mér hin viðamiklu gögn sem málið varða, samhliða öðrum fræðistörfum sem ég ætlaði raunar að helga mig í sumarleyfi mínu, og margt þarf enn frekari rannsóknar við.

II.

Við úrlausn þessa álitaefnis reynir fyrst og fremst á þekkingu á lögskýringaraðferðum stjórnskipunarréttar, sem er grundvallarfræðigrein innan lögfræðinnar og allir lögfræðingar eiga að kunna skil á. Því mætti ætla að víðtæk lögfræðileg umræða um málið gæti hafist af fullum krafti.

Hér á eftir ætla ég að tína til nokkur atriði sem slík umræða verður að byggjast á.

1. Það skiptir máli hvernig menn nálgast viðfangsefnið. Grundvallarsjónarmiðið verður að vera það að líta fyrst og fremst til stjórnarskrárinnar og spyrja sem svo: Er eitthvað það í því lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir sem hugsanlega brýtur í bága við þessa stofnskrá hins íslenska lýðveldis, stjórnarskrána? Viðfangsefnið má hins vegar ekki nálgast þannig að spurt sé: Er unnt að tína til nægileg lögfræðileg rök fyrir því að komast megi hjá þeirri umfangsmiklu aðgerð og þeirri

pólitísku áhættu sitjandi ríkisstjórnar að breyta stjórnarskránni vegna nauðsynlegrar lögfestingar EES-samningsins?

2. Að mínu viti dugar ekki lögfræðilega að reyna að sýna fram á að formlega sé í lagi að lögfesta EES-samninginn en ef hins vegar komi síðar í ljós að ákvæði hans brjóti í bága við stjórnarskrána sé unnt að bregðast við því samkvæmt ákvæðum hennar sjálfrar.

3. Lögfræðileg rannsókn þessa álitaefnis verður að miða að því að reyna að sjá fyrir hvort samningurinn, eins og hann liggur nú fyrir, brjóti í bága við stjórnarskrána eins og hún nú er. Með öðrum orðum, hvort nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni núna vegna þess að fyrirsjáanlegt sé að upp muni koma síðar að einstök ákvæði EES-samningsins standist hana ekki.

4. Vandamálið sem alþingismenn standa frammi fyrir nú er því það, hvort þeir séu reiðubúnir að taka þá áhættu að Hæstiréttur komist að því, t.d. eftir þrjú til fjögur ár, að tiltekin ákvæði EES-samningsins standist ekki stjórnarskrána.

5. Verði teflt á tæpasta vað í þessum efnum getur sú staða komið upp að handhafar löggjafarvalds, alþingismenn, hafi sett æðstu handhafa dómsvalds í þá stöðu að síðar

geti þeir ekki annað en talið EES-samninginn standast stjórnarskrána vegna þess að önnur niðurstaða leiddi til slíkrar röskunar í þjóðfélaginu að nálgaðist ómöguleika í framkvæmd.

6. Við röksemdafærslu má það ekki vera leiðandi sjónarmið að eitthvað sem áður hefur verið gert, hvort heldur er með lagasetningu, stjórnsýsluákvörðunum eða dómum, og talið hefur verið vafasamt að hefði nægilega stoð í stjórnarskránni, réttlæti það í þessu máli að slaka megi á kröfum um stjórnskipulegt gildi laga.

7. Við lögskýringu stjórnarskrárinnar verður að sjálfsögðu að halda sig alfarið við það sem telst gildandi réttur en ekki einhverjar óljósar hugmyndir um að hugsanlega sé stjórnarskrá okkar orðin gamaldags og hana megi skýra samkvæmt einhverjum óskilgreindum nútímaviðhorfum gagnvart landsrétti, Evrópurétti eða þjóðarétti. Slíkar hugleiðingar eiga ekki við nú og allra síst við þetta álitaefni.

8. Íslenska stjórnarskráin er ekki margorð. Hún hefur að geyma algjörar grundvallarreglur (d. grundprincip) stjórnskipunar okkar. Fara verður mjög varlega í að líta svo á að í henni felist venulegar meginreglur eins og oft er sagt um almenn lög, sem svo ýmsar undantekningar séu frá, t.d. eins og í skattalögum.

9. Lögfræðilegum verkefnum lýkur með ýmsu ólíku móti bæði að því er form og efni varðar. Þetta getur skipt máli lögfræðilega. Um getur verið að ræða fyrirlestur, fræðiritgerð, málflutning, álitsgerð, úrskurð, dóm þ.á m. gerðardóm, minnispunkta (memorandum) o.s.frv. Einnig getur verið lagt fram lögfræðilegt mat eða matsgerð, svo sem eins og þegar leitað er sérfræðilegra matsgerða í dómsmáli, t.d. um tæknileg atriði. Þá óskar matsbeiðandi eftir því að tilteknir sérfræðingar leggi mat á álitaefni sem matsbeiðandinn ætlar síðan að nota til stuðnings kröfum sínum gegn matsþola. Í matsbeiðni tíundar matsbeiðandi þær forsendur sem matsmennirnir eiga að fara eftir og mega ekki fara út fyrir. Í slíkri matsbeiðni gæti t.d. staðið: Glugginn á vesturhlið húss míns er fullur móðu. Þess er óskað að matsmenn láti í té rökstutt og sundurliðað álit á því hvort þetta stafi af verksmiðjugalla hins tvöfalda glers eða af rangri ísetningu þess. Þrátt fyrir skýra og góða matsbeiðni er það samt svo að matsmenn verða stundum að gefa sér forsendur og framkvæma þeir þá matsgerð sína með þeim fyrirvara.

Þegar um lögfræðilegt mat er að ræða rýrir það gildi þess að mínu viti, ef þeir sem að því standa þurfa sjálfir að gefa sér forsendur, sem máli skipta, til þess að komast að niðurstöðu. Svo er því miður um

fjórmenninganefnd utanríkisráðherra. Það eina sem nefndin hefur úr að moða af hálfu ráðherra er að þeim sé ætlað "að leggja mat á það hvort samningurinn um evrópska efnahagssvæðið, ásamt fylgisamningum, brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög". Þetta verður að hafa í huga við þá lögfræðilegu umræðu sem ég er hér að leggja til.

11. Við úrlausn þessa álitaefnis er algjör nauðsyn að framkvæma sögulega rannsókn á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem til skoðunar eru og bera þau saman við samsvarandi ákvæði í stjórnarskrám þeirra ríkja sem okkur eru lögfræðilega skyldust, einkum og sér í lagi Danmörku.

12. Fram þarf að fara tæmandi rannsókn á því hvort og þá í hve ríkum mæli framsal ríkisvalds hefur átt sér stað til erlendra aðila eða þjóðréttarstofnana, hvort heldur um er að ræða löggjafarvald, framkvæmdavald eða dómsvald, því fá einstök dæmi nægja ekki til ályktana þegar stjórnarskráin á í hlut. Verður að leggja ríka áherslu á að um sé að ræða nákvæmlega sambærileg tilvik og hér er um að ræða.

Að sjálfsögðu mætti nefna margt fleira en ég læt hér staðar numið að svo stöddu og kem beint að álitaefninu, eins og það horfir við mér nú.

III.

1.

1. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944, segir til um það þjóðskipulag sem við höfum valið okkur en 2. gr. um þá stjórnskipun sem við viljum hafa. Samkvæmt þessum ákvæðum er Ísland frjálst og fullvalda ríki þar sem áhersla liggur á fullveldi þess, sem er viðurkennt hugtak enn þann dag í dag að þjóðarétti. Ísland er lýðveldi sem byggir á þingræði þar sem Alþingi fer með löggjafarvald, stjórnvaldshafar með framkvæmdavald og dómarar með dómsvald og nefnist það sameiginlega ríkisvald. Handhafar eins þessara þriggja þátta ríkisvalds, alþingismenn, hinir þjóðkjörnu fulltrúar þjóðarinnar, standa nú frammi fyrir því að ákveða hvort lögfesta megi samninginn um EES að óbreyttri stjórnarskrá. Að því álitaefni lítur það sem hér fer á eftir.

2.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir m.a. að forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum fari með framkvæmdavaldið. Þetta framkvæmdavald er oftast skilgreint neikvætt þannig að í því felist opinbert vald sem hvorki telst löggjafarvald né dómsvald. Handhafar þessa valds eru í raun ráðherrar, sveitarstjórnir og ýmsar opin-

berar stofnanir og embætti. Þessum stjórnvöldum, sem ég raunar nefni stjórnvaldshafa eða stjórnsýsluhafa, eru fengin völd og verkefni hverju á sínu sviði, sem þeim er bæði rétt og skylt að rækja og mega ekki fela öðrum. Í þeim undantekningatilvikum að öðrum en þessum valdbæru stjórnvöldum eru falin verkefnin er talað um valdframsal.

Samkvæmt stjórnsýslurétti er greint á milli innra og ytra valdframsals. Helsta dæmi um innra framsal er þegar ráðherra felur undirmönnum sínum í ráðuneyti að taka ákvarðanir fyrir sig. Slíkt valdframsal er talið byggjast á venju og að vissu leyti á eðli máls. Ber þó að leggja áherslu á að allar ákvarðanirnar eru samt teknar á ábyrgð ráðherra rétt eins og hann hefði tekið þær sjálfur. Hins vegar er talað um ytra framsal í þeim undantekningatilvikum að öðrum utanaðkomandi aðila en hinum valdbæra sem fyrir er, er með lögum fengið vald til ákveðinna athafna á tilteknu sviði. Slíkt valdframsal samkvæmt stjórnsýslurétti er mjög sjaldgæft hér innanlands. Þó má nefna að prestum, sem látið hafa af störfum í þjóðkirkjunni hefur með lögum verið veitt heimild til þess að gefa saman hjón, en vel að merkja í umboði viðkomandi þjóðkirkjuprests. Þess eru hins vegar engin dæmi að íslenskt framkvæmdavald hafi í þessum skilningi verið framselt til erlends stjórnvalds. Þau þrjú dæmi sem fjórmenninganefndin tekur úr samningnum á sviði norrænnar samvinnu, til styrktar niðurstöðum sínum, falla ekki undir slíkt valdframsal í skilningi stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar.

3.

Það er alveg ljóst samkvæmt stjórnskipunarrétti að með stjórnarvöldum í 2. gr. stjórnarskrárinnar er einungis átt við innlenda stjórnvaldshafa en ekki erlenda og ekki heldur þjóðréttarlegar stofnanir, þótt þeim hafi verið komið á fót með samningi sem Ísland er þjóðréttarlegur aðili að. Viðkomandi stofnanir EES og EB eru því ekki stjórnarvöld í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar. Nú gæti einhver haldið því fram að ekki þyrfti frekar vitnanna við, þ.e. að þegar af þessari ástæðu heimiladi 2. gr. stjórnarskrárinnar ekki að framkvæmdarvaldið samkvæmt henni væri í höndum þjóðréttarlegra stofnana eins og þeirra sem nefndar voru. Álitaefnið er hins vegar þess eðlis að ekki verður undan því vikist að kafa eins djúpt lögfræðilega og nokkur kostur er. Aðalspurningin sem eftir stendur er þá sú hvort, þrátt fyrir framangreinda staðreynd, megi lögskýra 2. gr. stjórnarskrárinnar þannig að hún heimili að fela megi þjóðréttarlegum stofnunum íslenskt framkvæmdarvald í einhverjum mæli.

Í því efni eins og ella, þegar lögmæti valdframsals samkvæmt stjórnsýslurétti er metið, verður einkum að huga að þrem þáttum: í fyrsta lagi hver framselur, í öðru lagi hverjum er framselt og í þriðja lagi hvað það er sem framselt er.

Sá sem framselur í þessu tilviki er hinn almenni löggjafi en ekki stjórnarskrárgjafinn, en eins og kunnugt er er stjórnarskráin sett og henni verður breytt með öðrum og vandaðri hætti en þegar um almenn lög er að ræða. Væri stjórnarskrárgjafinn að framselja vald í þessu tilviki gæti slíkt ákvæði hljóðað eitthvað á þá leið að þrátt fyrir 2. gr. stjórnarskrárinnar mætti lögfesta samninginn við EES. Til slíks valdframsals stjórnarskrárgjafans þyrfti að sjálfsögðu stjórnarskrárbreytingu. Spurningin sem þá stendur eftir er hvort almenni löggjafinn geti, þrátt fyrir þessa staðreynd, framselt vald "fyrir hönd stjórnarskrárgjafans", í einhverjum mæli. Og þá vandast málið.

Svo alvarlegt mál sem það er að taka áhættu af því að setja lög sem hugsanlega kæmi í ljós síðar að stæðust ekki stjórnarskrána, verður líka að hafa í huga að það er mikill ábyrgðarhluti að leggja til stjórnarskrárbreytingu, sem reynslan kynni að leiða í ljós að ekki hefði verið nauðsynleg. Þess vegna er sérstakrar vandvirkni þörf við úrlausn álitaefnisins og ekki má hrapa að ákvörðunum.

Með vísan til þess sem nú hefur verið sagt og betur mun koma fram hér á eftir, standa alþingismenn í hnotskurn frammi fyrir því að taka ákvörðun um það hvort slaka megi svo á

viðurkenndum lögskýringarkröfum samkvæmt stjórnskipunar- og stjórnsýslurétti að sett verði lög án stjórnarskrárbreytingar um EES-samninginn, sem a.m.k. sitjandi ríkisstjórn telur brýnt að staðfesta vegna ríkra þjóðfélagslegra hagsmuna að hennar mati. Má með nokkrum sanni segja að með þeim þankagangi sé á vissan hátt verið að feta í fótspor bráðabirgðalöggjafans, sem á öllum tímum hefur sætt gagnrýni fyrir að reyna þanþol stjórnarskrárinnar til hins ýtrasta og sér raunar ekki fyrir endann á því háttalagi, þrátt fyrir gjörbreyttar þjóðfélagsaðstæður og starfshætti Alþingis, en það er önnur saga og sorgleg í þingræðislandi.

5.

Lögfræðinganefnd utanríkisráðherra kemst í grófum dráttum að þeirri niðurstöðu að um heimilt framsal framkvæmdavalds sé að ræða vegna þess að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli, enda varði það millirríkjaviðskipti. Einmitt hér vakna efasemdir mínar sem ég mun nú reyna að rökstyðja nánar.

Ég er búinn að víkja að því hver það sé sem standi að valdframsalinu og mun því næst fjalla um það hvað framselt er með EES-samningnum. Rétt er að geta þess strax að flest af því sem hér segir um framsal framkvæmdavalds á einnig við um

framsal dómsvalds, svo sem raunar kemur fram í áliti fjórmenninganefndarinnar. Í því efni skipta hér megin máli þær ákvarðanir hinna þjóðréttarlegu stofnana sem snúa beint að einstaklingum og lögaðilum hér á landi og eru bindandi fyrir þá að landslögum, án þess að nokkrar íslenskar stofnanir komi þar nærri.

Fyrst er rétt að geta þess að eftirlit með framkvæmd EES samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og dómstóla EB, sem fara með eftirlit í aðildarríkjum EB og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, sem fara með eftirlitið í EFTA-ríkjunum. Ef ég held mig einungis við valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA þá hefur hún að mínu viti töluvert víðtækar heimildir til að taka ákvarðanir, sem beinast gegn einstaklingum og lögaðilum hér á landi. M.a. hefur eftirlitsnefndin heimild til að ákvarða sektir og févíti sem verða beint aðfararhæfar hér á landi. Þessar ákvarðanir, og raunar margar fleiri, verða ekki bornar undir íslenska dómstóla heldur einungis undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar eða þá EB-dómstólinn, ef um svokölluð blönduð samkeppnismál er að ræða. Þetta felur með öðrum orðum í sér að ákveðinn hluti íslensks refsivalds er framseldur til þjóðréttarlegra stofnana, þ.e.a.s. vald sem nú er í höndum þar til bærra innlendra stofnanna, þar á meðal stjórnvalda. Verður að leggja áherslu á að hér er um sjálfa ákvörðunartökuna að ræða, sem lýtur beint að einstaklingum og fyrirtækjum hér á landi á bindandi

hátt og þeir aðilar geta ekki borið lögmæti ákvarðananna undir íslensk stjórnvöld eða dómstóla. Þetta er í mínum huga aðalatriðið. Þar við bætist að þessar ákvarðanir verða beint aðfararhæfar hér á landi gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

En hvað felst nánar í þessu? Víkjum fyrst að því hvernig slíkar ákvarðanir eru nú teknar hér á landi og höldum okkur einungis við fésektir, sem er ein tegund refsinga, eins og áður segir.

Samkvæmt íslenskum rétti er heimild til að ákvarða mönnum að greiða fésektir í höndum dómstóla fyrst og fremst, en einnig stjórnvalda á vissum sviðum, t.d. sýslumanna og lögreglustjóra. Ef við höldum okkur við stjórnsýsluna þá er þess fyrst að geta að stjórnsýsluhafar inna störf sín af höndum "að viðlagðri ábyrgð". Til þess að mega hafa hana með höndum verða þeir að fullnægja margvíslegum skilyrðum, t.d. um menntun. Ákvarðanataka þeirra er samkvæmt íslenskum lögum bundin af ýmsum form- og efnisreglum. Gerist stjórnsýsluhafarnir sekir um brot í þessum efnum getur það bæði varðað þá ábyrgð svo og hið opinbera. Aðgerðir þeirra geta ennfremur leitt til þess að ákvörðanir þeirra verði metnar ógildar. Til þess að staðreyna það höfum við ýmis réttaröryggistæki sem eru fólgin í því sem ég nefni stjórnsýslueftirlit. Þar skiptir mestu máli að telji maður rétt á sér brotinn í stjórnsýslunni getur hann borið fram kvörtun við umboðsmann

Alþingis, hann getur leitað til æðra stjórnvalds og síðast en ekki síst getur hann borið mál sitt undir dómstóla. Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu til stofnana EFTA og EB. Þetta skiptir verulegu máli við mat á álitaefninu, því að stjórnarskráin er ekki eingöngu til þess að kveða á um stjórnskipun okkar heldur og ekki síður til þess að vernda réttindi þegnanna. Það eru mikilvæg réttindi þegna í sérhverju þjóðfélagi að þeir geti borið mál sitt undir stofnanir í eigin landi, sem byggja úrlausnir sínar fyrst og fremst á réttarheimildum sem taldar eru gilda í landinu og eru í samræmi við þær réttarhugmyndir sem þjóðin hefur um sjálfa sig.

6.

Víkjum þá að þriðja atriðinu sem athuga verður í sambandi við valdframsal yfirleitt, þ.e. hverjum valdið er framselt. Hér er um að ræða stofnanir sem komið er á fót með þjóðréttarsamningi. Þeim er ætlað að vera æðstu eftirlitsaðilar með starfsemi sem lýtur alveg sjálfstæðum lögum og reglum (réttarkerfi), settum af þessum stofnunum og eru því í raun nýtt fyrirbrigði í sögunni. Grunnur þeirra laga og reglna byggist á réttarhefð sem er okkur að ýmsu leyti framandi. Þar við bætist að EES og EB einkennir miðstýring, þ.e. framkvæmdavaldið ræður þar mestu. Reglurnar varðandi EES eru alveg nýjar og ekkert hefur reynt á þær ennþá. Við erum því að

framselja hluta ríkisvalds okkar til þjóðréttarlegs aðila sem engin reynsla er fengin af hvernig starfar. Þetta leiðir til þess að við mat á því hvort ákvæði EES-samningsins brjóti í bága við stjórnarskrá okkar verður að gefa sér forsendur sem framtíðin kann að leiða í ljós að eru ekki réttar, af því að engin reynsla er af þeim fengin.

Niðurstöður:

1) Lögfræðilegt mat í þessum efnum er erfiðara fyrir þá sök að um er að ræða lögfestingu þjóðréttarsamnings en ekki venjulegs lagatexta. Það leiðir af eðli máls að ákvæði þjóðréttarsamninga byggjast að lokum á flóknu samkomulagi um orðalag og merkingu. Afleiðing þess verður að textinn er oft svo loðinn að erfiðara er að gefa honum nákvæma lögfræðilega merkingu en þegar um venjulegan lagatexta er að ræða. Þess vegna gerir t.d. fjórmenninganefndin margháttaða fyrirvara af sinni hálfu þrátt fyrir þá lokaniðurstöðu, sem hún lætur frá sér fara.

2) Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e.a.s. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt. Því

til stuðnings nægir að nefna þær aðtæður sem Íslendingar bjuggum við þegar stjórnarskráin var sett. Það hefur varla hvarflað að nokkrum Íslendingi þá að við myndum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana.

3) Þjóðréttarlegar stofnanir, eins og hér um ræðir, eru ekki stjórnarvöld í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar samkvæmt gildandi stjórnskipunarrétti. Mat á EES-samningnum og ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdavaldið verður því ekki á því byggt.

4) Stjórnsýsluhafar í landinu vinna verk sitt að viðlagðri ábyrgð á ákveðnum sviðum sem þeim ber bæði réttur og skylda til að rækja og mega ekki fela það öðrum. Í ráðuneytum viðgengst þó svonefnt innra framsal, þ.e.a.s. ráðherra felur öðrum starfsmönnum í ráðuneytinu framkvæmd valds síns. Sú ákvarðanataka er hins vegar ætíð á ábyrgð viðkomandi ráðherra, rétt eins og hann hefði staðið sjálfur að verki. Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innanlands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda.

5) Fjórmenningarnefnd utanríkisráðherra telur að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar sé valdframsal

heimilt á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að í þessu tilviki sé þeim skilyrðum fullnægt. En hvar á að draga mörkin? Hvenær er svið ekki svo nægilega vel afmarkað eða ekki nógu takmarkað til þess að um óleyfilegt valdframsal sé að ræða? Mat í þessu efni tel ég svo vandasamt og afdrifaríkt að varhugavert sé að láta hinn almenna löggjafa um það.

6) Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim, sem getur nú í stjórnarskránni, nema þá að breyta henni.

7) Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla.

8) Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis sem er nýtt á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á

réttarhugmyndum og réttarheföum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipun okkar byggist á.

Að lokum er rétt að ítreka að það sem nú hefur verið sagt um framsal framkvæmdarvalds á í veigamiklum atriðum við um framsal dómsvalds samkvæmt EES-samningnum.

7.

Varðandi dómsvaldið sérstaklega verður hér aðeins vikið að tveimur atriðum.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í samningnum, þ.e.a.s. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bindandi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs á hlutverki sínu og valdsviði.

Hitt atriðið sem ég vil vekja athygli á varðar 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Um þetta segir fjórmenninganefndin einungis: "Þessi regla varðar valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Ef það sem segir í 2. gr. stjórnarskrárinnar heimilar gerð þeirra samninga, sem hér er fjallað um, hefur ákvæðið í 60. gr. ekki sjálfstæða þýðingu með þeim hætti, að það geti leitt til annarrar niðurstöðu".

Það er rétt, sem hér segir, að ákvæðið hefur ekki sjálfstæða þýðingu varðandi þá spurningu hvort nú megi lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá, en þar með er ekki öll sagan sögð. Það er að mínu viti villandi að segja einungis að 60. gr. varði valdskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins.

Það sem ég nefni dómstólaeftirlit (d. domstolkontrol) nær til þess aðhalds sem fólgið er í úrskurðavaldi dómstóla annars vegar um stjórnskipulegt gildi laga og hins vegar um lögmæti stjórnsýslu. Þegar sagt er að dómstólar eigi úrskurðarvald um stjórnskipulegt gildi laga er átt við þá grundvallarreglu íslensks réttar að dómstólar skeri úr um það hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrána og að ekki skuli farið eftir þeim lögum sem að efni til eru andstæð henni. Það er einnig meginregla í íslenskum rétti að dómstólar eigi úrlausn um allar ákvarðanir og athafnir stjórn-

valda nema þær séu sérstaklega teknar undan dómsvaldi þeirra, annaðhvort samkvæmt settum lögum eða eðli máls, sbr. 2. gr. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessari meginreglu felst að dómstólar eiga úrskurðarvald um það hvort stjórnvöld hafi verið bær eða hæf til þess að taka ákvörðun og hvort þau hafi gætt réttra lagareglna við meðferð máls, hvort heldur um er að ræða ákvarðanir almenns eðlis, eins og t.d. setningu reglugerða, eða ákvarðanir í einstöku máli. Almennt er þó viðurkennt að framangreind meginregla um úrskurðarvald dómstóla geti sætt takmörkunum. Réttarþróunin hefur hins vegar verið sú að dómstólar telja sig bæra til þess að dæma um athafnir framkvæmdavaldshafa í mjög ríkum mæli.

Túlkun 60. gr. stjórnarskrárinnar er mikilsvert og vandasamt fræðilegt úrlausnarefni. Bæði ég og fjórmenninganefndin hafa komist að þeirri niðurstöðu að með EES-samningnum sé dómsvald framselt að hluta til dómstóla EFTA og EB. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið nauðsynlegt að víkja nánar að inntaki 60. gr. stjórnarskrárinnar vegna hinna bindandi réttaráhrifa ákvarðana þessara dómstóla.

Varðandi þessi síðast nefndu álitaefni ber að leggja áherslu á að rannsóknum mínum á þeim er hvergi nærri lokið fremur en á hugsanlegu framsali íslensks löggjafarvalds með lögfestingu EES-samningsins.

Heildarniðurstaða

Á grundvelli viðurkenndra lögskýringaraðferða stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar tel ég vafa leika á að framsal það á framkvæmdar- og dómsvaldi sem felst í EES-samningnum og hér um ræðir, standist gagnvart gildandi réttarreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þennan vafa tel ég svo mikinn að ekki megi taka áhættuna af því að lögfesta EES-samninginn að óbreyttri stjórnarskrá.

Lögbergi, 22. júlí 1992.

Fylgiskjal III.

Álit dr. Guðmundar Alfreðssonar um EES og stjórnarskrána.

(16. ágúst 1992.)

1. Þessi greinargerð er skrifuð fyrir utanríkismálanefnd Alþingis. Athugunin lýtur að stofnanaþáttum EES-samningsins og valdssviði EFTA- og EB-stofnana á EES-svæðinu og þeirri spurningu, hvort atriði í samningnum og fylgitextum hans brjóti í bága við stjórnarskrána. Greinargerðin er byggð á fyrirlestri, sem höfundur flutti 20. júní sl. á fundi Lögfræðingafélagsins og Ríkisútvarpsins um stjórnarskrána og EES. Tillit er tekið til umræðna á nefndum fundi, til athugasemda og spurninga á fundum utanríkismálanefndar 19. júní og 7. júlí sl., þar sem höfundur var mættur, og til sjónarmiða í skýrslu sérfræðinganefndar utanríkisráðherra frá 6. júlí sl.

2. Greinargerðinni er skipt í eftirfarandi kafla:

Inngangur

Löggjafarvald

- Breytingar á eldri lögum og reglum og gerð nýrra texta
- Fordæmi
- Yfirtakan á dómum og úrskurðum EB-dómstólsins
- Bókun 35 með EES-samningnum

Framkvæmdavald

- Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA
- Fordæmi
- Samningar Íslands við önnur ríki og við alþjóðastofnanir

Dómsvald

- EFTA-dómstóllinn
- Afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi valdaframsal
- Fordæmi
- Forúrskurðir

Fullveldis- og ríkishugtökin

Valdaframsal til alþjóðastofnunar, sem Ísland er ekki aðili að

Lokaorð.

INNGANGUR

3. Sívaxandi samstarf ríkja, bæði á viðskiptasviðinu og í öðrum málaflokkum, kallar á aukna samvinnu milli ríkja. Hún fer oft fram á vegum alþjóðastofnana. Í einstaka tilfellum hefur þessi aukna samvinna leitt til stofnunar yfir- eða samþjóðlegra stofnana, þar sem EB sem stofnun og nú EES-tillögurnar eru beztu dæmin. Í því felst, að aðildarríkin framselja afmarkaða hluta síns fullveldis í hendur viðkomandi stofnana. Það er grundvallarspurning í þessari umræðu um stjórnarskrána og EES, hvort slíkt framsal fær staðizt að óbreyttri stjórnarskrá.

4. Ólafur Jóhannesson skrifar í bók sinni um Stjórnskipun Íslands (Hlaðbúð 1960, bls. 96), að það sé meginregla íslenzks réttar, að þjóðréttarreglur teljist ekki til landslaga. Túlka ber lög til samræmis við þjóðarétt eins og frekast er unnt, en þjóðarétturinn víkur fyrir landsréttinum, ef til áreksturs kemur. Við búum sem sagt við tvö réttarkerfi, landsrétt og þjóðarétt. Það er því sitt hvað þjóðréttarskuldbindingar og landslög; ríkið getur orðið brotlegt að þjóðarétti og gagnvart öðrum ríkjum, en slíkar skuldbindingar fá ekki lagagildi innanlands gagnvart þegnunum, fyrr en um þær hefur verið fjallað af til þess bærum innlendum aðilum. Það verður því að fara varlega í samanburð á alþjóðlegum skuldbindingum, sem Ísland hefur þegar gengizt undir, og þeim yfirþjóðlegu skuldbindingum, sem felast í EES-samningnum.

5. Í 21. grein stjórnarskrárinnar segir, að Alþingi verði að samþykkja milliríkjasamninga, ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Því hefur verið fleygt, að EES-samningurinn og fylgisamningar hans séu einmitt slíkir milliríkjasamningar; þeir verði að vísu til að breyta stjórnarhögum, en samþykki Alþingis dugi til að afgreiða samningana. Þetta er rangt. Það er ekki hægt að breyta stjórnarskránni með milliríkjasamningi eða sem afleiðingu af slíkum samningi, þegar ekki er hægt að gera það sama með venjulegum lögum. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra tekur afdráttarlaust undir þessa skoðun (bls. 5): „Í 21. grein stjórnarskrárinnar felst ekki sjálfstæð og sérstök heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem breyta stjórnarskránni".

6. Því er líka haldið fram, að stjórnarskráin okkar sé gömul eða jafnvel úrelt miðað við þróun mála í nágrannalöndum okkar og að hún taki ekki mið af nútímalegum alþjóðasamskiptum. Þetta kann rétt að vera, en þá á að breyta stjórnarskránni með lögformlegum og löglegum hætti en ekki bara brjóta hana og beygja.

7. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra nefnir í framhaldi (bls. 3), að 40. grein stjórnarskrárinnar um skattlagningu sé dæmi um það, að löng og athugasemdalaus venja hafi helgað framsal löggjafarstarfs til framkvæmdavaldshafa á skjön við stjórnarskrárákvæði. Það má eflaust nefna fleiri dæmi, t.d. varðandi 28. grein um útgáfu bráðabirgðalaga. Því hefur verið fleygt, kannske í þessu samhengi, að stjórnarskráin hafi verið brotin áður og það sé hægt að gera það aftur. Í þessu samhengi verður þó að gera skýran greinarmun á eðli og umfangi athafnar eða framsals. Innlendar tilfærslur eru annars eðlis en framsal út úr landinu. Ekkert dæmi hefur verið nefnt, sem snýst um valdaframsal til yfirþjóðlegrar alþjóðastofnunar, hvað þá til stofnunar eins og EB, sem við erum ekki aðilar að.

8. Niðurstaðan í þessari stjórnarskrárumræðu má ekki ráðast af stjórnmálalegri afstöðu til EES-svæðisins. Jafnvel þótt samningurinn væri í alla staði fullkominn og honum fylgdu bara kostir og engir gallar, þá verður að fara fram fagleg umræða og ákvarðanataka um þetta mál, burtséð frá öllum stjórnmála-, efnahags- og tilfinningasjónarmiðum. Bæði stuðningsmenn og andstæðingar svæðisins hljóta að fylgja stjórnskipunarlega réttri afgreiðslu samningsins af hálfu Alþingis og forseta. Stjórnarskráin er svo mikilvægur hluti af okkar stjórnkerfi, að hana má ekki leggja til hliðar vegna stjórnmálaskoðana eða hagsmunaafstöðu. Að sniðganga stjórnarskrána núna getur komið okkur í koll síðar.

9. Í eftirfarandi köflum þessarar greinargerðar mun ég fjalla um hugsanlega árekstra milli stjórnarskrárinnar og EES-samningsins á sviðum löggjafar-, framkvæmda- og dómsvalds. Hvert dæmi eitt og sér, ef rétt reynist, td. um afhendingu framkvæmda- og dómsvalds eða um skerðingu löggjafarvalds, nægir til þess að útheimta stjórnarskrárbreytingu, áður en samningurinn fengi gildi að landsrétti. Það myndi því þurfa að beita 79. grein stjórnarskrárinnar, ef eitt þessara atriða, sem ég fjalla um, brýtur í bága við stjórnarskrána.

LÖGGJAFARVALDIÐ

Breytingar á eldri lögum og reglum og gerð nýrra texta

10. Samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið. Því er lýst í ýmsum greinum stjórnarskrárinnar, hvernig staðið skuli að lagasetningu með frumvörpum, samþykkt Alþingis, staðfestingu forseta og birtingu. Í 2. grein felast líka grundvallarreglur um verkaskiptingu milli handhafa löggjafar-, framkvæmda- og dómsvalds.

11. Það er aðaltilgangur EES-samninganna að samræma á EES-svæðinu öll lög og reglur um frelsin fjögur, sem eru ætluð til þess að greiða fyrir viðskiptum og öðrum samskiptum á milli aðildarríkjanna. Alþjóðleg og svæðabundin viðskipti fara sífellt vaxandi og það er gott að samræma reglur og réttarframkvæmd sem mest á milli landa til að greiða fyrir þeim. Fjórfrelsið er samt víðtækt hugtak og nær til frjáls flutnings á vörum, þjónustu, fjármagni og fólki á milli aðildarríkjanna.

12. EB hefur í þessu skyni unnið mikið að lagasamræmingu á milli sinna aðildarríkja. Lagasamstarfið á nú að útvíkka til EFTA-ríkjanna með þeim hætti, að EES-samningurinn endurtekur eða vísar til laga, dóma og annarra réttarheimilda EB eins og þær hafa þróast á undanförnum áratugum. Þar eru með taldar reglur um samkeppni, opinber innkaup og ríkisstyrki. Um þessar reglur, sem eru settar til að koma í veg fyrir mismunun á milli einstaklinga og fyrirtækja á EES-svæðinu, myndu stofnanir EFTA og EB fá ákvörðunarvald og úrslitaáhrif á svæðinu.

13. EB myndi að mestu ráða ferðinni um breytingar á eldri textum og tilurð nýrra laga og reglna á EES-svæðinu. Efnislega löggjafarvaldið verður að þessu leyti í höndum stofnana EB. EES-nefndin og EES-ráðið munu samþykkja lög og reglur frá EB til að viðhalda samræmdu lagakerfi. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna fara með tillögu- og samráðsrétt á fyrri stigum máls og fulltrúar EFTA-ríkjanna fara með neitunarvald í áðurnefndum EES-stofnunum. Frá EES berast málin til Alþingis, sem samkvæmt samningnum getur samþykkt eða hafnað máli, en ekki breytt frumvarpi, því að þá næði samræmingin ekki fram að ganga. Eins og sérfræðinganefnd utanríkisráðherra orðar það (bls. 11): „Er slík einhliða breyting því ekki raunhæfur kostur."

14. Verkefnaskiptingin eftir þessu fyrirkomulagi raskar þrískiptingu ríkisvaldsins eins og því er lýst í 2. grein stjórnarskrárinnar. Undirbúningur og flutningur löggjafarmála flyzt frá Alþingi til stofnana EB og EES og til fulltrúa íslenzka ríkisins hjá þeim, en þetta var náttúrulega aldrei hugmyndin, þegar stjórnarskráin gekk í gildi. Það eru fulltrúar framkvæmdavaldsins, ýmist ráðherrar, embættismenn eða sérfræðingar, sem myndu halda uppi samráði við EB og fara með neitunarvaldið hjá EES. Framkvæmdavaldið fengi því augljóslega aukinn hlut á kostnað löggjafarvaldsins. Þennan framgangsmáta staðfestir sérfræðinganefndin með því að segja (bls. 11): „Við þetta allt er þörf á samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis."

15. Enn segir sérfræðinganefnd utanríkisráðherra (bls. 12-13):

> „Setning nýrra EES-reglna fer ekki eftir reglum landsréttar, þar sem hér er um að ræða breytingar á þjóðréttarsamningi. Þar eiga því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna. ..."

Þessi atriði telur nefndin, að ráði úrslitum um það, að umrædd ákvæði EES-samningsins séu samrýmanleg 2. grein stjórnarskrárinnar. Röksemdafærsla nefndarmanna fær staðizt og niðurstaðan er formlega rétt. Hún er hins vegar efnislega röng, því að frumkvæðisréttur þingmanna að lagafrumvörpum og flutningi breytingartillagna skerðist að sjálfsögðu, þegar löggjafarstarfið um sjálfar efnisreglurnar, eins og áður segir, er flutt frá Alþingi til alþjóðastofnana.

16. Samningurinn rýrir greinilega hefðbundið hlutverk Alþingis. Alþingi myndi fara með formlegt neitunarvald, en efni laganna og orðalag verða ráðin annars staðar. Löggjafarvald er að hluta framselt til alþjóðastofnana og framkvæmdavaldið fær stærra hlutverk við ákvörðun efnisreglna, en löggjafinn getur sagt nei í krafti hins formlega neitunarvalds. Breyti hann texta eða setji andstæðar reglur, myndi það hafa þjóðréttarlegar afleiðingar vegna viðurlagaákvæða EES-samningsins. Það er ekki hátt risið á svona fyrirkomulagi fyrir þjóðþing í fullvalda ríki, en það er matsatriði og getur horft til beggja átta, hvort þetta fyrirkomulag brýtur í bága við stjórnarskrána.

17. Ég mun síðar víkja að spurningunni, hvort það samrýmist stjórnarskránni, að alþjóðastofnun eins og EB, sem við eigum ekki aðild að, geti hugsanlega farið með

vald, sem stjórnarskráin felur íslenzkum aðilum. Framsal til EB vegur þyngst í tengslum við framkvæmda- og dómsvald, en það kemur einnig til álita í sambandi við löggjafarvaldið.

Fordæmi

18. Í inngangsorðum skýrslu sinnar telur sérfræðinganefnd utanríkisráðherra upp svokölluð fordæmi til réttlætingar á valdaframsalinu í EES-samningnum. Varðandi verkaskiptingu, sem hugsanlega samrýmist ekki 2. grein stjórnarskrárinnar, nefna þeir (bls. 3-4) m.a. skattheimtu ríkisstjórnar eða ráðherra og reglugerðasetningu handhafa framkvæmdavalds, sem ættu að hvíla hjá löggjafanum; vissar stjórnsýsluákvarðanir Alþingis, sem ættu að vera hjá framkvæmdavaldinu; og úrskurði yfirskattanefndar um skattfjárhæðir, sem ætti að falla undir dómstóla.

19. Ekkert þessara dæma er sambærilegt við þá valdatilfærslu, sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Þau eru öðru vísi í eðli sínu, enda snúast þau öll um tilflutning á valdi milli innlendra aðila. Jafnvel þótt sum dæmanna bentu til fyrri brota á stjórnarskrá, eins og sérfræðinganefndin ýjar að (bls. 3), réttlæta þau ekki önnur brot og allra sízt, þegar um er að ræða valdaframsal til alþjóðastofnana. Í köflunum um framkvæmda- og dómsvald mun ég síðan fjalla um dæmi, sem sérfræðinganefndin nefnir um framsal slíks valds.

Yfirtakan á dómum og úrskurðum EB-dómstólsins

20. Í 6. grein EES-samningsins segir um dóma uppkveðna fyrir undirskrift EES-samningsins:

> „Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta ...“

Orðalagið á þýðingunni virðist ekki eins afgerandi og það er í enska textanum:

> „... the provisions of this Agreement ... shall in their implementation and application be interpreted in comformity with the relevant rulings of the Court of Justice of the European Communities ...“.

21. EB-dómarnir varða oft grundvallaratriði og þeir hafa iðulega mótað framþróun EB-réttarins. Þeir eru í raun gildandi réttur, hvað varðar túlkun og beitingu efnisreglna EB-samningsins, eins og lesa má í nýlegu kennsluriti Stefáns Más Stefánssonar prófessors um Evrópurétt. Með tilliti til lagasamræmingar á EES-svæðinu hljóta EB-dómarnir því að gegna veigamiklu hlutverki við allan skilning og notkun á þeim ákvæðum EES-samningsins og fylgitexta hans, sem byggja á EB-samningnum og afleiddum gerðum.

22. Það er því rökrétt, eins og skýrt má lesa í enska textanum, að 6. grein EES-samningsins fjallar um skyldu til að beita EB-dómunum. Þetta viðhorf kemur greinilega fram í áliti EB-dómstólsins um EES-samninginn frá 10. apríl 1992, þar sem valdahlutföllunum og hlutverki EB-dómstólsins á EES-svæðinu er skilmerkilega lýst. Dómarnir eru ekki eingöngu lögskýringar- eða túlkunargögn. Þeir eru nauðsynlegur hluti lagasamræmingarinnar og óumflýjanlegur hluti hins nýja EES-réttar. Þeir geta í reynd haft bein réttaráhrif, þar sem eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA eiga að beita þeim í ákvörðunum, sem myndu koma til fullnustu á Íslandi.

23. Viðeigandi dómar EB-dómstólsins, t.d. um samkeppnisreglurnar, eru hins vegar ekki skráðir í EES-samningnum. Það er bara almenn tilvísun til þeirra og þeir ekki tilgreindir, þótt það sé að sjálfsögðu vitað, hvaða dómar koma við sögu. Að mínu mati er það alvöruspurning, hvort Alþingi og forseti lýðveldisins geta samþykkt slíka tilvísun til lagabókstafs, sem á að fá gildi að landsrétti, án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram í frumvarpsformi, á íslenzku að sjálfsögðu, og svo birt. Það hlýtur að skerða réttarvitund manna og réttaröryggi, ef þetta er allt saman samþykkt óséð og óskoðað, jafnvel þótt dómarnir séu til og liggi frammi í erlendum bókum og þótt sumir þeirra hafi verið reifaðir í íslenzkum gögnum. Um réttan framgangsmáta má vitna í ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, td. 26. grein um lagafrumvörp og 27. grein um birtingu laga.

Bókun 35 með EES-samningnum

24. Stök grein bókunar 35 með EES-samningnum hljóðar svo:

> „Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin

sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Í formálsorðum sömu bókunar er tekið fram, að samningsaðilar framselji ekki löggjafarvald til stofnana EES. Það er athyglisvert, að það eru eingöngu EFTA-ríkin og ekki EB sem stofnun eða EB-ríkin, sem taka á sig þessa skuldbindingu samkvæmt bókun 35. Þetta er staðfesting á því, sem áður segir, hjá hverjum efnislega löggjafarvaldið hvílir í raun.

25. Efnisgrein bókunar 35 myndi þrengja mjög að löggjafarvaldinu, hvað sem líður áðurnefndum formálsorðum bókunarinnar. Því er lofað með tilvísun í lagasamræmingu á EES-svæðinu, að EFTA-ríkin muni tryggja með lögum, að EES-reglur gangi framar öðrum landslögum, ef til áreksturs kemur. Samkvæmt stjórnskipunarrétti okkar geta Alþingi og forseti breytt eldri lögum og sett ný lög eins og þeim sýnist. Stjórnarskráin heimilar ekki, að lög eða millirríkjasamningar takmarki þennan rétt. Svona samningsloforð um forgang EES-reglna getur haft þýðingu sem almenn stefnuyfirlýsing, en lögfræðilega er það ekki marktækt.

26. 3. grein frumvarps til laga um EES hljóðar svo:

„Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

Í greinargerð með frumvarpinu segir (bls. 214), að með 3. grein séu í framhaldi af bókun 35 lögfestar

„túlkunarreglur þess efnis, að ef upp kemur misræmi milli EES-reglna sem hafa verið lögfestar og annarra ákvæða í lögum, þá gildi reglur EES í því tilviki".

27. Miðað við orðalag og tilgang bókunar 35, sem er hluti af millirríkjasamningi, er hér alls ekki um túlkunarreglu að ræða, heldur skyldu eða skuldbindingu. Sem skuldbinding getur hún ekki talizt stjórnskipunarlega marktæk eins og áður sagði. 3. grein lagafrumvarpsins um túlkunarreglu einvörðungu gengur hins vegar skemur en millirríkjasamningurinn og brýtur sennilega ekki í bága við stjórnarskrána, en hún er ekki í samræmi við þjóðréttarskuldbindinguna. Það er hætt við því, að í deilumálum myndu dómstólar EES og EB taka mið af þjóðaréttinum.

FRAMKVÆMDAVALDIÐ

Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA

28. Í 2. grein stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um, að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdavaldið. Í 13. grein segir, að forsetinn láti ráðherra framkvæma þetta vald. Samkvæmt 14. grein bera ráðherrar ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Það er enginn vafi á því, að stjórnarskráin á hér við íslenzka ráðherra og íslenzk stjórnvöld. Það er engin undantekning gerð í þessum greinum um framsal á framkvæmdavaldi út úr landinu og það hefur aldrei verið gert með þessum hætti, þannig að engin eru fordæmin (sjá síðar um svokölluð fordæmi, sem sérfræðinganefnd utanríkisráðherra tilnefnir).

29. Samkvæmt EES-samningnum, greinum 108 til 110 (sem eru nánar útfærðar í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA), mun eftirlitsstofnunin fá víðtækt vald til að hafa eftirlit með framkvæmd lögfestra samningsskuldbindinga. Hið sama getur gilt um framkvæmdastjórn EB í þeim tilfellum, þegar ákvarðanir falla undir hana samkvæmt ákvæðum samninganna. Sérfræðinganefndin telur réttilega upp eftirfarandi ákvarðanir (bls. 20-21), sem eftirlitsstofnunin hefði heimild til að taka og sem snúa að íslenzkum einstaklingum og fyrirtækjum; bindandi yfirlýsingar um brot, bindandi fyrirmæli um skyldubundin viðbrögð, tímabundnar bindandi bráðabirgðaráðstafanir, rannsóknaraðgerðir á vettvangi (t.d. bókhaldsrannsóknir), og aðfararhæfar sektir og févíti.

30. Eftirlitsstofnun EFTA yrði sjálfstæð stofnun og eftirlitsmennirnir, þ.m.t. íslenzki eftirlitsmaðurinn, mættu ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þarna yrði sem sagt um yfirþjóðlegan framkvæmdavaldsaðila að ræða, sem á að geta tekið ákvarðanir, sem myndu verða bindandi á Íslandi og koma beint til fullnustu innanlands, án þess að íslenzk stjórnvöld eða dómstólar gætu sagt nokkuð um efnishliðina.

31. Eftirlitið með samkeppnisreglunum kemur hér sérstaklega til skoðunar, því að það er skýrt tekið fram í 110. grein EES-samningsins, að ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA verði aðfararhæfar gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, sbr. og 53. og 54.

grein samningsins. Ákvarðanir gætu varðað brot, sem eiga sér stað alfarið innanlands, og þær gætu líka haft áhrif á réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja í málum um opinber innkaup og ríkisaðstoð eða ríkisstyrki (sjá skýrslu sérfræðinganefndarinnar, bls. 18-20).

32. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra heldur því fram (bls. 16), að það megi hugsanlega skýra fyrirmæli í 2. grein stjórnarskrárinnar um framkvæmdavaldið þannig, að það geti verið í höndum alþjóðastofnana á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum: „Ekki er tekið fram, að þetta skuli vera alíslenzk stjórnvöld." Þessi skoðun þeirra er algjörlega úr lausu lofti gripin og á sér enga stoð í íslenzkum stjórnskipunarrétti. Þetta er ævintýramennska í lögfræði og það breytir engu, hvort framsalið nær til millirríkjaviðskipta eingöngu eða til annarra málaflokka.

33. Það er rétt, sem sérfræðinganefndin segir um takmörkun á ábyrgð ráðherra (bls. 6): „Ráðherrar bera aðeins ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sem þeir hafa framkvæmt, vitað um eða látið viðgangast." Ólafur Jóhannesson túlkar þetta ákvæði svo (bls. 158 í Stjórnskipun Íslands), að

> „ráðherrar verða eigi gerðir ábyrgir vegna athafna embættis- og sýslunarmanna, sem undir þá heyra, nema eitthvað hafi á skort af hendi ráðherra um val starfsmannanna, eftirlit með þeim eða fyrirmæli til þeirra. Í 14. gr. stjskr. felst því það eitt, að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum".

Það má fullyrða, að það var aldrei ætlun stjórnarskrárgjafans, að sumar stjórnarframkvæmdir mætti flytja út úr landinu og framkvæma ábyrgðarlaust án umsjónar eða eftirlits þeirra stjórnvalda, sem upp eru talin í 2. grein stjórnarskrárinnar.

34. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga lög um ráðherraábyrgð númer 4 frá 1963 og 8. grein þeirra, sem fjallar um stjórnarskrármál. Í d-lið segir, að það varði ráðherra ábyrgð, „ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins". Um samhljóða ákvæði í eldri lögum segir Ólafur Jóhannesson (Stjórnskipun Íslands, bls. 161), að

> „brotið er fullframið jafnskjótt, sem verk er unnið, t.d. ályktun gerð, án tillits til þess, hvort afleiðingin, skerðing á frelsi og sjálfstæði, er komin fram".

Ef það kemur í ljós seinna, að efasemdir standast og að varnaglar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar um óvissar forsendur (bls. 29 og 32) reynast réttir, dugir það ekki samkvæmt ráðherraábyrgðarlögunum að breyta stjórnarskránni seinna í samræmi við hugmyndir nefndarinnar. Brot er fullframið jafnskjótt og verk er unnið, það er þegar EES-samningurinn yrði staðfestur án þess að breyta stjórnarskránni fyrst.

35. Það er mín niðurstaða um framkvæmdavaldsþátt EES-samningsins, að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðizt samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar, sem felur tilteknum íslenzkum aðilum þetta vald. Framsalið stangast líka á við 14. grein stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð, því að hvorki ráðherrar né önnur innlend stjórnvöld myndu geta borið ábyrgð á ákvörðunum stofnana EFTA og EB, þar sem þær heyra alls ekki undir innlenda aðila og enginn slíkur myndi því bera ábyrgð á athöfnunum. Hér vaknar því greinilega spurning um stjórnarskrárbrot.

Fordæmi

36. Strax í upphafi orða sinna um framkvæmdavaldið telur sérfræðinganefnd utanríkisráðherra upp til felli þess (bls. 15), að Ísland hafi „fullgilt marga alþjóðasamninga, sem leggja ríkinu umfangsmiklar skyldur á herðar". Þeir nefna sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Norður-Atlantshafssamninginn og stofnskrá og mannréttindasamning Evrópuráðsins og sérstaklega lög um lagagildi samnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, lög um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðsins, og lög um lagagildi varnarsamningsins, sem gerður var á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Allt er þetta gott og blessað, en kemur bara málinu ekki við.

37. Þessi fordæmi eru í eðli sínu engan veginn sambærileg við það sem myndi gerast samkvæmt EES-samningnum. Í engu áðurnefndra tilfella hefur framkvæmdavald, og ekki heldur löggjafar- eða dómsvald, verið flutt út úr landinu. Í öllum tilfellunum er um þjóðréttarlegar skuldbindingar að ræða og í þeim tilvikum, sem þær hafa verið lögfestar, hvílir lokaákvörðunarvaldið yfir íslenzkum þegnum hjá íslenzkum aðilum samkvæmt íslenzkum landsrétti og samkvæmt íslenzkum túlkunum á þjóðaréttinum í samræmi við landslög.

38. Sérfræðinganefndin telur líka upp dæmi þess (bls. 23), að íslenzkir dómstólar geti beitt erlendum réttarreglum um viðskiptamál og fjölskyldurétt og hún blandar alþjóðlegum einkamálarétti eða lagaskilarétti inn í þá umræðu. Þeir bæta því að vísu við, að slík beiting erlendra reglna

> „varðar ekki beint það álitaefni, sem hér er til umfjöllunar, þar sem ekki er samkvæmt lagaskilarétti um að ræða að erlendum stjórnvöldum sé fengið vald til að gefa fyrirmæli, sem gilda eiga hérlendis. ...Engu að síður leiðir það, sem nú hefur verið sagt, í ljós, að um viðskipti milli landa verður að fjalla með hliðsjón af lagareglum í öðrum löndum."

Auðvitað ber að taka tillit til lagareglna í öðrum löndum. Um það er ekki deilt, heldur hitt, hver fer með ákvörðunarvaldið. Í nefndum tilvikum hvílir valdið hjá íslenzkum aðilum. Þessi dæmi skipta því ekki máli um spurninguna, hvort framselja megi vald út úr landinu að óbreyttri stjórnarskrá.

39. Loks vitnar sérfræðinganefndin (bls. 23-24) í Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi stjórnsýsluathafna og dóma frá þessum löndum. Nánari athugun leiðir í ljós, að þarna er tvennt ólíkt á ferðinni. Útlend stjórnvöld eða dómstólar fá samkvæmt Norðurlandasamningunum aldrei lögsögu yfir íslenzkum einstaklingum eða fyrirtækjum, nema þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komizt undir vald erlendrar lögsögu. Það var engin lögsaga flutt út úr landinu, því að erlend stjórnvöld og dómstólar höfðu þegar vald til að fara með viðkomandi mál. Við tökum aðeins að okkur fullnustuna á gagnkvæmnisgrundvelli. Á EES-svæðinu myndu hins vegar EFTA-eftirlitsstofnunin og dómstóllinn fá lögsögu, svo og stofnanir EB, án þess að íslenzkir aðilar aðhafist nokkuð til að kalla lögsöguna yfir sig. Tilvitnunin í þessa Norðurlandasamninga og samanburðurinn eiga því ekki rétt á sér.

40. Ég vík síðar að spurningunni, hvort stjórnarskráin leyfir framsal á valdi, sem stjórnarskráin felur forseta og íslenzkum stjórnvöldum, til alþjóðastofnunar eins og EB, sem við erum ekki aðilar að.

Samningar Íslands við önnur ríki og við alþjóðastofnanir

41. Það er eitt af megineinkennum fullvalda ríkis, að það fer með sín utanríkismál og gerir m.a. samninga við önnur ríki og við alþjóðastofnanir eftir reglum

þjóðaréttarins. Samkvæmt 21. grein stjórnarskrárinnar gerir forseti lýðveldisins samninga við önnur ríki.

42. Í formálsorðum EES-samningsins segir, að hann takmarki ekki sjálfræði aðila „til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar". Í 120. grein segir, að ákvæði EES-samningsins, ef ekki er kveðið á um annað, skuli

> „ganga framar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða".

Í 121. grein þykir ástæða til að taka fram, að ákvæði EES-samningsins útiloki ekki samstarf „innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa".

43. EES-samningurinn leiðir sem sagt til spurninga um hugsanlega skerðingu á samningsgetu íslenzka ríkisins við önnur ríki og við alþjóðastofnanir. Skerðingin gæti tekið á sig ýmsar myndir, t.d. varðandi fríverzlunarsamninga við ríki eða ríkjahópa utan EES-svæðisins. Að mínu mati vakna í þessu sambandi sams konar vafamál og um margar aðrar hliðar á lögfestingu þessa samnings. Ákvæði í honum, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, stangast á við óbreytt fyrirmæli stjórnarskrárinnar, í þessu tilfelli 21. grein.

DÓMSVALDIÐ

EFTA-dómstóllinn

44. Samkvæmt 2. grein stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Það er enn og aftur enginn vafi á því, að stjórnarskráin á hér við íslenzka dómendur og íslenzka dómstóla. Það eru engin fordæmi til um afhendingu á bindandi dómsvaldi yfir íslenzkum aðilum út úr landinu. Samkvæmt 60. grein stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þetta myndu þeir ekki geta gert að því marki, sem framkvæmdavald hefur verið framselt til eftirlitsstofnunar EFTA og dómsvald til EFTA-dómstólsins. Til viðbótar má benda á 61. grein um vernd og sjálfstæði dómara, sem gerir greinilega ráð fyrir innlendri málsmeðferð.

45. Um EFTA-dómstólinn eru ákvæði í greinum 108 og 110 EES-samningsins (svo og í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA). Til hans má skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar. Þar kemur skýrt fram, að dómsvald dómstólsins yrði mjög víðtækt um eftirlitið með framkvæmd EES-samningsins og það gæti á ýmsan hátt haft bæði bein og óbein áhrif að landsrétti, t.d. varðandi samkeppnisreglur, ríkisstyrki og opinber innkaup. Dómarnir yrðu endanlegir gagnvart íslenzkum einstaklingum og fyrirtækjum, þeir yrðu aðfararhæfir að landsrétti, og þá mætti ekki bera efnislega undir innlenda dómstóla.

46. EFTA-dómstóllinn er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenzkur dómari, sem þar myndi sitja, yrði óháður íslenzkri dómaskipan. Íslenzkir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig hafa verið órétti beitta af eftirlitsstofnuninni, yrðu þá að sækja sín mál fyrir þessum yfirþjóðlega dómstól, sem mun væntanlega sitja í Genf, eða til Luxemborgar í þeim tilfellum, sem EB-dómstóllinn hefði dómssögu. Landinn gæti ekki leitað réttar síns fyrir íslenzkum dómstólum í málum, sem myndu falla undir þessa alþjóðlegu dómstóla.

47. Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu til dómstóla, sem gætu kveðið upp bindandi dóma, sem kæmu beint til fullnustu að landsrétti. Engin fordæmi eru til um slíka niðurstöðu. Það verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri 2. grein stjórnarskrárinnar, með hliðsjón af 60. og 61. grein hennar. Þetta er að mati höfundar eitt skýrasta dæmið um stjórnarskrárbrot, sem myndi leiða af lögfestingu EES-samningsins.

Afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi valdaframsal

48. Millifyrirsögnin er fengin að láni úr skýrslu sérfræðinganefndar utanríkisráðherra, þar sem þetta orðalag, bæði í meginmáli og niðurstöðum, er notað hvað eftir annað til lýsingar á leyfilegu framsali löggjafar-, framkvæmda- og dómsvalds. Útskýringarnar á því, hvað sé nógu vel afmarkað og takmarkað og hvað sé ekki um of íþyngjandi, eru samt mjög stuttaralegar (t.d. á bls. 13, 24-25 og 31) og þær hljóta að vera byggðar á ónógum gögnum, enda fátt um viðmiðanir. Ég er hræddur um, að t.d. fyrirtæki, sem þyrfti að borga tugmilljónir króna í sektir eða févíti samkvæmt

ákvörðun í samkeppnismáli, myndi telja hana íþyngjandi. Og nefndin hleypur anzi hratt yfir reglumar um ríkisstyrki og opinber innkaup, en þetta eru allt hlutir sem geta haft veruleg áhrif á réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja í landinu.

49. Þótt góðir menn hafi setið í sérfræðinganefndinni geta þeir ekki búið til ný stjórnarskrárákvæði eða lagað til gömul, þannig að þau henti niðurstöðunum. Þetta gildir bæði um ofangreinda millifyrirsögn og svo um útvíkkunina á 2. grein stjórnarskrárinnar, þannig að hún nái til yfirþjóðlegra framkvæmdavaldshafa og dómstóla. Þessar kenningar þeirra eru athyglisverðar, en þær eiga sér engar stoðir í stjórnarskránni sjálfri, í framkvæmd hennar til þessa eða í ritum fræðimanna um íslenzkan stjórnskipunarrétt. Það þarf að breyta stjórnarskránni til þess að koma þeim í framkvæmd.

50. Á sama hátt og lagt er til í EES-samningnum, að niðurstöður EFTA- og EB-dómstólanna fái gildi að landsrétti í vissum málaflokkum, mætti innleiða alls konar millirikjasamninga með almennum lögum og segja, að það sé í lagi, vegna þess að viðfangsefnin hverju sinni yrðu afmörkuð, takmörkuð og ekki um of íþyngjandi. Spurningunni um, hvar eigi að draga mörkin, er ósvarað. Sérfræðinganefndin leggur sérstaka áherslu á viðskiptamál, en önnur dæma hennar lúta að mannréttindum (bls. 15) og sifjarétti (bls. 23). Það ber líka að hafa í huga, að fjórfrelsið tekur til viðskiptamála í mjög víðtækum skilningi og nær, eins og áður sagði, ekki bara til frjáls flutnings á vörum, heldur líka til frjáls flutnings á þjónustu, fjármagni og fólki.

51. Röksemdafærslu nefndarinnar mætti t.d. teygja til alls mannréttindasamnings Evrópuráðsins og þar með talið lögsögu stofnana ráðsins í mannréttindamálum. Málaflokkamir yrðu afmarkaðir og takmarkaðir og bindandi niðurstöður um virðingu fyrir alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum myndu varla teljast íþyngjandi gagnvart þeim, sem leituðu réttar síns til Strasbourg. Þetta er athugunarefni fyrir nýskipaða sérfræðinganefnd dómsmálaráðherra, sem á m.a. að kanna möguleikana á því að lögfesta mannréttindasamninginn, en ég held því fram, að stjórnarskrárbreyting sé nauðsynleg í því sambandi og að hún myndi þar að auki tryggja betur réttindi og skyldur borgaranna.

Fordæmi

52. Það er ekki rétt að bera saman EES-samninginn og núgildandi EFTA-samning eða mannréttindasamning Evrópuráðsins, þrátt fyrir ákvæði í þessum samningum um lausn deilumála. Niðurstöður stofnana samkvæmt síðarnefndu samningunum varða þjóðréttarlegar skuldbindingar og fá ekki sjálfkrafa gildi að landsrétti. Það er ekki heldur sambærilegt að tala um tilfelli, þegar íslenzkir dómstólar beita útlendum reglum, því að þá eru íslenzkir dómstólar að verki og hafa lokaorðið. Hið sama gildir um Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi dóma frá þessum löndum (sjá athugasemdir um aðfararhæfar stjórnsýsluathafnir í kaflanum um framkvæmdavaldið).

53. Hæstaréttardómur frá 1990 um aðskilnað framkvæmda- og dómsvalds, þar sem vitnað er til mannréttindasamnings Evrópuráðsins, leiddi ekki til breytingar á meginreglunni um tvö réttarkerfi, landsrétt og þjóðarétt. Lög um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds höfðu verið sett, áður en Hæstiréttur kvað upp sinn dóm, og þessi lög eru nefnd meðal dómsforsendna. Sérfræðinganefndin staðfestir (bls. 6) með tilvitnun í yngri dóm, að íslenzkur réttur varðandi réttarheimildirnar hafi ekki breytzt. Hvorki íslenzk stjórnskipun né þjóðarétturinn gera greinarmun í þessu samhengi á mannréttindasamningum og öðrum millirikjasamningum, svo sem í viðskiptamálum.

Forúrskurðir

54. 107. grein EES-samningsins og bókun númer 34 með samningnum hljóta einnig að valda stjórnskipunarlegum vandkvæðum, aðallega vegna ónákvæmni í greinargerð með EES-frumvarpinu. Bókunin heimilar, einfaldlega að útgefinni tilkynningu EFTA-ríkis, að dómstólar í EFTA-ríkjunum láti EB-dómstólinn kveða upp forúrskurði með bindandi skýringum á EES-samningnum. Svona samningsákvæði væri greinilega ekki marktækt að óbreyttri stjórnarskrá.

55. Þessi stjórnskipunarafstaða er viðurkennd með hálfum huga í greinargerð frumvarpsins (bls. 213):

„Enga nauðsyn ber til að gefa slíka tilkynningu. Slík heimild til handa

íslenskum dómstólum myndi krefjast lagaheimildar og jafnvel stjórnarskrárbreytingar."

Þarna þarf að marka skýrar línur og taka af allan vafa um, hvernig að framkvæmd heimildarinnar skyldi staðið, ef stjórnvöld vildu gefa út umrædda tilkynningu. Það á enginn vafi að leika á því, að bindandi forúrskurðir frá dómstól alþjóðastofnunar, sem við erum þar að auki ekki aðilar að, myndu útheimta stjórnarskrárbreytingu.

FULLVELDIS- OG RÍKISHUGTÖKIN

56. Það er meginregla í þjóðarétti, að ríki er frjálst og fullvalda, þegar þjóðin, sem þar býr, ræður yfir landssvæði og fer með stjórn sinna mála inn á við og út á við. Á þessari reglu er byggt í öllum samskiptum ríkja í millum, hvort sem um er að ræða millirikjasamninga eða alþjóðastofnanir. Eftir henni er farið í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og flestum fræðiritum, og öll eða flest ríki heims standa vörð um hana.

57. Þessi viðhorf endurspeglast í 1. og 2. grein stjórnarskrárinnar. Ég hef þegar fjallað um 2. grein, en hún er í beinu framhaldi af 1. grein, sem hljóðar svo: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Hafa ber í huga, að EES-samningurinn felur í sér víðtækt valdaframsal á öllum þeim sviðum, sem um er rætt í 2. grein. Meira að segja refsivald er flutt út úr landinu í þeim tilfellum, þegar stofnanir EFTA og EB fá vald til að beita aðfararhæfum sektum og févítum gagnvart þeim, sem ekki hlýða úrskurðum þeirra.

58. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra gerir í inngangsorðum lítið úr ríkis-, fullveldis- og sjálfstæðishugtökunum. Þeir skrifa án þess að færa að því nokkur rök (bls. 2 í skýrslunni): „Gildi ríkishugtaksins í stjórnskipunarrétti er umdeilt" og „Ekki er þó ástæða til að telja, að 1. grein stjórnarskrárinnar hafi sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess álitaefnis, sem okkur er ætlað að fjalla um." Í tengslum við þessar staðhæfingar vitna þeir til lýsingar Ólafs Jóhannessonar á hugtakinu (bls. 3 í Stjórnskipun Íslands), en orð hans í tilgreindri tilvitnun og í áframhaldandi bókartexta ganga í þveröfuga átt; þar lýsir hann því, hversu þýðingarmikið hugtakið er og getur verið. Bæði sögulega og í nútímanum hljóta 1. og 2. grein og samspil þeirra að skipta máli; þetta er sjálfur grundvöllur lýðveldisstofnunar og sjálfstæðs ríkis á Íslandi.

59. Sérfræðinganefndin skrifar einnig (bls. 2): „Ganga verður út frá því, að allt það, sem kalla má löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald, sé í höndum þeirra, sem upp eru taldir" í 2. grein stjórnarskrárinnar. Nefndin heldur áfram:

> „Þetta er eðlileg skýring á orðum greinarinnar, þegar haft er í huga, að orðin eru höfð með greini. Það er einnig eðlileg skýring, þegar horft er til venjuhelgaðra hugmynda um þetta atriði."

Þetta er rétt, en svo segja nefndarmenn (bls. 3), „að sú réttarregla, sem felst í 2. grein, er meginregla, sem undantekningar eru frá ...". Undantekningarnar byggja þeir á fordæmum og túlkunum, sem ég hef hrakið í köflunum að ofan um löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald. Ég held því fram, eins og þar er rakið, að innlendar valdatilfærslur séu í stjórnskipunarlegum skilningi alls ekki sambærilegar við flutning á því sama valdi út úr landinu og að nefnd fordæmi um samskipti við erlenda aðila séu annars eðlis en gert er ráð fyrir í EES-samningnum.

60. Fullveldis- og ríkishugtökin eru ekki á undanhaldi í alþjóðasamskiptum vegna þess, sem er að gerast í EB og EES. Þjóðarétturinn breytist ekki, þótt 12 eða 20 Evrópuríki efli með sér samvinnu og ekki heldur, þótt sum þeirra verði til að takmarka eða jafnvel afsala sér fullveldinu í leiðinni. Það sem hefur verið og er að gerast, þar sem áður voru Sovétríkin og Júgóslavía og víðar, er til marks um heftbundna strauma, og bæði Ísland og Danmörk hafa lagt sitt af mörkum til þeirrar þróunar með tímabærum fullveldisviðurkenningum.

VALDAFRAMSAL TIL ALÞJÓÐASTOFNUNAR, SEM ÍSLAND ER EKKI AÐILI AÐ

61. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, að það er margt í EES-samningnum og fylgiheimildunum um vald EFTA- og EES-stofnana, sem ýmist brýtur í bága við eða orkar tvímælis miðað við gildandi stjórnskipunarlög. Hér hlýtur að vakna viðbótarspurning. Getur frjálst og fullvalda ríki, með tilvísun í 1. og 2. grein stjórnarskrárinnar, framselt framkvæmda- og dómsvald til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að? Í kaflanum um löggjafarvald lýsti ég því einnig, hve stóran þátt EB myndi fá við mótun og samningu efnisreglna á EES-svæðinu.

62. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra viðurkennir fullum fetum í skýrslu sinni (t.d. á bls. 15, 21 og 22), að samkvæmt EES-samningnum myndu framkvæmdastjórn og dómstóll EB fá, í vissum málaflokkum, vald til að kveða upp endanlegar ákvarðanir, sem yrðu aðfararhæfar á Íslandi. Slík tilfelli hafa verið nefnd í köflunum að ofan um framkvæmda- og dómsvald.

63. Spurninguna um valdaframsal til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að, afgreiðir sérfræðinganefnd utanríkisráðherra með einfaldri staðhæfingu (bls. 24-25):

> „Ekki verður talið skipta máli í þessu sambandi þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið sé í afmörkuðum tilvikum í höndum eftirlitsaðila EB. Skipting valds milli eftirlitsnefndar EFTA og framkvæmdastjórnar EB í þessum tilvikum helgast af nauðsyn í viðskiptum milli ríkja, það er afmarkað og skýrar heimildir liggja því að baki. Það er einnig gagnkvæmt að vissu marki, enda eru bæði EB og EFTA-ríkin aðilar að hinu nýja réttarkerfi, sem komið er á með EES-samningnum."

Það er gagnkvæmt aðeins að því marki, sem snýr að efnisreglunum, sem koma hvort sem er frá EB. Ofangreind tilvitnun var um framkvæmdavaldið; síðar í skýrslunni skrifa sérfræðingarnir (bls. 26), að hið sama gildi um dómsvald, sem dómstóll EB getur haft í samkeppnismálum.

64. Sérfræðinganefndin færir engin rök að þeirri niðurstöðu, að það sé í lagi að framselja framkvæmda- og dómsvald til alþjóðastofnunar, sem við erum ekki aðilar að. Málafæð dugir ekki sem röksemd, enda er stærðin óþekkt. Í kaflanum um löggjafarvaldið (bls. 10-11) lögðu þeir á það áherzlu og töldu til réttlætingaratriða varðandi feril breytinga á viðaukum við EES-samninginn, að „stöðug samráð og upplýsingaskipti og þá einnig samningaumleitanir" fara fram við fulltrúa ríkisins, áður en ákvarðanir eru teknar um nýjar reglur.

65. Það er umdeilt í samtímanum og líka umdeilanlegt, hvort og að hve miklu leyti ríki skuli láta hluta af sínu fullveldi í hendur yfir- eða samþjóðlegra stofnana. Þetta er framkvæmt í alvöru í aðeins einni alþjóðastofnun, það er EB, og nú er stefnt að því sama í EES, þótt ekki sé það í jafnríkum mæli. Það er samt algjört einsdæmi í stofnanagrein þjóðaréttarins, að lagt sé til, að ríki skuli framselja yfirþjóðlegt framkvæmda- og dómsvald til alþjóðastofnunar, sem viðkomandi ríki er ekki aðili

að. Þetta er kannske ekki meiri háttar álitamál í löndum, sem eru að sækja um og búast við aðild í náinni framtíð. Fyrir ríki, sem er ekki að sækja um aðild, hljóta hins vegar fullveldis- og ríkishugtökin og það, sem í þeim felst, að koma til skoðunar. Engin bein svör fást við þessari spurningu við lestur stjórnarskrárinnar eða í ritum um íslenzkan stjórnskipunarrétt, vegna þess að engum hefur dottið þessi firra í hug fyrr en nú.

66. Að mínu mati, stangast valdaframsal til EB greinilega á við 1. og 2. grein stjórnarskrárinnar. Við stofnun lýðveldisins skipti stjórnarskrárgjafinn verkum milli íslenzkra valdhafa. Ég held því fram í meginmáli þessarar greinargerðar, að valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana sé óheimilt að óbreyttri stjórnarskrá, en ég fullyrði, að stjórnarskrárgjafinn hafi útilokað valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana, sem við erum ekki aðilar að. Engu máli skiptir, þótt framsalið sé afmarkað og takmarkað við ákveðna málaflokka á viðskiptasviðinu. Þetta er einfaldlega ekki hægt að óbreyttri stjórnarskrá.

LOKAORÐ

67. Það hefur komið fram í lögfræðilegri umræðu um stjórnarskrána og EES, að stjórnarskránni skuli breytt frekar en að taka áhættu á broti, ef vafi er á ferðinni um stjórnskipunarlegt lögmæti EES-samningsins. Ummæli um „grátt svæði" benda til svipaðra efasemda. Ég geng lengra og held því fram, að ákvæði í samningnum brjóti greinilega í bága við stjórnarskrána eins og hún stendur í dag, en ég tek undir þá skoðun, að stjórnarskráin skuli njóta efasemda af þessu tagi.

68. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að ítreka, að sérfræðinganefnd utanríkisráðherra er í vafa um eigin niðurstöður. Nefndin segir berum orðum bæði í meginmáli og lokaorðum (bls. 29 og 32), að það geti þurft að breyta stjórnarskránni seinna, ef forsendur hennar reynast rangar, hvað varðar afmörkun og umfang valdaframsalsins og íþyngjandi ákvarðana útlendra stofnana. Ummæli nefndarinnar eru þess vegna beinlínis viðurkenning á efasemdunum. Í mínum huga á að breyta stjórnarskránni fyrst en ekki seinna í slíkum tilfellum og ekki bara fresta breytingunni fram að næstu reglubundnu kosningum; þá er ekki rétt að farið samkvæmt 79. grein stjórnarskrárinnar. Þessi skoðun á sér stuðning í áðurgreindum tilvísunum í lögin um

ráðherraábyrgð.

69. Sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu í kafla „Um önnur atriði" (bls. 29), að hvorki einstök ákvæði né EES-samningurinn í heild sinni verði til að brjóta stjórnarskrána. Ég hef þegar skrifað um hin ýmsu ákvæði, sem hljóta að vekja vafa ef ekki vissu um stjórnarskrárbrot. Um heildarmyndina af samningnum finnst mér, andstætt því sem segir í matsgerð nefndarinnar, að ekki hvað síst samsafnið af álitamálum í öllum stofnanaþáttum samningsins gefi sjálfstætt tilefni til þess, að Alþingi og forseti sem löggafarvaldshafar staldri við, áður en samningurinn yrði lögfestur.

70. Heildarmyndin skiptir að sjálfsögðu máli bæði við athugun stjórnarskrármálsins og almenna skoðanamyndun um EES-svæðið og tilheyrandi samninga. Það er hins vegar nóg, ef einstök tiltekin atriði brjóta í bága við stjórnarskrána; hvert dæmi eitt og sér, td. um afhendingu framkvæmda- og dómsvalds eða um skerðingu löggjafarvalds, myndi þess vegna nægja til þess að útheimta breytingar, áður en samningurinn fengi gildi að landsrétti.

71. Í 79. grein stjórnarskrárinnar er því lýst og bætt um betur í þingskaparlögum, hvernig standa eigi að breytingu, það er með tvítekinni samþykkt Alþingis á stjórnarskrárfrumvarpi með þingkosningum á milli. Það getur aldrei verið rangt í lýðveldi að fara eftir viðurkenndum leikreglum og að láta þjóðina tala. Það gildir að sjálfsögðu einnig um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samningana, þótt hafa beri í huga, að slík atkvæðagreiðsla nægir ekki til að veita undantekningar frá stjórnarskránni eða til að breyta henni með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í 79. grein.

72. Eigi má heldur gleyma síðari hluta 26. greinar stjórnarskrárinnar, sem gefur forseta lýðveldisins kost á að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu með því að synja lagafrumvarpi um staðfestingu.

73. Í stjórnarskrám margra nágrannaríkja okkar eru ákvæði, sem heimila aðild að yfirþjóðlegum stofnunum. 93. grein norsku stjórnarskrárinnar frá 1962 er fyrirmynd af þessu tagi. Samkvæmt henni þarf aukinn meiri hluta atkvæða í Stórþinginu, þegar

um er að ræða valdaframsal til alþjóðastofnana. Ekkert slíkt ákvæði er í íslenzku stjórnarskránni. Það er því haldlítið að álykta sem svo, að stjórnarskrárvandamál komi ekki upp hér á landi, þar sem slíkur vandi risi ekki í öðrum samningsríkjum. Aðstæðurnar eru einfaldlega ekki sambærilegar, vegna þess að viðeigandi stjórnarskrárákvæði eru öðru vísi að orðalagi og efni.

74. Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra segir í lokaorðum sínum (bls. 30):

> „Stjórnarskráin stendur því þó í vegi, að með lögunum um samningana sé vald, hvort sem um er að ræða löggjafarvald, framkvæmdavald eða dómsvald, með óheimilum hætti lagt í hendur annarra en taldir eru upp í 2. grein stjórnarskrárinnar, ef um er að ræða ákvæði, sem leggja skyldur á einstaklinga eða lögaðila."

Nefndin kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að allt það, sem um er rætt í EES-samningnum, eigi annað hvort ekki við í íslenzkum stjórnskipunarrétti eða sé beinlínis heimilað. Ég er ósammála sérfræðinganefndinni um mörg einstök atriði og þar af leiðandi um lokaorð þeirra.

75. Það er mín niðurstaða eftir nákvæma skoðun á þessum atriðum og dæmum öllum, að breyta þurfi stjórnarskránni og beita til þess 79. grein hennar, þegar frumvarpið til laga um EES kemur til afgreiðslu Alþingis og forseta.

Genf, 16. ágúst 1992

Guðmundur Alfreðsson

* Höfundur hefur embættispróf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands (1975), meistarapróf í samanburðarlögfræði frá lagadeild New York University (1976), og doktorspróf í þjóðarétti frá Harvard Law School (1982). Hann hefur starfað síðan 1983 á skrifstofum Sameinuðu þjóðanna í New York og Genf. Þessi greinargerð er skrifuð í hans eigin nafni og frásögnin öll og framsettar skoðanir eru á hans ábyrgð.

31. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [30. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Ingbjörg Sólrún Gísladóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir.

Á eftir 45. gr. stjórnarskrárinnar kemur ný grein svohljóðandi:

Nú hefur samningur, sem háður er samþykki Alþingis, sbr. 2. málsl. 21. gr., hlotið jákvæða afgreiðslu í þinginu og getur þá þriðjungur alþingismanna krafist þess að hann sé borinn undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins.

Þriðjungur alþingismanna getur krafist þess að frumvarp til laga eða þingsályktunar sé borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu áður en það hlýtur fullnaðarafgreiðslu. Úrslit atkvæðagreiðslunnar eru ráðgefandi.

Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skulu settar með lögum.

Greinargerð.

Í stjórnarskránni er ekkert almennt ákvæði um þjóðaratkvæði og hefur aldrei verið. Þó er skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ef Alþingi samþykkir frumvarp til breytinga á kirkjuskipun ríkisins, sbr. 79. gr., og ef forseti synjar að staðfesta lagafrumvarp, sbr. 26. gr.

Í löggjöf margra ríkja er ráð fyrir því gert að bera megi mikilvæg mál undir dóm þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna ítarleg ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar sem veita þriðjungi þingmanna rétt til að krefjast þess að samþykkt lagafrumvarp sé lagt fyrir kjósendur til samþykktar eða synjunar. Þó eru ýmsar tegundir lagafrumvarpa undanþegnar, t.d. fjárlög, launa- og eftirlaunalög og skattalög. Frumvarp verður ekki fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu nema 30% kjósenda taki þátt í atkvæðagreiðslunni en að öðru leyti eru úrslitin bindandi fyrir löggjafann.

Að undanförnu hafa miklar umræður orðið um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Það er viðurkennt af öllum að þessi samningur er viðamesti og örlagaríkasti samningur sem gerður hefur verið fyrir hönd þjóðarinnar um áratugaskeið. Skoðanakannanir hafa sýnt að mjög er óljóst hver vilji þjóðarinnar er í þessu máli og hugsanlegt er að meiri hluti kjósenda sé á móti þessum samningi. Efni samningsins hafði lítt verið kynnt kjósendum fyrir seinustu alþingiskosningar. Þess vegna hefur sú krafa stöðugt orðið háværari að samningurinn verði borinn undir dóm þjóðarinnar. Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og mörg önnur launþega- og hagsmunasamtök, hafa tekið undir kröfuna um þjóðaratkvæði. Enn hefur þó ríkisstjórnin ekki tekið undir þessa kröfu.

Þessi umræða minnir á að brýn þörf er á almennum ákvæðum í stjórnarskrá um rétt minni hluta á Alþingi til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Sérstaklega á það við þegar fullveldisréttindi þjóðarinnar eiga í hlut. Hér er lagt til að samningur, sem háður er samþykki Alþingis, sbr. 2. málsl. 21. gr., og hlotið hefur jákvæða afgreiðslu í þinginu, skuli borinn undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar ef þriðjungur alþingismanna krefst þess. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. gildandi stjórnarskrár eru samningar við önnur ríki, sem

hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, háðir samþykki Alþingis. Í öðru frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, sem flutt er af sömu þingmönnum og bera fram þetta frumvarp, er lagt til að skilgreining 2. málsl. 21. gr. sé útvíkkuð þannig að samningar séu háðir samþykki Alþingis „ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á hvers konar fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal einhvers hluta ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins". Jafnframt er áskilið að þrír fjórðu alþingismanna greiði slíkum samningi atkvæði. Samkvæmt 1. mgr. frumvarpsins, sem hér er gerð grein fyrir, getur þriðjungur alþingismanna vísað slíku máli í þjóðardóm þótt það hafi hlotið samþykki Alþingis með tilskildum meiri hluta.

Samhliða þessu er óhjákvæmilegt að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt á umdeildum þjóðmálum sem lögð eru fyrir Alþingi áður en þau eru afgreidd. Þó verður að stuðla að því að þessi réttur sé ekki ofnotaður heldur einungis nýttur þegar sérstök ástæða þykir til. Í 2. mgr. frumvarpsins er því lagt til að þriðjungur þingmanna geti krafist þess að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um mál sem Alþingi hefur til meðferðar.

32. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur Hermannsson,
Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuli borin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar áður en Alþingi tekur afstöðu til fyrirliggjandi frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem taki ákvörðun um tilhögun og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Að öðru leyti fari atkvæðagreiðslan fram samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Greinargerð.

Víða í Evrópu, ekki síst á Norðurlöndum, hefur það færst í vöxt á undanförnum árum að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem ætla má að skoðanir landsmanna séu skiptar um. Á þetta sérstaklega við þegar um er að ræða mál sem munu hafa afgerandi þýðingu fyrir framtíðarþróun samfélagsins og/eða fela í sér framsal á valdi frá þjóðríkinu til fjölþjóðlegra samtaka eða stofnana. Nægir að nefna sem dæmi þjóðaratkvæðagreiðslu Dana og Norðmanna um inngöngu í EB, Svía um afstöðuna til kjarnorkumála og síðast en ekki síst Dana, Íra og Frakka um Maastricht-samkomulagið.

Krafan um að samningurinn um EES verði borinn undir þjóðaratkvæði hefur á undanförnum mánuðum komið fram víða í íslensku þjóðfélagi. Þannig hafa fjölmennustu heildarsamtök launafólks í landinu, ASÍ og BSRB, bæði ályktað í þessa veru og sömu sögu er að segja af Neytendasamtökunum, sem og öðrum fjölmennum almannasamtökum.

Samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu er einhver umfangsmesti og afdrifaríkasti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gert. Hann mun hafa veruleg áhrif á flestum sviðum íslensks þjóðfélags og með honum eru Íslendingar að tengjast með afgerandi hætti samrunaþróuninni í Evrópu. Það er bæði óeðlilegt og ólýðræðislegt að taka slíka ákvörðun með einföldum meiri hluta á Alþingi án þess að nokkuð sé vitað um vilja þjóðarinnar. Það hlýtur bæði að vera pólitískur og siðferðilegur styrkur fyrir þingmenn að vita hver afstaða umbjóðenda þeirra er í þessu máli og það styrkir íslenskt stjórnarfar ef ákvarðanir eru teknar í samræmi við þjóðarvilja.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn hefur þann ótvíræða kost að hún stuðlar að aukinni umræðu og meiri þekkingu hjá þjóðinni á kostum og göllum samningsins. Því hefur engu að síður verið haldið fram að hann sé of flókinn til að þjóðin geti tekið afstöðu til hans. Hann er þó síst flóknari en Maastricht-samningurinn sem borinn er undir almenning í ýmsum löndum Evrópu. Þá má á það benda að 6. desember nk. greiða Svisslendingar atkvæði um EES-samninginn.

Ef vel er haldið á málum ættu Íslendingar að geta greitt atkvæði um EES-samninginn í október eða nóvember nk. Hins vegar er ástæða til að hafa í huga að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem felur í sér breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar. Nái þetta frumvarp fram að ganga þarf að rjúfa þing og boða til nýrra almennra kosninga. Samhliða slíkum kosningum mætti efna til þjóðaratkvæðis um aðildina að EES. Þar með væru meiri líkur til að sjálfar þingkosningarnar snerust um stjórnarskrárbreytinguna og sjálfvirk tengsl milli þeirra og EES-samningsins væru rofin. Á það ber líka að líta að það er alls ekki sjálfgefið að frambjóðendur einstakra flokka hafi allir sömu afstöðu til samningsins.

33. Frumvarp til laga [32. mál]

um breytingu á lögum nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisborgarar ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis skulu vera undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt samningi EFTA-ríkja við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði, sem undirritaður var í Óportó í Portúgal 2. maí sl., er óheimilt að gera upp á milli borgara ríkjanna á grundvelli þjóðernis hvað varðar frelsi til að mega stunda verslunaratvinnu. Það er því nauðsynlegt að bæta inn í lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, ákvæði sem undanþiggur ríkisborgara annarra ríkja EES-svæðis framangreindum skilyrðum sem kveðið er á um í umræddum lögum til að geta fengið leyfi til að reka uppboðsmarkað með sjávarafla á Íslandi.

34. Fyrirspurn [33. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu samþykkta sem EB hefur gert eftir mitt ár 1991.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hver er staða samþykkta Evrópubandalagsins sem gerðar voru eftir að efnislegum samningaviðræðum EB og EFTA lauk í júlí 1991 og þar til undirritun EES-samnings fór fram 2. maí 1992?
2. Hvaða meðhöndlun fá samþykktir EB sem varða Evrópskt efnahagssvæði og gerðar hafa verið á tímabilinu 2. maí 1992 og til 1. janúar 1993 þegar EES-samningi er ætlað að taka formlega gildi?

Greinargerð.

Í EES-samningi er gert ráð fyrir að EFTA-löndin hafi möguleika á undirbúningsstigi til að segja álit sitt á ákvörðunum EB sem varða EES. Um 70 tilskipanir (direktíf) hafa verið samþykktar í EB frá því í júlí 1991 og fram til 2. maí þegar utanríkisráðherrar skrifuðu undir EES-samning. Frá 2. maí og fram til 1. janúar 1993, þegar áætlað er að EES-samningur taki gildi, er búist við að um 70 reglur til viðbótar verði samþykktar innan EB sem gilda eiga á Evrópsku efnahagssvæði. EFTA-löndin hafa ekki neitt um þessar reglur að segja og spurningin er hver staða þessara EB-samþykkta er með tilliti til EES-samningsins.

Skriflegt svar óskast.

35. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ákvæði VI. kafla laga þessara taka einnig til framkvæmda á vegum sveitarstjórna, samtaka þeirra og stofnana. Sama gildir um framkvæmdir annarra aðila sem reknir eru að mestu leyti á kostnað ríkis eða sveitarstjórna eða annarra opinberra aðila eða lúta yfirstjórn þessara aðila eða ef rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríki eða sveitarstjórn eða öðrum opinberum aðilum.

Ef þeir opinberu aðilar, sem getið er um í 1., 2. og 4. mgr., starfa á sviði viðskipta eða iðnaðar skulu þeir ekki háðir ákvæðum VI. kafla, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

2. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, með 11 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verður: **Opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu.** Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til verksamninga þar sem útboðsverðmæti er jafnt eða hærra en þau mörk sem getið er um í 22. gr. og gerðir eru af þeim aðilum sem getið er um í 1. gr. Ákvæði kaflans gilda einnig þegar aðilar skv. 1. gr. greiða meira en helming kostnaðar við verk sem annar aðili býður út og semur um. Jafnframt gilda ákvæði kaflans um verksamninga fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, fjarskiptum eða flutningum með almenningsvögnum á grundvelli sérleyfa eða einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir verksamninga séu ekki háðar ákvæðum þessa kafla.

b. (22. gr.)

Skylt er að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði verk sem áætlað er að nemi 5 milljónum evrópskra mynteininga (ECU) eða meira án virðisaukaskatts.

Við mat á verðmæti verksins skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 24. gr. er send til birtingar.

Við útreikning fjárhæðar verks skal ekki eingöngu byggja á heildarfjárhæð þess heldur skal einnig taka með í þann útreikning verðmæti aðfanga sem nauðsynleg eru við framkvæmdir og verkkaupi lætur verktaka í té.

c. (23. gr.)

Nú er verk boðið út í áföngum þar sem hver áfangi er viðfangsefni sérstaks verksamnings og skal þá við mat á verðmæti verksins miða við samanlagða fjárhæð einstakra áfanga. Ekki þarf að taka með í þann útreikning áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessa hluta ekki 20% af áætlaðri heildarfjárhæð allra verkáfanganna.

Óheimilt er að skipta verki í áfanga í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða út verk skv. 22 gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (24. gr.)

Verkkaupi skal í sérstakri kynningarauglýsingu lýsa megineinkennum þeirra verka sem hann hyggst bjóða út. Jafnframt er verkkaupa skylt að auglýsa þau verk sem hann hefur ákveðið að bjóða út. Þá er verkkaupa, sem gert hefur verksamning, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð verksamnings hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. mgr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum aðrar upplýsingar um útboðið en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (25. gr.)

Nú telur verktaki að stjórnvald eða annar verkkaupi, sem lög þessi taka til, hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings sem felur í sér brot á lögum þessum og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytisins, enda færi hann sönnur á að líklegt sé að hún hafi eða muni valda sér tjóni.

Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Fjármálaráðuneyti er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (26. gr.)

Fjármálaráðuneytið getur, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, gripið til eftirfarandi aðgerða fram að þeim tíma er tilboð hefur verið samþykkt:

1. Stöðvað um stundarsakir útboð og gerð verksamnings.
2. Breytt ákvörðun verkkaupa, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, breyta útboðsauglýsingum, útboðsgögnum og útboðsskilmálum.

Nú varðar kæra ákvarðanir sveitarfélags og getur þá félagsmálaráðherra gripið til þeirra aðgerða sem getið er um í 1. mgr. að fengnu erindi fjármálaráðherra.

g. (27. gr.)

Nú vill kærandi ekki una úrlausn fjármálaráðuneytis skv. 26. gr. og getur hann þá borið ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings undir dómstóla, sbr. þó 29. gr.

Verkkaupi er bótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á lögum þessum hefur í för með sér fyrir verktaka. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

h. (28. gr.)

Telji eftirlitsstofnun EFTA áður en samningsgerð er lokið að við gerð verksamnings hafi verið brotið gegn ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa getur hún hafið rannsókn á meintu broti.

Eftir að eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt fjármálaráðuneyti eða verkkaupa að hún telji að um brot hafi verið að ræða skal verkkaupi þegar í stað senda fjármálaráðuneyti:

a. staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu eða
b. rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

Fjármálaráðherra getur beitt heimildum þeim sem getið er um í 26. gr. ef eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt að hún telji að um brot hafi verið að ræða. Nú varðar tilkynning stofnunarinnar ákvarðanir sveitarfélags og getur þá félagsmálaráðherra beitt sömu heimildum að fengnu erindi fjármálaráðherra.

i. (29. gr.)

Ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings verður ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

Kæra, sem berst eftir þetta tímamark, skal endursend.

j. (30. gr.)

Verkkaupa er skylt að veita fjármálaráðuneyti upplýsingar um þá verksamninga sem hann hefur gert og eru yfir þeim mörkum sem getið er um í 22. gr.

k. (31. gr.)

Fjármálaráðuneytið skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara. Innkaupastofnun ríkisins skal annast útboð á Evrópsku efnahagssvæði fyrir þau sveitarfélög sem þess óska. Einnig skal hún vera sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis varðandi framkvæmd útboða á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi verktaka og val á tilboðum.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma sex nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (9. gr.)

Á hinu Evrópska efnahagssvæði skulu boðin út innkaup þeirra aðila sem getið er um í 3. gr., svo og sveitarfélaga, samtaka þeirra, stofnana og fyrirtækja. Jafnframt skulu boðin út innkaup annarra opinberra aðila sem eru undir yfirstjórn eða yfirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af opinberum aðilum. Starfi þessir aðilar á sviði viðskipta eða iðnaðar er þeim það þó ekki skylt, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir samninga um innkaup verði ekki boðnir út á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. (10. gr.)

Skylda til útboðs tekur til innkaupa á vörum sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1.–4. tölul. þessarar greinar. Með innkaupum er átt við kaup, leigu, fjármögnunarleigu og kaupleigu. Samningur telst vera samningur um innkaup, jafnvel þótt hann feli í sér flutning á ákvörðunarstað og uppsetningu.

1. 200.000 evrópskum mynteiningum (ECU) enda sé ekki um að ræða innkaup sem falla undir 2.–4. tölul.
2. 130.000 ECU vegna innkaupa á vörum sem getið er um í viðauka I við lög þessi enda séu innkaupin ekki á vegum sveitarfélaga.
3. 400.000 ECU ef innkaupin eru gerð af aðila sem sinnir flutningum með almenningsvögnum, orkuveitu, vatnsveitu, flugvallar- eða hafnargerð.

4. 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af Pósti og síma eða öðrum sambærilegum stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu. Með innkaupum samkvæmt þessum tölulið er einnig átt við kaup á hugbúnaðarþjónustu sem sérstaklega er ætluð til notkunar í fjarskiptum.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda einnig um innkaup þeirra fyrirtækja sem stunda þá starfsemi sem þar greinir á grundvelli sérleyfa eða einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

c. (11. gr.)

Þegar gerðir eru samningar um leigu, fjármögnunarleigu eða kaupleigu skal við mat á verðmæti samningsins taka mið af heildarkostnaði út samningstímann. Ef samningur er ótímabundinn skal við það miðað að hann hafi verið til 48 mánaða.

Þegar gerður er samningur sem endurnýja á innan ákveðins tíma skal við mat á verðmæti hans taka mið af sambærilegum samningum sem gerðir voru annaðhvort á síðasta reikningsári eða síðustu 12 mánuðum fyrir samningsgerð.

Þegar innkaupum á sambærilegri vöru er deilt í nokkra hluta skal við mat á verðmæti innkaupanna tekið mið af samanlagðri fjárhæð einstakra hluta.

Óheimilt er að skipta innkaupum um ákveðið magn vöru í hluta í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða innkaupin út.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (12. gr.)

Í sérstakri kynningarauglýsingu í upphafi hvers reikningsárs skal tilkynnt um heildarvörukaup eftir vöruflokkum ef áætluð fjárhæð þeirra er jöfn eða hærri en 750.000 ECU án virðisaukaskatts. Jafnframt er skylt að auglýsa þau innkaup sem ákveðið hefur verið að bjóða út. Þá er kaupanda, sem gert hefur samning um innkaup, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð samnings um innkaup hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. gr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í innlendum fjölmiðlum aðrar upplýsingar um innkaupin en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (13. gr.)

Nú telur bjóðandi að stjórnvald hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð samnings um innkaup sem felur í sér brot á lögum þessum og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytisins enda færi hann sönnur á að líklegt sé að hún hafi eða muni valda sér tjóni.

Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (14. gr.)

Um meðferð kæru, úrræði vegna kæru, bótaskyldu, valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA, eftirlit og hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins fer skv. 26.–31. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda og val á tilboðum.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á viðauka I til samræmis við þær breytingar sem verða á þeim köflum í tollskrá sem viðaukinn vísar til. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í XVI. viðauka þess samnings, sbr. 65. gr. hans, er fjallað um opinber innkaup innan Evrópska efnhagssvæðisins. Markmiðið með samkomulaginu er það m.a. að tryggja aukna samkeppni á Evrópumarkaði á sviði opinberra innkaupa.

Samkvæmt viðauka XVI er gert ráð fyrir því að tilskipanir og ýmsar aðrar reglur EB á sviði opinberra innkaupa gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þykir rétt að rekja hér helstu atriði þessara tilskipana. Verður fyrst vikið að þeim reglum sem fjalla um opinbera verksamninga en síðar að reglum um opinber innkaup (þ.e. vörukaup).

Helsta tilskipunin um opinbera verksamninga er tilskipun 71/305/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga. Henni hefur verið mikið breytt með tilskipun 89/440/EBE.

Samkvæmt þessum tilskipunum er skylt að bjóða út verk sem nema a.m.k. 5 milljónum ECU án virðisaukaskatts. Skylt er að auglýsa þessi verk í Stjórnartíðindum EB og óheimilt er að auglýsa í heimalandi áður en auglýsing hefur verið send útgáfustjórn EB til birtingar. Auglýsing, sem send er EB til birtingar, skal vera á a.m.k. einni af þjóðtungum EB og í henni skal birta verklýsingu þannig að hugsanlegum bjóðendum sé gert kleift að gera sér mynd af verkinu. Útboðsgögnum skulu fylgja tæknilýsingar og skulu þær að jafnaði byggja á evrópskum stöðlum. Ef það er ekki gert skulu ástæður þess tilgreindar í útboðsauglýsingu og útboðsgögnum. Ekki er skylt að þýða útboðsgögn yfir á tungumál EB-ríkja. Útboð skal að jafnaði vera annaðhvort almennt, þ.e. opið öllum, eða lokað. Í undantekningartilvikum er heimilt að gera verksamninga eftir svokölluðu samstarfsútboði þar sem verkkaupi ráðfærir sig við ákveðna verktaka og semur við einn eða fleiri þeirra um samningsskilmála. Sérstakar reglur eru um tilboðsfresti. Meginreglan er sú að tilboðsfrestur við almennt útboð er 52 dagar talið frá sendingardegi auglýsingar. Ef verkkaupi hefur birt sérstaka kynningarauglýsingu styttist þessi frestur í 37 daga. Við lokuð útboð skal frestur til að skila þátttökubeiðnum eigi vera styttri en 37 dagar. Þegar forval hefur farið fram skal frestur til að skila tilboðum eigi vera styttri en 40 dagar talið frá útsendingu boðsbréfs. Þessi frestur styttist í 26 daga ef kynningarauglýsing hefur verið send. Í tilskipunum eru ítarlegar reglur um val verktaka. Verktökum er heimilt að gera tilboð sem hópur þótt þeir myndi ekki sérstakt rekstrarform að lögum. Þegar tilboð hópsins hefur verið samþykkt er hægt að krefjast þess að hann myndi slíkt rekstrarform. Heimilt er að útiloka verktaka frá útboði, t.d. ef krafist hefur verið gjaldþrotaskipta á búi hans, tækniþekking hans er ekki næg, hann hefur gerst sekur um refsiverðan verknað eða orðið sekur um vanrækslu í starfi. Forsendur verkkaupa fyrir vali á tilboðum skal annaðhvort vera lægsta verð eingöngu eða hagkvæmasta tilboðið með tilliti til arðsemi, framkvæmdatíma og annarra sambærilegra atvika. Þegar ætlunin er að taka hagkvæmasta tilboðinu skal verkkaupi, ef unnt er, tilgreina í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum forsendur sínar fyrir vali á verktaka. Heimilt er að hafna tilboðum sem eru augljóslega allt of lág.

Undanþegin tilskipun 71/305/EBE, sbr. tilskipun 89/440/EBE, eru opinberar stofnanir og fyrirtæki sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum. Um verksamninga og innkaup þessara aðila er fjallað í tilskipun 90/531/EBE. Samkvæmt þessari tilskipun er skylt að bjóða út verk sem nema a.m.k. 5 milljónum ECU án virðisaukaskatts. Viðmiðunarmörkin eru þannig hin sömu og við verkútboð annarra stofnana. Sambærilegar reglur gilda um auglýsingar útboða, útboðsgögn, útboðsaðferðir og val tilboða. Tilboðsfrestir í almennum útboðum eru í reynd þeir sömu en við lokuð útboð skal frestur til að skila umsóknum vera minnst fimm vikur og til að skila tilboðum minnst þrjár vikur. Heimilt er að ákvarða tilboðsfrest með gagnkvæmu samkomulagi verkkaupa og þátttakanda í útboði. Verkkaupum er heimilt að starfrækja kerfi til að meta hæfi verktaka. Ekki eru þannig tilgreind í þessari tilskipun, eins og í þeim sem fjallað var um hér að framan, ákveðin atvik sem geta leitt til vanhæfis verktaka.

Í tilskipun 89/665/EBE er fjallað um samræmingu laga- og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga. Eins og nafnið gefur til kynna gildir þessi tilskipun bæði um opinber innkaup og framkvæmdir. Samkvæmt henni er ríkjum EB skylt að tryggja að verktaki geti kært ákvarðanir sem opinberir aðilar taka í sambandi við gerð verksamnings. Jafnframt er skylt að sjá til þess að unnt sé að áfrýja máli vegna kæru ef aðrir en dómstólar fjalla um hana. Ríkjunum er hins vegar í sjálfsvald sett hvort þau meðhöndla kæru á stjórnvaldsstigi eða hvort þau láta dómstóla fjalla um hana.

Um opinber innkaup (vörukaup) gildir tilskipun 77/62/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup. Henni hefur verið talsvert breytt með tilskipun 88/295/EBE. Þá er fjallað um kaup á ákveðnum vörutegundum í tilskipun 80/767/EBE. Það eru vörur sem falla undir GATT-samkomulagið um opinber innkaup.

Samkvæmt framangreindum tilskipunum er skylt að auglýsa á Evrópumarkaði innkaup á vörum þegar verðmæti þeirra nemur a.m.k. 200.000 ECU án virðisaukaskatts. Þegar um er að ræða vörur sem falla undir GATT-reglurnar, sbr. tilskipun 80/767/EBE, eru mörkin lægri eða 130.000 ECU án virðisaukaskatts. Svipaðar reglur gilda um auglýsingar og tæknistaðla og gilda við verkútboð. Hins vegar skal þeirri meginreglu fylgt við vöruútboð að bjóða út samkvæmt almennu útboði. Heimilt er að viðhafa lokað útboð þegar unnt er að réttlæta slíkt, t.d. með tilliti til útboðskostnaðar. Einnig getur orðið um samstarfsútboð að ræða. Tilboðsfrestir eru 52 dagar í almennum útboðum en 40 dagar í lokuðum útboðum. Bjóðendur geta gert tilboð sem hópur eins og þegar um verksamninga er að ræða. Kaupendur geta jafnframt neitað seljendum um að gera tilboð á grundvelli sömu forsendna og hægt er að neita verktökum um slíkt, svo sem vegna gjaldþrots, vanskila á opinberum gjöldum og refsiverðrar háttsemi. Forsendur fyrir vali á tilboðum skal annaðhvort vera lægsta verð eingöngu eða hagkvæmasta verðið. Heimilt er að hafna tilboðum sem eru óeðlilega lág.

Um innkaup fyrirtækja, sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum, er fjallað í tilskipun 90/531/EBE. Reglurnar eru sambærilegar við það sem að framan er rakið nema hvað viðmiðunarmörkin eru hærri.

Í XVI. viðauka er getið um nokkrar aðrar reglur sem gilda skulu á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar er fyrst að nefna reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182/71 um það hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti. Ætlunin er að lögfesta þessa reglugerð sérstaklega. Í tilskipun nr. 71/304/EBE er fjallað um skyldu til að afnema höft á rétti til að veita þjónustu á svið opinberra verksamninga og gerð opinberra verksamninga fyrir milligöngu umboða eða útibúa. Þessi tilskipun krefst ekki sérstaka breytinga hérlendis þar sem erlendum verktökum er ekki bannað í lögum að bjóða í verk. Þá munu aðrar reglur samningsins, svo sem um starfsréttindi og frjálsan flutning launþega, sbr. t.d. 28. gr. samningsins, tryggja að sérfræðingar og aðrir starfsmenn á vegum erlendra verktaka geti starfað hér á landi. Loks skal þess getið að með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 90/380/EBE var viðauki I við tilskipun 89/440/EBE leiðréttur. Þessi viðauki fjallar um þær stofnanir í löndum Evrópubandalagsins sem tilskipunin tekur til og hefur þar af leiðandi ekki efnislega þýðingu hér á landi.

Núgildandi skipulag opinberra framkvæmda og innkaupa hér á landi.

Um opinberar framkvæmdir er fjallað í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og í lögum nr. 52/1987 er fjallað um opinber innkaup. Lögin taka til framkvæmda og innkaupa á vegum ríkisins og stofnana þess. Markmið þeirra er að tryggja hagkvæmni í ríkisrekstri. Fjármálaráðuneytið fer með yfirstjórn opinberra framkvæmda og innkaupa.

Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi og þar til henni er lokið skiptist í fjóra áfanga, þ.e. frumathugun, áætlanagerð, verklega framkvæmd og skilamat, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1970. Samkvæmt 13. gr. laganna skal verk að jafnaði boðið út. Innkaupastofnun ríkisins annast að jafnaði útboð verka svo og reikningshald og greiðslur, sbr. 14. gr. laganna. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir veitir heimild til útboðs en hún er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna, sbr. 22. gr. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer síðan með yfirstjórn verklegra framkvæmda.

Yfirstjórn opinberra innkaupa er fengin sérstakri stjórn opinberra innkaupa sem er jafnframt stjórn Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 52/1987. Á grundvelli laganna hefur verið sett reglugerð nr. 189/1988 um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Samkvæmt 6. gr. laganna skal að jafnaði bjóða út kaup á vörum og þjónustu og að jafnaði skal taka hagkvæmasta tilboði.

Hvorki í lögum nr. 63/1970 eða lögum nr. 52/1987 er kveðið á um efni útboðsauglýsinga og útboðsgagna, tilboðsfresti, meðferð tilboða eða val á bjóðendum. Í verkútboðum er hins vegar mikið stuðst við ÍST 30 og þar er að finna ýmsar reglur um þessi atriði. Enginn staðall er hins vegar til um vörukaup.

Ýmsum öðrum ríkisstofnunum en Innkaupastofnun ríkisins hefur verið heimilað að annast eigin útboð. Þetta á t.d. við um Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnamálaskrifstofu, Póst og síma, Rafmagnsveitur ríkisins og Flugmálastjórn. Þá hefur Landsvirkjun annast sín eigin viðskipti á þessu sviði. Reykjavíkurborg rekur eigin innkaupastofnun en hins vegar hafa önnur sveitarfélög í mörgum tilvikum falið Innkaupastofnun ríkisins að annast meiri háttar innkaup fyrir sig.

Um áhrif frumvarpsins á opinber innkaup hér á landi.

Um langt skeið hefur verið fyrir hendi opinn alþjóðlegur útboðsmarkaður hér á landi við opinber innkaup, bæði hvað varðar vörur og meiri háttar verkkaup. Þannig hefur Landsvirkjun t.d. boðið út á erlendum markaði alla stærri verkhluta við virkjanir. Þetta á t.d. við um Blönduvirkjun og þá hluta Fljótsdalsvirkjunar sem hafa verið boðnir út, sbr. fskj. I. Innkaupastofnun ríkisins hefur á undanförnum tveimur árum boðið út rúmlega 20 vörukaupaútboð sem hefðu farið yfir þau mörk sem getið er um í II. kafla frumvarpsins. Öll þessi vörukaupaútboð voru send á alþjóðlegan markað. Á sama tíma var boðið út eitt verk innan lands sem hefði farið yfir viðmiðunarmörk I. kafla frumvarpsins, sbr. fskj. II. Svipað á við um Vegagerðina. Þar hafa á síðustu árum verið boðin út tvö verk sem hefðu farið yfir viðmiðunarmörkin, sbr. fskj. III. Innkaupastofnun annast hins vegar öll vörukaup fyrir Vegagerðina.

Helstu atriði frumvarpsins.

Í frumvarpinu felst að við lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lög nr. 52/1987, um opinber innkaup, er bætt nokkrum nýjum greinum er fela m.a. í sér skyldu fyrir ríki og sveitarfélög að bjóða út verk og vörukaup á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Frumvarpinu er skipt í þrjá kafla. I. kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, II. kafli um breytingar á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og í III. kafla er ákvæði um gildistöku.

Breytingarnar, sem felast í I. kafla frumvarpsins, felast í því að við 1. gr. laganna, sem fjallar um gildissvið þeirra, er bætt við ákvæðum sem munu leiða til þess að sveitarfélögum verður skylt að bjóða út á Evrópumarkaði. Þá er bætt við lögin nýjum kafla sem fjallar um opinber útboð á Evrópsku efnahagssvæði. Í þeim kafla er að finna reglur sem fjalla um ýmis atriði, svo sem verðmætismörk, auglýsingar, kærur, skaðabætur o.fl. Með I. kafla frumvarpsins er verið að laga lögin um skipan opinberra framkvæmda að tilskipun 71/305/EBE, sbr. tilskipun 89/440/EBE, tilskipun 90/531/EBE og tilskipun 89/665/EBE. 1. gr. frumvarpsins og a–d-liðir 2. gr. eru byggð á fyrstu þremur tilskipunum sem getið er um hér að framan en helstu reglur tilskipunar 89/665/EBE eru teknar upp í e–j-liðum 2. gr. frumvarpsins.

Breytingar þær, sem II. kafli felur í sér á lögum nr. 52/1987, eru að flestu leyti sambærilegar við þær breytingar sem getið er um hér að framan. Sveitarfélög auk ríkisins og stofnana þess verða skyld til að bjóða út innkaup. Um verðmætismörkin er fjallað í b- og c-liðum 4. gr. Reglur um auglýsingar, kærur og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA eru hins vegar svipaðar reglum I. kafla. Þær tilskipanir, sem þessi kafli laganna byggir á, eru tilskipun 77/62/EBE, sbr. tilskipun 80/767/EBE og tilskipun 88/295/EBE, tilskipun 90/531/EBE og tilskipun 89/665/EBE. Ákvæði a–e-liða 4. gr. byggja á fyrstu fjórum tilskipunum sem getið er um hér að framan en helstu reglur tilskipunar 89/665/EBE eru teknar upp í e- og f-liðum 4. gr. frumvarpsins.

Í III. kafla frumvarpsins er síðan að finna ákvæði um gildistöku laganna.

Markmið með frumvarpinu er fyrst og fremst að lögfesta þá skyldu til útboða á Evrópska efnahagssvæðinu sem leiðir af EES-samningnum. Ekki er ætlunin að gera aðrar breytingar á skipan opinberra framkvæmda og innkaupa hér á landi. Þannig munu sömu aðilar bjóða út þessi verk og innkaup og gera nú. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir mun veita heimild til útboða eins og verið hefur. Fjármálaráðuneytið mun hafa eftirlit með því að reglum laganna sé fylgt en hins vegar mun Innkaupastofnun ríkisins annast ráðgjöf á þessu sviði, svo sem með útgáfu upplýsingabæklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laga nr. 63/1970 er fjallað um gildissvið laganna. Samkvæmt þeirri grein taka lögin til framkvæmda sem kostaðar eru af ríkissjóði en geta einnig tekið til framkvæmda á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Hér er lagt til í 1. mgr. að gildissvið laganna verði víkkað þannig að VI. kafli þeirra, sem fjalla mun um framkvæmdir á hinu Evrópska efnahagssvæði, taki til sveitarfélaga og annarra aðila sem eru undir yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga.

Þegar opinberir aðilar sinna viðskiptum eða iðnaði öðrum en vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum er þeim ekki skylt að bjóða út á Evrópumarkaði. Því er lagt til í 2. mgr. að þessir aðilar verði undanþegnir útboðsskyldunni. Þessi undanþága mundi t.d. taka til ríkisverksmiðja og ríkisviðskiptabanka.

Í 1., 4., 5., 6., 8., 10., 11. og 12. viðbæti við XVI. viðauka samningsins er finna yfirlit yfir þá opinberu aðila sem greinin mundi taka til.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 63/1970 nýjum kafla sem fjalla mun um opinberar framkvæmdir á hinu Evrópska efnahagssvæði.

a. (21. gr.).

Í greininni er kveðið á um gildissvið VI. kafla. Lögin munu ekki eingöngu taka til framkvæmda á vegum opinberra aðila heldur einnig til þess ef ríkisstofnun mundi t.d. fela verkfræðistofu að annast fyrir sig útboð sem hún mundi hins vegar sjálf greiða fyrir. Jafnframt mundi greinin ná til einkaréttar sem opinberir aðilar veita fyrirtækjum, t.d. til að annast vatnsveitu í ákveðnum landshlutum.

Samkvæmt tilskipunum 71/305, sbr. 89/440 og 90/531, eru nokkrar gerðir verksamninga undanþegnir útboðsskyldu. Þykir því rétt að kveða á um það í 2. mgr. að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að einstakar tegundir verksamninga verði undanþegnir ákvæðum VI. kafla.

b. (22. gr.)

Í greininni er kveðið á um það lágmarksverðmæti sem verksamningur þarf að hljóða upp á til þess að aðilum þeim, sem lögin taka til, verði skylt að bjóða verkið út. Þegar fjárhæð útboðs er metin skal skv. 2. mgr. miða við gengi ECU þann dag er auglýsing er send Stjórnartíðindum EB til birtingar en það á að gera eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð hefur verið tekin.

Í 3. mgr. er kveðið á um að við mat á verðmæti útboðs skuli ekki eingöngu taka mið af heildarverðmæti verksins, þ.e. vinnu, hönnun og vörukaupum, eftir því sem við á, heldur eigi einnig að taka mið af verðmæti þeirra aðfanga, t.d. tækja, sem verkkaupi lætur verktakanum í té.

c. (23. gr.)

Í greininni er kveðið á um að þegar ákveðið er að bjóða verk út í áföngum skal leggja saman fjárhæð einstakra áfanga, jafnvel þótt gerðir séu sérstakir verksamningar um hvern áfanga. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna undantekningu frá þessari reglu þess efnis að ekki þarf að taka mið af áfanga sem er undir 1 milljón ECU án virðisaukaskatts svo framarlega sem verðmæti þessa áfanga er minna en ⅕ af verðmæti verksins í heild.

Samkvæmt 2. mgr. verður óheimilt að skipta verki í áfanga beinlínis í því skyni að sniðganga ákvæði laganna um verðmætismörk. Það leiðir hins vegar af 1. mgr. að ekki er almennt bannað að bjóða verk út í áföngum.

d. (24. gr.)

Í þessari grein er fjallað um auglýsingar verksamninga. Í fyrsta lagi á verkkaupi í sérstakri kynningarauglýsingu að lýsa helstu einkennum þeirra verka sem hann hefur í hyggju að bjóða út og falla undir viðmiðunarmörk 22. gr. Ætla má að slík auglýsing yrði að jafnaði send þegar fjárhagsáætlun viðkomandi stofnunar er tilbúin. Slík auglýsing leggur hins vegar enga skyldu á stofnunina að bjóða verkið út. Helsta gildi slíkrar auglýsingar er að þegar kemur að því að bjóða út verk þau, sem tilgreind eru í henni, styttist tilboðsfresturinn. Í öðru lagi á að auglýsa verkið sjálft. Hér er átt við hina eiginlegu útboðsauglýsingu. Í þriðja lagi á að auglýsa þá verksamninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum laganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að auglýsingar skulu sendar útgáfustjórn EB til birtingar. Þær verða birtar í EES-deild Stjórnartíðinda EB og útgáfustjórnin hefur 12 daga til að birta auglýsinguna.

Ekki verður heimilt að birta auglýsinguna hér á landi fyrr en hún hefur verið send útgáfustjórninni til birtingar. Þá verða auglýsingar hérlendis að innihalda sömu upplýsingar og þær sem fram koma í auglýsingu þeirri sem útgáfustjórninni er send. Þessar kröfur eru gerðar til þess að tryggja sem jafnasta samkeppnisstöðu verktaka á Evrópumarkaði. Þar sem hins vegar geta liðið allt að 12 dagar þar til auglýsingin birtist í Stjórnartíðindum EB njóta innlendir verktakar ákveðins forgangs enda er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsing birtist í innlendum blöðum 1–2 dögum eftir sendingardag.

e. (25. gr.)

Hér er kveðið á um heimild verktaka, sem er óánægður með ákvörðun sem verkkaupi hefur tekið í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings, til þess að kæra þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis. Kæran verður að vera skrifleg og rökstudd og hann verður að sýna fram á að ákvörðunin hafi eða muni hugsanlega valda sér tjóni. Þannig geta aðeins þeir sem hafa hagsmuna að gæta kært ákvörðun.

f. (26. gr.)

Í þessari grein er kveðið á um til hvaða aðgerða ráðuneytið getur gripið í tilefni af kæru. Það er háð mati ráðuneytisins hvort það grípur til þeirra aðgerða sem getið er um í 1. og 2. tölul. Ráðuneytið mundi m.a. taka tillit til þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Annars vegar verður að líta til hagsmuna kæranda og hins vegar til hagsmuna verkkaupa og annarra bjóðenda og jafnframt til almannahagsmuna. Ef ætla má að tjón hinna síðarnefndu yrði meira en tjón kæranda mundi ekki verða gripið til þeirra ráðstafana sem getið er um í greininni. Þar sem félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn sveitarstjórnarmála þykir rétt að þegar kæra varðar ákvarðanir sveitarfélags sé það hann sem láti framkvæma þær aðgerðir sem getið er um í 1. mgr. Fjármálaráðuneytið verður eftir sem áður úrskurðaraðili.

g. (27. gr.)

Hér er kveðið á um að kærandi, sem er óánægður með úrlausn fjármálaráðuneytis, geti höfðað mál til þess að fá ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings hnekkt. Verktaki yrði þannig ávallt fyrst að leita eftir úrskurði ráðuneytisins áður en hann gæti farið með málið fyrir dómstóla. Dómstóll yrði þá að beita sams konar hagsmunamati og getið er um í athugasemd við f-lið (26. gr.). Verkkaupi eða annar hagsmunaaðili gæti jafnframt borið ákvörðun sem fjármálaráðuneytið tekur í tilefni af kæru undir úrlausn dómstóla samkvæmt almennum réttarfarsreglum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að verkkaupi sé bótaskyldur vegna þess kostnaðar sem verktakinn hefur haft af því að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði. Hann getur þannig ekki krafist bóta vegna þess tjóns sem hann verður hugsanlega fyrir vegna þess að hann missir af þeim ávinningi sem samningurinn hefði haft fyrir hann. Réttur til bóta er óháður því hvort ákvörðun hefur verið kærð eða ekki. Um bótaábyrgð, skilyrði bótaskyldu og fyrningu bótakrafna fer samkvæmt almennum reglum.

h. (28. gr.)

Hér er kveðið á um valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði opinberra innkaupa. Með greininni er verið að lögfesta þær reglur sem fram koma í bókun 2 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA. Þessi bókun fjallar um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á svið opinberra innkaupa.

Í 1. mgr. er kveðið á um að eftirlitsstofnunin geti hafið rannsókn á meintum brotum áður en samningsgerð er lokið. Hér gildir það sama og þegar um kærur er að ræða, ákvörðun verður ekki breytt eftir að samningur hefur komist á.

Í 2. mgr. er kveðið á um að verkkaupa sé skylt að senda fjármálaráðuneytinu annaðhvort staðfestingu á að bætt hafi verið úr broti eða greinargerð um það hvers vegna það hefur ekki verið gert. Samkvæmt bókuninni er aðildarríki skylt að senda stofnuninni framangreindar upplýsingar innan 21 dags frá tilkynningu stofnunarinnar. Til þess að fjármálaráðuneytið geti staðið við þessa skuldbindingu þykir rétt að lögfesta þessa skyldu. Ráðuneytið mun síðan koma þeim upplýsingum á framfæri við eftirlitsstofnun EFTA.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti stöðvað útboð eða breytt ákvörðun verkkaupa ef eftirlitsstofnun EFTA telur að ákvörðun, sem tekin var í tengslum við útboð eða gerð verksamnings, feli í sér brot á EES-samningnum. Við mat á því hvort heimildir 26. gr. yrðu nýttar mundi ráðherra hafa í huga sömu sjónarmið og getið er um athugasemdum við þá grein.

i. (29. gr.)

Í greininni er kveðið á um að eftir að bindandi samningur um verk er kominn á verði ákvörðun, sem tekin var í tengslum við útboðið og samningsgerðina, ekki breytt. Á þessu tímamarki eru hagsmunir samningsaðilanna af því að samningur standi óbreyttur orðnir það miklir að minni hagsmunir kæranda verða að víkja.

j. (30. gr.)
Í greininni er kveðið á um skyldu verkkaupa til að gefa fjármálaráðuneytinu skýrslur um gerða verksamninga. Þar sem fjármálaráðuneytið þarf að senda eftirlitsstofnun EFTA skýrslur um þá samninga sem boðnir hafa verið út á Evrópska efnahagssvæðinu þykir nauðsynlegt að tryggja að ráðuneytinu berist þessar upplýsingar.

k. (31. gr.)
Í greininni er kveðið á um að fjármálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna, svo sem með því að sveitarfélög, ríkisstofnanir og fyrirtæki sinni þeirri skyldu sinni að auglýsa útboð á Evrópumarkaði. Þá gerir greinin ráð fyrir því að Innkaupastofnun ríkisins annist útboð fyrir þá opinberu aðila sem þess óska. Fjármálaráðuneytið mun jafnframt bera ábyrgð á framkvæmd samningsins og annast samskipti við eftirlitsstofnun EFTA eftir því sem við á.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 52/1987 nýjum ákvæðum um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

a. (9. gr.)
Í greininni er kveðið á um það hverjir skuli bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 3. gr. laga nr. 52/1987 er tekið fram að Innkaupastofnun ríkisins annist innkaup fyrir allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Greinin er þannig mun víðtækari en samsvarandi grein í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Af þeim sökum er fyrst og fremst þörf á því að kveða á um það í þessari grein að sveitarfélög, stofnunum þeirra og fyrirtækjum sé skylt að bjóða út á Evrópumarkaði.

b. (10. gr.)
Greinin kveður á um verðmætismörk þau sem eiga að gilda á sviði opinberra innkaupa. Meginreglan verður sú að bjóða á út innkaup sem að verðmæti nema a.m.k. 200.000 ECU án virðisaukaskatts, sbr. 1. tölul. 1. mgr. Undantekningar frá þeirri reglu er að finna í 2.–4. tölul. og skiptast þær í tvennt. Annars vegar er um að ræða að skv. 2. tölul. gilda lægri mörk um vörur sem falla undir ákveðna kafla í tollskrá en þessir vöruflokkar eru taldir upp í viðauka I. Eru þetta þeir vöruflokkar sem falla undir GATT-samkomulagið um opinber innkaup. Hins vegar er gert ráð fyrir því að kaup ákveðinna opinberra aðila falli undir hærri verðmætamörk, sbr. 3. og 4. tölul. Þessar undantekningar verður almennt að skýra þröngt.

c. (11. gr.)

Í greininni er kveðið á um það hvernig meta eigi verðmæti ýmissa tegunda samninga. Í 1. mgr. er fjallað um ýmiss konar leigusamninga en í 2. mgr. um kaupsamninga sem í eru endurnýjunarákvæði. Í 3. mgr. er fjallað um innkaup sem skipt er í hluta. Ákvæðið mundi t.d. eiga við um það tilvik þegar á svipuðum tíma yrði ákveðið að gera fleiri en einn samning um kaup á búnaði fyrir nokkra framhaldsskóla. Í 4. og 5. mgr. er að finna sams konar ákvæði og í 2. og 3. mgr. c-lið 2. gr. (23. gr.).

d. (12. gr.)

Í greininni er kveðið á um þær auglýsingar sem senda á útgáfustjórn EB til birtingar. Greinin er að mestu leyti samhljóða d-lið 2. gr. (24. gr.) sem gildir um verksamninga. Ekki þarf að senda kynningarauglýsingu nema áætluð vörukaup nemi 750.000 ECU á ársgrundvelli og slík auglýsing mun ekki leiða til þess að tilboðsfrestur styttist.

e. (13. gr.)

Greinin kveður á um kæruheimild seljanda vöru og er samhljóða e-lið 2. gr. (25. gr.). Um skýringu á greininni vísast til skýringa með þeirri grein.

f. (14. gr.)

Í greininni er kveðið á um að um ýmis atriði, svo sem varðandi meðferð kæru, fari skv. I. kafla frumvarpsins. Þetta á t.d. við um þau úrræði sem fjármálaráðuneytið getur gripið til í tilefni af kæru og um að ákvörðun verður ekki breytt eftir að bindandi kaupsamningur hefur komist á. Jafnframt er kveðið á um að I. kafli gildi um eftirlitsvald fjármálaráðuneytisins og það hlutverk Innkaupastofnunar að annast útboð og ráðgjöf fyrir sveitarfélög og ríkisstofnanir.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu ráðherra til þess að setja reglugerð um ýmis atriði sem snerta framkvæmd laganna. Jafnframt er kveðið á um heimild ráðherra til að breyta viðauka I með auglýsingu. Þessi heimild er mjög þröng og má aðeins beita í því skyni að færa viðaukann til samræmis við breytingar á tollskrá.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

LANDSVIRKJUN

BLÖNDUVIRKJUN

Kostnaði skipt á verksamninga o.fl.

Heildarkostnaður, verðlag í árslok 1991 (VB=599; 187,4). Kostnaður til ársloka 1991
Gengi IKR/ECU = 75.

Verkliður	Útboðsform	Verktak	Verkta kostnað MIKR	Verkkau kostnaðu MIKR	SAMTALS kostnaður MIKR	EC
Jarðgangamunni	Opið - innlent	Innlendu	20	6	26	0,4
9510 Neðanjarðarvirki	Opið - alþjóðleg	Erlendur	1574	504	2078	27,7
9512 Gilsárstífla o.fl.	Opið - alþjóðleg	Erl. og in	1369	439	1808	24,1
9513 Stíflugrunnar	Opið - alþjóðleg	Innlendu	168	54	222	3,0
9514 Botnrás Blöndustíflu	Opið - innlent	Innlendu	205	66	271	3,6
9515 Blöndustífla, Kolkustífla	Opið - alþjóðleg	Innlendu	1433	459	1892	25,2
9516 Stöðvarhús (viðbót við 951	Lokað - alþjóðle	Erl. og in	161	52	213	2,8
9517 Stjórnhús	Opið - innlent	Innlendu	165	53	217	2,9
9518 Starfsmannahús	Opið - innlent	Innlendu	291	93	384	5,1
Íbúðarhús á Blönduósi	Lokað - innlent	Innlendu	54	17	71	1,0
Frár.skurður og Gilsárgil (	Lokað - innlent	Innlendu	23	7	31	0,4
Tækjageymsla	Lokað - innlent	Innlendu	32	10	43	0,6
Önnur byggingarv. (ýmis v	Lokað - innl. og	Innl. og	71	23	94	1,3
9530 Hverflar og rafalar	Opið - alþjóðleg	Erlendur	1051	337	1388	18,5
9531 Spennar	Opið - alþjóðleg	Erlendur	69	22	90	1,2
9532 Háspennuvirki	Opið - alþjóðleg	Erlendur	102	33	135	1,8
9534 Kranar	Opið - alþjóðleg	Erlendur	36	12	48	0,6
9535 Lokur	Opið - alþjóðleg	Erlendur	64	21	85	1,1
9535B Lokur	Opið - alþjóðleg	Innlendu	65	21	86	1,1
9536 Pípa	Opið - alþjóðleg	Erlendur	182	58	240	3,2
9537A Loftræsibúnaður	Opið - innlent	Innlendu	11	3	14	0,2
9537B Stjórnb. loftræsikerfa	Opið - innlent	Innlendu	23	7	31	0,4
9538 Rafb. í lokuvirkjum	Opið - innlent	Innlendu	51	16	68	0,9
9539 Raflagnir í stöðvarhúsi	Opið - innlent	Innlendu	11	4	15	0,2
9540 Mæl. og fjarsk.búnaður	Lokað - alþjóðle	Innlendu	52	17	69	0,9
9542 Lyfta	Opið - alþjóðleg	Innl. og	25	8	33	0,4
Ýmis vél- og rafbúnaður	Lokað - innl. og	Innl. og	58	18	76	1,0
Vinnubúðir, raflínur, vegir	Opið - innlent	Innlendu	590	189	778	10,4
Hækkun Blöndustíflu	Óákv.		125	40	166	2,2
Samtals			8082	2589	10671	142,3
Ranns., hönnun, umsjón			2205	(innif.)	(innif.)	innif.)
Vegir og raflínur að virkjunarsvæði			384	(innif.)	(innif.)	innif.)
Samtals			10671	2589	10671	142,3
Ófyrirséð			34	34	34	0,5
Fjármagnskostnaður			1981	1981	1981	26,4
Alls			**12686**	**4604**	**12686**	169,1

LANDSVIRKJUN

7. júlí 1992

FLJÓTSDALSVIRKJUN - ÁÆTLUÐ SKIPTING ÚTBOÐA

Kostnaði skipt á verksamninga o.fl.

Áætl. samningsupphæðir, verðlag í árslok 1991 (VB = 187,4).
Gengi IKR/ECU = 75.

			Verktaka kostnaðu	Verkkaupa kostnaður	SAMTALS kostnaður	
Verkliður	Útboðsform	Verktaki	MIKR	MIKR	MIKR	MECU
Undirbún.kostnaður (áfallinn)			452	588	1040	13,9
Undirbún.kostnaður (annar)			100	100		
FDO 11 Vinnuvegir (unnið verk)	Opið - innlent	Innlendur	136	17	153	2,0
FDV-41 Eyjabakkastífla og inntak	Opið - alþjóðlegt	Erl. og innl	1960	249	2209	29,5
FDV-51 Aðrennslisgöng og fylgivirki	Lokað - alþjóðlegt	Erl. og innl	4210	535	4745	63,3
FDV-61 Aðkomugöng (unnið verk)	Opið - innlent	Innlendur	69	9	78	1,0
FDV-62 Orkuver og frárennsli	Opið - alþjóðlegt	Erl. og innl	970	123	1093	14,6
FDV-63 Aðkomuhús	Opið - alþjóðlegt	Erl. og innl	300	38	338	4,5
FDV-64 Loftræsing	Opið - innlent	Innlendur	65	8	73	1,0
FDV-65 Lýsing og öryggiskerfi	Opið - innlent	Innlendur	90	11	101	1,4
FDV-71 Sauðárveita	Opið - alþjóðlegt	Erl. og innl	940	119	1059	14,1
FDV-81 Heiðarveitur	Opið - alþjóðlegt	Erl. og innl	460	58	518	6,9
FDV-91 Mötuneyti og starfsm.hús	Lokað - innlent	Innlendur	135	17	152	2,0
FDV-21 Hverflar, rafalar og fylgibún.	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	2000	254	2254	30,1
FDV-22 Mælibún. loka og rista	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	30	4	34	0,5
FDV-23 Stálþrýstipípa	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	250	32	282	3,8
FDV-24 Lyftikranar	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	75	10	85	1,1
FDV-31 Aflspennar	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	260	33	293	3,9
FDV-32 SF6 tengivirki	Opið - alþjóðlegt	Erlendur	650	83	733	9,8
Samtals			13152	1670	14822	197,6
Ranns., hönnun, umsjón			1520	(innif.)	(innif.)	(innif.)
Annar verkkaupakostnaður			150	(innif.)	(innif.)	(innif.)
Samtals			14822		14822	197,6
Ófyrirséð			1638		1638	21,8
Fjármagnskostnaður			1670		1670	22,3
Alls			**18130**		**18130**	**241,7**

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 18. ágúst 1992

Vörukaup og verkútboð
á vegum Innkaupastofnunar ríkisins
1990 - 1991.

Um áratugaskeið hefur Innkaupastofnunin efnt til útboða á innlendum og erlendum vettvangi til að ná sem hagstæðustu verði á vörum, byggingaframkvæmdum og þjónustu fyrir hið opinbera. Skráð formleg útboð eru nú á fjórðaþúsund frá upphafi. - Í mörgum tilfellum hefur verið um erlenda vöru að ræða vegna fábreyttrar framleiðslu hér á landi og þá leitað tilboða á alþjóða markaði í vörukaup, sem oft námu minni upphæð en 130 þúsund Ecu sem eru lágmarks viðmiðunarmörk á EES í vörukaupaútboðum.

Við athugun á útboðum hjá Innkaupastofnuninni árin 1990 - 1991 kom eftirfarandi fram:

Ár:	Heildar fjöldi útboða	Vörukaup yfir 130 þús. Ecu	Verkútboð yfir 5 miljón Ecu
1990	100	10	1 (af 22)
1991	117	12	0 (af 22)
Samtals	217	22	1

Vörukaupaútboðin voru opin, kynnt innanlands og erlendis og útboðslýsing gerð á ensku þegar við átti.

Verkútboðin voru aðeins auglýst innanlands og útboðslýsing þá á íslensku.

Helstu vörukaupaútboð yfir 130 þús. Ecu voru vegna tækjabúnaðar á sjúkrahús, asfalt til vegagerðar, pappír í símaskrá og tölvur.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
Ásgeir Jóhannesson

Fylgiskjal III.

VEGAGERÐIN

Verk boðin út á innlendum og

erlendum vettvangi

Á síðustu árum hefur Vegagerð ríkisins boðið út 2 stór verkefni, þar sem erlendum verktökum var boðin þátttaka.

Um er að ræða jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla og Vestfjarðagöng.

Í báðum tilvikum var forval auglýst í íslenskum dagblöðum og forvalsgögn send í öll sendiráð hérlendis.

Mikill áhugi var fyrir þessum verkefnum því 28 verktakar skiluðu inn gögnum fyrir Vestfjarðagöngin. Af þessum verktökum ætluðu nokkrir að hafa samvinnu um tilboð, þannig að alls voru 16 aðilar sem óskuðu eftir því að vera taldir hæfir til þess að bjóða í verkið.

Af þessum 16 voru allir nema 1 viðurkenndir, en tilboðum skiluðu 8 aðilar.

Tilboð bárust frá öllum Norðurlandaþjóðum auk tilboða frá Búlgaríu, Ítalíu og Þýskalandi.

Í báðum þessum verkum var samið við verktakasamsteypur þar sem íslenskir verktakar voru í samvinnu við erlenda verktaka.

Bæði þessi verkefni voru stærri en viðmiðunarmörk EES - verksamninga. Önnur verkefni stærri en fyrrgreind mörk hefur Vegagerðin ekki borðið út í nokkuð langan tíma.

	Áætlað verð 1992	
	M.kr.	M.ECU
Ólafsfjarðarmúli 1988	860	11,4
Vestfjarðagöng 1991	2.540	33,7

(1 ECU = 75,40 kr.)

21. júlí 1992

Jón Birgir Jónsson

VIÐAUKI I.

Í viðauka þessum er kveðið á um þær vörur sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Við flokkun á vörunum er fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. Kaflaheiti vísar til samsvarandi kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

25. kafli: Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement

26. kafli: Málmgrýti, gjall og aska

27. kafli: Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax
nema:
úr 2710: Eldsneyti fyrir sérstakar vélar

28. kafli: Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna
nema:
úr 2808: Sprengiefni
úr 2811: Sprengiefni
úr 2812: Táragas
úr 2825: Sprengiefni
úr 2829: Sprengiefni
úr 2834: Sprengiefni
úr 2844: Eiturefni
úr 2845: Eiturefni
úr 2847: Sprengiefni

29. kafli: Lífræn efni
nema:
úr 2904: Sprengiefni
úr 2905: Sprengiefni
úr 2908: Sprengiefni
úr 2909: Sprengiefni
úr 2912: Sprengiefni
úr 2913: Sprengiefni
úr 2914: Eiturefni
úr 2915: Eiturefni
úr 2917: Eiturefni
úr 2920: Eiturefni
úr 2921: Eiturefni
úr 2922: Eiturefni
úr 2925: Sprengiefni
úr 2926: Eiturefni
úr 2928: Sprengiefni

30. kafli: Vörur til lækninga

31. kafli: Áburður

32. kafli: Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifilitir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek

33. kafli: Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvörur og snyrtivörur eða hreinlætisvörur

34. kafli: Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, tannvax og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum

35. kafli: Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím

37. kafli: Ljósmynda- og kvikmyndavörur

38. kafli: Ýmsar kemískar vörur
nema:
úr 38.23: Eiturefni

39. kafli: Plast og vörur úr því
nema:
úr 3912: Sprengiefni

40. kafli: Gúmmí og vörur úr því
nema:
úr 4011: Skotheldir hjólbarðar

41. kafli: Óunnar húðir og skinn (þó ekki loðskinn) og leður

42. kafli: Vörur úr leðri; reiðtygi og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekkar hirslur; vörur úr dýraþörmum (þó ekki silkiormaþörmum)

43. kafli: Loðskinn og loðskinnsgervi; framleiðsla úr þeim

44. kafli: Viður og vörur úr viði; viðarkol

45. kafli: Korkur og vörur úr korki

46. kafli: Framleiðsla úr strái, úr espartó eða öðrum fléttiefnum; körfugerðarvörur og tágasmíði

47. kafli: Deig úr viði eða öðru trefjakenndu sellulósaefni; úrgangur og rusl úr pappír eða pappa

48. kafli:	Pappír eða pappi; vörur úr pappírsdeigi, pappír eða pappa
49. kafli:	Prentaðar bækur, blöð, myndir og aðrar vörur prentiðnaðar; handrit, vélrit og uppdrættir
65. kafli:	Höfuðfatnaður og hlutar til hans
66. kafli:	Regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, setustafir, svipur, keyri og hlutar til þeirra
67. kafli:	Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum eða dún; gerviblóm; vörur úr mannshári
68. kafli:	Vörur úr steini, gipsefni, sementi, asbesti, gljásteini eða áþekkum efnum
69. kafli:	Leirvörur
70. kafli:	Gler og glervörur
71. kafli:	Náttúrulegar eða ræktaðar perlur, eðalsteinar eða hálfeðalsteinar, góðmálmar, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur; mynt
73. kafli:	Vörur úr járni eða stáli
74. kafli:	Kopar og vörur úr honum
75. kafli:	Nikkill og vörur úr honum
76. kafli:	Ál og vörur úr því
78. kafli:	Blý og vörur úr því
79. kafli:	Sink og vörur úr því
80. kafli:	Tin og vörur úr því
81. kafli:	Aðrir ódýrir málmar; keramíkmelmi; vörur úr þeim
82. kafli:	Verkfæri, áhöld, eggjárn, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málmi; hlutar til þeirra úr ódýrum málmi nema: úr 8207: Verkfæri úr 8209: Verkfæri, hlutar
83. kafli:	Ýmsar vörur úr ódýrum málmi

84. kafli: Kjarnakljúfar, katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra
nema:
úr 8401: Kjarnakljúfar
úr 8407 og úr 8408: Brunahreyflar
úr 8411 og úr 8412: Hverflar og aðrir hreyflar
úr 8456, úr 8457, úr 8458, úr 8459, úr 8460, úr 8461, úr 8462 og úr 8463: Smíðavélar
úr 8471: Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar
úr 8473: Hlutar og fylgihlutir til véla í nr. 8471

85. kafli: Rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara
nema:
úr 8517: Fjarskiptabúnaður á línu
úr 8525: Senditæki

86. kafli Eimreiðar, vagnar og hlutar til þeirra fyrir járnbrautir eða sporbrautir; sporbúnaður og tengihlutar fyrir járnbrautir eða sporbrautir og hlutar til þeirra; hvers konar vélrænn umferðarmerkjabúnaður (þar með talinn rafknúinn)
nema:
úr 8601: Brynvarðar rafmagnseimreiðar
úr 8602: Aðrar brynvarðar eimreiðar
úr 8604: Viðgerðarvagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir
úr 8604 og 8605: Brynvarðir járnbrautar- eða sporbrautarvagnar
úr 8606: Vöruflutningavagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir

87. kafli: Ökutæki, þó ekki járnbrautar- eða sporbrautarvagnar, og hlutar og fylgihlutir til þeirra
nema:
úr 8701: Dráttarvélar
úr 8702, 8703 og 8704: Ökutæki til hernaðarnota
úr 8705: Gálgabifreiðar til að lyfta biluðum ökutækjum og flytja þau
úr 8710: Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja
úr 8711: Mótorhjól
úr 8716: Tengivagnar

89. kafli: Skip, bátar og fljótandi mannvirki
nema:
úr 8906: Herskip

90. kafli: Áhöld og tækjabúnaður til optískra nota, ljósmyndunar, kvikmyndunar, mælinga, prófunar, nákvæmnisvinnu, lyflækninga eða skurðlækninga; hlutar og fylgihlutir til þeirra
nema:
úr 9005: Sjónaukar
úr 9012: Smásjár
úr 9013: Leysitæki; önnur optísk tæki og áhöld ót. a. í þessum kafla
úr 9015: Fjarmælar
úr 9018: Áhöld og tæki til lækninga
úr 9019: Tæki til mekanóterapí
úr 9021: Búnaður til réttilækninga
úr 9022 Tækjabúnaður sem byggir á notkun röntgengeisla
úr 9030: Mælar til að mæla og prófa rafmagnsstærðir

91. kafli: Klukkur og úr og hlutar til þeirra

92. kafli: Hljóðfæri; hlutar og fylgihlutir til þess konar vara

94. kafli: Húsgögn, rekkjubúnaður, dýnur, rúmbotnar, púðar og áþekkur stoppaður húsbúnaður; lampar og ljósabúnaður, ót. a.; ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar; forsmíðaðar byggingar
nema:
9401.1000: Sæti til nota í flugvélum

96. kafli: Ýmsar framleiddar vörur

36. Frumvarp til laga [35. mál]

um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð opinberra mála eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum.

2. gr.

Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. geta Félagsdómur og siglingadómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.

Hæstiréttur getur jafnframt kveðið upp úrskurð eins og að framan segir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til að fylgja frumvarpi til breytinga á lögum á sviði þess til aðlögunar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta frumvarp er flutt vegna ákvæða 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þar er kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til þess að gefa ráðgefandi álit um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Segir þar að komi álitaefni upp í þessu sambandi við rekstur máls fyrir dómstóli í EFTA-ríki geti hann leitað eftir slíku ráðgefandi áliti enda telji hann nauðsynlegt að afla þess til að geta leyst úr máli. EFTA-ríkjunum er veitt heimild í ákvæðinu til að takmarka rétt dómstóla sinna til að leita álits sem þessa við þá dómstóla sem kveða upp úrlausnir sem sæta ekki málskoti samkvæmt landslögum.

Vegna þessa samningsákvæðis verður að festa í lög heimild handa íslenskum dómstólum til að leita með framangreindum hætti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við rekstur dómsmáls hér á landi. Vafaatriði í dómsmáli, sem álit af þessum toga getur varðað, geta beinst að skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, auk bókana með honum, viðauka við hann eða gerða sem er getið í viðaukunum. Getur reynt á þetta bæði við rekstur einkamáls fyrir dómi hér á landi og opinbers máls, auk þess sem vafaatriðin geta verið uppi hvort heldur við rekstur máls fyrir héraðsdómi, Hæstarétti eða sérdómstóli. Til að koma fram nauðsynlegum lagaheimildum um þetta væri út af fyrir sig unnt að leggja til breytingar á öðrum lögum og taka þannig m.a. upp ákvæði í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, þar sem væri hverju sinni mælt fyrir um heimildina á hverjum vettvangi fyrir sig til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um áðurgreind atriði. Sú leið er hins vegar þung í vöfum og verður að telja til einföldunar að setja í einu lagi lög af þessu tilefni sem nái jöfnum höndum til ólíkra tegunda mála og ólíkra dómstóla eins og er lagt til með þessu frumvarpi.

Eins og áður segir er lagt á vald einstakra EFTA-ríkja að ákveða hvort heimildin til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins verði bundin við þá dómstóla sem kveða upp endanlega dóma eða verði einnig veitt öðrum dómstólum. Í þessu frumvarpi er sú leið valin að leggja til að héraðsdómstólum verði veitt þessi heimild til jafns við Hæstarétt að því gættu að ákvörðun héraðsdómara um þetta mætti kæra til Hæstaréttar skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þetta er lagt til í ljósi þess að eftir almennum réttarfarsreglum á að leitast við að leysa úr máli á grundvelli sömu gagna og röksemda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, en á því yrði brestur ef fyrst væri unnt að leita álits EFTA-dómstólsins í þessum efnum undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Þá verður einnig að taka tillit til þess að Félagsdómur kveður upp endanlega dóma á sínu sviði en á vettvangi hans getur reynt á at-

riði sem lúta að skýringu EES-reglna og verður því samkvæmt beinum orðum 34. gr. samningsins að gera ráð fyrir þessum kosti við rekstur máls fyrir þeim dómstóli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er greint frá þeim aðstæðum sem geta leitt til þess að dómstóll hér á landi leiti eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins í samræmi við 34. gr. áðurnefnds samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Er þessu lýst þannig að tilefni geti verið uppi til þessa ef vafi er um skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem er getið í viðaukunum og á vafaatriðið reynir við úrlausn dómsmáls hér. Undir þeim kringumstæðum er héraðsdómara heimilað að leita álits EFTA-dómstólsins og verður í því sambandi að gefa því gætur að hér er aðeins rætt um heimild í þessum efnum en ekki skyldu. Álitið á aðeins að vera ráðgefandi eins og segir í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu.

Af 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins leiðir að héraðsdómari gæti bæði tekið til greina kröfu annars eða beggja málsaðila um að leita álits EFTA-dómstólsins um atriði máls og að hann gæti ákveðið að þessi leið verði farin án kröfu. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. verður héraðsdómari á hvorn veginn sem er að kveða upp sérstakan úrskurð um að leita álitsins og gildir einu hvort ágreiningur er uppi um það eða aðilarnir einhuga, en áður ber honum að gefa þeim kost á að tjá sig um þörfina á því. Í frumvarpinu er ekki að finna nánari reglur um aðgerðir héraðsdómara ef niðurstaða hans verður sú að álitsins verði leitað en gengið er út frá því að framkvæmdaratriði varðandi t.d. sendingu máls til EFTA-dómstólsins komi til með að ráðast af reglum hans.

Af ákvæðum 1. gr. frumvarpsins má ráða að ætlast er til að rekstri máls verði frestað fyrir héraðsdómi þar til álit EFTA-dómstólsins er fengið. Bið eftir álitinu gæti orðið til að tefja fyrir úrlausn máls og verður því að telja eðlilegt að mæla fyrir um heimild málsaðila, sem vill ekki fella sig við afstöðu héraðsdómara, til að kæra úrskurð hans til Hæstaréttar. Kæruheimildin í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er þó ekki bundin við þau tilvik þar sem héraðsdómari úrskurðar að álits EFTA-dómstólsins verði leitað heldur nær hún einnig til úrskurðar um gagnstæða niðurstöðu hans.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um sömu heimildir til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins við rekstur máls fyrir Félagsdómi, siglingadómi og Hæstarétti og er mælt fyrir um í 1. gr. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. yrði úrskurðum Félagsdóms eða siglingadóms um þetta ekki skotið til Hæstaréttar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um gildistöku og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

37. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938.

1. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. verður svohljóðandi: Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða og fullra 25 ára og hafa forræði á búi sínu.
2. Við 2. tölul. bætist eftirfarandi: eða sambærilegt próf við annan háskóla.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda ekki um mann sem hefur fengið löggildingu eða aðra opinbera heimild til að annast niðurjöfnun sjótjóns í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI

Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul., svohljóðandi:

8. Fyrir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum, enda krefjist dómstóllinn saksóknar.

III. KAFLI

Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.

4. gr.

Á 3. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögum“ í 1. málsl. bætast við orðin: við Háskóla Íslands.
2. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Í stað embættisprófs skv. 1. mgr. getur komið sambærilegt próf við annan háskóla, enda hafi hlutaðeigandi næga þekkingu á íslenskum lögum. Dómsmálaráðherra leggur mat á hvort því skilyrði sé fullnægt. Dómstóli verður ekki tilkynnt um töku fulltrúa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi vottorð ráðherra um þetta skilyrði.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr., svohljóðandi:

Við dómstóla, þar sem einkaréttur til málflutnings gildir, getur aðili falið manni, sem hefur hlotið heimild til að flytja mál við sambærilega dómstóla í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, að flytja mál sitt, enda starfi hann að málinu með héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra málflytjenda hér á landi.

6. gr.

Á 9. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Á eftir orðinu „vottorð“ í 7. tölul. 1. mgr. bætist við orðið: dómsmálaráðherra.
4. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

7. gr.

Á 14. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

IV. KAFLI
Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

8. gr.

Á 10. gr. verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. verður svohljóðandi:

   Útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út hér á landi, skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:

   Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu.

9. gr.

Í 11. gr. falla niður orðin „íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja“, en í stað þeirra kemur: manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi.

V. KAFLI
Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

10. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

11. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaeftirlitið veitir þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum.

Dómsmálaráðherra getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

12. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. mega útlendingar, sem falla undir reglur samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, sbr. 2. mgr., koma til landsins án sérstaks leyfis og dvelja hér í allt að þrjá mánuði frá því þeir komu til landsins. Ákvæðum 10.–13. gr. skal því aðeins beita gagnvart slíkum útlendingum að það samrýmist þeim reglum.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd reglna samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga sem varða undanþágu frá vegabréfsáritun og takmörkunum á heimild til komu til landsins og dvöl.

13. gr.

Á 10. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málsl. 4. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitið.
2. Í 1. málsl. 5. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.
3. Í 2. málsl. 5. mgr. fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

14. gr.

Á 11. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. mgr. fellur niður orðið „Dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: Útlendingaeftirlitinu.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:

   Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi og getur þá útlendingaeftirlitið, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan tiltekins frests, enda sjái lögreglan um að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

15. gr.

Í 3. mgr. 12. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

16. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein sem verður 12. gr. a, svohljóðandi:

Útlendingur má kæra til dómsmálaráðherra:

1. Ákvörðun um að synja honum um dvalarleyfi.
2. Ákvörðun um brottfall eða afturköllun dvalarleyfis.
3. Ákvörðun eða úrskurð um að vísa honum úr landi.
4. Úrskurð skv. 4. mgr. 10. gr.

Útlendingi skal leiðbeint um kæruheimild skv. 1. mgr. þegar honum er kynnt ákvörðun eða úrskurður.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru yfir innan 15 daga frá því honum var kynnt ákvörðun eða úrskurður fyrir þeim sem það gerir. Ef kæru er lýst yfir áður en ákvörðun eða úrskurði er framfylgt með brottvikningu úr landi frestast framkvæmd þeirrar aðgerðar þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

17. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitinu.

18. gr.

Í 2. mgr. 15. gr. laganna fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitinu.

19. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaeftirlitið er sérstök stofnun sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu.

VI. KAFLI

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

20. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr.:

1. Samkvæmt umsókn frá þeim sem hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni eða til að halda þar heimili.
2. Ef annars þykir ástæða til.

21. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Leggja skal fyrir ráðherra samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda sem eru háð leyfi skv. 2. mgr. og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest hann með áritun sinni. Í reglugerð má kveða nánar á um form og efni umsóknar um þetta.

22. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. þarf ekki að afla leyfis ráðherra:

1. Þegar um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með ekki lengri en árs fyrirvara.
2. Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi. Ráðherra setur nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur tekur og framkvæmd réttarins að öðru leyti.

23. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali sem kveður á um réttindi sem leyfi þarf til skv. 1. gr. eða eru undanþegin leyfi skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. og skal þá synjað þinglýsingar uns sannað er að leyfis sé aflað eða skilyrði séu fyrir undanþágu.

VII. KAFLI
Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

24. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. fellur niður.
2. Í 4. tölul. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

25. gr.

Í 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur um prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr., er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá henni að hluta eða með öllu handa þeim sem hafa fengið leyfi eða heimild til að starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Núverandi 3. mgr. 2. gr. laganna verður 4. mgr. 2. gr.

VIII. KAFLI

Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.

26. gr.

Á 1. mgr. 50. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Orðið „og“ aftast í d-lið fellur niður.
2. Aftan við e-lið bætist orðið: og.
3. Við málsgreinina bætist nýr stafliður, sem verður f-liður, svohljóðandi:
   f. bifreið til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð.

IX. KAFLI

Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

27. gr.

Í 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna falla niður orðin „prófi við annan háskóla sem metið er jafngilt lögum samkvæmt“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi nægja þekkingu á íslenskum lögum.

X. KAFLI

Lög um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

28. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

2. Þá skal ákvæðum 75. gr. einnig beitt eftir því sem getur átt við þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi hér á landi í tengslum við rekstur máls erlendis, þar á meðal fyrir EFTA-dómstólnum.

Framan við núverandi 76. gr. kemur: 1.

XI. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til breytinga á lögum á sviði þess til aðlögunar samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Helstu forsendurnar fyrir breytingunum, sem frumvarpið miðar að, eru eftirfarandi:

1. Í III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að þegnar annarra ríkja, sem njóta réttinda samkvæmt samningnum, verði jafnsettir innlendum þegnum á hverjum stað, m.a. varðandi atvinnuréttindi og heimildir til fjárfestingar, auk þess að njóta vissra réttinda til ferða og dvalar í samningsríkjunum. Ákvæði samningsins í þessum efnum leiða af sér nauðsyn á breytingum á lögum á sviði ráðuneytisins og þá einkum í tvennu tilliti. Annars vegar eru í nokkrum lögum skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt til að geta notið tiltekinna réttinda, einkum starfsréttinda, sem verður að laga að ákvæðum samningsins en þó að teknu tilliti til þess að eftir sem áður má áskilja íslenskt ríkisfang m.a. sem skilyrði embættisgengis til opinberra starfa, sbr. 28. gr. samningsins. Með lögum um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23/1991, var ýmsum lögum á þessum vettvangi breytt á þann veg að erlendir ríkisborgarar, sem hafa átt lögheimili hér á landi í minnst eitt ár, urðu jafnsettir íslenskum ríkisborgurum. Til samræmis við samning um Evrópska efnahagssvæðið verður á hinn bóginn að rýmka ýmsar þessar heimildir. Rétt er að taka fram að í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ráðgert að skilyrði um lögheimili komi í stað þessara eldri skilyrða án þess að sú rýmkun sé bundin við útlendinga sem geta notið réttinda hér á landi á grundvelli samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum vegna þessa samnings varðandi heimildir þeirra til að koma til landsins og dveljast hér og meðferð mála, sem að þessu snúa, fyrir stjórnvöldum.
2. Gera verður breytingar á nokkrum lögum á sviði ráðuneytisins til samræmis við tilskipun 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Vegna þessarar tilskipunar ber að viðurkenna slíka menntun sem hefur verið fengin í öðru aðildarríki að samningi um Evrópska efnahagssvæðið þar sem sérfræðimenntun er á annað borð áskilin til að iðka lögverndaða starfsgrein eftir atvikum með skilyrði um aðlögunartíma eða hæfnispróf. Á sviði ráðuneytisins reynir einkum á þetta í löggjöf þar sem skilyrði eru sett fyrir réttindum eða starfsgengi um embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Þegar breytingar eru gerðar á slíkum lagaákvæðum til samræmis við áðurnefnda tilskipun verður að taka tillit til þess að ekki eru fyrir hendi neinar almennar reglur um viðurkenningu erlendrar menntunar í lögfræði gagnstætt því sem á við um ýmsa aðra háskólamenntun. Er sú leið því farin að leggja hér til breytingar á hverri löggjöf fyrir sig þar sem innlent embættispróf í lögum hefur verið áskilið og þá ráðgert að erlent lagapróf geti komið í staðinn eftir atvikum með áskilnaði um næga þekkingu á íslenskum lögum sem verður staðreynd með misjöfnum hætti á einstökum sviðum. Rétt er að taka fram að samkvæmt frumvarpinu eru breytingar í þessum efnum ekki bundnar við viðurkenningu á lögfræðimenntun sem hefur verið fengin í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Ákvæði frumvarpsins miða að auki að nokkru marki að breytingum á löggjöf á sviði ráðuneytisins sem varðar leyfisbundna þjónustustarfsemi málflutningsmanna, fasteigna- og skipasala og niðurjöfnunarmanna sjótjóns. Auk breytinga, sem leiðir beinlínis af áðurnefndri tilskipun 89/48/EBE, gætir hér áhrifa af tilskipun 67/43/EBE varðandi réttindi til að veita þjónustu við fasteignasölu og tilskipun 77/249/EBE varðandi lögmenn.
4. Í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er m.a. kveðið á um tilvist og störf EFTA-dómstólsins en samningurinn og bókanir með honum leiða af sér þörf á breytingum laga á sviði ráðuneytisins að tvennu leyti. Annars vegar er ráðgert í 34. gr. samningsins að innlendir dómstólar geti leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið þegar á hana reynir við úrlausn dómsmáls en slíks álits verður þá aflað undir rekstri máls sem frestast þar til álitið er fengið. Örðugleikum er háð að fella fyrirmæli um slíka álitsöflun inn í gildandi réttarfarslög enda getur hún komið til við rekstur mála af mismunandi sviðum og fyrir fleiri en einum dómstóli sem fleiri en ein lög taka til. Í stað þess að breyta mörgum lögum til að koma við ákvæðum um öflun álits af þessum toga á hverjum stað hefur sú leið verið farin að semja sérstakt frumvarp til laga um þetta efni sem er flutt samhliða þessu frumvarpi. Hins vegar er í bókun 5 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að finna stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins en í 25. og 26. gr. bókunarinnar koma fram reglur um gagnaöflun fyrir dómstólnum sem kosta tvenns konar breytingar á lögum á sviði ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir þeim breytingum í II. og X. kafla þessa frumvarps.

Með þessu frumvarpi er lagt til að eftirtöldum lögum verði breytt:

— Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938.
— Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.
— Lög um málflytjendur, nr. 61/1942.
— Lög um prentrétt, nr. 57/1956.
— Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965.
— Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.
— Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986.
— Umferðarlög, nr. 50/1987.
— Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.
— Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Að auki er ráðgert sem áður segir að samhliða þessu frumvarpi verði flutt frumvarp til sérstakra laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Með þessu eru þá komin fram frumvörp um lagabreytingar á sviði ráðuneytisins vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru lagðar til þrjár breytingar á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns. Í fyrsta lagi er ráðgert í 1. tölul. 1. gr. að skilyrði í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna fyrir löggildingu niðurjöfnunarmanns sjótjóns um íslenskan ríkisborgararétt eða lögheimili hér á landi í eitt ár, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1991, verði felld niður en í stað þeirra verði aðeins áskilið lögheimili hér án tillits til ríkisfangs eða fyrri búsetu. Þessi breyting er lögð til í samræmi við áðurnefnd ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem leiðir af sér nauðsyn á afnámi skilyrða af þessum toga en rétt er að taka fram að eftir hljóðan 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins er ekki um sérreglu að ræða varðandi þá eina sem geta notið réttinda hér á landi á grundvelli samningsins. Í öðru lagi er miðað að því með 2. tölul. 1. gr. að eldra fortakslaust skilyrði fyrir löggildingu niðurjöfnunarmanns um embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands verði breytt á þann veg að sambærilegt próf við annan háskóla geti komið í staðinn. Þessi breyting á rætur að rekja til áðurnefndrar tilskipunar 89/48/EBE en hún er þó ekki bundin við það að aðeins komi til álita að viðurkenna lagapróf frá háskóla í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þriðja lagi er síðan ráðgert í 2. gr. frumvarpsins að maður, sem hefur fengið löggildingu sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða sambærilega starfsheimild í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geti í raun fengið þá starfsheimild sína viðurkennda hér á landi með því að leita hér löggildingar með öðrum skilyrðum en gilda endranær. Með 2. gr. frumvarpsins er þannig vikið frá almennum kröfum í 1. mgr. 2. gr. laganna um menntun og starfsþjálfun í tilvikum sem þessum og byggt á því að minni kröfur séu ekki gerðar í þeim efnum í öðrum samningsríkjum en gilda hér sem skilyrði fyrir löggildingu.

Um 3. gr.

Í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins, sem fylgir samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, ESE-samningnum, er m.a. gengið út frá því að dómstóllinn geti þurft á framburði vitnis eða sérfræðings að halda við úrlausn máls en til að afla slíks framburðar eru tveir kostir ráðgerðir. Annars vegar er í 25. gr. stofnsamþykktarinnar kveðið á um heimildir dómstólsins til að krefjast þess að maður gefi slíka skýrslu fyrir dómstóli á búsetustað sínum en til að mæta þeim þörfum eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, í 28. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í 23. gr. samþykktarinnar byggt á því að vitnaleiðslur fari fram fyrir dómstólnum sjálfum í samræmi við starfsreglur dómstólsins. Þær starfsreglur skulu skv. 43. gr. ESE-samningsins settar af dómstólnum og samþykktar af EFTA-ríkjunum og liggja því ekki fyrir. Í tengslum við þetta er ákvæði 26. gr. samþykktarinnar sem orðast þannig í íslenskri þýðingu:

„Reynist vitni óáreiðanlegt eða rjúfi vitni eða sérfræðingur eið skal EFTA-ríki fara með slíkt brot á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum á sviði einkaréttar. Hlutaðeigandi EFTA-ríki skal í því tilviki fara í mál við viðkomandi fyrir þar til bærum dómstóli."

Þessi þýðing er ekki í samræmi við frumtexta greinarinnar en þar segir í endurskoðaðri þýðingu að EFTA-ríki skuli fara á sama hátt með vitni sem ekki fullnægir vitnaskyldu sinni og vitni eða sérfræðing sem gefur rangan eiðfestan framburð og brotið hefði verið framið við meðferð einkamáls fyrir dómstóli í ríkinu og ber viðkomandi EFTA-ríki þá eftir kröfu dómstólsins að saksækja þann sem brotið hefur af sér fyrir þar til bærum dómstóli sínum. Samkvæmt þessu ber að tryggja það með innlendri löggjöf að vitni, sem ekki sinnir vitnaskyldu sinni fyrir EFTA-dómstólnum eða vitni eða sérfræðingur sem gefur þar ranga skýrslu að unnum eiði, sæti sömu viðurlögum fyrir það eins og hann hefði sýnt af sér sömu háttsemi gagnvart íslenskum dómstóli við rekstur einkamáls enda krefjist þá EFTA-dómstóllinn saksóknar.

Þörfin á breytingum á íslenskri löggjöf vegna umræddra ákvæða 26. gr. stofnsamþykktarinnar er takmörkuð. Í fyrsta lagi er í stofnsamþykktinni ekki að finna skyldu á hendur vitni til að mæta fyrir EFTA-dómstólnum til skýrslugjafar. Í öðru lagi er þess að geta að þó að slík skylda væri fyrir hendi liggja engin refsiviðurlög við því að íslenskum lögum að vitni sinni ekki kvaðningu um að koma fyrir dóm til skýrslugjafar í einkamáli, heldur verður brugðist við slíkri vanrækslu með því að lögregla færi vitnið fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 91/1991, og loks er þess að geta að vitni, sem fullnægir ekki vitnaskyldu sinni að öðru leyti, verður aðeins beitt févíti, sbr. 2. mgr. 55. gr. laganna, sem ekki telst til refsiviðurlaga. Fyrir vikið krefja ákvæði 26. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins ekki um lagabreytingar hér á landi í þessu tilliti.

Á hinn bóginn er áskilið í nefndu ákvæði stofnsamþykktarinnar að unnt sé að saksækja mann fyrir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum eftir kröfu dómstólsins með sama hætti og hefði slíkt brot verið drýgt við skýrslugjöf í einkamáli fyrir dómstóli hér á landi. Refsiákvæði vegna slíkrar háttsemi koma fram í 142. gr., sbr. 2. mgr. 143. gr. og 144. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þess að færa út gildissvið þeirra reglna, þannig að þær nái einnig til rangs framburðar fyrir EFTA-dómstólnum, er lagt til með 3. gr. frumvarpsins að nýju ákvæði verði bætt við 6. gr. laga nr. 19/1940 til að heimila að refsingu skv. 142.–144. gr. laganna verði beitt vegna slíks brots þótt það sé drýgt fyrir EFTA-dómstólnum og þar með utan íslenska ríkisins. Í samræmi við umrædd ákvæði 26. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins er þó tekið fram í 3. gr. frumvarpsins að saksókn vegna þessa brots sé háð kröfu hans.

Um 4.–7. gr.

Af þremur ástæðum er þörf á breytingum á lögum um málflytjendur, nr. 61/1942, í tengslum við aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Í fyrsta lagi er ekki unnt að setja það skilyrði fyrir veitingu leyfis til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti að leyfishafinn þurfi að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa átt hér lögheimili um tiltekinn tíma svo sem nú er gert í 9. og 14. gr. laganna eins og þeim var breytt með 4. gr. laga nr. 23/1991. Af þessum sökum er lagt til í 1. tölul. 6. gr. og 1. tölul. 7. gr. frumvarpsins að þessi skilyrði verði felld niður og þá hvorki krafist íslensks ríkisfangs né lögheimilis hér á landi til að öðlast málflutningsleyfi.

Í öðru lagi gætir hér áhrifa af áðurnefndri tilskipun 89/48/EBE um viðurkenningu á erlendri sérfræðimenntun. Í 3., 9. og 14. gr. laga nr. 61/1942 er það skilyrði sett fyrir heimild til að starfa sem fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns og fyrir veitingu málflutningsleyfis að hlutaðeigandi þurfi að hafa embættispróf í lögum frá Háskóla Íslands eða eftir atvikum jafngilt próf frá öðrum stað samkvæmt íslenskum lögum. Þessi skilyrði eru í andstöðu við umrædda tilskipun en hér má ítreka það sem áður segir að engar almennar reglur gilda hér á landi um viðurkenningu á lögfræðimenntun sem er fengin erlendis. Af þessum sökum er lagt til í 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins að sambærilegt próf við íslenskt embættispróf í lögum geti komið að sama haldi í þessu tilliti en að auki er áskilið að lögfræðingur með slíka menntun þurfi að hafa nægja þekkingu á íslenskum lögum svo sem er heimilt eftir reglum áðurnefndrar tilskipunar. Samkvæmt 3., 9. og 14. gr. laganna, eins og er lagt til að þeim verði breytt með þessum ákvæðum frumvarpsins, kæmi í hlut dómsmálaráðherra að meta hvort þessum áskilnaði sé fullnægt hverju sinni. Það má jafnframt benda hér á að eftir reglum frumvarpsins eru heimildir í þessum efnum ekki bundnar við þá sem hafa lokið prófi í lögfræði við háskóla í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu enda er ástæðulaust að gera slíkan almennan greinarmun á menntunarstað fyrst stefnt er að viðurkenningu erlendrar menntunar til þessara þarfa.

Í þriðja lagi miða ákvæði III. kafla frumvarpsins að því að samræma ákvæði laga nr. 61/1942 við þær kröfur sem verða leiddar af tilskipun 77/249/EBE um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu. Þær kröfur fela nánar tiltekið í sér að viðurkenna verður heimild lögmanna frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna hér á landi fyrir dómstólum eða stjórnvöldum en fyrir þessari heimild má þó setja skilyrði sem snúa m.a. að því að erlendur lögmaður beri sömu starfsskyldur og innlendur lögmaður, svo og að erlendur lögmaður hafi innlendan lögmann til samstarfs við sig við rekstur dómsmáls. Um þörfina á breytingum á lögum nr. 61/1942 af þessu tilefni verður að taka tillit til þess að lögin gera aðeins kröfu um málflutningsleyfi til að geta annast hagsmunagæslu og málflutning fyrir dómstólum en ekki til að geta t.d. veitt þjónustu við ráðgjöf, samningsgerð eða hagsmunagæslu fyrir stjórnvöldum. Jafnframt verður að líta til þess að málflutningsleyfis er aðeins þörf til að fara með mál manna fyrir tilteknum héraðsdómstólum og Hæstarétti, sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, auk þess að í ákvæðum VI. kafla laga um meðferð opinberra mála er ekki krafist innlendra málflutningsréttinda til að maður geti annast málsvörn sakbornings í opinberu máli eða komið fram sem réttargæslumaður við rannsókn opinbers máls. Í þessu ljósi er unnt að takmarka breytingar á lögunum við þau atriði sem koma fram í 5. gr., 4. tölul. 6. gr. og 3. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Þar er ráðgert að lögmaður frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu geti flutt mál fyrir dómstóli hér á landi þar sem annars hefði orðið að fela innlendum lögmanni starfið enda starfi þá héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður með honum að málinu. Að auki kemur þar fram heimild handa erlendum lögmanni til að leita eftir málflutningsleyfi hér á landi á grundvelli erlends leyfis síns og gerast þannig héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Um þessi atriði er ætlast til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur í reglugerð þar sem yrði m.a. að taka af skarið um hvers konar málflutningsréttindi frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu komi hér til álita og hverjar skyldur hvíli á slíkum erlendum lögmönnum við flutning máls hér á landi. Í tengslum við þetta má að endingu minnast þess að í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, segir að þingmálið sé íslenska. Þeirri reglu væri að engu breytt með samþykki þessa frumvarps.

Um 8. og 9. gr.

Í 8. og 9. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum 10. og 11. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, sbr. 6. gr. laga nr. 23/1991, þar sem hefur verið áskilið að útgefandi og ritstjóri blaðs eða tímarits sem er gefið út hér á landi og sá sem annast dreifingu rits þurfi að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa átt hér lögheimili tiltekinn tíma eða eftir atvikum að vera íslenskt félag eða annar ópersónulegur aðili. Í stað þessara skilyrða er ætlast til þess með 8. og 9. gr. frumvarpsins að lögheimili einstaklings hér á landi nægi eða heimili lögaðila en þessara breytinga er þörf vegna ákvæða III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið sem var getið hér á undan í almennum athugasemdum við frumvarpið. Rétt er að taka fram að í þessum ákvæðum er ekki gerður greinarmunur á erlendum mönnum eftir því hvort þeir eru ríkisborgarar í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða annars staðar.

Um 10.–19. gr.

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér að þær reglur, sem gilda innan Evrópubandalagsins um frjálsa fólksflutninga, skulu gilda innan EES. Eru ákvæði þessa efnis í 1.–3. kafla III. hluta samningsins, svo og í V. og VIII. viðauka með samningnum.

Þær EB-gerðir, sem er vísað til og skipta hér máli, eru:

1. Tilskipun 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis.
2. Reglugerð (EBE) 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) 312/76.
3. Tilskipun 68/360/EBE um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra.
4. Reglugerð (EBE) 1251/70 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki.
5. Tilskipun 72/194/EBE um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis svo að það nái einnig til launþega sem neyta réttarins til að dveljast áfram í aðildarríki eftir að hafa verið þar við störf.
6. Tilskipun 73/148/EBE um afnám hafta á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi.
7. Tilskipun 75/34/EBE um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt.
8. Tilskipun 75/35/EBE um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis svo að það nái einnig til ríkisborgara aðildarríkis sem neyta réttarins til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt.

9. Tilskipun 90/364/EBE um búseturétt.
10. Tilskipun 90/365/EBE um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum.
11. Tilskipun 90/366/EBE um búseturétt námsmanna.

Þau ákvæði EB-löggjafar um frjálsa fólksflutninga, sem munu gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins, varða einkum rétt ríkisborgara EES-ríkjanna og fjölskyldna þeirra, án tillits til þjóðernis, til að koma til, dvelja í og vinna í öðru EES-ríki. Eru sérstök ákvæði sem gilda um launþega, þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita þjónustu eða njóta þjónustu og loks þá sem ekki stunda atvinnu, þar á meðal námsmenn og eftirlaunaþega.

Útlendingar, sem falla undir samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-útlendingar), munu á ýmsum sviðum fá aukinn rétt til að koma hingað til lands, dveljast hér og vinna miðað við aðra útlendinga samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Miða tillögur í 10.–19. gr. frumvarpsins að þessu. Á móti munu íslenskir ríkisborgarar öðlast sama rétt í öðrum samningsríkjum.

EES-útlendingur mun fá rétt til að ráða sig í vinnu án atvinnuleyfis. Hann má þá einnig stofna til starfsemi eða veita eða njóta þjónustu hér á landi með sömu skilyrðum og íslenskir borgarar. Aðrir útlendingar verða hins vegar að jafnaði áfram að sækja um atvinnuleyfi áður en þeir koma til landsins.

EES-útlendingur mun öðlast rétt á dvalarleyfi í landinu ef hann fær vinnu innan þriggja mánaða. Réttur til dvalarleyfis gildir einnig fyrir þá sem starfa sjálfstætt, veita eða njóta þjónustu og þá sem ekki stunda atvinnu, þar á meðal námsmenn og eftirlaunaþega.

Fjölskylda EES-útlendings, sem hefur dvalarleyfi, fær einnig rétt til dvalar án tillits til ríkisfangs.

Forsenda fyrir dvalarrétti er að viðkomandi geti framfært sig sjálfur.

Í samningi um Evrópska efnahagssvæðið felast ákvæði sem varða heimildir til að meina EES-útlendingi komu til landsins eða vísa úr landi. Víkja þessi ákvæði frá þeim reglum sem nú gilda og munu gilda áfram um aðra útlendinga.

Verður hér á eftir vikið nánar að helstu ákvæðum samningsins sem varða dvalar- og búseturétt, fyrst að því er varðar launþega, síðan þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita eða njóta þjónustu og loks þá sem stunda atvinnu.

Um launþega:

Með 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið skal launþegum tryggð frjáls för innan þess. Þessi réttindi eru skýrð nánar í viðauka V, 1., 3. og 5. tölul. (tilskipunum 64/221, 68/360 og 72/194), 2. tölul. (reglugerðum 1612/68 og 312/76) og 4. tölul. (reglugerð 1251/70).

Launþegar teljast allir ríkisborgarar EES-ríkis sem sækja um og ráða sig í vinnu eða hafa góðar vonir um að fá vinnu í öðru samningsríki á þeim tíma sem viðkomandi hefur rétt á að dvelja í landinu sem er venjulega þrír mánuðir. Til að tryggja frjálsa för launþega eru reglur um að fjölskylda launþegans eigi rétt á að flytjast með honum og gildir það án tillits til ríkisfangs. Til fjölskyldu launþegans teljast skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar 1612/68 maki launþegans, afkomendur þeirra í beinan legg sem eru yngri en 21 árs eða á framfæri þeirra og ættingjar launþega og maka hans að feðgatali sem eru á framfæri þeirra.

Í 3. mgr. 28. gr. EES-samningsins kemur nánar fram hvað frjáls för launþega felur í sér. Í upphafi er tekið fram að hægt sé að takmarka þetta frjálsræði þegar það er rökstutt með tilliti til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis en um þetta eru nánari fyrirmæli í tilskipun 64/221. Í tilskipuninni kemur fram hvenær takmörkun að því

er varðar komu til lands, útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi er heimil.

Í viðauka við tilskipunina, sbr. 4. gr., kemur fram hvaða sjúkdómar geti réttlætt synjun um að koma til lands eða útgáfu fyrsta dvalarleyfis. Þetta gildir t.d. um berkla og sárasótt, eiturlyfjaneyslu og alvarlega geðræna sjúkdóma.

Í tilskipuninni eru einnig tilgreindar þær aðstæður sem réttlæta ekki frávísun, brottvísun og synjun um dvalarleyfi. Takmarkanir vegna allsherjarreglu eða almannaöryggis má eingöngu byggja á persónulegri hegðun viðkomanda. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er ákvæði um að fyrri refsiverð hegðun sé ekki nægileg ein sér til að slíkum ráðstöfunum sé beitt. Dómstóll EB hefur í nokkrum dómum skýrt ákvæði tilskipunarinnar. Af þessum dómum má ráða að takmarkanir á för fólks geti ekki byggst á alhæfingum um hópa fólks og þær hafi heldur ekki það markmið að vera almenn hindrun.

Tilskipun 72/194 færir út gildissvið framangreindrar tilskipunar 64/221 þannig að efnisatriðin nái einnig til launþega sem nýtir sér réttinn til að dvelja áfram í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eftir að hafa lokið atvinnu þar.

Með þeim takmörkunum, sem hafa verið nefndar, hafa ríkisborgarar EES-ríkja rétt skv. a-lið 3. mgr. 28. gr. samningsins til að taka þeirri vinnu sem þeim stendur til boða í öðru samningsríki. Í þessu felst að ríkisborgari EES-ríkis skal vera undanþeginn kröfum um atvinnuleyfi.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið öðlast launþegar rétt til að fara að vild um svæðið. Þessi réttur felur m.a. í sér rétt til að fara til annars EES-ríkis með því að leggja fram gilt kennivottorð eða vegabréf, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 68/360. Þannig verður ekki hægt að krefja launþegann um vegabréfsáritun eða setja sérstök skilyrði fyrir því að hann fái að koma til landsins. Þetta gildir hins vegar ekki um fjölskyldumeðlimi hans ef þeir eru ekki ríkisborgarar einhvers aðildarríkis. Ríkin eru samt sem áður skuldbundin til að auðvelda þessum fjölskyldumeðlimum að fá vegabréfsáritun, sbr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Dómstóll EB hefur hefur í máli 321/87 tekið nánari afstöðu til þess hversu víðtækur rétturinn til aðflutnings er. Í þessum dómi kemur fram að EB-rétturinn hindri ekki að aðildarríki hafi eftirlit með því hvort útlendingur, sem er þar búsettur, hafi undir höndum dvalarleyfi, svo framarlega sem skylda til að sýna persónuskilríki hvíli einnig á ríkisborgurum viðkomandi ríkis.

Samkvæmt c-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið hafa þeir sem hafa rétt á að flytja til landsins rétt á að dvelja í öðru samningsríki til að taka þar vinnu í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis. Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 68/360 eiga EES-ríkin að veita ríkisborgara annars samningsríkis dvalarleyfi og fjölskyldu hans ef hann fær þar atvinnu. Staðfesting á þessu dvalarleyfi er veitt með skjali sem ber heitið dvalarleyfi. Til að slíkt skjal verði gefið út þarf launþeginn að hafa undir höndum skilríkið sem var notað við komuna til landsins og staðfestingu á atvinnuráðningu. Fyrir fjölskyldumeðlimi hans þarf að hafa skilríki sem var notað við komu til landsins, skjal sem sýnir hvernig fjölskyldutengslum er háttað, útgefið af yfirvaldi í heimalandi viðkomanda eða síðasta dvalarlandi og skjal sem sýnir að fjölskyldumeðlimur sé á framfæri launþegans eða hafi verið meðal heimilismanna hans í heimalandinu eða síðasta dvalarlandi og þarf þetta skjal einnig að vera gefið út af yfirvaldi þar.

Dvalarleyfi á skv. 6. gr. tilskipunar 68/360 að gilda í a.m.k. fimm ár og þarf að vera unnt að framlengja það eftir þann tíma. Tímabundin dvalarleyfi eru gefin út vegna ráðningarsamninga sem gilda frá þremur mánuðum til eins árs. Allt að sex mánaða rof á dvöl breytir ekki gildi dvalarleyfis. Fjölskyldumeðlimir, sem eru sjálfir ríkisborgarar í EES-ríki, fá fimm ára dvalarleyfi en þeir sem eru það ekki eiga að fá dvalarleyfisskírteini sem gildir jafnlengi og dvalarleyfi launþegans.

Dvalarleyfi má ekki afturkalla á þeirri forsendu að atvinnuráðningin sé ekki lengur fyrir hendi, launþeginn sé óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss eða orðinn atvinnulaus að ósekju, sbr. 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Dvalarleyfi má takmarka í fyrsta sinn sem það er endurnýjað en þó ekki skemur en tólf mánuði þegar leyfishafinn hefur verið atvinnulaus samfellt lengur en tólf mánuði, sbr. 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Réttur til dvalar í öðru EES-ríki skal viðurkenndur án þess að dvalarleyfi sé gefið út, sbr. 8. gr. tilskipunarinnar, ef atvinnuráðningu er ekki ætlað að standa lengur en þrjá mánuði, launþeginn hefur búsetu í öðru samningsríki og fer þangað reglubundið minnst einu sinni í viku eða starfið er árstíðabundið og byggir á vinnusamningi sem er viðurkenndur af yfirvöldum.

Samkvæmt d-lið 3. mgr. 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið eiga ríkisborgarar samningsríkjanna rétt á að dveljast áfram í öðru samningsríki eftir að hafa stundað þar atvinnu. Í reglugerð 1251/71 eru helstu ákvæði um skilyrðin fyrir áframhaldandi dvöl nánar tilgreind. Í fyrsta lagi getur orðið af henni ef launþegi fer á eftirlaun og hefur unnið í landinu síðustu tólf mánuði og verið búsettur þar samfellt í þrjú ár. Í öðru lagi er réttur til áframhaldandi dvalar fyrir hendi ef launþegi hlýtur varanlega örorku og hefur verið búsettur í minnst tvö ár í landinu en ef vinnuveitandi ber ábyrgð á vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi eru engin tímamörk áskilin um búsetu í landinu. Í þriðja lagi getur orðið af áframhaldandi dvöl ef launþegi hefur búið og unnið í ríkinu samfellt í þrjú ár og starfar síðan í öðru ríki en heldur heimili í fyrra ríkinu og hverfur þangað að jafnaði daglega eða minnst einu sinni í viku. Í fjórða lagi á fjölskylda launþega rétt á áframhaldandi búsetu í landinu ef launþeginn andast. Ef launþeginn andast áður en hann hefur öðlast rétt til búsetu á fjölskylda hans rétt á að búa áfram í landinu að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 1251/71.

Um þá sem starfa sjálfstætt og þá sem veita eða njóta þjónustu:

Með 31. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið fá ríkisborgarar samningsríkjanna heimild til að hefja sjálfstæða starfsemi eða koma á fót fyrirtæki í öðru samningsríki. Samningsgreinin sem slík segir ekki beinlínis til um frjálsa för sjálfstætt starfandi manna innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frelsið felst hins vegar í þremur tilskipunum, 73/148, 75/34 og 75/35, sem eru tengdar EES-samningnum gegnum viðauka VIII.

Í aðfaraorðum tilskipunar 73/148 segir að forsendur þess að afnema takmarkanir á staðfesturétti og þjónustuviðskiptum séu þær að afnema þurfi takmarkanir á ferðum og dvöl. Staðfesturétturinn sé ekki framkvæmanlegur nema hægt sé að fá varanlegt dvalarleyfi fyrir þá sem óska að hefja sjálfstæða starfsemi. Þeim sem láta í té eða notfæra sér þjónustu annarra verður að tryggja rétt til dvalar meðan slík þjónusta á sér stað.

Í 1. gr. tilskipunarinnar kemur fram til hverra reglurnar taka. Eru það ríkisborgarar EES-ríkjanna sem hafa eða vilja öðlast staðfesturétt í öðru samningsríki til að starfa sjálfstætt eða veita þjónustu og EES-borgarar sem vilja fara til annars samningsríkis til að njóta þar þjónustu. Hér við bætist fjölskylda.

Samningurinn skýrir ekki svo tæmandi sé hverjir teljist njóta þjónustu. Innan EB er ákvæðið ekki talið ná til hvers og eins eingöngu vegna þess að hann nýtir almennt þjónustu eins og aðrir. Er miðað við að viðkomandi verji verulegum hluta tíma síns til að notfæra sér þjónustu. Ferðamenn geta fallið hér undir þó að dvöl þeirra sé að jafnaði tímabundin.

Um dvalarleyfi gilda hliðstæðar reglur og fyrir launþega eftir því sem við á.

Í tilskipun 75/34 er sjálfstætt starfandi mönnum og fjölskyldum þeirra veittur réttur til áframhaldandi búsetu eftir að þeir hafa hætt rekstri. Reglurnar eru sambærilegar og fyrir launþega. Hins vegar falla þeir sem selja eða kaupa þjónustu ekki undir þessi ákvæði.

Tilskipun 75/35 setur sömu takmarkanir að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði fyrir ferða- og dvalarleyfi sjálfstætt starfandi manna og fjölskyldur þeirra og eru í tilskipun 64/221 fyrir launþega.

Um þá sem stunda ekki atvinnu:

Með 6.–8. tölul. viðauka VIII eru tilskipanir 90/364, 90/365 og 90/366 gerðar að hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessum tilskipunum eru reglur um rétt þeirra sem stunda ekki atvinnu til að koma til og dvelja í öðru samningsríki. Tilskipun 90/364 gildir almennt um þá sem eru ekki starfandi. Tilskipun 90/365 geymir sérreglur um þá sem hafa látið af störfum og í tilskipun 90/366 eru sérreglur um námsmenn.

Þessar tilskipanir setja það skilyrði fyrir ferða- og dvalarleyfi þeirra sem eru ekki launþegar eða sjálfstætt starfandi að þeir framfæri sig sjálfir og séu tryggðir fyrir ófyrirséðum útgjöldum, þannig að þeir verði ekki byrði fyrir félagsmálakerfi dvalarríkisins. Það er talið nægilegt að fjármunir, tekjur eða lífeyrir viðkomanda séu hærri en þau tekjumörk sem veita rétt til aðstoðar félagsmálayfirvalda. Sé þessi mælikvarði ekki nothæfur verður þess krafist að fjármunirnir séu hærri en lægsti lífeyrir í viðkomandi landi.

Dvalarleyfi námsmanna er bundið við námstímann. Námsmennirnir eiga ekki rétt á greiðslu námsstyrkja eða námslána í dvalarlandinu. Dvalarleyfi fyrir námsmenn eru eingöngu veitt til eins árs í senn.

Fjölskyldur þessara hópa eiga rétt skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/364 til að fá sér launaða vinnu eða koma á fót sjálfstæðri starfsemi í dvalarlandinu.

Dvalarrétturinn er staðfestur með dvalarleyfi eins og hjá öðrum hópum og almennt yrði slíkt dvalarleyfi veitt í fimm ár eins og fyrir launþega. Undantekning er gerð um námsmenn og einstaka aðra hópa. Um fjölskyldu viðkomandi gildir það sama og um launþega. Ef einhver fjölskyldumeðlimur er ekki ríkisborgari EES-ríkis fær hann jafn langt dvalarleyfi og sá sem framfærir hann.

Til þess að fá slíkt dvalarleyfi þarf eingöngu að leggja fram gilt kennivottorð eða vegabréf og staðfestingu á að viðkomandi geti framfært sig og fjölskyldu sína og sé tryggður fyrir ófyrirséðum áföllum.

Sömu takmarkanir að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði gilda um þessa hópa og aðra.

Þær reglur, sem felast í EB-reglugerðum, ber sem slíkar að festa í innlendar reglur. Ákvæði reglugerða 1612/68 og 312/76 munu fá lagagildi hér á landi samkvæmt sérstöku lagafrumvarpi. Ákvæði reglugerðar 1251/70 munu hins vegar verða tekin upp í reglugerð á grundvelli laga um eftirlit með útlendingum, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Sama er um ákvæði tilskipananna. Er gert ráð fyrir því að efni þeirra verði fellt í sérstaka reglugerð þar sem þau réttindi, sem felast í tilskipununum, koma fram.

Með hliðsjón af því að reglur EB (8. og 9. gr. tilskipunar 64/221) gera ráð fyrir því að unnt sé að kæra ákvarðanir um komu útlendings, synjun um útgáfu eða endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi er lagt til með ákvæðum V. kafla frumvarpsins að framvegis verði ákvarðanir um þetta ekki í höndum dómsmálaráðuneytisins heldur flytjist þær til útlendingaeftirlitsins, en með kærurétti til ráðuneytisins. Eru kæruheimildir teknar upp í nýrri 12. gr. a laganna, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Aðrar breytingar á lögum nr. 45/1965, sem eru lagðar til með V. kafla frumvarpsins, felast í því að verkefni eru flutt til útlendingaeftirlitsins. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að í 12. gr. frumvarpsins er ráðgert að 6. gr. laganna fjalli framvegis um annað efni en hefur verið til þessa, en núverandi efni 6. gr. laganna hefur ekkert sjálfstætt gildi.

Um 20.–23. gr.

Það leiðir af III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og viðaukum V, VIII og XII að veita verður ríkisborgurum annarra samningsríkja sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Með ákvæðum 20.–23. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þessu til samræmis.

Í 22. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að sá sem nýtur ofangreindra réttinda þurfi ekki að afla sérstaks leyfis til fasteignakaupa hér á landi. Á hinn bóginn er þar gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur taki og framkvæmd réttarins að öðru leyti. Með því er vísað til þess annars vegar að samningur um Evrópska efnahagssvæðið stendur því ekki í vegi að takmarkanir séu gerðar á því gagnvart ríkisborgara í öðru samningsríki sem er ekki búsettur hér á landi að hann geti eignast fasteign sem er ekki nauðsynleg í atvinnustarfsemi hans eða til að halda þar heimili, t.d. sumarbústað, og hins vegar að ekkert er því til fyrirstöðu að ríkisborgara í öðru samningsríki sé gert að sanna rétt sinn fyrir íslenskum stjórnvöldum, t.d. við þinglýsingu. Ráðherra getur þannig kveðið á um það í reglugerð að réttur skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. frumvarpsins, taki ekki til vissra tegunda fasteigna og að sá sem hyggst neyta réttinda samkvæmt ákvæðinu skuli afhenda þinglýsingastjóra yfirlýsingu um leið og þinglýsingar er beiðst þar sem því yrði lýst yfir að viðlagðri refsiábyrgð að hlutaðeigandi uppfylli nánar tilgreind skilyrði, sbr. einnig 23. gr. frumvarpsins.

Um önnur atriði í ákvæðum 20.–23. gr. frumvarpsins má benda á að með 20. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 2. mgr. 1. gr. laganna að felld verði niður afmörkun á þeim tegundum réttinda tengdum fasteign sem útlendingur getur öðlast rétt yfir. Um þau atriði er fjallað í öðrum lögum og er reyndar verulegum takmörkunum háð í hverjum mæli hægt sé að skilja slík réttindi, t.d. veiði- og vatnsréttindi, frá fasteign. Í 21. gr. frumvarpsins eru eldri ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, sbr. 8. gr. laga nr. 23/1991, umorðuð lítillega og mælt að auki fyrir um heimild ráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um umsóknir útlendinga um leyfi til að afla sér eignar- eða afnotaréttinda yfir fasteign hér á landi þegar slíks leyfis er þörf. Auk þeirra atriða í 22. gr. frumvarpsins, sem hefur þegar verið getið, má benda á að þar eru tekin af tvímæli um að ekki þurfi að afla leyfis ráðherra vegna samninga um leiguréttindi til tiltekins tíma eða með skilmála um tiltekinn uppsagnarfrest enda bera slíkir samningar greinilega með sér hvers efnis þeir eru sem verður þá eftir atvikum gætt að við þinglýsingu hvort fullnægi skilyrðum til undanþágu frá þörf á leyfi ráðherra. Að öðru leyti horfa ákvæði 20.–23. gr. frumvarpsins til samræmingar og gleggri framsetningar á reglum 1. og 3. gr. laga nr. 19/1966 og verður ekki séð að þau þarfnist nánari skýringa.

Um 24. og 25. gr.

Í þessum ákvæðum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fyrirmælum 2. gr. laga nr. 34/1986, sbr. 25. gr. laga nr. 23/1991, um skilyrði fyrir að geta fengið löggildingu til starfa við fasteigna- og skipasölu til samræmis við reglur í III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipun 67/43/EBE. Breytingarnar felast nánar tiltekið í því að lagt er til að skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna verði fellt niður, auk þess að ráðherra verði heimilað að ákveða í reglugerð að þeir sem hafa heimild til að stunda þessa starfsemi eða hafa málflutningsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu verði að nokkru eða með öllu undanþegnir skilyrðum 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna um að hafa staðist prófraun til að öðlast þessa löggildingu. Að öðru leyti verður ekki séð að þessi fyrirmæli frumvarpsins þarfnist skýringa.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, til samræmis við EES-reglur en með þessari breytingu er ráðgert að dómsmálaráðherra fái heimild til að setja fyrirmæli í reglugerð um stjórn bifreiða til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð, þar á meðal um kennslu og próf í þessu skyni. Verður ekki séð að ákvæðið þarfnist sérstakra skýringa.

Um 27. gr.

Í 27. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á reglum um skilyrði til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara í 1. mgr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, að í stað áskilnaðar í 6. tölul. ákvæðisins um embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem er metið jafngilt lögum samkvæmt, verði innlent lagapróf sett að skilyrði sem fyrr eða sambærilegt próf frá öðrum háskóla enda hafi þá dómaraefni næga þekkingu á íslenskum lögum. Nái þessi breyting fram að ganga kæmi í hlut dómnefndar um hæfni umsækjenda um héraðsdómaraembætti skv. 2. mgr. 5. gr. laganna að leggja mat á hvort umsækjandi með erlent háskólapróf í lögum hafi næga þekkingu á innlendri löggjöf til að rækja starfann.

Þessi breyting er lögð hér til með tilliti til tilskipunar 89/48/EBE en í samræmi við heimild í 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið er ekki hróflað hér við skilyrði um að héraðsdómari þurfi að vera íslenskur ríkisborgari, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989.

Um 28. gr.

Eins og var getið í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins hér að framan er ráðgert í bókun 5 um stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins sem fylgir samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að dómstóllinn geti þarfnast framburðar vitnis eða sérfræðings við úrlausn máls. Í 25. gr. stofnsamþykktarinnar kemur fram heimild handa EFTA-dómstólnum til að mæta þessum þörfum með því að skipa svo fyrir að vitni eða sérfræðingur gefi skýrslu fyrir dómi á þeim stað þar sem hann hefur fasta búsetu. Er ætlast til að EFTA-dómstóllinn sendi fyrirmæli sín þar til bærum dómsyfirvöldum til framkvæmdar með þeim skilyrðum sem verður mælt fyrir um í starfsreglum dómstólsins. Skýrslu verður þá að taka fyrir dómi af viðkomandi manni eftir innlendum reglum en að því gerðu verða endurrit af framburði og skjöl vegna skýrslutökunnar send EFTA-dómstólnum.

Vegna þessara fyrirmæla í stofnsamþykktinni er með 28. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting á ákvæðum XI. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þar sem er fjallað um öflun sönnunargagna fyrir dómstóli í tengslum við rekstur einkamáls fyrir öðrum dómstóli, að við 76. gr. laganna verði bætt nýrri málsgrein til að taka fram að reglum umrædds kafla laganna verði beitt við gagnaöflun fyrir dómstóli hér á landi í tengslum við rekstur dómsmáls erlendis, þar á meðal fyrir EFTA-dómstólnum.

Um 29. gr.

Þessi grein, sem kveður á um gildistöku ef frumvarpið hlýtur samþykki, þarfnast ekki skýringa.

38. Fyrirspurn [37. mál]

til utanríkisráðherra um kynningu á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Kristni H. Gunnarssyni.

Með hvaða hætti hefur verið staðið að kynningu á EES-samningi gagnvart sveitarfélögum og samtökum þeirra?

39. Fyrirspurn [38. mál]

til félagsmálaráðherra um áhrif EES-samnings á sveitarfélögin.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Liggur fyrir sérstök úttekt á áhrifum EES-samnings á málefni sveitarfélaga í landinu?

40. Fyrirspurn [39. mál]

til menntamálaráðherra um hlustunarskilyrði útvarps á Stöðvarfirði og í Breiðdal.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur slæmum móttökuskilyrðum á útsendingum hljóðvarps og sjónvarps á Stöðvarfirði og sumpart einnig í Breiðdal?
2. Hvaða áform eru uppi til að ráða bót á þessu á næstunni?

41. Frumvarp til laga [40. mál]

um jöfnun verðlags.

Flm.: Ragnar Arnalds, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust óháð búsetu. Í þeim tilgangi ber að tryggja, eftir því sem kostur er, að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu.

2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, kemur ný málsgrein er orðast svo:

Eigi síðar en 1. maí 1993 skal samgönguráðherra ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt óháð vegalengdum milli notenda.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, kemur ný grein svohljóðandi:

Eigi síðar en 1. maí 1993 skal Landsvirkjun bjóða raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt miðað við afhendingu orkunnar í spennistöð hjá viðkomandi dreifiveitu.

Ríkisstjórnin skal vinna að samræmingu raforkuverðs í smásölu með ákvörðun hámarksverðs sem komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1994. Í því skyni að gera dreifiveitum raforku kleift að laga sig að samræmdu orkuverði er ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum.

4. gr.

a. Við 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum, bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   c. að vinna að því að jafna vöruverð í landinu.
b. Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Í reglum þessum skal stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað séu ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 115. löggjafarþingi. Það hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný nær óbreytt.

Löngu er orðið tímabært að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta séu boðin á sama verði hvar sem er á landinu svo að lífskjör þjóðarinnar séu sem jöfnust óháð búsetu en staðreyndin er sú að verulegur munur er á verðlagi eftir landshlutum. Má þar nefna rafmagns- og hitunarkostnað, símakostnað, smásöluverð í verslunum, svo og verð á ýmiss konar þjónustu sem háð er flutningskostnaði. Í frumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mun að nokkru á þremur sviðum, þ.e. hvað varðar símakostnað, raforkuverð og heildsöluverð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. gr.

Engin rök mæla með því og enn síður nokkur sanngirni að dýrara sé fyrir símnotanda í einum landsfjórðungi en öðrum að hringja á höfuðborgarsvæðið þar sem langflestar ríkisstofnanir eru ásamt meiri hluta landsmanna. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum eru leifar frá liðnum tíma þegar símaþjónusta var handvirk. Þessa úreltu mismunun ber því tafarlaust að afnema.

Ódýrustu þriggja mínútna samtöl kosta nú 5,81 kr. en 22 kr. þegar taxtinn er hæstur. Hlutfallið er 1:3,8. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi á undanförnum árum og var fyrir tæpum áratug um 1:11. Póst- og símamálastofnunin greiðir 940 millj. kr. til ríkisins á þessu ári í arð eða um 11% af tekjum en greiddi árin þar á undan 500–550 millj. kr. Þess er að vænta að eitthvert lát verði á þessari miklu skattheimtu á símnotendur og enginn vafi á því að svigrúm er til að láta fullan jöfnuð símagjalda verða að veruleika.

Um 3. gr.

Jöfnun raforkuverðs er miklu flóknara mál vegna þess hve skipulag raforkumála er flókið. Fullri jöfnun raforkuverðs má þó ná með ýmsum leiðum. Í þessu frumvarpi er við það miðað að vandinn verði leystur með sameiginlegu átaki Landsvirkjunar og ríkissjóðs, svo og einhverju framlagi orkuneytenda í formi orkugjalds, ef hjá því verður ekki komist.

Rafmagnsverð til ljósa og heimilisnotkunar er nú um 20% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Talið er að árssala Rarik til ljósa og almennrar heimilisnotkunar mundi lækka um 116 millj. kr. ef taxtinn yrði hliðstæður taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Meginástæða þessa mikla munar er sú að Rarik ber kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifikerfinu um sveitir landsins og nema afskriftirnar af dreifilínum í sveitum um 300 millj. kr. árlega en Rarik fær ekki nema brot af þessum kostnaði greiddan úr ríkissjóði — á þessu ári 15 millj. kr. Hliðstætt gildir um Orkubú Vestfjarða. Af þessum tölum má sjá að fengju Rafmagnsveitur ríkisins helming af afskriftum sveitalínanna greiddan af almannafé árlega ætti fyrirtækið auðvelt með að bjóða raforku til heimilisnota á hliðstæðu verði og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Á sl. vetri kannaði Verðlagsstofnun verð í á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Í þessum könnunum kom í ljós að smásöluverð á landsbyggðinni hefur farið hækkandi síðustu tvö árin í samanburði við verðlag í Reykjavík. Það reyndist t.d. 9% hærra á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu en var 6% hærra fyrir tveimur árum. Svipuð þróun hafði átt sér stað á Vesturlandi, Norðurlandi og Suðurlandi.

Í fréttatilkynningu Verðlagsstofnunar, sem hér er birt sem fskj. III, eru dregnar fram ýmsar hugsanlegar skýringar á þessari þróun. Þar segir m.a.:

„Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu misserum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar.“

Augljóst er að samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mjög í seinni tíð og leitt til lægra vöruverðs þar. Því ber að fagna, en á hinn bóginn leikur sterkur grunur á að í mörgum tilvikum hafi landsbyggðin verið látin borga herkostnaðinn af verðstríðinu í Reykjavík.

Nauðsynlegt er að Verðlagsstofnun sé falið að setja reglur sem stuðlað geti að sem jöfnustu vöruverði í landinu og landsbyggðin sé ekki látin njóta verri kjara en gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ UM GJALDSKRÁ LANDSÍMANS INNAN LANDS

Jöfnun símakostnaðar innan lands hefur lengi verið eitt af baráttumálum þeirra sem vilja jafna búsetuskilyrði í landinu þar sem langlínukostnaðurinn þótti áður mjög hár í samanburði við innanstöðvargjaldið. Þeim hefur orðið mikið ágengt því að gjaldskrárbreytingar Pósts og síma undanfarin ár hafa miðað í þá átt að jafna símakostnað landsmanna. Þessi þróun hófst þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu árið 1973 þar sem ríkisstjórninni var falið að endurskoða gjaldskrá Landsímans með það fyrir augum að jafna kostnaði við notkun símans á höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Ekki var þó gripið til aðgerða strax því að á næstu árum hækkuðu skrefagjöld meira en afnotagjöldin vegna þess að afnotagjöldin voru inni í vísitölunni með þeim afleiðingum að langlínan hækkaði enn frekar. Sameining lægri gjaldflokka leiddi þó til þess að skrefin voru lengd 1978 og dýrari flokkar voru sameinaðir á næstu árum sem gerði langlínuna eitthvað ódýrari. Stórt skref í áttina til jöfnunar símakostnaðar var tekið 1981 en frá þeim tíma voru öll innanstöðvarsímtöl að degi til tímamæld, eins og langlínan, og greitt fyrir í samræmi við lengd þeirra. Frá 1987 voru öll staðarsímtöl tímamæld en veittur var afsláttur með kvöldtaxta og nætur- og helgartaxta. Auk þess var símakostnaður milli landsbyggðar og höfuðborgar gerður jafnari með því að fleiri skref voru látin vera innifalin í afnotagjaldi á landsbyggðinni.

Talsmenn jöfnunarinnar hafa lagt áherslu á það að landsbyggðarfólk ætti ekki að þurfa að bera hærri kostnað af því að ná sambandi við opinberar stofnanir sem eru í Reykjvík. Nýjung, sem kynnt var árið 1990, svokölluð græn númer, ætti að geta leyst þetta mál á fljótvirkan hátt. Með því að fá sér grænt símanúmer tekur stofnunin eða fyrirtækið að sér að greiða langlínugjaldið fyrir viðskiptavini sína utan af landi en hann þarf aðeins að greiða innanstöðvargjald. Margar opinberar stofnanir, lánastofnanir og þjónustufyrirtæki hafa fengið sér grænt númer.

Þróun í gjaldskrármálum síðustu ár.

Gjöld fyrir símaþjónustu hækkuðu í janúar og júlí á árinu 1987. Fyrst hækkaði síminn að meðaltali um 10% en gjöld fyrir símaþjónustu höfðu þá ekki hækkað síðan árið 1983, hins vegar höfðu þau lækkað um 10% árið 1985. Síðari hækkunin var 1. júlí og var hún 9,5% að meðaltali fyrir símaþjónustu innan lands. Með hækkuninni 1. júlí var gerð grundvallarbreyting á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símaþjónustu innan lands en hún fólst í því að minnka muninn á verði langlínusímtala og staðarsímtala. Breytingin hafði það í för með sér að símagjöld færðust nær raunkostnaði og var til hagsbóta fyrir alla þá sem nota langlínuna mikið.

Auk beinna gjaldskrárbreytinga og breytinga á skrefatalningu má ná fram lægri símakostnaði á landsbyggðinni með því að sameina og stækka gjaldsvæði og gera þannig símnotendum kleift að hringja til nágrannabyggða án þess að greiða langlínugjald fyrir. Þetta hefur verið gert víða um landið og árið 1987 var farið að taka gjald fyrir símtöl milli allra stöðva innan sama hnútssvæðis eftir lægsta gjaldflokki.

Á árinu 1988 hækkuðu gjöld fyrir símaþjónustu tvisvar. Fyrst var það 15. janúar og þá að meðaltali um 19%. Síðari hækkunin var 16. júlí en þá var meðaltalshækkun á gjöldum fyrir símaþjónustu um 15%.

Séu bornar saman meðaltalshækkanir á símakostnaði innan lands og framfærsluvísitölu frá 1982–1988 kemur í ljós að framfærsluvísitala hækkaði um 469%, en símakostnaður um 238%.

Kostnaður meðalnotanda vegna símaþjónustu innan lands hækkaði ekki á árinu 1989. Aftur á móti var gerð breyting 1. júlí á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símaumferð innan lands en hún fól í sér verulega lækkun á taxta fyrir langlínusímtöl. Til þess að halda tekjum stofnunarinnar óbreyttum þurfti að hækka frá sama tíma afnotagjald, skrefaverð og taxta fyrir staðarsímtöl.

Símakostnaður innan lands **lækkaði** að meðaltali að raungildi um 49% frá nóvember 1981 til nóvember 1990 ef miðað er við framfærsluvísitölu. Þessa þróun má sjá í línuriti.

1. nóvember 1990 varð veruleg lækkun á langlínusamtölum og símtölum til nokkurra landa auk þess sem tekinn var upp sérstakur næturtaxti á símtöl til útlanda. Langlínusímtöl innan lands lækkuðu um 18–22% miðað við þriggja mínútna símtal. Auk beinnar lækkunar á langlínutaxta innan lands var haldið áfram á þeirri braut að sameina gjaldsvæði sem leiddi til lægri símakostnaðar fyrir íbúa á þeim svæðum.

Símtöl til nokkurra Evrópulanda og Bandaríkjanna lækkuðu og farið var að veita 30% afslátt af utanlandssímtölum með sérstökum næturtaxta sem gildir frá kl. 23 til átta á morgnana. Á sama tíma voru póstburðargjöld hækkuð til að minnka hallarekstur á póstinum og vega upp á móti lækkun símagjalda.

Breytingar í gjaldmálum hafa sl. áratug verið á þann veg að lækka langlínusamtöl en hækka staðarsímtöl. Þetta hefur verið í samræmi við stefnu stjórnvalda en auk þess hefur á síðustu árum orðið breyting á gerð gjaldskrár að því leyti að gjöld fyrir nýja þjónustu hafa verið ákveðin meira með hliðjón af kostnaði en áður var gert og verður svo gert áfram. Að öðru jöfnu mun þessi stefna hafa í för með sér lægri langlínugjöld fyrir talsíma, en önnur þjónusta mun hækka hlutfallslega. Auk þess munu stofngjöld hækka fyrir þær þjónustugreinar sem krefjast mikils stofnfjár af stofnuninni.

Þá þróun, sem orðið hefur í jöfnun símakostnaðar, má glöggt sjá á eftirfarandi tölum sem sýna hlutfall kostnaðar á staðarsímtölum og langlínusímtölum. Í nóvember 1981 var þetta hlutfall 1/10,7 og hélst það þangað til í júlí 1987 að það varð 1/8,2. Í júlí 1989 varð það 1/4,9 og er nú 1/3,8. Þarna er miðað við þriggja mínútna símtöl með svarkerfi á staðartaxta og dýrari langlínu á dagtaxta. Þessa þróun má einnig lesa úr súluriti.

Símtöl til útlanda munu líklega lækka enn frekar að raungildi á næstu árum, bæði vegna ódýrari tæknibúnaðar og aukinnar umferðar sem hefur í för með sér stærri rekstrareiningar. Líklega mun gjaldskrá í ríkari mæli miðast við að gefa stórum notendum betri heildarlausnir en áður og þetta verður sérstaklega áberandi þegar samnetið, ISDN, kemur til sögunnar, væntanlega milli 1995 og 2000.

Fylgiskjal II.

Póst- og símamálastofnunin,
hagdeild:

Símakostnaður innan lands.
(22. jan. 1991.)

Símakostnaður innan lands hefur lækkað að meðaltali um 49% að raungildi frá nóvember 1981 til nóvember 1990 ef miðað er við framfærsluvísitölu.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals í nóvember 1981 er 1:10,7.
Hlutfall langlínu og staðarsímtals í febrúar 1983 er 1:10,7.
Hlutfall langlínu og staðarsímtals fyrir breytingu 1987 (júní) er 1:10,7.
Hlutfall langlínu og staðarsímtals eftir breytingu í júlí 1989 er 1:4,9.
Hlutfall langlínu og staðarsímtals eftir breytingu í nóvember 1990 er 1:3,8.

Hér er miðað við hlutfall milli þriggja mínútna staðarsímtals og þriggja mínútna símtals á dýrari langlínu, með svarkerfi á dagtaxta. Fyrsta júlí 1987 var tekinn upp næturtaxti, fyrir þann tíma giltu dagtaxti og kvöldtaxti.

Fylgiskjal III.

Fréttatilkynning frá Verðlagsstofnun:

Verðlag í matvöruverslunum.
Verðmunur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eykst.
(4. febrúar 1992.)

Í október sl. kannaði Verðlagsstofnun verð á yfir 400 vörutegundum í hátt á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Var verðið kannað á mat- og drykkjarvörum og hreinlætis- og snyrtivörum. Við úrvinnslu var vörunum gefið vægi í samræmi við almenna neyslu á þeim. Samsvarandi kannanir hafa verið gerðar á undanförnum árum og eru þær umfangsmestu verðkannanir sem Verðlagsstofnun gerir.

Höfuðborgarsvæðið — landsbyggðin — verðmunur fer vaxandi.

Samkvæmt könnunum Verðlagsstofnunar hefur verðlag á landsbyggðinni farið hækkandi á síðustu tveimur árum í samanburði við verðlag í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Verðlag á landsbyggðinni hærra en á höfuðborgarsvæðinu:	
Október 1989	3,8%
Júní 1990	4,5%
Október 1991	4,9%

Aukin samkeppni stórmarkaða — meiri verðmunur.

Skýringin á vaxandi verðmun á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins felst að hluta í minni verðbólgu. Vafalaust vegur þó þyngst hin aukna samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega eftir að Bónus-verslanir náðu þar fótfestu. Hin aukna samkeppni stórmarkaða hefur ekki aðeins aukið verðmuninn á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins heldur hefur verðmunur á milli stórmarkaða og minni verslana á höfuðborgarsvæðinu einnig aukist. Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu missirum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar.

Sem dæmi um verðlagsþróunina á síðustu árum má nefna að verðlag á landsbyggðinni var 7% hærra en verðlag í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu í júní 1990 en 10% hærra í október 1991.

Hæsta verðlag á landinu á Vestfjörðum.

Ef litið er á einstaka landshluta í samanburði við höfuðborgarsvæðið var verðlag hærra á landsbyggðinni sem hér segir:

	Í okt. 1989	Í okt. 1991
Vesturland	2,2%	3,8%
Vestfirðir	6,1%	9,0%
Norðurland vestra	2,5%	4,2%
Norðurland eystra	3,4%	3,9%
Austurland	6,2%	6,2%
Suðurland	3,1%	4,8%
Suðurnes	2,3%	1,0%

Munurinn á verðlagi á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mest á umræddu tveggja ára tímabili. Hins vegar hefur munurinn á Suðurnesjum minnkað, m.a. vegna aukinnar samkeppni stórmarkaða. Fjölgun heildsala og umboðsmanna á landsbyggðinni og aukin umsvif þeirra hafa vakið athygli á sama tíma og þeim fækkar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi þeirra hefur án efa dregið úr kostnaði smásöluverslana á landsbyggðinni. Hins vegar má leiða að því líkur að starfsemi þeirra hafi dregið úr samkeppni á landsbyggðinni og kostnaður vegna rekstrar umboðs- og heildverslana lagst ofan á vöruverð þar. Hyggst Verðlagsstofnun rannsaka sérstaklega áhrif heildsala á landsbyggðinni á vöruverð.

42. Frumvarp til laga [41. mál]

um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar.

Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslið alþjóðastofnana,
2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,
3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,
4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og
5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

2. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13 frá 1. mars 1948.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), nr. 52 frá 11. júní 1960.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26 frá 12. maí 1976.
4. Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, nr. 4 frá 19. febrúar 1987.
5. Lög um norrænan þróunarsjóð, nr. 14 frá 7. mars 1989.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana, nr. 55 frá 22. maí 1989.
7. 5. gr. laga vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15 frá 27. mars 1990.
8. Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, nr. 102 frá 12. desember 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á 113. löggjafarþingi 1990–91 og varð þá eigi útrætt. Það er endurflutt með örfáum breytingum.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðastofnunum. Í alþjóðasamningum þeim, er liggja til grundvallar þessum stofnunum, er iðulega að finna ýmis ákvæði er leggja aðildarríkjum á herðar skyldur til að tryggja stofnunum þessum réttarstöðu í aðildarríkjum, svo og friðhelgi, forréttindi og undanþágur til handa þeim, starfsliði þeirra og erindrekum. Eignir stofnana og skjalasöfn eru friðheilög og ekki má leggja ýmsar takmarkanir á eignir þeirra. Samskiptafrelsi þarf að tryggja og veita starfsmönnum og erindrekum ýmis réttindi til þess að þeir geti sinnt störfum sínum í þágu þessara stofnana. Viss fríðindi á sviði skatta og tolla þarf einnig að tryggja. Slík ákvæði eru nauðsynleg til þess að stofnanirnar geti framfylgt hlutverki sínu og til þess að tryggja óháða framkvæmd þeirra starfa sem þeim er fyrir lagt.

Með þessu frumvarpi er lagt til að farið verði að dæmi margra annarra þjóða, þar á meðal Norðmanna, Dana og Svía, og skapaður grundvöllur í almennum lögum þannig að ekki þurfi að setja sérlög um þessi skyldubundnu réttindi í hvert skipti sem Ísland gerist aðili að alþjóðastofnun.

Hér á landi hafa verið sett nokkur sérlög sem varða þetta efni:

1. Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13/1948. Samkvæmt lögunum hefur samningurinn lagagildi hér á landi. Lögin ná aðeins til Sameinuðu þjóðanna sem slíkra en ekki sérstofnana þeirra.
2. Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110/1951.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), nr. 52/1960. Samþykktin hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögunum. Í 50. og 51. gr. og II. viðbæti samþykktarinnar er að finna ákvæði um friðhelgi.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, nr. 74/1966. Samkvæmt lögunum hefur samningurinn lagagildi hér á landi. Í 18.–24. gr. samningsins er kveðið á um friðhelgi og undanþágur.
5. Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, nr. 16/1971. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.
6. Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973, en samkvæmt lögunum hefur Norðurlandasamningur um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð lagagildi hér á landi. Í samningnum er ekki kveðið á um friðhelgi en í 2. gr. laganna eru sjóðnum veittar undanþágur.
7. Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, nr. 4/1978. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.
8. 6. gr. laga um Iðnþróunarsjóð, nr. 9/1970, en samkvæmt lögunum hefur samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland lagagildi hér á landi. Í 5. gr. samningsins er kveðið á um friðhelgi og undanþágur.

9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26/1976. Samningurinn hefur lagagildi hér á landi.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979. Samkvæmt lögunum hafa samningarnir lagagildi hér á landi en 34. gr. eins þeirra, samnings frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, kveður á um forréttindi og undanþágur.
11. Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, nr. 4/1987.
12. Lög um norrænan þróunarsjóð, nr. 14/1989.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana, nr. 55/1989. Samningarnir hafa lagagildi hér á landi.
14. Lög vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 15/1990, sbr. 5. gr.
15. Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, nr. 102/1990.

Verði frumvarp þetta að lögum verða sum ofangreindra lagaákvæða óþörf og er því með 3. gr. frumvarpsins lagt til að þau verði felld úr gildi.

Í fskj. I eru skráð ákvæði um friðhelgi og forréttindi í samningum sem Ísland er aðili að. Viðkomandi ákvæði í samningi frá 29. maí 1990 um stofnun Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu eru birt í fskj. II sem sýnishorn slíkra ákvæða.

Þess má geta að ákvæði viðkomandi samninga hafa fyrst og fremst gildi gagnvart þeim ríkjum þar sem stofnanirnar eru. Lítt eða ekki reynir í reynd á ákvæði þessi á Íslandi enda eru stofnanirnar yfirleitt ekki hér á landi né útibú þeirra. Öruggara þykir þó að hafa lagagrundvöllinn hér á landi í lagi enda er það skylt samkvæmt samningunum.

Verði frumvarp þetta að lögum verður unnt að uppfylla skuldbindingar í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sbr. 44. gr. samningsins og bókanir 6 og 7 við hann um gerhæfi, forréttindi og friðhelgi eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Einnig verður unnt að gerast aðili að samningi frá 21. nóvember 1947 um forréttindi og friðhelgi sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur er ætlunin að Ísland fullgildi 4. og 5. bókanir við samning frá 2. september 1949 um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. Þær fjalla um réttarstöðu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu og nefndarmanna mannréttindanefndar Evrópu. Einnig verður unnt að fullgilda Evrópusamning frá 6. maí 1969 um aðila sem taka þátt í málflutningi fyrir mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól Evrópu.

Tekið skal fram að í 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. 3. gr. laga, nr. 49/1987, eru ákvæði um skattfrelsi launatekna starfsliðs alþjóðastofnana. Í 4. tölul. 3. gr. tollalaga, nr. 55/1987, eru ákvæði um að aðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum, skuli ekki greiða toll af innfluttum vörum. Einnig má minna á að skv. 11. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verður íslenskum hegningarlögum einungis beitt með þeim takmörkunum sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hugtakið alþjóðastofnanir nær til hvers konar stofnana sem byggja á samningum milli tveggja eða fleiri ríkja, þar á meðal eru alþjóðasamtök.

Þeir aðilar, sem eru taldir upp í 2. mgr., njóta þargreindra réttinda eingöngu að því leyti sem þau eru tryggð í viðkomandi alþjóðasamningi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Ákvæði um friðhelgi og forréttindi í samningum sem Ísland er aðili að[1].

Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO). 47. og 60. gr. samþykktar um Alþjóðaflugmálastofnunina frá 7. 12. 1944 (SÍ 49).

Sameinuðu þjóðirnar:

a. 104. og 105. gr. Sáttmála hinna Sameinuðu þjóða frá 26.6.1945 (SÍ 52);
b. samningur frá 13. febrúar 1946 um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna (SÍ 56), sbr. lög nr. 13/1948;
c. 5. gr. samnings frá 21.11. 1956 um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra (SÍ 112).

Matvæla- og landbúnaðarstofnun hinna Sameinuðu þjóða (FAO). 4. tölul. 8. gr. og 16. gr. stofnskrárinnar frá 16.10.1945 (SÍ 53).

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). XII. kafli stofnskrárinnar frá 16.11.1945 (C 5/1964).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF). IX. kafli samkomulags frá 27.12.1945 um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SÍ 54, sbr. C 18/1978).

Alþjóðabanki til endurbyggingar og nýbyggingar (IBRD). 7. gr. samkomulags frá 27.12.1945 um samþykktir bankans (SÍ 55).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO). 66.–68. gr. stofnskrárinnar frá 22.7.1946 (SÍ 59).

[1]Tilvísanir innan sviga eru til samninga sem eru birtir í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki (SÍ) eða auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda (C).

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO). 40. gr. gerðar frá 9.10.1946 um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (SÍ 60).

Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO). 27. gr. samnings frá 11.10.1947 um Alþjóðaveðurfræðistofnunina (SÍ 66).

Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO). 50. og 51. gr. og II. viðbætir samþykktar frá 6.3.1948 um Alþjóðasiglingamálastofnunina (SÍ 67), sbr. lög nr. 52/1960.

Evrópuráðið:

1. 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins frá 5.5.1949 (SÍ 79);
2. samningur frá 2.9.1949 um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins (SÍ 83), ásamt bókunum frá 6.11.1952 (SÍ 84), 15.12.1956 (SÍ 85) og 6.3.1959 (C 8/1971).

Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council). 13. gr. samnings frá 15.12. 1950 um tollasamvinnuráð og viðaukinn við samninginn (C 2/1971).

Norður-Atlantshafsbandalagið:

1. Samkomulag frá 20.9.1951 varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa og starfslið þess (SÍ 78);
2. bókun frá 28.7.1952 varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum (SÍ 97).

Alþjóðalánastofnunin (IFC). 6. gr. samkomulags frá 25.5.1955 um Alþjóðalánastofnun (SÍ 104).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA). 15. gr. stofnskrár stofnunarinnar frá 26.10.1956 (SÍ 111).

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). 35. gr. samnings frá 4.1.1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og bókun frá 28.1.1960 við samninginn um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu (C 7/1970).

Hin alþjóðlega framfarastofnun (IDA). 8. gr. samnings frá 26.1.1960 um Hina alþjóðlegu framfarastofnun (SÍ 121).

Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin (OECD). 19. gr. samnings frá 14.12. 1960 um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina og viðbótarsamkomulag II við samninginn (SÍ 124).

Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES). 15. gr. samnings frá 12.9.1964 um alþjóðahafrannsóknaráðið (C 2/1965).

Alþjóðleg stofnun til lausnar fjárfestingardeilum. 18.–24. gr. samnings frá 18.3.1965 um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja (C 13/1966), sbr. lög nr. 74/1966.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. 43. gr. alþjóðasamnings frá 19.12.1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (C 10/1979).

Alþjóðasjómælingastofnunin (IHO). 13. gr. samnings frá 3.5.1967 um Alþjóðasjómælingastofnunina (C 6/1968).

Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO). 12. gr. samnings frá 14.7.1967 um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar (C 11/1986).

Norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Engin ákvæði um friðhelgi eru í samningi frá 12.12.1969 um sjóðinn (C 8/1970) en í 6. gr. laga nr. 9/1970 er gert ráð fyrir undanþágum.

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT). XV. gr. samnings frá 20.8.1971 um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (C 3/1975).

Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar. 34. gr. alþjóðasamnings frá 18.12.1971 um stofnun sjóðsins (C 10/1980), sbr. lög nr. 14/1979.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður. Engin ákvæði um friðhelgi eru í samningi frá 20.2.1973 um sjóðinn (C 18/1973) en í 2. gr. laga nr. 54/1973 er gert ráð fyrir undanþágum.

Norræni fjárfestingarbankinn. 5. gr. samnings frá 4.12.1975 um stofnun bankans (C 12/1976), sbr. lög nr. 26/1976.

Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl (EUTELSAT). XVII. gr. stofnsamnings frá 15.7.1982 (C 7/1986).

Alþjóðahafsbotnsstofnunin. 176.–183. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10.12.1982 (C 7/1985). Ekki enn í gildi.

Norrænn þróunarsjóður fyrir hin vestlægu Norðurlönd. 6. gr. samnings frá 19.8.1986 um stofnun sjóðsins (C 2/1987), sbr. lög nr. 4/1987.

Skrifstofur Norðurlandaráðs. Samningur frá 13.5.1987 um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs (C 12/1989), sbr. lög nr. 55/1989.

Norrænn þróunarsjóður. 6. gr. samnings um sjóðinn frá 3.11.1988 (C 15/1988), sbr. lög nr. 14/1989.

Samnorrænar stofnanir. Samningur frá 9.12.1988 um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra (C 7/1989), sbr. lög nr. 55/1989.

Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar. 6. gr. samnings frá 2. mars 1990 um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar (C 26/1990), sbr. lög nr. 102/1990.

Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu. VIII. kafli samnings frá 29. maí 1990 um stofnun bankans (C 2/1991).

Fylgiskjal II.

Úr stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

VIII. kafli.
Réttarstaða, friðhelgi, forréttindi og undanþágur.

44. gr.
Tilgangur kaflans.

Réttarstöðu þá, friðhelgi, forréttindi og undanþágur, sem lýst er í kafla þessum, skal veita bankanum á landsvæðum allra aðildarríkja svo að hann geti til fullnustu gegnt hlutverki sínu og þeim störfum sem honum eru falin.

45. gr.

Réttarstaða bankans.

Bankinn skal hafa fullt rétthæfi og m.a. gerhæfi að því er varðar það að:

i. gera samninga,
ii. eignast og afsala lausafé og fasteignum og
iii. höfða mál.

46. gr.

Staða bankans gagnvart málssókn.

Aðeins má höfða mál gegn bankanum fyrir þar til bærum dómi með lögsögu á landsvæði þar sem bankinn hefur skrifstofu, hefur tilnefnt umboðsmann til að taka við kvaðningu eða stefnu fyrir rétt eða hefur gefið út eða ábyrgst verðbréf. Eigi verður þó höfðað mál á hendur bankanum af hálfu eignaraðila eða einstaklinga sem eru fulltrúar fyrir eignaraðila eða hafa fengið kröfur framseldar frá þeim. Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar hvers konar töku, löghaldi eða aðför áður en lokaúrskurður hefur verið kveðinn upp í máli gegn bankanum.

47. gr.

Friðhelgi fyrir eignasviptingu.

Fé og eignir bankans skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar leit, afhendingarkröfu, upptöku, eignarnámi eða hvers konar annarri töku eða sviptingu með stjórnvaldsráðstöfun eða löggjöf.

48. gr.

Friðhelgi skjalasafns.

Skjalasafn bankans skal vera friðheilagt, svo og almennt öll skjöl sem tilheyra því eða eru varðveitt þar.

49. gr.

Undanþága eigna frá takmörkunum.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að bankinn geti gegnt hlutverki sínu og störfum og í samræmi við ákvæði samnings þessa skal allt fé og eignir bankans njóta undanþágu frá hvers konar takmörkunum, reglugerðum, hömlum og greiðslufrestunum.

50. gr.

Forréttindi varðandi orðsendingar.

Eignaraðilar skulu fara með opinberar orðsendingar bankans á sama hátt og opinberar orðsendingar annarra eignaraðila.

51. gr.

Friðhelgi yfirmanna og annarra starfsmanna.

Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans, skulu njóta undanþágu frá málssókn vegna embættisverka nema bankinn afsali þessari undanþágu. Einnig skulu öll opinber gögn og skjöl þeirra njóta friðhelgi. Friðhelgi þessi nær þó ekki til almennrar ábyrgðar vegna tjóns er hlýst af umferðaróhappi sem bankaráðsmaður, fulltrúi í bankastjórn, varamaður, yfirmaður, annar starfsmaður eða sérfræðingur er valdur að.

52. gr.

Forréttindi yfirmanna og annarra starfsmanna.

1. Allir bankaráðsmenn, fulltrúar í bankastjórn, varamenn, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans, svo og sérfræðingar sem starfa að verkefnum á vegum bankans,
   i. sem ekki eru heimamenn, skulu njóta sömu undanþágu frá innflytjendatakmörkunum, kröfum um skráningu útlendinga og herskyldu og sömu aðstöðu varðandi gjaldeyrisreglur og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum og
   ii. skulu njóta sömu kjara viðvíkjandi ferðaaðstöðu og eignaraðilar veita fulltrúum, embættismönnum og öðrum starfsmönnum á sama stigi frá öðrum eignaraðilum.
2. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, varamanna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í því landi er hýsir höfuðstöðvar bankans, skulu fá tækifæri til að starfa í því landi. Makar og fjölskyldur þeirra fulltrúa í bankastjórn, varamanna þeirra, yfirmanna, annarra starfsmanna og sérfræðinga bankans, sem eru búsettir í því landi er hýsir útibú eða umboðsskrifstofu bankans, skulu, eftir því sem unnt er, fá sams konar tækifæri til að starfa þar enda sé það í samræmi við lög þess lands. Bankinn skal gera sérstakan samning um framkvæmd þessa ákvæðis við landið er hýsir höfuðstöðvar bankans og, eftir því sem við á, hin löndin sem hlut eiga að máli.

53. gr.

Skattfrelsi.

1. Á sviði opinberrar starfsemi sinnar skulu bankinn, eignir, fé og tekjur hans njóta undanþágu frá öllum beinum sköttum.
2. Ef bankinn þarf vegna opinberrar starfsemi sinnar nauðsynlega að kaupa vörur eða þjónustu fyrir verulega upphæð og skattar eða gjöld eru innifalin í verði þessara vara eða þjónustu skal sá eignaraðili, sem leggur skattana eða gjöldin á, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þeim eða sjá um endurgreiðslu þeirra enda sé sundurliðun möguleg.
3. Vörur, sem bankinn flytur inn og eru nauðsynlegar til þess að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, skulu undanþegnar öllum innflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar innflutningshömlum og takmörkunum. Á sama hátt skulu vörur, sem bankinn flytur út og eru nauðsynlegar til að hann geti haldið uppi opinberri starfsemi sinni, undanþegnar hvers konar útflutningstollum og -sköttum, svo og hvers konar banni við og takmörkunum á útflutningi.
4. Vörur, sem bankinn hefur aflað eða flutt inn eða fengið undanþágur fyrir samkvæmt þessari grein, má ekki selja, leigja, lána eða gefa gegn greiðslu eða án endurgjalds, nema í samræmi við skilyrði sem eignaraðilar þeir, er veittu undanþágurnar eða inntu endurgreiðslurnar af hendi, hafa sett.
5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki ná til skatta eða gjalda sem eru ekki annað en greiðsla fyrir opinbera þjónustu.
6. Fulltrúar í bankastjórn, varamenn þeirra, yfirmenn og aðrir starfsmenn bankans skulu greiða raunverulega skatta til bankans af launum og þóknun sem bankinn greiðir þeim. Þetta er háð skilyrðum sem skulu sett og reglum sem skulu samþykktar af bankaráði innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Laun þessi og þóknun skal njóta undanþágu frá almennum tekjuskatti til ríkisins frá álagningardegi skattsins. Þó geta eignaraðilar tekið tillit til launa og þóknunar, sem undanþága gildir um, við mat á upphæð skatta sem leggja ber á aðrar tekjur.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. tölul. þessarar greinar getur eignaraðili lagt fram yfirlýsingu með fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjali sínu um að hann áskilji sér rétt til að skattleggja fyrir sína hönd, stjórnsýslusvæða eða sveitarstjórna sinna laun og þóknun sem bankinn greiðir ríkisborgurum eða þegnum þess eignaraðila. Bankinn er undanþeginn hvers konar skyldu til að greiða, halda eftir eða innheimta þessa skatta. Bankinn endurgreiðir ekki þessa skatta.
8. Sjötti töluliður þessarar greinar nær ekki til eftirlauna og lífeyris sem bankinn greiðir.
9. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf, útgefin af bankanum, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:
   i. sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn gaf þau út eða
   ii. ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðurinn eða myntin, sem þau voru gefin út í, má greiða í eða eru greidd í, ellegar staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.
10. Enga skatta, hverju nafni sem nefnast, skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf sem bankinn ábyrgist, þar með talið á arðsúthlutun og vexti þar af, án tillits til handhafa:
   i. sem fela í sér mismunun gagnvart slíkum skuldbindingum eða verðbréfum af þeirri ástæðu einni að bankinn ábyrgist þau eða
   ii. ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattheimtu er eingöngu staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar sem bankinn rekur.

54. gr.

Framkvæmd ákvæða kaflans.

Sérhver eignaraðili skal hið fyrsta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessa kafla og skal gera bankanum glögga grein fyrir því í hverju ráðstafanir þessar voru fólgnar.

55. gr.

Afsal friðhelgi, forréttinda og undanþágna.

Friðhelgi, forréttindi og undanþágur samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru veittar í þágu bankans. Bankastjórnin getur afsalað hvers konar friðhelgi, forréttindum og undanþágum, sem veittar eru samkvæmt þessum kafla, að því marki og með þeim skilyrðum er hún kann að ákveða þegar slíkar ráðstafanir eru hagsmunum bankans í hag að mati stjórnarinnar. Bankastjóranum er rétt og skylt að afsala hvers konar friðhelgi, forréttindum eða undanþágum yfirmanna, annarra starfsmanna eða sérfræðinga bankans að undanteknum bankastjóra og aðstoðarbankastjórum ef hann telur að slík friðhelgi, forréttindi eða undanþágur geti hindrað framgang réttvísinnar og hagsmunir bankans séu ekki skertir með afsalinu. Við svipaðar aðstæður og með sömu skilyrðum skal bankastjórn rétt og skylt að afsala friðhelgi, forréttindum eða undanþágum bankastjóra og hvers aðstoðarbankastjóra.

43. Frumvarp til laga [42. mál]

um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings.

Með stjórnvaldi er í lögum þessum átt við embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélags sem starfar að umhverfismálum og hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldur manna á sviði umhverfismála.

2. gr.

Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál sem eru á verksviði stjórnvalda.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar á rituðu máli, á myndum, hljóðupptökum eða á tölvutæku formi og varða ástand vatns, lofts, jarðvegs, dýralífs, gróðurs, lands og náttúruminja, svo og starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á ofantalin atriði.

3. gr.

Aðili samkvæmt lögum þessum telst sérhver einstaklingur eða lögaðili sem óskar upplýsinga um umhverfismál.

Aðili, sem óskar upplýsinga um umhverfismál, getur leitað þeirra hjá viðkomandi stjórnvaldi, enda sé óskað upplýsinga sem tiltækar verða eftir að lög þessi öðlast gildi.

Aðili skal senda skriflega beiðni þar sem greint skal með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er og annað er máli skiptir.

Stjórnvald, sem í hlut á, skal afgreiða beiðni innan fjögurra vikna frá móttökudegi.

4. gr.

Heimilt er að synja beiðni um upplýsingar sem varða umhverfismál, að öllu leyti eða hluta, ef upplýsingagjöfin getur haft áhrif á:

a. öryggi ríkisins og varnarmál,
b. alþjóðasamskipti,
c. mál sem eru í rannsókn eða á frumstigi rannsóknar hjá stjórnvöldum,
d. að öryggi almennings verði skert,
e. mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja að meðtöldum hugverkarétti nema með samþykki viðkomandi,
f. úrslit mála sem enn eru á undirbúningsstigi,
g. einkahagi manna nema sá samþykki sem í hlut á,
h. umhverfisvernd.

Skylt er að rökstyðja synjun ef beiðandi óskar.

5. gr.

Nú telur aðili að synjun skv. 4. gr. sé ekki studd gildum rökum og getur hann þá, ef ráðherra á ekki sjálfur í hlut, skotið máli til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að honum var kunnugt um synjunina.

Kæru um synjun stjórnvalds, sem heyrir undir aðra ráðherra, skal skjóta til viðkomandi ráðherra.

6. gr.

Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi en talið er rétt að láta í té og er þá stjórnvaldi, sem í hlut á, heimilt að taka gjald fyrir slíka þjónustu.

7. gr.

Stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skulu halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um hvaðeina sem lýtur að þekkingu á umhverfismálum og auknum áhuga á umhverfisvernd.

8. gr.

Umhverfisráðherra skal á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti þremur árum eftir gildistöku laga þessara, birta opinberlega skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi.

Enn fremur skulu stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála að því leyti sem þær snerta almannahagsmuni og ástæða er til hverju sinni.

9. gr.

Heimilt er umhverfisráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd á lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 74. gr. samningsins er vísað til viðauka XX sem fjallar um umhverfi. Í viðaukanum er að finna tilskipun um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, tilskipun 90/313/EBE. Í samræmi við efnisreglur þeirrar tilskipunar er frumvarp þetta samið.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram um umhverfismál að í mótun umhverfisstefnu felist „að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfið og ástand þess". Því stefnumiði verður náð með frumvarpi þessu verði það að lögum.

Frumvarpið, sem lagt var fram til kynningar á 115. löggjafarþingi, er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í 2. mgr. 2. gr. er skýrt hvað átt er við með upplýsingum um umhverfismál en áður var skýringin einungis í athugasemdum. Orðalag 4. gr. er gert skýrara og í 8. gr. er lagt til að skýrsla um ástand umhverfismála verði birt í fyrsta skipti þremur árum eftir gildistöku frumvarpsins verði það að lögum. Enn fremur hafa athugasemdir við 2., 3., 4., 5., 6. og 8. gr. verið gerðar ítarlegri.

Markmiðið með frumvarpinu, eins og kemur fram í 1. gr. þess, er annars vegar að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og hins vegar að tryggja upplýsingamiðlun stjórnvalda til almennings. Talið er eðlilegt að einstaklingar og lögaðilar geti óskað tiltekinna upplýsinga um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Enn fremur er talið að auka megi áhuga og vitund almennings gagnvart umhverfi sínu með aðgangi að upplýsingum og aukinni upplýsingamiðlun um umhverfismál.

Frá stofnun umhverfisráðuneytisins hefur verið stefnt að aukinni upplýsingamiðlun til almennings um umhverfismál. Í apríl 1992 var ráðinn til starfa í ráðuneytinu starfsmaður sem sérstaklega skal annast fræðslu- og kynningarmál. Enn fremur hafa einstakar stofnanir, sem fjalla um umhverfismál um langt árabil, miðlað upplýsingum til almennings, m.a. með útgáfu- og kynningarstarfsemi, og svarað margvíslegum fyrirspurnum innlendra og erlendra aðila um umhverfismál á Íslandi. Nokkuð kann að hafa skort á að þessi upplýsingamiðlun væri með samræmdum hætti.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, skapast forsenda til að setja nánari reglur um hvernig upplýsingaskyldu og kynningarstarfsemi umhverfisráðuneytisins og annarra stjórnvalda, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skuli háttað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. koma fram markmið frumvarpsins. Aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun þeirra stjórnvalda, sem um þau fjalla, eru talin stuðla að bættri vitund almennings um umhverfi sitt, auka umhverfisvöktun almennings og draga úr líkum á umhverfisröskun.

Rétt þykir strax í 2. mgr. að skilgreina hugtakið stjórnvald í merkingu laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt 6. tölul. 13. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990, er umhverfisráðuneytinu ætlað að sinna samræmingu aðgerða ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála og skv. 5. tölul. sömu greinar er ráðuneytinu ætlað að sinna fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál. Eðlilegt er því að umhverfisráðherra hafi frumkvæði að setningu löggjafar á þessu sviði.

Samkvæmt 2. gr. er frumvarpinu ætlað að taka til umhverfismála í víðum skilningi, þ.e. bæði til umhverfismála sem heyra beint undir umhverfisráðuneytið, svo og til umhverfismála sem heyra undir sveitarfélög eða önnur ráðuneyti.

Í 2. mgr. er skýrt hvað átt er við með upplýsingum um umhverfismál.

Um 3. gr.

Rétt þykir í 1. mgr. að skilgreina hver teljist aðili samkvæmt frumvarpinu.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir því að einstaklingar og lögaðilar geti óskað eftir tilteknum upplýsingum um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Lagt er til að meginreglan verði sú að upplýsingaskyldan nái einungis til þeirra upplýsinga sem tiltækar verða eftir gildistöku frumvarpsins, sbr. þó 4. gr. Heimilt er þó að veita aðgang að eldri upplýsingum en ekki er það skylt. Helstu rök fyrir meginreglunni eru þau að upplýsingar kunna að vera fyrirliggjandi sem ekki hafa verið samdar með tilliti til almennrar upplýsingaskyldu stjórnvalda um umhverfismál.

Í 3. mgr. er kveðið svo á um að aðili skuli senda skriflega beiðni þar sem greina skal með skýrum hætti frá þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Þrátt fyrir ákvæði þetta verður munnlegri upplýsingagjöf og -miðlun haldið áfram eins og tíðkast hefur hingað til ef slík upplýsingagjöf á við.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að takmarka aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál vegna ríkra almanna- eða einstaklingshagsmuna.

Í a-lið er stjórnvöldum heimilt að synja um upplýsingar um umhverfismál ef upplýsingagjöfin getur haft áhrif á öryggi ríkisins og varnarmál.

Hagsmunir íslenska ríkisins geta krafist þess að upplýsingagjöf sé takmörkuð um alþjóðasamskipti að hluta eða öllu leyti. Sem dæmi má nefna yfirstandandi samningaviðræður við alþjóðastofnanir eða önnur ríki á vettvangi umhverfismála. Því er skv. b-lið heimilt að takmarka slíka upplýsingagjöf.

Samkvæmt c-lið er heimilt að takmarka aðgang almennings að upplýsingum sem tengjast málum sem eru í rannsókn eða á frumstigi rannsóknar hjá stjórnvöldum.

Upplýsingar um öryggi almennings geta verið þess eðlis að ekki sé æskilegt að veita óhindraðan aðgang að þeim. Því er í d-lið lagt til að heimilt sé að synja beiðni um þess konar upplýsingar ef ætla má að öryggi almennings geti með einhverju móti verið skert með upplýsingagjöfinni.

Til verndar sérstökum almanna- og einstaklingshagsmunum er lagt til í e-lið að heimilt sé að takmarka aðgang að upplýsingum sem stjórnvöld búa yfir ef þær snerta mikilvæga viðskiptahagsmuni svo að vernda megi samkeppnis- og rekstrarstöðu. Enn fremur er talið nauðsynlegt að heimilt sé að takmarka aðgang að upplýsingum um umhverfismál er tengjast rétti til hugverka, t.d. að vísindalegum uppgötvunum o.þ.h.

Samkvæmt f-lið er heimilt að takmarka aðgang almennings að upplýsingum á meðan tiltekin mál eru á undirbúningsstigi ef ætla má að upplýsingagjöfin geti haft áhrif á úrslit máls.

Ef stjórnvöld búa yfir vitneskju um persónulega hagi manna eða einkamálefni sem tengst geta umhverfismálum með einhverjum hætti er skv. g-lið lagt til að heimilt sé að synja beiðni um upplýsingar nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Til þess að stuðla að bættri umhverfisvernd er lagt til í h-lið að heimilt sé að synja um upplýsingar ef ætla má að upplýsingagjöfin geti aukið líkur á umhverfisspjöllum.

Eðlilegt er að aðila sé gerð grein fyrir ástæðum synjunar fari hann fram á rökstuðning fyrir henni. Því er í 2. mgr. gert að skyldu að rökstyðja synjun komi fram slík ósk.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að aðili geti skotið synjun skv. 4. gr. til ákvörðunar umhverfisráðherra ef ákvörðun stafar ekki frá ráðherra sjálfum. Er regla þessi í samræmi við áralanga framkvæmd í íslenskri stjórnsýslu og almennar stjórnsýslureglur sem taldar eru gilda hér á landi en enn hafa ekki verið sett almenn stjórnsýslulög. Rétt þykir að tiltaka ákveðin tímamörk í þessu sambandi. Í 1. mgr. er aðeins gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra úrskurði í málefnum stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Því er tekið fram í 2. mgr. að kæru um synjun stjórnvalds, sem heyrir undir annan ráðherra, skuli skotið til viðkomandi ráðherra.

Um 6. gr.

Lagt er til í 6. gr. frumvarpsins að heimilt verði að taka gjald fyrir upplýsingagjöf. Heimild þessi á fyrst og fremst við, eins og orðalag greinarinnar ber með sér, ef veittar eru upplýsingar sem ekki eru þegar fyrirliggjandi. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á stjórnvöld að þau afli upplýsinga sérstaklega sé þess óskað. Ekki er þó til þess ætlast að umfangsmiklar kannanir eða rannsóknir fari fram af hálfu þeirra sem upplýsingar veita.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um kynningarstarf fyrir almenning. Um langt árabil hafa einstakar stofnanir á vettvangi umhverfismála staðið að útgáfu upplýsinga- og fræðslurita, ýmist samkvæmt lagaskyldu eða ekki. Með ákvæði þessu er stefnt að markvissu kynningarstarfi fyrir almenning svo að auka megi þekkingu og áhuga á umhverfismálum og umhverfisvernd.

Um 8. gr.

Til þess að ná markmiðum frumvarps þessa er m.a. lögð sú skylda á umhverfisráðherra að gefa reglulega út skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi. Enn fremur skal gerð grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum þeirra stjórnvalda er starfa að umhverfismálum að því marki sem þær snerta hagsmuni almennings.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

Með frumvarpi þessu er ætlað að setja lög er tryggi almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Er gert ráð fyrir að stjórnvöldum verði skylt að veita allar almennar upplýsingar, með skýrum undantekningum skv. 4. gr., á sviði umhverfismála.

Kostnaður, sem af þessu frumvarpi hlýst, mun fara eftir því hver eftirspurn almennings verður eftir upplýsingum um umhverfismál. Ekki er gert ráð fyrir að slík upplýsingaskylda valdi sérstökum kostnaði hjá stjórnvöldum. Líklega munu flestar fyrirspurnir í þessa veru lenda hjá umhverfisráðuneyti en þar er sérstakur starfsmaður fyrir er annast fræðslu- og upplýsingamál. Því er ekki gert ráð fyrir að myndist sérstakur kostnaðarauki af þessum sökum. Þá er og gert ráð fyrir því í 6. gr. að stjórnvöld hafi heimild til að taka sanngjarnt gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru.

44. Frumvarp til laga [43. mál]

um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag sem tekur við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Nafnverð hlutafjár félagsins skal við stofnun þess vera 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna 00/100 — og er ríkissjóði heimilt að leggja það til. Í því skyni er ríkisstjórninni m.a. heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Ríkismatsins eða hluta þeirra. Mat skal fara fram á því lausafé. Niðurstaða þess mats skal metin sem hluti greiðslu fyrir hlutafjárloforð ríkissjóðs.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og reka skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og önnur skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa. Á fyrsta starfsári nýja félagsins er heimilt er að bjóða þeim mönnum, sem starfa hjá Ríkismati sjávarafurða við stofnun félagsins, hlutabréf til kaups á sérstökum kjörum og binda þá sölu sérstökum skilyrðum.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

Matsverð þeirra fyrnanlegu eigna, sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða skv. 1. gr., telst fyrningargrunnur eigna, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok desembermánaðar 1992 og skal félagið taka til starfa 1. janúar 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talda skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er eitt af frumvörpum sem flutt verða á Alþingi á árinu 1992 í tengslum við gagngera endurskoðun á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi. Ekki tókst að ræða það til hlítar á því þingi. Frumvarpið er því endurflutt nú. Ríkismat sjávarafurða hefur það hlutverk að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans, sem og útflutningi fiskafurða.

Í tengslum við endurskipulagningu á stjórnsýslu sjávarútvegs og stofnun Fiskistofu á þessu ári, ásamt með breytingum sem fram koma í frumvarpi til laga um meðferð sjávarafurða og eftirliti með framleiðslu þeirra sem Alþingi hefur jafnframt til umfjöllunar, hafa markmið stjórnvalda með eftirliti með framleiðslu sjávarafurða verið endurskilgreind þannig að því er ætlað að tryggja heilnæmi íslenskra sjávarafurða og stuðla að bættri meðferð sjávarafla. Jafnframt er haft að markmiði að bæta ímynd íslenskra sjávarafurða og auðvelda aðgang þeirra að erlendum mörkuðum. Þar að auki er unnið eftir þeirri stefnu að þau störf, sem eðlilegt má telja að einkaaðilar sinni, verði færð frá ríki til þeirra. Til að nálgast þessi markmið og uppfylla um leið nýjar kröfur helstu viðskiptaaðila Íslendinga á sjávarútvegssviði er gert ráð fyrir að breyta núverandi starfsemi Ríkismatsins. Annars vegar er með frumvarpi þessu lagt til að Ríkismat sjávarafurða verði endurskipulagt þannig að sett verði á fót hlutafélag sem m.a. sjái um eftirlit með innra eftirliti framleiðenda. Enn fremur er lagt til að það annist önnur verkefni sem teljast eðlilegur þáttur í rekstri skoðunarstofa eins og þau eru skilgreind í áðurnefndu frumvarpi til laga um meðferð sjávarafurða og eftirliti með framleiðslu þeirra. Hins vegar er í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, sem nú er einnig til umfjöllunar á Alþingi, gert ráð fyrir að opinbert vald Ríkismatsins verði fært til Fiskistofu sem mun meðal annarra verkefna veita skoðunarstofum starfsleyfi að uppfylltum tilteknum kröfum. Með þessu móti verður uppfyllt krafa erlendra yfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða og stefna ríkisstjórnarinnar um að flytja verkefni frá ríki til einkaaðila. Í téðu frumvarpi um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra er lögð sú skylda á öll sjávarútvegsfyrirtæki, þar með talin skip, að þau lúti eftirliti skoðunarstofu sem fylgist reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði þeirra. Er gert ráð fyrir að eftirlitsdeildir sölusamtaka muni sækja um að starfa sem skoðunarstofur enda uppfylli þær þau skilyrði sem Fiskistofa setur. Til að tryggja að allir framleiðendur, einnig þeir sem standa utan sölusamtaka, hafi aðgang að skoðunarstofu þykir rétt að ríkið hafi forgöngu um að stofna hlutafélag um það verkefni. Félaginu verður hins vegar ekki veittur neins konar einkaréttur og er gert ráð fyrir að öll fyrirtæki, sem uppfylla nánar ákveðin skilyrði, geti fengið leyfi til að reka skoðunarstofu.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagaformið er því sérstaklega hentugt félagsform þegar ríkið óskar eftir samstarfi við aðra aðila um atvinnurekstur.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi bæði hér á landi og erlendis að eðlilegt sé að ríkið dragi sem mest úr þeirri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að þau opinberu fyrirtæki, sem þannig háttar til um, séu rekin í formi hlutafélaga. Með því eru öllum þeim aðilum, er standa að atvinnurekstri í sömu grein, búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru í eigu einstaklings eða ríkis. Ábyrgð eigenda takmarkast auk þess við framlagt hlutafé. Telja verður eðlilegt að fyrirtæki, sem eru í eigu ríkisins og starfa á samkeppnismarkaði, búi við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Flest fyrirtæki, sem eru í rekstri á Íslandi, starfa innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar. Í framhaldi af þeirri kerfisbreytingu, sem ný lög munu leiða til verði frumvarp það sem nú er til umfjöllunar í þinginu um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra að lögum, má búast við að þær skoðunarstofur, sem verða stofnaðar, verði reknar í formi hlutafélaga.

Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki. Kemur þar margt til. Reksturinn verður sveigjanlegri. Stjórn og framkvæmdastjóri geta gert grein fyrir gerðum sínum og fyrirhuguðum aðgerðum á aðalfundi eða hluthafafundi og fengið til þess stuðning eða gagnrýni eigenda. Vilji stjórn ráðast í fjárfrekar framkvæmdir er unnt að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum sem kæmu inn með nýtt hlutafé vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé.

Með ákvæðum í frumvarpi þessu er lögð sérstök áhersla á að fá starfsmenn Ríkismats sjávarafurða til þátttöku í hlutafélaginu. Þannig er gert ráð fyrir að þeim verði boðið hlutafé til kaups í félaginu á sérkjörum. Þó hér sé að sumu leyti um nýja starfsemi að ræða hafa starfsmenn Ríkismatsins starfað að sambærilegum verkefnum. Takist vel til um myndun félagsins og mönnun þess ætti það að hafa visst forskot með að koma sér fyrir á þessum nýja markaði.

Hjá Ríkismati sjávarafurða starfa 28 manns. Sé staða lögð niður skal starfsmaður skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 fá greidd föst laun er starfanum fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í tólf mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Athugun bendir til að 20 af starfsmönnunum eigi sex mánaða biðlaunarétt og 8 tólf mánaða. Gera má ráð fyrir að hluti starfsmanna Ríkismatsins muni starfa hjá Fiskistofu og eigi þar með ekki rétt á biðlaunum. Í frumvarpi þessu eru engin ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn Ríkismats, sem kunna að koma til starfa hjá nýja félaginu, missi biðlaun þau, sem þeir eiga rétt á, við það að störf þeirra eru lögð niður hjá stofnuninni. Í frumvarpi til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins, sem lagt var fram á síðasta þingi, er slíkt ákvæði, svo og í frumvarpi til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Í þeim tilfellum er um það að ræða að starfsmönnum eru tryggð sömu störf, á sama stað og við sömu aðstæður; engar aðrar breytingar verða á stöðu starfsmanns eða starfsemi verksmiðja en að formi rekstrar er breytt í hlutafélag. Í þeim tilfellum hefur ekki þótt rétt að starfsmenn nytu biðlauna. Með frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, horfir málið öðruvísi við. Gert er ráð fyrir að nýja félagið taki að hluta til að sér ný verkefni og annars eðlis en Ríkismatið hefur sinnt til þessa. Félagið er hvorki skyldað með lagaboði til að ráða það starfsfólk Ríkismats sem ekki flyst til Fiskistofu né eru því tryggð verkefni. Félagið þarf því að hasla sér völl á nýjum markaði sem verður til vegna breyttra krafna helstu viðskiptaaðila með sjávarafurðir. Eftirspurn og umfang þess markaðar er enn óviss og ótrygg. Stofnun þessa hlutafélags er því ekki sambærileg við stofnun hlutafélags um fasta starfsemi Sementsverksmiðja ríkisins og Síldarverksmiðja ríkisins. Með hliðsjón af framansögðu þykir því ekki eðlilegt að leggja til að biðlaun starfsmanna Ríkismats sjávarafurða falli niður, fari svo að þeir verði ráðnir til starfa hjá nýja félaginu.

Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða greiða iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þrátt fyrir að staða sé lögð niður eiga starfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, rétt á að greiða þangað áfram iðgjöld sem miðuð eru við launaflokk þann er staðan var í er hún var lögð niður. Nýtur starfsmaður þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hefði hann gegnt starfi sínu áfram. Um réttindi þessi er fjallað í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Verði frumvarp þetta að lögum munu eftirtaldir þættir breytast í rekstri Ríkismats sjávarafurða:

1. Stofnað verður sérstakt hlutafélag til að taka við þeim þáttum í rekstri Ríkismatsins sem ekki flytjast í Fiskistofu, þ.e. að hafa eftirlit með innra eftirliti framleiðenda og reka skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Ríkismat sjávarafurða verður ekki lengur A-hluta stofnun ríkisins, heldur hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkissjóðs. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Gert er ráð fyrir að fram fari mat á eignum Ríkismats sjávarafurða til þess að nota sem viðmiðun þegar uppgjör á hlutafjárloforði ríkissjóðs fer fram og til að ákvarða fyrningargrunn upphaflegra fyrnanlegra eigna. Heimilt verður að selja öðrum öll hlutabréf eða hluta þeirra í félaginu. Skal sérstök áhersla lögð á að fá starfsmenn Ríkismats sjávarafurða til samstarfs og til að kaupa hlutafé.
2. Stjórn fyrirtækisins verður kosin á aðalfundi.
3. Ábyrgð og völd stjórnenda vaxa.
4. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir samkeppnisaðila, þ.e. aðrar skoðunarstofur í landinu, og keppir á jafnréttisgrunni við þær.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag sem taki við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Nafnverð hlutafjár skal vera 25 m.kr. við stofnun þess og er ríkissjóði heimilað að leggja það til. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hlutafélaginu til eignir Ríkismatsins, allar eða hluta þeirra. Í tengslum við stofnun Fiskistofu og flutning hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða á gæðasvið stofunnar er gert ráð fyrir að haganlegt sé að flytja einhvern skrifstofubúnað og tvær til þrjár bifreiðar til Fiskistofu, að öðru leyti er gert ráð fyrir að nýja félagið taki við eignum Ríkismatsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á lausafé, þar með töldum bifreiðum og það metið til fjár. Niðurstaða þess mats skal metin sem greiðsla við uppgjör á hlutafjárloforði ríkisins. Kostnaður við matið telst til stofnkostnaðar hlutafélagsins og greiðist af félaginu. Það yrði hlutverk sjávarútvegsráðherrra að kveðja til aðila til að framkvæma þetta mat.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum stofnunum eða félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli í upphafi vera einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til þeirra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða sem verða í starfi hjá stofnuninni við stofnun þess og er heimilt á fyrsta starfsári félagsins að gefa þeim kost á að kaupa ákveðið hlutfall af hlutafé þess á sérstökum kjörum. Á fyrsta starfsári félagsins skal hluthafafundur ákveða hversu stórt hlutfall af hlutafé félagsins verði boðið til sölu með þessum hætti svo og önnur kjör. Kjörin geta verið í formi afsláttar frá nafnvirði, ásamt gjaldfresti til ákveðins tíma gegn venjulegum vaxtakjörum og tryggingum í slíkum viðskiptum og skilyrði um eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa sem keypt yrðu með þessum sérstöku kjörum. Þegar hluthafafundur hefur tekið ákvörðun býður stjórn félagsins umrætt hlutafé út til ofangreindra aðila. Reynist eftirspurn starfsmanna eftir hlutafé á umræddum kjörum meiri en framboðið á hver tilboðsgjafi rétt á kaupum í hlutfalli við hlut viðkomandi í heildareftirspurn. Þessi sérstöku kjör eru fyrst og fremst ætluð til að hvetja starfsmenn Ríkismatsins til að taka þátt í uppbyggingu á nýrri starfsemi.

Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði samkvæmt þessari grein í höndum hluthafa. Þar sem starfsemi Ríkismats sjávarafurða hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytis er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Við sölu á hlutafé ríkisins í félaginu, sem um er rætt í 1. mgr., verður haft samráð við fjármálaráðuneyti.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga að því er varðar tölu stofnenda og hluthafa.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að hlutabréf útgefin við stofnun hlutafélagsins verði undanþegin stimpilskyldu.

Hlutafélagið verður skattskylt eftir almennum reglum, þar á meðal samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Það er nauðsynlegt að upphafleg staða félagsins til skattlagningar sé ljós. Þess vegna er í grein þessari kveðið á um að upphafleg staða þeirra fyrnanlegu eigna, sem fyrirtæki yfirtekur skv. 1. gr., skuli miðast við niðurstöðu þess mats sem fram á að fara á umræddu lausafé.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sett verði tímamörk fyrir stofnun félagsins og er miðað við lok desembermánaðar 1992 í þeim efnum. Drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið má sjá í fskj. I.

Um 7. gr.

Starfsemi Ríkismats sjávarafurða heyrir undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytis. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Því er eðlilegt að hann annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, sbr. 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

STOFNSAMNINGUR
DRÖG

1. gr.

Heiti félagsins er xxxxx hf. Heimilisfang félagsins er ...

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og rekstur skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

3. gr.

Hlutafé félagsins er 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands: 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna.

Allt hlutafé verður greitt í janúar 1993. Ríkissjóður mun gera hlutafjárloforð sitt upp að hluta með eignum sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, en verði hlutafé hækkað skulu hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína.

6. gr.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum nema félaginu verði slitið eða hlutaféð löglega lækkað.

7. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagasjóði.

Desember 1992.

F.h. ríkissjóðs Íslands

DRÖG að SAMÞYKKTUM
fyrir
... hf.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess ... hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að ...

3. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og rekstur skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

4. gr.

Hlutafé félagsins er 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hluthafaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán á hlutabréf sín. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hlutabréf að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þau hlutabréf sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina viðskiptaráðherra skv. 70 gr. laga nr. 32/1978.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í bréfi ásamt auglýsingu í víðlesnu dagblaði eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afla atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
d. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn og jafnmörgum til vara.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni (aðila).

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna sækja fund.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sjá 76. gr. hfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins
... desember 1992.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Með frumvarpi þessu, ásamt frumvarpi til laga um stofnun Fiskistofu, er Ríkismati sjávarafurða skipt í tvennt. Hluti þess flyst yfir til Fiskistofu en hinum hlutanum er breytt í hlutafélag sem ríkissjóður verður í upphafi einn eigandi að. Heimilt er að selja hlutabréfin samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa og á fyrsta starfsári er heimilt að selja þau starfsmönnum á sérstökum kjörum.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að nafnverð hlutafjár félagsins skuli við stofnun nema 25 m.kr. og sé ríkissjóði heimilt að leggja það til. Skuli það m.a. gert með því að leggja fram þann hluta af eignum Ríkismats sjávarafurða sem ekki er ætlað að renni til Fiskistofu. Ekki liggur fyrir endanlegt mat á umræddum eignum né ákvörðun tekin um hvernig þeim verði skipt milli Fiskistofu og félagsins. Þó er ljóst að þær verða aldrei metnar á meira en 7–8 m.kr. samtals, þannig að ríkissjóður kemur til með að leggja til mismuninn sem á vantar til að umræddar 25 m.kr. náist. Á móti mun koma það söluverð sem fæst fyrir hlutabréfin þegar ríkissjóður selur, en ekki er hægt að áætla hvert það verður.

Heimiluð störf við Ríkismat sjávarafurða eru 34 að tölu og þar af eru 28 störf setin. Ekki er ákveðið hve margir starfsmenn flytjast til Fiskistofu og verða því áfram ríkisstarfsmenn né er heldur ákveðið hve margir af þeim sem eftir eru verða ráðnir til hins nýja hlutafélags.

Vakin skal athygli á að í frumvarpi þessu er ekkert ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn, sem hverfa frá Ríkismati sjávarafurða til hins nýja hlutafélags, fái ekki biðlaun. Slíkt ákvæði er hins vegar að finna í frumvörpum um ýmsa aðra einkavæðingu, t.d. um Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins. Í þeim frumvörpum er svo kveðið á að fastráðnir starfsmenn skuli hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og falli þá biðlaunaréttur niður. Það er ekki gert hér og því getur sú staða komið upp að starfsmenn hins nýja félags geti verið á biðlaunum á sama tíma og þeir þiggja laun hjá

nýja félaginu. Réttur þessi er tryggður með 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Biðlaunaréttur allra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða er metinn á tæpar 20 m.kr. Þeir starfsmenn, sem flytjast til Fiskistofu, munu ekki eiga rétt á biðlaunum. Þar sem ekki er vitað hve margir starfsmenn flytjast til hins nýja félags er ekki hægt að segja fyrir um fjárhæð biðlauna þeirra með nákvæmni en ætla má að sú fjárhæð geti numið 8–12 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, munu þeir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða er flytjast til hins nýja félags áfram eiga rétt á að tilheyra Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ber þeim þar að greiða iðgjald launþega og væntanlegur einkaatvinnurekandi sitt framlag á móti. Ríkissjóður mun hins vegar að óbreyttu bera verðábyrgð á sjóðnum og greiðslu lífeyris þegar að töku hans kemur. Með hliðsjón af nýlegri tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins við árslok 1989 má ætla að ábyrgð þessi þýði að ríkissjóður verði að greiða 16,4% ofan á laun starfsmanna á ári hverju meðan þeir eru í starfi til viðbótar við þau 10% sem launþegar og atvinnurekendur greiða, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur starfsmenn ríkisins.

Kostnaður vegna breytinga þeirra, sem hér eru raktar, mun nær allur falla á næsta ári. Sá kostnaður, sem fellur til á þessu ári, er talinn óverulegur.

45. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þá skal Fiskistofa hafa með hendi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um Fiskistofu. Í því frumvarpi var lagt til að eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða yrði flutt frá Ríkismati sjávarafurða til Fiskistofu. Jafnhliða frumvarpi um Fiskistofu var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Þar sem ekki náðist að afgreiða síðarnefnda frumvarpið á vorþingi var fellt úr frumvarpi um Fiskistofu ákvæði sem laut að flutningi þessara verkefna frá Ríkismati sjávarafurða til Fiskistofu.

Nú hefur hins vegar verið lagt fyrir Alþingi að nýju frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og er þar lagt til að Fiskistofa annist það hlutverk. Er því þetta frumvarp um breytingu á lögum um Fiskistofu lagt fram samhliða.

46. Frumvarp til laga [45. mál]

um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Sjávarafli telst samkvæmt lögum þessum öll sjávar- og ferskvatnsdýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Fiskafurðir teljast matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Sjávarafurðir teljast sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

3. gr.

Lög þessi taka til veiða og hagnýtingar á sjávarafurðum, þar með talið til löndunar, flutnings, meðferðar, geymslu, vinnslu og útflutnings. Lögin taka einnig til innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu hér á landi. Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

II. KAFLI
Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar, ómengaðar og uppfylla að öðru leyti skilgreindar kröfur.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað hagnýtingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum sem ætlaðar eru til útflutnings.

6. gr.

Sjávarafurðir, sem fluttar eru inn til vinnslu eða umpökkunar hér en ætlaðar síðan til endurútflutnings, skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlends hráefnis og afurða. Við útflutning þeirrar vöru skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum. Halda skal innfluttum sjávarafurðum aðgreindum frá innlendum uns þær eru fluttar úr landi.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingar.

7. gr.

Geymslu og flutningi sjávarafurða skal haga í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Fyrirtæki, sem upp eru talin í 12. gr. laganna, skulu fullnægja kröfum um hreinlæti og búnað.

8. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til útflutnings, má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir, sem sjávarafurðir koma í snertingu við, skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk heilbrigðisyfirvöld heimila.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir.

9. gr.

Vatn, sem notað er til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við framleiðslu sjávarafurða, skal uppfylla kröfur íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns. Nota má hreinan sjó uppfylli hann sömu kröfur varðandi heilnæmi.

10. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum eða fylgiskjölum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðvar eða nafn og heimilisfang framleiðanda eða ábyrgðaraðila þannig að unnt sé að rekja uppruna vörunnar til þeirra. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

11. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka, dreifa eða flytja úr landi sjávarafurðir sem ekki uppfylla settar kröfur um gæði, heilnæmi, aukefni, umbúðir og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

III. KAFLI
Leyfisveitingar og eftirlit.

12. gr.

Vinnslustöðvar, lagmetisiðjur, skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, skip sem vinna afla um borð, uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjur og framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum.

Eldisfiski má aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og með þeim skilmálum sem hann setur. Fiskistofa gefur út leyfi fyrir vinnslu og pökkun hafbeitar- og eldisfisks.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sbr. 13. gr., auk samnings við viðurkennda skoðunarstofu, sbr. 14. gr. Vinnsluleyfi má binda framleiðslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna, geyma sjávarafurðir eða starfrækja uppboðsmarkaði án vinnsluleyfis.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari skilyrði fyrir leyfisveitingum samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Forsvarsmenn þeirra aðila, sem falla undir ákvæði laga þessara, sbr. 12. gr., bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfsrækt innra eftirlit með framleiðslu. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við umfang reksturs og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, framleiðslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.

4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, framleiðslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.–4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

14. gr.

Fyrirtækjum og útgerðum skipa, sem falla undir ákvæði 12. gr., er skylt að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu.

Fiskistofa eða annar aðili samkvæmt ákvörðun ráðherra veitir skoðunarstofum viðurkenningu að uppfylltum settum skilyrðum. Þær skulu fylgjast reglulega með hreinlæti, búnaði og innra eftirliti fyrirtækja og skipa. Skoðunarstofur fylgjast með því að önnur ákvæði laga þessara og reglna settra með stoð í þeim séu haldin og veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja.

Fiskistofa fylgist með starfi skoðunarstofa og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Verði misbrestur þar á, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær viðurkenningu ef sakir eru miklar.

Við veitingu viðurkenninga skal lagt mat á hæfni, áreiðanleika og skipulag skoðunarstofu.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa.

15. gr.

Forsvarsmönnum fyrirtækja sem 12. gr. tekur til og útflytjendum sjávarafurða er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

16. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð sé þess krafist. Fiskistofa getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum veitt viðurkenndri skoðunarstofu, sbr. 14. gr., heimild til útgáfu útflutningsvottorða.

17. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem brjóta í bága við 10. eða 11. gr. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber framleiðanda, eiganda eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Uppfylli fyrirtæki eða skip, sbr. 12. gr., ekki ákvæði II. kafla um heilnæmi afurða, búnað og hreinlæti eða ákvæði 13. eða 14. gr. um innra eftirlit og samning við viðurkennda skoðunarstofu er Fiskistofu heimilt að svipta þau vinnsluleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fái skip ekki vinnsluleyfi, sbr. 12. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi. Áður en til sviptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti framleiðandi, útflytjandi, forsvarsmenn fyrirtækja eða útgerða skipa Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 15. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi.

20. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu í þá veru að sjávarafurðir teljist ekki uppfylla kröfur laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim má vísa til málskotsnefndar, sbr. 21. gr., innan sjö daga frá því að ákvörðun var kynnt hlutaðeigandi.

21. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja manna og jafnmarga menn til vara til meðferðar málskots skv. 20. gr. Tveir nefndarmanna og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á meðferð og framleiðslu sjávarafurða. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Nefndin úrskurðar hvort ákvarðanir Fiskistofu séu í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir Fiskistofu. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og vera endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála. Nefndin getur krafið málsaðila um greiðslu kostnaðar sem hlýst af meðferð máls. Fulltrúar málsaðila hafa rétt til að koma á fund nefndarinnar og skýra mál sitt.

Nefndarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður málsaðila vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku nefndarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem honum er persónulega tengdur eða hætta er á að hann fái ekki að öðru leyti litið hlutlaust á mál.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga.

V. KAFLI
Viðurlög.

23. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.

Heimilt er að refsa stjórnarmönnum félaga og framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota á 10. gr., 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 13. gr.

24. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Frá sama tíma falla niður lög nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, sbr. lög nr. 83/1986. Einnig falla niður frá sama tíma allar löggildingar sem veittar hafa verið á grundvelli laga nr. 53/1984, laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, laga nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og eldri laga um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskistofu er heimilt að veita fyrirtækjum vinnsluleyfi til bráðabirgða með ákveðnum skilyrðum ef ákvæðum um innra eftirlit, hreinlæti og hollustuhætti er fullnægt. Undanþágur þessar skulu þó ekki gilda lengur en til ársloka 1995. Fyrirtæki, sem undanþágu fá, skulu hafa verið í rekstri 31. desember 1992 og umsókn borist frá þeim fyrir 1. apríl 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992. Ekki tókst að ræða frumvarpið til hlítar og er það því endurflutt. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á frumvarpinu. Flestar þeirra eru einungis orðalagsbreytingar sem ekki breyta efni frumvarpsins. Helstu efnisbreytingar eru sem hér segir:

1. Í 2. gr. hefur ferskvatnsdýrum verið bætt inn í skilgreiningu á sjávarafla. Er þetta til samræmis við ákvæði 2. gr. tilskipunar EB nr. 91/493 en í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið var fallist á að fella ákvæði I. kafla og alla viðauka inn í okkar löggjöf. Í eldra frumvarpi var skilgreining á fiskafurðum í samræmi við skilgreiningu Codex Alimentarius.

   Í viðræðum við embættismenn í fiskideild EB sem fram fóru í Brussel 22. apríl 1992 kom fram að Evrópubandalagið mundi ekki taka upp skilgreiningu „Codex“ um að fiskafurð teljist matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða meiri hluta úr sjávarafla. Því hefur verið gerð sú breyting á 2 gr. að fiskafurð teljist matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Frásögn af framangreindum fundi fylgir með þessu frumvarpi sem fskj. II.
2. Í 10. gr. hafa ákvæði um merkingar sjávarafurða verið gerðar einfaldari en áður. Ekki er gerður lengur greinarmunur á merkingum sjávarafurða í neytendaumbúðir og afurða sem ætlaðar eru til frekari vinnslu eins og áður. Lagt er til að leyfisnúmer vinnslustöðvar eða nafn og heimilisfang framleiðanda eða ábyrgðaraðila komi annað hvort fram á umbúðum eða fylgiskjölum vörunnar. Er þetta í samræmi við löggjöf Evrópubandalagsins.
3. Í 14. gr. hefur orðalagi 3. málsl. 2. mgr. verið breytt þannig að fellt hefur verið niður ákvæði um að skoðunarstofur fylgist með ákvæðum laga og reglugerða í umboði Fiskistofu. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um að skoðunarstofum er ekki framselt opinbert vald. Fiskistofa hefur yfirumsjón með eftirliti með framleiðslu sjávarafurða. Starfsemi skoðunarstofa er hluti af innra eftirliti hvers fyrirtækis. Með ákvæðum um innra eftirlit fyrirtækis og skoðunarstofur er unnt að draga úr umfangi eftirlits Fiskistofu. Þessi breyting ásamt öðrum, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, er tilkomin eftir viðræður við embættismenn í fiskideild EB.

4. Ákvæði til bráðabirgða hefur verið breytt til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á tilskipun EB nr. 91/493.
5. Gerð hefur verið breyting á orðalagi 2. mgr. 6. gr. þannig að innflutningur á lifandi fiski er heimill en ákveðin skilyrði sett fyrir honum. Þetta er í samræmi við II. kafla tilskipunar EB 91/67 um fiskeldi.
6. Rétt er að taka fram að orðalagsbreytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu þannig að ótvírætt er að hagnýting fisks eða fiskúrgangs til fóðurs er háð leyfi Fiskistofu og undir eftirliti hennar eins og aðrar sjávarafurðir.

1. Inngangur.

Lögfest opinbert fiskmat hefur verið við lýði á Íslandi frá 1. janúar 1910. Þá gengu í gildi lög um mat á útfluttum saltfiski, fyrst og fremst vegna eindreginna tilmæla spænskra og ítalskra fiskkaupenda. Mikill árangur varð af þessu lögskipaða mati og var það talið bæði af erlendum fiskkaupendum og hérlendum hagsmunaaðilum hafa átt hvað mestan þátt í að afla íslenskum saltfiski þeirrar markaðsstöðu sem hann náði á suðrænum mörkuðum á næstu áratugum. Árið 1935 var fiskmatið lagt undir sérstakt embætti fiskmatsstjóra. Með tilkomu hraðfrystingar varð nauðsyn á gæðaeftirliti með frystum sjávarafurðum og árið 1944 var komið á sérstöku freðfiskmati. Árið 1948 var allt fiskmat að undanskildu síldarmati sameinað undir einni stofnun, Fiskmati ríkisins. Aukinn útflutningur frystra sjávarafurða á Bandaríkjamarkað varð enn til þess að herða þurfti opinbert eftirlit með ýmsum þáttum veiða og vinnslu og að kröfum þarlendra kaupenda sem oft gerðu hingað út eftirlitsmenn. Þetta fól í sér stóraukið eftirlit með hreinlæti og búnaði í vinnslustöðvum, svo og aukið eftirlit með meðferð afla uns hann var tekinn til vinnslu. Árið 1961 var í þessu skyni komið á sérstöku ferskfiskeftirliti. Opinbert gæðaeftirlit með öðrum tegundum afurða og vinnsluaðferðum hefur einnig verið lengi við lýði. Opinbert síldarmat hefur verið í ýmsu formi síðan árið 1919 og skreiðarmat síðan 1935. Árið 1975 var allt opinbert gæðamat í sjávarútvegi fellt undir eina stofnun, Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Ríkismat sjávarafurða var stofnað með lögum nr. 53/1984 og var þá lögð niður starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Sú nýjung fólst m.a. í lögunum að ábyrgð framleiðenda og útflytjenda sjávarafurða var aukin til muna og þeim gert skylt að hafa í sinni þjónustu löggilta matsmenn til eftirlits með framleiðslu afurða ellegar kaupa þá þjónustu af Ríkismatinu eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum. Skyldumat á ferskum fiski var hins vegar í höndum opinbers aðila og annaðist Ríkismatið það. Með lögum nr. 83/1986 var skyldumat á ferskum fiski á vegum Ríkismats sjávarafurða afnumið frá og með 1. janúar 1987 og kaupendum og seljendum gert skylt að annast framkvæmd matsins. Ríkismati sjávarafurða var falið að fylgjast áfram með ástandi þeirra mála og var kaupendum og seljendum heimilt að skjóta ágreiningsmálum til úrskurðar fiskmatsstjóra.

Eftir afnám ferskfiskmatsins varð áherslubreyting í starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Aukin áhersla hefur verið lögð á eftirlit með hreinlæti og búnaði fyrirtækja ásamt því að fylgjast með því að afurðir uppfylltu þær lágmarkskröfur sem til þeirra eru gerðar og draga eins mikið og mögulegt er úr svonefndu afurðamati. Hið síðastnefnda hefur þó ekki tekist nema að hluta þar sem kaupendur síldarafurða, skreiðar og saltaðra hrogna hafa krafist opinbers mats og vottorða.

2. Kröfur yfirvalda í helstu markaðslöndum íslenskra sjávarafurða.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) beittu sér fyrir stofnun Alþjóðlega staðlaráðsins (Codex Alimentarius) sem hefur unnið að gerð alþjóðlegra matvælastaðla með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Sú stefna var fljótlega mörkuð að mat samkvæmt viðskiptakröfum, t.d. gæða-, þyngdar- eða stærðarflokkun afurða sem notast var við í saltsíldar-, saltfisk- og skreiðarframleiðslu okkar, væri betur komið í umsjá framleiðenda að því tilskildu að matvælin uppfylltu tilteknar lágmarkskröfur.

Eftirlit með framleiðslu og vottun heilbrigðis sjávarafurða hefur breyst verulega á undanförnum árum, einkum eftir að fiskveiðilögsaga flestra ríkja var færð út í 200 mílur. Útfærslan varð m.a. til þess að margar fiskveiðiþjóðir misstu hefðbundin fiskimið og aðrar, sem ekki höfðu stundað fiskveiðar, hófu veiðar, vinnslu og sölu sjávarafurða. Samtímis jukust viðskipti og fjölbreytni afurða, þar á meðal frá vanþróuðum svæðum. Ýmis vandamál komu því upp og urðu til þess að heilbrigðisyfirvöld víða um heim þurftu að bregðast við nýjum og jafnvel áður ókunnum heilbrigðisvandamálum. Þessu fylgdi aukinn kostnaður sem reynt hefur verið að draga úr með því að einfalda og draga úr eftirlitsskyldu, svo sem unnt er, án þess þó að tefla heilsu og hagsmunum neytenda í hættu. Flestum er nú ljóst að opinbert eftirlit getur ekki tryggt fyllilega að sá árangur náist sem stefnt er að með starfsemi þess hversu miklum fjármunum sem varið er til þessa og hversu öflugt sem það er.

Starfsemi opinberra eftirlitsstofnana felst aðallega í útgáfu vinnsluleyfa og eftirliti með heilnæmi afurða, hreinlæti, hollustuháttum við framleiðslu, merkingum og í heilbrigðisvottun afurða. Í flestum löndum er þess krafist að fyrirtæki, sem vilja stunda framleiðslu sjávarafurða, hafi til þess sérstök leyfi yfirvalda og þurfa þau þá að uppfylla lágmarkskröfur um gæði afurða, búnað, hreinlæti, hollustuhætti, merkingar, vigt o.fl. samkvæmt reglugerðum eða fyrirmælum. Oft gera erlendir kaupendur strangari kröfur en tíðkast í viðkomandi landi. Fyrirtækjum og framleiðendum er að sjálfsögðu heimilt að setja sjálfum sér strangari vinnureglur en það losar þau ekki undan opinberu eftirliti, fyrst og fremst vegna hagsmuna neytenda. Þessi viðhorf koma vel fram í nýrri löggjöf Kanadamanna um fyrirkomulag eftirlits með framleiðslu fiskafurða, nýjum reglum Evrópubandalagsins og í nýju eftirlitskerfi bandarískra stjórnvalda.

Eftirlitskerfi ofangreindra aðila eru byggð á sömu meginþáttum og eru mjög sambærileg. Umsjón og eftirlit opinberra eftirlitsstofnana nær m.a. til eftirfarandi þátta: Eftirlits með fiskiskipum, eftirlits með aðstöðu og framkvæmd við löndun, ferskfiskmats, uppboðs og dreifingar, eftirlits með fyrirtækjum til að tryggja að framleiðendur standi við skilmála fyrir leyfisveitingu, svo sem um persónulegt hreinlæti starfsfólks og þrif, að hreinlæti við vinnslu sé fullnægjandi og að innra eftirlit fyrirtækisins sé byggt upp og framkvæmt á fullnægjandi hátt. Eftirlitið nær einnig til skoðunar afurða á markaði til að tryggja að þær séu merktar í samræmi við gildandi reglur og hafi verið fluttar og séu geymdar í samræmi við gildandi heilbrigðisreglur.

2.1 Kröfur Evrópubandalagsins.

Hlutverk, valdsvið og skyldur opinberra eftirlitsstofnana er einnig skilgreint svo sem fram kemur í tilskipunum EB nr. 89/397 um opinbert eftirlit með matvælaframleiðslu og nr. 91/493 um eftirlit með framleiðslu og sölu fiskafurða.

Fyrirtæki eru skyldug til að taka upp eigið innra eftirlit og skulu forsvarsmenn þeirra bera ábyrgð á því til að tryggja að aðstaða til framleiðslu og afurðir, er sendar eru á markað, fullnægi þeim heilbrigðisreglum sem settar eru. Þetta eftirlit skal byggt á eftirfarandi grundvallaratriðum:

— Að finna þá staði eða vinnsluþætti sem geta haft skaðleg eða óæskileg áhrif á afurðirnar.
— Að taka upp aðgerðir til að tryggja að eftirlit með þessum stöðum eða þáttum sé virkt og að unnt sé að sannreyna að svo sé.
— Sýnatökum til rannsókna á viðurkenndum rannsóknastofum.
— Skráningum niðurstaðna ofantalinna atriða og athugana sem varðveita skal til þess að hin opinbera eftirlitsstofnun geti sannreynt þær.

2.2 Kröfur eftirlitsyfirvalda í Bandaríkjunum.

Í Bandaríkjunum er að finna hliðstæð ákvæði í „Code 50 of Federal Regulations Part 260 Seafood Inspection" að því er varðar opinbert eftirlit með gæðum og nýjum reglum um eigið innra eftirlit fyrirtækja.

Skyldurnar eru í stuttu máli þær að fylgst sé með því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða varðandi eftirfarandi atriði:

a. Geymslu og meðferð afla um borð í fiskiskipum, við löndun, flutning og í landi.
b. Vinnslu/verkun, pökkun.
c. Geymslu, flutningatæki og flutningsmáta.
d. Húsnæði, vinnsluaðstöðu, lýsingu, tæki, áhöld og umbúðageymslur.
e. Hreinlæti og hollustuhætti í fiskvinnslustöðvum, þar með talin gæði þess vatns eða sjávar sem notaður er, persónulegt hreinlæti og hreinlætisaðstöðu, efni til þrifa og gerileyðingar og geymslu þeirra, þrif umhverfis og innan vinnslustöðva, niðurföll og skólplagnir.
f. Efni, sem fiskur kemur í snertingu við, svo sem umbúðir, merkingar, vinnuborð, færibandareimar, ílát og lyftaraútblástur.

2.3 Heilbrigðisvottun afurða.

Yfirvöld í mörgum löndum krefjast heilbrigðisvottorða til tryggingar því að fiskafurðir, sem inn eru fluttar, uppfylli tilgreindar lágmarkskröfur varðandi heilnæmi o.fl. eins og að framan hefur verið rakið. Þau taka yfirleitt aðeins gild vottorð frá opinberum eftirlitsstofnunum eða láta starfsmenn sína taka sýni af afurðunum til rannsókna til að ganga úr skugga um að þær séu heilnæmar áður en tollafgreiðsla fer fram.

Evrópubandalagið, kanadísk og bandarísk yfirvöld líta svo á að fari framleiðendur í einu og öllu að fyrirmælum er varða innra eftirlit með framleiðslu sjávarafurða og hafi þau tryggingu fyrir því að svo sé megi sleppa útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða nema með vissum afurðum, svo sem afurðum sem ætlaðar eru til neyslu hráar, þar á meðal lifandi skelfiski.

Í stað vottorða með afurðum til EB verður hvert fyrirtæki, sem hyggst framleiða sjávarafurðir og selja á mörkuðum þar, að fá sérstakt tölusett vinnsluleyfi sem prenta skal eða stimpla á allar umbúðir. Númerið er staðfesting hins opinbera eftirlits á því að fyrirtækið uppfylli allar kröfur, þar með talið eigið innra eftirlit. Bandarísk yfirvöld hyggjast leyfa þessum fyrirtækjum að setja sérstakt merki, sem nota má í auglýsingaskyni, á umbúðir þessu til staðfestingar. Opinberum eftirlitsstofnunum er ætlað að fylgjast með því að fyrirtækin standi við þá skilmála sem leyfisveitingin er háð.

Matvæla- og lyfjaráðið (FDA) og umhverfisverndarstofnunin (NOAA) í Bandaríkjunum hafa farið fram á það við sjávarútvegsráðuneytið hér á landi að gerður verði samningur um sérstakt opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða sem ætlaðar eru til útflutnings þangað. Þá hefur Evrópubandalagið unnið að því að samræma reglur aðildarríkjanna um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða. Því starfi er ekki lokið en meginatriði stefnunnar eru þó ljós. Vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið er ljóst að meginefni tilskipana EB verður að fella inn í löggjöf okkar.

Geti stjórnvöld ekki tryggt að íslenskar sjávarafurðir standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar á þessum tveimur meginmörkuðum þeirra má búast við því að afurðirnar verði allar skoðaðar og sýni tekin af þeim við komuna til þessara landa.

3. Meginatriði frumvarpsins.

Við samningu þessa frumvarps hefur af augljósum ástæðum verið leitast við að taka tillit til framanrakinna staðreynda um kröfur yfirvalda í helstu markaðslöndum og sérstöðu og mikilvægis sjávarútvegs fyrir íslenskt efnahagslíf. Einnig hefur mjög verið stuðst við upplýsingar frá kanadíska fiskmatinu varðandi uppbyggingu og reynslu þess af hinu nýja eftirlitskerfi þeirra sem lögleitt var í janúar sl.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja neytendum heilnæmar sjávarafurðir og að koma í veg fyrir að svikin vara fari á markað. Jafnframt er markmiðið að bæta ímynd íslenskra sjávarafurða og auðvelda þeim aðgang að erlendum mörkuðum ásamt því að gera eftirlit með meðferð og framleiðslu skilvirkara og traustara. Ábyrgð framleiðenda á vörum sínum hefur verið aukin og samhliða dregið úr umsvifum og kostnaði ríkisins. Í fyrsta lagi með því að fella niður mat afurða samkvæmt viðskiptakröfum. Í öðru lagi hefur þáttur hins opinbera eftirlits verið skilinn frá ráðgjafar- og þjónustuþættinum sem nú verður falinn viðurkenndum skoðunarstofum.

Endurskipulagning á stjórnsýslu sjávarútvegsins mun taka gildi 1. september nk. Komið hefur verið á fót nýrri stjórnsýslustofnun, Fiskistofu, sem tekur að sér ýmis verkefni sem áður voru hjá sjávarútvegsráðuneyti, Hafrannsóknastofnun, veiðieftirliti og Fiskifélagi Íslands. Jafnframt er ráð fyrir því gert að hlutverki Ríkismats sjávarafurða verði breytt: Opinberi þátturinn í starfsemi stofnunarinnar og verkefni honum samfara verði færð til Fiskistofu um næstu áramót. Þá er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem taki að sér að annast þau verkefni Ríkismatsins sem þá yrðu eftir. Félagið yrði í fyrstu alfarið í eigu ríkisins en hlutur þess síðar seldur. Tilgangurinn með skoðunarstofu yrði almenn ráðgjöf og eftirlit með innra eftirliti fyrirtækis. Er gert ráð fyrir að sértekjur hlutafélagsins standi alveg undir rekstrinum. Samhliða þessu frumvarpi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Verði frumvarp þetta að lögum verður löggjöfin sambærileg við löggjöf Evrópubandalagsríkja, Bandaríkjanna og Kanada um kröfur til sjávarafurða hvað varðar ráðstafanir til að tryggja heilsu og hagsmuni neytenda. Er ákvæði þessa efnis að finna í II. kafla frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um einstakar greinar. Þykir það nauðsynlegt þar sem enn hafa ekki verið birtar allar tilskipanir og viðaukar Evrópubandalagsins sem gert er ráð fyrir í tilskipun nr. 91/493. Samstarfshópar með aðild sjávarútvegsráðuneytis, Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila í sjávarútvegi vinna nú að greiningu á þeim kröfum sem gerðar verða til meðferðar sjávarafurða og framleiðslu þeirra, einkum kröfum til hreinlætis, búnaðar og innra eftirlits með framleiðslu fyrirtækja.

Í einu veigamiklu atriði er frumvarp þetta ekki sambærilegt við löggjöf á sviði opinbers eftirlits með sjávarafurðum helstu viðskiptalanda okkar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að öll fyrirtæki í sjávarútvegi, þar með taldar útgerðir skipa, séu skylduð til að hafa samning við sérstakar skoðunarstofur sem Fiskistofa viðurkennir. Skoðunarstofum er ætl-

að að fylgjast reglubundið með innra eftirliti fyrirtækja, hreinlæti þeirra og búnaði. Þær eiga að fylgjast með því að fyrirtæki uppfylli viðskiptakröfur varðandi afurðir og jafnframt að fylgjast með að opinberum kröfum sé fullnægt. Fiskistofa hafi eftirlit með starfsemi stofanna og sannreyni að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt.

Með þessu fyrirkomulagi er komið á heildstæðu opinberu eftirlitskerfi sem vænst er að fullnægi kröfum erlendra heilbrigðisyfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt er dregið úr opinberum umsvifum á þessu sviði og eftirlitið fært í meira mæli til atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Eins og fram hefur komið eru hertar kröfur um framleiðslu sjávarafurða settar til að vernda hagsmuni neytenda. Þetta sjónarmið er haft að leiðarljósi í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er því að finna hert viðurlög við brotum sem stefna heilsu neytandans í hættu, sviksemi gagnvart honum og til að verja þá hagsmuni sem þýðingarmesti atvinnuvegur þjóðarinnar hefur af því að íslenskar sjávarafurðir njóti álits sem heilnæm matvara er ávallt megi treysta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram megintilgangur frumvarpsins sem er að tryggja neytendum eins og frekast er kostur að sjávarafurðir séu heilnæmar, óskemmdar og að fyllsta hreinlætis sé gætt við framleiðslu. Enn fremur verða merkingar vörunnar að vera réttar og fullnægjandi með þeim hætti að neytandinn eigi kost á að rekja vöruna til framleiðandans.

Framleiðendur verða að sjálfsögðu að bera ábyrgð á afurðum sínum enda leggja langflestir þeirra sig fram um að framleiða góðar afurðir. Erlendis hafa engu að síður komið upp nokkur alvarleg sjúkdómstilfelli og jafnvel dauðsföll vegna neyslu sjávarafurða sem aðallega má rekja til eitrunar í skelfiski en einnig til skemmda í öðru hráefni, einkum vegna skorts á hreinlæti. Enda þótt engin slík tilfelli hafi verið rakin til íslenskra sjávarafurða eru opinber yfirvöld erlendis á verði gagnvart öllum innfluttum sjávarafurðum, þar á meðal íslenskum. Stjórnvöld flestra ríkja gera jafnframt þá kröfu að opinber eftirlitsyfirvöld í framleiðslulandi fylgist með framleiðslunni og tryggi að heilsu neytandans sé ekki teflt í tvísýnu né að hagsmunir hans séu fyrir borð bornir. Á síðustu árum hafa verið gerðar ríkari kröfur til merkinga og upplýsinga um afurðirnar. Tilgangurinn er einkum sá að koma í veg fyrir villandi og rangar upplýsingar, svo sem að ódýrar fisktegundir séu merktar nöfnum dýrari tegunda og að nettóþynd sé fölsuð, t.d. með því að íshúð á fiski sé seld sem fiskur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er til hægðarauka leitast við að skilgreina annars vegar sjávarafla og fiskafurðir og hins vegar sjávarafurðir sem samheiti fyrir hvort tveggja. Tilskipanir Evrópubandalagsins og skilgreiningar bandarískra og kanadískra stjórnvalda gera engan greinarmun á því hvort fiskur lifir í söltu eða fersku vatni. Hér er farin sú leið að skilgreina sjávarafla með svipuðum hætti og gert er í tilskipun EB nr. 91/493 þannig að ferskvatnsdýr önnur en spendýr falla undir skilgreiningu á sjávarafla.

Hér eru fiskafurðir skilgreindar sem matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Þessi skilgreining er einnig í samræmi við löggjöf Evrópubandalagsins. Vakin er athygli á því að í 12. gr. er að finna sérákvæði um slátrun eldisfisks. Rétt þykir að framleiðsla fóðurs úr fiski og fiskúrgangi sé háð eftirliti við framleiðslu enda fer notkun þess vaxandi til fóðrunar eldisfisks. Því eru fóðurvörur skilgreindar hér sem sjávarafurð.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Með hliðsjón af 1. gr. um tilgang þess þykir eðlilegt að frumvarpið taki til allra þátta framleiðslu sjávarafurða allt frá veiðum til útflutnings. Eftirlit beinist því að öllum þessum þáttum og eru gerðar kröfur þar að lútandi til allra þeirra sem sinna þessum störfum. Því á að vera tryggt að megintilgangi 1. gr. um vernd neytandans verði náð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sömu aðilum og hafa eftirlit með íslenskum sjávarafurðum verði falin skoðun innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til pökkunar eða vinnslu hér á landi. Nánar er fjallað um innfluttar sjávarafurðir í 6. gr.

Frumvarpið tekur til uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla en ekki til smásöludreifingar hér á landi. Eftirlit með smásöluverslun verður eftir sem áður hjá Hollustuvernd, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Um 4. gr.

Með lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, eru henni falin ýmis verkefni í stjórnsýslu sjávarútvegsins sem verið hafa á hendi sjávarútvegsráðuneytisins, veiðieftirlits, Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36/1992, sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir að Fiskistofa annist einnig eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða. Með þessari grein er Fiskistofu falin framkvæmd laga þessara verði þau samþykkt.

Um 5. gr.

Í þessari grein er að finna ýmis nýmæli. Gerðar eru kröfur um að sjávarafurðir séu heilnæmar, ómengaðar og uppfylli skilgreindar kröfur. Kröfur til sjávarafurða hafa almennt ekki verið lögfestar heldur verið settar fram í reglugerðum. Þá er það nýmæli að banna notkun mengaðra sjávarafurða í fóður. Einnig er að finna í greininni það nýmæli að sjávarútvegsráðuneytið geti bannað vinnslu sjávarafurða af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ástæða þykir til að kveða skýrt á um hvaða sjávarafurðir eru hæfar til neyslu. Kröfur, sem lýst er í 1. mgr., eru við það miðaðar að hagsmunir neytenda séu tryggðir. Í fyrsta lagi verða sjávarafurðir að vera heilnæmar og ómengaðar, þ.e. að ekki sé að finna í þeim efni eða gerla sem valdið geta heilsu neytenda tjóni. Þetta eru ófrávíkjanlegar kröfur. Í öðru lagi verða sjávarafurðir á hverjum tíma að uppfylla skilgreindar kröfur sem settar verða með reglugerðum. Almenna reglan verður sú að í samráði við þá sem í atvinnugreininni starfa verða settar fram lágmarkskröfur um hreinlæti, búnað og hráefni. Nauðsynlegt þykir að hafa þennan hátt á af því að kröfur um hráefni og afurðir eru breytingum háðar og geta verið mismunandi eftir mörkuðum. Þessar kröfur geta t.d. varðað ferskleika, hámark leyfilegra niðurbrotsefna og mengunarefna, hámarksfjölda gerla og hámark eiturefna af völdum þörunga.

Í 2. mgr. eru settar fram lágmarkskröfur til sjávarafurða sem ætlaðar eru til fóðurframleiðslu. Í gildi er reglugerð um notkun rotvarnarefna í hráefni til fiskimjölsframleiðslu en í ljósi breytinga á notkun fiskimjöls þarf að endurskoða þau ákvæði.

Um 6. gr.

Innflutningur sjávarafurða til Íslands hefur af augljósum ástæðum verið lítill. Á síðustu árum hefur hann þó farið vaxandi og fjölbreytni hans aukist. Innflutningur til vinnslu var í fyrstu einskorðaður við rússneska rækju en tegundum og upprunalöndum hefur fjölgað. Evrópubandalagið og Bandaríkin gera stífar kröfur um heilnæmi innfluttra sjávarafurða og þess vegna verða stjórnvöld hér á landi að fylgjast með heilnæmi innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til sölu á þessum mörkuðum. Auk heilnæmiskrafna gilda

ákveðnar reglur innan Evrópubandalagsins varðandi tollaívilnanir á vörum eftir uppruna þeirra. Af þessum sökum er sú krafa gerð í þessari grein að í tollskjölum eða fylgiskjölum vöru sé upprunalands hennar getið. Til að unnt sé að framfylgja kröfum Evrópubandalagsins varðandi uppruna er lagt til að halda skuli innfluttum sjávarafurðum ávallt aðgreindum frá innlendum þar til að útflutningi kemur.

Í greininni er ekki gerð krafa um að innflytjandi láti Fiskistofu vita um innflutning erlendra sjávarafurða. Sá háttur er nú hafður á að tollyfirvöld láta Hollustuvernd vita um slíkan innflutning. Fiskistofa gæti því fengið þessar upplýsingar frá öðrum yfirvöldum eða skoðunarstofu fyrirtækisins. Þannig á að vera tryggt eftirlit með þessum vörum enda fer hún annaðhvort til frekari vinnslu eða pökkunar og slíkir aðilar eiga samkvæmt þessu frumvarpi að hafa tilskilið vinnsluleyfi, innra eftirlit ásamt eftirliti skoðunarstofu.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna nýmæli varðandi innflutning á lifandi fiski. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er bannað að flytja inn lifandi laxfisk eða annan fisk sem lifir í ósöltu vatni. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska enda mæli fisksjúkdómanefnd með því. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í lögum um fisk sem lifir í söltu vatni. Er með þessari grein bætt hér úr enda hefur á undanförnum árum aukist mjög áhugi á eldi ýmissa sjávardýra. Hefur sjávarútvegsráðuneytið fengið upplýsingar um slíkan innflutning og haft samráð við Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum varðandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlegt smit frá honum.

Í samningi milli Frakklands og Íslands um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipi samstarfsnefnd með fulltrúum frá Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum og Hollustuvernd til að fjalla um atriði er varða innflutning skeldýra. Eðlilegt þykir að þessi innflutningur sé háður leyfi sjávarútvegsráðuneytisins sem getur sett nánari skilyrði fyrir honum. Eins og framkvæmd þessara mála hefur verið hingað til þykir eðlilegt að leitað sé umsagnar yfirdýralæknis áður en leyfi er veitt.

Um 7. gr.

Fram til þessa hafa verið skýr fyrirmæli í reglugerðum um fyrirkomulag við útflutning sjávarafurða. Hins vegar hafa ákvæði um geymslu og flutning innan lands verið óljós. Með vaxandi flutningi fersks fisks og fiskafurða milli hafna og landshluta þykir rétt að bæta hér úr. Mismunandi er eftir afurðum hvaða kröfur verður að gera og er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji nánari reglur þar um.

Í 2. mgr. er tiltekið að fyllsta hreinlætis verði að gæta þar sem fiskur er unninn eða geymdur, svo og varðandi þau tæki sem notuð eru við tilfærslu eða flutning hans. Sömuleiðis verður að gera þær kröfur að tæki og búnaður henti til ætlaðra nota, sé hreinn og vel við haldið. Ef árangur á að nást verður eftirlit að ná til allrar framleiðslunnar frá veiðum til útflutnings.

Um 8. gr.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld setja reglur um leyfileg aukefni í matvælum til neyslu innan lands og gefa út sérstakan lista yfir þau. Hér er ekki verið að gera tillögu um breytingu á því fyrirkomulagi. Hins vegar er í nokkrum mæli framleitt fyrir innanlandsmarkað í vinnslustöðvum sem að jafnaði framleiða til útflutnings. Því þykir hagræði vera að því að sami aðili annist eftirlit með notkun aukefna í sjávarafurðum hvort sem þær eru ætlaðar til neyslu innan lands eða utan.

Þótt notkun aukefna í sjávarafurðum sé hverfandi lítil er engu að síður ástæða til að

setja ákvæði sem takmarka hana við þau aukefni sem íslensk yfirvöld samþykkja. Á sama hátt verða framleiðendur að uppfylla fyrirmæli erlendra heilbrigðisyfirvalda í þessum efnum. Þannig getur verið leyfilegt að setja aukefni sem bönnuð eru í sjávarafurðir til neyslu innan lands í sjávarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings ef þær eru leyfðar í viðkomandi landi.

Matvæli geta hæglega mengast ef þau koma í snertingu við t.d. ílát, borð eða umbúðir sem gefa óæskileg efni frá sér. Flest ríki, þar á meðal Ísland, hafa sett reglur um leyfileg efni í slíkar vörur. Í 4. mgr. er ráðherra heimilað að setja nánari ákvæði um slík efni.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heilnæmi vatns sem notað er við framleiðslu sjávarafurða. Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa sett reglur um gæði drykkjarvatns, m.a. um leyfilegt hámark gerla o.fl. Hér er lagt til að sömu kröfur verði gerðar til vatns sem notað er við framleiðslu sjávarafurða, þvotta, þrif og ísframleiðslu. Rétt þykir að benda á að erfitt hefur reynst fyrir framleiðendur á ýmsum stöðum á landinu að uppfylla þessar kröfur. Vatn er misjafnt að gæðum og hafa framleiðendur þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta þessari kröfu, svo sem síunar, geislunar eða klórblöndunar.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru gerðar kröfur til merkinga sjávarafurða. Þá er gerð tillaga þess efnis að leyfisnúmer vinnslustöðvar eða nafn og heimilisfang framleiðanda komi annað hvort fram á umbúðum eða fylgiskjölum. Meginsjónarmið við merkingar er að þær séu fullnægjandi, ekki villandi og að unnt sé að rekja vöruna til framleiðandans eða ábyrgðaraðilans.

Hér er lögð til breyting á fyrri löggjöf um að ekki sé lengur skylda til að geta þess á pakkningum hvar varan hafi verið framleidd. Þetta ákvæði er hliðstætt reglum Evrópubandalagsins.

Kröfur markaðslanda í þessum efnum eru afar mismunandi. Ber framleiðendum því skv. 4. mgr. að gæta þess að uppfylla þær.

Um 11. gr.

Með þessari grein er lagt bann við vinnslu, pökkun, dreifingu og útflutningi sjávarafurða sem ekki uppfylla þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til þeirra. Tilgangurinn með þessu banni er að koma í veg fyrir að gallaðar eða óhæfar vörur fari á markað og skaði heilsu neytenda og heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Mörg tilvik hafa komið upp þar sem kaupandi hefur lýst sig reiðubúinn að kaupa vöru sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur varðandi heilnæmi. Enda þótt unnt sé að selja slíkar vörur í einstaka tilfellum hljóta slík viðskipti að teljast mjög varhugaverð og til þess eins fallin að rýra orðstír íslenskra sjávarafurða.

Ákvæðið tekur því einnig til tilvika þar sem t.d. ferskur fiskur eða sjávarafurðir með takmarkað geymsluþol eru í því ástandi að líklegt þyki að þær verði í óhæfu ástandi þegar þær komast á markað.

Um 12. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfisveitingar til þeirra aðila sem vinna eða framleiða sjávarafurðir. Mismunandi leyfi hafa verið veitt þessum aðilum en hér er til einföldunar gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti aðeins eina tegund leyfa, þ.e. vinnsluleyfi, til þessara aðila. Skilyrði fyrir vinnsluleyfi eru ferns konar: Í fyrsta lagi þarf að uppfylla kröfur um hreinlæti til að fullvíst sé að meðferð, vinna eða pökkun sjávarafurða hafi farið fram við þær hreinlætisaðstæður sem hæfa við meðferð matvæla. Í öðru lagi þarf allur búnaður að vera ákjósanlegur fyrir matvælavinnslu þannig að ekki sé hætta á að hann spilli afurðunum. Í þriðja lagi þurfa öll skip og fyrirtæki, sem undir greinina falla, að koma á fót skipulögðu eftirliti með meðferð afla, vinnslu hans og geymslu. Er hér átt við

innra eftirlit, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi þurfa þeir aðilar, sem getið er í greininni, að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu, sbr. 14. gr.

Skip, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, hafa fram til þessa þurft hæfnisvottorð, þ.e. fengið úttekt hjá Ríkismati sjávarafurða á hreinlæti, búnaði og tækjum. Nú fá þessi skip vinnsluleyfi enda hafa flest þeirra möguleika á að ganga frá afla sínum til flutnings beint á erlendan markað.

Uppboðsmarkaðir þurfa samkvæmt lögum nr. 123/1989 leyfi frá sjávarútvegsráðherra til reksturs. Fyrir veitingu slíks leyfis hafa markaðirnir þurft úttekt frá Ríkismati sjávarafurða á hreinlæti, húsnæði og búnaði. Hér er lagt til að þeir fái vinnsluleyfi, enda er meðferð afla á mörkuðum sambærileg við móttöku og meðferð afla í vinnslustöð og kröfur að öðru leyti mjög hliðstæðar.

Í nýsamþykktum lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðuneytið veiti leyfi til fullvinnslu m.a. að uppfylltum skilyrðum um búnað vinnsluskips. Í þessari grein er Fiskistofu jafnframt ætlað að veita þessum skipum vinnsluleyfi eins og verið hefur að undangenginni úttekt á hreinlæti og búnaði þeirra enda séu ákvæði 13. og 14. gr. frumvarpsins um innra eftirlit og skoðunarstofur uppfyllt.

Fiskimjölsverksmiðjur þurfa starfsleyfi umhverfisráðuneytis. Það nær hins vegar ekki til meðferðar, vinnslu eða gæða afurðanna. Verksmiðjurnar hafa fram til þessa verið undanþegnar eftirliti Ríkismats sjávarafurða. Hér er lagt til að Fiskistofa annist eftirlit með hreinlæti, búnaði og framleiðslu þeirra, þar með talinni meðferð hráefnis og notkun aukefna. Ástæða þess er einkum sú að meðferð hráefnis hefur verið ábótavant og upp hafa komið tilfelli, t.d. alvarleg mengun af völdum salmonellu. Þá hefur notkun fiskimjöls til fóðrunar eldisfisks aukist. Félag fiskimjölsframleiðenda hefur lýst áhuga sínum á að bæta afurðir verksmiðjanna og haft samráð við sjávarútvegsráðuneytið um að koma á betra eftirliti með framleiðslunni. Gert er ráð fyrir að framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum þurfi framvegis vinnsluleyfi og verði undir eftirliti Fiskistofu. Þykir þetta eðlilegt því talsvert af fiskúrgangi fer til fóðrunar eldisfisks og gæta verður fyllsta hreinlætis við meðferð úrgangsins vegna hugsanlegrar mengunar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlit með eldisfiski verði tvíþætt. Leyfi til slátrunar verður eftir sem áður háð samþykki yfirdýralæknis. Hins vegar er lagt til að Fiskistofa annist eftirlit með vinnslu og pökkun og gefi til þess vinnsluleyfi. Þetta fyrirkomulag þykir nauðsynlegt vegna ákvæða í tilskipunum Evrópubandalagsins og væntanlegs samkomulags við heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum um opinbert eftirlit með framleiðslu fiskafurða.

Í 3. mgr. er heimild til að binda vinnsluleyfi skilyrðum um tiltekna framleiðslu. Þetta þykir nauðsynlegt því fyrirtæki geta e.t.v. auðveldlega uppfyllt skilyrði fyrir að fá vinnsluleyfi. Hins vegar eru sum þeirra sérstaklega búin til vinnslu ákveðinna afurða, svo sem rækju eða skelfisks, en ófær um að framleiða aðrar afurðir.

Í 4. mgr. er sérstaklega áréttað að veiðar, vinnsla, geymsla sjávarafurða og starfræksla uppboðsmarkaða sé óheimil án vinnsluleyfis.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lögð sú skylda á herðar forsvarsmanna fyrirtækja að þeir sjái um að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu. Með forsvarsmönnum er átt við þá menn sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, eftir atvikum forstjóri, framkvæmdastjóri eða rekstrarstjóri.

Með innra eftirliti fyrirtækja með framleiðslu er í stuttu máli átt við að framleiðandinn annist skoðanir, prófanir og athuganir á öllum þáttum framleiðslunnar og á meðferð og geymslu afurðanna og beri niðurstöður saman við skilgreindar kröfur. Með því að

skylda framleiðendur til að koma á fót eigin eftirliti með framleiðslu er verið að auka ábyrgð þeirra. Þetta er í samræmi við þær aðferðir sem teknar hafa verið upp í framleiðslu iðnaðarvara víða um heim en þar hefur beiting gæðakerfa í þessu skyni gefið góða raun. Gæði framleiðslunnar hafa aukist og dregið hefur verið úr kostnaði og þörf fyrir beint opinbert eftirlit. Komi framleiðendur á hjá sér innra eftirliti með framleiðslu sem byggir á þeim atriðum sem fram koma í greininni, þar með talinni lýsingu á vinnureglum og skiptingu ábyrgðar, mun það leiða til þess að unnt sé að draga úr eftirliti opinberra aðila án þess að hætta sé á að trúverðugleiki eftirlitsins minnki. Evrópubandalagið og yfirvöld í Kanada og Bandaríkjunum gera skilyrðislaust kröfu um innra eftirlit í fyrirtækjum ef þau vilja fá leyfi til að nota útflutningsnúmer eða sérstök merki sem tryggja þeim aðgang að mörkuðum. Þessar þjóðir telja að sé þessi aðferð notuð við eftirlit undir yfirumsjón opinberra aðila þá sé það nægileg trygging fyrir heilnæmi, gæðum afurðanna og réttum merkingum.

Augljóst er að innra eftirlit fyrirtækja hlýtur að taka mið af stærð fyrirtækja, eðli framleiðslunnar og aðstæðum. Þannig hljóta kröfur til smærri fiskiskipa, smærri fyrirtækja eða þeirra sem vinna úr eigin afla að vera einfaldar og auðveldar í framkvæmd. Nauðsynlegar skráningar eru í mörgum tilfellum þegar viðhafðar en aðeins þörf á að gera þær markvissari og kerfisbundnari. Samstarfshópar með aðild atvinnurekenda í sjávarútvegi, sjávarútvegsráðuneytisins og Ríkismats sjávarafurða vinna nú að greiningu á kröfum til hverrar vinnslugreinar, þar á meðal um fyrirkomulag innra eftirlits er byggir á þeim meginatriðum sem tekin eru upp í þessari grein. Ráðherra mun setja nánari reglur um framkvæmd þeirra atriða á grundvelli tillagna hópanna.

Um 14. gr.

Í þessari grein er lagt til að forsvarsmönnum fyrirtækja og útgerða skipa, sem nánar er getið í 12. gr. frumvarpsins, sé skylt að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Hér er um nýmæli að ræða. Í eldri lögum var gerð krafa um að framleiðendur sjávarafurða hefðu í þjónustu sinni löggilta matsmenn sem Ríkismatið samþykkti. Jafnframt var útflytjendum sjávarafurða skylt að hafa eftirlitsmenn sem væru löggiltir matsmenn ella kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu. Stærstu sölusamtökin, þ.e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Sölusamtök lagmetis, hafa rekið eftirlitsdeildir sem fylgst hafa með framleiðslu félagsmanna þeirra og að afurðir þeirra fullnægðu jafnt opinberum kröfum og kröfum erlendra viðskiptaaðila. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel enda þótt óljós skipting á hlutverki opinbers eftirlits og eftirlitsdeilda sölusamtakanna hafi skapað togstreitu.

Ljóst er að beinu opinberu eftirliti með hverjum framleiðanda fylgir ávallt ráðgjöf og aðstoð við að koma í lag því sem ábótavant er. Hér er því farin sú leið að aðskilja opinbert eftirlit og ráðgjöf. Fyrirtækjum er skylt að koma á fót hjá sér innra eftirliti til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með framleiðslu og gera samning við skoðunarstofur til að fylgjast með virkni kerfisins þannig að það sé í samræmi við þá lýsingu sem til er á því. Með þessu móti eru gerðar ríkari kröfur til framleiðenda en í öðrum löndum því skoðunarstofum er falið að fylgjast reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði sjávarútvegsfyrirtækja. Skoðunarstofur verða þannig hluti af framleiðslueftirliti fyrirtækjanna og eiga að vera trygging fyrirtækis fyrir því að það sé virkt. Skoðunarstofur eiga jafnframt að fylgjast með því að sérkröfum kaupenda og opinberum kröfum sé fullnægt. Komi í ljós við skoðun að innra eftirliti sé ábótavant eða að kröfum um hreinlæti og búnað sé ekki fullnægt ber skoðunarstofu að upplýsa Fiskistofu um það. Fiskistofa tekur ákvörðun um nauðsynlegar aðgerðir, svo sem sviptingu vinnsluleyfis. Þrátt fyrir samning við skoðunarstofu ber forstöðumaður fyrirtækis að sjálfsögðu fulla ábyrgð á innra eftirlit þess.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti skoðunarstofu viðurkenningu. Fyrirkomulag faggildingar (accreditation) vottana og prófana er í örri þróun í heiminum og má vænta þess að breytingar verði gerðar á löggjöf okkar á næstunni í þessum efnum. Því er ráðherra heimilt að ákveða að annar aðili gangi úr skugga um hæfni skoðunarstofa og veiti þeim viðurkenningu.

Mat Fiskistofu eða annars aðila, sem ráðherra felur viðurkenningu á skoðunarstofum, skal m.a. byggt á hæfni, áreiðanleika og skipulagi stofunnar. Í því felst m.a. að þær geti framvísað nákvæmri lýsingu á starfsemi sinni, stjórnun, skipulagi, hlutleysi, dreifingu ábyrgðar og upplýsingum um þekkingu og reynslu starfsmanna.

Skoðunarstofum ber að fara eftir settum reglum um fyrirkomulag skoðunar og hvernig meðhöndla skuli frávik. Fiskistofa sviptir skoðunarstofu heimild til starfa sé ekki farið eftir þeim. Með þessu fyrirkomulagi má vinna margt ef vel tekst til. Umsvif opinbers eftirlitsaðila minnkar. Verulegt aðhald ætti að felast í skoðun skráninga og upplýsinga frá skoðunarstofu um hvert fyrirtæki. Þetta fyrirkomulag felur í sér virkt eftirlit með framleiðslu sjávarafurða sem opinberir aðilar í markaðslöndum okkar munu telja fullnægjandi.

Um 15. gr.

Hér er lögð sú skylda á forsvarsmenn fyrirtækja eða útflytjendur að þeir veiti Fiskistofu og skoðunarstofu sem þeir eru með samning við alla þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðana. Eðlilegt þykir að opinbert yfirvald og skoðunarstofa hafi aðgang að öllum stöðum þar sem sjávarafurðir eru geymdar eða framleiddar til að eftirlit verði trúverðugt. Hins vegar er ólíklegt að á þetta ákvæði reyni nema í undantekningartilvikum því neiti framleiðandi samningsbundinni skoðunarstofu um aðstoð, upplýsingar eða aðgang mundi skoðunarstofa tilkynna slíkt til Fiskistofu og segja upp samningi við fyrirtækið. Það mundi hafa í för með sér missi vinnsluleyfis ef önnur skoðunarstofa tæki fyrirtækið ekki að sér. Í slíkum tilvikum mundi Fiskistofa koma á vettvang og krefjast aðgangs eða upplýsinga.

Upplýsingar frá framleiðanda geta verið viðkvæmar og varðað viðskiptaleyndarmál. Því er brýnt að skoðunarstofur og Fiskistofa fari varlega með þær. Erfitt er að gefa leiðbeiningar um hvaða upplýsingar eigi að fara með sem trúnaðarmál því margar eru opinberar, svo sem framleiðslutölur. Því verður að byggja á mati hverju sinni og venjum sem skapast hafa í þessu efni.

Í 2. mgr. er framleiðanda eða útflytjanda gert skylt að láta skoðunarstofu og Fiskistofu án endurgjalds í té sýni af sjávarafurðum til rannsókna. Enda þótt innra eftirlit fyrirtækja byggi m.a. á reglulegum sýnatökum til rannsókna er nauðsyn á að Fiskistofu sé heimilt að taka eigin sýni og láta rannsaka til að sannreyna niðurstöður af sýnum sem starfsmenn skoðunarstofu eða fyrirtækisins hafa látið rannsaka. Fiskistofa getur falið skoðunarstofu eða öðrum aðila að taka sýni í samræmi við staðla um sýnatöku.

Um 16. gr.

Uppfylli framleiðandi þær kröfur, sem gerðar eru í frumvarpi þessu og verði það að lögum, mun hann fá sérstakt leyfisnúmer eða merki til að setja á umbúðir sjávarafurða. Heilbrigðisvottorð munu því að mestu verða ónauðsynleg vegna útflutnings til markaða Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna. Væntanlega verður krafist vottorða með skelfiski og e.t.v. einhverjum öðrum afurðum. Einnig mun verða krafist heilbrigðisvottorða til landa í Afríku, Asíu og einhverra annarra landa. Fiskistofa mun gefa út slík opinber vottorð en verður heimilt að veita viðurkenndri skoðunarstofu að uppfylltum sérstökum skilyrðum heimild til útgáfu útflutningsvottorða. Þessi heimild er í samræmi við fyrirkomulag sem haft hefur verið við útflutning frá árinu 1985. Eftirlitsdeildir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Íslenskra sjávarafurða hf., Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda

og Sölusamtaka lagmetis hafa þessa heimild í dag. Óvíst er hvort eða með hvaða skilyrðum þessi heimild verður veitt í framtíðinni.

Um 17. gr.

Með þessari grein er Fiskistofu heimilað að stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða ef þær þykja brjóta í bága við 10. eða 11. gr. Hér er um að ræða ákvarðanir Fiskistofu sem lægra setts stjórnvalds vegna ætlaðra brota er varða framleiðslu, geymslu og meðferð sjávarafurða, þar með taldar ákvarðanir framleiðanda við framleiðslu eða útflutning sem munu leiða til þess síðar að vara uppfylli ekki ákvæði laganna. Ákvæðið tekur einnig til innköllunar sjávarafurða enda hafi afurðir verið framleiddar við ólögmætar aðstæður, þær ekki fengið rétt útflutningsvottorð eða að rökstuddur grunur sé um að varan sé óviðunandi. Þykir eðlilegt að opinber eftirlitsstofnun hafi slíkar heimildir til að koma í veg fyrir að skaðlegar eða ranglega merktar sjávarafurðir eða afurðir framleiddar við ófullnægjandi aðstæður fari á markað.

Um 18. gr.

Í þessari grein er að finna nýmæli. Hér er lagt til að í þeim tilvikum, sem Fiskistofa hefur ákvarðað að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis, beri viðkomandi aðila að eyða vörunni innan þriggja mánaða. Reynslan hefur sýnt að ástæða er til að taka upp slíkt ákvæði. Mörg tilfelli hafa komið upp þar sem Ríkismat sjávarafurða hefur úrskurðað vöru óhæfa, bannað útflutning hennar, innsiglað vöruna en ekki getað fyrirskipað eyðingu hennar. Framleiðandi hefur í flestum tilvikum urðað vöruna eða hagnýtt hana í fiskimjöl en í nokkrum tilfellum hefur framleiðandi verið ósáttur við niðurstöðu og látið hjá líða að eyða vörunni. Einnig eru þess dæmi að framleiðandi hafi geymt vöru í frysti í óeðlilega langan tíma og hún þá jafnvel verið veðsett. Þriggja mánaða frestur, sem veittur er í greininni, þykir hæfilegur tími til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að eyða vörunni.

Í 2. mgr. er lagt til að Fiskistofa geti ákveðið að vöru, sem þykir óhæf til manneldis, megi hagnýta til annarrar framleiðslu enda geta efni, sem gera vöruna óhæfa til manneldis, t.d. horfið við framleiðslu fiskimjöls.

Um 19. gr.

Í þessari grein er lagt til að vegna brota gegn ákvæðum II. kafla eða 13. eða 14. gr. megi Fiskistofa svipta viðkomandi vinnsluleyfi.

Þessi heimild er forsenda þess að unnt verði að framfylgja ákvæðum frumvarpsins. Um er að ræða heildarhagsmuni allra framleiðenda í landinu. Nauðsynlegt er að opinber yfirvöld hafi möguleika á að bregðast skjótt við aðsteðjandi vandamálum þegar þess verður vart að eitthvað hefur farið úrskeiðis við meðferð sjávarafurða eða framleiðslu þeirra. Svipting vinnsluleyfis er bráðabirgðaráðstöfun sem gripið er til meðan óviðunandi ástand varir. Áður en sviptingu er beitt skal gefa viðkomandi möguleika á að skýra ástæður sem eftir atvikum geti leitt til þess að ekki komi til sviptingar. Augljóst er að sanngjarn frestur, svo sem getið er í 1. mgr., hlýtur ávallt að vera skammur.

Sviptingin miðar að því að afleiðingar ólögmætrar meðferðar á sjávarafurðum skapi ekki hættu fyrir neytendur sjávarafurða né setji heildarhagsmuni greinarinnar í hættu. Fresturinn yrði hugsanlega nokkrir sólarhringir en í sumum tilvikum verður hann að vera skemmri.

Ákvæði 2. mgr. þykir nauðsynlegt þar sem Fiskistofu eða skoðunarstofu er oft brýnt að fá upplýsingar um framleiðslu, svo sem skráningar sem ekki verður aflað annars staðar. Auk þess felur 2. mgr., sbr. 1. mgr. 15. gr., í sér ótakmarkaðan aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Sú aðstoð, sem gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þykir sjálfsögð innan þeirra marka sem með sanngirni má leggja á framleiðanda eða annan aðila sem greinin tekur til án þess að hún hafi í för með sér verulegan kostnað eða raski verulega starfsemi hans.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að vísa megi til málskotsnefndar ákvörðunum Fiskistofu varðandi sjávarafurðir. Þetta er nýmæli og ætti að vera til þess fallið að auka réttaröryggi, skilvirkni og öruggari málsmeðferð enda á málskotsnefndin að vera óháður úrskurðaraðili. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir málskot til dómstóla sem tryggt er skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um skipan málskotsnefndar til meðferðar mála sem til hennar yrði vísað skv. 20. gr. Hlutverk nefndarinnar yrði að fjalla um ákvarðanir Fiskistofu varðandi sjávarafurðir, sbr. 20. gr.

Svipting vinnsluleyfis, sem Fiskistofu yrði heimilt að gera, væri bráðabirgðaráðstöfun sem beitt yrði til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir eða ólögmætt ástand. Af hálfu stjórnvaldsins, sem leyfi svipti, yrði sviptingin afturkölluð þegar ólögmætu ástandi hefði verið aflétt eða tryggt þætti að farið yrði að lögum. Málskotsnefnd skal samkvæmt frumvarpinu fjalla um efnislegar ástæður sem urðu til þess að bráðabirgðaráðstöfunum var beitt og leiðir því af sjálfu sér að úrskurður málskotsnefndar getur falið í sér að sviptingu vinnsluleyfis yrði aflétt ef ákvörðun Fiskistofu, sem leiddi til sviptingar, yrði talin óréttmæt.

Málskotsnefnd yrði heimilt að staðfesta, breyta eða fella úr gildi ákvörðun Fiskistofu. Þetta fyrirkomulag ætti að veita Fiskistofu hæfilegt aðhald og ætti að auka líkur á því að sá er ákvörðun beindist gegn fengi hlutlausa umfjöllun um mál sitt teldi hann að á sér væri brotinn réttur.

Úrskurður nefndarinnar yrði endanlegur að því leyti að allir aðilar væru bundnir við hann og bæri að framkvæma ákvæði hans. Úrskurðinum yrði ekki skotið til ráðherra og meðferð dómstóla á þessari stjórnvaldsákvörðun mun ekki fresta framkvæmd hennar.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að verja hagsmuni sem varða þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar sem jafnframt er viðkvæmur matvælaiðnaður. Ef út af er brugðið getur það haft stórhættulegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Því þykir eðlilegt ef heilsu neytenda er ógnað með óheilnæmri vöru eða sameiginlegir hagsmunir atvinnugreinarinnar eru settir í hættu með svikum að fyrir brot sé refsað með sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Í 2. mgr. er heimild til að refsa stjórnarmönnum og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota. Framleiðsla í sjávarútvegi er oft flókin starfsemi þar sem ekki er á færi annarra en æðstu stjórnenda að hafa heildaryfirsýn yfir reksturinn. Stjórnun og ábyrgð við framleiðslu verða ekki skilin að. Að sjálfsögðu leysir ákvæði 2. mgr. aðra starfsmenn ekki undan refisábyrgð vegna ásetningsbrota eða brota sem rekja má til vítaverðs gáleysis.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í eldri lögum um sama efni, t.d. lögum nr. 55/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, voru ákvæði um að framleiðendur sjávarafurða hefðu í þjónustu sinni löggilta matsmenn. Ráðuneytið hefur löggilt þessa matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Með ákvæði þessa frumvarps um gæðakerfi í framleiðslu, sbr. 2. tölul. 13. gr. er gert ráð fyrir að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu. Því þykir ekki lengur þörf á að löggilda sérstaka matsmenn til starfa við meðferð eða framleiðslu sjávarafurða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í tilskipun EB nr. 91/493 er að finna undanþáguákvæði varðandi búnað vinnslustöðva, uppboðsmarkaða, verksmiðjuskipa o.fl. Í þessu ákvæði til bráðabirgða eru efnislega tekin upp ákvæði tilskipunar EB nr. 91/493 með áorðnum breytingum.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með frumvarpi þessu er leitast við að tryggja að íslenskur sjávarútvegur haldi uppi ströngum gæðakröfum í meðferð hráefnis og framleiðslu úr því. Í aðalatriðum er eftirlit með gæðakröfum komið fyrir hjá skoðunarstofum sem verða einkarekin fyrirtæki og starfa undir umsjá Fiskistofu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Kostnaður af gæðaeftirliti verður borinn af þeim sem eftirlit er haft með í formi gjalda til þeirra skoðunarstofa er þeir eiga viðskipti við.

Eini þátturinn er kann að valda kostnaði fyrir ríkissjóð er málskotsnefnd skv. 20. og 21. gr. frumvarpsins. Hún skal skipuð þremur mönnum. Ekki er tekið beinlínis fram að nefndin skuli kostuð af ríkissjóði heldur getur nefndin krafið málsaðila um greiðslu kostnaðar sem hlýst af meðferð máls. Ekki er ljóst hvort sá kröfuréttur er nægur til að kosta starf nefndarinnar og verður að telja líklegt að ríkissjóður verði að kosta starf hennar að einhverju leyti. Má ætla að í heild kosti starf nefndarinnar ekki meira en nefndar þeirrar er úrskurðar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla, þ.e. 600–800 þús. kr. á ári, og verður ríkissjóður líklega að bera hluta af þeim kostnaði.

Fylgiskjal II.

Frásögn af fundi með embættismönnum í Fiskideild EB DG-VI Mr. Daelman og Mr. Belveze í Brussel 22. apríl 1992.

Fundinn sátu af hálfu Íslands: Einar M. Jóhannsson, Gylfi Gautur Pétursson, Jón Friðjónsson og Sturlaugur Daðason.

Tilefni fundarins var hvort frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra sem lagt hafði verið fyrir Alþingi til umfjöllunar uppfyllti kröfur Evrópubandalagsins til heilnæmis afurða, framleiðslu og opinbers eftirlits við framleiðslu og dreifingu sjávarafurða. Þannig ætti að vera tryggt að íslenskar sjávarafurðir fengju hindrunarlausan aðgang að mörkuðum Evrópubandalagsins og mætti því sleppa að mestu útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða. Hafði þeim Daelman og Belveze verið send bráðabirgðaþýðing á frumvarpinu ásamt þýðingu á greinagerð um þær greinar er mestu máli skipta.

Farið var ítarlega yfir allar greinar frumvarpsins og þær ræddar.

Engar alvarlegar athugasemdir komu fram við frumvarpið en laga þarf orðalag nokkurra greina, einkum 6. greinar sem varðar innflutning lifandi sjávardýra.

1. Það algera bann við innflutningi lifandi sjávardýra nema með leyfi ráðuneytisins er ekki í samræmi við II. kafla tsk. EB 91/67 um fiskeldi. Orðalagi þarf að breyta þannig að innflutningur sé heimill þó ákveðin skilyrði séu sett fyrir honum. Takmörkunina þarf m.ö.o. að setja jákvætt fram en ekki neikvætt.

Umræður urðu um að Ísland þyrfti að koma á fót sambærilegu eftirliti með sjávarafurðum sem fluttar yrðu til landsins frá þriðja landi eins og gilda hjá EB um þann innflutning. Dæmi: Japanskur hörpudiskur sem bannaður er í EB. Skoðun vöru á landamærum EB, t.d. afurða úr fiski frá Kanada o.s.frv.

2. Rætt var um skilgreiningu á „fiskafurðum" í 2. gr. frv. þar sem fylgt er skilgreiningu í stöðlum „Codex Alimentarins". Vildu EB-menn að fiskafurðir yrðu skilgreindar sem matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafurðum í stað meiri hluta. Einnig var rætt um mismunandi skilgreiningu á sjávarafurðum þar sem reglugerðir EB gera engan greinarmun á því hvort fiskur lifir í söltu vatni eða ósöltu. Var vakin athygli á því að eftirlit með eldisfiski væri skv. frumvarpinu tvískipt.
3. Í 9. gr. frv. er vísað til krafna heilbrigðisyfirvalda um gæði drykkjarvatns. Bera þarf þær kröfur saman við ákvæði tilskipana EB.
4. Í ákvæði til bráðabirgða er Fiskistofu heimilað að veita vinnsluleyfi til bráðabirgða með ákveðnum skilyrðum. Athugasemd var gerð við að ákvæði vantaði um hver skuli ákveða þau frávik sem leyfð eru hverju sinni.
5. Rætt var um heimild Fiskistofu til að veita skoðunarstofum leyfi til útgáfu útflutningsvottorða sbr. 16.gr. Var fulltrúum EB bent á að ef þetta heimildarákvæði yrði notað yrði skoðunarstofa að uppfylla sérstök skilyrði sem gætu verið mismunandi á hverjum tíma. Þannig væri óvíst í framtíðinni hver skilyrði yrðu sett fyrir rekstri eftirlitsaðila og hæfni þeirra til útgáfu vottorða. Einnig var bent á það fyrirkomulag sem ríkt hefði í þessum málum á Íslandi og jafnframt að lönd í Afríku og Asíu krefðust enn útflutningsvottorða og samþykktu þetta fyrirkomulag.

EB menn gátu fallist á að þetta fyrirkomulag gæti gilt gagnvart öðrum ríkjum en ef gefa þyrfti út opinber útflutningsvottorð fyrir EB markað þyrftu slík vottorð að vera gefin út af opinberum aðila.

Verkaskipting opinberra eftirlitsaðila og einkaaðila var rædd. Voru EB-menn mjög áhugasamir um þá „nýjung“ sem fram kemur í frumvarpinu um skyldu til samnings milli framleiðenda og skoðunarstofu er starfi undir eftirliti opinberra aðila og töldu að jafnvel mætti nýta þetta fyrirkomulag við lausn ýmissa vandamála við eftirlit með matvælum innan EB. Töldu þeir þetta fyrirkomulag fullnægja kröfum Evrópubandalagsins. Kom fram hjá þeim að Fiskistofa fullnægði kröfum um opinberan eftirlitsaðila og uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í tilskipunum EB til „competent authority“. Endanleg ábyrgð þess eftirlits sem EB krefst getur aðeins verið í höndum opinbers aðila sem einnig yrði samskiptaaðili við sambærilega stofnun innan EB. Þessa ábyrgð er ekki hægt að framselja nema til annars opinbers aðila. Kom skýrt fram að uppfylla þurfi að þessu leyti tilskipanir EB en að öðru leyti gætum við skipulagt okkar eftirlit eins og við kysum að gera. Þannig töldu þeir samband skoðunarstofu og framleiðanda ekki skipta máli fyrir þá svo framarlega að opinber eftirlitsaðili, þ.e. Fiskistofa, hefði yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins og gæti borið ábyrgð á að það virkaði. Mikilvægt væri að Fiskistofa hefði aðgang að öllum vinnslu- og verkunarstöðum og upplýsingum um þau atriði sem opinbera aðila varðar hverju sinni.

Fjölmörg önnur atriði voru rædd á fundinum, s.s. útgáfa útflutningsnúmera, vinna EB við útgáfu tilskipana, t.d. um kröfur til fiskiskipa, þungmálma, ormatilskipun, skilgreiningu á eigin eftirliti framleiðanda (CCP), viðmiðunarmörk TMA eða TVBN sem mælikvarða á hráefnisgæði ofl.

Að lokum var rætt um eftirlitsstofnun EFTA með ákvæðum EES-samningsins og önnur atriði þar að lútandi.

Jón S. Friðjónsson
(sign)
Sturlaugur Daðason
(sign)

Einar M. Jóhannsson
(sign)
Gylfi Gautur Pétursson
(sign)

47. Frumvarp til laga [46. mál]

um Kjaradóm og kjaranefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Um Kjaradóm.

1. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar tvo dómendur. Skal annar þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Tveir dómendur skulu kosnir af Alþingi og fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

2. gr.

Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna skv. 12. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara.

3. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

4. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

5. gr.

Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

6. gr.

Kjaradómur skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaradómur skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hann úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum svo sem lífeyrisréttindum.

II. KAFLI
Um kjaranefnd.

7. gr.

Kjaranefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Fjármálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmann skipar fjármálaráðherra samkvæmt tilnefningu forseta Alþingis.

Kjaranefnd ákveður starfskjör þeirra forstöðumanna ríkisstofnana, fyrirtækja ríkisins og embættismanna sem nánar eru tilgreindir í 8. gr.

8. gr.

Eftirtaldir aðilar heyra undir úrskurð kjaranefndar um launakjör:

Biskup Íslands, brunamálastjóri, fiskistofustjóri, flugmálastjóri, flugvallarstjóri Keflavík, forsetaritari, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, forstjóri Fangelsismálastofnunar, forstjóri Fríhafnar Keflavíkurflugvelli, forstjóri Fasteignamats ríkisins, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landmælinga Íslands, forstjóri Landhelgisgæslunnar, forstjóri Lánasýslu ríkisins, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, forstjóri Ríkisspítala, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, forstöðumaður Listasafns Íslands, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hagstofustjóri, húsameistari ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, landsbókavörður, lyfsölustjóri, lögreglustjórar, námsgagnastjóri, orkumálastjóri, póst- og símamálastjóri, rafmagnsveitustjóri ríkisins, rannsóknarlögreglustjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskóla Íslands, rektor Háskólans á Akureyri, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðandi, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari, ríkisskattstjóri, ríkistollstjóri, sendiherrar, siglingamálastjóri, skattrannsóknastjóri, skattstjórar, skipulagsstjóri ríkisins, skógræktarstjóri, skrifstofustjóri Alþingis, sýslumenn, tollstjórinn í Reykjavík, tollgæslustjóri, útvarpsstjóri, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, verðlagsstjóri, vita- og hafnamálastjóri, yfirdýralæknir, yfirskattanefndarmenn, þjóðleikhússtjóri, þjóðminjavörður og þjóðskjalavörður.

Óski einhver framangreindra aðila þess skal stéttarfélag, sem hefur rétt til að gera kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, semja um starfskjör hans og taka lög þessi þá ekki til hans.

Þá skal kjaranefnd úrskurða um laun og starfskjör presta þjóðkirkjunnar, þ.e. sóknarpresta, sérþjónustupresta, prófasta og vígslubiskupa.

Teljist starf forstöðumanns ríkisstofnunar eða embættismanns vera þannig að því megi öldungis jafna til starfa þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. getur fjármálaráðherra vísað ákvörðun um launakjör hans til kjaranefndar.

9. gr.

Kjaranefnd aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum. Skulu embættismenn m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja og um þau störf sem þeir kunna að gegna fyrir aðra.

Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjaranefndar falla, svo og ráðuneytum vegna embættismanna og stofnana sem undir þau heyra, skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Nefndin getur og heimilað einstökum embættismönnum að reifa mál sitt fyrir nefndinni.

10. gr.

Við ákvörðun launakjara skal kjaranefnd gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum hjá þeim sem hún fjallar um, að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar og að samræmi sé milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms.

11. gr.

Nefndin skal í ákvörðun sinni greina á milli fastra launa fyrir dagvinnu og launa fyrir annað sem starfinu fylgir. Hún skal og kveða á um hvernig greitt skal fyrir sérstök tilfallandi störf sem starfinu geta fylgt og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaranefnd skal í ákvörðunum sínum taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Kjaranefndin skal og taka tillit til kvaða sem störfunum kunna að fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem þeim fylgja, svo sem lífeyrisréttinda.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

12. gr.

Kjaradómur og kjaranefnd skulu taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þeirra tekur til.

Eigi sjaldnar en árlega skal Kjaradómur og kjaranefnd meta það hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem þeir ákveða.

13. gr.

Kostnaður við Kjaradóm og kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiðast úr ríkissjóði.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 92/1986, um Kjaradóm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Strax eftir gildistöku laga þessara skal skipa í Kjaradóm samkvæmt þeim og fellur frá sama tíma niður skipun dómenda samkvæmt fyrri lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða lög um Kjaradóm. Í nefndinni voru Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri.

Frumvarpið er lagt fram eins og nefndin gekk frá því með tveimur breytingum. Annars vegar er gerð sú breyting á 7. gr. að tilnefning í kjaranefnd verði gerð af forseta Alþingis í stað forsætisnefndar. Hins vegar er í 8. gr. bætt við því ákvæði að þeir aðilar, sem þar eru taldir í 1. mgr., eigi þess kost að óska eftir því að um starfskjör þeirra verði samið í kjarasamningum í stað þess að þau verði ákveðin af kjaranefnd. Eftirfarandi greinargerð er unnin af nefndinni sem frumvarpið samdi.

I.

Löngum voru laun ríkisstarfsmanna ákveðin í lögum. Má þar nefna lög nr. 60/1945 og lög nr. 92/1955, en í þeim lögum voru æðstu embættismönnum ríkisins, að undanskildum forseta Íslands, ákveðin laun með öðrum embættismönnum. Starfskjör forseta Íslands voru upphaflega ákveðin með lögum nr. 37/1944. Þá var þingfararkaup alþingismanna löngum ákveðið með lögum, sbr. lög nr. 36/1919 og lög nr. 84/1953.

Með lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var sú breyting gerð að launakjör þorra allra ríkisstarfsmanna skyldu ákveðin með kjarasamningum. Um leið var Kjaradómur settur á stofn. Hlutverk hans var tvíþætt, annars vegar að ákveða kjarasamning þegar ekki semdist með aðilum innan lögmælts frests og hins vegar að ákveða launakjör sumra þeirra sem ekki var fenginn samningsréttur. Í upphafi voru ekki aðrir í þessum síðari flokki en ráðherrar og hæstaréttardómarar, en síðan hefur þeim einstaklingum, sem taka skulu laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms, fjölgað mjög. Með lögum nr. 46/1973 var ákveðið að til viðbótar skyldu launakjör ríkissaksóknara úrskurðuð af Kjaradómi, með lögum nr. 61/1977 launakjör ráðuneytisstjóra, með lögum nr. 22/1981 launakjör biskups Íslands og með lögum nr. 41/1984 voru launakjör eftirtalinna embætta sett undir úrskurð dómsins: Rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra Ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, verðlagsstjóra og ríkisskattanefndarmanna sem höfðu nefndarstörfin að aðalstarfi.

Með lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986, fjölgaði enn þeim embættum sem Kjaradómur skyldi ákveða launakjör, en þá var ákveðið að auk ofangreindra embætta skyldi Kjaradómur úrskurða launakjör landlæknis, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, skrifstofustjóra Alþingis og yfirdýralæknis.

Með lögum nr. 45/1991 var Kjaradómi falið að úrskurða um launakjör presta þjóðkirkjunnar annan en embættiskostnað, en um hann gilda lög nr. 36/1931.

Auk ofangreindra embættismanna eru launakjör forseta Íslands úrskurðuð af Kjaradómi, sbr. lög nr. 10/1990. Þá hefur þingfararkaup alþingismanna fallið undir úrskurð Kjaradóms samkvæmt lögum nr. 75/1980.

Samkvæmt núgildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, gilda þau lög um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem rétt hafa til að gera kjarasamninga samkvæmt lögunum. Ákvæði laganna ná ekki til:

1. Þeirra embættismanna, sem njóta launakjara er úrskurðuð eru af Kjaradómi, sbr. ofangreinda embættismenn.
2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Forstöðumanna stofnana ríkisins, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. 38/1954, sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.

Í 3. gr. laga nr. 94/1986 segir að fjármálaráðherra fari með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögunum. Hann skipi nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi og tilkynni viðsemjendum sínum skipan hennar.

Forsetar Alþingis geri kjarasamninga við starfsmenn Alþingis.

II.

Eins og framangreint ber með sér er meginreglan sú að laun ríkisstarfsmanna eru ákveðin með kjarasamningum stéttarfélaga við fjármálaráðherra. Nokkrum hópum forstöðumanna stofnana o.fl. ákveður ráðherra laun án samninga og í þriðja lagi eru þeir sem taka laun sem ákveðin eru af Kjaradómi.

Um laun fyrir yfirvinnu starfsmanna gildir sú meginregla að hana ber að staðfesta af yfirmönnum viðkomandi stofnana. Forstöðumönnum stofnana hafa verið ákveðin yfirvinnulaun af fjármálaráðuneytinu, fastur tímafjöldi á mánuði. Ákvörðun þessi hefur annaðhvort verið tekin fyrir hvert einstakt starf fyrir sig eða með því að settar hafa verið reglur sem gilda fyrir hópa manna eins og t.d. sýslumenn og skólastjóra. Dómurum við undirrétti hefur verið ákveðin yfirvinna með hliðstæðum hætti. Nokkuð er um að forstöðumenn, sem undir slíka ákvörðun heyra, fái til viðbótar yfirvinnu samkvæmt reikningi sem þá hefur verið staðfestur af viðkomandi ráðherra eða ráðuneyti.

Samkvæmt 6. gr. laga um Kjaradóm skal Kjaradómur í úrskurðum sínum gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.

Í úrskurði Kjaradóms frá 5. janúar 1985 er gerð grein fyrir túlkun Kjaradóms á lögum um Kjaradóm, en þar segir:

„Hvorki er í lögum nr. 41/1984, greinargerð með frumvarpi til þeirra né í umræðum á Alþingi að finna leiðbeiningu um það, hvernig að ákvörðun kjaradóms skuli staðið. Verður því að ætla, að gert hafi verið ráð fyrir, að ákvarðanir nú yrðu teknar á svipuðum forsendum og fyrri ákvarðanir kjaradóms um launakjör þeirra, sem ekki hafa samningsrétt og kjaradómur ákveður launakjör. Hefur þá verið við það miðað, að verið væri að ákveða heildarlaun hvers starfa og ekki kæmu til fastar aukagreiðslur fyrir venjubundin störf, þó að utan dagvinnutíma væri.

Þetta var sérstaklega undirstrikað í fyrstu ákvörðun kjaradóms um laun ráðuneytisstjóra árið 1978. Þá höfðu laun þeirra verið með þeim hætti, að auk mánaðarlauna samkvæmt þáverandi 122. launaflokki var þeim greidd þóknun fyrir yfirvinnu við venjubundin störf, sem svaraði 35 stundum fyrir hvern mánuð, auk orlofsfjár á yfirvinnukaup og árlegrar persónuuppbótar á laun. Kjaradómur taldi heppilegt að hverfa frá föstum aukagreiðslum og sameina þær venjulegum mánaðarlaunum. Voru laun ráðuneytisstjóra ákveðin í samræmi við þetta og svo mælt, að jafnframt félli niður greiðsla fyrir ómælda yfirvinnu.

Launum flestra þeirra, sem kjaradómi er nú til viðbótar falið að ákveða launakjör, er líkt farið. Auk mánaðarlauna er þeim flestum greidd þóknun fyrir ómælda yfirvinnu og sumum föst yfirvinna að auki. Við þetta yfirvinnukaup bætist orlofsfé. Greiðslur þessar eru hins vegar mjög mismunandi, eða frá 27 upp í 60 stundir á mánuði. Einn hópur embættismanna hefur sérstöðu, sýslumenn, bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík. Þessir embættismenn fá allir aukalaun úr ríkissjóði fyrir innheimtustörf í þágu ríkissjóðs og flestir auk þess greiðslur af uppboðsandvirði eða úr hendi uppboðsþola fyrir uppboð og fá eftir því minni eða jafnvel engar greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu.

Það er álit kjaradóms, að rétt sé að halda áfram þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið, og hverfa frá föstum aukagreiðslum fyrir þessi störf, hvort sem þær kallast greiðslur fyrir ómælda eða fasta yfirvinnu, greiðslur fyrir innheimtu ríkissjóðstekna eða uppboðslaun. Til þessa virðist og hafa verið ætlast, þegar litið er til hins fyrra ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 41/1984. Þar er sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum uppboðshöldurum heimilað að halda óbreyttum lögkjörum til ársloka 1990, ef þeir óska þess og meðan þeir gegna núverandi embætti. Rétt þykir að líta svo á, að ákvæði þetta nái einnig til tollstjórans í Reykjavík, þó að ekki sé hann uppboðshaldari."

Þá segir enn fremur í úrskurði Kjaradóms frá 5. janúar 1985:

„Ennfremur vill kjaradómur leggja áherslu á, að í 1. gr. laga nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku er tekið fram, að lögin taki ekki til forstöðumanna og sérstakra fulltrúa í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið. Áfram er heimilt að semja um vinnutíma þeirra, sem hér um ræðir, og hefur til dæmis verið gert í aðalkjarasamningum ríkisins við starfsmenn sína. Með hliðsjón af þessu og eðli þeirra starfa, sem hér um ræðir, tekur kjaradómur fram, að laun fyrir þessi störf eru nú ákveðin þannig, að um frekari greiðslur fyrir þau verði ekki að ræða, nema við sérstakar, óvenjulegar aðstæður. Laununum er með öðrum orðum ætlað að ná til allrar venjubundinnar vinnu í hverju starfi og það einnig þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku."

Í úrskurði Kjaradóms frá 26. júní 1992 er vísað til framangreindrar stefnu dómsins um að honum bæri að ákveða heildarlaun fyrir hvert starf og ekki kæmu til fastar aukagreiðslur fyrir venjubundin störf þó að utan dagvinnutíma væri.

Þrátt fyrir þá skoðun Kjaradóms að honum beri að úrskurða um heildarlaun þeirra aðila sem undir úrskurð hans eru settir liggur fyrir að ýmsir þeirra hafa fengið aukagreiðslur umfram úrskurð Kjaradóms. Í úrskurði dómsins frá 26. júní 1992 segir svo um þetta atriði:

„Athuganir á gögnum frá Launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins leiðir í ljós að í vaxandi mæli hefir komið til greiðslu á yfirvinnu, ýmist mældrar eða ómældrar (fastrar) og í sumum tilvikum hvoru tveggja, til þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun. Greiðslur þessar eru hins vegar mjög mismunandi eftir einstökum embættum og geta numið frá 20 stundum á mánuði og allt að 100 stundum. Þetta hefir haft í för með sér að verulegt ósamræmi er orðið milli heildarlauna og þeirra launa sem Kjaradómur ákveður. Einstakir hópar svo sem hæstaréttardómarar, ráðherrar og alþingismenn njóta ekki slíkra greiðslna. Nú er svo komið að í mörgum tilvikum ákveður launagreiðandi allt að 50% af þeim launum sem Kjaradómi er ætlað að ákvarða og er framkvæmd launagreiðslna að þessu leyti farin úr böndum. Ljóst er að vinnuframlag að baki þessum aukalaunum er mjög mismunandi eftir störfum."

Þessi þróun er ekki ný af nálinni. Hliðstæðan feril má rekja á tímabilinu frá 1978, þegar yfirvinna ráðuneytisstjóra var felld inn í föst laun þeirra, til 1985 að aftur var komin upp staða sem að framan hefur verið lýst og Kjaradómur brást við í dómi sínum frá því ári.

Ætla verður að þessi þróun sé ekki komin til fyrir tilviljun eina. Benda má á tvö atriði sem án vafa hafa stuðlað að henni. Hið fyrra er sú staðreynd að Kjaradómur hefur yfirleitt ekki tekið tillit til annarra launabreytinga en almennra taxtahækkana. Má sem dæmi nefna að frá úrskurði sínum í janúar 1985 til júní 1992 hefur Kjaradómur fellt yfir 20 úrskurði með þessum hætti. Hefur það leitt til þess að aðrar launabreytingar, launaskrið, samningsákveðið eða ekki, breytingar á röðun í sérsamningum o.fl. hafa ekki reglulega haft áhrif til hækkunar á laun þeirra sem Kjaradómur ákveður. Á vissum tímabilum hefur töluverður hluti launahækkana í þjóðfélaginu komið til með þessum hætti og eru aukagreiðslur til þeirra sem Kjaradómur ákveður laun tilraun til að viðhalda samræmi í launagreiðslum.

Síðara atriðið er það að heildarlaun eins og Kjaradómur ákveður taka ekki tillit til þess að vinnuframlag starfsmanna í sambærilegum störfum getur verið mjög mismunandi.

III.

Fengist hafa upplýsingar um fyrirkomulag launaákvarðana annars staðar á Norðurlöndum og skulu þær sem nefndin telur skipta hér máli raktar.

Svíþjóð.

— Launakjör ríkisstarfsmanna ráðast í meginatriðum af kjarasamningum.
— Launakjör þingmanna eru ákveðin með lögum.
— Launakjör ráðherra ákvarðast af sérstakri launanefnd (statsrådslönenämnd).
— Launakjör hæstaréttardómara ákvarðast af launanefnd sem sérstaklega er ætlað að ákvarða launakjör forstöðumanna (chefslönenämnd). Nefndina skipa fulltrúar launþega og ríkisins.
— Launakjör héraðsdómara ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör ráðuneytisstjóra ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör framkvæmdastjóra stórfyrirtækja ákvarðast af ríkisstjórninni.
— Launakjör presta ákvarðast af kjarasamningum.

Þingmenn, ráðherrar, hæstaréttardómarar, héraðsdómarar og framkvæmdastjórar stórfyrirtækja fá engar aðrar greiðslur en mánaðarlaun. Aðrir tilgreindir embættismenn kunna að fá yfirvinnugreiðslur og óþægindagreiðslur í samræmi við umsamdar aukagreiðslur til annarra.

Noregur.

— Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast í meginatriðum af kjarasamningum.
— Launakjör þingmanna eru ákveðin með lögum.
— Launakjör ráðherra eru ákveðin í lögum.
— Launakjör hæstaréttardómara eru ákveðin í lögum.
— Launakjör lægra settra dómara ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör biskups og presta ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör forstöðumanna stærri fyrirtækja og stofnana eru ákveðin utan kjarasamninga.
— Launakjör annarra forstöðumanna ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör ráðuneytisstjóra eru ákveðin utan kjarasamninga.

Danmörk.

— Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör þingmanna ákvarðast í lögum.
— Launakjör ráðherra eru ákveðin í lögum.
— Föst laun og breytilegar aukagreiðslur til forstöðumanna og æðri embættismanna eru ákveðin í kjarasamningum.

Finnland.

— Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast í meginatriðum af kjarasamningum.
— Laun þingmanna ákvarðast í lögum.
— Laun ráðherra eru ákveðin í lögum.
— Laun forseta hæstaréttar og forseta æðsta stjórnsýsludómstóls Finnlands eru ákveðin í lögum.
— Laun annarra dómara ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör biskups og presta ákvarðast af kjarasamningum.
— Launakjör forstöðumanna stærri fyrirtækja og æðri embættismanna ákveðast utan kjarasamninga.

IV.

Eins og rakið hefur verið hér að framan um launakjör íslenskra embættismanna, hefur þótt nauðsynlegt að hafa möguleika á að ákvarða einstökum embættismönnum aukagreiðslur vegna mismunandi starfa þeirra, ábyrgðar og vinnuframlags og til að tryggja að æðri embætti séu skipuð hæfum mönnum. Engu að síður verður að gera þá kröfu að við ákvarðanir um laun til slíkra embættismanna sýni ríkið aðhaldssemi og mismuni ekki starfsmönnum sínum með handahófskenndum launaákvörðunum. Því er nauðsynlegt að launaákvarðanir séu gerðar af aðilum sem hafa yfirsýn yfir laun starfsmanna og starfshópa hjá ríkinu og öðrum aðilum í atvinnulífinu. Núverandi fyrirkomulag launaákvarðana til æðstu embættismanna hefur ekki reynst þess umkomið að skapa nauðsynlegt samræmi í þessum efnum og viðhalda því. Þrátt fyrir leiðréttingar, sem gerðar hafa verið þegar í óefni hefur verið komið, hefur misgengi í launaþróun fljótlega komið í ljós bæði innan þess hóps sem undir Kjaradóm heyrir og milli þeirra launa sem dómurinn ákveður og launa annars staðar í þjóðfélaginu. Ástæða þess er m.a., eins og áður hefur verið vikið að, óljós viðmiðun sem dómurinn hefur haft og launakerfi sem ekki býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til þess að mæta breytilegum störfum og mismunandi vinnuframlagi.

Í frumvarpi þessu er leitast við að tryggja að sjónarmiða þessara sé gætt með því að gera breytingar á verksviði og starfsháttum þess eða þeirra aðila sem ákveða laun æðstu embættismanna. Helstu breytingarnar, sem frumvarpið felur í sér, eru þessar:

1. Verulega er fækkað þeim embættum sem Kjaradómur ákveður launakjör fyrir en öðrum aðila, kjaranefnd, ætlað að ákveða starfskjör forstöðumanna stofnana og fyrirtækja ríkisins og embættismanna sem áður voru ýmist ákveðin af Kjaradómi eða fjármálaráðherra.
2. Skipun Kjaradóms er breytt með tilliti til breyttra verkefna og kveðið á um skipun kjaranefndar.
3. Kjaradómur og kjaranefnd ákveði þau laun sem greiða ber fyrir öll venjubundin störf sem embætti fylgja en greini þau í laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun. Gerir frumvarpið ráð fyrir að í þessu efni hafi kjaranefnd nokkurt svigrúm til að setja reglur um greiðslur fyrir tilfallandi störf umfram venjubundnar starfsskyldur. Enn fremur er undirstrikað að taka skuli tillit til hlunninda og réttinda sem starfinu fylgja.
4. Þeirri viðmiðun, sem Kjaradómi er sett, er breytt á þann veg að í stað afkomuhorfa þjóðarbúsins skuli hann taka tillit til almennrar launaþróunar á vinnumarkaði. Kjaranefnd skal hafa kjarasamninga ríkisins og niðurstöður Kjaradóms til viðmiðunar í störfum sínum.
5. Kjaradómur og kjaranefnd meti a.m.k. einu sinni á ári hvort tilefni sé til endurskoðunar á fyrri ákvörðunum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ákvarðanir um launakjör þeirra, sem ekki taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga, séu teknar annars vegar af Kjaradómi og hins vegar af kjaranefnd. Verður það verkefni kjaranefndar að ákvarða laun ýmissa starfsmanna sem eru utan kjarasamninga og áður hafa verið ákvörðuð af Kjaradómi eða fjármálaráðherra. Með frumvarpinu er fækkað þeim starfsmönnum sem hlíta ber úrskurði Kjaradóms um launakjör sín og honum aðeins gert að úrskurða launakjör þeirra aðila sem eðlilegt er talið að framkvæmdarvaldið fjalli ekki um, þ.e. dómara. Þá er áfram gert ráð fyrir að Kjaradómur úrskurði um launakjör forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna, en um alllangt skeið hefur þótt eðlilegra að launakjör þeirra væru ákveðin af hlutlausum aðila í stað ákvörðunar með lögum eins og víðast tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Í samræmi við breytt hlutverk Kjaradóms á þann veg að hann taki til meðferðar málefni forseta Íslands, kjörinna þingmanna, ráðherra og dómara er lagt til að skipan hans verði á þann veg að Hæstiréttur tilnefndi ekki lengur meiri hluta dómenda, heldur tvo í stað þriggja áður. Tveir dómendur verði kosnir af Alþingi en fjármálaráðherra tilnefndi einn eins og áður var.

Gerð er tillaga um þá mikilvægu breytingu að í kjaraúrskurðum verði greint á milli launa fyrir venjulega dagvinnu og annarra launa. Meginrökin fyrir þeirri breytingu eru þau að dagvinnulaun eru almennt viðmiðun fyrir ýmis starfsbundin réttindi. Ber þar langhæst rétt til lífeyris, en í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins miðast lífeyrir við föst laun fyrir dagvinnu. Með þessari breytingu yrði dregið verulega úr misræmi í þessum efnum. Í þessu samhengi má m.a. benda á að í Danmörku skiptast laun hliðstæðra aðila í föst laun sem veita rétt til lífeyris og önnur laun.

Sú meginviðmiðun, sem Kjaradómi er gert að hafa við úrlausn mála, er hin sama og í núgildandi lögum, þ.e. samræmi við aðra í þjóðfélaginu sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Sú breyting er hins vegar gerð að felld er niður tilvísun í afkomuhorfur þjóðarbúsins sem tekin var upp í lögin með bráðabirgðalögum á þessu ári og verið hafði með svipuðum hætti í lögum sem Kjaradómur starfaði eftir til 1986. Í stað þeirrar tilvísunar gerir frumvarpið ráð fyrir að tekin verði upp tilvísun í þróun kjaramála á vinnumarkaði eins og nánar kemur fram í athugasemdum við 5. gr. Hvað varðar kjaranefnd er í stað tilvísunar hjá Kjaradómi í þróun kjaramála á vinnumarkaði vísað til samræmis milli þeirra launa sem hún ákveður og þeirra launa sem greidd eru hjá ríkinu á grundvelli kjarasamninga og Kjaradóms. Með því eru kjaranefnd settar þær viðmiðanir að halda launaákvörðunum sínum innan þess ramma sem settur er af Kjaradómi annars vegar og er hins vegar markaður af kjarasamningum ríkisins.

Þá er kveðið á um reglulegt endurmat úrskurðaraðila á stöðu þeirra mála sem þeim eru falin. Er tilgangurinn sá að ekki safnist upp vandamál sem síðan er ekki gerlegt að leysa úr án stórfelldar röskunar á kjaralegu umhverfi.

Til umræðu kom hjá nefndinni hvort réttara væri að niðurstöður Kjaradóms og kjaranefndar skyldu aðeins vera tillögur til fjármálaráðherra eða ríkisstjórnarinnar í heild í stað þess að fela í sér fullnaðarákvörðun um starfskjör. Sú leið var þó ekki farin af þeim ástæðum annars vegar að rétt þótti að framkvæmdarvaldið fjallaði ekki um mál þeirra aðila sem Kjaradómi er ætlað að afgreiða samkvæmt frumvarpi þessu og hins vegar þótti ekki rétt að leggja á fjármálaráðherra og ríkisstjórn launaákvarðanir sem hér um ræðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum skipar Hæstiréttur þrjá dómendur, fjármálaráðherra einn og félagsmálaráðherra einn. Í frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi kjósi tvo dómendur, Hæstiréttur skipi tvo og fjármálaráðherra einn.

Um 2. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir tæmandi upptalningu þeirra sem Kjaradómur á að ákvarða launakjör. Er þeim sem Kjaradómur skal fjalla um fækkað verulega frá því sem er í gildandi lögum og verksvið takmarkað við þá aðila sem æskilegt er að framkvæmdarvaldið fjalli ekki um. Gert er ráð fyrir að Kjaradómur ákveði laun allra dómara sökum þeirrar sérstöðu sem þeir hafa umfram aðra ríkisstarfsmenn samkvæmt stjórnarskránni. Í þessu sambandi má benda á að eftir nýgerðar breytingar á réttarfarslögum fara dómarar ekki lengur með umboðsstörf.

Töluverð ásókn hefur verið frá einstökum embættismönnum og starfshópum í að falla undir úrskurðarvald Kjaradóms. Stafar það ekki síst af því að lífeyrisréttindi þeirra hafa miðast við heildarlaun þau er dómurinn hefur úrskurðað en lífeyrisréttindi þeirra, sem hafa haft launakjör samkvæmt kjarasamningum eða ákvörðun fjármálaráðherra (undanskildir eru þeir embættismenn sem hlotið hafa röðun af hálfu ráðherra með hliðsjón af ákvörðunum Kjaradóms), hafa miðast við dagvinnulaun þeirra, auk persónuuppbótar og orlofsuppbótar, sbr. 10. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að misræmi þetta verði nú leiðrétt, sbr. 6. gr. frumvarpsins, þannig að lífeyrisréttindi verði í öllum tilvikum miðuð við laun fyrir dagvinnu eins og þau eru skilgreind í lífeyrisjóðslögunum nema samningar eða lög mæli fyrir um annað.

Um 3.–4. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar.

Um 5. gr.

Frá því fyrstu lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, voru sett hefur Kjaradómi verið gert að hafa hliðsjón af kjörum launþega er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu. Í núgildandi lög var jafnframt tekið inn ákvæði um að Kjaradómur skyldi og gæta innbyrðis samræmis í launum. Er þessi málsliður tekinn óbreyttur úr þeim lögum.

Þá var í lögunum nr. 55/1962 ákvæði um að Kjaradómur skyldi hafa hliðsjón af afkomuhorfum þjóðarbúsins. Hér var um eðlilegt ákvæði að ræða á þeim tíma er lögin voru sett þar sem Kjaradómur hafði það hlutverk samkvæmt þeim lögum að úrskurða kjör allra opinberra starfsmanna ef samningar tókust ekki. Á þessu varð breyting er sett voru ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, en samkvæmt þeim lögum er stórum hluta opinberra starfsmanna veittur verkfallsréttur. Með því breyttist hlutverk Kjaradóms og honum aðeins ætlað að ákveða launakjör tiltekinna aðila, sbr. 2. gr. núgildandi laga um Kjaradóm, nr. 92/1986. Við setningu þeirra laga var ákvæðið um viðmiðun við afkomu þjóðarbúsins tekið út en kemur fram að nýju í nýsettum bráðabirgðalögum sem sett voru í framhaldi af úrskurði Kjaradóms 26. júní 1992.

Í frumvarpi þessu er fækkað mjög þeim embættismönnum sem taka skulu laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms. Launabreytingar, sem Kjaradómur kann að ákveða, geta því ekki skipt sköpum varðandi útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Hins vegar geta úrskurðir kjaranefndar að einhverju leyti tekið mið af úrskurði Kjaradóms auk þess sem líklegt er að horft sé til niðurstöðu Kjaradóms við gerð kjarasamninga hjá þorra launafólks. Viðurkennt er það markmið að treysta þurfi stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar og gildi hóflegra launahækkana í því sambandi. Afar brýnt er að varðveita þann stöðugleika og samstöðu um hann sem næst á vinnumarkaði á hverjum tíma. Því þykir rétt að setja ákvæði það sem tilgreint er í 2. málsl. um að taka beri tillit til þeirrar þróunar sem er í kjaramálum á vinnumarkaði þannig að ekki sé hætta á að úrskurðir Kjaradóms raski kjarasamningum þorra launafólks og stefni þar með stöðugleika í efnahagslífinu í hættu. Jafnframt felur ákvæðið í sér að Kjaradómi ber, standi þannig á, að taka tillit til launa- og kjarabreytinga á vinnumarkaði sem stafa af batnandi afkomu þjóðarbúsins, þó svo breytingarnar eigi sér ekki stoð í kjarasamningum. Kjaradómi ber þannig að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðnum en ekki móta hana.

Um 6. gr.

Aðilum þeim, sem Kjaradómur ákveður laun, verður ekki ákveðin sérstök greiðsla á sama hátt og þeim sem starfa samkvæmt kjarasamningum fyrir þá vinnu sem þeir kunna að láta í té umfram 40 klst. dagvinnutíma. Því er gert ráð fyrir að Kjaradómur meti laun fyrir þá vinnu sem látin er í té utan hins daglega vinnutíma og talinn er þáttur í venjubundnu starfi viðkomandi aðila. Í því sambandi ber dómnum einnig að meta hvaða störf teljist aukastörf sem launa beri aukalega og hvaða störf tilheyri aðalstarfi. Þá ber Kjaradómi við samanburð við launakjör annarra að taka tillit til sérstakra kjara og hlunninda er starfinu fylgja, þar með talinna skattfríðinda, lífeyrisréttar, veikindaréttar o.s.frv. Á móti ber að taka tillit til kvaða sem á embættinu kunna að hvíla. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er Kjaradómi gert að skipta heildarlaunum í laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun. Ástæða þess er skýrð í athugasemdum við 2. gr.

Þá skal dómurinn kveða á um önnur starfskjör, svo sem tryggingar og skyldu ríkisins til greiðslu framlaga til ýmissa starfsmannasjóða, og úrskurða um álitamál sem upp kunna að koma varðandi starfskjör þeirra er hann fjallar um.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði sérstök nefnd sem falið verði að ákvarða starfskjör forstöðumanna stærri stofnana og fyrirtækja ríkisins og tiltekinna embættismanna og hafa yfirsýn yfir og samræma laun þessara aðila. Rétt þykir að Alþingi tilnefni fulltrúa í nefndina.

Um 8. gr.

Hér eru taldir upp þeir sem nefndin skal ákveða starfskjör. Hafa starfskjör flestra þessara aðila verið ákveðin af Kjaradómi eða fjármálaráðherra. Á það skal bent að ekki eru sérstaklega upptalin embætti umboðsmanns Alþingis og ríkissaksóknara þar sem í lögum um þau eru ákvæði sem ákvarða starfskjör þeirra og ekki er talin ástæða til að breyta í þessu samhengi.

Verkefni nefndarinnar miðast við æðstu embættismenn og forstöðumenn stærstu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Prestar þjóðkirkjunnar falla undir úrskurð Kjaradóms samkvæmt núgildandi lögum um starfskjör presta þjóðkirkjunnar, nr. 45/1991, en eru hér færð undir úrskurðarvald kjaranefndar.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti óskað eftir ákvörðun nefndarinnar um starfskjör þeirra sem kunna að gegna störfum sem eru sambærileg þeim er upp eru talin í greininni.

Um 9. gr.

Þar sem kjaranefnd skal ákveða heildarlaun embættismanna þeirra sem upp eru taldir í 8. gr. og þar með meta, ef sérstakar ástæður eru til, viðbótargreiðslur við laun fyrir dagvinnu ef venjubundin störf eru talin vera unnin utan 40 stunda vinnuviku er nauðsynlegt að hún fái þær upplýsingar sem fáanlegar eru um starf viðkomandi starfsmanns og önnur störf er hann kann að gegna í þágu starfans eða annarra. Þá er gert ráð fyrir að nefndin gefi talsmönnum starfshópa eða stofnana kost á að tala máli umbjóðanda sinna og geti heimilað einstökum embættismönnum að reifa mál sitt fyrir nefndinni.

Um 10. gr.

Við ákvarðanir sínar er kjaranefnd bundin við sömu ákvæði og greinir um Kjaradóm í 5. gr., en auk þess ber henni að taka tillit til kjarasamninga ríkisstarfsmanna og ákvarðana Kjaradóms eins og nánar er vikið að í almennum hluta greinargerðar þessarar.

Um 11. gr.

Hér eiga við sömu athugasemdir og um 6. gr.

Um 12. gr.

Ætlast er til að Kjaradómur og kjaranefnd fylgist vel með breytingum á launakjörum í þjóðfélaginu hvort sem er til hækkunar eða lækkunar og geri með hliðsjón af þeim nauðsynlegar breytingar á starfskjaraákvörðunum sínum. Ella er hætta á að upp komi misgengi í launaþróun.

48. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Þeirra opinberu starfsmanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Eins og nánar greinir í því frumvarpi er þar lagt til að ákvörðun launakjara æðstu stjórnar ríkisins, æðstu embættismanna og forstöðumanna stærstu stofnana ríkisins verði í höndum Kjaradóms og kjaranefndar. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að launaákvörðun með þeim hætti nái til nokkuð stærri hóps en nú fellur undir launaákvörðun Kjaradóms.

Það ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem hér er gerð tillaga um breytingu á, kveður á um það að ákvæði þeirra laga taki ekki til þeirra sem undir Kjaradóm heyra. Er það nú gert með upptalningu þeirra starfsheita sem Kjaradómur tekur til, en í öðrum töluliðum sömu málsgreinar eru síðan tilgreindir þeir aðrir sem lögin taka ekki til. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í stað upptalningar starfsheitanna komi tilvísun í lög um Kjaradóm og kjaranefnd þar sem starfsheitin eru tilgreind.

Flest þeirra starfsheita, sem ákvæði þetta mun taka til, eru þegar undanþegin lögunum annaðhvort skv. 1. eða 5. tölul. málsgreinarinnar, en sá töluliður tekur til forstöðumanna stofnana sem óskað hafa eftir því að fjármálaráðherra ákveði þeim starfskjör utan samninga. Til viðbótar koma nokkur starfsheiti forstöðumanna sem nú fara eftir kjarasamningum en lagt er til að falli undir kjaranefnd samkvæmt frumvarpi þar um.

Þau störf, sem frumvarp þetta tekur til, eru tilgreind í 2. gr. og í 8. gr. frumvarps til laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Samkvæmt 2. gr. mundu hæstaréttardómarar og héraðsdómarar falla undir ákvæði þetta. Í 8. gr. eru talin upp eftirfarandi starfsheiti: Biskup Íslands, brunamálastjóri, fiskistofustjóri, fiskmatsstjóri, flugmálastjóri, flugvallarstjóri Keflavík, forsetaritari, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, forstjóri Fangelsismálastofnunar, forstjóri Fríhafnar Keflavíkurflugvelli, forstjóri Fasteignamats ríkisins, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landmælinga Íslands, forstjóri Landhelgisgæslunnar, forstjóri Lánasýslu ríkisins, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, forstjóri Ríkisspítala, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, forstöðumaður Listasafns Íslands, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra

námsmanna, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hagstofustjóri, húsameistari ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, landsbókavörður, lyfsölustjóri, lögreglustjórar, námsgagnastjóri, orkumálastjóri, póst- og símamálastjóri, rafmagnsveitustjóri ríkisins, rannsóknarlögreglustjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskóla Íslands, rektor Háskólans á Akureyri, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðandi, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari, ríkisskattstjóri, ríkistollstjóri, sendiherrar, siglingamálastjóri, skattrannsóknarstjóri, skattstjórar, skipulagsstjóri ríkisins, skógræktarstjóri, skrifstofustjóri Alþingis, sýslumenn, tollstjórinn í Reykjavík, tollgæslustjóri, útvarpsstjóri, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, verðlagsstjóri, vita- og hafnamálastjóri, yfirdýralæknir, yfirskattanefndarmenn, þjóðleikhússtjóri, þjóðminjavörður og þjóðskjalavörður. Enn fremur eru prestar þjóðkirkjunnar tilgreindir í 8. gr.

49. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, c-liður, sem orðist svo:
   vinna gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki, samtök eða samstæður fyrirtækja komist í, viðhaldi eða hagnýti sér hvers konar yfirburða- eða einokunaraðstöðu á markaði sem hér eftir nefnist einu nafni markaðsráðandi aðstaða í lögum þessum.
2. Við fyrri málsgrein 4. gr. bætist ný skilgreining og orðist svo:
   Markaðsráðandi aðstaða er samkvæmt lögum þessum hver sú aðstaða sem veitir fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæðu möguleika til að vera í krafti markaðshlutdeildar, stærðar eða annarra aðstæðna ráðandi um verð eða viðskiptahætti tiltekinnar vöru eða þjónustu á markaði. Samkeppnisráð skal sjálft setja sér nánari reglur í þessu sambandi, en skal þó jafnan miða við að staða eins aðila eða fleiri tengdra aðila sé markaðsráðandi ef markaðshlutdeild viðkomandi nær 33% eða meira í viðskiptum með tiltekna vöru eða þjónustu, þar með talið á sviði samgangna.
3. Við 10. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
   Kaup eða yfirtaka fyrirtækja eða fyrirtækjasamstæðu á öðrum fyrirtækjum eða hvers kyns aðgerðir aðrar, sem eru gagngert í því skyni að komast í markaðsráðandi aðstöðu og til að nýta sér hana, eru bannaðar.
4. Við IV. kafla frumvarpsins bætist ný grein er verði 17. gr. og orðist svo:
   Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum fyrirtækjum sem starfa að samgöngum.
5. Á eftir 2. mgr. 18. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
   Markaðsráðandi fyrirtæki skulu þó alltaf tilkynna til Samkeppnisstofnunar allar ákvarðanir um rekstur sinn, svo sem um kaup eða yfirtöku á öðrum fyrirtækjum sem haft geta veruleg áhrif á samkeppnisaðstæður. Sama gildir um hverjar þær ákvarðanir eða aðgerðir sem orðið geta þess valdandi að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða komist í markaðsráðandi aðstöðu.
6. Við 62. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Í því skyni að veita hæfilegan aðlögunartíma skulu ákvæði 17. gr. þó ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Efni þeirra breytingartillagna, sem hér eru fluttar, er að stofni til sótt í frumvarp sem flutningsmaður flutti á síðasta þingi ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Alþýðubandalagsins. Það frumvarp var að formi til breytingar á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978, með síðari breytingum. Hér er hins vegar valin sú leið að flytja helstu efnisþætti áðurnefnds frumvarps sem breytingartillögur við frumvarp það til samkeppnislaga sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi. Það frumvarp kom reyndar einnig fram á síðasta þingi skömmu fyrir þinglok og allmiklu síðar en frumvarp alþýðubandalagsmanna.

Þessi aðferð, að leggja nú fremur fram breytingartillögur við hið nýja samkeppnislagafrumvarp, er m.a. valin vegna þess að full þörf er orðin á því að framkvæma heildarendurskoðun þeirra lagaákvæða sem hér hafa gilt um viðskiptahætti og samkeppni og frumvarpið er um mjög margt til bóta.

Frumvarpi ríkisstjórnarinnar til nýrra samkeppnislaga er í ýmsu áfátt. Einkum eru það þau ákvæði sem varða hvers kyns fákeppnisaðstæður á markaði og ráðandi aðstöðu einstakra fyrirtækja sem eru allt of veikluleg og efni þessara breytingartillagna er einmitt að bæta úr því. Í frumvarp ríkisstjórnarinnar vantar einnig með öllu skilgreiningu á því hvað skuli teljast „markaðsráðandi aðstaða“ og enga viðmiðun af neinu tagi er að finna í frumvarpinu í því sambandi. Slíkt er óviðunandi og ljóst að staða samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til að beita sér gegn samkeppnishömlum og óæskilegri samþjöppun valds og fjármuna í viðskiptalífinu yrði allt of veik.

Viðmiðunarmörk í breytingartillögunum varðandi það hvenær fyrirtæki verði ráðandi á markaði, þ.e. 33%, eru valin með hliðsjón af því sem er að finna sums staðar í nálægum löndum, en einnig með hliðsjón af smæð og sérstöðu hins íslenska markaðar. Þannig er sama viðmiðun 25% í sambærilegum breskum lögum (Fair Trading Act). Ekki er óeðlilegt að hafa þessi mörk nokkru hærri við íslenskar aðstæður.

Í 4. lið breytingartillagnanna, sem varða markaðshlutdeild, samkeppni á samgöngusviðinu, eru nokkru strangari ákvæði en hin almennu ákvæði laganna. Fyrir því eru fjölmörg fordæmi í löggjöf af þessu tagi í nágrannalöndum að hafa sértæk og eftir atvikum strangari ákvæði á einstökum sviðum. Dæmi um þetta er t.d. sérákvæði um samruna fyrirtækja eða samkeppni í bankastarfsemi, fjölmiðlun o.s.frv. Hér blasa við á samgöngusviðinu og í ferðaþjónustu aðstæður sem allir þekkja og einkennast af markaðsráðandi og nánast einráðum samtvinnuðum risum í sjósamgöngum og loftflutningum til og frá landinu og að hluta til innan lands sem jafnframt eru fyrirferðarmiklir í ferðaþjónustu og ýmissi annarri starfsemi. Slíkar aðstæður, sérstaklega þegar ekki ríkir eðlileg og ótrufluð samkeppni milli mismunandi samgöngusviða eða samgönguforma, eru ekki heppilegar og geta verið sérlega varhugaverðar vegna þeirra óheilbrigðu áhrifa eða bjögunar sem þær geta haft á framtíðarþróun samgangna.

50. Fyrirspurn [48. mál]

til utanríkisráðherra um skoðanakönnun á þekkingu fólks á EES-samningnum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvernig hljóðuðu þær spurningar sem lagðar voru fyrir svarendur í skoðanakönnun um þekkingu fólks á EES-samningi og því sem hann hefur í för með sér sem gerð var 10.–28. júlí sl. af ÍM Gallup?

Voru spurningarnar lagðar fyrir munnlega eða skriflega?

Hvaða forsendur lágu til grundvallar þeirri ákvörðun að miða ekki við kosningaaldur?

Hvernig voru svörin?

Óskað er eftir nákvæmri sundurgreiningu.

51. Fyrirspurn [49. mál]

til félagsmálaráðherra um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Frá hvaða sveitarfélögum hafa borist tillögur til ofanflóðanefndar, sbr. lög nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, og hver er áætlaður kostnaður í hverju tilviki?
2. Hverjar þessara tillagna hafa hlotið samþykki Almannavarna ríkisins og staðfestingu ráðherra?
3. Hve mikið fé er í ofanflóðasjóði og telur ráðherra þörf á auknu framlagi á fjárlögum í sjóðinn næstu ár til þess að standa undir fyrirsjáanlegum verkefnum?
4. Telur ráðherra að sveitarfélag geti í öllum tilvikum staðið undir sínum hluta af kostnaði við ofanflóðavarnir?

52. Frumvarp til lyfjalaga. [50. mál]

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ingibjörg Pálmadóttir.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

1.gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Lyfjamálastjóri, lyfjanefnd, landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

2. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni og/eða efnasambönd, lífræn og ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfingarlyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að ákvæði laga þessara taki til hjúkrunar- og sjúkragagna, svo og lyfjagagna.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um stöðlun þess varnings er greinir í 1. mgr.

4. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra að reglugerð er nánar skal skilgreina lyfjahugtakið og undanþágur frá því.

III. KAFLI
Lyfjaskrár.

5. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt reglum sem ráðherra setur og taka mið af norrænum og evrópskum lyfjastöðlum.

Ísland er aðili að samningi EFTA um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur).

IV. KAFLI
Flokkun lyfja. Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

6. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja, afhenda eða flytja til landsins að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Skráð sérlyf samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þau skal skrá í sérlyfjaskrá er lyfjamálastjóri gefur út og selja eða afhenda að jafnaði í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Í reglugerð skal kveða á um í hvaða tilfellum heimilt er að rjúfa afhendingarílát. Einnig skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu og afskráningu sérlyfja og um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.
2. Stöðluð forskriftarlyf samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða lyfjastöðlum.

Ráðherra setur reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns (serum), bóluefna (vaccinum), ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga.

7. gr.

Lyfjamálastjóri getur, í samráði við landlækni, leyft undanþágu frá ákvæðum 6. gr. í einstaka tilvikum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

8. gr.

Heimilt er að binda skráningu sérlyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu.

Ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs, sem óskað er skráningar á, sannar að lyfið hafi fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá skal sjálfkrafa skrá lyfið hér á landi.

9. gr.

Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfhrifum og eiturhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna (bioavailability) í lyfjaformum, verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna, svo og aukaverkana, eins og kveðið er á um í norrænum og evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Nú eru í tilgreindu lyfjaformi fleiri en eitt virkt efni. Þá skal ítarlega kanna réttmæti þess að nota efnin saman fremur en hvort (hvert) í sínu lagi.

10. gr.

Lyfjamálastjóri gefur út skrá er greinir stöðluð lyf, sbr. 1.–2. tölul. 6. gr., eftir lækningaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Skráin skal að öðru leyti vera þannig úr garði gerð að notagildi hennar fyrir lækna og lyfjafræðinga verði sem mest. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu aukaverkunum skráðra lyfja.

V. KAFLI
Skráning aukaverkana lyfja.

11. gr.

Landlæknir skráir aukaverkanir lyfja hér á landi og annast úrvinnslu og kynningu þar að lútandi og samstarf við erlendar stofnanir sem sjá um skráningu aukaverkanir lyfja.

VI. KAFLI
Ávísun lyfja. Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra.
Merking lyfja.

12. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur lækningaleyfi hér á landi. Ráðherra getur heimilað að afgreiða megi lyf samkvæmt lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum sem hafa lækningaleyfi í öðru landi ef íslenskir læknar njóta þar sömu réttinda. Ráðherra er heimilt að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og lyfjaútláti lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði.

1. Hvort lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
3. Ávísun lyfja í síma.
4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
6. Rétt lækna og læknakandídata til að ávísa lyfjum.
7. Gildistíma lyfseðils.
8. Merkingu sérlyfja.

VII. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja,
lækningaráhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

14. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undartekningum sem um getur í kafla þessum.

15. gr.

Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 6. gr., lyfjavöru, lækis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal, auk nafns framleiðanda, heitis lyfs og virkra efna, tilgreina verð, helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir, enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 10. gr.

16. gr.

Heimilt er og að kynna fyrir fyrrgreindum einstaklingum lyf og áðurtalinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

17. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjamálastjóra, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta.

18. gr.

Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu lyfjasýnishorn.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða nýskráð lyf sem ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á heimili.

19. gr.

Lyfjamálastjóri gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Hann getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Hann getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

20. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við aukaverkunum þeirra.

21. gr.

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. mgr. 25. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

22. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjamálastjóra og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla, þar með talin heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum, sbr. 15. gr. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 18. gr.

VIII. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

23. gr.

Lyfjagerðum er heimilt að framleiða stöðluð sérlyf og forskriftarlyf, sbr. 1.–2. tölul. 6. gr. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða en svari þörfum örfárra sjúklinga þarf að koma til heimild lyfjamálastjóra.

Að fengnum tillögum lyfjamálastjóra gefur ráðherra út starfsleyfi til lyfjagerða þeirra sem getur í 1.–2. tölul. 6. gr. Óheimilt er að hefja rekstur slíkra fyrirtækja fyrr en leyfi hefur verið gefið út.

Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjagerð, sbr. 1. mgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að vera undir faglegri stjórn lyfjafræðings.
2. Að vera þannig búin að húsnæði, tækjum og starfsliði að hún geti samkvæmt mati lyfjamálastjóra framleitt lyf sem fullnægi þeim kröfum er lög, reglugerðir og góðir framleiðsluhættir í lyfjagerð (GMP-reglur) áskilja.

Að fengnum tillögum lyfjamálastjóra getur ráðherra afturkallað leyfi til lyfjagerðar og lyfjaframleiðslu ef settra skilyrða er ekki gætt eða framleiðandi hefur gerst sekur um vanrækslu eða alvarleg mistök í starfi.

Lyfjamálastjóri annast eftirlit með fyrirtækjum þeim sem grein þessi nær til og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn lyfjagerða.

IX. KAFLI
Stjórn og skipan.

24. gr.

Lyfjamálastjóri er ráðherra til ráðuneytis um lyfjamál og annast fyrir hönd ráðherra framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar sem ráðherra setur um starfssvið lyfjamálastjóra.

Við embætti lyfjamálastjóra skulu starfa lyfjanefnd, sbr. 25. gr., og lyfjakaupanefnd, sbr. 27. gr.

Ráðherra ræður lyfjamálastjóra sem skal vera lyfjafræðingur (cand. pharm.). Lyfjamálastjóri ræður starfsmenn til embættis síns. Í starfi sínu skal lyfjamálastjóri hafa samráð við landlækni eftir því sem við á. Við umfjöllun um dýralyf skal lyfjamálastjóri hafa samráð við yfirdýralækni. Lyfjamálastjóra er heimilt að kalla til sérfræðinga til að vera embættinu til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Lyfjamálastjóri og starfsmenn hans mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja. Þeir sem framleiða, dreifa og selja lyf eru skyldugir til að veita lyfjamálastjóra alhliða upplýsingar um starfsemi og framleiðslu sína. Nánar skal kveðið á um upplýsingaskyldu aðila gagnvart lyfjamálastjóra í reglugerð sem ráðherra setur.

Lyfjamálastjóri annast eftirlit með lyfjaneyslu, lyfjaverslun, innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar og með starfsemi lyfjagerða og fyrirtækja og stofnana er afhenda, framleiða, flytja inn eða búa um lyf. Hann fylgist með kaupverði og dreifingar- og sölukostnaði lyfja. Hann annast fyrir hönd stjórnvalda alhliða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf vegna lyfjamála.

Lyfjamálastjóri annast önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, svo sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð, þar með talin samvinna við erlend stjórnvöld á sviði lyfjamála.

25. gr.

Ráðherra skipar lyfjanefnd og skal hún skipuð þremur mönnum með jafnmarga til vara með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn mega ekki eiga neinna hagsmuna að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

Meðal verkefna lyfjanefndar er að vera Lyfjamálastjóra til ráðuneytis um tillögur til ráðherra um reglugerð um skilgreiningu á lyfjahugtakinu, framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf, skráningu og afskráningu sérlyfja og flokkun lyfja.

Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjamálastjóra jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

X. KAFLI
Innkaup, verðlagning og dreifing lyfja.

26. gr.

Lyfjadreifing er hluti af heilbrigðisþjónustu. Markmið með lyfjadreifingu er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu og nægilegt framboð lyfja á sem lægstu verði. Starfsmenn lyfjadreifingar skulu vinna með öðrum aðilum heilbrigðisþjónustunnar að þeim heilbrigðismarkmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

27. gr.

Ráðherra skipar lyfjakaupanefnd. Skal hún skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af stjórn hlutafélagsins, sbr. 28. gr., einum tilnefndum af Tryggingaráði, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einum án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Lyfjakaupanefnd hefur með höndum innkaup þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða öllu leyti af ríkissjóði. Nefndin semur við innlenda og erlenda lyfjaframleiðendur og lyfjaheildsala um innkaupsverð og aðra skilmála. Jafnan skal nefndin versla þar sem verð og skilmálar eru hagstæðust að öryggiskröfum uppfylltum.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu að fengnum tillögum lyfjamálastjóra.

Lyfjakaupanefnd sér um að jafnan séu nægilegar birgðir lyfja tiltækar í landinu, m.a. vegna almannavarna. Í samningi á milli lyfjamálastjóra, Tryggingastofnunar ríkisins og hlutafélagsins skal nánar kveðið á um samskipti og ábyrgð aðila.

28. gr.

Hlutafélag, sem ríkið á hlut í, sér um smásöludreifingu lyfja um landið. Ráðherra setur reglugerð um útsölustaði lyfja þar sem m.a. skal kveða á um skilyrði til lyfjadreifingar til almennings, öryggiskröfur, aðstöðu, starfslið og starfshætti.

Starfsmenn útsölustaða lyfja eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

29. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á jafngildum lyfjum, að velja til notkunar á sjúkrahús þau lyf sem ódýrari eru.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður vegna vörslu og dreifingar lyfja séu við hæfi og skal hlíta úrskurði lyfjamálastjóra þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi sem sett verða í reglugerð.

Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum þar sem lyf eru notuð til lækninga.

XI. KAFLI
Málsmeðferð og viðurlög.

30. gr.

Starfsmenn lyfjamálastjóra og lyfjanefndar eru bundnir þagnarskyldu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um allt sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu varðandi sérmat einstaklinga og fyrirtækja, nema þeim beri lögum samkvæmt skylda til að tjá sig.

Sama á við um ráðunauta sem starfa í þágu þessara aðila og alla sem taka að sér verkefni fyrir þá.

31. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

32. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Lyf og lyfjaefni, sem eru flutt inn ólöglega eða seld ólöglega innan lands, skal gera upptæk með dómi og enn fremur lyf sem framleidd eru ólöglega og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum.

Fjórði hluti eigna Lyfsölusjóðs skal renna til uppbyggingar Íslenska lyfjasafnsins á Seltjarnarnesi en ¾ hlutar eigna sjóðsins skulu renna í ríkissjóð. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast uppgjör Lyfsölusjóðs.

Lyfsöluleyfi, sem veitt hafa verið samkvæmt lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og eldri lögum, falla niður með gildistöku laga þessara. Hlutafélaginu er skylt að kaupa vörubirgðir, húsnæði, innréttingar og tæki þeirra lyfsala sem þess óska. Mat á kaupverði skal framkvæmt á sama hátt og gert hefur verið þegar viðtakandi lyfsali hefur keypt af fráfarandi lyfsala.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en fékkst ekki tekið til umræðu. Það er því endurflutt nú nánast óbreytt.

Mörg undanfarin ár hafa stjórnvöld haft áhyggjur af háum lyfjakostnaði hér á landi. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, fól nefnd að gera úttekt á ýmsum þáttum lyfjamála. Nefnd sú skilaði skýrslu til heilbrigðisráðherra í október 1989 og var sú skýrsla gefin út í sama mánuði í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem var á sínum tíma sent öllum þingmönnum. Í þeirri skýrslu er fjallað um fjölmörg atriði sem viðkoma lyfjaverslun og lyfjaneyslu.

Strax þá var hafist handa við að hrinda í framkvæmd ýmsu af því sem fram kom í skýrslu nefndarinnar og miðaði að því að draga úr lyfjakostnaði. Álagning í heildsölu og smásölu var lækkuð, þak var sett á álagningu dýrustu lyfja, apótekum var skylt að gefa Tryggingastofnun ríkisins stighækkandi afslátt eftir veltu viðkomandi apóteks, gefin var út samheitaskrá lyfja, gefinn var út listi með skrá yfir ódýrustu sambærileg lyf og reynt var með auglýsingum að hvetja til notkunar ódýrari lyfja og minni lyfjanotkunar. Þannig var reynt með samstarfi heilbrigðisyfirvalda, lækna og lyfjaneytenda að fá lækna til að ávísa jafnan á ódýrasta lyfið með sama virka efninu. Ljóst er að þær aðgerðir, sem að framan eru taldar, drógu verulega úr lyfjakostnaði.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, vildi ná meiri árangri í lækkun lyfjakostnaðar án þess að velta sparnaði ríkisins yfir á neytendur lyfjanna. Því lét hann semja frumvarp til laga um lyfjadreifingu og frumvarp til lyfjalaga þar sem fram komu veigamiklar breytingar frá gildandi lögum. Bæði þessi frumvörp voru lögð fyrir Alþingi til kynningar. Þetta frumvarp er efnislega ólíkt þeim frumvörpum sem lögð voru fram til kynningar á 114. löggjafarþingi enda þau frumvörp málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða því með þeim var verið að reyna að tryggja viðtæka samstöðu milli ólíkra pólitískra sjónarmiða ríkisstjórnarflokkanna og ólíkra hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, lækna, lyfsala og lyfjaneytenda.

Helstu breytingar, sem í þessu frumvarpi eru frá núgildandi lögum, felast í fyrsta lagi í því að gerðar eru grundvallarbreytingar á stjórnun og skipulagi lyfjamála og miðað að því að gera kerfið sem einfaldast og skilvirkast. Lyfjaverðlagsnefnd, Lyfsölusjóður og Lyfjaeftirlit ríkisins eru lögð niður. Til þess að gera framkvæmd lyfjamála markvissari er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sett verði á fót embætti lyfjamálastjóra sem verði heilbrigðisráðherra til ráðuneytis og aðstoðar og annist fyrir hans hönd framkvæmd tiltekinna þátta lyfjamála, einkum þó þeirra sem snúa að lyfjaneyslu, innflutningi, dreifingu, sölu, framleiðslu og gæðaeftirliti lyfja og lyfjaefna, svo og upplýsingaskyldu og þjónustu þeirra aðila er sýsla með lyf. Lyfjamálastjóra er einnig ætlað að hafa yfirsýn yfir lyfjamarkaðinn og hafa sérstakt eftirlit með verði og verðmyndun lyfja. Lyfjamálastjóra er því með frumvarpinu ætlað yfirgripsmikið verkefni sem tekur til allra þátta lyfjamála. Því er gert ráð fyrir að honum til ráðgjafar starfi lyfjanefnd sem fjallar um þröng fagleg efni og lyfjaskráningu og lyfjakaupanefnd sem hefur með höndum innkaup þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða öllu leyti af ríkissjóði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að einokunaraðstaða lyfsala verði afnumin og komið verði á samkeppni í heildsölu og smásölu lyfja. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem hafi með höndum smásöludreifingu lyfja.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir nýju fyrirkomulagi í lyfjainnkaupum. Skipuð verði lyfjakaupanefnd og í henni sitji fulltrúar ASÍ, BSRB, Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðisyfirvalda, allt fulltrúar þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta að inn sé keypt ódýrt og skynsamlega. Nefndin starfi í tengslum við lyfjamálastjóra. Þannig er hann betur í stakk búinn til að hafa góða yfirsýn yfir lyfjamarkaðinn. Nefndin á að semja um verð þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða að öllu leyti af ríkissjóði og skal nefndin jafnan versla þar sem verð og skilmálar eru hagstæðastir að öryggiskröfum uppfylltum.

Í fjórða lagi er gerð grundvallarbreyting á fyrirkomulagi verðlagningar lyfja. Verðlagning lyfja fer nú fram á þann hátt að þegar sótt er um að lyf sé skráð á íslenska lyfjaskrá fer seljandi, einkaumboðsmaður framleiðanda, jafnframt fram á að skráð sé ákveðið innkaupsverð á lyfjum til heildsala. Það er síðan lyfjaverðlagsnefnd sem ákveður álagningarþætti, svo sem álagningarstuðul á innkaupsverð til heildsala sem er mismunandi eftir því hvort lyfið er keypt fob eða cif. Breyting á verði er gerð á þriggja mánaða fresti berist um það umsókn sex vikum fyrr hið skemmsta. Það er sami seljandi, einkaumboðsmaður framleiðanda, sem hefur frumkvæðið að því að innkaupsverði lyfja sé breytt eftir að lyf hefur verið skrásett. Með því að breyta innkaupsmáta og hætta að skrá verð lyfja þannig að það sé hluti af skráningu þeirra en

kaupa þess í stað inn lyf á alþjóðlegum markaði eftir því sem verð og skilmálar gerast hagstæðastir hverju sinni, að uppfylltum öryggiskröfum, má fullyrða að ná megi fram verulegri lækkun á innkaupsverði lyfja. Til þess að svo megi verða þarf að vera til staðar öflugur kaupandi sem er í stakk búinn til að semja um verð og skilmála. Samhliða þessari breytingu er sú breyting gerð að ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs getur sýnt fram á að viðkomandi sérlyf hefur fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá sé lyfið sjálfkrafa skráð hér á landi.

Sparnaður samkvæmt frumvarpi þessu kæmi fyrst og fremst fram í lægra verði lyfja vegna breytts fyrirkomulags í verðlagningu þar sem þeim aðila, sem hefur þeirra hagsmuna að gæta, að verð sé sem lægst, er jafnan falið að annast samninga um verð. Með því að lækka lyfjaverð um 7–10%, eins og norskum og sænskum heilbrigðisyfirvöldum hefur tekist með svipuðu fyrirkomulagi og hér er lagt til, mætti lækka kostnað ríkisins vegna lyfjakaupa um hundruð milljóna króna og án þess að velta þeim sparnaði, sem ríkið vill ná fram á lyfjanotkun, yfir á notendur lyfjanna sem í flestum tilfellum eiga erfitt með að bera aukin útgjöld.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, að öðru leyti en því sem breytt skipulag lyfjamála, samkvæmt frumvarpi þessu, gerir ráð fyrir.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 2. og 3. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984.

Um 4. gr.

Í stað þess að kveða á um að vítamín og/eða steinefni teljist ekki lyf, nema þau séu umfram tiltekin mörk, eins og segir í 4. gr. gildandi laga, er hér kveðið á um að lyfjanefnd geri tillögur að reglugerð um nánari skilgreiningu lyfjahugtaksins, enda óþarfi að fjalla sérstaklega um vítamín og steinefni því hér geta komið til önnur atriði sem liggja á mörkunum og gætu eins átt undir matvælahugtakið, sbr. lög nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 6. gr. gildandi laga, nema gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum í samræmi við norræna og evrópska lyfjastaðla, enda er það gert nú þegar í samstarfi á þessu sviði. Ísland er aðili að samningi um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur) sem starfshópur EFTA um lyfjagerð hefur dregið upp samkvæmt umboði allra þátttökuríkja. Er lagt til að ákvæði hér að lútandi verði lögfest og enska útgáfa reglnanna gildi hér á landi. Lyfjaeftirlit ríkisins og landlæknir hafa á undanförnum árum lagt til að ákvæði sem þetta verði lögfest.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 7. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi mála. Í 2. mgr. er nýmæli þar sem lögfest er sú skylda að setja reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns, bóluefna, ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga, en slíkt ákvæði skortir í gildandi lög.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 8. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi mála og er sett fram með einfaldari hætti.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 10. gr. gildandi laga. Felld eru niður ákvæði gildandi laga um að hafna megi skráningu sérlyfs sé hið virka efni svo líkt fáanlegu lyfi að það sem á milli skilur hafi ekki teljandi þýðingu. Eðlilegt er að lyf sé skráð standist það gæðakröfur enda má ætla að fjölgun skráðra lyfja örvi verðsamkeppni. Í 2. mgr. er hins vegar nýmæli en þar er lagt til að heimilt sé að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu, en ákvæði um það hefur skort í lögin.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs sannar að það hafi fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá skuli lyfið sjálfkrafa fá skráningu hér á landi. Þetta er ætlað til að einfalda og auðvelda skráningu nýrra sérlyfja ef þau hafa fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna en á hinum Norðurlöndunum gilda sambærilegar öryggiskröfur um skráningu nýrra sérlyfja og hér á landi.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 13. gr. gildandi laga, nema hvað snertir stjórnun. Í stað orðsins „hjáverkunum“ kemur „aukaverkunum“.

Um 11. gr.

Með þessari grein er lögfest að landæknisembættið skuli sjá um skráningu, úrvinnslu og kynningu á aukaverkunum lyfja hér á landi. Einnig er felld niður 2. mgr. 54. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um tengsl skráningar hjáverkana (aukaverkana) lyfja og eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna, enda þarf ekki að binda slíkt í lögum svo sjálfsagður hlutur sem það er.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 15. gr. gildandi laga, nema bætt er inn í 1. mgr. heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilvikum, en sett hefur verið ákvæði um slíkt í reglugerð vegna brýnnar nauðsynjar sem hefur reynst vel í framkvæmd en mikilvægt er að lögfesta þessa heimild. Landlæknir skal hafa eftirlit með lyfjaútláti lyfjafræðinga samkvæmt framansögðu með sama hætti og lækna.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 16. gr. gildandi laga, nema hvað lagt er til að landlæknir og Lyfjaeftirlit ríkisins verði ekki tillöguaðilar að gerð reglugerðar um lyfseðla og afgreiðslu lyfja, enda óþarfi. Lagt er til að 17. gr. gildandi laga, þar sem fjallað er um merkingu lyfja með ítarlegum hætti, verði felld niður, enda óþarft að tíunda svo rækilega hvernig merkingar skuli vera. Í staðinn er lagt til að kveðið verði á um merkingu lyfja í sömu reglugerð og kveður á um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er hins vegar bætt inn skyldum þess efnis að gefnar séu upp upplýsingar um verð, auk þess sem gerð er krafa um í gildandi lögum. Ekki er nokkur vafi á því að mjög brýnt er að þær heilbrigðisstéttir, sem hafa

lyfjaauglýsingar fyrir augunum í tímaritum og blöðum fyrir einstaka hópa heilbrigðisstétta, fái upplýsingar um verð lyfja ekki síður en t.d. upplýsingar um pakkningastærðir. Hér er um að ræða atriði sem er í samræmi við hliðstæðar og nýsamþykktar reglur á þessu sviði sem Evrópubandalagið hefur sett.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 19. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 20. gr. gildandi laga að öðru leyti en varðandi stjórnun.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 22. gr. gildandi laga, nema hvað snertir 2. mgr. en þar er lagt til að óheimilt verði að senda lyfjasýnishorn til lækna, tannlækna og dýralækna eins og gildandi lög heimila, heldur eingöngu að afhenda þeim þau persónulega og þá sé aðeins um nýskráð lyf að ræða í kynningarskyni en ekki eins og nú er, að senda eða afhenda með þeirri einu takmörkun að um minnstu pakkningar sé að ræða. Með þessu ætti að vera tryggt að lyf séu ekki send í pósti eins og tíðkast hefur.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 23. gr. gildandi laga. Lagt er til að fellt verði niður úrskurðarvald landlæknis komi til ágreinings.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 24. gr. gildandi laga, nema tilvísunum í aðrar greinar laganna er sleppt, enda óþarfar.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá 25. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Greinin er óbreytt frá 26. gr. gildandi laga, nema lagt er til að opnað verði fyrir þann möguleika að lyfjaauglýsingar geti verið á öðrum tungumálum en íslensku eins og gert hefur verið t.d. varðandi merkingar matvæla.

Um 23. gr.

Greinin er hliðstæð 14. gr. gildandi laga, nema hvað leiðir af breyttu skipulagi þessara mála. Greinin er þó styttri og tekur mið af breyttum forsendum. Þannig eru felld niður ákvæðin um skyldu lyfjabúða til að framleiða forskriftarlyf lækna. Nægjanlegt er að þær geti útvegað þau með skjótum hætti. Enn fremur er felld niður sú kvöð á lyfjafyrirtækjum að tæknilegur stjórnandi, lyfjafræðingur, þurfi að vera í fullu starfi. Engin kvöð er á þessum ákvæðum því meta þarf þessi atriði í hverju tilviki, t.d. í samræmi við stærð og umfang rekstursins við útgáfu leyfa sem ráðherra gefur út.

Um IX. kafla.

Veigamestu breytingar á lögunum eru fólgnar í stjórn og skipun lyfjamála en ákvæði þar að lútandi er að finna í þessum kafla frumvarpsins. Lyfjamálastjóra er ætlað að taka við hlutverki lyfjamáladeildar heilbrigðisráðuneytisins, hlutverki lyfjaverðlagsnefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins og að hluta til lyfjanefndar, en hún starfar áfram sem fagleg nefnd að ákveðnum

verkefnum. Lyfjaverðlagsnefnd er lögð niður enda um annað fyrirkomulag á lyfjaverðlagningu að ræða en verið hefur. Lyfsölusjóður, sem starfað hefur samkvæmt lögunum, er jafnframt lagður niður og er gerð tillaga um ráðstöfun þess fjár, sem í sjóðnum er, í niðurlagsákvæðum frumvarpsins.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um lyfjamálastjóra sem er ætlað að vera ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um lyfjamál og annast fyrir hönd ráðherra framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Við embætti lyfjamálastjóra skulu starfa tvær nefndir; lyfjanefnd, sem er fjallað um í 25. gr. og lyfjakaupanefnd sem fjallað er um í 27. gr.

Gert er ráð fyrir að lyfjamálastjóri, sem vera skal lyfjafræðingur (cand. pharm.), sé ráðinn af ráðherra og ræður hann starfsmenn til embættis síns. Við ráðningu í þessi störf skal gæta þess að ráða menn með menntun, reynslu og sérfræðikunnáttu á sviði lyfjamála, eftir því hvert sviðið er.

Lyfjamálastjóra er ætlað að annast samráðs- og samvinnuhlutverk á þessu sviði, svo sem við landlækni og yfirdýralækni eftir því sem við á, sérstaklega um þau mál er lúta að læknum, tannlæknum og dýralæknum.

Mjög mikilvægt er að starfsmenn lyfjamálastjóra hafi engra hagsmuna að gæta um sölu, innflutning og framleiðslu lyfja, þannig að þeir geta ekki verið aðilar að félögum á þessum vettvangi. Er þetta einkum mikilvægt þar sem framleiðendum, dreifendum og seljendum lyfja er lögð sú skylda á herðar að veita lyfjamálastjóra upplýsingar um starfsemi sína.

Verkefni lyfjamálastjóra er að annast faglegt eftirlit með lyfjaneyslu og lyfjaverslun, innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar og með starfsemi lyfjagerða og annarra fyrirtækja og stofnana sem framleiða, flytja inn eða búa um lyf, en þetta verkefni er nú í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Lyfjamálastjóra er enn fremur ætlað að fylgjast með kaupverði, dreifingar- og sölukostnaði lyfja og annast öflun og miðlun upplýsinga um lyfjamál fyrir hönd stjórnvalda.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um lyfjanefnd og breytt hlutverk hennar. Skipun og hlutverk lyfjanefndar eru tíunduð í 27., 28. og 29. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, með síðari breytingum. Þar sem töluverður hluti þessara verkefna færist yfir til lyfjamálastjóra breytist hlutverk nefndarinnar en henni er ætlað að starfa áfram að ákveðnum verkefnum sem sjálfstæður, faglegur umsagnaraðili. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji þrír menn og ekki eru talin upp hin einstöku svið læknis- og lyfjafræði hér eins og í gildandi lögum, enda óþarfi. Nefndinni er ætlað að vera lyfjamálastjóra til ráðuneytis um tillögur til ráðherra um reglugerð um skilgreiningu lyfjahugtaksins og reglugerð um framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf, skráningu og afskráningu sérlyfja og flokkun lyfja. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar í reglugerð eins og verið hefur og er nauðsynlegt að sú reglugerð taki gildi frá og með gildistöku laganna, 1. janúar 1992, vegna þeirra breytinga sem kveðið er á um í lögunum.

Um 26. gr.

Hér er um að ræða nýja grein sem er í samræmi við 1. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í lögum. Lagt er til að fimm manna nefnd, lyfjakaupanefnd, sem skipuð skal fulltrúum ASÍ, BSRB, Tryggingaráðs og einum án tilnefningar, auk fulltrúa

hlutafélagsins skv. 28. gr., verði falin innkaup þeirra lyfja sem ríkissjóður greiðir að hluta til eða öllu leyti. Nefndin skal semja við lyfjaframleiðendur og lyfjaheildsala um verð og aðra skilmála og versla að jafnaði þar sem verð og aðrir skilmálar eru hagstæðastir, að öryggiskröfum uppfylltum.

Samkvæmt frumvarpinu skal lyfjakaupanefnd vera ábyrg fyrir því að jafnan séu nægilegar birgðir lyfja tiltækar í landinu, þar á meðal vegna almannavarna. Þá skulu lyfjamálastjóri, Tryggingastofnun ríkisins og hlutafélagið gera sérstakan samning sín á milli um samskipti og ábyrgð aðila.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með lagafrumvarpinu hér á undan.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið, sem ríkið á hlut í, skuli sjá um smásöludreifingu lyfja um landið, en það skal að jafnaði bjóða út lyfjadreifingu og semja við þá aðila sem lægst bjóða, að teknu tilliti til þjónustu.

Ráðherra er falið að setja reglugerð um útsölustaði lyfja, en einnig skal í henni kveðið á um öryggiskröfur, aðstöðu, starfslið og starfshætti.

Rétt er að vekja athygli á því að 18. gr. gildandi laga er felld niður, enda er fjallað um þá þætti í lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar.

Um 29. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins og í henni skulu eiga sæti a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 51. gr. gildandi laga nema lagt er til að tekið verði út það ákvæði í 2. mgr. 51. gr. sem kveður á um að velja skuli innlenda framleiðslu fremur en erlenda, enda stangast það á við samning EFTA-ríkjanna sem Ísland er aðili að.

Felld eru út ákvæði 52., 53. og 54. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahússapóteka, um dreifingu lyfja til sjúkrahúsa, þannig að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda, og að heilsugæslustöð megi afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Þessar greinar eru óþarfar með hliðsjón af breytingum á skipulagi lyfjamála sem fram koma í frumvarpi þessu.

3. mgr. er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga nema hvað snertir yfirstjórn lyfjamála.

4. mgr. er efnislega eins og 56. gr. gildandi laga.

Um 30.–32. gr.

Greinarnar eru efnislega óbreyttar frá 56., 57. og 58. gr. gildandi laga en taka mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

Um 33. gr.

Gerð er tillaga um gildistöku laganna frá og með 1. janúar 1993. Frá og með árinu 1993 hefst sameiginlegur Evrópumarkaður, m.a. á þessu sviði, en breytingar á lögunum taka eins og fram hefur komið m.a. tillit til þess.

Eins og fram hefur komið áður eru felld niður ákvæði gildandi lyfjalaga um Lyfsölusjóð, sbr. X. kafla gildandi laga. Hlutverk sjóðsins hefur verið að efla lyfjaframleiðslu og lyfjadreifingu í landinu og hafa tekjur sjóðsins verið vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða, svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar sem sjóðurinn hefur sjálfur rekið. Ríkissjóður skal leggja lyfsölusjóði til árlegt framlag samkvæmt fjárlögum, sbr. 42 gr. gildandi laga, sem nemur sem næst 1% af áætluðu cif-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna. Árlegt gjald, lyfsölu-

sjóðsgjald, skal enn fremur lagt á allar lyfjabúðir, samkvæmt gildandi lögum, og skal það vera jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimt með því. Með breyttu fyrirkomulagi, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum, þar sem m.a. heilsugæslustöðvum og deildaskiptum sjúkrahúsum yrði gert kleift að annast afhendingu lyfja til neytenda, þar sem þess er þörf, er engin ástæða til að viðhalda þessum sjóði. Nauðsynlegt er hins vegar að kveða á um það hvert eignir sjóðsins skuli renna og er lagt til að þær renni að ¾ hlutum í ríkissjóð en að ¼ hluta til uppbyggingar á Íslensku lyfjafræðisafni. Heilbrigðisráðherra skal annast uppgjör Lyfsölusjóðs.

Þá er gert ráð fyrir að lyfsöluleyfi, sem veitt hafa verið samkvæmt lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og eldri lögum, falli niður við gildistöku laganna en hlutafélagið sé skyldað til að kaupa vörubirgðir, húsnæði, innréttingar og tæki þeirra lyfsala sem þess óska. Mat á kaupverði verði framkvæmt á sama hátt og viðhafður hefur verið þegar viðtakandi lyfsali hefur keypt af fráfarandi lyfsala.

53. Fyrirspurn [51. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um útboð á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

54. Fyrirspurn [52. mál]

til félagsmálaráðherra um útboð á vegum félagsmálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

55. Fyrirspurn [53. mál]

til forsætisráðherra um útboð á vegum forsætisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

56. Fyrirspurn [54. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um útboð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

57. Fyrirspurn [55. mál]

til iðnaðarráðherra um útboð á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

58. Fyrirspurn [56. mál]

til landbúnaðarráðherra um útboð á vegum landbúnaðarráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

59. Fyrirspurn [57. mál]

til menntamálaráðherra um úboð á vegum menntamálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

60. Fyrirspurn [58. mál]

til samgönguráðherra um útboð á vegum samgönguráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

61. Fyrirspurn [59. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útboð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

62. Fyrirspurn [60. mál]

til umhverfisráðherra um útboð á vegum umhverfisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

63. Fyrirspurn [61. mál]

til utanríkisráðherra um útboð á vegum utanríkisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

64. Fyrirspurn [62. mál]

til viðskiptaráðherra um útboð á vegum viðskiptaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?
2. Hvaða útboð voru þetta?
3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?
4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

65. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

3. málsl. 2. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi um æðstu stjórn ríkisins og embættismanna.

Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að verkefni Kjaradóms verði eingöngu það að ákveða starfskjör forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og dómara. Nýjum aðila, þ.e. kjaranefnd sem skipuð verði af fjármálaráðherra og forsætisnefnd Alþingis, verði hins vegar falið að ákveða laun embættismanna sem heyrt hafa undir Kjaradóm og nokkurra fleiri embættismanna sem ekki falla undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í núgildandi lögum um ríkisendurskoðun er ákvæði 3. málsl. 2. gr. þess efnis að launakjör ríkisendurskoðanda skuli ákveðin af Kjaradómi. Í samræmi við framangreint er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði þetta falli niður. Í frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd er starf ríkisendurskoðanda talið upp meðal þeirra embætta sem kjaranefnd er ætlað að fjalla um. Æskilegt er að í þeim lögum sé tæmandi upptalning þeirra sem valdsvið laganna tekur til en það sé ekki að hluta ákveðið í öðrum lögum. Er því hér lagt til að fella ákvæði þetta niður í stað þess að breyta því.

66. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um íslenskt sendiráð í Japan.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Gunnlaugur Stefánsson,
Jón Helgason, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1994. Jafnframt undirbúningi þar að lútandi verði unnið að endurskipulagningu á starfsemi sendiráða og fastanefnda Íslands til að stofnun nýs sendiráðs leiði ekki til teljandi kostnaðarauka í utanríkisþjónustunni í heild.

Greinargerð.

Oft hefur komið til tals að rétt væri fyrir Íslendinga að opna sendiráð utan Evrópu og Norður-Ameríku, en ekkert íslenskt sendiráð er í þremur heimsálfum: Asíu, Afríku og Ástralíu. Vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í fjölmennum ríkjum Austur-Asíu er tímabært að koma á fót íslensku sendiráði í þeim heimshluta og hlýtur Japan að vera þar efst á blaði. Efnahagsveldi Japana hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár þannig að þeir keppa nú við fremstu stórveldi um forustu í heimsviðskiptum.

Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband á árinu 1956. Eins og fram kemur í fylgiskjölum með tillögunni hafa komist á traust viðskipti milli Íslands og Japans hin síðari ár og hefur Japan að undanförnu verið í fjórða til fimmta sæti að því er varðar verðmæti útflutnings héðan til einstakra landa. Það er flestra álit að viðskipti landanna geti vaxið mikið frá því sem nú er ef vel er að málum staðið. Í því sambandi getur starfræksla íslensks sendiráðs í Japan skipt verulegu máli til að kynna ímynd Íslands og greiða götu viðskipta og annarra samskipta. Slíkt er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst þegar samkeppni fer harðnandi um markaði. Þá er og æskilegt að rækta samskipti sem víðast, m.a. til að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur starfrækt söluskrifstofu í Tókíó síðan haustið 1990. Með tillögunni er birt sem fskj. IV nýlegt viðtal við forstöðumann hennar þar sem ýmislegt kemur fram um möguleika á viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir og samkeppnisstöðu okkar.

Þótt fjarlægð milli landanna sé mikil er sitthvað skylt með Japönum og Íslendingum. Japan er eyríki eins og Ísland. Einnig þar er sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein og fiskneysla hefðbundin og vaxandi, sbr. fylgiskjöl. Bæði löndin hafa stundað hvalveiðar og haft samvinnu um þá hagsmuni, m.a. í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eldvirkni er mikil í Japan eins og hér, jarðskjálftar tíðir og jarðvarmi hagnýttur, m.a. til raforkuframleiðslu. Í Tókíó eru aðalstöðvar Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en útibú frá þeirri stofnun er starfrækt í Reykjavík.

Samskipti í menningarmálum hafa verið nokkur og farið vaxandi síðustu árin. Ísland var kynnt á mörgum stöðum í Japan árið 1987 ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndum á sýningunni „Scandinavia today". Á árunum 1990–1991 var Japan kynnt hér á landi með listviðburðum og sýningum undir fyrirsögninni „Japan today in Iceland".

Forseti Íslands hefur heimsótt Japan nokkrum sinnum, m.a. í nóvember 1990. Í tengslum við þá heimsókn stóð Útflutningsráð fyrir kynningu í Tókíó á íslenskum útflutningsafurðum, Íslandi sem ferðamannalandi og íslenskri menningu. Japönsk þingmannanefnd kom hingað í boði Alþingis haustið 1989. Sú heimsókn var endurgoldin af forsætisnefnd Alþingis haustið 1991. Forseti fulltrúadeildar japanska þingsins, Yoshihiko Tsuchiya, er jafnframt formaður vináttufélags þarlendra þingmanna sem rækta vilja tengsl við Ísland.

Með stofnun sendiráðs ætti að mega styrkja frekar þennan góða grundvöll og auka enn frekar gagnkvæm samskipti Íslands og Japans. Jafnframt hefði íslenskt sendiráð í Tókíó allt aðra aðstöðu til að gæta íslenskra hagsmuna í þessum heimshluta en unnt er héðan eða frá sendiráðum okkar á Norðurlöndum. Nú fer sendiráð Íslands í Moskvu formlega með samskiptin við Japan. Minna má á að viðskipti hafa aukist verulega undanfarið við fleiri lönd í austanverðri Asíu eins og við Suður-Kóreu og Tævan.

Talsverður kostnaður er því fylgjandi að koma á fót sendiráði og reka það. Í Tókíó er húsnæðiskostnaður líka hærri en gerist víða annars staðar. Til að vega upp á móti þessum tilkostnaði er lagt til að jafnhliða undirbúningi að stofnun sendiráðs í Japan verði unnið að endurskipulagningu á sendiráðsstarfsemi okkar annars staðar, m.a. með það fyrir augum að heildartilkostnaður við utanríkisþjónustuna vaxi sem minnst þótt stofnað verði til nýs sendiráðs.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að því að opna sendiráð í Japan taki um það bil eitt ár og því er í tillögunni gert ráð fyrir að sendiráðið verði opnað á árinu 1994.

Fylgiskjal I.

Listi yfir íslensk sendiráð og starfsmannafjölda þeirra, unninn upp úr handbók utanríkisráðuneytisins.
(Desember 1991.)

1. Íslensk sendiráð eru í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir eru í Brussel, Genf og New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, eru:
   a. Kaupmannahöfn. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, viðskiptafulltrúi, sendiráðsprestur og þrír ritarar. Auk Danmerkur falla Kína, Ítalía, Tyrkland, Ísrael og Litáen undir umdæmi sendiráðsins.
   b. Ósló. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari og tveir ritarar. Auk Noregs falla Pólland og Tékkóslóvakía undir umdæmi sendiráðsins.
   c. Stokkhólmur. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi og ritari. Auk Svíþjóðar falla Finnland, Júgóslavía, Albanía, Eistland, Lettland og Saúdí-Arabía undir umdæmi sendiráðsins.
   d. London. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsfulltrúi, menningarfulltrúi, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands falla Lýðveldið Írland, Holland og Nígería undir umdæmi sendiráðsins.
   e. París. Í starfsliði eru sendiherra, tveir sendiráðsritarar og þrír ritarar. Auk Frakklands falla Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Evrópuráðinu.
   f. Moskva. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari og ritari. Auk Rússlands falla Búlgaría, Rúmenía, Alþýðulýðveldið Mongólía og Japan undir umdæmi sendiráðsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort önnur ríki en Rússland í Samveldi sjálfstæðra ríkja falli undir umdæmi sendiráðsins í Moskvu.
   g. Bonn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Sendiráðið er með útibú í Berlín og hefur viðskiptafulltrúinn aðsetur þar. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands falla Austurríki, Sviss, Grikkland og Ungverjaland undir umdæmi sendiráðsins.
   h. Brussel. Tvær skrifstofur eru í Brussel:
      1. Fyrir sendiráðið í Belgíu. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsritari, fiskimálafulltrúi, sendiráðsfulltrúi og tveir ritarar. Auk Belgíu fellur Lúxemborg undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.
      2. Fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu. Í starfsliði eru fastafulltrúi (sendiherra), varafastafulltrúi, sendiráðsritari og tveir ritarar.
   i. Washington. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur og tveir ritarar. Auk Bandaríkja Norður-Ameríku falla Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venesúela, Úrúgvæ og Barbados undir umdæmi sendiráðsins.
   j. Genf. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsritari og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf er fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sam-

einuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann er einnig fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.

k. New York. Í starfsliði eru, að meðtöldu starfsliði aðalræðisskrifstofunnar í New York, sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York er fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

Fylgiskjal II.

Utanríkisráðuneytið, viðskiptaskrifstofa:

Vöruútflutningur til Japans 1989, 1990 og 1991.
(FOB-verðmæti í millj. kr. — Gengi hvers tíma.)

	1989			1990			1991*		
Vörutegundir	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Sjávarafurðir	**41.514,7**	**4.341,7**	**76,5**	**34.467,1**	**4.394,6**	**79,2**	**37.468,3**	**6.100,6**	**84,5**
Fryst fiskflök	530,8	72,1	1,3	856,8	120,7	2,2	626,0	91,4	1,3
Frystur fiskur, heill	33.595,6	2.693,3	47,5	27.328,7	2.892,8	52,2	28.079,3	3.809,2	52,8
Ferskur fiskur, heill	6,7	1,1	0,0	105,3	7,8	0,1	0,0	0,0	0,0
Fersk fiskflök	36,0	2,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Rækja, fryst	3.065,8	1.083,9	19,1	2.361,4	754,7	13,6	4.280,4	1.502,0	20,8
Humar, frystur	0,0	0,0	0,0	12,0	1,1	0,0	8,6	3,6	0,0
Hörpudiskur, frystur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	18,0	11,4	0,2
Hrogn	3.855,7	443,4	7,8	2.711,7	341,4	6,2	4.412,4	674,7	9,3
Hvalafurðir	0,0	0,0	0,0	1.057,6	264,0	4,8	0,0	0,0	0,0
Mjöl	360,0	12,7	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Lagmeti (fiskmeti)	53,2	30,5	0,5	7,8	6,1	0,1	6,3	4,9	0,1
Sjávarafurðir ót.a.	10,9	2,3	0,0	25,8	6,0	0,1	37,3	3,4	0,0
Landbúnaðarafurðir	**399,4**	**145,9**	**2,6**	**188,4**	**109,5**	**2,0**	**424,4**	**63,6**	**0,9**
Kindakjöt, fryst	18,4	0,5	0,0	16,7	0,3	0,0	318,7	11,3	0,2
Lax og silungur	305,7	92,0	1,6	105,3	32,7	0,6	3,4	1,0	0,0
Dúnn	1,2	40,7	0,7	1,5	66,9	1,2	0,4	20,8	0,3
Landbúnaðarafurðir ót.a.	74,1	12,7	0,2	64,9	9,6	0,2	101,9	30,5	0,4
Iðnaðarvörur	**23.521,1**	**1.179,1**	**20,8**	**26.962,2**	**1.022,3**	**18,4**	**28.324,4**	**1.052,7**	**14,6**
Ullar- og prjónavörur; annar fatnaður	16,7	63,8	1,1	18,4	65,1	1,2	33,4	83,6	1,2
Þang- og þaramjöl	252,0	8,1	0,1	332,0	10,8	0,2	292,1	10,5	0,1
Kísiljárn	22.691,8	1.102,7	19,4	26.610,7	946,2	17,1	27.992,6	949,6	13,2
Vélar til vinnslu sjávarafurða	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	6,2	0,1
Aðrar iðnaðarvörur ót.a.	560,6	4,5	0,1	1,1	0,2	0,0	3,9	2,8	0,0
Aðrar vörur	**0,8**	**8,2**	**0,1**	**2,8**	**19,3**	**0,3**	**0,4**	**1,0**	**0,0**
Vöruútflutningur alls	**65.436,0**	**5.674,9**	**100**	**61.620,5**	**5.545,7**	**100**	**66.217,5**	**7.217,9**	**100**
% af heildarvöruútflutningi	6,9	7,1		7,0	6,0		9,2	7,9	

*Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991.

Vöruinnflutningur frá Japan 1989, 1990 og 1991.
(CIF-verðmæti í millj. kr. — Gengi hvers tíma.)

	1989		1990		1991*	
Vörutegundir	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	**3.318,2**	**84,7**	**4.716,2**	**87,0**	**6.541,8**	**87,7**
Bifreiðar	2.080,8	53,1	3.121,0	57,6	4.459,2	59,8
Önnur flutningatæki	4,8	0,1	2,1	0,0	0,8	0,0
Ýmsar vélar til atvinnurekstrar	104,8	2,7	125,9	2,3	230,1	3,1
Skrifstofuvélar og skýrsluvélar	268,8	6,9	373,9	6,9	369,4	5,0
Fjarskiptatæki, hljóðupptökutæki, hljómflutningstæki	406,9	10,4	524,3	9,7	647,4	8,7
Vísinda- og mælitæki	152,9	3,9	114,3	2,1	115,1	1,5
Rafmagnsvélar og tæki, ót.a.	218,4	5,6	227,4	4,2	272,7	3,7
Aflvélar og tilheyrandi búnaður	47,3	1,2	173,4	3,2	251,8	3,4
Vélar til sérstakra atvinnugreina	30,4	0,8	48,2	0,9	191,0	2,6
Málmsmíðavélar	3,1	0,1	5,7	0,1	4,3	0,1
Ýmsar vörur	**598,5**	**15,3**	**702,6**	**13,0**	**919,9**	**12,3**
Lífræn kemísk efni	8,7	0,2	15,6	0,3	14,1	0,2
Lyfja- og lækningavörur	9,1	0,2	12,4	0,2	6,4	0,1
Unnar gúmvörur, ót.a.	32,5	0,8	38,8	0,7	39,3	0,5
Pappír, pappi og vörur úr slíku	22,6	0,6	22,8	0,4	33,3	0,4
Spunagarn, vefnaður, tilbúnir vefnaðarmunir o.fl.	131,7	3,4	131,7	2,4	148,4	2,0
Unnar vörur úr ómálmkenndum jarðefnum ót.a.	12,9	0,3	14,8	0,3	20,9	0,3
Unnar málmvörur, ótaldar annars	38,0	1,0	39,4	0,7	57,1	0,8
Ljósmyndavörur og sjóntæki ót.a., úr og klukkur	154,3	3,9	182,8	3,4	200,7	2,7
Aðrar vörur	188,7	4,8	244,3	4,5	399,7	5,4
Vöruinnflutningur alls	**3.916,7**	**100**	**5.418,8**	**100**	**7.461,7**	**100**
% af heildarvöruinnflutningi	4,9		5,6		7,3	

* Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991.

Fylgiskjal III.

„Japan's Agricultural Review", febrúar 1991,
Changes in Japan's food consumption:

Breyting á daglegri prótínneyslu (á mann) í Japan, flokkað eftir fæðutegundum.



Fylgiskjal IV.

Frost, 1. tbl. 1992.
Viðtal við Helga Þórhallsson, Tókíó:

Margvíslegir möguleikar á Japansmarkaði.

Helgi Þórhallsson, sem stýrir söluskrifstofu SH í Tókíó, auglýsti á verkstjórafundinum eftir karfaflökum fyrir Japansmarkað vegna aukinnar eftirspurnar eftir unnum karfa. „Næst á eftir heilfrystum karfa koma auðvitað flökin. Það væri ágætt ef hægt væri að senda okkur meira af flökuðum karfa," sagði Helgi.

„Japanir vilja fá flökin nánast óunnin, með sérstöku lagi," sagði Helgi þegar tíðindamanni Frosts tókst að króa hann af í stutta stund á verkstjórafundinum. „Japanir handflaka allan karfa og það er spurning hvort við stöndumst þeim snúning við að flaka hann eftir þeirra höfði. Það er áreiðanlega þess virði að reyna þetta. Ég sé þetta sem ágætt þróunarverkefni."

Á sl. ári seldist fjórðungi meira af karfa í Japan en árið áður, eða 4.137 tonn af karfa en 3.300 árið áður. Af djúpsjávarkarfa seldust 373 tonn en 344 árið áður, þ.e. 8% aukning. „Þarna held ég að við getum gert miklu meira. Við vitum að það verður mikil sókn í þennan karfa og höfum hreinlega ekki fengið nóg af honum. Úthafskarfi líkar mjög vel í Japan, sérstaklega ef hann er vel flokkaður. Þá er úthafskarfi talinn mjög góður fiskur og tekinn fram yfir allan smákarfann. Ég á heldur von á því að dragi úr framboði á honum. Hann er mikið veiddur við Kanada.

En sl. ár var eitt besta ár okkar þarna eystra. Það er fyrst og fremst að þakka heilfrystum karfa og grálúðu og við erum tiltölulega bjartsýnir á framhaldið. Ráðgert er að takmarka aðgang erlendra fiskiskipa við strendur Kanada, en þar er veruleg karfaveiði. Þá dregur úr framboði og verð hækkar. Japansmarkaður er næmur fyrir sveiflum. Ef framboð dregst saman um 10% hækkar verðið hæglega um 30% og öfugt."

Vonir bundnar við frysta smáloðnu.

Árið hefst með loðnuvertíð. Kvótinn hefur verið aukinn og óttast menn jafnvel að ekki muni takast að veiða leyfilegt magn á vertíðinni.

„Eins og með annan árstíðabundinn afla berst mikið af henni í skamman tíma inn á markaðinn," segir Helgi. „Horfur eru nokkuð góðar með sölu á loðnu. Eftirspurn er mikil og nánast engar birgðir til. Mestur skortur er á stórri loðnu sem Japanir þurrka og grilla samkvæmt japanskri hefð. Við gerum okkur litlar vonir um að geta boðið slíka loðnu og Japanir vænta þess ekki heldur. Þeir gera ráð fyrir að fá þá loðnu frá Noregi, enda var loðnan frá Noregi ágæt í fyrra. En það er líka markaður fyrir smærri loðnu en hann er mun minni. Engar birgðir eru til af slíkri loðnu og getum við þar af leiðandi tekið við nokkru magni. Þessi loðna er þídd upp og lausfryst fyrir djúpsteikingu."

Loðnuhrognamarkaður í ójafnvægi.

„Þá er næst að nefna loðnuhrogn, en markaðurinn fyrir þau er mjög erfiður. Enn eru til óseldar birgðir og framleiðsla Íslendinga og Norðmanna í fyrra nam tvöfaldri ársneyslu Japana. Aðstaðan er því erfið. Bæði löndin geta framleitt áfram álíka mikið magn. Það

verður ekkert vit í þessu fyrr en aftur kemst á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, þ.e. ef menn vilja fá viðunandi verð fyrir hrognin. Vel getur verið að náist einhver samstaða við Norðmenn um magnið ef ekki verður um verðstríð að ræða. Þeir sem hafa bestu aðstöðuna, eiga bátana o.s.frv., geta staðið í að bjóða niður, aðrir ekki. Í Noregi væru það helst frystitogarar sem gætu staðist slíka verðlækkun, landfrystingin getur það ekki. Endanlegt verð ræðst eftir á og verður háð því hversu margir yrðu reiðubúnir að taka áhættuna."

Krydduð þorskhrogn.

„Mjög áhugaverð tilraun var gerð á síðasta ári með krydduð þorskhrogn fyrir Japansmarkað. Þau eru þídd, kryddblönduð og pökkuð fyrir kaupanda í Japan sem matbýr þetta næstum að segja á borð neytenda. Þá er þetta orðið sambærilegt hrognum Alaska-ufsans sem eru mjög dýr og skortur er á. Við vitum ekki enn hvert framhaldið verður, en trúlega verður ekki selt eins mikið magn og á sl. ári. Á móti held ég að við gætum selt meira af frystum iðnaðarhrognum."

Meiri markaður fyrir blástursfrysta síld.

„Um síldina er það að segja að markaðsstaðan var mjög erfið þegar við fórum í samningana í september sl. Það var svo mikið framboð frá Íslandi í fyrra. Birgðir voru til alveg fram á sumar og þær voru að lokum seldar á niðursettu verði. Í fyrra var offramboð. Nú er framboð of lítið og í haust held ég að verði komið gott jafnvægi og að verðið verði vel viðunandi. Einn framleiðandi blástursfrystir fyrir okkur síld. Ég vildi gjarnan sjá meira af síld sem þannig er fryst því markaður fyrir pönnufrysta síld er eiginlega mettaður. Það er bara ákveðinn markaður fyrir pönnufrysta síld og sá markaður er mettaður. Ef við viljum auka magn af síld á Japansmarkað verðum við að blástursfrysta hana. Þetta er möguleiki sem Norðmenn hafa nýtt sér vel. Það er leitt að menn hafa ekki séð þennan möguleika hér. Ástæðan er hugsanlega sú að menn hafa ekki not fyrir slík frystitæki nema fyrir síldina. Einnig má nefna ágætan markað fyrir síldarflök, svokölluð fiðrildi. Menn vilja nákvæma stærðarflokkun og raðað í öskjurnar. Við erum alltaf í samkeppni við Norðmenn sem kunna að gera þetta."

Nýjar tegundir.

Hvernig ætli Helga lítist á að selja nýjar fisktegundir á Japansmarkaði?

„Í aðalatriðum tekur markaðurinn í Japan við öllum tegundum fisks. Við getum eflt markaðinn fyrir flatfisk og aðstaða okkar er góð til þess að sinna þessu þótt magnið sé e.t.v. ekki mikið til að byrja með. Langhali gæti t.d. vel komið til greina vegna þess hve holdið er hvítt. Við höfum sent dálítið á markaðinn í tilraunaskyni. Og gulllax gæti verið ágætur sem súrimi. Nú er orðið þægilegra að koma í verð ýmislegu af þessum toga eftir að opnuð var söluskrifstofa hér. Við getum tekið inn alls kyns tegundir á eigin nafni, sett í vörugeymslur. Með því að leyfa mörgum að prófa gætum við fikrað okkur áfram með markaðinn. Þetta er kannski kostur sem við höfum fram yfir aðra. Hafi einhver framleiðandi hug á að róa á ný mið, vinna nýjar fisktegundir, er sjálfsagt að reyna fyrir sér á Japansmarkaði."

Tævan.

„Á Tævan er sterkur markaður fyrir grálúðu sem reynir að klípa í Japansmarkaðinn. Þeir hafa ekki keypt 1–2 kílóa grálúðu, en ef þeir fara að gera það er hætt við að mjög dragi úr framboði í Japan. Þetta er nánast spurning um markaðsstefnu því markaðurinn í Japan er auðvitað mjög mikilvægur. Mjög mikilvægt er að flokka og raða vel grálúðu sem fara á til Tævans. Þar er samkeppni við lúðu frá Spáni sem hefur líkað mjög vel og borist í umtalsverðu magni."

Það er í ýmsu að snúast hjá Helga. Eftir 24 klukkustundir verður hann lagður af stað til Japans og því ekki vert að tefja hann lengur.

67. Fyrirspurn [65. mál]

til félagsmálaráðherra um lánafyrirgreiðslu við húseigendur.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Njóta húseigendur, sem tekið hafa húsbréfalán, sambærilegrar fyrirgreiðslu í lánastofnunum og aðrir viðskiptavinir bankakerfisins hvað varðar skuldbreytingar bankalána?
2. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að Húsnæðisstofnun hefji að nýju að veita greiðsluerfiðleikalán?
3. Er fyrirhugað að veita sérstaka aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu hjá þeim sem verða fyrir miklum áföllum vegna hækkunar vaxta í félagslega íbúðakerfinu?

68. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, nr. 65 26. júní 1992.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á 1. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

a. Í stað orðanna „og að efla hafrannsóknir“ í lok 1. mgr. kemur: og jafna sveiflur innan greinarinnar.
b. Á eftir orðunum „vegna sölu fiskiskips“ í fyrri málslið 3. mgr. kemur: eða verulegs samdráttar aflaheimilda af öðrum orsökum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru af Alþingi til fjögurra ára í senn.

3. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað 6., 7. og 8. gr. laganna kemur ný grein sem verður 6. gr. og orðast svo:

Aflaheimildir Hagræðingarsjóðs skulu nýttar í samræmi við markmið 1. gr. laganna. Skal fyrst úthluta aflaheimildum til þeirra byggðarlaga sem falla undir ákvæði 1. gr., síðan jafna sveiflur innan greinarinnar sem hefðu í för með sér verulega röskun á afkomu. Verði ekki þörf fyrir allar aflaheimildir sjóðsins í fyrrnefndum tilgangi getur stjórn Hagræðingarsjóðs úthlutað þeim til fiskiskipa í hlutfalli við aflaheimildir þeirra.

5. gr.

12. gr. laganna, er verður 10. gr., orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar Hagræðingarsjóðs og að höfðu samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila.

6. gr.

Á eftir 12. gr. laganna, er verður 10. gr., kemur ný grein er verður 11. gr. og orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að nýtekin ákvörðun um aflaheimildir á næsta ári kemur mjög misjafnlega við einstök fyrirtæki, byggðarlög og landshluta. Á sama tíma og fyrirtæki með mikla aflahlutdeild í öðrum tegundum en þorski fá auknar veiðiheimildir skerðast önnur um tugi prósenta.

Tilgangur þessa frumvarps er fyrst og fremst að tryggja að fyrirtækin standi jafnar að vígi en ella væri ef ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í lok júlí stæði óbreytt. Notkun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs er einfaldasta og eðlilegasta aðferðin í þessu skyni og tekur langt fram stórgölluðum hugmyndum um að bæta fyrirtækjunum að einhverju leyti skellinn með peningagreiðslum.

Í þessu frumvarpi er valin sú leið að breyta ákvæðum um Hagræðingarsjóð varanlega á þann veg að sjóðurinn hafi þríþætt markmið. Það er að greiða fyrir hagræðingu í greininni með úreldingu fiskiskipa, aðstoða byggðarlög í vanda og jafna út sveiflur innan sjávarútvegsins sem eru það miklar að þeim mundi fylgja veruleg röskun á afkomu.

Að svo breyttum lögum um Hagræðingarsjóð lægi beinast við að nýta við núverandi aðstæður allar handbærar veiðiheimildir sjóðsins til að draga úr því áfalli sem skertar þorskveiðiheimildir eru þeim útgerðum og þar með byggðarlögum sem háðastar eru þeim veiðum.

Breytingarnar gera ráð fyrir að horfið verði frá því að selja aflaheimildir sjóðsins og nota andvirðið til að greiða rekstur Hafrannsóknastofnunar sem í reynd jafngildir að gera féð upptækt í ríkissjóð sem áður greiddi fyrir rekstur stofnunarinnar. Í samræmi við þetta falli brott 6., 7. og 8. gr. í núgildandi lögum. Ljóst er að hugmyndir um sölu veiðiheimilda sjóðsins voru frá upphafi mjög umdeildar og voru þó í eldri lögum ákvæði sem heimiluðu úthlutun aflaheimilda án endurgjalds til byggðarlaga ef þannig stóð á.

Við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi er viðbótarskattlagning af því tagi sem ríkisstjórnin ákvað við afgreiðslu síðustu fjárlaga, eins og áður sagði, fráleit og síst til þess fallin að bæta andrúmsloftið í samskiptum stjórnvalda og greinarinnar.

Þegar er orðið ljóst að þær tekjur, sem átti að afla með sölu veiðiheimilda, munu ekki skila sér og þarf af þeim sökum hvort eð er að taka á vanda ríkissjóðs með öðrum hætti. Á því er hins vegar full þörf ef takast á að snúa bökum saman í þeim miklu erfiðleikum sem sjávarútvegurinn býr nú við eins og reyndar fleiri greinar íslensks atvinnulífs, því miður.

Sú skattheima, sem ríkisstjórnin ákvað að leggja á sjávarútveginn í formi sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, er óðs manns æði við núverandi aðstæður í greininni og það lá reyndar ljóst fyrir þegar í vetur.

Annar megintilgangur laga um Hagræðingarsjóð var frá upphafi að koma til aðstoðar byggðarlögum sem yrðu fyrir áföllum vegna minni veiðiheimilda og einnig hefur verið gripið til sjóðsins þegar ákveðnar greinar innan sjávarútvegsins hafa orðið fyrir áfalli, sbr. loðnubrestinn fyrir tveimur árum og úthlutun veiðiheimilda sjóðsins til loðnuflotans þá.

Það er því í fullu samræmi við upphaflegan tilgang sjóðsins að grípa nú til þessara veiðiheimilda til að milda það áfall er útgerðir, sem umfram aðrar eru háðar þorskveiðum, verða fyrir. Um leið jafnast staðan milli byggðarlaga og landshluta sem eins er ástatt með.

Flutningsmönnum er ljóst að lög þessi gætu þurft að taka breytingum í tengslum við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir. Ekki þykir þess vegna ástæða til að hafa í þessu frumvarpi endurskoðunarákvæði eða tiltekinn gildistíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrri breytingin, stafliður a, gerir ráð fyrir að sú tenging við hafrannsóknir, sem settar voru inn í lögin á sl. vetri, hverfi en í staðinn verði sett inn í markmiðsgrein laganna, það hlutverk að jafna út sveiflur innan sjávarútvegsins.

Stafliður b bætir því við ákvæði 3. mgr. að byggðarlög geta notið aðstoðar sjóðsins ef straumhvörf hafa orðið í atvinnumálum, ekki aðeins vegna sölu fiskiskips eins og verið hefur, heldur einnig ef verulegur samdráttur verður í aflaheimildum af öðrum orsökum.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér að í stað þess að stjórn Fiskveiðasjóðs sé sjálfkrafa jafnframt stjórn Hagræðingarsjóðs verði stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum kosnum af Alþingi til fjögurra ára í senn.

Um 3. gr.

Breytingin leiðir af því að horfið er frá sölu veiðiheimildanna með því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 6.–8. gr. gildandi laga og á því síðari málsliður 5. gr. ekki við.

Um 4. gr.

Breytingarnar gera ráð fyrir að í stað 6., 7. og 8. gr. komi ein ný grein í samræmi við breytt hlutverk og markmið sjóðsins.

Í stað þeirra ákvæða, sem lutu að forkaupsrétti sveitarfélaga, skipa eða sölu veiðiheimilda til hæstbjóðanda, koma atriði sem skilgreina þá þætti er lúta að aðstoð við byggðarlög og sveiflujöfnun í sjávarútvegi.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að sjávarútvegsráðherra skuli hafa samráð við stjórn Hagræðingarsjóðs, sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila við setningu reglugerðar um sjóðinn.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins (með þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir).

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðarháttum *og jafna sveiflur innan greinarinnar.*

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips *eða verulegs samdráttar aflaheimilda af öðrum orsökum.* Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. gr.

Stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru af Alþingi til fjögurra ára í senn.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið nema 800 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 240.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landsamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þesum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

Hagræðingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

5. gr.

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. (...) Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

6. gr.

Aflaheimildir Hagræðingarsjóðs skulu nýttar í samræmi við markmið 1. gr. laganna. Skal fyrst úthluta aflaheimildum til þeirra byggðarlaga sem falla undir ákvæði 1. gr., síðan jafna sveiflur innan greinarinnar sem hefðu í för með sér verulega röskun á afkomu. Verði ekki þörf fyrir allar aflaheimildir sjóðsins í fyrrnefndum tilgangi getur stjórn Hagræðingarsjóðs úthlutað þeim til fiskiskipa í hlutfalli við aflaheimildir þeirra.

(...)

7. gr.

Úreldingarstyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

9. gr.

Hagræðingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

10. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar Hagræðingarsjóðs og að höfðu samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal II.

Skerðing aflaheimilda eftir sveitarfélögum.

SVEITARFÉLAG	DÆMI 1 (án Hagsj.)	DÆMI 2 (með Hagsj.)
Vestmannaeyjar	0,70%	3,49%
Vík í Mýrdal	-18,36%	-15,13%
Stokkseyri	2,05%	4,94%
Eyrarbakki	-3,74%	-1,11%
Selfoss	4,82%	8,89%
Þorlákshöfn	-1,87%	1,07%
Grindavík	-3,28%	-1,24%
Sandgerði	-0,70%	2,30%
Garður	-9,14%	-6,01%
Keflavík	-4,61%	-2,25%
Njarðvík	-0,38%	3,03%
Vogar	-1,43%	2,04%
Hafnarfjörður	-2,73%	0,56%
Garðabær	-25,12%	-22,11%
Kópavogur	-8,02%	-4,93%
Seltjarnarnes	-21,13%	-17,98%
Reykjavík	0,59%	3,56%
Akranes	-1,90%	0,92%
Borgarnes	-26,96%	-24,02%
Arnarstapi	-23,64%	-20,58%
Hellnar	-5,96%	-2,31%
Hellissandur	-11,01%	-8,11%
Rif	-13,82%	-10,91%
Ólafsvík	-11,42%	-8,53%
Grundarfjörður	-4,75%	-1,80%
Stykkishólmur	-10,56%	-8,89%
Flatey	-25,17%	-22,16%
Búðardalur	0,00%	0,00%
Reykhólar	-20,37%	-17,19%
Barðarströnd	-0,06%	0,97%
Patreksfjörður	-15,00%	-12,07%
Tálknafjörður	-12,30%	-9,12%
Bíldudalur	-7,54%	-4,95%
Þingeyri	-9,49%	-6,26%
Flateyri	-9,40%	-5,87%
Suðureyri	-12,40%	-8,97%
Bolungarvík	-7,01%	-4,67%
Ísafjörður	-8,48%	-5,66%
Súðavík	-6,68%	-3,81%
Strandir	0,00%	0,00%
Djúpavík	-8,56%	-7,24%
Drangsnes	1,70%	2,49%
Hólmavík	-9,27%	-6,83%
Hvammstangi	1,53%	2,26%
Blönduós	3,05%	4,60%
Skagaströnd	-8,60%	-5,44%
Sauðárkrókur	-5,54%	-2,34%
Hofsós	-13,79%	-11,37%
Siglufjörður	-9,55%	-6,24%

Ólafsfjörður	-8,65%	-5,69%
Grímsey	-16,86%	-13,96%
Hrísey	-6,12%	-4,15%
Dalvík	-9,89%	-7,09%
Litli Árskógssand	-7,18%	-3,71%
Árskógsströnd	-8,64%	-6,34%
Hauganes	-11,36%	-8,53%
Hjalteyri	-25,54%	-22,55%
Akureyri	-4,85%	-1,75%
Svalbarðsströnd	-24,65%	-21,62%
Grenivík	-11,30%	-8,23%
Húsavík	-6,17%	-4,09%
Kópasker	-25,11%	-22,10%
Raufarhöfn	-15,73%	-12,41%
Þórshöfn	-11,66%	-8,39%
Bakkafjörður	-16,95%	-14,21%
Vopnafjörður	-12,18%	-8,74%
Borgarfj. Eystri	-22,61%	-19,51%
Seyðisfjörður	-12,40%	-8,96%
Mjóifjörður	-19,60%	-16,41%
Neskaupstaður	-7,18%	-4,51%
Eskifjörður	-3,46%	-1,78%
Reyðarfjörður	-7,99%	-4,42%
Fáskrúðsfjörður	-4,01%	-1,70%
Stöðvarfjörður	-7,00%	-3,37%
Breiðdalsvík	-3,58%	0,18%
Djúpivogur	-10,69%	-7,38%
Hornarfjörður	-3,92%	-1,46%
SAMTALS	-4,96%	-2,20%

Kjördæmi	Aflamark	Án Hagræðsj.		Með Hagræðsj.	
	1991/1992	1992/1993	Breyting	1992/1993	Breyting
Suðurland	61.556	61.679	0,20%	63.421	3,03%
Reykjanes	71.444	68.940	-3,50%	70.815	-0,88%
Reykjavík	35.511	35.720	0,59%	36.775	3,56%
Vesturland	40.090	37.229	-7,14%	38.309	-4,44%
Vestfirðir	58.095	52.974	-8,81%	54.581	-6,05%
Norðurl. v	27.271	25.506	-6,47%	26.299	-3,56%
Norðurl. e	75.413	69.805	-7,44%	71.942	-4,60%
Austfirðir	60.567	56.784	-6,25%	58.365	-3,64%
Samtals	429.948	408.637	-4,96%	420.506	-2,20%

Fylgiskjal III.

Áhrif ákvörðunar um aflaheimildir á næsta fiskveiðiári á fjárhag sveitarfélaga.
(7. ágúst 1992.)

Í júní s. l. sendi sambandið frá sér Greinargerð um áhrif minnkandi þorskaflaheimilda á fjárhag sveitarfélaga.

Síðan hafa verið teknar ákvarðanir um aflaheimildir á næsta fiskveiðiári og í framhaldi af því hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin verið endurmetin. Í meðfylgjandi töflu eru einungis metin bein áhrif, en engin tilraun gerð til að meta óbeinar afleiðingar eins og t. d. lakari innheimtu aðstöðugjalda

Nú er miðað við, að þorskaflaheimildin verði 205000 tonn og aukningu á öðrum afla, skv. þeim ákvörðunum, er fyrir liggja. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir, að atvinnuleysi aukist um 0.5% frá fyrra ári og verði 3.5%.

Aðrar forsendur hafa ekki breyst frá þeirri greinargerð, sem send var út í júní.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason

Þórður Skúlason, framkvstj.

SAMBAND ÍSL. SVEITARFÉLAGA Reykjavík 7. ágúst 1992

Miðað er við ákvarðanir ríkisstjórnar um veiðiheimildir.

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um (0,5) prósentustig árið 1993 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
0000.	**Reykjavík**	**99.653**	**149.857.443**	**1.504**	**33**	**1.264.750**	**-851.940**	**4**
1000	Kópavogur	16.635	-15.230.209	-916	2	61.053	86.584	9
1300	Garðabær	7.202	-38.029	-5	0	1.225	216	0
1604	Mosfellsbær	4.383	-2.369	-1	0	985	12	0
1400	Hafnarfjörður	15.628	-44.760.001	-2.864	24	1.030.236	254.461	82
2200	Keflavík	7.572	-99.368.200	-13.123	22	949.176	564.908	200
2400	Njarðvík	2.494	-13.712.810	-5.498	2	103.623	77.957	73
2506	Vatnsleysustr.hr.	651	-16.909.889	-25.975	3	118.965	137.985	395
2503	Sandgerði	1.278	-20.250.380	-15.845	10	424.139	118.465	425
2504	Gerðahreppur	1.076	-60.935.256	-56.631	6	270.173	497.232	713
2502	Hafnahreppur	114	-347.159	-3.045	0	2.599	2.833	48
23/	Grindavík	2.170	-154.937.586	-71.400	29	1.240.025	906.385	989
	Reykjanes	**59.203**	**-426.491.888**	**-7.204**	**98**	**4.202.199**	**2.647.037**	**116**
3000	Akranes	5.236	10.613.740	2.027	18	791.076	-83.201	135
3606	Borgarnes	1.778	-4.729.593	-2.660	1	25.352	35.969	34
3706	Neshreppur u. E.	630	-152.898.948	-242.697	12	510.893	1.247.655	2.791
3200	Ólafsvík	1.180	-158.808.420	-134.583	21	907.825	1.858.059	2.344
3709	Grundarfjörður	846	-61.487.097	-72.680	9	385.692	501.735	1.049
3711	Stykkishólmur	1.223	-83.173.653	-68.008	7	315.216	973.132	1.053
3804	Laxárdalshr.	376	-1.099.991	-2.926	0	2.379	8.976	30
	Vesturland	**11.269**	**-451.583.961**	**-40.073**	**68**	**2.938.434**	**4.542.324**	**664**
4601	Barðastr.hr.	146	-118.229	-810	0	14.604	965	107
4502	Reykhólahr.	370	-697.943	-1.886	0	5.087	5.695	29
4603	Patrekshreppur	899	-136.693.853	-152.051	15	654.717	1.115.422	1.969
4604	Tálknafjörður	358	-58.941.168	-164.640	7	318.580	480.960	2.233
4606	Bíldudalshreppur	368	-18.708.926	-50.839	5	202.815	152.665	966
4702	Þingeyri	486	-80.454.579	-165.544	10	416.870	656.509	2.209
4705	Flateyri	404	-47.936.838	-118.656	6	273.537	391.165	1.645
4706	Suðureyri	352	-40.669.938	-115.540	6	260.082	331.867	1.682
41/	Bolungarvík	1.179	-85.779.171	-72.756	13	568.488	775.873	1.140
40/	Ísafjörður	3.492	-211.942.010	-60.694	31	1.346.683	1.913.836	934
4803	Súðavík	228	-67.380.518	-295.529	8	333.922	549.825	3.876
4902	Kaldrananeshr.+Str.	174	-1.575.087	-9.052	2	104.607	12.853	675
4904	Hólmavík	487	-42.091.131	-86.429	6	266.153	343.464	1.252
	Vestfirðir	**8.943**	**-792.989.393**	**-88.672**	**111**	**4.766.145**	**6.731.098**	**1.286**
5504	Hvammstangi	689	3.212.542	4.663	0	21.168	-26.214	-7
5604	Blönduós	1.079	19.575.655	18.142	1	29.454	-193.212	-152
5609	Höfðahreppur	650	-110.959.666	-170.707	14	569.063	905.431	2.268
5100	Sauðárkrókur	2.575	-45.993.748	-17.862	13	575.790	403.595	380
5710	Hofshreppur	402	-7.517.265	-18.700	1	29.864	61.341	227
5715	Fljótahreppur	173	-3.603.132	-20.827	0	17.800	29.402	273
5000	Siglufjörður	1.771	-120.547.750	-68.068	14	594.332	1.128.327	973
	Norðuriand-Vestra	**7.339**	**-265.833.365**	**-36.222**	**43**	**1.837.472**	**2.308.669**	**565**
6200	Ólafsfjörður	1.170	-138.936.593	-118.749	19	835.134	1.219.169	1.756
6501	Grímsey	117	-22.205.230	-189.788	4	156.870	181.195	2.889
6504	Hrísey	272	-36.193.103	-133.063	1	48.488	295.336	1.264
6300	Dalvík	1.495	-137.249.668	-91.806	15	661.117	1.204.366	1.248
6506	Arnarneshreppur	230	-578.441	-2.515	0	2.051	4.720	29
6505	Árskógshreppur	365	-40.841.151	-111.894	4	183.616	333.264	1.416

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um 1 prósentustig árið 1993: 637 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
6000	Akureyri	14.437	-218.100.766	-15.107	44	1.800.443	1.913.834	257
6602	Grýtubakkahr.	419	-36.043.850	-86.024	9	407.516	294.118	1.675
6100	Húsavík	2.477	-51.149.077	-20.650	13	576.036	334.515	368
6702	Öxarfjarðarhr.	365	-195.904	-537	1	25.434	1.599	74
6705	Raufarhafnarhr.	380	-43.185.440	-113.646	7	291.751	352.393	1.695
6707	Þórshafnarhr.	416	-58.192.103	-139.885	6	266.153	474.848	1.781
	Norðurland-Eystra	**22.143**	**-782.871.326**	**-35.355**	**124**	**5.254.610**	**6.609.355**	**536**
7501	Skeggjastaðahr.	129	-10.243.255	-79.405	2	106.084	83.585	1.470
7502	Vopnafjörður	912	-50.772.996	-55.672	7	298.397	414.308	781
7603	Egilsstaðir	1.476	-132.024	-89	0	1.641	1.782	2
7509	Borgarfjarðarhr.	209	-9.200.037	-44.019	2	75.645	75.072	721
7000	Seyðisfjörður	919	-61.934.714	-67.394	7	318.170	615.941	1.016
7605	Mjóafjarðarhr.	38	-290.174	-7.636	0	7.384	2.368	257
71	Neskaupstaður	1.683	-73.445.113	-43.639	15	636.339	641.176	759
7200	Eskifjörður	1.038	-21.707.486	-20.913	9	375.109	199.731	554
7609	Reyðarfjarðarhr.	746	-6.890.711	-9.237	2	106.412	56.228	218
7611	Búðahreppur	757	-52.359.666	-69.167	10	426.469	427.255	1.128
7612	Stöðvarhreppur	340	-17.369.794	-51.088	4	151.619	141.738	863
7613	Breiðdalshreppur	350	-4.936.776	-14.105	4	164.336	40.284	585
7615	Búlandshreppur	456	-36.458.268	-79.952	5	233.335	297.499	1.164
7703	Höfn	1.724	-100.899.707	-58.527	22	932.193	656.252	921
	Austurland	**10.777**	**-446.640.720**	**-41.444**	**89**	**3.833.132**	**3.653.218**	**695**
8000	Vestmannaeyjar	4.923	-39.671.280	-8.058	45	1.725.105	225.531	396
8508	Mýrdalshreppur	595	-838.676	-1.410	0	2.954	6.844	16
8702	Stokkseyrarhr.	534	-23.015.570	-43.100	4	157.690	187.807	647
8703	Eyrarbakki	528	-24.490.153	-46.383	5	202.733	199.840	762
8100	Selfoss	3.959	-2.358.356	-596	0	11.486	13.407	6
8717	Ölfushreppur	1.561	-32.172.757	-20.610	16	600.199	262.530	553
	Suðurland	**12.100**	**-122.546.791**	**-10.128**	**69**	**2.700.167**	**895.958**	**297**
	Samtals:	**231.427**	**-3.139.100.000**	**-13.564**	**637**	**26.796.908**	**26.535.720**	**230**

1) Miðað er við eftirfarandi:

	Aflamagn árið 1992 (tonn)	Aflamagn árið 1993 (tonn)	Útflutnings-verð. Kr. pr. kg.
Þorskur	270.000	205.000	109,1
Ýsa	55.000	65.000	111,0
Ufsi	75.000	92.000	62,0
Karfi	90.000	104.000	77,1
Rækja	42.000	47.000	141,8

SAMBAND ÍSL. SVEITARFÉLAGA Reykjavík 7. ágúst 1992

Miðað er við ákvarðanir ríkisstjórnar um veiðiheimildir.

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um 1 prósentustig árið 1993 1.274 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
0000.	**Reykjavík**	**99.653**	**149.857.443**	**1.504**	**66**	**2.529.499**	**-851.940**	**17**
1000	Kópavogur	16.635	-15.230.209	-916	3	122.107	86.584	13
1300	Garðabær	7.202	-38.029	-5	0	2.450	216	0
1604	Mosfellsbær	4.383	-2.369	-1	0	1.969	12	0
1400	Hafnarfjörður	15.628	-44.760.001	-2.864	48	2.060.472	254.461	148
2200	Keflavík	7.572	-99.368.200	-13.123	44	1.898.352	564.908	325
2400	Njarðvík	2.494	-13.712.810	-5.498	5	207.245	77.957	114
2506	Vatnsleysustr.hr.	651	-16.909.889	-25.975	6	237.930	137.985	577
2503	Sandgerði	1.278	-20.250.380	-15.845	21	848.277	118.465	756
2504	Gerðahreppur	1.076	-60.935.256	-56.631	13	540.347	497.232	964
2502	Hafnahreppur	114	-347.159	-3.045	0	5.198	2.833	70
2[illegible]	Grindavík	2.170	-154.937.586	-71.400	58	2.480.049	906.385	1.561
	Reykjanes	**59.203**	**-426.491.888**	**-7.204**	**197**	**8.404.398**	**2.647.037**	**187**
3000	Akranes	5.236	10.613.740	2.027	37	1.582.151	-83.201	286
3606	Borgarnes	1.778	-4.729.593	-2.660	1	50.704	35.969	49
3706	Neshreppur u. E.	630	-152.898.948	-242.697	24	1.021.786	1.247.655	3.602
3200	Ólafsvík	1.180	-158.808.420	-134.583	42	1.815.651	1.858.059	3.113
3709	Grundarfjörður	846	-61.487.097	-72.680	18	771.385	501.735	1.505
3711	Stykkishólmur	1.223	-83.173.653	-68.008	15	630.432	973.132	1.311
3804	Laxárdalshr.	376	-1.099.991	-2.926	0	4.759	8.976	37
	Vesturland	**11.269**	**-451.583.961**	**-40.073**	**137**	**5.876.867**	**4.542.324**	**925**
4601	Barðastr.hr.	146	-118.229	-810	1	29.208	965	207
4502	Reykhólahr.	370	-697.943	-1.886	0	10.174	5.695	43
4603	Patrekshreppur	899	-136.693.853	-152.051	31	1.309.435	1.115.422	2.697
4604	Tálknafjörður	358	-58.941.168	-164.640	15	637.160	480.960	3.123
4606	Bíldudalshreppur	368	-18.708.926	-50.839	9	405.629	152.665	1.517
4702	Þingeyri	486	-80.454.579	-165.544	19	833.739	656.509	3.066
4705	Flateyri	404	-47.936.838	-118.656	13	547.075	391.165	2.322
4706	Suðureyri	352	-40.669.938	-115.540	12	520.164	331.867	2.421
41[illegible]	Bolungarvík	1.179	-85.779.171	-72.756	26	1.136.976	775.873	1.622
40[illegible]	Ísafjörður	3.492	-211.942.010	-60.694	63	2.693.366	1.913.836	1.319
4803	Súðavík	228	-67.380.518	-295.529	16	667.844	549.825	5.341
4902	Kaldrananeshr.+Str.	174	-1.575.087	-9.052	5	209.214	12.853	1.276
4904	Hólmavík	487	-42.091.131	-86.429	12	532.307	343.464	1.798
	Vestfirðir	**8.943**	**-792.989.393**	**-88.672**	**222**	**9.532.290**	**6.731.098**	**1.819**
5504	Hvammstangi	689	3.212.542	4.663	1	42.335	-26.214	23
5604	Blönduós	1.079	19.575.655	18.142	1	58.908	-193.212	-124
5609	Höfðahreppur	650	-110.959.666	-170.707	28	1.138.125	905.431	3.144
5100	Sauðárkrókur	2.575	-45.993.748	-17.862	27	1.151.580	403.595	604
5710	Hofshreppur	402	-7.517.265	-18.700	1	59.729	61.341	301
5715	Fljótahreppur	173	-3.603.132	-20.827	1	35.601	29.402	376
5000	Siglufjörður	1.771	-120.547.750	-68.068	28	1.188.665	1.128.327	1.308
	Norðurland-Vestra	**7.339**	**-265.833.365**	**-36.222**	**87**	**3.674.943**	**2.308.669**	**815**
6200	Ólafsfjörður	1.170	-138.936.593	-118.749	39	1.670.268	1.219.169	2.470
6501	Grímsey	117	-22.205.230	-189.788	7	313.739	181.195	4.230
6504	Hrísey	272	-36.193.103	-133.063	2	96.977	295.336	1.442
6300	Dalvík	1.495	-137.249.668	-91.806	31	1.322.234	1.204.366	1.690
6506	Arnarneshreppur	230	-578.441	-2.515	0	4.102	4.720	38
6505	Árskógshreppur	365	-40.841.151	-111.894	9	367.232	333.264	1.919

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um 1 prósentustig árið 1993: 1.274 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
6000	Akureyri	14.437	-218.100.766	-15.107	87	3.600.886	1.913.834	382
6602	Grýtubakkahr.	419	-36.043.850	-86.024	19	815.033	294.118	2.647
6100	Húsavík	2.477	-51.149.077	-20.650	27	1.152.073	334.515	600
6702	Öxarfjarðarhr.	365	-195.904	-537	1	50.868	1.599	144
6705	Raufarhafnarhr.	380	-43.185.440	-113.646	14	583.502	352.393	2.463
6707	Þórshafnarhr.	416	-58.192.103	-139.885	12	532.307	474.848	2.421
	Norðurland-Eystra	**22.143**	**-782.871.326**	**-35.355**	**248**	**10.509.220**	**6.609.355**	**773**
7501	Skeggjastaðahr.	129	-10.243.255	-79.405	5	212.168	83.585	2.293
7502	Vopnafjörður	912	-50.772.996	-55.672	14	596.794	414.308	1.109
7603	Egilsstaðir	1.476	-132.024	-89	0	3.282	1.782	3
7509	Borgarfjarðarhr.	209	-9.200.037	-44.019	4	151.291	75.072	1.083
7000	*Seyðisfjörður*	919	-61.934.714	-67.394	15	636.339	615.941	1.363
7[illegible]	Mjóafjarðarhr.	38	-290.174	-7.636	0	14.768	2.368	451
7100	Neskaupstaður	1.683	-73.445.113	-43.639	30	1.272.679	641.176	1.137
7200	Eskifjörður	1.038	-21.707.486	-20.913	17	750.217	199.731	915
7609	Reyðarfjarðarhr.	746	-6.890.711	-9.237	5	212.824	56.228	361
7611	Búðahreppur	757	-52.359.666	-69.167	20	852.937	427.255	1.691
7612	Stöðvarhreppur	340	-17.369.794	-51.088	7	303.237	141.738	1.309
7613	Breiðdalshreppur	350	-4.936.776	-14.105	8	328.671	40.284	1.054
7615	Búlandshreppur	456	-36.458.268	-79.952	11	466.671	297.499	1.676
7703	Höfn	1.724	-100.899.707	-58.527	43	1.864.385	656.252	1.462
	Austurland	**10.777**	**-446.640.720**	**-41.444**	**179**	**7.666.264**	**3.653.218**	**1.050**
8000	Vestmannaeyjar	4.923	-39.671.280	-8.058	90	3.450.210	225.531	747
8508	Mýrdalshreppur	595	-838.676	-1.410	0	5.907	6.844	21
8702	Stokkseyrarhr.	534	-23.015.570	-43.100	7	315.380	187.807	942
8703	Eyrarbakki	528	-24.490.153	-46.383	9	405.465	199.840	1.146
8100	Selfoss	3.959	-2.358.356	-596	1	22.973	13.407	9
8717	Ölfushreppur	1.561	-32.172.757	-20.610	31	1.200.398	262.530	937
	Suðurland	**12.100**	**-122.546.791**	**-10.128**	**139**	**5.400.334**	**895.958**	**520**
	Samtals:	**231.427**	**-3.139.100.000**	**-13.564**	**1.274**	**53.593.815**	**26.535.720**	**346**

1) Miðað er við eftirfarandi:

	Aflamagn árið 1992 (tonn)	Aflamagn árið 1993 (tonn)	Útflutningsverð. Kr. pr. kg.
Þorskur	270.000	205.000	109,1
Ýsa	55.000	65.000	111,0
Ufsi	75.000	92.000	62,0
Karfi	90.000	104.000	77,1
Rækja	42.000	47.000	141,8

SAMBAND ÍSL. SVEITARFÉLAGA Reykjavík 14. ágúst 1992

Miðað er við ákvarðanir ríkisstjórnar um veiðiheimildir.

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um (0,8) prósentustig árið 1993 1.019 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
0000.	**Reykjavík**	**99.653**	**149.857.443**	**1.504**	**53**	**2.023.600**	**-851.940**	**12**
1000	Kópavogur	16.635	-15.230.209	-916	3	97.685	86.584	11
1300	Garðabær	7.202	-38.029	-5	0	1.960	216	0
1604	Mosfellsbær	4.383	-2.369	-1	0	1.575	12	0
1400	Hafnarfjörður	15.628	-44.760.001	-2.864	38	1.648.378	254.461	122
2200	Keflavík	7.572	-99.368.200	-13.123	35	1.518.682	564.908	275
2400	Njarðvík	2.494	-13.712.810	-5.498	4	165.796	77.957	98
2506	Vatnsleysustr.hr.	651	-16.909.889	-25.975	4	190.344	137.985	504
2503	Sandgerði	1.278	-20.250.380	-15.845	16	678.622	118.465	624
2504	Gerðahreppur	1.076	-60.935.256	-56.631	10	432.278	497.232	864
2502	Hafnahreppur	114	-347.159	-3.045	0	4.159	2.833	61
23(	Grindavík	2.170	-154.937.586	-71.400	46	1.984.040	906.385	1.332
	Reykjanes	**59.203**	**-426.491.888**	**-7.204**	**158**	**6.723.518**	**2.647.037**	**158**
3000	Akranes	5.236	10.613.740	2.027	29	1.265.721	-83.201	226
3606	Borgarnes	1.778	-4.729.593	-2.660	1	40.563	35.969	43
3706	Neshreppur u. E.	630	-152.898.948	-242.697	19	817.429	1.247.655	3.278
3200	Ólafsvík	1.180	-158.808.420	-134.583	34	1.452.521	1.858.059	2.806
3709	Grundarfjörður	846	-61.487.097	-72.680	14	617.108	501.735	1.323
3711	Stykkishólmur	1.223	-83.173.653	-68.008	12	504.346	973.132	1.208
3804	Laxárdalshr.	376	-1.099.991	-2.926	0	3.807	8.976	34
	Vesturland	**11.269**	**-451.583.961**	**-40.073**	**110**	**4.701.494**	**4.542.324**	**820**
4601	Barðastr.hr.	146	-118.229	-810	1	23.366	965	167
4502	Reykhólahr.	370	-697.943	-1.886	0	8.139	5.695	37
4603	Patrekshreppur	899	-136.693.853	-152.051	24	1.047.548	1.115.422	2.406
4604	Tálknafjörður	358	-58.941.168	-164.640	12	509.728	480.960	2.767
4606	Bíldudalshreppur	368	-18.708.926	-50.839	8	324.503	152.665	1.297
4702	Þingeyri	486	-80.454.579	-165.544	16	666.991	656.509	2.723
4705	Flateyri	404	-47.936.838	-118.656	10	437.660	391.165	2.052
4706	Suðureyri	352	-40.669.938	-115.540	10	416.131	331.867	2.125
41(	Bolungarvík	1.179	-85.779.171	-72.756	21	909.581	775.873	1.430
4000	Ísafjörður	3.492	-211.942.010	-60.694	50	2.154.693	1.913.836	1.165
4803	Súðavík	228	-67.380.518	-295.529	12	534.276	549.825	4.755
4902	Kaldrananeshr.+Str.	174	-1.575.087	-9.052	4	167.371	12.853	1.036
4904	Hólmavík	487	-42.091.131	-86.429	10	425.845	343.464	1.580
	Vestfirðir	**8.943**	**-792.989.393**	**-88.672**	**178**	**7.625.832**	**6.731.098**	**1.605**
5504	Hvammstangi	689	3.212.542	4.663	1	33.868	-26.214	11
5604	Blönduós	1.079	19.575.655	18.142	1	47.127	-193.212	-135
5609	Höfðahreppur	650	-110.959.666	-170.707	22	910.500	905.431	2.794
5100	Sauðárkrókur	2.575	-45.993.748	-17.862	21	921.264	403.595	515
5710	Hofshreppur	402	-7.517.265	-18.700	1	47.783	61.341	271
5715	Fljótahreppur	173	-3.603.132	-20.827	1	28.481	29.402	335
5000	Siglufjörður	1.771	-120.547.750	-68.068	22	950.932	1.128.327	1.174
	Norðurland-Vestra	**7.339**	**-265.833.365**	**-36.222**	**69**	**2.939.954**	**2.308.669**	**715**
6200	Ólafsfjörður	1.170	-138.936.593	-118.749	31	1.336.214	1.219.169	2.184
6501	Grímsey	117	-22.205.230	-189.788	6	250.991	181.195	3.694
6504	Hrísey	272	-36.193.103	-133.063	2	77.582	295.336	1.371
6300	Dalvík	1.495	-137.249.668	-91.806	25	1.057.787	1.204.366	1.513
6506	Arnarneshreppur	230	-578.441	-2.515	0	3.282	4.720	35
6505	Árskógshreppur	365	-40.841.151	-111.894	7	293.786	333.264	1.718

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des.'91	Breyting í útflutningsverðmæti milli 1992 og 1993 1)	Breyting í útflutn.verðmæti. Kr. pr. íb.	Ef atv.leysi eykst um 0,8 prósentustig árið 1993: 1.019 Skipt á sv.fél.	Tekjutap sveitarfél. v. útsvars árið 1993	Tekjutap sveitarfél. v. aðst.gj. v. ársins '93	Tekjutap sveitarfél. v.útsv+aðstgj. Kr.pr.íb.
6000	Akureyri	14.437	-218.100.766	-15.107	70	2.880.709	1.913.834	332
6602	Grýtubakkahr.	419	-36.043.850	-86.024	15	652.026	294.118	2.258
6100	Húsavík	2.477	-51.149.077	-20.650	21	921.658	334.515	507
6702	Öxarfjarðarhr.	365	-195.904	-537	1	40.694	1.599	116
6705	Raufarhafnarhr.	380	-43.185.440	-113.646	11	466.802	352.393	2.156
6707	Þórshafnarhr.	416	-58.192.103	-139.885	10	425.845	474.848	2.165
	Norðurland-Eystra	22.143	-782.871.326	-35.355	199	8.407.376	6.609.355	678
7501	Skeggjastaðahr.	129	-10.243.255	-79.405	4	169.734	83.585	1.964
7502	Vopnafjörður	912	-50.772.996	-55.672	11	477.435	414.308	978
7603	Egilsstaðir	1.476	-132.024	-89	0	2.625	1.782	3
7509	Borgarfjarðarhr.	209	-9.200.037	-44.019	3	121.032	75.072	938
7000	Seyðisfjörður	919	-61.934.714	-67.394	12	509.071	615.941	1.224
760[illegible]	Mjóafjarðarhr.	38	-290.174	-7.636	0	11.814	2.368	373
71.	Neskaupstaður	1.683	-73.445.113	-43.639	24	1.018.143	641.176	986
7200	Eskifjörður	1.038	-21.707.486	-20.913	14	600.174	199.731	771
7609	Reyðarfjarðarhr.	746	-6.890.711	-9.237	4	170.259	56.228	304
7611	Búðahreppur	757	-52.359.666	-69.167	16	682.350	427.255	1.466
7612	Stöðvarhreppur	340	-17.369.794	-51.088	6	242.590	141.738	1.130
7613	Breiðdalshreppur	350	-4.936.776	-14.105	6	262.937	40.284	866
7615	Búlandshreppur	456	-36.458.268	-79.952	9	373.337	297.499	1.471
7703	Höfn	1.724	-100.899.707	-58.527	35	1.491.508	656.252	1.246
	Austurland	10.777	-446.640.720	-41.444	143	6.133.011	3.653.218	908
8000	Vestmannaeyjar	4.923	-39.671.280	-8.058	72	2.760.168	225.531	606
8508	Mýrdalshreppur	595	-838.676	-1.410	0	4.726	6.844	19
8702	Stokkseyrarhr.	534	-23.015.570	-43.100	6	252.304	187.807	824
8703	Eyrarbakki	528	-24.490.153	-46.383	8	324.372	199.840	993
8100	Selfoss	3.959	-2.358.356	-596	0	18.378	13.407	8
8717	Ölfushreppur	1.561	-32.172.757	-20.610	25	960.319	262.530	783
	Suðurland	12.100	-122.546.791	-10.128	111	4.320.267	895.958	431
	Samtals:	231.427	-3.139.100.000	-13.564	1.019	42.875.052	26.535.720	300

69. Fyrirspurn [67. mál]

til menntamálaráðherra um niðurskurð á kennslu í skólakerfinu.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverju nemur að mati ráðherra heildarniðurskurður á framlögum til skóla frá árinu 1991 til ársins 1992 á verðlagi fjárlaga þessa árs í
   — grunnskólum alls,
   — framhaldsskólum alls,
   — sérskólum alls,
   — háskólum alls?
2. Hvernig kemur þessi niðurskurður fram í einstökum atriðum í
   — grunnskólum eftir fræðsluumdæmum í vikustundum og fjármunum á föstu verðlagi,
   — háskólum eftir skólum í úthlutuðum tímum og fjármunum á föstu verðlagi,
   — háskólum eftir skólum í kennslumagni og fjármunum á föstu verðlagi,
   — sérskólum eftir skólum í kennslumagni á skóla og fjármunum á föstu verðlagi,
   — sérskólum í tímum og fjármunum á föstu verðlagi?
   Óskað er eftir því að samanburðurinn á tímum og kennslumagni verði milli haustannar haustið 1991 og haustannar haustið 1992.
3. Hvernig kemur þessi niðurskurður fram í tímafjölda til sérkennslu með því að bera saman tímamagn til sérkennslu haustið 1991 og haustið 1992?

Skriflegt svar óskast.

70. Fyrirspurn [68. mál]

til fjármálaráðherra um hlunnindatekjur á ríkisjörðum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru hlunnindatekjur á ríkisjörðum? Hvernig skiptast þær milli helstu hlunnindaflokka? Hvernig skiptast hlunnindatekjur ríkisjarða milli skattumdæma?
2. Hver nýtur teknanna?
3. Hvernig skiptast hlunnindatekjur milli tegunda embætta?

Skriflegt svar óskast.

71. Frumvarp til laga [69. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1993 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild Alþingis en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum. Flutningsmenn hafa ekki tekið afstöðu til þessara tillagna ráðuneytisins, en telja eðlilegt að um þær verði fjallað í iðnaðarnefnd þingsins í tengslum við þetta frumvarp. Rétt er að geta þess að iðnaðarnefnd neðri deildar leitaði að fenginni heimild forseta þingsins til tveggja lögfræðinga, Magnúsar K. Hannessonar og Tryggva Gunnarssonar, með ósk um að þeir könnuðu ýmsa þætti er tengjast frumvarpinu. Meðal annars var talið æskilegt að kanna þróun löggjafar í nágrannalöndum á þessu sviði að undanförnu. Lögmennirnir höfðu ekki lokið athugunum sínum fyrir þinglok í marsmánuði 1991.

Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og III., V. og VII. kafla orkulaga, nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í III. kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita", er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita ná nefna 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með

það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt." (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A, bls. 124.) Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B, d. 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi, sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur*, bls. 46.

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu *Eignaréttur*. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr." Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: *Um eignar- og umráðarétt að jarðhita*. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þótt réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það sem sagt er hér að framan um Danmörk."

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A, bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Sviþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956, bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðan jarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðan jarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta samkvæmt eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðan jarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land.“

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum, þar sem löggjafar nýtur, hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita sem finnst djúpt í jörðu niðri að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin, sem upp geta komið, eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög, nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við fimm ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1988 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til samkvæmt frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknaleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. til að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög, sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna, skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.–16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmdar ákvarðanir um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna samkvæmt greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Erindi frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefnda Alþingis 26. nóvember 1990 um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi.

Ráðuneytið hefur fjallað um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi sem flutt er af Hjörleifi Guttormssyni o.fl. og nú er til umfjöllunar í háttvirtri iðnaðarnefnd neðri deildar.

Niðurstaða ráðuneytisins er að afmörkun einkaeignarréttar á jarðhita við 100 metra dýptarlínu sé ekki heppileg viðmiðun í ljósi tækniþróunar og jarðhitanýtingar á síðustu áratugum. Æskilegri leið sé að gera greinarmun á háhita- og lághitasvæðum og láta rétt til nýtingar á lághitasvæðum fylgja eignarrétti á landareign, en hins vegar verði skýrt fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar háhitasvæða sé sameign þjóðarinnar.

Þá telur ráðuneytið rétt að skýrt verði fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum sé sameign þjóðarinnar og má í því sambandi vitna til dóma Hæstaréttar frá 19. febrúar 1981 og 28. desember 1981. Í fyrri dómnum var synjað kröfu eigenda að hefðbundnum veiðiréttindum í almenningi um viðurkenningu frekari eignarréttar og hins vegar kröfu eigenda hefðbundinna beitarréttinda á afrétti um viðurkenningu frekari eignarréttar á afréttinum.

Lagt er til að tekið verði fram í lögunum að jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, sé í öllum tilvikum eign ríkissjóðs.

Loks leggur ráðuneytið til nokkrar breytingar á kaflaskiptingu frumvarpsins og orðalagi einstakra greina. Fylgir frumvarpið hjálagt í þeirri mynd er ráðuneytið leggur til að það verði í, en hún felur í sér eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Kaflaskipting. Lagt er til að kaflaskipting frumvarpsins og kaflaheiti verði sem hér segir. I. kafli — Almenn ákvæði, II. kafli — Nýting lághita, III. kafli — Orkulindir í sameign þjóðarinnar, IV. kafli — Vernd jarðhitasvæða og eftirlit með þeim, V. kafli — Ýmis ákvæði.

2. 1. gr. Lagt er til að í frumvarpinu komi ný 1. gr. svohljóðandi:

„Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í iðrum jarðar.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum svæði, þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum svæði, þar sem jarðvarmi með minna en 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi."

Lagt er til að greinatala frumvarpsins breytist í samræmi við þessa viðbót, þannig að 1. gr. verði 2. gr. o.s.frv.

Athugasemd. Hér er tekin upp sú skilgreining á jarðhitasvæði, háhitasvæði og lághitasvæði sem fram kom í frumvarpi Kjartans Jóhannssonar o.fl. um breytingu á orkulögum, en það var flutt á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984 (88. mál). Þekkt háhitasvæði eru Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og líkleg svæði eru Prestahnjúkur, Tindfjallajökull, Blautakvísl, Nauthagi, Hrúthálsar og Öxarfjörður. Auk þess er líklegt að fleiri háhitasvæði muni finnast innan gosbelta landsins.

3. 2. gr. (1. gr. frv.) Lagt er til að 2. gr. hljóði þannig:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á lághitasvæðum innan marka jarðarinnar og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði ef landareign er á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.“

Athugasemd. Hér er réttur landeigenda til nýtingar jarðhita bundinn við lághita í stað jarðhita ofan við 100 metra dýpi. Þá er landeiganda einnig heimilt að nýta sér náttúrlegan jarðhita á yfirborði, ef landareign er á háhitasvæði, en slík nýting er mjög takmörkuð í raun, einkum smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með vatni frá lághitasvæðum samkvæmt skilgreiningunni í 1. gr. ef undan eru skilin gróðurhús í Hveragerði sem mörg eru hituð upp með orku frá hverum á yfirborði háhitasvæðis. Hitaveitan þar nýtir hins vegar afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Í síðari málsgrein kemur orðið „lághita“ í stað orðsins „jarðhita“.

4. 3. gr. (2. gr. frv.) Lagt er til að við greinina bætist 2. mgr. svohljóðandi:

„Jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, eru þó í öllum tilvikum eign ríkissjóðs.“

Athugasemd. Lagt er til að öll tvímæli séu tekin af um það hver sé eignarréttur að jarðgasi og jarðolíu (kolvetnissambanda) sem finnast kunna við boranir í berggrunn landsins. Er lagt til að slík efni verði lýst sameign þjóðarinnar, þ.e. ríkissjóðs.

5. 4. gr. (3. gr. frv.) Lagt er til að orðið „lághita“ komi í stað orðsins „jarðhita“ og auk þess er lögð til smávægileg orðalagsbreyting í lok fyrri málsgreinar, þ.e. að niðurlag málsgreinarinnar hljóði „ ... hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar lághitans“ í stað „ ... hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans“.

6. 5. gr. (4. gr. frv.) og 6. gr. (5. gr. frv.). Lagt er til að orðið „lághiti“ komi í stað orðsins „jarðhita“.

Athugasemd. Breytingar skv. 4. og 5. tölul. leiðir af þeirri breytingu, sem lögð er til í 3. tölul.

7. 7. gr. (6. gr. frv.) Lagt er til að greinin hljóði þannig:

„Réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum er sameign þjóðarinnar. Ríkissjóður á einkarétt á nýtingu þeirrar orku og sama gildir um nýtingu háhita í landi sem háð er einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.“

Athugasemd. Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum, að réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum sé sameign þjóðarinnar. Um þetta atriði skal vísað til framangreindra hæstaréttardóma um eignarrétt að afréttum og almenningum, en ráðuneytið telur mikilvægt að taka af öll tvímæli um þetta efni með ótvíræðum ákvæðum í löggjöf. Þá er ríkissjóði áskilinn einkaréttur á nýtingu þeirrar orku og sama gildi um nýtingu háhita í landi sem háð er einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem greinir í frumvarpinu. Telur ráðuneytið að í síðastgreinda tilvikinu sé um að ræða almenna takmörkun á eignarrétti sem til liggi margvísleg rök og ekki brjóti í bága við stjórnarskrána. Í 8. gr. frv. (9. gr. skv. tillögu ráðuneytisins) er ákvæði sem tryggir hagsmuni þeirra aðila sem þegar hafa látið bora eftir orku í háhitasvæði og byrjað hagnýtingu hennar fyrir 1. janúar 1993.

8. Lagt er til að 7. gr. frumvarpsins falli brott.

Athugasemd. Greinin gerð að 2. mgr. næstu greinar að breyttu breytanda.

9. Lagt er til að 8. gr. hljóði svo:

„Um nýtingu orku fallvatna á afréttum og almenningum gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, laga um raforkuver, nr. 60 4. júní 1981 og annarra laga eftir því sem við á.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhitaréttindi skv. 7. gr. án leyfis ráðherra, sbr. ákvæði 10. og 11. gr.“

Athugasemd. 1. mgr. felur í sér að ákvæði vatnalaga, orkulaga og laga um raforkuver skuli að öðru leyti gilda um orkunýtingu fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi V. kafla vatnalaga um notkun vatnsorku, VI. kafla um vatnsmiðlun, XIV. kafla um vatnsvirki, II. kafla orkulaga um vinnslu raforku og ákvæði laga um raforkuver um heimildir til virkjunar. Í 2. mgr. er ákvæði 7. gr. frumvarpsins tekið upp með þeirri breytingu að hún á nú við jarðhita á afréttum og almenningum og háhita utan þeirra svæða.

10. 9. gr. (8. gr. frv.) Lagt er til að orðið „háhita“ komi í stað orðsins „jarðhita“ og að viðmiðunartími verði 1. janúar 1993.

Athugasemd. Tillögu þessa leiðir af framangreindum breytingartillögum ef samþykktar verða. Þá nær einkaréttur ríkisins til nýtingar jarðhita í byggð og utan landareigna ríkissjóðs einungis til háhitasvæða.

11. 10. gr. (9. gr. frv.) Lagt er til að orðið „íslenskum“ falli út úr greininni og við bætist 2. mgr. svohljóðandi:

„Verði land, sem er í einkaeign, fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati ef ekki næst samkomulag milli aðila um bæturnar. Sama gildir um skemmdir á landi í eigu ríkissjóðs.“

Athugasemd. Um 1. mgr. Ráðuneytið telur eðlilegt að um hvers konar réttindi erlendra aðila til umsvifa á sviði orkumála hér á landi sé fjallað í einum lögum eins og gert hefur verið í öðrum frumvarpi sem samið hefur verið um réttindi erlendra aðila til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi.

Um 2. mgr. Eðlilegt er að lögfesta bótaskyldu rannsóknaraðila í því tilviki sem hér á við.

12. 11. gr. (10. gr. frv.) Lagt er til að greinin orðist þannig:

„Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afréttum og almenningum allt að 10 MW að varmaafli í hverju tilviki. Hann getur einnig veitt leyfi til samsvarandi nýtingar háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Heimild Alþingis þarf til að leyfa nýtingu á jarðhita umfram 10 MW að varmaafli í hverju tilviki á afréttum og almenningum og á samsvarandi nýtingu háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti.

Umsóknum um jarðhitaleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans.

Í jarðhitaleyfi skal m.a. greina skilyrði um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldur hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggisráðstafanir og greiðslu afgjalds fyrir jarðhitaréttindi.

Um nýtingu jarðhita á afréttum og almenningum og um nýtingu háhita í öðrum landsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði orkulaga og annarra laga eftir því sem við á.“

Athugasemd. Greinin hefur verið endurskrifuð með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar hafa verið til hér að framan. Heimild ráðherra til útgáfu jarðhitaleyfis er bundin við 10 MW að varmaafli í hverju tilviki, en lagt er til að heimild Alþingis þurfi til útgáfu jarðhitaleyfis fyrir viðameiri framkvæmdum.

13. 12. gr. (11. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í aðrar greinar breytist um eitt sæti í töluröð.

14. 13. gr. (12. gr. frv.). Lagt er til að tilvísanir í aðrar greinar breytist um eitt sæti í töluröð og að tilvísun til náttúruverndarlaga falli brott.

Athugasemd. Tilvísunin er óþörf þar eð nægilegt er að nefna Náttúruverndarráð.

15. 14. gr. (13. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í 9. og 10. gr. verði í 10. og 11. gr. og að orðið „lághita“ komi í stað „jarðhita“ í 2. línu 1. mgr. Í 2. mgr. komi orðið „lághitaréttindi“ í stað „jarðhita“ í 1. línu málsgreinarinnar og orðið „lághita“ komi í stað „jarðhita“ í 2. línu.

16. 15. gr. Lagt er til að hér bætist við ný grein svohljóðandi:

„Áður en leyfi er veitt til virkjunar jarðhita á afrétti innan sveitarfélags skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt til nýtingar jarðhitans fyrir almenningsveitu í þágu íbúanna.“

Athugasemd. Grein þessi samsvarar 11. gr. frumvarpsins (12. gr. í tillögum ráðuneytisins) að öðru leyti, þar er miðað við eignarland sveitarfélagsins. Hins vegar telur ráðuneytið einnig rétt að sveitarfélag fái að öðru jöfnu einnig forgangsrétt til nýtingar jarðhita á afréttum íbúa sinna fyrir almenningsveitu í þeirra þágu.

17. 16. gr. (14. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í 10. og 11. gr. verði í 10. og 11. gr. og að orðið „lághita“ komi í stað „jarðhita“.

18. 17. gr. (15. gr. frv.) Lagt er til að framan við greinina bætist 1. mgr. en núverandi texti verði 2. mgr.

1. mgr. hljóði svo: „Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum.“

Athugasemd: Nauðsynlegt þykir að eftirlit með jarðhitasvæðum landsins sé falið einum aðila eins og reyndar kemur óbeint fram í síðari greinum frumvarpsins.

19. 20. gr. (18. gr.) Lagt er til að settur verði eins mánaðar frestur eftir að borun er lokið til skila á afriti dagbókar í 2. mgr. og að við greinina bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

„Skylt er að tilkynna Orkustofnun fyrir fram um allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.“

Athugasemd. Lagt er til að slíkt ákvæði verði sett til þess að koma í veg fyrir að aðili hefji án heimildar boranir á jarðhitasvæði þar sem ríkissjóður á einkarétt til nýtingar orkunnar.

Starfsmenn iðnaðarráðuneytis eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að ræða framangreindar breytingartillögur við nefndina ef þess er óskað.

Jón Sigurðsson,
Björn Friðfinnsson.

Frumvarp til laga um eignarrétt á orkulindum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í iðrum jarðar.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum svæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum svæði þar sem jarðvarmi með minna en 200 gráða hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

2. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á lághitasvæðum innan marka jarðarinnar og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði ef landareign er á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

3. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og jarðgufu fylgja.

Jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, eru þó í öllum tilvikum eign ríkissjóðs.

II. KAFLI
Nýting lághita.

4. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til þess að hagnýta lághita úr sama jarðhitasvæði þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta lághitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar lághitans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar lághita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

5. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar lághita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir hafi talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar lághita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis og búsþarfa.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni lághitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er lághitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

III. KAFLI
Orkulindir í sameign þjóðarinnar.

7. gr.

Réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum er sameign þjóðarinnar. Ríkissjóður á einkarétt á nýtingu þeirrar orku og sama gildir um nýtingu háhita í landi sem háð er einkarétti með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

8. gr.

Um nýtingu orku fallvatna á afréttum og almenningum gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, laga um raforkuver, nr. 60 4. júní 1981, og annarra laga eftir því sem við á.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhitaréttindi skv. 7. gr. án leyfis ráðherra, sbr. ákvæði 10. og 11. gr.

9. gr.

Sá sem borað hefur eftir háhita og byrjað hagnýtingu hans fyrir 1. janúar 1993 hefur rétt til notkunar þess háhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 13. gr. Hann skal með sama fyrirvara hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar háhitans á því háhitasvæði er hann nýtir.

10. gr.

Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

Verði land, sem er í einkaeign, fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati ef ekki næst samkomulag milli aðila um bæturnar. Sama gildir um skemmdir á landi í eigu ríkissjóðs.

11. gr.

Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afréttum og almenningum allt að 10 MW varmaafli í hverju tilviki. Hann getur einnig veitt aðilum leyfi til samsvarandi nýtingar háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti. Slíkt leyfi nefnist jarðhitaleyfi.

Heimild Alþingis þarf til að leyfa nýtingu á jarðhita umfram 10 MW að varmaafli í hverju tilviki á afréttum og almenningum og samsvarandi nýtingu háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti.

Umsóknum um jarðhitaleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans.

Í jarðhitaleyfi skal m.a. greina skilyrði um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggisráðstafanir og greiðslu afgjalds fyrir jarðhitaréttindi.

Um nýtingu jarðhita á afréttum og almenningum og um nýtingu á háhita á öðrum landsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði orkulaga og annarra laga eftir því sem við á.

12. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 10. og 11. gr. og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds skv. 13. gr.

13. gr.

Í leyfi skv. 10. og 11. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og um greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 10. og 11. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 10. og 11. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til lághita skv. 1. mgr. 2. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhita, þar með talin dreifing hans til notenda.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að lághitaréttindi séu tekin eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á lághitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á lághita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, og 140. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.

15. gr.

Áður en leyfi er veitt til virkjunar jarðhita á afrétti innan sveitarfélags skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt til nýtingar jarðhitans til orkuvinnslu fyrir almenningsveitu í þágu íbúanna.

16. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á lághita á jörðum í opinberri eigu og öðru eignarlandi ríkisins þarf leyfi ráðherra skv. 10. og 11. gr., sbr. þó 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

IV. KAFLI
Vernd jarðhitasvæða og eftirlit með þeim.

17. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

18. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

19. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem fjarri eru byggð með aðvörunarmerkjum.

20. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun fyrir fram um allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

72. Fyrirspurn [70. mál]

til félagsmálaráðherra um störf nefndar til að fjalla um velferð barna og unglinga.

Frá Jóni Helgasyni.

Hvað líður störfum nefndar sem Alþingi samþykkti með þingsályktun á síðasta þingi að fela ríkisstjórninni að skipa til að fjalla um velferð barna og unglinga og skila á skýrslu og ábendingum til að leggja fram á yfirstandandi þingi?

73. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ákvæði 7. mgr. 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp við frumvarp það sem fjármálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi um Kjaradóm og kjaranefnd. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi ákvarðana um æðstu stjórn ríkisins og embættismanna.

Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að verkefni Kjaradóms verði eingöngu það að ákveða starfskjör forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og dómara. Nýjum aðila, þ.e. kjaranefnd sem skipuð verði af fjármálaráðherra og Alþingi, verði hins vegar falið að ákveða laun embættismanna sem heyrt hafa undir Kjaradóm og nokkurra fleiri embættismanna sem ekki falla undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum er ákvæði í 7. mgr. 1. gr. þess efnis að launakjör ríkissáttasemjara skuli ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara, þ.e. af Kjaradómi. Í frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd er starf ríkissáttasemjara talið upp meðal þeirra embætta sem kjaranefnd er ætlað að fjalla um. Æskilegt er að í þeim lögum sé tæmandi talning þeirra sem valdsvið laganna tekur til, en það sé ekki að hluta ákveðið í öðrum lögum. Er því lagt til að fella ákvæði þetta niður í stað þess að breyta því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í því ákvæði, sem hér er fellt niður, er kveðið á um að laun ríkissáttasemjara skuli ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Þá er kveðið á um það í 2. málsl. ákvæðisins að félagsmálaráðherra ákveði laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara. Eins og rakið var í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu er í frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd, sem fjármálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi, kveðið á um að kjaranefnd ákveði laun ríkissáttasemjara. Varðandi vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara er þar um að ræða menn sem gegna viðkomandi störfum í aukastarfi. Ekki er þörf á sérstakri lagaheimild til að ákveða þeim laun.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

74. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um sveigjanlegan vinnutíma.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í samráði við félög opinberra starfsmanna að tekinn verði upp sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum eftir því sem við verður komið. Jafnframt beiti félagsmálaráðherra sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um möguleika á því að boðið verði upp á sveigjanlegan vinnutíma í sem flestum atvinnugreinum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á vorþingi 1992 en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt með nokkrum breytingum í samræmi við ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum um tillöguna.

Kostir og gallar sveigjanlegs vinnutíma hafa ekki fengið mikla umfjöllun. Leiða má rök að því að það sé bæði launþegum og vinnuveitendum í hag að skipulag vinnutíma komi sem best til móts við þarfir beggja.

Með sveigjanlegum vinnutíma er átt við að vinnutími byggist á samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda. Atvinnurekandi og starfsmaður geri samning um vinnutíma eftir þörfum starfsmannsins innan þess ramma sem fyrirtæki vinnuveitanda eða stofnanir hafa svigrúm til. Mikilvægt er að starfsmaður verði ekki þvingaður til að vinna á óeðlilegum vinnutíma í skjóli ákvæða um sveigjanlegan vinnutíma.

Á einstaka vinnustað hefur verið boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og hafa þær tilraunir þótt gefast vel. Kostir sveigjanlegs vinnutíma eru einkum þessir: Starfsmaður vinnur á þeim tíma sem hentar honum best vegna fjölskylduaðstæðna og annars sem hann telur mikilvægt. Það leiðir yfirleitt til þess að starfsmaður er ánægðari í vinnu. Það dregur að líkindum úr fjarvistum og einnig hafa verið leiddar líkur að því að heilsufar sé betra hjá þeim sem ráða vinnutíma sínum.

Helstu vandkvæði við að taka upp sveigjanlegan vinnutíma er sennilega smæð margra íslenskra stofnana og fyrirtækja, einkum þeirra sem hafa fastan opnunartíma. Leita verður lausna á því máli sem tryggir hagsmuni launþega og vinnuveitenda.

Í ritinu „Streita, vinna og heilsa í velferðarþjóðfélagi“ eftir Ólaf Ólafsson landlækni segir m.a.:

„Streita er flókið vandamál og á engan hátt fullrannsakað fyrirbæri. Úr niðurstöðum ýmissa erlendra rannsókna má lesa að eðli vinnu skiptir oft meira máli en atvinnugrein. Hröð og tilbreytingarlaus vinna, samfara lítilli stjórn starfsmanna á vinnutilhögun, er meiri streituvaldur en vinna sem gefur starfsmönnum nokkurt sjálfstæði.

Þessu virðist öðruvísi farið hér á landi þar sem atvinnurekendur og háskólamenntaðir virðast þjást mest allra stétta af streitu þó að þeir ráði að öllu jöfnu meira um vinnutilhögun en aðrir. Skýringin á þessu fyrirbæri gæti m.a. verið miklar kröfur sem gerðar eru til viðkomandi innan og utan fyrirtækis. Þegar nálgast 50 ára aldurinn virðast menn komnir á lygnan sjó.“ (Ólafur Ólafsson: Streita, vinna og heilsa í velferðarþjóðfélagi. Heilbrigðisskýrslur, fylgirit 4, 1989. Landlæknisembættið 1989.)

Samkvæmt þessum upplýsingum er álagið mest á yngsta fólkið sem er oft með börn og að koma yfir sig þaki. Þessum hópi væri mestur akkur í sveigjanlegum vinnutíma og auk þess þyrfti að koma til stytting vinnutíma.

Langur vinnudagur er hlutskipti flestra Íslendinga. Jafnframt er ýmis félagsleg þjónusta, svo og barnagæsla og umönnun aldraða í heimahúsum, af skornum skammti. Skóladagur grunnskólabarna er stuttur og sundurslitinn. Samverustundir fjölskyldunnar eru af skornum skammti í þeirri vinnuánauð sem barnafjölskyldur búa oftast við. Það er hlutskipti flestra fjölskyldna að þurfa að festa kaup á húsnæði á fyrstu búskaparárunum þar sem leigumarkaður er takmarkaður og mjög ótryggur. Því fer fjarri að foreldrar séu sáttir við þetta. Í könnun um hagi foreldra forskólabarna segir t.d.:

„Tvennir af hverjum þrennum foreldrum forskólabarna telja að stjórnvöld styðji frekar illa eða mjög illa við bakið á foreldrum með forskólabörn. Innan við einir af hverjum fimmtán telja að stjórnvöld styðji vel við bakið á foreldrum með forskólabörn ...

Foreldrar með forskólabörn virðast almennt óánægðir með hvernig stjórnvöld taka á þeim málaflokkum sem mest brenna á þeim. Hvað veldur skal ósagt látið. Margt bendir til að kjör, dagvistunarmál og húsnæðismál vegi þungt í þessu sambandi.“ (Baldur Kristjánsson: Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra. Háskóli Íslands — Félagsvísindastofnun, október 1989.)

Úr þessu ástandi verður að bæta. Efla þarf leikskóla, koma á samfelldum, lengdum skóladegi nú þegar og bjóða upp á meiri þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum en jafnframt þarf að huga að því að gefa sem flestum kost á að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Fjarvistir foreldra frá börnum eru meiri en góðu hófi gegnir og það getur haft alvarleg vandamál í för með sér í framtíðinni ef foreldrum verður ekki gert kleift að taka meira tillit til fjölskyldna sinna en nú er gert.

Nokkuð algengt er að fólk reyni að laga vinnutíma sinn að fjölskyldunni en svigrúm til þess er mjög lítið miðað við núverandi aðstæður. Oftast eru það konur sem þurfa að vinna sundurslitinn vinnudag vegna fjölskylduaðstæðna. Nokkuð algengt er að konur þurfi að taka á sig aukavinnu um kvöld og helgar til að geta jafnframt sinnt ungum og öldnum í fjölskyldunni. Það er hins vegar fátíðara að karlmenn reyni að laga vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar. Oft er skilningur vinnuveitenda lítill á því að karlmenn þurfi að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Karlmenn virðast heldur ekki hafa þrýst á að úr því verði bætt.

Rétt er að geta þess að í umræðu á Alþingi 20. febrúar 1992 kom fram að unnið er að því að Íslendingar staðfesti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu — starfsfólk með fjölskylduábyrgð — frá árinu 1981. (Alþingistíðindi, 15. hefti 1991–92.)

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á vinnutíma Íslendinga. Í þessum könnunum hefur fyrst og fremst verið spurt um afstöðu fólks til lengdar vinnutíma en sjaldan um sveigjanlegan vinnutíma. Á þessu eru þó til undantekningar. Í jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna frá því í desember 1989 eru könnuð viðhorf til sveigjanlegs vinnutíma. Flestir (62,4% karla og 63,6% kvenna) telja vinnutíma sinn of langan fyrir fólk með börn og fjölskyldu. En það er þó athyglisvert að sjá hve margir, einkum konur, telja að sveigjanlegur vinnutími vegi einnig þungt með tilliti til fjölskyldumála. 34,6% kvenna og 25,5% karla segjast sammála eða frekar sammála fullyrðingunni. „Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf.“ Rétt er að geta þess að fólki gafst ekki kostur á að svara því hvort langur vinnudagur og ósveigjanlegur vinnudagur bitnuðu jafnt á fjölskyldulífi. (Jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna, desember 1989.)

Væri sveigjanlegur vinnutími tekinn upp á Íslandi mundi það geta stuðlað að því að jafna foreldraábyrgð. Almennt er skilningur sýndur á því að mæður þurfi að laga vinnutíma sinn að þörfum barna sinna en mjög skortir á að hið sama gildi um karla.

Sveigjanlegur vinnutími gæti jafnframt aukið vellíðan í starfi sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda.

Úr Lífskjör og lífshættir á Íslandi.
(Eftir Stefán Ólafsson, júní 1990.)

Skörun á vinnutíma hjóna eða sambýlisfólks: Er maki þinn einhvern tíma í vinnu þegar þú ert það ekki? Ef svo er, hve margar stundir eru það venjulega á viku? (Þeir spurðir sem eru í sambúð, vígðri eða óvígðri.)

	Nei aldrei	1-9 klst.	10-19 klst.	20-29 klst.	Yfir 30 klst.	Já, en veit ekki	Fjöldi
Allir	25,9	13,1	16,2	10,4	23,2	11,2	868
Karlar	45,3	15,7	14,9	6,8	7,3	9,9	382
Konur	10,7	11,1	17,3	13,2	35,6	12,1	486
16-24 ára	22,6	11,9	14,3	6,0	31,0	14,3	84
25-44 -	24,2	13,8	16,0	10,8	24,6	10,8	501
45-66 -	29,7	12,9	17,9	10,6	17,5	11,4	263
67-75 -	35,0	5,0	10,0	15,0	30,0	5,0	20
Verkafólk-ófagl.	23,9	8,3	20,2	17,4	19,3	11,0	109
Verkafólk-fagl.	33,9	23,7	15,3	8,5	11,9	6,8	59
Þjónustust.-lægri	17,3	11,2	21,3	15,2	24,9	10,2	197
Þjónustust.-milli	27,1	14,8	20,6	14,2	11,6	11,6	155
Þjónustust.-hærri	45,8	20,8	16,7	8,3	6,3	2,1	48
Bændur og sjómenn	24,6	13,1	6,6	3,3	18,0	34,4	61
Sjálfst. starfandi	49,6	18,3	13,0	3,5	8,7	7,0	115
Í sambúð án barna	29,2	13,4	18,5	10,9	16,4	11,6	439
Í sambúð með börn	22,5	12,9	13,8	9,9	30,3	10,6	426
Reykjavík	26,7	17,0	15,8	11,5	20,0	9,1	330
Reykjanes	26,1	13,0	18,7	10,9	22,6	8,7	230
Vesturl. og Vestf.	21,3	8,0	20,0	10,7	25,3	14,7	75
Norðurland	24,2	10,5	16,1	8,1	22,6	18,5	124
Austurl. og Suðurl.	28,4	8,3	10,1	8,3	33,0	11,9	109

Að hve miklu leyti getur þú sjálfur skipulagt verkefni þín í vinnunni? Að miklu leyti, að nokkru leyti eða að litlu leyti? (T.d. í hvaða röð verkefnin eru unnin.)

	Að miklu leyti	Að nokkru leyti	Að litlu leyti	**Fjöldi**
Allir	53,9	22,9	23,2	1304
Karlar	57,2	22,0	20,8	682
Konur	50,3	23,8	25,9	622
16-24 ára	41,5	25,2	33,3	258
25-44 –	58,4	23,5	18,2	639
45-66 –	55,6	20,9	23,5	358
67-75 –	49,0	16,3	34,7	49
Verkafólk-ófagl.	35,6	21,6	42,8	264
Verkafólk-fagl.	54,5	23,2	22,2	99
Þjónustust.-lægri	42,5	28,6	28,9	353
Þjónustust.-milli	68,0	24,3	7,7	222
Þjónustust.-hærri	70,4	19,7	9,9	71
Bændur og sjómenn	56,4	17,9	25,6	117
Sjálfst. starfandi	76,9	16,2	6,9	173
Í sambúð án barna	56,7	19,3	24,0	466
Í sambúð með börn	59,5	24,0	16,5	442
Einhleypir án barna	44,5	25,9	29,6	348
Einhleypir með börn	42,2	24,4	33,3	45
Reykjavík	55,7	23,2	21,1	508
Reykjanes	55,8	22,6	21,6	319
Vesturl. og Vestf.	47,0	18,8	34,2	117
Norðurland	45,1	27,7	27,2	184
Austurl. og Suðurl.	59,1	19,9	21,0	176

Geturðu yfirleitt brugðið þér frá í vinnutímanum, til dæmis út í búð eða banka, án þess að dregið sé af launum þínum?

	Já	Nei	Fjöldi
Allir	75,5	24,5	1276
Karlar	78,1	21,9	671
Konur	72,6	27,4	605
16-24 ára	72,6	27,4	248
25-44 –	76,2	23,8	627
45-66 –	75,6	24,4	353
67-75 –	79,2	20,8	48
Verkafólk-ófagl.	77,5	22,5	258
Verkafólk-fagl.	74,7	25,3	99
Þjónustust.-lægri	76,5	23,5	344
Þjónustust.-milli	66,1	33,9	221
Þjónustust.-hærri	91,7	8,3	72
Bændur og sjómenn	57,9	42,1	107
Sjálfst. starfandi	86,5	13,5	171
Í sambúð án barna	75,4	24,6	459
Í sambúð með börn	76,0	24,0	430
Einhleypir án barna	74,9	25,1	338
Einhleypir með börn	75,6	24,4	45
Reykjavík	76,1	23,9	503
Reykjanes	74,7	25,3	316
Vesturl. og Vestf.	73,2	26,8	112
Norðurland	77,1	22,9	179
Austurl. og Suðurl.	74,7	25,3	166

Úr jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna.
(Desember 1989.)

Tafla 7.9 Hlutfall þeirra sem hafa miðlað málum milli atvinnu og fjölskyldulífs

(Hver spurning er sjálfstæð og hlutfallstölur sýna hve margir svöruðu játandi, af þeim sem svöruðu spurningunni)

	karlar %	konur %
Hef tekið ákvörðun um að stofna ekki fjölskyldu því það hefði aftrað framamöguleikum eða stofnað þeim í hættu (karlar N=135, konur N=188)	2,2	4,8
Hef takmarkað barneignir af sömu ástæðum (karlar N=134, konur N=191)	9,7	23,0
Hef gengið í gegnum hjónaskilnað/sambúðarslit vegna álags í vinnu (karlar N=134, konur N=190)	3,7	2,1
Hef ekki sótt um vinnu eða afþakkað vinnu af fjölskylduástæðum (karlar N=135, konur N=197)	17,8	44,2
Hef hætt við framhalds- eða endurmenntun af fjölskylduástæðum (karlar N=134, konur N=192)	14,9	32,8
Hef verið í hlutastarfi af fjölskylduástæðum (karlar N=134, konur N=198)	12,7	60,6

Tafla 7.10 Samræming fjölskyldulífs og atvinnu hjá hjónum og sambúðarfólki með eða án barna, og þeirra sem hafa börn á framfæri

(Hver spurning er sjálfstæð og hlutfallstölur sýna hve margir svöruðu játandi af þeim svöruðu spurningunni - Sjá nánar töflu 24 í viðauka)

	karlar			konur		
	alveg /frekar sam-mála %	veit ekki %	alveg /frekar ósam-mála %	alveg /frekar sam-mála %	veit ekki %	alveg /frekar ósam-mála %
Vinnutími minn er of langur fyrir fólk með börn og fjölskyldu (karlar N=117, konur N=162)	62,4	6,8	30,7	63,6	2,5	34,0
Yfirvinnan krefst of mikils tíma frá fjölskyldunni (karlar N=116, konur N=154)	68,1	3,4	28,4	68,2	5,2	26,6
Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf (karlar N=114, konur N=156)	25,5	14,9	59,7	34,6	11,5	53,8
Fjölskyldan hefur gert meira af því að hvetja mig en letja í starfi mínu (karlar N=115, konur N=162)	13,1	10,4	76,5	11,1	6,2	82,7
Vandamál úr vinnunni íþyngja heimilislífi mínu of mikið (karlar N=114, konur N=161)	24,6	13,2	62,3	34,7	6,8	58,4
Vandamál úr fjölskyldunni íþyngja mér of mikið í vinnutímanum (karlar N=114, konur N=162)	5,3	6,1	88,6	10,5	4,3	85,2
Áhyggjur af dagvistun barnanna íþyngja mér of mikið í vinnutímanum (karlar N=108, konur N=147)	10,2	3,7	86,1	25,9	4,8	69,4
Vinna mín krefst of mikilla ferðalaga (karlar N=115, konur N=160)	20,0	4,3	75,6	5,0	3,1	91,9
Það er sem stendur engum vandkvæðum bundið hjá mér að samræma fjölskyldulíf og atvinnu (karlar N=109, konur N=144)	65,2	3,7	31,2	66,0	1,4	32,6

75. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði fréttamann í fast starf til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofum á Selfossi og í Vestmannaeyjum og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar. Þar verði starfrækt reglubundið svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins.

Greinargerð.

Hér er endurflutt tillaga nær samhljóða þeirri sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Í greinargerð með þeirri tillögu kom m.a. fram að Sunnlendingar eru þeirrar skoðunar að þeir séu afskiptir í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar.

Með stofnun svæðisútvarps á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum og við það að ráða fréttamenn í fastar stöður utan höfuðborgarsvæðisins var gert stórátak í því að auka fréttaflutning frá landsbyggðinni. Starfsemi þessara svæðisútvarpsstöðva hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Fréttir, fréttatengdir þættir og annað útvarpsefni hefur verið flutt frá þessum stöðum. Enginn vafi er á því að svæðisútvarp hefur sinnt hlutverki sínu afar vel.

Á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum meðtöldum, eru samtals um sex þúsund heimili sem eiga rétt á sömu eða svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú.

Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Sunnlendingum er þess vegna mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Vissulega höfum við haft ötula fréttaritara Ríkisútvarps á Suðurlandi sem sinnt hafa starfi sínu af alúð og samviskusemi en þar er aðeins um hlutastarf að ræða því ekki hefur fengist heimild til þess að fastráða fréttamann í fullt starf. Það segir sig því sjálft að þrátt fyrir dugnað fréttaritara hafa þeir aldrei möguleika til að rækja starf sitt sem skyldi.

Hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Suðurlandi eru á flestum svæðum vel við unandi. Þó er sums staðar verulegra úrbóta þörf, t.d. í Ölfusi og í Hveragerði.

Það er eins og áður segir ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina skuli hafa verið stóraukin á síðustu árum. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða. Uppbygging á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan stað verði í lágmarki. Ríkisútvarpið þarf að koma víðar upp sambærilegri aðstöðu við þá sem nú er fyrir hendi í þeim þremur landshlutum sem áður hafa verið nefndir. Má þar benda á Selfoss eða annan heppilegan stað á Suðurlandi. Einnig er sjálfsagt að hafa í huga sérstöðu Vestmannaeyja.

Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Þangað greiða menn þjónustugjöld án tillits til búsetu á landinu og þess vegna er eðlileg krafa að greiðendur allir njóti sambærilegrar þjónustu þessarar stofnunar. Að lokum er hér látin fylgja áskorun sem aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga samþykkti 25. apríl sl.:

„Aðalfundur SASS skorar á menntamálaráðherra að hann hlutist til um að nú þegar verði hafinn undirbúningur að rekstri svæðisútvarps á Suðurlandi í tengslum við RÚV.“

76. Fyrirspurn [74. mál]

til samgönguráðherra um opinber fjárframlög til mannvirkjagerðar vegna móttöku ferðamanna á helstu innkomustöðum til landsins.

Frá Jónasi Hallgrímssyni.

1. Hver er heildarkostnaður við flugstöðvarbyggingu (Leifsstöð) á Keflavíkurflugvelli og tilheyrandi aðstöðu? Hver er farþegafjöldi á ári sl. fimm ár?
2. Hver er heildarkostnaður við breytingar og aðstöðubætur á Reykjavíkurflugvelli vegna farþegaflugs til og frá landinu? Hver er farþegafjöldi á ári hverju sl. fimm ár?
3. Hver er heildarkostnaður við breytingar og aðstöðubætur vegna beins flugs til Akureyrar erlendis frá? Hver er fjöldi farþega frá því að þessi starfsemi hófst skipt eftir árum?
4. Hver er heildarkostnaður framkvæmda vegna móttöku ferðamanna á Seyðisfirði frá því að siglingar hófust með farþegaskipum þangað? Hver er fjöldi farþega á ári sl. fimm ár?
5. Hvaða aðilar, opinberir og einkaaðilar, hafa lagt fé til fyrrgreindra mannvirkja og hve mikið hver?

Skriflegt svar óskast.

77. Fyrirspurn [75. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni Kópavogshælis.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Mun ráðherra verða við tilmælum meiri hluta félagsmálanefndar við afgreiðslu laga um málefni fatlaðra um að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis?
2. Ef svo er, hvenær verður nefndin skipuð?
3. Hverjir munu eiga fulltrúa í nefndinni?
4. Mun nefndin ljúka störfum fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993?

78. Fyrirspurn [76. mál]

til menntamálaráðherra um gerð fræðsluefnis um EES.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að ljósvakafjölmiðlar, sjónvarp og útvarp, standi fyrir víðtækri kynningu, gerð fræðsluefnis og þátta um EES?
2. Telur ráðherra þessa fjölmiðla hafa möguleika til slíkrar dagskrárgerðar án sérstaks fjárstuðnings?
3. Ef ekki, er ráðherra tilbúinn til þess að beita sér fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis?

79. Frumvarp til laga [77. mál]

um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi.

Lög þessi gilda einnig um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til og falla undir samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi.

2. gr.

Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, svo og norrænir ríkisborgarar sem uppfylla skilyrði þeirra tilskipana eða samninga sem falla undir 1. gr., eiga rétt á að gegna hér á landi starfi sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Þau stjórnvöld, sem fara með málefni er varða hlutaðeigandi starf, skulu sjá um að skilyrði þau, sem greinir í 2. gr. til að gegna starfinu, hafi verið uppfyllt.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum eða samningum sem falla undir 1. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna prófs eða viðbótarmenntunar. Ráðherra setur og reglur um gjöld er krefja má vegna umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd þeirra tilskipana og samninga sem falla undir 1. gr. Ráðuneytið tilnefnir sérstakan umsjónarmann sem fer með þau málefni sem undir lög þessi falla í umboði ráðuneytisins.

Þau stjórnvöld, sem tiltekin lögvernduð störf heyra undir, skulu tilnefna fulltrúa sem fer með viðkomandi mál, sbr. 1. tölul. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE. Nánari ákvæði um störf þessara aðila skulu sett í reglugerð.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið, svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, sbr. 4. gr., geta krafið umsækjanda um upplýsingar, sem þörf er á, til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er sniðið eftir dönsku frumvarpi um sama efni sem danska þingið samþykkti í maí 1991. Auk þess er stuðst við frumvarp til laga um starfsréttindi norrænna ríkisborgara sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992 en hlaut ekki afgreiðslu.

Markmiðið með frumvarpinu er í fyrsta lagi að koma tilskipun 89/48/EBE, sjá fskj. 1, til framkvæmda en hún fjallar um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi að loknu þriggja ára námi á æðra skólastigi og í öðru lagi að afla heimildar til að koma í framkvæmd hliðstæðum reglum sem EB samþykkti nýlega og taka til prófskírteina sem tilskipun 89/48/EBE tekur ekki til, svo og sambærilegum samningum sem samþykktir hafa verið af Norðurlandaráði og staðfestir af stjórnvöldum norrænna ríkja, sjá fskj. 2 og 4.

Tilgangur þessara tilskipana og samninga er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins og innan Norðurlanda sem óska að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í.

Í júní sl. samþykkti EB tilskipun um almennar reglur um viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi og liggja utan gildissviðs tilskipunar 89/48/EBE.

Hinn 29. ágúst 1990 samþykkti Norðurlandaráð hliðstæðan samning sem gildir fyrir ríkisborgara á Norðurlöndum. Samningurinn var undirritaður í Kaupmannahöfn 24. október 1990. Þá hefur að undanförnu verið unnið að því á vegum Norðurlandaráðs að undirbúa samning hliðstæðan þeim sem nýlega var samþykktur af EB og áður er vikið að. Þar eð þessar tilskipanir og samningar eru nátengdir þykir rétt að fá heimild með einni löggjöf til að framfylgja þeim.

Með samþykkt tilskipunar 89/48/EBE hefur EB horfið frá því að samræma menntun og starfsþjálfun til undirbúnings einstökum afmörkuðum störfum. Af tilskipunum um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum fyrir einstakar starfsstéttir má nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, ljósmæður, lyfjafræðinga, dýralækna og arkitekta. Heimild til að stunda eitthvert þeirra starfa sem hér um ræðir í öðru landi en heimalandi viðkomandi miðast við að skilyrðum þeirrar tilskipunar sem gildir um starfið sé fullnægt. Tilskipun 89/48/EBE gildir ekki um þessi störf.

Með framkvæmd þeirra tilskipana og samninga sem hér um ræðir verður það auðveldara heldur en nú er fyrir íslenska ríkisborgara að fá heimild til að starfa í einhverju öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða á Norðurlöndum.

Lagt er til að menntamálaráðuneytinu verði falið að framfylgja nefndum tilskipunum og samningum og mun það þá gefa út nánari reglur um einstaka þætti framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að haft verði náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins um meðferð og afgreiðslu umsókna útlendinga um heimild til að mega stunda starf hér á landi.

Tilskipunin tekur aðeins til löggiltra starfa í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar er um að ræða lögverndað starf ef þess er krafist í lögum eða með ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds að til þess að mega stunda starfið þurfi viðkomandi að hafa skírteini er votti að hann hafi lokið tilskilinni menntun og starfsþjálfun.

Þar eð tilskipunin fjallar aðeins um lögvernduð störf verða það ekki mörg störf hér á landi sem hún tekur til, sjá fskj. 3. Það ber þó að hafa í huga að hugtakið *æðra skólastig* hefur ekki verið skilgreint almennt af EB og er það því ákvörðun hvers lands fyrir sig hvernig það er skilgreint og til hvaða starfa tilskipunin tekur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að frumvarpið tekur til löggiltra starfa sem falla undir tilskipun 89/48/EBE ásamt öðrum hliðstæðum tilskipunum, sem kunna að verða samþykktar af EB og verða hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða af ríkisstjórnum Norðurlanda, um almennar reglur varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar á æðra skólatigi sem veitir starfsréttindi.

Hvað varðar störf, sem ekki eru löggild, gilda ákvarðanir um frjálsan flutning vinnuafls milli ríkja, svo og heimildir til að hefja starfsemi á eigin vegum eða sem launþegi í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum.

Enn fremur er vakin athygli á sérstökum tilskipunum og samningum innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, svo sem á sviði heilbrigðisþjónustu, sem hafa það að markmiði að auðvelda fólki að stunda starf sitt í öðru landi en sínu heimalandi. Að því leyti sem þessar sérstöku tilskipanir og samningar taka til lögverndaðra starfa, svo sem lækna og lyfjafræðinga, þá verður að sjá til þess að þeim kröfum, sem þar eru skilgreindar, verði fullnægt.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru skilgreind nánar þau skilyrði sem þarf til að mega stunda starf hér á landi. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi ríkisborgararétt í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða í einhverju Norðurlandanna. Enn fremur er gerð krafa um að viðkomandi fullnægi þeim kröfum sem settar eru fram í tilskipunum eða samningum sem nefndir eru í 1. gr. Um þau ákvæði, sem fram koma í tilskipun 89/48/EBE, vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Enn fremur er því slegið föstu að veiting starfsréttinda skal eiga sér stað með nákvæmlega sömu skilyrðum og gilda um íslenska ríkisborgara. Séu t.d. gerðar sérstakar kröfur um aldur til þess að mega stunda tiltekið starf hér á landi eða sé gerð krafa um greiðslu fyrir veitingu starfsleyfis o.s.frv. verður umsækjandi frá öðru landi einnig að uppfylla þessi skilyrði.

2. gr. tekur einnig til íslenskra ríkisborgara sem hafa öðlast starfsmenntun í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða á einhverju öðru Norðurlanda.

Ekki er unnt að vísa umsækjanda frá á þeirri forsendu að hann hafi ekki vald á íslenskri tungu nema því aðeins að þekking og færni í tungumálinu sé óhjákvæmileg forsenda fyrir því að geta stundað það starf, sem um er að ræða, með viðhlítandi hætti eins og tilfellið er með t.d. grunnskólakennara. Annað mundi vera andstætt þeim markmiðum sem að er stefnt með þeim tilskipunum sem hér um ræðir.

Heimild til að leggja stund á löggilt starf tekur bæði til launþega og þeirra sem starfa sjálfstætt. Hvað varðar þau störf, sem hér koma til greina, vísast til þess sem segir hér að framan.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að þau stjórnvöld, sem nú fjalla um og afgreiða umsóknir um leyfi til að leggja stund á tiltekin störf hér á landi, geri það áfram og sjái jafnframt til þess að settum skilyrðum samkvæmt frumvarpinu sé fullnægt. Með þessu móti er ekki komið á fót nýjum stofnunum til að fara með þessi mál.

Sú umfjöllun, sem þarf að eiga sér stað varðandi umsóknir, er tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða mat á gögnum um nám og starfsþjálfun umsækjanda og síðar viðurkenningu á prófskírteinum svo framarlega sem viðkomandi fullnægir settum skilyrðum um menntun og starfsþjálfun og í öðru lagi er um að ræða veitingu starfsleyfis sem í flestum tilvikum er í höndum viðkomandi fagráðuneytis.

Með vísun til ákvæða þeirra tilskipana, sem nefndar eru í 1. gr., lætur viðkomandi stjórnvald fara fram mat á framlögðum gögnum umsækjanda um það hvort hann fái heimild til að leggja stund á starf hér á landi eða ekki. Eðlilegt er að umfjöllunin eigi sér stað í samráði við þau samtök vinnumarkaðarins sem hér eiga hlut að máli. Viðkomandi

stjórnvald tilkynnir umsækjanda hvort skilyrðum til að mega stunda starf hér á landi er fullnægt eða hvort umsækjandi þarf að uppfylla einhver viðbótarskilyrði t.d. að ætla sér ákveðinn aðlögunartíma, taka hæfnispróf eða leggja fram frekari gögn.

Í 8. gr. tilskipunar 89/48/EBE er gert ráð fyrir að unnt sé að áfrýja þeim ákvörðunum sem viðkomandi stjórnvald kann að taka varðandi útlendinga. Gert er ráð fyrir að með slík mál sé farið samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá viðkomandi stjórnvaldi.

Um 4. gr.

Að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipunum og samningum sem falla undir 1. gr. er lagt til í 1. mgr. 4. gr. að ráðherra, sem í hlut á, geti með reglugerð veitt undanþágu frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Með 3. mgr. 10. gr. norræna samningsins frá 1990 er ákveðið að tilteknar æðri stöður og stöður er varða þjóðaröryggi megi ætla ríkisborgurunum einum. Að því er varðar tilskipun 89/48/EBE þá tekur hún aðeins til viðurkenningar á prófskírteinum en um ráðningu í opinber störf fer eftir 4. mgr. 28. gr. samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Í 4. gr. tilskipunar 89/48/EBE er gert ráð fyrir að krefjast megi tiltekinnar starfsreynslu, aðlögunartíma eða að umsækjandi taki hæfnispróf ef hann fullnægir ekki settum kröfum um nám og starfsþjálfun. Í 2. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir að sá ráðherra, sem í hlut á, setji reglur um þessi atriði eftir því sem þörf krefur. Það tekur nokkurn tíma að koma tilskipuninni að fullu í framkvæmd og starfsreglur hljóta því að mótast smám saman. Eðlilegt er að viðkomandi ráðherra staðfesti þessar reglur þegar þær liggja fyrir.

2. mgr. gerir það mögulegt að viðkomandi stjórnvald geti í sérstökum tilvikum krafist greiðslu fyrir að bjóða upp á viðbótarnám, halda hæfnispróf o.s.frv. Þó er gengið út frá því að útlendir umsækjendur sitji við sama borð í þessum efnum og íslenskir ríkisborgarar. Enn fremur er í 2. mgr. heimild til að krefjast tiltekins gjalds vegna umfjöllunar og afgreiðslu á umsóknum útlendinga um að mega stunda starf hér á landi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að menntamálaráðuneytið sjái um og samræmi framkvæmd þeirra tilskipana og samninga sem falla undir 1. gr. og feli sérstökum starfsmanni að fara með þessi mál í samræmi við ákvæði 2. tölul. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE. Ástæðan fyrir þessu er sú að mat á námi og starfsþjálfun kemur í flestum tilvikum til kasta menntamálaráðuneytisins að meira eða minna leyti í samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti og samtök á vinnumarkaði. Einnig þurfa að vera fyrir hendi góðar upplýsingar um menntakerfi annarra landa og heildaryfirsýn yfir þessi mál er helst að finna í menntamálaráðuneytinu. Hins vegar er gert ráð fyrir að veiting starfsleyfis sé í höndum fagráðuneyta eins og nú er.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þau stjórnvöld/ráðuneyti, sem fara með veitingar starfleyfa til einstakra starfa, tilnefni hvert um sig sérstakan fulltrúa til að fara með þessi mál. Miðað er við að þeir starfsmenn, auk fulltrúa menntamálaráðuneytisins, myndi starfshóp sem hefur það hlutverk að samræma framkvæmd tilskipana og samninga sem falla undir 1. gr.

Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett um þessi störf í reglugerð.

Um 6. gr.

Tilskipun 89/48/EBE gerir ráð fyrir að hlutaðeigandi stjórnvöld útvegi nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður er varða menntun og starfsreynslu umsækjanda sem krafist er í heimalandi hans. Enda þótt upplýsingarnar byggist á því sem umsækjandi leggur fram opnast hér möguleiki til að ganga úr skugga um að hann hafi lagt fram öll nauðsynleg gögn.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal 1.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21.desember 1988

um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár

(89/48/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49., 57. (1. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

í samvinnu við Evrópuþingið ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt af markmiðum bandalagsins er samkvæmt c-lið 3. gr. sáttmálans að afnema höft á frelsi til flutninga fólks og þjónustu milli aðildarríkja. Þetta þýðir meðal annars að ríkisborgarar í aðildarríkjunum geta lagt stund á starfsgrein sína, á eigin vegum eða annarra, í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Þau ákvæði sem ráðið hefur hingað til samþykkt og eru grundvöllur að gagnkvæmri viðurkenningu aðildarríkja á prófskírteinum fyrir æðra nám ná aðeins til fáeinna starfsgreina. Búið er að setja svipaðar reglur í öllum aðildarríkjum um námskröfur og lengd náms og þjálfunar sem krafist er til þess að öðlast starfsréttindi í þessum greinum eða samræma lágmarkskröfur sem þörf er á til að koma á kerfi til gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum í tilteknum starfsgreinum.

Önnur aðferð við viðurkenningu á prófskírteinum ætti líka að koma til, í því skyni að verða fljótt við óskum ríkisborgara sem búa í bandalagslöndunum og hafa hlotið prófskírteini við lok sérfræðimenntunar og starfsþjálfunar í öðru ríki en því sem þeir ætla að stunda starfsgrein sína í, svo að þeir sem þess óska geti lagt stund á alla þá starfsemi sem í gistiríkinu er háð því að lokið hafi verið æðra námi og þjálfun til undirbúnings, enda hafi sá hinn sami hlotið vitnisburð um fullnægjandi undirbúning til starfans í öðru aðildarríki að loknu minnst þriggja ára námi.

Hægt er að ná þessu markmiði með því að innleiða almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun eða starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Aðildarríkin eiga þess kost að ákveða lágmarkskröfur um menntun og hæfi fyrir starfsgreinar hafi bandalagið ekki gert slíkt, með það að markmiði að tryggja að sem best þjónusta verði veitt á þeirra yfirráðasvæði. Þau geta þó ekki, án þess að brjóta í bága við kvaðir 5. gr. sáttmálans, krafist þess af ríkisborgara í aðildarríki að hann verði sér úti um þá menntun og hæfi sem þau viðurkenna yfirleitt einungis með tilvísan til eigin menntakerfis, hafi hlutaðeigandi aðili þegar öðlast þessa menntun og hæfi í heild eða að hluta í öðru aðildarríki. Gistiríki sem hafa lögverndaðar starfsgreinar verða af þessum sökum að taka tillit til mennt-

([1]) Stjtíð. EB nr. C 217, 28. 8. 1985 bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 143, 10. 6. 1986, bls. 7.

([2]) Stjtíð. EB nr. C 345, 31. 12. 1985, bls. 80 og Stjtíð. EB nr. C 309, 5. 12. 1988.

([3]) Stjtíð. EB nr. C 75, 3. 4. 1986, bls. 5.

unar og hæfis sem áunnin eru í öðru aðildarríki og ákveða hvort sú menntun og hæfi svari til þess sem hlutaðeigandi aðildarríki krefst.

Samstarf milli aðildarríkja er við hæfi til að auðvelda þeim að fara eftir þessum skuldbindingum. Skipuleggja þarf leiðir til koma slíku samstarfi á .

Skilgreina ætti hugtakið „lögvernduð starfsemi" á þann hátt að það taki mið af mismunandi þjóðfélagslegum aðstæðum í aðildarríkjunum. Hugtakið ætti ekki að ná eingöngu yfir þá starfsemi þar sem aðgangur er háður prófskírteini heldur einnig yfir starfsemi sem fellur undir sérstakt starfsheiti og engin aðgangshöft eru bundin við þegar um er að ræða fólk sem hefur tiltekna menntun og hæfi. Fagsamtök og -félög sem veita meðlimum sínum rétt til téðra starfsheita og eru viðurkennd af opinberum yfirvöldum geta ekki vikist undan því með skírskotun til stöðu sinnar að fyrirkomulagi því sem kveðið er á um í þessari tilskipun verði beitt.

Einnig er nauðsynlegt að kveða nánar á um hvers konar starfsreynslu eða aðlögunartíma gistiríkið kann að krefjast af viðkomandi aðila til viðbótar við prófskírteini af æðra skólastigi, þegar menntun og hæfi hlutaðeigandi samræmast ekki því sem mælt er fyrir um í innlendum ákvæðum.

Hæfnispróf getur komið í stað aðlögunartíma. Hvorutveggja er ætlað að bæta núverandi ástand hvað gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina milli aðildarríkja áhrærir og þannig stuðla að óheftum flutningum fólks innan bandalagsins. Tilgangur þeirra er að meta hæfni farandlaunþega, sem þegar hefur hlotið starfsþjálfun í öðru aðildarríki, til að aðlagast nýju starfsumhverfi. Frá sjónarhóli farandlaunþegans hefur hæfnisprófið þann jákvæða kost að það styttir þjálfunartímann. Æskilegt væri að valið milli aðlögunartíma og hæfnisprófs gæti verið í hendi farandlaunþegans. Eðli sumra starfsgreina er þó slíkt að heimila verður aðildarríkjunum að fyrirskipa annaðhvort aðlögunartímann eða prófið undir vissum kringumstæðum. Mismunur á réttarkerfum aðildarríkja réttlætir sérstök ákvæði þar sem prófskírteini, vottorð eða annar formlegur vitnisburður um menntun og hæfi á sviði laga sem gefin eru út af upprunaríkinu ná alla jafna ekki yfir þá lagaþekkingu sem krafist er í gistiríkinu á hliðstæðu lagasviði.

Almenna kerfinu til viðurkenningar á prófskírteinum fyrir æðri menntun er hvorki ætlað að breyta reglum, að meðtöldum siðareglum starfsgreina sem gilda um alla þá sem leggja stund á starfsgrein á yfirráðasvæði aðildarríkis né undanskilja farandlaunþega frá þessum reglum. Því kerfi er ætla að mæla fyrir um viðeigandi fyrirkomulag til að tryggja að farandlaunþegar hlíti starfsreglum sem gilda í gistiríkinu.

Í 1. mgr. 49. gr. , 57. og 66. gr. sáttmálans er bandalaginu veitt heimild til að samþykkja þau ákvæði sem nauðsynleg eru til stofnunar og starfrækslu slíks kerfis.

Almenna kerfið til viðurkenningar á prófskírteinum fyrir æðri menntun skerðir á engan hátt gildi 4. mgr. 48. gr. og 55. gr. sáttmálans.

Slíkt kerfi eflir og styrkir rétt ríkisborgara í bandalaginu til að nota starfsfærni sína þar sem þeir kjósa, með því að auðvelda þeim að starfa í því aðildarríki sem þeir sjálfir kjósa.

Endurskoða ætti kerfið þegar það hefur verið í gildi um tiltekinn tíma til að meta hversu skilvirkt það er og kanna hvernig megi bæta það og víkka gildissvið þess.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) prófskírteini: öll skírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi eða safn slíkra skírteina, vottorða eða annars vitnisburðar:

— sem gefin hafa verið út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem til þess hefur verið nefnt í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli;

— sem sanna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðra námi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma hafi verið um hlutanám að ræða við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á svipuðu stigi og hefur eftir atvikum lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar náminu,

— sem sanna að handhafi búi yfir þeirri sérhæfðu menntun og hæfi sem krafist er til að hann geti tekið upp starf í lögverndaðri starfsgrein í aðildarríkinu,

að því tilskildu að hann hafi hlotið þá menntun og þjálfun sem skírteinin, vottorðin eða vitnisburðurinn um formlega menntun og hæfi greina frá aðallega innan bandalagsins, eða hlutaðeigandi búi yfir þriggja ára starfsreynslu sem vottfest er af aðildarríkinu sem tók gilt prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi frá landi utan bandalagsins.

Eftirfarandi skal metið til jafns við prófskírteini í skilningi fyrstu undirgreinar: öll prófskírteini, vottorð eða

annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, eða safn slíkra prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar sem gefinn er út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki, ef þau eru gefin út að lokinni menntun og þjálfun sem veitt er í bandalaginu og viðurkennd af lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki sem jafngild og veita að auki rétt til að hefja og stunda starf í lögverndaðri starfsgrein í því aðildarríki;

b) gistiríki: hvert það aðildarríki þar sem ríkisborgari í aðildarríki sækist eftir að leggja stund á starfsgrein sem er lögvernduð, annað en ríkið þar sem hann tók próf eða hóf fyrst að stunda viðkomandi starfsgrein;

c) lögvernduð starfsgrein: lögvernduð starfsemi eða starfsemi á tilteknu sviði sem telst til þeirrar starfsgreinar í aðildarríki;

d) lögvernduð starfsemi: sú starfsemi sem í aðildarríki er beint eða óbeint háð því samkvæmt ákvæðum í landslögum og stjórnsýslufyrirmælum að viðkomandi hafi lokið tilteknu prófi áður en hann hefur störf í greininni. Eftirfarandi telst að leggja stund á lögverndaða starfsemi:

— þegar starfsemi er iðkuð undir starfsheiti sem þeir einir mega bera sem hlotið hafa til þess prófskírteini sem lýtur lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

— þegar starfsemi er iðkuð í heilbrigðiskerfinu og þóknun og/eða endurgreiðsla fyrir slíka starfsemi er að tryggingalögum háð því skilyrði að hlutaðeigandi hafi til þess prófskírteini.

Í þeim tilvikum sem ekki heyra undir fyrstu undirgrein skal starfsemi teljast lögvernduð ef hún er stunduð af félagsmönnum í samtökum eða félögum sem hafa það meðal annars að markmiði að stuðla að og viðhalda gæðakröfum í viðkomandi starfsstétt og hafa til þess fengið sérstaka útnefningu aðildarríkis og :

— veita félagsmönnum sínum viðurkenningu,

— tryggja að meðlimirnir virði þær siðareglur starfsgreinar sem þau mæla fyrir um, og

— veitir þeim rétt til að bera starfsheiti eða nafnbót eða að njóta góðs af þeirri stöðu sem slíku starfsheiti eða nafnbót fylgir.

Í viðaukanum er ófullkominn listi yfir samtök og félög sem við samþykkt þessarar tilskipunar uppfylla skilyrði annarrar undirgreinar. Hvenær sem aðildarríki veitir samtökum eða félögum viðurkenningu þá sem um getur í annarri undirgrein skal það tilkynnt framkvæmdastjórninni sem birtir upplýsingar þar að lútandi í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

e) starfsreynsla: raunveruleg og lögmæt iðkun viðkomandi starfsgreinar í aðildarríki;

f) aðlögunartími: iðkun lögverndaðrar starfsgreinar í gistiríki undir eftirliti aðila sem viðurkenndur er hæfur í þeirri starfsgrein, auk hugsanlega frekari þjálfunar. Sá tími sem unninn er undir eftirliti skal metinn. Nánari reglur um aðlögunartíma og mat á honum svo og á stöðu farandlaunþega, sem er undir eftirliti, skulu ákveðnar af lögbæru yfirvaldi í gistiríkjunum;

g) hæfnispróf: prófun á fagþekkingu umsækjanda, lagt fyrir af lögbæru yfirvaldi í gistiríki með það fyrir augum að meta hæfni umsækjanda til að iðka lögverndaða starfsgrein í því aðildarríki.

Til þess að hægt sé að leggja prófið fyrir skulu lögbær yfirvöld taka saman skrá yfir þær greinar sem, að gerðum samanburði á þeim hluta úr námi umsækjanda og námskröfum í aðildarríkinu, ekki hefur verið fjallað um samkvæmt því prófskírteini eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem umsækjandi hefur undir höndum.

Miða verður hæfnisprófið við þá staðreynd að umsækjandinn er fullgildur fagmaður í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá. Það verður að ná yfir greinar sem teknar eru með í áðurnefnda skrá og nauðsynlegt er að kunna skil á til þess að geta iðkað þá starfsgrein í gistiríkinu. Enn fremur má prófið reyna á þekkingu á reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi í gistiríkinu. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu ákveða frekari notkun hæfnisprófsins með fullu tilliti til laga bandalagsins.

Staða umsækjanda er æskir að undirbúa sig fyrir hæfnispróf í gistiríki skal ákveðin af lögbærum yfirvöldum í því ríki.

2. gr.

Tilskipun þessi gildir um sérhvern ríkisborgara aðildarríkis sem æskir þess að leggja stund á lögverndaða starfsgrein í gistiríki á eigin vegum eða annarra.

Tilskipun þessi skal ekki ná til starfsgreina sem eru viðfangsefni annarrar tilskipunar um fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar aðildarríkja á prófskírteinum.

3. gr.

Þegar iðkun lögverndaðrar starfsgreinar í aðildarríki er háð því að viðkomandi aðili hafi prófskírteini, getur lögbært yfirvald ekki neitað ríkisborgara aðildarríkis um heimild til að hefja eða stunda þá starfsemi með sömu skilyrðum og eigin ríkisborgarar og borið við vanhæfni hans:

a) ef umsækjandi hefur undir höndum prófskírteini sem krafist er í öðru aðildarríki til að leggja stund á viðkomandi starfsgrein þar, enda hafi prófskírteinið verið gefið út í aðildarríki, eða

b) ef umsækjandinn hefur lagt stund á viðkomandi starfsgrein í fullu starfi í tvö ár á undangengnum tíu árum í öðru aðildarríki sem ekki lögverndar starfsgreinina samkvæmt skilningi c-liðar 1. gr. og fyrstu undirgreinar d-liðar 1. gr. og hefur undir höndum eitt eða fleiri vottorð um menntun og hæfi:

— sem gefin hafa verið út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem tilnefnt hefur verið í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum þess ríkis,

— sem sýna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðri menntun sem staðið hefur í að minnsta kosti þrjú ár eða sambærilegan tíma hafi verið um hlutanám að ræða, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama stigi í aðildarríki og hefur, þar sem um slíkt er að ræða, lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar við námið og

— sem sýna að handhafi hafi hlotið lögmætan undirbúning til að stunda starfsgrein sína.

Eftirfarandi skal metið til jafns við þann formlega vitnisburð um menntun og hæfi sem um getur í fyrstu undirgrein: sérhver formlegur vitnisburður um menntun og hæfi eða safn slíks vitnisburðar sem gefinn er út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki ef hann er veittur að lokinni þjálfun sem sótt er innan bandalagsins og viðurkennd er sem jafngild, þó að því tilskildu að öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um þessa viðurkenningu.

4. gr.

1. Þrátt fyrir 3. gr., geta gistiríki einnig krafist þess að umsækjandi:

a) leggi fram vitnisburð um starfsreynslu þar sem náms- og þjálfunartíminn sem umsóknin greinir frá, svo sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 3. gr., er að minnsta kosti einu ári skemmri en krafist er í gistiríkinu. Komi til þessa má starfsreynsla sú sem krafist er:

— eigi vera lengri en tvisvar sinnum sá tími sem upp á vantar í menntun og þjálfun ef það sem krafist er lýtur að æðri menntun og/eða þjálfunartíma undir handleiðslu fagmanns og lýkur með prófi,

— eigi vera lengri en sá tími sem upp á vantar ef hann lýtur að fagþjálfun sem viðkomandi hefur áunnið sér með aðstoð fullmenntaðs félagsmanns úr starfsgreininni.

Ef um er að ræða prófskírteini í skilningi síðustu undirgreinar a-liðar 1. gr. skal lengd menntunar og þjálfunar sem metin er á sama stigi ákvarðast út frá menntun og þjálfun samkvæmt fyrstu undirgrein a-liðar 1. gr.

Þegar þessum ákvæðum er beitt verður að taka tillit til þeirrar starfsreynslu sem getið er í b-lið 3. gr.

Ekki má í neinu tilviki krefjast lengri starfsreynslu en sem nemur fjórum árum;

b) ljúki aðlögunartíma sem varir ekki lengur en þrjú ár eða taki hæfnispróf:

— ef menntun og þjálfun sem viðkomandi hefur hlotið í samræmi við a- og b-liði 3. gr. er verulega frábrugðin þeim kröfum sem gerðar eru í gistiríkinu, eða

— ef starfsgrein sem er lögvernduð í gistiríkinu og vikið er að í a-lið 3. gr. nær til einnar eða fleiri lögverndaðrar starfsemi sem tilheyra ekki starfsgreininni sem lögverndar nýtur í upprunaríki umsækjanda eða aðildarríkinu sem hann kemur frá og sá munur sem fyrir hendi er samsvarar tiltekinni menntun eða þjálfun sem krafist er í gistiríkinu og nær til þátta sem eru verulega frábrugðnir því sem að baki prófskírteini umsækjanda liggur, eða

— ef starfsgrein sem er lögvernduð í gistiríkinu og vikið er að í b-lið 3. gr., nær til einnar eða fleiri lögverndaðrar starfsemi sem tilheyra ekki starfsgreininni sem umsækjandi stundar í upprunaríki sínu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá og sá munur sem fyrir hendi er samsvarar tiltekinni menntun og þjálfun sem krafist er í gistiríkinu og nær til þátta sem eru verulega frábrugðnir því sem að baki prófskírteini umsækjanda liggur.

Ef gistiríkið færir sér þetta í nyt, verður að gefa umsækjandanum færi á að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs. Þrátt fyrir þessa meginreglu getur gistiríkið kveðið á um annaðhvort aðlögunartíma eða hæfnispróf ef um er að ræða starfsgreinar þar sem nákvæm þekking á landslögum er nauðsynleg og þar sem ráðgjöf eða aðstoð í tengslum við landslög er mikilvægur og stöðugur þáttur starfseminnar. Hyggist gistiríki beita slíkum fráviksreglum fyrir aðrar starfsgreinar þar sem umsækjanda er gefinn kostur á að velja, skal tilhögun sú sem mælt er fyrir um í 10. gr. gilda.

2. Gistiríki geta þó ekki beitt ákvæðum a- og b-liða 1. gr. hverju á eftir öðru.

5. gr.

Með fyrirvara um 3. og 4. gr., getur gistiríki heimilað umsækjanda, í því skyni að aðlagast betur starfsumhverfi í viðkomandi ríki, að taka til jafns við aðra þann hluta sérfræðimenntunar og starfsþjálfunar sem hann hefur ekki hlotið í upprunaríki sínu eða í ríkinu sem hann kemur frá og fólginn er í verklegri þjálfun undir handleiðslu kunnáttumanns í starfsgreininni.

6. gr.

1. Krefji lögbært yfirvald í gistiríki þann sem æskir að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein um meðmæli eða yfirlýsingu um að hann hafi ekki orðið gjaldþrota, eða frestar eða bannar iðkun þeirrar starfsgreinar vegna alvarlegra ávirðinga í starfi eða vegna afbrots, skal það ríki taka sem fullgilda sönnun, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkja sem æskja þess að leggja stund á þá starfsgrein á yfirráðasvæði þess, framvísun skjala sem lögbær yfirvöld í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá og votta að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Gefi lögbær yfirvöld í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá ekki út þau skjöl sem um getur í fyrstu undirgrein, skal eiðsvarin yfirlýsing koma í stað þeirra — eða þar sem engin ákvæði eru til um eiðsvarnar yfirlýsingar, drengskaparheit — sem viðkomandi gefur frammi fyrir þar til bæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu eða eftir atvikum lögbókanda eða þar til bærri stofnun í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem viðkomandi kemur frá, umrætt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins.

2. Ef lögbært yfirvald í gistiríki krefst þess af eigin ríkisborgurum sem æskja þess að hefja eða stunda störf í lögverndaðri starfsgrein að þeir leggi fram vottorð um líkamlegt og andlegt heilbrigði ber því yfirvaldi að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í upprunaríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá.

Ef upprunaríkið eða aðildarríkið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gerir engar slíkar kröfur til þeirra sem æskja þess að hefja störf í umræddri starfsgrein ber gistiríkinu að taka við vottorði frá slíkum ríkisborgurum sem lögbært yfirvald í því ríki hefur gefið út og er sambærilegt við vottorð sem gistiríkið gefur út.

3. Lögbær yfirvöld í gistiríki geta farið fram á það að skjölin og vottorðin sem um getur í 1. og 2. mgr. séu lögð fram eigi síðar en þremur mánuðum frá útgáfudegi þeirra.

4. Ef lögbært yfirvald í gistiríki fer fram á það að þarlendir ríkisborgarar sem æskja þess að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein sverji eiða eða gefi drengskaparheit og þar sem eiðurinn eða heitið er þess eðlis að ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta ekki nýtt það skal aðildarríkið tryggja að viðeigandi og jafngilt form til eiðtökunnar sé í boði fyrir hlutaðeigandi einstakling.

7. gr.

1. Lögbær yfirvöld í gistiríkjum skulu viðurkenna réttindi ríkisborgara í aðildarríkjum, sem uppfylla skilyrði til að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein til að bera það starfsheiti í gistiríkinu sem starfsgreininni ber.

2. Lögbær yfirvöld í gistiríkjum skulu viðurkenna réttindi ríkisborgara í aðildarríkjum sem uppfylla skilyrði til að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein í landi þeirra, til að nota lögmætan námstitil sinn eða, eftir því sem við á, skammstöfun á honum sem er notuð í upprunaríki þeirra eða aðildarríkinu sem þeir koma frá, á máli þess ríkis. Gistiríki geta krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og staðsetningu stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann.

3. Ef samtök eða félag í gistiríki sem getið er um í dlið 1. gr. veitir starfsgrein lögvernd skal borgurum annarra aðildarríkja einvörðungu heimilt að nota starfsheitið eða skammstöfunina sem téð félag eða samtök veita, gegn félagsaðild.

Ef samtökin eða félagið gera ákveðin hæfisskilyrði að forsendum fyrir félagsaðild mega þau aðeins beita þeirri reglu gagnvart borgurum annarra aðildarríkja í samræmi við þessa tilskipun, einkum 3. og 4. gr hennar, enda hafi þeir undir höndum fullgild prófskírteini samkvæmt skilningi a-liðar 1. gr. tilskipunarinnar eða formlegan vitnisburð um menntun og hæfi samkvæmt b-lið 3. gr.

8. gr.

1. Gistiríkið skal taka vottorð og skjöl sem gefin eru út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum sem fullgilda sönnun þess að sá sem sækir um heimild til að leggja stund á viðkomandi starfsgrein fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 3. og 4. gr.

2. Taka skal fyrir umsókn um starf í lögverndaðri starfsgrein svo skjótt sem verða má og skulu lögbær yfirvöld í gistiríkinu greina frá rökstuddri niðurstöðu eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að hlutaðeigandi aðili hefur lagt fram öll viðeigandi skjöl. Fáist ekki niðurstaða eða sé hún öndverð óskum umsækjanda, skal honum gert kleift að áfrýja til dómstóls í samræmi við ákvæði landslaga.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald sem hefur umboð til að veita viðtöku umsóknum og taka þær ákvarðanir sem um getur í þessari tilskipun, innan þess tíma sem kveðið er á um í 12. gr.

Þau skulu koma þessum upplýsingum á framfæri við hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna þann aðila sem ábyrgur er fyrir samræmingu á starfsemi þeirra yfirvalda sem getið er um í 1. mgr. og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Hlutverk hans skal vera að stuðla að því að tilskipun þessari sé beitt á sama hátt í öllum hlutaðeigandi starfsgreinum. Skipa skal samræmingarhóp á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem þeir aðilar sem tilnefndir hafa verið af aðildarríkjunum eða fulltrúar þeirra eiga sæti í og skal hann lúta formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Starf þessa hóps skal vera :

— að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar,

— að safna saman upplýsingum sem að gagni mega koma við beitingu hennar í aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við samræmingarhópinn um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulaginu.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að veita nauðsynlegar upplýsingar um viðurkenningu prófskírteina á grundvelli þessarar tilskipunar. Upplýsingamiðstöð sú um viðurkenningu prófskírteina og námstíma er sett var á stofn með ályktun ráðsins og menntamálaráðherranna hinn 9. febrúar 1976 ([1]) getur veitt aðstoð í þessu sambandi og, eftir því sem við á, viðkomandi fagsamtök eða -félög. Framkvæmdastjórnin skal hafa forgöngu um þróun og samræmingu á miðlun þessara upplýsinga.

10. gr.

1. Ef aðildarríki hyggst ekki, samkvæmt þriðja málslið annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 4. gr., heimila umsækjendum að velja á milli aðlögunartíma og hæfnisprófs hvað varðar starfsgrein í skilningi tilskipunar þessarar, skal það þegar í stað senda framkvæmdastjórninni drög að hlutaðeigandi ákvæði sem það hyggst beita. Það skal jafnframt gera framkvæmdastjórninni grein fyrir ástæðum þess að nauðsynlegt er talið að setja slíkt ákvæði.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum um öll slík drög sem henni berast; hún getur einnig ráðfært sig við samráðshópinn sem getið er í 2. mgr. 9. gr. um drögin.

2. Með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna til að tjá sig um uppkastið getur aðildarríkið samþykkt ákvæðið að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi eigi tekið ákvörðun um hið gagnstæða innan þriggja mánaða.

3. Komi fram ósk um slíkt frá aðildarríki eða framkvæmdastjórninni skulu aðildarríki tafarlaust senda þeim endanlegan texta ákvæðis sem sett er með beitingu þessarar greinar.

11. gr.

Þegar sá tími rennur út sem kveðið er á um í 12. gr., skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þess fyrirkomulags sem upp er tekið.

Jafnframt því sem skýrslan fjallar almennt um málið, skal hún einnig veita tölfræðilegt yfirlit fyrir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa þeim vanda sem upp kann að koma við beitingu tilskipunarinnar.

12. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar ([2]). Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem tiltekinn er í 12. gr. skal framkvæmdastjórnin upplýsa Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd almenna fyrirkomulagsins til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni starfsmenntun eða þjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Framkvæmdastjórnin skal af þessu tilefni, og eftir að hún hefur leitað ráða svo sem nauðsynlegt er, segja hvaða breytinga sé þörf á fyrirkomulaginu. Á sama tíma skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögur sínar um endurbætur á fyrirkomulaginu er stuðli að því að draga enn frekar úr höftum á frelsi til flutninga, á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu gagnvart þeim sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

V. PAPANDREOU

forseti.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 38, 19. 2. 1976, bls. 1.

([2]) Tilskipun þessi var birt aðildarríkjunum 4. janúar 1989.

VIÐAUKI

Skrá yfir fagsamtök eða -félög sem fullnægja skilmálum annarrar undirgreinar d-liðar 1. gr.

ÍRLAND (1)

1. The Institute of Chartered Accountants in Ireland (2)
2. The Institute of Certified Public Accountants in Ireland(2)
3. The Association of Certified Accountants(2)
4. Institution of Engineers in Ireland
5. Irish Planning Institute

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Institute of chartered accountants in England and Wales
2. Institute of Chartered Accountants of Scotland
3. Institute of Chartered Accountants in Ireland
4. Chartered Association of Certified Accountants
5. Chartered Institute of Loss Adjusters
6. Chartered Institute of Management Accountants
7. Institute of Chartered Secretaries and Administrators
8. Chartered Insurance Institute
9. Institute of Actuaries
10. Faculty of Actuaries
11. Chartered Institute of Bankers
12. Institute of Bankers in Scotland
13. Royal Institution of Chartered Surveyors
14. Royal Town Planning Institute
15. Chartered Society of Physiotherapy
16. Royal Society of Chemistry
17. British Psychological Society
18. Library Association
19. Institute of Chartered Foresters
20. Chartered Institute of Building
21. Engineering Council
22. Institute of Energy
23. Institution of Structural Engineers
24. Institution of Civil Engineers
25. Institution of Mining Engineers
26. Institution of Mining and Metallurgy

(1) Írskir borgarar heyra einnig til eftirtöldum löggiltum samtökum á Stóra-Bretlandi:
Institute of Chartered Accountants in England and Wales
Institute of Chartered Accountants of Scotland
Institute of Actuaries
Faculty of Actuaries
The Chartered Institute of Management Accountants
Institute of Chartered Secretaries and Administrators
Royal Town Planning Institute
Royal Institution of Chartered Surveyors
Chartered Institute of Building.

(2) Að því er varðar endurskoðun eingöngu.

27. Institution of Electrical Engineers
28. Institution of Gas Engineers
29. Institution of Mechanical Engineers
30. Institution of Chemical Engineers
31. Institution of Production Engineers
32. Institution of Marine Engineers
33. Royal Institution of Naval Architects
34. Royal Aeronautical Society
35. Institute of Metals
36. Chartered Institution of Building Services Engineers
37. Institute of Measurement and Control
38. British Computer Society

YFIRLÝSING FRÁ RÁÐINU OG FRAMKVÆMDASTJÓRNINNI

Vegna 1. mgr. 9. gr.

„Ráðið og framkvæmdastjórnin eru sammála um að sérfræðistofnanir og æðri menntastofnanir skuli með viðeigandi hætti hafðar með í ráðum við ákvarðanir".

Fylgiskjal II.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem 6. mars 1982 gerðu með sér samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað;

sem samkvæmt 14. gr. samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 23. mars 1962 skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað;

sem telja að það verði til heilla fyrir þróun efnahags- og þjóðfélagsmála á Norðurlöndum að fólk, sem hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir starfsréttindi, njóti fulls frelsis til að flytjast milli landa þessara;

sem telja að sú menntun þessa fólks, sem opinberar reglur gilda um af hálfu aðilanna, sé í meginatriðum jafngild;

sem vilja vinna að því að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar þessa fólks hjá sérhverjum aðilanna, svo og að menntun og löggjöf er varðar þetta fólk verði sem líkust;

sem telja að til þess að fólk njóti fulls frelsis til að flytjast milli Norðurlanda verði viðurkenning á hvers konar menntun sem veitir starfsréttindi að vera gagnkvæm;

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið

1. gr.

Samningur þessi gildir um fólk sem er ríkisborgarar eins aðilanna og hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir því réttindi til starfa eða hæfi til ráðningar. Samningurinn nær einnig til þeirra sem hafa hlotið menntun sem samningurinn nær til með jafnlöngu námi í hlutanámi.

Með æðri menntun er í samningi þessum átt við menntun þar sem venjuleg inngönguskilyrði eru að áður hafi verið lokið í framhaldsskóla annaðhvort almennu námi eða starfsréttindanámi.

Með námstíma er í samningi þessum átt við þá lengd sem ákveðin er í reglum fyrir viðkomandi nám.

Samningurinn nær ekki til fólks sem þegar fellur undir

— samning frá 25. ágúst 1981 um norrænan vinnumarkað starfsfólks við heilbrigðisþjónustu og dýralækningar

— samning frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum

— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum eða

— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

2. gr.

Sá, sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu að lögum til starfa vegna einhverrar þeirrar menntunar sem samningurinn nær til, skal eiga rétt á að fá, með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum, viðurkenningu hjá sérhverjum hinna aðilanna þar sem eru ákvæði um slíka viðurkenningu.

Viðurkenningunni fylgir réttur til að bera viðkomandi starfsheiti.

Í samningi þessum teljast einnig viðurkenningarvald starfsgreinasamtök sem samkvæmt landslögum hafa rétt til að taka inn félagsmenn með þeim afleiðingum að félagsmaðurinn fær rétt til að stunda þá starfsemi og bera það starfsheiti, sem ætlað er félagsmönnum samtakanna einum, og verður háður agavaldi samtakanna.

Starfsmenn, sem hafa hlotið menntun sína hjá aðila þar sem ekki eru ákvæði um viðurkenningu starfsmanna í viðkomandi starfsgrein, skulu eiga rétt á að fá viðurkenningu hjá þeim aðilum þar sem slíkrar viðurkenningar er krafist, með þeim skilyrðum sem tekin eru fram í 5. gr.

Hafi aðili ákveðið með lögum eða öðrum reglum að ráðning í ákveðnar stöður sé háð því að viðkomandi hafi lokið þar í landi námi sem samningur þessi nær til, eru einnig gildar um þær stöður umsóknir frá þeim sem hafa hlotið menntun sem er í meginatriðum sambærileg þeirri menntun sem krafist er og hefur að mestu verið aflað hjá öðrum aðila. Slíkir umsækjendur eiga kröfu til að verða metnir til jafns við umsækjendur sem hafa hlotið þá menntun sem viðkomandi aðili hefur staðið fyrir, að því tilskildu að þeir fullnægi tungumálakröfum 4. gr.

Almenn skilyrði

3. gr.

Aðili getur sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi þekki nægilega vel löggjöf og stjórnarfarsreglur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir starf viðkomandi hjá aðilanum. Þessi skilyrði skulu vera að því marki sem nauðsynlegt er og nægilegt til að sinna því tiltekna starfi á viðhlítandi hátt.

4. gr.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni nægilega skil á danskri, norskri eða sænskri tungu.

Finnland og Ísland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á finnskri eða íslenskri tungu.

Finnland getur í stað kunnáttu í finnskri tungu krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á sænskri tungu, þar sem slíks er krafist í finnskum lögum. Við sömu kringumstæður getur Finnland krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á bæði finnskri og sænskri tungu.

Sérstök skilyrði

5. gr.

Aðili getur, þegar ekki er krafist sérstakrar viðurkenningar til starfa af þeim aðila þar sem umsækjandi hefur hlotið menntun sína, sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á síðastliðnum tíu árum hjá síðarnefnda aðilanum.

Ef starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. er ekki til að dreifa má krefjast þess að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila, áður en viðurkenning verður veitt.

Ef umsækjandi hefur fengið viðurkenningu hjá þriðja aðila, skal fara með umsóknina eins og umsækjandinn hefði fengið viðurkenningu hjá þeim aðila þar sem hann hlaut menntun sína.

6. gr.

Aðili getur krafist þess, þegar viðurkenning til starfa er háð því að við menntun sem veitir starfsréttindi sé bætt starfsreynslu í tiltekinn tíma á ábyrgð viðurkennds starfsmanns, að umsækjandi hafi hlotið jafnlanga starfsreynslu hjá hinum aðilanum.

Ef umsækjandi hefur ekki hlotið starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. eða sú starfsreynsla sem umsækjandi hefur hlotið er styttri en krafist er af þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu, getur sá aðili krafist þess að úr því verði bætt með starfstíma á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila.

Aðili getur þó, hvað sem öðru líður, þegar sótt er um viðurkenningu til málflutnings- eða endurskoðunarstarfa, krafist þess að umsækjandi hafi áður stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð lögmanns eða endurskoðanda sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila eða hafi staðist hæfnispróf sem aðilinn stendur fyrir. Danmörk getur ennfremur gert samsvarandi kröfu til þess sem sækir um skipun sem landskiptamaður. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

7. gr.

Aðili getur, þegar starfsréttindamenntun umsækjanda er meira en ári skemmri en sú sem krafist er af aðilanum, gert viðurkenninguna háða því

að umsækjandi hafi umfram hugsanlegan starfsreynslutíma, sbr. 6. gr., annaðhvort stundað starfið hjá öðrum aðila um tíma sem má í mesta lagi vera helmingi lengri en munurinn á námstímanum hjá þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu og námstíma þeim sem umsækjandi á að baki, ellegar hann starfi á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila í jafnlangan tíma

eða

að umsækjandi ljúki viðbótarnámi sem aðilinn stendur fyrir og sem eftir atvikum má ljúka með þekkingarprófi.

Umsókn um viðurkenningu og aðferðir við ákvörðun

8. gr.

Sá, sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum, skal sanna fyrir stjórnvaldi því sem veitir viðurkenningu að hann fullnægi skilyrðum samningsins.

Veita skal umsækjendum sem fullnægja framangreindum skilyrðum viðurkenningu, nema fyrir hendi séu aðstæður sem leitt geti til afturköllunar á viðurkenningunni, sbr. 9. gr.

Viðurkenningarvaldið skal taka rökstudda afstöðu til umsóknar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að nauðsynleg skjöl og upplýsingar til meðferðar á henni hafa borist. Synjun getur umsækjandi skotið til æðra stjórnvalds samkvæmt almennum reglum aðilans um málskot.

Viðurkenningarvöld aðilanna skulu miðla sín á milli þeim upplýsingum sem þörf er á til að viðurkenna umsóknir. Þau skulu ennfremur skýra hvert öðru frá ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt samningi þessum.

Afturköllun viðurkenningar o.fl.

9. gr.

Afturkalli sá aðili viðurkenningu sem upphaflega veitti hana, má einnig afturkalla viðurkenninguna sem annar aðili veitti síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenninguna samkvæmt gildandi reglum hjá þeim aðila sem hefur veitt hana. Þó skal taka tillit til þess hvort hjá öðrum samningsaðila hafi verið brotin lög eða stórkostleg vanræksla viðhöfð eða bersýnilegur hæfnisskortur við framkvæmd starfsins.

Nú hafa starfsmenn, sem fengið hafa viðurkenningu hjá fleiri en einum aðilanna, sætt ráðstöfunum af hálfu einhvers þeirra samkvæmt lögum eða reglum um agavald vegna starfsins þar, eða viðurkenning veitt starfsmanni er afturkölluð, og skal þá viðurkenningarvaldi hjá hinum aðilanum eða aðilunum tilkynnt um ráðstöfunina eða afturköllunina, svo og um ástæðuna. Á sama hátt skal og tilkynna ef réttur starfsmanns í greininni hefur verið takmarkaður.

Ríkisfang og ráðning í vinnu o.fl.

10. gr.

Það má ekki gera að skilyrði fyrir viðurkenningu sem sjálfstæður starfsmaður samkvæmt samningi þessum að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um viðurkenninguna.

Ráðning í stöðu, sem er háð því að lokið hafi verið einhverju því námi sem samningurinn nær til, verður yfirleitt ekki gerð háð því að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um stöðuna.

Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem skipta máli fyrir þjóðaröryggi, má þó ætla eigin ríkisborgurum einum.

11. gr.

Fyrri ráðningu í starf á sviði sem fellur undir samning þennan skal, þegar gegnt er stöðu hjá öðrum aðila, setja að jöfnu samsvarandi starfi sem innt var af hendi hjá þeim aðila.

12. gr.

Sá, sem ráðinn hefur verið í starf hjá öðrum aðila en þeim sem hann hlaut menntun sína hjá, skal vera jafnt settur eigin þegnum aðilans að því er varðar rétt til launa og eftirlauna og annarra réttinda sem tengjast stöðunni.

13. gr.

Sérhver aðilanna skal, eftir því sem frekast er unnt, koma á breytingum á löggjöf sinni í samræmi við meginreglurnar í 5. mgr. 2. gr. og 10.–12. gr. að því er varðar stöður hjá ríkinu, og stuðla að því að meginreglum þessum verði einnig beitt á samsvarandi hátt um stöður sem ekki eru hjá ríkinu.

Aðili má þó setja eða halda við lagaákvæðum og öðrum réttarreglum þar sem ráðning sem dómari og ákærandi, svo og ráðning í viðlíka stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, er gerð háð nægilegum reynslutíma, þó ekki lengri en þriggja ára, eða því að staðist sé hæfnispróf. Finnland getur gert samsvarandi kröfu við ráðningu sem „allmänt rättsbiträde“. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

Önnur ákvæði

14. gr.

Við ráðningu fólks sem samningur þessi nær til skal fara eftir ákvæðunum í samningi og bókun frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og þeirri stefnumörkun fyrir norræna vinnumiðlun sem ákveðin var í sambandi við framkvæmdina.

Viðurkenningarvöldin skulu að staðaldri senda hvert öðru og norrænu vinnumarkaðsnefndinni tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðar aðilanna.

15. gr.

Aðilarnir skulu sameiginlega fylgjast með framkvæmd samningsins og breyta honum og bæta við hann eftir því sem þróun mála gefur tilefni til. Með tilliti til þess skipar Norræna ráðherranefndin ráðgjafarnefnd sem getur lagt til breytingar á og viðbætur við samninginn. Viðurkenningarvöld aðilanna geta ennfremur leitað ráða hennar um túlkun samningsins.

Samninginn skal taka til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans.

Gildistaka

Samningurinn gengur í gildi 30 dögum eftir þann dag þegar allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest hann.

Hvað varðar Álandseyjar, Færeyjar og Grænland gengur samningurinn þó fyrst í gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur eða eftir atvikum Finnlands hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að, allt eftir því sem við á, landstjórn Álandseyja, landstjórn Færeyja eða heimastjórn Grænlands hefur tilkynnt að samningurinn skuli gilda á Álandseyjum, í Færeyjum eða á Grænlandi.

Færeyjar og Grænland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á færeyskri eða grænlenskri tungu.

Danska utanríkisráðuneytið skýrir hinum aðilunum frá móttöku þessara tilkynninga og því hvenær samningurinn gengur í gildi.

17. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um það til danska utanríkisráðuneytisins, sem skýrir hinum aðilunum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að henni stendur. Hún tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

BÓKUN

Samtímis undirritun samnings um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi höfum við undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfum fullt umboð, orðið sammála um eftirfarandi bókun, og skal telja hana hluta samningsins:

1. Aðilarnir leggja áherslu á að halda áfram að styrkja hinn sameiginlega norræna vinnumarkað, svo að þeir tímar komi að enginn norrænn ríkisborgari verði útilokaður frá starfstækifæri í öðru norrænu landi á sviði sem hann hefur menntun til.
   Aðilarnir vilja því vinna að því að samningurinn verði staðfestur og að þeim breytingum á landslögum þeirra sem samningurinn gerir ráð fyrir verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991.
2. Með samningnum er ekki tekin afstaða til gagnkvæmrar viðurkenningar háskóla á æðri menntun, en þá er átt við rétt norrænna ríkisborgara til að fá fyrri æðri menntun þeirra viðurkennda sem hluta af grunnmenntun eða sem grundvöll menntunar eftir háskólapróf við æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun í öðru norrænu landi.
3. Aðilarnir gera sér grein fyrir því að Danmörk túlkar skilgreininguna á æðri menntun í 2. mgr. 1. gr. samningsins með tilliti til reglna Evrópubandalagsins á samsvarandi sviði.
4. Aðilarnir eru sammála um að ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. gildir einnig um þann sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu til starfa vegna menntunar utan Norðurlanda.
5. Danmörk ætlar að fara með ákvæðið í 3. gr. af sanngirni, svo að ekki verði hallað á hina aðilana.

6. Samningurinn frá 28. desember 1973 með viðbótarbókun frá 28. júní 1990 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum hjá ríkinu gildir við ákvörðun lífeyrisréttinda samkvæmt 12. gr. um ríkisborgara einhvers þessara fjögurra landa sem ráðinn er í stöðu hjá ríkinu í einu hinna landanna.
7. Aðilarnir eru sammála um að leggja fyrir ráðgjafarnefndina sem getið er í 15. gr. að fylgjast með því hvernig samningurinn er hagnýttur og túlkaður í ríkjunum og gæta þess þá jafnframt hvort hver aðili ætti að ætla sérstöku miðstjórnarvaldi að fylgjast með þessari þróun.

Frumrit bókunarinnar skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal III.

Starfsheiti sem falla undir tilskipun 89/48/EBE og norræna samninginn frá 1990
Bráðabirgðayfirlit.

Dóms og kirkjumálaráðuneyti:

Dómarar, sýslumenn (lögreglustjórar), saksóknarar, lögmenn, niðurjöfnunarmenn sjótjóns; sóknarprestar.

Fjármálaráðuneyti:

Endurskoðendur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Félagsráðgjafar, hnykkar (kiropraktor), matvælafræðingar, meinatæknar, náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, talmeinafræðingar, þroskaþjálfar; tryggingastærðfræðingar.

Menntamálaráðuneyti:

Bókasafnsfræðingar.

Umhverfisráðuneyti:

Arkitektar, búfræðingar á tæknisviði, tæknifræðingar, verkfræðingar.

Fylgiskjal IV.

Eldri samningar um norrænan vinnumarkað.

Samningurinn um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun er veitir starfsréttindi nær ekki til fólks sem þegar fellur undir samninga sem áður hafa verið gerðir um norrænan vinnumarkað. Slíkir samningar, sem falla mundu undir ákvæði frumvarpsins, eru:

1. Samningur frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, 11/1983, 13/1989, 4/1990, 31/1990. Samingurinn tekur til eftirtalinna starfsstétta: lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, ljósmæðra, heilgugæsluhjúkrunarfræðinga, gleraugna- og sjónfræðinga, sálfræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga, röntgentækna, gæslumanna, aðstoðarmanna tannlækna, tannsmiða, sjúkraliða og dýralækna. Ísland hefur gerst aðili að samningnum að því er varðar aðra en tannlækna, heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, gæslumenn, aðstoðarmenn tannlækna og tannsmiði.
2. Samningur frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1982.
3. Samningur frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1988.
4. Samningur frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1988.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur einnig verið unnið að gerð samnings um norrænan vinnumarkað fyrir fólk sem lokið hefur starfsmenntun í framhaldsskóla eða allt að þriggja ára starfsmenntun eftir framhaldsskóla. Ef slíkur samningur verður að veruleika mundi hann falla undir ákvæði þessa fumvarps. Óljóst er hins vegar um framhald þessa starfs vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

80. Svar [51. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Útboð á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hafa á árinu 1991 og fram til 31. ágúst 1992 öll nema eitt farið í gegnum Innkaupastofnun ríkisins (IR) og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins (FIR). Ráðuneytið óskaði því eftir að IR og FIR tækju saman upplýsingar um útboðin og hafa svör við þeim óskum borist.

Eitt lokað útboð var vegna tækniþekkingar unnið af Símtækni sf. — ráðgjafarþjónustu og var það útboð í upptökubúnað dómstóla.

Svör við fyrirspurninni eru:

1. 16 útboð voru á vegum ráðuneytisins (15 í gegnum IR og FIR og eitt lokað útboð með aðstoð Símtækni sf.).
2. Skipting útboða er eftirfarandi: sjö framkvæmdaútboð, sjö vöruútboð (sex í gegnum IR, sjá meðfylgjandi samantekt, og eitt lokað útboð með aðstoð Símtækni sf.) og tvö útboð vegna húsnæðis.
3. Á vegum IR og FIR var lægsta tilboði tekið í öllum útboðum í framkvæmdir og þremur af sex í vöruútboð. Lægsta tilboði var tekið í upptökubúnað dómstóla.
4. Ekki var tekið lægsta tilboði í þremur af sex vöruútboðum vegna þess að vörurnar uppfylltu ekki tækni- og/eða gæðakröfur.

Fylgiskjal I.

Svör framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.
(9. september 1992.)

Eftirfarandi upplýsingar taka eingöngu til þeirra útboða sem framkvæmdadeild IR hefur séð um fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið frá áramótum 1991. Hér er eingöngu um að ræða útboð á nýframkvæmdum við hús.

1. Á þessum tíma voru sex verk boðin út. Auk þess fór fram útboð á innréttingu fyrir héraðsdóm í Reykjavík í Útvegsbankahúsinu við Lækjartorg. Það verk var unnið á vegum fjármálaráðuneytisins auk dómsmálaráðuneytis.
2. Þessi verk eru:
   a. Bygging íbúðarhúss fyrir sóknarprest að Mosfelli í Grímsnesi. Tilboð voru opnuð 7. maí 1991. Ellefu tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Hrók hf.
   b. Innrétting á húsnæði fyrir lögregluna á Akranesi í húsnæði sem keypt hafði verið og var áður verkstæði. Tilboð voru opnuð 24. september 1991. Sex tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Trésmiðju Sigurjóns og Þorbergs.
   c. Innrétting á lögreglustöð og útibúi sýslumanns í Grindavík í húsnæði sem keypt hafði verið af Landsbanka Íslands. Tilboð voru opnuð 5. febrúar 1992. Fjögur tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda Þórð Waldorf.
   d. Innrétting fyrir sýslumann á Akureyri og héraðsdóm Norðurlands eystra í fyrrum húsnæði Útvegsbanka Íslands við Hafnarstræti 107 á Akureyri. Tilboð voru opnuð 10. mars 1992. Fimm tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Trésmiðjuna Ösp hf.
   e. Innrétting á afgreiðslu fyrir þinglýsingadeild sýslumanns í Reykjavík þar sem áður var verslun Sölufélags garðyrkjumanna í Skógarhlíð. Tilboð voru opnuð 11. mars 1992. Tólf tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Trésmiðinn hf.
   f. Innrétting á húsnæði fyrir héraðsdóm Austurlands, útibú sýslumanns á Egilsstöðum og lögreglustöð á Egilsstöðum í húsi sem hafði verið steypt upp og klárað að utan í fyrra útboði. Tilboð voru opnuð 19. maí 1992. Fjögur tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Brúnás hf., Egilsstöðum.
   g. Viðgerð á hábyggingu lögreglustöðvarinnar í Reykjavík. Tilboð voru opnuð 19. júní 1992. Beðið var um tilboð miðað við annaðhvort eins eða tveggja ára framkvæmd verksins. Sex tilboð bárust. Lægsta tilboð kom í framkvæmd verksins á tveimur árum og var því tekið og samið við Verk hf.

   Auk þess var boðin út endurinnrétting á húsi Íslandsbanka við Lækjartorg fyrir héraðsdóm í Reykjavík. Húsið er í umsjá Fasteigna ríkissjóðs og verkið því unnið fyrir fjármálaráðuneytið. Fimm bjóðendur voru valdir með forvali og skiluðu allir tilboði. Tilboð voru opnuð 12. desember 1991. Samið var við lægstbjóðanda, Ístak hf.
3. Í öllum þessum tilvikum hefur lægsta tilboði verið tekið. (Framkvæmdadeild mælir alltaf með lægstbjóðanda ef hann hefur næga reynslu til að vinna viðkomandi verk, hefur nægilega trausta fjárhagsstöðu til að mæta áföllum í væntanlegu verki og ef tilboðsupphæðin er ekki svo lág að verulegar líkur séu á að ekki sé unnt að vinna verkið án taps. Þetta síðastnefnda atriði er þó metið með hliðsjón af hinum atriðunum þannig að fjársterkum bjóðendum og bjóðendum með mikla reynslu af útboðsverkum er treyst fyrir lægri tilboðum en öðrum.)
4. Sjá svar við 3. spurningu.

Leifur Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Svör Innkaupastofnunar ríkisins.
(10. september 1992.)

1. Á árinu 1991 og fram til 1. september 1992 hafa verið opnuð 15 útboð vegna kaupa á vörum og þjónustu og vegna framkvæmda fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið hjá Innkaupastofnun ríkisins. Sjö þeirra voru verkútboð í umsjá framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar og hafa ráðuneytinu verið sendar upplýsingar um þau frá framkvæmdadeildinni.

2. Útboðin skiptust þannig: sjö framkvæmdaútboð, sex vöruútboð og tvö útboð þar sem auglýst er eftir húsnæði. Framkvæmdaútboðin eru bæði nýbyggingar og viðhaldsverkefni. Vöruútboðin eru margvísleg: tölvur og hugbúnaður, lyftur, húsgögn o.s.frv.

3. Lægsta tilboði var tekið í þremur útboðum af sex og niðurstöður tveggja útboða liggja ekki fyrir hjá okkur.

4. Lægsta tilboði var ekki tekið í þremur útboðum vegna þess að vörurnar uppfylltu ekki tækni- og/eða gæðakröfur.

5. Hér fylgir tafla er sýnir útboðin átta sem Innkaupastofnun ríkisins hefur efnt til fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið árið 1991 og fram til 1. september 1992. Útboða á sjö verkframkvæmdum í umsjón framkvæmdadeildar er áður getið.

Í töflunni kemur fram númer útboðsins, heiti þess, hvenær það var opnað, hver var lægstbjóðandi, tilboðsupphæð lægstbjóðanda, við hvern var samið, tilboðsupphæð þess sem samið var við og athugasemdir ef ekki var samið við lægstbjóðanda.

Yfirlit yfir útboð á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 1991 til 1. september 1992.

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð kr.	Samið við	Tilboðsupphæð kr.	athugasemdir
3702-91	Húsnæði fyrir héraðsdómstól Hafnarfjarðar.	25.06.91					Öll gögn send dómsmálaráðuneytinu.
3714-91	Húsnæði fyrir héraðsdómstól Suðurlands.	25.07.91					Öll gögn send dómsmálaráðuneytinu.
3717-91	Notendahugbúnaður fyrir aðfarargerðir v/Dómsmálar.	13.08.91	Tölvumyndir	3.800.000	Tölvumyndir	3.800.000	
3718-91	Dómshús í Reykjavík, Lyfta.	27.08.91	Eirvík	5.355.000	Héðinn	6.015.000	Héðinn var með 4. lægsta tilboðið.
					Schindler.		Eftir ýtarlegan tæknilgan samanburð
							á tilboðum, var 1. og 3. boði hafnað
							vegna þess að ekki var boðinn
							hraðastillir. Í samanburði 2. og 4.
							boðs var víralyfta valin fram yfir
							vökvalyftu, v/ hagkvæmari reksturs.
3729-91	Húsgögn fyrir lögreglustöð í Grindavík.	20.09.91	Penninn	1.130.300	Penninn, Axis og Sess.	1.073.749	Hér var kaupunum skipt til að ná fram sparnaði og til að uppfylla gæðakröfur.
3755-91	Lyftur f. sýsluskr. á Sauðárk og fógetaskr. á Siglufirði.	10.12.91	H.M. Lyftur	4.712.000	H.M. Lyftur	4.712.000	
3764-92	Staðarnet v/sýsluskrifstofa	18.02.92	Örtölvutækni/ Tölvukaup.	8.776.688	Örtölvutækni/ Tölvukaup.	8.776.688	
3807-92	Húsgögn v/Dómhúsa.	22.04.92					Hér var verið að bjóða út húsgögn fyrir
							dómsali,skrifstofur sýslumanna og
							lögreglustöð. Tilboð bárust frá sjö
							aðilum og fleiri en eitt frá hverjum.
							Kaupunum var skipt upp milli margra
							bjóðenda og í öllum tilfellum var tekið
							lægsta tilboði með tilliti til gæða og
							notkunar á hverju starfssvæði.

81. Svar [33. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um stöðu samþykkta sem EB hefur gert eftir mitt ár 1991.

1. *Hver er staða samþykkta Evrópubandalagsins sem gerðar voru eftir að efnislegum samningaviðræðum EB og EFTA lauk í júlí 1991 og þar til undirritun EES-samnings fór fram 2. maí 1992?*

Fyrirhugað var að gera viðbótarbókun við EES-samninginn sem innihéldi þær EB-gerðir sem EFTA-ríkin gátu samþykkt athugasemdalaust og samþykktar hefðu verið innan EB frá 31. júlí 1991 fram að undirritun samningsins hinn 2. maí 1992. Ekki reyndist þó fært að fara þessa leið og er því staða þeirra EB-gerða, sem samþykktar voru frá 31. júlí 1991, hin sama hvort sem þær voru samþykktar fyrir undirritun samnings eða síðar. Þær eru ekki hluti af EES-samningnum. Undantekning frá þessu er þó sú að þrjár tilskipanir um heilbrigðiseftirlit sjávarafurða, sem ekki voru birtar fyrr en í september 1992, eru teknar með í I. viðauka og teljast því hluti af samningnum.

2. *Hvaða meðhöndlun fá samþykktir EB sem varða Evrópskt efnahagssvæði og gerðar hafa verið á tímabilinu 2. maí 1992 og til 1. janúar 1993 þegar EES-samningi er ætlað að taka formlega gildi?*

Ákveðið hefur verið að viðhalda sama fyrirkomulagi í samskiptum EFTA-ríkjanna og EB fram að gildistöku EES-samningsins og var meðan á samningaviðræðunum stóð. Undir leiðsögn aðalsamningamanna starfa fimm vinnuhópar sem síðan hafa sérfræðinganefndir sér til fulltingis um sérstök málefni. Þessir aðilar starfa nú að því að fara yfir þær EB-gerðir sem samþykktar hafa verið frá 31. júlí 1991. Stefnt er að því að leggja þessar gerðir fyrir sameiginlegu EES-nefndina til ákvörðunar eftir að EES-samningurinn tekur gildi. Umfjöllunin nær ekki aðeins til þeirra gerða sem þegar hafa verið samþykktar innan EB heldur einnig til þeirra sem eru í tillöguformi og fá sérfræðingar EFTA þar færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Náist samkomulag í sameiginlegu EES-nefndinni um viðbótarbókun við EES-samninginn með nauðsynlegum aðlögunartímum og ákvæðum verður hún síðan lögð fyrir þjóðþing EES-landa til samþykktar eða synjunar.

Gerðir, sem varða viðskipti á hinum sameiginlega markaði EES-ríkja og samþykktar hafa verið innan EB undanfarna mánuði, eru allmargar talsins og hefur það sínar skýringar. Nú stendur yfir lokasprettur við undirbúning hins innri markaðar EB sem koma skal á um næstu áramót. EES-samningnum er ætlað að tryggja EFTA-ríkjum samsvarandi markaðsaðstæður og gilda á innri markaði EB. Réttargrunnur hins innri markaðar er hins vegar enn ekki að fullu lagður; hann verður ekki lagður fyrr en um næstu áramót. Þar sem EES-samningurinn nær aðeins til þeirra gerða sem birtar höfðu verið fyrir júlílok 1991 eru þar enn allnokkrar gloppur. Þegar grunnurinn telst að fullu lagður verða nýjar tillögur færri og snerta þá einkum tæknileg útfærsluatriði.

82. Svar [56. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum landbúnaðarráðuneytisins á árunum 1991 til og með 31. ágúst 1992.

1. Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?

Útboðin voru 16.

2. Hvaða útboð voru þetta?

Útboð þessi voru sem hér segir:

Skógrækt ríkisins, eitt útboð vegna innréttinga í húsnæði aðalskrifstofu Skógræktar ríkisins að Miðvangi 2–4 á Egilsstöðum. Útboðið og samningsgerð í kjölfar þess var á vegum Innkaupastofnunar ríkisins.

Landgræðsla ríkisins, alls fimm útboð, tvö gerð af Innkaupastofnun ríkisins fyrir hönd Landgræðslu ríkisins og þrjú útboð í samvinnu við Vegagerð ríkisins. Útboðin voru gerð vegna girðingarefnis og framkvæmda við fyrirhleðslur til að varna landbroti af völdum fallvatna.

Áburðarverksmiðja ríkisins, alls sex útboð, og skiptast sem hér segir:

1. Janúar 1991, flutningur á áburði frá erlendum höfnum.
2. Júní 1991, málning á verksmiðjuhúsum.
3. Janúar 1992, flutningur á áburði frá erlendum höfnum.
4. Mars 1992, bygging yfirfallsstíflu við Hafravatn.
5. Maí 1992, flutningur á áburði frá Gufunesi til hafna umhverfis landið.
6. Maí 1992, viðgerð á þökum á verksmiðjuhúsum.

Bændaskólinn að Hólum. Engin stærri verkefni fóru í gang á vegum Hólaskóla 1991–1992. Eitt útboð var vegna lokafrágangs kennslufjárhúss, í sambandi við vinnuþátt og kaup á byggingarefni.

Bændaskólinn á Hvanneyri. Alls þrjú eftirfarandi útboð:

1. Utanhússframkvæmdir við nýju heimavistarbygginguna.
2. Endurbætur í gamla skólahúsinu.
3. Framkvæmdir við aðalhlað skólans.

3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?

Í 14 tilvikum var lægsta tilboði tekið, þ.e. í sex útboðum Áburðarverksmiðju, útboði Skógræktar, þremur útboðum Landgræðslu, útboði Bændaskólans á Hólum og þremur útboðum Bændaskólans á Hvanneyri.

4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Í tveimur útboðum á vegum Landgræðslu, í sambandi við einn lið af mörgum í girðingarefni, þ.e. girðingarnet, var lægsta tilboði ekki tekið enda tilboð ekki sambærileg að gæðum. Áralöng reynsla og prófun á fjölmörgum gerðum girðingarnets liggur að baki þeirri ákvörðun.

83. Frumvarp til laga [78. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Síðari málsliður 6. gr. fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Taka skal sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem hann óskar þess. Um framkvæmd sýnatöku skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

4. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað skammstafananna FR, ÁR og SR í lögunum í 13., 16., 17., 18., 20. og 22. gr. kemur: eftirlitsaðili. Í stað orðsins „áburðareftirlitinu“ kemur í 19. gr. orðið: eftirlitsaðila.

Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. málsl. 6. gr. kemur: eftirlitsaðila og í stað orðsins „eftirlitsdeild“ í 10. gr. kemur: eftirlitsaðili.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, taka til umfangsmikils málaflokks í væntanlegu EES-samstarfi sem á sér stoðir í eftirfarandi ráðstilskipunum EB:

Í viðauka I kafla II um fóður eru tilskipanir ráðsins nr. 70/524 EBE, 70/373 EBE, 73/373 EBE, 74/63 EBE, 77/101 EBE, 79/373 EBE, 82/471 EBE, 83/228 EBE, 87/153 EBE o.fl. ásamt seinni tíma breytingum.

Í viðauka I kafla III um sáðvörur og plöntur eru tilskipanir ráðsins nr. 66/400 EBE, 66/401 EBE, 66/402 EBE, 69/208 EBE, 70/457 EBE, 70/458 EBE, 72/168 EBE, 72/180 EBE, 74/268 EBE, 81/675 EBE, 86/109 EBE, 87/309 EBE, 89/14 EBE, 89/374 EBE, 89/540 EBE, 89/639 EBE o.fl. ásamt seinni tíma breytingum.

Í viðauka II kafla XIV um tilbúinn áburð, tilskipun ráðsins nr. 76/116 o.fl. ásamt seinni tíma breytingum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, hefur verið tekið tillit til ofangreindra tilskipana ráðsins að svo miklu leyti sem nú er talið að þær varði landbúnað hér á landi og eru breytingar þær, sem hér eru lagðar til á lögum, í samræmi við efnisreglur ofangreindra tilskipana. Tilgangur breytinganna er m.a. að samræma efnistök og marka skýrar en verið hefur þann ramma sem vöruflokkar þeir, sem lögin ná yfir, eiga að falla að. Jafnframt að opna möguleika á að aðrir en opinberir aðilar geti annast mælingar á þeim gæðaþáttum sem krafist er á hverjum tíma.

84. Fyrirspurn [79. mál]

til iðnaðarráðherra um vannýtta orku Landsvirkjunar.

Frá Jóni Helgasyni.

Hefur iðnaðarráðuneytið gert úttekt á því hversu mikla orku umfram það sem Landsvirkjun selur nú væri hægt að selja til útflutnings- og samkeppnisiðnaðar ef hún væri seld á hliðstæðu verði og er í nálægum samkeppnislöndum okkar?

85. Svar [61. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum utanríkisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa.

Leitað var tilboða í fjórum tilvikum. Um var að ræða endurnýjun ljósritunarvélakosts, hönnun upplýsingabæklings um EES, prentun upplýsingabæklings um EES og sérstakt öryggiskerfi.

Í öllum tilvikum var lægsta tilboði tekið.

Utanríkisráðuneytið, varnarmálaskrifstofa.

Leitað var tilboða í þremur tilvikum á vegum *Flugmálastjórnar/Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*. Boðið var í vatnsveitu, malbikun bílastæða og viðgerð á útilistaverki.

Í öllum tilvikum var lægsta tilboði tekið.

Leitað var tilboða í tíu tilvikum á vegum *Ratsjárstofnunar*. Þar var um að ræða málningu, snjómokstur, viðhald vega, sundurliðað útboð á verkfærum og búnaði, vatnsflutninga, viðgerð á loftnetsstöngum, málningu, loftræstibúnað, fjármögnun íbúðarbygginga og vatnsflutninga.

Í öllum tilvikum nema einu var lægsta tilboði tekið. Þá var næstlægsta tilboði tekið því að lægsta tilboð var með fyrirvara.

86. Svar [52. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum félagsmálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Á vegum félagsmálaráðuneytisins fóru fram tvö útboð á umræddu tímabili. Annars vegar vegna frágangs innan húss í byggingu Þjálfunar- og ráðgjafarmiðstöðvar Austurlands á Egilsstöðum og hins vegar alútboð vegna byggingar heimilis fyrir einhverfa að Hólabergi 86, Reykjavík.

Í báðum tilvikum var gengið að tilboðum lægstbjóðenda sem voru frá Birkitré hf. vegna byggingar Þjálfunar- og ráðgjafarmiðstöðvar og Sveinbirni Sigurðssyni hf. vegna byggingar Hólabergs 86.

87. Frumvarp til laga [80. mál]

um umhverfismat.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, eðlis og umfangs að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram umhverfismat, svo og að tryggja að umhverfismat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.

Framkvæmdir: Gerð bygginga og annarra mannvirkja, svo og breytingar á þeim eða viðbætur, landröskun og vinnsla jarðefna.

Leyfi til framkvæmda: Heimild leyfisveitanda um að framkvæmdaraðili megi hefja framkvæmdir.

Leyfisveitandi: Lögbært yfirvald sem veitir endanlegt leyfi til framkvæmda.

Umhverfismat: Heildstætt mat eða úttekt á áhrifum eða afleiðingum, ásamt lýsingu á þeim, sem framkvæmdir kunna að hafa á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til en í umboði hans annast skipulagsstjóri ríkisins undirbúning umhverfismats og sér um framkvæmd þess í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Ráðherra skipar nefnd fimm sérfræðinga sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Nánari ákvæði um skipun nefndarinnar og starfshætti setur ráðherra í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, þó með þeim undantekningum sem getur um í 5. gr.

Þegar um er að ræða framkvæmdir samkvæmt gildandi sérlögum sem ekki fela í sér ákvæði um framkvæmd umhverfismats er skylt að beita ákvæðum þessara laga um þær framkvæmdir.

Beita skal ákvæðum skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, við framkvæmd þessara laga eins og þau geta átt við.

5. gr.

Ef ríkar ástæður mæla með getur umhverfisráðherra ákveðið að einstakar framkvæmdir skuli undanþegnar ákvæðum laga þessara enda ákveði ráðherra, að fenginni umsögn sérfræðinganefndar skv. 2. mgr. 3. gr., með hvaða hætti umhverfismat skuli fara fram.

Framkvæmdir í þágu varnarmála eru undanþegnar lögum þessum.

Lög þessi hagga ekki strangari ákvæðum annarra laga um umfang og mat á umhverfisáhrifum.

6. gr.

Eftirtaldar framkvæmdir eru háðar umhverfismati:

1. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 5 km^2 lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkja og/eða breytinga á árfarvegi.
2. Varmaorkuver eða jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira í hráorku.
3. Lagning háspennulína með 132 KV spennu eða meiri hvort sem þær eru lagðar ofan jarðar eða neðan.
4. Efnistökustaðir (malarnám) á landi 50.000 m^2 eða stærri að flatarmáli eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 m^3.
5. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða.
6. Förgunarstöðvar þar sem eitraður og hættulegur úrgangur er brenndur, hlýtur efnameðhöndlun eða er urðaður.
7. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
8. Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.
9. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu.
10. Lagning vega, hraðbrauta og járnbrauta, svo og flugvalla með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
11. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

Enn fremur skal framkvæmt umhverfismat vegna annarra framkvæmda sem taldar eru upp í fylgiskjali með lögum þessum að því marki sem þær felast ekki í 1. mgr.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð nánar hvaða framkvæmdir eru háðar umhverfismati í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

7. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 6. gr., verði háðar umhverfismati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar sérfræðinganefndar skv. 2. mgr. 3. gr., framkvæmdaraðila og/eða leyfisveitanda, skipulagsstjóra og viðkomandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna).

8. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins stjórnar framkvæmd umhverfismats og sér um að það fari fram. Hann skal semja leiðsögureglur um hvernig staðið er að umhverfismati og endurskoða þær eftir því sem nútímaþekking, nýjustu matsaðferðir og almenn þróun á þessu sviði gefa tilefni til.

Skipulagsstjóri skal við undirbúning umhverfismats afla umsagna eftir því sem lög mæla fyrir. Enn fremur skal hann afla upplýsinga og álits hjá leyfisveitanda og/eða framkvæmdaraðila, sveitarstjórn (sveitarstjórnum) sem í hlut á, svo og hjá aðilum er hafa sérfræðiþekkingu á því sviði sem um ræðir hverju sinni.

Skipulagsstjóri ríkisins skal ljúka gerð umhverfismats innan sex mánaða frá því að honum berst tilkynning skv. 10. gr. eða ákvörðun er tekin um að mat skuli fara fram skv. 7. gr. Umhverfisráðherra getur þó veitt lengri tímafrest ef mat er umfangsmikið.

Skipulagsstjóra er heimilt að fela gerð matsins, að nokkru eða öllu leyti, tiltekinni sérfræðistofnun eða semja við aðra sérfróða aðila um slíkt. Þegar þannig stendur á skal skipulagsstjóra kynnt reglulega hvernig mati miðar.

9. gr.

Í umhverfismati skal tilgreina, meta og lýsa á viðhlítandi hátt áhrifum sem framkvæmdir kunna að hafa á menn, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Jafnframt skal meta áhrif á efnisleg verðmæti og menningarverðmæti svo og félagsleg áhrif.

Í umhverfismati skal gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur hafi komið til mats, svo og rökstuddri niðurstöðu matsaðila.

Þess skal gætt að framsetning og texti matsgerðar sé aðgengilegur almenningi.

10. gr.

Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd og beiðni um að fram fari umhverfismat.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, hvar hún á að fara fram, hvernig hönnun er ráðgerð og hvert áætlað er umfang framkvæmdar.
2. Greinargerð um hugsanlega umhverfisröskun.
3. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að mæta umhverfisröskun sem leitt getur af viðkomandi framkvæmd.
4. Aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar til að umhverfismat geti farið fram eða sem leiðir af aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Skipulagsstjóri ríkisins skal birta tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum skv. 2. mgr. með opinberri auglýsingu eða með öðrum tryggum hætti. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Skipulagsstjóri ríkisins skal innan átta vikna frá viðtöku tilkynningar skv. 1. mgr. ákveða hvort ákvæðum laga þessara sé fullnægt eða hvort þörf sé á frekara umhverfismati.

Þegar niðurstaða umhverfismats liggur fyrir skal skipulagsstjóri kynna hana leyfisveitanda, framkvæmdaraðila og sveitarstjórn (sveitarstjórnum) sem í hlut á. Jafnframt skal birta niðurstöðuna eða útdrátt hennar opinberlega með auglýsingu eða með öðrum tryggilegum hætti. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan sex vikna frá birtingu niðurstöðu umhverfismats.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. getur skipulagsstjóri heimilað framkvæmdaraðila, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að sjá um gerð og framkvæmd umhverfismats að nokkru eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Við undirbúning umhverfismats skal framkvæmdaraðili gæta ákvæða 2. mgr. 8. gr.

Skipulagsstjóri skal innan sex vikna frá því að framkvæmdaraðili sendir honum niðurstöður sínar taka ákvörðun um hvort hann telur þær fullnægjandi eða ekki.

Fullnægi umhverfismat skv. 1. mgr. ekki kröfum laga þessara eða frekari upplýsinga er þörf getur skipulagsstjóri krafist þess að framkvæmdaraðili afli frekari upplýsinga eða gagna. Verði framkvæmdaraðili ekki við tilmælum skipulagsstjóra getur hann lokið við gerð matsins á kostnað framkvæmdaraðila.

12. gr.

Kostnað við gerð umhverfismats, sem skipulagsstjóri hefur framkvæmt, skal sá greiða sem matsins óskar. Umhverfisráðherra getur þó lækkað eða fellt niður greiðslu vegna umhverfismats ef sérstakar ástæður mæla með því enda sé heimild í fjárlögum til að kostnaður, sem af slíku hlýst, verði greiddur úr ríkissjóði.

Skipulagsstjóri getur krafist tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar við umhverfismat áður en það fer fram.

13. gr.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

14. gr.

Í leyfi til framkvæmda ber leyfisveitanda að taka fullt tillit til upplýsinga þeirra sem umhverfismatið grundvallast á og niðurstöðu þess.

15. gr.

Ákvörðunum skv. 10., 11. og 12. gr. má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að kunnugt var um þær.

Áður en úrskurður gengur skal umhverfisráðherra leita umsagnar sérfræðinganefndar skv. 2. mgr. 3. gr., skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila og/eða leyfisveitanda svo og viðkomandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna).

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni um úrskurð barst honum.

16. gr.

Að fengnum tillögum skipulagsstjóra setur umhverfisráðherra almenn ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Þar skulu m.a. sett ákvæði um aðferðir, gerð og efni umhverfismats, um upplýsingar sem framkvæmdaraðili skal leggja fram, um leiðsögureglur um hvernig staðið skal að umhverfismati, svo og málsmeðferð.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, og byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, ásamt síðari breytingum.

Fylgiskjal.

Skrá yfir þær framkvæmdir sem ætíð eru háðar umhverfismati, sbr. I. viðauka við tilskipun 85/337/EBE.

I. viðauki.

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. Varmaorkuver og önnur brennsluver með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst og kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kílóvatts heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).
3. Mannvirki eingöngu ætluð til langtímageymslu eða endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi.
4. Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.
5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og afurðum sem innihalda asbest: fyrir afurðir úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum og fyrir aðra notkun asbests ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu.
7. Lagning vega, hraðbrauta[1] og langra járnbrauta, svo og flugvalla[2] með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
8. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
9. Förgunarstöðvar þar sem eitraður og hættulegur úrgangur er brenndur, hlýtur efnameðhöndlun eða er urðaður.

[1] Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut": hraðbraut samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

[2] Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur": flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samþykktinni frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið annars vegar í þeim tilgangi að fullnægja skyldum þeim sem íslenska ríkið tekur á sig með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar til þess að hrinda í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar kemur fram um umhverfismál að aukin áhersla verði lögð á umhverfisrannsóknir og umhverfismat í tengslum við meiri háttar framkvæmdir.

Í 74. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er vísað til viðauka XX, en í honum er að finna tilskipun frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (tilskipun 85/337/EBE). Frumvarpið er byggt á efnisreglum tilskipunarinnar en lagað að íslenskri löggjöf.

Engin almenn lög hafa verið sett um framkvæmd umhverfismats. Þrátt fyrir það hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum vegna ýmissa framkvæmda. Um þessar mundir er unnið að tilraunaverkefni með gerð umhverfismats á vegum Skipulags ríkisins vegna gerðar aðalskipulags fyrir Skútustaðahrepp og á árinu 1991 fór fram frummat vegna Fljótsdalslínu 1. Byggt hefur verið á bandarískri aðferðafræði sem hefur verið að ryðja sér til rúms í flestum nágrannalöndum okkar á undanförnum árum. Hefur verið unnið að því að laga aðferðafræðina að íslenskum aðstæðum svo að hana megi nota við undirbúning aðalskipulags fyrir sveitarfélög og við undirbúning ákvarðana um staðarval, t.d. verksmiðja og virkjana, legu vega og háspennulína.

Í 3. gr. laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389 28. september 1990, eru ákvæði um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Samkvæmt ákvæðum hennar, grein 8.2.6., skal framkvæma forkönnun vegna staðarvals, þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar. Ákvæði þetta er miðað við að fjárfesting í tilteknum atvinnurekstri nái ákveðinni lágmarksupphæð. Enn fremur ber samkvæmt tilvitnaðri grein að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Ákvæði mengunarvarnareglugerðar eru því þrengri en ákvæði frumvarpsins að tvennu leyti. Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ekki ráð fyrir því að skylda til framkvæmdar umhverfismats sé háð tiltekinni lágmarksupphæð fjárfestingar og í öðru lagi er andlag matsins samkvæmt frumvarpinu mun víðtækara. Hins vegar þurfa umhverfisröskun og kostnaður við einstakar framkvæmdir ekki að fara saman þó að svo geti verið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú að skipulagsstjóri ríkisins stjórni framkvæmd umhverfismats og sjái um að það fari fram. Skipulagsstjóri getur þó heimilað að framkvæmdaraðili sjái um gerð matsins að nokkru eða öllu leyti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem hann setur. Eðlilegt þykir að skipulagsstjóri hafi þetta hlutverk á sínum herðum enda samræmist það hlutverki hans að öðru leyti skv. 2. gr. skipulagslaga.

Á Norðurlöndum er gerð og framkvæmd umhverfismats tengd gerð skipulagsáætlana með einum eða öðrum hætti. Svo verður einnig hérlendis verði frumvarpið að lögum.

Lög um umhverfismat á Norðurlöndum.

Í samræmi við gildistöku tilskipunar 85/337/EBE sem nefnd var hér að framan var dönsku skipulagslögunum breytt (Lov om lands- og regionplanlægning, nr. 921 frá 1989). Nú eru í gildi Lov om planlægning, nr. 388 frá 1991, sem tóku gildi 1. janúar 1992, en í lögunum eru sambærileg ákvæði um umhverfismat og voru í lögunum frá 1989.

Í Finnlandi hafa hingað til ekki verið til almenn lög um framkvæmd umhverfismats þó að einstök ákvæði sé að finna í ýmsum sérlögum. Nú er unnið að því að semja lagafrumvarp um framkvæmd umhverfismats sem leggja á fram á finnska þinginu haustið 1992. Frumvarpið á að fullnægja kröfum tilskipunar 85/337/EBE. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að umhverfismat fari fram vegna framkvæmda sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og verður matið unnið í tengslum við skipulagsgerð.

Þann 1. ágúst árið 1990 gengu í gildi ákvæði í norsku skipulags- og byggingarlögunum um framkvæmd umhverfismats vegna umfangsmikilla framkvæmda (Plan- og byggningslov frá 14. júní 1985, ásamt breytingum frá 1. ágúst 1990). Auk þeirra eru ýmis lagaákvæði í sérlögum um framkvæmd umhverfismats.

Árið 1991 tóku gildi ákvæði í sænsku lögunum um náttúruauðlindir (lag 1987:12 om hushållning med naturresurser, sbr. lag 1991:650) þess efnis að við áætlana- og ákvarðanatöku um framkvæmdir, sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, skuli framkvæmt umhverfismat. Enn fremur er að finna í ýmsum sérlögum ákvæði þess efnis að umhverfismat fari fram við undirbúning tiltekinna framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram markmið þess. Hyggilegra þykir að stemma stigu við umhverfisröskun áður en ráðist er í tilteknar framkvæmdir en að reyna að bæta úr henni eftir á. Með frumvarpinu, ef að lögum verður, á að tryggja það að umhverfismat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana og ákvarðanatöku um tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru hugtök skýrð. Stuðst hefur verið við skýringar þær sem koma fram í tilskipun 85/337/EBE að teknu tilliti til aðstæðna hér á landi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að áður en tilteknar framkvæmdir hefjast eða leyfi er veitt til framkvæmda skuli framkvæmt umhverfismat og óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir nema ákvæða frumvarpsins hafi verið gætt. Rétt þykir að skýra hugtök nánar í þessu samhengi.

Hugtakið framkvæmdaraðili er í frumvarpinu notað um þann sem ábyrgur er fyrir þeim framkvæmdum sem um ræðir hverju sinni. Í sumum tilvikum er hugsanlegt að líta beri á leyfisveitanda og framkvæmdaraðila sem einn og sama aðilann og þá er ekki þörf á sérstöku leyfi til framkvæmda. Enn fremur verður að ætla að leyfi til framkvæmda liggi í raun fyrir ef sérstök lög eru sett um framkvæmdir eða þær samþykktar sérstaklega, t.d. af Alþingi. Má hér t.d. nefna vegalög, nr. 6 25. mars 1977. Samkvæmt þeim er Vegagerð ríkisins veghaldari allra opinberra vega, þ. e. hún sér um gerð og viðhald vega innan þess ramma sem vegaáætlun setur og samþykkt hefur verið af Alþingi. Hins vegar er aðstaðan stundum sú að framkvæmdaraðili þarf sérstakt leyfi til framkvæmda hjá leyfisveitanda, t.d. byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarstjórn eða vinnsluleyfi hjá ráðherra, t.d. leyfi til vinnslu jarðefna, sbr. námulög.

Með umhverfismati er átt við mat eða úttekt á áhrifum eða afleiðingum sem tilteknar framkvæmdir kunna að hafa á umhverfið. Matið felst einkum í því að lýsa ríkjandi umhverfisaðstæðum og spá fyrir um og meta áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. tölul. 13. gr. auglýsingar nr. 77 7. júní 1990 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum fer umhverfisráðuneytið með skipulags- og byggingarmál. Gerð og framkvæmd umhverfismats er nátengd gerð skipulagsáætlana og er raunar einn þáttur þeirra. Því er eðlilegt að mál þessi heyri undir umhverfisráðuneytið og umhverfisráðherra. Samkvæmt 1. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, er skipulagsstjóri ráðuneytinu til aðstoðar við stjórn skipulagsmála.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðherra skipa nefnd fimm sérfræðinga sér til ráðuneytis við framkvæmd laganna vegna þess að í frumvarpinu er fjallað um lítið mótað ferli, þ.e. framkvæmd umhverfismats og þykir æskilegt að ráðherra hafi sér til fulltingis nefnd sérfræðinga við framkvæmd frumvarpsins verði það að lögum.

Um 4. gr.

Fjallað er um gildissvið í 4. gr. frumvarpsins. Eins og orðalag 1. mgr. gefur til kynna er frumvarpinu, ef að lögum verður, ætlað að gilda um framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Frumvarpinu er í fyrsta lagi ætlað að gilda um þær framkvæmdir sem taldar eru upp í 6. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi gilda ákvæði frumvarpsins um þær framkvæmdir sem ráðherra ákveður skv. 7. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að gildissvið frumvarpsins er óháð því hvort framkvæmdir eru á skipulagsskyldu svæði eða ekki.

Til þess að frumvarpið nái markmiði sínu og hægt sé að standa við þær skuldbindingar er felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er svo mælt fyrir í 2. mgr. 4. gr. að við beitingu núgildandi sérlaga um einstakar tegundir framkvæmda, t.d. vegalaga sem ekki gera ráð fyrir umhverfismati, verði skylt að fylgja ákvæðum þessara laga.

Í 3. mgr. kemur fram að beitt skuli ákvæðum skipulagslaga, eins og þau geta átt við, við framkvæmd þessara laga. Gert er ráð fyrir því að umhverfismat verði þáttur í ferli skipulagsmála. Slíkt er í raun farið að gera án sérstakrar lagaskyldu. Má sem dæmi nefna annars vegar undirbúning að gerð aðalskipulags Skútustaðahrepps og hins vegar undirbúning að lagningu Fljótsdalslínu 1.

Því má bæta við að frumvarpinu er ætlað að gilda um framkvæmdir hvort sem framkvæmdaraðilinn er ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að öllu leyti eða að hluta, lögaðili eða einstaklingur, sbr. skýringar í 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins koma fram undantekningar frá ákvæðum 4. gr. Í 1. mgr. 5. gr. er heimild til handa umhverfisráðherra til að ákveða að einstakar framkvæmdir verði undanþegnar lögunum og er heimild þessi skv. 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 85/337/EBE. Þar er mælt svo fyrir að í undantekningartilvikum sé heimilt að ákveða að einstakar framkvæmdir séu með öllu eða að hluta til undanþegnar ákvæðum tilskipunarinnar með þeim skilyrðum sem um ræðir í tilvitnaðri grein. Heimildina má þó ekki skilja á þann veg að ekki eigi að fara fram umhverfismat. Ráðherra er einungis heimilt að ákveða hvort æskilegt sé að láta fara fram annars konar mat en greinir í frumvarpinu.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. gilda lögin ekki um framkvæmdir í þágu varnarmála, sbr. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/337/EBE.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar umhverfismati. Hér er fyrst og fremst um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða sem ástæða er til að ætla að hafi veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Framkvæmdir þær, sem taldar eru upp í 1.–5. tölul., eru einkennandi fyrir íslenskar aðstæður, en 6.–11. tölul. eru að mestu leyti samhljóða þeim framkvæmdum sem taldar eru upp í viðauka I við tilskipun 85/337/EBE og helst geta átt við íslenskar aðstæður, þ.e. framkvæmdir sem taldar eru upp í 1., 4., 6., 7., 8. og 9. tölul. í viðaukanum. Aðrar framkvæmdir, sem taldar eru upp í viðauka I við tilskipun 85/337/EBE, eru ekki taldar raunhæfar hvað varðar íslenskar aðstæður og því er ekki talin ástæða til þess að telja þær sérstaklega upp í 6. gr. frumvarpsins. Til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er viðauki I birtur í heild sinni sem fylgiskjal með frumvarpinu og skv. 2. mgr. 6. gr. skal enn fremur framkvæma umhverfismat vegna þeirra framkvæmda sem þar eru birtar og felast ekki í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Gera má ráð fyrir því að í framtíðinni verði fleiri framkvæmdir háðar umhverfismati en nú koma fram í 6. gr. frumvarpsins. Því er lagt til í 3. mgr. að umhverfisráðherra verði heimilt að ákveða með reglugerð að fleiri framkvæmdir verði háðar umhverfismati vegna þeirra breytinga er kunna að verða á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að umhverfisráðherra geti ákveðið að framkvæmt skuli umhverfismat vegna tiltekinnar framkvæmdar eða framkvæmda þótt þeirra sé ekki getið í 6. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að umhverfisráðherra hafi heimild þessa þar sem komið getur til framkvæmda sem ekki eru tilgreindar í 6. gr. frumvarpsins, en ástæða er til að ætla að hafi veruleg áhrif á umhverfið og þörf er á umhverfismati vegna þeirra. Telja verður heimild þessa í samræmi við tilgang og markmið tilskipunar 85/337/EBE, einkum með hliðsjón af formála hennar, þar sem segir að „í umhverfismálum sé heppilegra að stemma á að ósi og koma í veg fyrir mengun og aðra umhverfisröskun fremur en reyna að vinna

gegn áhrifum þessa eftir á“ og þar sem kveðið er á um „nauðsyn þess, strax við upphaf allrar áætlanagerðar og þegar ákvarðanir um framkvæmd eru teknar, að taka tillit til þess hver áhrif framkvæmdarinnar kunni að hafa á umhverfi“. Ákvæðið 7. gr. frumvarpsins er enn fremur í samræmi við 2. gr. tilskipunar 85/337/EBE þar sem efnislega kemur fram að ekki skuli leyfa framkvæmdir sem geta haft í för með sér veruleg áhrif á umhverfið fyrr en farið hefur fram mat á því hver áhrifin kunna að verða og er sérstaklega vísað til 4. gr. tilskipunarinnar varðandi skilgreiningu á þeim framkvæmdum. Ef einungis ætti að framkvæma umhverfismat vegna þeirra framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka I væri markmiðum tilskipunarinnar einungis að óverulegu leyti náð miðað við íslenskar aðstæður og þar með þeim skuldbindingum sem EES-samningurinn leggur á herðar íslenska ríkinu. Rétt skýring 2. gr., sbr. 4. gr. tilskipunar 85/337/EBE, og þegar tekið er tillit til þeirra framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka II, leiðir til þess að heimild 7. gr. er talin nauðsynleg til þess að ná fyrrnefndum markmiðum.

Í 2. mgr. er kveðið svo á um að áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skuli ráðherra leita umsagnar þar tilgreindra aðila.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að hlutverk skipulagsstjóra ríkisins verður að stjórna framkvæmd umhverfismats. Enn fremur verður það hlutverk hans að semja leiðsögureglur um hvernig staðið er að umhverfismati og endurskoða þær eftir því sem þekking og þróun matsaðferða gefur tilefni til.

Tilgangurinn með ákvæði 2. mgr. er fyrst og fremst sá að tryggja það að hlutaðeigendur komi sjónarmiðum sínum að og hafi tækifæri til þess að gera athugasemdir. Í ýmsum lögum eru ákvæði þess efnis að leita skuli álits þar til bærra stjórnvalda eða stofnana vegna tiltekinna framkvæmda. Dæmi um slíkan umsagnaraðila er Náttúruverndarráð, sbr. 29. gr. laga nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

Í 3. mgr. er lagt til að skipulagsstjóri ljúki gerð umhverfismats innan sex mánaða frá því að honum berst tilkynning skv. 10. gr. eða ákvörðun er tekin skv. 7. gr. Rétt þykir að setja tímamörk í þessu sambandi. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímafresti ef mat er umfangsmikið.

Í 4. mgr. er lagt til að skipulagsstjóra verði heimilt að fela gerð matsins að nokkru eða öllu leyti tiltekinni sérfræðistofnun, t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands, eða semja við aðra sérfróða aðila um slíkt. Þörf er á þessu ákvæði þar sem skipulagsstjóri hefur ekki alltaf þá aðstöðu sem nauðsynleg er við gerð umhverfismats. Enn fremur er heimilt að leita til einkaaðila sem sérfróðir eru á þessu sviði.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. eru nefndir helstu þættir sem sérstaklega ber að taka tillit til við gerð umhverfismats. Umhverfismat felst einkum í því að lýsa umhverfisaðstæðum, náttúrulegum, félagslegum og hagrænum, og spá fyrir um og meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á þessa þætti.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. stjórnar skipulagsstjóri ríkisins framkvæmd og gerð umhverfismats og er því eðlilegt að beina ósk um framkvæmd mats til hans, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. er gert ráð fyrir því að framkvæmdaraðili leggi fram tilteknar upplýsingar sem umhverfismat verður grundvallað á. Í viðauka III við tilskipun 85/337/EBE eru ítarlegri upplýsingar um þennan þátt en efni hans verður birt í reglugerð, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Eðlilegt og sjálfsagt þykir að tilkynna opinberlega um fyrirhugaðar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati til að þeir sem málið varðar geti komið athugasemdum á framfæri áður en ráðist er í framkvæmd umhverfismats. Á grundvelli upplýsinga 2. mgr. og þeirra athugasemda sem borist hafa tekur skipulagsstjóri ákvörðun um hvernig staðið skuli að umhverfismati sbr. 3. mgr. 10. gr. Gögn þau, sem framkvæmdaraðili leggur fram, kunna í raun að fullnægja kröfum frumvarpsins um umhverfismat þannig að frekara mats sé ekki þörf.

Í 4. mgr. er ákvæði þess efnis að niðurstaða umhverfismats skuli kynnt með þar tilgreindum hætti. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að tryggja að þeir sem telji rétti sínum hallað eða geta ekki sætt sig við niðurstöðu matsins að öðru leyti geti gert athugasemdir við hana.

Um 11. gr.

Þrátt fyrir að aðalreglan verði sú að skipulagsstjóri framkvæmi umhverfismat er lagt til í 11. gr. að heimilt verði að fela framkvæmdaraðila að sjá um gerð þess að nokkru leyti eða öllu í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. ber sá kostnað af umhverfismati sem þess óskar. Eðlilegt þykir að sá sem óskar matsins greiði þann kostnað sem af gerð þess hlýst. Oft er það svo að framkvæmd umhverfismats tekur langan tíma og þörf getur verið á ítarlegum og nákvæmum rannsóknum sérfræðinga til að matið hafi raunhæft gildi. Hins vegar er kveðið svo á um í 2. málsl. 1. mgr. að ráðherra geti lækkað eða fellt niður greiðslu vegna gerðar umhverfismats ef sérstakar ástæður mæla með því. Í undantekningartilfellum kann að vera réttlætanlegt að beita nefndri heimild, t.d. ef gerð matsins hefur almennt gildi fyrir landið í heild, einstök svæði eða byggðarlög. Notkun ákvæðisins er þó háð því að sérstök heimild sé í fjárlögum svo að hægt sé að mæta auknum kostnaði ríkissjóðs.

Þar sem gerð umhverfismats er oft tímafrekt og kostnaðarsamt ferli er talið eðlilegt að skipulagsstjóri geti krafist sérstakrar tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar sem hlýst af gerð matsins.

Um 13. gr.

Til þess að tryggja að umhverfismat verði fastur liður í allri áætlanagerð um tilteknar framkvæmdir og frumvarpið nái markmiði sínu er kveðið svo á um í 13. gr. að óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda eða hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir fyrr en umhverfismat hefur farið fram.

Um 14. gr.

Svo að markmiðum þeim er koma fram í 1. gr. frumvarps þessa verði náð er kveðið svo á um í 14. gr. að leyfisveitanda beri að taka mið af upplýsingum þeim sem umhverfismat er grundvallað á og niðurstöðu þess. Er ákvæði þetta í samræmi við 8. gr. tilskipunar 85/337/EBE.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er kveðið svo á um að heimilt sé að skjóta ákvörðunum samkvæmt þar tilgreindum greinum frumvarpsins til úrskurðar ráðherra að fengnum umsögnum skv. 3. mgr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 16. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er frumvarpið tekur til og í 16. gr. er honum veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd þess í reglugerð. Þar sem skipulagsstjóri fer í umboði ráðherra með framkvæmdina og semur leiðsögureglur um það hvernig staðið skuli að umhverfismati er eðlilegt að almenn reglugerð sé sett að tillögu hans.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Á 115. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga en það varð ekki að lögum. Ráðgert er að halda áfram endurskoðun núgildandi skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, og byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978. Þar sem frumvarp þetta er á flestan hátt tengt gerð skipulagsáætlana og framkvæmd skipulagsmála almennt er eðlilegt að þau verði endurskoðuð um leið og heildarendurskoðun fyrrnefndra laga fer fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat.

Megininntak frumvarpsins.

Frumvarp þetta miðar að því að við undirbúning helstu framkvæmda og mannvirkja hér á landi fari fram mat á áhrifum þeirra á umhverfið, að lögfestar verði nýjar kröfur um skil á upplýsingum frá framkvæmdaraðilum í þessu skyni og að unnið verði úr slíkum gögnum og mat lagt á þau með samræmdri aðferð. Yfirstjórn þessara mála yrði í höndum umhverfisráðherra. Skipulagsstjóra ríksins yrði falin framkvæmdin, þar á meðal að ákveða innan ramma laganna í hvaða tilvikum frekari rannsóknir og umhverfismat þurfi að fara fram, og einnig að leggja fram niðurstöðu matsins. Aðilum, sem veita leyfi til framkvæmda, yrði skylt að taka fullt tillit til þeirrar niðurstöðu.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það lagt fram nú vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, nánar tiltekið til þess að fullnægja ákvæðum tilskipunar 85/337/EBE um mat á umhverfisáhrifum vegna vissra framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila. Tilgangur þessarar tilskipunar EB er annars vegar að tryggja að tekið verði tillit til umhverfisáhrifa þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar og hins vegar að jafna samkeppnisstöðu aðildarríkjanna með því að setja samræmdar meginreglur um leyfisveitingar fyrir framkvæmdum, m.a. um hvers konar framkvæmdir skuli háðar mati. Samkvæmt tilskipuninni ber að uppfylla ákveðnar upplýsingaskyldur og leggja fram umhverfismat vegna níu flokka stærri framkvæmda sem álitið er að hafi jafnan veruleg áhrif á umhverfið. Aðildarríkjunum er eftirlátið að ákveða að öðru leyti þörfina fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Núverandi fyrirkomulag og löggjöf.

Í núgildandi löggjöf eru til staðar allmörg lög sem ætlað er að koma í veg fyrir mengun og umhverfisröskun, sum almenn, en önnur sértæk varðandi tilteknar verksmiðjur. Þá eru ótaldar reglugerðirnar sem hafa verið settar með stoð í þessum lögum, t.d. mengunarvarnareglugerð. Mikilvægasta löggjöfin af þessum toga, sem beinist að sömu markmiðum og tilskipun EB, eru lög um náttúruvernd, námulög og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt mengunarvarnareglugerð. Samkvæmt lögunum um náttúruvernd er skylt að hanna virkjanir, verksmiðjur og stór mannvirki í samráði við Náttúruverndarráð. Einnig er skylt að leita álits ráðsins á mannvirkjagerð og jarðraski sem getur haft í för með sér að land breyti varanlega um svip eða getur valdið mengun lofts eða lagar.

Samkvæmt frumvarpinu yrði leitað umsagnar til aðila eins og Náttúruverndarráðs eftir sem áður og þyrftu framkvæmdaraðilar því að halda þeirri samvinnu áfram með tilheyrandi kostnaði. Umhverfismat í umsjón skipulagsstjóra kæmi að verulegu leyti til viðbótar þessari vinnu. Í mörgum tilvikum þyrftu þá þrír aðilar að fjalla um slíkar framkvæmdir: leyfisveitandinn, t.d. sveitarstjórn, umsagnaraðilinn, t.d. Náttúruverndarráð, og matsaðilinn eða skipulagsstjóri sem væri heimilt að hafa málið til skoðunar í allt að sex mánuði. Komi upp ágreiningur, t.d. varðandi staðsetningu mannvirkis, færi umhverfisráðherra með úrskurðarvaldið. Ef frumvarpið verður að lögum mun það því hafa í för með sér að ákvarðanataka og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda sem þau ná yfir verður tímafrekari og flóknari.

Gildissvið og matsaðferð.

Í 1. og 4. gr. frumvarpsins er tiltekið að lögunum sé ætlað að ná til allra framkvæmda sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Í 6. gr. eru taldir upp sérstaklega ellefu víðtækir flokkar framkvæmda sem ávallt skuli háðir umhverfismati. Framkvæmdir, sem falla undir þessa flokka, eru flestar á vegum opinberra aðila hér. Helstu aðilarnir, sem mundu falla undir 6. gr. frumvarpsins, eru Vegagerðin, Hafnamálastofnun, Flugmálastjórn og Landsvirkjun. Með ákvæði um reglugerð í 6. gr. og einnig skv. 7. gr. getur umhverfisráðherra auk þess ákveðið að leyfi fyrir öðrum framkvæmdum verði bundið undangengnu umhverfismati. Eins og fram kemur í athugasemdum um 6. gr. má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði fleiri framkvæmdir háðar umhverfismati, m.a. vegna alþjóðasamninga. Gildissvið laganna gæti því átt eftir að verða enn víðara.

Í núverandi mynd nær frumvarpið til mun fleiri framkvæmda en nauðsynlegt er til þess að framfylgja ákvæðum EES-samningsins. Í fyrsta lagi hefur fjórum flokkum framkvæmda verið aukið við þá níu flokka sem samningurinn gerir ráð fyrir: vatnsorkuvirkjanir, háspennulínur, efnistökustaðir og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða. Í öðru lagi hefur stærðarviðmiðun í ákvæði um varmaorkuver verið færð niður úr 300 í 25 MW, en orkuver hér eru af þeirri stærðargráðu.

Ákvæði um upplýsingaskil og framkvæmd umhverfismats eru einnig víðtækari í frumvarpinu en í tilskipun EB. Samkvæmt 10. gr. yrðu gerðar svipaðar kröfur um almennar upplýsingar varðandi hönnun og umfang verks og umhverfisröskun, en skipulagsstjóra jafnframt heimilað að ákveða hvaða upplýsingar þurfi til viðbótar. Nánari ákvæði um upplýsingaskyldu ásamt leiðsögureglum um umhverfismat yrðu sett í reglugerð. Þá felur frumvarpið í sér að gerð verður krafa um upplýsingar og mat á öllum helstu samfélagslegum afleiðingum framkvæmda. Í umhverfismati gæti þá eftir atvikum þurft að gera úttekt á mörgum hagrænum og félagslegum þáttum. Tilskipun EB takmarkast hins vegar við mat á afleiðingum fyrir íbúa, náttúru, lífríki, fasteignir og fornminjar.

Kostnaður við umhverfismat og áhrif á útgjöld ríkisins.

Kostnaðurinn, sem frumvarpið gæti haft í för með sér, ræðst að mestu af tveimur þáttum: hvaða framkvæmdir verða háðar umhverfismati og hvernig matið verður unnið. Nokkur óvissa ríkir um framtíðaráform stjórnvalda í þeim flokkum framkvæmda sem ávallt yrðu háðir mati skv. 6. gr., en auk þess yrði heimilt skv. 7. gr. að fella aðrar framkvæmdir undir ákvæði laganna. Ekki er heldur fyllilega ljóst að svo stöddu hversu mikillar viðbótarvinnu verður krafist í rannsóknum, upplýsingaöflun og umhverfismati í hverjum framkvæmdaflokki fyrir sig. Á þessu stigi er því erfitt um vik að áætla kostnað þjóðfélagsins og opinberra aðila til lengri tíma með nokkurri vissu. Hér verður því aðallega fjallað um hvers konar kostnaðaráhrif frumvarpið gæti haft í för með sér.

Stærsti óvissuþátturinn varðandi kostnaðaráhrifin snýr að því í hve miklum mæli lögin yrðu til þess að breyta þyrfti mannvirkjum í dýrara horf vegna niðurstöðu umhverfismats. Ekki er hægt að segja fyrir um þennan þátt, en þó er líklegt að fái umhverfissjónarmið aukið vægi í hönnun og staðarvali mannvirkja gæti það haft í för með sér að bæði framkvæmdakostnaður og afleiddur kostnaður notenda yrði hærri. Hækkun stofnkostnaðar mundi oftast falla á opinbera framkvæmdaraðila sem í sumum tilvikum getur haft bein áhrif á ríkissjóð, eins og í vega- og hafnargerð, en í öðrum tilvikum geta komið til óbein áhrif í gegnum arðgreiðslur eða hagnað, t.d. hjá Rafmagnsveitum ríkisins eða Landsvirkjun. Í stærstu framkvæmdum gæti verið um tugi eða jafnvel hundruð milljóna króna að ræða. Samanlögð áhrif á fjárhag allra notenda geta verið af svipaðri stærðargráðu, t.d. ef sparnaður vegfarenda verður minni vegna þess að ekki er farin hagkvæmasta veglína.

Hér á landi hefur verið gengið út frá því sem fyrstu viðmiðun að þessi undirbúningskostnaður verði allt að 1% af framkvæmdakostnaði. Það hlutfall er til komið frá erlendum ráðgjöfum, en innlendir framkvæmdaraðilar telja að hlutfallið gæti orðið hærra. Þessi viðmiðun mundi þýða að t.d. í vegamálum yrði kostnaðurinn um 35 m.kr. árlega eða um þriðjungur af því fjármagni sem veitt er í tæknilegan undirbúning framkvæmda í vegáætlun. Ef framkvæmdageta á ekki að skerðast, sem þessu nemur, þarf að auka framlögin.

Í frumvarpinu er ekki afmarkað hversu ströng krafan um umhverfismat á að vera hvað varðar umfang og eðli þeirra verkefna sem talin eru falla undir lögin. Taka má framkvæmdir í vegagerð sem dæmi. Hafist er handa við um 100 nýjar framkvæmdir í vegagerð á ári hverju. Stofnkostnaður verkanna getur verið allt frá 2–3 m.kr. upp í 4.000 m.kr., en flest þeirra eru af stærðargráðunni 10–20 m.kr. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt mun það væntanlega taka til allra þessara framkvæmda. Hugsanlegt er að afleiðingar smærra verkefnis verði taldar jafnumtalsverðar og áhrif stórverkefnis og gerð verði krafa um jafnviðamikið umhverfismat í báðum tilvikum. Í frumvarpinu er heldur ekki gerður greinarmunur á nýbyggingum og meiri háttar viðhaldi. Vaxandi hluta fjármagns til mannvirkjagerðar er varið til viðhalds fremur en til nýbygginga. Ef frumvarpið verður að lögum gætu framkvæmdaraðilar því þurft að leggja í aukinn kostnað við að safna og standa skil á grunnupplýsingum um mun fleiri og smærri verkefni en tíðkast hefur til þessa.

Samkvæmt frumvarpinu yrði beinn kostnaður við rannsóknir, gagnaöflun, tölvuúrvinnslu, upplýsingaskil og skýrslugerð greiddur af viðkomandi framkvæmdaraðila hvort sem sú vinna færi fram innan stofnunarinnar eða hjá öðrum aðilum. Gera má ráð fyrir að þessi upplýsingaöflun og sjálft umhverfismatið yrði fremur kostnaðarsamt og tímafrekt í framkvæmd. Vinnan yrði að mestu í höndum háskólamenntaðra sérfræðinga í hærri launaflokkum, ferðalög og fundahöld væru oft nauðsynleg og yfirleitt þyrfti að vinna úr gögnum í sérhönnuðum tölvukerfum. Í sumum tilvikum þyrftu að fara fram margar sérhæfðar náttúrufræðilegar rannsóknir sem krefjast mundu töluverðrar vettvangsvinnu og ferðalaga áður en hægt væri að hefjast handa við mat á niðurstöðum og skýrslugerð. Kostnaður við slíkar umhverfisrannsóknir getur verið allt frá nokkrum hundruðum þúsunda upp í tugi milljóna. Sem dæmi um kostnað við náttúrufræðilega rannsókn á mjög afmörkuðum þætti má nefna eina af athugunum sem gerðar voru vegna þverunar Gilsfjarðar og kostaði 1,4 m.kr., en þar fór eingöngu fram 15 daga vettvangskönnun á fjörusvæðum rauðbrystinga ásamt skýrslugerð. Þá getur verið vandasamt og dýrt að meta ýmis bein og óbein áhrif á samfélagið, t.d. varðandi búsetu og byggð, umferð, atvinnustig, tekjuskiptingu eða arðsemi. Mat á slíkum víxlverkandi afleiðingum verður yfirleitt að fara fram í sérhæfðum tölvulíkönum undir umsjón reyndra sérfræðinga. Reynsla stofnana í þessum efnum hefur leitt í ljós að oft geta fyrstu rannsóknir og umfjöllun sérfræðinga ekki veitt einhlít svör eða endanlegar niðurstöður. Hætt er við að í slíkum tilvikum komi fram óskir um enn frekari rannsóknir, jafnvel þótt óvíst sé um árangurinn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skipulagsstjóri ákveði nánar hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningu um framkvæmd, hvort frekara umhverfismat þurfi að fara fram og hversu mikil vinna verði lögð í það hjá embættinu eða hjá aðkeyptum sérfræðingum. Þar sem aðhald með þessum kostnaði yrði ekki lengur í höndum framkvæmdaraðila væri æskilegt að reisa skorður við útgjöldunum sem heimilt verður að efna til vegna umhverfismats. Í því sambandi þyrfti að gæta að því að kostnaður við upplýsingaskil og umhverfismat verði í samræmi við þau gæði eða verðmæti í umhverfinu sem ætlunin er að vernda.

Ef frumvarpið verður að lögum mun það hafa í för með sér aukin verkefni og sértekjur hjá nokkrum stofnunum sem heyra undir umhverfisráðuneytið: Skipulagi ríkisins, Náttúrufræðistofnun og í minna mæli hjá Veðurstofu og Landmælingum. Sértekjur rannsóknastofnana Háskólans ættu einnig að aukast. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður þessara stofnana af verkefninu verði umfram tekjurnar. Hjá skipulagsstjóra er á þessu stigi gert ráð fyrir að embættið þurfi tvö ný stöðugildi og um 10 m.kr. í aðkeypta þjónustu til þess að yfirfara og meta gögn frá framkvæmdaraðilum og verkstýra mati. Vinna embættisins að sjálfstæðum athugunum kæmi væntanlega til viðbótar þessu.

88. Fyrirspurn [81. mál]

til landbúnaðarráðherra varðandi embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hve lengi hefur verið laust embætti dýralæknis á sunnanverðum Vestfjörðum?
2. Hvað hefur verið gert til að fá þangað dýralækni til starfa?
3. Er fyrirhugað að kaupa dýralæknisbústað á Patreksfirði í stað þess sem seldur var í Krossholti á Barðaströnd?

89. Fyrirspurn [82. mál]

til menntamálaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvað líður áformum um byggingu nýrrar langbylgjustöðvar sem næði til landsins alls?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins geti staðið við þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum nr. 68/1985?

90. Fyrirspurn [83. mál]

til menntamálaráðherra um svæðisútvarp Vestfjarða.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvenær má vænta þess að sendingar svæðisútvarps Vestfjarða nái til alls fjórðungsins?
2. Er fyrirhugað að hafa starfandi fréttamann sjónvarps á Vestfjörðum í tengslum við svæðisútvarp Vestfjarða?

91. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, varaformaður Prestafélags Íslands, Jónatan Sveinsson hrl., Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ásmundur Stefánsson og Bryndís Hlöðversdóttir frá ASÍ, Ögmundur Jónasson og Svanhildur Halldórsdóttir frá BSRB, Árni Benediktsson frá VMS og Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur J. Sigfússon. Björn Bjarnason sat fundinn í stað Sólveigar Pétursdóttur.

Alþingi, 15. sept. 1992.

Vilhjámur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ingi Björn Albertsson.

Guðjón Guðmundsson. Björn Bjarnason.

92. Fyrirspurn [84. mál]

til menntamálaráðherra um bækling meiri hluta stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað kostaði bæklingur sá sem meiri hluti stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna gaf út nýlega undir heitinu: Hvers vegna breyttar reglur LÍN?
2. Telur ráðherra eðlilegt að almannafé sé varið til útgáfu áróðursbæklinga á vegum fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn LÍN?
3. Ætlar menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að minni hluti stjórnar LÍN gefist kostur á að kynna sín sjónarmið í litprentuðum bæklingi?

93. Fyrirspurn [85. mál]

til fjármálaráðherra um tilsjónarmenn.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margir tilsjónarmenn hafa verið skipaðir frá því að lög um þá voru samþykkt 23. jan. sl.?
2. Hvaða stofnanir hafa fengið senda tilsjónarmenn?

94. Fyrirspurn [86. mál]

til fjármálaráðherra um verkefni tilsjónarmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða verkefnum eiga þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið að sinna og hversu langan tíma hafa þeir til þess?
2. Hvaða árangri hafa störf tilsjónarmanna skilað?
3. Á hvaða launakjörum eru þeir tilsjónarmenn sem skipaðir hafa verið?

95. Frumvarp til laga [87. mál]

um breytingu á lögum um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974.

Flm.: Auður Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. og breytist greinatala í samræmi við það. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald sem varið skal til framkvæmda við gerð göngustíga, hjólreiðastíga, leiksvæða og annarra opinna svæða.

2. gr.

Í stað „skv. 1. og 3. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. (er verður 6. gr.) kemur: skv. 1., 3. og 4. gr.

3. gr.

Við 6. gr. (er verður 7. gr.) bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sérstakt gjald skv. 4. gr. skal gjaldkræft þegar lokið er þeim framkvæmdum sem tilgreindar eru í 4. gr. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða með samþykkt að greiðslu slíkra gjalda sé dreift á tiltekið árabil eftir því sem nánar er tiltekið í samþykktinni.

4. gr.

Í stað „skv. 1. og 3. gr.“ í 7. gr. (er verður 8. gr.) kemur: skv. 1., 3. og 4. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem flutt var á síðasta þingi og fylgir með því eftirfarandi greinargerð:

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld. Markmið þeirra er að hvetja sveitarfélög til þess að ganga frá göngustígum, hjólreiðastígum, leiksvæðum og öðrum opnum svæðum innan íbúðabyggðar. Telja verður það mikið öryggismál að tryggja öryggi vegfarenda og stuðla að því að börn séu að leik utan gatna. Þessari tegund svæða er hvergi markaður neinn tekjustofn innan sveitarfélaganna eins og nú er.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarráði fer slysum á gangandi og hjólandi vegfarendum fjölgandi. Einkum á þetta við um börn á aldrinum 7–14 ára. Af upplýsingum um tíðni slysa á börnum á Norðurlöndum kemur fram að á Íslandi eru börn 12% slasaðra í umferðinni, þar af flest gangandi eða hjólandi, en annars staðar á Norðurlöndum eru börn 7–8,9% slasaðra. Árið 1991 varð mikil fjölgun slysa í áðurnefndum aldurshópi og á það jafnt við um Reykjavík og landið allt. Af því er varla hægt að draga aðra ályktun en þá að umhverfi barna sé víða hættulegt. Vegna skorts á leiksvæðum og/eða öruggum leiðum, bæði að skólum og opnum svæðum, eru umferðargötur oft einu svæðin sem börnum er gert að fara um og jafnvel leika sér á. Frágangur göngustíga, hjólreiðastíga, leiksvæða og annarra opinna svæða innan íbúðabyggðar á að vera jafnmikilvægur við gerð nýrra byggingarsvæða og gatna- og gangstéttagerð. Framkvæmdir sveitarfélaga við frágang umræddra svæða eru fremur tilviljanakenndar og oft látnar aftast í framkvæmdaröð. Því er mikilvægt að sveitarfélögum sé gert kleift að nota hluta af gatnagerðargjaldi til slíkra framkvæmda og að opin svæði fái jafnt vægi og gatnagerð þegar um framkvæmdir er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sveitarstjórnum heimilað að leggja á sérstakt gjald til þess að standa straum af kostnaði við þær framkvæmdir sem tilteknar eru og enn fremur er kveðið á um hámark gjaldsins.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um álagningarstofn sérstaks gjalds skv. 1. gr. frumvarpsins og lagt til að hann verði sá sami og nú er skv. 3. gr. laganna.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja ákvæði um hvenær sérstakt gjald skv. 1. gr. frumvarpsins er gjaldkræft og er það hliðstætt því sem nú er í 6. gr. laganna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að lögveðsréttur í viðkomandi fasteign fylgi sérstöku gjaldi skv. 1. gr. frumvarpsins og er það sami réttur og fylgir gjöldum skv. 1. og 3. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umferðarráð:

Úr skýrslum lögreglu.





96. Svar [53. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum forsætisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Forsætisráðuneyti.

Embætti húsameistara ríkisins fer með verklegar framkvæmdir og innkaup er tengjast viðhaldi og endurbótum á Stjórnarráðshúsi. Upplýsingar vegna útboða, er tengjast þessu verkefni embættis húsameistara, er að finna hér að neðan. Ekki var efnt til annarra útboða í tengslum við starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Byggðastofnun.

Á vegum Byggðastofnunar hefur verið efnt til eins útboðs á ofangreindu tímabili og var þar um að ræða útboð á skrifstofubúnaði fyrir útibú stofnunarinnar á Egilsstöðum. Lægsta tilboði var ekki tekið þar sem búnaðurinn stóðst ekki þær kröfur sem gerðar voru.

Þjóðhagsstofnun og þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Engin útboð fóru fram á vegum Þjóðhagsstofnunar og þjóðgarðsins á Þingvöllum á umræddu tímabili.

Húsameistari ríkisins.

Verk, sem hönnuð eru af embætti húsameistara ríkisins, eru nánast alltaf boðin út af Innkaupastofnun ríkisins. Í undantekningartilvikum hefur embættið milligöngu um gerð verksamninga við verktaka um minni háttar verk á grundvelli tilboða. Embætti húsameistara hefur gengist fyrir fjórum slíkum útboðum fyrir forsætisráðuneytið á því tímabili sem fyrirspurnin tekur til. Þar af voru þrjú útboð vegna endurbóta á aðstöðu ritara en það fjórða vegna kaupa og frágangs á gólfefnum. Lægsta tilboði var tekið í öllum tilvikum. Tekið skal fram að í þeim tilvikum, sem útboð af þessu tagi hafa verið framkvæmd af embætti húsameistara fyrir aðra aðila en forsætisráðuneytið, hefur lægsta tilboði einnig ávallt verið tekið.

97. Svar [60. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum umhverfisráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

1. Sex útboð voru á vegum umhverfisráðuneytis og stofnana á ofangreindu tímabili.
2. Á vegum aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins voru eftirtalin útboð á tímabilinu:

   Innkaupastofnun ríkisins var falið að selja ráðherrabíl og var besta tilboði tekið.

   Einnig var á þessu ári leitað tilboða í þýðingu, setningu og prentun á bókinni „Umhverfi og þróun" í tengslum við umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro. Lægstu tilboðum var tekið.

   Enn fremur hefur verið leitað til Innkaupastofnunar ríkisins varðandi kaup á tölvubúnaði og er þar gengið inn í besta samning sem Innkaupastofnun hefur gert við viðkomandi söluaðila hverju sinni.

   Skipulagsstjóri ríkisins efndi tvisvar til útboða í þjónustu á tímabilinu. Í annað skiptið var um að ræða útboð í prentun á bréfsefni og í hinu tilvikinu prentun á ársskýrslu. Í báðum tilvikum var lægsta tilboði tekið.

   Náttúruverndarráð hefur einu sinni efnt til formlegs útboðs á umræddu tímabili. Um var að ræða smáauglýsingu þar sem auglýst var til sölu og niðurrifs fjárhús og refa- og minkahús á jörðinni Ási í Kelduhverfi. Tilboðsfrestur var til 4. september 1992 en ekkert tilboð hefur borist.

   Á vegum mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Landmælinga Íslands, embættis veiðistjóra, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar ríkisins voru engin útboð á umræddu tímabili.
3. Í öllum tilvikum var lægsta tilboði tekið.
4. Í engu tilviki var lægsta tilboði ekki tekið.

98. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gefa svo fljótt sem auðið er út reglugerð á grundvelli tollalaga um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni sem framkvæmd eru erlendis fyrir Íslendinga.

Skal í reglugerðinni miðað við að jöfnunartollurinn verði sem næst jafnhár og þær niðurgreiðslur og ívilnanir sem þau verkefni, sem hér um ræðir, njóta. Tekjum af gjaldi þessu skal varið til þróunarstarfa og nýsköpunar í iðnaði og til stuðnings rannsóknum og verkmenntun samkvæmt nánari ákvæðum sem bundin verða í fjárlögum.

Skal við það miðað að tollurinn taki til allra samninga sem gerðir verða eftir 16. sept. 1992.

Greinargerð.

Í skipasmíðum og þjónustu við útgerðaraðila eru fólgin ein stærstu iðnaðartækifæri á heimamarkaði sem Íslendingar eiga. Stefna stjórnvalda hlýtur þess vegna að verða að miða að því að nýta sér þessa möguleika til að skapa atvinnutækifæri í landinu.

Íslenskur skipaiðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja á undanförnum árum. Mikill samdráttur hefur orðið bæði í nýsmíðum og viðgerðum. Fyrirtæki hafa hætt rekstri og starfsmönnum hefur fækkað í greininni. Reynsla, þekking og þjálfun hefur glatast til mikils tjóns fyrir alla þessa starfsemi. Á sama tíma hafa mörg skip verið í smíðum og töluverður hluti viðhalds og endurbóta hefur verið framkvæmdur erlendis.

Tómlæti stjórnvalda og jafnvel neikvæð afstaða forustumanna í sjávarútvegi virðist hafa verið ráðandi í þessum málum á undanförnum árum. Það er löngu tímabært að stjórnvöld vinni markvisst að því að snúa þessari öfugþróun við.

Skipasmíðar hér á landi hafa átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ástæðurnar eru ekki verkefnaleysi í þjónustu við íslenska útgerð. Næg verkefni hafa verið til staðar en erlendir aðilar hafa í krafti niðurgreiðslna og ívilnana frá viðkomandi stjórnvöldum getað boðið lægra verð. Ekki er að sjá að breyting verði á opinberum stuðningi við skipasmíðar í helstu samkeppnislöndum okkar á næstunni.

Það er mjög óskynsamlegt af hálfu Íslendinga að láta þjónustu við aðalatvinnuveg sinn flytjast úr landinu. Skipasmíðaiðnaðurinn getur gefið þjóðinni geysileg atvinnutækifæri á heimamarkaði. Íslenskar skipasmíðastöðvar geta haft í fullu tré við erlenda smíði ef þær fá að standa jafnfætis og þurfa ekki að keppa við niðurgreiðslur og ívilnanir sem ekki eru hér til staðar.

Nú virðist ný bylgja vera að rísa í endurnýjun skipastólsins. Gömlu ísfisktogararnir eru orðnir úreltir. Nú vantar ný skip og gera þarf breytingar á þeim eldri. Nú er tækifæri til að gefa íslenskum iðnaði, skipasmíðaiðnaðinum, möguleika á að rétta úr kútnum.

Verði það að veruleika á næstunni að opinber stuðningur við þessa iðngrein verði lagður af í helstu viðskiptalöndum okkar höfum við enn tækifæri til að búa okkur undir frjálsa samkeppni á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

Ályktun Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði.
(3. september 1992.)

Stjórn MÁLMS - samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði - lýsir miklum áhyggjum vegna hins alvarlega ástands sem skapast hefur í íslenskum skipaiðnaði. Á sama tíma og fyrirtæki í greininni neyðast til að segja mönnum upp störfum vegna verkefnaskorts, eru verkefni flutt til útlanda í stórum stíl. Oftar en ekki er ástæða þessa útflutnings verkefna ýmiss konar fyrirgreiðsla stjórnvalda í viðkomandi löndum við skipaiðnað sinn og er þá tíðum seilst til þess að hafa að engu alþjóðasamninga sem eiga þó að koma í veg fyrir slík vinnubrögð.

Í þessu sambandi bendir stjórn MÁLMS á, að þau verðmæti sem standa undir umræddum útflutningi eru tekin úr sameiginlegri auðlind allra Íslendinga. Þessi auðlind ætti - ef allt væri með felldu - að skapa öllum atvinnugreinum sem beint eða óbeint nýta hana, sömu eða svipaða aðstöðu. Þessu er ekki að heilsa að því er tekur til skipaiðnaðins, þar sem útgerðinni er ekki gert að fara eftir leikreglum, sem taka jafnframt mið af hagsmunum annarra íslenskra atvinnugreina og þykja sjálfsagðar í samkeppnislöndunum. Afleiðingarnar sjást greinilega í hinum gegndarlausa útflutningi verkefna undanfarið og í nánustu framtíð ef ekkert verður að gert.

Engin samræmd atvinnustefna er til hér á landi þar sem leitast er við að allar atvinnugreinar sitji við sama borð. Þetta stefnuleysi og sú skammsýni sem henni fylgir er ekki einasta alvörumál fyrir íslenskan skipaiðnað, heldur og ekki síður fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu þegar til lengri tíma er litið, enda verða þessar atvinnugreinar að treysta á að hér á landi verði boðið upp á góða þjónustu af hálfu skipaiðnaðarins. Slík þjónusta fær ekki þrifist og þróast ef sífellt er verið að færa útlendingum öll bitastæð verkefni á silfurfati.

Því skorar stjórn MÁLMS á stjórnvöld að móta heilstæða atvinnustefnu þar sem allar atvinnugreinar, sem standast heiðarlega samkeppni, fái notið sín og takist, á grundvelli sameiginlegra auðlinda, að skapa aukin verðmæti fyrir þjóðarbúið í heild. Í þeim efnum getur skipaiðnaðurinn lagt mikið að mörkum enda hefur hann sýnt síðustu ár að hann er fyllilega samkeppnisfær við erlenda aðila ef leikreglur eru sambærilegar.

Fylgiskjal II.

Ályktun aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja 1992.

Á tímum almenns samdráttar í íslensku efnahagslífi, ört vaxandi atvinnuleysis og mikils viðskiptahalla er mikilvægt að efla íslenskan iðnað. Því er hart að vita til þess að Íslendingar hafi á síðustu misserum fjárfest í skipum erlendis fyrir yfir fimm milljarða króna. Er hér um að ræða kaup á nýjum skipum frá ríkisstyrktum erlendum skipasmíðastöðvum og einnig stórfelldan innflutning nýlegra fiskiskipa. Ætla má að þessar fjárfestingar svari til á annað þúsund ársverka, sem er umtalsverður hluti atvinnulausra á Íslandi. Á sama tíma hefur atvinnuleysi aukist hér m.a. vegna þess að íslenskar skipasmíðastöðvar hafa orðið að segja upp fólki sökum verkefnaleysis.

Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar hefur aldrei verið verri en nú. Nýsmíðar innanlands eru nánast úr sögunni og verkefni við meiri háttar breytingar skipa hérlendis eru í algjöru lágmarki. Verkefnastaða íslenskra skipasmíðastöðva er því afleit og hefur starfsmönnum hjá aðildarfyrirtækjum félagsins fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Margar hérlendar skipasmíðastöðvar eiga nú í miklum fjárhagsörðugleikum. Fjöldauppsagnir og rekstrarstöðvun blasir við, ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða til að bæta rekstrarskilyrðin.

Stjórnvöld standa ráðþrota gagnvart erfiðleikum íslensks skipasmíðaiðnaðar. Sem dæmi um stefnuleysi stjórnvalda í þessum málum má nefna að á sama tíma sem Fiskveiðasjóður Íslands lækkar lánshlutfall sitt vegna innflutnings á skipum í 46 % af kaupverði, hafa stjórnvöld gefið útgerðaraðilum heimildir til að flytja inn fjölmörg nýleg skip, sem fjármögnuð eru að lang mestu leyti með lánum frá erlendum peningastofnunum.

Miklir ríkisstyrkir til skipasmíðastöðva í nágrannalöndunum eru eitt helsta vandamál íslensks skipaiðnaðar. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur bundið miklar vonir við, að með samningum um Evrópskt efnahagssvæði fengist lausn á þessu vandamáli. Því eru það mikil vonbrigði, að enginn marktækur árangur náðist varðandi lækkun ríkisstyrkja til skipasmíða. Annað stórt vandamál sem hérlendur skipaiðnaður glímir við eru hin mörgu undirboð frá fyrirtækjum í Póllandi, sem nota sér það óvenjulega ástand sem þar ríkir til undirbjóða íslensku fyrirtækin í viðgerðarverkefnum. Reynsla undanfarinna ára sýnir hins vegar glögglega að íslenskar skipasmíðastöðvar hafa boðið betri verð en skipasmíðastöðvar í V-Evrópu í viðgerðar- og breytingaverkefni.

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur hingað til ekki gert kröfu til þess, að beinir styrkir væru teknir upp hér á landi. Félagið hefur ítrekað bent á, að vanda skipasmíðaiðnaðarins ætti að mæta með úrbótum á almennum starfsskilyrðum. Stjórnvöld verða að lýsa því afdráttarlaust yfir að stefnt sé að því viðhalda skipasmíði og skipaviðgerðum í landinu, og tryggja að óeðlilegri erlendri samkeppni, s.s. ríkisstyrkjum og undirboðum, verði mætt með hörðum aðgerðum. Auk þess gerir Félag dráttarbrauta og skipasmiðja þær kröfur, að íslenskum skipaiðnaði verði tryggð viðunandi almenn rekstrarskilyrði. Sérstaklega er bent á eftirfarandi atriði:

* Að felld verði alveg niður lán Fiskveiðasjóðs Íslands til nýsmíða og breytingarverkefna erlendis. Samtímis verði lánskjör vegna verkefna innanlands bætt.

* Að stjórnvöld beiti sér fyrir því að lánastofnanir veiti ábyrgðir til verka sem unnin eru í íslenskum skipasmíðastöðvum.

* Að íslenskum skipasmíðastöðvum verði ávallt gefinn kostur á að bjóða í nýsmíði og viðgerðir á skipum fyrir íslenska aðila, þegar lán eru veitt til slíkra verka af opinberum lánastofnunum.

* Að takmörkunum á komum erlendra fiskiskipa til íslenskra hafna verði að fullu rutt úr vegi.

* Að stjórnvöld beiti sér fyrir því að grundvallarreglur um útboð verði lögfestar.

* Að skip smíðuð á Íslandi fái aukakvóta úr Hagræðingarsjóði og að reglum um úreldingu eldri skipa vegna smíði á nýjum verði breytt, þannig að þær verði hagstæðar innlendri skipasmíði.

* Að íslenskur skipaiðnaður fái fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Fylgiskjal III.

Upplýsingar um styrki og aðstoð norskra stjórnvalda við skipaiðnað.

Statens Fiskarbank í Noregi.
Nokkrir punktar.

- ☐ Statens Fiskarbank er eini opinberi sjóðurinn í Noregi sem veitir lán/styrki til smíði fiskiskipa.

- ☐ Ekki eru veitt lán/styrki til smíðaframkvæmda utan Noregs.

  - ■ Untantekning frá þessu er ef verk er unnið af norsku fyrirtæki með norsku starfsfólki á erl. grundu.

  - ■ Ef hlutar skip eru byggðir erlendis þá dregst sá hluti frá við útreikning á styrkjum.

- ☐ Almennt hefur styrkveitingum í Noregi verið breytt á þann veg að í stað vaxtaniðurgreiðslna, sem dreifast á mörg ár, koma beinar eingreiðslur.

- ☐ Styrkveitingunum er skipt niður í:

  - ■ Styrkur við undirskrift samnings.
    - Veitt óháð fjármögnun skips.
    - 10 % við nýbyggingar.
    - 6,5 % við breytingar.

  - ■ Byggingarlánastyrkur sem fer sjálfvirkt skipasmíðastöðvar.
    - 1,45 % við nýbyggingar.
    - 0,90 % við breytingar.

  - ■ Lán með fyrsta veðrétti.
    - Allt að 70 % af netto smíðakostnaði.

  - ■ Fjárfestingastyrkur
    - Allt að 15 - 20 % af smíðakostnaði.

- ☐ Lánavextir eru um 12 - 12,5 %

- ☐ Lánstími er 8,5 ár í stærri viðgerðum en 12 ár í nýbyggingum

99. Frumvarp til laga [89. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð eigi rætt og er því endurflutt óbreytt.

Greinin, sem lagt er til að falli brott, er í XII. kafla laganna, **Brot gegn valdstjórninni**, og hljóðar þannig:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt."

Hafa ber í huga að í greinargerð með hegningarlögunum kemur fram að ákvæði XII. kafla eru sett einkum til þess að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot gegn 108. gr. eru ekki þess eðlis að þar sé verið að hindra opinbera starfsmenn við framkvæmd starfa sinna og þykir flutningsmanni nægjanlegt að athæfi, sem nú varðar við 108. gr., verði dæmt á grundvelli XXV. kafla laganna sem nefnist **Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs**. Í þeim kafla eru ákvæði sem veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en almennum borgurum og vísast einkum til 242. gr. laganna.

Flutningsmönnum þykir sem dómar Hæstaréttar hafi túlkað 108. gr. laganna of rúmt miðað við tilgang XII. kafla og þannig þrengt um of að frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti. Engu að síður er dómur Hæstaréttar niðurstaða íslensks dómskerfis og því óhjákvæmilegt að breyta lögum á þann veg að treyst er í sessi frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti.

Frá því að frumvarpið var flutt á síðasta vetri hafa þau tíðindi gerst að 25. júní sl. felldi Mannréttindadómstóll Evrópu þann úrskurð að með dómi Hæstaréttar frá 20. október 1987 hafi verið brotið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um tjáningarfrelsi.

Í dómnum kemur fram að ekki er andmælt því að leiða megi í lög takmörkun á tjáningarfrelsi heldur sé umrædd grein hegningarlaganna túlkuð þrengra en nauðsyn krefur. Niðurstaða dómstólsins er engu að síður sú að þær röksemdir, sem ríkið hefur fært fram, nægi ekki til að sýna fram á að sú takmörkun, sem kært var vegna, hafi hæft því réttmæta markmiði sem sóst var eftir. Takmörkunin var því ekki „nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi". Þetta undirstrikar þá skoðun flutningsmanna að rétt sé og nauðsynlegt að fella brott 108. gr.

Fylgiskjal I.

Leiðari DV 27. júní 1992:

Mannréttindabrot ríkisins

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur úrskurðað, að íslenzka ríkið hafi framið mannréttindabrot, þegar Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur var dæmdur fyrir meiðyrði vegna skrifa hans um harðræði lögreglunnar í Reykjavík árið 1983. Mannréttindadómstóllinn segir, að með dóminum yfir rithöfundinum hafi verið brotin tíunda grein Mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi. Dómur Mannréttindadómstólsins skiptir miklu fyrir Íslendinga. Þorgeir Þorgeirsson hefur barizt fyrir málinu í átta og hálft ár og nú loks hafi sigur. Hann hefur með þrautseigju sinni náð mikilvægum árangri fyrir íslenzkan almenning og fjölmiðla.

Hæstiréttur hér á landi hafði árið 1987 staðfest dóm Sakadóms Reykjavíkur frá 1986, þar sem Þorgeir var dæmdur í 10 þúsund króna sekt fyrir meiðyrði um lögreglumenn. Rithöfundurinn hafði tekið þátt í mikilli umræðu, sem stóð árið 1983 í tengslum við svonefnt Skaftamál, þar sem lögreglumenn voru sekir um harðræði gagnvart ungum manni. Þorgeir ræddi um fleiri dæmi um, að lögreglumenn hefðu beitt borgara ofbeldi. Á þeim grundvelli var hann kærður og dæmdur. Þorgeir vísaði málinu til Mannréttindanefndar Evrópu, og var það borið undir Mannréttindadómstólinn. Þorgeir flutti mál sitt sjálfur, með lögfræðilegri aðstoð, bæði fyrir nefndinni og dómstólnum.

Mannréttindadómstóllinn gagnrýnir 108. grein íslenzkra hegningarlaga. Með þeirri grein hafa opinberir starfsmenn í raun notið sérstakrar verndar og verið friðaðir gagnvart aðhaldi og gagnrýni almennings og fjölmiðla. Í greininni segir: „Hver sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þrem árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt." Með þessari grein er jafnvel gert refsivert að segja sannleikann, þegar opinberir starfsmenn eiga í hlut. Hallur Magnússon blaðamaður hefur meðal annarra einnig verið dæmdur á grundvelli þessarar greinar vegna skrifa um rót í kirkjugarði í Viðey.

Þessi grein hegningarlaganna íslenzku er dæmigerð um, hvernig íslenzkir embættis- og valdsmenn hafa alla tíð tryggt sig gagnvart réttmætri gagnrýni. Mál Þorgeirs ætti hins vegar að leiða til þess, að betri tímar séu framundan. Greinilega verður hin illræmda lagagrein endurskoðuð og réttast, að hún dytti út. Einnig er rætt um að lögfesta hér á landi Mannréttindasáttmála Evrópu. Íslendingar staðfestu þann sáttmála að vísu árið 1954, en hafa ekki lögfest hann.

Þorgeir Þorgeirsson hlýtur aðeins 530 þúsund krónur í skaðabætur, en málareksturinn hefur kostað hann sjöfalda þá fjárhæð. Þarna hefur einstaklingur af litlum efnum lagt til atlögu við óréttlátt og miðaldalegt kerfi og haft sigur. Það ætti að verða öðrum fordæmi.

Eitt meginhlutverk fjölmiðla er að veita hinu opinbera aðhald og standa vörð um réttindi almennings gagnvart opinberum starfsmönnum. Íslenzkum fjölmiðlum hefur verið gert erfitt að rækja þetta hlutverk, meðal annars vegna framangreindrar 108. greinar, svo og vegna þess ríkjandi hugarfars að kaffæra gagnrýna umræðu í kerfi forneskjulegra lagagreina og afturhaldssamra siðanefnda.

Haukur Helgason

Fylgiskjal II.

Leiðari Tímans 27. júní 1992:

Refilstigar réttvísinnar

Á Íslandi er refsivert að segja sannleikann, að minnsta kosti um opinbera starfsmenn. Það er kjarni þess máls sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur nú úrskurðað um og ónýtt hæstaréttardóm yfir Þorgeiri Þorgeirssyni, rithöfundi. Þorgeir var dæmdur eftir vægast sagt umdeildri grein hegningarlaganna, sem hann segir að upphaflega hafi verið lögfest til að vernda mannorð konungsböðulsins.

Þessi eftirlegukind frá mesta niðurlægingartímabili í sögu þjóðarinnar hefur sloppið í gegnum allar lagabreytingar og druslast um í dómskerfinu og hefur nú orðið því til ærlegrar skammar og reyndar allri íslenskri réttvísi þar sem fjölþjóðlegur dómstóll þarf að forða íslenskum þegn frá ólögum íslenska réttarkerfisins.

Í fyrra dæmdi Hæstiréttur annan Íslending samkvæmt sömu klásúlu, sem helgast af því að vernda embættismenn kóngsins fyrir illu umtali og bannar að sagt sé frá ávirðingum þeirra. Hallur Magnússon, blaðamaður, var dæmdur til að greiða háa sekt og allan málskostnað fyrir ummæli um embættisfærslu opinbers starfsmanns.

Sjálfsagt er að opinberir starfsmenn sem aðrir njóti lagaverndar gegn ósönnum áburði og meiðyrðum og að hver stórdóni geti ekki abbast upp á hvurn mann með svívirðingar og ósannaðar sakir. En sá liður 108. greinar hegningarlaganna, að aðdróttun að embættismanni, þótt sönn sé, varði fangelsisvist og fjársektum, er úr takt við réttarvitund nútímans.

Það er þessi agnúi á lögunum sem særir réttlætiskennd allra þeirra sem álíta tjáningarfrelsið eitt af grundvallaratriðum lýðræðis og mannréttinda. Svo lengi hefur þessi grein verið í opinberri umræðu og þvælst um í réttarkerfinu, að það er næsta undarlegt að löggjafinn skuli aldrei hafa haft döngun í sér til að afnema þetta tiltekna atriði úr lögunum.

Það þarf slys á borð við það að Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurði að hæstaréttardómur brjóti í bága við fjölþjóðlegan mannréttindasáttmála, sem Ísland er aðili að, sem loks opnar augu réttvísinnar fyrir því að eitthvað meira en lítið er bogið við hegningarlog og framkvæmd íslenskrar réttvísi.

Meira að segja sá aðili sem upphaflega kærði Þorgeir telur að alltof langt hafi verið gengið. Formaður Lögreglufélagsins segir í viðtali við Tímann, að lagagreinin sé löngu úrelt og að hún verði eflaust þurrkuð út eftir þessa niðurstöðu dómstólsins og sýnist innilega sattur við það.

Dómsmálaráðherra telur að íslenskir dómstólar hafi beitt of strangri túlkun þegar dæmt er eftir 108. greininni og sé það ástæðan fyrir niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í máli Þorgeirs Þorgeirssonar. Það álit er umdeilanlegt.

Aðför réttarkerfisins að Halli Magnussyni sem Hæstiréttur kórónaði með því að dæma hann í háa sektargreiðslu og greiðslu miskabóta og málskostnaðar er nú enn aulalegri eftir úrskurðinn sem fell Þorgeiri í vil. Endanlegur dómur stendur að sjálfsögðu og verður honum fullnægt með aðför að lögum, eins og það heitir á máli réttvísinnar.

En það breytir ekki því að Hæstirettur hefur gerst ofari með því að beita of strangri túlkun, svo notað sé orðalag dómsmálaráðherra um hliðstæðan dóm. Einstrengingsháttur af því tagi er sist til þess fallinn að auka virðingu fyrir dómstólum eða afla þeim þess trausts sem nauðsynlegt er að þeir njóti í réttarríki.

Vonandi kemur aldrei til þess oftar að íslenskur þegn neyðist til að leita verndar erlendis undan íslenskri réttvísi.

Fylgiskjal III.

Leiðari Alþýðublaðsins 1. júlí 1992:

Sigur Þorgeirs

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strasbourg hefur komist að þeirri niðurstöðu að brotin hafi verið ákvæði 10. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi með dómi Hæstaréttar frá 20. október 1987 yfir Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfundi. Þorgeir var sakfelldur fyrir meiðyrði í tveimur greinum er hann ritaði í Morgunblaðið 1983 um ótilgreinda lögreglumenn í Reykjavík í tengslum við svonefnt Skaftamál. Þorgeir var dæmdur fyrir brot á 108. grein almennra hegningarlaga sem kveður á um að opinberir starfsmenn skuli njóta sérstakrar verndar í opinberri umræðu.

Úrskurður Mannréttindadómstólsins er vendipunktur fyrir íslenskt dómskerfi. Þetta er fyrsti dómurinn sem gengur gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum. Dómstóllinn hefur í raun komist að þeirri niðurstöðu að 108. grein almennra hegningarlaga á Íslandi stangist á við alþjóðleg mannréttindi. Það þarf reyndar ekki ýkja mikla dómgreind til að skilja að 108. grein almennra hegningarlaga er fáránleg tímaskekkja; leifar frá liðinni stjórntíð. Ef einhverjir eiga að vera undir opinberu eftirliti og aðhaldi frá fjórða valdinu eins og fjölmiðlar stundum nefnast, þá eru það opinberir starfsmenn. Viðbrögð Þorsteins Pálssonar dómsmálaráðherra eru því gleðiefni. Hann hefur lýst því yfir að á næstu dögum muni hann skipa nefnd þriggja sérfræðinga sem falið verður að skila áliti fyrir haustið um það hvernig íslenskum stjórnvöldum beri að bregðast við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorgeirs Þorgeirssonar. Þar á meðal mun nefndin athuga hvort breyta beri 108. grein almennra hegningarlaga og kanna hvort rétt sé að lögfesta hér á landi Mannréttindasáttmála Evrópu sem Íslendingar staðfestu árið 1954. Um 108. greinina sagði dómsmálaráðherra orðrétt í viðtali við Morgunblaðið 26.júní sl.: „Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikið álitamál hvort rétt sé að viðhalda þessari aðgreiningu milli opinberra starfsmanna og annarra eins og hegningarlögin gera ráð fyrir í dag og tel eðlilegt að það sé skoðað hvort fella beri niður þessa sérstöku vernd sem opinberir starfsmenn njóta. Ég er ekki viss um að það þjóni þeirra hagsmunum að njóta þessarar sérstöku verndar í nútímaþjóðfélagi." Þetta er hárrétt athugað hjá Þorsteini Pálssyni ráðherra og mæli hann manna heilastur.

Þeim sem ekki er sama um tjáningarfrelsi á Íslandi, yfirgang opinbers yfirvalds og geðþóttaákvarðanir stjórnsýslunnar standa í djúpri þakkarskuld við Þorgeir Þorgeirsson rithöfund. Hann neitaði að láta úrelt ólög sem vernda stjórnkerfið kúga sig og var reiðubúinn að fórna tíma, peningum, starfsstöðu og jafnvel æru til að hnekkja miðaldardómi íslenskra dómstóla fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Flestir hefðu beygt sig fyrr. Þorgeir Þorgeirsson hefur sýnt sjaldgæft félagslegt hugrekki í þessu máli sem skiptir alla þjóðina máli og sker úr um hvort ákvæði hinnar íslensku stjórnarskrár um tjáningarfrelsi hér á landi ber að taka alvarlega eða hvort það er gaspur eitt í reynd.

Mannréttindadómstóllinn í Evrópu hefur með úrskurði sínum bent á brotalamir í íslenskri stjórnsýslu. En stjórnsýslufarsinn heldur daglega áfram á Íslandi. Í sömu mund og niðurstöður Mannréttindadómstólsins birtast, kveður Kjaradómur upp dóm um launahækkanir til æðstu starfsmanna ríkisins. Sá dómur kemur á afar óheppilegum tíma fyrir ríkisstjórn Íslands með tilliti til þjóðarsáttar og fjárlaga og er sálfræðilega íþyngjandi fyrir stjórnvöld. Forsætisráðherra hefur skrifað Kjaradómi bréf og beðið dóminn að taka málið aftur til íhugunar. Aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni hafa lýst yfir vanþóknun sinni og sumir krafist þess að dómnum verði hnekkt. Bráðabirgðalög liggja í loftinu ef Kjaradómur bregst ekki rétt við geðþótta forsætisráðherra og annarra ráðherra. Hvað er að gerast? Ætlar löggjafarvaldið að segja dómsvaldinu fyrir verkum? Standast slíkar ákvarðanir ákvæði stjórnarskrárinnar um þrígreiningu valdsins? Þurfa opinberir starfsmenn sem fengið hafa launahækkanir staðfestar með Kjaradómi að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu til að úrskurður Kjaradóms standist?

ÍM

Fylgiskjal IV.

Evrópuráðið:

Úr dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi.
(25. júní 1992.)

II. MEINT BROT Á 10. GR.

55. Þorgeir Þorgeirsson taldi sig hafa orðið fyrir broti á 10. gr. samningsins, sem hljóðar svo:

> "1. Hver maður á rétt til að láta í ljós álit sitt. Í rétti þessum felst frelsi til að ráða skoðunum sínum, fá og miðla vitneskju og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. ...
>
> 2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð, er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum, sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings og ríkisins eða landvarna, til að komið sé í veg fyrir óspektir eða glæpi, til að vernda heilbrigði eða siðgæði, mannorð eða réttindi annarra, til að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla."

Nefndin féllst á þessa skoðun, en henni var mótmælt af hálfu ríkisins.

56. Dómstóllinn telur - sem óumdeilt var - að með sakfellingu sakadóms Reykjavíkur og refsingu kæranda fyrir meiðyrði hinn 16. júní 1986, svo sem staðfest var af Hæstarétti hinn 20. október 1987 (sjá 24.-25. lið og 27. lið), hafi tjáningarfrelsi hans verið takmarkað. Í slíkri takmörkun felst brot á 10. gr., nema mælt hafi verið um hana í lögum, með henni hafi verið stefnt að einu eða fleiri réttmætum markmiðum skv. 2. mgr. 10. gr., og hún hafi verið "nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi" til að ná því eða þeim markmiðum.

A. Var "mælt í lögum" um takmörkunina?

57. Kærandi vísaði til sératkvæðis eins dómara Hæstaréttar í máli hans (sjá 28. lið), og hélt því fram að 108. gr. hegningarlaga, eins og skýra bæri hana í ljósi stjórnarskrárbundins tjáningarfrelsis, væri ekki viðhlítandi grundvöllur sakfellingar.

58. Dómstóllinn tekur þó fram að lagagrein þessi var ekki orðuð þannig (sjá 31. lið) að það kæmi í veg fyrir að hún væri túlkuð og henni beitt í þessu máli með þeim hætti sem sakadómur Reykjavíkur og síðan meirihluti Hæstaréttar gerði (sjá 24. og 27. lið), en það studdist að auki við fordæmi (sjá 32. lið). Það kemur og fyrst og fremst í hlut yfirvalda í hverju landi, einkum dómstóla, að skýra landslög og beita þeim (sjá meðal margra annara heimilda Kruslin-dóminn frá 24. apríl 1990, A-hluti nr. 176-A, bls. 21, 29. lið). Því fellst dómstóllinn á það með ríkinu og nefndinni, að um takmörkunina hafi verið "mælt í lögum".

B. Var með takmörkuninni stefnt að réttmætu markmiði, einu eða fleirum?

59. Óumdeilt er að með sakfellingu og refsingu kæranda var stefnt að því að vernda "mannorð ... annarra", og var því fyrir hendi markmið sem réttmætt er samkvæmt greininni.

C. Var takmörkunin "nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi"?

60. Er ríkið vefengdi það álit kæranda og nefndarinnar að sú takmörkun sem kvartað var um hafi ekki verið "nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi" hélt það fram tvenns konar rökum, er lutu annars vegar að almennum meginsjónarmiðum, og hins vegar að hinum sérstöku aðstæðum í þessu máli.

61. Röksemdir í hinum fyrri flokki má taka saman svo sem hér greinir:

a) Dómar dómstólsins í málum Lingens gegn Austurríki hinn 8. júlí 1986 (A-hluti nr. 103), Barfod gegn Danmörku hinn 22. febrúar 1989 (A-hluti nr. 149), og Oberschlick gegn Austurríki hinn 23. maí 1991 (A-hluti nr. 204), sýndu að hin rúmu mörk leyfilegrar gagnrýni á sviði stjórnmálaumræðu giltu ekki að sama marki um umræðu á sviði annara málefna er vörðuðu almannahag. Þau álitaefni er vörðuðu almannahag, sem kærandi vakti máls á með blaðagreinum sínum, gætu ekki talist til stjórnmálaumræðu, en í stjórnmálaumræðu fælist bein eða óbein þátttaka borgaranna í því ferli sem leiddi til ákvarðanatöku í lýðræðisþjóðfélagi.

b) Athafnir opinberra starfsmanna ættu ávallt að vera athugunar- og umræðuefni og opnar fyrir gagnrýni. En þar sem opinberum starfsmönnum væri ekki unnt að svara fyrir sig mætti ekki ásaka þá um glæpsamlegt athæfi án þess að réttmæt ástæða væri til þess.

c) Hvað sem liði þeim mismun sem fjallað var um í a-lið væri auðséð af hinum þremur tilvitnuðu dómum, að sá sem héldi því fram að tjáningarfrelsi sitt hefði sætt ónauðynlegri takmörkun yrði sjálfur að beita því á þann hátt að samrýmdist lýðræðisreglum; hann yrði að hafa verið í góðri trú um réttmæti fullyrðinga sinna og hafa sett þau þannig fram að samrýmdist lýðræðislegum markmiðum, en þar að auki yrðu orð hans að hafa stuðlað að þeim markmiðum í raun og vera studd staðreyndum.

62. Hvað hin sérstöku atvik þessa máls snertir hélt ríkið fram eftirfarandi:

a) Fullyrðingar kæranda í blaðagreinum hans voru ekki byggðar á hlutlægum grunni og skorti stoð í raunveruleikanum. Lögregluofbeldi væri mjög fátítt á Íslandi, og á undanförnum fimmtán árum hefðu aðeins komið upp tvö tilvik er lögreglumenn hefðu verið sakfelldir fyrir líkamsárás. Sagan í fyrri greininni um unga manninn á staðarspítalanum (sjá 8.-9. tl. 9. liðs) væri algerlega ósönn, og hefði hún einungis verið samin til að búa til röksemdir til ófrægingar lögreglunni. Kærandi hefði neitað um samvinnu til að skýra það mál, og hefði ekki fært fram neinar sannanir til stuðnings fullyrðingum sínum. Í þessu sambandi vísaði ríkið til yfirlýsingar frá Trausta nokkrum Elliðasyni, sem hafði verið á spítalanum á umræddum tíma, og til réttarhalda í sakadómi Reykjavíkur (sjá 21. og 24. lið). Enda þótt það væri Skaftamálið sem komið hefði kæranda til að kveðja sér hljóðs hefði fyrri grein hans ekki stuðst við það mál, sem þar hefði verði kallað "smámál". Greinin hefði þess í stað fjallað um ofbeldi lögreglumanna sem aldrei kæmist til vitundar almennings, og þar hefði verið tekið fram að "vandamálið" væri "miklu stærra og ógnvænlegra" (sjá 4. tl. 9. liðs). Í síðari greininni hefði kærandi ekki fjallað um einstök mál, heldur ástand, sem hann sagði að ætti rætur að rekja til mörg hundruð tilvika að minnsta kosti (sjá

8. tl. 10. liðs).

b) Skrif kæranda hefðu ekki verið takmörkuð við gagnrýni á því hvernig lögreglan gegndi störfum sínum. Megintilgangur kæranda hefði ekki verið að afla því stuðnings að teknar yrðu upp nýjar aðferðir við að rannsaka kærur á hendur lögreglu, heldur að rýra álit Reykjavíkurlögreglunnar í heild með því að bera henni á brýn ákveðin brot í starfi, þar á meðal alvarleg afbrot.

c) Jafnvel þótt fallist væri á að fullyrðingar kæranda styddust við rök hefði hann auðsæilega farið yfir öll sanngirnismörk með illkvittnu og móðgandi orðfæri og gífuryrðum, og með því að fordæma lögregluna á veikum forsendum.

d) Þau viðurlög sem beitt var, sem ekki fólu í sér upptöku greinanna, voru óveruleg og ekki líkleg til að draga úr opinni umræðu um mál sem varða almenning.

63. Dómstóllinn vekur athygli á að tjáningarfrelsi er ein helsta grundvallarstoð lýðræðisþjóðfélags; að öðru leyti en því sem leiðir af 2. mgr. 10. gr. nær það ekki einungis til "vitneskju" eða "hugmynda" sem tekið er við með velþóknun eða taldar eru meinlausar eða litlu skipta, heldur einnig til þeirra sem valda sárindum, hneykslun eða ólgu. Það tjáningarfrelsi sem 10. gr. verndar er háð nokkrum umdantekningum, sem þó ber að skýra þröngt, og sýna verður fram á nauðsyn takmarkana með sannfærandi hætti (sjá dóminn í máli Observer og Guardian gegn Bretlandi hinn 26. nóvember 1991, A-hluti nr. 216, 59. lið).

Í því máli sem nú er til meðferðar setti kærandi fram skoðanir sínar með birtingu þeirra í dagblaði. Verður því að líta til þess afar mikilvæga hlutverks sem blaðaútgáfa gegnir í réttarríki (sjá dóminn í máli Castells gegn Spáni hinn 23. apríl 1992, A-hluti nr. 236, 43. lið). Þótt í blöðum megi ekki fara yfir þau mörk sem meðal annars eru sett "til að vernda ... mannorð ... annarra" hvílir það engu að síður á þeim að miðla vitneskju og hugmyndum um málefni sem varða almenning. Það er ekki einungis hlutverk þeirra að miðla slíkri vitneskju og hugmyndum; almenningur á einnig rétt á að taka við þeim. Að öðrum kosti gætu blöðin ekki rækt hið ómissandi hlutverk sitt sem "varðhundur almennings" (sjá dóminn í máli Observer og Guardian gegn Bretlandi, A-hluti nr. 216, 59. lið).

64. Hvað varðar þau álitamál sem ríkið vakti máls á varðandi almenn meginsjónarmið vill dómstóllinn geta þess, að í fordæmisrétti hans er ekki að finna grundvöll fyrir slíkum greinarmun sem þar er gerður á pólitískri umræðu og umræðu um önnur málefni er varða almenning. Þau rök þess, sem lúta að takmörkun á tjáningarfrelsi á grundvelli viðurkenningar 10. gr. á því að af slíku frelsi leiðir "skyldur og ábyrgð", taka ekki tillit til þess að tjáningarfrelsi má einungis skerða með þeim skilyrðum sem í 2. mgr. greinarinnar segir.

65. Hvað snertir hin sérstöku atvik málsins getur dómstóllinn ekki fallist á þau rök ríkisins að orð kæranda í greinum hans hafi ekki verið byggð á hlutlægum grunni og skorti stoð í raunveruleikanum.

Í fyrri greininni var lagt út af tilgreindu dæmi um illa meðferð - máli Skafta Jónssonar -, sem kom af stað miklum almennum umræðum og leiddi til sakfellingar lögreglumanns þess sem í hlut átti. Óumdeilt er að það tilvik átti sér stað í raun.

Hvað snertir umfjöllun um önnur atvik í greininni vill dómstóllinn taka fram að hún fólst í rauninni í því að vísað var til "sagna" eða "orðróms" - sem kom frá öðrum en kæranda - eða "almenningsálits", sem í fólust ásakanir um ofbeldi af hálfu lögreglu. Til dæmis hefðu stofufélagar unga mannsins á spítalanum sagt, og starfsfólk spítalans staðfest, að hann hefði hlotið meiðsli sín af völdum lögreglu (sjá 9. tl. 9. liðs). Eins og nefndin benti á hefur ekki verið sýnt fram á að þessi "saga" sé með öllu ósönn og einungis tilbúningur einn. Einnig má geta þess að að því er sagði í fyrri greininni höfðu flestir heyrt ýmsar sögur af þessu tagi, sem væru svo áþekkar og margar að varla væri hægt að líta á þær sem hvern annan uppspuna (sjá 10. tl. 9. liðs).

Kærandi var þannig í raun að skýra frá því sem aðrir sögðu um ofbeldi af hálfu lögreglu. Sakadómur Reykjavíkur fann kæranda sekan um brot á 108. gr. almennra hegningarlaga meðal annars vegna þess, að honum tókst ekki að réttlæta það sem dómurinn taldi vera ásakanir hans sjálfs, nefnilega að ótilgreindir reykvískir lögreglumenn hefðu framið allmargar grófar líkamsárásir sem haft hefðu í för með sér varanlega fötlun þeirra sem fyrir þeim urðu, ásamt skjalafalsi og öðrum afbrotum (sjá 9.-10. tl. 9. liðs, 15. tl. 10. liðs og 24. lið). Dómstóllinn telur að að því marki sem ætlast var til að kærandi sýndi fram á sannleiksgildi orða sinna var verið að gera til hans óhæfilega strangar kröfur, eða jafnvel kröfur sem ógerlegt var að uppfylla.

66. Dómstólinn getur heldur ekki fallist á þá skoðun ríkisins að megintilgangur greinaskrifa kæranda hafi verið sá að skaða álit manna á Reykjavíkurlögreglunni í heild.

Í fyrsta lagi var ekki unnt að telja að með gagnrýni sinni væri hann að ráðast á alla lögreglumenn, eða tiltekna lögreglumenn, í lögregluliði Reykjavíkur. Eins og getið var um í fyrri greininni þá taldi kærandi að um væri að ræða "tiltölulega fáa einstaklinga" og væntanlega myndi óhlutdræg rannsókn leiða í ljós að aðeins lítill hópur lögreglumanna ætti í hlut (sjá 19. og 20. tl. 9. liðs). Í öðru lagi var kærandi, eins og dómstóllinn gat um í 65. lið hér að ofan, í raun aðeins að skýra frá því sem aðrir voru að segja.

Þegar fyrri greinin er lesin með þessi atriði í huga staðfesta þau það sem kærandi heldur fram, að megintilgangur hans hafi verið að hvetja dómsmálaráðherra til að skipa sjálfstæða og óvilhalla nefnd til að rannsaka kvartanir um ofbeldi af hálfu lögreglu. Líta verður á síðari greinina, sem rituð var í tilefni af tilteknum yfirlýsingum lögreglumanns í sjónvarpsþætti, sem framhald hinnar fyrri.

67. Efni greinanna vörðuðu, svo sem reyndar var óumdeilt, málefni sem varðar almenning mjög miklu. Það er rétt, að í báðum greinunum var tekið afar sterklega til orða. Þrátt fyrir það telur dómstóllinn, að þegar hliðsjón er höfð af tilgangi þeirra og þeim áhrifum sem þeim var ætlað að ná verði ekki talið að það orðfæri sem notað var hafi keyrt úr hófi fram.

68. Að síðustu telur dómurinn að sakfellingin og refsingin hafi verið til þess fallin að draga úr opinni umræðu um málefni er varða almannahag.

69. Með hliðsjón af framanskráðu hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að þær röksemdir sem ríkið hefur fært fram nægi ekki til að sýna fram á, að sú takmörkun sem kært var vegna hafi hæft því réttmæta markmiði sem sóst var eftir. Takmörkunin var því ekki "nauðsynleg í lýðfrjálsu þjóðfélagi".

70. Samkvæmt framansögðu hefur verið framið brot gegn 10. gr. samningsins.

Fylgiskjal V.

Dómur Hæstaréttar frá 20. október 1987 í málinu nr. 272/1986, Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 272/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorgeiri Þorgeirssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var með stefnu 30. september 1986 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Skipaður verjandi ákærða krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá útgáfu ákæru 13. ágúst 1985 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu.

Af hálfu ákæruvalds er ómerkingarkröfunni mótmælt.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Verknaðarlýsing í ákæru og heimfærsla verknaðar til refsiákvæðis fullnægir skilyrðum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976.

Ómerkingarkrafan er í fyrsta lagi byggð á því að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, hafi starfað sem fulltrúi ríkissaksóknara á þeim tíma er rannsókn máls þessa stóð yfir og um það var fjallað við embætti ríkissaksóknara. Hafi hann því verið vanhæfur til að fara með málið og dæma það. Þar sem ekki er fram komið að sakadómarinn hafi þá haft nein afskipti af málinu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Þá er ómerkingarkrafan einnig byggð á sömu sjónarmiðum og fram komu í sakadómi 24. september 1985 og verjandi ákærða þar gerði grein fyrir með svofelldri bókun:

„Verjandi ákærða visar til þess að fulltrúi ákæruvaldsins er ekki viðstaddur þetta réttarhald og hefur ekki verið viðstaddur fyrri réttarhöld í máli þessu. Einnig er vísað til þess, að dómarinn hefur

upplýst að ábending ákæruða um að í ákæru fælust brot gegn ákv. 4. gr. höfundarlaga nr. 73, 1972, hefur ekki komist til vitundar ákæruvaldsins. Með vísun til ákv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 74, 1974 svo og með vísun til ákv. 1. mgr. 1. tl. 36. gr. er talið af hálfu ákæruða að það brjóti gegn lögum að einn og sami maður fari bæði með störf dómara og ákæruvalds í sama máli. Með vísan til þess að ekki hefur verið fallist á að breyta þessu fyrirkomulagi, er gerð krafa um að dómarinn víki sæti í málinu.“

Héraðsdómari synjaði framangreindri kröfu með úrskurði sem ríkissaksóknari heimilaði ekki að væri kærður til Hæstaréttar, sbr. 1. tl. 171. greinar laga nr. 74/1974. Er ekkert komið fram um að meðferð málsins, sem ekki sætti sókn og vörn samkvæmt 130. gr. nefndra laga, hafi verið með þeim hætti að valdið hafi vanhæfi dómarans eða leiða eigi til ómerkingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákæruða og heimfærslu til refsiákvæðis. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákæruða. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákæruða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur. Eru fjárhæðir þessar dæmdar án söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákæruði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gauks Jörundssonar setts hæstaréttardómara.

Í málum, sem höfðuð eru til refsingar fyrir ærumeiðandi ummæli, ber að marka skýrt og ótvírætt, hvaða aðila slík ummæli eru talin meiða. Er það nauðsynlegt vegna varnar ákæruða og þess

vandasama úrlausnarefnis, hvaða takmörk sé óhjákvæmilegt að setja umræðu um almenn málefni í þessu tilliti.

Í inngangi ákæruskjals í máli þessu er að því vikið, að málið sé höfðað „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna", og síðan segir í III. kafla ákæru, að þær ærumeiðandi aðdróttanir, sem um sé að ræða, beinist „að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur". Verður að skilja ákæru svo, að brot beinist að lögreglumönnum í Reykjavík almennt.

Þótt fallast megi á, að ummæli þau, sem í ákæru greinir, séu harðyrt og hafi út af fyrir sig ekki verið réttlætt, tel ég miðað við þann grundvöll, sem samkvæmt framansögðu hefur verið markaður í ákæru, að ekki séu skilyrði til að refsa ákærða fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra verður með hliðsjón af grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 16. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345/1986: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 3. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. ágúst sl. á hendur Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfundi, til heimilis að Bókhlöðustíg 6 B í Reykjavík, fæddum 30. apríl 1933 í Hafnarfirði, „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna í tveimur greinum í Morgunblaðinu. Fyrri greinin bar aðalfyrirsögnina „Hugum nú að" og undirfyrirsögnina „Opið bréf til Jóns Helgasonar, dómsmálaráðherra" og birtist hún 7. desember 1983. Seinni greinin bar fyrirsögnina „Neyttu á meðan á nefinu stendur..." og birtist hún 20. sama mánaðar og ár.

I.

Í fyrri greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 3. mgr.: „einkennisklædd villidýr".
2. Í 6. mgr.: „einkennisklæddu villidýra".
3. Í 11. mgr.: „Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun

hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: Þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.“

4. Í 12. mgr.: „Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir aftur á vitsmunastig bernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér eins og hverjum öðrum uppspuna.“

5. Í 13. mgr.: „fórnardýr lögregluhrottanna“.

6. Í 15. mgr.: „...að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi...“

II.

Í seinni greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 46. gr.: „Aðfarirnar lýstu svo mæta vel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

III.

Framangreindar ærumeiðandi aðdróttanir, sem beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur, þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Hinn 7. desember 1983 birtist í Morgunblaðinu grein eftir ákærða undir fyrirsögninni „Hugum nú að. Opið bréf til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra.“ Er þar tekið til umfjöllunar svonefnt „Skaftamál“ og í því sambandi meðal annars margvíslegt ofbeldi og meiðingar sem höfundur telur að lögreglumenn beiti fólk í löggæslustörfum og krefst þess að fram fari opinber rannsókn þessara mála. Í greininni stendur meðal annars:

„Okkur líkar ekki að sjá hvernig löggæslumenn hafa leikið þennan bráðmyndarlega pilt að ósekju, því hann segist bara hafa verið að leita að frakkanum sínum í fatahengi þegar einkennisklædd villidýr fyrrnefnds myrkviðar réðust að honum.

Í mínum huga er mál Skafta bara smámál, en það hefur af fyrrgreindum

ástæðum fengið verulega umfjöllun og athygli svo mér þykir rétt að nota það til að benda þér nú á það að vandamálið er miklu stærra og ógnvænlegra.

Mál Skafta er svosem einsog toppurinn á ísjakanum sem við höfum komið auga á þegar kastljósi dagblaðanna er beint að þessu. Niðrí koldimmum þagnarsjónum bíður hins vegar nífalt stærri hluti af vandamálinu.

Um þann hlutann langar mig til að ræða við þig úrþví þú ert nú dómsmálaráðherra og þar með æðsti yfirmaður þeirra einkennisklæddu villidýra sem læðast, ekki mjög þófamjúk, um frumskóga næturlífsins hér um slóðir.

Nú vil ég enganveginn fara að gera lítið úr raunum þessa pilts né þeim sársauka sem hann þoldi að ófyrirsynju. Hinu er þó ekki að leyna að Skafti mun ná sér, marblettirnir á honum verða smámsaman fjólubláir síðan brúnir og hverfa loks. Hann snýr til vinnu sinnar á Tímanum og smámsaman fennir þetta atvik á kaf í orrahríð dagsins.

Nema við notum það til að skoða vandamálið í heild sinni. Fyrir nokkrum árum þurfti ég að dvelja fáeinar vikur á handlækningadeild Borgarspítalans. Þá lá þar á sama gangi maður á þrítugsaldri, hið gjörfilegasta ungmenni í alla staði. Viðkunnanlegur piltur. Ástandi hans var á hinn bóginn svo varið að hann gat varla hreyft nokkurn líkamspart nema augun. Lesið gat hann bók með sérstökum útbúnaði ef einhver var til að fletta blaðsíðunum fyrir hann.

Mér skildist að batavon hans væri harla lítil.

Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.

Myndin af þessum lemstraða pilti fylgdi mér svo einhvernveginn útaf spítalanum og ég var þaðanífrá sítalandi um þetta fyrirbæri. Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir aftur á vitsmunastig frumbernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér einsog hverjum öðrum uppspuna. Annað er það sem fylgir þessum sögum eins og harðneskjan heimskunni, og það er sú fullyrðing að tilgangslaust sé með öllu að hefja mál út af þvílíkum tilvikum. Þau fari bara í rannsókn hjá annari lögregludeild þar sem sitji einvalalið og líti á það sem konunglega skyldu sína að hvítþvo kollegana.

Þessvegna liggja fórnardýr lögregluhrottanna úti vonleysinu og þurft

getur að bíða árum saman eftir tækifæri til að ræða málefni þeirra af nokkur viti.

Nú er kannski eitt af þessum sjaldgæfu tækifærum. Þessvegna er ég að skrifa þér bréfið atarna.

Mér sýnist harla augljóst að hér sé verulega pottur brotinn í sjálfu því kerfi sem yfirmenn þess virðast hafa brenglaða réttlætisvitund og misnota aðstöðu sína til þess að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi — það virðist einu gilda hver fyrir verður. Mér sýnist lögreglustjórinn í Reykjavík meiraðsegja þónokkuð borubrattur þegar hann neitar að víkja barsmíðamönnum sínum úr starfi meðan á rannsókn Skaftamálsins stefndur. Virðist harla öruggur með sig þó skjólstæðingur framsóknar eigi í hlut. Við sjáum hvað setur.“

Samkvæmt gögnum málsins var ákærði til lækninga á Borgarspítalanum 19. júní til 11. júlí 1978. Á þessum tíma lá þar einnig Trausti Elliðason, fæddur 26. nóvember 1955, sem lamast hafði í öllum útlimum eftir líkamsárás kunningja Trausta, Guðmundar Sigurðar Ingimarssonar vélstjóra. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af Trausta Elliðasyni sem teknar voru á Borgarspítalanum 13. maí 1978, daginn eftir árásina. Hefur ákærði fullyrt að Trausti sé ekki sá piltur sem ákærði greinir frá í fyrri Morgunblaðsgreininni, enda hafi ,,geislað“ af piltingum ,,feigðin“ þegar ákærði sá hann á spítalanum.

Myndbandsupptaka af sjónvarpsþættinum ,,Skiptar skoðanir“, sem sýndur var 13. desember 1983 liggur frammi í málinu.

Þáttur þessi var undir stjórn Guðjóns Einarssonar fréttamanns. Þátttakendur voru þeir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jónas Kristjánsson ritstjóri, Einar Bjarnason lögregluvarðstjóri og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn.

Var þar fjallað um lögreglumálefni, samskipti lögreglu og borgara og fyrrnefnt ,,Skaftamál“. Í lok þáttarins lýsti Einar Bjarnason, lögregluvarðstjóri og formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, því yfir að hann teldi að hægt væri að ómerkja grein ákærða algerlega því að hann hefði yfirlýsingu frá þeim pilti sem ákærði hefði skrifað um í Morgunblaðið. Las lögregluvarðstjórinn yfirlýsinguna. Sagði þar meðal annars: ,,Það sem Þorgeir segir um mál mitt í grein sinni er rangt frá upphafi til enda“. Töldu þeir lögregluvarðstjórinn og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn að yfirlýsingin væri frá þeim sem ákærði hefði skrifað um, enda hefði það verið kannað.

Að kröfu verjanda ákærða í bréfi til dómarans 11. nóvember sl. var nefndur Einar Bjarnason kvaddur fyrir dóminn. Hann greindi frá því, að yfirlýsingin hefði verið frá ungum fötluðum pilti, Trausta Elliðasyni. Vitnið kvaðst hafa verið búið að fá upplýsingar um sjúkralegutíma ákærða og Trausta og hefði verið talið að ákærði hafi átt við Trausta í greininni. Því

hefði Trausti verið fenginn til þess að gefa yfirlýsinguna. Vitnið greindi einnig frá því að honum væri ekki kunnugt um að nokkur lögreglumaður í Reykjavík hafi í starfi sínu valdið meiðslum, líkum þeim, sem ákæröi lýsir í greininni 7. desember 1983.

Hinn 20. sama mánaðar birtist önnur grein eftir ákærða í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Neyttu á meðan á nefinu stendur“ og segir þar meðal annars:

„Þriðjudaginn seinasta, þann 13. desember, var þáttur í sjónvarpinu um lögregluvandamálið. Þar voru tveir spekingar úr Reykjavíkurlögreglunni og þótti mörgum einsog þeir félagarnir léku þarna nokkuð lausum hala.“ Einnig segir:

„Alveg í lok þáttarins brast Einar, sem er formaður Lögreglufélagsins, á með nokkuð skondna uppákomu eftir þónokkuð (sic) pískur við Bjarka og skrjáf í pappírsgögnum, dró upp skjal og hóf ófagran lestur um undirritaðan lygara og ómerking (samkvæmt vottorði þessu sem lögreglan hafði með einhverjum ráðum fengið óviðkomandi mann til að rita nafn sitt undir).

Mætavel hefði Einar getað komið þessum boðskap sínum á framfæri án þess að brjóta útvarpslögin okkar og hætta þannig bæði starfi sínu og heiðrinum í einu, og hafa margir furðað sig á hegðun mannsins.“ Þá segir höfundur ennfremur:

„Miðvikudaginn 7. desember sl. birtist frá mér bréf í Morgunblaðinu til æðsta yfirvalds dómsmála á Íslandi. Erindi mitt var að biðja um *hlutlausa rannsókn* á lögregluvandamálinu í stað þess að vandamál þetta hefði eftirlit með sér einvörðungu sjálft.“ Þá er sagt:

„Þennan morgun sem bréfið til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra birtist í blaðinu hringdu furðumargir til mín. Meðal þeirra var Guðmundur Hermannsson sem kynti sig yfirlögregluþjón í Reykjavík. Hann vildi fá að vita hvaða *tilfelli* þetta væri sem ég hefði verið að skrifa um. Sagði ég honum sem var að greinin fjallaði ekki um neitt tilfelli heldur um *ástand.* Tilefnin skiptu á hinn bóginn hundruðum minstakosti. Þá spurði Guðmundur hvað hann héti, pilturinn lamaði sem legið hefði samtímis mér á spítalanum forðum. Ég sagði þá sem var að líklega hefði ég aldrei heyrt nafn hans. Spurði svo hvort lögreglan væri eitthvað að rannsaka þetta. Játti Guðmundur því. Lét ég hann þá vita að það fyndist mér nokkuð djarft eins og á stæði; að lögreglan færi nú enn að rannsaka mál sem hún væri aðili að. Lokaði mér jafnframt gagnvart yfirlögregluþjóninum með alla vitneskju, nema hvað ég lét honum í té dagsetningar varðandi spítalavist mína forðum. Kvöddumst við svo.“ Ennfremur er ritað:

„Líður nú fimtudagur og framan af föstudegi með endalausum símtölum og handaböndum þangaðtil ég kaus að láta mig hverfa til að fá vinnufrið.

Undir kvöld kom ég aftur í ljós og þá lágu fyrir mér skilaboð frá Guðmundi yfirlögregluþjóni um það að ég skyldi lesa blaðsíðu 13 í Morgunblaðinu þá samdægurs og biðjast svo afsökunar á skrifi mínu.

Á blaðsíðu 13 reyndist vera frétt um það að manni einum hefði verið dæmd fjárhæð nokkur í skaðabætur fyrir kjaftshögg í maí 1978. Í þeim dómi var hvergi minst á lögreglubarsmíðar og þess ekki getið hvern starfa barsmíðamaðurinn hefði. Var hann þá lögregluþjónn? Kanski. Greinilega hlaut það að vera skoðun Guðmundar að þetta væri sama málið og ég mintist á í bréfinu. En fjandakornið sem það gæti verið — ekki mundi ég betur en sá piltur dæi skömmu síðar, úr lungnabólgu að því er mig minti. Þetta staðfesti konan þegar hún kom heim skömmu síðar.“ Svo segir: „Ég hringdi nú í Guðmund til að fá botn í þessa véfrétt. Hann var þá enganveginn jafn blíður á manninn og fyrir tveim dögum.

— Þér er eins gott að biðjast opinberlega afsökunar, sagði hann. Þarna er komið dæmið, tilfellið sem þú ert að tala um.

Ég setti nú í mig kjark og andmælti honum á þeim forsendum sem fyr eru greindar. Spurði síðan hvaðan honum kæmi þessi vísdómur.

— Frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, segir Guðmundur þá.

Þá var það, trúég, sem undirritaður sagði: — Bittinú! svona rétt á meðan hann var að átta sig. Guðmundur notaði pásuna til að segja að þeir væru búnir að rannsaka þetta.

— Og þú hefur undireins fengið inni með þetta í Morgunblaðinu, segi ég þá til að segja nú eitthvað.

— Maður þarf að verja sig, sagði Guðmundur án þess að svara beinlínis spurningunni.“ Síðar í greininni segir:

„Síðan á þriðjudag hafa margir símað til mín það álit sitt að þáttur lögreglunnar í sjónvarpinu hafi verið einsog herfileg þjóðháttalýsing handa eftirkomendum okkar að skoða.

— Verst að þeir skyldu ekki mæta einkennisbúnir í þáttinn, sagði einhver við mig. Aðfarirnar lýstu svo mætavel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

Verjandi ákærða óskaði eftir því í fyrrnefndu bréfi að fenginn yrði „sá starfsmaður dóms- og kirkjumálaembættisins sem þekkir vel til framkvæmdar lögreglumála til að gefa skýrslu um eftirfarandi atriði:

A) Liggja fyrir skýrslur um hve margir menn telja sig hafa slasast við framkvæmd lögreglustarfa á liðnum árum? Annarsvegar lögreglumenn, en hinsvegar almennir borgarar. Hverjar eru niðurstöður þessara skýrslna ef þær eru til?

B) Liggja fyrir skýrslur um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt vegna áverka sem lögreglumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum?

C) Hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu lögregluyfirvalda til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða?

D) Hversu mögrum lögreglumönnum hefur verið vikið úr starfi vegna áverka sem þeir hafa valdið öðrum við framkvæmd lögreglustarfa sinna?"

Dómarinn ritaði ráðuneytinu bréf og óskaði eftir því að ráðuneytið svaraði, að svo miklu leyti sem unnt væri, spurningum verjandans í stafliðum A-D. Í svari ráðuneytisins segir:

„3.A. Ekki liggja fyrir upplýsingar um meiðsl er orðið hafa við framkvæmd lögreglustarfa, hvorki á lögreglumönnum né almennum borgurum.

B. Skýrslur liggja heldur ekki fyrir um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt af hendi vegna áverka sem löggæslumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum.

C. Af ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða má einkum nefna að allir lögreglumenn hljóta fræðslu og þjálfun í lögregluskóla ríkisins, þar sem veruleg áhersla er lögð á að lögreglumenn noti við störf sín aðferðir sem valda ekki meiðslum, og ef þörf gerist á valdbeitingu, að þá sé ekki beitt harðari aðgerðum en unnt er að komast af með.

Þá gilda í Reykjavík skriflegar reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði frá 1975, þar sem gefin eru fyrirmæli um meðferð handtekinna manna, geymslufanga o.fl. Reglur þessar fylgja hjálagðar sérprentaðar. Fyrirhugað er að senda inna skamms mjög svipaðar reglur til lögreglustjóra utan Reykjavíkur sem viðmiðunarreglur. Ennfremur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík sett reglur um flutning handtekinna manna í tilkynningu nr. 2/1985, sem fylgir.

Að lokum skulu nefndar reglur sem dómsmálaráðuneytið gaf út 1940 um notkun kylfu, er fylgja hjálagðar.

D) Á liðnum árum hefur einum lögreglumanni verið vikið úr starfi um stundarsakir vegna kæru um notkun kylfu. Er dómur var fallinn í sakadómi Reykjavíkur tók lögreglumaðurinn við starfi sínu að nýju."

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað báðar blaðagreinarnar. Hann hafi með því að rita þær verið að gegna skyldum rithöfundar við samfélag sitt.

Ákærða var hér fyrir dómi gefinn kostur á að renna stoðum undir þau ummæli hans sem tilfærð eru í ákæru málsins. Hann kvað ummælin vera slitin úr samhengi við annan texta í blaðagreinunum og því hvorki gæti hann né bæri honum nein skylda til þess að gera það. Ummælin væru þar ekki „höfundskapur" ákærða heldur ákærandans.

Verjandi ákærða, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess í þinghaldi 24. september sl. að dómari málsins viki sæti vegna þess að

ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins. Dómarinn hafnaði kröfu verjandans í úrskurði 25. s.m. og lýsti verjandinn þá yfir kæru til Hæstaréttar. Ríkissaksóknari synjaði um að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar með bréfi dagsettu 26. s.m.

Hinn 30. s.m. ritaði verjandinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem hann óskaði eftir því að skipaður yrði ríkissaksóknari ad hoc til þess að fjalla um það hvort leyfa ætti að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Dómsmálaráðuneytið synjaði beiðni verjandans með bréfi 18. október sl. Ritaði verjandinn alþingismönnum opið bréf 23. október, sem birtist í Morgunblaðinu 25. s.m. þar sem hann bar sig upp undan meðferð málsins hér fyrir dóminum og synjun ráðuneytisins.

Verjandinn ritaði dómaranum bréf 28. apríl sl., sem lagt var fram og þingmerkt nr. XXVII í þinghaldi 3. þ.m. Í því segir m.a.:

„Ákærði bað um að lögð yrðu fram vottorð um lestrarkunnáttu dómarans og ríkissaksóknarans í málinu og bauðst til að rökstyðja beiðnina, ef óskað yrði eftir.

Dómarinn og ríkissaksóknarinn hlustuðu á ákærða lesa upp beiðnina, en síðan lét dómarinn sem hann hefði ekki heyrt hana né heldur ósk mína sem verjanda um að beiðnin yrði bókuð. Var beiðnin því ekki færð til bókar. Ekki var spurst fyrir um afstöðu ríkissaksóknara til beiðninnar, né heldur rök ákærða fyrir henni. Ekki heldur var sinnt athugasemdum mínum þegar bókun þinghaldsins var lesin upp við lok þess.

Af ákærða er talið að framan greind framkvæmd þín, herra sakadómari, sé óeðlileg og óréttmæt og ólögleg eins og á stóð og staðfesti hún enn frekar en áður réttmæti krafna af hálfu ákærða um að þú vikir sæti sem dómari í málinu.

Hjálagt sendist beiðni umbj. míns í ljósriti og óskast hún lögð fram í málinu ásamt bréfi þessu."

II. Niðurstöður.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að ummæli þau sem saksótt er fyrir séu slitin úr samhengi í ákæru málsins, þannig að varði við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 og beri því að vísa ákærunni frá dómi.

Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að greina, svo ekki sé villst, hvert sé það brot sem sök er gefin á. Ákvæði þetta er sett til þess að sökunautur, verjandi hans og dómari máls þurfi ekki að vera í vafa um fyrir hvaða háttsemi saksótt er, svo að vörn verði þess vegna ekki áfátt og dómari geti leyst úr sakarefni málsins. Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar í XLIII. bindi dómasafns, bls. 397.

Að áliti dómsins er ákæran nægilega skilmerkileg að þessu leyti.

Þá er því einnig haldið fram að ákæruvaldið hafi ekki alltaf sótt þing í málinu og „fallið frá að leggja fram greinargerð í sakadóminum til rökstuðnings ákærunni“. Hafi ákæruvaldið þannig hætt við að „fylgja eftir máli sínu“ og beri „því að fella málið niður eða sýkna af þeirri ástæðu einni“. Ennfremur segir um þetta í vörn fyrir ákærða:

„Einnig hefur þetta í för með sér að forsendur skortir fyrir starfi verjanda. Vitneskja hans um möguleg rök ákæruvaldsins eftir gagnaöflun fyrir sakadóminum þegar málið er lagt í dóm leggja ekki fyrir (sic). Efnislegar forsendur fyrir rökum verjanda eru því óvissar og er ekki forsvaranlegt eða réttmætt að svara rökum sem hann kann að hafa mjög takmarkaða vitneskju um. Þessi atriði ein sér valda því að vísa ætti málinu frá dómi.“

Ekki verður fallist á að það eigi að leiða til frávísunar málsins eða sýknu ákærða þó að málið sé ekk sótt af hálfu ákæruvaldsins, enda verður ekki séð að það eigi að sæta sókn og vörn samkvæmt 131.-136. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða að hann hafi við ritun greinanna tveggja verið að sinna rithöfundarskyldum við samfélag sitt með því að vekja athygli á líkamstjóni á fólki af völdum lögreglunnar, upplýsa um það og óska eftir aðgerðum yfirvalda til þess að koma í veg fyrir það. Slíkar ábendingar veki litla athygli nema þær séu birtar í fjölmiðlum og það dugi þó sjaldnast. Stór orð og stílbrögð virðist einnig vera nauðsynleg eins og rithöfundar viti manna best. Ákærði hafi verið rithöfundur að starfi í mörg ár og notið viðurkenningar stjórnvalda fyrir ritstörf, m.a. með starfslaunum. Hann hafi starfað í skjóli 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segi að ritskoðun og aðrar takmarkanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Nú er það svo að umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar gerir einnig ráð fyrir því að hægt sé að sækja menn til ábyrgðar fyrir ummæli á prenti og hefur það aldrei verið umdeilt í íslenskum rétti. Í lögum eru allmörg ákvæði sem leggja refsingu við því að láta tilteknar hugsanir í ljós á prenti eða viðhafa tiltekin ummæli opinberlega, þ. á m. á prenti. Fyrir utan 108. gr. almennra hegningarlaga má í þessu sambandi nefna 88., 95., 121., 125., 210., 229. og 233. gr. a til 237. gr. sömu laga. Ekki er unnt að líta svo á að ákærði njóti neinna sérréttinda eða ríkara málfrelsis en aðrir vegna starfa síns sem rithöfundur.

Blaðagreinar ákærða birtust undir nafni og hefur hann kannast við að vera höfundur þeirra. Þegar greinarnar birtust í Morgunblaðinu var ákæði heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 15. gr. laga um prentrétt nr. 57, 1956 ber hann því refsi- og fébótaábyrgð á efni greinanna.

Ummæli þau sem ákært er fyrir eru í ákæru talin beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur.

Enda þótt 108. gr. almennra hegningarlaga taki, samkvæmt orðanna

hljóðan, til misgerða við einn opinberan starfsmann, tekur hún einnig til þess þegar misgert er við afmarkaðan hóp opinberra starfsmanna, sbr. dóm Hæstaréttar í LIV. bindi dómasafns, bls. 57.

Orðin „einkennisklædd villidýr“ og „einkennisklæddu villidýra“ þykja í því samhengi sem þau birtust vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekninna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur. Varða ummælin ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru þessi ummæli talin vera ærumeiðandi aðdróttanir. Rétt er þó með hliðsjón af 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að dæma ákærða áfall fyrir birtingu þessara ummæla, enda er þessari háttsemi hans að öðru leyti rétt lýst og ekki verður séð, að vörn hefði átt að verða áfátt af þessum sökum.

Málsgreinarnar „Stofufélagar þessa unga manns ..... í næturlífi Reykjavíkur“ og „Þá brá svo við ..... hverjum öðrum uppspuna“ og orðin „fórnardýr lögregluhrottanna“ þykja bæði ein sér og í samhengi við annað í fyrrnefndri blaðagrein ákærða fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna lögregluliðs Reykjavíkur um margar og stórfelldar líkamsárásir á fólk sem gert hafi það örkumla. Kemur í þessu sambandi til álita 218., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en refsing samkvæmt þeim ákvæðum getur orðið margra ára fangelsisvist.

Aðdróttun ákærða hefur ekki verið réttlætt og hefur ákærði með birtingu þessara ummæla í blaðagreininni unnið sér til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt verður að telja að ummælin „einkennisbúnu óargadýrum“ og lögregluhrottanna“ séu móðgun og skammaryrði í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákæru eru ummæli þessi talin vera ærumeiðandi aðdróttun, en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi...“ þykja í samhengi við annað í nefndri blaðagrein vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákærunni eru þau talin vera ærumeiðandi aðdróttun en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Málsgreinin „Aðfarirnar lýstu svo .... lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ hefur ekki verið réttlætt. Málsgreinin þykir að slepptum orðunum „hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur um fölsunarbrot og önnur ótilgreind

lögbrot. Koma í því sambandi til álita ákvæði XIV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga, en brot gegn þeim geta varðað þungri fangelsisrefsingu.

Hefur ákærði með þessum ummælum bakað sér refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ þykja á hinn bóginn vera innan marka leyfilegrar gagnrýni og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árunum 1964 til 1966 fjórum sinnum sektaður með dómsáttum fyrir ölvun á almannafæri og árið 1967 var hann dæmdur í 3.000 króna sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 47. gr. umferðarlaga.

Þegar ákærða verður ákvörðuð hegning verður að hafa hliðsjón af því að í sjónvarpsþættinum, sem áður er vikið að, var af hálfu lögreglumannanna tveggja fjallað um fyrri grein hans að honum fjarstöddum. Verður að telja að það hafi verið ótilhýðilegt og þykir mega, með vísan til 4. tl. 74. gr., sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga, virða ákærða þetta til refsilækkunar að því er síðari grein hans varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, en greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Bréf verjanda ákærða, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, á dómskjali nr. XXVII og ummæli í vörn hans í sömu veru, eru móðgandi í garð ríkissaksóknara og dómarans og eru ósamboðin verjandastarfa hans.

Verður ekki komist hjá því að víta verjandann harðlega fyrir þetta og aðrar tilefnislausar málsýfingar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 krónur, en sæti ella varðhaldi í 8 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikan frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

100. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um breytingu á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986, með síðari breytingum. Undirritaðir nefndarmenn eru því sammála að nauðsynlegt hafi verið að breyta lögum um Kjaradóm. Eftir að Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn var mikil hætta á að forsendur fyrir stöðugleika, sem náðist í kjarasamningum á árinu 1990, röskuðust. Það var því nauðsynlegt að Alþingi kæmi saman til að fjalla um málið. Það var eina færa leiðin til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar einkenndust af fálmi og fljótræði.

Þegar ríkisstjórninni var ljóst að ekki varð hjá því komist að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin neitaði hún að kalla Alþingi saman og ákvað að gefa út bráðabirgðalög. Þetta er í fyrsta skipti sem bráðabirgðalög eru gefin út eftir þær breytingar á stjórnarskrá sem staðfestar voru á vorþingi 1991. Nauðsynlegt var að málið yrði afgreitt í samræmi við þær breytingar og þann vilja sem að baki stóð. Bráðabirgðalögum hefur verið beitt í mörgum tilvikum og enginn dregur í efa að sá réttur er fyrir hendi. Við breytinguna á stjórnarskránni, sem öðlaðist gildi vorið 1991, var það vilji Alþingis að þrengja bráðabirgðalagaréttinn verulega.

Í þessu sambandi er rétt að vitna til þeirrar umræðu sem átti sér stað við afgreiðslu málsins á þeim tíma.

Við 1. umr. um stjórnarskipunarlög 1. febrúar 1991 sagði 1. flm., Ólafur G. Einarsson, m.a.:

„Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt. Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna. Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs. Um það eru nokkur dæmi, sum nýleg.“

Í umræðum 13. febrúar kom eftirfarandi fram hjá sama þingmanni:

„Ég vil svo líka aðeins taka undir það sem ég held að hafi komið fram í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um bráðabirgðalagaréttinn. Ég sé það fyrir mér að þessi réttur verði ekki notaður nema í hreinum undantekningartilvikum þegar við höfum breytt þessum ákvæðum þannig að auðveldara er en áður að kalla þingið saman til fundar og hefja strax störf að afgreiðslu þeirra mála sem bíða en þurfa ekki að fara að kjósa í nefndir og kjósa forseta þingsins sem tekur einn eða tvo daga."

Við 1. umr. um stjórnarskipunarlög 15. maí 1991 sagði framsögumaður Margrét Frímannsdóttir m.a.:

„Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta og gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir standa, en það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til þess að afgreiða hana með eðlilegum hætti."

Menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson sagði við sömu umræðu eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni, ef ekki alveg."

Hjá Birni Bjarnasyni kom eftirfarandi m.a. fram: „Að öðru leyti fjallar frv. til stjórnarskipunarlaga m.a. um breytingar á 28. gr. stjórnarskrárinnar varðandi útgáfu á bráðabirgðalögum þar sem tekið er mið af því að nú á þingið að sitja í raun og veru allt árið. Því er ekki slitið og það er ekki hægt þess vegna að tala um að atburðir gerist á milli þinga heldur þegar Alþingi er ekki að störfum. Ég held að það sé mjög brýnt að það komi fram í umræðu um þennan lið, þessa 6. gr. í frv. til stjórnarskipunarlaga, að með þessu líta menn þannig á að það sé verið að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög. Eins og menn vita sem hafa kynnt sér sögu ákvæðisins í 28. gr., þá hefur túlkun á því rýmkast í tímans rás og menn hafa talið sig hafa meira frelsi heldur en var talið í upphafi til að gefa út bráðabirgðalög. Ég tel að það hafi keyrt úr hófi á sl. sumri þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalögin vegna kjaradeilnanna við BHMR. Ég tel að sú viðleitni sem kemur fram í frv. og það orðalag og þær breytingar, sem menn hafa rætt hér um, eigi að stuðla að því að þrengja kost ríkisvaldsins, ekki síst með hliðsjón af þeim atburðum sem hér gerðust á sl. sumri. En mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðum að þessi skilningur er lagður í þessa breytingu því eins og stjórnarskrárgreinin verður orðuð eftir þessa breytingu þá er látið í vald ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að túlka hana en það er, eins og hér hefur komið fram áður, ætlunin að þrengja þetta vald og það verði gert í framkvæmd einnig og tekið mið af því sem fram kemur í umræðum hér um það mál."

Þegar málið var afgreitt frá stjórnarskipunar- og þingskapanefnd sagði framsögumaður nefndarinnar, Halldór Ásgrímsson, m.a. eftirfarandi: „Í fyrsta lagi er um að ræða verulega þrengingu á rétti til að gefa út bráðabirgðalög."

Af framangreindu má vera ljóst að það var vilji Alþingis að þrengja rétt ríkisstjórnar til útgáfu bráðabrigðalaga verulega. Í ljósi þess að ekkert var því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman var rangt af ríkisstjórninni að beita heimild til útgáfu bráðabirgðalaga við þessar aðstæður. Jafnframt er rétt að geta þess að nefndir þingsins eru starfandi yfir sumartímann og sú nefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, var ekki kölluð saman eins og eðlilegt hefði verið.

Ríkisstjórnin hefur komið fram í máli þessu eins og henni sé ókunnugt um þær breytingar sem orðið hafa á stjórnarskrá og störfum Alþingis. Samkvæmt þeim lögfræðiálitum, sem lágu til grundvallar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar, var það samdóma álit að rétt væri að kalla Alþingi saman. Í því sambandi vísast til meðfylgjandi álita lögfræðinga sem ríkisstjórnin kallaði til ráðgjafar.

Ríkisstjórnin kaus að taka mikla áhættu í málinu og virða að vettugi þann vilja sem liggur að baki réttinum til útgáfu bráðabirgðalaga. Í þessu máli hefur ríkisstjórnin vanvirt vilja Alþingis og tekið ástæðulausa áhættu til að koma í veg fyrir að Alþingi væri kallað saman eins og henni bar skylda til.

Með tilliti til þessa geta undirritaðir nefndarmenn ekki staðið að staðfestingu bráðabirgðalaganna og munu því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. sept. 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal I.

Álit Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.
(29. júní 1992.)

Hugleiðingar um nokkur lagaatriði vegna Kjaradóms 26. júní 1992:

1. Kjaradómur er skipaður og starfar eftir lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986. Samkvæmt lögunum ákveður hann launakjör tiltekinna embætta á vegum ríkisins. Ljóst er af lögunum að ákvarðanir dómsins skulu standa ótímabundið þar til dómurinn tekur sjálfur nýjar ákvarðanir sem leysa hinar eldri af hólmi.

2. Þeir sem njóta launa samkvæmt ákvörðunum dómsins verða án efa að una nýjum ákvörðunum hans, jafnvel þó að í þeim felist lækkun launa. Stafar það einfaldlega af því að lög ákveða að réttarstaða embættanna skuli vera slík sem þessi (þ.e. launin ákveðast af Kjaradómi). Í öðrum dæmum, þar sem launþegahópur þiggur laun samkvæmt gagnkvæmum kjarasamningi með ákveðinn gildistíma, er aðstaðan allt önnur. Þar gætu launþegarnir notið verndar 67. gr. stjórnarskrár fyrir þeim launum sem þeir hefðu tryggt sér með kjarasamningi.

3. Ekki er á því nokkur vafi að Alþingi getur með lögum gert hverjar þær breytingar á lögunum nr. 92/1986 sem það kýs og þar með breytt réttarstöðu þar greindra ríkisstarfsmanna að því er laun varðar. T.d. væri unnt að leggja einfaldlega niður Kjaradóm svo dæmi sé tekið. Alveg á sama hátt gæti Alþingi með lögum breytt þeim ákvörðunum sem dómurinn hefði tekið um launakjör. Lög frá Alþingi um þessi efni tækju að sjálfsögðu ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi frá og með birtingu þeirra.

4. Telja verður afar hæpið, svo ekki sé meira sagt, að breyta megi úrlausn Kjaradóms með bráðabirgðalögum skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Aðstaðan er sú að aðili (Kjaradómur), sem samkvæmt lögum er ætlað að taka tiltekna ákvörðun, hefur gert það. Það getur varla talist vera brýn nauðsyn í stjórnskipulegum skilningi að breyta þeirri ákvörðun þó að bráðabirgðalöggjafinn hafi aðra skoðun en Kjaradómur á efni ákvörðunarinnar. Á hinn bóginn verður ekki talið að þeir aðilar, sem laun taka eftir dóminum, njóti verndar skv. 67. gr. stjórnarskrár fyrir rétti sínum til launa samkvæmt dómi Kjaradóms framvegis. Slíkur réttur hamlar því í sjálfum sér ekki breytingu á dóminum með bráðabirgðalögum frekar en lögum settum af Alþingi. Fyrir slíkri lagasetningu eru hins vegar þær hömlur sem fyrr var getið.

Fylgiskjal II.

Álit Eiríks Tómassonar hrl.
(30. júní 1992.)

Samkvæmt beiðni þinni hef ég tekið saman eftirfarandi vegna úrskurðar Kjaradóms sem kveðinn var upp 26. júní sl. á grundvelli laga nr. 92/1986. Vegna tímaskorts verður greinargerð þessi ekki eins ítarleg og ég hefði kosið og biðst ég velvirðingar á því.

Lög nr. 92/1986 gera ráð fyrir að Kjaradómur ákveði launakjör tiltekinna embættismanna ríkisins, sbr. 2. gr. laganna, svo og annarra sé honum falið það með öðrum lögum, sbr. 3. gr. laganna. Hér er um að ræða lögbundinn gerðardóm sem telst stjórnvald í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar þannig að ákvarðanir hans geta sætt endurskoðun hinna almennu dómstóla á grundvelli 60. gr. stjórnarskrárinnar. Úrskurði Kjaradóms er því ekki hægt að jafna til dóms sem kveðinn er upp af hinum almennu dómstólum, heldur svipar honum fremur til venjulegs gerðardómsúrskurðar.

Áður en löggjafinn fól lögbundnum gerðardómi (nú Kjaradómi) að ákveða laun tiltekinna ríkisstarfsmanna voru launin ákvörðuð af löggjafanum sjálfum með sérstökum launalögum. Af þeim sökum sé ég ekkert því til fyrirstöðu að löggjafinn ákveði nú, af pólitískum ástæðum, að taka þetta ákvörðunarvald í sínar hendur að nýju þó að því tilskildu að slík lög tækju fyrst gildi frá birtingu þeirra, sbr. 27. og 67. gr. stjórnarskrárinnar. Embættismenn og aðrir starfsmenn ríkisins, sem lög nr. 92/1986 taka til, yrðu að mínum dómi að sætta sig við slíka ákvörðun af hálfu löggjafans enda verður ekki með neinu móti séð að úrskurður Kjaradóms um launakjör þeirra fram í tímann njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú spurning vaknar í þessu sambandi hvort unnt sé á grundvelli 28. gr. stjórnarskrárinnar að gefa út bráðabirgðalög um launakjör embættismanna og annarra ríkisstarfsmanna sem lög nr. 92/1986 taka til. Um það má vissulega deila hvort skilyrði séu til þess að gefa út slík lög, en bráðabirgðalög ber ekki að setja nema brýna nauðsyn beri til. Enn sem komið er hafa dómstólar ekki lýst því yfir að bráðabirgðalög brjóti í bága við stjórnarskrána vegna þess að brýna nauðsyn hafi skort til útgáfu þeirra, sbr. nú síðast héraðsdóm í svonefndu BHMR-máli, uppkveðinn 13. mars 1991. Af þessum dómi verður hins vegar ráðið að dómstólar áskilja sér rétt til þess að kanna í hverju einstöku tilviki hvort bráðabirgðalöggjafinn hafi gengið of langt í þessu efni og er það mín skoðun að til þess geti komið að dómstólar lýsi bráðabirgðalög ógild vegna þess að ekki hafi borið brýna nauðsyn til útgáfu þeirra. Þess vegna ræð ég frá því að sú leið verði farin í þessu tilviki.

Sú leið hefur verið nefnd að breyta beri lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm, þannig að breytt verði forsendum þeim sem Kjaradómi er ætlað að úrskurða eftir, sbr. nú 6. gr. laganna. Með þessu móti tæki löggjafinn í raun ákvörðun um launakjörin en fengi öðrum aðila það verkefni að klæða hana í formlegan búning. Að mínum dómi stæðist þessi leið líklega gagnvart stjórnarskránni, þó þannig að nýr úrskurður Kjaradóms gæti ekki haft afturvirk áhrif fremur en ný lagasetning. Þessi háttur er þó fremur ógeðfelldur og er að mínu viti æskilegra að löggjafinn axli sjálfur þá byrði að ákveða ný launakjör á grundvelli pólitískra sjónarmiða. Því fyrirkomulagi mætti svo aftur breyta síðar þegar aðstæður leyfa.

Einn hópur ríkisstarfsmanna hefur sérstöðu umfram aðra, en það eru dómarar. Samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún hefur verið skýrð, skulu dómendur njóta sjálfstæðis í starfi, ekki einvörðungu gagnvart handhöfum framkvæmdarvaldsins, heldur og gagnvart löggjafanum. Sömu sjónarmið koma og fram í 6. gr. Evrópuráðssamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis þar sem segir að menn eigi rétt á að mál þeirra séu tekin til meðferðar fyrir „óháðum, óhlutdrægum“ dómstólum. Af þessum sökum og með vísun til þess hvernig umrætt ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu hefur verið skýrt tel ég hæpið að löggjafinn ákveði dómurum laun, þvert ofan í ákvörðun lögbundins gerðardóms. Álít ég það því koma til greina að undanskilja dómara, þ.e. hæstaréttardómara og héraðsdómara, ákvæðum launalaga ef sú verður niðurstaðan að setja slík lög.

Fylgiskjal III.

Álit Jónatans Sveinssonar hrl.
(30. júní 1992.)

Ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, Berglind Ásgeirsdóttir, hefur farið þess á leit við undirritaðan að hann láti ráðuneytinu í té viðhorf sín til þess álitaefnis hvort og þá hvernig megi koma í veg fyrir að nýuppkveðinn dómur Kjaradóms um laun tilgreindra opinberra starfsmanna nái fram að ganga samkvæmt efni sínu.

Áður en tekið verður til við að veita svör eða láta í ljós viðhorf til ofangreindra álitaefna er nauðsynlegt að aðilar geri sér ljósa grein fyrir því hvað felist í slíkum dómi. Í framhaldi af slíkri skilgreiningu ættu menn að vera betur undir það búnir að meta hvaða lagaleg úrræði kynnu að vera tiltæk til að koma í veg fyrir það sem ráðamenn kalla skaðvænlegar afleiðingar dómsins miðað við ríkjandi efnahagsástand.

Kjaradómur, lagalegur grundvöllur og valdsvið.

Kjaradómur kemur upphaflega inn í dómaskipan landsins með lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með lögum þessum var opinberum starfsmönnum veittur réttur til að semja um kjör sín við ríkisvaldið, en þó með takmörkuðum hætti. Kjaradómi var í lögum þessum ætlað að leysa úr ágreiningi um kjaramál næðu samningsaðilar ekki saman með þeim hætti og eftir þeim leiðum sem lögin ákváðu.

Samkvæmt 22. gr. laganna fólu dómar Kjaradóms í sér fullnaðarúrlausn um kjaraágreininginn, þ.e. að þeim var ekki unnt að áfrýja eða kæra til æðra dóms.

Í 3. mgr. 22. gr. er sérstaklega tekið fram að dómar Kjaradóms bindi aðila með sama hætti og samningur. Samkvæmt þessu er væntanlega ekki ágreiningur um það að dómar Kjaradóms höfðu sömu verkanir og aðrir dómar, uppkveðnir af löglegum dómstólum landsins, þ.e. að aðilar eru bundnir af þeim.

Rétt er þó í þessum samböndum að vekja athygli á því að skv. 2. mgr. 22. gr. eldri laganna er gert ráð fyrir því að verkanir dómanna séu tímabundnar, samkvæmt ákvæðinu í tvö ár frá „lokum gildistíma síðasta samnings“ svo vitnað sé til ákvæðisins.

Núgildandi lög um Kjaradóma eru nr. 92 frá 31. desember 1986. Lög þessi marka með skýrari hætti en áður viðfangsefni dómsins. Dómnum er ekki lengur ætlað að skera úr um kjaraágreining heldur að ákveða launakjör tilgreindra opinberra starfsmanna. Hér er komið á þeirri nýskipan að dómnum er ætlað að ákveða launakjör ákveðinna opinberra starfsmanna en þeir hinir sömu missa um leið samningsrétt um starfskjör sín.

Í núgildandi lögum er dómendum gert skylt, sbr. 6. gr., að stuðla að:

a. „innbyrðis samræmi í launum þeim sem hann ákveður . . .“
b. „ . . . og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.“

Að öðru leyti en að framan greinir eru dómendur ekki bundnir af beinum lagafyrirmælum við ákvörðun launakjara viðkomandi starfsmanna. Eftirtektarvert í þeim samböndum er að ekki eru tekin upp í núgildandi lög bein lagaboð um að dómendur skuli við ákvörðun launakjara til handa viðkomandi starfsmönnum „hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins“, svo sem mælt er fyrir um í 21. gr. i.f. eldri laganna.

Niðurstaða mín varðandi dóminn sjálfan er því sú að dómnum verði ekki frekar en öðrum fullnaðardómum, uppkveðnum af löglegum dómstólum landsins, breytt eða hann felldur niður með stjórnvaldsákvörðunum né lagaboðum. Hér ber að hafa í huga þrígreiningu ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskrá og þá meginreglu að handhafar hverrar valdseiningar fyrir sig geta ekki gengið inn á valdsvið annarrar valdseiningar að réttum stjórnlögum.

Samkvæmt stjórnarskrá fara dómendur með dómsvald í landinu og er því bæði handhöfum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds óheimilt að fara inn á valdsvið dómenda með þeim hætti sem umræðan hefur snúist um, þ.e. að ógilda dóminn í heild eða að hluta.

Geta stjórnvöld komið í veg fyrir skaðlegar afleiðingar dómsins í heild eða að hluta?

Að mati undirritaðs verður ekki komið í veg fyrir svokallaðar „skaðvænlegar afleiðingar dómsins“ nema að hluta úr því sem komið er.

Dómurinn sjálfur hefur hafnað þeim hugmyndum að endurupptaka málið og kveða upp nýjan dóm. Þá ákvörðun dómsins tel ég rétta, enda engin heimild í sjálfum lögunum fyrir slíkri málsmeðferð og endurupptökuheimildir réttarfarslaga mjög þröngar.

Til þess að koma í veg fyrir hinar „skaðlegu afleiðingar dómsins“ til lengri tíma litið tel ég eftirgreindar leiðir einar færar:

1. Að stjórnvöld kanni með svo skjótum hætti sem unnt er hvort tryggur þingmeirihluti sé fyrir því að lögfest verði ný lög um Kjaradóm þar sem meðal annars verði lögfest viðbótarákvæði við núverandi 6. gr. þess efnis að dómendum beri að líta til og hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum í þjóðarbúinu við ákvörðun launakjara þeirra opinberu starfsmanna sem lögin kunna að taka til.
2. Í lögunum verði ákvæði til bráðabirgða um að Kjaradómi beri að kveða upp nýjan dóm um launakjör viðkomandi starfsmanna innan t.d. eins mánaðar frá gildistöku laganna. Dómur þessi ákvæði launakjör hinna opinberu starfsmanna frá uppkvaðningardegi eða t.d. frá næstu mánaðamótum þar á eftir.
3. Lögin hefðu að geyma annað ákvæði til bráðabirgða þar sem umboð núverandi dómara Kjaradóms væri framlengt út núverandi skipunartíma þeirra.
4. Mitt mat er að við þessar aðstæður sé rétt verklag að kalla saman þing til að afgreiða mál þetta í stað þess að neyta heimilda 28. gr. stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga. Hin „brýna nauðsyn“ til slíkrar lagasetningar kynni að vera mjög umdeilanleg, svo ekki sé talað um að allir reglulegir dómarar landsins kynnu að verða vanhæfir til að fjalla um mál sem upp kynnu að koma af þessu tilefni.
5. Þá er það afstaða mín, að því gefnu að farið verði í setningu nýrra laga um Kjaradóm með framanlýstum hætti, að ekki séu skilyrði, þ.e. „brýn nauðsyn“, til þess að setja bráðabirgðalög sem fælu í sér frestun á framkvæmd dómsins í tiltekinn tíma. Undan verkun sjálfs dómsins verður ekki vikist samkvæmt efni hans fyrr en nýr dómur leysir hann af hólmi.

101. Fyrirspurn [90. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslur virðisaukaskatts.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar voru heildarendurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði á árinu 1991 og hver var fjöldi verkefna, skipt niður á skattumdæmi,
   a. við nýbyggingar,
   b. við viðhald íbúðarhúsnæðis?
2. Hversu miklar voru endurgreiðslurnar og hver var fjöldi verkefna á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1992, skipt niður á skattumdæmi,
   a. vegna nýbygginga,
   b. vegna viðhaldsvinnu við íbúðarhúsnæði?

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [91. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á skemmtunum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hversu mörg almenn skemmtanaleyfi hafa verið gefin út skv. 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 587/1987, sundurliðuð eftir lögregluumdæmum?
2. Í hvaða umdæmum er skemmtanaleyfi að jafnaði bundið því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og hvaða reglur gilda um fjölda lögreglumanna, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 587/1987?
3. Hversu mikill var endurgreiddur kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 56/1972 og reglugerðar nr. 587/1987 árin 1990 og 1991, sundurliðað eftir lögregluumdæmum og árum?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [92. mál]

til dómsmálaráðherra um umfang löggæslu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hversu mörg eru stöðugildi lögreglumanna, sundurliðuð eftir lögregluumdæmum, og hve margir íbúar eru á hvert stöðugildi lögreglumanns, einnig sundurliðað eftir umdæmum?
2. Hve margar yfirvinnustundir lögreglumanna samtals eru áætlaðar samkvæmt fjárlögum þessa árs sundurliðað eftir lögregluumdæmum og hve margar eru yfirvinnustundirnar á hvert stöðugildi lögreglumanns, einnig sundurliðað eftir lögregluumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

104. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á tveimur fundum. Kallaðir voru til eftirtaldir aðilar: Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, varaformaður Prestafélags Íslands, Jónatan Sveinsson hrl., Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ásmundur Stefánsson og Bryndís Hlöðversdóttir frá ASÍ, Ögmundur Jónasson og Svanhildur Halldórsdóttir frá BSRB, Árni Benediktsson frá VMS og Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ.

Hinn 26. júní sl. kvað Kjaradómur upp úrskurð um launakjör þeirra aðila sem undir hann heyra. Kjaradómur fór að þeim lögum sem um hann gilda og ákvað m.a. að gera miklar breytingar á launakerfi þeirra starfsmanna ríkisins sem dómurinn nær til. Þessar breytingar fólu í sér allverulega hækkun á launum nokkurra æðstu embættismanna íslenska ríkisins meðan annar hópur manna varð fyrir verulegri launalækkun. Kjaradómur kynnti sér vel kjör og aðstæður presta landsins sem Alþingi samþykkti fyrir skömmu að færu undir Kjaradóm og felldi þann úrskurð að prestastéttinni bæri veruleg leiðrétting á launakjörum.

Strax er dómur var upp kveðinn komu fram sterk viðbrögð úti í þjóðfélaginu, einkum frá þeim er samið höfðu um 1,7% hækkun á launum alls þorra launafólks. Einblínt var á þann hópinn sem Kjaradómur ákvað að hækka í launum, en þeim sem lækkun fengu var lítil samúð sýnd, hvað þá að kannað væri hvað sá uppskurður, sem Kjaradómur ætlaði að gera á launakerfinu, byði upp á varðandi endurskoðun á því tvöfalda og óréttláta launakerfi sem hér tíðkast. Þess var krafist að allar hækkanir og þar með lækkanir líka yrðu kveðnar niður. Engu skyldi haggað í núverandi launakerfi. Nú má um það deila hver launamunur skuli vera meðal landsmanna og um það hve há laun beri að greiða æðstu embættismönnum ríkisins, svo og um það hvort dómur Kjaradóms var réttlátur. Svo mikið er víst að úrskurður Kjaradóms miðaðist við þann raunveruleika sem ríkir í launamálum hér á landi. Kjaradómur afhjúpaði fyrst og fremst það neðanjarðarkerfi sem tíðkast hjá ríkinu, en jafnframt hver laun viðmiðunarhópanna úti í þjóðfélaginu eru. Þær niðurstöður komu illa við marga, ýmist vegna þess óréttlætis sem í ljós kom eða vegna þess að sumum fannst að satt mætti kyrrt liggja.

Ríkisstjórnin hljóp upp til handa og fóta, snerist í nokkra hringi en bað síðan þrjá virta lögmenn álits á því hvort einhverjar leiðir væru færar til að hnekkja niðurstöðu dómsins og hvort ráðlegt væri að setja bráðabirgðalög. Lögmennirnir töldu öll tormerki á því að hnekkja dómnum að óbreyttum lögum og sögðu réttast að kalla saman þing ef ríkisstjórnin vildi breyta lögum um Kjaradóm. Ríkisstjórnin ákvað þvert á allar ráðleggingar að setja bráðbirgðalög sem gengu í gildi 3. júlí sl.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins getur forseti gefið út bráðabirgðalög þegar brýna nauðsyn ber til og þegar Alþingi er ekki að störfum.

Nú vill svo til að síðasta vor gerðu þingflokkarnir með sér samkomulag um verklag í sumar vegna meðferðar samninganna um EES. Það samkomulag fól í sér að nefndir þingsins voru að störfum öðru hverju á sumarmánuðum og því voru flestir þingmenn í viðbragðsstöðu og kallfæri. Þótt veður hafi verið rysjótt fram eftir sumri verður ekki séð að ófærð, vatnavextir, verkföll, bilanir, bensínskortur eða annað, sem hindrað gæti samgöngur til höfuðborgarinnar, hafi hamlað því að þing væri kallað saman. Að dómi Kvennalistans bar ríkisstjórninni að kalla Alþingi saman í anda þeirra breytinga sem gerðar voru á 28. gr. stjórnarskrárinnar vorið 1991 og í samræmi við breytt þingsköp sem fela það í sér að Alþingi starfar allt árið. Ríkisstjórnin vildi ekki kalla þing saman, annaðhvort vegna þess að hún taldi sig ekki hafa meiri hluta fyrir lagabreytingu eða vegna þess að hún vildi ekki umræður á Alþingi um niðurstöðu Kjaradóms.

Það er Alþingis að meta endanlega hvort niðurstaða Kjaradóms hafi falið í sér svo mikla hættu eða röskun á þjóðarhag að brýna nauðsyn hafi borið til að koma í veg fyrir áhrif hennar með setningu bráðabirgðalaga. Bráðabirgðalögin gáfu Kjaradómi næstum því mánaðarfrest til að kveða upp nýjan dóm. Þeir sem undir Kjaradóm heyra fengu laun samkvæmt niðurstöðu dómsins í einn mánuð. Þetta tvennt bendir ekki til þess að mjög brýnt hafi verið að nota þann neyðarrétt sem 28. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér.

Það er forkastanlegt hvernig hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur gripið til neyðarréttar samkvæmt stjórnarskrá til að kveða niður breytingar á launakjörum, oftast samkvæmt kröfum þeirra sem telja sig þess umkomna að móta launastefnu jafnt hins opinbera sem hins frjálsa markaðar, hvort sem aðrir samningsaðilar eru sammála stefnu þeirra eður ei. Hvað eftir annað hefur verið gripið inn í frjálsa samninga með þeim afleiðingum að fólk hefur orðið að leita til dómstóla og jafnvel alþjóðastofnana í von um að ná rétti sínum. Það sýnir í hvílíkar ógöngur stjórnarhættir íslenska ríkisins og launastefnan í landinu eru komin. Með bráðabirgðalögunum var ríkisstjórnin að leggja blessun sína yfir það óréttláta launakerfi sem hér tíðkast, en eins og allar tölur sýna bitnar það harðast á konum.

Það er sannfæring þingkvenna Kvennalistans að enga þá nauðsyn hafi borið til að grípa inn í kjaramálin með þeim hætti sem gert var sem réttlæti bráðabirgðalög og afar slæmt sé að stjórnvöld skuli aftur og aftur neita að sætta sig við niðurstöður þeirra sem með lögum er gert að dæma í launamálum eða ákveða launakjör. Niðurstaða Kjaradóms gaf gullið tækifæri til að hefja nauðsynlega uppstokkun á öllu launakerfi íslenska ríkisins og það tækifæri átti ríkisstjórnin að grípa.

Sumarið 1990 setti þáverandi ríkisstjórn bráðabirgðalög til að koma í veg fyrir 4% launahækkun sem samið hafði verið um við BHMR og var liður í áætlun um að leiðrétta kjör háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins til samræmis við það sem gerist á almennum vinnumarkaði. Meðal þeirra sem þá voru sviptir samningsrétti og umsömdum launahækkunum var Prestafélag Íslands. Í kjölfar bráðabirgðalaganna á BHMR og þeirra aðgerða, sem þeim fylgdu, ákvað Prestafélagið að fara þess á leit við Alþingi að kjör þeirra yrðu ákveðin af Kjaradómi. Prestar höfðu þá lengi leitað eftir leiðréttingum á kjörum sínum sem höfðu rýrnað verulega svo sem kjaradómurinn frá 26. júní sl. ber með sér. Prestar hafa um margt sérstöðu miðað við aðra hópa háskólamanna sem fá laun sín greidd frá ríkinu. Prestar eiga afar erfitt með að beita sömu aðferðum og annað launafólk í baráttu fyrir bættum kjörum vegna eðlis starfa þeirra og stöðu þjóðkirkjunnar. Alþingi samþykkti að prestar færu undir Kjaradóm m.a. til þess að þeir mættu fá bót sinna mála. Þá gerðist það að ný bráðabirgðalög voru sett, nú á Kjaradóm, og voru prestar þar með sviptir langþráðum leiðréttingum í annað sinn.

Framkoma ríkisvaldsins við starfsmenn sína hefur verið með eindæmum á undanförnum árum og hefur leitt til þess að algjör trúnaðarbrestur ríkir þar á milli sem auðvitað kemur niður á starfsemi ríkisins. Ekki hefur verið samið við BHMR og nú eru málefni prestastéttarinnar í algjöru uppnámi. Þessum gjörræðislegu vinnubrögðum ríkisvaldsins verður að linna. Ríkisstjórnir landsins verða að virða samningsrétt og niðurstöður Kjaradóms fari hann að lögum. Það getur ekki gengið til lengdar í þjóðfélagi sem vill virða frelsi og mannréttindi að níðast á ákveðnum hópum launafólks með þeim hætti sem gert hefur verið hvað eftir annað. Það getur ekki gengið að auka frelsi á vinnumarkaði og í viðskiptum, svo og að ýta undir samkeppni í hagkerfinu með annarri hendinni, en ætla að halda launum fyrir utan öll lögmál markaðarins með hinni. Stefna af þessu tagi ýtir undir það neðanjarðarlaunakerfi sem þegar er til staðar í þjóðfélaginu, eykur misrétti og veldur óánægju og spennu.

Það er niðurstaða fulltrúa Kvennalistans í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga og að ekki hafi verið rétt að málum staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Réttast hefði verið að kalla Alþingi saman til að ræða niðurstöðu Kjaradóms og kanna þar með hvort vilji væri til að breyta lögum um Kjaradóm. Framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi Íslendinga er allsendis óviðunandi og er enn eitt dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið seilist æ lengra inn á valdsvið Alþingis. Með setningu bráðabirgðalaganna var gengið freklega fram hjá Alþingi. Þá er það álit Kvennalistans að síendurteknar aðgerðir íslenskra ríkisstjórna til að koma í veg fyrir áhrif kjarasamninga og dóma samrýmist hvorki nútímastjórnarháttum né því hagkerfi sem við búum við. Þegar til lengri tíma er litið grafa aðgerðir af því tagi, sem hér um ræðir, undan frjálsum kjarasamningum, virðingu fyrir samningsréttinum og trausti á ríkisvaldinu sem vinnuveitanda.

Vegna alls þess, sem að ofan greinir, munu þingkonur Kvennalistans greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 3. júlí sl.

Alþingi, 17. sept. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing frá þingflokki Kvennalistans í tilefni úrskurðar Kjaradóms um launakjör ráðherra, þingmanna og einstakra embættismanna.

(2. júlí 1992.)

Á undanförnum árum hafa forustumenn í stjórnkerfinu, með ráðherra í broddi fylkingar, staðið gegn hvers kyns leiðréttingum á launakjörum einstakra hópa á vinnumarkaði. Í kjaraviðræðum hafa þeir ekki léð máls á öðru en heildarlausnum fyrir allt launafólk sem hafa falið í sér mjög óverulegar kauphækkanir. Það skýtur því óneitanlega skökku við að þeir sem mótað hafa þessa stefnu skuli nú fyrstir allra fá leiðréttingu á sínum launum. Þeim ber því öðru fremur siðferðileg skylda til að benda á leiðir til að taka á þeirri stöðu, sem upp er komin í kjaramálum, eigi þeir ekki að glata öllu trausti og trúverðugleika hjá launafólki.

Það er gömul saga og ný að miklar hömlur á samningsrétti launafólks, hvort sem er í formi lagasetningar eða þrýstiaðgerða af hálfu framkvæmdarvaldsins, auka launamun í samfélaginu. Í því sambandi vill þingflokkur Kvennalistans benda á að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur tekjumunur verið að aukast á Íslandi á undanförnum árum, en þó mest milli áranna 1989 og 1990 eftir að taxtakaup og innbyrðis staða launafólks var fryst með svokallaðri þjóðarsátt. Á þessu tímabili færðist tæpur milljarður frá tekjulægri hóp launafólks til þess tekjuhærri. Það má því færa þung rök fyrir því að frysting taxtalauna hafi í raun aukið svigrúm atvinnurekanda til að hækka laun hinna tekjuhærri sem eru í aðstöðu til að gera einstaklingsbundna samninga um kaup sitt og kjör.

Því hefur verið haldið fram að við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi eigi hvorki né megi gera kerfisbreytingar á því tvöfalda launakerfi sem viðgengst hér á landi. Þingflokkur Kvennalistans er ósammála þessu og telur slíkar breytingar bæði mikilvægar og tímabærar einmitt núna ef takast á að draga úr launamun í íslensku samfélagi, ekki síst milli karla og kvenna. Tvær af hverjum þremur konum taka laun samkvæmt töxtum verkalýðsfélaga en aðeins einn af hverjum þremur körlum, enda njóta þeir í mun ríkari mæli hvers kyns aukagreiðslna. Þannig nam hlutfall heildaraukagreiðslna af dagvinnu hjá ráðuneytum og helstu stofnunum ríkisins árið 1991 74,2% hjá körlum en 41,8% hjá konum. Þessar aukagreiðslur hafa tíðkast í mörg ár og þeir stjórnmálamenn, sem setið hafa við stjórnvöl í ráðuneytum um langt árabil, hafa ákveðið þessi launakjör. Það er skoðun þingflokksins að mikilvægt sé að taka á þessu neðanjarðarlaunakerfi sem beint og óbeint vinnur gegn þeim sem taka laun samkvæmt umsömdum launatöxtum.

Þingflokkur Kvennalistans er sammála þeirri grunnhugmynd í úrskurði Kjaradóms að afnema beri aukagreiðslur og ákvarða heildarlaun æðstu starfsmanna ríkisins. Verði þessari ákvörðun Kjaradóms fylgt eftir þýðir hún launalækkun hjá stórum hópi æðstu embættismanna. Þá telur þingflokkurinn að dómurinn hafi gert leiðréttingar á innbyrðis launum þess hóps sem undir hann heyrir sem m.a. þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, hafa lengi talað um í sinn hóp að væru réttmætar. Engu að síður hljótum við að vekja athygli á og mótmæla því launamisrétti sem viðgengst í íslensku samfélagi og gert er sýnilegt með úrskurðinum. Þá orkar það líka mjög tvímælis, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að þingmenn og ráðherrar fái leiðréttingu sem öllum öðrum er synjað um, ekki síst þar sem hún hefur talsverðan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það er skoðun þingflokksins að slík leiðrétting hefði ekki átt að hafa hlutfallslega meiri kostnað í för með sér en fyrirsjáanlegar launahækkanir á almennum vinnumarkaði.

Þingflokkur Kvennalistans er tilbúinn til að standa að því að þing verði kallað saman þegar í júlí og breyting gerð á lögum um Kjaradóm ef það má verða til að leysa þann hnút sem launamál í landinu eru nú komin í. Þingflokkurinn er aftur á móti ekki tilbúinn til að ógilda úrskurð Kjaradóms með lögum og hverfa aftur til fyrra horfs. Úrskurður Kjaradóms sýnir svo ekki verður um villst að við búum við handónýtt og ógegnsætt launakerfi sem viðheldur lágum launum og vinnur gegn jöfnuði og jafnrétti. Að ásaka Kjaradóm fyrir þetta kerfi er að hengja bakara fyrir smið.

Fylgiskjal II.

Kvennalistinn og Kjaradómur.

Kvennalistakonur hafa lengi verið þeirrar skoðunar að það launakerfi, sem við búum við, þarfnist verulegra endurbóta og uppstokkunar. Við teljum að á undanförnum árum hafi verið farnar mjög svo vafasamar leiðir í kjarasamningum. Við okkur blasir að launamunur fer vaxandi og feluleikurinn dafnar meðal þeirra sem betur mega sín meðan hópar launafólks vinna samkvæmt umsömdum smánartöxtum.

Launakerfið mismunar körlum og konum. Stórum hópum er haldið niðri ár eftir ár á meðan skapast hefur eins konar neðanjarðarkerfi aukagreiðslna og yfirvinnu, unninnar og óunninnar sem einkum nær til karla. Atvinnurekendum er harðlega bannað að hækka laun starfsmanna sinna og fá yfir sig VSÍ-forustuna ef þeir voga sér að bæta launin, enda æ fleiri sem semja um duldar greiðslur og gera einkasamninga. Í stað þess að fagna því þegar glufur myndast í þessu heilfrysta launakerfi tekur verkalýðsforustan nú að sér að verja óbreytt ástand. Vei þeim sem einhverju vilja breyta.

Með ríkjandi launastefnu er verið að festa í sessi láglaunastefnuna og koma í veg fyrir allar leiðréttingar, þar með talið að draga úr launamisrétti kynjanna. Það mætti halda að það sé náttúrulögmál að enginn megi gera betri kjarasamninga en annar og þau launahlutföll, sem nú ríkja milli hópa, verði að haldast óbreytt.

Árum saman hefur verið samið í skugga vaxandi erfiðleika í atvinnulífinu og þess samdráttar sem þegar er orðinn og boðaður er. Það er augljóst að við verðum öll að taka á okkur áföllin og þeir því meira sem betur standa. Því hlýtur leiðin á tímum sem þessum að vera sú að breyta tekjuskiptingunni og jafna kjörin.

Kjaradómur sinnti lagaskyldu sinni og felldi úrskurð sem fól í sér verulega tilfærslu greiðslna innan þess hóps sem úrskurðurinn nær til. Stór hópur lækkaði í launum, aðrir hækkuðu. Kjaradómur gerði tilraun til að brjótast út úr herkví feluleiksins og afhjúpaði um leið þann mikla launamun sem ríkir í þjóðfélaginu en mörgum virðist hafa verið ókunnugt um. Kjaradómur reyndi að taka á neðanjarðarlaunakerfi ríkisins og hafði til viðmiðunar ýmsa hópa úti í þjóðfélaginu, þar á meðal forustumenn VSÍ og ASÍ við ákvörðun launa. Niðurstaðan skall eins og blaut tuska á andlit láglaunafólks en þar er ekki við Kjaradóm að sakast heldur þann veruleika sem við búum við í launamálum, veruleika sem þarf að breyta. Með því að grípa til aðgerða gegn úrskurði Kjaradóms lætur ríkisstjórnin líta svo út sem hún hafi gert eitthvað sem máli skiptir í launamálum. Sannleikurinn er þó sá að úrskurður Kjaradóms breytir engu um launamisréttið í landinu og með því að hafna honum er verið að framlengja líf neðanjarðarkerfisins, ýta undir feluleikinn og fá fólk til að sætta sig betur við bág kjör sín. Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar leysa heldur engan vanda heldur er honum sópað undir teppið. Mun eðlilegra hefði verið að Alþingi tæki á málinu með rækilegri skoðun.

Það vekur furðu að Morgunblaðið, sem blaða harðast hefur gagnrýnt rétt ríkisstjórna til setningar bráðabirgðalaga á undanförnum árum, slær nú úr og í þrátt fyrir breytt lög sem heimila að Alþingi verði kallað saman með skömmum fyrirvara. Hvað veldur?

Eftir örfáar vikur verða upplýsingar um tekjur landsmanna lagðar fram á skattstofum landsins. Þá gefst gullið tækifæri til að skoða tekjuskiptingu þjóðarinnar. Þá geta menn t.d. skoðað hvað leiðtogar verkalýðsins, vinnuveitendur, ritstjórar og aðrir þeir sem harðast gagnrýna Kjaradóm bera úr býtum. Væri ekki nær að horfast í augu við veruleikann og hefjast handa við uppstokkun á launakerfinu og breytingu á tekjuskiptingunni í átt til aukins réttlætis.

Ekki stendur á okkur Kvennalistakonum að leggja okkar af mörkum til þeirrar vinnu. Umræðan um Kjaradóm snýst einmitt um tekjumun í þjóðfélaginu, réttlæti í launamálum og skipbrot þeirrar launastefnu sem hér hefur verið rekin um árabil af samflotinu mikla. Skúta þeirra hefur nú steytt á því skeri sem e.t.v. mun sökkva henni.

105. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðandi, sem vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni samkvæmt lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, skal sæta sektum allt að 1.500.000 kr. miðað við grunn lánskjaravísitölu í mars 1992. Hámark sektar fylgir lánskjaravísitölu.

Sé um refsivert brot að ræða skal launagreiðandi jafnframt sæta refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum.

2. gr.

Á eftir 102. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Nú gerir launagreiðandi ekki skil á skyldusparnaði sem hann hefur tekið af launum starfsmanns síns og getur launþegi þá, að liðnum tveimur mánuðum frá útborgun launa, óskað eftir innlausn kröfunnar hjá félagsmálaráðuneytinu eða þeim aðila sem ráðuneytið hefur samið við um að annast slík mál.

Sinni launagreiðandi ekki áskorun um að greiða skuldina skal krafan innleyst og skuldin greidd úr ríkissjóði inn á reikning skyldusparanda hjá Byggingarsjóði ríkisins, enda liggi fyrir framsal skyldusparanda á kröfunni til ríkissjóðs. Þetta skal gert innan fjögurra mánaða frá því krafa launþegans var sett fram. Greiða skal höfuðstól og samfellda dráttarvexti eins og þeir eru auglýstir hverju sinni af Seðlabanka Íslands. Krafan skal studd gögnum um fjárhæð hennar og gjalddaga, svo sem launaseðlum eða skilagrein launagreiðanda.

Heimilt er að greiða kröfur vegna skyldusparnaðar sem fallið hefur í gjalddaga eftir 1. júlí 1988, enda sé ekki liðinn lengri tími en fjögur ár frá útborgun launa. Ekki skiptir máli hvort bú launagreiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða ekki.

Á innleysta skyldusparnaðarkröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands og innheimtukostnaður.

Kröfu skyldusparanda vegna vangreidds skyldusparnaðar og kröfu ríkissjóðs vegna innleystrar skyldusparnaðarkröfu fylgir lögtaksréttur, sbr. lög nr. 29/1985.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og komst til nefndar en það varð eigi útrætt. Er það nú endurflutt óbreytt og í fylgiskjölum eru birtar umsagnir sem bárust um það.

Í svari við fyrirspurn flutningsmanns (220. mál) á þskj. 316 13. febrúar 1992 (á 115. löggjafarþingi) sagði félagsmálaráðherra eftirfarandi:

„Í öðru lagi er spurt um hvernig fylgst er með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði. Húsnæðisstofnun hefur engin ákveðin úrræði til að knýja fram greiðslur í samræmi við nefnd lög og reglugerð ef upplýst er um vanskil til stofnunarinnar. Hér er um að ræða afleidda lögtaksheimild og stofnunin óskar opinberrar rannsóknar á meintum vanskilum. Lögtaksbeiðnir og kærur byggjast svo til eingöngu á upplýsingum frá launþegum enda verða þær að vera staðfestar með launaseðlum eða launamiðum. Stofnunin hefur að lögum engar heimildir til að knýja fram upplýsingar frá launagreiðendum eða frá skattyfirvöldum um það hvort eða hvar fólk á skyldusparnaðaraldri er að störfum og hver skil ættu að vera í krónum talin. Það er því fyrst og fremst launþeginn sjálfur sem verður að fylgjast með því hvort skil hafa verið gerð frá launagreiðanda."

Það hefur verið Húsnæðisstofnun ríkisins áhyggjuefni hve erfiðlega gengur að fylgjast með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði og einnig að stofnunina skortir mjög úrræði í lögum til að knýja fram greiðslur. Það verður að teljast réttlætismál fyrst í lög eru leidd ákvæði sem skylda ungmenni til skyldusparnaðar að löggjafinn gæti réttar þeirra og tryggi eftir föngum að sparnaðurinn glatist ekki.

Innan húsnæðismálastjórnar hafa þessi mál verið rædd og í febrúar 1991 voru samþykkt drög að lagafrumvarpi sem bæta á úr framangreindum ágöllum. Í framhaldi af samþykkt stjórnarinnar var frumvarpið sent félagsmálaráðherra.

Engin viðbrögð hafa orðið við þessu erindi húsnæðismálastjórnar, en hins vegar hefur ábyrgð ríkissjóðs verið takmörkuð verulega frá því sem áður var með samþykkt laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992.

Hér hafa hagsmunir skyldusparenda verið fyrir borð bornir og var ekki á bætandi. Þannig námu vanskil launagreiðenda, sem voru eldri en sex mánaða, við Húsnæðisstofnun ríkisins í febrúar sl. samtals um 25,4 millj. kr. og eru þá ótalin þau vanskil launagreiðenda sem ekki hafa komið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum sniðið að því frumvarpi sem áður er getið að húsnæðismálastjórn samþykkti í febrúar 1991.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skyldusparanda verði ávallt tryggð endurgreiðsla sparifjár síns að fullu enda þótt sá launagreiðandi, sem hann hefur þegið laun frá, standi ekki skil á sparnaðinum, verði t.d. gjaldþrota, og krafa vegna skyldusparnaðar glatist að hluta eða fullu samkvæmt gildandi lögum.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frumvarps er m.a. sú að síðustu missirin hafa margir skyldusparendur glatað verulegu sparifé vegna gjaldþrota launagreiðenda. Lög um ríkisábyrgð á launum hafa ekki náð að tryggja endurgreiðslu sparifjárins nema að hluta, en dæmi eru líka um að öll krafa skyldusparanda falli utan ríkisábyrgðar.

Það er réttlætismál að tryggja rétt skyldusparanda að fullu með endurgreiðslu úr ríkissjóði ef launagreiðandinn bregst af einhverjum ástæðum. Skyldan til að spara er sett með lögum og það hlýtur að vera rökrétt að tryggja þennan rétt skyldusparanda einnig með lögum.

Frumvarpið samdi Helgi V. Guðmundsson, lögmaður hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, og fylgdu með því athugasemdir við einstakar greinar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 102. gr. laga nr. 86/1988 um að launagreiðandi sé ábyrgur fyrir skyldusparnaði eins og um eigin skattgreiðslur sé að ræða hefur ekki náð tilætluðum árangri. Ákvæði sömu greinar um að með innheimtu á þessum vanskilum skuli fara með sama hætti og innheimtu launaskatts hefur ekki beinlínis nýst þannig. Við þetta lagaákvæði hefur hins vegar verið stuðst sem veigamikinn grundvöll að lögtaksrétti.

Lagt er til að lögunum verði breytt með þetta í huga, þ.e. þessi ákvæði verði felld brott í núverandi mynd, en beinlínis kveðið á um það í lögunum að lögtaksréttur fylgi þessum kröfum. Ákvæði um lögtaksréttinn er sett í 103. gr.

Þá er lagt til að ákvæði um sekt og refsiábyrgð verði sett í 102. gr. Í 17. gr. reglugerðar um skyldusparnað nr. 92 frá 7. febrúar 1985 er kveðið á um sektir við þessum brotum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Þessi fjárhæð nam um 1.430 þús. kr. í febrúar 1991, framreiknuð með lánskjaravísitölu. Lagt er til að hámark sektar verði ákveðið með lögum 1,5 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu mars 1992. Loks eru refsiákvæði almennra hegningarlaga ítrekuð í hinni breyttu lagagrein jafnhliða sektarákvæðum.

Um 2. gr.

Ákvæði 103. gr. eru ný og miða að því að tryggja rétt skyldusparanda til fullrar endurgreiðslu ef hún bregst hjá launagreiðanda. Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af 11. gr. laga nr. 30/1987, um orlof, en ákvæðin sniðin eftir sérstöðu skyldusparnaðarins. Til dæmis eru frestir mun rýmri þar sem andvirði kröfunnar fer inn á bundinn reikning skyldusparanda. Út af slíkum reikningi er aðeins greitt samkvæmt undanþágu, lögum samkvæmt, eða að fullnuðum 26 ára aldri.

Lagafrumvarp þetta hefur í för með sér útgjöld úr ríkissjóði. Því er nauðsynlegt að gera sér sem gleggsta grein fyrir þeim kostnaði sem af samþykkt þess leiðir. Hér verða teknar saman nokkrar tölur úr vanskilainnheimtu á skyldusparnaði hjá Húsnæðisstofnun árin 1988–1990. Þessar tölur varpa nokkru ljósi á hvað það kostar að bæta skyldusparendum það sparifé sem þeir hafa tapað.

Á árinu 1990 nam höfuðstóll 154 skyldusparnaðarkrafna, sem komu til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun, um 7,6 millj. kr. Dráttarvextir af þessari fjárhæð námu um 3,7 millj. kr. þegar könnun á þessu var gerð og eru þeir reiknaðir til mismunandi langs tíma. 67 þessara mála sættu strax kæru og gjaldþrotameðferð. Af hinum 87 greiddust 46 innan þriggja mánaða, samtals að höfuðstóli um 2.575 þús. kr., ásamt dráttarvöxtum 745 þús. kr.

Samkvæmt þessu hefði þurft um 8 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þessar tilteknu kröfur skv. 103. gr. vegna ársins 1990 ef slík lög hefðu verið í gildi. Af þessum 8 millj. kr. þarf ríkissjóður hvort sem er að greiða um 3,1 millj. kr. samkvæmt lögum um ríkisábyrgð. Er þá reiknað með að um helmingur heildarfjárhæðar fáist greiddur af höfuðstól og vöxtum í 100 gjaldþrotamálum frá því ári.

Árið 1989 nam höfuðstóll 240 skyldusparnaðarkrafna í innheimtu hjá Húsnæðisstofnun um 11,3 millj. kr. Dráttarvextir af þeirri fjárhæð námu um 6 millj. kr. Af þessum 17,3 millj. kr. höfðu um 2.750 þús. kr. verið greiddar hjá Húsnæðisstofnun 1. febrúar 1991. Rúmlega 2 millj. kr. höfðu einnig verið greiddar inn á reikning skyldusparenda vegna ríkisábyrgðar. Það eru um 28,6% af höfuðstól og dráttarvöxtum í 112 gjaldþrotamálum. Reikna má með að um 21,4% verði greidd í viðbót samkvæmt lögum um ríkisábyrgð eða samtals 50% af fjárhæð lýstra krafna, þ.e. um 3,5 millj. kr.

Samkvæmt frumvarpinu þyrfti því að greiða um 12,6 millj. kr. vegna ársins 1989 miðað við stöðuna 1. febrúar 1991. Af þeirri fjárhæð þyrfti hvort sem er að greiða um 1,5 millj. kr. samkvæmt lögum um ríkisábyrgð í viðbót við þær 2 millj. kr. sem þegar hafa verið greiddar samkvæmt þeim lögum.

Árið 1988 nam höfuðstóll 108 skyldusparnaðarkrafna í innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins um 4,4 millj. kr. Reiknaðir dráttarvextir af þeirri fjárhæð voru um 1,8 millj. kr. Af þessum 6,2 millj. kr. höfðu um 347 þús. kr. verið greiddar hjá stofnuninni 1. febrúar 1991. Um 1,9 millj. kr. höfðu einnig verið greiddar frá ríkissjóði inn á reikning skyldusparenda vegna ríkisábyrgðar. Það eru um 58,7% af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta í 70 gjaldþrotamálum frá því ári.

Samkvæmt frumvarpinu þyrfti því að greiða tæplega 4 millj. kr. vegna ársins 1988 miðað við 1. febrúar 1991 ef frumvarpið yrði að lögum.

Árið 1987 komu aðeins 21 mál til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þar af voru 11 gjaldþrotamál.

Hér að framan hefur aðeins verið fjallað um kröfur sem hafa verið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Vegna þeirra krafna þyrfti að greiða um 25 millj. kr. Af þeirri fjárhæð þyrfti að greiða um 5 millj. kr. hvort sem er vegna laga um ríkisábyrgð. Af þessum 25 millj. kr. má reikna með að verulegar fjárhæðir næðust til baka með innheimtuaðgerðum.

Við áætlun á útgjöldum, sem samþykkt þessa lagafrumvarps hefði í för með sér, þarf einnig að reikna með kröfum sem ekki hafa komið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun. Fjárhæð þeirra krafna er afar erfitt að segja til um en óvarlegt væri að áætla minna en 50 millj. kr. til viðbótar til að mæta þessum gjaldalið. Heildarútgjöld yrðu þá um 75 millj. kr., en eins og áður hefur verið bent á þyrfti hvort sem er að greiða verulegar fjárhæðir vegna laga um ríkisábyrgð og reikna má með að verulegar fjárhæðir næðust aftur inn með innheimtuaðgerðum og kærum.

Hér að framan hefur verið fjallað um útgjöld vegna skyldusparnaðarkrafna frá árunum 1988, 1989 og 1990 og að teknu nokkru tilliti til ársins 1987. Þá er eftir að áætla útgjöld fyrir kröfum á komandi árum.

Þess má að lokum geta að heildargreiðslur vegna ríkisábyrgðar árin 1988–1990, sem færðar höfðu verið inn á reikninga skyldusparenda 1. febrúar 1991, námu tæplega 8 millj. kr.

2. gr. lagafrumvarpsins skýrir sig væntanlega að öðru leyti sjálf. Rétt er þó að víkja aðeins að orðunum „samfelldir dráttarvextir". Hér er átt við þá vexti sem á ensku nefnast „compound interest" til aðgreiningar frá flötum eða einföldum vöxtum, „simple interest". Með samfelldum vöxtum er átt við að vextir bætist við höfuðstól með reglulegu millibili og myndi með honum nýjan höfuðstól sem vextirnir reiknast af á næsta tímabili. Samkvæmt vaxtalögum má ekki reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

Fylgiskjal I.

Umsögn Alþýðusambands Íslands um Húsnæðisstofnun ríkisins.
(26. ágúst 1992.)

Á fundi miðstjórnar 19. ágúst sl. var svohljóðandi umsögn samþykkt um frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, 400. mál [á 115. löggjafarþingi].

Núverandi lög veita skyldusparendum á almennum vinnumarkaði enga vernd. Skyldusparandi þarf sjálfur að fylgjast með því hvort launagreiðandi skili því fé sem hann hefur haldið eftir af launum. Þetta hlýtur að vera erfitt fyrir skyldusparanda og má ætla að ungt fólk, sem nýkomið er út á vinnumarkaðinn, geri sér ekki grein fyrir því að það þarf sjálft að fylgjast með því að skyldusparnaði sé skilað. Ýmsar ytri aðstæður geta líka valdið skyldusparendum erfiðleikum við að ganga á eftir því að sparnaði sé skilað, t.d. ótti við að missa vinnu o.fl.

Hvað öryggi á skilum varðar er mikill mismunur á milli þeirra sem starfa hjá ríkinu og ríkisstofnunum annars vegar og hjá einkafyrirtækjum hins vegar. Það er sérstaklega kveðið á um það í reglugerð nr. 92/1985 að ríkissjóður eða fjármálaráðherra ábyrgist að gerð séu skil á skyldusparnaði fyrir ríkisfyrirtækin. Áhættan er því öll hjá þeim ungmennum sem starfa á almennum vinnumarkaði. Einnig má líta svo á að þar sem atvinnurekandi er innheimtumaður ríkisins þá eigi ríkið að bera ábyrgð á innheimtumanni sínum en ekki einstaklingurinn og ríki beri því ábyrgð á greiðslu eftir að hún er komin í hendur innheimtumannsins.

Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu skortir Húsnæðisstofnun úrræði til að knýja fram greiðslur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að úr þeim skorti sé bætt. Jafnframt leggur miðstjórn til að í frumvarpið verði bætt skýru ákvæði um reglubundið eftirlit með skilum, t.d. í tengslum við staðgreiðsluskil skatta.

Miðstjórnin telur að með þessum lögum svo breyttum, ef samþykkt verða, sé skyldusparendum veitt það öryggi sem þeir eigi rétt á og að Húsnæðisstofnun fái lagaheimild sem hún þarf til að fylgja eftir kröfum um innheimtu skyldusparnaðar og mælir því með að frumvarpið verði samþykkt.

Með kveðju,

Lára V. Júlíusdóttir.

Fylgiskjal II.

Umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna.
(11. júní 1992.)

Samkvæmt bréfi dags. 15. maí 1992 þar sem Vinnuveitendasambandi samvinnufélaganna var sent til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, 400. mál [á 115. löggjafarþingi].

Vinnumálasamband samvinnufélaganna styður þessa lagasetningu en minnir jafnframt á að nauðsynlegt er að þessum breytingum á lögum verði fylgt eftir verði þær samþykktar.

Þetta frumvarp aðstoðar ungt fólk við að verja rétt sinn til þess skyldusparnaðar sem það hefur verið þvingað til þess að spara. Að þeim launagreiðendum, sem draga skyldusparnað frá launum og skila skyldusparnaðinum ekki, á skilyrðislaust að ganga og innheimta skuldina. Sé eftirlit með skilum aukið ættu þær upphæðir að minnka sem standa eftir til innheimtu hjá gjaldþrota vinnuveitendum.

Þetta eftirlit væri hægt að hvetja skyldusparandann til að framkvæma með því að setja á hann þá skyldu að hann tilkynni til innheimtuaðila innan ákveðins tíma að yfirliti því, sem honum hefur borist frá Húsnæðisstofnun, beri ekki saman við launaseðla þá sem hann hefur undir höndum. Að sjálfsögðu skal Húsnæðisstofnun athuga hvernig á þeim mismun stendur.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna,

Jóngeir H. Hlinason.

Fylgiskjal III.

Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
(10. júní 1992.)

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 400. mál [á 115. löggjafarþingi].

Stjórn BSRB telur það mjög til góðs að herða eftirlit og viðurlög varðandi innheimtu skyldusparnaðar svo tryggt sé að skyldusparendur glati ekki sparifé ef launagreiðendur bregðast skyldum sínum af einhverjum ástæðum.

Virðingarfyllst,

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn húsnæðismálastjórnar.
(2. júlí 1992.)

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það samið af Helga V. Guðmundssyni, lögmanni hjá Húsnæðisstofnun.

Lögfræðingar stofnunarinnar telja að með lögfestingu þessa frumvarps yrðu miklar réttarbætur fyrir skyldusparendur.

Húsnæðisstofnun ríkisins,
lögfræðideild,

Einar Jónsson,
Bragi Kristjánsson.

Samþykkt á fundi húsnæðismálastjórnar 25. ágúst 1992.

106. Frumvarp til laga [94. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skipar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tvo fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningu frá Landssambandi aldraðra annars vegar og frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp sameiginlega hins vegar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nær samhljóða frumvarp var flutt á 109. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Flutningsmaður var Helgi Seljan.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. annar frá Landssambandi aldraðra og hinn sameiginlega frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins er í höndum tryggingaráðs sem setur m.a. reglur um fjölmargt á grundvelli laga um almannatryggingar. Auk þess er ýmsu því vísað til tryggingaráðs sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á. Fjölmörg vandasöm úrlausnarefni, sem lenda á borði tryggingaráðs, eru á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Telja verður bæði eðlilegt og sanngjarnt að fulltrúar þessara samtaka setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnum fulltrúum sem fyrir eru. Þar munu koma til verks aðilar sem nákunnugir eru málefnum umbjóðenda sinna.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum viðamikla og vandasama starfsemi sem snertir flesta einstaklinga innan þeirra samtaka sem hér er gerð tillaga um að fái fulltrúa í tryggingaráði. Benda má á að í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins verði tæplega 25 milljarðar króna eða u.þ.b. 23% ríkisútgjalda. Líf- eyristryggingar eru þar áætlaðar um 14,8 milljarðar króna og sjúkratryggingar liðlega 9 milljarðar króna.

Flutningsmaður leggur áherslu á að ekki er verið að kasta rýrð á þá fulltrúa sem sitja nú og setið hafa í tryggingaráði. Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að tryggingaráð verði enn betur í stakk búið til þess að fjalla um og taka ákvarðanir á sviði umbjóðenda þeirra fulltrúa sem lagt er til að bætist í tryggingaráð.

Allnokkur fordæmi eru fyrir því að hagsmunasamtök eigi aðild að ákvörðunum sem snerta hagsmuni einstaklinga og félaga innan þeirra. Má þar nefna stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, svæðisstjórnir um málefni fatlaðra og síðar svæðisráð, en þar eiga Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp fulltrúa og verður ekki annað ráðið af þeirri reynslu en að farsællega hafi til tekist.

107. Fyrirspurn [95. mál]

til iðnaðarráðherra um samninga um álbræðslu á Keilisnesi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða samningar eru efnislega frágengnir milli stjórnvalda og Atlantal-fyrirtækjanna (Atlantsáls hf.) um álbræðslu á Keilisnesi?
2. Hver eru helstu efnisatriði þessara samninga hvers um sig, að rafmagnssamningi við Landsvirkjun meðtöldum?
3. Hvenær hyggst iðnaðarráðherra leggja þessa samninga fyrir Alþingi til staðfestingar?

Skriflegt svar óskast.

108. Lög [19. mál]

um breyting á lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. sept.)

Samhljóða þskj. 19.

109. Frumvarp til fjárlaga [96. mál]

fyrir árið 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

	Bls.
A-hluti	3
B-hluti	205
Heimildir	234
Athugasemdir	239
Töfluviðauki	377
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar	405
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.	409
Efnisyfirlit	432

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**104.790,0**
Beinir skattar	19.723,0	
Óbeinir skattar	76.953,0	
Vaxtatekjur	3.905,0	
Aðrar tekjur	4.209,0	
Gjöld		**110.990,0**
Samneysla	45.748,3	
Rekstrargjöld	42.667,3	
Viðhald	3.081,1	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41.897,5	
Vaxtagreiðslur	10.200,0	
Fjárfesting	13.144,2	
Stofnkostnaður	8.213,2	
Fjármagnstilfærslur	4.931,0	
Gjöld umfram tekjur		**6.200,0**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		3.030,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.230,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3.200,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		370,0
Viðskiptareikningar		-100,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**9.500,0**
Afborganir af teknum lánum		6.300,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**15.800,0**
Lántökur		15.800,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**0,0**

2. gr.

Árið 1993 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.044,1**
	Embætti forseta Íslands	48,0	
	Alþingi og stofnanir þess	805,1	
	Ríkisstjórn	58,6	
	Annað	127,3	
	Rekstrarhagræðing	5,1	
01	**Forsætisráðuneyti**		**329,0**
	Ráðuneyti	89,0	
	Annað	238,6	
	Rekstrarhagræðing	1,4	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.695,2**
	Ráðuneyti	235,4	
	Háskólar og rannsóknir	2.714,1	
	Framhaldsskólar	4.167,8	
	Héraðsskólar	81,4	
	Grunnskólar og sérskólar	5.109,9	
	Önnur fræðslumál	342,0	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.710,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.241,4	
	Ýmis framlög	1.043,9	
	Rekstrarhagræðing	49,3	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.466,0**
	Ráðuneyti	329,6	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	152,3	
	Sendiráð og fastanefndir	431,0	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	547,5	
	Rekstrarhagræðing	5,6	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**7.476,7**
	Ráðuneyti	63,9	
	Búnaðarmál	1.054,0	
	Skógrækt og landgræðsla	410,4	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.752,0	
	Búnaðarskólar	189,0	
	Rekstrarhagræðing	7,4	
	Flutt		27.011,0

3. gr.

Árið 1993 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.498,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.480,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	149,0	
4111	Eignarskattur félaga	915,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	189,0	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	435,0	
4118	Erfðafjárskattur	330,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**15.800,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13.450,0	
4126	Tekjuskattur félaga	2.350,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**425,0**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	425,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.250,0**
4200	Tollar	1.250,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**299,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	4,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	55,0	
42154	Kartöflugjald	145,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	29,0	
4217	Jöfnunartollur	66,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**200,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	200,0	
	Flutt		21.472,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		27.011,0
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**567,6**
	Ráðuneyti	73,4	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	427,5	
	Annað	59,8	
	Rekstrarhagræðing	6,9	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.376,8**
	Ráðuneyti	124,4	
	Dómsmál	589,4	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1.842,6	
	Sýslumenn	2.010,2	
	Fangelsismál	322,1	
	Kirkjumál	462,0	
	Rekstrarhagræðing	26,1	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4.977,1**
	Ráðuneyti	79,7	
	Húsnæðismál	961,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	168,7	
	Málefni barna og ungmenna	185,6	
	Málefni fatlaðra	1.940,1	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.350,0	
	Annað	283,1	
	Rekstrarhagræðing	8,9	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**46.432,5**
	Ráðuneyti	108,2	
	Tryggingamál	28.026,2	
	Sjúkrastofnanir	16.034,1	
	Heilsugæsla	1.581,7	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	257,2	
	Annað	321,0	
	Rekstrarhagræðing	104,1	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15.255,0**
	Ráðuneyti	400,0	
	Skatta- og tollamál	1.366,8	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.540,0	
	Vextir	10.200,0	
	Annað	1.732,4	
	Rekstrarhagræðing	15,8	
	Flutt		99.620,0

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		21.472,0
423	**Vörugjöld**		**11.000,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.250,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.270,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.160,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	3.250,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	70,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**41.350,0**
4250	Virðisaukaskattur	41.350,0	
426	**Skattar af orku**		**77,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	77,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.506,5**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.500,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	6,5	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**91,5**
42801	Skemmtanaskattur	80,0	
42802	Miðagjald	11,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**749,0**
4290	Aukatekjur	740,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9.450,0**
43001	Tryggingagjald	9.450,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5.980,0**
4310	Þinglýsingar	100,0	
4311	Stimpilgjald	2.190,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.375,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	525,0	
43131	Bifreiðagjald	1.350,0	
43142	Vitagjald	45,0	
43143	Skipaskoðunargjald	60,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	275,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	
	Flutt		96.676,0

Gjöld:

		m.kr.	Rekstrar- m.kr.
	Flutt		99.620,0
10	**Samgönguráðuneyti**		**9.406,6**
	Ráðuneyti	172,8	
	Vegamál	7.516,0	
	Siglingamál	1.102,0	
	Flugmál	522,8	
	Ferðamál	82,6	
	Rekstrarhagræðing	10,4	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.067,7**
	Ráðuneyti	50,4	
	Iðnaðarmál	218,6	
	Orkumál	793,0	
	Rekstrarhagræðing	5,7	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**170,9**
	Ráðuneyti	68,8	
	Viðskiptamál	101,0	
	Rekstrarhagræðing	1,1	
13	**Hagstofa Íslands**		**143,6**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**581,2**
	Ráðuneyti	129,3	
	Náttúruvernd	77,2	
	Skipulagsmál	123,0	
	Rannsóknir o.fl.	247,3	
	Rekstrarhagræðing	4,4	
	Gjöld samtals		110.990,0

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		96.676,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1.500,0**
4719	Sala eigna	1.500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3.905,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.730,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.175,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.309,0**
48201	Afgjöld ríkisjarða	25,0	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	414,0	
48206	Póstur og sími	820,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	400,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	650,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**400,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	300,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		104.790,0
	Gjöld umfram tekjur		6.200,0
	Samtals		110.990,0

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 100
1 01	Yfirstjórn	44 500	
1 50	Fálkaorðan	1 600	
Viðhaldsverkefni:			1 900
5 20	Laufásvegur 72, viðhald	1 400	
5 21	Bessastaðir, viðhald	500	
	Gjöld samtals		48 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals		**48 000**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			621 500
1 01	Alþingiskostnaður	242 400	
1 02	Aðalskrifstofa	53 300	
1 03	Þingmálaskrifstofa	99 300	
1 04	Rekstrarskrifstofa	147 700	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	28 100	
1 06	Norðurlandaráð	20 900	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	5 700	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	24 100	
Viðhaldsverkefni:			5 100
5 20	Fasteignir	5 100	
Stofnkostnaður:			13 600
6 01	Tæki og búnaður	13 600	
	Gjöld samtals		640 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	353 300	
52–58	Önnur gjöld	256 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 700	
5	Gjöld samtals	640 200	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**635 400**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 600
1 01	Ríkisstjórn	58 600	
	Gjöld samtals		58 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 000	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals		**58 600**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Hæstiréttur	29 200	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 500	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**29 200**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			82 000
6 01	Mannvirkjagerð	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–520 Opinberar heimsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 100
1 01	Opinberar heimsóknir	16 100	
	Gjöld samtals		16 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals		**16 100**
00–610 Umboðsmaður Alþingis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 500
1 01	Umboðsmaður Alþingis	18 500	
	Gjöld samtals		18 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 300	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals		**18 500**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			152 300
1 01	Ríkisendurskoðun	152 300	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		154 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 800	
52–58	Önnur gjöld	50 000	
5	Gjöld samtals	154 800	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**151 200**

	Þús. kr.	Þús. kr.
00–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 100
1 90 Rekstrarhagræðing	5 100	
Gjöld samtals		5 100
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 100	
5 Gjöld samtals		**5 100**
Samtals		1 044 100

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Yfirstjórn	60 200	
1 20	Stjórnarráðshús	9 600	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	3 500	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
1 23	Hrafnseyri	1 500	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	3 600	
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 20	Stjórnarráðshús	6 100	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 100	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
	Gjöld samtals		89 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 000	
52–58	Önnur gjöld	48 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**89 000**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 600
1 01	Þjóðhagsstofnun	88 600	
	Gjöld samtals		88 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 900	
52–58	Önnur gjöld	32 700	
5	Gjöld samtals	88 600	
4	Sértekjur	46 000	
	Mismunur		**42 600**

01–171 Byggðastofnun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			170 000
6 01	Byggðastofnun	170 000	
	Gjöld samtals		170 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	170 000	
5	Gjöld samtals		**170 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 300
1 01	Húsameistari ríkisins	54 300	
	Gjöld samtals		54 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 000	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals	54 300	
4	Sértekjur	59 400	
	Mismunur		**–5 100**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 800
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	17 800	
Viðhaldsverkefni:			6 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	4 400	
5 02	Þingvallakirkja	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Aðalskipulag	5 000	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 600	
52–58	Önnur gjöld	15 600	
5	Gjöld samtals	29 200	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**26 100**

01–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 90	Rekstrarhagræðing	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**1 400**

01–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		329 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			232 400
1 01	Yfirstjórn	232 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		235 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 600	
52–58	Önnur gjöld	116 800	
5	Gjöld samtals		**235 400**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 769 400
1 01	Yfirstjórn	97 800	
1 02	Sameiginleg útgjöld	267 100	
1 03	Rekstur fasteigna	187 500	
1 04	Háskólabókasafn	76 700	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	100 100	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	1 032 100	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	8 100	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			180 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	180 000	
	Gjöld samtals		2 009 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 304 000	
52–58	Önnur gjöld	705 400	
5	Gjöld samtals	2 009 400	
4	Sértekjur	490 900	
	Mismunur		**1 518 500**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 300
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	88 100	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	25 200	
Viðhaldsverkefni:			22 100
5 01	Viðhald húseigna	22 100	
Stofnkostnaður:			7 000
6 03	Fisksjúkdóma- og eðlisfræðirannsóknahús	7 000	
	Gjöld samtals		142 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 900	
52–58	Önnur gjöld	68 500	
5	Gjöld samtals	142 400	
4	Sértekjur	37 400	
	Mismunur		**105 000**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			163 300
1 01	Yfirstjórn	14 500	
1 02	Rekstur fasteigna	11 600	
1 03	Rannsóknastofur	137 200	
	Gjöld samtals		163 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 000	
52–58	Önnur gjöld	53 300	
5	Gjöld samtals	163 300	
4	Sértekjur	48 900	
	Mismunur		**114 400**

02–204 Stofnun Sigurðar Nordals

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 800
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 500	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 300	
	Gjöld samtals		8 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**8 800**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 400
1 01	Yfirstjórn	36 000	
1 20	Bókaútgáfa	6 400	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 02	Árnagarður, viðhald innan húss	1 500	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		44 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 100	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals	44 900	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**41 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 300
1 01	Orðabók Háskólans	33 300	
	Gjöld samtals		33 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 400	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	33 300	
4	Sértekjur	18 400	
	Mismunur		**14 900**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Íslensk málstöð	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 400	
5	Gjöld samtals	12 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**10 600**
02–208 Örnefnastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 300
1 01	Örnefnastofnun	5 300	
	Gjöld samtals		5 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals	5 300	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**4 700**

02–210 Háskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 000
1 01	Háskólinn á Akureyri	142 000	
Stofnkostnaður:			15 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
	Gjöld samtals		157 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 500	
52–58	Önnur gjöld	55 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 100	
5	Gjöld samtals	157 000	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**152 900**

02–211 Tækniskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 800
1 01	Tækniskóli Íslands	179 800	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteignir	2 100	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		184 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 100	
52–58	Önnur gjöld	50 800	
5	Gjöld samtals	184 900	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**177 800**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			268 000
1 01	Yfirstjórn	31 300	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	38 500	
1 04	Bókasafn og gagnasmiðja	11 500	
1 05	Kennsla	130 100	
1 20	Endurmenntun	20 200	
1 30	Önnur kennsla	19 500	
Viðhaldsverkefni:			10 100
5 01	Fasteign	10 100	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		284 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	197 200	
52–58	Önnur gjöld	63 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 200	
5	Gjöld samtals	284 100	
4	Sértekjur	11 900	
	Mismunur		**272 200**

02–222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 100
1 01	Kennsla	53 200	
1 02	Annað en kennsla	16 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 600
5 01	Fasteign	2 600	
Stofnkostnaður:			800
6 01	Tæki og búnaður	800	
	Gjöld samtals		73 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 600	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals	73 500	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**52 500**

02–223 Rannsóknastofnun uppeldismála

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 400
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	10 500	
1 02	Samræmd próf í grunnskólum	16 900	
	Gjöld samtals		27 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 800	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals	27 400	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**26 900**

02–232 Rannsóknaráð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 01	Yfirstjórn	14 200	
1 02	Erlend samskipti	2 100	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	4 300	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals		**20 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			115 000
6 01	Rannsóknasjóður	115 000	
	Gjöld samtals		115 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	115 000	
5	Gjöld samtals		**115 000**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 300
1 01	Vísindaráð	11 300	
	Gjöld samtals		11 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	11 300	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**10 000**
02–235 Vísindasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Vísindasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			60 000
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
02–299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	25 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 12	Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur	10 000	
	Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 000	
5	Gjöld samtals		**35 000**
02–301	**Menntaskólinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 900
1 01	Kennsla í dagskóla	112 400	
1 02	Annað en kennsla	27 500	
	Gjöld samtals		139 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 600	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals	139 900	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**137 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–302 Menntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 500
1 01	Kennsla í dagskóla	77 800	
1 02	Annað en kennsla	34 700	
	Gjöld samtals		112 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 800	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals	112 500	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**110 600**
02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 300
1 01	Kennsla í dagskóla	30 100	
1 02	Annað en kennsla	21 200	
	Gjöld samtals		51 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 600	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	51 300	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**49 500**
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			186 900
1 01	Kennsla í dagskóla	121 600	
1 02	Annað en kennsla	43 300	
1 09	Önnur kennsla	22 000	
	Gjöld samtals		186 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	163 700	
52–58	Önnur gjöld	23 200	
5	Gjöld samtals	186 900	
4	Sértekjur	14 600	
	Mismunur		**172 300**

02–305 Menntaskólinn við Sund

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 700
1 01	Kennsla í dagskóla	104 200	
1 02	Annað en kennsla	31 500	
	Gjöld samtals		135 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	121 300	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	135 700	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**130 700**

02–306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 01	Kennsla í dagskóla	41 100	
1 02	Annað en kennsla	27 300	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
	Gjöld samtals		71 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 900	
52–58	Önnur gjöld	18 100	
5	Gjöld samtals	71 000	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**67 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 600
1 01	Kennsla í dagskóla	35 600	
1 02	Annað en kennsla	24 400	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
	Gjöld samtals		62 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 200	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	62 600	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**59 200**
02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 300
1 01	Kennsla í dagskóla	59 500	
1 02	Annað en kennsla	23 100	
1 09	Önnur kennsla	5 700	
	Gjöld samtals		88 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 400	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals	88 300	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**84 000**
02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 900
1 01	Kennsla í dagskóla	58 600	
1 02	Annað en kennsla	20 300	
	Gjöld samtals		78 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 100	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals	78 900	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**76 800**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			126 700
5 90	Viðhald	126 700	
Stofnkostnaður:			453 000
6 40	Tæki og búnaður	41 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	400 000	
	Gjöld samtals		579 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200 700	
52–58	Önnur gjöld	379 000	
5	Gjöld samtals		**579 700**

02–319 Framhaldsskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 500
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 900	
1 12	Orlof kennara	23 900	
1 13	Forfallakennsla	16 400	
1 14	Sérkennsla	25 700	
1 15	Prófkostnaður	22 600	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	5 300	
1 17	Námsskrárgerð	17 400	
1 18	Námsefnisgerð	8 000	
1 19	Kennslueftirlit	4 000	
1 20	Framhaldsdeildir	9 300	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 300	
1 30	Endurmenntun	16 800	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	35 900	
	Gjöld samtals		196 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	173 800	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 800	
5	Gjöld samtals		**196 500**

02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			327 400
1 01	Kennsla í dagskóla	203 100	
1 02	Annað en kennsla	73 200	
1 09	Önnur kennsla	51 100	
	Gjöld samtals		327 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	285 000	
52–58	Önnur gjöld	42 400	
5	Gjöld samtals	327 400	
4	Sértekjur	40 000	
	Mismunur		**287 400**

02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 600
1 01	Kennsla í dagskóla	93 100	
1 02	Annað en kennsla	27 500	
1 09	Önnur kennsla	10 000	
	Gjöld samtals		130 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 000	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	10 000	
5	Gjöld samtals	130 600	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**128 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Kennsla í dagskóla	59 900	
1 02	Annað en kennsla	24 900	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
	Gjöld samtals		90 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 200	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	90 100	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**85 700**
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			124 100
1 01	Kennsla í dagskóla	89 700	
1 02	Annað en kennsla	29 100	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
	Gjöld samtals		124 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 700	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
5	Gjöld samtals	124 100	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**118 500**
02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 200
1 01	Kennsla í dagskóla	88 500	
1 02	Annað en kennsla	38 400	
1 09	Önnur kennsla	5 300	
	Gjöld samtals		132 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 100	
52–58	Önnur gjöld	25 100	
5	Gjöld samtals	132 200	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**126 600**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 700
1 01	Kennsla í dagskóla	36 700	
1 02	Annað en kennsla	16 900	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 400	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	3 100	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
	Gjöld samtals		64 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 000	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
5	Gjöld samtals	64 700	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**62 200**

02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 500
1 01	Kennsla í dagskóla	56 900	
1 02	Annað en kennsla	30 000	
1 09	Önnur kennsla	2 600	
	Gjöld samtals		89 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 400	
52–58	Önnur gjöld	19 100	
5	Gjöld samtals	89 500	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**85 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 200
1 01	Kennsla í dagskóla	90 600	
1 02	Annað en kennsla	25 100	
1 03	Fiskeldi, kennsla	4 700	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	6 700	
1 09	Önnur kennsla	13 100	
	Gjöld samtals		140 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	121 000	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	140 200	
4	Sértekjur	8 100	
	Mismunur		**132 100**
02–358 Verkmenntaskóli Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 200
1 01	Kennsla í dagskóla	34 200	
1 02	Annað en kennsla	15 000	
	Gjöld samtals		49 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 100	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	49 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**48 200**
02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			200 300
1 01	Kennsla í dagskóla	124 500	
1 02	Annað en kennsla	46 300	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	7 700	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	6 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 05	Löngumýrardeild, kennsla	5 900	
1 06	Löngumýrardeild, annað en kennsla	1 400	
1 09	Önnur kennsla	8 200	
	Gjöld samtals		200 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	164 700	
52–58	Önnur gjöld	35 600	
5	Gjöld samtals	200 300	
4	Sértekjur	13 000	
	Mismunur		**187 300**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 100
1 01	Kennsla í dagskóla	68 500	
1 02	Annað en kennsla	27 600	
	Gjöld samtals		96 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 400	
52–58	Önnur gjöld	18 700	
5	Gjöld samtals	96 100	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**94 500**

02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 900
1 01	Kennsla í dagskóla	16 300	
1 02	Annað en kennsla	7 600	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
	Gjöld samtals		24 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 900	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	24 900	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**23 400**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 200
1 01	Kennsla í dagskóla	31 000	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
1 09	Önnur kennsla	1 500	
	Gjöld samtals		44 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 100	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	44 200	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**42 400**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 300
1 01	Kennsla í dagskóla	22 600	
1 02	Annað en kennsla	11 700	
	Gjöld samtals		34 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 800	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	34 300	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**33 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–422	**Námsgagnastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 700
1 01	Skrifstofa	18 800	
1 10	Skólavörubúð	23 000	
1 11	Afgreiðsludeild	13 100	
1 20	Framleiðsludeild	133 600	
1 30	Fræðslumyndasafn	22 900	
1 40	Kennslumiðstöð	9 500	
1 60	Námsefnisgerð	42 800	
	Gjöld samtals		263 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 600	
52–58	Önnur gjöld	202 100	
5	Gjöld samtals	263 700	
4	Sértekjur	41 400	
	Mismunur		**222 300**
02–430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 600
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	7 600	
	Gjöld samtals		7 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 500	
52–58	Önnur gjöld	2 100	
5	Gjöld samtals	7 600	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**6 600**
02–440	**Fullorðinsfræðsla**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Fullorðinsfræðsla	15 000	
	Gjöld samtals		15 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–506 Vélskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 500
1 01	Kennsla í dagskóla	33 700	
1 02	Annað en kennsla	11 800	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		48 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 300	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	48 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**47 500**

02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 900
1 01	Kennsla í dagskóla	20 300	
1 02	Annað en kennsla	5 600	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		28 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	28 900	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**28 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–514	**Iðnskólinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			374 400
1 01	Kennsla í dagskóla	261 700	
1 02	Annað en kennsla	89 700	
1 09	Önnur kennsla	23 000	
	Gjöld samtals		374 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	316 400	
52–58	Önnur gjöld	58 000	
5	Gjöld samtals	374 400	
4	Sértekjur	36 800	
	Mismunur		**337 600**
02–516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 300
1 01	Kennsla í dagskóla	43 000	
1 02	Annað en kennsla	15 900	
1 09	Önnur kennsla	2 400	
	Gjöld samtals		61 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 700	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	61 300	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**58 100**
02–517	**Hótel- og veitingaskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 900
1 01	Kennsla í dagskóla	16 000	
1 02	Annað en kennsla	25 900	
	Gjöld samtals		41 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 500	
52–58	Önnur gjöld	22 400	
5	Gjöld samtals	41 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**41 500**

02–518 Fiskvinnsluskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 700
1 01	Kennsla í dagskóla	10 200	
1 02	Annað en kennsla	20 500	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	22 600	
5	Gjöld samtals	34 700	
4	Sértekjur	11 600	
	Mismunur		**23 100**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 500
1 01	Kennsla í dagskóla	38 900	
1 02	Annað en kennsla	15 900	
1 03	Fjarkennsla og námskeiðahald	12 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		69 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 600	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
5	Gjöld samtals	69 500	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**67 800**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 500
1 01	Kennsla í dagskóla	14 400	
1 02	Annað en kennsla	10 100	
	Gjöld samtals		24 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 300	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	24 500	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**24 200**

02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 400
1 01	Kennsla í dagskóla	15 500	
1 02	Annað en kennsla	16 900	
Viðhaldsverkefni:			12 200
5 01	Viðhald íþróttavalla o.fl.	5 100	
5 02	Endurbætur á húsum	7 100	
	Gjöld samtals		44 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	20 700	
5	Gjöld samtals	44 600	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**41 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 100
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	9 100	
	Gjöld samtals		9 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals	9 100	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**7 400**
02–551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 200
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	8 200	
	Gjöld samtals		8 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 200	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**7 700**
02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 600
1 01	Kennsla í dagskóla	48 900	
1 02	Annað en kennsla	55 700	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		108 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 900	
52–58	Önnur gjöld	42 800	
5	Gjöld samtals	108 700	
4	Sértekjur	41 100	
	Mismunur		**67 600**

02–562 Leiklistarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 400
1 01	Kennsla í dagskóla	12 100	
1 02	Annað en kennsla	20 300	
	Gjöld samtals		32 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
5	Gjöld samtals	32 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**31 300**

02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**

02–571 Sjómannaskólahúsið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 100
1 01	Sjómannaskólahúsið	21 100	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 01	Fasteign	3 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 10	Lóðarframkvæmdir	3 000	
	Gjöld samtals		27 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals	27 200	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**26 100**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 300
1 01	Kennsla	17 300	
1 02	Annað en kennsla	20 000	
	Gjöld samtals		37 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals	37 300	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**35 500**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			198 100
1 01	Kennsla	140 800	
1 02	Annað en kennsla	57 300	
	Gjöld samtals		198 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	154 000	
52–58	Önnur gjöld	44 100	
5	Gjöld samtals	198 100	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**193 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–601	**Héraðsskólinn Reykholti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 600
1 01	Kennsla	12 900	
1 02	Annað en kennsla	6 700	
	Gjöld samtals		19 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 000	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	19 600	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**18 700**
02–602	**Héraðsskólinn Núpi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 01	Héraðsskólinn Núpi	3 800	
	Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 800	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**3 800**
02–603	**Héraðsskólinn Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604	**Héraðsskólinn Reykjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 600
1 01	Skólabúðir	13 600	
	Gjöld samtals		13 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	13 600	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**13 400**
02–605	**Alþýðuskólinn Eiðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 000
1 01	Kennsla	14 200	
1 02	Annað en kennsla	11 800	
	Gjöld samtals		26 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 600	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	26 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**24 300**
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 300
1 01	Kennsla	9 900	
1 02	Annað en kennsla	9 400	
	Gjöld samtals		19 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 800	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	19 300	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**18 700**

02–700 Grunnskólar, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 253 900
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 253 900	
	Gjöld samtals		1 253 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 253 900	
5	Gjöld samtals		**1 253 900**

02–701 Grunnskólar, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 049 600
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	1 049 600	
	Gjöld samtals		1 049 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 049 600	
5	Gjöld samtals		**1 049 600**

02–703 Grunnskólar, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			311 700
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	311 700	
	Gjöld samtals		311 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	311 700	
5	Gjöld samtals		**311 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 000
1 01	Grunnskólar, Vestfjörðum	208 000	
	Gjöld samtals		208 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 000	
5	Gjöld samtals		**208 000**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 600
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	226 600	
	Gjöld samtals		226 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	226 600	
5	Gjöld samtals		**226 600**
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			477 400
1 01	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	477 400	
	Gjöld samtals		477 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	477 400	
5	Gjöld samtals		**477 400**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 000
1 01	Grunnskólar, Austurlandi	278 000	
	Gjöld samtals		278 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	278 000	
5	Gjöld samtals		**278 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			396 800
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	396 800	
	Gjöld samtals		396 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	396 800	
5	Gjöld samtals		**396 800**
02–710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 300
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	45 300	
	Gjöld samtals		45 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 100	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals		**45 300**
02–711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	29 500	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**29 500**
02–713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	17 500	
	Gjöld samtals		17 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals		**17 500**

02–714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	14 200	
	Gjöld samtals		14 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 100	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals		**14 200**

02–715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals		**15 800**

02–716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	25 800	
	Gjöld samtals		25 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals		**25 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**13 700**
02–718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	18 900	
	Gjöld samtals		18 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 800	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals		**18 900**
02–719 Fræðsluskrifstofur, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			3 500
5 01	Viðhald, óskipt	3 500	
	Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**3 500**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 700
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 500	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 800	
1 29	Kennsla í norsku og sænsku	5 900	
1 30	Safnakennsla	2 900	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	6 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 600	
1 34	Þróunarstarf í leikskólum	2 000	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 000	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 100	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 400	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 50	Námsleyfi	37 400	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12 300	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10 200	
1 82	Þróunarstarf í grunnskólum	9 400	
1 83	Starfsmenntun	20 600	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	6 100	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	7 000	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 800	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 300	
1 90	Grunnskólar, óskipt	32 600	
	Stofnkostnaður:		6 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 000	
	Gjöld samtals		196 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	133 300	
52–58	Önnur gjöld	21 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 700	
5	Gjöld samtals		**196 700**

02–750 Skólar fyrir fatlaða

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		167 400
1 20	Sérdeild fyrir einhverf börn	11 200	
1 21	Sérdeild fyrir sjónskert börn	8 000	
1 22	Sérdeildir Hlíðaskóla	13 500	
1 37	Hvammshlíðarskóli	32 800	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	83 600	
1 50	Sameiginleg þjónusta	10 200	
1 60	Almennt	8 100	
	Stofnkostnaður:		15 000
6 01	Sérskólar, stofnkostnaður	15 000	
	Gjöld samtals		182 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 300	
52–58	Önnur gjöld	17 800	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	83 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 700	
5	Gjöld samtals		**182 400**

02–752 Öskjuhlíðarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 500
1 01	Kennsla	70 500	
1 02	Annað en kennsla	23 900	
1 20	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	8 400	
1 30	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	5 700	
	Gjöld samtals		108 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 700	
52–58	Önnur gjöld	11 800	
5	Gjöld samtals		**108 500**

02–754 Safamýrarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 700
1 01	Kennsla	45 700	
1 02	Annað en kennsla	10 000	
	Gjöld samtals		55 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 200	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**55 700**

02–755 Dalbrautarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Dalbrautarskóli	15 600	
	Gjöld samtals		15 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 100	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**15 600**

02–756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 500
1 01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	60 500	
	Gjöld samtals		60 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 100	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals		**60 500**

02–798 Einholtsskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Skóli Unglingaheimilis ríkisins	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals		**13 500**

02–799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 300
1 01	Kennsla	23 800	
1 02	Annað en kennsla	14 500	
	Gjöld samtals		38 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 900	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals		**38 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 700
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	4 700	
	Gjöld samtals		4 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 600	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals	4 700	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**1 100**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 710 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 710 000	
	Gjöld samtals		1 710 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 710 000	
5	Gjöld samtals		**1 710 000**
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 100
1 01	Jöfnun á námskostnaði	84 800	
1 10	Skólaakstur	13 300	
	Gjöld samtals		98 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	13 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	84 800	
5	Gjöld samtals		**98 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–901	**Landsbókasafn Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		47 600
1 01	Landsbókasafn Íslands	47 600	
	Stofnkostnaður:		7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		54 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	35 300	
52–58	Önnur gjöld	19 300	
5	Gjöld samtals	54 600	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**53 200**
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		74 000
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	74 000	
	Viðhaldsverkefni:		10 400
5 90	Verndun gamalla húsa	10 400	
	Stofnkostnaður:		112 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	110 000	
	Gjöld samtals		196 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	49 400	
52–58	Önnur gjöld	147 000	
5	Gjöld samtals	196 400	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**192 300**
02–903	**Þjóðskjalasafn Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		48 800
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	48 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			7 600
5 01	Fasteignir	7 600	
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		58 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 700	
52–58	Önnur gjöld	26 200	
5	Gjöld samtals	58 900	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**57 600**

02–904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	6 300	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		8 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals		**8 300**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 600
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	5 600	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
	Gjöld samtals		7 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	7 700	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**7 300**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 600
1 01	Listasafn Íslands	44 700	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 900	
Viðhaldsverkefni:			800
5 01	Fasteign	800	
Stofnkostnaður:			17 200
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	5 200	
	Gjöld samtals		65 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 100	
52–58	Önnur gjöld	37 500	
5	Gjöld samtals	65 600	
4	Sértekjur	10 300	
	Mismunur		**55 300**

02–908 Kvikmyndasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 700
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	8 700	
	Gjöld samtals		8 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 400	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**8 700**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-909 Blindrabókasafn Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		27 000
1 01 Blindrabókasafn Íslands	27 000	
Stofnkostnaður:		900
6 01 Tæki og búnaður	900	
Gjöld samtals		27 900
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	13 200	
52–58 Önnur gjöld	14 700	
5 Gjöld samtals		**27 900**
02-919 Söfn, ýmis framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		23 000
1 90 Söfn, ýmis framlög	23 000	
Stofnkostnaður:		10 000
6 90 Söfn, stofnkostnaður	10 000	
Gjöld samtals		33 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	33 000	
5 Gjöld samtals		**33 000**
02-950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		49 300
1 90 Rekstrarhagræðing	49 300	
Gjöld samtals		49 300
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	49 300	
5 Gjöld samtals		**49 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–972	**Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 800
1 01	Íslenski dansflokkurinn	43 100	
1 10	Listdansskólinn	11 700	
	Gjöld samtals		54 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 200	
52–58	Önnur gjöld	19 600	
5	Gjöld samtals	54 800	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**45 800**
02–973	**Þjóðleikhús**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 000
1 01	Þjóðleikhús	300 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 50	Endurbætur	12 000	
	Gjöld samtals		312 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5	Gjöld samtals		**312 000**
02–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	102 000	
	Gjöld samtals		102 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	102 000	
5	Gjöld samtals		**102 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–977	**Þjóðarbókhlaða**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			338 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	338 000	
	Gjöld samtals		338 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	338 000	
5	Gjöld samtals		**338 000**
02–979	**Húsafriðunarsjóður**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			10 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**
02–980	**Listskreytingasjóður**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listskreytingasjóður	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
02–981	**Kvikmyndasjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 000
1 01	Kvikmyndasjóður	111 000	
	Gjöld samtals		111 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	111 000	
5	Gjöld samtals		**111 000**

02–982 Listir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			273 300
1 10	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	100 100	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	10 900	
1 15	Þýðingarsjóður	6 900	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 600	
1 30	Íslenska óperan	40 500	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15 300	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	8 000	
1 90	Listir, framlög	72 000	
	Gjöld samtals		273 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	273 300	
5	Gjöld samtals		**273 300**

02–983 Ýmis fræðistörf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Ýmis fræðistörf	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–984 Norræn samvinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 90	Norræn samvinna	5 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

02–985 Alþjóðleg samskipti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 90	Alþjóðleg samskipti	75 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	75 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 90	Æskulýðsmál	28 000	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	28 000	
5	Gjöld samtals		**28 000**

02–989 Ýmis íþróttamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 400
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 400	
1 90	Ýmis íþróttamál	62 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		73 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 000	
5	Gjöld samtals		**73 400**

02–997 Uppgjör við sveitarfélög

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			405 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	405 000	
	Gjöld samtals		405 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	405 000	
5	Gjöld samtals		**405 000**

02–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 600
1 90	Ýmis framlög	19 600	
	Gjöld samtals		19 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 600	
5	Gjöld samtals		**19 600**
	Samtals		16 695 200

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			271 600
1 01	Yfirstjórn	160 400	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	15 200	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 600	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	74 100	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	15 300	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		277 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 100	
52–58	Önnur gjöld	180 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 900	
5	Gjöld samtals		**277 100**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 400
1 01	Varnarmálaskrifstofa	40 400	
	Gjöld samtals		40 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
5	Gjöld samtals	40 400	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**36 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–103 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 800
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	11 800	
	Gjöld samtals		11 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals	11 800	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**10 600**
03–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 900
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	84 300	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	91 600	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		194 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 200	
52–58	Önnur gjöld	38 200	
5	Gjöld samtals	194 400	
4	Sértekjur	42 100	
	Mismunur		**152 300**

03–301 Sendiráð Íslands í Bonn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 300
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	27 300	
	Gjöld samtals		27 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 800	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals		**27 300**

03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 200
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	27 200	
	Gjöld samtals		27 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 100	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals		**27 200**

03–303 Sendiráð Íslands í London

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 500
1 01	Sendiráð Íslands í London	33 500	
	Gjöld samtals		33 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 000	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals		**33 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		30 500
1 01 Sendiráð Íslands í Moskvu	30 500	
Gjöld samtals		30 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	18 300	
52–58 Önnur gjöld	12 200	
5 Gjöld samtals		**30 500**
03–305 Sendiráð Íslands í Ósló		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		26 200
1 01 Sendiráð Íslands í Ósló	26 200	
Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	16 900	
52–58 Önnur gjöld	9 300	
5 Gjöld samtals		**26 200**
03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		37 200
1 01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	37 200	
Gjöld samtals		37 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	20 800	
52–58 Önnur gjöld	16 400	
5 Gjöld samtals		**37 200**
03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		27 400
1 01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	27 400	
Gjöld samtals		27 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 300	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals		**27 400**

03–308 Sendiráð Íslands í Washington

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 200
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	31 200	
	Gjöld samtals		31 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**31 200**

03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	27 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 800	
52–58	Önnur gjöld	14 200	
5	Gjöld samtals		**27 000**

03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 800
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	40 800	
	Gjöld samtals		40 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 600	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals		**40 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 200	
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals		**40 000**
03–312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 400
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	39 400	
	Gjöld samtals		39 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 300	
52–58	Önnur gjöld	16 100	
5	Gjöld samtals		**39 400**
03–313	**Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 700
1 01	Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín	22 700	
	Gjöld samtals		22 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals		**22 700**
03–320	**Sendiráð, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			9 100
5 90	Viðhald	9 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 500
6 90	Tæki og búnaður	11 500	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals		**20 600**

03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	161 000	
	Gjöld samtals		161 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	161 000	
5	Gjöld samtals		**161 000**

03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 000
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	26 800	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7 000	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	17 000	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	8 300	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	12 900	
1 90	Ýmis neyðaraðstoð	30 000	
	Gjöld samtals		102 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	102 000	
5	Gjöld samtals		**102 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		2 000
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 400	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	600	
	Gjöld samtals		2 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		282 500
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	18 600	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	5 600	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	3 700	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	5 300	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4 000	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 000	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP	800	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	9 100	
1 39	Evrópuráðið	10 400	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	12 600	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	30 600	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	4 600	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 600	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	200	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	300	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 400	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	5 700	
1 61	Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	54 200	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	15 000	
1 72	EFTA-dómstóllinn	5 000	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	60 000	
	Gjöld samtals		282 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	282 500	
5	Gjöld samtals		**282 500**

03–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 600
1 90	Rekstrarhagræðing	5 600	
	Gjöld samtals		5 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals		**5 600**
	Samtals		1 466 000

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 600
1 01	Yfirstjórn	69 600	
	Gjöld samtals		69 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 000	
52–58	Önnur gjöld	34 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100	
5	Gjöld samtals	69 600	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**63 900**
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 000
1 01	Búnaðarfélag Íslands	79 000	
	Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	79 000	
5	Gjöld samtals		**79 000**
04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 000	
	Gjöld samtals		12 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**10 900**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 300
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	142 300	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhaldsfé	4 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 10	Fasteignir	7 000	
	Gjöld samtals		156 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 800	
52–58	Önnur gjöld	47 500	
5	Gjöld samtals	156 300	
4	Sértekjur	27 600	
	Mismunur		**128 700**

04–231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			198 300
1 01	Skógrækt ríkisins	110 500	
1 10	Rannsóknastöðin Mógilsá	32 500	
1 90	Sérstök verkefni	55 300	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhaldsfé	6 200	
Stofnkostnaður:			14 300
6 01	Tæki og búnaður	6 200	
6 32	Fasteignir, óskipt	8 100	
	Gjöld samtals		218 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 000	
52–58	Önnur gjöld	131 800	
5	Gjöld samtals	218 800	
4	Sértekjur	59 300	
	Mismunur		**159 500**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			195 100
1 10	Landgræðsla ríkisins	98 800	
1 20	Sérstök verkefni	81 300	
1 90	Fyrirhleðslur	15 000	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Viðhaldsfé	5 000	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
6 20	Fasteignir	8 000	
	Gjöld samtals		213 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 400	
52–58	Önnur gjöld	157 700	
5	Gjöld samtals	213 100	
4	Sértekjur	15 800	
	Mismunur		**197 300**

04–239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 600
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	47 600	
1 20	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 30	Landgræðslusjóður	3 000	
	Gjöld samtals		53 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	47 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**53 600**

04–243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			132 500
1 01	Sauðfjárveikivarnir	132 500	
	Gjöld samtals		132 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 600	
52–58	Önnur gjöld	20 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	87 200	
5	Gjöld samtals		**132 500**

04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

04–246 Veiðimálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 600
1 01	Veiðimálastofnun	61 600	
	Gjöld samtals		61 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 800	
52–58	Önnur gjöld	22 800	
5	Gjöld samtals	61 600	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**35 000**

04–247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 400
1 01	Yfirdýralæknir	66 200	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 200	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 000	
	Gjöld samtals		71 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 900	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals	71 400	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**66 200**

04–281 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			115 000
6 10	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	115 000	
	Gjöld samtals		115 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	115 000	
5	Gjöld samtals		**115 000**

04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 900
1 01	Kynbótastöðvar	34 800	
1 10	Héraðsbúnaðarsambönd	40 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			107 500
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	107 500	
	Gjöld samtals		182 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	182 400	
5	Gjöld samtals		**182 400**

04–291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	250 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**

04–299 Búnaðarmál, ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 300
1 01	Framkvæmd búvörusamnings	10 000	
1 10	Mat á búvörum	8 000	
1 20	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	7 300	
1 22	Ýmis verkefni	1 000	
	Gjöld samtals		26 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 100	
52–58	Önnur gjöld	14 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals	26 300	
4	Sértekjur	8 000	
	Mismunur		**18 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 731 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	2 246 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	100 000	
1 05	Niðurgreiðslur á mjólkurvörum	200 000	
1 10	Uppgjör birgða samkvæmt búvörusamningi	175 000	
1 99	Afleysingarþjónusta kúabænda	10 000	
	Gjöld samtals		2 731 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 731 000	
5	Gjöld samtals		**2 731 000**
04–420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 727 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	1 706 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	85 000	
1 10	Vaxta- og geymslukostnaður	250 000	
1 20	Niðurgreiðsla á ull	250 000	
1 90	Uppkaup á fullvirðisrétti	436 000	
	Gjöld samtals		2 727 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 727 000	
5	Gjöld samtals		**2 727 000**
04–430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			294 000
1 01	Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir	260 000	
1 10	Loðdýrafóður	34 000	
	Gjöld samtals		294 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	294 000	
5	Gjöld samtals		**294 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 300
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	129 300	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Fasteignir og lóðir	6 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		141 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 200	
52–58	Önnur gjöld	64 300	
5	Gjöld samtals	141 500	
4	Sértekjur	65 200	
	Mismunur		**76 300**
04–502 Bændaskólinn á Hólum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 700
1 01	Bændaskólinn á Hólum	67 700	
Viðhaldsverkefni:			4 300
5 01	Viðhaldsfé	4 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Fasteignir og lóðir	5 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 800	
52–58	Önnur gjöld	42 200	
5	Gjöld samtals	79 000	
4	Sértekjur	15 900	
	Mismunur		**63 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 400
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	52 400	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Viðhaldsfé	5 200	
Stofnkostnaður:			6 200
6 01	Fasteignir og lóðir	4 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		63 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 600	
52–58	Önnur gjöld	27 200	
5	Gjöld samtals	63 800	
4	Sértekjur	14 200	
	Mismunur		**49 600**
04–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 400
1 90	Rekstrarhagræðing	7 400	
	Gjöld samtals		7 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals		**7 400**
04–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
	Samtals		7 476 700

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 400
1 01	Yfirstjórn	72 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		73 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 900	
52–58	Önnur gjöld	26 500	
5	Gjöld samtals		**73 400**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 01	Yfirstjórn	6 300	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 300	
5	Gjöld samtals		**6 300**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			548 900
1 01	Almenn starfsemi	216 200	
1 20	Útibú	17 900	
1 30	Rannsóknarskip	166 100	
1 36	Veiðarfærakostnaður	22 500	
1 39	Annar skiparekstur	44 800	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	14 900	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	66 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			31 600
5 31	Viðhald skipa	31 600	
Stofnkostnaður:			39 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	22 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 000	
	Gjöld samtals		619 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	304 600	
52–58	Önnur gjöld	314 900	
5	Gjöld samtals	619 500	
4	Sértekjur	557 900	
	Mismunur		**61 600**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 700
1 01	Almenn starfsemi	179 700	
Stofnkostnaður:			17 600
6 01	Tæki og búnaður	14 400	
6 10	Tölvuvæðing	3 200	
	Gjöld samtals		197 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 300	
52–58	Önnur gjöld	77 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 100	
5	Gjöld samtals	197 300	
4	Sértekjur	107 200	
	Mismunur		**90 100**

05–204 Fiskistofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			246 300
1 01	Fiskistofa	246 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		266 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 700	
52–58	Önnur gjöld	136 600	
5	Gjöld samtals	266 300	
4	Sértekjur	106 300	
	Mismunur		**160 000**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Ríkismat sjávarafurða	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 300	
5	Gjöld samtals		**12 300**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**1 500**

05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25 000	
	Gjöld samtals		25 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 300
1 20	Eldi sjávardýra	19 000	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	1 200	
1 31	Stjórn fiskveiða	11 300	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	21 700	
1 40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	2 100	
	Gjöld samtals		55 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 200	
5	Gjöld samtals		**55 300**

05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 500
1 01	Yfirstjórn	28 000	
1 30	Keldnaholt	35 500	
Viðhaldsverkefni:			10 500
5 30	Keldnaholt, viðhald	10 500	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	39 300	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**72 200**

	Þús. kr.	Þús. kr.
05–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		6 900
1 90 Rekstrarhagræðing	6 900	
Gjöld samtals		6 900
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	6 900	
5 Gjöld samtals		**6 900**
05–998 Ráðstöfunarfé		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5 Gjöld samtals		**3 000**
Samtals		567 600

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 500
1 01	Yfirstjórn	87 500	
	Gjöld samtals		87 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 800	
52–58	Önnur gjöld	28 700	
5	Gjöld samtals		**87 500**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 300
1 01	Stjórnartíðindi	23 300	
	Gjöld samtals		23 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 100	
52–58	Önnur gjöld	20 200	
5	Gjöld samtals	23 300	
4	Sértekjur	15 300	
	Mismunur		**8 000**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 100
1 10	Útgáfa lagasafns	5 100	
	Gjöld samtals		5 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	5 100	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		

06–190 Ýmis kostnaður ráðuneytis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 500
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 600	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	700	
1 23	Próf fasteignasala	1 300	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 300	
1 32	Tölvunefnd	3 900	
1 33	Mannanafnanefnd	400	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	500	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	2 600	
1 44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	500	
1 51	Innheimta meðlaga	2 600	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
1 81	Hagræðingarverkefni	5 000	
	Gjöld samtals		23 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 600	
5	Gjöld samtals	23 500	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**20 900**

06–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 300
1 01	Yfirstjórn	20 400	
1 02	Útgáfa hæstaréttardóma	10 900	
	Gjöld samtals		31 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 200	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
5	Gjöld samtals	31 300	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**28 100**

06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			143 100
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	143 100	
	Gjöld samtals		143 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 700	
52–58	Önnur gjöld	29 400	
5	Gjöld samtals		**143 100**

06–212 Héraðsdómur Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	11 700	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**11 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–213 Héraðsdómur Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 400
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	8 400	
	Gjöld samtals		8 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**8 400**
06–214 Héraðsdómur Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 200
1 02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	8 200	
	Gjöld samtals		8 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**8 200**
06–215 Héraðsdómur Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	21 300	
	Gjöld samtals		21 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**21 300**
06–216 Héraðsdómur Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 700
1 02	Héraðsdómur Austurlands	9 700	
	Gjöld samtals		9 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**9 700**

06–217 Héraðsdómur Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	22 600	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 200	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals		**22 600**

06–218 Héraðsdómur Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 600
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	49 600	
	Gjöld samtals		49 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 200	
52–58	Önnur gjöld	11 400	
5	Gjöld samtals		**49 600**

06–231 Málskostnaður í opinberum málum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			93 700
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	93 700	
	Gjöld samtals		93 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	93 500	
5	Gjöld samtals	93 700	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**81 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–232 Opinber réttaraðstoð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 700
1 10	Opinber réttaraðstoð	9 700	
	Gjöld samtals		9 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	9 700	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**8 800**
06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 400
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	6 900	
1 11	Meðdómsmenn	14 400	
1 12	Setu- og varadómarar	3 300	
1 13	Siglingadómur	1 300	
1 14	Óviss útgjöld	1 500	
	Gjöld samtals		27 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	6 900	
5	Gjöld samtals		**27 400**
06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 100
5 01	Viðhald húseigna	5 100	
Stofnkostnaður:			164 000
6 01	Húsnæði Hæstaréttar	127 000	
6 15	Húsnæði héraðsdóms Norðurlands eystra	4 000	
6 16	Húsnæði héraðsdóms Austurlands	5 000	
6 60	Upplýsingakerfi dómstóla	10 000	
6 90	Húsbúnaður héraðsdómstóla	18 000	
	Gjöld samtals		169 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	169 100	
5	Gjöld samtals		**169 100**

06–301 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 05	Ríkissaksóknari	43 500	
	Gjöld samtals		43 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 600	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals		**43 500**

06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			160 500
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	160 500	
Stofnkostnaður:			6 000
6 02	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		166 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 600	
52–58	Önnur gjöld	41 900	
5	Gjöld samtals	166 500	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**163 700**

06–305 Lögregluskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Lögregluskóli ríkisins	29 600	
	Gjöld samtals		29 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 300	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**29 300**

06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			908 700
1 01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	908 700	
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 80	Endurnýjun ökutækja	14 000	
	Gjöld samtals		925 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	707 100	
52–58	Önnur gjöld	218 600	
5	Gjöld samtals	925 700	
4	Sértekjur	38 700	
	Mismunur		**887 000**

06–321 Almannavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 900
1 01	Almannavarnir ríkisins	23 900	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		28 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 800	
52–58	Önnur gjöld	17 100	
5	Gjöld samtals		**28 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–331 Umferðarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 300
1 01	Yfirstjórn	41 100	
1 10	Ökunám	34 200	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		77 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 800	
52–58	Önnur gjöld	48 500	
5	Gjöld samtals	77 300	
4	Sértekjur	55 200	
	Mismunur		**22 100**
06–341 Áfengis- og fíkniefnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 200
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 300	
1 20	Fíkniefnamál	2 900	
	Gjöld samtals		4 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**4 200**
06–390 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 200
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	27 200	
Stofnkostnaður:			40 500
6 10	Endurnýjun ökutækja	40 500	
	Gjöld samtals		67 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	46 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	67 700	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**61 700**

06–391 Húsnæði löggæslustofnana

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			15 200
5 01	Viðhald húseigna	15 200	
	Gjöld samtals		15 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals		**15 200**

06–395 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			582 600
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	582 600	
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Tæki og búnaður	8 000	
	Gjöld samtals		590 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	298 700	
52–58	Önnur gjöld	291 900	
5	Gjöld samtals	590 600	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**587 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–411	**Sýslumaðurinn Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 000
1 01	Yfirstjórn	110 000	
	Gjöld samtals		110 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 500	
52–58	Önnur gjöld	26 500	
5	Gjöld samtals		**110 000**
06–412	**Sýslumaðurinn Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 000
1 01	Yfirstjórn	28 500	
1 20	Löggæsla	33 500	
	Gjöld samtals		62 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 700	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	62 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**60 500**
06–413	**Sýslumaðurinn Borgarnesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 900
1 01	Yfirstjórn	24 000	
1 20	Löggæsla	25 900	
	Gjöld samtals		49 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 100	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	49 900	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**48 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 000
1 01	Yfirstjórn	26 800	
1 20	Löggæsla	37 200	
	Gjöld samtals		64 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 600	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	64 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**62 500**
06–415 Sýslumaðurinn Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 100
1 01	Yfirstjórn	10 800	
1 20	Löggæsla	4 300	
	Gjöld samtals		15 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	15 100	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**14 800**
06–416 Sýslumaðurinn Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 200
1 01	Yfirstjórn	18 000	
1 20	Löggæsla	16 200	
	Gjöld samtals		34 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 100	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	34 200	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**33 400**

06–417 Sýslumaðurinn Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 800
1 01	Yfirstjórn	11 000	
1 20	Löggæsla	8 800	
	Gjöld samtals		19 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 100	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	19 800	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**19 300**

06–418 Sýslumaðurinn Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 200
1 01	Yfirstjórn	38 000	
1 20	Löggæsla	41 800	
1 40	Tollgæsla	1 400	
	Gjöld samtals		81 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 500	
52–58	Önnur gjöld	22 700	
5	Gjöld samtals	81 200	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**77 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–419	**Sýslumaðurinn Hólmavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 100
1 01	Yfirstjórn	11 100	
1 20	Löggæsla	5 000	
	Gjöld samtals		16 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	16 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**16 000**
06–420	**Sýslumaðurinn Blönduósi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 200
1 01	Yfirstjórn	22 600	
1 20	Löggæsla	22 600	
	Gjöld samtals		45 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 100	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals	45 200	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**44 800**
06–421	**Sýslumaðurinn Sauðárkróki**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 100
1 01	Yfirstjórn	24 500	
1 20	Löggæsla	25 400	
1 40	Tollgæsla	1 200	
	Gjöld samtals		51 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 900	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	51 100	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**50 700**

06–422 Sýslumaðurinn Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 500
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 20	Löggæsla	17 700	
	Gjöld samtals		32 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 800	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals	32 500	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**31 300**

06–423 Sýslumaðurinn Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 800
1 01	Yfirstjórn	11 500	
1 20	Löggæsla	8 300	
	Gjöld samtals		19 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 400	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	19 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**19 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–424	**Sýslumaðurinn Akureyri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		179 800
1 01	Yfirstjórn	72 100	
1 20	Löggæsla	89 200	
1 25	Fangelsi	12 800	
1 40	Tollgæsla	5 700	
	Gjöld samtals		179 800
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	142 200	
52–58	Önnur gjöld	37 600	
5	Gjöld samtals	179 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**179 100**
06–425	**Sýslumaðurinn Húsavík**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		71 100
1 01	Yfirstjórn	31 600	
1 20	Löggæsla	39 500	
	Gjöld samtals		71 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	52 400	
52–58	Önnur gjöld	18 700	
5	Gjöld samtals	71 100	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**69 900**
06–426	**Sýslumaðurinn Seyðisfirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		60 300
1 01	Yfirstjórn	26 500	
1 20	Löggæsla	29 400	
1 40	Tollgæsla	4 400	
	Gjöld samtals		60 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 800	
52–58	Önnur gjöld	15 500	
5	Gjöld samtals	60 300	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**59 100**

06–427 Sýslumaðurinn Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Yfirstjórn	13 700	
1 20	Löggæsla	8 900	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 200	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	22 600	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**22 400**

06–428 Sýslumaðurinn Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 800
1 01	Yfirstjórn	24 700	
1 20	Löggæsla	22 100	
	Gjöld samtals		46 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 400	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
5	Gjöld samtals	46 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**45 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–429	**Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 300
1 01	Yfirstjórn	16 400	
1 20	Löggæsla	12 900	
	Gjöld samtals		29 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals	29 300	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**28 800**
06–430	**Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 200
1 01	Yfirstjórn	12 700	
1 20	Löggæsla	6 500	
	Gjöld samtals		19 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	19 200	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**18 800**
06–431	**Sýslumaðurinn Hvolsvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Yfirstjórn	17 700	
1 20	Löggæsla	17 200	
	Gjöld samtals		34 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 800	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals	34 900	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**34 000**

06–432 Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 300
1 01	Yfirstjórn	31 100	
1 20	Löggæsla	34 200	
1 40	Tollgæsla	6 000	
	Gjöld samtals		71 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 100	
52–58	Önnur gjöld	16 200	
5	Gjöld samtals	71 300	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**67 200**

06–433 Sýslumaðurinn Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 600
1 01	Yfirstjórn	42 900	
1 20	Löggæsla	72 700	
	Gjöld samtals		115 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 800	
52–58	Önnur gjöld	26 800	
5	Gjöld samtals	115 600	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**109 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–434	**Sýslumaðurinn Keflavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			175 100
1 01	Yfirstjórn	55 600	
1 20	Löggæsla	112 300	
1 40	Tollgæsla	7 200	
	Gjöld samtals		175 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	138 300	
52–58	Önnur gjöld	36 800	
5	Gjöld samtals	175 100	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**171 000**
06–436	**Sýslumaðurinn Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 500
1 01	Yfirstjórn	92 500	
1 20	Löggæsla	106 400	
1 40	Tollgæsla	10 600	
	Gjöld samtals		209 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 000	
52–58	Önnur gjöld	42 500	
5	Gjöld samtals	209 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**208 400**
06–437	**Sýslumaðurinn Kópavogi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 400
1 01	Yfirstjórn	65 500	
1 20	Löggæsla	68 900	
	Gjöld samtals		134 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 800	
52–58	Önnur gjöld	28 600	
5	Gjöld samtals	134 400	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**134 100**

06–490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 200
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	17 400	
1 20	Kostnaður við löggæslunám	44 700	
1 21	Óviss útgjöld	5 100	
1 30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	80 000	
	Gjöld samtals		147 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 800	
52–58	Önnur gjöld	119 400	
5	Gjöld samtals		**147 200**

06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			20 300
5 01	Viðhald húseigna	20 300	
Stofnkostnaður:			105 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
6 11	Húsnæði sýslumannsins í Reykjavík	7 000	
6 12	Húsnæði sýslumannsins á Akranesi	1 000	
6 20	Húsnæði sýslumannsins á Blönduósi	12 000	
6 21	Húsnæði sýslumannsins á Sauðárkróki	3 000	
6 24	Húsnæði sýslumannsins á Akureyri	10 000	
6 28	Lögreglustöð Egilsstöðum	18 000	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	30 000	
6 60	Upplýsingakerfi sýslumanna	12 000	
	Gjöld samtals		125 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	125 300	
5	Gjöld samtals		**125 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	26 800	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals		**26 800**
06–511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 100
1 01	Yfirstjórn	4 300	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	45 200	
1 22	Fangelsið Síðumúla	33 400	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	29 200	
	Gjöld samtals		112 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 400	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
5	Gjöld samtals	112 100	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**109 800**
06–512 Fangelsið Litla-Hrauni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 900
1 01	Yfirstjórn	118 100	
1 21	Skiltaframleiðsla	3 600	
1 31	Hellugerð o.fl.	17 200	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		140 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	85 300	
52–58	Önnur gjöld	55 100	
5	Gjöld samtals	140 400	
4	Sértekjur	29 800	
	Mismunur		**110 600**

06–513 Fangelsið Kvíabryggju

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Fangelsið Kvíabryggju	27 800	
	Gjöld samtals		27 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 800	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	27 800	
4	Sértekjur	5 300	
	Mismunur		**22 500**

06–590 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 10	Fangahjálp	4 800	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	1 000	
1 12	Fangavarðaskóli	2 500	
1 13	Forföll fangavarða	2 600	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 300	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 200	
5	Gjöld samtals		**10 900**

06–591 Fangelsisbyggingar

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			11 500
5 01	Viðhald bygginga	11 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			30 000
6 10	Stofnframkvæmdir	30 000	
	Gjöld samtals		41 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	41 500	
5	Gjöld samtals		**41 500**

06–701 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 100
1 01	Yfirstjórn	35 300	
1 05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2 800	
1 11	Kirkjuráð	900	
1 12	Kirkjuþing	3 900	
1 14	Prestastefna	600	
1 15	Ýmis verkefni	5 600	
	Gjöld samtals		49 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 200	
52–58	Önnur gjöld	16 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	49 100	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**41 500**

06–711 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			313 100
1 10	Prestar og prófastar	313 100	
	Gjöld samtals		313 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	249 100	
52–58	Önnur gjöld	64 000	
5	Gjöld samtals		**313 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–712 Prestssetur			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			44 600
5 01	Viðhald prestssetra	44 600	
Stofnkostnaður:			9 000
6 10	Bygging prestssetra	5 000	
6 11	Kaup eigna á prestssetursjörðum	4 000	
	Gjöld samtals		53 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	53 600	
5	Gjöld samtals		**53 600**
06–721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 800
1 01	Yfirstjórn	10 400	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	6 400	
	Gjöld samtals		16 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	16 800	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**15 500**
06–731 Kristnisjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 300
1 10	Kristnisjóður	18 300	
	Gjöld samtals		18 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 300	
5	Gjöld samtals		**18 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–732	**Kirkjubyggingarsjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 10	Kirkjubyggingarsjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
06–790	**Kirkjumál, ýmis kostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 500
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 200	
Viðhaldsverkefni:			500
5 11	Viðhald húseigna að Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			15 000
6 10	Skálholtsstaður	6 000	
6 11	Hallgrímskirkja	7 000	
6 12	Hóladómkirkja	1 000	
6 13	Snorrastofa	1 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**19 000**
06–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 90	Rekstrarhagræðing	26 100	
	Gjöld samtals		26 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	26 100	
5	Gjöld samtals		**26 100**
	Samtals		5 376 800

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 800
1 01	Yfirstjórn	75 800	
1 90	Sameining sveitarfélaga	4 000	
	Gjöld samtals		79 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 600	
52–58	Önnur gjöld	34 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	200	
5	Gjöld samtals	79 800	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**79 700**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			961 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	961 000	
	Gjöld samtals		961 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	961 000	
5	Gjöld samtals		**961 000**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 200
1 01	Ríkissáttasemjari	22 200	
	Gjöld samtals		22 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 700	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals		**22 200**

07–400 Málefni barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 100
1 90	Málefni barna og ungmenna	142 100	
	Gjöld samtals		142 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	107 800	
52–58	Önnur gjöld	34 300	
5	Gjöld samtals		**142 100**

07–410 Heimili fyrir börn og unglinga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 10	Meðferðarheimili Torfastöðum	14 900	
1 20	Meðferðarheimili barna	17 600	
1 30	Vistheimili Árbót	11 000	
	Gjöld samtals		43 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 500	
5	Gjöld samtals		**43 500**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 600
1 01	Stjórnarnefnd	3 400	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	2 300	
1 05	Kostnaður skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	7 100	
1 20	Vistun geðfatlaðra	37 000	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	17 400	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	11 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 80	Starfsþjálfun	8 600	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
1 99	Liðveisla, réttindagæsla o.fl.	22 700	
	Gjöld samtals		111 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 600	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 800	
5	Gjöld samtals		**111 600**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			214 900
1 01	Svæðisskrifstofa	23 900	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	9 900	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 900	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	11 500	
1 23	Sambýli Njörvasundi 2	14 700	
1 24	Sambýli Giljaseli 7	9 400	
1 25	Sambýli Bröndukvísl 17	10 900	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	12 300	
1 27	Sambýli Þverárseli 28	13 800	
1 28	Sambýli Fannafold 178	9 900	
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	11 000	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	5 700	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 300	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	17 200	
1 77	Vistheimili fyrir börn	6 800	
1 80	Atvinnuleit	2 400	
1 85	Félag heyrnarlausra	1 800	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	11 700	
1 92	Sambýli Tindaseli 1	11 100	
1 93	Sambýli við Holtaveg	17 700	
	Gjöld samtals		214 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 100	
52–58	Önnur gjöld	11 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 900	
5	Gjöld samtals		**214 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			175 200
1 01	Svæðisskrifstofa	16 700	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	10 500	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	10 200	
1 22	Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ	7 100	
1 24	Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ	500	
1 26	Sambýli Hrauntungu 54	11 000	
1 27	Sambýli Lyngmóum 10	10 900	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	21 300	
1 32	Verkstjórn	3 900	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 200	
1 60	Skammtímavistun	14 600	
1 61	Dagvistun Keflavík	7 700	
1 62	Skammtímavistun	14 000	
1 63	Skammtímavistun	4 000	
1 64	Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2	12 500	
1 65	Hæfingarstöð	11 300	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 200	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 400	
1 73	Vistheimili fyrir börn	12 200	
	Gjöld samtals		175 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 500	
52–58	Önnur gjöld	33 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 100	
5	Gjöld samtals	175 200	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**169 000**
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 900
1 01	Svæðisskrifstofa	8 600	
1 20	Sambýli Akranesi	13 900	
1 21	Sambýli Borgarnesi	7 400	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	10 200	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 500	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 60	Dagvistun Akranesi	6 900	
1 61	Skammtímavistun	6 900	
1 80	Atvinnuleit	1 100	
	Gjöld samtals		57 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 900	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	57 900	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**51 300**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 400
1 01	Svæðisskrifstofa	6 400	
1 20	Sambýli Ísafirði	2 200	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	1 100	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	32 700	
	Gjöld samtals		42 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 500	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**42 400**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 900
1 01	Svæðisskrifstofa	9 200	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 600	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 200	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	8 500	
1 23	Sambýli Sauðárkróki	4 700	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 200	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 200	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 100	
1 50	Vistheimili fyrir börn	8 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 61	Dagvist Siglufirði	2 600	
1 70	Sumardvöl	1 800	
1 80	Atvinnuleit	900	
1 90	Verkstjórn	1 300	
	Gjöld samtals		59 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 300	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**59 900**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			248 000
1 01	Svæðisskrifstofa	19 900	
1 20	Sambýli	70 400	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	25 500	
1 31	Verndaður vinnustaður	14 400	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 400	
1 60	Skammtímavistun	3 300	
1 70	Vistheimilið Sólborg	107 200	
1 71	Sumarbúðir í Botni	4 900	
	Gjöld samtals		248 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	189 900	
52–58	Önnur gjöld	55 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 700	
5	Gjöld samtals	248 000	
4	Sértekjur	23 500	
	Mismunur		**224 500**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 300
1 01	Svæðisskrifstofa	8 800	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	8 400	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	6 500	
1 40	Leikfangasafn	2 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	33 500	
1 51	Endurhæfing	1 900	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 100	
1 80	Atvinnuleit	1 900	
	Gjöld samtals		65 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 100	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800	
5	Gjöld samtals	65 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**63 900**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 800
1 01	Svæðisskrifstofa	10 400	
1 20	Sambýli Selfossi	28 100	
1 24	Sambýli Bitru	6 300	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 300	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	7 100	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	7 200	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 400	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 700	
1 50	Vistheimili fyrir börn	13 000	
1 70	Lambhagi	12 000	
1 72	Skaftholt	6 300	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	6 500	
1 80	Atvinnuleit	1 500	
	Gjöld samtals		117 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 500	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 700	
5	Gjöld samtals	117 800	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**111 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 800
1 70	Heimili einhverfra	48 800	
	Gjöld samtals		48 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 200	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals		**48 800**
07–711 Styrktarfélag vangefinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			207 400
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	6 200	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	8 100	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	7 600	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	8 300	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	6 900	
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 100	
1 26	Sambýli Blesugróf 29	7 500	
1 27	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	5 000	
1 30	Vinnustofan Ás	24 000	
1 60	Dagvistun Lækjarási	27 000	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	31 500	
1 62	Dagvistun Lyngási	43 400	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	14 700	
1 64	Skammtímavistun Þykkvabæ 1	11 100	
	Gjöld samtals		207 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 800	
52–58	Önnur gjöld	54 600	
5	Gjöld samtals	207 400	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**194 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 200
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	36 200	
	Gjöld samtals		36 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 600	
52–58	Önnur gjöld	10 600	
5	Gjöld samtals		**36 200**
07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 000
1 70	Vistheimilið Skálatúni	109 000	
	Gjöld samtals		109 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 200	
52–58	Önnur gjöld	28 800	
5	Gjöld samtals	109 000	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**108 000**
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 800
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	86 800	
	Gjöld samtals		86 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	86 800	
5	Gjöld samtals		**86 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 400
1 01	Yfirstjórn	67 400	
	Gjöld samtals		67 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 300	
52–58	Önnur gjöld	17 100	
5	Gjöld samtals	67 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**66 300**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			350 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	350 000	
	Gjöld samtals		350 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 000	
52–58	Önnur gjöld	348 000	
5	Gjöld samtals		**350 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 350 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 350 000	
	Gjöld samtals		1 350 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 350 000	
5	Gjöld samtals		**1 350 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 90	Rekstrarhagræðing	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 900	
5	Gjöld samtals		**8 900**
07-951 Brunamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 100
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	58 100	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		61 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	40 300	
5	Gjöld samtals	61 600	
4	Sértekjur	68 100	
	Mismunur		**–6 500**
07-953 Jafnréttisráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 700
1 01	Jafnréttisráð	21 400	
1 10	Sérstök verkefni	1 300	
	Gjöld samtals		22 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	22 700	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**21 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–954 Vinnueftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			149 800
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	149 800	
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Tæki og búnaður	11 000	
	Gjöld samtals		160 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 800	
52–58	Önnur gjöld	65 000	
5	Gjöld samtals	160 800	
4	Sértekjur	29 100	
	Mismunur		**131 700**
07–981 Vinnumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 200
1 10	Félagsdómur	3 500	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	23 000	
	Gjöld samtals		42 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 500	
5	Gjöld samtals		**42 200**
07–982 Ríkisábyrgð á orlofslaunum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 10	Ríkisábyrgð á orlofslaunum	20 000	
	Gjöld samtals		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 900
1 10	Félagsmálaskóli alþýðu	18 900	
	Gjöld samtals		18 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 900	
5	Gjöld samtals		**18 900**

07-998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			197 000
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11 000	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60 600	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 700	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 700	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	48 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	14 000	
1 41	Stígamót	6 200	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 51	Ár fjölskyldunnar	3 000	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 500	
1 90	Ýmis framlög	8 200	
	Gjöld samtals		197 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	183 000	
5	Gjöld samtals		**197 000**
	Samtals		4 977 100

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 400
1 01	Yfirstjórn	111 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		112 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 600	
52–58	Önnur gjöld	44 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	112 400	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**108 200**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 059 500
1 01	Yfirstjórn	584 500	
1 10	Lífeyristryggingar	15 190 000	
1 20	Sjúkratryggingar	9 730 000	
1 30	Slysatryggingar	555 000	
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 01	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	23 000	
	Gjöld samtals		26 084 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	296 600	
52–58	Önnur gjöld	313 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 475 000	
5	Gjöld samtals	26 084 800	
4	Sértekjur	190 600	
	Mismunur		**25 894 200**

08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 964 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	1 964 000	
	Gjöld samtals		1 964 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 964 000	
5	Gjöld samtals		**1 964 000**

08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			128 000
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	128 000	
	Gjöld samtals		128 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 000	
5	Gjöld samtals		**128 000**

08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 700
1 01	Yfirstjórn	33 100	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		35 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 600	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals		**35 700**
08–311 Héraðslæknir í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 900
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	16 900	
	Gjöld samtals		16 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**16 900**
08–315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 600
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6 600	
	Gjöld samtals		6 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 400	
52–58	Önnur gjöld	2 200	
5	Gjöld samtals		**6 600**
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 01	Tryggingaeftirlitið	26 100	
	Gjöld samtals		26 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	26 100	
4	Sértekjur	31 300	
	Mismunur		**–5 200**

08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	90 100	
	Gjöld samtals		90 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	16 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	42 000	
5	Gjöld samtals	90 100	
4	Sértekjur	18 500	
	Mismunur		**71 600**

08–325 Hollustuvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 800
1 01	Hollustuvernd ríkisins	27 600	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	13 000	
1 03	Rannsóknastofa	25 000	
1 04	Mengunarvarnaeftirlit	19 300	
1 05	Eiturefnaeftirlit	5 900	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		92 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 600	
52–58	Önnur gjöld	28 200	
5	Gjöld samtals	92 800	
4	Sértekjur	15 200	
	Mismunur		**77 600**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 01	Sjónstöð Íslands	37 800	
	Gjöld samtals		37 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 100	
5	Gjöld samtals	37 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**37 600**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 01	Geislavarnir ríkisins	21 300	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		22 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 600	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals	22 800	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**16 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340	**Málefni fatlaðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 100	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	5 400	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 700	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	8 600	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 000	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
Stofnkostnaður:			20 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	20 000	
	Gjöld samtals		65 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	65 600	
5	Gjöld samtals		**65 600**
08–350	**Sjúkrahúsið Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			454 700
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	454 700	
	Gjöld samtals		454 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	323 300	
52–58	Önnur gjöld	131 400	
5	Gjöld samtals	454 700	
4	Sértekjur	35 000	
	Mismunur		**419 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 900
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	75 900	
	Gjöld samtals		75 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 400	
52–58	Önnur gjöld	25 500	
5	Gjöld samtals	75 900	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**73 000**
08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 700
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	196 700	
	Gjöld samtals		196 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 200	
52–58	Önnur gjöld	63 500	
5	Gjöld samtals	196 700	
4	Sértekjur	24 700	
	Mismunur		**172 000**
08–355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 800
1 01	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	122 800	
	Gjöld samtals		122 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	93 300	
52–58	Önnur gjöld	29 500	
5	Gjöld samtals	122 800	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**115 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			282 600
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	282 600	
	Gjöld samtals		282 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	207 400	
52–58	Önnur gjöld	75 200	
5	Gjöld samtals	282 600	
4	Sértekjur	18 000	
	Mismunur		**264 600**
08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 000
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	133 000	
	Gjöld samtals		133 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 500	
52–58	Önnur gjöld	43 500	
5	Gjöld samtals	133 000	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**125 600**
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 132 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 132 000	
Viðhaldsverkefni:			15 800
5 01	Fasteign	15 800	
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	20 000	
	Gjöld samtals		1 177 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	767 200	
52–58	Önnur gjöld	410 600	
5	Gjöld samtals	1 177 800	
4	Sértekjur	131 700	
	Mismunur		**1 046 100**

08–359 Sjúkrahúsið Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			252 800
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	252 800	
	Gjöld samtals		252 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 000	
52–58	Önnur gjöld	75 800	
5	Gjöld samtals	252 800	
4	Sértekjur	24 600	
	Mismunur		**228 200**

08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 400
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	91 400	
	Gjöld samtals		91 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 700	
52–58	Önnur gjöld	30 700	
5	Gjöld samtals	91 400	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**87 100**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 800
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	174 800	
	Gjöld samtals		174 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 000	
52–58	Önnur gjöld	47 800	
5	Gjöld samtals	174 800	
4	Sértekjur	16 400	
	Mismunur		**158 400**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 300
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	101 300	
	Gjöld samtals		101 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 000	
52–58	Önnur gjöld	29 300	
5	Gjöld samtals	101 300	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**97 200**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 800
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	242 800	
	Gjöld samtals		242 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 600	
52–58	Önnur gjöld	68 200	
5	Gjöld samtals	242 800	
4	Sértekjur	28 200	
	Mismunur		**214 600**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			189 600
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	189 600	
	Gjöld samtals		189 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 600	
52–58	Önnur gjöld	57 000	
5	Gjöld samtals	189 600	
4	Sértekjur	19 600	
	Mismunur		**170 000**

08–367 Sjúkrahúsið Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			255 900
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	224 900	
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	31 000	
	Gjöld samtals		255 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	179 500	
52–58	Önnur gjöld	76 400	
5	Gjöld samtals	255 900	
4	Sértekjur	48 600	
	Mismunur		**207 300**

08–368 Sólvangur, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 400
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	223 400	
	Gjöld samtals		223 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	175 000	
52–58	Önnur gjöld	48 400	
5	Gjöld samtals	223 400	
4	Sértekjur	5 900	
	Mismunur		**217 500**

08–370 Sjúkrahús í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			163 900
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	163 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			100 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	100 000	
	Gjöld samtals		263 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 400	
52–58	Önnur gjöld	136 500	
5	Gjöld samtals	263 900	
4	Sértekjur	95 000	
	Mismunur		**168 900**

08–371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 627 400
1 01	Ríkisspítalar	6 627 400	
Viðhaldsverkefni:			79 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	79 000	
Stofnkostnaður:			269 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	95 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	174 000	
	Gjöld samtals		6 975 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 300 700	
52–58	Önnur gjöld	2 674 700	
5	Gjöld samtals	6 975 400	
4	Sértekjur	793 400	
	Mismunur		**6 182 000**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 139 200
1 01	Borgarspítalinn	3 139 200	
Viðhaldsverkefni:			45 000
5 01	Fasteign	45 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		3 204 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 114 000	
52–58	Önnur gjöld	1 090 200	
5	Gjöld samtals	3 204 200	
4	Sértekjur	460 200	
	Mismunur		**2 744 000**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 062 400
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	1 062 400	
Viðhaldsverkefni:			6 600
5 01	Viðhald	6 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		1 079 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	699 600	
52–58	Önnur gjöld	379 400	
5	Gjöld samtals	1 079 000	
4	Sértekjur	163 700	
	Mismunur		**915 300**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			27 400
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	27 400	
Stofnkostnaður:			285 200
6 60	Tækjakaup, óskipt	15 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	255 000	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	15 200	
	Gjöld samtals		312 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	255 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 200	
5	Gjöld samtals		**312 600**
08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			160 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	160 000	
Stofnkostnaður:			265 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	265 000	
	Gjöld samtals		425 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	425 000	
5	Gjöld samtals		**425 000**
08–393 Lyfjamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 31	Lyfsölusjóður	900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	3 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	6 300	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**5 400**

08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 400
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	11 400	
	Gjöld samtals		11 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 400	
4	Sértekjur	13 300	
	Mismunur		**−1 900**

08–396 Lyfjanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 600
1 01	Lyfjanefnd	14 600	
	Gjöld samtals		14 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	14 600	
4	Sértekjur	17 600	
	Mismunur		**−3 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			210 100
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	9 800	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	85 600	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 700	
1 37	Hjartavernd	8 200	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	46 400	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 200	
1 60	Ljósmæðralaun	800	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 200	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 200	
	Gjöld samtals		210 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	44 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	157 600	
5	Gjöld samtals	210 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**210 000**
08–400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			236 300
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	236 300	
	Gjöld samtals		236 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	166 400	
52–58	Önnur gjöld	69 900	
5	Gjöld samtals	236 300	
4	Sértekjur	42 700	
	Mismunur		**193 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–401	**St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 700
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	106 700	
	Gjöld samtals		106 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 100	
52–58	Önnur gjöld	32 600	
5	Gjöld samtals	106 700	
4	Sértekjur	7 500	
	Mismunur		**99 200**
08–402	**Sjúkrahús Hvammstanga**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 300
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	90 300	
	Gjöld samtals		90 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 900	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
5	Gjöld samtals	90 300	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**87 600**
08–403	**Sjúkrahús Bolungarvíkur**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 000
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	43 000	
	Gjöld samtals		43 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 900	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	43 000	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**42 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–404	**Sjúkraskýlið Hólmavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	25 800	
	Gjöld samtals		25 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 800	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	25 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**25 400**
08–405	**Sjúkraskýlið Þingeyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**12 100**
08–406	**Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**11 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**26 100**
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 700
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	125 700	
	Gjöld samtals		125 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 400	
52–58	Önnur gjöld	34 300	
5	Gjöld samtals	125 700	
4	Sértekjur	7 900	
	Mismunur		**117 800**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			275 300
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	275 300	
	Gjöld samtals		275 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	184 400	
52–58	Önnur gjöld	90 900	
5	Gjöld samtals	275 300	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**270 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 300
1 01	Garðvangur, Garði	97 300	
	Gjöld samtals		97 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 000	
52–58	Önnur gjöld	29 300	
5	Gjöld samtals	97 300	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**96 000**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 300
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	177 300	
	Gjöld samtals		177 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 500	
52–58	Önnur gjöld	76 800	
5	Gjöld samtals	177 300	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**170 100**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 300
1 01	Víðines	76 300	
	Gjöld samtals		76 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 700	
52–58	Önnur gjöld	36 600	
5	Gjöld samtals	76 300	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**75 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 300
1 01	Hlaðgerðarkot	40 300	
	Gjöld samtals		40 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	19 100	
5	Gjöld samtals		**40 300**
08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 400
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	192 400	
	Gjöld samtals		192 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	138 300	
52–58	Önnur gjöld	54 100	
5	Gjöld samtals	192 400	
4	Sértekjur	24 200	
	Mismunur		**168 200**
08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 000
1 01	Endurhæfingardeild	181 000	
	Gjöld samtals		181 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 500	
52–58	Önnur gjöld	56 500	
5	Gjöld samtals		**181 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 400
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	71 400	
	Gjöld samtals		71 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	19 900	
5	Gjöld samtals		**71 400**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 600
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	88 600	
Viðhaldsverkefni:			29 500
5 01	Viðhald, óskipt	29 500	
Stofnkostnaður:			47 300
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 20	Tæki og búnaður, Reykjavík	30 000	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		165 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 200	
52–58	Önnur gjöld	96 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 400	
5	Gjöld samtals		**165 400**
08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			287 400
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	287 400	
	Gjöld samtals		287 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	213 300	
52–58	Önnur gjöld	71 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals	287 400	
4	Sértekjur	15 900	
	Mismunur		**271 500**

08–511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 300
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	32 400	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	20 900	
	Gjöld samtals		53 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 600	
52–58	Önnur gjöld	20 700	
5	Gjöld samtals	53 300	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**45 000**

08–512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	37 000	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	33 000	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	19 400	
5	Gjöld samtals	70 000	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**57 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 600
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	23 600	
	Gjöld samtals		23 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	23 600	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**19 900**
08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 800
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	21 700	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	34 100	
	Gjöld samtals		55 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 000	
52–58	Önnur gjöld	12 800	
5	Gjöld samtals	55 800	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**48 200**
08–515 Heilsugæslustöðin Álftamýri í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 200
1 01	Heilsugæslustöðin Álftamýri	37 200	
	Gjöld samtals		37 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	37 200	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**30 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 000
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	31 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	31 000	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**27 800**
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 300
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	29 300	
	Gjöld samtals		29 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals	29 300	
4	Sértekjur	9 100	
	Mismunur		**20 200**
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 600	
	Gjöld samtals		15 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 200	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	15 600	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**13 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	22 100	
	Gjöld samtals		22 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 800	
52–58	Önnur gjöld	8 300	
5	Gjöld samtals	22 100	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**14 700**
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	11 000	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**8 700**
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 300
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	18 300	
	Gjöld samtals		18 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 900	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	18 300	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**16 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 500
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 500	
	Gjöld samtals		21 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	21 500	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**15 800**
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 300	
	Gjöld samtals		42 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 400	
52–58	Önnur gjöld	17 900	
5	Gjöld samtals	42 300	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**37 100**
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 800
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	7 800	
	Gjöld samtals		7 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	7 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**7 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**8 100**
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 700
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	10 700	
	Gjöld samtals		10 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	10 700	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**8 700**
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 700
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	10 700	
	Gjöld samtals		10 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	10 700	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**9 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 600
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	13 600	
	Gjöld samtals		13 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	13 600	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**8 900**
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	22 000	
	Gjöld samtals		22 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 800	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals	22 000	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**16 600**
08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 600
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	26 600	
	Gjöld samtals		26 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 200	
52–58	Önnur gjöld	9 400	
5	Gjöld samtals	26 600	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**22 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	13 700	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**12 000**
08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	11 500	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**9 900**
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	17 500	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	17 500	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**13 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 000
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	136 000	
	Gjöld samtals		136 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	79 400	
52–58	Önnur gjöld	56 600	
5	Gjöld samtals	136 000	
4	Sértekjur	29 600	
	Mismunur		**106 400**
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 100
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	29 100	
	Gjöld samtals		29 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 100	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals	29 100	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**25 700**
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 700
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 700	
	Gjöld samtals		8 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	8 700	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**7 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	9 800	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**8 700**
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**10 400**
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 400
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	14 400	
	Gjöld samtals		14 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals	14 400	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**12 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 000
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	36 000	
	Gjöld samtals		36 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals	36 000	
4	Sértekjur	11 700	
	Mismunur		**24 300**
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	9 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 800**
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 600
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	14 600	
	Gjöld samtals		14 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	14 600	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**10 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 300
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	20 300	
	Gjöld samtals		20 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	20 300	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**17 100**
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 700	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**10 000**
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 700
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	13 700	
	Gjöld samtals		13 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals	13 700	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**12 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–568	**Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 100
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	22 100	
	Gjöld samtals		22 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	22 100	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**17 700**
08–571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**8 700**
08–572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 200
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	9 200	
	Gjöld samtals		9 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	9 500	
	Mismunur		**18 900**
08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	10 500	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**8 400**
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	11 700	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 700	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**8 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 700
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	17 700	
	Gjöld samtals		17 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	17 700	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**13 400**
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 500
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	32 500	
	Gjöld samtals		32 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	32 500	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**24 800**
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 300
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	9 300	
	Gjöld samtals		9 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 200	
5	Gjöld samtals	9 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**8 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**9 000**
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 200
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	98 200	
	Gjöld samtals		98 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 500	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
5	Gjöld samtals	98 200	
4	Sértekjur	17 400	
	Mismunur		**80 800**
08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 100
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	92 100	
	Gjöld samtals		92 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 100	
52–58	Önnur gjöld	44 000	
5	Gjöld samtals	92 100	
4	Sértekjur	17 600	
	Mismunur		**74 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	29 200	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 400	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	29 200	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**24 400**
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	63 600	
	Gjöld samtals		63 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 400	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals	63 600	
4	Sértekjur	14 500	
	Mismunur		**49 100**
08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 200
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	53 200	
	Gjöld samtals		53 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 100	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals	53 200	
4	Sértekjur	10 200	
	Mismunur		**43 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 800
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	23 800	
	Gjöld samtals		23 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 400	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	23 800	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**18 600**
08–601 Ljósmæðraskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 400	
	Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**2 400**
08–621 Áfengisvarnir og bindindismál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 500
1 10	Áfengisvarnaráð	8 500	
1 90	Annað	26 000	
	Gjöld samtals		34 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 700	
5	Gjöld samtals		**34 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 100
1 90	Rekstrarhagræðing	104 100	
	Gjöld samtals		104 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	104 100	
5	Gjöld samtals		**104 100**
08–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		46 432 500

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			258 600
1 01	Yfirstjórn	258 600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		261 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	171 500	
52–58	Önnur gjöld	90 100	
5	Gjöld samtals	261 600	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**260 000**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 300
1 01	Ríkisbókhald	89 300	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		91 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 100	
52–58	Önnur gjöld	24 700	
5	Gjöld samtals	91 800	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**90 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 01	Ríkisfjárhirsla	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals		**30 000**
09–105 Ríkislögmaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 700
1 01	Ríkislögmaður	20 700	
	Gjöld samtals		20 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 800	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	20 700	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**19 500**
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			316 000
1 01	Yfirstjórn	203 400	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	112 600	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
	Gjöld samtals		329 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 100	
52–58	Önnur gjöld	166 900	
5	Gjöld samtals		**329 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			159 000
1 01	Skattstofan í Reykjavík	159 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		169 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 500	
52–58	Önnur gjöld	40 500	
5	Gjöld samtals		**169 000**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 700
1 01	Skattstofa Vesturlands	26 700	
	Gjöld samtals		26 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	26 700	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**26 400**
09–204 Skattstofa Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 300
1 01	Skattstofa Vestfjarða	19 300	
	Gjöld samtals		19 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 600	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	19 300	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**18 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–205	**Skattstofa Norðurlands vestra**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		19 200
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	19 200	
	Gjöld samtals		19 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	19 200	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**18 900**
09–206	**Skattstofa Norðurlands eystra**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		46 700
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	46 700	
	Gjöld samtals		46 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	38 600	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	46 700	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**46 200**
09–207	**Skattstofa Austurlands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		22 700
1 01	Skattstofa Austurlands	22 700	
	Gjöld samtals		22 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	17 600	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	22 700	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**22 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–208 Skattstofa Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 700
1 01	Skattstofa Suðurlands	28 700	
	Gjöld samtals		28 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	28 700	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**27 800**
09–209 Skattstofa Vestmannaeyja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	10 900	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	10 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**10 800**
09–211 Skattstofa Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 200
1 01	Skattstofa Reykjaness	80 200	
	Gjöld samtals		80 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 700	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals	80 200	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**79 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 000
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	5 000	
1 10	Skatteftirlit	40 000	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
	Gjöld samtals		58 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 000	
52–58	Önnur gjöld	32 000	
5	Gjöld samtals		**58 000**
09–214 Yfirskattanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 200
1 01	Yfirskattanefnd	36 200	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		37 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 900	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals		**37 200**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			169 000
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	122 000	
1 02	Gjaldheimta Suðurnesja	14 000	
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	22 500	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 000	
1 30	Þungaskattsálagning með ökumælum	5 500	
	Gjöld samtals		169 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 400	
52–58	Önnur gjöld	159 600	
5	Gjöld samtals		**169 000**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			93 700
1 01	Ríkistollstjóri	93 700	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		99 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	45 600	
5	Gjöld samtals	99 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**98 700**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			259 700
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	155 000	
1 10	Tollgæsla	104 700	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		263 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 300	
52–58	Önnur gjöld	77 900	
5	Gjöld samtals	263 200	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**254 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–381	**Uppbætur á lífeyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			875 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	875 000	
	Gjöld samtals		875 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	875 000	
5	Gjöld samtals		**875 000**
09–402	**Fasteignamat ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Fasteignamat ríkisins	8 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 01	Tæki og búnaður	26 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	34 000	
5	Gjöld samtals		**34 000**
09–481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			700 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	400 000	
6 90	Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	300 000	
	Gjöld samtals		700 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	400 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	300 000	
5	Gjöld samtals		**700 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 200 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	10 200 000	
	Gjöld samtals		10 200 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 200 000	
5	Gjöld samtals		**10 200 000**
09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	34 900	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		35 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	35 900	
4	Sértekjur	31 700	
	Mismunur		**4 200**
09–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 90	Rekstrarhagræðing	15 800	
	Gjöld samtals		15 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals		**15 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–971	**Ríkisábyrgðir og tjónabætur**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			370 000
6 01	Ríkisábyrgðir	320 000	
6 10	Tjónabætur	50 000	
	Gjöld samtals		370 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	50 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	320 000	
5	Gjöld samtals		**370 000**
09–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			5 600
5 01	Arnarhvoll, viðhald	5 600	
Stofnkostnaður:			95 000
6 05	Stjórnarráðshúsnæði	10 000	
6 22	Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun	5 000	
6 40	Tollhúsið við Tryggvagötu	55 000	
6 50	Sölvhólsgata 7	10 000	
6 60	Sölvhóll	7 000	
6 80	Listaskóli	8 000	
	Gjöld samtals		100 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	100 600	
5	Gjöld samtals		**100 600**
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 90	Launabætur	20 000	
Stofnkostnaður:			35 000
6 01	Stofnkostnaður	35 000	
	Gjöld samtals		55 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
52–58	Önnur gjöld	35 000	
5	Gjöld samtals		**55 000**

09–990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			240 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100 000	
1 90	Markaðsátak í löndum EES	100 000	
1 91	Kostnaður við framkvæmd EES-samninga	40 000	
	Gjöld samtals		240 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	40 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**240 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			360 000
1 01	Launagreiðslukerfi	60 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	62 000	
1 03	Skattvinnslukerfi	112 500	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	46 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	12 500	
1 06	Forsendukerfi innheimtugagna	13 500	
1 90	Sívinnsla notenda	53 500	
Stofnkostnaður:			88 000
6 01	Hugbúnaðargerð vegna launagreiðslukerfis	5 000	
6 02	Hugbúnaðargerð vegna tekjubókhaldskerfa	33 000	
6 03	Hugbúnaðargerð vegna skattvinnslukerfa	46 000	
6 04	Hugbúnaðargerð vegna fjárhagskerfa	4 000	
	Gjöld samtals		448 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	448 000	
5	Gjöld samtals		**448 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–998	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
09–999	**Ýmislegt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			419 600
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	71 400	
1 13	Kjarasamningar	18 400	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	20 000	
1 15	Kjararannsóknir	5 400	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	13 900	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	80 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	151 400	
1 45	Ýmsar nefndir	3 100	
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 600	
1 60	Dómkröfur	16 400	
1 90	Óviss útgjöld	18 000	
Stofnkostnaður:			20 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		439 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	155 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	253 000	
5	Gjöld samtals		**439 600**
	Samtals		15 255 000

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 500
1 01	Yfirstjórn	60 500	
	Gjöld samtals		60 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	29 200	
5	Gjöld samtals		**60 500**
10–190 Ýmis kostnaður ráðuneytis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 300
1 11	Skipulagsnefnd fólksflutninga	3 400	
1 12	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	26 400	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	3 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 200	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	31 500	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 200	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	6 000	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	1 000	
1 31	Flugbjörgunarsveitir	2 000	
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	2 100	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	1 200	
1 34	Flugskóli Íslands	10 000	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Ráðstefna um öryggi fiskiskipa	1 300	
	Gjöld samtals		108 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	39 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	54 900	
5	Gjöld samtals		**108 300**

10–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

10–211 Vegagerð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			269 000
1 01	Yfirstjórn	269 000	
Viðhaldsverkefni:			2 396 000
5 05	Þjónustuviðhald	1 357 000	
5 10	Stofnviðhald	1 039 000	
Stofnkostnaður:			4 851 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 260 000	
6 11	Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	1 800 000	
6 30	Fjallvegir	54 000	
6 40	Tilraunir	28 000	
6 51	Sýsluvegir	155 000	
6 52	Þéttbýlisvegir	224 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	330 000	
	Gjöld samtals		7 516 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 000	
52–58	Önnur gjöld	6 802 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	224 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	330 000	
5	Gjöld samtals		**7 516 000**

10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 400
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	79 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		82 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 300	
52–58	Önnur gjöld	27 100	
5	Gjöld samtals	82 400	
4	Sértekjur	47 400	
	Mismunur		**35 000**

10–332 Vitastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 300
1 10	Rekstur vita	110 300	
1 20	Sjómerki	3 000	
Stofnkostnaður:			19 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		132 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 200	
52–58	Önnur gjöld	64 600	
5	Gjöld samtals	132 800	
4	Sértekjur	19 100	
	Mismunur		**113 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 200
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	28 200	
Stofnkostnaður:			943 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur	10 000	
6 30	Hafnamannvirki	809 000	
6 32	Lendingarbætur	5 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	25 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		971 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	32 200	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	849 000	
5	Gjöld samtals	971 200	
4	Sértekjur	128 000	
	Mismunur		**843 200**
10–341 Siglingamálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 300
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	112 000	
1 03	Sérstök verkefni	5 000	
1 04	Mengunarvarnasvið	10 300	
Stofnkostnaður:			13 700
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 10	Mengunarvarnabúnaður	10 700	
	Gjöld samtals		141 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 100	
52–58	Önnur gjöld	62 900	
5	Gjöld samtals	141 000	
4	Sértekjur	38 100	
	Mismunur		**102 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 200
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	7 200	
	Gjöld samtals		7 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 200	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**7 200**
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 155 800
1 01	Flugmálastjórn	848 700	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	307 100	
Stofnkostnaður:			393 000
6 70	Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli	57 700	
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	335 300	
	Gjöld samtals		1 548 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	792 600	
52–58	Önnur gjöld	698 500	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	57 700	
5	Gjöld samtals	1 548 800	
4	Sértekjur	1 026 000	
	Mismunur		**522 800**
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Ferðamálaráð	15 600	
Stofnkostnaður:			68 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		83 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
5	Gjöld samtals	83 600	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**82 600**

10–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 90	Rekstrarhagræðing	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 400	
5	Gjöld samtals		**10 400**
	Samtals		9 406 600

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 900
1 01	Yfirstjórn	42 900	
	Gjöld samtals		42 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 200	
52–58	Önnur gjöld	16 700	
5	Gjöld samtals		**42 900**
11–102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 600
1 01	Einkaleyfastofan	24 600	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		26 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
5	Gjöld samtals	26 100	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**–500**
11–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

11–201 Iðntæknistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 200
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	251 600	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	11 600	
Stofnkostnaður:			7 300
6 01	Tæki og búnaður	7 300	
	Gjöld samtals		270 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 200	
52–58	Önnur gjöld	122 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 500	
5	Gjöld samtals	270 500	
4	Sértekjur	173 700	
	Mismunur		**96 800**

11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 300
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	130 300	
Stofnkostnaður:			6 800
6 01	Tæki og búnaður	6 800	
	Gjöld samtals		137 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 000	
52–58	Önnur gjöld	49 100	
5	Gjöld samtals	137 100	
4	Sértekjur	87 200	
	Mismunur		**49 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–240 Iðnaðarrannsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 800
1 01	Iðnaðarrannsóknir	16 800	
	Gjöld samtals		16 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	16 800	
5	Gjöld samtals		**16 800**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 100
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 800	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	14 100	
1 16	Verkstjórnarfræðsla	1 500	
1 17	Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar	1 100	
1 30	Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf	9 400	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	10 900	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	8 300	
	Gjöld samtals		55 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	18 200	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	1 500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	23 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**55 100**
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			380 800
1 01	Orkustofnun	338 800	
1 92	Átak í vatnsorkurannsóknum	19 400	
1 95	Umhverfisáhrif jarðhita	8 200	
1 96	Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu	14 400	
Stofnkostnaður:			7 700
6 01	Tæki og búnaður	7 700	
	Gjöld samtals		388 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 300	
52–58	Önnur gjöld	185 200	
5	Gjöld samtals	388 500	
4	Sértekjur	170 200	
	Mismunur		**218 300**

11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 800
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	79 800	
	Gjöld samtals		79 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 100	
52–58	Önnur gjöld	27 700	
5	Gjöld samtals	79 800	
4	Sértekjur	11 800	
	Mismunur		**68 000**

11–371 Orkusjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 600
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 100	
1 23	Notendur utan samveitna	1 500	
Stofnkostnaður:			62 100
6 14	Lánagreiðslur, framlög	38 400	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	5 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	18 700	
	Gjöld samtals		65 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	64 200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 500	
5	Gjöld samtals		**65 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			441 000
1 13	Hafsbotnsrannsóknir	4 000	
1 14	Niðurgreiðsla á húshitun	80 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	347 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		441 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	4 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	427 000	
5	Gjöld samtals		**441 000**
11–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 700
1 90	Rekstrarhagræðing	5 700	
	Gjöld samtals		5 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals		**5 700**
	Samtals		1 067 700

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 500
1 01	Yfirstjórn	66 500	
	Gjöld samtals		66 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	31 800	
5	Gjöld samtals	66 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**65 800**
12–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
12–301 Löggildingarstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 400
1 01	Löggildingarstofan	45 400	
Stofnkostnaður:			7 500
6 01	Tæki og búnaður	7 500	
	Gjöld samtals		52 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 000	
52–58	Önnur gjöld	26 900	
5	Gjöld samtals	52 900	
4	Sértekjur	39 900	
	Mismunur		**13 000**

12–902 Verðlagsstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 700
1 01	Verðlagsstofnun	66 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		68 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 300	
52–58	Önnur gjöld	21 400	
5	Gjöld samtals		**68 700**

12–903 Skráning hlutafélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 800
1 01	Skráning hlutafélaga	11 800	
	Gjöld samtals		11 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 500	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals		**11 800**

12–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100
1 90	Rekstrarhagræðing	1 100	
	Gjöld samtals		1 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**1 100**

12–999 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 10	Neytendasamtökin	3 000	
1 11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	2 000	
1 20	Icepro-nefnd	2 100	
1 30	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	400	
	Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 500	
5	Gjöld samtals		**7 500**
	Samtals		170 900

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 500
1 01	Yfirstjórn	109 300	
1 02	Sérstakar kannanir	4 900	
1 03	Manntal 1991	4 300	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		124 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 900	
52–58	Önnur gjöld	56 100	
5	Gjöld samtals	124 000	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**115 800**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 800
1 01	Þjóðskráin	64 800	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		67 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 300	
52–58	Önnur gjöld	43 500	
5	Gjöld samtals	67 800	
4	Sértekjur	41 200	
	Mismunur		**26 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 200
1 90	Rekstrarhagræðing	1 200	
	Gjöld samtals		1 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 200	
5	Gjöld samtals		**1 200**
	Samtals		143 600

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 100
1 01	Yfirstjórn	50 100	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		52 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 200	
52–58	Önnur gjöld	24 400	
5	Gjöld samtals		**52 600**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	2 000	
1 20	Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	3 600	
1 21	Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	2 500	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	2 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	5 000	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 500	
1 25	Umhverfismerkingar	2 500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	4 000	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	3 500	
1 28	Átak í sorphirðumálum	10 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 800	
1 30	Alþjóðasamstarf	4 000	
1 32	Byggingastaðlaráð	2 000	
1 33	Mývatnsrannsóknir	4 000	
1 34	Rannsóknir á lífnaðarháttum æðarfugls	3 500	
1 35	Eftirlit með jurta- og dýraríki á norðurslóðum	4 000	
1 37	Gróðurkortagerð	2 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 38	Skráning skipsflaka og gamalla urðunarstaða	1 500	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	4 600	
	Stofnkostnaður:		3 000
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	3 000	
	Gjöld samtals		73 000
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	64 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 600	
5	Gjöld samtals		**73 000**

14–199 Ráðstöfunarfé

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		3 700
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

14–201 Náttúruverndarráð

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		56 300
1 01	Yfirstjórn	24 400	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	27 700	
1 40	Rannsóknastöð við Mývatn	4 200	
	Viðhaldsverkefni:		2 200
5 01	Viðhaldsfé	2 200	
	Stofnkostnaður:		5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		64 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 500	
52–58	Önnur gjöld	33 500	
5	Gjöld samtals	64 000	
4	Sértekjur	21 300	
	Mismunur		**42 700**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 600
1 01	Veiðistjóri	36 600	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		38 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	22 300	
5	Gjöld samtals	38 100	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**34 500**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 000
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	100 000	
1 10	Landfræðilegt upplýsingakerfi	8 000	
	Gjöld samtals		108 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	50 300	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	30 400	
5	Gjöld samtals	108 000	
4	Sértekjur	77 700	
	Mismunur		**30 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14-310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 600
1 01	Landmælingar Íslands	97 400	
1 10	Stafræn kortagerð	10 200	
Stofnkostnaður:			33 000
6 90	Tæki til stafrænnar kortagerðar	33 000	
	Gjöld samtals		140 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52-58	Önnur gjöld	94 600	
5	Gjöld samtals	140 600	
4	Sértekjur	47 900	
	Mismunur		**92 700**
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 300
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	44 300	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		47 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 100	
52-58	Önnur gjöld	14 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 100	
5	Gjöld samtals	47 800	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**46 700**
14-410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			272 700
1 01	Almenn starfsemi	207 300	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	65 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Tæki og búnaður	11 000	
	Gjöld samtals		283 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 700	
52–58	Önnur gjöld	97 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 700	
5	Gjöld samtals	283 700	
4	Sértekjur	83 100	
	Mismunur		**200 600**

14–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 400
1 90	Rekstrarhagræðing	4 400	
	Gjöld samtals		4 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals		**4 400**
	Samtals		581 200

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1993 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	241 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	954 000	
5,8	Gjöld samtals	1 230 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 499 000	
48	Fjármunatekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	1 530 000	
	Mismunur		300 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	60 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	300 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	36 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	5 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 600	
571	Fjármagnskostnaður	2 600	
51–57	Viðhald	6 900	
593	Afskriftir	500	
5,8	Gjöld samtals	139 100	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	142 000	
48	Fjármunatekjur	6 300	
4,7	Tekjur samtals	148 300	
	Mismunur		9 200
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	5 000	
39	Fært á höfuðstól	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	9 200	
22-211	**Háskólabíó**		
51	Laun	39 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld	38 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 100	
571	Fjármagnskostnaður	49 700	
51–57	Viðhald	18 400	
593	Afskriftir	34 400	
5,8	Gjöld samtals	268 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	204 900	
48	Fjármunatekjur	20 400	
49	Aðrar tekjur	25 600	
4,7	Tekjur samtals	250 900	
	Mismunur		–17 100

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	10 200	
26	Afborgun lána	27 900	
39	Fært á höfuðstól	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	34 400	
26	Tekin lán	22 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–17 100	
22–233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	115 000	
5,8	Gjöld samtals	115 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	115 000	
4,7	Tekjur samtals	115 000	
22–235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	142 000	
5,8	Gjöld samtals	142 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	115 000	
4,7	Tekjur samtals	142 000	
22–276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 100	
59	Yfirfærslur	52 500	
5,8	Gjöld samtals	54 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	60 000	
4,7	Tekjur samtals	60 000	
	Mismunur		5 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 400	

		þús.kr.	þús.kr.
22–679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 500	
593	Afskriftir	700	
5,8	Gjöld samtals	8 100	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 200	
4,7	Tekjur samtals	10 200	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 000	
39	Fært á höfuðstól	1 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	40 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	33 000	
571	Fjármagnskostnaður	979 000	
5,8	Gjöld samtals	1 052 000	
48	Fjármunatekjur	312 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 710 000	
49	Aðrar tekjur	41 000	
4,7	Tekjur samtals	2 063 000	
	Mismunur		1 011 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 168 000	
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborgun lána	1 914 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	546 000	
26	Tekin lán	3 540 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 011 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	18 000	
593	Afskriftir	115 000	
5,8	Gjöld samtals	133 000	
49	Aðrar tekjur	207 000	
4,7	Tekjur samtals	207 000	
	Mismunur		74 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	172 000	
26	Afborgun lána	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	115 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	74 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	386 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	389 000	
571	Fjármagnskostnaður	17 000	
593	Afskriftir	13 000	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	885 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	800 000	
48	Fjármunatekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	825 000	
	Mismunur		–60 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–60 000	
39	Fjárvöntun	47 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	494 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	771 000	
571	Fjármagnskostnaður	34 000	
593	Afskriftir	38 000	
59	Yfirfærslur	127 000	
5,8	Gjöld samtals	1 464 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 270 000	
48	Fjármunatekjur	60 000	
49	Aðrar tekjur	12 100	
4,7	Tekjur samtals	1 342 100	
	Mismunur		–121 900
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	38 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–121 900	
39	Fjárvöntun	83 900	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	290 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	121 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	20 500	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
51–57	Viðhald	5 100	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	451 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	148 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	3 100	
4,7	Tekjur samtals	451 600	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	

			þús.kr.	þús.kr.
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
51	Laun		138 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld		59 600	
51–57	Viðhald		3 100	
5,8	Gjöld samtals		201 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta		24 100	
4910	Framlag úr ríkissjóði		102 000	
49	Aðrar tekjur		75 100	
4,7	Tekjur samtals		201 200	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	168 800	
54–58	Önnur rekstrargjöld	129 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 068 100	
593	Afskriftir	18 400	
5,8	Gjöld samtals	1 384 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 789 200	
48	Fjármunatekjur	8 200	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 798 400	
	Mismunur		413 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	18 000	
59	Greitt í ríkissjóð	414 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	18 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	413 600	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	145 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	53 300	
51–57	Viðhald	4 700	
593	Afskriftir	3 100	
59	Yfirfærslur	18 200	
5,8	Gjöld samtals	224 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	185 500	
48	Fjármunatekjur	800	
49	Aðrar tekjur	20 500	
4,7	Tekjur samtals	206 800	
	Mismunur		–18 100

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–18 100	
39	Fjárvöntun	19 500	
23–114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	130 100	
571	Fjármagnskostnaður	218 000	
51–57	Viðhald	47 200	
593	Afskriftir	107 100	
5,8	Gjöld samtals	502 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	253 400	
49	Aðrar tekjur	104 800	
4,7	Tekjur samtals	358 200	
	Mismunur		–144 200
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	107 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–144 200	
39	Fjárvöntun	47 100	
23–118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	268 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	235 800	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	5 500	
5,8	Gjöld samtals	519 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	519 500	
4,7	Tekjur samtals	519 500	
	Mismunur		100

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	100	
23–121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	21 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld	17 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	66 700	
51–57	Viðhald	200	
593	Afskriftir	3 500	
5,8	Gjöld samtals	109 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	123 000	
48	Fjármunatekjur	7 200	
49	Aðrar tekjur	4 600	
4,7	Tekjur samtals	134 800	
	Mismunur		25 500
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	29 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	25 500	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	246 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld	298 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	286 200	
571	Fjármagnskostnaður	46 500	
51–57	Viðhald	52 200	
593	Afskriftir	188 700	
5,8	Gjöld samtals	1 118 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 103 000	
48	Fjármunatekjur	25 700	
4,7	Tekjur samtals	1 128 700	
	Mismunur		10 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	42 500	
26	Afborgun lána	123 800	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	32 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	188 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 400	

		þús.kr.	þús.kr.
24-245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	12 300	
54–58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	3 600	
51–57	Viðhald	600	
593	Afskriftir	6 700	
59	Yfirfærslur	17 800	
5,8	Gjöld samtals	45 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 800	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	47 000	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
26	Afborgun lána	6 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24-272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	6 500	
54–58	Önnur rekstrargjöld	9 600	
51–57	Viðhald	600	
5,8	Gjöld samtals	16 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 700	
4,7	Tekjur samtals	16 700	
24-281	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
4910	Framlag úr ríkissjóði	115 000	
4,7	Tekjur samtals	115 000	
	Mismunur		115 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	110 400	
26	Afborgun lána	4 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	115 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	100 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	460 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	900 000	
571	Fjármagnskostnaður	150 000	
593	Afskriftir	120 000	
5,8	Gjöld samtals	1 730 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 850 000	
4,7	Tekjur samtals	1 850 000	
	Mismunur		120 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	120 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	120 000	
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51–57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	74 800	
	Mismunur		60 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	60 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	60 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	16 100	
5,8	Gjöld samtals	20 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 200	
4,7	Tekjur samtals	20 200	
26–731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	3 700	
59	Yfirfærslur	17 600	
5,8	Gjöld samtals	23 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 900	
48	Fjármunatekjur	1 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 300	
4,7	Tekjur samtals	23 500	
26–732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	400	
5,8	Gjöld samtals	400	
48	Fjármunatekjur	5 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	6 300	
	Mismunur		5 900
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 900	

		þús.kr.	þús.kr.
26–733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	200	
54–58	Önnur rekstrargjöld	3 000	
593	Afskriftir	200	
59	Yfirfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	31 400	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	26 200	
4,7	Tekjur samtals	33 200	
	Mismunur		1 800
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 800	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	113 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	10 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 721 000	
5,8	Gjöld samtals	3 844 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	160 000	
48	Fjármunatekjur	3 194 000	
4,7	Tekjur samtals	3 354 000	
	Mismunur		–490 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	420 000	
18	Fjárfesting	10 000	
26	Afborgun lána	3 650 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	307 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	158 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 745 000	
26	Tekin lán	2 290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–490 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 590 000	
5,8	Gjöld samtals	1 805 000	
48	Fjármunatekjur	511 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	961 000	
49	Aðrar tekjur	492 000	
4,7	Tekjur samtals	1 964 000	
	Mismunur		159 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 191 000	
26	Afborgun lána	1 099 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	440 000	
26	Tekin lán	6 691 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	159 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	108 400	
59	Yfirfærslur	2 340 000	
5,8	Gjöld samtals	2 448 400	
48	Fjármunatekjur	100 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 964 000	
49	Aðrar tekjur	1 400	
4,7	Tekjur samtals	2 065 400	
	Mismunur		–383 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	133 000	
18	Sala eigna	250 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–383 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	77 800	
54–58	Önnur rekstrargjöld	88 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	101 100	
51–57	Viðhald	4 600	
593	Afskriftir	7 000	
5,8	Gjöld samtals	278 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	282 000	
4,7	Tekjur samtals	282 000	
	Mismunur		3 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 100	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 100	

		þús.kr.	þús.kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	332 100	
54–58	Önnur rekstrargjöld	189 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 241 500	
571	Fjármagnskostnaður	1 300	
51–57	Viðhald	89 000	
593	Afskriftir	89 000	
59	Yfirfærslur	322 400	
5,8	Gjöld samtals	3 264 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 700 000	
48	Fjármunatekjur	11 200	
49	Aðrar tekjur	200	
4,7	Tekjur samtals	9 711 400	
	Mismunur		6 446 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
26	Afborgun lána	5 700	
59	Greitt í ríkissjóð	6 500 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	89 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 446 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	117 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	47 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	546 800	
571	Fjármagnskostnaður	8 700	
51–57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	21 400	
5,8	Gjöld samtals	746 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	799 000	
48	Fjármunatekjur	21 100	
4,7	Tekjur samtals	820 100	
	Mismunur		73 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 400	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	25 000	
26	Greiðsla á skuldum við ríkissjóð	10 000	
39	Fært á höfuðstól	39 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	21 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	73 300	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	48 700	
54–58	Önnur rekstrargjöld	23 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 524 900	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51–57	Viðhald	1 400	
593	Afskriftir	1 700	
5,8	Gjöld samtals	1 601 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 589 000	
48	Fjármunatekjur	4 600	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	1 601 600	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29–402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	84 600	
54–58	Önnur rekstrargjöld	39 100	
5,8	Gjöld samtals	123 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	116 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	34 000	
4,7	Tekjur samtals	150 200	
	Mismunur		26 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	26 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	26 500	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 700	
54–58	Önnur rekstrargjöld	27 800	
51–57	Viðhald	26 100	
593	Afskriftir	6 200	
5,8	Gjöld samtals	103 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	103 800	
4,7	Tekjur samtals	103 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	6 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 200	

		þús.kr.	þús.kr.
29–971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	40 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	38 600	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
5,8	Gjöld samtals	88 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 300	
48	Fjármunatekjur	60 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	320 000	
49	Aðrar tekjur	44 300	
4,7	Tekjur samtals	428 600	
	Mismunur		340 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	420 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	80 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	340 000	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	14 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	66 600	
51–57	Viðhald	131 600	
5,8	Gjöld samtals	212 600	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	212 600	
4,7	Tekjur samtals	212 600	

30 Samgönguráðuneyti

30–101	**Póst- og símamálastofnun**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	3 564 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	2 241 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	37 000	
51–57	Viðhald	200 000	
593	Afskriftir	1 135 000	
5,8	Gjöld samtals	7 392 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 965 000	
48	Fjármunatekjur	62 000	
49	Aðrar tekjur	150 000	
4,7	Tekjur samtals	8 177 000	
	Mismunur		785 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 250 000	
26	Afborgun lána	9 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	820 000	
59	Framlag til Intelsat	35 000	
39	Greiðsluafgangur	156 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 135 000	
26	Tekin lán	1 100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	785 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	250 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30–211	**Vegagerð ríkisins, þjónustumiðstöðvar**		
51	Laun	665 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	1 162 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	440 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51–57	Viðhald	774 000	
593	Afskriftir	102 000	
5,8	Gjöld samtals	3 146 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 307 000	
4,7	Tekjur samtals	3 307 000	
	Mismunur		161 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	246 000	
26	Afborgun lána	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	102 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	161 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	10 800	
54–58	Önnur rekstrargjöld	22 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 100	
51–57	Viðhald	9 200	
593	Afskriftir	2 200	
5,8	Gjöld samtals	50 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	50 700	
48	Fjármunatekjur	500	
4,7	Tekjur samtals	51 200	
	Mismunur		400
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	2 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	400	

		þús.kr.	þús.kr.
30–333	**Hafnabótasjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	1 500	
571	Fjármagnskostnaður	27 700	
59	Yfirfærslur	190 000	
5,8	Gjöld samtals	219 200	
48	Fjármunatekjur	36 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	90 000	
49	Aðrar tekjur	128 000	
4,7	Tekjur samtals	254 500	
	Mismunur		35 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	48 000	
26	Afborgun lána	53 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	66 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	35 300	
30–471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	556 400	
571	Fjármagnskostnaður	67 200	
593	Afskriftir	27 800	
5,8	Gjöld samtals	651 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	556 400	
48	Fjármunatekjur	20 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	57 700	
4,7	Tekjur samtals	634 400	
	Mismunur		–17 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	242 000	
26	Afborgun lána	58 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	27 800	
26	Tekin lán	290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–17 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	256 400	
54–58	Önnur rekstrargjöld	210 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 200	
571	Fjármagnskostnaður	41 000	
51–57	Viðhald	40 800	
593	Afskriftir	66 300	
5,8	Gjöld samtals	706 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	662 700	
48	Fjármunatekjur	25 600	
49	Aðrar tekjur	5 100	
4,7	Tekjur samtals	693 400	
	Mismunur		–13 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 000	
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	77 300	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 000	
18	Sala eigna	25 500	
19	Afskriftir	66 300	
26	Tekin lán	32 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–13 300	

		þús.kr.	þús.kr.
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
54–58	Önnur rekstrargjöld	550 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 135 000	
571	Fjármagnskostnaður	60 000	
593	Afskriftir	670 000	
5,8	Gjöld samtals	3 845 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 260 000	
48	Fjármunatekjur	80 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 360 000	
	Mismunur		–485 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	450 000	
26	Afborgun lána	30 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	95 000	
19	Afskriftir	670 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–485 000	
39	Fjárvöntun	230 000	
31–371	**Orkusjóður**		
54–58	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	11 000	
5,8	Gjöld samtals	13 100	
48	Fjármunatekjur	3 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	64 200	
4,7	Tekjur samtals	67 700	
	Mismunur		54 600
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	56 000	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	5 000	
59	Styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	54 600	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1993 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1993 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1993 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1993 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

Eftirgjöf gjalda

3.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti. Enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992 um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana með síðari breytingum.

3.2 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum vegna áhvílandi veðskulda á leiguflugvél, sem skrásett er hér á landi tímabundið af Atlantsflugi hf.

3.3 Af fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

3.4 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.5 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af búnaði til leiðréttingastöðva fyrir gerfihnattastaðsetningarkerfi.

3.6 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af aðföngum til byggingar flugskýlis á vegum Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli.

3.7 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.

4.2 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 5.3.
4.3 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
4.4 Að selja jörðina Hnjúkahlíð, Blönduósi.
4.5 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
4.6 Að selja 15 ha. landspildu úr jörðinni Laxamýri í Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu.
4.7 Að selja íbúðarhúsið á eyðijörðinni Álftamýri í Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu.
4.8 Að selja 71,4 ha. landspildu úr jörðinni Sölvaholti í Hraungerðishreppi, Árnessýslu.
4.9 Að selja íbúðarhúsið á jörðinni Þormóðsdal í Mosfellsbæ.
4.10 Að selja fasteign í eigu Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
4.11 Að selja húseignir ríkissjóðs að Stórólfsvelli, Rangárvallasýslu og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
4.12 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og héraðsskóga.
4.13 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
4.14 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
4.15 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
4.16 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
4.17 Að selja fyrrverandi prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
4.18 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Aðalstræti 55, Patreksfirði.
4.19 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan hússtjórnarskóla á Laugarvatni.
4.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vogagerði 6, Vogum.
4.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Staðarhrauni 10, Grindavík.
4.22 Að selja íbúð við Snorrabraut 35, Reykjavík og verja andvirðinu til Barnaspítalasjóðs Hringsins í samræmi við erfðaskrá gefanda íbúðarinnar.
4.23 Að selja tvö skip ásamt vöruskemmu og tilheyrandi aðstöðu við Grófarbryggju í Reykjavík, sem tilheyrðu Skipaútgerð ríkisins.
4.24 Að selja 2. hæð húseignarinnar Austurstræti 10a, Reykjavík.
4.25 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
4.26 Að selja fasteignina Árholt 5, Ísafirði.
4.27 Að selja fasteignina Unubakka 42-44, Þorlákshöfn.
4.28 Að selja fasteignina Kirkjuveg 22, Vestmannaeyjum.
4.29 Að selja fasteignina Aðalgötu 20, Sauðárkróki.
4.30 Að selja fasteignina Miðvang 5, Hafnarfirði.
4.31 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
4.32 Að selja fasteignina Brekkubyggð 91, Garðabæ.
4.33 Að selja fasteignina Sunnuveg 6, Hafnarfirði.
4.34 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hjallabraut 6, Hafnarfirði.

4.35 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í lóðinni nr. 10 við Skeljanes, Reykjavík.
4.36 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Túngötu 1, Eskifirði.
4.37 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
4.38 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
4.39 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
4.40 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
5.4 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
5.5 Að endurnýja lóðarleigusamning vegna núverandi sendiherrabústaðar í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húseignirnar T-3005 og T-3007 innan varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa eða leigja húsnæði og tæki til bóluefnaframleiðslu o.fl. fyrir Tilraunastöð Háskólans að Keldum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að semja um kaup á skrifstofuhúsnæði á Akranesi til nota fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og umboðsskrifstofu sýslumanns þar og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa hlut í Hafnarbraut 1, Neskaupstað, vegna tannlæknastofu.
5.14 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslusel í Tálknafirði.
5.16 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 150 eintökum af hverju blaði.
6.2 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.3 Að semja um bætur við einstaklinga, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

6.4 Að semja um greiðslu við Reykjavíkurborg vegna sjúkraflutninga á Reykjavíkursvæðinu.

6.5 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á Ríkisspítölum og taka til þess nauðsynleg lán.

6.6 Að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna.

6.7 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1993, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.

6.8 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Út af þeirri hefð er brugðið nú þar sem þinghald hófst venju fremur snemma vegna umfjöllunar um samning um evrópskt efnahagssvæði. Fjárlagafrumvarpið er þess í stað lagt fram á fyrsta fundi eftir þinghlé eða um svipað leyti og verið hefur. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins, en um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála er fjallað í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings í síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð í átta köflum þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti þess, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.

- Í öðrum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindunnar síðustu ár.

- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir efnahagsforsendum frumvarpsins, bæði þróuninni að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1993.

- Í fjórða kafla er fjallað nánar um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.

- Í fimmta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.

- Í sjötta kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

- Í sjöunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er litið á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1993, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

- Í áttunda kafla er gerð sérstök grein fyrir endurskoðun á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings sem nú er unnið að á vegum ríkisreikningsnefndar.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármála auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðisorðaskrá og efnisyfirlit.

1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Fjármálaráðherra leggur nú fram annað fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar á grundvelli meginstefnu hennar í efnahags- og ríkisfjármálum. Margt hefur færst í þá átt sem stjórnarflokkarnir stefndu að, einkum að sveigja efnahagslífið til frjálsræðis og koma á stöðugleika. Framundan eru fjölmörg óleyst verkefni þar sem leggja þarf megináherslu á uppbyggingu atvinnulífsins og draga úr miðstýringu til að glæða hagvöxt.

Aðstæður hér á landi og í nálægum löndum

Efnahagsþróun undanfarinna ára hefur verið landsmönnum andsnúin. Þar skiptir að sjálfsögðu mestu mikill samdráttur í sjávarútvegi og veikleiki í ýmsum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að búa atvinnulífinu skilyrði til vaxtar og nýta sem best þau sóknarfæri sem felast í aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Við aðstæður sem þessar reynir meira en nokkru sinni á ákveðna efnahagsstjórn.

Hér á landi hafa efnahagsráðstafanir síðustu missera skilað umtalsverðum árangri. Þegar litið er til annarra landa sker Ísland sig úr t.d. hvað snertir lítið atvinnuleysi og lága verðbólgu. Þótt atvinnuleysi hafi vaxið er það minna en víðast hvar annars staðar og verðbólga hér á landi mælist nú með því lægsta í hinum vestræna heimi. Á öðrum sviðum eru áþekk vandamál; lítill sem enginn hagvöxtur, hár vextir, halli á opinbera búskapnum og miklar erlendar skuldir. Enda þótt nokkur árangur hafi náðst í ríkisbúskapnum eru ýmis grundvallarvandamál óleyst, til dæmis í heilbrigðis- og tryggingamálum. Þá eru vaxandi skuldir þjóðarbúsins mikið áhyggjuefni.

Nágrannaþjóðirnar, einkum Svíar og Finnar, kljást nú við meiri erfiðleika í efnahagsmálum en þær hafa staðið frammi fyrir um áratuga skeið. Atvinnuleysi, samdráttur í útflutningstekjum og vaxandi ríkisútgjöld, sem hafa verið fjármögnuð með erlendum lánum, eru mál sem eru með þessum þjóðum afar erfið úrlausnar. Um vandamálin og róttækar leiðir þeim til lausnar virðist vera að skapast almennur skilningur, eins konar þjóðarsátt. Þetta ætti að vera okkur til varnaðar og undirstrika nauðsyn þess að samstaða náist hér á landi um efnahagsstefnuna og aðkallandi aðgerðir til þess að fylgja henni eftir.

Efnahagsstefnan í meginatriðum

Einn mikilvægasti þáttur efnahagsstefnunnar er að gengi krónunnar verði haldið stöðugu. Jafnframt er brýnt að haldið verði áfram á braut frjálsræðis í viðskiptum inn og út á við. Aukið frelsi til fjármagnsflutninga milli landa er liður í þessari þróun. Við þessar aðstæður verður samkeppnisstaða atvinnuveganna því aðeins bætt að launa- og verðlagsbreytingar innan lands verði minni en í viðskiptalöndunum á næsta ári. Þannig mun raungengi krónunnar lækka og útflutningsgreinarnar verða samkeppnishæfari. Í samræmi við þessa stefnumörkun er í forsendum fjárlagafrumvarpsins gert ráð fyrir að laun samkvæmt kjarasamningum haldist óbreytt á næsta ári. Gengisstefnan þarf jafnframt að vera studd af aðhaldi í ríkisfjármálum og virkri peningamálastjórn. Liður í því er að breyta fyrirkomulagi vaxtaákvarðana. Þannig er fyrir árslok 1992 stefnt að því að vextir ákveðist alfarið af framboði og eftirspurn á peningamarkaði, þar með taldir vextir á verðbréfum ríkissjóðs.

Aðgerðir stjórnvalda mega ekki verða til þess að tefja fyrir brýnni endurskipulagningu í atvinnustarfsemi sem nú er svo víða unnið að. Nægir í því sambandi að minna á

umbætur í landbúnaði og aðlögun sjávarútvegsfyrirtækja að samdrætti í fiskafla. Stjórnvöld munu áfram vinna að því að hvetja innlenda jafnt sem erlenda aðila til að fjárfesta í arðsömum fyrirtækjum. Fjárfesting útlendinga í samvinnu við íslensk fyrirtæki eflir atvinnulífið eins og reynsla í öðrum löndum sýnir. Uppbygging í álframleiðslu er nú til sérstakrar athugunar og þess vænst að ráðist verði í stórframkvæmdir þegar aðstæður á álmörkuðunum verða hagstæðari. Það breytir því þó ekki að atvinnurekendur þurfa að hefja sókn.

Mikilvægt er að víðtæk samstaða náist um aðgerðir til þess að styrkja atvinnustarfsemi í landinu og fjölga arðbærum störfum. Að þessu er nú unnið m.a. á vettvangi atvinnumálanefndar ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur þegar verið ákveðið að leggja til við Alþingi að 2 milljörðum króna verði varið til atvinnuskapandi aðgerða á árinu 1993, einkum til vegagerðar, fjárfestingar í stórframkvæmdum og til rannsókna- og þróunarstarfs. Verkefnin í vegamálum eru á framkvæmdaáætlun næstu ára en verður nú flýtt vegna aðstæðna í atvinnumálum. Gengið er út frá því að lántökur til framkvæmdanna verði bornar af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar á komandi árum. Í ljósi þess að alvarlega horfir í atvinnumálum landsmanna er þetta gert þrátt fyrir mjög þrönga stöðu ríkissjóðs.

Hverju hefur verið áorkað í ríkisfjármálum?

Ásamt aðgerðum í atvinnumálum eru ríkisfjármálin mikilvægur þáttur efnahagsstefnunnar. Aðhald í ríkisfjármálum er nánast skilyrði fyrir framgangi stefnunnar í gengis- og peningamálum. Þrálátur halli á ríkissjóði hefur leitt til mikilla skulda þjóðarbúsins. Við fjárlagagerðina fyrir árið 1992 var sú stefna mörkuð að draga verulega úr halla ríkissjóðs og eyða honum á árinu 1993 án almennra skattahækkana. Breyttar ytri aðstæður valda því að þessi markmið nást ekki að fullu.

Aukinn halla ríkissjóðs á þessu ári má einkum rekja til tvenns. Annars vegar hefur samdráttur í atvinnustarfsemi, verslun og viðskiptum samhliða auknum sparnaði valdið tekjurýrnun hjá ríkissjóði sem nemur um tveimur milljörðum króna umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar valda grundvallarbreytingar í landbúnaði og mikil sjálfvirkni í sumum þáttum ríkisútgjalda erfiðleikum. Á sjálfvirkninni þarf að taka og er það eitt brýnasta verkefnið í ríkisfjármálum, ef fjárlög eiga að vera það stjórntæki í efnahagsmálum sem þau þurfa að vera. Margar sparnaðaraðgerðir sem ákveðnar voru á árinu, einkum í rekstri stofnana ríkisins, munu aftur á móti ganga eftir. Athuganir benda til þess að tekist hafi að stöðva vöxt í starfsmannahaldi og almennum rekstrarútgjöldum hjá ríkinu. Án sparnaðaraðgerðanna hefði hallinn orðið mun meiri.

Fjárlagafrumvarp ársins 1993 mótast eðli máls samkvæmt mjög af ríkjandi efnahagsaðstæðum og horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Í frumvarpinu felst halli sem nemur 6,2 milljörðum króna og er rúmlega 1½% af vergri landsframleiðslu. Án sérstakra atvinnuskapandi aðgerða hefði hallinn þó orðið minni, eða um 4 milljarðar króna.

Ríkisstjórnin hefur valið ákveðnar leiðir til þess að hemja vöxt ríkisútgjalda. Rofin verður sjálfvirkni útgjalda á mörgum sviðum og notendum ætluð aukin þátttaka í kostnaði, hvort heldur þar eiga í hlut fyrirtæki eða einstaklingar. Viðurkennt er að réttur einstaklinga til bóta úr almannatryggingakerfinu er ríkur og veldur illviðráðanlegum útgjöldum. Hitt er jafnljóst að þessi mál eru ekki til lykta leidd í þessu frumvarpi. Fullyrða má að eitt helsta verkefni á sviði ríkisfjármála næstu ár er að móta framtíðarstefnu í heilbrigðis- og tryggingamálum sem tryggir hvort tveggja, örugga velferð og þjónustu og betri nýtingu á almannafé.

Skattabreytingar

Tekjur ríkissjóðs 1993 eru taldar munu nema tæpum 105 milljörðum króna. Þetta er um ½ milljarði króna lægri fjárhæð en áætluð var í gildandi fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að áformað er að breyta ýmsum ákvæðum skattalaga, með fækkun undanþágna og breikkun skattstofna. Með þessu er skattkerfið lagað að því sem tíðkast í öðrum löndum og þeim ákvæðum fækkað sem beinast um of að því að leysa sérhagsmuni tiltekinna atvinnugreina eða einstaklinga. Jafnframt er að nokkru vegið upp það tekjutap sem efnahagssamdráttur og brottfall tekjustofna veldur.

Fyrst er að nefna breytingu á virðisaukaskatti með lækkun skatthlutfalls og breikkun skattstofnsins. Hátt skatthlutfall, undanþágur og víðtækar endurgreiðslur hafa torveldað skatteftirlit og stuðlað að undanskotum. Skatthlutfallið hér á landi er með því hæsta sem þekkist í Evrópu og er mikilvægt að það lækki enda kemur það öllum til góða. Fækkun undanþágna í virðisaukaskatti hefur verið gagnrýnd og er því haldið fram að slíkar breytingar veiki starfsgrundvöll atvinnugreina; orkuveitna, fjölmiðla og bókaútgáfu. Ísland er með sérstöðu í þessu efni þar sem samsvarandi starfsemi er almennt skattlögð annars staðar. Þá verður endurgreiðslum til sveitarfélaga hætt og þær skertar vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði.

Í annan stað er breyting áformuð á lögum um tekjuskatt félaga. Í stefnu ríkisstjórnarinnar segir að skattlagning fyrirtækja verði samræmd því sem gerist meðal samkeppnisþjóða. Þetta er mikilvægt ef íslensk fyrirtæki eiga ekki að standa lakar en erlendir keppinautar á Evrópska efnahagssvæðinu. Með sama hætti þarf að gera útlendum aðilum fært að starfa hér á landi við sambærilegar skattalegar aðstæður. Áformað er að lækka skatthlutfall tekjuskatts úr 45% í 33% og breikka skattstofninn. Því verður tillag í fjárfestingarsjóð afnumið, frádráttur vegna arðgreiðslu minnkaður og nokkrar aðrar breytingar gerðar varðandi bifreiðakostnað og risnu.

Með niðurfellingu jöfnunargjaldsins frá 1. október 1992 tapar ríkissjóður umtalsverðum tekjum. Áformað er að mæta því tekjutapi með nokkurri hækkun á vörugjöldum en löggjöf um tolla og vörugjöld er nú til heildarendurskoðunar í tengslum við aðlögun að lögum og reglum Evrópska efnahagssvæðisins.

Loks er þess að geta að áætlað er að tekjur ríkissjóðs af sölu eigna og arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum munu aukast. Mikilvægt skref verður stigið í þá átt að öll stærri fyrirtæki ríkisins skili arði í ríkissjóð, mismunandi eftir hver starfsemi þeirra er og eiginfjárstaða. Tekjur af sölu eigna hafa verið umtalsverðar á þessu ári og er miðað við að þær verði enn meiri á árinu 1993.

Á yfirstandandi ári skilaði nefnd á vegum fjármálaráðherra greinargerð um skattlagningu eigna og eignatekna. Í tillögum nefndarinnar felast róttækar breytingar á eignarskattsstofninum þar sem peningalegar eignir og tekjur af þeim teljast skattskyldar. Ríkisstjórnin hefur þessar tillögur nú til skoðunar í því skyni að hægt verði að hrinda þeim í framkvæmd.

Mikilvægur þáttur í skattheimtu ríkisins er framkvæmd skattalaga. Góð samstaða náðist um það við gerð síðustu kjarasamninga að sett skyldi á stofn nefnd til þess að skoða skattsvik og helstu brotalamir í framkvæmdinni. Lögum um ríkisskattanefnd var breytt á þessu ári til þess að úrskurðir gangi hraðar fyrir sig og aukin áhersla er nú lögð á eftirlitsþátt ríkisskattstjóraembættisins og skattstofanna. Nú er unnið að endurskoðun á lagalegri stöðu skattrannsókna og skatteftirlits, þ.m.t. refsiákvæðum við bókhalds- og skattabrot. Loks má nefna að ákveðið er að taka upp sérmerkingar svonefndra vsk-bíla

þannig að notkun sé almenningi ljós og skattyfirvöldum sé gert auðveldara að rækja eftirlitsskyldur sínar.

Ríkisútgjöldin - aðhald og sparnaður

Útgjöld ríkisins á árinu 1993 eru talin verða um 113 milljarðar króna eða nánast sama fjárhæð og á árinu 1992 ef frá eru talin um tveggja milljarða króna útgjöld sem ríkisstjórnin ákvað að verja til atvinnuskapandi aðgerða. Aðalatriði útgjaldastefnunnar fyrir árið 1993 eru:

Í fyrsta lagi er áfram lögð áhersla á að bæta þjónustu ríkisins ekki síst á sviði mennta- og velferðarmála um leið og reynt er að fyrirbyggja sjálfvirka kostnaðaraukningu. Ein af forsendum bættrar þjónustu er aukin valddreifing og því þarf að tryggja stjórnendum ríkisstofnana svigrúm til að nýta sem best takmarkað ráðstöfunarfé. Með þjónustugjöldum gera neytendur auknar kröfur um gæði og tilhögun þjónustunnar og óþarfur rekstur verður ekki réttlættur og leggst af. Innritunargjöld og önnur gjaldtaka, sem ákveðin var á árinu 1992, hefur þannig skilað tilætluðum árangri. Ný þjónustugjöld eru ekki áformuð í verulegum mæli á árinu 1993, en gert ráð fyrir að þau sem ákveðin hafa verið verði fest enn frekar í sessi.

Í öðru lagi hefur á yfirstandandi ári verið unnið að einkavæðingu ýmissa fyrirtækja í eigu ríkisins. Hlutabréf í Jarðborunum hf., Prentsmiðjunni Gutenberg hf. og Ferðaskrifstofu Íslands hf. hafa verið boðin til sölu og með því móti aflast um 500 m.kr. Í tekjuáætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir um 1,5 milljarði króna af sölu fyrirtækja. Þær tekjur nást ekki nema með sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins. Gangi áformin eftir er ákveðið að 1/5 hluti greidds andvirðis þeirra renni til þess að örva rannsóknir og þróunarstarf.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að ríkinu verði mörkuð launa- og starfsmannastefna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á launaákvörðun fyrir ýmsa æðstu embættismenn ríkisins. Í framhaldinu þarf að skoða launasetningu og réttarstöðu annarra opinberra starfsmanna. Þess má einnig geta að frá og með næstu áramótum hefur verið ákveðið að fyrirtæki ríkisins beri kostnað af lífeyrisskuldbindingu starfsmanna. Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að ríkisfyrirtækin greiði til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna um 175 m.kr. vegna verðbóta á lífeyri á árinu 1993, umfram hið hefðbundna 6% framlag vinnuveitenda.

Í fjórða lagi er lögð áhersla á, að hagræðingar verði leitað á sem flestum sviðum. Nú er t.d. unnið að samanburðarathugunum á kostnaði við þjónustu sem skyldar eða líkar stofnanir veita, svo sem stofnanir fatlaðra, skattstofur, framhaldsskólar og heilbrigðisstofnanir. Tilraunir standa einnig yfir með útboð á ræstingu og annarri þjónustu við ríkisstofnanir. Einnig er frá og með næstu áramótum stefnt að því að tekjum af leigu húseigna ríkisins til einstaklinga, verði í auknum mæli ráðstafað til viðhalds, enda er því ábótavant.

Af öðrum málum má nefna að fyrir hvert ráðuneyti er afmarkaður fjárlagaliður sem ætlaður er til hagræðingar. Tilgangurinn er sá að ráðuneyti og stofnanir geri ráðstafanir í upphafi næsta árs, svipað og gert var á þessu ári, til að starfsemin rúmist innan fjárheimilda. Fé er þannig tekið frá til hagræðingaraðgerða og endurskipulagningar í rekstri.

Ríkissjóður - fyrirferðarmikill á lánsfjármarkaði

Ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og opinberir sjóðir eru enn sem fyrr mjög umsvifamikil á lánamarkaðnum. Samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður taka ný lán til eigin þarfa að fjárhæð um 9,5 milljarðar króna. Að auki munu ýmsir opinberir aðilar sem ríkissjóður ber

beina eða óbeina ábyrgð á taka að láni um 15,5 milljarða króna. Þar vegur þyngst útgáfa nýrra húsbréfa, sem er áætluð um 10 milljarðar króna. Stefnt er að því að mæta um 17,5 milljörðum króna af þörfinni á innlenda lánamarkaðnum, en til samanburðar má geta þess að nýr sparnaður í landinu er áætlaður um 36 milljarðar króna á næsta ári.

Einkum er það tvennt sem ber að hafa í huga í sambandi við lánamál ríkisins, þ.e. miklar erlendar skuldir og áhrif lánsfjárþarfarinnar á vexti innan lands. Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1993 má ætla að erlendar skuldir þjóðarbúsins geti numið um 52% af landsframleiðslu. Greiðslubyrði af skuldum mun einnig hækka og er nú talin verða um 30% af útflutningstekjum. Vara verður við þessari miklu skuldsetningu því hún bindur hendur okkar til athafna á næstu árum og kann jafnframt að spilla lánskjörum okkar erlendis. Frumskilyrði er að opinberar framkvæmdir, sem fjármagnaðar verða með erlendum lánum, séu arðsamar og arðurinn skili sér hratt til þjóðarbúsins. Þegar hagvöxtur glæðist þarf að leggja áherslu á að grynnka á erlendum skuldum.

Á þessu ári hefur verið unnið að því að færa vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum út á markaðinn. Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn hafa gengið frá samningi um að ríkissjóði sé óheimill yfirdráttur umfram tiltekin mörk og því var nauðsynlegt að breyta tilhögun á skammtímafjármögnun ríkissjóðs innan lands. Fyrr á árinu var ákveðið að bjóða út sölu á óverðtryggðum ríkisbréfum til sex mánaða. Þar hefur markaðurinn alfarið ráðið vaxtaákvörðun og verður að telja að þar hafi tekist vel til. Nú er ákveðið að ríkisvíxlar verði boðnir út í þessum mánuði og spariskírteini ríkissjóðs innan tíðar. Samhliða þessu mun hlutverk Seðlabankans í peningamálastjórn breytast í átt til þess sem er í öðrum löndum og lánsfjárþörf ríkissjóðs mun endurspeglast skýrar í vaxtaþróuninni en til þessa.

Af öðrum umbótamálum á sviði lánsfjármála má nefna að fyrirhugað er að setja skýrar reglur um ríkisábyrgðir. Ríkið hefur nú sloppið seyðið af gjaldföllnum ábyrgðum, en tap fjárfestingarlánasjóða og ríkisábyrgðasjóðs er mjög verulegt. Með aðildinni að EES er skylt að gera þessi málefni mun gegnsærri en verið hefur. Nágrannaþjóðirnar hafa beitt ríkisábyrgðum með öðrum hætti en við. Um áramót hafa þar starfað ábyrgðasjóðir sem taka þátt í áhættu sem felst t.d. í stofnun atvinnurekstrar í útlöndum. Til athugunar er að koma á svipaðri skipan hér á landi.

Horfur til lengri tíma

Margt bendir til þess að við höfum náð botni efnahagslægðarinnar og að framundan sé vöxtur og uppbygging þó að því gefnu að okkur takist að byggja á áframhaldandi stöðugleika í verðlagsmálum. Raskist hann má telja fullvíst að það tefji fyrir efnahagsbatanum. Skjóta þarf fleiri stoðum undir atvinnulífið en nú er því að sjávarútveginum eru takmörk sett, a.m.k. tímabundið. Nýta verður þau færi sem felast í aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og því aukna frjálsræði sem stjórnvöld hafa stuðlað að. Engin ástæða er til að ætla annað en stóriðja og orkusala eigi sér framtíð, en til þess að svo verði þurfum við m.a. að hvetja útlenda aðila til þátttöku í atvinnuuppbyggingunni. Stefnumörkun í ríkisfjármálum og ýmsar þær aðgerðir sem settar eru fram í þessu frumvarpi eru liður í því.

2 Yfirlit og helstu niðurstöður

Heildaryfirlit. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir 6,2 milljarða króna halla á rekstrarreikningi ríkissjóðs, eða sem svarar til 1,6% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og útstreymi á lánareikningi, er áætluð 9,5 milljarðar króna á næsta ári, eða jafngildi 2,4% af landsframleiðslu. Að því verður stefnt að ná um tveimur þriðju hlutum lánsfjárþarfar ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði sem svarar áætluðum halla á rekstri ríkissjóðs.

Til samanburðar má nefna að rekstrarhalli á árinu 1992 er áætlaður 9,1 milljarður króna, eða 2,4% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf er talin verða 10,8 milljarðar króna. Er það jafngildi um 2,8% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall lækkað um nálægt þriðjung frá árinu 1991. Í ljósi núverandi ástands á lánamarkaði á að vera unnt að mæta um 80% af hreinni lánsfjárþörf með innlendri lántöku. Það er verulegur árangur frá árinu 1991 þegar einungis fimmtungi lánsfjárþarfar ríkissjóðs var náð innan lands.

Fjárlagafrumvarpið felur þannig í sér framhald þeirrar aðhaldsstefnu sem mótuð var á síðasta ári. Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir afkomuhorfum ríkissjóðs á árinu 1992 eins og þær eru nú metnar og helstu niðurstöðum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993. Meðfylgjandi yfirlit sýnir helstu kennitölur úr ríkisbúskapnum árin 1990-1993:

Afkoma ríkissjóðs 1990 - 1993

Í milljónum króna	1990	1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Tekjur	92.453	99.953	103.040	104.790
Gjöld	96.899	112.487	112.140	110.990
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-12.534**	**-9.100**	**-6.200**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	2,1	3,3	2,4	1,6
Lánveitingar, nettó	-2.724	-2.114	-1.680	-3.300
Hrein lánsfjárþörf	**-7.170**	**-14.648**	**-10.780**	**-9.500**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	2,1	3,9	2,8	2,4
Lántökur, nettó	**7.884**	**8.535**	**10.780**	**9.500**
Innlend lántaka - afborganir	7.175	3.216	8.530	6.200
Erlend lántaka - afborganir	2.740	6.074	8.600	3.300
Lán í Seðlabanka - afborganir	-2.031	-775	-6.350	-
Greiðsluafkoma	**714**	**-6.113**	**0**	**0**

Afkomuhorfur 1992. Í fjárlögum fyrir árið 1992 var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði 4,1 milljarður króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 4,4 milljarðar króna.

Samkvæmt endurmati á afkomuhorfum er talið að halli á rekstri ríkissjóðs verði mun hærri, eða um 9,1 milljarður króna og hrein lánsfjárþörf 10,8 milljarðar króna.

Horfur eru á að heildartekjur ríkissjóðs verði 103 milljarðar króna á þessu ári, eða 2,4 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að hluta má rekja þetta til erfiðs efnahagsástands, en einnig hafa ýmis tekjuáform ekki gengið eftir.

Í fyrsta lagi skilar staðgreiðsla tekjuskatts talsvert minni tekjum og munar þar tæplega 1 milljarði króna. Skýringin er fyrst og fremst minni tekjuaukning en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þá þróun má án efa rekja til erfiðrar stöðu fyrirtækja sem birtist í styttri vinnutíma og vaxandi atvinnuleysi. Í öðru lagi verða tekjur af veltusköttum um 1,3 milljörðum króna lægri en í tekjuáætlun fjárlaga. Hér kemur ýmislegt til: Lakari útkoma 1991 en reiknað var með við samþykkt fjárlaga sem aftur hefur bein áhrif á áætlun 1992. Meira hefur verið um áætlanir við álagningu virðisaukaskatts en í fyrra, en það veikir innheimtu ársins. Loks hefur dregið meira úr innflutningi en búist hafði verið við. Í þriðja lagi ríkir enn nokkur óvissa um tekjur af sölu eigna sem átti að skila ríkissjóði rúmlega 1 milljarði króna á þessu ári. Nú er talið að tekjur af þessum stofni verði aðeins um 500 m.kr. Á móti vegur betri innheimta á tryggingagjaldi og bifreiðagjöldum, auk þess sem arðgreiðslur frá Seðlabanka Íslands urðu talsvert meiri í ár en reiknað hafði verið með.

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1992 eru talin verða 112,1 milljarður króna sem er um 2,6 milljörðum króna umfram fjárlög. Að langstærstum hluta er um að ræða hækkun á rekstrartilfærslum. Á hinn bóginn standast rekstrarútgjöld stofnana ríkisins að mestu áætlun fjárlaga þrátt fyrir 3% almenna útgjaldalækkun sem gerð var við afgreiðslu fjárlaga.

Ástæður þess að tilfærsluliðir fara fram úr áætlun eru af ýmsum toga. Fyrst er að telja áhrif yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga síðastliðið vor sem valda um 700 m.kr. kostnaðarauka í útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála. Í annan stað hefur atvinnuleysi orðið meira en áætlað var í forsendum fjárlaga sem leiðir til um 500 m.kr. viðbótarútgjalda ríkissjóðs. Í þriðja lagi má ætla að eftirhreytur gamla búvörukerfisins kalli á um 850 m.kr. umfram fjárlög. Í fjórða lagi hafa ýmsir þættir sjúkratrygginga farið fram úr áformum í fjárlögum, samtals um 600 m.kr. Þar má nefna útgjöld vegna komu sjúklinga til sérfræðinga, lyfjakostnaðar, daggjaldastofnana og endurgreiðslur vegna tannréttinga. Loks má nefna ýmsa aðra þætti sem valda auknum kostnaði, eins og eftirstöðvar greiðslna vegna ríkisábyrgðar á laun við gjaldþrot, minni skil Hagræðingarsjóðs til Hafrannsóknastofnunar o.fl.

Á móti vegur að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar vegna áhrifa nýrra laga og vaxtagjöld ríkissjóðs verða minni vegna lægri nafnvaxta innan lands og hagstæðs gengis á Bandaríkjadal.

Helstu áherslur fjárlagafrumvarps 1993. Áframhaldandi erfiðleikar í efnahagslífinu setja mark sitt á tekjuhlið ríkissjóðs árið 1993. Samdráttur í eftirspurn, versnandi afkoma fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi endurspeglast í minnkandi tekjum hjá ríkissjóði, jafnt af tekju- og eignarsköttum sem veltusköttum.

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1993 eru áætlaðar 104,8 milljarðar króna samanborið við 103 milljarða króna á þessu ári. Þar af nema skatttekjur 96,7 milljörðum króna samanborið við rúmlega 95 milljarða í ár. Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hækkar lítillega milli ára vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í landsframleiðslu, eða úr 24,8% í 24,9%. Skattbyrðin verður aftur á móti

heldur lægri en stefnt var að í fjárlögum yfirstandandi árs og sama gildir um hlutfall heildartekna af landsframleiðslu.

Á næsta ári eru fyrirhugaðar ýmsar breytingar á sviði skattamála, meðal annars breikkun á gjaldstofni virðisaukaskatts ásamt lækkun á almenna skatthlutfallinu, endurskoðun og lækkun á tekjuskatti fyrirtækja, umfangsmiklar tilfærslur milli skattstofna í tengslum við gildistöku samnings um evrópskt efnahagssvæði auk annarra minni háttar breytinga. Breikkun eignarskattsstofns og lækkun skatthlutfalls er þar að auki til sérstakrar athugunar í ríkisstjórn.

Tekju- og eignarskattar verða nánast óbreyttir að raungildi á næsta ári þegar á heildina er litið. Tekjuskattur fyrirtækja lækkar talsvert milli ára, fyrst og fremst vegna versnandi afkomu á þessu ári sem kemur fram í minni tekjum hjá ríkissjóði árið 1993. Ennfremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að breyta álagningu tekjuskatts á fyrirtæki, meðal annars með því að fækka frádráttarliðum og lækka skatthlutfallið úr 45% í 33%. Á móti vega áhrif hertra reglna um skattfrelsi bifreiðahlunninda hjá einstaklingum þannig að tekju- og eignarskattar einstaklinga hækka lítillega að raungildi.

Gert er ráð fyrir lítils háttar raunaukningu í veltusköttum á árinu 1993, eða innan við 1%. Einstakir tekjustofnar sýna þó umtalsverð frávik. Þannig aukast tekjur af virðisaukaskatti um 2,6% vegna margvíslegra kerfisbreytinga og hertrar innheimtu. Á hinn bóginn dragast tekjur af sölu áfengis og tóbaks saman milli ára, eða um tæp 5% að raungildi.

Aðrar tekjur ríkissjóðs verða ívið hærri á næsta ári í krónum talið en reiknað er með í ár. Það skýrist alfarið af fyrirhugaðri sölu eigna sem skila á ríkissjóði 1½ milljarði króna 1993 samanborið við ½ milljarð króna á þessu ári. Á móti vega minni arðgreiðslur og lægri vaxtatekjur í kjölfar lækkandi nafnvaxta.

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1993 verði 111 milljarðar króna. Þetta er lækkun í krónum talið frá endurskoðaðri útgjaldaáætlun fyrir yfirstandandi ár. Samdrátturinn er um 3,4 milljarða króna að raungildi, og nemur 3% milli ára.

Lækkunin kemur alfarið fram í svokölluðum rekstrartilfærslum, þ.e. greiðslum ríkisins til fyrirtækja, heimila og samtaka, en um 42 milljarðar króna eru nú áætlaðir til þessa þáttar á árinu 1993, sem er um 38% heildarútgjalda ríkisins. Samdrátturinn nemur um 5 milljörðum króna að raungildi. Þar af lækkar framlag til landbúnaðarmála um nálægt 3,5 milljarða króna. Þá lækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 300 m.kr. og framlag til greiðslu uppbóta á lífeyri um svipaða upphæð. Loks má nefna að rekstur ferja og flóabáta verður fluttur til Vegagerðar ríkisins og fjármagnaður af vegafé og lækka rekstrartilfærslur um 300 m.kr. vegna þessa.

Um það bil 41% heildarútgjalda ríkissjóðs, eða 45,7 milljarðar króna, fara til svokallaðrar samneyslu, en það er fyrst og fremst launa- og rekstrarkostnaður ríkisstofnana. Þessi útgjaldaþáttur vex um ríflega 1% að umfangi frá áætlun yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist annars vegar af rekstri nýrra stofnana fatlaðra, heilbrigðisstofnana og dómsmálastofnana og hins vegar af auknu viðhaldi vega.

Framlag ríkisins til fjárfestingar hækkar um 1 milljarð króna að raungildi, að teknu tilliti til 2 milljarða króna framlags úr ríkissjóði vegna sérstakra atvinnumálaaðgerða ríkisstjórnarinnar. Þó svo að framlag til flestra þátta annarra en vegamála lækki frá árinu 1992 hækka framlög til flugvalla, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og endurbóta menningarbygginga. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækka um 800 m.kr milli ára, eða um tæp 8%. Hækkunin stafar annars vegar af því að innlausn spariskírteina er áætluð 6-700 m.kr. meiri á næsta ári og hins vegar af stöðugum hallarekstri á ríkissjóði sem óhjákvæmilega hækkar vaxtagreiðslur ár frá ári.

3 Efnahagsforsendur fjárlaga 1993

Í þessum kafla er fjallað um það efnahagsumhverfi sem fjárlagagerð ársins 1993 mótast af. Gerð er grein fyrir framvindunni að undanförnu, einkum á árinu 1992 í ljósi nýjustu upplýsinga. Jafnframt er lýst efnahagshorfum fyrir næsta ár eins og þær eru nú metnar.

3.1 Framvinda og horfur

Efnahagsþróunin í nágrannalöndunum. Eftir nær samfellda uppsveiflu í efnahagsmálum helstu iðnríkja heims frá árinu 1982 sló í bakseglin á síðari hluta árs 1990. Verulega dró úr hagvexti í stærstu iðnríkjunum og í sumum þeirra gætti jafnvel samdráttar um tíma, til dæmis í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi. Á Norðurlöndunum var heldur ekki farið varhluta af þessari þróun og í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi hefur beinlínis orðið samdráttur.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

Allar tölur %	Verðbólga 1992	Verðbólga 1993	Atvinnuleysi 1992	Atvinnuleysi 1993	Hagvöxtur 1992	Hagvöxtur 1993
Ísland	**3,7**	**1,9**	**2,9**	**3,4**	**-2,7**	**-0,5**
Danmörk	2,3	2,3	10,7	10,0	1,3	2,5
Finnland	2,5	2,0	12,0	13,0	-1,5	2,5
Noregur	2,5	2,5	6,2	6,1	2,9	2,1
Svíþjóð	2,4	3,0	5,0	6,0	-0,5	- 1,0
Norðurlönd alls	**2,7**	**2,3**	**7,4**	**7,7**	**0,0**	**1,1**
Bretland	3,8	3,1	9,8	9,7	- 0,8	2,1
Frakkland	2,9	2,8	9,8	10,0	2,2	2,7
Ítalía	5,6	5,1	11,0	10,9	1,3	1,5
Þýskaland	4,9	4,2	7,7	7,5	1,8	2,6
Evrópubandalagið allt	**4,5**	**4,1**	**9,4**	**9,4**	**1,4**	**2,3**
Bandaríkin	3,1	3,1	7,1	6,5	1,9	3,1
Japan	2,2	2,4	2,2	2,3	2,0	3,8
Kanada	1,6	2,0	10,4	10,0	2,1	4,4
OECD-ríki alls	**3,3**	**3,2**	**7,5**	**7,3**	**1,7**	**2,9**

Enda þótt heimsbúskapurinn hafi heldur rétt úr kútnum upp á síðkastið hefur batinn verið mun hægari en efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Lítið hefur dregið úr atvinnuleysi, en það jókst talsvert samhliða minnkandi hagvexti. Á hinn bóginn hefur dregið verulega úr verðbólgu víðast hvar og vextir farið niður á við þótt frá því séu veigamiklar undantekningar eins og í Þýskalandi.

Á síðustu vikum hafa orðið miklar sviptingar á gjaldeyrismörkuðum heimsins. Þetta hefur leitt til lækkunar á gengi sterlingspunds, líru og finnsks marks og ýmsir aðrir

gjaldmiðlar eiga í vök að verjast. Ekki er enn séð fyrir endann á þessum hræringum þegar þetta er skrifað, en þó virðist ljóst að gengissamstarf Evrópubandalagsins hefur orðið fyrir áfalli. Engu að síður er talið mikilvægt að framhald verði á nánu samstarfi í peninga- og gengismálum á alþjóðavettvangi.

Megináherslur í hagstjórn víða um lönd hafa að undanförnu beinst að því að draga úr hallarekstri og mikilli lánsfjárþörf opinberra aðila og lækka verðbólgu til þess að ná varanlegri vaxtalækkun. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á skipulagsbreytingar og aukna hagræðingu í efnahagslífinu, jafnt á sviði hins opinbera sem í einkageiranum. Þetta er talin farsælasta leiðin til þess að tryggja hagvöxt til framtíðar og auka milliríkjaviðskipti. Þessi viðhorf voru ítrekuð á ársfundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans nú í septemberlok.

Hagvöxtur á mann



Þróunin hér á landi. Frá og með árinu 1988 hefur ríkt stöðnun og jafnvel samdráttur í íslensku efnahagslífi. Á árinu 1992 keyrir um þverbak og er talið að samdráttur í landsframleiðslu verði sá mesti síðan á erfiðleikaárunum 1967-1969. Helsta ástæða þessara erfiðleika er minnkandi fiskafli, en á síðustu fimm árum hefur aflaverðmæti dregist saman um 15% miðað við fast verðlag. Í kjölfarið hafa útflutningstekjur lækkað, kaupmáttur þjóðarbúsins rýrnað og útgjöld til einkaneyslu og fjárfestingar dregist saman.

Þannig hafa útflutningstekjur þjóðarbúsins lækkað um rúmlega 7% að raungildi á þessu stöðnunartímabili. Verðmæti innflutnings hefur minnkað enn meira, eða um 12%, útgjöld til fjárfestingar hafa dregist saman um 13% og neysluútgjöld heimilanna um 8%. Á móti vegur mikil aukning í útgjöldum ríkis og sveitarfélaga, um 17% að raungildi.

Nýjustu áætlanir benda til þess að landsframleiðsla dragist saman um tæplega 3% að raungildi á árinu 1992. Hér vegur þyngst að neysluútgjöld heimilanna hafa minnkað verulega og sama máli gegnir um fjárfestingu, jafnt hjá atvinnuvegum, hinu opinbera og

í íbúðabyggingum. Þjóðartekjur dragast enn meira saman, eða um 4%, vegna versnandi viðskiptakjara sem fyrst og fremst má rekja til lækkandi fiskverðs erlendis.

Ýmislegt bendir til þess að botni hagsveiflunnar hafi verið náð og heldur fari að rofa til á næsta ári. Reyndar er áfram gert ráð fyrir lítils háttar samdrætti í landsframleiðslu á næsta ári, aðallega vegna skerðingar aflaheimilda. Samdrátturinn er þó minni en ella, eða um ½% að raungildi, þar sem á móti vega aukin umsvif í kjölfar sérstakra aðgerða stjórnvalda til að örva atvinnustarfsemi og draga úr atvinnuleysi. Þjóðartekjur eru þó taldar dragast heldur meira saman, eða um 1½%, meðal annars vegna raunlækkunar fiskverðs á erlendum mörkuðum.

Aflaverðmæti



Þjóðarútgjöld. Sem fyrr segir hafa neysluútgjöld heimilanna dregist verulega saman að raungildi á þessu ári. Talið er að á fyrri hluta árs hafi útgjöldin verið rúmlega 5% minni en á sama tíma í fyrra. Gert er ráð fyrir minni samdrætti á síðari hluta ársins, eða um 3½%, þannig að neysluútgjöld lækki um nálægt 4% að raungildi milli áranna 1991 og 1992.

Skuldsetning heimilanna hefur aukist mjög mikið síðustu ár og sparnaður minnkað. Með vaxtahækkunum síðastliðið vor var þessari þróun hins vegar snúið við og sparnaður hefur síðan heldur farið vaxandi. Á næsta ári er gert ráð fyrir að framhald verði á þessari þróun og að neysluútgjöld heimilanna verði 1% minni en í ár þrátt fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna haldist sem næst óbreyttur þegar á heildina er litið.

Samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga, en það eru að langmestu leyti rekstrarútgjöld og viðhaldskostnaður, hafa vaxið hröðum skrefum allan síðasta áratug, eða um 4-5% að raungildi á ári. Með fjárlögum 1992 tókst að stöðva þessa þróun og er nú gert ráð fyrir nær óbreyttum samneysluútgjöldum að raungildi frá því í fyrra. Áfram er þó spáð umtalsverðri aukningu í samneyslu sveitarfélaga þannig að í heild er samneyslan talin aukast um ½% milli áranna 1991 og 1992.

Á næsta ári er búist við nokkurri aukningu á nýjan leik, eða sem nemur allt að 2% að raungildi. Aukningin er þó ekki almenn heldur bundin við sérstök málefni, annars vegar rekstur stofnana á sviði heilbrigðis- og félagsmála og hins vegar aukinn viðhaldskostnað vega. Áfram er því gert ráð fyrir ströngu aðhaldi að almennum rekstri ríkisstofnana.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1992	1993	1991	1992	1993
Einkaneysla	240.136	242.330	5,6	- 3,5	- 1,2
Samneysla	77.805	80.542	5,2	0,5	2,0
Fjárfesting	64.800	63.800	3,0	- 13,6	- 4,5
Birgðabreytingar	1.000	-	0,8	- 0,1	- 0,2
Þjóðarútgjöld alls	383.742	386.672	5,8	- 4,9	- 1,4
Útflutningur alls	126.288	129.492	- 5,9	- 0,5	- 0,1
Innflutningur alls	125.934	127.177	5,8	- 6,8	- 2,7
Landsframleiðsla	384.096	388.987	1,5	- 2,7	- 0,5
Viðskiptajöfnuður	- 13.471	- 12.907	- 4,9	- 3,5	- 3,3

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Ekkert lát virðist á samdrætti í fjárfestingu hér á landi. Fjárfesting atvinnuveganna hefur verið í mikilli lægð að undanförnu ef frá eru talin mikil skipa- og flugvélakaup. Sömu sögu er að segja af annarri fjárfestingu. Á yfirstandandi ári er talið að fjárfesting muni verða tæplega 14% minni en í fyrra.

Þjóðarútgjöld á mann



Á síðustu tíu árum hefur hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu lækkað um hartnær þriðjung, eða úr 24% í 16-17%. Án sérstakra aðgerða í samgöngumálum o.fl. sem stjórnvöld hafa boðað á næsta ári stefndi í 12% samdrátt í fjárfestingu. Fjárfestingarhlutfallið hefði þá farið niður í 15% og orðið það lægsta hér á landi í meira en hálfa öld. Aðgerðirnar breyta þessum horfum því verulega og er nú spáð 4½% samdrætti.

Veltubreytingar einstakra atvinnugreina. Samdráttur í þjóðarútgjöldum á árinu 1992 sem hér hefur verið rakinn kemur nokkuð misjafnlega við einstakar atvinnugreinar. Rúmlega þriðjungur heildarveltu í þjóðfélaginu er í verslunargreinunum. Á fyrri hluta ársins dróst velta í þessum greinum saman um 8% að raungildi frá sama tíma í fyrra. Í sjávarútvegi varð heldur minni samdráttur, eða um 7½%, og enn minni í samgöngum og almennum veitingarekstri, eða um 3%.

Athygli vekur að í iðnaði og byggingarstarfsemi virðist samdrátturinn hafa verið mun minni, eða tæplega 1% að raungildi frá sama tíma í fyrra. Einu greinarnar sem sýna aukningu frá fyrra ári eru ýmsar þjónustugreinar, svo sem sérfræðiþjónusta o.fl., en þar hefur velta aukist um rúmlega 4% að raungildi. Í heild nam veltusamdráttur á fyrri hluta ársins þannig um 5½%.

Atvinnuleysi



Vinnumarkaður. Miklar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðnum undanfarin ár í kjölfar versnandi efnahagsástands og erfiðleika í atvinnulífinu. Frá árinu 1988 hefur fjöldi atvinnulausra vaxið hröðum skrefum, úr 700-800 manns í meira en 3.500 það sem af er þessu ári. Þetta jafngildir því að tæplega 3% af vinnufærum mönnum sé atvinnulaus, en það er mesta atvinnuleysi sem hér hefur mælst frá því á erfiðleikaárunum 1967-1969.

Margt bendir til þess að ríkjandi atvinnuástand endurspegli svipaða erfiðleika og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gengið í gegnum síðustu árin. Minnkandi afskipti opinberra aðila af atvinnulífi og aukið frjálsræði á peningamarkaði, jafnt innan lands sem erlendis,

hefur leitt til aukinnar samkeppni. Jafnframt hafa víða komið í ljós skipulagsbrestir og óhagræði í rekstri, jafnt hjá fyrirtækjum sem opinberum aðilum. Aðhaldsaðgerðir beinast einkum að endurskipulagningu í rekstri og fækkun starfsfólks. Hér á landi hefur aflasamdráttur og uppstokkun í landbúnaði bæst við þann vanda sem fyrir var. Þessar breytingar hafa leitt til aukins atvinnuleysis til lengri eða skemmri tíma. Þróunin í Finnlandi og Svíþjóð upp á síðkastið endurspeglar þessi vandamál eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti.

Til marks um umskiptin í atvinnumálum hér á landi má nefna að fjöldi þeirra sem eru skráðir atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu hefur nær tífaldast frá árinu 1988, en þrefaldast úti á landi. Þetta endurspeglar þá þróun að enda þótt atvinnuleysis gæti í flestum atvinnugreinum virðast verslunar- og þjónustugreinar hafa orðið einna harðast úti, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir þetta er hlutfallslegt atvinnuleysi enn talsvert lægra á höfuðborgarsvæðinu, eða um 2½% af vinnuafli samanborið við 3½% utan þess.

Á næsta ári er spáð aukningu í skráðu atvinnuleysi, úr 3% að meðaltali á þessu ári í allt að 3½%, eða sem svarar til 4.000 manns. Miðað við þessar horfur og hefðbundna árstíðasveiflu má búast við því að skráð atvinnuleysi á fyrstu mánuðum næsta árs geti farið hátt í 5.000 manns, en fari síðan lækkandi.

Árshraði verðbólgunnar
Þriggja mánaða breytingar



Verðlag. Mikil umskipti hafa orðið í verðlagsmálum hér á landi upp á síðkastið. Eftir áratuga viðureign við óðaverðbólgu sem náði hámarki á síðasta áratug þegar hún fór yfir 100% hefur Ísland nú skipað sér á bekk með þeim ríkjum sem búa við lægsta verðbólgu. Síðustu tólf mánuði, þ.e. fram til september 1992, hefur framfærsluvísitalan aðeins hækkað um 2%, en það er næstminnsta verðbólga sem mældist í Evrópu það tímabil.

Enda þótt margvíslegar ástæður séu fyrir lækkun verðbólgunnar marka þjóðarsáttarsamningarnir í ársbyrjun 1990 ótvíræð þáttaskil. Þá náðist víðtæk samstaða um að leggja

höfuðáherslu á að ná verðbólgunni niður. Með kjarasamningunum síðastliðið vor voru þessi viðhorf ítrekuð. Af öðrum mikilvægum þáttum má nefna að aukin samkeppni innan lands, einkum í matvöruverslun, skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og aukið frjálsræði í viðskiptum hefur enn frekar stuðlað að lægra vöruverði.

Á meðfylgjandi yfirliti sést að frá upphafi þjóðarsáttartímabilsins, þ.e. í febrúar 1990, hefur framfærsluvísitalan hækkað um 14% að meðaltali fyrir alla vöruflokka. Athygli vekur að matvæla- og húsnæðiskostnaður vísitölufjölskyldunnar, um það bil þriðjungur af heildarútgjöldunum, hefur hækkað mun minna en meðaltalið, eða um 5% á öllu þessu tímabili.

Helstu liðir framfærsluvísitölu
Hækkun febrúar 1990 - september 1992



Samkvæmt nýjustu spám er meðalhækkun verðlags milli áranna 1991 og 1992 talin verða 3,7%. Þetta er mun minna en reiknað var með í fjárlögum ársins, en þá var gengið út frá 5,5% hækkun milli ára. Hækkunin innan ársins, þ.e. frá desember 1991 til desember 1992, verður enn minni, eða um 1,2% samkvæmt síðustu spám. Skýringin á meiri hækkun milli ársmeðaltala en innan ársins er sú að þar gætir áhrifa verðhækkunar á síðari hluta árs 1991. Samkvæmt þessu mun framfærsluvísitalan hækka um ½% minna innan ársins en almennt var gert ráð fyrir í þeim verðlagsspám sem settar voru fram við gerð síðustu kjarasamninga.

Í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir um það bil 2% verðbólgu að meðaltali. Hækkunin frá upphafi til loka ársins er talin verða svipuð. Þessi spá hvílir á þeim meginforsendum að meðalgengi krónunnar og samningsbundin laun haldist óbreytt. Hér er rétt að hafa tvennt í huga. Annars vegar eru almennir kjarasamningar lausir í byrjun mars á næsta ári. Hins vegar má búast við að aukin samkeppni í ýmsum atvinnugreinum, einkum þjónustugreinum, í kjölfar EES-samningsins skili sér í lægra vöruverði.

Tekjur. Tvennt ræður mestu um tekjuþróunina að undanförnu, annars vegar þjóðarsáttarsamningarnir í ársbyrjun 1990 og kjarasamningar síðastliðið vor og hins vegar efnahagssamdrátturinn. Samkvæmt kjarasamningunum sem gerðir voru síðastliðið vor hækkuðu laun um 1,7% í upphafi samningstímans. Auk þess var gert ráð fyrir sérstökum launabótum tvisvar á tímabilinu.

Á þessum forsendum má ætla að laun fyrir dagvinnu hafi hækkað að meðaltali um rúmlega 3½% á fyrri hluta ársins 1992 frá sama tíma í fyrra, fyrst og fremst vegna samningsbundinna launahækkana í mars og júní á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðslugögnum ríkisskattstjóra hafa heildartekjur hins vegar hækkað minna, eða í kringum 2% á sama tíma. Skýringin á þessum mun er fyrst og fremst vaxandi atvinnuleysi og styttri vinnutími sem birtist í minnkandi yfirvinnu.

Þessi þróun kemur glöggt fram í launagögnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt þeim hafa heildarlaunagreiðslur einungis hækkað um 1½% á fyrri hluta ársins 1992 frá sama tíma í fyrra. Á móti samningsbundnum launahækkunum vega minni yfirvinnugreiðslur og fækkun lausráðinna starfsmanna.

Fyrir árið 1992 í heild er gert ráð fyrir að dagvinnulaun hækki um tæplega 3% að meðaltali frá fyrra ári. Heildaratvinnutekjur á mann hækka hins vegar minna vegna minnkandi yfirvinnu og aukins atvinnuleysis, eða um nálægt 1%.

Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir heldur minni tekjubreytingum en að meðaltali á þessu ári og að kaupmáttur atvinnutekna verði þannig 1% lakari. Hér gætir meðal annars áhrifa lakara atvinnuástands, að minnsta kosti framan af árinu.

Þjóðartekjur og laun



Utanríkisviðskipti. Á árinu 1991 jukust þjóðarútgjöld langt umfram þjóðartekjur. Afleiðingin varð mesti viðskiptahalli síðan 1982 sem nam tæplega 19 milljörðum króna eða rétt um 5% af landsframleiðslu. Ástæðan var mikil aukning innflutnings á sama tíma og útflutningstekjur drógust saman.

Á þessu ári hefur viðskiptahalli hins vegar minnkað. Enda þótt heildarútflutningstekjur á fyrri hluta ársins hafi verið um 2½ milljarði króna lægri en á sama tíma í fyrra dróst innflutningur enn meira saman, eða um tæplega 9 milljarða króna. Viðskiptahalli á fyrri hluta ársins varð þannig tæplega 6½ milljarður króna, eða nær helmingi minni en á sama tíma árið 1991. Hér munar mestu um minni skipa- og flugvélakaup.

Á síðari hluta ársins er gert ráð fyrir nokkru minni samdrætti í innflutningi en á fyrri hlutanum. Útflutningstekjur eru á hinn bóginn taldar aukast og er þá reiknað með að sú birgðasöfnun sem varð á fyrri hluta ársins gangi að nokkru til baka. Í þessari áætlun gætir þó nokkurrar bjartsýni. Viðskiptahalli á síðari hluta ársins er þannig talinn verða svipaður og á fyrri hlutanum, eða tæplega 6½ milljarður króna.

Samkvæmt þessum áætlunum yrði viðskiptahallinn allt árið 1992 um 13½ milljarður króna, eða sem nemur 3½% af landsframleiðslu. Sem fyrr er vaxtajöfnuður við útlönd afar óhagstæður, eða um tæplega 14 milljarða króna. Almenn vöru- og þjónustuviðskipti eru hins vegar talin verða í jafnvægi.

Árið 1993 er reiknað með að útflutningstekjur verði sem næst óbreyttar. Á móti ívið minni tekjum af sjávarafurðum og þjónustuviðskiptum vega auknar gjaldeyristekjur af áli. Á innflutningshlið er hins vegar gert ráð fyrir rúmlega 2½% samdrætti að raungildi. Þar vegur þyngst um það bil 3% samdráttur í almennum vöruinnflutningi en á móti vegur nokkur aukning í innfluttri þjónustu. Viðskiptahalli á næsta ári gæti samkvæmt þessum áætlunum orðið heldur minni en á þessu ári, eða tæplega 13 milljarðar króna.

Viðskiptajöfnuður



Peningamál. Nokkrar sviptingar hafa verið á innlendum fjármagnsmarkaði síðustu misseri. Frá hausti 1990 og fram á vor 1991 dró verulega úr almennum sparnaði, meðal annars vegna lækkandi raunvaxta. Í kjölfar vaxtahækkunar vorið 1991 snerist þessi þróun við og sparnaður tók að vaxa á nýjan leik. Lausafjárstaða bankanna batnaði að sama skapi. Þegar upp var staðið reyndist peningalegur sparnaður hafa aukist um 37 milljarða króna árið 1991, eða talsvert umfram fyrri áætlanir.

Þróunin á fjármagnsmarkaði það sem af er þessu ári hefur verið í betra jafnvægi en undanfarin misseri. Þannig hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn heimila og sömu sögu er að segja af ríkissjóði, en þessir tveir þættir hafa verið leiðandi í lánsfjáreftirspurn síðustu misseri. Heildarútlán bankakerfisins hafa dregist lítillega saman að raungildi það sem af er árinu, samanborið við 6-7% aukningu á sama tíma í fyrra. Þar munar sem fyrr segir mest um minni lántökur ríkisins, en einnig hefur dregið úr eftirspurn einstaklinga og fyrirtækja frá síðasta ári. Almenn innlán hafa aukist lítillega það sem af er ári, en meiru máli skiptir að almenn verðbréfaútgáfa banka og sparisjóða hefur vaxið um nær fjórðung. Lausafjárstaða bankanna hefur því batnað verulega á þessu ári.

Samkvæmt áætlunum Seðlabankans er gert ráð fyrir að nýr sparnaður á árinu 1992 geti orðið 34 milljarðar króna. Þetta er talsvert meira en fyrri áætlanir gáfu til kynna. Samanburður við árið 1991 leiðir í ljós verulega aukningu í sparnaði lífeyrissjóðanna, en almennur sparnaður hefur aukist minna.

Samhengið milli peningalegs sparnaðar og lánsfjáreftirspurnar opinberra aðila er ólíkt hagstæðara á þessu ári en í fyrra. Nú er talið að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila verði rúmlega 28 milljarðar króna á þessu ári samanborið við 40 milljarða árið 1991, eða 12 milljörðum króna minni.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að lánsfjárþörf hins opinbera lækki um rúmlega 3 milljarða króna frá árinu 1992, eða sem nemur 1% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila yrði samkvæmt þessu 25 milljarðar króna. Áformað er að fjármagna ríflega tvo þriðju hluta hennar á innlendum markaði, eða um 17 milljarða króna. Í áætlunum Seðlabanka er gert ráð fyrir að nýr sparnaður á næsta ári verði um 36 milljarðar króna. Miðað við þessi áform færi innan við helmingur innlends sparnaðar árið 1993 til opinberra aðila, samanborið við tæplega tvo þriðju hluta árið 1992.

Erlend skuldastaða þjóðarbúsins. Hrein skuldastaða þjóðarinnar við útlönd nam tæplega 180 milljörðum króna í árslok 1991 og svaraði það til 47% af landsframleiðslu samanborið við 46% í árslok 1990. Skuldahlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt frá árinu 1987, enda hefur verið stöðugur halli á viðskiptum við útlönd allt þetta tímabil sem fjármagnaður er með erlendum lánum. Samhliða þessari þróun hefur greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum farið vaxandi. Árið 1987 nam greiðslubyrðin rétt tæplega 6% af landsframleiðslu, eða 16% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Árið 1991 var hlutfallið hins vegar komið upp í tæplega 8% af landsframleiðslu, eða 23% af útflutningstekjum þjóðarbúsins.

Samkvæmt þeim efnahagshorfum sem hér hafa verið raktar mun erlend skuldastaða þjóðarbúsins versna verulega á þessu ári og hinu næsta og greiðslubyrði af erlendum lánum verða meiri en nokkru sinni fyrr. Árið 1992 eru horfur á að skuldahlutfallið verði nálægt 49% af landsframleiðslu og á árinu 1993 stefnir í 52%, eða með því hæsta sem orðið hefur. Greiðslubyrði af erlendum lánum stefnir í sömu átt, í 25% af útflutningstekjum árið 1992 og tæplega 30% árið 1993.

Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993

	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
I. Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára,%		
Einkaneysla	-3,5	-1,2
Samneysla	0,5	2,0
Fjárfesting	-13,7	-4,5
Atvinnuvegir	-17,2	-10,2
Íbúðabyggingar	-6,0	-9,0
Opinberir aðilar	-14,1	5,3
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	-4,8	-1,2
Útflutningur vöru og þjónustu	-0,5	-0,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-6,8	-2,7
Almennur vöruinnflutningur án olíu	-9,5	-3,3
Verg landsframleiðsla	-2,7	-0,5
Þjóðartekjur	-3,8	-1,5
II. Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %		
Atvinnutekjur á mann	1,5	1
Ráðstöfunartekjur á mann	0,5	1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-3,1	-1
Þjóðartekjur á mann	-4,6	-2,5
Framfærsluvísitala	3,7	2
Byggingarvísitala	2,5	4
Lánskjaravísitala	3,3	2
Meðalgengi	0	0
Erlend verðbólga	4	3,5
Verðvísitala samneyslu	3,6	1,5
Verðvísitala landsframleiðslu	3,0	1,8
Viðskiptakjör, vörur	-4,4	-1,3
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	2,9	3,4
III. Ýmsar forsendur		
Fjöldi innfluttra bíla	8.300	7.650
Fólksbílar	7.000	6.650
Atvinnubílar	1.300	1.000
Sala á bensíni, milljónir lítra	181	183

4 Tekjur

4.1 Heildaryfirlit

Í fjárlögum ársins 1992 var reiknað með svipuðum skatttekjum að raungildi og á árinu 1991. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hins vegar talið að skatttekjurnar verði rúmlega 2 milljörðum króna lægri en reiknað var með í fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að skatttekjur metnar á föstu verðlagi haldist nær óbreyttar frá þessu ári, eða verði jafnvel heldur lægri, og sama gildir um heildartekjur. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hefur hins vegar hækkað milli ára vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**99.953**	**105.463**	**103.040**	**104.790**
Tekju- og eignarskattar	19.263	21.088	20.055	19.723
Óbeinir skattar	74.240	76.215	75.095	76.953
Aðrar tekjur	6.450	8.160	7.890	8.114
Verg landsframleiðsla	**382.506**	**385.205**	**384.100**	**389.000**
Skatttekjur sem hlutfall af VLF [1]	**24,4**	**25,3**	**24,8**	**24,9**
Heildartekjur sem hlutfall af VLF	**26,1**	**27,4**	**26,8**	**26,9**

[1] Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við þær tölur sem birtar eru í skýrslum OECD um skattamál. Nánar er fjallað um samræmingu á uppgjöri ríkisreiknings við alþjóðlega staðla í 8. kafla greinargerðarinnar.

Horfur 1992. Nú eru horfur á að heildartekjur ríkissjóðs verði 103 milljarðar króna á þessu ári, eða 2,4 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að hluta má rekja þetta til erfiðs efnahagsástands, en einnig hafa tekjuáform ekki gengið eftir.

Í fyrsta lagi skilar staðgreiðsla tekjuskatts talsvert lægri tekjum en áætlað hafði verið. Þar munar tæplega 1 milljarði króna. Ástæðan er fyrst og fremst minni tekjubreytingar en miðað var við í forsendum fjárlaga vegna vaxandi atvinnuleysis og styttri vinnutíma.

Í öðru lagi verða tekjur af veltusköttum (virðisaukaskattur, innflutningsgjöld) líklega 1,3 milljörðum króna lægri í ár en í tekjuáætlun fjárlaga. Þetta stafar meðal annars af því að tekjugrunnurinn fyrir þetta ár, þ.e. útkoman 1991, varð lægri en miðað var við í forsendum fjárlaga Þetta á til dæmis við um virðisaukaskattinn. Jafnframt hafa áætlanir við álagningu virðisaukaskatts aukist það sem af er ári frá sama tíma í fyrra. sem bendir til greiðsluerfiðleika hjá fyrirtækjum. Þessi þróun dregur óhjákvæmilega úr skilum á skattinum. Þá verða tekjur ríkissjóðs af innflutningsgjöldum minni vegna meiri samdráttar í innflutningi, einkum eftir dýrari vörum (bílum, rafmagnstækjum).

Í þriðja lagi ríkir enn nokkur óvissa um tekjur af sölu eigna sem átti að skila ríkissjóði rúmlega 1 milljarði króna á þessu ári. Nú er talið að þær verði aðeins um 500 m.kr. Á móti vegur betri innheimta á tryggingagjaldi og bifreiðagjöldum, auk þess sem arðgreiðslur frá Seðlabanka Íslands urðu talsvert meiri í ár en reiknað hafði verið með.

Tekjur ríkissjóðs 1993
Hlutfallsleg skipting



Frumvarp 1993. Staða þjóðarbúsins setur jafnan mark sitt á afkomu ríkissjóðs, ekki síst tekjuhliðina. Minni eftirspurn, versnandi afkoma fyrirtækja og vaxandi atvinnuleysi endurspeglast þannig í minnkandi tekjum hjá ríkissjóði, jafnt af tekju- og eignarsköttum sem veltusköttum.

Talið er að þjóðarútgjöld dragist saman um 1½% á árinu 1993 eftir tæplega 5% samdrátt í ár. Þá er búist við rúmlega 1% samdrætti einkaneyslu milli 1992 og 1993 til viðbótar um 4% samdrætti á þessu ári, en einkaneyslan ræður alla jafna mestu um tekjur ríkissjóðs af veltusköttum. Áhrif efnahagssamdráttarins á tekjuhlið ríkissjóðs eru metin nálægt 2 milljörðum króna. Þá falla ýmsir tekjustofnar brott, meðal annars jöfnunargjaldið, sem veikir tekjuhliðina enn frekar.

Á næsta ári eru fyrirhugaðar ýmsar breytingar á sviði skattamála, bæði til þess að draga úr fyrirsjáanlegu tekjutapi jafnframt því að örva atvinnustarfsemi og hvetja til nýsköpunar. Má þar nefna breikkun á gjaldstofni virðisaukaskatts ásamt lækkun á almenna skatthlutfallinu, álagningu vörugjalda í stað jöfnunargjalds, endurskoðun og lækkun á tekjuskatti fyrirtækja, auk minni háttar breytinga. Ennfremur verða umfangsmiklar tilfærslur milli skattstofna í tengslum við gildistöku samnings um evrópskt efnahagssvæði. Breikkun á eignarskattsstofni einstaklinga og lækkun skatthlutfalls er þar að auki til sérstakrar athugunar í ríkisstjórn. Þá er stefnt að frekari sölu eigna á næsta ári.

Þegar allt er lagt saman verða heildartekjur ríkissjóðs metnar á föstu verðlagi þó heldur lægri á árinu 1993 en í ár.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekju- og eignarskattar	**19.263**	**21.088**	**20.055**	**19.723**	**-1,7**
Einstaklingar	15.055	16.288	15.408	15.834	2,8
Fyrirtæki	4.208	4.800	4.647	3.889	-16,3
Óbeinir skattar	**74.240**	**76.215**	**75.095**	**76.953**	**2,5**
Innflutnings- og vörugjöld	9.460	8.608	8.150	8.389	2,9
Virðisaukaskattur	38.954	40.450	39.600	41.350	4,4
Hagnaður ÁTVR	6.487	6.650	6.650	6.500	-2,3
Tryggingagjald	9.130	9.150	9.500	9.450	-0,5
Bifreiðagjöld	6.404	7.140	7.155	7.410	3,6
Aðrir skattar	3.805	4.217	4.040	3.854	-4,6
Aðrar tekjur	**6.450**	**8.160**	**7.890**	**8.114**	**2,8**
Vaxtatekjur	3.947	3.990	4.230	3.905	-7,7
Arðgreiðslur	1.814	2.205	2.260	2.309	2,2
Sala eigna	357	1.075	500	1.500	200,0
Aðrar tekjur	332	890	900	400	-55,6
Heildartekjur ríkissjóðs	**99.953**	**105.463**	**103.040**	**104.790**	**1,7**
Skatttekjur ríkissjóðs	**93.503**	**97.303**	**95.150**	**96.676**	**1,6**
Sem hlutfall af heildartekjum, %					
Tekju- og eignarskattar	19,3	20,0	19,5	18,8	-0,7
Óbeinir skattar	74,3	72,3	72,9	73,4	0,5
Aðrar tekjur	6,4	7,7	7,6	7,8	0,2

Eins og fram kemur á meðfylgjandi yfirliti dragast tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum saman um 3-3½% að raungildi á næsta ári, metnar á verðmælikvarða landsframleiðslu. Skýringin er nær fjórðungs lækkun á tekjuskatti fyrirtækja milli ára vegna verri afkomu í ár og fyrirhugaðra breytinga á tekjuskattkerfinu á komandi ári.

Talið er að innheimta á veltusköttum aukist lítillega að raungildi á árinu 1993, eða innan við 1%. Einstakir tekjustofnar sýna þó talsverð frávik. Þannig aukast tekjur af virðisaukaskatti um 2½% á föstu verði vegna margvíslegra kerfisbreytinga og hertrar innheimtu, en nánar verður fjallað um þessi atriði í sérstökum kafla hér á eftir. Á hinn bóginn dragast tekjur af sölu áfengis og tóbaks, tryggingagjaldi og ýmsum smærri sköttum saman milli ára.

Þegar á heildina er litið munu aðrar tekjur ríkissjóðs verða ívið hærri á næsta ári í krónum talið en reiknað er með í ár. Það skýrist alfarið af fyrirhugaðri sölu eigna sem skila á 1½ milljarði króna árið 1993 samanborið við ½ milljarð króna á þessu ári. Á móti vega lægri vaxtatekjur í kjölfar lækkandi nafnvaxta.

4.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Heildartekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum einstaklinga eru áætlaðar 15,8 milljarðar króna á næsta ári. Þar af er tekjuskattur einstaklinga tæplega 13½ milljarður króna en aðrir skattar um 2,4 milljarðar.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekjuskattur	12.900	14.050	13.100	13.450	2,7
Eignarskattar	1.449	1.504	1.578	1.629	3,2
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	378	414	410	425	3,7
Erfðafjárskattur	328	320	320	330	3,1
Samtals	**15.055**	**16.288**	**15.408**	**15.834**	**2,8**
Sem hlutfall af heildartekjum	**15,1**	**15,4**	**15,0**	**15,1**	**0,1**

Tekjuskattur. Ein af meginforsendum þjóðhagsspár er sú að laun hækki ekki á næsta ári umfram samningsbundnar hækkanir, þ.e. starfsaldurshækkanir, tilfærslur milli starfa, launabætur o.fl. Samkvæmt því hækka atvinnutekjur á mann aðeins um 1% að meðaltali milli áranna 1992 og 1993. Miðað við forsendu frumvarpsins um óbreytta skattbyrði milli ára munu grunnfjárhæðir tekjuskattsins (persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur o.fl.) hækka í takt við almennar tekjubreytingar, eða um 1% að meðaltali. Þá er stefnt að því að endurskoða ákvæði um ýmsa afsláttarliði tekjuskattsins, til dæmis frádrátt vegna aksturskostnaðar einstaklinga, skattaívilnanir vegna hlutabréfakaupa og húsnæðissparnaðarreikninga svo og vaxtabætur, en greiðslur þeirra hafa aukist verulega á undanförnum árum. Reiknað er með að þessi endurskoðun skili ríkissjóði um 200 m.kr.

Staðgreiðsla tekjuskatts og endurgreiðslur árið 1992

Greiðslugrunnur	Áætlun 1992 mrð.kr.	Skatthlutfall %
Staðgreiðsla án frádráttar	**82,3**	**39,8**
Persónuafsláttur	-45,5	-22,0
Sjómannaafsláttur	-1,3	-0,6
Staðgreiðsla að frádregnum afsláttarliðum	**35,5**	**17,2**
Útsvar sveitarfélaga [1]	14,1	6,8
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1,3	0,6
Barnabætur	4,4	2,1
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	3,0	1,5
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	12,7	6,2
Áætlaður skattafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum árið 1991	-0,3	.
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	0,7	.
Tekjuskattur einstaklinga alls	**13,1**	.

[1] Skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga af tekjum yfirstandandi árs auk uppgjörs vegna fyrra árs.

Á tímabilinu janúar-ágúst 1992 skilaði staðgreiðsla tekjuskatts rösklega 700 m.kr. minni tekjum en áætlað hafði verið í fjárlögum yfirstandandi árs. Skýringa er fyrst og fremst að leita í minni tekjubreytingum vegna meira atvinnuleysis, styttri vinnutíma o.fl. Þessir þættir virðast gera gott betur en að vega upp samningsbundnar hækkanir launa ef marka má upplýsingar úr staðgreiðslukerfinu. Á móti vegur að ofgreiddur tekjuskattur af

tekjum ársins 1991 sem er endurgreiddur á þessu ári varð talsvert minni en áætlað hafði verið. Það stafar af því að færri einstaklingar nýttu sér heimild til skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa í síðasta ári en búist hafði verið við. Til fróðleiks má nefna að þessi frádráttarheimild lækkaði tekjuskatt einstaklinga um allt að 600 m.kr. á árinu 1991, en um 270 m.kr. á þessu ári. Hins vegar margfaldaðist fjöldi þeirra sem fengu skattafslátt vegna húsnæðissparnaðarreikninga, eða úr 600 einstaklingum í tæplega 3.200. Á síðasta ári námu innlegg á þessa reikninga 470 m.kr. samanborið við 77 m.kr. árið 1990. Þegar allt er lagt saman er talið að tekjuskattur einstaklinga geti orðið allt að því einum milljarði króna minni á þessu ári en áður var áætlað.

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins virðast litlar breytingar hafa orðið á verði íbúða á þessu ári, en þróun þess ræður mestu um tekjur af eignarsköttum. Þá hafa framtaldar skuldir heimilanna meira en tvöfaldast á síðustu þremur árum á meðan skattskyldar eignir hafa hækkað um 50%. Það þýðir að gjaldstofn eignarskatta hefur rýrnað um 30 milljarða króna á umræddu tímabili. Þessi þróun endurspeglaðist meðal annars í lægri álagningu eignarskatta á þessu ári en áætlað hefði verið. Góð innheimta gerir hins vegar gott betur en að vega upp þann mun, þar sem reiknað er við að hún verði heldur meiri á yfirstandandi ári en áætlað var í fjárlögum. Á grundvelli þessara forsendna er reiknað með að tekjur af eignarsköttum aukist um 3% á næsta ári og verði rúmlega 1.600 m.kr. að meðtalinni innheimtu á eldri skuldum.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkar að óbreyttu um rúmlega 1% milli ára sem svarar til tólf mánaða breytingar á byggingarvísitölu. Á þessu ári var gjaldið 3.749 krónur á hvern gjaldanda, en verður líklega kringum 3.800 krónur á næsta ári. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessu gjaldi verði 425 m.kr. árið 1993 samanborið við 410 m.kr. í ár.

Erfðafjárskattur. Innheimta erfðafjárskatts er áætluð 330 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu, en áætlun þessa tekjustofns er sem endranær mjög óviss. Í fjárlögum var innheimta hans talin verða 320 m.kr. á þessu ári. Miðað við innheimtuna fyrstu átta mánuði ársins virðist sú spá ætla að ganga eftir.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tekjuskattur	2.652	3.230	3.100	2.350	-24,2
Eignarskattar	1.556	1.570	1.547	1.539	-0,5
Samtals	**4.208**	**4.800**	**4.647**	**3.889**	**-16,3**
Sem hlutfall af heildartekjum	**4,2**	**4,6**	**4,5**	**3,7**	**-0,8**

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að innheimta á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja verði um 3,9 milljarðar króna á árinu 1993 samanborið við 4,6

milljarða króna á líðandi ári. Í þessari áætlun felst um 18% raunminnkun milli ára, en hún er venju fremur óviss, meðal annars vegna fyrirhugaðra breytinga á skattkerfinu.

Tekjuskattur. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að innheimta tæplega 2,4 milljarða króna í tekjuskatt af fyrirtækjum á árinu 1993. Í þeirri áætlun felst fjórðungs lækkun frá þessu ári að raungildi, sem svarar til um það bil 800 m.kr. Skýringin er tvíþætt. Annars vegar virðist afkoma fyrirtækja talsvert lakari á þessu ári en í fyrra, en það endurspeglast í minnkandi skatttekjum á næsta ári. Þá verður innheimtur tekjuskattur líklega lægri í ár en áður var talið sem bendir til vaxandi greiðsluerfiðleika hjá fyrirtækjum. Hins vegar hafa stjórnvöld ákveðið að beita sér fyrir breytingum á tekjuskatti fyrirtækja í takt við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á tekjuskatti fyrirtækja í helstu nágrannalöndum okkar. Þessar breytingar hafa gengið í þá átt að breikka skattstofninn með því að fækka frádráttarliðum og lækka jafnframt skatthlutfallið. Þannig er nú stefnt að því að afnema framlög í fjárfestingarsjóði, þrengja reglur um greiðslur arðs, breyta reglum og herða eftirlit með bifreiðakostnaði og risnu. Samhliða verður skatthlutfallið lækkað úr 45% í 33%. Við þessar breytingar verður tekjuskattlagning íslenskra fyrirtækja sambærileg við það sem gerist hjá helstu samkeppnisþjóðunum. Auk þess að gera fyrirtæki samkeppnishæfari gagnvart erlendum keppinautum á þessi breyting að örva atvinnustarfsemi, hvetja til nýsköpunar og þar með að draga úr áhrifum efnahagssamdráttar á íslenskt atvinnulíf.

Eignarskattar. Erfið staða íslenskra fyrirtækja endurspeglast einnig í minni tekjum af eignarsköttum á þessu ári og á hinu næsta. Þannig er gert ráð fyrir að innheimta þeirra verði heldur minni í ár en áætlað var í fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir frekari samdrætti á árinu 1993, eða um 2-2½% að raungildi. Rúmlega fjórðungur eignarskatta á fyrirtæki, eða 435 m.kr., eru tekjur af sérstökum skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Innflutningsgjöld. Verulegar breytingar verða á álagningu tolla og vörugjalda um næstu áramót. Þessar breytingar eru tvíþættar. Annars vegar tengjast þær gildistöku samnings um evrópskt efnahagssvæði í byrjun næsta árs, en í samningnum er kveðið á um fullkomna fríverslun með iðnaðarvörur frá ríkjum EB og EFTA. Það þýðir að fella þarf niður tolla og ýmis önnur innflutningsgjöld af iðnaðarvörum séu þær fluttar inn frá EES-svæðinu. Nú eru þessir tollar á bilinu 5-30% að undanskildu bensíni sem ber 50% toll. Stefnt er að því að mæta fyrirsjáanlegu tekjutapi vegna þessara breytinga með álagningu vörugjalda. Hins vegar er í forsendum frumvarpsins gert ráð fyrir að tekjutapi vegna niðurfellingar jöfnunargjalds og lækkunar á sérstökum gjaldeyrisskatti verði einnig mætt með tekjuöflun í formi vörugjalda.

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp sem fela í sér fyrrgreindar breytingar á álagningu tolla og vörugjalda vegna EES-samningsins. Annað fjallar um breytingar á tollalögunum og fyrirhugaðar breytingar á núgildandi lögum um vörugjald. Hitt fjallar um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. sem leysi af hólmi ýmis gjöld á þessa vöruflokka, svo sem tolla, innflutningsgjald ökutækja og bensíngjald. Samanlagt eiga þessar breytingar að hafa óveruleg áhrif á tekjuhlið fjárlaga að öðru leyti en því að vægi vörugjalda í tekjuöflun ríkissjóðs eykst en mikilvægi tolla minnkar að sama skapi, sbr. meðfylgjandi töflu. Nánar er fjallað um einstaka þætti þessara breytinga í fyrrgreindum frumvörpum.

Tekjur af innflutningsgjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tollar	3.872	3.690	3.395	1.250	-63,2
Jöfnunargjald	899	535	500	-	.
Almenn vörugjöld	2.406	2.494	2.495	3.320	33,1
Vörugjald af bifreiðum	1.999	1.615	1.455	2.250	54,6
Vörugjald af bensíni	-	-	-	1.270	.
Önnur innflutningsgjöld	284	274	305	299	-2,0
Samtals	**9.460**	**8.608**	**8.150**	**8.389**	**2,9**
Sem hlutfall af heildartekjum	**9,5**	**8,2**	**7,9**	**8,0**	**0,1**

Auk þessarar kerfisbreytingar er í forsendum frumvarpsins gert ráð fyrir að í stað niðurfellingar jöfnunargjalds hinn 1. október 1992 og þriðjungs lækkunar á gjaldeyrisskatti komi 550-600 m.kr. tekjuöflun í formi vörugjalda. Sú breyting verður kynnt síðar.

Að öllu samanlögðu er áætlað að þessir tekjustofnar skili 8,4 milljörðum króna á næsta ári, eða 8% af heildartekjum ríkissjóðs. Í ár er samsvarandi fjárhæð tæplega 8,2 milljarðar króna, sem er um ½ milljarði minna en reiknað var með í fjárlögum. Það frávik skýrist fyrst og fremst af meiri samdrætti innflutnings en reiknað hafði verið með, meðal annars á bifreiðum.

Tollar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða tolltekjur ríkissjóðs 3,4 milljarðar króna á þessu ári. Í stórum dráttum má skipta þeirri fjárhæð í þrennt, þ.e. tolla af bifreiðum, bensíni og öðrum innflutningi. Sem fyrr segir þarf að fella niður tolla af iðnaðarvörum við gildistöku samningsins um evrópskt efnahagssvæði í byrjun næsta árs. Þar á meðal eru tollar af bílum og bensíni sem skila ríkissjóði 1.600 m.kr. á þessu ári. Því tekjutapi á alfarið að mæta með álagningu vörugjalda, sbr. umfjöllun hér á eftir. Svipað gildir um aðrar iðnaðarvörur frá EES-svæðinu, en þar þarf vörugjaldið að brúa 500-550 m.kr. tekjutap vegna lækkunar eða afnáms tolla. Samanlagt munu tolltekjur ríkissjóðs lækka um meira en 2 milljarða króna vegna þessara breytinga og eru áætlaðir 1,3 milljarðar króna á næsta ári.

Almenn vörugjöld. Í gildandi lögum er vörugjald lagt á í tveimur gjaldflokkum, þ.e. 9% og 25%, jafnt á innlenda framleiðslu sem innflutta. Eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti er innheimta þess áætluð tæplega 2½ milljarður króna í ár. Helstu gjaldstofnar vörugjaldsins eru sælgæti, gosdrykkir, byggingarvörur, rafmagnstæki, bílavarahlutir og snyrtivörur. Sem fyrr segir þarf að auka vörugjaldstekjurnar um rúmlega ½ milljarð króna til að mæta fyrirsjáanlegu tekjutapi vegna tollabreytinganna. Megintillaga frumvarpsins er sú að gjaldflokkar vörugjalds verði sex og gjaldhlutföll á bilinu 6-30%. Jafnframt er við það miðað að lagður verði 7,5% tollur á þær vörur sem fluttar eru inn frá ríkjum utan svæðisins. Þá felur tillagan í sér talsverða útvíkkun á skattskyldusviði vörugjaldsins. Af einstökum nýjum vöruflokkum má nefna hjólbarða, filmur og skotvopn.

Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á skatttekjur ríkissjóðs þegar á heildina er litið, þó svo að einhverjar tilfærslur verði á milli vöruflokka. Við útfærslu tillögunnar

hefur einnig verið haft að leiðarljósi að verðhlutföll raskist sem minnst. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ákveðið að afla viðbótartekna af þessum gjaldstofni, samtals um 200 m.kr., meðal annars á móti niðurfellingu jöfnunargjalds. Eins og áður sagði verða þær breytingar kynntar síðar. Þegar allt er lagt saman er talið að almennu vörugjaldstekjurnar verði 3,3 milljarðar króna á árinu 1993.

Vörugjald af bifreiðum. Nú er lagður 10% tollur á innfluttar fólksbifreiðar auk innflutningsgjalds. Það síðarnefnda er lagt á í sjö gjaldflokkum eftir þyngd og sprengirými og er gjaldhlutfallið á bilinu 16-77%. Þessari álagningu þarf einnig að breyta vegna EES-samningsins og hafa tillögur um það nú þegar verið kynntar í sérstöku frumvarpi. Þar er lagt til að tekið verði upp eitt vörugjald í stað tolls og innflutningsgjalds. Gert er ráð fyrir að álagning þess verði með sambærilegum hætti og innflutningsgjaldsins að öðru leyti en því að hver gjaldflokkur hækkar um ígildi tollsins, þ.e. 10%, og verði á bilinu 26-87%.

Samkvæmt gildandi lögum bera atvinnubifreiðar 30% toll en eru undanþegnar innflutningsgjaldi. Í frumvarpinu er lagt til að þessum tolli verði breytt í vörugjald. Sama gildir um önnur ökutæki (tengivagna, bifhjól, fjórhjól). Samanlagt er áætlað að þetta nýja vörugjald á ökutæki skili ríkissjóði 2,3 milljörðum króna á árinu 1993. Þá hefur verið tekið tillit til þess að í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti verði vörugjöld á fólksbíla hækkuð á móti lægra skatthlutfalli virðisaukaskatts.

Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn 8.500 bílar á þessu ári samanborið við rúmlega 12.000 bíla í fyrra. Tölur um innflutning fyrstu átta mánuði ársins benda til þess að þær verði heldur færri, eða kringum 8.300 bílar auk þess að vera ódýrari tegundir. Nokkuð hefur dregið úr innflutningi atvinnubíla, einkum sendibíla, en hann er þó enn mjög mikill. Á næsta ári er því spáð að bifreiðainnflutningur dragist enn saman og verði kringum 7.700 bílar.

Almennt vörugjald af bensíni. Sem fyrr segir er gildandi tollur á bensíni 50% og eru áætlaðar tekjur af honum nálægt 800 m.kr. á þessu ári. Tillaga frumvarpsins um vörugjöld á bensín og ökutæki er að tekið verði upp 50% vörugjald í stað tollsins, jafnframt því að innflutningsgjaldi á bensín, sem er markaður stofn til vegagerðar, verði breytt í sérstakt vörugjald. Nánar er fjallað um síðarnefnda gjaldið í kafla um bifreiðagjöld hér á eftir. Þá hefur ríkisstjórnin í tengslum við fjárlagagerðina ákveðið að afla 300-350 m.kr. viðbótartekna af bensíni, bæði til þess að mæta tekjutapi vegna niðurfellingar á jöfnunargjaldi og einnig til að vega á móti fyrirsjáanlegri lækkun á bensínverði vegna breytinga á virðisaukaskatti. Það þýðir að vörugjaldið þarf að vera 75% eigi fyrrgreint markmið um tekjuöflun að nást.

Önnur innflutningsgjöld. Undir þennan flokka falla ýmis smærri innflutningsgjöld (kartöflugjald, fóðurgjald, jöfnunartollur o.fl.), en tekjur af þeim eru áætlar 300 m.kr. á næsta ári. Það er svipuð fjárhæð og í ár. Rétt er að nefna að um mitt næsta ár er áformað að taka upp sérstakt jöfnunargjaldakerfi í samræmi við ákvæði EES-samningsins í því skyni að jafna samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðenda gagnvart erlendum keppinautum. Þetta kerfi er í reynd aðeins útvíkkun á núgildandi reglum um jöfnunartoll sem lagður er á súkkulaði, brauð, kex og kökur. Ekki er gert ráð fyrir viðbótartekjum af þessari kerfisbreytingu enda áhrifin óviss, þar sem á móti breiðari gjaldstofni vegur hugsanleg lækkun á öðrum gjöldum, meðal annars jöfnunartollinum.

Virðisaukaskattur. Samkvæmt forsendum þjóðhagsspár mun einkaneyslan dragast saman um rúmlega 1% á næsta ári, en það er sú stærð sem ræður mestu um tekjur af virðisaukaskatti. Jafnframt er áætluð verðbreyting um 2%. Á þeim forsendum ætti innheimta virðisaukaskatts að aukast um tæpt 1% í krónum talið milli ára að öðru óbreyttu, eða kringum 400 m.kr. Samkvæmt áætlun frumvarpsins eru tekjur af virðisaukaskatti hins vegar taldar aukast um 4½% á komandi ári, eða um tæplega 1,8 milljarða króna. Skýringar á þessum viðbótartekjum er að finna í fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda sem skipta má í tvennt. Annars vegar er áformað að draga úr skattfrelsi ýmissa neysluþátta (húshitun, bækur, blöð, tímarit, sjónvarp og útvarp) sem nú eru án virðisaukaskatts. Auk þess er stefnt að því að draga úr endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði. Ennfremur verður gripið til hertra innheimtuaðgerða. Jafnhliða þessum breytingum verður almenna skatthlutfallið lækkað úr 24,5% í 23,5%. Með þessu verður stigið mikilvægt skref í að fækka undanþágum skattsins og lækka skatthlutfallið enda viðurkennt að hátt skatthlutfall, mikill fjöldi undanþága og víðtækar endurgreiðslur torveldi skatteftirlit og stuðli að undanskotum. Nánar verður fjallað um þessar breytingar í sérstöku frumvarpi sem lagt verður fram á næstunni. Hins vegar er stefnt að afnámi endurgreiðslna á virðisaukaskatti til sveitarfélaga vegna kaupa á ýmis konar þjónustu, svo sem ræstingu, snjómokstri, sorphreinsun og margs konar sérfræðivinnu. Á móti verður sérstakt gjald vegna þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði fellt niður.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Virðisaukaskattur	38.954	40.450	39.600	41.350	4,4
Sem hlutfall af heildartekjum	**39,0**	**38,4**	**38,4**	**39,5**	**1,1**

Í tekjuáætlun fjárlaga 1992 var gert ráð fyrir 40,5 milljarða króna tekjum af virðisaukaskatti á þessu ári. Þessi spá hefur verið endurskoðuð í ljósi innheimtunnar fyrstu átta mánuði ársins og þess að tekjugrunnurinn að baki áætlun fjárlaga var lægri en þar var miðað við. Samkvæmt henni verður innheimta virðisaukaskatts 39,6 milljarðar króna í ár, eða 850 m.kr. minni en áður var áætlað. Þróunin fram til þessa hefur verið sú að virðisaukaskattur af innflutningi hefur dregist verulega saman, en skattur af innlendri verðmætasköpun fremur aukist en hitt. Þetta tvennt kann hins vegar að hanga saman. Þannig leiða minnkandi fjárfestingar í atvinnurekstri, meðal annars minni bifreiðakaup, til minni frádráttar innskatts frá endanlegum skatti. Þá hafa endurgreiðslur innskatts til fiskvinnslu og opinberra aðila orðið talsvert meiri en búist var við. Þar er ekki um eiginlegt tekjutap að ræða heldur tilfærslu í innheimtu milli tímabila.

Í meðfylgjandi töflum eru til fróðleiks birtar helstu stærðir virðisaukaskattkerfisins á árinu 1991 ásamt skiptingu nettóálagningar eftir atvinnugreinum. Þar kemur meðal annars fram að meira en helmingur skattsins er lagður á við innflutning, eða um 24 milljarðar króna. Einnig kemur fram að aðeins þriðjungur eiginlegrar álagningar kemur til innheimtu, en afgangurinn er skattur á viðskipti milli aðila, þ.e. innskattur af aðföngum

og fjárfestingu skattskyldrar starfsemi. Þá nema endurgreiðslur rúmlega 5% af nettóálagningu skattsins.

Álagning virðisaukaskatts og endurgreiðslur árið 1991

	Álagning 1991 mrð.kr.	Skipting %
Heildarálagning á skattskylda veltu (útskattur)	131,4	100,0
Frá dregst álagning á aðföng (innskattur)	86,1	-65,5
Álagning virðisaukaskatts, nettó (útskattur - innskattur)	**45,3**	**34,5**
Þar af álagt við innflutning	24,0	18,3
Þar af álagning á innlenda verðmætasköpun	21,3	16,2
Endurgreiðslur	**-2,4**	**-1,9**
Lægri VSK af mjólk, kjöti, fiski o.fl.	-0,6	-0,5
Endurgreiðslur til opinberra aðila	-0,6	-0,5
Endurgreiðslur vegna vinnu við íbúðarhúsnæði	-1,2	-0,9
Hlutur ríkissjóðs í álögðum virðisaukaskatti	**42,9**	**32,6**

Verslun og þjónusta skila tæplega 90% af heildarinnheimtu virðisaukaskatts samkvæmt meðfylgjandi yfirliti. Hins vegar eru endurgreiðslur til sjávarútvegs jafnmiklar skilum iðnaðar, eða rúmlega 9% af heild. Landbúnaður og byggingarstarfsemi skila síðan afgangnum.

Þessar tölur sýna glöggt hversu umfangsmikill gjaldstofninn er, en hann stendur undir nær helmingi skattteknanna. Tiltölulega lítil frávik í forsendum fyrir áætlaðri álagningu eða innheimtu skattsins geta því haft veruleg áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs.

Skipting álagningar 1991 eftir atvinnugreinum

	Álagning 1991 mrð.kr.	Skipting %
Landbúnaður	1,3	2,9
Sjávarútvegur	-4,1	-9,1
Iðnaður	4,1	9,1
Byggingarstarfsemi	4,0	8,8
Verslun [1]	34,1	75,3
Veitingarekstur og ýmis þjónusta við neytendur	2,4	5,3
Sérfræðiþjónusta (þjónusta við atvinnurekstur)	3,0	6,6
Aðrar greinar	0,5	1,1
Álagning virðisaukaskatts, nettó	**45,3**	**100,0**

[1] Álagning virðisaukaskatts á innflutning er hér talin með skilum verslunar. Í því felst raunar ákveðið ofmat á hlutdeild þeirrar greinar á kostnað annarra.

Hagnaður ÁTVR. Gert er ráð fyrir að hagnaður ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks verði 6,5 milljarðar króna á árinu 1993. Í því felst nokkur raunminnkun frá þessu ári. Miðað er við að verð á áfengi og tóbaki hækki í takt við almennar verðlagsbreytingar á næsta ári, en neyslan dragist saman um 5%. Sá samdráttur er að mestu kominn fram, en

það sem af er ári hefur sala á áfengi dregist saman um 10% og tóbakssala um 2-3%. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstakri hækkun á verði þessara vara á móti lækkun virðisaukaskattsins úr 24,5% í 23,5%. Þrátt fyrir samdrátt í sölu að undanförnu bendir allt til þess að skil ÁTVR á hagnaði fyrir þetta ár verði svipuð því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða 6.650 m.kr.

Skattskil ÁTVR

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Hagnaður af sölu áfengis og tóbaks . .	6.487	6.650	6.650	6.500	-2,3
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,5**	**6,3**	**6,5**	**6,2**	**-0,3**

Tryggingagjald. Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi eru áætlaðar tæplega 9½ milljarður króna á næsta ári. Þá er meðtalin innheimta á slysatryggingagjaldi vegna ökutækja og eftirstöðvum eldri launaskatta. Þess má geta að innheimta eftirstöðva hefur verið mun meiri á þessu ári reiknað hafði verið með, en búist er við að sá tekjuliður verði 200 m.kr. lægri á næsta ári. Það er meginskýring þess að gjaldstofninn er talinn skila minni tekjum á árinu 1993 en í ár. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að innheimta á tryggingagjaldi fylgi almennum tekjubreytingum á komandi ári.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Tryggingagjald	7.658	8.800	8.855	9.000	1,6
Slysatryggingagjald vegna ökutækja o.fl.	39	50	195	200	2,5
Eftirstöðvar eldri gjalda	1.433	300	450	250	-55,5
Samtals	**9.130**	**9.150**	**9.500**	**9.450**	**-0,5**
Sem hlutfall af heildartekjum	**9,1**	**8,7**	**9,2**	**9,0**	**-0,2**

Endurskoðuð áætlun fyrir yfirstandandi ár bendir til þess að tekjurnar verði 350 m.kr. meiri en spáð var. Sem fyrr segir er skýringin betri innheimta eftirstöðva auk þess sem slysatryggingagjald vegna ökutækja hækkaði langt umfram forsendur fjárlaga.

Á þessu ári var í fyrsta sinn lagt á tryggingagjald eftir gildistöku laganna í ársbyrjun 1991 og nam heildarálagning þess ríflega 9,1 milljarði króna. Í eftirfarandi töflu eru sýndar meginniðurstöður þessarar álagningar eftir rekstrarformi og gjaldhlutfalli, en gjaldið er lagt á í tveimur þrepum, þ.e. 2,5% á landbúnað, sjávarútveg og iðnað en 6% á aðrar greinar.

Álagning tryggingagjalds árið 1992 [1]

	2,5% gjald m.kr.	6% gjald m.kr.	Samtals m.kr.	Hlutfallsleg skipting %
Einstaklingsrekstur	255	1.064	1.319	14,4
Lögaðilar	1.308	6.515	7.823	85,6
Samtals	**1.563**	**7.579**	**9.142**	**100,0**
Hlutfallsleg skipting, %	**17,1**	**82,9**	**100,0**	.

[1] Endanleg álagning tryggingagjalds á laun sem greidd voru á árinu 1991. Meginhluti þessarar álagningar var hins vegar innheimtur á árinu 1991.

Fram kemur að yfirgnæfandi hluti tryggingagjalds er lagður á lögaðila (sameignarfélög, samvinnufélög, hlutafélög), eða rúmlega 85%. Þá skila atvinnugreinar í lægri þrepi, þ.e. landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður um 17% skattteknanna en aðrar greinar (byggingariðnaður, verslun, þjónusta, opinberir aðilar) tæplega 83%.

Bifreiðagjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 7,4 milljarða króna tekjum af þessum gjaldstofnum á árinu 1993, en í ár er reiknað með að innheimta þeirra verði um 7,2 milljarðar króna. Hækkunin milli ára nemur tæpum 4%, en í því felst 2% raunaukning.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Sérstakt vörugjald á bensín	3.632	4.000	4.010	4.160	3,7
Þungaskattur, km-gjald	1.104	1.370	1.330	1.375	3,4
Þungaskattur, árgjald	428	460	515	525	1,9
Markaðar tekjur til vegagerðar	**5.164**	**5.830**	**5.855**	**6.060**	**3,5**
Bifreiðagjald	1.240	1.310	1.300	1.350	3,8
Samtals	**6.404**	**7.140**	**7.155**	**7.410**	**3,6**
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,4**	**6,8**	**6,9**	**7,1**	**0,2**

Markaðar tekjur til vegagerðar. Bensíngjald og þungaskattur eru tekjustofnar sem eru markaðir vegagerð samkvæmt lögum. Samkvæmt frumvarpinu skila þeir rúmlega 6 milljörðum króna á næsta ári. Forsenda þeirrar áætlunar er 2% hækkun á gjaldskrám í byrjun næsta árs auk magnbreytinga. Gjaldskrárhækkunin tengist fyrst og fremst tilflutningi á verkefnum, en ein af forsendum frumvarpsins er að fjármögnun ferja heyri framvegis undir vegamál, sbr. umfjöllun í 5. kafla. Einnig er stefnt að gagngerri endurskoðun á innheimtukerfi þungaskatts sem bætt gæti innheimtu hans nokkuð á komandi ári. Þetta skýrir þá umframhækkun sem fram kemur í tekjum af kílómetragjaldi, sbr. meðfylgjandi töflu. Miðað er við að á árinu 1993 verði sala á bensíni 183 milljónir lítra eða 1-1½% meiri en á þessu ári. Þá verður ákveðin formbreyting á álagningu bensíngjalds um næstu

áramót við gildistöku samnings um evrópskt efnahagssvæði. Í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að tekið verið upp sérstakt vörugjald á bensín í stað þess gjalds sem nú eru í gildi, en að öðru leyti haldist álagningin óbreytt.

Það sem af er ári eru tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti heldur meiri en áætlað var í fjárlögum vegna meiri bensínsölu og betri innheimtu á þungaskatti. Þá er útlit fyrir að sala á bensíni verði rúmlega 180 milljónir lítra en ekki 179 milljónir lítra sem var forsenda fjárlaga. Á móti vegur vaxandi hlutdeild blýlauss bensíns en á það er lagt lægra gjald.

Bifreiðagjald. Gert er ráð fyrir 2% hækkun bifreiðagjalds á næsta ári, en tekjur af því eru áætlaðar 1.350 m.kr. á árinu 1993. Á þessu ári verður innheimta þess líklega 1.300 m.kr., eða ívið minni en reiknað var með í fjárlögum.

Aðrir skattar. Samanlagt eiga aðrir skattstofnar að skila ríkissjóði 3,9 milljörðum króna á næsta ári samkvæmt áætlun frumvarpsins. Í þeirri spá felst tæplega 7% raunminnkun frá þessu ári. Hún skýrist meðal annars af þriðjungs lækkun tekna af sérstökum gjaldeyrisskatti, en hann fellur niður um næstu áramót. Í stað hans verður tekið upp gjald á sölu gjaldeyris. Gert ráð fyrir að dregið verði úr þessari gjaldtöku í áföngum á næstu þremur árum, en áætlað er að hún skili ríkissjóði 200 m.kr. á árinu 1993. Þá má búast við að áhættugjald ríkisábyrgða skili minni tekjum á næsta ári en í ár, þar sem fyrirtæki hafa nú frjálsari hendur en áður til að afla lánsfjár á erlendum mörkuðum. Í samningnum um evrópska efnahagssvæðið felst einnig ákveðin viljayfirlýsing um að dregið verði úr opinberum styrkjum, þar á meðal ríkisábyrgðum.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	362	370	313	200	-36,1
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.348	2.433	2.330	2.290	-1,7
Aukatekjur	489	765	740	740	.
Ríkisábyrgðagjald	283	280	300	275	-8,3
Aðrir skattar	323	369	357	349	-2,2
Samtals	**3.805**	**4.217**	**4.040**	**3.854**	**-4,6**
Sem hlutfall af heildartekjum	**3,8**	**4,0**	**3,9**	**3,7**	**-0,2**

Í fjárlögum 1992 voru tekjur af þessum stofnum áætlaðar 4,2 milljarðar króna. Innheimtan það sem af er ári bendir hins vegar til þess að tekjurnar verði nær 4 milljörðum króna. Samdrátturinn kemur einkum fram í minnkandi tekjum af lántökugjöldum og gjaldeyrissköttum. Á hinn bóginn virðist innheimta aukatekna nokkurn veginn standast, en umfangsmiklar breytingar á innheimtu dómsmálagjalda gerðu áætlun tekna af þessum gjaldstofni nokkuð óvissa.

Aðrar tekjur. Stefnt er að því að önnur tekjuöflun skili ríkissjóði 8 milljörðum króna á næsta ári, eða heldur hærri tekjum en í ár. Þyngst vega vaxtatekjur, en þær nema tæplega 4 milljörðum króna. Þær tekjur dragast hins vegar nokkuð saman milli ára, eða um 9% að raungildi vegna lækkandi nafnvaxta. Auk þess verða vaxtatekjur ríkissjóðs af lausafjárstöðu viðskiptabankanna óverulegar á næsta ári, en sá stofn nam rúmlega 200 m.kr. á þessu ári. Ástæðan er að útlán innlánsstofnana hafa dregist meira saman en innlán á yfirstandandi ári sem endurspeglast í betri lausafjárstöðu og minni vöxtum fyrir ríkissjóð á næsta ári.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting 1992-1993 %
Vaxtatekjur	3.947	3.990	4.230	3.905	-7,7
Arðgreiðslur	1.814	2.205	2.260	2.309	2,2
Sala eigna	357	1.075	500	1.500	200,0
Aðrar tekjur	332	890	900	400	-55,6
Samtals	**6.450**	**8.160**	**7.890**	**8.114**	**2,8**
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,5**	**7,7**	**7,7**	**7,7**	.

Þá er gert ráð fyrir 2,2 milljarða króna tekjum af arði, eða svipaðri fjárhæð og á þessu ári. Að vísu lækka arðgreiðslur Seðlabanka Íslands um 250 m.kr. og Pósts og síma um 120 m.kr., en á móti er reiknað með auknum arðgreiðslum frá Landsvirkjun, RARIK, Íslenskum aðalverktökum o.fl. Í frumvarpinu er einnig reiknað með að sala eigna skili ríkissjóði 1½ milljarði króna næsta ári, en í ár er samsvarandi fjárhæð 500 m.kr. Eigi þessi áform að ganga eftir er ljóst að hefja þarf sölu á hlut ríkisins í lánastofnunum á árinu 1993. Að lokum má nefna að stefnt er að afnámi sérstaks gjalds vegna þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði sem skilar ríkissjóði 600 m.kr. tekjum í ár. Í stað þess verður endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna kaupa á ýmis konar þjónustu afnumdar. Þetta er meginskýring þess frávik sem fram kemur á liðnum aðrar tekjur í töflunni hér að framan.

5 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um heildarútgjöld og hagræna skiptingu þeirra og því næst um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana.

5.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1993 eru áætluð 111 milljarðar króna. Að teknu tilliti til almennra forsendna um verðþróun jafngildir það rúmlega 3 milljarða króna lækkun að raungildi frá endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár, eða sem nemur 3% samdrætti milli ára. Að frátöldum sérstökum aðgerðum ríkisstjórnar til eflingar atvinnulífinu nemur samdrátturinn rúmlega 5 milljörðum króna eða 4,5%. Lækkunin kemur nær alfarið fram í svokölluðum rekstrartilfærslum, þ.e. greiðslum ríkisins til fyrirtækja, heimila og samtaka.

Það er einkum fernt sem einkennir útgjaldahlið frumvarpsins.

Í fyrsta lagi hefur að mestu tekist að ná tökum á sjálfvirkni útgjalda til landbúnaðar. Samkvæmt búvörusamningi sem tók gildi þann 1. september 1992 er ábyrgð á sölu landbúnaðarafurða flutt frá ríkinu til framleiðenda og vinnslustöðva. Þessa sér glöggt stað í frumvarpinu þar sem framlag til hefðbundinna greina landbúnaðar lækkar um 3 milljarða króna milli áranna 1992 og 1993. Af fjárhæðinni stafar reyndar um 1 milljarður króna af auknum útgjöldum á árinu 1992 vegna skörunar gamla og nýja búvörusamningsins um sauðfjárafurðir.

Í öðru lagi hefur með nýjum lögum og reglum um útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna tekist að draga úr árlegum útgjöldum ríkissjóðs um 500 m.kr. til viðbótar þeim 300 m.kr. sem náðist að spara í gildandi fjárlögum.

Í þriðja lagi einkennir frumvarpið margvísleg viðleitni til að hemja sjálfvirkan vöxt í útgjöldum almannatrygginga. Það markmið er sett í frumvarpinu að útgjöld til þessa málaflokks hækki ekki að raungildi milli ára.

Loks er að nefna að rekstrarsparnaður stofnana ríkisins sem áformaður var í fjárlögum 1992 hefur að mestu gengið eftir. Áfram verður gerð krafa um hagræðingu í rekstri á árinu 1993 eða sem nemur 0,5% af launa- og rekstrarútgjöldum. Þessi fjárhæð, samtals um 250 m.kr., er sett á sérstakan lið *950 Rekstrarhagræðing* undir sérhverju ráðuneyti og verður einungis notuð til að stuðla að hagræðingu sem á að skila sér í minni útgjöldum ríkisins á árinu 1993 og síðar. Í þessu sambandi má nefna óhjákvæmilegan kostnað við endurskipulagningu í rekstri stofnana, svo sem aðkeypta rekstrarráðgjöf eða sérfræðiþjónustu, biðlaun þegar störf eru lögð niður og til að standa undir tilfallandi launaútgjöldum til starfsmanna sem óska eftir að láta af föstu starfi áður en eftirlaunaaldri er náð.

Á eftirfarandi töfluyfirliti eru útgjöld sýnd bæði samkvæmt samþykktum fjárlögum ársins 1992 og endurmati á útgjaldahorfum á árinu. Yfirlitið sýnir því bæði breytingar á veigamestu útgjaldaliðum á árinu 1992 og áformaðar fjárveitingar 1993. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verður fram innan tíðar verður gerð ítarleg grein fyrir endurskoðaðri áætlun tekna og gjalda og frávikum frá fjárlögum.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**42.418**	**41.081**	**41.660**	**42.667**	**2,4**
Laun	32.448	32.794	33.080	34.275	3,6
Önnur gjöld	14.570	15.244	15.400	15.578	1,2
Sértekjur	4.600	6.957	6.820	7.186	5,4
2. Tryggingabætur, niðurgreiðslur, framlög	**45.109**	**43.925**	**46.273**	**41.898**	**-9,5**
Lífeyristryggingar	14.406	14.757	14.920	15.190	1,8
Sjúkratryggingar	10.496	9.043	9.670	9.730	0,6
Slysatryggingar	524	547	547	555	1,5
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.266	1.280	1.980	1.964	-0,8
Uppbætur á lífeyri	1.083	1.200	1.200	875	-27,1
Lífeyrissjóður bænda	342	432	432	336	-22,2
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.235	7.262	8.100	5.273	-34,9
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	666	340	340	250	-26,5
Sauðfjárveikivarnir	315	239	239	132	-44,8
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	491	494	494	294	-40,5
Niðurgreiðsla á rafmagni	275	341	341	427	25,2
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.432	2.220	2.000	1.710	-14,5
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.366	1.497	1.480	1.350	-8,8
Annað	4.212	4.273	4.530	3.812	-15,9
3. Vaxtagreiðslur	**9.875**	**9.900**	**9.400**	**10.200**	**8,5**
4. Viðhald	**2.287**	**2.795**	**2.772**	**3.081**	**11,2**
Vegagerð ríkisins	1.735	2.118	2.095	2.396	14,4
Annað	552	677	677	685	1,2
5. Fjárfesting, alls	**12.798**	**11.873**	**12.035**	**13.144**	**9,2**
Stofnkostnaður	7.491	6.815	6.958	8.213	18,0
Vegagerð ríkisins	2.410	2.690	2.789	4.297	54,1
Flugvellir	396	312	312	335	7,4
Endurbætur menningarbygginga	226	457	457	520	13,8
Sjúkrahús í Reykjavík	526	504	504	399	-20,8
Framkvæmdasjóður fatlaðra	236	320	320	350	9,4
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.378	268	268	201	-25,0
Annað	2.319	2.264	2.308	2.111	-8,5
Fjárfestingarframlög	5.307	5.058	5.077	4.931	-2,9
Vegagerð ríkisins	630	468	397	554	39,6
Hafnamál	832	965	1.005	939	-6,6
Byggðastofnun	250	180	180	170	-5,6
Byggingarsjóðir	900	1.075	1.075	961	-10,6
Sjúkrahús og læknisbústaðir	328	330	330	270	-18,2
Framkvæmdasjóður aldraðra	263	277	277	265	-4,3
Annað	2.104	1.763	1.813	1.772	-2,3
Samtals	**112.487**	**109.574**	**112.140**	**110.990**	**-1,0**

Rekstrarkostnaður A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, hækkar um 1 milljarð króna milli áranna 1992 og 1993, eða sem næst 1% að raungildi. Er þetta fyrst og fremst vegna fjölgunar starfa í tengslum við nýjar stofnanir fatlaðra og heilbrigðisstofnanir og aukins rekstrarkostnaðar dómsmálastofnana í kjölfar breytinga á dómsmálakerfinu sem hófust á árinu 1992 en koma til fullra áhrifa 1993. Samtals hækkar rekstrarkostnaður vegna þessa um nálægt 450 m.kr. Aftur á móti er samdráttur launagjalda óverulegur í þeim tilvikum þar sem verið er að fækka fólki vegna uppgjörs og greiðslu biðlauna. Þá er aðalskrifstofum ráðuneyta og stofnunum æðstu stjórnar ríkisins ætlað að spara um sem næst 4% að meðaltali frá fjárlögum 1992 eða um 125 m.kr. Um er að ræða tiltekna útgjaldaliði, svo sem risnu, ferðakostnað, nefndarþóknun og tækjakaup. Loks má benda á að rekstur skólakerfisins hækkar ekki milli ára að raungildi.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda eftir málefnaflokkum. Þar kemur meðal annars fram að nálægt tveir þriðju hlutar þeirra fara til skóla og sjúkrastofnana og hefur hlutur þeirra ívið hækkað frá fjárlögum yfirstandandi árs þrátt fyrir sparnaðaraðgerðir.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1993
Hlutfallsleg skipting



Heildarlaunagjöld eru áætluð 34,3 milljarðar króna á næsta ári og hækka um 3,6%. Í því sambandi er vakin athygli á því að nú er felld inn í frumvarpið svokölluð sértekjustarfsemi á vegum Ríkisspítala og Háskóla Íslands sem til þessa hefur staðið utan fjárlaga. Við þetta hækka launagjöld og sömuleiðis sértekjur um nálægt 300 m.kr., þar af tengjast 250 m.kr. Ríkisspítölum. Að teknu tilliti til launaþróunar milli ára aukast launagjöld um liðlega 1% að umfangi.

Umræða um fjölda starfa og breytingar milli ára hefur iðulega átt sér stað í tengslum við framkvæmd fjárlaga ár hvert. Þegar talað er um starf er átt við vinnu eins starfsmanns í fullri dagvinnu í eitt ár (ársverk). Mælikvarði fjárlaga eru fjárhæðir en ekki nákvæm mæling á fjölda starfsmanna eða ársverka. Kröfur til ráðuneyta við fjárlagagerðina lúta fyrst og fremst að skiptingu útgjalda í launagjöld, önnur gjöld og tilfærslur. Þetta veldur erfiðleikum á samanburði fjárlaga og upplýsinga úr starfsmannaskrám. Haldgóðar upplýsingar eru til um starfa- og ársverkafjölda frá einu tímabili til annars en þær nýtast aftur á móti ekki til samanburðar við fjárlög. Í fjármálaráðuneytinu er nú lögð áhersla á að bæta upplýsingar um starfsmannahald og breytingu á því frá einum tíma til annars.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 15,6 milljörðum króna og dragast saman um tæplega 1% milli ára. Breytingar koma fram á ýmsum liðum og eru þær ekki raktar hér.

Sértekjur stofnana ríkisins eru áætlaðar 7,2 milljarður króna og hækka um tæplega 400 m.kr. milli ára. Ástæðan er áðurnefnd sértekjuverkefni sem staðið hafa utan fjárlaga en eru nú tekin inn.

Rekstrartilfærslur ríkissjóðs 1993
Hlutfallsleg skipting



Tryggingabætur, niðurgreiðslur og framlög, eða svonefndar rekstrartilfærslur, nema 41,9 milljörðum króna og lækka um 4,4 milljarða króna. Þar af lækkar framlag til landbúnaðarmála um 3,3 milljarða króna og framlag A-hluta ríkisins til uppbóta á lífeyri um liðlega 300 m.kr. Ástæða þess síðarnefnda er sú ákvörðun ríkisstjórnar að B-hluta fyrirtæki standi undir greiðslu lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna, sem áætlaðar eru 175 m.kr. á árinu 1993, og auknar vaxtatekjur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem lækkar útgjöld ríkissjóðs um svipaða upphæð. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 300 m.kr og framlög til reksturs ferja og flóabáta um 300 m.kr. þar sem þau

útgjöld verða nú borin af vegafé. Loks má nefna að sérstakt 100 m.kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og framlag vegna ríkisábyrgðar á launum, sem er um 180 m.kr. 1992, falla niður í frumvarpi 1993.

Fáeinir liðir hækka lítils háttar. Þar ber hæst 100 m.kr. framlag sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja í sérstakt markaðsátak í löndum EES. Samningurinn um evrópskt efnahagssvæði opnar íslensku atvinnulífi ný tækifæri á Evrópumarkaði sem mikilvægt er að nýta svo sem kostur er. Átakið verður undirbúið og framkvæmt í nánu samstarfi við samtök atvinnulífsins og fyrirtæki. Ennfremur hækkar framlag til lífeyris- og sjúkratryggginga um 300 m.kr. og til niðurgreiðslu húshitunar um 80 m.kr. og tengist það fyrirhugaðri innheimtu virðisaukaskatts hjá hitaveitum.

Um 38% heildarútgjalda fara til rekstrartilfærslna á næsta ári samanborið við 41% á árinu 1992. Nálægt tveir þriðju hlutar þeirra renna til almannatrygginganna og fer hlutur þeirra vaxandi með ári hverju. Til landbúnaðarins fara um 15%. Á myndinni hér að framan er sýnd skipting rekstrartilfærslna á helstu þætti.

Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 800 m.kr milli ára, eða um tæp 8%. Hækkunin stafar annars vegar af því að innlausn spariskírteina er áætluð um 700 m.kr. meiri á næsta ári en í ár og hins vegar af vaxandi skuldum ríkissjóðs sem er afleiðing hallareksturs undanfarinna ára. Vaxtaútgjöldin, sem nema um 10% af ríkisútgjöldum, eru mjög sveiflukennd og háð gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtaútgjöld einnig að nokkru af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald hækkar um 10% frá áætlun yfirstandandi árs og verður 3,1 milljarði króna varið til þess á næsta ári. Hækkunina má rekja til aukinnar áherslu á viðhald vega, en til þess fara 2,4 milljarðar króna en afgangurinn er ætlaður til viðgerða og endurbóta á eignum ríkisins. Við þetta má bæta að nauðsynlegu viðhaldi á húseignum ríkisins mun í vaxandi mæli verða mætt með innheimtu leigugjalda. Einn þáttur í því er endurskoðun á reglum um leigugreiðslur fyrir embættisbústaði, þar sem stefnt er að því að greiðslurnar renni til viðhalds eigna.

Fjárfesting er áætluð 13,1 milljarður króna á árinu 1993 og hækkar um 1,2 milljarða króna. Þar af eru 2 milljarðar króna sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja til sérstakra atvinnumálaaðgerða og verður fjármagnað með innlendri lántöku. Sú fjárhæð skiptist þannig að 1,8 milljarðar króna fara til nýframkvæmda vega, sem síðar verða endurgreiddir af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, og 0,2 milljarðar króna fara til byggingarframkvæmda.

Til stofnkostnaðar verður varið 8,2 milljörðum króna. Þar af eru 4,3 milljarðar króna til vegagerðar sem er yfir 50% aukning frá árinu 1992. Ennfremur hækka framlög til flugvalla, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og endurbóta menningarbygginga. Framlag til nýbyggingar húsa lækkar hins vegar milli ára en þess í stað er lögð áhersla á að nýta betur það húsnæði sem er til.

Fjármagnstilfærslur dragast saman um 4%. Gildir það um framlög til flestra aðila. Mikilvæg undantekning er þó þar á. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja um fimmtungi af söluandvirði ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í eigu ríkisins sem seld verða á næsta ári til nýrra verkefna á svið rannsókna og þróunarstarfsemi. Á vettvangi Evrópubandalagsins

er t.d. beinlínis hvatt til slíkrar starfsemi með fjárframlögum af hálfu þess. Með samningi um evrópskt efnahagssvæði opnast Íslendingum miklir möguleikar til þátttöku í þessu samstarfi sem mikilvægt er að nýta. Nái áform um sölu eigna ríkisins fram að ganga gæti þessi fjárhæð numið allt að 300 m.kr. á árinu 1993. Sérstök nefnd vinnur að því að móta fjármagni þessu ákveðinn farveg.

Skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna er sýnd í töfluviðauka aftast í frumvarpinu.

5.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heildstæðra málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1992 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1991 að viðbættri úthlutun af safnliði tengdum rekstrarsparnaði. Aftur á móti er ekki í umfjöllun hér á eftir tekið tillit til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1992 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings. Í þeim tilvikum sem áðurnefndum safnlið er ekki úthlutað að fullu er fjárhæðin sem eftir stendur sýnd í sérstakri línu undir heitinu *Rekstrarhagræðing* í umfjöllun um viðkomandi ráðuneyti.

Loks er þess að geta að frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi 1993. Í fjárlögum 1992 eru launagjöld, önnur rekstrargjöld og sértekjur hjá einstökum stofnunum á verðlagi í janúar 1992 en framlög til annarra þátta á meðalverðlagi ársins. Í fjárlagagerðinni fyrir 1993 voru allar áætlanir gerðar á verðlagi fjárlaga 1992.

Við verðlagsuppfærslu frumvarpsins voru launaliðir hækkaðir um 2,6%, önnur gjöld um 3,4% og sértekjur um 2,3% til að ná áætluðu meðalverðlagi 1993. Rekstrartilfærslur og viðhald voru aftur á móti hækkaðir um 1,5% en fjárfestingarframlög og ýmsar óbundnar tilfærslur almennt ekki hækkaðar. Eins og í fjárlögum og frumvarpi er fjallað um allar reikningstölur 1991 á greiðslugrunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	46,9	52,4	48,0	-8	2
Alþingi og stofnanir þess	850,8	804,5	805,1	0	-5
Ríkisstjórn	66,3	57,3	58,6	2	-12
Annað	125,6	130,0	127,3	-2	1
Rekstrarhagræðing	-	-	5,1		
Samtals	**350.673,6**	**345.653,2**	**353.739,1**	**0**	1
Rekstrarkostnaður	905,3	886,9	908,3	2	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27,2	34,4	30,7	-11	13
Stofnkostnaður og viðhald	157,1	122,9	105,1	-14	-33
Samtals	**1.089,6**	**1.044,2**	**1.044,1**	**0**	**-4**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins nemur 1.044 m.kr. sem er óbreytt tala frá gildandi fjárlögum og tæp 2% lækkun að raungildi. Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Embætti forseta Íslands

Heildarfjárveiting til embættis forseta Íslands nemur 48 m.kr. og lækkar úr 52,4 m.kr. í fjárlögum 1992 sem skýrist af lækkun á framlagi til viðhalds. Fjárveiting til reksturs hækkar um 2% milli ára en að raungildi er hún óbreytt.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun.

Heildarfjárveiting nemur 805,1 m.kr. sem er nær óbreytt fjárveiting frá fjárlögum 1992 og sem næst 2% raunlækkun milli ára.

201 Alþingi. Heildarframlag til Alþingis nemur 635,4 m.kr., þar af 616,7 m.kr. til reksturs og 18,7 m.kr. til viðhalds og stofnkostnaðar. Fjárhæð til reksturs lækkar um 1% að raungildi og er liður í almennu átaki til að lækka útgjöld æðstu stofnana ríkisins. Þess skal getið sérstaklega að innifalið í rekstrarfjárveitingu er færð 5,5 m.kr. fjárveiting til dagblaðakaupa sem áður var greidd af fjárlagalið *09.481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar úr 28,6 m.kr. á fjárlögum 1992 í 18,7 m.kr. Stafar það að nokkru leyti af því að uppsetning á atkvæðagreiðslukerfi Alþingis hefur að hluta verið flýtt til þessa árs og eru 4 m.kr. ætlaðar á fjáraukalögum 1992 af þeim sökum.

610 Umboðsmaður Alþingis. Heildarframlag til embættisins nemur 18,0 m.kr. og lækkar um 0,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist eingöngu af þeim almenna samdrætti sem ætlað er að ná fram í útgjöldum æðstu stjórnar ríkisins.

620 Ríkisendurskoðun. Heildarframlag til Ríkisendurskoðunar nemur 151,2 m.kr. og lækkar úr 153,4 m.kr. á fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir að embættið þurfi að kosta eitt starf erlendis næstu fjögur árin. Þeim kostnaði er að hluta mætt með því að ráða ekki í embætti vararíkisendurskoðanda auk þess sem fellt er niður 1,5 m.kr. framlag til orlofssjóðs starfsmanna sem var á fjárlögum 1992 og er ekki ætlað að halda áfram á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að embættið afli sértekna fyrir sérstök verkefni sem það vinnur fyrir aðila innan stjórnkerfisins og ekki falla innan almenns verkahrings þess.

Ríkisstjórn

Fjárveiting á þessum lið nemur 58,6 m.kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanna þeirra eru greidd af þessum lið. Tala starfa helst óbreytt frá fyrra ári.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir.

Laun hæstaréttardómara og starfsliðs Hæstaréttar eru greidd af liðnum *Hæstiréttur*. Engin breyting er á þessum fjárlagalið og fjárveiting nær óbreytt frá þessu ári. Til *Bessastaða* er ætluð sama fjárhæð og veitt er á þessu ári, 82 m.kr., og rennur fjárveitingin til áframhaldandi endurbyggingar á staðnum. Framlag til *Opinberra heimsókna* lækkar úr 19 m.kr. í ár í 15,7 m.kr. á næsta ári enda er gert ráð fyrir færri opinberum heimsóknum á ári komanda.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	103,9	93,0	89,0	-4	-14
Annað	679,6	247,3	238,6	-4	-65
Rekstrarhagræðing	-	-	1,4		
Samtals	**783,5**	**340,3**	**329,0**	**-3**	**-58**
Rekstrarkostnaður	136,4	128,2	129,8	1	-5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7,3	9,9	9,8	-1	34
Stofnkostnaður og viðhald	639,8	202,2	189,4	-6	-70
Samtals	**783,5**	**340,3**	**329,0**	**-3**	**-58**

Heildarútgjöld ráðuneytisins nema 329 m.kr. og lækka um 3% frá fjárlögum 1992 og skýrist m.a. af 10 m.kr. lækkun á framlagi til Byggðastofnunar auk þess sem framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins lækkar.

Ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins nemur 89,0 m.kr. sem er 4% lækkun frá fjárlögum 1992. Til reksturs eru ætlaðar 81 m.kr. borið saman við 84,3 m.kr. í fjárlögum 1992. Áformað er að verja rúmum 6 m.kr. til endurbóta á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Þá er ætlað að verja 1,1 m.kr. til almenns viðhalds á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Annað

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 102 Þjóðhagsstofnun; 171 Byggðastofnun; 901 Húsameistari ríkisins; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 998 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag til þessa málefnaflokks er 238,6 m.kr. og lækkar um 4% frá fjárlögum 1992. Í eftirfarandi töflu eru fjárveitingar til einstakra stofnana þessa málefnaflokks raktar.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðhagsstofnun	40,4	43,2	42,6	-1	5
Byggðastofnun	250,0	180,0	170,0	-6	-32
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgr.	357,0	-	-	.	.
Húsameistari ríkisins	-5,3	-9,3	-5,1	-45	-4
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	31,5	28,4	26,1	-8	-17
Ráðstöfunarfé	-	5,0	5,0	0	.
Samtals	**673,6**	**247,3**	**238,6**	**-4**	**-65**

102 Þjóðhagsstofnun. Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipta með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar á þann veg að Seðlabankinn greiðir húsnæðiskostnað stofnunarinnar og 40% af öðrum kostnaði að auki en ríkissjóður 60%. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar nemur 42,6 m.kr. og lækkar um 1,4% frá fjárlögum 1992. Stofnuninni er ætlað að afla 3,4 m.kr. sértekna á árinu 1993 með sölu á ritum sínum og gjaldtöku þjónustu og verkefni sem ekki teljast vera hluti af almennum rekstri stofnunarinnar.

171 Byggðastofnun. Framlag til Byggðastofnunar lækkar úr 180 m.kr. í fjárlögum 1992 í 170 m.kr. Gert er ráð fyrir að sú lækkun komi fram í minni styrkjum stofnunarinnar eða í sparnaði í rekstri hennar sem áætlað er að kosta muni 130 m.kr. á þessu ári.

901 Húsameistari ríkisins. Heildarkostnaðar við stofnunina er 54,3 m.kr. sem er tæp 10% lækkun frá fjárlögum 1992. Endurspeglar þetta samdrátt í umsvifum embættisins vegna minnkandi framkvæmda á vegum hins opinbera. Árið 1991 var umtalsverð hækkun á launalið stofnunarinnar vegna óvenjulegs álags og verkefnaráðinna starfsmanna. Sértekjum er ætlað að standa undir kostnaði og skila að auki 5,1 m.kr. í ríkissjóð.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Til reksturs og framkvæmda við Þjóðgarðinn á Þingvöllum er varið 26,1 m.kr. sem er nokkur lækkun frá þessu ári. Skýrist það aðallega af því að nú er hvorki veitt fé til svæðisskipulags né bifreiðakaupa auk þess sem framlag til rekstrar lækkar úr 16,2 m.kr. í 14,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að sértekjur verði um 3 m.kr. þannig að heildarráðstöfunarfé verður 29,2 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	249,9	241,0	235,4	-2	-6
Háskólar og rannsóknir	2.735,9	2.586,6	2.714,1	5	-1
Framhaldsskólar	3.837,7	3.896,4	4.167,8	7	9
Héraðsskólar	169,0	105,7	81,4	-23	-52
Grunnskólar og sérskólar	5.086,0	5.181,5	5.109,9	-1	0
Önnur fræðslumál	376,4	365,8	342,0	-7	-9
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.431,8	2.220,0	1.710,0	-23	-30
Söfn, listastofnanir o.fl.	1.289,4	1.075,9	1.241,4	15	-4
Ýmis framlög	1.030,0	1.042,1	1.043,9	0	1
Rekstrarhagræðing	-	11,3	49,3	336	.
Samtals	**17.206,1**	**16.726,3**	**16.695,2**	**-0**	**-3**
Rekstrarkostnaður	11.527,4	11.242,1	11.521,7	2	-0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.651,8	3.487,7	3.057,7	-12	-16
Stofnkostnaður og viðhald	2.026,9	1.996,5	2.115,8	6	4
Samtals	**17.206,1**	**16.726,3**	**16.695,2**	**-0**	**-3**

Sú breyting hefur verið gerð á skipan málefnaflokka ráðuneytisins að framlag til málefnaflokksins *Barnaverndarmál* fellur nú niður. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er gert ráð fyrir að þessi málaflokkur flytjist frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Fjórir fjárlagaliðir flytjast því milli ráðuneyta en þeir eru 802 Vernd barna og ungmenna, 806 Barnaverndarráð Íslands, 870 Meðferðarheimilið Tindar og 871 Unglingaheimili ríkisins. Rétt er að taka fram að tölur úr reikningi 1991 og fjárlögum 1992 fyrir þennan málefnaflokk eru sýndar í töflum og umfjöllun um félagsmálaráðuneyti og teljast ekki með heildartölum menntamálaráðuneytis.

Rekstrarútgjöld menntamálaráðuneytis, að frátöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, eru áætluð 11.521,7 m.kr. sem er nánast óbreytt að raungildi borið saman við fjárlög 1992. Rekstrarfjárveiting til skólakerfisins er svo til óbreytt en nokkuð er um innbyrðis breytingar milli skólastiga og stofnana. Framlag til grunnskóla lækkar vegna samdráttar í kennslumagni og fækkun nemenda. Námstilhögun á framhaldsskólastigi er óbreytt en nemendum fjölgar nokkuð og skýrir það hækkun framlags. Hækkun framlags til háskóla stafar einkum af áframhaldandi vexti Háskólans á Akureyri.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 430 m.kr. og eru áætlaðar 3.057,7 m.kr. Skýrist það aðallega af lækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í kjölfar breyttra laga og reglna um sjóðinn. Þá er breyting gerð á framsetningu svokallaðra styrkjaliða menntamálaráðuneytis en það eru fjárlagaliðir þar sem færðir eru styrkir til einstaklinga, samtaka og félaga vegna listastarfsemi, íþrótta- og æskulýðsmála og fleiri þátta. Undanfarin ár hefur viðfangsefnum á styrkjaliðum fjölgað verulega. Engar fastmótaðar reglur hafa gilt um úthlutun fjárveitinga og eftirlit með styrkþegum. Menntamálaráðuneyti hefur nú í hyggju að setja reglur um styrki af þessu tagi, skýrslugerð styrkþega, reikningsskil o.fl. Reglur þessar verða unnar í samráði við fjárlaganefnd Alþingis. Í stað þess að sundurgreina framlög til einstakra verkefna er nú gerð tillaga um heildarfjár-

veitingu til tiltekinna málaflokka. Undantekning er ef fjárveiting er bundin ákvæðum laga eða sérstakra samninga. Þá er og gerður greinarmunur á almennum rekstrartilfærslum og stofnkostnaðartilfærslum. Heildarfjárhæð styrkjaliða er svo til óbreytt en töluvert er um innbyrðis breytingar þar sem nokkrir liðir hækka en aðrir lækka á móti.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds menntamálaráðuneytis nemur 2.115,8 m.kr. og hækkar um 6% milli ára. Hækkunin er annars vegar stofnkostnaður framhaldsskóla og hins vegar endurbætur á Þjóðminjasafni. Á móti lækkar stofnkostnaðarframlag til Háskóla Íslands vegna lægri tekna Happdrættis Háskóla Íslands. Tekjur af sérstökum eignarskatti skv. lögum nr. 83/1989 eru áætlaðar 338 m.kr. og færast sem framlag til Þjóðarbókhlöðu.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu fjárlagaliðurinn 101 Aðalskrifstofa. Heildarframlag til aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis er áætlað 235,4 m.kr., þar af eru 232,4 m.kr. til reksturs. Þetta jafngildir um 2% lækkun frá fjárlögum 1992 og um 14,5 m.kr. eða um 6% lækkun frá reikningsniðurstöðu ársins 1991. Lækkun rekstrargjalda skýrist af almennri lækkun á rekstrarútgjöldum aðalskrifstofa sem gerð er grein fyrir í inngangi að 5. kafla.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands, en hann fær nú nýtt númer; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 232 Rannsóknaráð ríkisins; 233 Rannsóknasjóður; 234 Vísindaráð; 235 Vísindasjóður; 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna og 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.610,5	1.483,4	1.518,5	2	-6
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	129,7	77,3	105,0	36	-19
Raunvísindastofnun Háskólans	123,0	111,9	114,4	2	-7
Stofnun Sigurðar Nordals	6,1	8,1	8,8	9	44
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	36,8	38,9	41,8	7	14
Orðabók Háskólans	15,8	16,1	14,9	-7	-6
Íslensk málstöð	12,1	10,4	10,6	2	-12
Örnefnastofnun	4,3	4,4	4,7	7	9
Háskólinn á Akureyri	126,8	132,7	152,9	15	21
Tækniskóli Íslands	176,1	170,6	177,8	4	1
Kennaraháskóli Íslands	264,7	257,2	272,2	6	3
Rannsóknastofnun uppeldismála	6,8	7,4	26,9	264	296
Rannsóknaráð ríkisins	20,1	20,2	20,6	2	2
Rannsóknasjóður	110,0	110,0	115,0	5	5
Vísindaráð	11,5	11,3	10,0	-12	-13
Vísindasjóður	20,0	20,0	25,0	25	25
Byggingarsjóður í þágu atvinnuveganna	61,6	74,0	60,0	-19	-3
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	32,7	35,0	7	.
Samtals	**2.735,9**	**2.586,6**	**2.714,1**	**5**	**-1**

Rekstrarframlag til þessa málefnaflokks hækkar um 115,8 m.kr. og er áætlað 2.436,3 m.kr. Hækkunar er að mestu að leita í auknum fjárveitingum til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, Háskólans á Akureyri og Rannsóknastofnunar uppeldismála. Við Háskóla Íslands fækkar nemendum, þeim fjölgar nokkuð við Háskólann á Akureyri en nemendafjöldi við Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands breytist lítið milli ára.

Heildarframlag til fjárfestingar og viðhalds er 517,8 m.kr. Það er 60,3 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum, eða um 10%, og skýrist að mestu af minna framkvæmdafé Háskóla Íslands og Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Á móti hækka framlög til Rannsóknasjóðs og Vísindasjóðs.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Að frátöldum sértekjum af Happdrætti Háskóla Íslands er rekstrarframlag til skólans áætlað 1.518,5 m.kr. og er nánast óbreytt að raungildi samanborið við fjárlög 1992 þrátt fyrir fækkun nemenda. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 var fjárveiting miðuð við 5.000-5.100 nemendur. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til Háskólans lækkað um 56 m.kr. vegna almennrar lækkunar rekstrarútgjalda ríkisstofnana, en það voru tæp 4% af heildarrekstrarfjárveitingu skólans. Innritun á haustönn 1991 sýndi liðlega 5.200 nemendur en skráður fjöldi nemenda á haustönn 1992 er hins vegar tæplega 4.700. Við bætist nýtt rekstrarviðfangsefni, *1.07 Alþjóðaskrifstofa*, í samræmi við samning milli Háskólans og menntamálaráðuneytis. Fjárveiting verður 8,1 m.kr. en skrifstofunni er ætlað að sjá um almenn samskipti við erlenda háskóla á sviði kennslu og náms sem tengist m.a. alþjóðlegum samningum. Að tillögu Háskólans er framsetningu viðfangsefnisins *1.05 Aðrar sérstofnanir og verkefni* breytt og gerð er tilraun til að sýna heildarútgjöld. Skráðar tekjur eru fyrir ýmsa þjónustu sem þessar stofnanir veita svo og styrkir til vísinda- og rannsóknaverkefna. Hluti þessara tekna var áður færður á viðfangsefnið *1.06 Kennslu- og vísindadeildir*.

Áætlað er að Háskóli Íslands verji 240 m.kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Þá er ætlast til að Háskólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar að Keldum og Raunvísindastofnunar Háskólans. Áætlaðar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands lækka um 72 m.kr. milli ára en nánar er gerð grein fyrir fjárhag happdrættisins í umfjöllun um B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Fjárveiting er áætluð 105 m.kr. samanborið við 77,3 m.kr. í fjárlögum 1992. Rekstrarframlag hækkar um 20,4 m.kr. eða um 37% milli ára og skýrist það annars vegar af viðvarandi rekstrarhalla, m.a. vegna samdráttar í tekjum, og hins vegar skuldbindinga stofnunarinnar er tengjast nýju húsnæði. Þrátt fyrir þessa hækkun mun stofnunin þurfa að hagræða á öllum sviðum og tryggja að tekjur skili sér betur en raun hefur orðið á til að vera innan þess ramma sem fjárveitingin setur. Starfandi er nefnd skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis sem vinnur að því að koma festu og jafnvægi á rekstur stöðvarinnar. Til viðhalds eru ætlaðar 21,8 m.kr. en elsta rannsóknahúsið verður tekið til gagngerrar viðgerðar á þessu og næsta ári. Vegna þessara viðhaldsframkvæmda er húsið tæmt og fiskeldisrannsóknahúsið nýtt í þágu Tilraunastöðvarinnar á meðan. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag sé eingöngu til eins árs en að því loknu mun framangreind nefnd gera tillögur um lausn

á fjármögnunarvanda fiskeldishússins. Þetta ár sem Tilraunastöðin nýtir fiskeldishúsið mun hún greiða kostnað sem til fellur vegna þess láns sem tekið var til að byggja húsið. Það skýrir stofnkostnaðarframlag að fjárhæð 7 m.kr. en fjárveitingin er ætluð til að greiða afborgun af láninu. Í rekstrarfjárveitingu stöðvarinnar er áætlað fyrir vöxtum og verðbótum vegna þessa láns og nemur sú fjárhæð rúmlega 4 m.kr.

*204 **Stofnun Sigurðar Nordals.*** Framlag er áætlað 8,8 m.kr. en það er hækkun um 9%. Hækkun umfram verðlag skýrist af sérstöku framlagi að fjárhæð 1 m.kr. Í tilefni af 750. ártíð Snorra Sturlusonar 1991 samþykkti ríkisstjórnin að stofnað skyldi til bókmenntastyrkja er kenndir yrðu við Snorra. Gert er ráð fyrir að styrkir þessir verði veittir erlendum rithöfundum og fræðimönnum.

*206 **Orðabók Háskólans.*** Rekstrarfjárveiting er áætluð 14,9 m.kr. og lækkar nokkuð milli ára. Skýrist það eingöngu af minni umsvifum vegna þýðinga á Evrópusamningum o.fl.

*210 **Háskólinn á Akureyri.*** Rekstrarframlag hækkar um 25,2 m.kr. milli ára og er áætlað 137,9 m.kr. Skólinn er enn í vexti og kostnaður eykst vegna fyrri ákvarðana í fjárlögum um námsframboð. Breyting á lögum um Háskólann á Akureyri, lög nr. 51/1992, hefur m.a. í för með sér að sett verður á fót ný rannsóknastofa og kostnaður eykst því samfara. Af þessum sökum fjölgar störfum við skólann um fimm og verða 39. Einnig er hækkun vegna aukins húsnæðiskostnaðar. Framlag til kaupa á bókum, tækjum og búnaði er 15 m.kr.

*221 **Kennaraháskóli Íslands.*** Rekstrarkostnaður skólans er áætlaður um 256,1 m.kr. Það jafngildir um 5% hækkun milli ára og skýrist aðallega af breytingum á annarri kennslu en í reglulegu kennaranámi. Viðfangsefni sem í fjárlögum hét *Réttindanám* fær nú nýtt heiti, *Önnur kennsla.* Nám sem skipulagt var fyrir réttindalausa kennara lýkur á árinu 1992 en við tekur farskóli Kennaraháskóla Íslands með dreifðri og sveigjanlegri menntun. Af þessum lið er einnig kostað uppeldisnám fyrir verkmenntakennara. Að lokum færist hér kostnaður við lestrarmiðstöð en þar er um að ræða tilflutning af fjárlagalið grunnskóla Reykjavíkur. Að öðru leyti eru ekki teljandi breytingar á rekstri skólans. Framlag til viðhalds fasteigna er 10,1 m.kr. en framlag til tækja- og búnaðarkaupa er 6 m.kr.

*223 **Rannsóknastofnun uppeldismála.*** Framlag er áætlað 26,9 m.kr. og hækkar um 19,5 m.kr. milli ára. Hækkun umfram verðlag er veruleg og skýrist að mestu af tilfærslu af öðrum fjárlagaliðum. Af fjárlagaliðnum *720 Grunnskólar, almennt* kemur hluti fjárveitingar er ætluð er til námsstjórnar og þróunarverkefna. Einnig er allur kostnaður við samræmd próf, sem í fjárlögum 1992 er færður á viðfangsefni *720-1.60 Stjórnskipaðir prófdómarar*, nú færður á þennan fjárlagalið. Sá kostnaður hækkar milli ára en við það er miðað að samræmdum prófum fjölgi úr tveimur í fjögur.

*232 **Rannsóknaráð ríkisins.*** Fjárveiting til ráðsins hækkar um 2% og verður 20,6 m.kr. Er það nær óbreytt framlag að raungildi samanborið við fjárlög 1992. Að venju er sýnt yfirlit um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig útgjöld einstakra stofnana breytast milli ára:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..	129,7	77,3	105,0	36	-19
Raunvísindastofnun Háskólans	123,0	111,9	114,4	2	-7
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ...	145,8	146,9	128,7	-12	-12
Veiðimálastofnun	44,8	36,1	35,0	-3	-22
Laxeldisstöðin Kollafirði	31,9	34,0	30,0	-12	-6
Hafrannsóknastofnun	524,2	86,9	61,6	-29	-88
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	100,2	88,8	90,1	1	-10
Iðntæknistofnun Íslands	108,3	101,9	96,8	-5	-11
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	56,9	53,0	49,9	-6	-12
Orkustofnun	285,1	233,6	218,3	-7	-23
Samtals	**1.549,9**	**970,4**	**929,8**	**-4**	**-40**

Fjárveitingar til rannsóknastofnana sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskólans og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, lækka alls um 4% samanborið við fjárlög 1992 en um 40% ef miðað er við reikning 1991. Heildarfjárveiting til rannsóknastofnana lækkar um 40,6 m.kr. milli ára og skýrist það að hluta af kröfum um auknar sértekjur og hagræðingu. Framlag til nokkurra stofnana er óbreytt að raungildi en framlag til Tilraunastöðvarinnar að Keldum hækkar eins og áður segir. Lækkun frá reikningsniðurstöðum ársins 1991 stafar að mestu af lækkun framlags til Hafrannsóknastofnunar en í fjárlögum 1992 lækkaði framlagið til stofnunarinnar verulega vegna sérstakrar fjármögnunar á stórum hluta af starfsemi hennar. Um skýringar á breytingum einstakra stofnana vísast í greinargerð um þau ráðuneyti sem þær heyra undir.

233 ***Rannsóknasjóður.*** Framlag til sjóðsins verður 115 m.kr. en það er um 5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1992. Hækkun skýrist af mótframlögum vegna vísinda- og rannsóknaverkefna sem tengjast Evrópusamvinnu.

235 ***Vísindasjóður.*** Sjóðurinn hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði verður 25 m.kr. og hækkar um 5 m.kr. milli ára af sömu ástæðum og tilgreindar eru í umfjöllun um Rannsóknasjóð. Nánar er gerð grein fyrir sjóðnum í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins í 6. kafla.

276 ***Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.*** Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands en þær eru áætlaðar 60 m.kr. samanborið við 74 m.kr. í fjárlögum 1992. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Nánar er gerð grein fyrir sjóðnum í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins í 6. kafla.

299 ***Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Framlag hækkar um 2,3 m.kr. og verður 35 m.kr. Heildarfjárhæð rekstrartilfærslna færist á viðfangsefni *1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* en vísað er í umfjöllun um styrkjaliði menntamálaráðuneytis í upphafi kaflans um ráðuneytið. Við bætist nýtt viðfangsefni *6.12 Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur* og er fjárveiting 10 m.kr. Í 6. gr. fjárlaga 1992 er heimild til að

selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Nú hefur verið horfið frá því að selja húsið en í stað þess samið við Félagsstofnun að menntamálaráðuneyti veiti byggingarstyrk, samtals að fjárhæð 15 m.kr., sem greiðist á tveimur árum, en ráðuneytið ráðstafi húseigninni til annarra nota.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-307, 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar og 506-581 Ýmsir sérskólar.

Heildarframlag til framhaldsskóla er áætlað 4.167,8 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði og gjaldategundir sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólar	780,2	731,5	803,2	10	3
Fjölbrautaskólar	1.527,3	1.410,7	1.538,9	9	1
Framhaldsskólar, safnliðir	443,4	721,9	776,2	8	75
Sérskólar	1.086,8	1.032,3	1.049,5	2	-3
Samtals	**3.837,7**	**3.896,4**	**4.167,8**	**7**	**9**
Rekstrarkostnaður	3.412,6	3.386,7	3.555,7	5	4
Viðhald	42,4	130,2	144,1	11	240
Stofnkostnaður	382,7	379,5	468,0	23	22
Samtals	**3.837,7**	**3.896,4**	**4.167,8**	**7**	**9**

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaðar 3.555,7 m.kr. Þar af eru 3.119,6 m.kr. launagjöld eða um 88% af heildarrekstrarkostnaði. Hækkun rekstrarútgjalda skýrist fyrst og fremst af fjölgun nemenda úr 16.000 í 16.500, eða um 3%. Þá hefur útreikningur á þörf fyrir kennslu í skólum, miðað við gildandi námskrá og nemendafjölda, verið samræmdur. Í framlagi til kennslu er tekið mið af ákveðnum fjölda nemenda í hverjum framhaldsskóla. Samræming þessi og nánari tenging við nemendafjöldann en áður var hefur í för með sér að sumir skólar lækka miðað við fjárlög en aðrir hækka án þess að kennslutilhögun í viðkomandi skólum breytist. Verði fjöldi nemenda í tilteknum skólum annar en í áætlun er gert ráð fyrir að fjárveitingu til kennslu verði breytt í samræmi við það. Á móti hækkun rekstrargjalda er gert ráð fyrir nokkurri hækkun sértekna af efnis- og innritunargjöldum og er þá tekið mið af rekstrarreikningum skólanna. Gert er ráð fyrir að setja reglugerð um innritunar- og efnisgjöld á framhaldsskólastigi. Gjöld þessi eru nú innheimt í öllum framhaldsskólum en með reglugerð er stefnt að aukinni samræmingu og meiri festu um ráðstöfun þessara gjalda. Kostnaður við öldungadeildir, meistaraskóla og námskeið er áætlaður um 179 m.kr. en á móti kemur þátttaka nemenda í kostnaði að fjárhæð 71,6 m.kr.

Til stofnkostnaðar og viðhalds framhaldsskóla eru ætlaðar 612,1 m.kr. og er það 20% hækkun samanborið við fjárlög 1992. Hækkun er að meginhluta til vegna nýframkvæmda og skýrist af áformum um byggingu framhaldsskóla á Selfossi og í Garðabæ. Einnig er ráðgert að auka framlag til nýs framhaldsskóla í Reykjavík. Í öðrum stofnkostnaðarfram-

lögum er tekið mið af gildandi samningum milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga og framgangi framkvæmda. Rétt er að geta þess að í tillögu um framlag til viðhalds og stofnkostnaðar eru meðtaldar fjárveitingar til héraðsskóla og húsmæðraskóla. Fjárhæðir eru sérgreindar á nokkrum sérskólum en að stærstum hluta er framlag fært á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður*. Ráðstöfun menntamálaráðuneytis á heildarframlagi til byggingaframkvæmda, svo og hluta kostnaðar til viðhalds og endurbóta, verður lagt fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Framlag til *319 Framhaldsskólar, almennt* er 196,5 m.kr. og lækkar um 47,9 m.kr. milli ára. Skipting á viðfangsefni er sýnd í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting %
Sameiginleg þjónusta	5,8	5,9	2
Orlof kennara	23,8	23,9	0
Forfallakennsla	11,8	16,4	39
Sérkennsla	25,9	25,7	-1
Prófkostnaður	21,4	22,6	6
Nýjungar í skólastarfi	5,2	5,3	2
Námskrárgerð	14,6	17,4	19
Námsefnisgerð	6,7	8,0	19
Kennslueftirlit	3,3	4,0	21
Framhaldsdeildir	21,5	9,3	-57
Tannsmíðanám	7,0	-	.
Námskeið skipstjórnarmanna	4,8	5,3	10
Stundaskrárgerð	14,9	-	.
Endurmenntun	18,6	16,8	-10
Framhaldsskólar, óskipt	59,1	35,9	-39
Samtals	**244,4**	**196,5**	**-19**

Framlag til *forfallakennslu* hækkar nokkuð en útgjöld til hennar hafa reynst hærri en áætlað var fyrir í fjárlögum. Hækkun framlags til *námskrárgerðar* er til áframhaldandi vinnu við endurskoðun og samræmingu á námskrám framhaldsskóla, m.a. með það að markmiði að ná fram meiri hagkvæmni í kennslu. Framlag til *námsefnisgerðar* er til að styrkja höfunda kennslubóka og fjárveiting til *kennslueftirlits* er vegna eftirlits með iðnfræðslu. Framlag til *framhaldsdeilda* lækkar verulega þar sem launakostnaður er nú í flestum tilvikum áætlaður sem kostnaður við viðkomandi móðurskóla, þ.e. þann skóla sem ætlast er til að hafi faglega ábyrgð á námsframboði á tilteknu svæði. Viðfangsefnið *Tannsmíðanám* fellur niður undir þessum fjárlagalið en kostnaður við þetta nám er hluti af fjárveitingu til fjölbrautaskólans í Ármúla. Í fjárlögum 1992 er kostnaður við *stundaskrárgerð* áætlaður á þessum safnlið en nú er áætlað fyrir honum á fjárlagaliðum skólanna og viðfangsefnið fellur því niður. Í framlagi til *Framhaldsskóla, óskipt* er í fjárlögum 1992 færður hlutur framhaldsskóla af úthlutun af fjárlagalið *950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað*. Þetta eru því ekki samanburðarhæfar fjárhæðir en að frátöldum hlut framhaldsskóla af fjárlagalið 950 hækkar óskipt framlag til framhaldsskóla milli ára. Með aukinni samræmingu á fjárveitingum til skólanna og beinni tengingu við nemendafjölda þarf að vera hægt að mæta kostnaðarauka sem hlýst af óvissu um fjölda nemenda.

Héraðsskólar

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 601-606 Héraðsskólar.

Fjárveiting til héraðsskóla lækkar að raungildi milli ára og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
601 Héraðsskólinn Reykholti	21,5	20,7	18,7	-10	-13
602 Héraðsskólinn Núpi	20,8	19,0	3,8	-80	-82
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	11,9	3,8	2,5	-34	-79
604 Héraðsskólinn Reykjum	14,4	13,8	13,4	-3	-7
605 Alþýðuskólinn Eiðum	29,7	29,6	24,3	-18	-18
606 Héraðsskólinn Skógum	21,1	18,8	18,7	-1	-11
607 Héraðsskólinn Laugarvatni	12,6	-	-	.	.
610 Héraðsskólar almennt	29,9	-	-	.	.
621 Skálholtsskóli	7,1	-	-	.	.
Samtals	**169,0**	**105,7**	**81,4**	**-23**	**-52**

Fjárlagaliðirnir 607-621 voru felldir niður í fjárlögum 1992 en áhrifa þeirra gætir enn í reikningstölum fyrir árið 1991. Framlag til héraðsskólans í Reykholti lækkar um 2 m.kr. en eingöngu er nú boðið upp á tveggja ára framhaldsnám við skólann. Grunnskólanám við skólann hefur fallið niður þar sem nemendum hefur fækkað og grunnskólanámi í efstu bekkjum er haldið uppi í öllum grunnskólum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Framlag til héraðsskólanna á Vestfjörðum lækkar milli ára þar sem ekki er gert ráð fyrir að þeir verði starfræktir sem héraðsskólar. Grunnskólakennslu er víðast haldið uppi í heimabyggð og í Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði er sinnt öllu framhaldsskólanámi á Vestfjörðum. Síðast en ekki síst hefur aðsókn nemenda að þessum skólum dregist stórlega saman. Fjárveiting sem eftir stendur er ætluð til umsjár með húseignum skólanna. Áætluð fjárveiting til héraðsskólans á Reykjum lækkar samanborið við fjárlög 1992 en þar eru starfræktar skólabúðir fyrir grunnskóla landsins. Nemendum Alþýðuskólans á Eiðum fækkar og skýrir það lækkun framlags. Þar er starfræktur 10. bekkur grunnskóla og tveggja ára framhaldsnám. Að lokum lækkar fjárveiting til héraðsskólans að Skógum en þar er boðið upp á nám á grunn- og framhaldsskólastigi.

Áætlað er fyrir viðhalds- og stofnkostnaði héraðsskóla á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*

Grunnskólar og sérskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-719 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt; 750-755 Skólar fyrir fatlaða; 756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 798 Einholtsskóli og 799 Heyrnleysingjaskólinn.

Heildarkostnaður grunn- og sérskóla er áætlaður 5.109,9 m.kr. og skiptist hann sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar	4.358,6	4.189,2	4.254,5	2	-2
Fræðsluskrifstofur	181,2	182,9	184,2	1	2
Grunnskólar, almennt	93,2	311,2	196,7	-37	111
Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar	453,0	498,2	474,5	-5	5
Samtals	**5.086,0**	**5.181,5**	**5.109,9**	**-1**	**0**
Launagjöld	-	4.893,8	4.848,2	-1	.
Önnur rekstrargjöld	-	148,7	120,3	-19	.
Tilfærslur	-	138,5	134,5	-3	.
Sértekjur	-	-22,8	-21,0	-8	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	23,3	27,9	20	.
Samtals	**5.086,0**	**5.181,5**	**5.109,9**	**-1**	**0**

Launakostnaður er áætlaður 4.848,2 m.kr eða um 95% af heildarútgjöldum. Kennslukostnaður lækkar að raungildi milli ára og stafar það af ákvæðum laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Menntamálaráðuneytinu var gert að ákveða vikulegan kennslutíma í grunnskólum og einnig var fræðslustjórum heimilað að fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjardeild frá þeim viðmiðunum sem áður giltu. Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis var viðmiðunarstundum fækkað hjá 4.-5. bekk um eina stund hjá hvorum bekk um sig og um tvær stundir á bekk í 6.-10. bekk. Samtals fækkar því viðmiðunarstundum allra árganga úr 299 vikustundum í 287, þ.e. um 4%. Þessu til viðbótar er gripið til nokkurrar hagræðingar, bæði með því að fjölga í bekkjum og veita færri heimildir til viðbótarkennslu, svo sem til samkennslu.

Nemendum á grunnskólaldri fækkar um 465 samanborið við það sem áætlanir fjárlaga 1992 voru byggðar á og skýrir það einnig að nokkru lækkun kennslukostnaðar. Skipting nemenda eftir umdæmum er sem hér segir:

	Frumvarp 1992	Frumvarp 1993	Breyting
Reykjavík	13.412	13.294	-118
Reykjanes	11.541	11.409	-132
Vesturland	2.790	2.748	-42
Vestfirðir	1.728	1.703	-25
Norðurland vestra	1.899	1.859	-40
Norðurland eystra	4.324	4.332	8
Austurland	2.205	2.175	-30
Suðurland	3.612	3.526	-86
Samtals	**41.511**	**41.046**	**-465**

222,700-719 Grunnskólar og fræðsluskrifstofur. Framlag til *Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands* lækkar nokkuð vegna fækkunar nemenda. Af fjárlagaliðnum *700 Grunnskólar Reykjavíkur* færast tvö verkefni. Fornámsdeild í Réttarholtsskóla færist á safnlið framhaldsskóla, *319-1.20 Framhaldsdeildir*, og vísir að lestrarmiðstöð færist til útgjalda undir *Kennaraháskóla Íslands*. Um aðrar breytingar á útgjöldum fræðsluumdæmanna er ekki að ræða, aðrar en þær sem skýrast af ákvæðum laga

nr. 1/1992 og viðmiðunarstundaskrá. Áætluð útgjöld fræðsluskrifstofa eru óbreytt frá fjárlögum 1992 með þeirri undantekningu að fjárveiting til viðhalds lækkar um 3,8 m.kr.

720 Grunnskólar, almennt. Framlag er áætlað 196,7 m.kr. og skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting %
Umferðarfræðsla í skólum	3,5	3,5	0
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3,6	3,8	6
Kennsla í norsku og sænsku	-	5,9	.
Safnakennsla	2,8	2,9	4
Sérstök fræðsluverkefni	6,6	6,8	3
Þróunarsjóður leikskóla	3,5	3,6	3
Þróunarstarf í leikskólum	1,5	2,0	33
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5,1	5,0	-2
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5,2	5,1	-2
Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4,5	4,4	-2
Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4,1	4,0	-2
Námsleyfi	-	37,4	.
Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39,0	-	.
Stjórnskipaðir prófdómarar	8,8	-	.
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12,1	12,3	2
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10,0	10,2	2
Þróunarstarf í grunnskólum	9,2	9,4	2
Starfsmenntun	20,2	20,6	2
Námsstjórn og þróunarverkefni	10,0	6,1	-39
Námsráðgjöf í grunnskólum	6,2	7,0	13
Endurmenntun sálfræðinga	2,8	2,8	0
Leiðsögn nýliða	5,2	5,3	2
Grunnskólar, óskipt	139,2	32,6	-77
Tölvuvæðing í grunnskólum	8,0	6,0	-25
Samtals	**311,1**	**196,7**	**-37**

Viðfangsefnin *Kennsla í norsku og sænsku* og *Námsleyfi* eru nú á þessum fjárlagalið. Kostnaður við kennslu í norsku og sænsku var áður færður á fjárlagalið grunnskólaumdæmanna og það sama á við um útgjöld vegna lengra orlofs sem nú er áætlað fyrir á liðnum *Námsleyfi*. Báðir þessir liðir eru óbreyttir að raungildi.

Viðfangsefnin *Rannsóknasjóður grunnskólakennara* og *Stjórnskipaðir prófdómarar* falla niður. Kostnaður við rannsóknasjóðinn er nú færður sem hluti af launatengdum gjöldum en framlag til stjórnskipaðra prófdómara færist til *Rannsóknastofnunar uppeldismála.*

Aðrar skýringar á breytingum milli ára eru: *Þróunarstarf í leikskólum* hækkar en tekið er mið af reikningsniðurstöðum ársins 1991. Rekstrarstyrkir til *Landakotsskóla, Hlíðardalsskóla, Suðurhlíðaskóla* og *Tjarnarskóla* lækka að raungildi sem nemur samdrætti vikulegs kennslutíma í almennum grunnskólum. Á viðfangsefni *1.83 Starfsmenntun* er færður kostnaður vegna skemmra orlofs og starfsmenntunarstyrkir sem í fjárlögum 1992 eru færðir á þrjú viðfangsefni á þessum fjárlagalið, þ.e. *orlof kennara, starfsleikninám* og *réttindanám leiðbeinenda.* Fjárveiting er óbreytt samanborið við fjárlög 1992. Um 40% þeirra útgjalda sem verið hafa á viðfangs-

efninu *Námsstjórn og þróunarverkefni* færast til Rannsóknastofnunar uppeldismála og er það liður í því að færa vinnu við samræmd próf í grunnskólum til rannsóknastofnunarinnar. Á liðnum *Grunnskólar, óskipt* er í fjárlögum 1992 færður hlutur grunnskóla af úthlutun af fjárlagalið *950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað*. Þetta eru því ekki samanburðarhæfar fjárhæðir en að frátöldum hlut grunnskóla af fjárlagalið 950 lækkar óskipt framlag til grunnskóla milli ára. Sama er að segja um *Tölvuvæðingu í grunnskólum* og er það liður í þeirri hagræðingu sem nú á sér stað í grunnskólunum.

750 - 799 Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga. Framlag lækkar að raungildi milli ára og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skólar fyrir fatlaða	151,2	195,5	179,5	-8	19
Öskjuhlíðarskóli	109,9	105,1	106,0	1	-4
Safamýrarskóli	54,5	58,2	54,4	-7	-0
Dalbrautarskóli	17,5	14,8	15,3	3	-13
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	56,2	61,3	59,2	-3	5
Einholtsskóli	13,9	13,0	13,2	2	-5
Heyrnleysingjaskólinn	49,8	50,3	37,4	-26	-25
Samtals	**453,0**	**498,2**	**465,0**	**-7**	**3**

Framlag til *skóla fyrir fatlaða* lækkar að raungildi. Meginskýringin er að skólaakstur fatlaðra sem verið hefur nokkuð fyrirferðarmikill, um 30 m.kr. á ári, færist nú yfir til sveitarfélaga. Á móti bætist við nýtt viðfangsefni, *Sérskólar, stofnkostnaður*. Áður var gert ráð fyrir að stofnkostnaður og viðhald sérskóla væri greitt úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, en eftir breytingu á lögum um málefni fatlaðra er nú áætlað fyrir þessum kostnaði á fjárlagaliðnum *Skólar fyrir fatlaða*. Framlag til *Hvammshlíðarskóla* hækkar nokkuð vegna nemendafjölgunar. Að lokum dregst framlag til *Heyrnleysingjaskólans* verulega saman þar sem nemendum hefur fækkað mikið á undanförnum árum. Unnið er að því að laga rekstur skólans að breyttum aðstæðum.

Önnur fræðslumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 422 Námsgagnastofnun; 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 440 Fullorðinsfræðsla og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Framlag lækkar milli ára og skýrist að mestu af lækkun framlags til Námsgagnastofnunar. Framlag til fullorðinsfræðslu lækkar einnig nokkuð en vísað er til umfjöllunar um styrkjaliði menntamálaráðuneytis í upphafi kaflans um ráðuneytið. Fjárlagaliðirnir *Náms- og fræðimenn, framlög* og *Lektorar í íslensku við erlenda háskóla* voru felldir niður í fjárlögum 1992 en áhrifa þeirra gætir enn í reikningstölum fyrir árið 1991.

Heildarframlag er áætlað 342 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði samkvæmt yfirliti á næstu síðu.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Námsgagnastofnun	245,8	247,4	222,3	-10	-10
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	5,5	6,4	6,6	3	20
Fullorðinsfræðsla	14,9	15,9	15,0	-6	1
Náms- og fræðimenn, framlög	26,6	-	-	.	.
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	2,6	-	-	.	.
Jöfnun á námskostnaði	81,0	96,1	98,1	2	21
Samtals	**376,4**	**365,8**	**342,0**	**-7**	**-9**

422 Námsgagnastofnun. Áætluð útgjöld verða 222,3 m.kr. og lækka um 25,1 m.kr. samanborið við gildandi fjárlög. Sérstök úttekt fer nú fram á starfsemi stofnunarinnar. Stefnt er að því að ná fram hagræðingu og draga úr starfsmannahaldi og umsvifum. Meðal annars er til athugunar í menntamálaráðuneytinu að flytja kennslugagnamiðstöð stofnunarinnar til Kennaraháskóla Íslands, ásamt öðrum aðgerðum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag til sjóðsins lækkar um 510 m.kr. og verður 1.710 m.kr. Fjallað er um sjóðinn í athugasemdum við B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 901-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands og 977 Þjóðarbókhlaða.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landsbókasafn Íslands	54,5	50,9	53,2	5	-2
Þjóðminjasafn Íslands	106,3	79,7	192,3	141	81
Þjóðskjalasafn Íslands	55,9	52,2	57,6	10	3
Safnahúsið við Hverfisgötu	9,2	8,0	8,3	4	-10
Listasafn Einars Jónssonar	6,5	6,4	7,3	14	12
Listasafn Íslands	62,4	58,2	55,3	-5	-11
Kvikmyndasafn Íslands	7,7	8,5	8,7	2	13
Blindrabókasafn Íslands	30,4	28,7	27,9	-3	-8
Söfn, ýmis framlög	-	48,0	33,0	-31	.
Ísl. dansflokkurinn og Listdansskólinn	28,5	35,3	45,8	30	61
Þjóðleikhús	689,0	266,0	312,0	17	-55
Sinfóníuhljómsveit	94,0	99,0	102,0	3	9
Þjóðarbókhlaða	145,0	335,0	338,0	1	133
Samtals	**1.289,4**	**1.075,9**	**1.241,4**	**15**	**-4**

Rekstrargjöld, þar með taldar neyslu- og rekstrartilfærslur, eru áætluð 718,9 m.kr. og hækka umfram verðlag. Það skýrist af hækkun framlags til nokkurra safna, Íslenska dansflokksins og Listdansskólans og Þjóðleikhússins.

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er 522,5 m.kr. Þar af eru 338 m.kr. áætluð innheimta sérstaks eignarskatts sem ráðstafa skal til endurbóta á menningarbyggingum. Fjárhæð þessi er færð á fjárlagalið *977 Þjóðarbókhlaða.* Framlag til Þjóðminja-

safns hækkar verulega en nánar er gerð grein fyrir því í umfjöllun um safnið. Önnur framlög til stofnkostnaðar og viðhalds eru í flestum tilfellum áþekk og í fjárlögum 1992.

Helstu breytingar fyrir einstakar stofnanir eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Rekstrarframlag verður 69,9 m.kr. og hækkar um 22% milli ára. Hækkun skýrist eingöngu af því að gert er ráð fyrir fjárveitingu til Nesstofu og Sjóminjasafns en fjárveiting þessi er í fjárlögum 1992 færð undir fjárlagaliðinn *919 Söfn, ýmis framlög*. Af þeim sökum fjölgar verkefnaráðnum starfsmönnum um tvo. Til verndunar gamalla húsa eru ætlaðar 10,4 m.kr. og til tækja- og búnaðarkaupa 2 m.kr. Til endurbóta á húseigninni við Suðurgötu eru ætlaðar 110 m.kr. en safnahúsið þarfnast gagngerra endurbóta.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Rekstrarfjárveiting til safnsins er áætluð 47,5 m.kr. og hækkar um 5,3 m.kr. Hækkun er eingöngu vegna launagjalda og tengist flutningi á hluta fjárveitingar af fjárlagalið Menningarsjóðs. Störfum fjölgar um eitt en starfsmanni þessum er ætlað að sinna fræðistörfum í þágu safnsins. Til viðhalds fasteigna eru veittar 7,6 m.kr. og til ýmissa tækja- og búnaðarkaupa 2,5 m.kr.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Rekstrarframlag verður 5,2 m.kr. samanborið við 4,3 m.kr. í gildandi fjárlögum. Ekki eru ráðgerðar breytingar á rekstri safnsins en tekið var mið af raunútgjöldum þess rekstrar sem fyrir er. Viðhaldskostnaður er áætlaður 2,1 m.kr.

907 Listasafn Íslands. Áætluð fjárveiting til Listasafns Íslands lækkar að raungildi milli ára og verður 55,3 m.kr. Rekstrarfjárveiting lækkar um 0,9 m.kr. frá fjárlögum 1992. Í fjárlagatölu safnsins er talin með úthlutun sem safnið fékk af fjárlagalið *950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað*. Sú fjárveiting var ætluð til uppgjörs á skuld frá fyrra ári en ekki til hækkunar á fjárlagagrunni. Þetta skekkir samanburð milli ára. Til listaverkakaupa eru veittar 12 m.kr. og 5,2 m.kr. eru ætlaðar til framkvæmda við Fríkirkjuveg 7.

919 Söfn, ýmis framlög. Framlag, sem er nú fært á eitt rekstrarviðfangsefni og eitt stofnkostnaðarviðfangsefni, er áætlað 33 m.kr. og lækkar um 15 m.kr. milli ára. Fjárveiting til *Sjóminjasafns* og *Nesstofu* sem var áætluð á þessum lið er nú hluti af fjárveitingum til Þjóðminjasafnsins. Á stofnkostnaðarviðfangsefninu er m.a. áætlað fyrir framlagi til *Safnastofnunar Austurlands* en það byggist á sérstökum samningi.

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Fjárveiting hækkar um 10,5 m.kr. og verður 45,8 m.kr. Ástæða þess er tvíþætt. Annars vegar er áætlað fyrir tveimur sýningum dansflokksins í stað einnar. Hins vegar hækka launagjöld vegna samninga um starfslok listdansara en þeir dansarar sem láta af störfum og hafa verið fastráðnir í a.m.k. átta ár eiga rétt til námsstyrks í allt að þrjú ár.

973 Þjóðleikhús. Rekstrarfjárveiting til Þjóðleikhússins er 300 m.kr. og tekur mið af útgjöldum á árinu 1992 en ekki eru fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á rekstri leikhússins. Nánar er gerð grein fyrir stofnunni í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins í 6. kafla. Til endurbóta eru ætlaðar 12 m.kr.

977 Þjóðarbókhlaða. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessum skatti verði um 336 m.kr. á þessu ári en á árinu 1993 eru tekjur áætlaðar um 338 m.kr. og er það ráðstöfunarfé sjóðsins. Sú fjárhæð færist öll á fjárlagalið Þjóðarbókhlöðu.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 991 Húsafriðun; 997 Uppgjör við sveitarfélög; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt.

Undir þennan málefnaflokk falla flestir styrkjaliðir menntamálaráðuneytis en framsetning þeirra er nú verulega breytt frá því sem er í fjárlögum 1992. Um nánari skýringar er vísað í upphaf umfjöllunar um ráðuneytið.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	1,0	1,0	1,1	10	10
Menningarsjóður	15,6	6,0	-	.	.
Húsafriðunarsjóður	33,2	10,5	10,5	0	-68
Listskreytingasjóður	12,0	12,0	12,0	0	0
Kvikmyndasjóður	103,6	91,5	111,0	21	7
Listir, framlög	266,7	274,7	273,3	-1	2
Ýmis fræðistörf	5,4	15,5	15,0	-3	178
Norræn samvinna	5,2	5,1	5,0	-2	-4
Alþjóðleg samskipti	18,1	37,9	75,0	98	314
Æskulýðsmál	31,9	35,8	28,0	-22	-12
Ýmis íþróttamál	80,4	81,2	73,4	-10	-9
Uppgjör við sveitarfélög	387,2	400,0	405,0	1	5
Ráðstöfunarfé	-	15,0	15,0	0	.
Ýmislegt	69,7	55,9	19,6	-65	-72
Samtals	**1.030,0**	**1.042,1**	**1.043,9**	**0**	**1**

Framlag til rekstrar og styrkja er áætlað 611,4 m.kr. og hækkar um 20 m.kr. milli ára. Hækkun skýrist að mestu af fjárlagaliðunum *981 Kvikmyndasjóður* og *985 Alþjóðleg samskipti*. Á móti fellur niður framlag til *976 Menningarsjóðs* og framlag til nokkurra styrkjaliða lækkar.

Til viðhalds- og stofnkostnaðar eru ætlaðar 432,5 m.kr. Lækkun milli ára um 28,5 m.kr. skýrist aðallega af styrk í fjárlögum 1992 til handboltahallar 30 m.kr., framlagi sem ekki er gert ráð fyrir á næsta ári.

Helstu efnislegu breytingar á einstökum fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

*976 **Menningarsjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 50/1957, með áorðnum breytingum, eru tekjur Menningarsjóðs gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Þrátt fyrir ákvæði laga verður framlag til sjóðsins fellt niður enda er gert ráð fyrir að leggja fram frumvarp til laga sem fella núgildandi lög um Menningarsjóð úr gildi.

*979 **Húsafriðunarsjóður.*** Framlag verður 10,5 m.kr. þrátt fyrir ákvæði þjóðminjalaga sem kveða á um ákveðið framlag á hvern íbúa landsins. Í sömu lögum er kveðið á um að kostnaður við húsfriðunarnefnd skuli greiddur úr ríkissjóði. Þrátt fyrir þessi ákvæði er við það miðað að þessi kostnaður verði greiddur úr Húsafriðunarsjóði og er við það miðað að lagt verði fram frumvarp til laga sem breytir þjóðminjalögum á þann veg að þetta verði heimilt til frambúðar.

*981 **Kvikmyndasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur, nú virðisaukaskattur, af seldum miðum kvikmyndahúsa. Markaðar tekjur eru áætlaðar 111 m.kr. og nemur framlag til sjóðsins jafnhárri upphæð. Við það er miðað að Kvikmyndasjóður taki við skuldbindingum í tengslum við kvikmyndasjóð Evrópu og norræna kvikmyndasjóðinn, svo og fyrirhugaða þátttöku í MEDIA er tengist samningum við EB á sviði menningarmála. Ekki er gert ráð fyrir greiðslum til þessara stofnana af öðrum fjárlagaliðum.

*985 **Alþjóðleg samskipti.*** Framlag hækkar úr 37,9 m.kr. í 75 m.kr. og er nú fært á eitt rekstrarviðfangsefni. Frá utanríkisráðuneyti hafa fjárveitingar verið fluttar til Bernarsambandsins og Sameindalíffræðiþings Evrópu en fjárveiting til þessara verkefna nemur um 1 m.kr. í fjárlögum 1992. Hækkun framlags til þessa fjárlagaliðar er nær eingöngu vegna ákvæða EES-samnings um vísindasamstarf við EB. Gert er ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1993 taki Ísland þátt í sex vísindaáætlunum EB á sviði mannauðs, umhverfisrannsókna, upplýsingatækni, hafrannsókna, líftækni og líf- og læknisfræðirannsókna. Á móti fjárframlagi Íslands ættu að fást verulegir styrkir frá EB til hagsbóta fyrir íslenskt rannsóknastarf.

*997 **Uppgjör við sveitarfélög.*** Fjárveiting verður 405 m.kr. og hækkar um 5 m.kr. sem er í takt við verðlagsbreytingar. Í lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga að fara skuli að eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990-1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili. Í upphafi var áætlað að greiðslur þessar mundu nema liðlega 1.300 m.kr. Á fjárlögum áranna 1990-1992 hafa verið greiddar 1.085 m.kr. Framlag er nú áætlað 405 m.kr. en ljóst er að það nægir ekki til að ljúka endanlegu uppgjöri. Áætlun byggðist á stöðu framkvæmda í lok ársins 1989 en í allmörgum tilvikum hafa greiðslur þessar farið umfram upphaflegu áætlun. Gert er ráð fyrir að greiða eftirstöðvar á árinu 1994 en frestun uppgjörs verður fyrst og fremst við þau sveitarfélög þar sem endanlegt uppgjör reyndist mun hærra en áður var áætlað.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	409,4	396,5	329,6	-17	-19
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	213,7	139,8	152,3	9	-29
Sendiráð og fastanefndir	374,2	418,1	431,0	3	15
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	542,2	438,4	547,5	25	1
Rekstrarhagræðing	-	-	5,6	.	.
Samtals	**1.539,5**	**1.392,8**	**1.466,0**	**5**	**-5**
Rekstrarkostnaður	958,0	927,9	883,0	-5	-8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	561,3	424,9	555,4	31	-1
Stofnkostnaður og viðhald	20,2	40,0	27,6	-31	37
Samtals	**1.539,5**	**1.392,8**	**1.466,0**	**5**	**-5**

Nokkur hækkun verður á fjárveitingum til utanríkisráðuneytis sem stafar einkum af því að væntanleg aðild Íslands að EES hefur í för með sér um 80 m.kr. aukin útgjöld til stofnana og þróunarsjóðs EFTA auk þess sem framlög til þróunarmála og neyðaraðstoðar hækka samtals um 85 m.kr. Hins vegar lækka önnur útgjöld ráðuneytisins um 91 m.kr. þannig að alls hækka útgjöld um 74 m.kr. sem samsvarar um 2,7% hækkun að raungildi.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa; 103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur tæpum 330 m.kr. og lækkar um 67 m.kr. frá fjárlögum 1992. Störf verða 48 samtals og fækkar um fjögur.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting lækkar um 70 m.kr. frá fjárlögum 1992 og verður 277 m.kr. Framlag til reksturs *Yfirstjórnar* og til *Alþjóðaráðstefna* lækkar samtals um 21 m.kr. Ekki er þó hér um eiginlega lækkun á heildargjöldum ráðuneytisins að ræða þar sem 15,2 m.kr. af þessari lækkun eru færðar á nýstofnaða fastanefnd hjá RÖSE í Vín, en þeirri starfsemi var áður sinnt af aðalskrifstofunni. Er fjárhæðin flutt á nýjan fjárlagalið, *03 313 Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín*, sem að öðru leyti er kostuð með lækkun á framlögum til sendiráða í Kaupmannahöfn og París. Við þessa breytingu flyst eitt starf sendiherra af aðalskrifstofu yfir á hinn nýja fjárlagalið auk þess sem eitt starf ritara leggst niður í sparnaðarskyni. Fjárveiting til *Viðskiptaskrifstofu* lækkar um 5,4 m.kr., en samningum um Evrópskt efnahagssvæði er nú að ljúka. Gert er ráð fyrir að eitt starf flytjist til Brüssel, auk þess sem önnur rekstrargjöld, einkum ferðakostnaður, lækka. Fjárveiting til *Útflutningsráðs Íslands* er 10 m.kr. í fjárlögum 1992 en fellur niður á næsta ári. Þá var sérstök fjárveiting, 14,8 m.kr., á liðnum *Formennska Íslands í EFTA* en hún fellur einnig niður á næsta ári. Ennfremur lækkar kostnaður við *Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins* úr 29,6 m.kr.

í fjárlögum 1992 í 15,3 m.kr. í frumvarpi 1993, enda verður þeim að mestu lokið á þessu ári. Fjárveiting til *Tækja og búnaðar* lækkar úr 10 m.kr. í fjárlögum 1992 í 5,5 m.kr. í frumvarpi 1993.

102 ***Varnarmálaskrifstofa.*** Fjárveiting hækkar úr 32,6 m.kr. í fjárlögum 1992 í 36,9 m.kr. í frumvarpi 1993. Hækkunin stafar aðallega af því að vanáætlað var fyrir gjöldum á þessum lið í fjárlögum 1992, en heildargjöld námu 40,4 m.kr. samkvæmt reikningi 1991. Störfum á skrifstofunni fækkar um eitt vegna hagræðingar og eru fjárveitingar miðaðar við það.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Þessi málefnaflokkur nær eingöngu til stofnunar með sama nafni. Fjárveiting til embættisins lækkaði verulega milli áranna 1991 og 1992. Heildarútgjöld ársins 1991 samkvæmt reikningi námu 213,7 m.kr. en fjárveiting á fjárlögum 1992 nemur 139,8 m.kr. Ætlunin var að ná fram þessum sparnaði á árunum 1992 og 1993 og var gert ráð fyrir 28,5 m.kr. fjárveitingu á sérstökum fjárlagalið í fjárlögum 1992 til að mæta kostnaði við hagræðinguna á því ári. Nú virðist ljóst að þetta markmið næst ekki að fullu og er áætlað að fjárþörf embættisins á næsta ári verði rúmlega 152 m.kr. Er þá miðað við að tekin verði upp þjónustugjöld til að fjármagna vopnaleit að hluta og að greitt verði að einhverju leyti fyrir varðgæslu í þjónustuhliði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá er reiknað með nokkurri hækkun tekna vegna varðgæslu í hliðum að varnarsvæðum á Suðurnesjum. Fjöldi starfa við embættið verður samtals 63, þar af fimm störf hjá yfirstjórn, 31 starf í löggæslu og 27 störf í tollgæslu.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks heyra öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks verður 431 m.kr. og hækkar um 13 m.kr. frá fjárlögum 1992, þrátt fyrir nýjan fjárlagalið, *313 Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín.* Áætlaður kostnaður við rekstur fastanefndarinnar er 22,7 m.kr. og er gert ráð fyrir þremur starfsmönnum. Þessum kostnaði er alfarið mætt með tilfærslum á fé og starfsmönnum innan ráðuneytisins. Auk starfs sendiherra frá aðalskrifstofu er gert ráð fyrir að eitt starf flytjist frá hvoru sendiráðanna í París og Kaupmannahöfn til Vínar og fjárveiting að fjárhæð 7,5 m.kr. verði millifærð frá þessum sendiráðum til að mæta kostnaðinum. Aðrar helstu breytingar í starfsemi sendiráða og fastanefnda eru að gert er ráð fyrir að sendiherra Íslands í Bandaríkjunum gegni jafnframt starfi fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Við þessa ráðstöfun er talið að sparast muni um 8 m.kr. Þá fjölgar störfum við *Sendiráð Íslands í Brüssel og hjá Evrópubandalaginu* um eitt og er þar um að ræða millifærslu á stöðugildi frá *viðskiptaskrifstofu.* Loks lækkar stofn- og viðhaldskostnaður sendiráða og fastanefnda um 8,4 m.kr. Aðrar breytingar á fjárveitingum milli ára eru óverulegar og stafa einungis af leiðréttingum og tilfærslum milli einstakra sendiráða og fastanefnda.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi; 399 Ýmis utanríkismál og 401 Alþjóðastofnanir. Framlag til þessa málefnaflokks nemur 547,5 m.kr. og hækkar um 109 m.kr. frá fjárlögum 1992. Hækkunin milli ára skýrist fyrst og fremst af nálega 85 m.kr. hækkun

á framlögum til þróunar- og neyðaraðstoðar og um 62,4 m.kr. nettó hækkun á framlögum til EFTA vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er gert ráð fyrir tveimur nýjum verkefnum á sviði friðargæslu. Annars vegar er um að ræða 1,6 m.kr. framlag vegna *Gæsluliðs Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa* og hins vegar 5,7 m.kr. framlags til *Friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Júgóslavíu*. Fjárveiting til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkar um 50,5 m.kr. í 161 m.kr. og er hækkunin liður í að efla starfsemi stofnunarinnar í samræmi við yfirlýsingar Íslands á alþjóðavettvangi og þingsályktun um eflingu þróunarsamvinnu. Þá er og gert ráð fyrir sérstakri 30 m.kr. fjárveitingu til að mæta tilfallandi verkefnum á sviði neyðaraðstoðar og friðargæslu, en kostnaði við verkefni af þessu tagi hefur hingað til verið mætt annað hvort með fjárveitingum í fjáraukalögum eða með framlagi af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands til friðargæslu í Kambódíu verði m.a. greitt af þessari fjárveitingu og að það nemi rúmum 12 m.kr. á næsta ári. Loks hækkar framlag til *Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna* um 2,4 m.kr. Aðrar breytingar á framlögum til þróunaraðstoðar eru óverulegar.

Hækkun framlags til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skiptist þannig að 15 m.kr. eru veittar til *Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA*, 5 m.kr. til *EFTA-dómsstólsins* og 60 m.kr. til *Þróunarsjóðs EFTA*. Á móti lækkar framlag til hefðbundinnar starfsemi EFTA um 17,6 m.kr. þar sem kostnaðarhlutdeild Íslands lækkar í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Hrein hækkun framlaga til EFTA er því 62,4 m.kr. Hlutdeild Íslands í rekstri eftirlitsstofnunarinnar og dómsstólsins er rúmlega 0,7%. Þróunarsjóður EFTA er ætlaður til styrkveitinga til ákveðinna svæða í Suður-Evrópu í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Hlutur Íslands í fjármögnun sjóðsins nemur um 0,75%. Samkvæmt samningnum þarf Ísland að verja árlega um 60 m.kr. til sjóðsins næstu fimm árin. Að þeim tíma liðnum lækkar framlagsskyldan.

Á móti hækkunum sem að framan greinir vegur að liðurinn *399 1.40 Til ráðstöfunar vegna hagræðingar* fellur brott, en á honum var 28,5 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 1992. Framlag til *Alþjóðahvalveiðiráðsins* fellur einnig brott, en Ísland hefur sem kunnugt er sagt sig úr þeim samtökum. Þá lækkar *Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar* um 5,4 m.kr. sem stafar einkum af lækkun landsframleiðslu hér á landi síðustu árin miðað við landsframleiðslu annarra Norðurlandaþjóða. Loks falla brott sextán viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *401 Alþjóðastofnanir* í kjölfar ákvörðunar um að þau verði vistuð hjá þeim ráðuneytum sem hafa með hendi málefni á verksviði viðkomandi alþjóðastofnana. Fjárveiting til þessarra viðfangsefna í fjárlögum 1992 er samtals 11,3 m.kr. og lækka útgjöld utanríkisráðuneytis sem því nemur. Gjöld annarra ráðuneyta hækka samsvarandi. Eftirfarandi tafla sýnir hvert viðfangsefnin hafa verið flutt og fjárveitingar til þeirra í fjárlögum 1992 og frumvarpi 1993.

Númer viðfangsefnis á 03 401		Númer í frv. 1993	Fjárhæð 1992 þús.kr.	Fjárhæð 1993 þús.kr.
1.17	Alþjóðaveðurfræðistofan, WMO	14 190 1.40	1.100	1.100
1.18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	10 485 1.60	1.000	1.000
1.25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	04 101 1.01	100	100
1.28	Tollasamvinnuráðið, CCC	09 999 1.50	1.200	1.500
1.29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	06 190 1.44	500	500
1.32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga, ICTB	09 999 1.50	100	100
1.35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	11 299 1.16	1.100	1.100
1.36	Bernarsambandið	02 985 1.90	600	600
1.38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	06 190 1.43	2.600	2.600
1.44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	14 190 1.40	400	400
1.46	Alþjóðasamband um byggingarskipulag	14 190 1.40	100	100
1.47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	14 190 1.40	500	600
1.48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	14 190 1.40	100	100
1.50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	02 985 1.90	400	500
1.53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	14 190 1.40	500	600
1.60	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	12 999 1.30	300	400

Aðrar breytingar á einstökum fjárlagaliðum og viðfangsefnum þessa málefnaflokks eru óverulegar og einungis um að ræða leiðréttingar og tilfærslur í samræmi við tiltækar upplýsingar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	64,4	65,8	63,9	-3	-1
Búnaðarmál	1.819,4	1.326,2	1.054,0	-21	-42
Skógrækt og landgræðsla	379,8	434,6	410,4	-6	8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.980,3	8.026,0	5.752,0	-28	-28
Búnaðarskólar	192,2	197,8	189,0	-4	-2
Rekstrarhagræðing	-	-	7,4	.	.
Samtals	**10.436,1**	**10.050,4**	**7.476,7**	**-26**	**-28**
Rekstrarkostnaður	888,9	952,1	887,1	-7	-0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.129,7	8.701,7	6.286,2	-28	-31
Stofnkostnaður og viðhald	417,5	396,6	303,4	-24	-27
Samtals	**10.436,1**	**10.050,4**	**7.476,7**	**-26**	**-28**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 7.476,7 m.kr. á næsta ári og lækka um 26% frá fjárlögum 1992. Á yfirstandandi ári eru tvö styrkjakerfi í gangi í landbúnaðinum, annað byggt á niðurgreiðslum á vöruverði sem gilti til 1. september sl. og hitt byggt á beinum greiðslum til bænda samkvæmt nýjum búvörusamningi sem undirritaður var 11. mars 1991. Þetta útskýrir lækkunina milli ára að langmestu leyti ásamt því að hætt verður á næsta ári að greiða úr ríkissjóði útflutningsbætur á kindakjöt og mjólkurafurðir. Niðurgreiðslur á búvörum færast til landbúnaðarráðuneytis frá viðskiptaráðuneyti og er tekið tillit til þess í öllum talnasamanburði.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla. Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Einn fjárlagaliður, 101 Aðalskrifstofa, heyrir undir þennan málefnaflokk. Framlag til aðalskrifstofu er áætlað 63,9 m.kr. á árinu 1993 samanborið við 65,8 m.kr. í fjárlögum 1992. Þessi lækkun milli ára er í samræmi við hina almennu hagræðingu í rekstri aðalskrifstofa ráðuneyta.

Búnaðarmál

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 201 Búnaðarfélag Íslands; 202 Hagþjónusta landbúnaðarins; 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 243 Sauðfjárveikivarnir; 245 Laxeldisstöðin í Kollafirði; 246 Veiðimálastofnun; 247 Yfirdýralæknir; 281 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög; 291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 299 Búnaðarmál, ýmis verkefni og 998 Ráðstöfunarfé ráðherra. Fjárlagaliðurinn 272 Einangrunarstöð í Hrísey fellur niður þar sem ekki er gert ráð fyrir framlagi til hennar á næsta ári. Um framtíð stöðvarinnar fer eftir vilja aðila innan atvinnugreinarinnar til áframhaldandi starfsemi.

Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 1.054 m.kr. og lækkar um 21% frá fjárlögum 1992. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Búnaðarfélag Íslands. Framlag til Búnaðarfélagsins lækkar nokkuð að raungildi milli ára og verður 79 m.kr. samanborið við 83,5 m.kr. í fjárlögum 1992. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr starfsemi en stjórn félagsins mun útfæra nánar hvernig sparnaði verður mætt. Framlag ríkissjóðs á meðal annars að standa undir kostnaði vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins. Framlag lækkar nokkuð og verður 10,9 m.kr. á næsta ári samanborið við 13,1 m.kr. í fjárlögum 1992. Ekki er gert ráð fyrir að ráða í stöðu forstöðumanns en þess í stað er stefnt að sameiningu eða náinni samvinnu Hagþjónustunnar við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag er áætlað 128,7 m.kr. á árinu 1993 samanborið við 146,9 m.kr. í fjárlögum 1992. Gert er ráð fyrir að bútæknideild stofnunarinnar, sem prófar m.a. hvort erlendar landbúnaðarvélar henti íslenskum bændum, standi framvegis undir rekstri með þjónustugjöldum. Á yfirstandandi ári lýkur framkvæmdum við nýtt bútæknihús á Hvanneyri og lækkar stofnkostnaðarframlag af þeim sökum. Hins vegar er gert ráð fyrir að veita 7 m.kr. til að koma upp

aðstöðu til sauðfjárrannsókna. Sérstakt framlag er veitt til stofnunarinnar að fjárhæð 700 þús.kr. vegna þátttöku í verkefni við gróðurkortagerð.

243 ***Sauðfjárveikivarnir.*** Framlag til Sauðfjárveikivarna verður 132,5 m.kr. samanborið við 239,4 m.kr. í fjárlögum 1992. Lækkun milli ára stafar af lægri afborgun lána vegna niðurskurðarsamninga við bændur. Framlag til viðhalds varnargirðinga er nú sameinað almennum rekstri.

245 ***Laxeldisstöðin í Kollafirði.*** Á árinu 1992 var framlag til laxeldisstöðvarinnar hækkað verulega vegna sérstakra kynbótaverkefna. Á næsta ári er gert ráð fyrir að framlag verði 30 m.kr. en það er 34 m.kr. í fjárlögum 1992.

246 ***Veiðimálastofnun.*** Framlag til stofnunarinnar verður 35 m.kr. á næsta ári en er 36,1 m.kr. í fjárlögum 1992. Gert er ráð fyrir auknum sértekjum hjá stofnuninni til þess að mæta rekstrarkostnaði en stofnkostnaðarframlag fellur niður.

247 ***Yfirdýralæknir.*** Gert er ráð fyrir að staða eftirlitsdýralæknis við Einangrunarstöð í Hrísey verði greidd framvegis af þessum fjárlagalið. Þá er gert ráð fyrir að húsaleiga dýralæknabústaða hækki í samræmi við reglur um afnot af embættisbústöðum ríkisins og aukast sértekjur af þeim sökum. Framlag ríkissjóðs er því nánast óbreytt milli ára að raungildi. Þess skal getið að nokkur viðfangsefni hafa verið sameinuð á þessum fjárlagalið.

281 ***Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.*** Hér hafa tveir fjárlagaliðir verið sameinaðir og er framlag til þeirra samtals 115 m.kr. samanborið við 130 m.kr. í fjárlögum 1992. Sem fyrr er gert ráð fyrir að sérstakt 75 m.kr. framlag til Jarðasjóðs samkvæmt búvörusamningi verði alfarið fjármagnað með sölu ríkisjarða en söluandvirði þeirra er fært á tekjuhlið frumvarpsins.

288 ***Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög.*** Framlag til kynbótastöðva og héraðsbúnaðarsambanda lækkar nokkuð milli ára. Þess skal getið að ýmis framlög sem voru færð á viðfangsefnið *búfjárræktarframlög* eru nú færð á viðfangsefnið *kynbótastöðvar*. Styrkir til nýrra jarðræktarframkvæmda falla niður á næsta ári en veittar eru um 70 m.kr. til uppgjörs við bændur á eldri jarðræktarframkvæmdum.

291 ***Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Samkvæmt búvörusamningi var gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi til sjóðsins árið 1993 og 250 m.kr. árið 1994. Vegna sterkrar fjárhagsstöðu sjóðsins er ráðgert að 50 m.kr. færist milli ára þannig að framlagið á næsta ári verði 250 m.kr. og 300 m.kr. á árinu 1994.

299 ***Búnaðarmál, ýmis verkefni.*** Tekið er upp sérstakt framlag að fjárhæð 10 m.kr. til að kosta *framkvæmd búvörusamnings*. Af þessum lið er greiddur ýmis stjórnunarkostnaður og fleira sem fellur til vegna samningsins.

Skógrækt og landgræðsla

Undir þennan málaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 231 Skógrækt ríkisins; 235 Landgræðsla ríkisins og 239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. Framlag til

Landgræðslusjóðs er nú fært sem viðfangsefni undir síðast talda liðinn en var áður fært á sérstakan fjárlagalið.

Framlag til þessa málaflokks verður 410,4 m.kr. á næsta ári samanborið við 434,6 m.kr. í fjárlögum 1992. Almenn framlög eru nánast óbreytt milli ára. Viðfangsefnið Sérstök verkefni hjá Skógrækt ríkisins skiptist þannig að 20 m.kr. eru til skógræktarstarfa bænda, 15 m.kr. til nytjaskóga, 14,3 m.kr. til landgræðsluáætlunar og 6 m.kr. til 15-ára áætlunar um nytjaskógrækt. Viðfangsefnið Sérstök verkefni hjá Landgræðslu ríkisins skiptist þannig að 20 m.kr. eru til landgræðslustarfa bænda og 61,3 m.kr. eru til landgræðsluáætlunar.

Framlag til fasteigna og annars stofnkostnaðar lækkar hjá báðum stofnunum. Gert er ráð fyrir að standa undir stofnkostnaðarframlögum með sölu eigna sem nemur 10 m.kr. og er sú fjárhæð færð sem sértekjur á viðkomandi stofnun. Hér er átt við sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Barra hf., en það fyrirtæki rekur umfangsmikla trjáplöntuframleiðslu á Egilsstöðum. Einnig er miðað við að Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti verði seld.

Framlag til Skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði lækkar nokkuð á næsta ári enda hefur mikill undirbúnings- og skipulagskostnaður fallið til á yfirstandandi ári.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Undir þennan málaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Niðurgreiðslur á búvörum, sem áður voru fjármagnaðar af viðskiptaráðuneytinu, falla nú undir þennan málaflokk.

Framlög til málaflokksins verða 5.752 m.kr. á árinu 1993 samanborið við 8.026 m.kr. á árinu 1992 og er það um 28% lækkun milli ára. Þessi lækkun kemur fram á ýmsum liðum eins og skýrt er frá hér á eftir:

410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Heildarframlag er áætlað 2.731 m.kr. á næsta ári samanborið við 3.050 m.kr. í fjárlögum 1992. Á næsta ári taka beinar greiðslur til bænda við af hefðbundnum niðurgreiðslum á heildsölustigi og hætt verður að greiða útflutningsbætur úr ríkissjóði. Áætlað er að beinar greiðslur nemi samtals 2.246 m.kr. á næsta ári og svari til 11 mánaða framleiðslu miðað við 100 milljóna lítra greiðslumark. Lokagreiðsla samkvæmt eldra fyrirkomulagi verður innt af hendi í janúar n.k. og er hún áætluð 200 m.kr. Við þessa kerfisbreytingu er gert ráð fyrir því að greiða þurfi 350 m.kr. vegna birgðauppgjörs mjólkurafurða samkvæmt eldri samningi. Þar af verði 175 m.kr. fjármagnaðar af Verðmiðlunarsjóði sem ríkissjóður endurgreiðir honum á árinu 1994. Þá er áætlað fyrir 10 m.kr. framlagi til afleysingaþjónustu kúabænda í samræmi við búvörusamning. Loks er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til Lífeyrissjóðs bænda vegna kúabænda. Ríkissjóður mun hætta að greiða framlög til lífeyrissjóðsins fyrir aðra bændur en þá sem búvörusamningur nær til, þ.e. mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, og er fyrirhugað að tengja framlagið við beinar greiðslur til bænda.

420 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag er áætlað 2.727 m.kr. á næsta ári samanborið við 4.402 m.kr. í fjárlögum 1992. Á yfirstandandi ári hafa verið tvö styrkjakerfi í gangi í sauðfjárframleiðslunni, annað byggt á niðurgreiðslum á vöruverði samkvæmt búvörusamningi sem gilti til 1. september og hitt byggt á beinum

greiðslum til bænda samkvæmt búvörusamningi sem tók við af þeim eldri. Lækkun milli ára skýrist að langmestu leyti af þessu ásamt því að samkvæmt nýjum samningi verður hætt að greiða útflutningsbætur úr ríkissjóði á næsta ári. Beinar greiðslur til bænda á næsta ári taka mið af 8.150 tonna greiðslumarki og eru áætlaðar samtals 1.706 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 250 m.kr. framlagi til sláturhúsa en þar er um að ræða hinn svokallaða vaxta- og geymslukostnað. Ákveðið hefur verið að taka þessar greiðslur til endurskoðunar á vegum framkvæmdanefndar um búvörusamning. Niðurgreiðsla á ull verður með hliðstæðum hætti og verið hefur og er áætluð samtals 250 m.kr. á næsta ári. Uppkaup og niðurfærsla á fullvirðisrétti er áætlað að kosti ríkissjóð 436 m.kr. á næsta ári og er það í samræmi við fyrri áætlanir. Framlag til Lífeyrissjóðs bænda vegna sauðfjárbænda er áætlað 85 m.kr., samanber umfjöllun um Lífeyrissjóð bænda undir fjárlagalið *410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.*

430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gert er ráð fyrir að draga úr niðurgreiðslum á nauta-, svína- hrossa- og alifuglafurðum á næsta ári og nemur framlagið 260 m.kr. samanborið við 460 m.kr. í ár. Hér er um að ræða hlutfallslega skerðingu fyrir viðkomandi búgreinar. Niðurgreiðsla á loðdýrafóðri verður óbreytt á næsta ári eða 34 m.kr.

Búnaðarskólar

Undir þennan málaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 501 Bændaskólinn á Hvanneyri; 502 Bændaskólinn á Hólum og 503 Garðyrkjuskóli ríkisins.

Heildarframlag til þessa málaflokks verður 189 m.kr. á næsta ári samanborið við 197,8 m.kr. á fjárlögum 1992 og er það um 4% lækkun. Gert er ráð fyrir almennri hagræðingu í rekstri skólanna á næsta ári auk þess sem innheimta sértekna mun aukast nokkuð. Vegna umfangsmikils rekstrar á Hvanneyri er fyrirhugað að ráða fjármálastjóra að skólanum sem jafnframt taki að sér kennslu. Stofnkostnaðarframlag til Bændaskólans á Hvanneyri lækkar um 4 m.kr. milli ára vegna loka lóðaframkvæmda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	79,1	85,0	73,4	-14	-7
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	854,7	386,6	427,5	11	-50
Annað	105,8	104,0	59,8	-43	-43
Rekstrarhagræðing	-	1,9	6,9	.	.
Samtals	**1.039,6**	**577,5**	**567,6**	**-2**	**-45**
Rekstrarkostnaður	791,9	325,6	366,3	13	-54
Neyslu- og rekstrartilfærslur	130,4	121,0	56,6	-53	-57
Stofnkostnaður og viðhald	117,3	130,9	144,7	11	23
Samtals	**1.039,6**	**577,5**	**567,6**	**-2**	**-45**

Útgjöld ráðuneytisins er áætluð nema 567,6 m.kr. og lækka um 2% frá fjárlögum 1992. Framlög til rekstrar hækka um 13% en á móti lækka rekstrartilfærslur um rúman helming. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds aukast um 11%, m.a. vegna stofnunar Fiskistofu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stjórnsýslu ráðuneytisins með tilkomu Fiskistofu og flutnings verkefna til hennar. Þessu fylgir nokkur stofnkostnaður sem hækkar útgjöld ráðuneytisins á árinu 1993.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytisins er eini fjárlagaliður þessa málefnaflokks. Útgjöld eru áætluð nema 73,4 m.kr. og lækka úr 85 m.kr. í fjárlögum 1992. Lækkunin stafar af því að verkefni tengd fiskveiðistjórnun voru flutt frá ráðuneytinu til Fiskistofu og með þeim þrjú störf og 10,8 m.kr. fjárveiting. Til viðbótar tók ráðuneytið á sig nokkra lækkun útgjalda á sama hátt og aðrar aðalskrifstofur ráðuneyta. Heildarfjöldi starfa á aðalskrifstofu verður því 15 að loknum tilflutningi til Fiskistofu.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 201 Fiskifélag Íslands; 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 216 Ríkismat sjávarafurða; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Liður *204 Fiskistofa* er nýr en *290 Veiðieftirlit* fellur brott.

Við stofnun Fiskistofu færist fé og störf milli stofnana þannig að fjárveitingar eru illsambærilegar milli ára. Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingar til einstakra stofnana:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskifélag Íslands	44,3	40,2	6,3	-84	-86
Hafrannsóknastofnun	524,2	86,9	61,6	-29	-88
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	100,2	88,7	90,1	2	-10
Fiskistofa	-	-	160,0	.	.
Ríkismat sjávarafurða	69,9	74,3	12,3	-83	-82
Bygging rannsóknast. sjávarútvegsins	20,0	25,0	25,0	0	25
Veiðieftirlit	35,7	-	-		
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	60,4	71,4	72,2	1	20
Samtals	**854,7**	**386,5**	**427,5**	**11**	**-50**
Rekstrarkostnaður	689,3	207,4	268,4	29	-61
Neyslu- og rekstrartilfærslur	50,6	49,2	15,4	-69	-70
Viðhald og stofnkostnaður	114,8	129,9	143,7	11	25
Samtals	**854,7**	**386,5**	**427,5**	**11**	**-50**

201 Fiskifélag Íslands. Meginhluti þeirrar fjárveitingar sem undanfarin ár hefur runnið til Fiskifélags Íslands er nú færður til Fiskistofu. Starfsemi hennar, önnur en gæðaeftirlit, verður í húsi Fiskifélags Íslands og mun Fiskistofan greiða Fiskifélaginu húsaleigu fyrir afnotin. Einnig mun hún semja við Fiskifélagið um greiðslur fyrir þá skýrslusöfnun sem það innir af hendi. Með þessu móti er gert ráð fyrir að á árinu

1993 greiði ríkissjóður Fiskifélagi Íslands sömu fjárhæð og veitt er til félagsins á árinu 1992. Greiðslurnar verða 3 m.kr. í húsaleigu og 31,8 m.kr. fyrir skýrslusöfnun og önnur verkefni sem greiðast af fjárveitingu til Fiskistofu. Beint framlag til Fiskifélagsins er 6,3 m.kr., en þar af eru 4,3 m.kr. styrkur til reksturs og 2 m.kr. til að standa straum af kostnaði Fiskiþings.

202 Hafrannsóknastofnun. Fjárveiting nemur 61,6 m.kr. og lækkar úr 86,9 m.kr. í fjárlögum 1992. Lækkunin skýrist eingöngu af því að 26,3 m.kr. af fjárveitingu stofnunarinnar eru fluttar til Fiskistofu og verkefni í samræmi við það. Starfsemi tölvudeildar Hafrannsóknastofnunar svo og meginhluti söfnunar og úrvinnslu aflaskýrslna færist til Fiskistofu. Störfum við stofnunina fækkar við þessa breytingu úr 126 í 118. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á viðfangsefnum frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarviðfangsefnum fækkar úr sautján í átta en viðhalds- og stofnkostnaðarviðfangsefni verða áfram þrjú. Viðfangsefnið *1.01 Almenn starfsemi* nær nú til viðfangsefnanna *1.01 Yfirstjórn, 1.10 Rannsóknasvið, 1.11 Raftæknideild, 1.19 Tímabundin verkefni, 1.40 Hvalarannsóknir* og *1.50 Alþjóðleg samstarfsverkefni* í fjárlögum 1992. Viðfangsefnið *1.30 Skiparekstur* nær til rekstrarviðfangsefna skipanna þriggja eins og þau eru í fjárlögum þessa árs. Tekjur af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs eru áætlaðar 537 m.kr. en þær tekjur eru háðar gangverði aflaheimilda og því nokkuð óvissar.

204 Fiskistofa. Fiskistofa tók til starfa síðla á þessu ári samkvæmt lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu. Með stofnun hennar er stjórnsýsla ríkisins á sjávarútvegsmálum endurskipulögð frá grunni. Verkefni Fiskistofu verður að annast framkvæmd laga og reglna á ýmsum viðamiklum sviðum sjávarútvegs. Henni er falið að annast daglegt eftirlit með fiskveiðum, söfnun og skráningu upplýsinga um afla og framleiðslu sjávarafurða, meðferð mála vegna gjaldtöku fyrir ólögmætan sjávarafla og loks eftirlit með meðferð sjávarafurða.

Rekstrarútgjöld Fiskistofu eru áætluð samtals 246,3 m.kr. og framlag til stofnkostnaðar 20 m.kr. Rekstrarútgjöld eru að öllu leyti kostuð með tilflutningi fjár og verkefna frá öðrum stofnunum svo og með sértekjum sem hér segir (í m.kr.):

Frá Hafrannsóknastofnun	26,3
Frá aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytis	10,8
Frá Fiskifélagi Íslands	34,8
Frá Ríkismati sjávarafurða	68,1
Veiðieftirlitsgjald	106,3
Samtals	**246,3**

Allmiklar breytingar verða á starfafjölda ráðuneytisins og einstakra stofnana þess við stofnun Fiskistofu. Á Fiskistofu verða 62 störf en á móti fækkar þeim á aðalskrifstofu um þrjú og á Hafrannsóknastofnun um átta. Áformað er að leggja Ríkismat sjávarafurða niður en þar eru 34 störf og flyst hluti þeirra til Fiskistofu. Loks er verið að sameina Veiðieftirlitið Fiskistofu en þar voru 24 störf fyrir.

*216 **Ríkismat sjávarafurða.*** Gert er ráð fyrir að Ríkismat sjávarafurða verði lagt niður við næstu áramót. Frumvarp þar að lútandi var lagt fyrir Alþingi sl. vetur en var ekki fullrætt. Það verður endurflutt á þessu þingi. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði skipt upp þannig að hluti starfseminnar verði færður til hlutafélags sem stofnað verður um rekstur skoðunarstofu og hluti af starfsemi Ríkismatsins verði færður til Fiskistofu. Starfsemi þess verður því engin á næsta ári og er í fjárlagatillögum eingöngu gert ráð fyrir að greidd verði biðlaun. Þessi fjárhæð er nokkuð óviss þar sem einhverjir af starfsmönnum stofnunarinnar kunna að taka upp störf hjá Fiskistofu og eiga því ekki rétt á biðlaunum.

Stofnfé hins nýja hlutafélags er áætlað 25 m.kr. og verður það fyrst um sinn alfarið í eigu ríkisins. Áætlað er að fyrirhugað félag yfirtaki meginhluta af eignum Ríkismats sjávarafurða og að verðmæti þeirra eigna verði hluti af hlutafjárframlagi ríkisins. Lausleg áætlun bendir til þess að þær séu að verðmæti um 5 m.kr. Með hliðsjón af því er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs í nýju hlutafélagi verði um 20 m.kr. á árinu 1993 og er áætlað fyrir því á 1. gr. þessa frumvarps.

*272 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu gegn jafnháu framlagi frá Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð um B-hluta í frumvarpinu.

*901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Framlag nemur alls 72,2 m.kr., þar af 26,5 m.kr. til yfirstjórnar, 35,2 m.kr. til reksturs og 10,5 m.kr. til viðhalds húsanna að Keldnaholti. Þessi framlög eru nær óbreytt að umfangi frá fjárlögum 1992, en á því ári var framlag til viðhalds aukið.

Annað

Þessum málefnaflokki tilheyra fjárlagaliðirnir 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins; 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi og 998 Ráðstöfunarfé. Framlag til þessa málefnaflokks nemur 59,8 m.kr. og lækkar úr 104 m.kr. á fjárlögum 1992.

*221 **Verðlagsráð sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting lækki úr 2,2 m.kr. í fjárlögum 1992 í 1,5 m.kr. árið 1993, enda er gert ráð fyrir minnkandi starfsemi þess.

*299 **Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.*** Undir liðinn falla fimm viðfangsefni og fjölgar um eitt frá fyrra ári. Heildarfjárveiting lækkar úr 98,9 m.kr. 1992 í 55,3 m.kr.

Til viðfangsefnisins *1.20 Eldi sjávardýra* eru ætlaðar 19 m.kr. en því verkefni var hrint úr vör á árinu 1991 og er áætlað að það standi í sex ár. Tilraunir með lúðuklak fara fram hjá Fiskeldi Eyjafjarðar og að Stað í Grindavík, en á Dalvík fara fram klaktilraunir á lúðu, þorski og hlýra, en það er samstarfsverkefni sem Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefur styrkt.

Fjárveiting til viðfangsefnisins *1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur* lækkar úr 7,7 m.kr. á fjárlögum 1992 í 1,2 m.kr. Sjóvinnukennsla fór fram á r/s Mími sem fórst í fyrra og hefur kennslu um borð því verið hætt. Er við það miðað að námsstjórn í sjóvinnukennslu efstu bekkja grunnskóla sem hefur verið greidd af þessu viðfangsefni verði hætt. Einnig verða framlög til leigu á skipum fyrir sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri og líffræðideild Háskóla Íslands felld niður. Fjárveiting á þessum lið er fyrir biðlaunum starfsmanns.

Á viðfangsefninu *1.31 Stjórn fiskveiða* er ætlað að verja 11,3 m.kr. og á að nota það fé til að standa undir ýmsum útgjöldum tengdum fiskveiðistjórnuninni, eins og gerð sérstaks tölvuhugbúnaðar. Á árinu 1992 er fjárveiting á þessu viðfangsefni 21,3 m.kr. og þar af eru 10,3 m.kr. ætlaðar til að standa undir kostnaði af nefnd sem nú endurskoðar lög um stjórn fiskveiða. Þeirri endurskoðun skal lokið fyrir árslok 1992 og er því ekki gert ráð fyrir framlagi til nefndarinnar á árinu 1993.

Viðfangsefnið *1.32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi* er umfangsmikill fjárlagaliður og tekur til ýmissa verkefna. Fjárveiting lækkar úr 51,2 m.kr. í 21,7 m.kr. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

Við bætist nýtt viðfangsefni *1.40 Nefnd vegna upptöku ólögmæts sjávarafla*, Með fjárveitingunni, 2,1 m.kr., er ætlað að standa undir nefndarlaunum og öðrum kostnaði við starf nefndarinnar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	190,2	185,7	124,4	-33	-35
Dómsmál	385,8	449,2	589,4	31	53
Löggæsla og öryggismál	1.850,3	1.807,4	1.842,6	2	0
Sýslumenn	1.837,7	1.895,4	2.010,2	6	9
Fangelsismál	283,6	285,4	322,1	13	14
Kirkjumál	473,9	465,3	462,0	-1	-3
Rekstrarhagræðing	-	13,4	26,1	95	.
Samtals	**5.021,5**	**5.101,8**	**5.376,8**	**5**	**7**
Rekstrarkostnaður	4.665,5	4.607,5	4.847,0	5	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	34,0	38,2	38,6	1	14
Stofnkostnaður og viðhald	322,0	456,1	491,2	8	53
Samtals	**5.021,5**	**5.101,8**	**5.376,8**	**5**	**7**

Rekstrarútgjöld ráðuneytisins aukast um rúm 5% milli áranna 1992 og 1993 sem samsvarar um 2,8% að raungildi. Helstu ástæður aukningar eru þær að rekstur þeirra dómstóla sem hófst á miðju ári 1992 kemur að fullu fram 1993. Hið sama á að nokkru leyti við rekstrarkostnað sýslumannsembætta, en störf embættanna voru endurskilgreind frá miðju ári 1992. Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar eykst um 35 m.kr. en þar er meðtalin 127 m.kr. fjárveiting til byggingar á húsi fyrir Hæstarétt sem ætlað er að hefja á næsta ári.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Dóms-og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 190 Ýmis kostnaður ráðuneytis og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlög til málefnaflokksins lækka um 61,3 m.kr. eða réttan þriðjung sem stafar einkum af því að ýmis upphafskostnaður tengdur aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði fellur niður á næsta ári. Framlag til *Aðalskrifstofu* lækkar um 2,8 m.kr. milli ára sem að hluta kemur til af því að sérstök 5 m.kr. fjárveiting á fjárlögum 1992 vegna vinnu við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði fellur nú niður. Fjárlagaliðurinn *Kosningar* fellur niður á árinu 1993 þar sem almennar kosningar eru ekki fyrirhugaðar á því ári. Til þessa var ætlað að verja 13,3 m.kr. á árinu 1992 en þá var gert ráð fyrir forsetakosningum. Fjárveiting til *Ýmiss kostnaðar ráðuneytis* sem nær til minni háttar sérverkefna á vegum þess lækkar um 47,3 m.kr. frá fjárlögum 1992. Tvö viðfangsefni falla niður af þessum lið frá fjárlögum 1992, annars vegar 25,6 m.kr. til að standa undir kostnaði við framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði og hins vegar 30 m.kr. til stofnkostnaðar við tölvuvæðingu o.fl. í tengslum við sama verkefni. Sá kostnaður kemur nú fram á lið *291 Húsnæði og búnaður dómstóla* og hjá sýslumönnum á lið *491 Húsnæði og búnaður sýslumanna*. Þá koma til hækkunar framlög vegna alþjóðasamninga, samtals 3 m.kr., sem flutt eru frá utanríkisráðuneyti. Fjárveiting til þessara liða er sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	100,9	90,3	87,5	-3	-13
Stjórnartíðindi	8,4	5,9	8,0	36	-5
Lagasafn	-	-	-	.	.
Kosningar	35,1	13,3	-	.	.
Ýmis kostnaður ráðuneytis	45,8	68,2	20,9	-69	-54
Ráðstöfunarfé	-	8,0	8,0	.	.
Samtals	**190,2**	**185,7**	**124,4**	**-33**	**-35**
Rekstrarkostnaður	190,2	155,2	112,8	-27	-41
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,0	0,5	11,6	.	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	30,0	-	.	.
Samtals	**193,2**	**185,7**	**124,4**	**-33**	**-35**

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðir á bilinu 200-299 en þeir eru: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Nokkur hækkun verður á fjárveitingu til þessa málefnaflokks þar sem kostnaðarauki við rekstur nýrra héraðsdómstóla kemur fram að fullu á næsta ári.

Um húsnæði og búnað héraðsdómstóla skal þess getið að 4 m.kr. er varið til *Héraðsdóms Norðurlands eystra* og 5 m.kr. til *Héraðsdóms Austurlands*. Í báðum tilvikum er um að ræða lok á verksamningi um innréttingar. Til upplýsingakerfa eru ætlaðar 10 m.kr. sem er að meginhluta kostnaður við skráningarforrit dómsmála. Lagt er til að 18 m.kr. verði varið til kaupa á *húsbúnaði héraðsdómstóla*, en auk húsgagna er þar m.a. um að ræða

upptökutæki í dómssali og tölvur. Loks er þess að geta að lagt er til að veittar verði 127 m.kr. til undirbúnings og upphafsframkvæmda við nýbyggingu fyrir Hæstarétt.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárveitingar til einstakra stofnana í þessum málefnaflokki. Samanburður milli ára er marklítill vegna breytinga á fjárlagaliðum dómstóla.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Fjöldi starfa í frv.
Hæstiréttur	30,7	24,0	28,1	7
Borgardómarinn í Reykjavík	68,1	35,4	-	-
Borgarfógetinn í Reykjavík	94,7	46,5	-	-
Sakadómur Reykjavíkur	63,1	33,6	-	-
Héraðsdómarar skv. lögum nr. 27/1990	27,7	10,9	-	-
Héraðsdómur Reykjavíkur	-	65,4	143,1	45
Héraðsdómur Vesturlands	-	6,0	11,7	3
Héraðsdómur Vestfjarða	-	4,5	8,4	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	-	4,2	8,2	1,5
Héraðsdómur Norðurlands eystra	-	10,3	21,3	5
Héraðsdómur Austurlands	-	4,7	9,7	2
Héraðsdómur Suðurlands	-	10,9	22,6	5
Héraðsdómur Reykjaness	-	22,0	49,6	14,5
Málskostnaður í opinberum málum	84,6	65,3	81,4	-
Opinber réttaraðstoð - gjafsókn/málsvarnarlaun	2,4	5,4	8,8	-
Dómst. og rannsóknad. í ávana- og fíkniefnam.	9,1	4,4	-	-
Dómsmál, ýmis kostnaður	5,4	19,7	27,4	-
Bygging Hæstaréttarhúss	-	-	127,0	-
Annað húsnæði og búnaður dómstóla	-	76,0	42,1	-
Samtals	**385,8**	**449,2**	**589,4**	**85**
Rekstrarkostnaður	373,5	373,2	420,3	-
Stofnkostnaður og viðhald	12,3	76,0	169,1	-
Samtals	**385,8**	**449,2**	**589,4**	-

Löggæsla og öryggismál

Þessi málefnaflokkur tekur til fjárlagaliðanna 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknarlögregla ríkisins; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 331 Umferðamál; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana og 395 Landhelgisgæsla Íslands. Framlög til þessa málefnaflokks eru svipuð og í fjárlögum þessa árs en nokkur tilfærsla á sér stað milli liða. Tafla yfir framlög til einstakra stofnana er á næstu síðu.

302 Rannsóknarlögregla ríkisins. Rekstrarfjárveiting til embættisins nemur 157,3 m.kr. og hækkar eilítið að raungildi. Auknu álagi á embættið er mætt með fjölgun um eitt starf rannsóknarlögreglumanns. Fjárveiting til kaupa á tækjum og búnaði lækkar aftur á móti úr 8 m.kr. í 6 m.kr., en hún er aðallega ætluð til endurnýjunar á bílakosti embættisins.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	43,0	42,0	43,5	4	1
Rannsóknarlögregla ríkisins	156,5	158,6	163,7	3	5
Lögregluskóli ríkisins	36,6	26,7	29,3	10	-20
Lögreglustjórinn í Reykjavík	845,2	844,4	887,0	5	5
Almannavarnir ríkisins	24,6	26,2	28,9	10	17
Umferðarráð	24,4	19,6	22,1	13	-9
Áfengis- og fíkniefnamál	2,4	5,0	4,2	-16	75
Ýmis löggæslukostnaður	20,3	50,4	61,7	22	204
Húsnæði löggæslustofnana	30,9	17,5	15,2	-13	-51
Landhelgisgæsla Íslands	666,4	617,0	587,0	-5	-12
Samtals	**1.850,3**	**1.807,4**	**1.842,6**	**2**	**0**
Rekstrarkostnaður	1.753,3	1.712,4	1.757,9	3	0
Stofnkostnaður og viðhald	97,0	95,0	84,7	-11	-13
Samtals	**1.850,3**	**1.807,4**	**1.842,6**	**2**	**-0**

*311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Fjárveiting til lögreglunnar í Reykjavík nemur 888 m.kr. Störfum fjölgar um 3,5 og verða 317,5. Þar af eru 2,5 störf við boðunardeild sem voru inni á fjárlögum 1992 frá miðju ári en verða að fullu árið 1993. Hækkun fjárveitingar skýrist annars vegar af því að aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði leggur nýjar skyldur á embættið, m.a. ákæruvald í málum vegna brota á umferðar- og áfengislögum, birtingu kvaðninga í opinberum málum og verkefni í tengslum við aðfarargerðir. Hins vegar lækka áætlaðar sértekjur embættisins, aðallega vegna ofáætlunar í fjárlögum 1992. Rekstrarviðfangsefni þessa fjárlagaliðar hafa nú verið sameinuð í eitt. Fjárveiting til tækja, búnaðar og endurnýjunar ökutækja lækkar úr 20 m.kr. á þessu ári í 14 m.kr. í frumvarpi 1993.

*331 **Umferðarráð.*** Fjárveiting nemur 22 m.kr. og hækkar um 13% frá fjárlögum 1992. Verulegar breytingar hafa orðið á starfsemi Umferðarráðs. Hinn 1. maí sl. voru verkefni Bifreiðaprófs ríkisins færð undir umsjá Umferðarráðs að undanskildu námskeiði til undirbúnings prófi til aukinna ökuréttinda. Gert er ráð fyrir að Umferðarráð haldi stærstum hluta þess gjalds sem áður stóð undir kostnaði við ökupróf og prófdómarastörf. Á haustþingi verður flutt frumvarp til laga um tekjur af bifreiðaskoðun sem eiga að renna til Umferðarráðs til eflingar umferðaröryggi í landinu. Er áætlað að þær muni nema 15 m.kr. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að útgjöld Umferðarráðs hækki úr 67,5 m.kr. á fjárlögum 1992 í 77,3 m.kr. en á móti hækki sértekjur úr 47,9 m.kr. í 55,2 m.kr.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Fjárveiting til Landhelgisgæslunnar lækkar úr 617 m.kr. í fjárlögum þessa árs í 587 m.kr. sem er tæp 7% lækkun að raungildi. Forsenda lækkunarinnar er að einu af þremur varðskipum sem nú eru í rekstri, Óðni, verði lagt, rekstri þess hætt og störfum fækkað. Á fjárlögum 1992 er 92 m.kr. varið til reksturs Óðins en sú fjárhæð mun að mestu sparast á árinu 1993. Á móti getur orðið aukning á útgjöldum til reksturs annarra skipa og flugvéla, m.a. til lengra úthalds. Landhelgisgæslan hefur sinnt þjónustu við vita landsins undanfarin fjögur ár með varðskipinu Óðni. Nú er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun fjárveitingar hjá Vitastofnun Íslands til að sinna þeirri þjónustu.

Sýslumenn

Undir þennan málefnaflokk heyra öll sýslumannsembætti í landinu en þau hafa fjárlaganúmer á bilinu 400-499. Númerin 411-437 ná til sýslumannsembættanna sjálfra en liðir 490 og 491 eru fyrir óskipta liði undir stjórn ráðuneytisins. Öll löggæsla utan Reykjavíkursvæðis heyrir undir sýslumannsembættin og er því talin til þessa málefnaflokks, en embætti lögreglustjóra í Reykjavík, Rannsóknarlögregla ríkisins og óskiptar fjárveitingar til löggæslu heyra undir málefnaflokkinn löggæsla og öryggismál. Framlög eru sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	-	798,2	851,7	7	.
Löggæsla	-	817,1	852,0	4	.
Tollgæsla	-	32,9	34,0	3	.
Hreppstjórar	-	18,4	-	.	.
Sameiginlegur kostnaður	-	228,8	272,5	19	.
Samtals	**1837,7**	**1.895,4**	**2.010,2**	**6**	**9**
Rekstrarkostnaður	1734,3	1.731,7	1.884,9	9	9
Stofnkostnaður og viðhald	103,4	163,7	125,3	-23	21
Samtals	**1.837,7**	**1.895,4**	**2.010,2**	**6**	**9**

Hækkun á rekstrarkostnaði sýslumannsembætta milli áranna 1992 og 1993 skýrist fyrst og fremst af breyttri framsetningu aukatekna ríkissjóðs og kostnaðar sem innheimtumenn ríkissjóðs leggja út við öflun þeirra. Gert er ráð fyrir að ýmsar aukatekjur verði nú færðar að fullu án frádráttar kostnaðar tekjumegin hjá ríkissjóði. Á móti verða ýmis gjöld sem til þessa hafa verið dregin frá umræddum tekjum áður en þeim var skilað í ríkissjóð nú færð til gjalda á lið *490 1.30 Kostnaður vegna laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs*. Hér er um að ræða samtals 80 m.kr. vegna kostnaðar við auglýsingar á nauðungarsölum og birtingu kvaðninga um að mæta við fjárnám.

Þá hefur fjárveiting til hreppstjóra verið felld niður, en verkefni þeirra færast til sýslumannsembætta. Mun frumvarp til breytinga á lögum þar að lútandi verða lagt fyrir Alþingi nú á þessu hausti.

Fjárveiting til húsnæðis og búnaðarkaupa sýslumanna lækkar um 38 m.kr. og nemur 125 m.kr. Stór hluti af fjárveitingu til stofnkostnaðar er til uppgjörs á framkvæmdum í Reykjavík, á Sauðárkróki, á Akureyri og að Egilsstöðum. Til innréttingar á húsnæði fyrir sýslumanninn á Blönduósi renna 12 m.kr. og til endurbóta á tölvukerfum og upplýsingamiðlun 42 m.kr.

Fangelsismál

Fjárlagaliðir í þessum málefnaflokki eru 510 Fangelsismálastofnun ríkisins; 511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu; 512 Fangelsið Litla-Hrauni; 513 Fangelsið Kvíabryggju; 590 Fangamál, ýmis kostnaður og 591 Fangelsisbyggingar. Rekstur fangelsis á Akureyri tilheyrir embætti sýslumanns á Akureyri og er undir málaflokknum um sýslumenn á viðfangsefni 06-424 1.25.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til fangelsismála á árunum 1991-1993:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	26,2	25,6	26,8	5	2
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	107,8	110,0	109,8	0	2
Fangelsið Litla-Hrauni	113,5	106,3	110,6	4	-3
Fangelsið Kvíabryggju	22,8	21,5	22,5	5	-1
Fangamál, ýmis kostnaður	13,3	10,8	10,9	1	-18
Fangelsisbyggingar, viðhald og stofnframkvæmdir	-	11,2	41,5	.	.
Samtals	**283,6**	**285,4**	**322,1**	**13**	**14**
Rekstrarkostnaður	275,5	272,2	279,1	3	1
Stofnkostnaður og viðhald	8,1	13,2	43	.	.
Samtals	**283,6**	**285,4**	**322,1**	**13**	**14**

Á sl. ári skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera heildarathugun á stöðu fangelsismála og leggja fram tillögur um stefnumörkun. Nefndin skilaði áliti sínu í mars sl. Lagt er til að nýtt fangelsi verði byggt er leysi af hólmi Hegningarhúsið í Reykjavík, fangelsið að Síðumúla 28 og fangelsið á Akureyri. Jafnframt verði elsta hluta fangelsisins að Litla-Hrauni breytt og föngum fækkað þar um tæpan helming. Skipuð hefur verið ný nefnd m.a. til þess að velja nýju fangelsi stað og gera tillögur um fyrirkomulag þess í samráði við dómsmálaráðuneytið. Nefndinni er ætlað að ljúka undirbúningi að byggingarframkvæmdum á árinu 1993. Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 30 m.kr.

Kirkjumál

Til þessa málaflokks teljast fjárlagaliðirnir 701 Biskup Íslands; 711 Prestaköll og prófastsdæmi; 712 Prestsetur; 721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar; 731 Kristnisjóður; 732 Kirkjubyggingasjóður og 790 Kirkjumál, ýmis kostnaður.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	39,8	41,5	41,5	0	4
Prestaköll og prófastsdæmi	285,2	301,3	313,1	4	10
Prestssetur	78,0	52,7	53,6	2	-31
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	15,5	15,4	15,5	1	0
Kristnisjóður	16,4	18,1	18,3	1	12
Kirkjubyggingasjóður	6,6	1,0	1,0	0	-85
Kirkjumál, ýmis kostnaður	32,4	35,3	19,0	-46	-41
Samtals	**473,9**	**465,3**	**462,0**	**-1**	**-3**
Rekstrarkostnaður	373,7	387,1	392,9	2	5
Stofnkostnaður og viðhald	100,2	78,2	69,1	-12	-31
Samtals	**473,9**	**465,3**	**462,0**	**-1**	**-3**

Framlög til kirkjumála breytast lítið í heild frá fjárlögum þessa árs. Þau lækka um 1% sem fyrst og fremst felst í lægri framlögum til stofnkostnaðar. Þar munar mestu að fjárveiting til framkvæmda á Skálholtsstað lækkar úr 13 m.kr. í 6 m.kr. Fjárveiting á

fjárlögum 1992 er tengd starfi nefndar er fjallað hefur um málefni Skálholtsstaðar og hækkaði framlag verulega milli áranna 1991 og 1992 sem tengdist m.a. áformum um að færa málefni Skálholtsskóla undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt var fram frumvarp til laga um skólann á sl. þingi en það hlaut ekki afgreiðslu. Lækkun framlags nú ber að skoða í ljósi þess að eftir er að ráðstafa 7 m.kr. af fjárveitingu ársins 1992. Því fé verður ekki ráðstafað fyrr en framangreind nefnd hefur lokið störfum, en ráðgert er að hún skili lokaskýrslu í október. Þá er og ljóst að sú ráðstöfun er nátengd hugmyndum um framtíð Skálholtsskóla.

Á haustþingi mun verða flutt frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir o.fl. á sviði kirkjumála. Þar verður lagt til að 20% af hlutdeild kirkjugarðanna í tekjuskatti á árinu 1993 verði varið til að kosta tiltekin verkefni á sviði kirkjumála. Þá er gert ráð fyrir að laun umsjónarmanns kirkjugarða greiðist úr kirkjugarðasjóði. Verkefni þessi og fjárveiting til þeirra í fjárlagafrumvarpi 1993 er sem hér segir (í m.kr.):

Viðhald prestsetra	44,6
Bygging prestsetra	5,0
Kaup eigna á prestsetursjörðum	4,0
Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóli Íslands	15,5
Starfsþjálfun guðfræðikandidata	2,8
Kirkjuráð, kirkjuþing, prestastefna	5,4
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	2,2
Ýmis verkefni	5,6
Samtals	**85,1**

07 Félagsmálaráðuneyti

Málefnaflokkar ráðuneytis breytast þannig á milli ára:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	67,1	73,3	79,7	9	19
Húsnæðismál	900,0	1.075,0	961,0	-11	7
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	151,0	169,0	168,7	-0	12
Málefni barna og ungmenna	151,7	103,7	185,6	79	22
Málefni fatlaðra	1.578,1	1.785,0	1.940,1	9	23
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.365,8	1.497,0	1.350,0	-10	-1
Annað	768,4	379,1	283,1	-25	-63
Rekstrarhagræðing	-	-	8,9	.	.
Samtals	**4.982,1**	**5.082,1**	**4.977,1**	**-2**	**-0**
Rekstrarkostnaður	1.496,1	1.614,2	1.801,4	12	20
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.322,4	2.056,9	1.850,2	-10	-20
Stofnkostnaður og viðhald	1.163,6	1.411,0	1.325,5	-6	14
Samtals	**4.982,1**	**5.082,1**	**4.977,1**	**-2**	**-0**

Rekstrarútgjöld og tilfærslur félagsmálaráðuneytisins lækka um 19,5 m.kr. eða 0,5%. Allnokkrar breytingar verða hins vegar á málefnaflokkum ráðuneytisins frá fjárlögum vegna nýrrar lagasetningar. Er þar fyrst að nefna ný lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, þar sem sá málaflokkur flyst frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðu-

neytis. Ný lög eru um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Fyrst í stað munu þau leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, en þegar aukinnar ábyrgðar sveitarfélaga o.fl. fer að gæta er gert ráð fyrir að jafnvægi náist. Þá er að nefna lög nr. 52/1992, um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota, sem leysa af hólmi lög nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Síðar í þessum kafla verður nánar vikið að áhrifum þessara laga á fjárlagaliði félagsmálaráðuneytisins.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki er aðalskrifstofa ráðuneytisins. Framlag til hennar hækkar um 6,4 m.kr. Þar af er nýtt viðfangsefni, *sameining sveitarfélaga,* með fjárveitingu er nemur 4 m.kr. Þá fjölgar störfum á aðalskrifstofu um 1,5 og verða 18,5. Ástæðan er yfirtaka ráðuneytisins á málefnum barnaverndarráðs sem veldur þó ekki kostnaðaraukningu hjá ríkissjóði.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyra 271 Byggingarsjóður ríkisins og 272 Byggingarsjóður verkamanna. Eins og árin 1991 og 1992 er ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins, enda talið að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verður 961 m.kr. samanborið við 1.075 m.kr. í fjárlögum 1992. Lækkunin nemur 114 m.kr. Til að mæta henni er m.a. áformað að leggja niður hönnunardeild og selja eignir hennar, hætta skyldusparnaði í núverandi mynd á vegum stofnunarinnar og minnka umfang annarra þátta í rekstri hennar. Þessar breytingar munu ekki hafa áhrif á getu sjóðsins frá því sem nú er til lánveitinga til félagslegra íbúða. Félagsmálaráðherra mun á næstunni leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem m.a. lúta að þessum atriðum. Einnig er fjallað um málefni sjóðanna í greinargerð um þá í B-hluta.

Stjórnsýslustofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast 302 Ríkissáttasemjari; 951 Brunamálastofnun ríkisins; 953 Jafnréttisráð og 954 Vinnueftirlit ríkisins. Framlög til þessa málefnaflokks eru áþekk því sem er í fjárlögum 1992.

953 Jafnréttisráð. Framlög til starfsemi á vegum Jafnréttisráðs hækka að raungildi frá fjárlögum 1992 um 2,4 m.kr. m.a. vegna kostnaðar við fyrirhugað jafnréttisþing á árinu 1993, lokaáfanga norræns jafnlaunaverkefnis og útgáfustarfsemi. Framlag að upphæð 3,3 m.kr. til vestnorræns kvennaþings fellur niður, en á móti er á viðfangsefninu *1.10 Sérstök verkefni* ætlaðar 1,3 m.kr. til undirbúnings þátttöku Íslendinga í norrænu kvennaþingi 1994 (Nordisk Forum).

Málefni barna og ungmenna

Þeir fjárlagaliðir sem falla undir þennan málaflokk í frumvarpi 1993 eru 400 Málefni barna og ungmenna og 410 Heimili fyrir börn og unglinga.

Eins og getið er um í inngangi er þetta nýr málefnaflokkur á vegum félagsmálaráðuneytis og flyst þangað frá menntamálaráðuneyti samkvæmt ákvæðum nýrra laga nr.

58/1992, um vernd barna og ungmenna. Liðir í fjárlögum 1992 sem flytjast frá menntamálráðuneytinu eru þessir: *02-802 Vernd barna og ungmenna, 02-806 Barnaverndarráð, 02-870 Meðferðarheimilið Tindar* og *02-871 Unglingaheimili ríkisins.* Fjárveiting til þessarar starfsemi er 103,7 m.kr. í fjárlögum 1992 og hefur verið tekið tillit til hennar í talnasamanburði í upphafi athugasemda um þetta ráðuneyti. Að auki var í fjárlögum 1992 gert ráð fyrir sértekjum frá sveitarfélögum að upphæð 42,1 m.kr. sem nú falla niður. Getið skal tveggja nýrra viðfangsefna undir þessum málefnaflokki, *410-1.20 Meðferðarheimilis barna* og *410-1.30 Vistheimilisins Árbót.* Fjöldi starfa sem tilheyra þessum málefnaflokki er 49.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700- 722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sama framsetning er á þessum málaflokki og í fjárlögum 1992. Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sjást á eftirfarandi töflu:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Laun	931,9	1.062,0	1.180,5	11	27
Önnur gjöld	230,8	223,6	225,2	1	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	179,6	179,4	184,4	3	3
Fjárfesting	235,8	320,0	350,0	9	48
Samtals	**1.578,1**	**1.785,0**	**1.940,1**	**9**	**23**

Fjárveitingar til rekstrar stofnana fatlaðra hækka um 125,1 m.kr. og skýrist það af eftirfarandi: Í fyrsta lagi hækka rekstrarframlög um 38 m.kr. vegna stofnana sem teknar voru í notkun á árinu 1992 og verða í rekstri allt árið 1993. Í öðru lagi er rekstrarkostnaður nýrra stofnana, sem teknar verða í notkun á árinu 1993, áætlaður 36,7 m.kr. Í þriðja lagi eru laun vegna forfalla, orlofs starfsfólks o.fl. og vistanir hækkaðar um 11,7 m.kr. Loks er nokkur hækkun til leiðréttingar á óbreyttri starfsemi 7,2 m.kr. Af nýjum stofnunum, sem eru sex, verða tvær í Reykjavík, tvær á Norðurlandi vestra og ein á Reykjanesi og Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að störf á þessum stofnunum verði 37. Í fjárlögum 1992 eru viðfangsefnin *700-1.60 Félagslegar íbúðir* og *700- 1.99 Óskipt* þar sem áætlað var fyrir starfsemi sem ekki var fullmótuð og reiknað með að rekin yrði hálft árið 1992. Þessi starfsemi er nú að hluta dreifð á nokkra fjárlagaliði, en eftir stendur á viðfangsefninu *700-1.99 Liðveisla, réttindagæsla o.fl.* 22,7 m.kr. og 14 störf sem ætlað er að mæta áhrifum í X., XII. og XV. kafla nýrra laga um málefni fatlaðra. Ákvæði X. kafla laganna um liðveislu leggja einnig nokkrar skyldur á herðar sveitarstjórnum. Þá er viðfangsefnið *700-1.10 Vistanir* (stuðningsfjölskyldur) fellt niður en fjárhæðinni, 15,5 m.kr., dreift til ráðstöfunar hjá svæðisskrifstofum.

Samanburður á fjölda starfa á stofnunum fatlaðra á milli fjárlaga 1992 og frumvarps 1993 kemur fram á eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1992	Frumvarp 1993
700 Málefni fatlaðra, almennt	35,0	20,7
701 Reykjavík	86,6	101,1
702 Reykjanes	74,0	89,8
703 Vesturland	25,9	25,9
704 Vestfirðir	22,3	22,3
705 Norðurland vestra	23,5	35,5
706 Norðurland eystra	106,1	114,7
707 Austurland	32,0	32,9
708 Suðurland	48,0	48,5
710 Heimili fyrir einhverfra	28,6	29,1
711 Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	105,4	106,4
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	21,7	21,7
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	58,0	58,0
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	29,8	29,8
Samtals	**696,9**	**736,4**

Til viðbótar þessum tölum má gera ráð fyrir að hvort ár séu um 70 störf á stofnunum sem fá greiðslur í formi tilfærslna.

Frá félagsmálaráðuneytinu flyst til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins viðfangsefnið *07-700-1.04 Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra* (umönnunarbætur). Í fjárlögum 1992 er fjárveiting til þess 132,0 m.kr. en kostnaður samkvæmt reikningi 1991 145,9 m.kr. Þessar fjárhæðir eru ekki taldar með í fjárlaga- og reikningstölum í yfirlitinu hér á undan.

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* hækkar um 30 m.kr. úr 320 m.kr. í 350 m.kr. og kemur þannig fram að 330 m.kr. eru áætlaður erfðafjárskattur og 20 m.kr. vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Fjárveitingin, 1.350 m.kr., er í samræmi við tekjuáætlun ríkissjóðs 1993, en framlag til sjóðsins er bundið í lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, og nemur 1,4% af beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs. Í fjárlögum 1992 er framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1.497 m.kr. Þar af eru 100 m.kr. sem bætt var við vegna þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði, en fellur nú niður, og 27 m.kr. vegna endurskoðunar á innheimtu tekna 1991. Í þessari fjárhæð er ekki gert ráð fyrir endurmati á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs fyrir árið 1992. Muni það hafa áhrif á framlag til sjóðsins þykir rétt að það verði leiðrétt í fjáraukalögum.

Annað

Í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir fjárlagaliðir: 981 Vinnumál; 982 Ríkisábyrgð á orlofslaunum; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Helstu breytingar sem gerðar eru á fjárveitingum til þessa málefnaflokks frá fjárlögum 1992 eru þessar:

981 Vinnumál. Framlag til þessa þáttar lækkar um 13,7 m.kr. frá fjárlögum 1992, þar af lækkar viðfangsefnið *1.90 Ýmislegt* um 10 m.kr. Liðurinn skiptist á eftirfarandi hátt:

	Frumvarp 1993
Samtök aðila vinnumarkaðarins	10,0
Leigjendasamtökin	1,3
Tölvuvinnsla vinnumiðlunar	1,0
Ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar	1,6
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	4,0
Tölfræði um vinnu- og kjaramál o.fl.	3,5
NORDJOBB	1,6
Samtals	**23,0**

982 Ríkisábyrgð orlofslauna. Þessi fjárlagaliður er í raun hinn sami og viðfangsefnið *982-1.10 Ríkisábyrgð á orlofslaunum* í fjárlögum 1992 og framlagið hið sama. Eins og nefnt var að framan var ábyrgð ríkisins á launum starfsmanna vegna gjaldþrota felld niður frá 1. mars 1992. Þess í stað tóku gildi ný lög um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Sjóðurinn lýtur meirihluta stjórn aðila vinnumarkaðarins og er fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist og skattskylt er. Ábyrgðargjaldið er 0,2% af gjaldstofni og er ætlað að standa undir öllum kostnaði launa vegna gjaldþrota. Framlag ríkisins til sjóðsins á árinu 1993 er nú áætlað sem hluti launa á einstökum stofnunum í A- og B- hluta fjárlaga en ekki á sérstökum fjárlagalið eins og gert var þegar ábyrgðin var alfarið ríkisins.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Óverulegar breytingar eru gerðar á þessum fjárlagalið eins og sést á meðfylgjandi yfirliti sem sýnir framlag til einstakra viðfangsefna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 með samanburði við fjárlög 1992:

	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting %
Kostnaður samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1991	10,9	11,0	1
Meðlag samkvæmt lögum nr. 9/1981	59,8	60,6	1
Slysavarnafélag Íslands	16,5	16,7	1
Sjómannastofur	1,1	1,1	0
Félagasamtök, styrkir	18,4	18,7	2
Starfsmenntun í atvinnulífinu	48,0	48,0	0
Kvennaathvarf í Reykjavík	12,5	14,0	12
Stígamót	5,5	6,2	13
Framkvæmd laga nr. 49/1991, um félagsþjónustu	4,0	3,0	-25
Ár fjölskyldunnar	3,0	3,0	0
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6,4	6,5	2
Ýmis framlög	8,1	8,2	1
Samtals	**194,2**	**197,0**	**1**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	107,5	119,9	108,2	-10	1
Tryggingamál	27.324,4	26.331,9	28.026,2	6	3
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	228,6	239,2	257,2	8	13
Sjúkrastofnanir	15.555,5	15.597,1	16.034,1	3	3
Heilsugæsla	1.608,4	1.476,7	1.581,7	7	-2
Annað	415,9	339,9	321,0	-6	-23
Rekstrarhagræðing	-	-	104,1	.	.
Samtals	**45.240,3**	**44.104,7**	**46.432,5**	**5**	**3**
Rekstrarkostnaður	16.572,4	16.315,0	17.182,5	5	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27.104,5	26.321,5	27.970,4	6	3
Stofnkostnaður og viðhald	1.563,4	1.468,2	1.279,6	-13	-18
Samtals	**45.240,3**	**44.104,7**	**46.432,5**	**5**	**3**

Heildarútgjöld eru 46,4 milljarðar kr. og hækka um 5% eða um 2,3 milljarða kr. frá fjárlögum 1992, þar af um 1,7 milljarða kr. vegna almannatrygginga. Breyting frá fjárlögum svarar til 3,4% raunaukningar útgjalda. Nokkur vöxtur er í tryggingaútgjöldum, einkum vegna breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar og aukinna atvinnuleysisbóta. Rekstrarkostnaður stofnana vex að raungildi milli ára, einkum vegna minni sértekna og fjölgunar og stækkunar heilsugæslustöðva, en hækkun á útgjöldum eftirlits- og stjórnsýslustofnana skýrist einkum af tilfærslu á útgjöldum frá sjúkratryggingum. Eitt meginmarkmið í fjármálum heilbrigðiskerfisins er að nýta húsnæði og rekstrarfé á sem hagkvæmastan hátt. Þetta endurspeglast í frumvarpinu með því að gert er ráð fyrir hagræðingu í rekstri stofnana og að dregið er úr framkvæmdum. Þegar samanburður er gerður við reikning 1991 verður að taka tillit til þess að nokkrar stofnanir voru færðar af daggjöldum sjúkratrygginga á sérstaka liði í fjárlögum 1992. Fjárheimildir sjúkratrygginga í fjárlögum 1992 lækkuðu um 863 m.kr. vegna þessa og sjúkrastofnanir hækkuðu samsvarandi.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu lækkar um 10% frá fjárlögum og verður 108,2 m.kr. Framlag er í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um rekstur aðalskrifstofa ráðuneyta. Hafa verður í huga að áætlað er fyrir launakostnaði starfsmanns á aðalskrifstofu, sem fer með skipulag framkvæmda á vegum ráðuneytisins. Samtals lækkar rekstrarkostnaður um rúmar 5 m.kr. og tækjakaup um 9 m.kr.

Tryggingamál

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðirnir 271 Tryggingastofnun ríkisins; 273 Atvinnuleysistryggingar; 274 Eftirlaunasjóður aldraðra og 277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna. Samtals hækka útgjöld tryggingamála um 1.694 m.kr. eða 6%. Þar af eru um 684 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta en sú tala miðast við sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum eins og síðar verður vikið að.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu helstu útgjalda tryggingamála:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
T.R. yfirstjórn	408,0	385,5	419,2	9	3
T.R. lífeyristryggingar	14.575,1	14.889,0	15.190,0	2	4
T.R. sjúkratryggingar	10.389,0	9.082,6	9.730,0	7	-6
T.R. slysatryggingar	524,0	547,0	555,0	1	6
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.266,0	1.280,0	1.964,0	53	55
Eftirlaunasjóður aldraðra	137,9	127,8	128,0	0	-7
Atvleysisbætur opinb. starfsmanna	24,4	20,0	40,0	100	64
Samtals	**27.324,4**	**26.331,9**	**28.026,2**	**6**	**3**

271 1.01 Yfirstjórn. Framlag til yfirstjórnar hækkar um 9% frá fjárlögum 1992, eða um 33,7 m.kr. Er framlagið miðað við raunverulegt rekstrarumfang stofnunar og ný stöðugildi í fjárlögum 1992. Til að ljúka við gerð nýs tölvuforrits vegna áframhaldandi uppbyggingar á greiðslu-, upplýsinga- og gjaldkerakerfi og til nauðsynlegra tækjakaupa eru ætlaðar 23 m.kr. en sú fjárfesting á að skila sér í lægri rekstrarkostnaði.

271 1.10 Lífeyristryggingar. Almennar bætur lífeyristrygginga hækkuðu um 1,7% í maí s.l. og að auki koma til eingreiðslur vegna launabóta, desember- og orlofsuppbótar. Launabætur voru 28% í júlí og desemberuppbót hækkar frá fyrra ári sem nemur 10% álagi á tekjutengda liði lífeyristrygginga. Útgjaldaauki vegna hækkunar eingreiðslna verður um 200 m.kr. árið 1992 sem einnig kemur fram árið 1993.

Lífeyristryggingar	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Elli- og örorkulífeyrir	3.935,5	3.800,0	3.990,8	5	1
Tekjutrygging	5.339,0	5.700,0	6.046,6	6	13
Uppbót o.fl.	1.285,7	1.300,0	1.431,5	10	11
Heimilisuppbót	699,0	740,0	816,9	10	17
Sérstök heimilisuppbót	175,0	190,0	216,3	14	24
Örorkustyrkur	258,3	290,0	291,7	1	13
Barnalífeyrir	307,0	330,0	326,2	-1	6
Ekkju-, ekkla- og makabætur	189,6	195,0	194,2	-0	2
Mæðra- og feðralaun	752,3	787,0	834,0	6	11
Fæðingarorlof	1.165,2	1.300,0	1.295,5	-0	11
Bílakaupastyrkir	129,4	125,0	146,3	17	13
Málefni fatlaðra, 10. gr.	145,9	132,0	180,0	36	23
Tekjur umfram gjöld o.fl.	193,2	-	-	.	.
Sérstakar aðgerðir	-	-	-580,0	.	.
Samtals	**14.575,1**	**14.889,0**	**15.190,0**	**2**	**4**

Framlag til lífeyristrygginga hækkar um 300 m.kr., eða 1,1% að raungildi frá fjárlögum. Sjálfvirkur vöxtur í lífeyristryggingum er engu að síður 700 til 800 m.kr. á ári. Mesti vöxturinn hefur verið í ýmsum sérbótum og í útgjöldum vegna tekjutryggingar. Þá er vert að benda á að umönnunarbætur samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra flytjast frá félagsmálaráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis, sbr. 3. gr. laga nr. 79/1991. Reikningstala fyrir árið 1991 og fjárlagatala 1992 hafa verið leiðréttar fyrir þessari breytingu. Í frumvarpinu er að finna áform sem eiga að draga úr sjálfvirkri aukningu útgjalda. Áformað er að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 580 m.kr. með sérstökum aðgerðum. Stefnt er að því að eignatengja lífeyrisgreiðslur, enda nái fram að ganga áform um fjármagnseignarskatt. Þá verða lög um fæðingarorlof, mæðra- og feðralaun, svo og um ýmsar félagslegar sérbætur lífeyristrygginga einnig endurskoðuð.

271 1.20 Sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar hækka um tæplega 650 m.kr., eða 7% frá fjárlögum, og verða 9.730 m.kr. Án sérstakra sparnaðarráðstafana stefndu útgjöld sjúkratrygginga í ríflega 10 milljarða króna.

Sjúkratryggingar	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á stofnunum	2.863,6	2.074,6	2.070,6	-0	-28
Hjálpartæki	643,2	608,0	617,7	2	-4
Útgjöld skv. 39. gr.	327,6	292,0	508,0	74	55
Lækniskostnaður	1.547,3	1.267,0	1.455,5	15	-6
Tannlæknakostnaður	942,1	804,0	864,5	8	-8
Sérreikningar sjúkrastofnana	1.099,0	1.169,0	1.030,2	-12	-6
Ferða- og flutningskostnaður	138,2	161,0	162,4	1	18
Erlendur sjúkrakostnaður	287,2	271,0	258,0	-5	-10
Lyfjakostnaður	2.422,6	2.200,0	2.528,4	15	4
Sjúkradagpeningar	219,5	236,0	233,0	-1	6
Annað	40,9	50,0	60,0	20	47
Sértekjur	-61,0	-50,0	-58,3	17	-4
Rekstrarafgangur	-81,2	-	-	.	.
Samtals	**10.389,0**	**9.082,6**	**9.730,0**	**7**	**-6**

Mestur útgjaldavöxtur er vegna ákvæða 39. gr. almannatryggingalaga, einkum tannréttinga sem falla að mestu á þennan lið. Lækniskostnaður hækkar einnig mikið og mun meira en gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Hafa verður í huga að beinar greiðslur einstaklinga fyrir þjónustu lækna voru hækkaðar úr 900 í 1.500 kr. fyrir þá sem greiða fullt gjald árið 1992. Lyfjakostnaður hækkar um 15% frá fjárlögum en mun þó lækka að raungildi frá árinu 1991 ef áætlun frumvarps stenst. Þrátt fyrir að aðgerðir í lyfjamálum á árinu 1991 hafi skilað miklum árangri hefur áformaður sparnaður í ár ekki gengið eins vel og til stóð, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga að fresta gildistöku reglugerðar um hlutfallsgreiðslur neytenda í lyfjaverði. Reglugerðin tók hins vegar gildi 1. ágúst sl. og er gert ráð fyrir að hún skili áframhaldandi sparnaði á næsta ári. Auk þess er áformað að setja ný lög um sölu og dreifingu lyfja. Stefnt er að því að ná sparnaði í lækniskostnaði með tilvísanakerfi og breytingum á greiðsluþátttöku ríkisins. Þá er reiknað með að ná 60 m.kr. sparnaði í innlendum sjúkrakostnaði með auknum útboðum á ýmissi stoðþjónustu sjúkrahúsa. Flutt verður sérstakt

frumvarp í þeim tilgangi. Þá ber að geta að áformað er að fresta til ársins 1994 opnun á heimili fyrir fjölfatlaða að Reykjalundi. Þeir einstaklingar sem um ræðir verða því áfram vistaðir á öðrum sjúkrastofnunum. Áætlað er að verja 160 m.kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs stofnana sem til þessa hefur verið greitt af sjúkratryggingum. Þetta kallar á lagabreytingu þar sem um meira en þriðjung af ráðstöfunarfé sjóðsins er að ræða. Framvegis verða ekki greidd halla- eða jöfnunardaggjöld til stofnana sem eru á daggjöldum og verða þær því að hagræða í rekstri eins og aðrar stofnanir ríkisins ef útgjöld verða meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Sérstakt yfirlit er nú birt yfir daggjaldastofnanir og áætlaðar greiðslur til þeirra miðað við daggjöld í september 1992. Samtals er ráðstafað 2.070 m.kr. til greiðslu daggjalda, en þessi liður hefur lækkað á undanförnum árum við það að stofnanir hafa verið fluttar undir sérstaka fjárlagaliði.

Daggjaldastofnanir	Fjöldi rúma	Kostnaður á rúm sept. '92 kr.	Áætlaður kostnaður á ári m.kr.
Droplaugarstaðir, Reykjavík	36	5.084	66,8
Seljahlíð, Reykjavík	13	5.084	24,1
Hornbrekka, Ólafsfirði	13	5.084	24,1
Dalbær, Dalvík	20	5.084	37,1
Hlíð, Akureyri	65	5.084	120,6
Skjólgarður, Höfn	32	5.084	59,4
Hulduhlíð, Eskifirði	12	5.084	22,3
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	17	4.090	25,4
Barmahlíð, Reykhólum	7	4.090	10,4
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	12	4.090	17,9
Fellaskjól, Grundarfirði	4	4.090	6,0
Jaðar, Ólafsvík	4	4.090	6,0
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	9	4.090	13,4
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	10	4.090	14,9
Hjallatún, Vík í Mýrdal	7	5.084	13,0
Dvalarheimili aldraðra, Þórshöfn	5	4.090	7,5
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	12	5.084	22,3
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	186	5.436	369,1
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði	148	5.854	316,2
Grund, Reykjavík	160	4.135	241,5
Ás, Hveragerði	64	3.412	79,7
Rauði kross Íslands, Reykjavík	28	2.439	24,9
Vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi	166	6.694	405,6
Hjúkrunarheimili, Fellsenda	15	3.059	16,7
Hjúkrunarheimili, Kumbaravogi	40	5.084	74,2
Hlíðarbær, Flókagötu 53	18	4.005	18,0
MS félag Íslands	25	3.321	20,8
Múlabær	45	2.439	27,4
Dagvistarstofnanir	169	1.877	79,3
Annað, verðlagsuppfærsla o.fl.	-	-	65,9
Framkvæmdasjóður aldraðra			-160,0
Samtals			**2.070,6**

Taflan að ofan sýnir framlög til daggjaldastofnana miðað við daggjöld í september 1992 og fulla nýtingu rúma. Nýting á síðasta ári var að meðaltali 98,5% en er mjög mismunandi á milli stofnana. Ber því að taka tölur fyrir hverja stofnun með varúð, þar

sem þær sýna hæstu mögulega greiðslu en gefa engu að síður góða mynd af umfangi rekstursins.

271 1.30 Slysatryggingar. Mikil hækkun varð á bótagreiðslum slysatrygginga milli áranna 1990 og 1991. Gert er ráð fyrir að færa slysatryggingar að hluta eða öllu leyti til almennra tryggingafélaga á árinu 1993, enda bjóða þau upp á svipaðar tryggingar. Áformað er að ná fram 100 m.kr. sparnaði með þessari breytingu. Heilbrigðisráðherra hefur skipað nefnd sem vinnur að tillögum í þessa veru.

273 Atvinnuleysistryggingar. Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir bótagreiðslum sem svaraði til rúmlega 2% atvinnuleysis. Samkvæmt nýjustu áætlunum stefnir í 2,8 til 3% atvinnuleysi í ár. Við undirbúning fjárlagafrumvarps var atvinnuleysi talið stefna í 3,5 til 4%. Ríkisstjórnin greip því til sérstakra ráðstafana með því að veita 2 milljörðum króna til atvinnuskapandi framkvæmda, eins og fram kemur annars staðar í frumvarpinu. Jafnframt var áætlað framlag til atvinnuleysisbóta lækkað um 300 m.kr. Fjárþörf sjóðsins á næsta ári er áætluð 2.314 m.kr. nettó. Í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er ríkissjóði ætlað að leggja til sjóðsins fjárhæð sem nemur þreföldu framlagi atvinnurekenda. Hlutur atvinnurekenda af tryggingagjaldi er áætlaður 275 m.kr. og lögbundið framlag ríkisins er því 825 m.kr. Jafnframt er Atvinnuleysistryggingasjóði ætlað að selja skuldabréfaeign fyrir a.m.k. 250 m.kr. á næsta ári. Viðbótarframlag úr ríkissjóði verður því 864 m.kr. Ætlunin er að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og lækka þannig útgjöld sjóðsins um 100 m.kr. Nánar er fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð í greinargerð með B-hluta. Til atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna renna 40 m.kr. sem er hækkun um 20 m.kr. frá fjárlögum 1992. Útgreiðslur fyrstu sjö mánuði þessa árs voru um 30 m.kr.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 323 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar-og talmeinastöð Íslands; 325 Hollustuvernd ríkisins; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknisembættið	45,6	43,9	35,7	-19	-22
Tryggingaeftirlit ríkisins	-2,8	-5,1	-5,2	2	86
Héraðslæknir í Reykjavík	15,0	15,2	16,9	11	13
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6,3	6,6	6,6	0	5
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	72,0	70,0	71,6	2	-1
Hollustuvernd ríkisins	75,6	65,4	77,6	19	3
Sjónstöð Íslands	24,1	24,2	37,6	55	56
Geislavarnir ríkisins	14,1	19,0	16,4	-14	16
Samtals	**249,9**	**239,2**	**257,2**	**8**	**3**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar samtals um 18 m.kr., eða 8%. Fjárveiting til *Landlæknisembættisins* lækkar um 9 m.kr. þar sem fellt er niður framlag til Krýsuvík-

ursamtakanna. Frá sjúkratryggingum til *Sjónstöðvar* færast 13 m.kr. sem ætlaðar eru til að greiða hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta og til *Heyrnar- og talmeinastöðvar* færist 1 m.kr., en framvegis mun stöðin sjá um endurnýjun og afgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnarskerta. Fjárveiting *Hollustuverndar ríkisins* hækkar um 10 m.kr. sem stafar af því að sértekjur eru lækkaðar. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir auknum sértekjum sem ekki hafa náðst. Ekki er hér gert ráð fyrir kostnaði við þýðingu á EES-reglugerðum um hollustumál, en á lið 990-1.91 í fjármálaráðuneytinu eru 40 m.kr. ætlaðar til að standa undir viðbótarkostnaði vegna EES-samnings. Framlag til tækjakaupa hjá *Geislavörnum* lækkar um 4,1 m.kr. en á móti hækkar rekstrarframlagið um 1,1 m.kr. vegna norrænnar kjarnorkuslysaæfingar.

Sjúkrastofnanir

Undir málefnaflokkinn falla fjárlagaliðirnir 350-373 ýmis sjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 400-490 ýmis sjúkrahús og stofnanir. Málefnaflokkurinn er því mjög víðtækur og til hans heyra auk sjúkrahúsa, hjúkrunarstofnanir, endurhæfingarstofnanir, meðferðarstofnanir vegna áfengisvandamála og stofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn. Útgjöld sjúkrastofnana hækka um 0,7% að raungildi frá fjárlögum eða 437 m.kr. í krónum talið og nemur framlag alls 16 milljörðum kr. Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir verulegum sparnaði sjúkrahúsanna í Reykjavík, m.a. með breyttri verkaskiptingu. Áfram verður unnið að þessum málum á næsta ári.

1. Sjúkrahús í Reykjavík. Samkvæmt meðfylgjandi töflu hækka framlög til sjúkrahúsa í Reykjavík um 378 m.kr. eða 4%, sem jafngildir 1,7% að raungildi. Hækkun einstakra liða er mismunandi og verður fjallað sérstaklega um hvern þeirra hér á eftir.

Sjúkrahús í Reykjavík	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús í Reykjavík	2,8	107,0	168,9	58	.
Ríkisspítalar	6.462,6	6.038,6	6.182,0	2	-4
Borgarspítali	2.682,8	2.640,9	2.744,0	4	2
Landakot	1.241,8	846,0	915,3	8	-26
Samtals	**10.390,0**	**9.632,5**	**10.010,2**	**4**	**-4**

370 Sjúkrahús í Reykjavík. Á þennan lið eru settar 90 m.kr. sem ætlaðar eru til áframhaldandi hagræðingar á sjúkrahúsum í Reykjavík. Þar af eru 67 m.kr. vegna flutnings verkefna á milli sjúkrahúsa og verður því fé ráðstafað af heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Að auki eru á þessum lið 100 m.kr. til stofnkostnaðar sem verður skipt síðar á einstök verkefni. Færðar eru til tekna 30 m.kr. vegna aukinna tekna af göngudeildarþjónustu, en í kjölfar nýrrar reglugerðar er gert ráð fyrir nokkurri aukningu þeirra. Þá er áætlað að spara um 65 m.kr. með almennri hagræðingu í Reykjavík og á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Umræddum rekstrarsparnaði og sértekjum, samtals 95 m.kr., verður dreift í fjárlögum 1993. Loks eru 73,2 m.kr. færðar undir laun á þessum lið vegna kjarasamninga og mun fjárlaganefnd ákveða ráðstöfun á því fé.

*371 **Ríkisspítalar.*** Framlag til ríkisspítala er 6.182 m.kr. og hækkar um 144 m.kr., eða 2% frá fjárlögum. Breytingar til hækkunar frá forsendum fjárlaga 1992 eru annars vegar lækkun sértekna um 123 m.kr., þar af eru 100 m.kr. tekjur sem ofmetnar voru í rekstraráætlunum fyrir árið 1992. Hins vegar eru gjöld hækkuð um 65 m.kr. vegna bókunar ríkisstjórnarinnar með kjarasamningum um að horfið verði frá lokun öldrunardeilda og barnageðdeildar. Á móti þessum hækkunum koma áform um lækkun gjalda að fjárhæð 145 m.kr. Í fyrsta lagi er stefnt að því að breyta rekstri Kristnesspítala í Eyjafirði. Í öðru lagi er ráðgert að hætta áfengismeðferð að Vífilsstöðum og í þriðja lagi verður rekstri að Gunnarsholti breytt og hann færður öðrum aðilum. Samtals er þetta talið spara um 85 m.kr. Loks eru sértekjur spítalans hækkaðar um 60 m.kr. vegna sölu á hlutabréfum í þvottahúsi Ríkisspítala en áformað er að breyta þvottahúsinu í hlutafélag. Söluandvirði bréfanna, að frádregnu framlagi til rannsókna- og þróunarverkefna, á að renna til ríkisspítalanna. Að öðrum kosti verður að draga úr starfsemi þeirra sem því nemur. Loks eru 36,7 m.kr. fluttar á sjúkrahús í Reykjavík. Veigamikil breyting er nú gerð á framsetningu fjárveitinga til ríkisspítala. Undanfarin ár hafa reikningar sýnt meira rekstrarumfang en komið hefur fram í fjárlögum. Um svokallaðan sértekjurekstur hefur verið að ræða. Nú er þessi rekstur tekinn inn í áætlanir og hækka sértekjur því um 246 m.kr. og laun og önnur rekstrargjöld samtals um samsvarandi fjárhæð. Störfum í frumvarpi fjölgar við þetta um 119 sem í raun hafa verið hluti af ríkisrekstrinum.

*372 **Borgarspítali.*** Framlag til spítalans er 2.744 m.kr. og hækkar um 103 m.kr. frá fjárlögum. Í fjárlagatölu er 200 m.kr. framlag vegna bráðavakta sem fluttar voru frá Landakotsspítala í apríl 1992. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar bráðavaktirnar verða í framtíðinni en áfram gert ráð fyrir framlagi vegna þeirra til Borgarspítala. Að öðru leyti skýrist hækkun á rekstrarframlagi til spítalans af lækkun sértekna.

*373 **St. Jósefsspítali, Landakoti.*** Verulegar breytingar hafa verið gerðar á rekstri sjúkrahússins á þessu ári. Bráðavöktum var hætt og ný 22 rúma hjúkrunardeild tók til starfa í september 1992. Rekstur þeirrar deildar leiðir til 50 m.kr. hækkunar á framlagi til spítalans frá fjárlögum 1992. Ekkert varð af áformum, sem sett voru í frumvarpi til fjárlaga 1992, um að koma á samrekstri eða náinni samvinnu Borgarspítala og Landakots en unnið verður áfram að endurskoðun á verkaskiptingu spítalanna á höfuðborgarsvæðinu.

2. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan lið falla aðrar sjúkrastofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, að frátöldum spítölunum þremur sem að framan eru taldir. Helstu breytingar eru þær að opnað var á árinu nýtt hjúkrunarheimili, *Víðihlíð í Grindavík*, sem rekið er undir stjórn *Sjúkrahússins í Keflavík*. Rekstur hefst með 15 rúmum og er áætlað að önnur 15 rúm bætist við í upphafi árs 1994. Kostnaður á árinu 1993 er áætlaður 30 m.kr. *St. Jósefsspítali í Hafnarfirði* hækkar nettó um 8 m.kr. að raungildi. Þar af hækka laun og rekstrargjöld um 29 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 21 m.kr. Loks hækkar framlag til stofnunar fyrir ósakhæfa afbrotamenn að *Sogni í Ölfusi*, sem tók til starfa árið 1992, um 30 m.kr. og verður 71 m.kr. enda gert ráð fyrir fullum rekstri árið 1993. Aðrar breytingar eru óverulegar og þarfnast ekki skýringa. Áformað er að grípa til sérstakra ráðstafana til að lækka útgjöld til sjúkrahúsa í þessum málefnaflokki. Auk þeirra 65 m.kr.

sem eru óskiptar á liðnum 08-370 og að framan eru nefndar er áformað að lækka útgjöld um 85 m.kr. Viðræður munu m.a. fara fram við SÁÁ um endurskoðun á rekstri sem leiði til 35 m.kr. lækkunar á framlögum. Þá mun samningur við *Náttúrulækningafélag Íslands* koma til endurskoðunar fyrir áramót og er stefnt að því að styrkur til heilsuhælisdeildar falli niður. Samanlagt verða framlög til annarra sjúkrastofnana óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum.

Aðrar sjúkrastofnanir	Stöðu-gildi	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið Akranesi	161,0	394,5	402,0	419,7	4	6
Sjúkrahúsið Patreksfirði	26,0	75,0	72,2	73,0	1	-3
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67,5	165,7	168,1	172,0	2	3
Héraðshæli A-Hún., Blönduósi	56,6	120,0	112,1	115,6	3	-4
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	121,6	257,5	258,6	264,6	2	2
Sjúkrahúsið Siglufirði	53,0	127,8	122,9	125,6	2	-2
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403,0	1.058,3	1.030,8	1.046,1	1	-2
Sjúkrahúsið Húsavík	98,0	225,8	221,2	228,2	3	1
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	32,0	78,6	84,0	87,1	4	10
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60,0	154,6	154,8	158,4	2	2
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39,0	96,1	94,3	97,2	3	1
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5	217,1	207,6	214,6	3	-2
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,8	170,1	166,2	170,0	2	0
Sjúkrahúsið Keflavík	..	180,3	172,6	207,3	20	14
Sólvangur, Hafnarfirði	123,7	211,3	212,6	217,5	2	3
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	..	232,8	181,3	193,6	7	-17
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	46,0	106,1	97,0	99,2	2	-7
Sjúkrahús, Hvammstanga	38,5	86,8	85,7	87,6	2	1
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20,0	41,2	41,8	42,8	2	4
Sjúkraskýlið Hólmavík	12,0	24,1	24,8	25,4	2	5
Sjúkraskýlið Þingeyri	7,0	11,5	11,0	12,1	10	5
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5,0	10,8	10,0	11,1	11	3
Sundabúð II, Vopnafirði	13,0	26,2	25,6	26,1	2	-1
Sunnuhlíð, Kópavogi	58,0	115,3	114,9	117,8	2	2
Hjúkrunarheimilið Skjól	129,0	..	264,8	270,8	2	.
Garðvangur, Garði	42,0	..	93,8	96,0	2	.
Sjúkrastöðvar SÁÁ	..	248,8	201,3	170,1	-15	-32
Víðines	24,6	..	74,2	75,9	2	.
Hlaðgerðarkot	16,0	..	39,4	40,3	2	.
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endur-hæfingarstofnun	91,0	..	164,3	168,2	2	.
Heilsuhæli NLFÍ	70,0	..	226,9	181,0	-20	.
Vistun ósakhæfra afbrotamanna, Sogni	..	..	39,8	71,4	79	.
Samtals	**1.975,8**	**4.436,3**	**5.176,6**	**5.286,3**	**2**	**19**

Framlög til stofnkostnaðar eru á fjárlagaliðum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús í Reykjavík; 371 Ríkisspítalar; 372 Borgarspítalinn; 373 St. Jósefsspítali Landakoti og 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Áformað er að draga nokkuð úr stofnkostnaði til að komast hjá frekari lækkun á umfangi í rekstri og lokun deilda. Segja má að húsnæði sjúkrastofnana sé komið í það horf að aukið húsnæði sé ekki brýnasta verkefni heilbrigðismála. Samtals lækkar stofnkostnaður til framangreindra viðfangsefna úr 1.171 m.kr. í fjárlögum 1992 í 979 m.kr., eða um 192 m.kr. Áformað er að breyta lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra og gera sjóðnum kleift

að veita fé í auknum mæli til reksturs stofnana og þjónustu við aldraða. Gert er ráð fyrir að varið verði a.m.k. 160 m.kr. af ráðstöfunarfé sjóðsins í þessu skyni.

Heilsugæsla

Framlög til heilsugæslustöðva verða alls 1.582 m.kr. og aukast um 4,8% að raungildi frá fjárlögum. Hækkun stafar einkum af þrennu: Í fyrsta lagi lækka sértekjur um 60 m.kr. vegna ákvæða í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Í öðru lagi kallar ný *Heilsugæslustöð í Grafarvogi*, Reykjavík, á 18,3 m.kr. viðbótarframlag. Heimiluð stöðugildi þar eru 6,7, þar af eru 2,5 flutt var frá *Heilsugæslustöðinni í Árbæ*. Einnig flyst *Heilsugæslustöðin í Mjódd* í nýtt og stærra húsnæði. Loks nemur almenn hækkun á framlögum til heilsugæslustöðva um 10 m.kr. Nokkrar breytingar eru gerðar á framsetningu fjárheimilda til heilsugæslustöðva. Í stað heilsugæslustöðva í Reykjavík, sem er einn fjárlagaliður í fjárlögum 1992, er stöðvunum skipt á fjárlagalið eftir umdæmum, auk þess sem *Heilsugæslustöðin í Álftamýri* er nú á sérstökum fjárlagalið. Fjárveiting, sem áður var til tækja og búnaðar heilsugæslustöðva í Reykjavík, er flutt undir fjárlagaliðinn *500 Heilsugæslustöðvar almennt*. Mikil uppbygging hefur verið í heilsugæslu undanfarin ár og kostnaður vex enn vegna nýrra stöðva og stærra húsnæðis. Gert er ráð fyrir að fjölga störfum um fimm og er áætlað fyrir þeim á liðnum Heilsugæslustöðvar, almennt. Heilbrigðisráðherra mun síðar skipta þessum störfum á einstakar stöðvar. Samtals fjölgar því nýjum störfum á heilsugæslustöðvum um 9,2.

Annað

Þessi málefnaflokkur nær til ýmissar starfsemi sem fellur undir heilbrigðismál: 340 Málefni fatlaðra; 393-396 Lyfjamál; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 601 Ljósmæðraskóli Íslands og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Helstu breytingar eru að málefni fatlaðra hækka um 20 m.kr. sem er fært á sérstakt viðfangsefni, *340-6.20 Styrkir til ýmissa framkvæmda*. Hækkun stafar af breytingu á lögum um málefni fatlaðra og mun heilbrigðisráðuneytið sjá um ráðstöfun á þessum lið. Á móti lækkar liðurinn *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi*, um 30 m.kr. Þar af lækkar framlag til *Krabbameinsfélags Íslands* um tæplega 18 m.kr. í samræmi við samning sem nýlega var gerður og verður óskað eftir viðræðum með það að markmiði að framlagið lækki enn um 10 m.kr. Ýmis framlög lækka um 4 m.kr. og *Norræni heilsugæsluskólinn* um 3,3 m.kr. Þá fellur niður styrkur til *Bláalónsnefndar*, 7 m.kr. Loks flyst framlag *Lyfjatæknaskóla Íslands*, 9,5 m.kr., til menntamálaráðuneytis, en skólinn heyrir nú undir það ráðuneyti.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast á milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	414,6	401,5	400,0	-0	-4
Skatta- og tollamál	1.359,4	1.285,4	1.366,8	6	1
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.423,2	2.272,4	1.540,0	-32	8
Vextir	9.875,1	9.900,0	10.200,0	3	3
Annað	2.423,4	1.738,1	1.732,4	-0	-29
Rekstrarhagræðing	-	2,3	15,8	.	.
Samtals	**15.495,7**	**15.599,7**	**15.255,0**	**-2**	**-2**
Rekstrarkostnaður	2.485,9	2.254,5	2.300,4	2	-7
Verðbætur	-	322,4	20,0	-94	.
Vextir	9.875,1	9.900,0	10.200,0	3	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.274,4	1.569,3	1.342,0	-14	5
Stofnkostnaður og viðhald	1.860,3	1.553,5	1.392,6	-10	-25
Samtals	**15.495,7**	**15.599,7**	**15.255,0**	**-2**	**-2**

Þegar frá er talinn liðurinn *Launa- og verðlagsmál* eru útgjöld ráðuneytisins nær óbreytt að krónutölu frá fjárlögum og er það lækkun um 1½-2% að raungildi miðað við áætlaða verðlagsþróun.

Vaxtagjöld, framlög til atvinnumála og skattamála hækka samanlagt um 820 m.kr., þar af vaxtagjöld um 300 m.kr. Viðbótarkostnaður vegna EES-samninga er 40 m.kr. og 100 m.kr. verður varið til markaðsátaks í löndum EES. Framlög til skattamála hækka um 80 m.kr., aðallega vegna herts skatteftirlits og bættrar innheimtu svo sem rakið er í 4. kafla. Þá er áætlað 300 m.kr. framlag til átaks á sviði rannsókna- og þróunarstarfs en óvíst er um þá fjárhæð þar sem hún tengist árangri í sölu ríkiseigna á næsta ári.

Ýmsir útgjaldaliðir lækka frá fjárlögum um alls 845 m.kr. Þeir eru uppbætur á lífeyri, útgjöld til framkvæmda, eignakaup samkvæmt heimildarákvæðum, ríkisábyrgðir og skýrsluvélakostnaður. Framlag til uppbóta á lífeyri lækkar um 325 m.kr. frá fjárlögum. Þar af eru 150 m.kr. vegna aukinna vaxtatekna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lægri verðlagsbóta. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að B-hluta fyrirtækin beri uppbætur á lífeyri starfsmanna sinna og leiðir það til 175 m.kr. lækkunar útgjalda hjá A-hluta. Áætluð greiðslubyrði ríkissjóðs vegna tapaðra ábyrgða lækkar um 230 m.kr. frá fjárlögum og framlög til framkvæmda og eignakaupa samanlagt um 240 m.kr. Síðast en ekki síst ber að nefna lækkun skýrsluvélakostnaðar um nálægt 50 m.kr. sem er árangur af hagræðingarstarfi er hófst á árinu 1991. Auk þess lækka ýmsir smærri liðir um 20 m.kr.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisféhirðir og 105 Ríkislögmaður.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	276,3	266,6	260,0	-2	-6
Ríkisbókhald	91,4	91,1	90,5	-1	-1
Ríkisféhirðir	33,2	26,8	30,0	12	-10
Ríkislögmaður	13,7	17,0	19,5	15	42
Samtals	**414,6**	**401,5**	**400,0**	**-0**	**-4**

Framlög til aðalskrifstofu og tengdra stofnana lækka um nálægt 2% að raungildi frá fjárlögum og enn meira sé miðað við umfang á árinu 1991. Mest munar um lækkun til aðalskrifstofu en þar hafa launagjöld dregist saman auk þess sem stofnkostnaður lækkar um 4 m.kr. Framlög til ríkisféhirðis og ríkislögmanns eru aukin nokkuð. Kostnaður hjá embætti ríkisféhirðis hefur aukist síðustu tvö ár vegna tékkaeftirlitskerfis. Í fjáraukalögum 1991 var fjárheimild embættisins hækkuð um 5,5 m.kr. vegna þessa og er tekið tillit til þess í frumvarpinu. Kostnaður hjá embætti ríkislögmanns hefur aukist töluvert undanfarin ár vegna fjölgunar málshöfðana á hendur ríkissjóði. Á móti hækka áætlaðar tekjur embættisins á næsta ári þar sem ráðgert er að taka gjald fyrir álitsgerðir.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	275,8	325,6	329,0	1	19
Skattstofur	380,4	383,0	420,1	10	10
Skattamál, ýmis útgjöld	87,8	40,6	58,0	43	-34
Yfirskattanefnd	22,5	22,4	37,2	66	65
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	206,3	174,5	169,0	-3	-18
Tollaembætti	386,6	339,3	353,5	4	-9
Samtals	**1.359,4**	**1.285,4**	**1.366,8**	**6**	**1**
Rekstrarkostnaður	1.330,9	1.241,9	1.320,3	6	-1
Stofnkostnaður	28,5	43,5	46,5	7	63
Samtals	**1.359,4**	**1.285,4**	**1.366,8**	**6**	**1**

Framlög til *skatta- og tollamála* aukast um 4% að raungildi. Framlög til skattstofa, yfirskattanefndar og skatteftirlits aukast en tekjur falla brott hjá embætti ríkistollstjóra. Á móti eru í bígerð ráðstafanir til að draga úr kostnaði ríkissjóðs við innheimtu skatta og tolleftirlit. Meðal annars verður lagt fram að nýju frumvarp sem heimilar að innheimta tryggingagjalds og staðgreiðslu tekjuskatts verði á sömu hendi.

202 - 211 Skattstofur og 212 Skattamál, ýmis útgjöld. Rekstrarframlög eru aukin um liðlega 40 m.kr. m.t.t. verðlagsbreytinga. Þar af hækka framlög til skattstofa um 23

m.kr. Á Skattstofunni í Reykjavík er gert ráð fyrir tveimur störfum við endurskoðun sem ekki var áætlað fyrir 1992 þrátt fyrir stöðuheimildir. Útgjöld vegna þessa, almennar launaleiðréttingar og aukinn rekstrarkostnaður nema alls 10 m.kr. Á Skattstofu Reykjaness er bætt við starfi í eftirlit með atvinnurekstri og launaliður hækkaður vegna vinnuálags og samræmingar við aðrar skattstofur. Útgjöld skattstofunnar hækka um 10 m.kr. af þessum sökum. Þá er framlag til sérstaks *skatteftirlits* hækkað um 20 m.kr. og verður 40 m.kr. á næsta ári. Í tekjuáætlun fyrir 1993 er gert ráð fyrir tekjum af bættum skattskilum. Því þarf að gera ráðstafanir til að tryggja virkara skatteftirlit og herta innheimtu. Á þessu ári hefur sérstakri fjárveitingu verið varið til að styrkja endurskoðun atvinnurekstrarframtala.

Á síðustu misserum hafa ýmis mál er varða framkvæmd skattalaga verið í endurskoðun. Átak við endurskoðun á skilum virðisaukaskatts sem fram fór á þessu ári leiddi til hækkana á álögðum skatti um nokkur hundruð milljóna króna og talið er að enn frekari árangri megi ná. Í fjármálaráðuneytinu er nú unnið að endurskoðun á tilhögun skatteftirlits í samráði við stofnanir skattkerfisins. Áformað er að gerð verði skýr skil á milli almenns eftirlits með skattlagningu og skattrannsóknar. Eftirlit verði eflt á skattstofunum og hjá ríkisskattstjóra en sjálfstæði rannsóknardeildar ríkisskattstjóra jafnframt aukið þannig að hún geti einbeitt sér að rannsókn skattsvikamála. Að síðustu ber að nefna að fjármálaráðuneytið hefur hleypt af stokkunum verkefni um mat og samanburð á árangri í skattkerfinu og vinnur sérstakur starfshópur að söfnun gagna og undirbúningi þess máls. Gert er ráð fyrir að niðurstöður þess starfs muni koma að notum síðar við mat á þörf skattstofanna fyrir rekstrarfé.

214 Yfirskattanefnd. Á miðju þessu ári gengu í gildi lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, sem þá leysti af hólmi ríkisskattanefnd og skattsektanefnd. Með breytingunni er stefnt að skilvirkari og hraðari afgreiðslu skattamála sem koma til úrskurðar á stjórnsýslustigi. Ennfremur er talið nauðsynlegt að tryggja betur en verið hefur að úrskurðaraðilinn sé óháður öðrum skattayfirvöldum og þeim sem hagsmuna eiga að gæta í málarekstri fyrir nefndinni. Breyting þessi hefur í för með sér aukinn kostnað vegna meiri umsvifa. Nefndarmönnum í föstu starfi fjölgar úr tveimur í fjóra. Mönnum í hlutastarfi fækkar samsvarandi, en meiri kröfur eru nú gerðar um vinnuframlag þeirra. Launakostnaður vegna þessara breytinga eykst um 12 m.kr. á árinu 1993 en þar af er hluti tímabundinn viðbótarkostnaður vegna biðlauna, eða um 2,3 m.kr. Auk þess er fé ætlað til þess að kaupa að vinnu á meðan unnið er að afgreiðslu þeirra mála sem safnast hafa fyrir. Vegna fjölgunar í nefndinni er einnig nauðsynlegt að auka við húsnæði og er unnið að því máli.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Á viðfangsefnið *ýmis innheimtukostnaður* er færður ýmis kostnaður vegna gjaldheimtna og innheimtumanna sem ekki þykir rétt að heimfæra á einstakar stofnanir. Greiðslur til gjaldheimtna sveitarfélaga sem innheimta skatta fyrir ríkissjóð fara um þennan lið. Sama gildir um þóknun sem sveitarfélög greiða til ríkissjóðs vegna innheimtu á sveitarsjóðsgjöldum. Í lögum um innheimtu staðgreiðslu er heimild til að taka 0,5% þóknun af innheimtu útsvars fyrir sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir að endurskoðun á samningum við sveitarfélög um þessar greiðslur skili ríkissjóði 10 m.kr. á næsta ári og skýrir það lækkun fjárveitingar frá fjárlögum.

261 - 262 Tollaembætti. Rekstrarframlag til Ríkistollstjóra hækkar um 11 m.kr. að teknu tilliti til verðlags. Prentun tollskýrslueyðublaða hefur verið gefin frjáls. Tekjur af sölu eyðublaðanna, um 15 m.kr., falla því niður svo og prentkostnaður að fjárhæð 4 m.kr. Gert er ráð fyrir lítið breyttum rekstri Tollstjórans í Reykjavík fyrir utan væntanlegar breytingar á vinnutilhögun við tollafgreiðslu á póstsendingum í kjölfar nýrrar reglugerðar. Leiðir hún til hagræðis í vinnubrögðum og nokkurs sparnaðar þegar á líður.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur, 989 Launa- og verðlagsmál og 990 Ríkisstjórnarákvarðanir sem er nýr liður.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Uppbætur á lífeyri	1.083,4	1.200,0	875,0	-27	-19
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	339,8	600,0	370,0	-38	9
Launa- og verðlagsmál	-	372,4	55,0	-85	.
Ríkisstjórnarákvarðanir	-	100,0	240,0	140	.
Samtals	**1.423,2**	**2.272,4**	**1.540,0**	**-32**	**8**

Þessir fjárlagaliðir tengjast aðallega efnahagsmálum og þróun verðlags. Nánar er fjallað um einstaka fjárlagaliði hér á eftir.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið eru færðar greiðslur ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna og greiðslur lífeyris samkvæmt sérlögum, m.a. til fyrrverandi hæstaréttardómara. Samsvarandi greiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur borið vegna sinna starfsmanna eru nú færðar á þennan lið. Tekin hefur verið ákvörðun um að fyrirtæki B-hluta beri greiðslur uppbóta á lífeyri starfsmanna sinna en hingað til hafa þær með örfáum undantekningum verið greiddar úr ríkissjóði. Framlag A-hluta ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lækkar af þessum sökum um 175 m.kr. en auk þess lækkar það um 150 m.kr. vegna lægri verðlagsbóta á lífeyri og aukinna vaxtatekna sjóðsins sem ganga að hluta upp í greiðsluskyldu ríkissjóðs. Áætlunin sundurliðast annars sem hér segir:

Áætlunarliðir	m.kr.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-hluti	650,0
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	42,0
Lífeyrissjóður alþingismanna	97,0
Lífeyrissjóður ráðherra, ljósmæðraeftirlaun o.fl.	50,0
Lífeyrir hæstaréttardómara o.fl.	36,0
Samtals	**875,0**

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Greiðslur sem ætla má að falli á ríkissjóð vegna tapaðra ábyrgða á næsta ári eru áætlaðar 320 m.kr. Hér er um að ræða 230 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1992. Vísað er til umfjöllunar um Lánasýslu ríkisins í 6. kafla um nánari athugasemdir. Framlag vegna fjármunatjóna er stofnanir ríkisins verða fyrir og skyldutryggingar ná ekki til er 50 m.kr. í frumvarpinu.

989 Launa- og verðlagsmál. Rekstrargjöld hafa að jafnaði verið sett fram á janúarverðlagi fjárlagaársins. Á þennan fjárlagalið hefur verið færð verðuppbót til stofnana vegna umsaminna og væntanlegra verðbreytinga á fjárlagaárinu. Allar fjárhæðir frumvarpsins eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1993 eins og rakið er í 3. kafla og í inngangi 5. kafla. Þetta er breyting frá því sem verið hefur mörg undanfarin ár. Þó eru í frumvarpinu áætlaðar undir þessum lið *launabætur* samkvæmt ákvæði í kjarasamningum. Um er að ræða eingreiðslu í febrúar til þeirra starfsmanna sem eru undir 80.000 kr. í meðallaun á tímabilinu september til nóvember 1992. Þá eru 35 m.kr. til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Þetta er nýr fjárlagaliður. Á hann eru færð framlög sem kemur til kasta ríkisstjórnarinnar að ráðstafa. Liðurinn skiptist í þrjú viðfangsefni. Hið fyrsta er *til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar* sem áður var fært á fjárlagalið *launa- og verðlagsmála*. Framlagið er sem fyrr 100 m.kr. og því ætlað að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem ekki teljast vera á ábyrgð einstakra ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar. Í annan stað er áformað að verja 100 m.kr. til *markaðsátaks í EES-löndum* sem er hluti af sérstökum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulíf. Þetta átak verður undirbúið og framkvæmt í nánu samstarfi við samtök atvinnulífsins og fyrirtæki. Á þriðja viðfangsefninu eru 40 m.kr. óskipt upphæð vegna *kostnaðar við framkvæmd EES-samninga*. Þessi fjárveiting er til að mæta auknum kostnaði stjórnarráðsins vegna EES-samninga. Enn ríkir nokkur óvissa um hver aukningin verður og hvar hana ber niður. Því hefur ríkisstjórnin ákveðið að sérstök nefnd með fulltrúum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra fjalli um úthlutun þessarar fjárveitingar og skili áliti fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993 nemi um 10.200 m.kr. Á yfirstandandi ári eru þær áætlaðar samtals 9.400 m.kr. Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum. Flestar innlendar skuldir til lengri tíma eru bundnar föstum vöxtum en hlutdeild lána til skemmri tíma, t.d. ríkisvíxlar og ríkisbréf, fer sífellt vaxandi. Meirihluti erlendra skulda ríkissjóðs er með breytilegum vöxtum auk þess sem miklar sviptingar eiga sér nú stað á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum.

Helstu breytingar í frumvarpi 1993 frá áætlun 1992 eru annars vegar hækkun vaxtagreiðslna af spariskírteinum ríkissjóðs, en innlausn þeirra var með minnsta móti á þessu ári, og hins vegar hækkun á vaxtagreiðslum af erlendum lánum sem er afleiðing mikils halla á ríkissjóði á undanförnum árum.

Hafa ber í huga að um fimmtungur vaxtagreiðslna ríkissjóðs er vegna lána sem hafa verið endurlánuð öðrum aðilum. Innheimtir vextir af þeim eru áætlaðir um 2,2 milljarðar

og færast um tekjuhlið frumvarpsins. Hreinar vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru því um 8 milljarðar króna eða 7,2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1991-1993:

	Reikningur 1991 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Innlend lán	978	930	700
Spariskírteini	1.211	370	1.200
Erlend lán	4.736	5.500	6.300
Skammtímalán	2.950	2.600	2.000
Samtals	**9.875**	**9.400**	**10.200**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 995 Skýrsluvélakostnaður; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt. Veruleg lækkun verður á framlögum til framkvæmda og til rekstrar upplýsingakerfa á vegum SKÝRR en á móti vegur sérstakt framlag vegna átaks í rannsókna- og þróunarstarfsemi.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	57,4	48,3	34,0	-30	-41
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	1,0	470,0	700,0	49	.
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar	1,8	-3,2	4,2	.	.
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.386,3	268,4	100,6	-63	.
Skýrsluvélakostnaður	495,7	494,3	448,0	-9	-10
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0	.
Ýmislegt	481,2	454,3	439,6	-3	-9
Samtals	**2.423,4**	**1.738,1**	**1.732,4**	**-0**	**-29**

402 Fasteignamat ríkisins. Stofnunin er nú sett fram í B-hluta frumvarpsins og mun fjármálaráðherra setja henni stjórn sem skipuð verður fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Á haustþingi verður flutt frumvarp þess efnis. Gert er ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði af hefðbundnum rekstri. Stofnunin fær hins vegar 26 m.kr. stofnkostnaðarframlag frá A-hluta vegna tölvuvæðingar sem hófst árið 1991 og lokið verður að mestu á næsta ári. Einnig eru veittar 8 m.kr. til sérstakra verkefna, þar af 5 m.kr. til að bæta og samræma skráningu fasteigna.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum sem ekki er hægt að sjá fyrir. Fjárveiting til þessa er 700 m.kr. Heimildargrein frumvarpsins skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldamegin, sem leiðir af nýjum lögum og

sérstökum ákvörðunum, svo og að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda, sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjum í tekjugrein frumvarpsins. Bent skal á að nú er í meira mæli en áður gert ráð fyrir að söluandvirði eða hluti söluandvirðis renni til afmarkaðra verkefna. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim fylgir. Flest eru heimildarákvæði til kaupa á húsnæði fyrir ríkisstofnanir, þó með þeirri undantekningu að ekki er leitað heimilda til kaupa á embættisbústöðum. Frekari kaup á íbúðarhúsnæði bíða endurskoðunar á gildandi reglum. Loks eru ýmsar útgjaldaheimildir, m.a. ný heimild til að verja allt að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna. Áætlað er að þessi fjárhæð geti numið 300 m.kr. á næsta ári. Lögð verður áhersla á rannsókna- og námsstyrki og stuðning við þróunarverkefni. Sérstök nefnd hefur unnið að gerð tillagna um þau mál. Rétt er að geta breytingar á heimild til dagblaðakaupa sem nýtt hefur verið undanfarin ár. Í stað 250 eintaka takmarkast heimildin við kaup á 150 eintökum. Hætt verður kaupum á 76 eintökum fyrir Alþingi en fjárveiting þess hækkuð í staðinn um 5,5 m.kr. Þá er felld brott heimild til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða þar sem ákvæði þess efnis er í frumvarpi um vörugjöld á ökutæki og eldsneyti. Vegna EES-samninga falla niður tollar á vörum frá löndum EES. Því er orðalagi heimildinna um niðurfellingu aðflutningsgjalda breytt. Notkun 6. gr. heimilda felur ekki eingöngu í sér greiðslur á næsta ári sem mætt er með fjárveitingu. Þær leiða einnig til skuldbindinga vegna yfirtekinna lána og samninga um uppgjör. Hér er um óvissar fjárhæðir að ræða, en áætlað er að ákvæði 6. gr. gætu að hámarki leitt til 400 m.kr. skuldbindingar fyrir ríkissjóð á næsta ári. Í 8. kafla um breytta framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga er bókhaldsleg meðferð skuldbindinga skýrð, þar á meðal vegna 6. gr.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Á þessu ári hafa verkefni og skipulag stofnunarinnar verið til endurskoðunar hjá Hagsýslu ríkisins. Í fyrirhuguðum breytingum felst að minna verður um eftirlit með framkvæmdum en þess í stað lögð áhersla á aðstoð og ráðgjöf á undirbúningsstigi hönnunar og framkvæmdar. Þá verður stofnuninni ætlað að sinna stefnumótandi hlutverki á sviði opinberra framkvæmda. Af þessum sökum er reiknað með að starfsemin breytist frá því sem verið hefur og störfum fækki. Að sama skapi er reiknað með að tekjurnar minnki. Vegna téðra breytinga er reiknað með að stofnunin þurfi framlag úr ríkissjóði á næsta ári. Áætlað framlag er 4,2 m.kr., þar af 1 m.kr. til stofnkostnaðar.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Undir þessum lið eru vistaðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda á vegum stjórnarráðsins sem fjármálaráðuneytið annast. Til almenns viðhalds á Arnarhvoli eru ætlaðar 5,6 m.kr., m.a. til að lagfæra klæðningu utanhúss. Fjárveiting til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir Stjórnarráðið er áætluð 10 m.kr. Húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis er í athugun. Til áframhaldandi framkvæmda við endurbætur á húsnæði Skattstofu Reykjavíkur í Tollhúsinu við Tryggvagötu eru ætlaðar 55 m.kr. í samræmi við verksamning og lýkur verkinu í megindráttum á árinu 1993. Áætluð er 5 m.kr. fjárveiting vegna Stjórnsýsluhúss á Akranesi. Þar er stefnt að sameiginlegum kaupum ríkissjóðs og Akranessbæjar á skrifstofuhúsnæði fyrir stjórnsýslustofnanir þessara aðila. Á næsta ári er áformað að

hefja síðasta verkáfanga á Sölvhólsgötu 7 en honum hefur verið frestað undanfarin tvö ár. Til framkvæmda við Sölvhól, húsnæði menntamálaráðuneytis verður varið 7 m.kr. í endurbætur utanhúss. Loks eru veittar 8 m.kr. til undirbúnings og skipulagningar á notkun húsnæðis fyrir listaskóla er ríkissjóður keypti af Sláturfélagi Suðurlands á síðasta ári. Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög til framkvæmda í fjárlögum 1992 og frumvarpi 1993:

Viðfangsefni	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Arnarhvoll, viðhald	6,2	5,6
Stjórnarráðshúsnæði	25,0	10,0
Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun	-	5,0
Hafnarstræti, Akureyri, innrétting skattstofu	36,4	-
Tollhúsið við Tryggvagötu	20,0	55,0
Sölvhólsgata 7	30,0	10,0
Sölvhóll	20,8	7,0
Dómhús	120,0	-
Listaskóli	10,0	8,0
Samtals	**268,4**	**100,6**

995 Skýrsluvélakostnaður. Í fjárlögum 1991 var sú breyting gerð að áætla undir einum lið útgjöld vegna rekstrar, viðhalds og nýsmíði stærstu upplýsingakerfa ríkisins. Sú tilhögun hefur gefist vel og dregið athygli að þeim kostnaði sem undir hann er færður. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir að hann lækki um 46 m.kr. frá fjárlögum. Nú er fluttur til liðarins 2 m.kr. kostnaðar ríkisféhirðis við rekstur tékkaeftirlitskerfis. Færist hann undir viðfangsefni *1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins* þar sem kostnaðarhluti Ríkisbókhalds af sama kerfi er færður. Nokkrar breytingar eru gerðar á uppsetningu er lúta að skiptingu milli viðfangsefna. Fyrst er að nefna að kostnaður vegna *sívinnslu notenda* í ýmsum kerfum sem færður hefur verið á *tekjubókhaldskerfi* er nú fluttur á sérstakt viðfangsefni. Sama gildir um kostnað af *forsendukerfi innheimtugagna* en það er notað sameiginlega af Ríkisskattstjóra og tekjudeild Ríkisbókhalds. Í þriðja lagi er kostnaður vegna álagningarkerfis barnabóta og barnabótaauka færður af *tekjubókhaldskerfum* undir *skattvinnslukerfi*. Loks er viðfangsefnum stofnkostnaðar fjölgað úr einu í fjögur um leið og skilgreining stofnkostnaðar er samræmd milli ábyrgðaraðila. Til stofnkostnaðar skal eftirleiðis telja allar meiri háttar endurbætur eldri forrita auk nýsmíði hugbúnaðar. Stofnkostnaðarframlög verða sem hér segir: Til hugbúnaðargerðar fyrir skattkerfið eru ætlaðar 46 m.kr. Til endurbóta á *tekjubókhaldskerfum* verður varið 33 m.kr. á næsta ári og er reiknað með 10-20% rekstrarsparnaði að þeim loknum. Á þessu ári hefur verið unnið að þarfagreiningu og hönnun en áætlað er að ljúka forritun og prófunum fyrir lok næsta árs. Áformað er að verja um 5 m.kr. til endurskoðunar á launagreiðslukerfinu sem er að stofni til frá árinu 1976. Þá eru 4 m.kr. veittar til *fjárhags- og eftirlitskerfa*. Þar af er ætlað að 3 m.kr. gangi til smíði á gjaldkerakerfi á vegum embættis ríkisféhirðis og Tryggingastofnunar ríkisins sem greiðir kostnað á móti ríkisféhirði. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu kostnaðar og framsetningu í fjárlögum 1992 og frumvarpi 1993:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagreiðslukerfi	...	72,1	65,0	.	.
Tekjubókhaldskerfi	...	165,8	62,0	.	.
Skattvinnslukerfi	...	136,2	112,5	.	.
Bókhalds- áætlanakerfi	...	45,4	46,0	.	.
Innheimtuskilakerfi	...	14,8	12,5	.	.
Forsendukerfi innheimtugagna	...	-	13,5	.	.
Sívinnsla notenda	...	-	53,5	.	.
Hugbúnaðargerð	...	60,0	88,0	.	.
Samtals	**495,7**	**494,3**	**453,0**	**-8**	**-9**

999 Ýmislegt. Undir þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárlaga að framlög til tveggja *alþjóðastofnana um tollamál* eru flutt af fjárlagalið utanríkisráðuneytis, *03-401 Alþjóðastofnanir*, undir þennan lið. Þá er framlag *til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka* sameinað *styrk til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar* enda sama þingnefndin sem ákveður ráðstöfunina. Útgjöld fjárlagaliðarins greinast á mörg viðfangsefni og er skiptingin í fjárlögum 1992 og frumvarpi 1993 sem hér segir:

	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	72,8	71,4	-2
Kjarasamningar	22,3	18,4	-17
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	9,9	20,0	102
Kjararannsóknir	5,8	5,4	-7
Ýmis sameiginlegur kostnaður	13,6	13,9	2
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	55,0	80,0	45
Ýmsar endurgreiðslur	20,0	20,0	0
Lífeyrissjóður bænda	162,0	151,4	-7
Ýmsar nefndir	3,0	3,1	3
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,3	1,6	23
Dómkröfur	15,9	16,4	3
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	25,0	-	.
Óviss útgjöld	24,7	18,0	-27
Ríkisbifreiðar, framlag	5,0	5,0	0
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	18,0	15,0	-17
Samtals	**454,3**	**439,6**	**-3**

Heildarframlagið lækkar um nálægt 15 m.kr. eða um 3% frá fjárlögum. Hækkun um 10 m.kr. verður á *tryggingabótum samkvæmt kjarasamningum* en framlög til ýmissa annarra liða lækka í heild um 25 m.kr. Þar vegur þyngst lækkun framlags til *lífeyrissjóðs bænda* um 11 m.kr. vegna bænda sem fæddir eru fyrir 1914 og maka þeirra. Þá eru fyrirhugaðar aðgerðir til að draga úr síma- og póstburðarkostnaði á næsta ári.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	383,4	161,1	172,8	7	-55
Vegamál	5.462,1	5.843,8	7.516,0	29	38
Siglingamál	1.132,1	1.146,3	1.102,0	-4	-3
Flugmál	483,7	469,3	522,8	11	8
Ferðamál	127,2	84,6	82,6	-2	-35
Rekstrarhagræðing	-	3,7	10,4	.	.
Samtals	**7.588,5**	**7.708,8**	**9.406,6**	**22**	**24**
Rekstrarkostnaður	1.076,1	1.103,4	1.142,1	4	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	320,4	88,2	98,3	11	-69
Stofnkostnaður og viðhald	6.192,0	6.517,2	8.166,2	25	32
Samtals	**7.588,5**	**7.708,8**	**9.406,6**	**22**	**24**

Heildarframlag til samgönguráðuneytis er áætlað 9.406,6 m.kr. á næsta ári sem er hækkun um 22% frá gildandi fjárlögum. Þessi mikla hækkun skýrist af sérstöku 1.800 m.kr. framlagi til Vegagerðar ríkisins vegna ráðstafana í atvinnumálum.

Nokkur breyting hefur orðið á framsetningu einstakra fjárlagaliða og skipun málefnaflokka eins og greint er frá hér á eftir. Í umfjölluninni er allur talnasamanburður miðaður við hina nýju flokkun. Skipting fjárlaga 1992 og ríkisreiknings 1991 hefur því verið löguð að henni.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Til þessa málaflokks heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis kostnaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag nemur 172,8 m.kr. og hækkar um 7% frá fjárlögum 1992. Rekstrargjöld aðalskrifstofu lækka nokkuð að raungildi milli ára og er það í samræmi við hina almennu hagræðingu í rekstri aðalskrifstofa. Undir liðnum *Ýmis kostnaður* eru færð þau viðfangsefni sem áður voru undir liðnum *Ýmis framlög* auk þess sem *Vetrarsamgöngur og vöruflutningar* og *Flugeftirlitsnefnd* færast nú hér. Í heild hækkar liðurinn um 10 m.kr. og skýrist það af rekstrarstyrk til *Flugskóla Íslands* sem fyrirhugað er að stofna og verður að meiri hluta í eigu ríkissjóðs.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst Vegagerð ríkisins. Heildarframlag til Vegagerðarinnar á árinu 1993 er áætlað 7.516 m.kr., þar af 1.800 m.kr. til sérstakra framkvæmda til að örva atvinnu. Fjár þessa verður aflað með lántöku á þeirri forsendu að það lán verði síðar endurgreitt af mörkuðum tekjustofnum vegáætlunar.

Hið almenna framlag stofnunarinnar er 344 m.kr. lægri fjárhæð en markaðir tekjustofnar, þ.e. bensíngjald og þungaskattur, eru taldir gefa samkvæmt tekjuáætlun á næsta

ári. Forsendur teknanna eru skýrðar í 4. kafla greinargerðarinnar. Vegagerðinni hefur nú verið falið að annast fjármögnun ferja og er framlag til þeirrar starfsemi, að fjárhæð samtals 330 m.kr., fært undir viðfangsefninu *Ferjur og flóabátar*. Ferjur eru ígildi þjóðvega fyrir viðkomandi byggðalög og þykir því rökrétt að framlög til þeirra færist með almennum framlögum til vegamála, enda þeirra getið í vegalögum. Framlag til jarðgangagerðar á Vestfjörðum, að fjárhæð samtals 670 m.kr., verður fjármagnað alfarið af vegafé. Samgönguráðherra mun leggja fyrir Alþingi tillögu til nýrrar vegáætlunar til samræmis við fyrrgreindar breytingar. Þess skal getið að viðfangsefnið *Viðhald vega* hefur verið skipt í *Þjónustuviðhald* annars vegar og *Stofnviðhald* hins vegar og er það í samræmi við vegáætlun.

Siglingamál

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan; 332 Vitastofnun Íslands; 333 Hafnamál; 341 Siglingamálastofnun ríkisins og 342 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Heildarframlag nemur 1.102 m.kr. samanborið við 1.146,3 m.kr. í fjárlögum 1992. Framlag til *hafnamannvirkja* eru nánast óbreytt milli ára. Framlagið skiptist í nýframkvæmdir annars vegar og greiðslu skulda vegna framkvæmda fyrri ára hins vegar. Á þessu ári lýkur endurbyggingu *sjóvarnargarða* á Eyrarbakka og Stokkseyri og lækkar því framlag til þessa liðar um helming. Einnig lýkur umfangsmiklum *rannsóknum og mælingum* við Hornafjarðarós á yfirstandandi ári og lækkar sá liður sem því nemur. Gert er ráð fyrir sérstöku framlagi til Vitastofnunar vegna aðkeyptrar þjónustu við vita, frá öðrum aðilum en Landhelgisgæslunni, verði varðskipinu Óðni lagt eins og áformað er. Að öðru leyti er rekstur stofnana þessa málaflokks nánast óbreyttur að raungildi milli ára þegar tekið hefur verið tillit til brottfalls ýmissa stofnkostnaðarframlaga og nokkurrar hækkunar sértekna.

Þá skal þess getið að sú starfsemi Siglingamálastofnunar sem heyrir undir umhverfisráðuneyti er nú aðgreind frá annarri starfsemi undir viðfangsefnunum *mengunarvarnasvið* og *mengunarvarnabúnaður*.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks heyrir 471 Flugmálastjórn. Heildarframlag á næsta ári er áætlað 522,8 m.kr. samanborið við 469,3 m.kr. í fjárlögum 1992 og er það allmikil hækkun að raungildi milli ára. Þessi hækkun kemur fram á flestum sviðum stofnunarinnar en sértekjur verða minni á næsta ári auk þess sem nauðsynlegt var talið að styrkja þá starfsemi sem snýr að flugöryggismálum. Þá eykst kostnaður tímabundið um 5 m.kr. á næsta ári vegna formennsku Íslands í skrifstofu Norðurlanda hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) í Montreal.

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Áætlað er að framkvæmdir við flugvelli nemi samtals 393 m.kr. á næsta ári og er það sama fjárhæð og markaðir tekjustofnar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, eru taldir gefa samkvæmt tekjuáætlun. Að öðru leyti vísast til flugmálaáætlunar um þennan lið.

Rétt er að geta þess að öll rekstrarviðfangsefni hafa verið sameinuð í eitt að frátaldri Alþjóðaflugþjónustunni en kostnaður við hana er greiddur nær alfarið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Gert er ráð fyrir að Ferðamálaráð afli sértekna fyrir veitta þjónustu í auknum mæli og lækkar framlag ríkissjóðs sem því nemur auk þess sem stofnkostnaðarframlag fellur niður. Á viðfangsefninu *Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma fram skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnarinnar í Keflavík en þau eru áætluð 68 m.kr. og er það sama framlag í krónum talið og í fjárlögum þessa árs.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	44,0	54,2	50,4	-7	15
Iðnaðarmál	277,6	229,7	218,6	-5	-21
Orkumál	982,4	743,2	793,0	7	-19
Rekstrarhagræðing	-	4,5	5,7	.	.
Samtals	**1.304,0**	**1.031,6**	**1.067,7**	**4**	**-18**
Rekstrarkostnaður	564,0	493,3	473,0	-4	-16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	388,9	431,6	510,8	18	31
Stofnkostnaður og viðhald	351,1	106,7	83,9	-21	-76
Samtals	**1.304,0**	**1.031,6**	**1.067,7**	**4**	**-18**

Heildarframlag til iðnaðarráðuneytis er áætlað 1.067,7 m.kr. sem er hækkun um 3% frá gildandi fjárlögum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem þurfa þykir.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlag til málefnaflokksins er áætlað 50,4 m.kr. á næsta ári samanborið við 54,2 m.kr. í fjárlögum 1992. Þessi lækkun skýrist af almennri hagræðingu í rekstri aðalskrifstofa ráðuneyta.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Framlag til málefnaflokksins er áætlað 218,6 m.kr. á næsta ári samanborið við 229,7 m.kr. í fjárlögum 1992. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Iðntæknistofnun. Almennt framlag til Iðntæknistofnunar er nánast óbreytt að raungildi milli ára. Sú breyting er gerð á framsetningu *Verkefnis um nýsköpun í atvinnulífinu* að allur kostnaður þess er nú færður á Iðntæknistofnun en kostnaðarhlutdeild samstarfsaðila færð sem sértekjur. Framlag til hins sérstaka *Samstarfsverkefnis iðnaðar og sjávarútvegs* fellur nú niður þar sem verkinu er lokið. Stofnkostnaðarframlag lækkar um þriðjung og verður 6 m.kr. á næsta ári.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Rekstur stofnunarinnar verður að mestu óbreyttur milli ára. Umsvif hafa verið um 15 m.kr. meiri en komið hefur fram í fjárlögum og hafa þau verið fjármögnuð með sértekjum. Þetta er nú leiðrétt og hækka gjöld og sértekjur sem því nemur.

240 Iðnaðarrannsóknir. Framlag til þessa fjárlagaliðar verður 16,8 m.kr. samanborið við 18,6 m.kr. í fjárlögum 1992. Af þessu fé eru greitt fyrir ýmsar athuganir á möguleikum til stóriðju og orkunýtingar.

299 Iðja og iðnaður, ýmis framlög. Heildarframlag er nánast óbreytt milli ára en nokkrar breytingar verða á viðfangsefnum. Framlag til *Byggingarþjónustunnar* að fjárhæð 1,1 m.kr. fellur niður en þeirri starfsemi hefur verið hætt. Framlag til *Iðnþróunarverkefna* hefur verið sameinað viðfangsefninu *Iðnþróun og tækninýjungar*. Tekið er upp framlag að fjárhæð 1,5 m.kr. til *Verkstjórnarfræðslunnar* sem starfar á vegum Iðntæknistofnunar. Framlag til *Parísarsamþykktar um vernd á sviði iðnaðar* að fjárhæð 1,1 m.kr. er nú fært undir þessum lið en var áður í utanríkisráðuneyti. Þá skal þess getið að viðfangsefnið *Evreka* heitir nú í frumvarpinu *Alþjóðlegt rannsóknasamstarf* og viðfangsefnið *Iðnþróun og markaðsmál* heitir *Nýsköpun og markaðsmál*.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 793 m.kr. á næsta ári samanborið við 743,2 m.kr. í fjárlögum 1992. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

301 Orkustofnun. Rekstur Orkustofnunar verður að mestu óbreyttur milli ára. Gert er ráð fyrir að stofnunin muni á næsta ári innheimta gjöld í auknum mæli af orkufyrirtækjum fyrir veitta þjónustu. Sértekjur hækka þannig um 20 m.kr. að raungildi milli ára og lækkar framlag til stofnunarinnar sem því nemur. Eins og hjá öðrum stofnunum er ljóst að draga þarf úr starfsemi ef ekki tekst að afla þeirra sértekna sem gert er ráð fyrir.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins. Starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins hefur verið til heildarendurskoðunar í iðnaðarráðuneyti. Framlag til stofnunarinnar lækkar um 5 m.kr. milli ára.

371 Orkusjóður. Framlag til Orkusjóðs verður 65,7 m.kr. á næsta ári samanborið við 82,0 m.kr. í fjárlögum 1992. Lækkun milli ára stafar af lægri afborgunum af lánum.

399 Ýmis orkumál. Tekið er upp sérstakt framlag að fjárhæð 80 m.kr. til niðurgreiðslu á húshitun á „köldum svæðum“ í tengslum við breytingar á virðisaukaskatti. Framlag til niðurgreiðslu á rafhitun er óbreytt milli ára að raungildi. Þess skal getið að viðfangsefnið *Setlagarannsóknir* heitir nú *Hafsbotnsrannsóknir* og viðfangsefnið *Markaðs- og skipulagsmál* heitir í frumvarpinu *Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar.*

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	58,6	66,1	65,8	-0	12
Viðskiptamál	101,2	106,2	104,0	-2	3
Rekstrarhagræðing	-	0,6	1,1	.	.
Samtals	**159,8**	**172,9**	**170,9**	**-1**	**7**
Rekstrarkostnaður	138,2	154,0	150,9	-2	9
Rekstrar- og neyslutilfærslur	6,0	10,5	10,5	0	75
Stofnkostnaður og viðhald	15,6	8,4	9,5	13	-39
Samtals	**159,8**	**172,9**	**170,9**	**-1**	**7**

Á næsta ári færast niðurgreiðslur á búvörum til landbúnaðarráðuneytis. Er það gert í tengslum við nýjan búvörusamning sem tók gildi 1. september 1992. Í samanburðartölum fyrir árin 1991 og 1992 er tekið tillit til þess.

Heildarútgjöld ráðuneytisins verða 170,9 m.kr. á næsta ári samanborið við 172,9 m.kr. í fjárlögum 1992. Til málefnaflokksins *Ráðuneyti* telst 101 Aðalskrifstofa. Útgjöld lækka nokkuð milli ára í samræmi við almenna hagræðingu í rekstri aðalskrifstofa ráðuneyta. Til málefnaflokksins *Viðskiptamál* heyra 199 Ráðstöfunarfé ráðherra; 301 Löggildingarstofa; 902 Verðlagsstofnun; 903 Skráning hlutafélaga og 999 Ýmis verkefni. Undir liðinn 999 Ýmis verkefni falla ýmis gjöld sem áður voru færð á aðalskrifstofu ásamt því að framlag til TEDIS-verkefnis er nú fært undir þessum lið en var áður í utanríkisráðuneyti. Heildarframlag til málefnaflokksins verður 104 m.kr. á næsta ári samanborið við 106,2 m.kr. í ár. Þessi lækkun kemur einvörðungu fram hjá Löggildingarstofu en gert er ráð fyrir að hún afli sértekna í auknum mæli á næsta ári. Framlag til Verðlagsstofnunar hækkar hins vegar milli ára að raungildi.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	113,7	113,8	115,8	2	2
Þjóðskrá	28,2	29,7	26,6	-10	-6
Rekstrarhagræðing	-	-	1,2	.	.
Samtals	**141,9**	**143,5**	**143,6**	**0**	**1**
Rekstrarkostnaður	119,4	135,0	135,1	0	13
Stofnkostnaður	22,5	8,5	8,5	0	-62
Samtals	**141,9**	**143,5**	**143,6**	**0**	**1**

Rekstrarframlag til Hagstofu Íslands lækkar um 0,9 m.kr. sem er um 3% að raungildi frá fjárlögum 1992. Framlag til stofnkostnaðar er óbreytt. Sérstök fjárveiting í fjárlögum 1992 vegna fundar norrænna hagstofustjóra og norræns tölfræðingamóts fellur nú niður. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi Hagstofu Íslands.

Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	88,6	112,5	129,3	15	46
Náttúruvernd	114,6	72,5	77,2	6	-33
Skipulagsmál	90,6	83,0	123,0	48	36
Rannsóknir o.fl.	239,4	228,5	247,3	8	3
Rekstrarhagræðing	-	-	4,4	.	.
Samtals	**533,2**	**496,5**	**581,2**	**17**	**9**
Rekstrarkostnaður	404,4	404,9	439,7	9	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	87,1	56,0	80,3	43	-8
Stofnkostnaður og viðhald	41,7	35,6	61,2	72	47
Samtals	**533,2**	**496,5**	**581,2**	**17**	**9**

Heildarframlag til ráðuneytisins verður 581,2 m.kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum ársins 1992. Hafa fjárveitingar ráðuneytisins þá hækkað verulega að raungildi tvö ár í röð.

Hér að neðan er fjallað um þá málefnaflokka sem ráðuneytið hefur með höndum og um einstakar stofnanir þar sem ástæða er til. Umfjöllun um liðinn *950 Rekstrarhagræðing* er að finna í inngangi þessa kafla.

Ráðuneyti o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa, 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag nemur 129,3 m.kr. og hækkar um 15% frá fjárlögum. Hækkunin skýrist að mestu af sjö nýjum sérverkefnum sem ráðuneytið fyrirhugar að unnið verði að á næsta ári.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting verður 52,6 m.kr. og lækkar um 0,4 m.kr. frá fjárlögum. Rekstrarkostnaður skrifstofunnar eykst um 3% að raungildi milli ára, en tilfærslur og stofnkostnaður lækka meira en því nemur. Dregið verður úr almennum útgjöldum sem nemur 0,6 m.kr., en á móti kemur 3,2 m.kr. hækkun á húsnæðiskostnaði eftir að ráðuneytið flutti aðsetur sitt í Vonarstræti 4. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 1 m.kr. miðað við fjárlög í ár og verður 2,5 m.kr. Framlag ráðuneytisins til Byggingastaðlaráðs að fjárhæð 2 m.kr. færist nú sem sérstakt viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *Ýmis verkefni* en ekki sem tilfærsla hjá aðalskrifstofunni, eins og í ár.

190 Ýmis verkefni. Á þessum fjárlagalið eru veittar samtals 73 m.kr., sem skipt er á 21 verkefni í umhverfismálum. Þar af eru tvö verkefni flutt af öðrum fjárlagaliðum en sjö eru ný. Kostnaður við þessa starfsemi á vegum ráðuneytisins hefur færst verulega í aukana undanfarin tvö ár, eins og fram kemur í yfirliti á næstu síðu.

Framlag til *undirbúnings að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna* fellur niður, en ráðstefnan var haldin í Rio de Janeiro í Brasilíu í síðastliðnum júní. *Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi* flytjast til Veðurstofu Íslands, sem vinnur að þessum málum í samstarfi við norræna aðila. Styrkur til *Byggingastaðlaráðs*, sem færður er undir aðalskrifstofu í fjárlögum í ár, er nú settur fram hér með framlag að fjárhæð 2 m.kr. Framlög til nokkurra alþjóðastofnana sem umhverfisráðuneytið annast samskipti við flytjast frá utanríkisráðuneytinu. Framlögin verða færð á eitt viðfangsefni, *1.40 Alþjóðastofnanir*, en þau eru veitt til átta aðila sem eru eftirfarandi: Alþjóðaveðurfræðistofnunin, Alþjóðalandfræðisambandið, Alþjóðajarðfræðisambandið, Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið, Alþjóðanáttúruverndarsambandið, Alþjóðasambandið um byggingaskipulag, Oslóarsamningur um varnir gegn mengun sjávar og Parísarsamningur um varnir gegn mengun sjávar. Alls nema framlög vegna þessara verkefna 3 m.kr. Að auki færist á viðfangsefnið 1,5 m.kr. vegna Montrealbókunar um ósoneyðandi efni.

Útgjöld vegna núverandi rekstrarverkefna sem unnið verður áfram að á næsta ári hækka um 12,8 m.kr. eða um 42%. Fjárveiting til *ýmsra umhverfisverkefna*, 5 m.kr., er ætluð til að standa straum af kostnaði við viðfangsefni sem enn hafa ekki verið skilgreind til fulls. Stofnkostnaður vegna *mengunarvarnabúnaðar fyrir hafnir* lækkar á hinn bóginn um 12 m.kr., þar sem greiðslum hefur að mestu verið frestað til ársins 1994.

Útgjöld vegna sjö nýrra verkefna eru alls 20 m.kr. Framlag til *Alþjóðasamstarfs* er ætlað til að standa undir kostnaði ráðuneytisins vegna samskipta við ýmis alþjóðasamtök, t.d. OECD og Evrópuráðið. *Mývatnsrannsóknir* fara fram í tengslum við

veitingu námaleyfis til Kísiliðjunnar hf. og beinast að áhrifum kísilgúrnámsins á setflutninga og lífríki í vatninu. Kostnaður við rannsóknirnar á árinu 1993 er áætlaður 20 m.kr., þar af greiðir verksmiðjan 12 m.kr., en það sem á vantar skiptist jafnt milli umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Með *rannsóknum á lifnaðarháttum æðarfugls* er ætlunin annars vegar að ljúka skýrslugerð um athuganir sem fram fóru á stofninum á árunum 1982-1984, og hins vegar að hefja nýjar rannsóknir. *Eftirlit með gróðri- og dýralífi á norðlægum slóðum* mun fara fram á vegum umhverfisráðuneytisins á næstu árum, og er það til að fullnægja samþykkt milli Íslands og sjö annarra ríkja, sem gerð var í Rovaniemi í Finnlandi á árinu 1991. Framlag til *gróðurkortagerðar* er veitt í tengslum við tilraunaverkefni í stafrænni kortagerð. Eins og heiti verkefnisins *skráning skipsflaka og gamalla urðunarstaða* ber með sér er ætlunin að framlagið verði nýtt til þess að kortleggja og taka saman skrá um skipsflök og gamla urðunarstaði sem nauðsynlegt þykir að hafa vitneskju um. Framlag vegna *mengunarslysa* er til að mæta ófyrirséðum kostnaði við hreinsun á umhverfi eftir óhöpp sem valda mengun.

	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Mótun atvinnustefnu	2,6	-	-
Sérfræðirannsóknir við Mývatn	15,9	-	-
Geysir í Haukadal	0,1	-	-
Norrænt umhverfisár	1,5	-	-
Styrkur til NENIG	0,5	-	-
Alþjóðleg rannsóknamiðstöð	0,6	-	-
Náttúruhús í Reykjavík	0,9	-	-
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	7,9	8,6	-
Undirbúningur að umhverfisráðstefnu SÞ	3,3	4,4	-
Uppgræðsla og gróðurvernd	2,4	3,0	2,0
Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	0,5	2,1	2,5
Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	-	2,5	3,6
Stefnumörkun í umhverfismálum	-	2,4	2,0
Ýmis umhverfisverkefni	-	3,4	5,0
Rannsóknir á loftmengun	-	1,1	1,5
Umhverfismerkingar	-	0,5	2,5
Stefnumörkun í frárennslismálum	-	1,1	4,0
Útgáfu- og fræðslumál	-	3,5	3,5
Átak í sorphirðumálum	-	4,9	10,0
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-	3,0	6,8
Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	-	15,0	3,0
Gróðurkortagerð	-	-	2,5
Alþjóðasamstarf	-	-	4,0
Alþjóðastofnanir	-	-	4,6
Byggingastaðlaráð	-	-	2,0
Mývatnsrannsóknir	-	-	4,0
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	-	-	3,5
Eftirlit með gróðri- og dýralífi á norðlægum slóðum	-	-	4,0
Skráning skipsflaka og gamalla urðunarstaða	-	-	1,5
Mengunarslys	-	-	0,5
Samtals	**36,2**	**55,5**	**73,0**

Náttúruvernd

Þessi málaflokkur afmarkast af fjárlagaliðunum 201 Náttúruverndarráð og 210 Veiðistjóri. Framlag verður 77,2 m.kr. og hækkar um 4,7 m.kr. eða 6% frá fjárlögum.

201 ***Náttúruverndarráð.*** Fjárveiting til viðfangsefnisins *Friðlýsingarsjóður* er nú sameinuð fjárveitingu til *yfirstjórnar*. Bæði gjalda- og tekjuhlið yfirstjórnar hækkar því um 1 m.kr. Heildarframlag til stofnunarinnar er 42,7 m.kr. og eykst um 2,2 m.kr. frá fjárlögum, sem er um 3% umfram verðlag. Hækkunin skýrist aðallega af auknum rekstrarkostnaði *yfirstjórnar, þjóðgarða og friðlýstra svæða*, sem að hluta til er mætt með hærri tekjum af útseldri þjónustu yfirstjórnar og tjaldleyfum í þjóðgörðum. Náttúruverndarþing eru haldin þriðja hvert ár á vegum stofnunarinnar. Næsta þing verður haldið á árinu 1993 og veldur það nokkrum viðbótarkostnaði. Aukinn kostnaður skýrist einnig af því, að á næsta ári verður landvarsla á friðlýstum svæðum aukin frá því sem nú er. Í hagræðingarskyni hefur verið ráðinn fjármálastjóri sameiginlega fyrir Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðistjóra og fjölgar störfum við það um 0,4 hjá Náttúruverndarráði.

210 ***Veiðistjóri.*** Fjárveitingu er varið annars vegar til að greiða hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga við eyðingu refa og minka, og hins vegar til að standa straum af kostnaði við rannsóknir og stjórnun veiða á villtum landdýrum og fuglum. Tilfærslur til sveitarfélaga verða óbreyttar að raunvirði, en rekstrarkostnaður hækkar um 5% umfram verðlagsbreytingar. Störfum fjölgar um 0,25. Þar er um að ræða fjármálastjóra og bókasafnsfræðing í hlutastörfum. Auk þess verður húsnæðiskostnaður heldur hærri eftir að embættið flutti í stærri húsakynni. Starfseminni fylgir nokkur akstur um landið og hafa bifreiðar starfsmanna því verið leigðar með akstursamningum undanfarin ár. Í athugun er hvort heppilegra sé að keypt verði bifreið til þessara nota, og er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. í stofnkostnað ef svo reynist. Slík breyting á fyrirkomulagi akstursmála yrði ekki að öllu leyti viðbót, því að leiga á bifreiðum starfsmanna yrði aflögð samtímis.

Skipulagsmál

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands. Mikil hækkun verður á framlagi til þessa málefnis eða um 40 m.kr. og er það 46% umfram verðlagsbreytingar.

301 ***Skipulagsstjóri ríkisins.*** Rekstur embættisins hefur vaxið mjög að umfangi undanfarin ár. Á fimm ára tímabilinu frá 1987 til 1991 hafa rekstrargjöld á greiðslugrunni vaxið úr 42,6 m.kr. í 76,5 m.kr. á föstu verðlagi eða um 80%. Almenn starfsemi við skipulagsgerð hefur verið aukin, en einnig hefur verið ráðist í ný verkefni, sem krefjast verulegra fjármuna. Þar er helst um að ræða skipulag þjóðgarða og friðlýstra svæða, skipulag svæða fyrir fiskeldi, skipulagsvinnu vegna virkjana og línulagna um hálendið, undirbúningsvinnu fyrir landfræðilegt upplýsingakerfi, sem byggir á stafrænum kortum, og tilraunaverkefni sem snýr að umhverfismati í tengslum við gerð skipulags fyrir Skútustaðahrepp í Mývatnssveit.

Í athugasemdum með fjárlögum á síðustu tveimur árum er bent á að innheimt skipulagsgjöld geti að fullu staðið undir starfsemi Skipulagsstjóra ríkisins og að ekki eigi að þurfa að koma til fjárveitinga. Stofnuninni hefur verið ætlað að laga starfsemi

sína að tekjum af skipulagsgjaldi, og var mótframlag ríkissjóðs skert verulega á árinu 1991 og féll að mestu niður í ár. Þetta var kleift meðal annars vegna þess að ógreidd mótframlög frá fyrri árum, samtals 36,4 m.kr., runnu til stofnunarinnar samkvæmt fjáraukalögum nr. 75/1991. Fyrrgreind aukning í umsvifum og áætlað tekjutap vegna samdráttar í húsbyggingum leiða hins vegar til þess að brúa þarf bilið milli gjalda og tekna á næsta ári með 30,3 m.kr. framlagi. Fjárhæðin miðast jafnframt við að þau sveitarfélög sem eiga tilkall til endurgreiðslu skipulagsgjalda fái helming þeirra endurgreiddan. Fjárveitingin felur í sér 19,5 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum stofnunarinnar milli fjárlagaáranna 1992 og 1993. Hluti af þessari viðbót, 8 m.kr., er ætlaður til *landfræðilegs upplýsingakerfis* og kemur úr sérstöku framlagi til stafrænnar kortagerðar, sem að öðru leyti rennur til Landmælinga Íslands.

310 Landmælingar Íslands. Heildarframlag verður 92,7 m.kr., sem er 13% raunhækkun frá fjárlögum. Framlaginu verður að nokkru leyti ráðstafað til annarra verkefna en í ár. Rekstrarkostnaður lækkar um 20,7 m.kr. Fyrirhugað er að spara í almennum rekstri og lækkar sá hluti framlagsins að raungildi. Þá verður mun minna rekstrarframlag til *stafrænnar kortagerðar* á árinu 1993, eða 10,2 m.kr. í stað 27,3 m.kr. áður. Framlag til verkefnisins verður aukið verulega engu að síður, því að gert er ráð fyrir stofnkostnaði að fjárhæð 33 m.kr., þar af eru 7 m.kr. ætlaðar til uppbyggingar á landsneti og 5 m.kr. til kaupa á loftmyndavél. Hækkun fjárveitingar til embættisins stafar öll af framlaginu til stafrænu kortagerðarinnar, sem einvörðungu er ætlað til forvinnu og tækjakaupa. Ráðgert er að á árinu 1994 og eftirleiðis verði verkefnið fjármagnað af þeim ríkisstofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem sjá sér hag í því að verkefninu verði hrundið í framkvæmd.

Rannsóknir o.fl.

Tveir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk, 401 Náttúrufræðistofnun Íslands og 410 Veðurstofa Íslands. Heildarframlag er 247,3 m.kr. Aukning frá gildandi fjárlögum verður 18,8 m.kr. eða 6% að raunvirði. Framlag til rekstrar lækkar um 4,4 m.kr. vegna aukinna sértekna, en tilfærslur og stofnkostnaður hækka um 23,2 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Litlar breytingar eru áformaðar á starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík á næsta ári. Störfum fjölgar um 0,35 eða sem nemur hlutastörfum fjármálastjóra og bókasafnsfræðings sem ráðnir hafa verið til stofnunarinnar í samstarfi við Náttúruverndarráð og Veiðistjóra. Að auki hefur húsrými stofnunarinnar verið stækkað. Rekstrarkostnaður eykst um tæplega 2% að raungildi af þessum ástæðum. Veittar eru 3,5 m.kr. í stofnkostnað, sem eru ætlaðar til að endurnýja bifreið, bæta tölvukost og fjölga skápum fyrir náttúrugripi. Fjárveiting í þessa starfsemi hækkar alls um 3,7 m.kr. frá fjárlögum.

Í lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofur, sem öðlast gildi 1. janúar 1993, er kveðið á um að stofna skuli setur á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Þetta verður gert með yfirtöku á rekstri Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og leiðir til talsverðra viðbótarútgjalda á næsta ári. Veittar eru 10,1 m.kr. í tilfærslur til að mæta þessum kostnaði.

410 Veðurstofa Íslands. Heildarfjárveiting verður 200,6 m.kr. og hækkar um 5 m.kr. frá fjárlögum. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga er framlagið hins vegar óbreytt. Rekstrarframlag miðast við að allar rekstrarforsendur verði þær sömu og í fjárlögum ársins 1992, hvað varðar starfsmenn, aðstöðu, tækjabúnað og aðföng. *Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi*, sem áður heyrðu undir fjárlagaliðinn *Ýmis verkefni* hjá umhverfisráðuneytinu, verða fluttar til Veðurstofunnar, enda hafa starfsmenn stofnunarinnar umsjón með þessu verkefni í samstarfi við Norrænu eldfjallastöðina. Stofnkostnaður hækkar úr 9 m.kr. í 11 m.kr. og er það vegna lokaáfanga í endurnýjun á tölvubúnaði stofnunarinnar.

Veðurstofan hefur verulegar tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni ICAO vegna þjónustu við millilandaflug. Tekjur næsta árs af þessari starfsemi eru áætlaðar 62,1 m.kr., sem jafngildir um 95% útlagðs kostnaðar. Í flestum nágrannalöndum er einnig tekið gjald fyrir veðurþjónustu við innanlandsflug. Hingað til hefur þessi þjónusta verið veitt ókeypis hérlendis, en kostnaður af starfseminni er yfir 50 m.kr. árlega. Í athugun er að í byrjun næsta árs verði komið á gjaldi fyrir þjónustu Veðurstofunnar við innanlandsflugið. Gert er ráð fyrir að þessar þjónustutekjur skili 10 m.kr. árlega. Samsvarar það um 20% af tilkostnaði en hefur óveruleg áhrif á rekstrarkostnað í flugsamgöngum.

Umhverfisráðuneytið hefur ákveðið í samráði við Veðurstofuna að fram fari mat á hlutverki og starfsemi stofnunarinnar til þess að bæta nýtingu fjármagns og auka skilvirkni og árangur í starfi. Þess er vænst að starfið skili sér í sparnaði þegar á næsta ári.

6 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í frumvarpinu eru fjárhæðir í B-hluta settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1993, eins og aðrar fjárhæðir í frumvarpinu. Áætlanir um umsvif og afkomu fyrirtækja og sjóða byggjast nú á traustari grunni en oft áður. Aukinn stöðugleiki í efnahagslífi undanfarinna ára gerir alla áætlanagerð nákvæmari og stjórnun markvissari. Eigi að síður þarf að endurmeta áætlanir nokkurra fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir um afkomu þeirra á þessu ári og um áhrif fyrirhugaðra breytinga á innheimtu virðisaukaskatts þar sem það á við. Stefnt er að því að ákvörðun um breytingar liggi fyrir áður en að afgreiðslu fjárlaga kemur.

Það nýmæli er að finna í frumvarpinu að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta fjárlaga er gert að standa skil á greiðslu lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna. Það er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar við fjárlagagerð þess efnis. Á árinu 1993 eru greiðslurnar áætlaðar 175 m.kr. Þar af er Póst- og símamálastofnun ætlað að greiða 120 m.kr., Ríkisútvarpi og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 20 m.kr. hvorri stofnun, en aðrar stofnanir greiða lægri fjárhæðir.

Þá er í frumvarpinu gerð krafa til fleiri fyrirtækja í B-hluta en áður um skil á arði í ríkissjóð. Alls er sjö fyrirtækjum ætlað að skila 934 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1993. Þar af er Póst- og símamálastofnun ætlað að skila 820 m.kr. Önnur fyrirtæki sem eiga að skila arði eru: Áburðarverksmiðja ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins, Þvottahús Ríkisspítala og Lyfjabúð Háskóla Íslands. Fjárhæðirnar koma fram í fjárhagsáætlun fyrir hverja stofnun. Til þessa hefur það heyrt til undantekninga að fyrirtæki í B-hluta skili ríkissjóði arði. Meira hefur verið lagt upp úr því að halda gjaldskrám fyrirtækjanna niðri og þá gjarnan sem lið í efnahagsráðstöfunum. Með vaxandi samkeppni og aðild að alþjóðasamningum er erfiðara en áður að viðhalda einokun eða öðrum viðskipalegum fríðindum sem ríkisfyrirtæki hafa haft til þessa gagnvart samkeppnisaðilum. Einn liður í þá átt að auka samkeppnishæfni ríkisfyrirtækja er að draga úr afskiptum ríkisins af gjaldskrárákvörðunum þeirra en þess í stað að ætla þeim að skila eiganda sínum arði af því fé sem bundið er í rekstrinum. Fyrirhugað er að setja almennar reglur um arðskil ríkisfyrirtækja og sjóða. Krafa um arðskil verður og gerð til fyrirtækja sem ríkissjóður er eignaraðili að.

Tekjuafgangur B-hluta er samtals áætlaður tæplega 8,5 milljarðar króna, sem er um 1,8 milljörðum króna lægri fjárhæð en fjárlögum 1992. Skil í ríkissjóð eru áætluð 8,2 milljarðar króna. Þar af eru skattar af einkasöluvörum um 7,2 milljarðar króna og skiptast sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 6.500 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 414 m.kr., Sala varnarliðseigna 29 m.kr. og Happdrætti Háskóla Íslands 300 m.kr., þar af renna 240 m.kr. til Háskóla Íslands og stofnana hans. Arðskil nema rúmlega 0,9 milljörðum króna eins og nefnt var að framan. Til fjárfestingar verður varið 3,8 milljörðum króna og ber þar hæst fjárfestingu Póst- og símamálastofnunarinnar 2.250 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 450 m.kr. og Alþjóðaflugþjónustunnar 242 m.kr.

Lántökur B-hluta aðila eru áætlaðar um 14 milljarðar króna. Ráðgert er að afla húsbyggingarsjóðunum um 9 milljarða króna með sölu skuldabréfa á markaði. Að auki mun ríkissjóður hafa milligöngu um að taka að láni 4,9 milljarða króna sem verður síðan

endurlánað B-hluta aðilum, eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þeir sem njóta þessarar lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: Lánasjóður íslenskra námsmanna 3.540 m.kr., Póst- og símamálastofnun 1.100 m.kr. og Alþjóðaflugþjónustan 290 m.kr. Þá mun ríkissjóður einnig hafa milligöngu um 1.300 m.kr. lántöku vegna Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar.

Samkvæmt venju er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Miðað við þessa skiptingu eru umsvif aðila í B-hluta áætluð í frumvarpinu sem hér segir:

Í milljónum króna	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	30.945	6.803	3.170	1.510	42.430
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	37.997	4.882	634	1.473	44.926
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	466	3.055	2.391	83	5.995
Mismunur	7.518	1.074	-145	46	8.491
Veitt lán	-	10.199	57	-	10.256
Fjárfesting	3.138	25	282	309	3.754
Afborganir lána	547	6.719	81	64	7.411
Arðgreiðslur í ríkissjóð	934	-	-	-	934
Önnur skil í ríkissjóð	7.243	-	-	-	7.243
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	250	489	-	2	741
Innheimtar afborganir	97	3.836	201	-	4.134
Afskriftir	2.640	-	115	40	2.795
Tekin lán	1.155	12.521	-	290	13.966
Ráðstöfun eigin fjár	7.518	1.074	-146	46	8.493
Fjárvöntun	428	-	-	-	428
Annað	273	-	250	-	523

Í töflunni hér að framan kemur fram fjárvöntun að upphæð 428 m.kr. Um er að ræða fjögur fyrirtæki, Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ríkisútvarpið og Rafmagnsveitur ríkisins. Málefni tveggja fyrstnefndu fyrirtækjanna eru til athugunar í utanríkisráðuneytinu en fjárvöntun hinna er tengd áhrifum fyrirhugaðra breytinga á innheimtu virðisaukaskatts. Stefnt er að því að nauðsynlegar ákvarðanir liggi fyrir áður en að afgreiðslu fjárlaga kemur.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Heildargjöld happdrættisins eru áætluð 1.230 m.kr. og tekjur 1.530 m.kr. Tekjuafgangur verður því 300 m.kr. og lækkar um 86 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Vaxandi samkeppni á happdrættismarkaðnum hefur dregið úr veltu flokkahappdrætta á undanförnum árum. Nýbreytni á öðrum sviðum, svo sem happamiðar, hefur ekki náð að bæta að fullu þann samdrátt. Talið er að heildarsalan dragist enn saman á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á verði happdrættismiða en það hækkaði síðast í ársbyrjun 1992 og þá um 20%. Hagnaði af rekstri happdrættisins er ráðstafað lögum samkvæmt þannig að 80%, eða 240 m.kr., renna til Háskóla Íslands og stofnana hans en 20% einkaleyfisgjaldi, eða 60 m.kr., er skilað

í ríkissjóð, sem síðan veitir jafnháu framlagi til *Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.*

202 ***Lyfjabúð Háskóla Íslands.*** Háskóli Íslands hefur lögbundið lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Frábrugðið því sem almennt gildir um lyfjaverslanir er Lyfjabúð Háskólans undanþegin tekju- og eignarskatti. Sú breyting á sér nú stað að fyrirtækinu er ætlað að greiða 5 m.kr. arð til ríkissjóðs, eða sem nemur um 5% af eigin fé. Að öðru leyti verður rekstur lyfjabúðarinnar á næsta ári með sama hætti og fyrr.

233 ***Rannsóknasjóður.*** Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi. Framlag ríkissjóðs er áætlað 115 m.kr. Hluti framlagsins er ætlaður til vísinda- og rannsóknarverkefna á sviði Evrópusamvinnu.

235 ***Vísindasjóður.*** Vísindasjóður styrkir einstaklinga og vísindastofnanir til rannsókna og vísindalegrar sérþjálfunar. Framlag ríkissjóðs í Vísindasjóð verður 25 m.kr. Vísindasjóður fær einnig fjárframlag úr arðsjóði Seðlabanka Íslands og er það áætlað 115 m.kr. Að meðtöldum fjármagnstekjum sem nema 2 m.kr. er ráðstöfunarfé sjóðsins því áætlað 142 m.kr. á árinu 1993.

276 ***Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.*** Sjóðurinn er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins, sem veitir styrki úr honum til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda. Tekjur sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi af hagnaði *Happdrættis Háskóla Íslands*, og er áætlað að það verði 60 m.kr. Eins og áður verður fé sjóðsins varið til að bæta aðstöðu rannsóknastofnana atvinnuveganna og er gert ráð fyrir að 25 m.kr. fari til endurbóta á *byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins* að Skúlagötu 4 í Reykjavík, á móti jafnháu framlagi úr ríkissjóði.

872 ***Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Í fjárlögum ársins 1992 var mörkuð sú stefna að framlag ríkisins til lánasjóðsins gæti staðið undir vaxtamun tekinna og veittra lána. Samkvæmt þágildandi reglum um lánstíma og vaxtalaus útlán var talið að ríkisframlag þyrfti að nema 67% af lánveitingum sjóðsins til að halda óbreyttri eiginfjárstöðu. Með lögum nr. 21/1992 um lánasjóðinn og nýjum reglum um útlán sem settar voru í kjölfarið er talið að unnt sé að lækka framlag ríkisins til frambúðar í 54% af veittum lánum, án þess að skerða eiginfjárstöðu sjóðsins. Námsaðstoðin sem sjóðurinn veitir er í meginatriðum eins og áður en veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á tilhögun hennar. Auknar kröfur eru gerðar um námsframvindu. Námslán greiðast nú ekki út fyrr en námsárangur liggur fyrir og er fjárhæðin jafnframt tengd afköstum í námi. Samkvæmt ákvæðum laganna geta lánin borið allt að 3% vexti eftir námslok, en þeir eru nú 1%. Endurgreiðslur lána verða hraðari en til þessa og eru afborganir ekki felldar niður fyrr en skuldin er greidd að fullu. Um leið er tryggt að greiðslubyrðin verði ekki umfram 5-7% af tekjum lánþega. Á heildina litið verður rúmur helmingur námslána styrkur eftir sem áður.

Með hliðsjón af framangreindum breytingum á lánafyrirgreiðslu sjóðsins, ásamt nokkurri fækkun lánþega, er gert ráð fyrir að lánveitingar verði 3.168 m.kr. á næsta ári. Greiddar afborganir umfram innheimtar verða 1.368 m.kr. og vaxtagjöld umfram

vaxtatekjur 667 m.kr. Áætlað er að rekstrarkostnaður lækki lítillega frá fjárlögum og verði 73 m.kr., en reksturinn verður nú að hluta til fjármagnaður með lántökugjaldi, sem á að skila 41 m.kr. í sértekjum. Fjárfest verður fyrir 15 m.kr. Heildarfjárþörf sjóðsins er því metin á 5.250 m.kr. og verður henni mætt með 3.540 m.kr. lántöku auk 1.710 m.kr. framlags úr ríkissjóði. Fjárhagsáætlunin hvílir á þeirri forsendu að gerðar verði ráðstafanir til að skuldbreyta og lengja lán sem tekin hafa verið á síðustu árum. Eftirfarandi tafla sýnir þróun fjárstreymis hjá sjóðnum í hnotskurn:

	Áætlun 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárlögum %	Breyting frá reikningi %
Innstreymi	6.037	5.776	6.108	6	1
Framlag ríkissjóðs	2.431	2.220	1.710	-23	-27
Tekin lán	3.000	2.815	3.540	26	18
Afborganir, vextir o.fl.	606	741	858	16	42
Útstreymi	6.037	5.776	6.108	6	1
Rekstrarkostnaður	78	77	32	-58	-59
Afborganir, vextir o.fl.	1.683	2.227	2.893	27	72
Fjárfesting	29	15	15	0	-48
Ferðastyrkir	121	77	-	-	-
Veitt lán	4.126	3.330	3.168	-5	-23

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður. Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af innfluttum útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins. Með samningnum um EES koma tollar og vörugjöld í stað aðflutningsgjalda og er gert ráð fyrir að þessir skattar renni í ríkissjóð sem fyrr. Framkvæmdasjóðurinn hefur hins vegar tekjur sem nema 10% af afnotagjöldum og auglýsingum hljóðvarps og sjónvarps og er áætlað að þær verði 207 m.kr. á næsta ári. Af þeirri fjárhæð verður 18 m.kr. varið til að greiða kostnað af þeim hluta útvarpshússins sem ekki er í notkun. Afborganir af lánum eru áætlaðar 17 m.kr. Það sem eftir stendur, 172 m.kr., verður notað til að fjármagna alla fjárfestingu Ríkisútvarpsins, þ.m.t. endurnýjun tækjabúnaðar hljóðvarps og sjónvarps, og er það 59 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1992.

971 - 972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp. Hér er fjallað um fjármál hljóðvarps og sjónvarps sameiginlega. Heildargjöld án afskrifta eru áætluð 2.298 m.kr. eða um 3% hærri fjárhæð en í fjárlögum. Þá hefur verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna innheimtu virðisaukaskatts, sem gæti orðið um 120 m.kr., ásamt greiðslu uppbóta á lífeyri til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 20 m.kr. Áformað er jafnframt að ná fram sparnaði með hagræðingu í rekstri. Heildartekjur eru áætlaðar 2.167 m.kr. Er þá miðað við óbreytt afnotagjald, 1.687 kr. á mánuði, og 72.100 greiðendur en 10% samdrátt í auglýsingatekjum. Samkvæmt þessu verður fjárvöntun hjá Ríkisútvarpinu 131 m.kr. Til þess að ná jafnvægi í rekstrinum þarf afnotagjald að hækka um 10% í ársbyrjun 1993, en það hefur ekki hækkað í tvö ár. Einnig kemur til álita að endurskoða reglur um niðurfellingu afnotagjalda til tryggingaþega. Með núgildandi reglum falla um 8.000 afnotagjöld niður og verður Ríkisútvarpið af um 162 m.kr. tekjum árlega með þeim hætti.

973 Þjóðleikhús. Framlag úr ríkissjóði til reksturs Þjóðleikhússins hækkar verulega frá fjárlögum, eða úr 254 m.kr. í 300 m.kr., og er það um 66% af áætlaðri heildarveltu leikhússins. Ákvörðun um framlag úr ríkissjóði á yfirstandandi ári gerði ráð fyrir að töluvert yrði dregið úr starfsemi leikhússins. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir. Horfur eru nú á að rekstrarhallinn á árinu verði um 40 m.kr. Engu að síður hefur tekist að ná all nokkrum sparnaði frá því sem var áður en endurbætur á húsinu hófust og leikhúsinu var lokað. Miðast framlagið við að áfram verði haldið á sömu braut á næsta ári. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og veitingasölu eru áætlaðar 151,6 m.kr. Að meðtöldu framlagi úr ríkissjóði verður ráðstöfunarfé stofnunarinnar 451,6 m.kr. og verða heildargjöldin að vera innan þeirra marka.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt lögum skal hljómsveitin kappkosta að afla sem mestra sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi. Árangur hefur náðst í þessum efnum að undanförnu. Helstu tekjur hljómsveitarinnar eru aðgöngumiðasala og 10% af skemmtanaskatti. Útgjöldum umfram tekjur skipta eignaraðilar með sér í eftirfarandi hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Miðað er við að tónleikahald hljómsveitarinnar fari fram með svipuðum hætti og á undanförnum árum. Framlag úr ríkissjóði verður 102 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1992. Áætlað er að aðrar tekjur aukist um 2% umfram verðlagsbreytingar og er því gert ráð fyrir að rekstrarútgjöldin verði heldur hærri að raungildi en í fjárlögum.

976 Menningarsjóður. Framlag til sjóðsins fellur niður, enda verður á haustþingi lagt fram lagafrumvarp sem nemur úr gildi lög um Menningarsjóð.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.385 m.kr. sem er nánast sama fjárhæð og í fjárlögum 1992. Rekstrartekjur eru taldar verða 1.798 m.kr. og lækka um tæp 3% milli ára, einkum vegna lækkunar Bandaríkjadals. Gert er ráð fyrir að fjöldi farþega um flugstöðina verði svipaður og á árinu 1991 eða um 700.000 talsins, og að meðalsala á hvern farþega nemi 44 USD, en það er mesta sala sem náðst hefur. Miðað við þessa afkomu verða skil fyrirtækisins í ríkissjóð 414 m.kr., sem er 46 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1992. Áformuð fjárfesting er 18 m.kr. og er einkum ætluð til endurnýjunar á afgreiðslukössum, innréttingum og tölvubúnaði.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld stofnunarinnar standa í stað milli ára þrátt fyrir að launagjöld hækki um 6%. Sú hækkun skýrist af því að laun flugumferðarstjóra hækkuðu umfram laun annarra launþega samkvæmt kjarasamningum. Tekjur, sem að stærstum hluta eru lendingargjöld, eru áætlaðar 207 m.kr. og lækka um rúmar 55 m.kr. Ástæðan er sú að flugvélar sem lenda á Keflavíkurflugvelli eru léttari en áður og munar þar mestu um nýjan flugflota Flugleiða. Lendingargjöld eru núna 7,05 USD á hvert tonn. Fortíðarvandanefnd ríkisstjórnarinnar lagði til að gjöld hækkuðu í 10 USD á hvert tonn, sem mundi hækka tekjur um rúmar 70 m.kr. Eins og verið hefur renna 10% lendingargjalda til reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Að öllu samanlögðu stefnir í fjárvöntun í rekstri um tæpar 20 m.kr., en í fjárlögum 1992 er stofnuninni ætlað að skila 35 m.kr. í ríkissjóð.

Þess er vænst að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um tekjur flugvallarins í framtíðinni liggi fyrir áður en fjárlög 1993 verða afgreidd frá Alþingi.

*114 **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.*** Halli á rekstri flugstöðvarinnar er áætlaður rúmar 144 m.kr. Tekjur eru alls 358 m.kr. og lækka um 11% frá fjárlögum 1992, fyrst og fremst vegna lækkunar á gengi Bandaríkjadals. Húsaleigutekjur, sem er meginuppistaðan í tekjum flugstöðvarinnar, eru bundnar þeirri mynt. Húsaleigusamningar renna út í árslok 1992. Aðrar tekjur eru endurgreiðsla leigutaka á sameiginlegum kostnaði og 10% af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli, en þær munu lækka eins og fram kemur í skýringum með *Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli*. Rekstrargjöld stofnunarinnar eru nánast óbreytt frá því sem verið hefur. Á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að stefnumörkun um rekstur flugvallarins í framtíðinni. Að því er stefnt að þeirri vinnu verði lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga 1993.

24 Landbúnaðarráðuneyti

*221 **Áburðarverksmiðja ríkisins.*** Rekstrargjöld verksmiðjunnar á árinu 1993 eru áætluð 1.118 m.kr. sem er 10 m.kr. undir áætluðum rekstrartekjum. Gert er ráð fyrir 48 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar á árinu og er það samdráttur frá því sem verið hefur. Árið 1992 nam framleiðsla 50 þús. tonnum og 59 þús. tonnum árið 1991. Á undanförnum árum hefur verið unnið að umfangsmikilli hagræðingu í rekstri verksmiðjunnar og hefur það skilað sér í minni tilkostnaði. Nú skilar rekstur fyrirtækisins tæplega 33 m.kr. arði í ríkissjóð. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir hækkun áburðarverðs milli ára. Fjárfesting er áformuð 42,5 m.kr., m.a. til kaupa á vatnshreinsara, endurnýjunar á vigtum, blöðru í vatnsgeymi, bifreiðum og lyfturum. Áformað er að verja um 124 m.kr. til afborgunar af lánum, þar af um 55 m.kr. til að lækka skammtímaskuldir fyrirtækisins.

*245 **Laxeldisstöðin Kollafirði.*** Aðalverkefni stöðvarinnar eru kynbætur á laxi fyrir hafbeit og matfiskeldi. Heildarrekstrargjöld eru áætluð 45,6 m.kr., en tekjur að meðtöldu 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði eru taldar nema 47 m.kr. Kynbótaverkefnið sem hófst 1991 fer bæði fram í Kollafirði og hjá Stofnfiski hf. að Kalmannstjörn á Reykjanesi, en ríkissjóður á 75% hlutafjár í hlutafélaginu. Af framlagi úr ríkissjóði renna 17,8 m.kr. til Stofnfisks.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

*222 **Síldarverksmiðjur ríkisins.*** Rekstraráætlun síldarverksmiðjanna tekur mið af spá fiskifræðinga um heldur meiri loðunveiði en í meðalári og að hlutur verksmiðjanna í heildarafla verði 230.000 tonn. Að því gefnu að aðrar forsendur um nýtingu, markað og gengi gangi eftir er söluverðmæti framleiðslunnar áætlað 1.850 m.kr. Heildargjöld eru áætluð 1.730 m.kr. Fjármagnskostnaður verður um 150 m.kr., enda hvíla talsverðar langtímaskuldir á félaginu auk afurðalána. Tekjuafgangur að frádregnum afskriftum nemur þá 240 m.kr. og gerir það félaginu kleift að standa undir jafnháum

afborgunum af lánum. Gæta þarf ítrasta aðhalds og leita leiða til hagræðingar í rekstri verksmiðjanna til að þessi árangur náist.

*272 **Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging.*** Áfram verður haldið endurbótum á húseigninni að Skúlagötu 4 í Reykjavík í sama mæli og undanfarin ár. Á næsta ári er ráðgert að verja 60 m.kr. til endurbóta á húsinu. Verður það fjármagnað með 25 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og jafnháu framlagi úr *Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna*, auk þess sem 10 m.kr. greiðast af tekjum af rekstri hússins.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

*731 **Kristnisjóður.*** Meginhlutverk sjóðsins er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Þau kveða á um að til sjóðsins skuli veita framlagi úr ríkissjóði sem svari til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum, auk fjárhæðar tilsvarandi launum presta í prestaköllum þar sem prestlaust er. Framlagið verður samkvæmt þessum ákvæðum 18,3 m.kr. á næsta ári.

*732 **Kirkjubyggingasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 21/1981 er hlutverk sjóðsins að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 0,6 m.kr. 1981 og á að hækka samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert sem þýðir að á verðlagi fjárlagafrumvarps yrði þessi fjárhæð 7,6 m.kr. Framlagið verður hins vegar 1 m.kr. og eru ákvæði um framlagsskyldu ríkissjóðs í endurskoðun.

*733 **Kirkjugarðasjóður.*** Hlutverk sjóðsins er einkum að veita kirkjugarðsstjórnum lán til að girða og hlúa að kirkjugörðum og til að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur og bænahús að fornu. Til sjóðsins renna 8% kirkjugarðsgjalda, en þau eru annars vegar ákveðinn hluti af aðstöðugjaldi og hins vegar ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling 16 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að 20% af óskiptri hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti verði haldið eftir til að standa straum af kostnaði við tiltekin verkefni á sviði kirkjumála. Tekjur sjóðsins eru samtals áætlaðar 33,2 m.kr. Þar af er hluti kirkjugarðsgjalda 26,2 m.kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

*271 **Byggingarsjóður ríkisins.*** Eiginlegum útlánum sjóðsins hefur verið hætt og áfram verður unnið að samdrætti í starfsemi hans. Enn er þó verið að greiða út lán til þeirra sem öðlast höfðu lánsrétt áður en lögunum um sjóðinn var breytt. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessar lánveitingar nemi 300 m.kr. samanborið við 660 m.kr. á yfirstandandi ári. Þá verða 120 m.kr. lánaðar til *Byggingarsjóðs verkamanna* vegna endursölu- og kaupleiguíbúða. Lánveitingar verða því samtals 420 m.kr. á árinu 1993. Talið er að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum án framlags úr ríkissjóði eftir að vextir á lánum sjóðsins voru hækkaðir í 4,9% og nýjum útlánum hætt. Hafa því engar fjárveitingar verið til sjóðsins frá árinu 1991 og eru engar frekari fyrirhugaðar.

Greiddar afborganir umfram innheimtar eru áætlaðar 905 m.kr. og vaxtagjöld umfram vaxtatekjur 527 m.kr. Talið er að útstreymi af skyldusparnaðarreikningum aukist og verði 307 m.kr. Kostnaður við kaup og sölu uppboðsíbúða er metinn á 158 m.kr. Áformað er að ná fram 132 m.kr. sparnaði í rekstri Húsnæðisstofnunar á næsta ári með lækkun útgjalda og hækkun sértekna. Til að mæta útgreiðslum á árinu 1993 er Byggingarsjóði ríkisins veitt heimild til að taka ný lán að fjárhæð 2.290 m.kr.

Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið að gera ráðstafanir í rekstri stofnunarinnar sem eiga að skila þeim sparnaði sem að ofan greinir. Meðal annars er fyrirhugað að hætta starfsemi hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar og selja eigur hennar, horfið verður frá skyldusparnaði í núverandi mynd og umfang annarra þátta dregið saman. Stefnt er að því að þessar ráðstafanir komi til framkvæmda í byrjun næsta árs og mun verða lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun í þessu skyni á haustþingi.

272 ***Byggingarsjóður verkamanna.*** Í fjárlögum ársins 1992 var mörkuð sú stefna að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins og treysta uppbyggingu og framboð félagslegra íbúða. Við það var miðað að útlán til byggingar félagslegra íbúða fengju staðist til frambúðar með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem var 1.075 m.kr. í fjárlögum 1992. Unnið var að útfærslu þessarar stefnumörkunar á árinu. Ein mikilvægasta forsendan fyrir því að ná settum markmiðum er að dregið verði úr vaxtamun inn- og útlána. Ráðgert var að vextir á útlánum sjóðsins yrðu hækkaðir í ár, en til að greiða fyrir gerð síðustu kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að fresta þeirri hækkun, þannig að vextirnir yrðu óbreyttir út samningstímann. Nú hefur verið ákveðið að vextir hækki úr 1% í 2,4% að samningstímanum liðnum. Þá er unnið að því að draga úr lánum til félagslegra íbúða um allt að 10% með því að lækka viðmiðunarverð um 5%, setja skorður við stærð íbúða og með því að framkvæmdaaðilar leiti með markvissum hætti eftir notuðum íbúðum. Takist þetta er talið að unnt verði að byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins og ná fjárhagslegu jafnvægi samhliða lánveitingum til byggingar eða kaupa á um 500 íbúðum árlega. Lánafyrirgreiðsla sjóðsins á árinu 1993 tekur mið af þessu og verður með svipuðum hætti og í ár. Lækkar framlag úr ríkissjóði um 114 m.kr. frá fjárlögum 1992 og verður 961 m.kr. Sú lækkun á ekki að skerða útlánagetu sjóðsins, heldur verður henni mætt með sparnaði í rekstri Húsnæðisstofnunar með skipulagsbreytingum og hagræðingu, eins og vikið er að í greinargerð um *Byggingarsjóð ríkisins*. Takist ekki að ná þeim rekstrarsparnaði að fullu verður þó óhjákvæmilegt að draga úr útlánum sem því nemur.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 ***Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Lögum samkvæmt er Atvinnuleysistryggingasjóður fjámagnaður með hluta af tryggingagjaldi og á móti kemur framlag úr ríkissjóði. Sjóðurinn fær í sinn hlut sem nemur 0,15% af gjaldstofni tryggingagjalds og telst það framlag atvinnurekenda, en ríkissjóður leggur sjóðnum til þrefalda þessa fjárhæð.

Skráð atvinnuleysi á árinu 1992 hefur aukist frá fyrra ári og er nú áætlað tæplega 3% á árinu, en samkvæmt þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er það talið aukast enn frekar. Ef sú verður raunin gætu atvinnuleysisbætur numið allt að 2,3 milljörðum á því ári. Ríkisstjórnin hefur gripið til sérstakra ráðstafana í atvinnumálum og var

framlag til sjóðsins lækkað um 300 m.kr. í kjölfar þeirrar ákvörðunar. Ennfremur er áformað að endurskoða lög um sjóðinn og lækka fjárþörf hans þannig um 100 m.kr.

Samtals er áætlað að bætur og framlög verði 2.340 m.kr. árið 1993, þar af eru 300 m.kr. í Eftirlaunasjóð aldraðra, 17 m.kr til Kjararannsóknanefndar og 84 m.kr. vegna fastráðningar fiskvinnslufólks. Afgangurinn, eða 1.939 milljónir, er ætlaður til greiðslu atvinnuleysisbóta. Til reksturs eru áætlaðar 108 m.kr. og eru heildarútgjöld sjóðsins því samtals 2.448 m.kr. Til að mæta útgjöldum eru fjármunatekjur og innheimtar afborganir af veittum lánum áætlaðar 233 m.kr. Framlag atvinnurekenda af tryggingagjaldi er áætlað 275 m.kr. og lögbundið framlag ríkissjóðs því 825 m.kr. Fjárþörf sjóðsins er meiri og að óbreyttu stefnir því í að hann skorti fé og þurfi að ganga á eignir eða fá viðbótarfé úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn selji verðbréf fyrir a.m.k. 250 m.kr., en skuldabréf í hans eigu nema um tveim milljörðum króna. Þá er áformað að ríkissjóður leggi til viðbótarfé er nemur 864 m.kr. umfram lögbundið framlag og að framlag ríkis og atvinnurekenda nemi samtals 1.964 m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Tekjur af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar 9,7 milljarðar króna og lækka um 5% frá áætlun fjárlaga 1992. Lækkunin skýrist alfarið af minni sölu áfengis og tóbaks og tekur mið af sölu fyrstu sex mánaða ársins 1992. Sala áfengra drykkja mæld í alkóhóllítrum minnkaði um 7,6% og vindlinga um 2,7% á þessu tímabili. Áformað er að verð áfengis og tóbaks hækki í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Skil ÁTVR í ríkissjóð á árinu 1992 eru áætluð 6.500 m.kr. í stað 6.650 m.kr. á þessu ári. Við áætlun sölutekna hefur verið gert ráð fyrir hækkun álagningar ÁTVR til að mæta verðlækkun sem yrði ef lækkun virðisaukaskatts kæmi fram í verðlagningu áfengis og tóbaks.

Fjárfesting er áætluð 30 m.kr. sem er veruleg lækkun frá þessu ári. Opnun nýrra verslana er ekki áformuð fyrst um sinn meðan unnið er að stefnumörkun um tilhögun dreifingar og birgðahald áfengis og tóbaks í landinu. Þegar hefur verið ákveðið að leggja fram frumvarp um einkavæðingu tóbaksdreifingar.

102 Lyfjaverslun ríkisins. Tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 73 m.kr. Við slit á fjárhag Lyfjaverslunarinnar og *Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins* á árinu 1986 var stofnunin í skuld við ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að formlega verði gengið frá þessari skuld með útgáfu skuldabréfs til 5 ára, og verði fyrsta afborgun á árinu 1993 um 10 m.kr. Til fjárfestingar er áætlað að verja um 20 m.kr. og fyrirtækinu er ætlað að skila 25 m.kr. arði í ríkissjóð.

Í áætlun fyrirtækisins var gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á framleiðsludeild þess á árinu 1993. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til þessara breytinga í frumvarpinu þar sem stefna fjármálaráðherra er að einkavæða starfsemi Lyfjaverslunar. Fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi frumvarp þess efnis á næstunni.

402 Fasteignamat ríkisins. Stofnunin er nú í fyrsta sinn talin til B-hluta og er það gert til að auka sjálfstæði hennar sem undanfara frekari breytinga á starfseminni. Fjármálaráðherra mun setja stofnuninni stjórn þar sem fulltrúar sveitarfélaga eigi fulltrúa, enda eru sveitarfélögin helstu viðskiptamenn stofnunarinnar.

Umfang starfsemi Fasteignamats ríkisins er hið sama og verið hefur á meðan stofnunin var í A-hluta fjárlaga. Eins og fram kemur í greinargerð A-hluta frumvarpsins er tilfærsla til stofnunarinnar 34 m.kr., og af þeirri fjárhæð eru 27 m.kr. ætlað að standa undir tölvuvæðingu og 8 m.kr til átaks í bættri skráningu o.fl. Að öðru leyti er stofnuninni ætlað að standa undir kostnaði með sjálfsaflafé. Seldur er aðgangur að skrám stofnunarinnar og miðast gjaldskrá að stærstum hluta við álagningarstofn fasteignaskatts. Tekjuáætlun hækkar um 29 m.kr. frá fjárlögum 1992 og skýrist það af hækkun gjaldskrár og breikkun tekjustofns.

971 Lánasýsla ríkisins. Starfsemi Lánasýslu ríkisins skiptist í þrennt: Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, Ríkisábyrgðasjóð og Framkvæmdasjóð. Með lögum nr. 3/1992 var starfsemi þess síðastnefnda falin Lánasýslunni. Af þeim sökum er eðlilegt að starfsemi sjóðsins verði færð í B-hluta fjárlaga. Fjárhagsumsvif Framkvæmdasjóðs koma ekki fram í frumvarpinu, en nú er unnið að endurskipulagningu á starfsemi sjóðsins og ráðgert að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði lagðar fram tillögur um rekstrarumfang og aðra starfsemi Framkvæmdasjóðs.

Tekjur og gjöld Lánasýslunnar á árinu 1993 miðast að öðru leyti við óbreytt umsvif frá fjárlögum 1992. Þær breytingar verða þó á að bókhald Lánasýslunnar færist frá Ríkisábyrgðasjóði til Þjónustumiðstöðvarinnar og eitt starf með. Samsvarandi tilfærsla verður í öðrum rekstrargjöldum. Hjá Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og yfirstjórn verða því níu störf en sex og hálft hjá Ríkisábyrgðasjóði. Gert er ráð fyrir að tekjur Þjónustumiðstöðvarinnar verði þær sömu og í fjárlögum 1992, tæpar 49 m.kr. Það þarfnast þó endurskoðunar fyrir afgreiðslu fjárlaga vegna breytinga á fyrirkomulagi sölu ríkisverðbréfa. Með útboði ríkisverðbréfa minnka tekjustofnarnir sem stofnunin hefur haft, en ekki hefur verið ákveðið hvernig tekið verður á þeim vanda.

Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur Ríkisábyrgðasjóðs verði 60 m.kr. Framlag úr ríkissjóði verður 320 m.kr. og er ætlað til að mæta töpuðum lánum í ábyrgð hjá Ríkisábyrgðasjóði. Hluti þess er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem er áætlað 275 m.kr. Undir liðnum veitt lán eru færðar vanskilagreiðslur annarra, sem Ríkisábyrgðasjóður leysir til sín vegna upphaflegrar ríkisábyrgðar. Innheimtar afborganir er sá hluti þeirra sem innheimtist af vanskilum fyrri ára.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun. Umfangsmikil fjárfesting fyrirtækisins á sviði fjarskipta á undanförnum árum er í vaxandi mæli að skila sér í bættri afkomu. Haldið verður áfram á sömu braut og er heildarfjárfesting fyrirtækisins áætluð 2.250 m.kr. samanborið við 1.380 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Viðamesta fjárfesting næsta árs er samstarfsverkefni með tuttugu erlendum símafyrirtækjum um lagningu ljósleiðarastrengsins Cantat-3 yfir Atlantshafið milli Norður-Ameríku og Evrópu, með viðkomu á Íslandi. Verkinu á að vera lokið í október 1994 og er fjárfestingarkostnaður Pósts og síma vegna strengsins áætlaður um 1,2 milljarðar króna, sem að stærstum hluta kemur til greiðslu á næsta ári eða um 1 milljarður króna. Fyrirhugað er að almenn fjárfesting verði 1.250 m.kr. eða heldur lægri en í gildandi fjárlögum. Er þar aðallega um að ræða búnað og kerfi vegna fjarskipta og verða þær fjármagnaðar að mestu með

fé úr rekstri, eins og á undanförnum árum. Er þá miðað við að tollar og vörugjöld af ýmiss konar símabúnaði falli niður, svo sem verið hefur. Til viðbótar þessu kemur 35 m.kr. framlag til INTELSAT.

Heildargjöld stofnunarinnar 1993 eru áætluð 7.392 m.kr. Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og á næsta ári er stefnt að 3% sparnaði í launum og öðrum rekstrargjöldum frá áætlun um óbreyttan rekstur. Líklegt er að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til hagræðingar á afmörkuðum sviðum eigi sá sparnaður að nást. Í launalið er innifalin greiðsla að fjárhæð 120 m.kr. vegna lífeyrisuppbóta til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem áður voru greiddar úr ríkissjóði. Heildartekjur eru áætlaðar 8.177 m.kr. Er þá miðað við að gjaldskrár hækki sem nemur verðlagsbreytingum milli áranna 1992 og 1993. Tekjuafgangur er því metinn á 785 m.kr. og bætist við 250 m.kr. greiðsluafgang frá fyrra ári. Afborganir af eldri lánum verða 9 m.kr. og hefur þá ekki verið reiknað með lánum vegna Cantat-3, fremur en í fjármagnskostnaðinum. Gert er ráð fyrir að Póstur og sími fái lántökuheimild fyrir 1.100 m.kr. til að fjármagna aukna fjárfestingu. Fyrirtækinu er ætlað að skila 820 m.kr. arði í ríkissjóð á árinu 1993 samanborið við 940 m.kr. í ár, en mismunurinn samsvarar greiðslu á lífeyrisuppbótum eins og áður getur. Gangi þessi áætlun eftir verður greiðsluafgangur fyrirtækisins 156 m.kr. í árslok 1993.

333 ***Hafnabótasjóður.*** Framlag til sjóðsins verður 90 m.kr. á árinu 1993. Með breytingu á lögum nr. 69/1984 var lagt 25% álag á vörugjöld, önnur en aflagjald, sem rennur í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Fé úr deildinni skal varið til að standa straum af framkvæmdum við almenna hafnargerð eftir því sem segir í lögum og ákveðið er í fjárlögum ár hvert. Þessar tekjur eru áætlaðar 128 m.kr. Að viðbættum fjármunatekjum sjóðsins, 36,5 m.kr., gerir þetta sjóðnum fært að veita styrki að fjárhæð 190 m.kr. og ný lán að fjárhæð 48 m.kr.

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Um þennan fjárlagalið fara allar greiðslur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, fyrir fjárfestingu fyrri ára og veitta þjónustu *Veðurstofu Íslands*, *Póst- og símamálastofnunar* og *Flugmálastjórnar* vegna alþjóðaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Áætlað er að endurgreiðslur fyrir þjónustuna nemi 556,4 m.kr. á næsta ári, og færast greiðslurnar til þjónustuaðilanna sem önnur rekstrargjöld en endurgreiðslurnar frá ICAO sem tekjur af seldri þjónustu. Gert er ráð fyrir að af þessari fjárhæð komi 284,6 m.kr. í hlut Flugmálastjórnar, 209,7 m.kr. í hlut Póst- og símamálastofnunar og 62,1 m.kr. í hlut Veðurstofu. Endurgreiðslur vegna fjárfestingar Flugmálastjórnar og Veðurstofu færast sem afskriftir og fjármunatekjur hjá Alþjóðaflugþjónustunni, vegna þess að báðar stofnanirnar tilheyra A-hluta ríkissjóðs og hefur ríkissjóður því fjármagnað fjárfestingu þeirra. Afskriftir næsta árs eru metnar á 27,8 m.kr. og fjármunatekjur á 20,3 m.kr.

Alþjóðaflugþjónustan annast einnig fjármögnun og framkvæmdir við nýja flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli, en þar er um að ræða bæði húsbyggingu og fjárfestingu í tækjum og hugbúnaði. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður rúmlega einn milljarður króna. Alþjóðaflugmálastofnunin mun endurgreiða með yfirflugsgjöldum nærri 83% kostnaðarins innan 20 ára eftir að framkvæmdir hófust og felast í þeim vextir, afskriftir og húsaleiga. Það sem á vantar kemur í hlut ríkisins og greiðist af flugmálaáætlun. Stefnt er að því að byggingu flugstjórnarmiðstöðvarinnar ljúki um mitt næsta ár og að mest allur tækjabúnaður verði kominn í húsið

undir lok ársins. Áætlað er að fjárfesting í þessum lokaáfanga verði 242 m.kr. Einnig verður að greiða 126 m.kr. í afborganir og vexti af lánum sem þegar hafa verið tekin og af þeim sem fyrirhugað er að taka til að ljúka verkinu. Fjárþörf Alþjóðaflugþjónustunnar að öðru leyti verður fjármögnuð með 57,7 m.kr. framlagi af flugmálaáætlun og 290 m.kr. lántöku.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Sementsverksmiðja ríkisins.*** Horfur eru á að samdráttur í íbúðabyggingum og mannvirkjagerð hafi í för með sér að sementssalan á næsta ári verði 95 þús. tonn, sem er nokkur lækkun frá áætlun fjárlaga 1992. Miðað er við að tekjulækkuninni verði mætt með aðhaldi og hagræðingu í rekstri, þannig að rekstrarkostnaður verði 707 m.kr. Fjárfesting í tækjum og búnaði er áætluð 20 m.kr. og fyrirhugað er að greiða niður af lánum sem nemur 45 m.kr. nettó. Fyrirtækinu er ætlað að greiða 15 m.kr. í arð til ríkissjóðs, en það jafngildir 2% ávöxtun af eigin fé. Gangi þessi áform eftir er ekki talin þörf fyrir hækkun á verði sements umfram almennar verðlagsbreytingar.

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Áformaðar raforkuframkvæmdir á árinu 1993 nema 450 m.kr. samanborið við 420 m.kr. í ár. Stefnt er að því að þær verði fjármagnaðar með fé úr rekstri eins og áður. Heildargjöld fyrirtækisins eru áætluð 3.845 m.kr. Þá hefur verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna niðurfellingar á endurgreiðslum virðisaukaskatts, sem metinn er á 200 m.kr., auk greiðslu uppbóta á lífeyri til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 5 m.kr. Fyrirtækinu er ætlað að greiða 30 m.kr. arð í ríkissjóð á næsta ári. Áformað er jafnframt að ná fram nokkrum sparnaði í launum og öðrum rekstrargjöldum frá yfirstandandi ári. Miðað við þessar forsendur er talið að fjárvöntun Rafmagnsveitna ríkisins verði 230 m.kr. á næsta ári. Komi ekki til skerðingar á fjárfestingu þarf gjaldskrá að hækka um 7% í ársbyrjun 1993 til að endar nái saman í rekstrinum.

7 Lánsfjármál

7.1 Innlendur lánamarkaður

Jafnvægi á lánamarkaði á þessu ári hefur verið betra en á undanförnum tveimur árum. Ástæða þess er að verulega hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn. Minni ásókn í lánsfé ætti að öðru jöfnu að leiða til lækkunar raunvaxta, jafnvel þó að horfur séu á að peningalegur sparnaður verði ívið minni 1992 en á árinu 1991. Þessara áhrifa gætti á fyrri hluta ársins og fóru raunvextir þá lækkandi. Á síðustu mánuðum hafa raunvextir sveiflast á verðbréfamarkaði en það er fremur talið endurspegla veikleika hans en breytingar á framboði og eftirspurn. Á síðustu vikum hafa raunvextir á verðtryggðum skuldbindingum þó heldur þokast niður á við og sama gildir um vexti á óverðtryggðum skammtímabréfum.

Lánsfjáreftirspurn er talin hafa aukist um 4,2%, eða 27 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1992 í stað 12,9%, eða 68 milljarða króna á sama tíma í fyrra. Lánsfjáreftirspurn hefur þannig dregist saman 60%.

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila

Milljarðar króna á verðlagi í lok tímabils	Árslok 1991	Júnílok 1992	Hreyfing jan.-jún. 1991	Hreyfing jan.-jún. 1992
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	88,3	94,4	20,3%	6,5%
Sveitarfélög	20,5	20,0	-1,0%	-2,5%
Fyrirtæki	283,1	288,4	10,7%	1,8%
Heimili	210,9	226,7	14,6%	7,0%
Samtals	**602,8**	**629,5**	**12,9%**	**4,2%**

Lán til ríkisins jukust um 6,5% á fyrri hluta þessa árs samanborið við 20,3% á sama tíma í fyrra. Þetta sýnir glögglega þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum á árinu. Undanfarin ár og reyndar allan síðasta áratug hefur einnig verið mikil aukning á lánum til heimila. Nú virðist sem nokkuð sé að hægja á þeirri aukningu en lán til heimila jukust um 7,0% á fyrri helmingi þessa árs samanborið við 14,6% í fyrra. Lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hefur dregist enn meira saman á síðustu þremur árum. Lán til þeirra jukust einungis um 1,8% á fyrri hluta árs 1992 samanborið við tæp 11% á sama tíma í fyrra. Sveitarfélög halda áfram að greiða niður skuldir sínar og drógust lán til þeirra saman um 2,5% á fyrri hluta ársins samanborið við 1% samdrátt á sama tímabili í fyrra. Minni lánsfjáreftirspurn skýrir mjög góða lausafjárstöðu bankakerfisins. Á yfirstandandi ári hefur hún batnað um 5,1 milljarða króna.

Framboð lánsfjár. Peningalegar eignir námu 439 milljörðum króna í lok júní 1992 og höfðu aukist um 5,2% á árinu. Þar af voru kerfisbundnar eignir 231 milljarðar króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Uppsafnaður frjáls sparnaður, einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, nam 208 milljörðum króna.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 34 milljarðar króna árið 1992, þar af kerfisbundinn sparnaður um 20 milljarðar króna, eða heldur meiri en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar verður hins vegar minni en á síðasta ári, eða 14 milljarðar króna.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36 milljarðar króna á árinu 1993 eða 9,3% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar króna en sá frjálsi um 17 milljarðar króna. Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

Áætlun um peningalegan sparnað

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Milljarðar króna	1991	Áætlun 1992	Spá 1993	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Peningalegur sparnaður	418	461	503	37	34	36
Frjáls	201	221	241	20	14	17
Kerfisbundin	216	240	262	17	20	19
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu				9,7%	8,9%	9,3%

7.2 Lánsfjárþörf hins opinbera

Lánsfjárþörf hins opinbera, eins og hún er hér skilgreind, breytist svo milli ára:

Lánsfjárþörf hins opinbera

	Áætlun 1992			Áætlun 1993		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**33,7**	**18,6**	**52,3**	**32,1**	**20,1**	**52,2**
Opinberir aðilar	11,9	12,0	23,9	10,7	13,6	24,3
Ríkissjóður A-hluti	11,9	7,5	19,4	10,7	5,1	15,8
Ríkisfyrirtæki	-	3,6	3,6	-	7,5	7,5
Sveitarfélög	-	0,9	0,9	-	1,0	1,0
Opinberar lánastofnanir	21,8	6,6	28,4	21,4	6,5	27,9
Byggingarsjóðir	9,2	-	9,2	8,8	-	8,8
Húsbréf	12,0	-	12,0	12,0	-	12,0
Aðrir	0,6	6,6	7,2	0,6	6,5	7,1
Afborganir	**11,7**	**12,1**	**23,8**	**14,5**	**12,6**	**27,1**
Opinberir aðilar	4,1	9,0	13,1	4,5	9,0	13,5
Ríkissjóður A-hluti	4,1	4,5	8,6	4,5	1,8	6,3
Ríkisfyrirtæki	-	3,9	3,9	-	6,7	6,7
Sveitarfélög	-	0,6	0,6	-	0,5	0,5
Opinberar lánastofnanir	7,6	3,1	10,7	10,0	3,6	13,6
Byggingarsjóðir	3,7	-	3,7	4,7	-	4,7
Húsbréf	1,0	-	1,0	2,0	-	2,0
Aðrir	2,9	3,1	6,0	3,3	3,6	6,9
Hrein lánsfjárþörf	**22,0**	**6,5**	**28,5**	**17,6**	**7,5**	**25,1**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,7%	1,7%	7,4%	4,5%	1,9%	6,4%

Heildarlántökur hins opinbera árið 1993 eru áætlaðar um 52 milljarðar króna og afborganir 27 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð röskir 25 milljarðar króna eða um 3 milljörðum króna lægri en á þessu ári. Áformað er að afla 17,6 milljarða króna á innlendum markaði, nettó, en 7,5 milljarða króna erlendis. Á þessu ári nema hreinar lántökur innan lands 22 milljörðum króna og erlendar lántökur 6,5 milljörðum króna, nettó.

Áætlað er að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nemi 9,5 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 10,8 milljarða króna árið 1992. Halli ríkissjóðs lækkar um 2,9 milljarða króna milli ára en á móti vega auknar lánahreyfingar. Hrein lánsfjáreftirspurn húsnæðislánakerfisins, þ.e. byggingarsjóðir og húsbréfaútgáfa, er talin nema 14,1 milljarði króna á næsta ári samanborið við 16,5 milljarða í ár. Þessi lækkun milli ára stafar að langmestu leyti af hærri afborgunum á næsta ári auk þess sem nokkuð dregur úr lánveitingum sjóðanna. Lántökur Landsvirkjunar aukast verulega milli ára, aðallega vegna aukinna afborgana. Lánsfjárþörf fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna er svipuð á næsta ári og í ár svo og erlend lánsfjárþörf sveitarfélaga. Ekki er áætlað fyrir innlendri lánsfjárþörf sveitarfélaga. Ítarlega umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs er að finna í þriðja hluta þessa kafla en nánar verður greint í frumvarpi til lánsfjárlaga frá lánsfjárþörf annarra aðila.

Á undanförnum árum hefur lánsfjárþörf hins opinbera aukist mjög mikið. Hér vegur þyngst lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins og ríkissjóðs. Á þessu ári hefur tekist að snúa þessari þróun við og er útlit fyrir að hrein lánsfjárþörf hins opinbera verði um 12 milljörðum króna minni á þessu ári en 1991. Á næsta ári er útlit fyrir að enn frekar dragi úr opinberri lánsfjárþörf eins og áður er komið fram. Eftirfarandi mynd sýnir þróun opinberrar lánsfjárþarfar á tímabilinu 1986-1993:

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



7.3 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 15,8 milljarðar króna á árinu 1993. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 6,3 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða 9,5 milljarðar króna. Gangi þetta eftir hefur hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað um tæp 40% frá árinu 1991, eða úr 3,9% í 2,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992 og 1993 og skiptingu hennar:

	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	9.100	6.200
Veitt lán, nettó	1.790	3.030
Eignfærð framlög	280	370
Viðskiptareikningar	-400	-100
Hrein lánsfjárþörf	**10.770**	**9.500**
Afborganir af teknum lánum	8.585	6.300
Heildarlánsfjárþörf	**19.355**	**15.800**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1993 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.230 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 3.200 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 3.030 m.kr. á árinu 1993. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Veitt ný lán	**5.840**	**6.230**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.815	3.540
Alþjóðaflugþjónustan	480	290
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	1.150	1.300
Póst- og símamálastofnun	-	1.100
Annað, sbr. 8. gr. lánsfjárlaga	1.395	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**4.050**	**3.200**
Bundnar innlendu verðlagi	2.850	2.200
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.200	1.000
Veitt lán, nettó	**1.790**	**3.030**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í

efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 370 m.kr. á árinu 1993 samanborið við 280 m.kr. árið 1992. Aukning milli ára stafar aðallega af nýjum hlutafjárframlögum annars vegar til fyrirtækis sem tekur við hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða, sbr. 5. kafla greinargerðarinnar, og hins vegar til Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri. Framlagið til Slippstöðvarinnar er háð sameiningu fyrirtækja og fjárhagslegri endurskipulagningu þar sem Akureyrarbær og hið sameinaða fyrirtæki leggja fram hvort um sig 30 milljónir króna í nýju hlutafé. Þá er nú veitt framlag til Norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin í samræmi við ákvörðun fjármálaráðherra Norðurlanda frá því í sumar. Framlag til Alþjóðaþróunarfélagsins er vegna svokallaðar IDA-9 áætlunar og er það lokagreiðsla. Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er vegna svokallaðar ESAF-deildar.

	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Alþjóðabankinn, IBRD, Washington, DC	31	22
Alþjóðaþróunarfélagið, IDA, Washington, DC	109	107
Evrópubankinn, EBRD, London	49	48
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	25	32
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	15	22
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	6
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	3
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	-	11
Hlutafélag sem tekur við hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða.	-	25
Slippstöðin hf., Akureyri	-	30
Annað	42	64
Samtals	**280**	**370**

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingagjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr á árinu 1993. Á móti vegur 600 m.kr. greiðsla frá Byggingarsjóði ríkisins. Hér er um að ræða 1.500 m.kr. lán sem ríkissjóður veitti sjóðnum á árinu 1991 til uppgjörs á skuld hans við Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að 900 m.kr. greiðist í ár og 600 m.kr. lokagreiðsla verði á næsta ári. Í heild verður því innstreymi umfram útstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs 100 m.kr. á árinu 1993.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 6,3 milljarðar króna árið 1993 samanborið við 8,6 milljarða króna á þessu ári. Afborganir af erlendum lánum eru áætlaðar um 1,8 milljarðar króna í stað 4,5 milljarða króna á árinu 1992, en þýskt lán að fjárhæð 75 milljón mörk kom til greiðslu á þessu ári. Innlausn spariskírteina hækkar milli ára en hún var með allra minnsta móti í ár. Afborganir af öðrum innlendum lánum lækka verulega milli ára. Hér vegur þyngst að á þessu ári kemur til lokagreiðslu vegna yfirtekinna skulda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Yfirlit á næstu síðu sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs af lánum á árunum 1992 og 1993:

	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr
Innlausn spariskírteina	1.100	2.850
Önnur innlend lán	2.985	1.650
Erlend lán	4.500	1.800
Samtals	**8.585**	**6.300**

7.4 Lánsfjáröflun ríkissjóðs

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993 nemur um 9,5 milljörðum króna. Miðað er við að lánsfjárþörf sem svarar til áætlaðs halla ríkissjóðs, þ.e. 6,2 milljörðum króna, verði mætt á innlendum lánamarkaði. Þess sem eftir stendur, 3,3 milljarða króna, verður aflað með erlendu lánsfé. Tímasetning og skipting lántöku á innlendan og erlendan markað mun ráðast af aðstæðum.

Í áætlun Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að peningalegur sparnaður á árinu 1993 verði um 36 milljarðar króna. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemur samkvæmt þessu 44% af innlendum sparnaði á næsta ári samanborið við 57% í ár. Heildarlántökur ríkissjóðs innan lands eru áætlaðar 10,7 milljarðar króna og nemur tæpum 30% af innlendum sparnaði samanborið við 35% í ár. Mismunurinn er fenginn með erlendri lántöku. Eftirfarandi mynd sýnir heildarlánsfjárþörf og heildarlántökur ríkissjóðs á innlendum markaði sem hlutfall af árlegri aukningu peningalegs sparnaðar á tímabilinu 1986-1993. Jafnframt er sýndur peningalegur sparnaður á þessu tímabili sem hlutfall af landsframleiðslu:

Innlendur sparnaður og lántökur ríkissjóðs



Samsetning lánsfjáröflunar. Á allra síðustu árum hefur hlutdeild skammtímabréfa, þ.e. ríkisvíxla og ríkisbréfa, aukist mjög í heildarlánsfjáröflun ríkissjóðs. Í september stóð stofn ríkisvíxla í 17,5 milljörðum króna og hafði aukist um rúma 9 milljarða króna frá áramótum. Til samanburðar má geta þess að stofninn var um 0,7 milljarðar króna í árslok 1988. Þá hafa ríkisbréf selst fyrir um 2,7 milljarða króna það sem af er árinu en þessi tegund verðbréfa kom fyrst á markað síðla árs 1990. Á sama tíma hefur útgáfa spariskírteina - einu langtímabréfa ríkissjóðs - dregist verulega saman og sala þeirra rétt hrokkið fyrir innlausn eldri spariskírteina. Þetta er óæskileg þróun þar sem skammtímabréfin kalla á stöðuga endurfjármögnun og stofn þeirra getur sveiflast niður á við með litlum fyrirvara og vaxtakjör gjörbreyst. Á seinasta ársfjórðungi 1991 voru t.d. leystir inn víxlar fyrir um 3 milljarða króna umfram sölu nýrra víxla á sama tímabili. Áhersla verður lögð á að auka hlutdeild langtímafjármögnunar í lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Vextir ákvarðaðir á markaði. Á miðju þessu ári ákvað fjármálaráðherra að vextir af ríkisverðbréfum skyldu framvegis ráðast í útboðum í stað þess að vera fyrir fram ákveðnir af stjórnvöldum. Með þessu er vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum færð til markaðarins og því stigið veigamikið skref frá beinum afskiptum af vaxtaákvörðun í landinu. Jafnframt er fjármagnsmarkaðurinn með þessu styrktur til þess að mæta aukinni samkeppni við innlend sem erlend verðbréf. Í þessum útboðum geta löggilt verðbréfafyrirtæki, löggiltir verðbréfamiðlarar og bankastofnanir gert tilboð í tiltekna upphæð verðbréfa með ákveðinni ávöxtunarkröfu. Fyrstu verðbréfin sem seld voru samkvæmt þessu fyrirkomulagi voru *ríkisbréf*. Ákveðið hefur verið að bjóða út *ríkisvíxla* frá og með október og stefnt er að útboðum *spariskírteina* innan tíðar.

Fyrsta útboðið á *ríkisbréfum* fór fram 10. júní sl. og hafa þau verið haldin mánaðarlega síðan. Samtals hafa verið seld bréf fyrir um 2,7 milljarða króna og hafa vextir sem þau bera farið lækkandi. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður þessara útboða:

Dagsetning útboðs	Heildar-tilboð m.kr.	Fjöldi bjóðenda	Tekin tilboð m.kr	Fjöldi tekinna boða	Meðal-ávöxtun %
10. júní	982	67	506	32	11,5
29. júní	934	71	550	47	11,4
29. júlí	968	83	550	63	11,1
26. ágúst	848	73	550	54	11,1
29. september	730	66	500	54	10,6

Yfirdráttarheimild í Seðlabanka afnumin. Ríkissjóður hefur um langt árabil haft yfirdráttarheimild á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka Íslands til að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Heimild til yfirdráttar í Seðlabanka þegar erfiðlega hefur gengið að afla lánsfjár innan lands hefur sætt vaxandi gagnrýni enda talið valda þenslu á peningamarkaði. Fyrr á þessu ári ákvað fjármálaráðherra að hverfa sem fyrst frá þessu fyrirkomulagi. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkar aðgang ríkissjóðs að yfirdrætti í Seðlabankanum við 3 milljarða króna á þessu ári. Um næstu áramót er stefnt að því að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þannig kynni ríkissjóður strax á næsta ári að þurfa að mæta allri lánsfjárþörf sinni á markaði.

8 Breytt framsetning ríkisreiknings og fjárlaga

8.1 Inngangur

Fjármálaráðherra ákvað á árinu 1990 að beita sér fyrir heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Verkefnið er unnið á vegum ríkisreikningsnefndar en hún starfar á grundvelli fyrrnefndra laga og er fjármálaráðherra til ráðgjafar um málefnið. Nefndin er skipuð sex mönnum frá helstu bókhalds- og hagskýrslustofnunum ríkisins, þ.e. ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra og fulltrúum Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis er formaður nefndarinnar.

Lög nr. 52/1966, um bókhald ríkisins og gerð fjárlaga, eru að meginstofni óbreytt frá upphafi. Á árinu 1985 voru þó gerðar breytingar á lögunum. Annars vegar voru Endurlán ríkisins og almannatryggingakerfið fært úr B-hluta yfir í A-hluta ríkissjóðs. Hins vegar varð með breytingunni skilgreind efnisskipan og þingleg meðferð lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar. Grunnur laganna er því nokkuð gamall og mörg ákvæði þeirra standast fyllilega tímans tönn en önnur eru úrelt. Frá því lögin voru sett hafa orðið miklar framfarir á sviði bókhalds og reikningsskila. Gerðar eru ríkari kröfur en áður til þess að reikningsskil einkafyrirtækja séu skýr og að þau gefi á hverjum tíma glögga mynd af rekstri og stöðu þeirra. Athygli hefur einnig beinst að reikningsskilum opinberra aðila og er talsverð umræða nú á alþjóðavettvangi um uppgjörstilhögun ríkissjóða og samræmingu á framsetningu reikningsskila opinberra aðila ólíkra þjóða. Bakgrunn endurskoðunarinnar má þannig bæði rekja til almennra viðhorfa um nauðsyn breyttra reikningsskila svo og til þarfarinnar að samræma framsetningu uppgjörs ríkisins hér við alþjóðlegar aðferðir. Vísa má í þessu samhengi til umræðna sem orðið hafa að undanförnu um ríkisfjármál þar sem ólíkar uppgjörsaðferðir hafa leitt til mismunandi og misvísandi niðurstöðu um fjármál ríkisins. Alþingi og almenningi hefur því verið gert ómögulegt að átta sig á umfangi og niðurstöðu ríkisfjármála. Það er nauðsynlegt að skilgreina þessi uppgjörsform þannig að fullt traust sé borið til uppgjörs og framsetningar ríkisfjármála. Einnig þarf að setja upplýsingar um ríkisfjármál fram með aðgengilegri og skýrari hætti en nú er þannig að þau gefi betri yfirsýn um umfang ríkisins, áhrif þeirra á peningamarkaðinn og efnahagskerfið og auðveldi samanburð áætlana og útkomu. Loks má nefna að viðleitni þjóða til að draga úr umsvifum ríkisrekstrar og bæta nýtingu opinberra fjármuna hefur leitt til áherslubreytinga og áætlanagerðar. Þá er spurt: hverju skilar ríkisreksturinn m.t.t. þess fjár sem til hans er veitt? Alþjóðlegar reglur í þessu sambandi spretta af auknu samstarfi á alþjóðavettvangi þar sem kröfur eru gerðar til þess að uppgjör ríkisfjármála sé samræmt og að tölur milli landa séu samanburðarhæfar. Í því samhengi má t.d. nefna viðleitni til að meta umfang ríkisrekstrar og skattbyrði. Á vegum OECD hefur starfshópi verið falið að draga saman nýjungar í uppgjörsmálum ríkissjóða meðal aðildarlandanna. Nýsjálendingar, sem hafa verið brautryðjendur í breytingum á ýmsum sviðum opinberra fjármála, eru leiðandi í þessu starfi. Hugmyndir sem eru í mótun hjá ríkisreikningsnefnd falla vel að þessu starfi.

Ríkisreikningsnefnd ákvað að skipta þessu starfi á fjóra verkefnahópa sem hver um sig skyldi fjalla um afmarkað svið. Þessir hópar hafa nú allir skilað tillögum til nefndar-

innar sem þar eru til umfjöllunar. Verður nánar gert grein fyrir efni þeirra hér á eftir en í lokin er sýndur talnalegur samanburður á uppgjöri samkvæmt núgildandi uppgjörshætti og miðað við frumtillögur að breytingu.

8.2 Vinnuhópur 1 - Uppgjör og framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Verkefni vinnuhópsins er skipt í þrjá meginflokka. Hér verður einkum fjallað um fyrsta þáttinn sem lýtur að skilgreiningu á uppgjöri og framsetningu. Annað atriðið tekur til þess hvort færa skuli raunvexti í uppgjöri ríkissjóðs. Í uppgjöri vaxta nú er sambland nafnvaxta óverðtryggðra lána, raunvaxta verðtryggðra lána og vaxta af lánum í erlendri mynt. Til athugunar er hvort færa eigi aðeins raunvexti til gjalda. Í því samhengi þarf að taka afstöðu til þess hvaða verðmælikvarða eigi að nota og hvernig slíkt uppgjör fellur að alþjóðlegum skilgreiningum. Ekki liggja fyrir endanlegar tillögur um þennan þátt. Þriðja atriðið tekur til framsetningar yfirlita í ríkisreikningi, uppgjörs B-hluta fyrirtækja og efnahagsreiknings A- og B-hluta. Vinna við þessa síðasttöldu þætti er skemmra á veg komin.

Allt frá setningu laga um bókhald ríkisins árið 1966 hefur ríkissjóður verið gerður upp með tvennum hætti. Annars vegar er greiðsluuppgjör til nota innan árs og til samanburðar við greiðsluheimildir fjárlaga. Hins vegar er reikningsuppgjör[1] þar sem færðar eru áfallnar skuldbindingar tekna- og gjalda. Menn eru sammála um nauðsyn þess og telja full rök fyrir því að ríkissjóður sé gerður upp með þessum tveimur aðferðum. Hins vegar hefur framsetning uppgjöranna um sumt verið óskýr og því nauðsynlegt að skilgreina þau betur. Í lögum eru ákvæði um reikningsuppgjör ríkisreiknings en greiðsluuppgjörið byggir mest á reikningsskilavenjum.

Reikningsuppgjör. Veigamiklar breytingar voru gerðar á reikningsuppgjöri ríkissjóðs með ríkisreikningi fyrir árið 1989. Tilgangurinn með þeirri breytingu var að gefa fyllri mynd af ríkisfjármálunum. Meginbreytingin fólst í því að allar kröfur og skuldbindingar sem stofnað er til á ári hverju eru færðar til bókar án tillits til þess hvort þær hafa verið innheimtar eða komið til greiðslu á árinu. Fram til þessa höfðu ýmsar kröfur og skuldbindingar sem varða ríkissjóð samkvæmt lögum eða ákvörðunum stjórnvalda ekki komið fram í ríkisreikningi fyrr en þær voru innheimtar eða komu til greiðslu. Í ríkisreikningi hafði því gætt misræmis þar sem sumir liðir voru á reikningsgrunni en aðrir á greiðslugrunni. Veigamiklir þættir hafa þannig legið utan reikningsskila ríkissjóðs á ári hverju og því verið erfitt að fá heildarsýn yfir ríkisfjárhaginn.

Þær breytingar sem hér um ræðir snerta aðallega lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, skuldbindingar við sveitarfélög vegna sameiginlegra framkvæmda og rekstrar, vexti ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Ítarleg grein er gerð fyrir þessum breytingum í ríkisreikningi fyrir árið 1989. Þess má geta að með þessum breytingum urðu Íslendingar fyrstir þjóða ásamt Nýsjálendingum til að færa uppgjör ríkissjóðs að fullu á reikningsgrunni. Nýsjálendingar gengu reyndar lengra að því leyti að fjárfesting ríkissjóðs er færð til eignar og afskrifuð í ríkisreikningi. Með því móti telja þeir að fáist betri samanburður við reikningsskil einkafyrirtækja.

---

[1] Þetta uppgjörsform er jöfnum höndum kallað rekstraruppgjör eða reikningsuppgjör. Hér verður notað heitið reikningsuppgjör en það hugtak er víðara og nær yfir báða meginþætti þessa uppgjörsforms, þ.e. að lýsa raunverulegu rekstrarumfangi ríkisins og gera grein fyrir eigna- og skuldastöðu.

Greiðsluuppgjör og framsetning fjárlaga. Lagðar hafa verið fram tillögur um breytta framsetningu fjárlaga til samræmis við ríkisreikning. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni komi fram í fjárlögum. Að öðrum kosti næst ekki yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars. Eftir sem áður verða fjárlög að sýna innheimtar tekjur og greiðslur úr ríkissjóði. Ákvarðanir Alþingis heimila greiðslur en þær ráða mestu um umsvif ríkisaðila á fjárhagsárinu. Raunhæfri stjórn og eftirliti með útgjöldum ríkisins verður ekki við komið nema fjárlög beri beinlínis með sér ákvarðanir um greiðsluheimildir. Þá má benda á að peningaleg áhrif ríkisfjármálanna koma fram í greiðsluhreyfingum ríkissjóðs.

Á þessum forsendum lagði vinnuhópurinn til að framsetningu fjárlaga yrði breytt þannig að í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni eins og verið hefur verði þau sett fram bæði á greiðslugrunni og reikningsgrunni. Í þessu felst að hvort tveggja verði lagt fram og afgreitt, greiðslur á árinu vegna viðkomandi fjárlagaliða og skuldbindingar sem þeim tengjast. Greiðslugrunnurinn er þar skilgreindur sem hreint sjóðsstreymi, en reikningsgrunnurinn nær yfir allar kröfur og skuldbindingar á fjárhagsárinu eins og fram kemur í ríkisreikningi. Í tillögunum er reynt að halda til haga báðum uppgjörsaðferðum því að þær þjóna hvor um sig ákveðnum tilgangi, en breytingunni er ætlað að tengja saman og skýra frávikið milli þeirra. Fullt samræmi verður því milli fjárlaga og ríkisreiknings.

Til skýringar á þessu má taka yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð um 1.500 m.kr. sem gerð var árið 1990. Það ár kemur skuldbindingin að fullu til gjalda í ríkisreikningi. Aftur á móti fóru engar greiðslur fram, enda sótt um greiðsluheimild þegar að afborgun lánsins kom.

Samstaða er í ríkisreikningsnefnd um meginefni þessara tillagna. Hins vegar á eftir að útfæra í smáatriðum hvernig haga beri framsetningu þessara upplýsinga í fjárlögum.

8.3 Vinnuhópur 2 - Flokkun og skilgreining ríkisaðila

Verkefni vinnuhópsins var að fjalla um flokkun og framsetningu ríkisaðila í ríkisreikningi og fjárlögum og gera tillögur um skiptingu ríkisútgjalda í málaflokka. Vinnuhópurinn leitaði meðal annars fyrirmynda erlendis frá, einkum í staðla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Sameinuðu þjóðanna. Í grófum dráttum skiptast tillögur vinnuhópsins í fjóra meginþætti. Í fyrsta lagi eru settar fram markvissar skilgreiningar á ríkisaðilum og lögð drög að flokkun þeirra hér á landi. Í öðru lagi er skipting ríkisútgjalda á málaflokka sem miðar að því að samræma framsetningu fjárlaga, ríkisreiknings og þjóðhagsreikninga. Í þriðja lagi eru tillögur um breytta stofnana- og viðfangsefnaskiptingu almannatrygginga þar sem dreginn er fram gleggri skipting útgjaldanna en nú. Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um bókhaldslega meðferð ábyrgða A-hluta ríkissjóðs utan efnahags.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir þessum hugmyndum.

Skilgreiningar ríkisaðila. Með ríkisaðilum er átt við starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda eða er í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti, þ.e. ráðuneyti, ríkisstofnanir, fyrirtæki, sjóði og fjármálastofnanir. Tillögur liggja fyrir um eftirfarandi flokkun þeirra:

A-hluti. Ríkissjóður og ríkisstofnanir. Almennt miðast skilgreining A-hluta ríkissjóðs við starfsemi ráðuneyta og ríkisstofnana, þar með taldar tilfærslur til ýmissa aðila

hagkerfisins, sem eru að stærstum hluta fjármagnaðar af skatttekjum ríkissjóðs. Þessi regla er þó ekki einhlít. Þannig eru einnig taldar stofnanir til A-hluta stofnanir sem að fullu eru fjármagnaðar með sértekjum samkvæmt gjaldskrá. Hér um að ræða stofnanir sem settar eru á fót til að framfylgja ákveðinni lagasetningu og aðrar sem hafa nánast það hlutverk eitt að þjóna öðrum ríkisaðilum.

B-hluti. Sjóðir ríkisins. Hér er svo til eingöngu um að ræða lána- og styrktarsjóði nátengda ríkissjóði. Ráðstöfunarfé þessara sjóða er ýmist myndað af eigin fé, með lánsfé eða framlögum frá öðrum eins og ríkissjóði. Fjármagnið er síðan endurlánað á kjörum sem háð eru ákvörðun stjórnvalda hverju sinni. Flokkun sjóða í B-hluta ræðst af því hvort afskipti stjórnvalda af starfseminni eru mikil eða útlánakjör hans ekki í samræmi við þau sem tíðkast á markaðnum hverju sinni.

C-hluti. Ríkisfyrirtæki. Fyrirtækin eru að fullu í eigu ríkisins og starfa á markaði, ýmist í samkeppni við aðra eða í skjóli einokunar. Afskipti stjórnvalda af starfseminni beinist aðallega að gjaldskrám þeirra, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga.

D-hluti. Fjárfestingarlánastofnanir ríkisins. Hér er einkum um að ræða opinberar lánastofnanir sem annast fjáröflun til atvinnuveganna og lána út á ríkjandi kjörum á fjármagnsmarkaðnum hverju sinni. Til þessara lánastofnana þarf að hafa verið stofnað með lagasetningu og þeim kosnar eða skipaðar stjórnir. Í flestum tilvikum eru skuldbindingar lánastofnananna með ríkisábyrgð. Árlega er fjallað um starfsemi þeirra í lánsfjáráætlun og við afgreiðslu lánsfjárlaga eru þeim settar skorður til erlendrar lántöku með ríkisábyrgð.

E-hluti. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins. Þessi fyrirtæki starfa á svipuðum grundvelli og ríkisfyrirtæki í C-hluta. Aðgreining þeirra frá C-hluta fyrirtækjum ræðst eingöngu af því að þau eru í sameign ríkisins með öðrum. Bein afskipti stjórnvalda af ákvörðunum viðkomandi fyrirtækja eru fremur sjaldgæf, en þeim er yfirleitt kosin stjórn á Alþingi eða í hana skipað af framkvæmdavaldinu.

F-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins. Mikilvægt er að greina á milli fjármálastofnana ríkisins og annarra opinberra aðila vegna ólíkra hlutverka sem þær hafa. Hér teljast viðskiptabankar ríkisins og aðrar fjármálastofnanir.

Framsetning fjárlaga og ríkisreiknings. Með framangreindum skilgreiningum á ríkisaðilum verða allnokkrar breytingar á þeirri flokkun sem hér hefur viðgengist. Markmiðið með nýju reglunum er að marka skýrari línur við flokkun ríkisaðila. Þannig verði flokkun nýrra aðila ávallt lögð fyrir ríkisreikningsnefnd til endanlegrar ákvörðunar.

Frumvarp til fjárlaga og fjárlög. Tillögurnar sem gerðar hafa verið hafa í för með sér nokkra fjölgun aðila í A-hluta ríkissjóðs, einkum vegna tilflutnings ýmissa stofnana úr B-hluta ríkissjóðs í A-hluta. Lagt er til að í fjárlögum hverju sinni verði sýnd fjármál A-, B- og C-hluta aðila. Í reynd eru þeir ríkisaðilar sem hér falla undir flestir þeir sömu og í núverandi framsetningu A- og B-hluta fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir að í greinargerð fjárlagafrumvarps verði umfjöllun um fjármál D-, E- og F-hluta aðila. Þar verði fjallað um fjármál ríkisins í víðari skilningi og þau dregin fram með markvissum hætti. Við afgreiðslu lánsfjárlaga þurfa slíkar upplýsingar einnig að liggja fyrir.

Ríkisreikningur. Í ríkisreikningi komi fram reikningar A-, B- og C-hluta aðila á sama hátt og í fjárlögum. Sýnt verði samræmd yfirlit fyrir þessa aðila á svipaðan hátt og gert hefur verið í ríkisreikningi til þessa. Þessu til viðbótar er lagt til að sýndar verði í ríkisreikningi lykiltölur úr ársreikningum aðila í D-, E- og F-hluta, svo sem gjöld, tekjur, fjárfesting, eignir, skuldir (þar af erlendar skuldir), eigið fé og eignarhlutdeild ríkissjóðs.

Þetta fyrirkomulag myndi tryggja að mikilvægum upplýsingum úr ársreikningum allra ríkisaðila væri haldið til haga og þær gerðar aðgengilegar á einum stað. Um leið gefa þær raunhæfa vísbendingu um umfang ríkisins. Jafnframt getur þurft að breyta lögum um ríkisbókhald þannig að sjálfseignarstofnanir og aðrir aðilar sem þetta varðar verði ótvírætt skyldaðir til að afhenda ríkisbókhaldi ársreikninga sína.

Breytt framsetning innan A-hluta. Vinnuhópurinn lagði fram tillögur sem sýna ítarlegustu sundurliðun útgjalda eftir fjárlagaliðum og málaflokkum. Annars vegar kemur fram sundurliðun á útgjöldum ríkissjóðs í málaflokka innan ráðuneyta og hins vegar flokkun sem sýnir þversnið af öllum útgjöldum ríkissjóðs til viðkomandi málaflokks óháð ráðuneytum. Fyrrnefnda flokkunin þjónar betur framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings en hin síðarnefnda gerð þjóðhagsreikninga.

Þá leggur vinnuhópurinn til breytingar á framsetningu stofnana og viðfangsefna almannatrygginga í fjárlögum og ríkisreikningi. Um þennan málaflokk hefur lítið verið fjallað í þessum ritum miðað við umfang hans í opinberum útgjöldum. Við mat á útgjöldum til tryggingamála er jafnan stuðst við mun sundurgreindari gögn og um þau fjallað í greinargerð fjárlagafrumvarps. Því er lagt til að sýnd verði meiri sundurliðun þeirra en nú er.

Ábyrgðir A-hluta ríkissjóðs utan efnahags. Margvísleg álitamál tengjast ábyrgðum ríkissjóðs þar sem þær koma ekki fram með beinum hætti í efnahagsreikningi A-hluta. Ábyrgðirnar og áhætta ríkissjóðs af þeim er mjög mismunandi eftir því hvaða aðilar eiga í hlut. Í fyrsta lagi má hér nefna beinar ríkisábyrgðir þar sem sérstöku ábyrgðargjaldi er ætlað að mæta áföllum. Í annan stað eru beinar ríkisábyrgðir án ábyrgðargjalds sem þjóna oft félagslegum markmiðum, t.d. húsbréf. Í þriðja lagi eru óbeinar ábyrgðir vegna stofnana sem ríkið ber eigandaábyrgð á. Verulegar ábyrgðir hvíla á ríkissjóði vegna þessa, einkum þó vegna ríkisbanka og sjóða. Loks eru óbeinar ábyrgðir ríkissjóðs vegna fyrirtækja sem ríkissjóður ber takmarkaða ábyrgð á. Í þeim tilvikum takmarkast ábyrgð ríkissjóðs við hlutafjáreign. Eðlilegt er að gerð sé grein fyrir ábyrgðunum í heild sinni í ríkisreikningi líkt og í reikningum peningastofnana. Ennfremur er sjálfgefið að gjaldfæra í ríkisreikningi ábyrgðir sem falla á ríkissjóð. Að mati hópsins er skynsamlegt að færa greiðslur af þessu tagi þegar þær eiga sér stað nema um sé að ræða bersýnilega tapaðar ábyrgðir sem ætti að færa strax og fullvissa er fengin um tapið.

Helstu álitamál um meðferð ábyrgða ríkissjóðs tengjast þeim sjóðum sem ríkisvaldið stýrir beinlínis og ber ótakmarkaða ábyrgð á. Vandinn felst í mjög miklum áhrifum ríkisvalds á fjárhag viðkomandi sjóða eins og húsbyggingarsjóðanna, Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.s.frv. Hér ráða Alþingi eða stjórnvöld öllu í senn, fjárframlögum ríkissjóðs til sjóðanna, vaxtakjörum útlána, endurgreiðslum höfuðstóls, endurgreiðslutíma o.fl. Augljóst samband er á milli ákvarðana um þessa þætti. Ákveði stjórnvöld að sjóðirnir skuli veita lán með lægri vöxtum en á markaði myndast halli hjá viðkomandi sjóði sem fyrr eða síðar verður að mæta með fjárframlögum úr ríkissjóði. Ákvarðanir um framlög af þessu tagi hafa bein áhrif á fjárhag sjóðanna. Hins vegar er hvorki í ríkisreikningi A-hluta eða í ársreikningum sjóðanna sýnt hvort þeir geta staðið við framtíðarskuldbindingar miðað við staðfest útlánakjör á viðkomandi ári.

8.4 Vinnuhópur 3 - Flokkun ríkissjóðstekna

Vinnuhópnum var falið að gera tillögur um breytta flokkun tekna ríkissjóðs með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum. Jafnframt var honum falið að endurskoða framsetningu

tekna í ríkisreikningi og fjárlögum samkvæmt greiðslu- og reikningsuppgjöri. Verkefninu var skipt í þrjá þætti, athugun á heildarflokkun ríkissjóðstekna, meðferð bótagreiðslna og flokkun sértekna og þjónustugjalda. Auk þess hefur samhengi reiknings- og greiðsluuppgjörs verið til skoðunar. Horft var til þeirra uppgjörsaðferða og flokkunar tekna sem notaðar eru á alþjóðavettvangi en þar er áherslan fyrst og fremst lögð á hagrænt eðli skattstofna og skiptingu milli einstaklinga og lögaðila.

Helstu tillögur. Meginniðurstaða vinnuhópsins er að rétt sé að breyta framsetningu og flokkun tekna ríkissjóðs í ríkisreikningi og fjárlögum til samræmis við þær uppgjörsaðferðir sem notaðar eru á alþjóðlegum vettvangi. Þessar flokkunaraðferðir hafa verið teknar upp í flestum OECD-ríkjum. Að mati vinnuhópsins gefur þessi flokkun mun gleggri mynd af uppbyggingu skattkerfisins og áhrifum þess á einstaka þætti efnahagslífsins en hefðbundin uppsetning fjárlaga og ríkisreiknings hérlendis. Með þessari samræmingu telur hópurinn að framsetning ríkisfjármála verði markvissari, skýrari og um leið aðgengilegri fyrir alla aðila sem um ríkisfjármál fjalla.

Í þessu felst að horfið verði frá hinni hefðbundnu þrískiptingu tekna í beina skatta, óbeina skatta og aðrar tekjur. Þess í stað verði tekin upp skipting tekna ríkissjóðs í fjóra meginflokka, skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, tekjur af sölu eigna og fjárframlög og fjármagnstilfærslur. Skatttekjur skiptast síðan í sex undirflokka, þ.e. skatta á tekjur og hagnað, tryggingagjöld, launaskatta, eignarskatta, skatta á vöru og þjónustu og aðra skatta. Með þessu fæst gleggri mynd af heildarumsvifum ríkisfjármála, auk þess sem þessi breyting auðveldar talnalegan samanburð milli landa.

Veigamesta breyting frá núgildandi tilhögun samkvæmt tillögunni er að bótagreiðslur sem koma til útborgunar úr ríkissjóði verða færðar á gjaldahlið en ekki dregnar frá tekjum eins og verið hefur. Þannig verða barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur færðar til gjalda. Flokkun ýmissa afsláttarliða, svo sem sjómannaafsláttar og endurgreiðslna virðisaukaskatts haldast hins vegar óbreytt enda eru þeir taldir hluti af skattkerfinu. Þó er rétt að þessir liðir komi sérstaklega fram á tekjuhlið.

Gert er ráð fyrir að framsetningu og flokkun tekna einstakra ríkisstofnana og fyrirtækja verði breytt í samræmi við flokkunarkerfi OECD/IMF. Með þessu verða ýmsir tekjuliðir sem hingað til hafa verið flokkaðir sem sértekjur einstakra stofnana og ríkisfyrirtækja færðir framvegis á tekjuhlið ríkissjóðs, ýmist sem beinar skatttekjur eða sem aðrar rekstrartekjur. Tekjuflokkunin er þannig þríþætt í eðli sínu, þ.e. í fyrsta lagi skatttekjur og öðru lagi aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs, en hvort tveggja færist á tekjuhlið í A-hluta ríkissjóðs. Í þriðja lagi eru sértekjur einstakra stofnana sem hvorki teljast skatttekjur né beinar tekjur ríkissjóðs heldur tilheyra einstökum stofnunum og fyrirtækjum og koma til frádráttar kostnaði á gjaldahlið. Þau atriði sem ráða mestu um flokkun ríkissjóðstekna eru í hve miklum mæli þjónusta kemur á móti álögðum gjöldum og hvort gjaldið er lögþvingað eða ekki. Rétt er að undirstrika að í tillögum tekjuhópsins er ekki gert ráð fyrir formbreytingum í innheimtu og ráðstöfun sértekna heldur einungis breytta flokkun í ríkisreikningi og fjárlögum.

Áhrif tillagnanna. Tillögur vinnuhópsins hafa veruleg áhrif á tekju- og gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknings. Þannig verða heildartekjur og heildargjöld ríkissjóðs 15,5 milljörðum króna hærri samkvæmt tillögunum en fram kemur í fjárlögum fyrir árið 1992. Þyngst vegur gjaldfærsla ýmissa bótagreiðslna í tekjuskatti einstaklinga og tilfærsla á sértekjum frá gjaldahlið.

Helstu breytingar

	M.kr.
Barnabætur	4.410
Vaxta- og húsnæðisbætur	2.800
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1.100
Sértekjur A-hluta stofnana	3.842
Sértekjur B-hluta stofnana	2.250
Sértekjur ýmissa sjóða í ríkiseign	1.083
Samtals	**15.485**

Sú hækkun sem fram kemur á tekjum og gjöldum ríkissjóðs vegna breyttrar flokkunar er einungis formbreyting og breytir að sjálfsögðu engu um raunverulega skattbyrði eða afkomu ríkissjóðs. Heildaráhrifin á tekjuhlið eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Áhrif tillagnanna - heildaryfirlit

Í milljónum króna	Fjárlög 1992	Tillaga	Mismunur
Heildartekjur	**105.463**	**120.948**	**15.485**
- Skatttekjur	97.303	108.186	10.883
- Aðrar tekjur	8.160	12.762	4.602
Hlutfall af landsframleiðslu, %			
Heildartekjur	27,4	31,4	4,0
- Skatttekjur	25,3	28,1	2,8
- Aðrar tekjur	2,1	3,3	1,2

Engar breytingar verða á niðurstöðutölum um hreina lánsfjárþörf ríkissjóðs. Hins vegar gæti orðið tilfærsla milli rekstrar- og lánahreyfinga þar sem nýja flokkunin gerir greinarmun á færslu tekna af sölu eigna eftir eðli þeirra þannig að halli á rekstrarreikningi gæti orðið meiri.

8.5 Vinnuhópur 4 - Um framkvæmd fjárlaga

Verkefni þessa vinnuhóps var að kanna hvernig setja mætti skýrari reglur um framkvæmd fjárlaga. Til grundvallar starfinu átti hópurinn að leggja frumvarp um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem lagt hafði verið fram á Alþingi og samkomulag orðið um að vísa til umfjöllunar í ríkisreikningsnefnd. Vinnuhópurinn hefur skilað áliti þar sem gert er ráð fyrir að sett verði sérstök ákvæði um framkvæmd fjárlaga sem felld verði inn í lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Jafnframt taldi vinnuhópurinn æskilegt að í lögunum væru dregnar skýrari línur um verkefni og valdsvið löggjafans og framkvæmdavalds.

8.6 Niðurstöður

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir starfi og tillögum vinnuhópanna en þær eru nú til umfjöllunar í ríkisreikningsnefnd. Áformað er að ljúka þessu starfi fyrir árslok 1993 og leggja þá fram heildartillögu um breytt uppgjör fjárlaga og ríkisreiknings ásamt nauðsynlegum lagabreytingum. Til þess að gefa einhverja hugmynd um áhrif þessara breytinga er í meðfylgjandi yfirliti stillt upp helstu niðurstöðum miðað við fjárlög 1992.

Fjárreiður ríkissjóðs 1992
samkvæmt greiðsluuppgjöri og rekstraruppgjöri

Milljónir króna	Reiknings-uppgjör (1)	Breyting áfallinna tekna og gjalda (2)	Greiðslu-hreyfingar (3)	Fjárlög, hefð-bundin framsetning (4)	Frávik frá greiðslu-grunni (5)
1. Tekjur	**122.278**	**1.330**	**120.948**	**105.463**	**15.485**
Skatttekjur	109.366	1.180	108.186	97.302	10.889
Aðrar tekjur	9.312	150	9.162	5.202	3.960
Sala eigna	1.550	150	1.550	1.075	493
Framlög og tilfærslur	2.050	-	2.050	1.884	166
2. Rekstrargjöld	**115.055**	**1.408**	**113.647**	**97.702**	**15.946**
Rekstrargjöld, nettó	47.089	-	47.089	41.082	6.007
Viðhald	2.795	-	2.795	2.795	-
Fjármagnskostnaður	10.960	1.060	9.900	9.900	-
Neyslu- og rekstrartilfærslur	54.911	348	53.863	43.925	9.938
3. Rekstrarjöfnuður	**7.223**	.	.	.	.
4. Til fjárfestingar	**11.593**	**-900**	**12.493**	**11.873**	**620**
Stofnkostnaður	7.215	400	6.815	6.815	-
Veittar fjármagnstilfærslur	4.378	-1.300	5.678	5.058	620
5. Jöfnuður tekna og gjalda	**-4.370**	.	.	.	.
6. Veitt lán, nettó	395	-	395	395	-
Veitt lán	4.545	-	4.545	4.545	-
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4.150	-	-4.150	-4.150	-
7. Hluta- og stofnfjárframlög, nettó	280	-	280	280	-
8. Viðskiptareikningar, nettó	-150	250	-400	-400	-
9. Skuldbindingar án greiðslna	-1.400	-1.400	-	-	-
10. Hrein lánsfjárþörf	**3.495**	**-1.972**	**5.467**	**4.387**	**1.080**
11. Afborganir af teknum lánum	9.892	1.972	7.920	9.000	1.080
12. Heildar lánsfjárþörf	**13.387**	**-**	**13.387**	**13.387**	**-**
13. Lántökur	**13.400**	**-**	**13.400**	**13.400**	**-**
Innlendar lántökur	6.970	-	6.970	6.970	-
Erlendar lántökur	6.430	-	6.430	6.430	-
14. Greiðslujöfnuður, sjóðbreyting	**13**	**-**	**13**	**13**	**-**

Í töflunni er 1. gr. fjárlaga ársins 1992 stillt upp með þrennum hætti. Fyrst er uppgjör á reikningsgrunni með áföllnum tekjum og gjöldum (dálkur 1), þá er greiðsluuppgjör samkvæmt nýrri skilgreiningu (dálkur 3) og loks er til samanburðar sýnd niðurstaða fjárlaga eftir hefðbundinni framsetningu (dálkur 4). Í dálkum 2 og 5 kemur fram annars vegar mismunur greiðslu- og reikningsuppgjörs miðað við nýja skilgreiningu og hins vegar frávik hefðbundinnar framsetningar greiðsluuppgjörs og greiðsluuppgjörs samkvæmt nýrri skilgreiningu.

Eins og taflan ber með sér eru áhrifin mest vegna breyttra skilgreininga á tekjuhlið eins og hún er nú. Breytt flokkun einstakra stofnana ríkisins hefur hins vegar óveruleg áhrif á A-hluta ríkissjóðs en því meiri áhrif á það sem liggur utan hans og lagt er til að verði tekið með í víðari skilgreiningu á starfsemi ríkisins í ríkisreikningi.

Þannig hækkar tekjuhlið greiðsluuppgjörs um 15,5 milljarða króna vegna tilfærslu ýmissa frádráttarliða yfir á gjaldahlið sem hækkar að sama skapi. Auk þess er tilfærsla af lánahlið yfir í gjöld vegna yfirtekinna skuldbindinga fyrri ára. Heildarniðurstaðan er því sú að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs hækkar um rúmlega 1 milljarð króna frá hefðbundnu fjárlagauppgjöri.

Hrein lánsfjárþörf samkvæmt reikningsuppgjöri, þ.e. að teknu tilliti til skuldbindinga ríkissjóðs á árinu, mælist aftur á móti 2 milljörðum króna lægri en í greiðsluuppgjörinu, hvort tveggja samkvæmt nýjum skilgreiningum. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ársins 1989 var ítarlega fjallað um muninn á greiðslu- og reikningsuppgjöri og frávik þar á milli skýrð.

Jafnframt er vakin athygli á því að í greiðsluuppgjöri er hugtakið rekstrarjöfnuður tekna og gjalda ekki notað þar sem það lýsir greiðslum sem ekki er víst að eigi við gjöld ársins. Lánsfjárþörf er heldur víðtækara hugtak og gefur fyllri mynd af afkomu ríkissjóðs og áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið en rekstrarafkoman. Þetta er í samræmi við það sem tíðkast í öðrum löndum, en þar er gjarnan miðað við hreina lánsfjárþörf sem mælikvarða á hvort sem er afkomu ríkissjóðs eða opinbera búskaparins í heild.

Að lokum er rétt að leggja áherslu á að hér eru á ferðinni mjög viðamiklar breytingar á framsetningu ríkisfjármála sem snerta marga aðila sem um þau fjalla. Það á ekki síst við um Alþingi þar sem í tillögunum felst breytt skilgreining á uppgjöri ríkissjóðs og framsetningu þeirra heimilda sem löggjafinn veitir framkvæmdavaldinu. Strax á vinnslustigi þykir rétt að kynna þetta málefni fyrir hlutaðeigandi aðilum.

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1984-1993 378
2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1984-1993 379
3. Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum 1984-1993 380
4. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1984-1993 381
5. Markaðar ríkissjóðstekjur 1993 382
6. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1992-1993 383
7. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1992-1993 384
8. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1992-1993 385
9. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1992-1993 ... 386
10. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1984-1993 387

II Fjárfesting

11. Fjárfesting 1991-1993 388
12. Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður 1991-1993 389
13. Opinberar framkvæmdir 1991-1993 390
14. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1993 390
15. Samgönguframkvæmdir 1993 391
16. Opinberar byggingar 1993 391
17. Opinberar framkvæmdir 1984-1993 392

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

18. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1989-1993 393
19. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1993 394
20. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1993 395
21. Byggingarsjóður ríkisins 1991-1993 396
22. Byggingarsjóður ríkisins-Húsbréfadeild 1991-1993 396
23. Byggingarsjóður verkamanna 1991-1993 397

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

24. Greiðslujöfnuður við útlönd 1991-1993 398
25. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1984-1993 399
26. Flokkun erlendra langtímalána 1984-1993 400

IV Efnahagsmál

27. Verðlags- og launaþróun 1984-1993 401
28. Þjóðhagsyfirlit 1984-1993 402
29. Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða 1984-1993 403
30. Utanríkisviðskipti 1984-1993 404

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Tekjur	22 093	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 040	104 790
Gjöld	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	112 140	110 990
Rekstrarafkoma	**660**	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-9 100**	**-6 200**
Veitt lán, nettó	...	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-1 790	-3 030
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 280	- 370
Viðskiptareikningar, nettó	...	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	400	100
Hrein lánsfjárþörf	...	...	**-2 729**	**-5 521**	**-8 183**	**-7 499**	**-7 170**	**-14 648**	**-10 770**	**-9 500**
Innlend lántaka	...	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	8 565	6 200
Ný lán	...	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	11 900	10 700
Afborganir	...	...	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 335	-4 500
Erlend lántaka	...	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	3 000	3 300
Ný lán	...	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	7 500	5 100
Afborganir	...	...	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 500	-1 800
Seðlabanki Íslands, nettó	...	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 750	-
Greiðsluafkoma	...	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**45**	**-**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	25,2	24,2	24,1	23,7	25,5	26,2	26,3	26,1	26,8	26,9
Gjöld	24,5	26,1	25,4	25,1	28,3	28,2	27,6	29,4	29,2	28,5
Rekstrarafkoma	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0	-1,3	-3,3	-2,4	-1,6
Hrein lánsfjárþörf	...	...	-1,7	-2,7	-3,2	-2,5	-2,0	-3,8	-2,8	-2,4
Greiðsluafkoma	...	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,6	0,0	0,0

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Beinir skattar	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 055**	**19 723**
Einstaklingar	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 408	15 834
Fyrirtæki	788	876	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 647	3 889
Óbeinir skattar	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 095**	**76 953**
Innflutnings- og vörugjöld	4 277	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 150	8 389
Virðisaukaskattur/söluskattur	7 689	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 600	41 350
Hagnaður ÁTVR	1 202	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 650	6 500
Launa- og tryggingagjöld	1 509	2 019	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 500	9 450
Bifreiðagjöld [1]	1 042	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 155	7 410
Aðrir skattar	1 338	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 040	3 854
Aðrar tekjur	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 890**	**8 114**
Vaxtatekjur	1 893	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 230	3 905
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	268	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 660	4 209
Heildartekjur ríkissjóðs	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 040**	**104 790**
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,3	2,8	3,5	3,0	3,7	4,3	5,0	5,0	5,2	5,1
Óbeinir skattar	19,5	19,1	18,7	19,3	20,2	20,0	19,5	19,4	19,6	19,8
Skatttekjur	**22,8**	**21,9**	**22,1**	**22,3**	**23,9**	**24,3**	**24,5**	**24,4**	**24,8**	**24,9**
Aðrar tekjur	2,5	2,3	2,0	1,4	1,5	1,9	1,8	1,7	2,1	2,1
Heildartekjur ríkissjóðs	**25,2**	**24,2**	**24,1**	**23,7**	**25,5**	**26,2**	**26,3**	**26,1**	**26,8**	**26,9**

[1] Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Almenn mál	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**	**11 158**	**11 498**
Almenn þjónusta og löggæsla	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527	10 103	10 362
Utanríkisþjónusta	231	284	381	475	559	702	958	1 130	1 055	1 136
Félagsmál	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**	**67 755**	**68 285**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619	16 891	16 909
Heilbrigðismál	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628	17 781	18 253
Velferðarmál	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838	33 083	33 123
Atvinnumál	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**	**21 030**	**18 900**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	1 756	2 338	2 992	3 547	6 521	8 502	8 908	10 426	10 875	7 407
Sjávarútvegur	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240	1 139	789
Iðnaðar- og orkumál	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259	976	1 017
Samgöngur	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525	7 656	9 234
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	481	384	452
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**	**12 196**	**12 307**
Gjöld samtals	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**112 140**	**110 990**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	10,0	10,4
Félagsmál	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	60,4	61,5
Atvinnumál	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	18,8	17,0
Ýmis mál	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	10,9	11,1

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 4 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

	Rekstrargrunnur					Greiðslugrunnur				
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986 [1]	1987	1988	1989	1990 [2]	1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Æðsta stjórn ríkisins	192	285	347	526	670	825	1 052	1 090	1 076	1 044
Forsætisráðuneyti	117	135	183	197	426	897	731	778	340	329
Menntamálaráðuneyti	3 181	4 982	6 577	8 579	11 848	13 556	15 144	17 357	16 679	16 695
Utanríkisráðuneyti	299	353	496	693	834	1 009	1 322	1 540	1 452	1 466
Landbúnaðarráðuneyti	917	1 472	1 763	2 034	3 036	3 889	3 621	5 426	5 906	7 477
Sjávarútvegsráðuneyti	350	923	1 053	1 225	1 548	2 123	923	1 040	698	568
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1 080	1 675	2 069	2 849	3 625	3 987	4 536	5 022	5 196	5 377
Félagsmálaráðuneyti	718	1 817	2 381	2 251	3 157	3 009	3 760	4 977	5 230	4 977
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	7 805	11 289	15 131	21 004	27 517	32 313	39 765	45 095	45 670	46 432
Fjármálaráðuneyti	3 090	4 391	5 538	6 851	10 283	12 534	12 099	15 374	15 214	15 255
Samgönguráðuneyti	2 165	2 546	3 022	3 673	4 765	5 770	7 118	7 589	7 788	9 406
Iðnaðarráðuneyti	1 129	1 235	1 295	1 905	1 372	1 453	1 205	1 303	1 031	1 068
Viðskiptaráðuneyti	883	1 063	1 413	1 740	4 253	4 596	5 478	5 224	5 213	171
Hagstofa Íslands	15	24	40	57	81	95	110	142	144	144
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-	-	-	34	533	504	581
Samtals	21 941	32 190	41 308	53 584	73 415	86 056	96 899	112 487	112 140	110 990

[1] Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr.. Sú tala er undanskilin í ofangreindu uppgjöri.

[2] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem olli auknum útgjöldum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Markaðar ríkissjóðstekjur 1993

Milljónir króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	60	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		60
Skemmtanaskattur	80	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		8
Menningarsjóður félagsheimila		8
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		64
Miðagjald í Menningarsjóð	12	
Menningarsjóður		-
Sérstakur eignarskattur	338	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu		338
Félagsmálaráðuneyti:		
Erfðafjárskattur	330	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		330
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Samúðarskeyti Landsímans	9	
Landspítalinn, minningarsjóður		9
Hluti gjalds af einkasöluvörum	7	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	425	
Framkvæmdasjóður aldraðra		425
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	275	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		275
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 160	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 385	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	515	
Vegagerð ríkisins		5 716
Vitagjald	45	
Vitastofnun Íslands		45
Skipaskoðunargjald	60	
Siglingamálastofnun ríkisins		60
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	179	
Ferðamál sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985		68
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	77	
Rafmagnseftirlit ríkisins		68
Markaðir tekjustofnar, alls	7 956	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		7 474
Skerðing markaðra tekjustofna		482

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1992	Frumvarp 1993
Einstaklingar og ýmis samtök:	**33 048**	**33 751**
Lífeyristryggingar	14 889	15 190
Sjúkratryggingar	9 083	9 730
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280	1 964
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220	1 710
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1 497	1 350
Uppbætur á lífeyri	1 200	875
Slysatryggingar	547	555
Niðurgreiðsla á rafhitun	341	347
Þjóðleikhús	254	300
Alþjóðastofnanir	230	283
Framlög til lista	275	273
Þróunarmál	178	263
Lífeyrissjóður bænda, lög nr. 50/1984	162	151
Eftirlaunasjóður aldraðra	128	128
Kvikmyndasjóður	92	111
Sinfóníuhljómsveit Íslands	99	102
Sauðfjárveikivarnir	201	87
Jöfnun á námskostnaði	84	85
Niðurgreiðsla á húshitun	-	80
Íþróttamál	74	67
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	60	61
Vinnumál	54	39
Ríkisábyrgð á launum	100	-
Fyrirtæki og atvinnuvegir:	**8 513**	**6 256**
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu og framlag í Framleiðnisjóð	7 602	5 523
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	494	294
Lífeyrissjóður bænda, mótframlag	270	185
Markaðsátak í löndum EES	-	100
Búnaðarfélag Íslands	80	79
Héraðssambönd og kynbótastöðvar	67	75
Annað:	**2 364**	**1 891**
Samtals	**43 925**	**41 898**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1992	Frumvarp 1993
Stofnkostnaður	**6 815**	**8 213**
Vegagerð án þéttbýlisvega	2 883	4 297
Almennir framhaldsskólar	353	453
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	470	400
Sjúkrahús í Reykjavík	505	399
Framkvæmdasjóður fatlaðra	320	350
Þjóðarbókhlaða	335	338
Flugvellir	312	335
Háskóli Íslands	252	180
Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	76	164
Þjóðminjasafn	12	112
Embætti sýslumanna	146	105
Fasteignir ríkissjóðs	262	95
Bessastaðir	82	82
Löggæslustofnanir og öryggismál	78	70
Annað	729	833
Fjármagnstilfærslur	**5 058**	**4 931**
Byggingarsjóður verkamanna	1 075	961
Hafnamál	965	939
Uppgjör við sveitarfélög	400	405
Ferjur og flóabátar	278	330
Ríkisábyrgðir	550	320
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	-	300
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	330	270
Framkvæmdasjóður aldraðra	277	265
Vegagerð í þéttbýli	276	224
Byggðastofnun	180	170
Rannsóknasjóður	110	115
Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins	130	115
Framlög skv. lögum um jarðrækt og búfjárrækt	149	108
Ferðamál, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985	68	68
Orkusjóður	77	62
Byggingarsjóður rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna	74	60
Annað	119	219
Framlög til fjárfestinga samtals	**11 873**	**13 144**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 8 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Fjárlög 1992	Frumvarp 1993	Breyting m.kr.	Breyting %
51	Launagjöld	8 043	8 236	193	2,4
54-58	Önnur rekstrargjöld	8 852	8 642	- 210	-2,4
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 899	10 780	- 119	-1,1
571	Fjármagnskostnaður	6 283	7 093	810	12,9
51-57	Viðhald	1 337	1 429	92	6,9
593	Afskriftir	3 368	2 795	- 573	-17,0
59	Yfirfærslur	2 399	3 453	1 054	43,9
5,8	Gjöld samtals	41 181	42 428	1 247	3,0
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 086	38 773	- 313	-0,8
48	Fjármunatekjur	4 619	4 643	24	0,5
4910	Framlög ríkissjóðs	6 130	5 995	- 135	-2,2
49	Aðrar tekjur	1 631	1 510	- 121	-7,4
4,7	Tekjur samtals	51 466	50 921	- 545	-1,1
	Mismunur	10 285	8 493	-1 792	-17,4
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	11 161	10 257	- 904	-8,1
18	Fjárfesting	3 147	3 754	607	19,3
26	Afborganir lána	7 074	7 411	337	4,8
59	Arðgreiðslur í ríkissjóð	-	934	934	-
59	Önnur skil í ríkissjóð	7 397	7 243	- 154	-2,1
	Annað	1 896	740	-1 156	-61,0
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	4 552	4 134	- 418	-9,2
19	Afskriftir	3 368	2 795	- 573	-17,0
26	Tekin lán	11 749	13 966	2 217	18,9
39	Ráðstöfun eigin fjár	10 285	8 493	-1 792	-17,4
	Fjárvöntun	-	428	428	-
	Annað	720	523	- 197	-27,4

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 9 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	1992	1993	1992	1993	1992	1993
22-211 Háskólabíó	-	-	3,6	10,2	-	22,5
22-233 Rannsóknasjóður	110,0	115,0	-	-	-	-
22-235 Vísindasjóður	20,0	25,0	-	-	-	-
22-276 Byggingarsj. rannsókna í þágu atv.v.	74,0	60,0	37,5	-	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	1,0	1,0	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220,0	1 710,0	15,0	15,0	2 815,0	3 540,0
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	113,0	172,0	-	-
22-973 Þjóðleikhúsið	254,0	300,0	-	12,0	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	99,0	102,0	2,0	-	-	-
22-976 Menningarsjóður	6,0	-	-	-	-	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	18,0	18,0	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavík	-	-	4,0	4,5	-	-
24-221 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	-	60,0	42,5	-	-
24-245 Laxeldisstöðin Kollafirði	34,0	30,0	3,6	1,7	-	-
24-272 Einangrunarstöð í Hrísey	7,1	-	-	-	-	-
24-281 Jarðeignir ríkisins og jarðasjóður	130,0	115,0	126,0	110,4	-	-
25-272 Ranns.st. sjávarútvegsins, bygging	25,0	25,0	60,0	60,0	-	-
26-731 Kristnisjóður	18,1	18,3	-	-	-	-
26-732 Kirkjubyggingasjóður	1,0	1,0	-	-	-	-
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	-	-	15,0	10,0	2 785,0	2 290,0
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	1 075,0	961,0	-	-	5 640,0	6 691,0
28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280,0	1 964,0	-	-	-	-
28-311 Ríkisspítalar, þvottahús	-	-	-	4,1	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	2,5	2,5	-	-	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	70,0	30,0	-	-
29-102 Lyfjaverslun ríkisins	-	-	63,9	20,4	-	-
29-103 Innkaupastofnun ríkisins	-	-	1,7	1,7	-	-
29-402 Fasteignamat ríkisins	-	34,0	-	26,5	-	-
29-931 Arnarhvoll	-	-	6,5	6,2	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	550,0	320,0	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnun	-	-	1 380,0	2 250,0	-	1 100,0
30-211 Vegagerð ríkisins, þjónustumiðstöðvar	-	-	240,0	246,0	-	-
30-332 Hafnabótasjóður	90,0	90,0	-	-	-	-
30-471 Alþjóðaflugþjónustan	55,0	57,7	486,0	242,0	480,0	290,0
31-231 Sementsverksmiðja ríkisins	-	-	20,0	20,0	29,0	32,8
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	420,0	450,0	-	-
31-371 Orkusjóður	79,2	64,2	-	-	-	-
Samtals	**6 129,9**	**5 994,7**	**3 146,8**	**3 754,2**	**11 749,0**	**13 966,3**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 10 Veitt og tekin lán ríkissjóðs[1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Tekin lán	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 784**	**130 308**	**144 500**	**156 500**
Seðlabanki Íslands	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	1 000	-	-
Spariskírteini	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 308	40 400	43 000
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	1 470	4 700	10 000
Ríkisvíxlar	-	-	-	931	725	5 892	8 142	8 030	12 600	13 000
Aðrir innlendir aðilar	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 100	12 000	11 500
Erlend lán	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 778	70 400	74 800	79 000
Lánveitingar	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**61 600**	**64 100**	**68 200**
Veitt lán	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 600	40 000	43 700
þar af lán tengd innlendu verðlagi	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 100	24 000	24 200
þar af gengisbundin lán	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 500	16 000	19 500
Viðskiptareikningar, nettó	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	24 000	24 100	24 500
Tekin lán umfram lánveitingar	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 726**	**68 708**	**80 400**	**88 300**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	47,0	47,3	44,4	43,6
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,8	33,6	37,5	40,2
þar af erlend lán	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,0	18,4	19,5	20,3
Veitt lán	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	9,6	9,7	10,4	11,2
þar af gengisbundin lán	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,5	4,0	4,2	5,0
Viðskiptareikningar, nettó	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,3	6,1	6,2	6,3
Tekin lán umfram lánveitingar	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,9	17,8	20,9	22,7

1) Langtímaskuldbyndingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

II Fjárfesting

Tafla 11 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Fjárfesting alls	**72 700**	**64 800**	**63 800**	**3,0**	**-13,7**	**-4,5**
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	4 740	1 240	1 220	-4,2	-74,6	-4,0
Innflutt skip og flugvélar	6 300	5 500	4 200	-24,1	-16,1	-27,0
Útflutt skip og flugvélar	- 150	- 400	- 420	-	-	-
Önnur fjárfesting	61 810	58 460	58 800	5,6	-8,3	-2,4
Atvinnuvegir	**31 300**	**26 850**	**25 000**	**2,0**	**-17,2**	**-10,2**
Landbúnaður [2]	1 890	1 740	1 700	9,5	-11,1	-5,0
Fiskveiðar	2 600	4 280	4 000	2,0	58,3	-10,0
Fiskvinnsla	1 410	1 400	1 300	-24,1	-3,7	-10,0
Álverksmiðja	900	410	740	-8,8	-55,8	77,0
Járnblendiverksmiðja	40	30	30	-71,4	-27,5	-3,0
Annar iðnaður	5 750	5 370	5 300	25,4	-10,0	-5,0
Flutningatæki	9 240	5 100	3 800	-6,4	-46,9	-29,0
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 330	4 000	3 680	-13,8	-10,0	-10,0
Ýmsar vélar og tæki	5 140	4 520	4 450	21,5	-15,0	-5,0
Íbúðarhús	**15 900**	**15 400**	**14 600**	**-5,0**	**-6,0**	**-9,0**
Opinberar framkvæmdir	**25 500**	**22 550**	**24 200**	**10,2**	**-14,1**	**5,3**
Rafvirkjanir og rafveitur	5 800	2 600	2 400	12,9	-56,5	-9,0
Hita- og vatnsveitur	1 450	1 650	1 500	-19,8	10,5	-14,0
Þar af hitaveitur	730	950	900	-34,8	26,3	-13,9
Samgöngumannvirki	9 450	9 700	12 100	23,7	-0,3	22,0
Byggingar hins opinbera	8 800	8 600	8 200	2,6	-5,1	-6,0

1) Magnbreytingar 1991 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1992 og 1993 á verðlagi fyrra árs.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 12 Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður

	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Verg landsframleiðsla, milljónir króna	**383 438**	**384 099**	**388 971**
Heildarfjárfesting, milljónir króna	**72 700**	**64 800**	**63 800**
Atvinnuvegir	31 300	26 850	25 000
Íbúðarhús	15 900	15 400	14 600
Opinberar framkvæmdir	25 500	22 550	24 200
Heildarfjárfesting sem hlutfall af VLF, %	**19,0**	**16,9**	**16,4**
Atvinnuvegir	8,2	7,0	6,4
Íbúðarhús	4,1	4,0	3,8
Opinberar framkvæmdir	6,7	5,9	6,2
Heildarfjárfesting, hlutfallsleg skipting	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Atvinnuvegir	43,1	41,4	39,2
Íbúðarhús	21,9	23,8	22,9
Opinberar framkvæmdir	35,1	34,8	37,9
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára, %	**1,5**	**-2,7**	**-0,5**
Heildarfjárfesting, magnbreyting milli ára, %	**3,0**	**-13,7**	**-4,5**
Atvinnuvegir	2,0	-17,2	-10,2
Íbúðarhús	-5,0	-6,0	-9,0
Opinberar framkvæmdir	10,2	-14,1	5,3
Sem hlutfall af VLF, %			
Heildarsparnaður	14,4	13,7	13,1
- Heildarfjárfesting	-19,0	-16,9	-16,4
- Birgðabreytingar	-0,3	-0,3	-
Mismunur = viðskiptajöfnuður	**-5,0**	**-3,5**	**-3,3**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 13 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1991		
	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Rafvirkjanir og rafveitur	5 800	2 600	2 400	5 800	2 524	2 284
Þar af Landsvirkjun	3 800	800	730	3 800	777	695
Hitaveitur	730	950	900	730	922	794
Vatnsveitur	720	700	600	720	680	577
Vegir og brýr	2 600	2 690	4 297	2 600	2 612	4 132
Götur og holræsi	3 350	3 210	3 220	3 350	3 116	3 096
Hafnir og vitar	1 520	1 410	1 500	1 520	1 369	1 442
Flugvellir [1]	530	810	583	530	786	561
Póstur og sími, útvarp	1 450	1 580	2 500	1 450	1 534	2 321
Skólar og íþróttamannvirki	2 950	3 200	3 200	2 950	3 107	3 077
Sjúkrahús	1 920	1 900	1 700	1 920	1 845	1 635
Félagsheimili og kirkjur	280	350	350	280	340	337
Aðrar byggingar hins opinbera	3 650	3 150	2 950	3 650	3 058	2 837
Samtals	**25 500**	**22 550**	**24 200**	**25 500**	**21 893**	**23 093**

1) Þar af Alþjóðaflugþjónustan 200 m. kr. 1991, 500 m.kr. 1992 og 248 m.kr 1993.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Raforku- og rafveitufframkvæmdir 1993

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántaka
Landsvirkjun	730 [1]	-	-	730
Almennar framkvæmdir RARIK	450	-	450	-
Dreifikerfi í sveitum	19	19	-	-
Orkubú Vestfjarða	100	-	100	-
Framkvæmdir sveitarfélaga	1 101	-	1 101	-
Samtals	**2 400**	**19**	**1 651**	**730**

1) Án vaxta á byggingartíma.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1993

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Vegir og brýr	4 297	2 497	-	1 800
Götur og holræsi	3 220	224	2 996	-
Hafnir og vitar	1 500	939	561	-
Flugvellir	335	335	-	-
Póstur og sími, útvarp [1]	2 500	-	1 400	1 100
Alþjóðaflugþjónustan	248	58	-	190
Samtals	**12 100**	**4 053**	**4 957**	**3 090**

[1] Póst- og símamálastofnun 2 250 m.kr., hljóðvarp og sjónvarp 250 m.kr.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Opinberar byggingar 1993

Milljónir króna	Spá um fjárfestingu	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Skólar og íþróttamannvirki	3 200	1 000	2 200	-
Sjúkrahús	1 700	1 100	600	-
Félagsheimili og kirkjur	350	15	335	-
Aðrar opinberar byggingar	2 950	1 200	1 750	-
Samtals	**8 200**	**3 315**	**4 885**	**-**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 17 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Rafvirkjanir og rafveitur	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 880	5 800	2 600	2 400
Hitaveitur	457	663	630	690	1 330	1 970	1 040	730	950	900
Vatnsveitur	113	208	210	240	320	370	605	720	700	600
Vegir og brýr	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 600	2 690	4 297
Götur og holræsi	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 350	3 210	3 220
Hafnir og vitar	214	232	206	508	785	913	960	1 520	1 410	1 500
Flugvellir	220	431	712	1 528	388	521	340	530	810	583
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	472	552	802	1 115	752	905	1 005	1 450	1 580	2 500
Skólar og íþróttamannvirki	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 200	3 200
Sjúkrahús	401	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 900	1 700
Félagsheimili og kirkjur	88	182	292	149	189	217	280	280	350	350
Aðrar byggingar hins opinbera	232	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	2 950
Samtals	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 655**	**25 500**	**22 550**	**24 200**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,5	22,7	11,5	9,9
Hitaveitur	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,8	2,9	4,2	3,7
Vatnsveitur	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	2,8	2,8	3,1	2,5
Vegir og brýr	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,6	10,2	11,9	17,8
Götur og holræsi	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	11,8	13,1	14,2	13,3
Hafnir og vitar	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,4	6,0	6,3	6,2
Flugvellir	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,1	3,6	2,4
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,6	5,7	7,0	10,3
Skólar og íþróttamannvirki	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	12,6	11,6	14,2	13,2
Sjúkrahús	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,9	7,5	8,4	7,0
Félagsheimili og kirkjur	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,3	1,1	1,6	1,4
Aðrar byggingar hins opinbera	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	16,1	14,3	14,0	12,2
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 18 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
1 Eigið framlag	**12 806**	**15 014**	**20 600**	**23 950**	**27 600**
Afborganir og vextir	13 044	15 130	21 200	24 250	28 200
Annað, nettó	- 238	- 116	- 600	- 300	- 600
2 Framlög, nettó	**6 729**	**7 607**	**8 400**	**8 750**	**9 000**
Iðgjöld	11 870	13 454	14 900	15 750	16 300
Lífeyrisgreiðslur	-5 120	-5 833	-6 500	-7 000	-7 300
Annað, nettó	- 21	- 14	-	-	-
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5+6)	**19 535**	**22 621**	**29 000**	**32 700**	**36 600**
4 Útlán og verðbréfakaup	**18 696**	**22 642**	**29 000**	**32 700**	**36 600**
Byggingarsjóðir	10 650	10 300	10 730	...	...
Húsbréf	-	2 100	5 220	...	...
Önnur útlán	8 046	10 242	13 050	...	...
5 Sjóðsbreyting	**586**	**- 87**	**-**	**...**	**...**
6 Aðrar greiðslur, netto	**253**	**66**	**-**	**...**	**...**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 19 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1993

Milljónir króna	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnutr.d.-Byggðast.	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**8 389**	**9 095**	**4 760**	**2 320**	**2 000**	**6 255**	**4 155**	**1 960**	**2 345**	**-3 810**	**37 469**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	50	-	-	-	190	-	**240**
Innheimtar afborganir	2 745	440	2 870	800	150	1 895	1 170	665	720	-2 120	**9 335**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	2 120	-	-	-	-	-	-	-2 120	**-**
hjá öðrum	2 745	440	750	800	150	1 895	1 170	665	720	-	**9 335**
Innheimtir vextir	3 194	511	1 875	650	500	1 860	500	580	400	-1 690	**8 380**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	1 690	-	-	-	-	-	-	-1 690	**-**
hjá öðrum	3 194	511	185	650	500	1 860	500	580	400	-	**8 380**
Tekin lán	2 290	6 691	-	650	1 300	2 500	2 300	700	700	-	**17 131**
innlend lán	2 290	6 691	-	100	1 300	-	100	100	400	-	**10 981**
erlend lán	-	-	-	550	-	2 500	2 200	600	300	-	**6 150**
Framlög og skatttekjur	-	1 011	-	170	-	-	175	-	330	-	**1 686**
frá ríkissjóði	-	961	-	170	-	-	-	-	-	-	**1 131**
frá sveitarfélögum	-	50	-	-	-	-	-	-	-	-	**50**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	175	-	330	-	**505**
Aðrar tekjur	160	442	15	50	-	-	10	15	5	-	**697**
Útstreymi:	**8 389**	**9 095**	**4 760**	**2 320**	**2 000**	**6 255**	**4 155**	**1 960**	**2 345**	**-3 810**	**37 469**
Sjóðsaukning	-	-	640	-	-	205	-	350	-	-	**1 195**
Rekstrarkostnaður	123	215	90	130	20	250	200	75	65	-	**1 168**
Fjárfesting	10	-	-	30	-	-	10	-	100	-	**150**
Greiddar afborganir	3 650	1 099	1 950	700	1 310	3 300	1 400	145	580	-2 120	**12 014**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	370	-	900	450	-	400	-2 120	**-**
til annarra innl. aðila	3 650	1 099	250	85	1 310	1 100	670	105	180	-	**8 449**
til erlendra aðila	-	-	1 700	245	-	1 300	280	40	-	-	**3 565**
Greiddir vextir	3 721	1 590	2 080	420	670	1 650	655	365	900	-1 690	**10 361**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	80	110	500	200	-	800	-1 690	**-**
til annarra innl. aðila	3 721	1 590	715	70	560	750	20	75	100	-	**7 601**
til erlendra aðila	-	-	1 365	270	-	400	435	290	-	-	**2 760**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	10	-	-	-	**10**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	90	-	-	**90**
Veitt lán og styrkir	420	6 191	-	970	-	850	1 880	935	700	-	**11 946**
Annað	465	-	-	70	-	-	-	-	-	-	**535**

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 20 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1993

Milljónir króna	Eigin fjáröflun			Lántökur			
	Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innistæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Innlend lán	Erlend lán	Samtals	Útlán og styrkir
Fjárfestingarlánasjóðir alls	**-5 916**	**- 955**	**1 686**	**10 981**	**6 150**	**17 131**	**11 946**
Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunnar	-1 350	50	-	1 300	-	1 300	
Byggingarsjóður ríkisins	-1 870	-	-	2 290	-	2 290	420
Byggingarsjóður verkamanna	-1 511	-	1 011	6 691	-	6 691	6 191
Byggðastofnun	150	-	170	100	550	650	970
Framkvæmdasjóður	640	- 640	-	-	-	-	-
Fiskveiðasjóður	-1 445	- 205	-	-	2 500	2 500	850
Iðnlánasjóður	- 595	-	175	100	2 200	2 300	1 880
Iðnþróunarsjóður	585	- 350	-	100	600	700	935
Stofnlánadeild landbúnaðarins	- 520	190	330	400	300	700	700

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 21 Byggingarsjóður ríkisins

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Innstreymi	**10 873**	**9 109**	**8 082**
Ríkissjóður	-	-	-
Lífeyrissjóðir	4 982	3 385	2 290
Skyldusparnaður, nettó	- 163	- 220	- 307
Skammtímalán hjá ríkissjóði o.fl.	300	-	-
Afborganir, vextir og verðbætur	5 289	5 600	5 939
Byggingarsjóður verkamanna, endurgreiðslur	19	96	-
Húsbréfadeild, endurgreiðslur	51	58	-
Tekjur	199	190	160
Sjóðsminnkun	196	-	-
Útstreymi	**10 873**	**9 109**	**8 082**
Rekstrarkostnaður [1]	332	200	123
Afborganir, vextir og verðbætur	5 863	6 271	7 371
Uppgjör á skammtímaláni hjá ríkissjóði	-	1 500	-
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	180	170	120
Lán til húsbréfadeildar	58	-	-
Veitt lán	4 279	650	300
Annað	161	200	168
Sjóðsaukning	-	118	-

[1] Rekstrarkostnaður húsbréfadeildar meðtalinn.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 22 Byggingarsjóður ríkisins-Húsbréfadeild

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Innstreymi	**16 260**	**13 890**	**14 555**
Afborganir, vextir og verðbætur	932	1 800	2 455
Byggingarsjóður ríkisins	58	-	-
Annað	157	90	100
Húsbréf	15 113	12 000	12 000
Útstreymi	**16 260**	**13 890**	**14 555**
Afborganir, vextir og verðbætur	228	1 315	1 810
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	51	58	-
Annað	103	-	-
Sjóðsaukning	567	397	625
Keypt fasteignaveðbréf	15 311	12 120	12 120

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

III Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 23 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Innstreymi	**6 539**	**8 366**	**9 095**
Ríkissjóður	900	1 075	961
Framlag sveitarfélaga	175	315	215
Kaupendur eldri íbúða	83	75	92
Byggingarsjóður ríkisins	180	170	120
Lífeyrissjóðir	4 252	5 470	6 407
Afborganir, vextir og verðbætur	716	770	951
Verðbætur á framkvæmdalán vegna uppgjörs	185	250	307
Sjóðsminnkun	-	194	-
Annað	48	47	42
Útstreymi	**6 539**	**8 366**	**9 095**
Rekstrarkostnaður o.fl.	170	220	215
Afborganir, vextir og verðbætur	1 523	1 950	2 689
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	19	96	-
Sjóðsaukning	84	-	-
Veitt lán	4 743	6 100	6 191

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 24 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Vöruskiptajöfnuður	**-3 079**	**1 079**	**4 157**
Útfluttar vörur alls	**91 560**	**89 762**	**92 381**
Sjávarafurðir	73 236	72 475	73 555
Ál og kísiljárn	9 841	10 193	10 887
Skip og flugvélar	153	400	400
Annað	8 330	6 694	7 539
Innfluttar vörur alls	**-94 639**	**-88 683**	**-88 224**
Sérstakur vöruinnflutningur	-13 107	-12 120	-11 400
Skip og flugvélar	-6 296	-5 500	-4 200
Annað	-6 811	-6 620	-7 200
Almennur innflutningur	-81 532	-76 563	-76 824
Olía	-7 406	-6 787	-6 930
Annað	-74 126	-69 776	-69 894
Þjónustujöfnuður	**-16 221**	**-14 547**	**-17 081**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**-1 424**	**- 721**	**-1 859**
Útflutt þjónusta án vaxta	36 077	36 529	37 094
Innflutt þjónusta án vaxta	-37 501	-37 250	-38 953
Vaxtajöfnuður	**-14 797**	**-13 826**	**-15 222**
Viðskiptajöfnuður	**-19 300**	**-13 468**	**-12 924**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-5,0	-3,5	-3,3
Framlög án endurgjalds	**-301**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**17 768**	**15 470**	**9 900**
Langtímalántökur, nettó	14 572	12 780	7 500
Innkomin langtímalán, alls	29 588	31 200	31 000
Afborganir	-15 016	-18 420	-23 500
Skammtímafjármagnshreyfingar	3 196	2 690	2 400
Skekkjur og vantalið	**2 557**	**-**	**-**
Heildargreiðslujöfnuður = Breyting á gjaldeyrisstöðu	**724**	**2 002**	**-3 024**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 25 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
I. Erlend skuldastaða										
Erlend langtímalán	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 065	-179 712	-197 530	-203 200	-210 600
Erlend skammtímastaða nettó	-2 606	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-6 811	-11 444	-13 944
Gjaldeyrisstaða	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	26 844	23 844
Nettó staða við útlönd	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 353**	**-161 685**	**-179 497**	**-187 800**	**-200 700**
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	48,6	51,1	47,5	40,6	41,6	49,5	51,2	51,6	52,9	54,1
Nettó staða	49,6	52,8	45,2	40,8	42,0	46,6	46,1	46,9	48,9	51,6
II. Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	18 420	23 500
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	13 400	14 000
Samtals	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	31 820	37 500
Nettó vaxtagreiðslur	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 800	15 200
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,9	11,6	14,4	17,9
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,2	11,4	10,5	10,7
Samtals	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,1	24,8	28,6
Nettó vaxtagreiðslur	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	11,6
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,1	23,1	25,2	29,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 26 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**29 802**	**31 200**	**31 000**
Opinberir aðilar	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 721	15 690	17 600	13 600
Lánastofnanir	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 717	3 544	6 600	6 500
Einkaaðilar	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 331	14 599	10 568	7 000	10 900
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**15 056**	**18 420**	**23 500**
Opinberir aðilar	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 147	9 420	9 740
Lánastofnanir	491	658	603	455	459	630	968	1 444	2 520	3 790
Einkaaðilar	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 099	9 465	6 480	9 970
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**14 746**	**12 780**	**7 500**
Opinberir aðilar	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 428	11 543	8 180	3 860
Lánastofnanir	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 749	2 100	4 080	2 710
Einkaaðilar	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 830	7 500	1 103	520	930
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 816**	**13 400**	**14 000**
Opinberir aðilar	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 643	7 918	7 550	7 800
Lánastofnanir	449	692	806	880	1 247	2 372	2 812	2 898	2 550	2 900
Einkaaðilar	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 890	4 000	3 300	3 300
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**203 200**	**210 600**
Opinberir aðilar	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 814	111 387	116 300	120 200
Lánastofnanir	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 245	35 265	38 020	41 100	43 800
Einkaaðilar	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 496	45 633	46 807	45 800	46 600
Gengisforsendur; SDR = Krónur	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	81,8	80,0	80,0
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**6,9**	**6,7**
Opinberir aðilar	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,7	6,8	6,6
Lánastofnanir	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,0	6,6	6,7
Einkaaðilar	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,7	7,2	7,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

V Efnahagsmál

Tafla 27 Verðlags- og launaþróun

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Vísitölur (1980 = 100)										
Framfærsluvísitala	542	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 998	2 036
Byggingarvísitala	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 915
Lánskjaravísitala	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 954	1 997
Meðalgengi	448	573	659	684	781	982	1 104	1 104	1 104	1 104
Verðvísitala samneyslu	462	623	790	1 004	1 243	1 442	1 619	1 745	1 807	1 834
Verðvísitala einkaneyslu	552	732	878	1 017	1 278	1 576	1 831	1 939	2 023	2 064
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	520	681	848	1 014	1 250	1 507	1 725	1 853	1 910	1 944
Atvinnutekjur á mann	481	685	912	1 296	1 607	1 820	2 019	2 216	2 250	2 272
Ráðstöfunartekjur á mann	505	743	977	1 424	1 737	1 937	2 131	2 321	2 332	2 356
Kaupmáttur atvinnutekna	89	96	105	125	124	116	112	115	113	112
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	93	104	112	138	134	123	118	120	117	116
Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	1,9
Byggingarvísitala	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	3,9
Lánskjaravísitala	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,2	2,2
Meðalgengi	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	0,0	0,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	21,4	34,9	26,8	27,1	23,9	16,0	12,3	7,8	3,6	1,5
Verðvísitala einkaneyslu	31,8	32,6	19,9	15,9	25,7	23,3	16,2	5,9	4,3	2,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	27,6	31,1	24,5	19,6	23,2	20,6	14,5	7,4	3,1	1,8
Atvinnutekjur á mann	27,8	42,5	33,0	42,2	24,0	13,3	10,9	9,8	1,5	1,0
Ráðstöfunartekjur á mann	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	8,9	0,5	1,0
Kaupmáttur atvinnutekna	-0,9	7,6	9,6	19,7	-1,2	-6,4	-3,4	2,8	-2,1	-0,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,9	-4,6	2,0	-3,1	-0,9

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

V Efnahagsmál

Tafla 28 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
1. Einkaneysla	53 930	74 689	96 072	129 795	156 203	184 534	213 218	238 500	240 136	242 330
2. Samneysla	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	56 368	65 897	74 761	77 805	80 542
3. Fjárfesting	18 356	24 460	29 684	41 042	48 414	56 051	66 896	72 700	64 800	63 800
4. Neysla og fjárfesting alls	86 342	119 285	153 047	207 628	252 085	296 954	346 011	385 961	382 742	386 672
5. Birgðabreytingar	786	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 578	-1 787	1 233	1 000	-
6. Þjóðarútgjöld alls	**87 128**	**118 307**	**150 953**	**207 212**	**253 935**	**296 376**	**344 224**	**387 194**	**383 742**	**386 672**
7. Útflutningur vöru og þjónustu	34 295	49 534	62 888	73 085	83 548	108 335	126 003	126 931	126 291	129 475
8. Innflutningur vöru og þjónustu	33 871	48 663	55 880	73 965	84 100	99 240	119 146	131 257	125 934	127 177
9. Verg landsframleiðsla	**87 552**	**119 178**	**157 961**	**206 332**	**253 383**	**305 471**	**351 081**	**382 868**	**384 099**	**388 971**
10. Vaxtajöfnuður o.fl	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 611	-14 974	-13 826	-15 222
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	-4 130	-4 713	779	-7 083	-8 885	-4 122	-7 754	-19 300	-13 469	-12 924
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**82 998**	**113 594**	**151 732**	**200 129**	**245 050**	**292 254**	**336 470**	**367 894**	**370 274**	**373 749**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 29 Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Vísitölur (1980 = 100)										
Einkaneysla	109	114	123	143	137	131	130	138	133	131
Samneysla	120	127	136	144	150	154	160	168	169	172
Fjármunamyndun	96	98	97	115	115	105	108	111	96	92
Þjóðarútgjöld alls	**108**	**111**	**116**	**135**	**134**	**127**	**128**	**136**	**129**	**127**
Útflutningur vöru og þjónustu	105	116	124	130	126	129	128	121	120	120
Innflutningur vöru og þjónustu	104	113	115	142	135	121	122	129	120	117
Verg landsframleiðsla	**108**	**112**	**120**	**131**	**130**	**130**	**131**	**133**	**129**	**128**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	165	184	194	194	214	223	223	232	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**107**	**111**	**118**	**129**	**128**	**128**	**128**	**130**	**127**	**126**
Vergar þjóðartekjur	**104**	**107**	**116**	**131**	**129**	**126**	**126**	**130**	**125**	**123**
Breyting milli ára, %										
Einkaneysla	3,8	4,4	7,2	16,6	-4,3	-4,1	-0,6	5,6	-3,5	-1,2
Samneysla	0,2	6,2	6,9	6,1	4,2	2,4	4,1	5,2	0,5	2,0
Fjármunamyndun	9,2	2,0	-1,2	19,0	-0,6	-8,3	2,8	3,0	-13,7	-4,5
Þjóðarútgjöld alls	6,4	2,9	4,7	16,0	-1,0	-4,6	0,8	5,8	-4,9	-1,4
Útflutningur vöru og þjónustu	1,8	11,2	6,3	4,7	-3,0	2,5	-0,4	-5,9	-0,5	-0,1
Innflutningur vöru og þjónustu	7,8	8,8	1,4	23,0	4,6	-10,2	0,7	5,8	-6,8	-2,7
Verg landsframleiðsla	**4,2**	**3,8**	**6,5**	**9,2**	**-0,3**	**0,0**	**0,4**	**1,5**	**-2,7**	**-0,5**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	9,7	11,7	5,4	0,0	10,4	4,4	-0,3	0,3	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**4,0**	**3,5**	**6,5**	**9,6**	**-0,8**	**-0,2**	**0,4**	**1,6**	**-2,8**	**-0,7**
Vergar þjóðartekjur	**3,6**	**3,6**	**8,4**	**12,3**	**-1,4**	**-2,0**	**-0,2**	**2,9**	**-3,8**	**-1,5**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

V Efnahagsmál

Tafla 30 Utanríkisviðskipti

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Vöruútflutningur	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**89 762**	**92 380**
Sjávarafurðir	15 833	25 232	34 627	40 322	43 826	55 354	67 692	74 334	72 475	73 555
Ál	3 426	3 340	4 125	5 080	6 626	10 146	9 636	8 340	8 634	9 328
Kísiljárn	1 016	1 220	1 334	1 473	2 418	3 303	2 331	1 613	1 559	1 559
Annar vöruútflutningur	3 282	3 958	4 882	6 178	8 797	11 269	12 794	7 273	7 094	7 938
Vöruinnflutningur	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**88 683**	**88 223**
Skip og flugvélar	654	959	1 862	3 268	5 405	5 841	7 970	6 300	5 500	4 200
Olía	3 683	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	6 787	6 932
Annar vöruinnflutningur	19 552	27 519	35 433	48 028	52 933	60 772	71 339	80 933	76 396	77 091
Vöruskiptajöfnuður	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**1 079**	**4 157**
Útflutt þjónusta án vaxta	10 738	15 784	17 920	20 032	21 881	28 263	33 551	35 371	36 529	37 094
Innflutt þjónusta án vaxta	9 982	14 903	14 892	18 945	22 104	26 637	31 494	36 618	37 250	38 953
Þjónustujöfnuður án vaxta	**756**	**881**	**3 028**	**1 087**	**- 223**	**1 626**	**2 057**	**-1 247**	**- 721**	**-1 859**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-4 554**	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 333**	**-13 217**	**-14 611**	**-14 974**	**-13 826**	**-15 222**
Viðskiptajöfnuður	**-4 130**	**-4 713**	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 754**	**-19 300**	**-13 468**	**-12 924**
Hlutfall af VLF, %										
Vöruskiptajöfnuður	-0,4	0,0	2,5	-1,0	-0,1	2,4	1,4	-0,8	0,3	1,1
Þjónustujöfnuður án vaxta	0,9	0,7	1,9	0,5	-0,1	0,5	0,6	-0,3	-0,2	-0,5
Vaxtajöfnuður o.fl.	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,3	-4,2	-3,9	-3,6	-3,9
Viðskiptajöfnuður	-4,7	-4,0	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-5,0	-3,5	-3,3

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit um þær lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um nauðsynlegar heimildir til að breytinga á lögum til skerðingar á framlögum og til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess verður leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ákvörðun persónuafsláttar og fleiri atriða sem ekki eru tengd skattvísitölu. Endurskoðun ákvæða um skatteftirlit og skattrannsóknir. Breyting á ákvæðum um skattlagningu lögaðila o.fl.

Lög nr. 82/1991, um sérstakan skatt á verslunarhúsnæði. Framlenging núgildandi lagaákvæða.

Lög nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Breyting á skattstofni og skatthlutfalli vegna breyttra ákvæða um gengisskráningu.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Breytingar á skatthlutfalli, skattskyldu o.fl.

Lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Breyting á vörugjaldsflokkum o.fl.

Frumvarp til laga um vörugjald á ökutæki, eldsneyti o.fl. Vörugjald þetta kemur í stað tolla og annarra aðflutningsgjalda sem nú leggjast á þessar vörur.

Lög nr. 90/1990, um tryggingagjald. Tryggingagjald taki til ökutækjastyrkja og annarra hlunninda.

Lög nr. 3/1978, um fjáröflun til vegagerðar. Endurskoðun ákvæða um skil o.fl.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Menntamálaráðuneyti
Lög nr. 49/1991, um grunnskóla. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. og ákvæði 1. og 6. mgr. 46. gr. komi ekki til framkvæmda á árinu 1993. Í stað 1.-6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Greiðslur ríkissjóðs, sbr. 75. gr., skulu miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.-10. bekk skólaárið 1993-1994. Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar) vera reknir áfram á vegum þess þar til hægt verður í grunnskólum að veita fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma.

Lög nr. 50/1957, um Menningarsjóð og menntamálaráð. Ákvæði um að leggja Menningarsjóð niður.

Lög nr. 88/1989, þjóðminjalög. Kostnaður við húsfriðunarnefnd greiðist af Húsafriðunarsjóði.

Lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands. Heimild til innheimtu innritunar- og efnisgjalda á háskólastigi verði ótvíræð.

Landbúnaðarráðuneyti
Lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Heimild til RALA til að innheimta gjald af sölu búvéla til að standa undir prófun á þeim.

Lög nr. 55/1977, um búnaðarfræðslu. Heimild til að innheimta innritunar- og efnisgjöld hjá búnaðarskólum verði ótvíræð.

Sjávarútvegsráðuneyti
Lögð hafa verið fram frumvörp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

Dómsmálaráðuneyti
Frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir o.fl. á sviði kirkjumála. Kostnaður við tiltekin verkefni á sviði kirkjumála verði á næsta ári borin af hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti.

Lög nr. 32/1965 um hreppstjóra, verði felld úr gildi.

Lög nr. 50/1987, umferðarlög. Umferðarráð fái sértekjur frá bifreiðaskoðunarfyrirtækjum, til að standa straum af hluta kostnaðar við umferðarfræðslu.

Félagsmálaráðuneyti
Lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Taka til endurskoðunar ákvæði um skyldusparnað ungs fólks til íbúðarbygginga o.fl. atriði er snerta skipulag stofnunarinnar.

Heilbrigðisráðuneyti
Ný lög um stofnun hlutafélags um þvottahús ríkisspítalanna. Heimild til að stofna hlutafélag um þvottahús ríkisspítalanna og selja hlutabréf í hinu nýja hlutafélagi.

Ný lög í stað laga nr. 108/1984, lyfjalaga, og laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Aukið frjálsræði í sölu og dreifingu lyfja.

Lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra. Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra verði rýmkað.

Lög nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar. Heildarendurskoðun laganna.

Lög nr. 67/1971, um almannatryggingar. Tilvísanaskylda vegna komu til sérfræðings. Aukið svigrúm til útboða á þjónustu sem sjúkratryggingadeild kaupir. Eignatenging lífeyris og samræming og einföldun ýmissa sérbóta lífeyristrygginga. Endurskoðun fæðingarorlofs. Endurskoðun mæðra- og feðralauna. Flutningur slysatrygginga að hluta eða öllu leyti til almennra tryggingafélaga.

Fjármálaráðuneyti
Lög nr. 94/1976, um skráningu og mat á fasteignum. Ákvæði um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Sameining á innheimtu tryggingagjalds og staðgreiðslu af launum.

Samgönguráðuneyti
Lög nr. 6/1977, vegalög, og lög nr. 3/1987, um fjáröflun vegna vegagerðar. Rekstur og stofnkostnaður vegna ferja- og flóabáta falli undir Vegagerð ríkisins og vegaáætlun.

Tímabundin ákvæði til skerðingar fjárframlaga, eða frestunar á greiðslum:

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, renni tekjur á árinu 1992 vegna tolla- og vörugjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum í ríkissjóð árið 1993.

Listskreytingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, verði framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi hærra en 12.000 þús.kr. á árinu 1993.

Húsafriðunarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, verði framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi hærra en 10.500 þús.kr. á árinu 1993 og þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga greiðist kostnaður vegna húsafriðunarnefndar úr Húsafriðunarsjóði á árinu 1993.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, falli framlag til sjóðsins niður.

Uppgjör við sveitarfélög. Ákvæði 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Lokauppgjöri á stofnkostnaði við sveitarfélög verði frestað til ársins 1994.

Stofnlánadeild. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, leggi ríkissjóður Stofnlánadeild landbúnaðarins ekki til fé á árinu 1993.

Mat á sláturafurðum. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum

og ull, verði landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

Búfjárræktarlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, verði framlag ríkissjóðs til launa frjótækna og vegna ræktunarstöðva ekki hærra en 34.800 þús.kr. á árinu 1993.

Jarðræktarlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, verði framlag ríkissjóðs til launa héraðsráðunauta ekki hærra en 40.100 þús. kr. á árinu 1993.

Fiskveiðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, falli framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs niður á árinu 1993.

Kirkjubyggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubyggingasjóð, verði framlag ríkissjóðs ekki hærra en 1.000 þús.kr. á árinu 1993.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, falli framlag ríkissjóðs niður á árinu 1993.

Slysatryggingar. Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, falli framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga niður á árinu 1993.

Gæsluvistarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, falli framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs niður á árinu 1993.

Lyfsölusjóður. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, verði framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs ekki hærra en 900 þús.kr. árið 1993.

Hafnabótasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, verði framlag ríkissjóðs ekki hærra en 90.000 þús.kr. á árinu 1993.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79. 1985, um skipulag ferðamála, verði framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrgreindum lögum ekki hærra en 68.000 þús.kr. á árinu 1993.

Vegalög, vegaáætlun. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, renni 344 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum í ríkissjóð á árinu 1993 en verði ekki varið til vegagerðar samkvæmt vegaáætlun.

Skipulagslög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, verði mótframlag ríkissjóðs eigi hærra en 30.000 þús.kr. á árinu 1993.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1965, um eyðingu refa og minka, verði framlag ríkissjóðs vegna eyðingu refa og minka eigi hærra en 22.300 þús.kr. á árinu 1993.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð
A- og B-hluti

Bls.

A

Afleysingarþjónusta kúabænda 80
Almannavarnir ríkisins 96
Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður 30, 289
Alþingi 11, 280
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 71
Alþjóðaflugþjónusta 187, 339
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti) 231, 359
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) 72
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 72
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 72
Alþjóðaráðstefnur, utanríkisráðuneyti 65
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 90
Alþjóðasamstarf þingmanna 11
Alþjóðasamstarf, umhverfisráðuneyti 199, 344
Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO 183
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 90
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC 191
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 182
Alþjóðastofnanir, umhverfisráðuneyti 200, 344
Alþjóðastofnanir, utanríkisráðuneyti 72, 300
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 72
Alþjóðleg samskipti, menntamálaráðuneyti 63, 297
Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála 199
Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf, iðnaðarráðuneyti 191
Alþýðuskólinn Eiðum 46
Arnarhvoll (B-hluti) 227
Arnarhvoll, viðhald 180, 335
Atlantshafsbandalagið, NATO 72
Atvinnuleit fatlaðra, Austurlandi 122
Atvinnuleit fatlaðra, Norðurlandi vestra 121
Atvinnuleit fatlaðra, Reykjavík 118
Atvinnuleit fatlaðra, Suðurlandi 122
Atvinnuleit fatlaðra, Vesturlandi 120
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna 131
Atvinnuleysistryggingasjóður 131, 324
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti) 223, 356
Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni 127
Aukatekjur ríkissjóðs, kostnaður skv. l. nr. 88/1991 . . . . . 109, 313

Bls.

Á

Áburðarverksmiðja ríkisins (B-hluti) 215, 354
Áfengis- og fíkniefnamál 97
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti) 225, 357
Áfengisvarnaráð 169
Áfengisvarnir og bindindismál 169
Ár fjölskyldunnar 129
Átak í sorphirðumálum 199
Átak í vatnsorkurannsóknum 191

B

Beinar greiðslur til bænda, mjólkurframleiðsla 80, 304
Beinar greiðslur til bænda, sauðfjárframleiðsla 80, 304
Bessastaðir, mannvirkjagerð 12, 281
Bessastaðir, viðhald 11
Biskup Íslands 112
Blindrabókasafn Íslands 59
Borgarspítalinn 141, 326
Brunamálastofnun ríkisins 126
Búnaðarfélag Íslands 74, 302
Búnaðarmál, ýmis verkefni 79, 303
Búnaðarskólar 305
Búvörusamningur, framkvæmd 79, 303
Byggðastofnun 16, 282
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 86, 308
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 26, 287
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna (B-hluti) 207, 351
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 221, 355
Byggingarsjóður verkamanna 116, 316
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 221, 356
Byggingastaðlaráð 199
Bændaskólinn á Hólum 81
Bændaskólinn á Hvanneyri 81

D

Dagvist fatlaðra forskólabarna 52
Dagvist, Siglufirði 121
Dagvistun Akranesi 120
Dagvistun Keflavík 119
Dagvistun, Bjarkarási 123
Dagvistun, Lyngási 123
Dagvistun, Lækjarási 123
Dalbrautarskóli 53

Bls.
Dómkröfur ... 182
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 89, 309
Dómsmál ... 310
Dómsmál, ýmis kostnaður ... 94
Dómsmálaráðuneyti, ýmis kostnaður ... 90
Dómstólar, húsnæði og búnaður ... 94, 310
Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir ... 196
Dýralæknisbústaðir, óskipt ... 78

E

EES-samningar, kostnaður við framkvæmd ... 181, 333
EFTA-dómstóllinn ... 73, 300
Efnahags- og framfarastofnunin, OECD ... 72
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 131
Eftirlit með jurta- og dýraríki á norðurslóðum ... 199, 345
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA ... 73, 300
Einangrunarstöð í Hrísey (B-hluti) ... 216
Einholtsskóli ... 54
Einkaleyfastofan ... 189
Eiturefnaeftirlit ... 133
Eldi sjávardýra ... 87, 308
Endurgreiðslur, fjármálaráðuneyti ... 182
Endurhæfing fatlaðra, Austurlandi ... 122
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands ... 135
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri ... 135
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík ... 135
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra ... 135
Evrópska lyfjaskráin ... 143
Evrópuráðið ... 72

F

Fangahjálp ... 111
Fangamál, ýmis kostnaður ... 111
Fangavarðaskóli ... 111
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu ... 110
Fangelsið Kópavogsbraut ... 110
Fangelsið Kvíabryggju ... 111
Fangelsið Litla-Hrauni ... 110
Fangelsið Síðumúla ... 110
Fangelsisbyggingar ... 111, 314
Fangelsismál ... 313
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 110
Farsóttir, sóttvarnir og ónæmi ... 145
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf ... 70

Bls.
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 70
Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín 70, 299
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 69
Fasteignamat ríkisins 178, 334
Fasteignamat ríkisins (B-hluti) 227, 357
Fasteignir ríkissjóðs 180, 335
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) 228
Fálkaorðan 11
Ferðamálaráð 187, 340
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda 183
Ferjubryggjur 186
Ferjur og flóabátar 184, 338
Félag heyrnarlausra 118
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 72
Félagasamtök, styrkir, félagsmálaráðuneyti 128
Félagsdómur 127
Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða 117, 317
Félagsmál, ýmis starfsemi 128, 319
Félagsmálaráðuneyti 116, 315
Félagsmálaskóli alþýðu 128
Félagsstofnun stúdenta, byggingarstyrkur 26, 287
Félagsþjónusta sveitarfélaga, kostnaður skv. 15. gr. l. nr. 40/1991 128
Fiskifélag Íslands 84, 306
Fiskistofa 85, 307
Fisksjúkdóma- og eðlisfræðirannsóknahús, Keldum 19, 285
Fiskvinnsluskólinn 40
Fjármálaráðuneyti 171, 329
Fjármálaráðuneyti, ýmislegt 182, 337
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 137
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði 136
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað 138
Fjölbrautaskóli Suðurlands 34
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 32
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi 32
Fjölbrautaskólinn Ármúla 31
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki 33
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 31
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 35
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4 53
Fjölstofnarannsóknir, Hafrannsóknastofnun 84
Flensborgarskóli, fjölbraut 32
Flugbjörgunarsveitir 183
Flugeftirlitsnefnd 183, 338
Flugmálastjórn 187, 339
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 212, 353
Flugskóli Íslands 183, 338
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur (B-hluti) 213, 354
Flugvallagjöld 187, 339

Bls.
Forseti Íslands 11, 280
Forsætisráðuneyti 15, 281
Fósturskóli Íslands 40
Framhaldsskólar 288
Framhaldsskólar, almennt 30, 289
Framhaldsskóli Vestfjarða 28
Framhaldsskólinn á Húsavík 36
Framhaldsskólinn á Laugum 36
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 35
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 33
Framkvæmdaátak vegna atvinnumála, Vegagerð ríkisins 184, 338
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 179, 335
Framkvæmdasjóður aldraðra 143, 327
Framkvæmdasjóður fatlaðra 125, 318
Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar 72, 300
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 79, 303
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR 72
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 212, 353
Fríkirkjuvegur 7 58
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 72, 300
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 183
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis 51
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra 50
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra 50
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis 49
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis 49
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis 51
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis 49
Fræðsluskrifstofur 291
Fræðsluskrifstofur, almennt 51
Fullorðinsfræðsla 37
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 54
Fyrirhleðslur 76

G

GATT, hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti 72
Garðvangur, Garði 149
Garðyrkjuskóli ríkisins 82
Geislavarnir ríkisins 134, 325
Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir 199
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 135
Gistiheimili fatlaðra, Kópavogi 119
Gjaldheimta Suðurnesja 176
Gjaldheimtan í Reykjavík 176
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður 176, 231

Bls.
Gjöf Jóns Sigurðssonar 15
GPS-staðsetningarkerfi 183
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 80, 304
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 80, 304
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 125
Gróðurkortagerð 199
Grunnskólar og sérskólar 290
Grunnskólar, Austurlandi 48
Grunnskólar, almennt 51, 292
Grunnskólar, Norðurlandi eystra 48
Grunnskólar, Norðurlandi vestra 48
Grunnskólar, Reykjanesi 47
Grunnskólar, Reykjavík 47
Grunnskólar, Suðurlandi 49
Grunnskólar, Vestfjörðum 48
Grunnskólar, Vesturlandi 47
Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi 87, 309
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP 72
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs 72
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa 72
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL 72

H

Hafnabótasjóður (B-hluti) 231, 359
Hafnabótasjóður, framlag 186
Hafnaframkvæmdagjald 186
Hafnamannvirki 186, 339
Hafnamál 186
Hafrannsóknastofnun 84, 307
Hafsbotnsrannsóknir 193, 342
Hagstofa Íslands 197, 343
Hagstofa Íslands, sérstakar kannanir 197
Hagþjónusta landbúnaðarins 74, 302
Hallgrímskirkja 114
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) 205, 350
Happdrættisfé, Háskóli Íslands 18, 285
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 26, 287
Háskólabíó (B-hluti) 206
Háskóli Íslands 18, 285
Háskóli Sameinuðu þjóðanna 71
Háskólinn á Akureyri 22, 286
Hegningarhúsið í Reykjavík 110
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 62
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 130, 320
Heilbrigðiseftirlit 133
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 145, 328

Bls.
Heilsugæsla 328
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra 152
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra 152
Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi 153
Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi 153
Heilsugæslustöð Suðurnesja 167
Heilsugæslustöðin Akranesi 154
Heilsugæslustöðin Akureyri 160
Heilsugæslustöðin Álftamýri 153
Heilsugæslustöðin Árbæ 152
Heilsugæslustöðin Blönduósi 158
Heilsugæslustöðin Bolungarvík 157
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 154
Heilsugæslustöðin Búðardal 155
Heilsugæslustöðin Dalvík 159
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 163
Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti 152
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum 162
Heilsugæslustöðin Eskifirði 163
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 163
Heilsugæslustöðin Flateyri 157
Heilsugæslustöðin Fossvogi 153
Heilsugæslustöðin Garðabæ 168
Heilsugæslustöðin Grafarvogi 152
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 155
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 167
Heilsugæslustöðin Hellu 165
Heilsugæslustöðin Hlíðum 153
Heilsugæslustöðin Hólmavík 157
Heilsugæslustöðin Húsavík 160
Heilsugæslustöðin Hvammstanga 158
Heilsugæslustöðin Hveragerði 166
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 165
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 164
Heilsugæslustöðin Ísafirði 156
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 164
Heilsugæslustöðin Kópaskeri 160
Heilsugæslustöðin Kópavogi 168
Heilsugæslustöðin Laugarási 166
Heilsugæslustöðin Miðbæ 153
Heilsugæslustöðin Mjódd 152
Heilsugæslustöðin Neskaupstað 162
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 159
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 155
Heilsugæslustöðin Patreksfirði 156
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn 161
Heilsugæslustöðin Reykjalundi 169
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 158

Bls.
Heilsugæslustöðin Selfossi 166
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 168
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði 162
Heilsugæslustöðin Siglufirði 159
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 154
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 165
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 164
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 161
Heilsugæslustöðin Þingeyri 156
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 167
Heilsugæslustöðin Þórshöfn 161
Heilsugæslustöðvar, almennt 151, 328
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands 150, 327
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 151
Heimili fyrir börn og unglinga 117, 317
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 133, 325
Heyrnarmælingaklefar 151
Heyrnleysingjaskólinn 54, 293
Héraðsbúnaðarsambönd 78
Héraðsdómur Austurlands 92, 310
Héraðsdómur Norðurlands eystra 92, 310
Héraðsdómur Norðurlands vestra 92
Héraðsdómur Reykjaness 93
Héraðsdómur Reykjavíkur 91
Héraðsdómur Suðurlands 93
Héraðsdómur Vestfjarða 92
Héraðsdómur Vesturlands 91
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 132
Héraðslæknir í Reykjavík 132
Héraðsskólar 290
Héraðsskólinn Núpi 45
Héraðsskólinn Reykholti 45
Héraðsskólinn Reykjanesi 45
Héraðsskólinn Reykjum 46
Héraðsskólinn Skógum 46
Hjartavernd 145
Hjúkrunarheimilið Skjól 148
Hjúkrunarheimilið Víðihlíð 140, 326
Hlaðgerðarkot 150
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur 52
Hollustuvernd ríkisins 133, 325
Hóladómkirkja 114
Hótel- og veitingaskóli Íslands 39
Hrafnseyri 15
Hús Jóns Sigurðssonar 11
Húsafriðunarsjóður 61, 297
Húsameistari ríkisins 16, 282
Húsbúnaður héraðsdómstóla 94

Bls.
Húsnæði löggæslustofnana 98
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 42
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 42
Hvammshlíðarskóli 52, 293
Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2 119
Hæstiréttur, dómsmálaráðuneyti 91
Hæstiréttur, húsnæði 94, 311
Hæstiréttur, æðsta stjórn ríkisins 12, 281
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 52

I

Icepro-nefnd 196
Iðja og iðnaður, framlög 191, 341
Iðjulundur, verndaður vinnustaður 121
Iðnaðarrannsóknir 191, 341
Iðnaðarráðuneyti 189, 340
Iðnskólinn í Hafnarfirði 39
Iðnskólinn í Reykjavík 39
Iðntæknistofnun Íslands 190, 341
Innkaupastofnun ríkisins (B-hluti) 226

Í

Íslensk málstöð 21
Íslenska óperan 62
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn 60, 295
Íþróttakennaraskóli Íslands 41
Íþróttamál, ýmis 63

J

Jafnréttisráð 126, 316
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 78, 303
Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður (B-hluti) 216
Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög 78, 303
Jöfnun á námskostnaði 55
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 125, 318

K

Keldnaholt 87
Kennaraháskóli Íslands 23, 286
Kirkjubyggingarsjóður 114

Bls.
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti) 219, 355
Kirkjugarðasjóður (B-hluti) 220, 355
Kirkjumál 314
Kirkjumál, ýmis kostnaður 114
Kirkjuráð 112
Kirkjuþing 112
Kjararannsóknir 182
Kjarasamningar 182
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 145, 328
Kristnisjóður 113
Kristnisjóður (B-hluti) 219, 355
Kvennaathvarf í Reykjavík 128
Kvennaskólinn í Reykjavík 29
Kvikmyndaeftirlit ríkisins 55
Kvikmyndasafn Íslands 58
Kvikmyndasjóður 61, 297
Kynbótastöðvar 78, 303
Kynsjúkdómar, alnæmi 145

L

Lagasafn 89
Lambhagi 122
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur 52
Landbúnaðarráðuneyti 74, 301
Landfræðilegt upplýsingakerfi 201, 347
Landgræðsla ríkisins 76, 304
Landgræðslusjóður 76
Landhelgisgæsla Íslands 98, 312
Landlæknir 132, 324
Landmælingar Íslands 202, 347
Landsbókasafn Íslands 56
Langamýri í Skagafirði 114
Laufásvegur 72, viðhald 11
Launa- og verðlagsmál 180, 333
Launabætur 180, 333
Launasjóður stórmeistara í skák 63
Laxeldisstöðin í Kollafirði 77, 303
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 216, 354
Lán til jarðhitaleitar 192
Lánasjóður íslenskra námsmanna 55, 294
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 208, 351
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) 228, 358
Leikfangasafn Borgarnesi 119
Leikfangasafn Keflavík 119
Leikfangasafn Ólafsvík 119
Leikfangasafn, Akureyri 121

Bls.
Leikfangasafn, Austurlandi 121
Leikfangasafn, Blönduósi 120
Leikfangasafn, Ísafirði 120
Leikfangasafn, Sauðárkróki 120
Leikfangasafn, Siglufirði 120
Leikfangasafn, Vestmannaeyjum 122
Leikfélag Akureyrar 62
Leiklistarskóli Íslands 43
Lendingarbætur 186
Liðveisla, réttindagæsla o.fl., málefni fatlaðra 118, 317
Listasafn Ásgríms Jónssonar 58
Listasafn Einars Jónssonar 57, 295
Listasafn Íslands 58, 295
Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 62
Listaskóli 180, 336
Listdansskólinn 60, 295
Listir, framlög 62
Listskreytingasjóður 61
Lífeyrissjóður bænda 80, 304
Lífeyrissjóður bænda 182
Lífeyristryggingar 130, 321
Ljósmæðralaun 145
Ljósmæðraskóli Íslands 169
Loðdýrafóður 80, 305
Lúðueldi á Reykjanesi, Hafrannsóknastofnun 84
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) 206, 351
Lyfjaeftirlit ríkisins 144
Lyfjamál 143
Lyfjanefnd 144
Lyfjaverslun ríkisins (B-hluti) 226, 357
Lyfsölusjóður 143
Læknaráð 132
Læknishéraðasjóður 142
Læknishéraðasjóður (B-hluti) 224
Lög- og réttindaskráning sjómanna 183
Lögbirtingablað (B-hluti) 219
Löggildingarstofan 194, 342
Löggæslukostnaður, ýmis 97
Lögregluskóli ríkisins 95
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 66, 299
Lögreglustjórinn í Reykjavík 96, 312
Lögreglustöð Egilsstöðum 109
Löngumýrardeild, Verkmenntaskólinn á Akureyri 34

Bls.

M

Mannanafnanefnd 90
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 72
Manntal 1991 197
Markaðsátak í löndum EES 181, 333
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 193
Mat á búvörum 79
Matsnefnd eignarnámsbóta 90
Matsnefnd vínveitingahúsa 97
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 71
Málefni barna og ungmenna 117, 316
Málefni fatlaðra, Austurlandi 121
Málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti 117, 317
Málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 135, 328
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 121
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 120
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 119
Málefni fatlaðra, Reykjavík 118
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 122
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 120
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 119
Málskostnaður í opinberum málum 93
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum 122
Meðferðarheimili barna 117
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra 123
Meðferðarheimili, Torfastöðum 117
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981 128
Meðlög, innheimta 90
Mengunarslys 200, 345
Mengunarvarnabúnaður 186
Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir 200, 344
Mengunarvarnaeftirlit 133
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 72
Menningarsjóður 297, 353
Menningarsjóður félagsheimila 62
Menntamálaráðuneyti 18, 283
Menntamálaráðuneyti, ýmislegt 64
Menntaskólinn á Akureyri 27
Menntaskólinn á Egilsstöðum 29
Menntaskólinn á Laugarvatni 27
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut 29
Menntaskólinn í Reykjavík 26
Menntaskólinn við Hamrahlíð 27
Menntaskólinn við Sund 28
Minningarsjóður Landspítalans 145
Monica-rannsóknir, Hjartavernd 145
Myndlista- og handíðaskóli Íslands 42
Mývatnsrannsóknir 199, 344

Bls.

N

Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir 80, 305
Námsgagnastofnun 37, 294
Námsleyfi lögfræðinga 90
Námsstjórn og þróunarverkefni í grunnskólum 52
Náttúrufræðistofnun Íslands 202, 347
Náttúruverndarráð 200, 346
Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla 87, 309
Neyðaraðstoð 71, 300
Neyslu- og manneldismál, manneldisráð 145
Neytendasamtökin 196
Niðurgreiðsla á húshitun 193, 342
Niðurgreiðsla á rafhitun 193, 342
Niðurgreiðsla á ull 80, 305
Niðurgreiðslur á mjólkurvörum 80, 304
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 72
Norðurlandaráð 11
Norræn samvinna á sviði sakfræði 90
Norræn samvinna í lyfsölumálum 143
Norræn samvinna, menntamálaráðuneyti 62
Norræni heilsugæsluskólinn 145
Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli 187
Nýsköpun og markaðsmál, iðnaðarráðuneyti 191

O

Opinber réttaraðstoð 94
Opinberar heimsóknir 13, 281
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 90
Orðabók Háskólans 21, 286
Orkusjóður 192, 341
Orkusjóður (B-hluti) 233
Orkustofnun 191, 341

Ó

Óviss útgjöld, fjármálaráðuneyti 182

P

Parísarsamþykkt um vernd á sviði iðnaðar 191
Póst- og símamálastofnun (B-hluti) 229, 358
Prestaköll og prófastsdæmi 112
Prestastefna 112

Bls.
Prestssetur 113
Próf fasteignasala 90
Próf málflytjenda 90
Próf skjalaþýðenda 90

R

Rafmagnseftirlit ríkisins 192, 341
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 233, 360
Rannsóknanefnd flugslysa 183
Rannsóknanefnd sjóslysa 187
Rannsóknaráð ríkisins 24, 286
Rannsóknarlögregla ríkisins 95, 311
Rannsóknasjóður 25, 287
Rannsóknasjóður (B-hluti) 207, 351
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) 218, 355
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 190, 341
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 85
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 75, 302
Rannsóknastofnun uppeldismála 24, 286
Rannsóknastöð við Mývatn 200
Rannsóknastöðin Mógilsá 75
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 199
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls 199, 345
Rannsóknir á loftmengun 199
Rannsóknir og þróunarstarfsemi, útgjöld samkv. heimildarákvæðum 178, 335
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) 213
Raunvísindastofnun Háskólans 19
Ráðgjöf í fjölskyldumálum, kirkjumál 114
Ráðherrabústaður Tjarnargötu 15
Ráðherrabústaður Þingvöllum 15
Ráðstefna um öryggi fiskiskipa 183
Ráðstöfunarfé 189
Ráðstöfunarfé, dómsmálaráðuneyti 90
Ráðstöfunarfé, félagsmálaráðuneyti 128
Ráðstöfunarfé, fjármálaráðuneyti 182
Ráðstöfunarfé, forsætisráðuneyti 17
Ráðstöfunarfé, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 170
Ráðstöfunarfé, landbúnaðarráðuneyti 82
Ráðstöfunarfé, menntamálaráðuneyti 64
Ráðstöfunarfé, samgönguráðuneyti 184
Ráðstöfunarfé, sjávarútvegsráðuneyti 88
Ráðstöfunarfé, umhverfisráðuneyti 200
Ráðstöfunarfé, utanríkisráðuneyti 66
Ráðstöfunarfé, viðskiptaráðuneyti 194
Rekstrarhagræðing, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 114
Rekstrarhagræðing, félagsmálaráðuneyti 126

Bls.
Rekstrarhagræðing, fjármálaráðuneyti 179
Rekstrarhagræðing, forsætisráðuneyti 17
Rekstrarhagræðing, Hagstofa Íslands 198
Rekstrarhagræðing, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 170
Rekstrarhagræðing, iðnaðarráðuneyti 193
Rekstrarhagræðing, landbúnaðarráðuneyti 82
Rekstrarhagræðing, menntamálaráðuneyti 59
Rekstrarhagræðing, samgönguráðuneyti 188
Rekstrarhagræðing, sjávarútvegsráðuneyti 88
Rekstrarhagræðing, umhverfisráðuneyti 203
Rekstrarhagræðing, utanríkisráðuneyti 73
Rekstrarhagræðing, viðskiptaráðuneyti 195
Rekstrarhagræðing, æðsta stjórn ríkisins 14
Rithöfundasjóður Íslands 62
Ríkisábyrgð á orlofslaunum 127, 319
Ríkisábyrgðir og tjónabætur 180, 333
Ríkisbifreiðar, framlag 182
Ríkisbókhald 171
Ríkisendurskoðun 13, 281
Ríkisfjárhirsla 172, 330
Ríkislögmaður 172, 330
Ríkismat sjávarafurða 86, 308
Ríkissaksóknari 95
Ríkissáttasemjari 116
Ríkisskattstjóri 172, 331
Ríkisspítalar 141, 326
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) 223
Ríkisstjórn 12, 281
Ríkisstjórnarákvarðanir 181, 333
Ríkistollstjóri 177, 332
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) 209, 352
Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp (B-hluti) 209, 352

S

Safamýrarskóli 53
Safnahúsið við Hverfisgötu 57
Sala varnarliðseigna (B-hluti) 214
Sambýli Akranesi 119
Sambýli Akurgerði 20, Reykjavík 118
Sambýli Auðarstræti 15, Reykjavík 123
Sambýli að Gauksmýri 120
Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ 119
Sambýli Bitru 122
Sambýli Blesugróf 29, Reykjavík 123
Sambýli Borgarnesi 119
Sambýli Bröndukvísl 17, Reykjavík 118

Bls.
Sambýli Drekavogi 16, Reykjavík 118
Sambýli Fannafold 178, Reykjavík 118
Sambýli fatlaðra, Ísafirði 120
Sambýli fatlaðra, Norðurlandi eystra 121
Sambýli Giljaseli 7, Reykjavík 118
Sambýli Grundarlandi 17, Reykjavík 118
Sambýli Háteigsvegi 6, Reykjavík 123
Sambýli Hlíðartungu 122
Sambýli Hrauntungu 54, Kópavogi 119
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði 119
Sambýli Lyngmói 10, Njarðvík 119
Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ 119
Sambýli Njörvasundi 2, Reykjavík 118
Sambýli Selfossi 122
Sambýli Sigluvogi 5, Reykjavík 123
Sambýli Stigahlíð 71, Reykjavík 118
Sambýli Stuðlaseli 2, Reykjavík 118
Sambýli Tindaseli 1, Reykjavík 118
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi 119
Sambýli Vestmannaeyjum 122
Sambýli Vesturbrún 17, Reykjavík 118
Sambýli Víðihlíð 11, Reykjavík 123
Sambýli Víðihlíð 5, Reykjavík 123
Sambýli Víðihlíð 7, Reykjavík 123
Sambýli við Holtaveg, Reykjavík 118
Sambýli Þverárseli 28, Reykjavík 118
Sambýli, Egilsstöðum 121
Sambýli, Sauðárkróki 120
Sambýli, Siglufirði 120
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) 208
Sameining sveitarfélaga 116, 316
Sameinuðu þjóðirnar, UN 72
Samgönguráðuneyti 183, 338
Samgönguráðuneyti, ýmis kostnaður 183, 338
Samheitaverðskrá lyfja 143
Samráðsnefnd um ferlimál, málefni fatlaðra 117
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 37
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 149
Samvinnuskólinn 44
Sauðfjárveikivarnir 77, 303
Sementsverksmiðja ríkisins (B-hluti) 232, 360
Sendiráð Íslands í Bonn 67
Sendiráð Íslands í Brüssel og hjá Evrópubandalaginu 69, 299
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 67
Sendiráð Íslands í London 67
Sendiráð Íslands í Moskvu 68
Sendiráð Íslands í Ósló 68
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO . . 68

Bls.
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 68
Sendiráð Íslands í Washington 69
Sendiráð og fastanefndir 299
Sendiráð, almennt 70
Sérdeildir Hlíðaskóla 52
Sérstakar greiðslur í landbúnaði 80, 305
Siglingadómur 94
Siglingamál 339
Siglingamálastofnun ríkisins 186, 339
Sinfóníuhljómsveit Íslands 60
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) 211, 353
Síldarverksmiðjur ríkisins (B-hluti) 218, 354
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 182
Sjálfsbjörg Akureyri 135
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 150
Sjávarútvegsbraut, Dalvík 34
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi 87, 308
Sjávarútvegsráðuneyti 84, 305
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga 72
Sjómannadagsráð 127
Sjómannasamtök, lögskráning 127
Sjómannaskólahúsið 43
Sjómannastofur 128
Sjónstöð Íslands 134, 325
Sjóvarnargarðar 186, 339
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur 87, 308
Sjúkraflutningaráð 132
Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi 136
Sjúkrahús Bolungarvíkur 146
Sjúkrahús Hvammstanga 146
Sjúkrahús í Reykjavík 140, 325
Sjúkrahús og læknisbústaðir 143
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi 139
Sjúkrahúsið Akranesi 135
Sjúkrahúsið Egilsstöðum 139
Sjúkrahúsið Húsavík 138
Sjúkrahúsið Keflavík 140
Sjúkrahúsið Patreksfirði 136
Sjúkrahúsið Sauðárkróki 137
Sjúkrahúsið Seyðisfirði 138
Sjúkrahúsið Siglufirði 137
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum 139
Sjúkraskýlið Hólmavík 147
Sjúkraskýlið Þingeyri 147
Sjúkrastofnanir 325
Sjúkratryggingar 130, 322
Skaftholt 122
Skammtímavistun Álfalandi 6, Reykjavík 118

Bls.
Skammtímavistun fatlaðra, Norðurlandi eystra 121
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjadal 119
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjanesi 119
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjanesi 119
Skammtímavistun fatlaðra, Vesturlandi 120
Skammtímavistun Víðihlíð 9, Reykjvík 123
Skammtímavistun Þykkvabæ 1, Reykjavík 123
Skatta- og tollamál 330
Skattamál, ýmis útgjöld 176, 331
Skatteftirlit 176, 331
Skattstofa Austurlands 174
Skattstofa Norðurlands eystra 174
Skattstofa Norðurlands vestra 174
Skattstofa Reykjaness 175, 311
Skattstofa Suðurlands 175
Skattstofa Vestfjarða 173
Skattstofa Vestmannaeyja 175
Skattstofa Vesturlands 173
Skattstofan í Reykjavík 173, 331
Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur 63
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 124
Skálholtsstaður 114, 314
Skipulagsnefnd fólksflutninga 183
Skipulagsstjóri ríkisins 201, 346
Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni 76
Skógrækt ríkisins 75, 304
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 76, 304
Skógræktarfélag Íslands 76
Skólaakstur 55
Skóladagheimilið Lindarflöt 41 53
Skólar fyrir fatlaða 52, 293
Skólavörubúð 37
Skóli Unglingaheimilis ríkisins, Einholtsskóli 54
Skráning hlutafélaga 195
Skráning skipsflaka og gamalla urðunarstaða 200, 345
Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar 66
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 87, 308
Skýrsluvélakostnaður 181, 336
Slysatryggingar 130, 324
Slysavarnafélag Íslands 128
Slysavarnaskóli sjómanna 183
Smáiðnaður í dreifbýli 191
Snjóflóða- og skriðufallavarnir 129
Snorrastofa 114
Sólheimar, Grímsnesi 124
Sólvangur, Hafnarfirði 140
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 146
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 145

Bls.
St. Jósefsspítali, Landakoti 142, 326
Stafræn kortagerð 202, 347
Starfsmenntun í atvinnulífinu 128
Starfsþjálfun guðfræðikandídata 112
Starfsþjálfun, málefni fatlaðra 118
Stefnumörkun í frárennslismálum 199
Stefnumörkun í umhverfismálum 199
Stígamót 128
Stjórn fiskveiða 87, 309
Stjórnarnefnd, málefni fatlaðra 117
Stjórnarráðshús 15
Stjórnarráðshúsnæði 180, 335
Stjórnartíðindi 89
Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun 180, 335
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 20
Stofnun Sigurðar Nordals 20, 286
Styrking dreifikerfis í sveitum 192
Styrktarfélag vangefinna 123
Styrktarfélag vangefinna, sambýli 123
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar 182, 337
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 38
Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum 33
Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur 52
Sumarbúðir í Botni 121
Sumardvalarheimili í Reykjadal 135
Sumardvöl fatlaðra, Norðurlandi vestra 121
Sundabúð II, Vopnafirði 148
Sunnuhlíð, Kópavogi 148
Sveðisskrifstofa fatlaðra, Suðurlandi 122
Sýslumaðurinn Akranesi 99
Sýslumaðurinn Akureyri 104
Sýslumaðurinn Blönduósi 102
Sýslumaðurinn Bolungarvík 101
Sýslumaðurinn Borgarnesi 99
Sýslumaðurinn Búðardal 100
Sýslumaðurinn Eskifirði 105
Sýslumaðurinn Hafnarfirði 108
Sýslumaðurinn Hólmavík 102
Sýslumaðurinn Húsavík 104
Sýslumaðurinn Hvolsvelli 106
Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði 106
Sýslumaðurinn Ísafirði 101
Sýslumaðurinn Keflavík 108
Sýslumaðurinn Kópavogi 108
Sýslumaðurinn Neskaupstað 105
Sýslumaðurinn Ólafsfirði 103
Sýslumaðurinn Patreksfirði 100
Sýslumaðurinn Reykjavík 99

Bls.
Sýslumaðurinn Sauðárkróki 102
Sýslumaðurinn Selfossi 107
Sýslumaðurinn Seyðisfirði 104
Sýslumaðurinn Siglufirði 103
Sýslumaðurinn Stykkishólmi 100
Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum 107
Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal 106
Sýslumannsembætti, ýmis rekstrarkostnaður 109
Sýslumenn 313
Sýslumenn, húsnæði og búnaður 109, 313
Söfn, ýmis framlög 59, 295
Sölvhóll 180, 336
Sölvhólsgata 7 . . . . . 180, 336
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 113

T

Tannverndarsjóður 145
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 183
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 19, 285
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ 124
Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur 52
Tjónabætur 180
Tollhúsið við Tryggvagötu 180, 335
Tollstjórinn í Reykjavík 177, 332
Tóbaksvarnir 145
Tónlistarskólinn í Reykjavík 43
Tónskóli þjóðkirkjunnar 113
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 182
Tryggingaeftirlitið 132
Tryggingastofnun ríkisins 130, 321
Tækniskóli Íslands 23
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 118
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS 196
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. 182
Tölvumiðstöð fatlaðra 118
Tölvunefnd 90
Tölvuvæðing heilsugæslustöðva 151
Tölvuvæðing í grunnskólum 52

U

Umboðsmaður Alþingis 13, 281
Umferðarfræðsla í skólum 51
Umferðarráð 97, 312
Umhverfisáhrif jarðhita 191

Bls.
Umhverfismerkingar ... 199
Umhverfisráðuneyti ... 199, 343
Umhverfisráðuneyti, ýmis verkefni ... 199, 344
Umhverfisverkefni ... 199
Uppbætur á lífeyri ... 178, 332
Uppgjör birgða samkvæmt búvörusamningi ... 80, 304
Uppgjör við sveitarfélög ... 64, 297
Uppgræðsla og gróðurvernd ... 199
Uppkaup á fullvirðisrétti ... 80, 305
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti ... 65
Upplýsingakerfi dómstóla ... 94
Upplýsingakerfi sýslumanna ... 109
Utanríkismál, ýmis ... 72
Utanríkisráðuneyti ... 65, 298

Ú

Útgáfa hæstaréttardóma ... 91
Útgáfa norræns dómasafns ... 90
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár ... 143
Útgáfu- og fræðslumál, umhverfisráðuneyti ... 199
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 178, 334

V

Varnarmálaskrifstofa ... 65, 299
Vaxta- og geymslukostnaður ... 80, 305
Veðurstofa Íslands ... 202, 348
Vegagerð ríkisins ... 184, 338
Vegagerð ríkisins, þjónustumiðstöðvar (B-hluti) ... 230
Veiðimálastofnun ... 77, 303
Veiðistjóri ... 201, 346
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða ... 79
Verðlagsráð sjávarútvegsins ... 86, 308
Verðlagsstofnun ... 195
Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu ... 190, 341
Verkmenntaskóli Austurlands ... 34
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 34
Verkstjórn fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 121
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 119
Verkstjórnarfræðsla, iðja og iðnaður, framlög ... 191, 341
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 121
Verndaður vinnustaður, Akranesi ... 119
Verndaður vinnustaður, Egilsstöðum ... 121
Verndaður vinnustaður, Selfossi ... 122
Verndaður vinnustaður, Vestmannaeyjum ... 122

Bls.
Verndaður vinnustaður, Örvi . . . 119
Verndun gamalla húsa . . . 56
Verslunarskóli Íslands . . . 44
Vetrarsamgöngur og völuflutningar . . . 183, 338
Vextir, ýmis lán ríkissjóðs . . . 179, 333
Vélskóli Íslands . . . 38
Viðskiptaráðuneyti . . . 194, 342
Viðskiptaráðuneyti, ýmis verkefni . . . 196
Viðskiptaskrifstofa, utanríkisráðuneyti . . . 65, 298
Vinnueftirlit ríkisins . . . 127
Vinnumál . . . 127, 318
Vinnustofa Blindrafélagsins . . . 118
Vinnustofan Ás . . . 123
Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu . . . 191
Vistheimili fyrir börn, Reykjanesi . . . 119
Vistheimili fyrir börn, Reykjavík . . . 118
Vistheimili fyrir fötluð börn, Norðurlandi vestra . . . 120
Vistheimili fyrir fötluð börn, Suðurlandi . . . 122
Vistheimilið Árbót . . . 117
Vistheimilið Sólborg, Akureyri . . . 121
Vistun geðfatlaðra . . . 117
Vistun ósakhæfra afbrotamanna . . . 151
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) . . . 230
Vita- og hafnamálaskrifstofan . . . 185
Vitastofnun Íslands . . . 185
Víðines . . . 149
Vísindaráð . . . 25
Vísindasjóður . . . 25, 287
Vísindasjóður (B-hluti) . . . 207, 351

Y

Yfirdýralæknir . . . 78, 303
Yfirskattanefnd . . . 176, 331
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð . . . 141

Ý

Ýmis fræðistörf . . . 62
Ýmis orkumál . . . 193

Þ

Þingflokkar, sérfræðileg aðstoð . . . 11
Þingvallabær o.fl. . . . 16

Bls.
Þingvallakirkja 16
Þjóðarbókhlaða 61, 296
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 200, 346
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 16, 282
Þjóðhagsstofnun 15, 282
Þjóðleikhús 60, 295
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 209, 353
Þjóðminjasafn Íslands 56, 295
Þjóðskjalasafn Íslands 56, 295
Þjóðskráin 197
Þjónustumiðstöð fatlaðra, Bræðratungu 120
Þjónustumiðstöð, Vonarlandi 122
Þroskaþjálfaskóli Íslands 41
Þroskaþjálfun, Höfn í Hornafirði 122
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 71
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 71
Þróunarmál, ýmis framlög 71
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 71, 300
Þróunarsjóður EFTA 73, 300
Þungaskattsálagning með ökumælum 176
Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins 65, 298
Þýðingarsjóður 62

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11, 280
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 23, 291
Æskulýðsmál, menntamálaráðuneyti 63

Ö

Ökunám 97, 312
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 147
Örnefnastofnun 21
Öskjuhlíðarskóli 53

Efnisyfirlit

		Bls.
A-hluti:	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs (1. grein)	3
	Rekstrarreikningur (2.-3. grein)	4
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda (4. grein)	11
	Æðsta stjórn ríkisins	11
	Forsætisráðuneyti	15
	Menntamálaráðuneyti	18
	Utanríkisráðuneyti	65
	Landbúnaðarráðuneyti	74
	Sjávarútvegsráðuneyti	84
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	89
	Félagsmálaráðuneyti	116
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	130
	Fjármálaráðuneyti	171
	Samgönguráðuneyti	183
	Iðnaðarráðuneyti	189
	Viðskiptaráðuneyti	194
	Hagstofa Íslands	197
	Umhverfisráðuneyti	199
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign (5. grein)	205
Heimildir (6. grein)		234
Athugasemdir		239
	Inngangur	239
	1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	241
	2. Yfirlit og helstu niðurstöður	246
	3. Efnahagsforsendur fjárlaga 1993	249
	4. Tekjur	260
	5. Gjöld	274
	6. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	349
	7. Lánsfjármál	361
	8. Breytt framsetning ríkisreiknings og fjárlaga	368
Töfluviðauki		377
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar		405
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.		409

110. Svar [54. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Leitað var eftir svörum við fyrirspurn frá átta aðilum: Tryggingastofnun ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Innkaupastofnun ríkisins, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Landakotsspítala, Borgarspítala og skrifstofu Ríkisspítala. Eftirtalin svör bárust:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðuneytið viðhafði útboð á tölvuvæðingu og aðalskrifstofu á árinu 1991. Lægsta tilboði var tekið.

Tryggingastofnun ríkisins.

Leitað var tilboða í prentun samskiptaseðla, bréfsefnis, umslaga og kynningarefnis. Í öllum tilvikum (fjórum) var lægsta tilboði tekið. Samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs var 29. júní 1990 gerður viðaukasamningur milli Tryggingastofnunar ríkisins og Innkaupastofnunar ríkisins um aðild Tryggingastofnunar að aðalsamningi Innkaupastofnunar og innkaupanefndar sjúkrastofnana um bleiukaup og dreifingar. Samningurinn var framlengdur til eins árs í senn 1. júlí 1991 og 1. júlí 1992.

Innkaupastofnun ríkisins.

1. Á árinu 1991 og fram til 1. september 1992 hafa verið opnuð 50 útboð vegna kaupa á vörum og þjónustu og vegna framkvæmda fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hjá Innkaupastofnun ríkisins. Níu þeirra voru verkútboð í umsjá framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar og hafa ráðuneytinu verið sendar upplýsingar um þau frá framkvæmdadeildinni.
2. Útboðin skiptust þannig: 13 framkvæmdaútboð, 35 vöruútboð og tvö þjónustuútboð. Framkvæmdaútboðin eru bæði nýbyggingar og viðhaldsverkefni, stærst þeirra voru: Landspítalalóð, tengibyggingar og U-bygging. Bygging heilsugæslustöðva hefur líka verið áberandi á síðustu missirum. Vöruútboðin eru margvísleg, t.d. unnar matvörur, lyftur, tölvur og tölvubúnaður, röntgentæki, sjúkrarúm, húsgögn, tannlæknastofutæki, rafhlöður, hanskar, bakkar, lampar, niðurhengd loft o.s.frv. Undir þjónustuútboð fellur leigubílaakstur og sendibílaakstur.
3. Lægsta tilboði var tekið í 20 útboðum af 36 og niðurstöður fimm útboða liggja ekki fyrir.

4. Lægsta tilboði var ekki tekið í 16 útboðum. Í fjórum útboðum var öllum tilboðum hafnað. Í einu tilboði féllu þeir sem áttu lægra tilboð frá. Í tíu útboðum var lægri tilboðum hafnað vegna þess að vörurnar uppfylltu ekki tækni- og/eða gæðakröfur. Í einu útboði var lægri tilboðum hafnað vegna tæknilegrar og/eða fjárhagslegrar vanhæfni fyrirtækjanna.

Í fylgiskjali er tafla er sýnir útboðin 41 sem Innkaupastofnun ríkisins hefur efnt til fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið árið 1991 og fram til 1. september 1992. Útboð á níu verkframkvæmdum í umsjón framkvæmdadeildar er áður getið. Í töflunni kemur fram númer útboðs, heiti þess, hvenær það var opnað, hver var lægstbjóðandi, tilboðsupphæð lægstbjóðanda, við hvern var samið, tilboðsupphæð þess sem samið var við og athugasemdir ef ekki var samið við lægstbjóðanda.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar.

Eftirfarandi útboð fóru fram hjá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992:

a. Heilsugæslustöð Siglufirði, breytingar og innréttingar, tilboð opnuð 5. febrúar 1991 og tilboði lægstbjóðanda, Byggingafélagsins Bergs, tekið.
b. Heilsugæslustöð Blönduósi, lóðarlögun og frárennslislagnir, tilboð opnuð 4. apríl 1991 og tilboði lægstbjóðanda, Þorvalds Evensen, tekið.
c. Hjúkrunarheimili Grindavík, innréttingar 1. áfangi, tilboð opnuð 16. júlí 1991 og tilboði lægstbjóðanda, Karls Ómars Jónssonar, tekið.
d. Heilsugæslustöð Mjódd, Reykjavík, frágangur innan húss, tilboð opnuð 10. mars 1992 og tilboði lægstbjóðanda, Sökkuls sf., tekið.
e. Dvalarheimilið Lundur, Hellu, frágangur innan húss, tilboð opnuð 12. mars 1992 og næstlægsta tilboði, JVB byggingarfélags, var tekið eftir að lægstbjóðandi hafði óskað eftir að draga tilboð sitt til baka vegna galla í tilboðsgerðinni.
f. Heilsugæslustöð Akranesi, frágangur innan húss, tilboð opnuð 16. júní 1992 og tilboði lægstbjóðanda, Akurs hf., tekið.
g. Heilsugæslustöð Grundarfirði, fullnaðarfrágangur húss, tilboð opnuð 30. júní 1992 og tilboði lægstbjóðanda, Pálmars Einarssonar, tekið.
h. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjubæjarklaustri, frágangur innan húss, tilboð opnuð 28. júlí 1992 og tilboði lægstbjóðanda, Hreiðars Hermannssonar, tekið.
i. Sjúkrahús Ísafirði, viðgerð utan húss, tilboð opnuð 11. ágúst 1992 en engu tilboði hefur enn verið tekið.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1992 voru eftirfarandi útboð:

a. 11 útboð vegna verkkaupa, mest vegna innréttinga, en einnig flutninga á vöru og yfirbyggingu á pallbíl.
b. Þrjú útboð vegna efniskaupa.
c. Sex útboð vegna tækja og búnaðar.

Í öllum tilvikum var tekið lægsta boði en eitt er óafgreitt.

Borgarspítalinn.

Í svari spítalans er vísað í samþykkt borgarstjórnar frá 1976 um að Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar skuli annast innkaup á vörum og þjónustu, sem og útboð á verklegum framkvæmdum á vegum stofnana Reykjavíkurborgar.

Í svari er lýst að í langflestum tilvikum sé lægsta tilboði tekið. Ef ekki þá sé það vegna þess að varan, sem boðin er, uppfylli ekki settar kröfur.

Í nokkrum tilvikum er gengið inn í einingarverð í útboðum annarra borgarstofnana, t.d. gangstéttarhellur, túnþökur o.fl.

Ríkisspítalar.

Á meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir níu útboðum á vöru, þjónustu og framkvæmdum á vegum Ríkisspítala. Í öllum tilvikum var lægsta boði tekið.

Heiti	Nr. Innkaupast.	Dagsetning opnunar	Lægst-bjóðandi	Samið við
Innrétting á endurhæfingardeild Landspítala	IR 3653-1	20.2. 1991	Timburverk hf.	Timburverk hf.
Unnið dilkakjöt	IR 3677-1	30.4. 1991	Kjötbúðin Borg	Kjötbúðin Borg
Viðgerð á suðurálmu þvottahúss Ríkisspítala	IR 3672-1	10.5. 1991	Ártak hf.	Ártak hf.
Unnið dilkakjöt	IR 3808-2	5.5. 1991	Kjötbúðin Borg	Kjötbúðin Borg
Unnið nautakjöt	IR 3809-2	5.5. 1992	SÖ Kjötvörur hf.	SÖ Kjötvörur hf.
Unnið svínakjöt	IR 3810-2	5.5. 1992	"	"
Kjúklingar	IR 3811-2	5.5. 1992	Reykjagarður hf.	Reykjagarður hf.
Hænuegg	IR 3812-2	5.5. 1992	Nesbúið hf.	Nesbúið hf.
Álegg	IR 3813-2	5.5. 1992	Bautabúrið hf.	Bautabúrið hf.

v/56. Fyrirspurn til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð	Samið við	Tilboðsupphæð	athugasemdir
				kr.		kr.	
3653-91	Innréttingar á 3. hæð endur-	20.02.91	Timburverk hf.	33.296.453	Timburverk hf.	33.296.453	
	hæfingardeild Landsspítala						
3672-91	Viðgerðir á suðurálmu	10.05.91	Ártak hf.	7.763.825	Ártak hf.	7.763.825	
	þvottahúss ríkisspítala						
3677-91	Unnið dilkakjöt fyrir eldh.	30.04.91	Kjötbúðin Borg	677,15 kr/kg	Kjötbúðin Borg	677,15 kr/kg	
	Landssp. og Vífilstaðasp.						
3681-91	Lyfta fyrir fjórðungs-	01.11.91	Br. Ormsson	5.999.000	Br. Ormsson hf.	6.676.000	Lægsta boð miðaði við vökvalyftu en í
	sjúkrahúsið á Akureyri						útboðsgögnum var beðið um víralyftu.
							Vökvalyftur eru mun hæggengari en
							víralyftur. Tilboð Br. Ormsson var
							lægst m.t.t. þeirra krafna sem settar
							voru á oddinn.
3686-91	Landspítalalóð tengigangar	22.05.91	Sigurður K.	205.609.445	Byggðarverk hf.	215.999.288	Eftir ýtarlega úttekt á tæknilegri og
	og U-bygging		Eggertsson hf.				fjárhagslegri getu þeirra fyrirtækja
							sem lægst buðu var ákveðið að semja
							við Byggðarverk hf. sem var með 3.
							lægst boð.
3694-91	Netbúnaður fyrir ríkis-	19.06.91	Örtölvutækni hf.	6.645.150	Örtölvutækni hf.	6.645.150	
	spítalana						
3695-91	Tölvubúnaður vegna legu-	24.05.91					Öllum tilboðum hafnað þar sem ekki
	deildarkerfis ríkisspítala						náðust fram tilboð í þær lausnir sem
							að var stefnt.

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð	Samið við	Tilboðsupphæð	athugasemdir
				kr.		kr.	
3698-91	Röntgentæki	02.10.91	Br. Ormsson	13.022.403	Br. Ormsson	13.022.403	
			(Mecall)		(Mecall)		
3701-91	Lyfta fyrir Kristnesspítala	16.07.91	Eirvík	4.964.000	Eirvík	5.359.000	Eirvík átti lægsta- og næstlægsta til-
							boðið. Munurinn á tilboðunum var að
							stærri hluti lyftunnar var úr ryðfríu-
							stáli í dýrara tilfellinu og því var
							tekið.
3711-91	Tölvubúnaður fyrir legu-	18.07.91					Öllum tilboðum hafnað.
	deildir ríkisspítala						
3715-91	Miðtölva og fylgihlutir fyrir	20.08.91					Öllum tilboðum var hafnað vegna þess
	legudeildir ríkisspítala						að eftir framkvæmd útboðsins kom í
							ljós að aðeins er hægt að keyra tölvu-
							kerfi sem nýlega hafði verið keypt inn
							á spítalann á tveimur tegundum tölva.
3716-91	Sjúkrarúm	10.09.91					Ákvörðun ekki tekin enn þá.
3721-91	Húsgögn fyrir heilsugæslu-	08.08.91	Sess hf.	4.213.490	GKS hf., Sess hf	4.522.157	Hér var leitast við að taka þeim
	stöð á Húsavík.				og 3-K hf.		tilboðum er komust næst því að upp-
							fylla kröfur útboðsgagna í hverjum
							hluta útboðsins.
3723-91	Landspítalalóð, tengibygging.	12.09.91	Br. Ormsson	30.622.502	Br. Ormsson	30.622.502	
	og bygging U, Lyftur.						
3736-91	Geislaáætlunarkerfi,	29.06.92					Er í úrvinnslu.
	K-bygging Landspítala.						

v/56. Fyrirspurn til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð	Samið við	Tilboðsupphæð	athugasemdir
				kr.		kr.	
3739-91	Tannlæknastofutæki og	31.10.91	summa lægstu	3.653.212	ýmsir		samið við nokkra aðilila
	búnaður f. skóla R.vík.borg.		boða				
3741-91	Röntgenbúnaður fyrir	06.01.92					Er í úrvinnslu.
	Landspítalann						
3743-91	Rafhlöður v/ríkisspítala	22.11.91	Hans Peterssen	677.931	Hans Peterssen	677.931	
3745-91	Vararafstöð v/Landspítala	03.12.91					Öllum tilboðum hafnað, verður líklega
							ekki af kaupum á vararafstöð fyrir
							Landspítala fyrr en á árinu 1993.
3746-91	Lyfta fyrir þjálfunar- og	12.11.91	Eirvík	2.436.000	Eirvík	2.620.000	Hér var tekið næst lægst boði. Lægsta
	ráðgjafarstöð austurlands.						boð miðaði við að hurðimar væru á
							lömum en næstlægstaboð gerði ráð
							fyrir rennihurð.
3749-91	Lyfta fyrir Sólvang í H.f.	26.11.91	H.M. lyftur	3.116.000	Eirvík	3.176.000	Helsti munur á lægsta tilboði og því
							sem var tekið, fólst í ferðafjölda á klst.
							90/140 og afhendingartíma
							16-18 vikur / 24-32 vikur.
3754-91	Miðtölvur fyrir legudeildir	22.11.91	IBM	6.785.843	IBM	6.785.843	
	ríkisspítala.						
3761-92	Röntgentæki v/sjúkrahús	06.02.92	Smith og Norl.	685.453	Hekla hf.	1.498.031	Val byggt á tæknilegum forsendum.
	Akraness.		(Siemens)				
3780-92	Einnota plastdrykkjarmál.	21.02.92	Valdimar	1.966.400	Valdimar	1.966.400	
			Gíslason.		Gíslason.		
3784-92	Loft fyrir Lyfjav. ríkisins	25.02.92	Ísl. Verslunarf.	783.775	Ísl. Verslunarf.	783.775	

v/56. Fyrirspurn til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð	Samið við	Tilboðsupphæð	athugasemdir
				kr.		kr.	
3790-92	Einnota plasthlífðarhanskar.	16.03.92	Ars hf.	337.765	Rekstrarvörur	526.285	Vörurna sem Ars hf. bauð uppfylltu
3790-92	Dýnuhlífar og hlífðarskór.	16.03.92	Ars hf.	171.476	Dalfell hf.	177.336	ekki gæðakröfur.
3791-92	Einnota pappa-nýrnabakkar.	13.03.92	Ars hf.	363.750	Ars hf.	363.750	
3792-92	Steril handþvottaburstar.	18.03.92	Fjölvirki	353.400	Fjölvirki	353.400	
3805-92	Lampabúnaður v/Lyfja-	27.03.92					
	verslun Íslands.						
	110 stk. m/spegli og grilli		Ískraft	471.571	Heimilistæki	687.170	Tilboð Ískraft uppfylltu ekki kröfur
	58 stk. m/skermi og spegli		Ískraft	186.374	J. Rönning	225.620	útboðsgagna.
3808-92	Unnið dilkakjöt fyir eldhús	05.05.92	Kjötbúðin Borg	824,17 kr/kg	Kjötbúðin Borg	824,17 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						
3809-92	Unnið nautakjöt fyrir eldhús	05.05.92	S.Ö. Kjötvörur	812,16 kr/kg	S.Ö. Kjötvörur	812,16 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						
3810-92	Unnið svínakjöt fyrir eldhús	05.05.92	S.Ö. Kjötvörur	812,59 kr/kg	S.Ö. Kjötvörur	812,59 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						
3811-92	Kjúklingar fyrir eldhús	05.05.92	Reykjagarður	494 kr/kg	Reykjagarður	494 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						
3812-92	Hænuegg furir eldhús	05.05.92	Nesbúið	298,80 kr/kg	Nesbúið	298,80 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						
3813-92	Álegg fyrir eldhús	05.05.92	Bautabúrið hf.	809,72 kr/kg	Bautabúrið hf.	809,72 kr/kg	
	Landsp. og Vífilstaðasp.						

v/56. Fyrirspurn til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Nr. útboðs	Heiti útboðs	Opnun	Lægstbjóðandi	Tilboðsupphæð	Samið við	Tilboðsupphæð	athugasemdir
				kr.		kr.	
3815-92	Leigubílaakstur fyrir	14.05.92	Bæjarleiðir	27% afsláttur	Bæjarleiðir	27% afsláttur	
	ríkisspítala.			af taxta.		af taxta.	
3830-92	Rekstrarvörur fyrir tölvur	11.06.92	Kaupsýsla	1.520.375	Boðeind	1.650.000	Kaupsýsla féll frá sínu tilboði og
	og prentara v/ríkisspítala.						Boðeind átti næstlægsta boð.
3831-92	Almennur sendibifreiða-	12.06.92	Magnús J.	32% afsláttur	Magnús J.	32% afsláttur	
	akstur fyrir ríkisspítala.		Magnússon	af taxta.	Magnússon	af taxta.	
3839-92	Heilsugæslustöðin í Mjódd,	26.06.92	Sess hf.	4.416.400	Á Guðmundss. og	4.193.630	Hér var kaupunum skipt til að ná fram
	Húsgagnaútboð.				Byró-Steinar.		sparnaði og til að uppf. ákv. gæðakröfur.
3847-92	Sondunæring, næringar-	28.08.92					Er í úrvinnslu.
	drykkir og innrennslisleggir						
3848-92	Heilsugæslustöð á Eskifirði	01.09.92					Er í úrvinnslu.

111. Svar [62. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Finni Ingólfssyni um útboð á vegum viðskiptaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

1. Útboðin voru 66.

2. Útboðin voru sem hér segir:

Landsbanki Íslands:

Á vegum Landsbanka Íslands voru gerð 54 útboð. Markaðssvið Landsbankans stóð fyrir 33 útboðum. Í langflestum tilfellum var um prentverkefni að ræða, stærst þeirra eru prentun ársskýrslu og dagatala. Byggingardeild Landsbankans stóð fyrir útboðum er tengdust verklegum framkvæmdum: innrétting húsnæðis, efni og vinna, tvö útboð; húsbúnaðarkaup, tvö útboð; endurnýjun þakefnis, efni og vinna, tvö útboð; málun utan húss, efni og vinna, tvö útboð; stækkun húsnæðis og breytingar, efni og vinna, tvö útboð; viðgerð á þaki, efni og vinna, eitt útboð; viðgerðir og endurbætur, efni og vinna, fimm útboð; þrjú ný sumarhús ásamt uppsetningu, eitt útboð; viðgerðir utan húss, efni og vinna, eitt útboð; múrviðgerð utan húss, efni og vinna, eitt útboð; innrétting húsnæðis, efni og vinna, eitt útboð; fólkslyfta, efni og vinna, eitt útboð.

Búnaðarbanki Íslands:

12 útboð voru gerð á vegum Búnaðarbanka Íslands, eitt útboð vegna innréttinga; eitt útboð vegna loftræstikerfis; tvö útboð vegna innbrotakerfis; eitt útboð vegna brunaviðvörunarkerfis; eitt útboð vegna kaupa á lömpum; eitt útboð vegna ofna; eitt útboð vegna lóðafrágangs; þrjú útboð vegna ræstinga.

3. Í öllum tilvikum var lægsta tilboði tekið.

112. Svar [55. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*

Útboðin voru 45.

2. Hvaða útboð voru þetta?

Rafmagnsveitur ríkisins:

17 útboð voru gerð á vegum Rafmagnsveitnanna, þ.e. aðveitustöð Þorlákshöfn, byggingarhluti; aðveitustöð Ólafsfirði, byggingarhluti; skrifstofu- og geymsluhúsnæði Borgarnesi; rennslismælar vegna hitaveitu á Siglufirði; aflspennir í aðveitustöð Dalvík, 16 MVA, 66/33/11 kV; útboð og verklýsing vegna mælauppsetningar fyrir hitaveitu á Siglufirði; aflrofar 33 kV í aðveitustöð Dalvík og aðveitustöð Ólafsfirði; rafstrengir; tíðnibreytir fyrir hitaveitu á Siglufirði; ræsting á aðalskrifstofu Laugavegi 118, Reykjavík; ný botnloka fyrir Grímsárvirkjun; aðveitustöð Eskifirði, byggingarhluti; viðgerð á stíflu Skeiðsfossvirkjunar; strenglögn (33 kV) Sauðárkrókur-Kýrholt; rafstöð Fáskrúðsfirði, byggingarhluti; viðgerð á steypuskemmdum á yfirfalli stíflu við Grímsárvirkjun; klæðning á íbúðarhúsi við Skeiðsfossvirkjun.

Orkustofnun:

Eitt útboð var gert á vegum stofnunarinnar vegna símaskiptiborðs, útboðið var gert af Innkaupastofnun ríkisins.

Sementsverksmiðja ríkisins:

Níu útboð voru gerð á vegum verksmiðjunnar vegna viðhaldsverkefna, vinnufatnaðar, kola, gifs og flutninga.

Landsvirkjun:

18 útboð voru gerð á vegum Landsvirkjunar, þ.e. aflvélar, aðrennslisgöng, stöðvarhús, Eyjabakkastífla, vinnuslóðar fyrir Fljótsdalsvirkjun; gröftur fyrir stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar; lagfæring aflvéla í Búrfelli; tækjageymsla við Hrauneyjafoss; raflagnir, stjórnbúnaður loftræstikerfis og tækjageymsla í Blöndustöð; Hólar, undirstöður fyrir rafbúnað; laxastigi, gröftur, uppsteypa o.fl., stálturnar, innlend stálsmíði, forsteyptar undirstöður og jarðvinna við Búrfellslínu 3.

3. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?

Í 35 tilvikum var lægsta tilboði tekið, þ.e. 15 útboðum Rafmagnsveitna ríkisins, níu útboðum Sementsverksmiðjunnar og 11 útboðum Landsvirkjunar.

4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Í tveimur tilvikum Rafmagnsveitnanna var lægsta tilboði ekki tekið. Næstlægsta tilboði var tekið í 16 MVA aflspenni fyrir aðveitustöð á Dalvík, en lægsta tilboð kom frá Júgóslavíu en vegna ástandsins þar var talinn leika vafi á því að afhendingartími stæðist auk þess sem ýmsum upplýsingum um tæknileg atriði var ábótavant. Lægsta tilboði var ekki tekið í nýsmíði botnloka uppistöðulóns Grímsárvirkjunar í Skriðdal þar sem efnisliðir og smíðahönnun voru mjög vanáætluð í tilboðinu og fjárhagsstaða lægstbjóðanda talin vafasöm. Í tilviki Orkustofnunar var tilboði meðal hinna lægstu tekið, það var tilboð sem best uppfyllti skilmála útboðsins og þar sem vænta mátti öruggrar viðhaldsþjónustu af hálfu seljanda. Í sjö tilvikum Landsvirkjunar var lægsta tilboði ekki tekið. Vegna aflvélar fyrir Fljótsdalsvirkjun voru þrjú lægstu tilboðin framlengd til 1. janúar 1994. Aðrennslisgöng, stöðvarhús, Eyjabakkastífla, vinnuslóðar, einnig fyrir Fljótsdalsvirkjun, lægstbjóðanda var gefið vilyrði fyrir verkinu en vegna frestunar framkvæmda var tilboðið ekki framlengt. Vegna frestunar framkvæmda féllu tilboðin vegna graftar fyrir

stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar úr gildi. Lægsta tilboð vegna raflagna í Blöndustöð var ekki í samræmi við útboðsskilmála/kröfur. Samið var um stálturna við Búrfellslínu 3 í framhaldi af öðru verki.

113. Frumvarp til laga [97. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 12/1991:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo:
   3. Að styðja sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða.
b. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:
   4. Að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða.
c. 2. mgr. 12. gr. fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framkvæmdasjóður aldraðra hefur nú starfað í liðlega 10 ár og átt drjúgan þátt í þeirri gífurlegu uppbyggingu sem orðið hefur á síðasta áratug í húsnæðismálum aldraðra um allt land.

Á hinn bóginn vantar fjármuni til reksturs þeirra stofnana sem þegar er búið að taka í notkun. Árið 1991 var hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra breytt í þá veru að fjármuni hans mætti nýta til að reka stofnanir sem færu í rekstur á miðju ári. Í ljósi þess samdráttar, sem er í útgjöldum til heilbrigðismála, sýnist eðlilegt að rýmka þessa heimild og sömuleiðis fella niður skilyrði um að aldrei megi verja nema tilteknum hluta sjóðsins til nánar tilgreindra verkefna. Þegar svo er komið að uppbygging húsnæðismála aldraðra er orðin svo mikil að víða er framboð umfram eftirspurn hlýtur að vera skynsamlegra að verja fjármunum sjóðsins til reksturs og eflingar heimaþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslustöðva fremur en til framkvæmda. Þetta á ekki síst við á þeim samdráttartímum sem nú ganga yfir og velja þarf á milli þessa og hins að jafnvel hætta rekstri stofnana í öldrunarþjónustu.

Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að heimild til að nýta fé Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs verði rýmkuð og um leið að felld verði niður skilyrði um að eingöngu tilteknum hluta sjóðsins megi verja til reksturs og annarra tilgreindra verkefna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Hér er um rýmkun á gildandi lögum að ræða. Takmörk á fé, sem hægt er að veita til reksturs, eru afnumin og lögin gerð afdráttarlausari. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 er áformað að nota fé sjóðsins í auknum mæli til reksturs stofnana fyrir aldraða, svo sem til að takmarka lokanir og opna nýjar stofnanir.

114. Þjóðhagsáætlun [98. mál]

fyrir árið 1993.

(Lögð fram af forsætisráðherra 6. október 1992.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR.

Efnahagsþróunin það sem af er þessu ári hefur mótast af miklum samdrætti þjóðarútgjalda og hjöðnun verðbólgu. Þjóðarútgjöldin eru talin dragast saman um 4,9% á þessu ári. Munar þar mestu að reiknað er með að fjárfesting dragist saman um 13,7% og einkaneysla um 3,5%. Gert er ráð fyrir að samneyslan aukist lítillega. Þessi lækkun þjóðarútgjalda var óhjákvæmileg til þess að minnka hallann á viðskiptum við önnur lönd. Mikilsverður árangur hefur náðst í þessum efnum og nú stefnir í að viðskiptahallinn verði 5,8 milljörðum króna minni á líðandi ári en í fyrra. Talið er að landsframleiðsla dragist saman um 2,7% á þessu ári og þjóðartekjur um 3,8% sem stafar af rýrnun viðskiptakjara.

Mikill árangur hefur einnig náðst í viðureigninni við verðbólgu. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs mældist árshraði verðbólgunnar aðeins um 1% og horfur eru á að verðbólgan verði um 1½% á árinu öllu. Þetta eru lægstu verðbólgutölur sem hér hafa sést í marga áratugi og lægri en í flestum nálægum löndum.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur því þegar skilað markverðum árangri. Það er alkunna að verðbólga og viðskiptahalli hafa verið erfiðustu viðfangsefni hagstjórnar hér á landi um langt skeið. Því hefur ríkisstjórnin lagt megináherslu á að festa í sessi stöðugleikann í verðlagsmálum og ein af mikilvægustu forsendum hans er viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Hjá því var ekki komist að lífskjör þjóðarinnar versnuðu nokkuð á þessu ári. Slakinn í hagstjórn, sem myndaðist framan af síðasta ári, leiddi til þess að þjóðarútgjöld fóru úr böndum í fyrra og því var nauðsynlegt að draga þau saman í ár. Talið er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann rýrni um 2,7% á þessu ári og einkaneysla um 3,5%. Samdráttur þjóðarútgjalda hefur óhjákvæmilega valdið erfiðleikum í atvinnumálum sem meðal annars birtast í auknu atvinnuleysi. Áætlað er að skráð atvinnuleysi á þessu ári verði nálægt 3% af mannafla samanborið við 1,5% í fyrra. Þrátt fyrir þessa aukningu atvinnuleysis er það mun minna hér á landi en í flestum öðrum löndum.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið með efnahagsstefnu sinni að tryggja áfram stöðugleika í verðlagsmálum og koma á viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Við ríkjandi aðstæður og í ljósi þeirra horfa sem við blasa er nauðsynlegt að þessi markmið njóti forgangs. Þessi stefna er eini raunhæfi grundvöllur framfara og bættra lífskjara. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á að draga svo sem verða má úr atvinnuleysi og hefur í því skyni meðal annars ákveðið að auka opinberar framkvæmdir um 3,5 milljarða króna á árunum 1993-1995 og þar af verður 2 milljörðum ráðstafað þegar á næsta ári. Takmörk eru hins vegar fyrir því hversu langt er hægt að ganga í þessum efnum án þess að skaða hagvaxtarskilyrðin þegar horft er fram yfir næstu misseri. Það fer ekki á milli mála að varanlegur hagvöxtur er forsenda bættra lífskjara og aukinnar velferðar. Meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er því að stuðla að hagvexti til langs tíma.

Samræmd stjórn ríkisfjármála, peningamála og gengismála er grundvöllur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á framhald umbóta á skipulagsgerð hagkerfisins. Í því sambandi er mikilvægast að leiða til lykta samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, auka hagkvæmni ríkisrekstrar, hrinda í framkvæmd áformum um skipulagsbreytingar í peningamálum og stuðla að hagræðingu í atvinnulífi, ekki síst í sjávarútvegi og landbúnaði. Þessar umbætur munu tvímælalaust treysta stöðu efnahags- og atvinnulífs og skapa mörg sóknarfæri til uppbyggingar í íslenskum þjóðarbúskap.

Horfur eru á að þjóðhagsleg skilyrði verði erfið á árinu sem í hönd fer. Óhjákvæmilegt reyndist að takmarka úthlutun aflaheimilda og óáran í alþjóðaefnahagsmálum hefur verið útflutningsgreinum þung í skauti og frestað ákvörðun um byggingu nýs álvers. Því er útlit fyrir að landsframleiðsla og þjóðartekjur verði nokkru minni en á þessu ári. Þannig er spáð 0,5% minni landsframleiðslu og 1,5% minni þjóðartekjum. Þrátt fyrir þessi erfiðu skilyrði er reiknað með að viðskiptahalli minnki á næsta ári og áfram er búist við stöðugleika í verðlagsmálum. Spáð er um 2% verðbólgu á árinu 1993.

Verðbólga á Íslandi og í OECD löndum
12 mánaða breyting



Þróun efnahagsmála í heiminum að undanförnu hefur valdið vonbrigðum. Bati, sem reiknað hefur verið með frá því í byrjun árs í fyrra, hefur látið á sér standa. Við bætist mikil óvissa á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum um þessar mundir. Þrátt fyrir þessar þrengingar gera alþjóðaefnahagsstofnanir nú ráð fyrir að það versta sé afstaðið og hagvöxtur muni smám saman glæðast á næstu mánuðum. Rætist þessar spár ættu útflutningsmarkaðir landsmanna að styrkjast og áhugi á álversframkvæmdum að aukast.

Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum á þessu og næsta ári.

II. EFNAHAGSSTEFNAN.

Íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum langvarandi tímabil stöðnunar og samdráttar, allt frá árinu 1987. Eitt af grundvallarmarkmiðum efnahagsstefnunnar er að tryggja viðunandi lífskjör í landinu. Til þess að ná því markmiði þarf að efla atvinnustarfsemina og ná þannig fram aukinni verðmætasköpun.

Á undanförnum árum hafa orðið áherslubreytingar á sviði hagstjórnar víða um lönd með það að markmiði að stuðla að aukinni fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og þar með auknum hagvexti. Í fáum orðum má lýsa þessari þróun þannig að stjórnvöld hafi smám saman dregið sig út úr því forystuhlutverki í efnahagslífinu sem þau hafa verið í allt frá kreppuárunum. Þess í stað hafa þau lagt meiri áherslu á að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll og búa þannig í haginn fyrir ný störf. Liður í þessari þróun er að draga úr afskiptum ríkisvaldsins af atvinnustarfseminni, bæði með afnámi ríkisábyrgða, styrkja og ýmiss konar fyrirgreiðslu við atvinnulífið og með sölu ríkisfyrirtækja og eigna. Samhliða þessu hafa verið gerðar auknar kröfur til fyrirtækja um að standa á eigin fótum. Í stað sértækra stuðningsaðgerða við einstakar atvinnugreinar hafa stjórnvöld þannig í vaxandi mæli lagt áherslu á að skapa atvinnulífinu í heild sem best og jöfnust starfsskilyrði.

Á síðustu árum hefur hvert ríki af öðru gripið til róttækra skattkerfisbreytinga. Lykilatriði í þessari þróun hefur verið að lækka skatthlutföll og breikka skattstofna. Frjálsræði á innlendum peninga- og lánamarkaði hefur aukist á sama tíma og dregið hefur úr afskiptum ríkisvaldsins. Þá hefur sömu þróunar í frjálsræðisátt gætt í milliríkjaviðskiptum, jafnt á sviði vöru-, þjónustu- og fjármagnsviðskipta. Þetta hefur meðal annars birst í því að hömlum á fjárfestingar erlendra aðila hefur verið aflétt víðast hvar. Þessi þróun hefur tvímælalaust orðið atvinnulífinu mikil lyftistöng og stuðlað að meiri hagvexti en ella hefði orðið.

Þrátt fyrir að þessara áherslubreytinga hafi vissulega gætt hér á landi er þróunin skemmra á veg komin en í flestum öðrum Evrópulöndum. Þetta á við um aukið frjálsræði á peningamarkaði og ekki síður breytingar á skattkerfinu. Þannig eru enn takmarkanir á fjármagnsviðskiptum milli Íslands og annarra landa, einkum til skamms tíma. Ennfremur hafa breytingar á skattlagningu ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur víða erlendis og miðar að því að styrkja rekstrargrundvöll og samkeppnisstöðu atvinnulífs í heimi ört vaxandi samskipta milli landa. Þessar aðstæður setja óhjákvæmilega skorður við nýja fjárfestingu í atvinnulífinu, jafnt innlendra sem erlendra aðila, og gera samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum óhagstæðari en ella.

Það er óhjákvæmilegt að efnahagsstefna stjórnvalda taki mið af þeim erfiðleikum sem íslenskur þjóðarbúskapur stendur frammi fyrir. Meginácherslu þarf að leggja á endurreisn atvinnulífsins til þess að stuðla að hagvexti á nýjan leik eftir langvarandi

stöðnunartímabil. Ríkjandi efnahagsaðstæður kalla á almennar aðgerðir sem hafa það að meginmarkmiði að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll til lengri tíma litið.

Peningamál, gengis- og gjaldeyrismál

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum og gengis- og gjaldeyrismálum hefur það að meginmarkmiði að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum þannig að verðbólga verði áfram lægri en í helstu viðskiptalöndunum. Um þessar mundir er verðbólga hér á landi með því lægsta sem þekkist í iðnríkjunum og vegna samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum er mikilvægt að svo verði áfram. Til að tryggja það verður meðalgengi krónunnar haldið stöðugu áfram og stjórntækjum peningamála, einkum vöxtum, ásamt öðrum hagstjórnartækjum beitt með raunsæjum hætti til að laga heildareftirspurn í þjóðfélaginu að framleiðslugetu þess. Að öðrum kosti myndast umframeftirspurn innanlands sem leiðir fljótt til verðhækkana og þrýstings á gengi krónunnar. Með aðgerðum í ríkisfjármálum og aðhaldi í lántökum opinberra aðila er stefnt að því að draga úr lánsfjárþörf opinberra aðila og skapa þannig skilyrði fyrir lækkun vaxta.

Samhliða þessu verður unnið markvisst að því að hrinda í framkvæmd ýmsum skipulagsbreytingum í gengis- og gjaldeyrismálum og á fjármagnsmarkaði þannig að kostir markaðsafla fái notið sín sem best.

Skipulagsbreytingar í gengis- og gjaldeyrismálum

Gengismál. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í gengismálum frá 3. október 1991 var í fyrsta lagi kveðið á um áframhaldandi stefnu stöðugs gengis og í öðru lagi um aðlögun að markaðsákvörðun gengis á gjaldeyrismarkaði og hugsanlegri tengingu við evrópsku mynteininguna, ECU. Á árinu 1992 hafa þegar verið stigin nokkur skref í þessa átt.

Fyrsta skrefið var stigið um síðustu áramót þegar samsetningu gjaldmiðlavogarinnar sem gengi krónunnar er miðað við var breytt. Þá var vogin einfölduð þannig að í henni eru nú einungis ECU, Bandaríkjadollar og japanskt yen í stað sautján gjaldmiðla áður.

Annað skref var stigið vorið 1992 þegar Alþingi samþykkti breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála þannig að ákvæði um gengisskráningu krónunnar og um skilaskyldu erlends gjaldeyris voru rýmkuð. Þar með hafa fengist fullar lagaheimildir fyrir því að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á markaði.

Þriðja skrefið fólst í samkomulagi fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um að takmarka möguleika ríkissjóðs til að fá yfirdráttarlán í bankanum. Þess í stað aflar ríkissjóður lánsfjár til að mæta skammvinnum sveiflum í tekjum og gjöldum með útgáfu ríkisvíxla og uppboði á ríkisbréfum. Jafnframt er stefnt að því að hefja sölu spariskírteina með uppboðsfyrirkomulagi. Þar með eflist innlendur markaður með skammtímaverðbréf verulega. Það er forsenda þess að Seðlabankinn geti með kaupum og sölum á verðbréfum á slíkum markaði haft áhrif á þróun skammtímavaxta innanlands. Auk aðgerða á peningamarkaði munu kaup og sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði verða helstu stjórntæki hans til að hafa áhrif á gengisþróun krónunnar eftir að gengi hennar ræðst af framboði og eftirspurn.

Uppbygging millibankamarkaðar og aukin áhrif markaðsaflanna á ákvörðun gengis íslensku krónunnar felur ekki í sér fráhvarf frá núverandi stefnu stöðugleika í gengis-

málum. Gjaldeyrismarkaður þarf ekki að fela í sér flotgengisstefnu. Það verður hlutverk Seðlabankans að stuðla að því að gengið haldist innan fyrirframgefinna marka. Í því skyni mun bankinn nota eigin viðskipti á gjaldeyrismarkaðnum og almenn stjórntæki peningamála ef á þarf að halda. Í því sambandi er mikilvægt að stjórntæki bankans verði styrkt, einkum möguleiki hans til að hafa áhrif á skammtímavexti á peningamarkaðnum.

Þau mörk sem gengi krónunnar verður haldið innan hafa ekki verið ákveðin. Við val á þeim verður annars vegar tekið mið af sveiflukenndu eðli gjaldeyristekna og hins vegar því að of víð mörk geta veikt trúverðugleika þess að um áframhald á stefnu stöðugs gengis sé að ræða. Einnig verður litið til þess hvaða mörk tíðkast í nágrannalöndunum. Með því að leyfa genginu að sveiflast innan markanna myndast sveigjanleiki í gengi krónunnar til skemmri tíma litið sem eykur líkurnar á að stöðugt gengi standist til lengri tíma. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja efnahagslegar forsendur stöðugleika í gengismálum til lengri tíma með sveiflujöfnun í atvinnulífinu og að stefnan í opinberum fjármálum samrýmist gengisstöðugleikanum.

Gjaldeyrismarkaður gegnir þríþættu hlutverki við framkvæmd ofangreindrar stefnu stöðugleika í gengismálum. Í fyrsta lagi gerir hann færan þann sveigjanleika sem er mikilvægur hluti af stefnunni. Í öðru lagi flytur markaðurinn yfirvöldum peningamála tímanlega boð um vandamál sem kynnu að grafa undan gengisstöðugleikanum til lengri tíma litið og kallar á tímanleg viðbrögð. Í þriðja lagi eykur markaðurinn trúverðugleika stöðugleikastefnunnar. Það fastgengi sem sannreynt hefur verið á virkum gjaldeyrismarkaði er trúverðugra en hitt sem ákvarðað er einhliða af stjórnvöldum.

Á árinu hefur Seðlabanki Íslands kannað rækilega hvernig gjaldeyrismarkaðir eru starfræktir í helstu nágrannaríkjunum og hvernig þessari starfsemi verður best fyrir komið hér á landi. Jafnframt hefur hann rætt við viðskiptabankana um stofnun millibankamarkaðs fyrir gjaldeyri. Undirbúningur að þessu mikilvæga skrefi er nú langt kominn og er að því stefnt að unnt verði að stíga það í allra nánustu framtíð.

Aðilar að millibankamarkaði fyrir erlendan gjaldeyri verða fyrst og fremst viðskiptabankar og sparisjóðir auk Seðlabankans. Gengi krónunnar mun því ráðast af framboði og eftirspurn í millibankaviðskiptum. Til að byrja með kemur til greina að hluti viðskiptanna á markaðnum fari fram á daglegum fundi þeirra sem aðild eiga að markaðnum. Gengi krónunnar sem myndast á slíkum fundi yrði leiðbeinandi fyrir markaðinn í heild og grundvöllur opinberrar gengisskráningar.

Núgildandi reglur kveða á um að viðskiptabönkum og sparisjóðum beri að viðhalda fullum jöfnuði í gjaldeyrisstöðu sinni. Fyrirsjáanlegt er að aðilum að millibankamarkaði verði settar nýjar starfsreglur af Seðlabanka Íslands. Með breytingu á þessu fyrirkomulagi færist hluti af gjaldeyrisforða landsmanna til viðskiptabanka og sparisjóða sem er nauðsynlegt til að þeir geti myndað gjaldeyrismarkað. Þótt gengi krónunnar komi til með að ráðast af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði mun Seðlabankinn áfram skrá gengi hennar einu sinni á dag til notkunar í opinberum samningum, dómsmálum og hagskýrslugerð. Ólíkt því sem nú er verður hér ekki um eiginlega gengisákvörðun að ræða þar sem hún gerist á markaðnum.

Á árinu 1993 er ráðgert að ákvörðun verði tekin um það hvort gengi krónunnar skuli fasttengt við ECU, þó með þeim hætti að það geti sveiflast dag frá degi innan fyrirfram ákveðinna marka. Slík fasttenging felst í því, miðað við að gengi krónunnar ráðist af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði, að Seðlabankinn beitir þeim stjórntækjum sem

hann hefur yfir að ráða til að gengi krónunnar haldist stöðugt gagnvart ECU.

Óróleiki á evrópskum gjaldeyrismarkaði að undanförnu hefur skapað óvissu um framtíð gengissamstarfs EB-ríkjanna innan Evrópska myntkerfisins, EMS, og þar með einnig um stöðu mynteiningarinnar ECU. Tenging krónunnar við ECU er því ekki eins nærtækur kostur og áður var talið. Þrátt fyrir óróleikann eru miklar líkur á því að gengissamstarfið innan EMS muni halda áfram og tenging krónunnar við ECU verður því áfram til athugunar. Með slíkri tengingu væri gefin afdráttarlausari yfirlýsing um stöðugt gengi en hingað til auk þess sem tengingin drægi úr gengisáhættu í viðskiptum við ríki Vestur-Evrópu að því tilskildu að stöðugleiki í gengissamstarfinu komist á að nýju. Stjórnvöld munu fylgjast náið með þróun gengissamstarfs Evrópuþjóðanna og hræringum á gjaldeyrismörkuðum áður en endanleg ákvörðun um tengingu krónunnar við ECU verður tekin.

Ókyrrðin á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum að undanförnu gerir það að verkum að afar gætilega verður farið í þessum efnum á næstunni og hvert skref stigið af varkárni. Stefna stöðugleika í gengismálum hefur reynst okkur vel síðustu árin og henni verður áfram fylgt.

Gjaldeyrismál. Í lok þessa árs falla úr gildi síðustu fjárhæðartakmarkanir á fjölmörgum fjármagnshreyfingum til og frá landinu sem rýmkaðar hafa verið í áföngum síðan seint á árinu 1990. Hér er einkum um að ræða fjárfestingar í atvinnurekstri erlendis, kaup á fasteignum erlendis og viðskipti með verðbréf til lengri tíma en eins árs. Miðað við gildandi gjaldeyrisreglur verða þó áfram við lýði takmarkanir á skammtímahreyfingum fjármagns.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í gjaldeyrismálum síðan 1990 og þeirra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru, bæði vegna EES-samningsins og stefnu ríkisstjórnarinnar um aukið frelsi í gengis- og gjaldeyrismálum, hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um gjaldeyrismál sem kæmi í stað núgildandi laga um þetta efni frá 1979. Stefnt er að því að frumvarpið geti orðið að lögum á haustmánuðum. Á grundvelli þeirra yrði síðan aflétt í áföngum öllum takmörkunum á gjaldeyrisviðskiptum sem enn eru við lýði.

Skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði. Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á áframhaldandi þróun í átt til aukins frjálsræðis á innlendum fjármagnsmarkaði og að stofnanir á markaðnum búi við sambærileg skilyrði og erlendir keppinautar.

Seðlabanki Íslands. Á vorþingi 1992 var lagt fram frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands en það hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið var byggt á tillögum nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði. Í frumvarpinu var lagt til að lagaumgjörð um starfsemi Seðlabankans yrði færð til nútímalegs horfs, sjálfstæði hans gagnvart ríkisstjórn aukið, markmiðssetning gerð einföld og skýr þannig að hún taki einungis til þess að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi, stjórntæki hans í peningamálum endurbætt með aukinni áherslu á markaðsaðgerðir, fagleg stjórnun aukin og eftirlit með fjármálastofnunum styrkt. Frumvarpið var sent helstu hagsmunaaðilum til umsagnar í sumar og verður endurskoðað að þeim fengnum.

Aukið frjálsræði í gengis- og gjaldeyrismálum kallar á bætt stjórntæki Seðlabankans í peningamálum. Jafnframt kalla aukin alþjóðleg tengsl innlends fjármagnsmarkaðar á

aukið eftirlit með rekstri og starfsemi fjármálastofnana. Ríkisstjórnin leggur því áherslu á að löggjöfin um Seðlabankann verði endurskoðuð og frumvarp þar að lútandi verður lagt fram á ný á haustþingi.

Viðskiptabankar og sparisjóðir. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu mun hafa í för með sér margvíslegar breytingar á löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði. Sumar eru formbreytingar en aðrar efnislegar. Sem dæmi má nefna að starfsheimildir þeirra verða rýmri en áður, þeir munu fá auknar heimildir til að eiga hluti í atvinnufyrirtækjum, strangari reglur munu gilda um hámark lánveitinga til einstakra lántakenda eða fjárhagslega skyldra lántakenda, nýir möguleikar opnast til að starfa á erlendum vettvangi og innlendur markaður mun opnast enn frekar fyrir samkeppni frá erlendum bönkum og sparisjóðum.

Ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og selja hlut ríkisins í þeim þegar aðstæður til þess eru réttar. Frumvarp um heimild til stofnunar hlutafélaga um rekstur ríkisbankanna verður lagt fyrir Alþingi á þessu þingi.

Fjárfestingarlánasjóðir. Við gildistöku EES-samningsins verða verulegar breytingar á þeim reglum sem gilda um starfsemi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Í meginatriðum verða þeir háðir sömu almennu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir um lágmark stofnfjár og eiginfjár, um starfsheimildir, um starfsemi erlendis, um hámark á lánum til einstakra lántakenda eða fjárhagslega skyldra lántakenda og um eftirlit banka-eftirlits Seðlabankans með starfsemi þeirra. Með auknu frelsi í gjaldeyrismálum og aðild Íslands að sameiginlegum fjármagnsmarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu má einnig búast við að fjárfestingarlánasjóðirnir mæti aukinni samkeppni frá því sem nú er.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið dragi úr hlutdeild sinni í fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna. Fyrstu skrefin í þá átt hafa þegar verið stigin með því að hætta útlánastarfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands og með því afnema ríkisábyrgð á nýjum lántökum Fiskveiðasjóðs Íslands. Frekari skref í því að draga úr eignarhlut og ábyrgð ríkisins munu felast í því að breyta sjóðum í hlutafélög og selja hlut ríkisins þegar aðstæður til þess eru réttar.

Verðtrygging fjárskuldbindinga. Um næstu áramót er ráðgert að fella úr gildi lög sem gilt hafa um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Eftir það mun notkun verðtryggingar alfarið ráðast af frjálsum samningum manna á meðal. Það er mikilvægt að árétta að með þessum breytingum verður hvorki hróflað við gerðum lánssamningum né hömlur á það lagðar að verðtryggingarákvæði verði í nýjum samningum. Seðlabankinn mun áfram reikna og birta lánskjaravísitölu. Nú er unnið að undirbúningi þessa skrefs í viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum. Í ljósi þess mikla árangurs sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna hafa skapast ákjósanlegar aðstæður til þess að óverðtryggðar fjárskuldbindingar verði meginreglan á markaðnum, a.m.k. þegar um er að ræða skuldbindingar til skemmri tíma.

Ríkisfjármál

Við síðustu fjárlagagerð var sú stefna mörkuð að draga verulega úr halla ríkissjóðs og eyða honum á árinu 1993 án almennra skattahækkana. Breyttar ytri aðstæður valda því að þessi markmið nást ekki. Annars vegar hefur skerðing tekjustofna ríkissjóðs vegna

efnahagssamdráttarins orðið meiri en búist var við. Hins vegar valda kerfisbreytingar í landbúnaði og mikil sjálfvirkni í sumum þáttum ríkisútgjaldanna erfiðleikum. Aftur á móti hafa ýmsar þær aðhaldsaðgerðir sem ákveðnar voru á árinu, einkum í rekstri ríkisstofnana, í stórum dráttum gengið eftir. Þannig hefur tekist að stöðva vöxt í starfsmannahaldi hjá ríkinu.

Tekjuhlið. Ríkisstjórnin áformar ýmsar breytingar á sviði skattamála og eru þær liður í því að laga skattkerfið að því sem gerist annars staðar. Í þessu felst sú áherslubreyting að horfið er frá því að nota skattkerfið til þess að mæta sérþörfum tiltekinna atvinnugreina eða einstaklinga.

Af einstökum atriðum má nefna breytingar á virðisaukaskatti þar sem gert er ráð fyrir lækkun á skatthlutfallinu og breikkun skattstofnsins. Hátt skatthlutfall, undanþágur og víðtækar endurgreiðslur hafa torveldað skatteftirlit og stuðlað að undanskotum. Skatthlutfallið hér á landi er með því hæsta sem þekkist í Evrópu og er mikilvægt að nýta það svigrúm sem skapast með fækkun undanþága til að lækka hlutfallið.

Þá er áformuð breyting á lögum um tekjuskatt félaga. Ríkisstjórnin markaði í upphafi þá stefnu að skattlagning fyrirtækja yrði samræmd því sem gerist meðal samkeppnisþjóða. Þetta er mikilvæg forsenda þess að íslensk fyrirtæki standi ekki lakar en erlendir keppinautar á Evrópska efnahagssvæðinu. Með sama hætti þarf að gera útlendum aðilum fært að starfa hér á landi við sambærilegar skattalegar aðstæður. Áformað er að lækka skatthlutfall tekjuskatts úr 45% í 33%. Á móti vegur fækkun frádráttarliða. Þetta er þó aðeins einn áfangi að þessu markmiði.

Frá næstu áramótum verða miklar breytingar á tollalöggjöfinni sem tengjast aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt fellur jöfnunargjaldið niður. Áformað er að mæta því tekjutapi sem verður vegna lækkunar tolla og niðurfellingar jöfnunargjalds með hækkun á vörugjöldum.

Loks er áformað að afla ríkissjóði aukinna tekna á næsta ári með sölu eigna og kröfum um auknar arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum. Mikilvægt skref verður stigið í þá átt að öll stærri fyrirtæki ríkisins skili arði í ríkissjóð, mismunandi eftir starfsemi þeirra og eiginfjárstöðu. Tekjur af sölu eigna hafa verið umtalsverðar á þessu ári og er miðað við að þær verði enn meiri á árinu 1993.

Ríkisútgjöld. Ríkisstjórnin hefur valið ýmsar leiðir til þess að hemja vöxt ríkisútgjalda. Þannig er stefnt að því að rjúfa sjálfvirkni útgjalda á mörgum sviðum og ætla notendum aukna þátttöku í kostnaði. Viðurkennt er að réttur einstaklinga til bóta úr almanna-tryggingakerfinu er ríkur og veldur illviðráðanlegum útgjöldum. Eitt helsta verkefni á sviði ríkisfjármála næstu ár er að móta framtíðarstefnu í heilbrigðis- og tryggingamálum sem tryggir allt í senn, örugga velferð og þjónustu og betri nýtingu á almannafé.

Útgjaldastefnan fyrir árið 1993 einkennist af nokkrum aðalatriðum. Í fyrsta lagi er áframhaldandi áhersla lögð á að bæta þjónustu ríkisins ekki síst á sviði mennta- og velferðarmála um leið og reynt verður að fyrirbyggja sjálfvirka kostnaðaraukningu. Forsenda bættrar þjónustu er aukin valddreifing. Tryggja þarf stjórnendum ríkisstofnana aukið svigrúm til að nýta sem best takmarkað ráðstöfunarfé.

Í öðru lagi hefur á yfirstandandi ári verið unnið að einkavæðingu ýmissa fyrirtækja í eigu ríkisins. Á næsta ári er gert ráð fyrir um 1,5 milljarði króna af sölu fyrirtækja. Þær tekjur nást ekki nema með sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins. Gangi áformin eftir er ákveðið að allt að 1/5 hluti andvirðis þeirra renni til þess að örva rannsóknir og þróunarstarf.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að hagræðingar verði leitað á sem flestum sviðum. Nú er unnið að samanburðarathugunum á þeirri þjónustu sem skyldar eða líkar stofnanir veita. Hér má nefna ýmsar stofnanir á sviði heilbrigðismála og stofnanir fatlaðra. Samanburði á framhaldsskólum hefur verið hrint af stað og verksvið og þjónusta skattstofa eru í athugun.

Lánamál ríkisins. Á sviði lánamála ríkisins hefur verið unnið að því að færa vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum út á markaðinn. Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn hafa gengið frá samningi um að ríkissjóði sé óheimill yfirdráttur yfir tilteknum mörkum og því var nauðsynlegt að breyta tilhögun á skammtímafjármögnun ríkissjóðs innanlands. Fyrr á árinu var ákveðið að bjóða út óverðtryggð ríkisbréf til sex mánaða. Sú nýbreytni hefur tekist vel. Nú er ákveðið að ríkisvíxlar verði boðnir út með svipuðum hætti og spariskírteini ríkissjóðs innan tíðar. Samhliða þessu mun hlutverk Seðlabankans í peningamálastjórn breytast í átt til þess sem er í öðrum löndum. Lánsfjárþörf ríkissjóðs mun þá endurspeglast skýrar í vaxtaþróuninni innanlands en til þessa.

Af öðrum umbótum á sviði lánsfjármála má nefna að fyrirhugað er að setja skýrar reglur um ríkisábyrgðir. Ríkið hefur að undanförnu sopið seyðið af skakkaföllum vegna fallinna ábyrgða og nægir þar að nefna töp fjárfestingarlánasjóða og ríkisábyrgðasjóðs sem hafa verið veruleg á undanförnum árum. Með aðild að EES er skylt að gera þessi málefni mun gegnsærri en verið hefur.

Atvinnumál

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar felst fyrst og fremst í því að treysta forsendur stöðugleika í efnahagslífinu. Þetta er jafnframt veigamesti þátturinn í atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

Markmið atvinnustefnu er að treysta forsendur hagvaxtar. Til þess þarf að skapa atvinnulífinu, öllum atvinnugreinum, almenn skilyrði svo að framtak fyrirtækja og einstaklinga fái notið sín sem best. Lækkun á tekjuskattshlutfalli félaga úr 45 í 33% er liður í þessari stefnu jafnframt því sem þetta er hluti af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að skattlagning fyrirtækja verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum.

Ríkisvaldið getur stutt við framtak einstaklinga með aðstoð við rannsókna- og þróunarstarfsemi og markaðssókn. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja á næsta ári 240 milljónum króna til sérstakra rannsókna- og þróunarverkefna. Þessum fjármunum verður væntanlega varið til að styrkja verkefnatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands, til nýsköpunarverkefna fyrir milligöngu Rannsóknaráðs ríkisins og til markaðsrannsókna og nýverkefna á vegum Útflutningsráðs Íslands. Einnig verður varið 100 milljónum króna til sérstaks markaðsátaks á EES-markaði til þess að auðvelda fyrirtækjum að nýta þau tækifæri sem EES-samningurinn býður upp á.

Sjávarútvegur. Þrátt fyrir hagræðingu í rekstri fer afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi versnandi. Stafar það fyrst og fremst af minnkuðum aflaheimildum á þorski en ástand þorskstofnsins veldur verulegum áhyggjum. Það dregur úr áhrifum þorskbrestsins að aðrir nytjastofnar eru í allgóðu ástandi og því réttlætanlegt að leggja tímabundið meira á afrakstursgetu þeirra vegna hins bága ástands þorskstofnsins. Einnig hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir aðgerðum til að milda áhrifin af minnkandi þorskkvóta hjá þeim útgerðum sem verða fyrir mestri skerðingu.

Á undanförnum mánuðum hafa átt sér stað verulegar skuldbreytingar á lánum sjávarútvegsfyrirtækja. Þrátt fyrir þær er stór hluti lána þeirra til það skamms tíma að greiðslubyrði fyrirtækjanna er meiri en svo að þau fái ráðið við hana við núverandi skilyrði. Þess vegna þarf að finna leiðir til þess að draga úr greiðslubyrði fyrirtækjanna á næstunni með skipulögðum hætti og þannig að ekki leiði til mismununar. Þetta verður hins vegar að gerast fyrst og fremst fyrir tilstilli banka og lánasjóða.

Starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins hefur verið til umfjöllunar að undanförnu í kjölfar aðgerða á síðastliðnu vori er ákveðið var að greiða úr sjóðnum til að bæta erfiða greiðslustöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Þótt sjóðurinn hafi ótvírætt stuðlað að því að jafna áhrif verðsveiflna á hagkerfið á undanförnum árum og því ýmis rök fyrir því að halda starfsemi sjóðsins áfram, þá er hlutverk sjóðsins takmarkað við verðjöfnun. Það geta komið upp sérstök vandræði við þær aðstæður að sveiflur í verði og afla fara ekki saman. Þess vegna kemur til álita að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd en huga að undirbúningi þess að fyrirtækjum verði gert kleift að koma á og beita virkri sveiflujöfnun eða jöfnun afkomu innan fyrirtækjanna.

Í ljósi þess að verulega hefur orðið að draga úr þorskveiði, er nauðsynlegt að bæta það upp að einhverju leyti með veiðum úr fiskstofnum sem nú eru ekki fullnýttir eða alls ekki nýttir. Það gerist þó ekki á skömmum tíma þar sem það kallar á viðamiklar rannsóknir og tilraunir. Vaxandi veiðar á úthafskarfa að undanförnu eru hins vegar dæmi um árangur af slíkri viðleitni. Nú er verið að undirbúa viðamikið tilraunaverkefni á djúpslóð í samstarfi við útvegsmenn. Með þessu móti væri unnt á innan við hálfu ári að ná allgóðri könnun á því svæði sem liggur milli 500 og 1500 m dýptarlínu og ekki er þekkt sem veiðisvæði nú.

Fullvinnsluskip hafa almennt mun betri möguleika en önnur skip til að nýta vannýttar tegundir á djúpslóð. Að þessu leyti gegna vinnsluskip veigamiklu hlutverki. Að því er varðar veiðar vinnsluskipa og samkeppni þeirra við vinnslu í landi, þá hafa verið sett lög ásamt reglugerð í því skyni að tryggja hámarksnýtingu og bæta gæði um borð í vinnsluskipum. Einnig verður komið á virku eftirliti með vinnslu um borð til þess að draga úr tortryggni varðandi nýtingu og meðferð aflans. Þessar breytingar skapa nýjar forsendur fyrir arðsemi þessara skipa. Að öðru leyti skiptir mestu máli að gera almennar kröfur og jafna svo sem verða má starfsskilyrði milli landvinnslu og sjóvinnslu.

Landbúnaður. Í samræmi við búvörusamning um kerfisbreytingu á stjórnun og stuðningi við sauðfjárframleiðslu hafa framleiðsluheimildir (greiðslumark) sauðfjárbænda nú verið færðar niður um u.þ.b. 3.700 tonn, úr 11.850 í 8.150 tonn, sem áætlað er að fullnægi innanlandsmarkaði á næsta ári.

Þvinguð niðurfærsla var svæðisbundin og réðst af því hve mikill framleiðsluréttur var seldur af hverju svæði. Niðurstaðan er sú, að raunveruleg skerðing hjá þeim sauðfjárbændum sem eftir standa er á bilinu 1 til 28% eftir héruðum, en í flestum tilfellum er hún á bilinu 20-26%.

Samtímis þessu hefur raunverð á kindakjöti til bænda verið lækkað í tveimur áföngum um 6%. Þessu fylgir verulegar tekjusamdráttur hjá sauðfjárbændum strax á næsta ári.

Í ágúst síðastliðnum var gengið frá samningi við Stéttarsamband bænda um mjólkurframleiðsluna. Sá samningur er nánari útfærsla á fyrri samningi um framleiðslustjórn og opinberan stuðning við mjólkurframleiðendur.

Í samningnum felst u.þ.b. 5% samdráttur í mjólkurframleiðslu, niðurgreiðslum á heildsölustigi er hætt og teknar upp beinar greiðslur til bænda, sem nema 47% af framleiðslukostnaði og bændur undirgangast framleiðnikröfu, sem skila á 5% raunverðslækkun á mjólk á næstu tveimur árum. Jafnframt samningnum við bændur hefur verið mótuð stefna um gjörbreytt rekstrarumhverfi mjólkurbúa þar sem verðmiðlun verður hætt nema til flutningsjöfnunar og verðlagning verður frjáls á öðrum mjólkurafurðum en neyslumjólk.

Með þessum breytingum, og því að mjólkurstöðvum standi til boða styrkir til úreldingar og hagræðingar næstu tvö ár, er stefnt að því að ná fram aukinni hagkvæmni í vinnslu og sölu mjólkurafurða.

Unnið er að tillögum til hagræðingar í rekstri sláturhúsa, jafnframt því sem verið er að endurskoða allt kerfi sjóðagjalda í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og lækka verð á búvörum.

Þá eru í gangi athugun á stöðu annarra búgreina. Í alifugla- og svínarækt er sérstaklega horft til þess að styrkja stöðuna með markvissu kynbótastarfi, jafnframt því sem opinberar álögur og allt rekstrarumhverfi er til endurskoðunar. Hvað garðyrkjuna varðar verður athugað sérstaklega hvaða möguleikar felast í bættri nýtingu gróðurhúsa með aukinni raflýsingu, sem lengt getur ræktunartímann.

Með tilkomu EES samningsins má vænta erlendrar samkeppni við vissar greinar mjólkuriðnaðar svo og við garðyrkjuna. Þá er unnið út frá því að nýtt GATT samkomulag um búvöruviðskipti geti tekið gildi í janúar 1994 en það býður upp á víðtæka erlenda samkeppni við innlendan landbúnað. Ofangreind vinna og stefnumörkun hefur þann tvíþætta tilgang að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra búvöruframleiðenda og lækka matvælaverð í landinu.

Samkvæmt búvörusamningunum á að endurskoða verðlagskerfi sauðfjárafurða árið 1993 og mjólkurafurða 1994. Þá hefur bændasamtökunum verið boðið upp á viðræður um endurskoðun samninganna með það að markmiði að losa um framleiðslustýringu, minnka tengsl milli opinbers stuðnings og búvöruframleiðslu og auka frjálsræði á búvörumarkaðinum.

Fjölbreytt atvinnulíf. Eins og áður sagði felst atvinnustefna ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst í því að skapa öllu atvinnulífinu almenn skilyrði. Það er nauðsynlegt til þess að viðhalda hér fjölbreyttu atvinnulífi sem mætir fjölbreyttum óskum fólks um starf.

Ferðaþjónusta er ein þeirra atvinnugreina sem hafa verið í vexti á síðustu árum og vonir eru bundnar við í framtíðinni. Árið 1991 voru erlendir ferðamenn á Íslandi rúmlega

143 þúsund og talið er líklegt að þeim fjölgi verulega á næstu árum. Heildargjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum voru um 12,5 milljarðar króna 1991 og ársverk í ferðaþjónustu um 6000. Ferðaþjónusta er því þegar orðin mjög mikilvæg atvinnugrein hér á landi og vaxtarbroddur í atvinnulífinu.

Áhersla verður lögð á að velja markaðssvæði og markhópa erlendis. Í því sambandi verður sérstök áhersla lögð á fundi og ráðstefnur. Stofnuð hefur verið Ráðstefnuskrifstofa Íslands í því skyni.

Nærtækasti markaður innlendrar ferðaþjónustu eru Íslendingar sjálfir. Öflugur heimamarkaður er undirstaða uppbyggingar, eykur nýtingu fjárfestingar, skapar atvinnu og sparar gjaldeyri. Áhersla verður lögð á að auka ferðalög Íslendinga innanlands.

Ferðaþjónusta er e.t.v. nærtækasta dæmið um vaxtarmöguleika í þjónustugreinum en tækifærin liggja einnig á fjölmörgum öðrum sviðum. Þannig getur t.d. verslunin skilað auknum hlut í þjóðarbúið með vaxandi umsvifum og aukinni hagræðingu. Fjölbreyttur iðnaður hefur um langt skeið verið veigamikill þáttur í íslensku atvinnulífi og mikilvægt er að svo verði áfram. Forsenda þess er áframhaldandi stöðugleiki og sambærileg starfskjör við erlenda keppinauta.

Sérstakar framkvæmdir. Í ljósi þess að alvarlega horfir við í atvinnumálum landsmanna ákvað ríkisstjórnin í tengslum við fjárlagagerð að verja tveimur milljörðum króna til viðbótarframkvæmda á næsta ári, einkum til vegagerðar. Gott samgöngukerfi er veigamikill þáttur í öflugum hagvexti. Miklar breytingar hafa orðið í flutningatækni og munu halda áfram á næstu árum. Vegakerfið þarf að geta mætt þessum breytingum, m.a. með því að flutningsþungi á vegum verði aukinn. Það auðveldar einnig að stækka atvinnu- og markaðssvæði en slíkt er nauðsynlegt til að treysta stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Góðar samgöngur eru einn mikilvægasti þáttur skynsamlegrar byggðastefnu. Þær stuðla einnig að sameiningu sveitarfélaga og samgöngubætur eru reyndar oft forsenda fyrir því að sveitarfélög sameinist. Fyrir utan þá beinu hagkvæmni sem í sameiningunni felst fyrir rekstur sveitarfélaganna auðveldar hún einnig samstarf og samruna fyrirtækja sem nú eru í fleiri en einu sveitarfélagi.

Það má þannig færa veigamikil rök fyrir því að samgönguframkvæmdir séu arðbærar framkvæmdir fyrir allt þjóðarbúið. Þess vegna verða þessar framkvæmdir auknar frá því sem fyrri ákvarðanir gera ráð fyrir. Þá er einnig haft í huga að þessi fjárfesting kallar ekki á árleg rekstrarútgjöld síðar. Við ákvörðun einstakra framkvæmda verður miðað við að þær

- auki flutningsgetu vega
- stækki atvinnu- og markaðssvæði
- auðveldi sameiningu sveitarfélaga

Einnig verður þess gætt að unnt verði að hefja þessar framkvæmdir sem fyrst í ljósi atvinnuástands. Það á ekki síður við um viðhaldsverkefni við opinberar byggingar, sem einnig verður ráðist í.

Miðað við núverandi stöðu ríkisfjármála þýða auknar framkvæmdir auknar lántökur ríkisins. Þetta setur viðbótarframkvæmdum þrengri skorður en ella. Sama gildir einnig vegna þess að enn verður mikill halli á utanríkisviðskiptum á næsta ári þótt gert sé ráð fyrir því að hann minnki frá því sem er í ár.

Viðbótarframkvæmdir næstu árin eru ákveðnar í trausti þess og í þeim tilgangi að hagvöxtur muni glæðast á ný. Þau lán sem tekin verða til þessara framkvæmda þarf að endurgreiða og það verður að gera af því fé sem til ráðstöfunar verður til framkvæmda á viðkomandi sviði. Þegar á heildina er litið yfir lánstímann verður þetta ekki til að auka útgjöld ríkisins.

Evrópska efnahagssvæðið

Á næsta ári kemur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið til framkvæmda og um leið verður komið á innri markaði Evrópubandalagsins. EES samningurinn boðar einhverjar víðtækustu breytingar í íslenskum þjóðarbúskap sem ráðist hefur verið í hér á landi. Efnahagsáhrif samnings og efnahagssamrunans í Evrópu hafa verið metin af ýmsum innlendum sem erlendum hagstofnunum. Hér verða dregnar saman helstu niðurstöður.

Áhrifa samningsins um EES á ýmsa þætti íslensks efnahagslífs mun gæta þegar á næsta ári. Þar ber hæst niðurfelling tolla á ýmsum sjávarafurðum. Afnám tollanna mun bæta samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart vinnslu í EB ríkjunum. Miðað við núverandi samsetningu sjávarvöruútflutnings verður 93% útflutnings til Evrópuríkjanna tollfrjáls. Mestu munar þar um afnám tolla á saltfiski, en tollatekjur EB af útfluttum saltfiski frá Íslandi nema einum milljarði króna. Útflutt flök til EB hafa borið 18% toll, en með EES samningnum verður útflutningur þeirra tollfrjáls. Með niðurfellingu tolla eykst því hagkvæmni í útflutningi flakaðs fisks í samanburði við útflutning óunnins fisks sem styrkir innlenda fiskvinnslu.

Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu mun færa íslenskum fyrirtækjum ný sóknarfæri og stuðlar að því að búa þeim sama rekstrarumhverfi og samkeppnisaðilum. Ávinningurinn felst ekki síður í tækifærum til nýsköpunar m.a. með samstarfi við önnur fyrirtæki á efnahagssvæðinu. Þegar til lengri tíma er litið mun ávinningurinn af EES fyrir íslenskt þjóðarbú fyrst og fremst felast í þessum þáttum, sem þó er erfitt er að meta til fjár. Þessi tækifæri eru mikilvægur þáttur í þeirri stefnu að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki nýti þá möguleika sem í samningnum felast svo sem kostur er. Til þess að undirbúa jarðveginn hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja 100 milljónir króna í sérstakt markaðsátak á EES svæðinu. Þetta átak verður undirbúið og að því staðið í nánu samstarfi við samtök atvinnulífsins og einstök fyrirtæki.

Fyrir utan afnám tolla skiptir mestu fyrir íslenskt þjóðarbú aukin samkeppni í hvers konar þjónustuviðskiptum. Þessi áhrif munu koma fram á nokkrum árum. Samkeppnin mun óhjákvæmilega leiða til lækkunar þjónustugjalda peningastofnana og tryggingarfélaga og lækkunar vaxta. Viðskiptakjör Íslendinga munu batna því verðlag innfluttrar vöru frá efnahagssvæðinu gæti lækkað um allt að 3%. Athuganir sýna að þjónustugjöld gætu lækkað um 10-15% og vextir um tæpt prósentustig. Áhrif þessara þátta á helstu hagstærðir hafa verið metin af Þjóðhagsstofnun.

- *Landsframleiðsla.* Athuganir Þjóðhagsstofnunar sýna að þegar til lengdar lætur eru bein áhrif af EES samningum sem svarar allt að 1½% á landsframleiðslu
- *Verðlag.* Vísitala framfærslukostnaðar gæti lækkað sem nemur allt að 1,7%.
- *Vextir.* Aukin samkeppni og greiðari aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum gætu leitt til lækkunar raunvaxta um 0,7%.
- *Vinnumarkaður.* Áhrif samningsins á vinnuaflseftirspurn eru lítil vegna þeirrar hagræðingar og framleiðsluaukningar sem aukin samkeppni mun kalla á.
- *Kaupmáttur launa* gæti aukist um 2-3%.

EES samningurinn hefur ekki aðeins áhrif á leikreglur atvinnulífsins heldur ekki síður á leikreglur efnahagsstjórnar á sviði atvinnumála, ríkisfjár- og peningamála. Aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum samfara fastgengisstefnu og frjálsum fjármagnsflutningum leiðir óhjákvæmilega til aukins vægis ríkisfjármála í hagstjórn. Ennfremur má ætla að samrunaferlið í Evrópu muni kalla á samræmingu skattamála meðal ríkja álfunnar, ekki síst hvað varðar skattlagningu fyrirtækja. Á tekjuhlið fjárlaga kallar samstarf við Evrópuríkin á lækkun skatta á neysluvörur. Tekjur ríkissjóðs munu aukast vegna meiri hagvaxtar. Á gjaldahlið eru ýmsir liðir sem lækka. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs eru því án efa jákvæð.

Aðild Íslands að EES mun leiða til aukins aðhalds og aga í efnahagsstjórn. Aðild að EES mun einnig auka tiltrú erlendra fjárfesta og lánveitenda á íslenskt efnahagslíf, sem gæti treyst stöðu Íslands á erlendum lánamörkuðum.

III. ÁSTAND OG HORFUR 1992-1993.

Flest bendir til að þjóðhagsleg skilyrði verði erfið á næsta ári. Þannig hefur reynst nauðsynlegt að takmarka úthlutun aflaheimilda til þess að koma í veg fyrir að gengið verði á fiskstofna og þrálát óáran í alþjóðaefnahagsmálum hefur verið útflutningsgreinum þung í skauti og frestað ákvörðun um byggingu nýs álvers hér á landi. Niðurstaða þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1993 er sú að landsframleiðslan verði 0,5% minni en á þessu ári og þjóðartekjur minnki meira vegna versnandi viðskiptakjara, eða um 1,5%. Til samanburðar er talið að landsframleiðsla dragist saman um 2,7% á þessu ári og þjóðartekjur um 3,8%. Reiknað er með að þjóðarútgjöld dragist ívið meira saman en þjóðartekjur sem leiðir til að viðskiptahalli verður nokkru minni en á líðandi ári. Samkvæmt áætluninni verður hallinn 3,3% af landsframleiðslu á næsta ári borið saman við 3,5% í ár og 4,9% í fyrra. Framhald samdráttar í þjóðarbúskapnum felur í sér að atvinnuástand verður áfram erfitt. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 1993 muni svara til 3½% af vinnuaflinu samanborið við nálægt 3% á þessu ári. Reiknað er með að verðbólga verði mjög lítil á næsta ári og minni en í flestum nálægum ríkjum.

Verg landsframleiðsla á Íslandi og OECD
Vísitölur 1980=100



Alþjóðaefnahagsmál

Þróun efnahagsmála í heiminum að undanförnu hefur valdið vonbrigðum. Alþjóðaefnahagsstofnanir hafa búist við bata frá því snemma á árinu 1991 en spár þeirra um að hagvöxtur glæddist hafa ekki reynst á rökum reistar. Batamerki sem komið hafa fram öðru

hverju hafa reynst mýrarljós. Við bætist mikill óróleiki á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum um þessar mundir. Óvenjumikil óvissa ríkir því um efnahagshorfur á næstu misserum.

Óráðnar aðstæður á alþjóðavettvangi valda því að skoðanir eru skiptar um hvenær hagvöxtur glæðist á ný. Hagspár alþjóðaefnahagsstofnana eru þó flestar á þá lund að hagvöxtur aukist smám saman á næstu mánuðum og verði nálægt 3% innan skamms miðað við heilt ár. Þannig gerir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn til dæmis ráð fyrir því í nýlegri spá sinni að hagvöxtur í iðnríkjunum verði 1,7% á þessu ári og 2,9% á því næsta. Til samanburðar var hagvöxturinn aðeins 0,6% í fyrra og í sumum ríkjum var um beinan samdrátt að ræða, meðal annars í Bandaríkjunum. Endurbatinn, sem spáð er, byggir ekki síst á því að efnahagslífið í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi rétti úr kútnum, en þar varð efnahagslægðin einna dýpst. Talið er að hagvöxtur í þróunarríkjunum verði rúmlega 6% bæði á þessu ári og því næsta og er það meiri vöxtur en verið hefur í áratug. Horfur eru hins vegar lakari í Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkjunum. Þar er reiknað með áframhaldandi samdrætti.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum

	1990	1991	1992	1993
Hagvöxtur, %-br. frá fyrra ári	2,3	0,1	1,1	3,1
Iðnríki	2,4	0,6	1,7	2,9
Bandaríkin	0,8	-1,2	1,9	3,1
Evrópubandalagið	2,8	0,8	1,4	2,3
Japan	5,2	4,4	2,0	3,8
Þróunarríki	3,6	3,2	6,2	6,2
Austur-Evrópa 1)	-1,5	-9,7	-16,8	-4,5
Alþjóðaviðskipti, %-br. frá fyrra ári	**3,9**	**2,3**	**4,5**	**6,7**
Olíuverð 2)	**22,06**	**18,31**	**18,32**	**18,21**
Verðbólga				
Iðnríki	4,9	4,4	3,3	3,2
Þróunarríki	80,2	42,5	42,4	27,7
Austur-Evrópa 1)	21,2	95,4	1192,0	109,0
Sex mánaða LIBOR, % 3)	**8,4**	**6,1**	**3,9**	**4,2**

1) Austur-Evrópa og fyrrum Sovétríkin.
2) Bandaríkjadollarar á hráolíufatið.
3) Millibankavextir á dollaralánum.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Efnahagslægðin í heiminum hefur leitt til þess að atvinnuleysi hefur aukist víðast hvar. Þar sem búist er við hægum bata er ólíklegt að atvinnuleysi minnki í bráð - og reyndar er óvíst að það hafi enn náð hámarki. Það er jafnan svo að nokkur tími líður frá því að hagvöxtur eykst og þar til áhrifin koma fram á vinnumarkaði.

Fréttir af efnahagsmálum á alþjóðlegum vettvangi eru því ekki sérstaklega upp-örvandi. Það er þó ekki allt á sömu bókina lært í þeim efnum. Þannig hefur verðbólga hjaðnað í flestum löndum. Búist er við að verðbólgan í iðnríkjum verði 3,3% á þessu ári og 3,2% á því næsta borið saman við 4,4% í fyrra og 4,9% í hittiðfyrra. Öðru gegnir að vísu um Austur-Evrópu en þar er verðbólga talin verða um 1200% á þessu ári. Þá hefur framvinda efnahagsmála í skuldugustu ríkjum heims víða verið hagstæð og því virðist mesta hættan úr þeirri átt liðin hjá. Loks hefur komist á betra jafnvægi í viðskiptum helstu iðnríkja.

Útflutningsframleiðsla

Áætlað er að heildarafli landsmanna á árinu 1992 verði um 1.550 þúsund tonn, sem er um 48% meiri afli í tonnum en á árinu 1991. Þessi aukning skýrist alfarið af loðnuafla sem talin er aukast um 550 þúsund tonn. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn minnki um 1½% ef loðnan er talin með, en 8% án hennar. Botnfiskaflinn í heild dregst saman um 12% á árinu. Þorskafli dregst saman um 15½%. Búist er við að útflutningsframleiðslan árið 1992 verði óbreytt á föstu verðlagi.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 var útflutningsframleiðsla sjávarafurða 4,2% minni en á sama tíma í fyrra. Mestur var samdrátturinn í saltfisksframleiðslu eða rúmlega 20%. Ísfiskur dróst saman um 16% og landfrysting botnfisks um 14%. Aukning varð aftur á móti í sjófrystingu botnfisks um 3%, landfrystingu rækju um 20% og sjófrysting rækju óx um 10%.

Fiskveiðistjórnun næsta árs miðast við að ekki verði gengið á veiðistofna helstu nytjafiska. Til þess að ná því markmið hefur þorskkvóti verið minnkaður um rúman fimmtung en auknar heimildir til veiða á öðrum botnfisktegundum. Í eftirfarandi töflu er sýnd úthlutun aflaheimilda á fiskveiðitímabilinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Til samanburðar eru sýndar heimildir fyrra fiskveiðiárs svo og afli 1991 og áætlaður afli 1992.

Markaðsverðlag sjávarafurða í SDR
Vísitölur 1989=100



Afli og aflaheimildir 1991-1993
- Þúsundir tonna -

	Aflaheimildir 1991/ 1992	Aflaheimildir 1992/ 1993	Afli 1991	Áætlaður afli 1992	Breyting 1991-1992
Þorskur	265	205	307	265	-13,4%
Ýsa	50	65	54	55	1,8%
Ufsi	75	92	99	75	-24,2%
Karfi	90	104	97	90	7,2%
Grálúða	25	30	35	30	-14,3%
Skarkoli	11	13	11	11	0,0%
Síld	110	110	78	110	41,0%
Rækja	40	45	38	40	5,3%

Samkvæmt þessu reiknar Þjóðhagsstofnun með að aflaverðmæti ársins 1993 verði um 1,6% minna en árið 1992 reiknað á föstu verði. Þá er gert ráð fyrir að aflaheimildir skili sér í aðalatriðum í veiði. Áætlunin byggir á þeirri forsendu að þorskafli verði um 212 þúsund tonn á árinu og annar botnfiskafli verði um 380 þúsund tonn. Þar af er úthafskarfi, sem er utan kvóta, áætlaður 30 þúsund tonn.

Gert er ráð fyrir að botnfiskaflinn í heild á föstu verði minnki um tæplega 5% frá árinu 1992, þar af dragist þorskafli saman um rúmlega 20%. Þjóðhagsstofnun reiknar með að síldar- og loðnuafli verði svipaður árið 1993 og 1992.

Að öllu samanlögðu reiknar Þjóðhagsstofnun með að útflutningsframleiðsla sjávarafurða minnki um ½% milli áranna 1992 og 1993. Minni samdráttur í framleiðslu en afla felur í sér að reiknað er með hagkvæmari ráðstöfun aflans sem leiði þá til aukins vinnsluvirðis.

Miklir erfiðleikar hafa verið um skeið á málmmörkuðum heimsins, sem stafar annars vegar af minnkandi eftirspurn vegna efnahagslægðar og hins vegar af miklu framboði frá Austur-Evrópu. Ál-og kísiljárnsframleiðsla hér á landi hefur ekki farið varhluta af þessum þrengingum á alþjóðamarkaði, bæði hefur verðlag lækkað verulega og þá hefur framleiðslan verið dregin saman. Framleiðsla kísiljárns í fyrra var 30% minni en árið 1989, er hún varð sem mest. Þrátt fyrir framleiðsluaukningu á fyrri hluta þessa árs, er einsýnt að framleiðslan mun dragast verulega saman á síðari hluta ársins og er framleiðslan talin verða óbreytt frá því í fyrra. Mikil óvissa ríkir um framleiðsluna á næsta ári, en einsýnt er að markaðurinn fyrir kísiljárn verður erfiður á næstu misserum og hér er því ekki reiknað með framleiðsluaukningu á árinu 1993. Álframleiðslan er talin aukast lítillega á þessu og næsta ári. Hér er þannig ekki gert ráð fyrir frekari röskun á starfsemi málmfyrirtækjanna en orðið er. Önnur útflutningsframleiðsla hefur átt í vök að verjast á síðustu misserum og gert er ráð fyrir 11½% minnkun á þessu ári og 5% á því næsta.

Útlit er fyrir að útflutningsframleiðslan í heild verði því sem næst jafnmikil í ár og í fyrra á föstu verðlagi. Horfur til 1993 eru að útflutningsframleiðsla í heild dragist saman um ½% frá þessu ári.

Viðskiptakjör

Eftir hagstæða þróun viðskiptakjara í fyrra hafa þau farið versnandi á þessu ári. Þar leggst margt á sömu sveif. Verð á sjávarafurðum hefur farið lækkandi á árinu, gengisbreytingar hafa verið óhagstæðar, einkum að undanförnu, og verð á áli og kísiljárni hefur verið mjög lágt. Lækkun olíuverðs á árinu hefur hins vegar dregið úr rýrnun viðskiptakjaranna. Að öllu samanlögðu er talið að viðskiptakjör vöru rýrni um 4,4% milli áranna 1992 og 1993. Á móti þessu vegur að hluta að viðskiptakjör þjónustu hafa batnað. Þetta stafar einkum af mikilli lækkun á vöxtum í Bandaríkjunum. Talið er að meðalvextir (LIBOR) af dollaralánum verði 3,9% á þessu ári samanborið við 6,1% í fyrra. Sé eingöngu litið á áhrif gengis- og vaxtabreytinga milli áranna 1991 og 1992 gera vaxtabreytingar meira en að vega upp óhagstæð áhrif nýlegra breytinga á innbyrðis gengi gjaldmiðla í Evrópu.

Fyrstu sex mánuði ársins lækkaði verð á sjávarafurðum um 1,7% í íslenskum krónum. Þessa lækkun má að mestu rekja til lægra afurðaverðs á erlendum mörkuðum þar sem breyting meðalgengis miðað við útflutningsvog á þessu tímabili var einungis 0,2%. Ál og kísiljárn lækkuðu í verði um tæp 9% á fyrstu sex mánuðum ársins, en verð á öðrum iðnaðarvörum hækkaði lítillega, eða um tæpt 1%. Samtals lækkaði almennur vöru-útflutningur í verði um rúm 2% fyrstu sex mánuði ársins. Innflutningsverð hefur að mestu fylgt almennum verðbreytingum í viðskiptalöndunum. Fyrstu sex mánuði ársins hækkaði verð almenns innflutnings án aðfanga til stóriðju og olíu um 3½%. Olíuverð hefur aftur á móti farið lækkandi, sem leitt hefur til þess að í heild hefur almennur vöruinnflutningur einungis hækkað í verði um 0,3% á fyrstu sex mánuðum ársins. Samkvæmt þessum tölum versnuðu viðskiptakjör þjóðarbúsins um 2,6% á fyrri hluta þessa árs, en reiknað er með að fyrir árið í heild versni þau um 4,4% eins og áður sagði.

Horfur eru á að viðskiptakjör á árinu 1993 verði nokkru lakari en á líðandi ári. Þetta stafar fyrst og fremst af því að gert er ráð fyrir að raunverð sjávarafurða verði heldur lægra en á þessu ári, þótt hagstæð áhrif tollalækkana vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði vegi lækkunina að hluta upp. Þá ganga áhrif gengisbreytinganna að undanförnu í sömu átt þar sem veikir gjaldmiðlar um þessar mundir eru hlutfallslega mikilvægari á útflutningshlið en innflutningshlið. Óróinn á gjaldeyrismörkuðum eykur óvissuna í spám um viðskiptakjör. Að öllu athuguðu er talið að viðskiptakjör vöru rýrni

um 1½% á milli ára 1992 og 1993. Horfur um viðskiptakjör þjónustu eru mjög óviss. Hér er reiknað með litlum breytingum á þeim, en þó heldur í átt til rýrnunar vegna horfa um lítilsháttar hækkun vaxta í Bandaríkjunum.

Gengismál

Festing meðalgengis krónunnar hefur verið hornsteinn efnahagsstefnunnar undanfarin þrjú ár. Gengisfestan hefur skapað mikilvægt aðhald að verðlagi og skipt sköpum til lækkunar verðbólgu.

Raungengi krónunnar miðað við verðlag á þessu ári er ívið hærra en að meðaltali frá árinu 1980 og 8% lægra en 1988, þegar það reis hvað hæst. Á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar er raungengið hins vegar sögulega lágt, 2% lægra en að meðaltali frá árinu 1980 og 17½% lægra en 1988. Hið sögulega samhengi er sýnt í meðfylgjandi mynd. Þar kemur fram að eftir mikla hækkun raungengis upp úr miðjum níunda áratugnum, fellur það hratt árin 1989 og 1990.



Þótt verðbólga hafi hjaðnað umtalsvert á Íslandi á undanförnum misserum hefur raungengið engu að síður hækkað nokkuð, því verð- og launabreytingar hafa verið heldur hærri hér en í viðskiptalöndunum. Í fyrra hækkaði raungengið um 2½% miðað við verðlag og um 3½% miðað við launakostnað. Á þessu ári er útlit fyrir raungengishækkun um ½% miðað við verðlag og um 2,8% miðað við laun. Breytingar innan ársins sýna þó lækkandi raungengi.

Á þeim forsendum um þróun verðlags, launa og gengis, sem þjóðhagsáætlun er reist á, mun raungengi lækka um 1½% á kvarða hlutfallslegs verðlags og um 2% miðað við launakostnað á næsta ári.

Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 853 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1991. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi fyrirtækjanna í heild hefur lækkað um 3,4% af tekjum frá árinu 1990, eða úr 5,2% árið 1990 í 1,8% árið 1991. Hér er um að ræða hagnað fyrir greiðslu tekju-

og eignarskatta. Eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna var 18% í árslok 1990 en hefur lækkað í 17% í árslok 1991. Án banka- og tryggingastarfsemi var eiginfjárhlutfallið 31% í árslok 1991 borið saman við 33% í árslok 1990. Samkvæmt ársreikningunum snýst afkoman almennt til hins verra, einkum í sjávarútvegi, þjónustu og veitingarekstri.

Bæði fjármagnskostnaður og launatengd gjöld mælast óeðlilega lág í bókhaldi fyrirtækjanna á árinu 1990. Ef þessir kostnaðarliðir eru endurmetnir hefði hagnaður ársins 1990 verið um 3% og afkoman versnað um 1,2% milli áranna 1990 og 1991.

Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi,
% af tekjum

	1990	1991
Samkvæmt ársreikningum fyrirtækja	5,2	1,8
Eftir endurmat á vöxtum, verðbreytingarfærslu og launat.gjöld.	3,0	1,8

Hér er vissulega um lauslegt endurmat að ræða 1990 en nauðsynlegt er að skoða niðurstöður ársreikninga einnig í þessu ljósi.

Rétt er að leggja áherslu á að hér er lýst afkomu þessara 853 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild. Velta þeirra er um þriðjungur af heildarveltu fyrirtækja 1990 og afkoman 0,8% betri en heildarinnar.

Stóriðja er meðal þeirra atvinnugreina sem ekki eru með í úrtakinu en afkoma þeirra versnaði mikið á árinu 1991 og var hallarekstur verulegur.



Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja

Þjóðhagsstofnun hefur að mestu lokið uppgjöri ársreikninga sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1991. Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir benda til þess að hagnaður af botnfiskveiðum og -vinnslu hafi verið um 1% eftir að búið er að draga frá kostnað vegna afskrifta og 6% raunvexti af öllu fjármagni sem bundið er í greinunum, bæði lánsfé og

eigið fé. Botnfiskveiðar og -vinnsla greiddu háar fjárhæðir í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins á árinu 1991. Ef þessar greiðslur eru taldar með tekjum greinanna þá nam hagnaðurinn á árinu 1991 4,6% af tekjum.

Helsta ástæða góðrar afkomu á árinu 1991 er mjög hátt verð á botnfiskafurðum. Frá árinu 1990, þegar hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu var 2,5% af tekjum, hækkaði verð á landfrystum botnfiskafurðum um 16%, verð á sjófrystum afurðum hækkaði um 17,7%, verð á saltfiski hækkaði um 13,6% og verð á ísfiski hækkaði um 6,4%. Á sama tíma hækkuðu almenn laun um 8,4% og byggingarvísitalan hækkaði um 8%. Þrátt fyrir að afurðaverð hafi hækkað meira en almennur kostnaður innanlands minnkaði hagnaður greinanna vegna mikillar hækkunar á hráefnisverði. Meðalverð á slægðum þorski sem seldur var innanlands var 30% hærra árið 1991 en 1990 og meðalverð á öllum botnfiski var 26% hærra.

Frá haustinu 1991 hefur verð á botnfiskafurðum heldur lækkað á erlendum mörkuðum. Í ágúst síðastliðnum var verð á landfrystum botnfiski 7,6% lægra en á árinu 1991, verð á sjófrystum afurðum var 1,5% lægra, verð á saltfiski var 6,8% lægra og verð á ísfiski var 10,4% lægra. Þessar verðlækkanir og lítilsháttar hækkun á innlendum kostnaði hafa leitt til þess að afkoma botnfiskveiða og -vinnslu hefur versnað verulega frá árinu 1991. Þjóðhagsstofnun áætlar að við skilyrðin í júlí 1992 hafi botnfiskveiðar og -vinnsla verið rekin með 5-6% tapi ef ekki er tekið tillit til sérstakra greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Að teknu tilliti til þessara greiðsla er áætlað að tapið við skilyrðin í júlí síðastliðnum hafi verið rúmlega 1% af tekjum. Á næsta ári, þegar þessum greiðslum sleppir á sama tíma og botnfiskaflinn dregst enn saman, þá er ljóst að botnfiskveiðar og -vinnsla verða rekin með verulegu tapi. Það er mat Þjóðhagsstofnunar að miðað við verðskilyrði í júlí síðastliðnum verði tap á botnfiskveiðum og -vinnslu um 7% af tekjum á næsta ári. Í þessum áætlunum er ekki reiknað með útgjöldum vegna kaupa á aflaheimildum Hagræðingasjóðs eða hækkun á skilaverði vegna lækkana á tollum vegna EES samningsins frá 1. janúar 1993. Afkoma hinna ýmsu greina og fyrirtækja verður þó mjög mismunandi og meðal annars er búist við að frystiskip verði rekin með um 12% hagnaði við þessi skilyrði. Gengisbreytingar að undanförnu hafa rýrt afkomu sjávarútvegs frá því þessar áætlanir voru gerðar.

Nokkuð erfitt er að spá í horfur á erlendum mörkuðum á næstu mánuðum. Hátt verð að undanförnu og efnahagserfiðleikar í helstu markaðslöndunum hefur dregið úr eftirspurn, en á sama tíma hefur framboð einnig minnkað. Ef þorskstofninn í Barentshafi er undanskilinn, þá virðast allir helstu botnfiskstofnar á norðurslóðum vera ofveiddir og eru stjórnvöld nú að grípa til ráðstafana til að minnka veiðina. Ákvörðun kanadísku ríkisstjórnarinnar um að stöðva þorskveiðar við Nýfundnaland í tvö ár, ákvörðun um að minnka þorskveiði hér við land, erfið staða þorskstofnsins í Eystrasalti og í Norðursjó og viðleitni til að minnka það gífurlega magn af ufsa sem veitt hefur verið fyrir utan Alaska eru allt vísbendingar um að framboð á botnfiski muni minnka á næstunni. Á móti þessu kemur aukning á framboði fisks úr Barentshafi og frá ríkjum Austur-Evrópu og þriðja heimsins. Þá eru sjávarafurðir í vaxandi samkeppni við fiskeldisafurðir. Þegar á allt er litið má þó búast við að framboð á botnfiski verði minna í vetur en verið hefur undanfarið. Það er því ekki trúlegt að verð á botnfiski lækki að ráði á næstu mánuðum. Á hinn bóginn er einnig ósennilegt að verðið hækki mikið á næstunni, einkum ef hagvöxtur verður lítill í helstu markaðslöndum.

Undanfarin tvö ár hefur hráefnisverð innanlands hækkað mun meira en verð á ísfiski á erlendum mörkuðum. Þannig var verð á ísfiski 7,8% hærra 1991 en 1990 og fyrstu 6 mánuðina í ár var það 4% hærra en á sama tíma í fyrra. Verð á botnfiski til vinnslu innanlands hækkaði hins vegar um 26% á milli áranna 1990 og 1991. Þetta bendir til þess að samkeppnisstaða innlendrar vinnslu hafi batnað á þessum tíma gagnvart kaupendum ísfisks í Bretlandi og Þýskalandi. Útflutningur á ísfiski hefur minnkað stórlega undanfarin tvö ár og er nú þriðjungi minni en hann var árið 1990 vegna þess að munurinn á verði hér á landi og erlendis hefur minnkað.

Allt frá árinu 1988 hefur botnfiskafli minnkað hér við land og nú stefnir í mjög verulegan samdrátt á næsta ári. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að botnfiskaflinn á árinu 1993 verði 24% minni en á árinu 1988. Ef þessum samdrætti er dreift jafnt á fyrirtækin þá veldur hann einn og sér að afkoman versnar um 8-9%.

Afkoma rækjuvinnslu hefur verið léleg undanfarið. Helsta ástæðan er að verð á mörkuðum í Evrópu hefur lækkað mikið að undanförnu. Verðið lækkaði um 9,3% í erlendri mynt (SDR) á milli 1989 og 1990 og aftur um 16,7% milli áranna 1990 og 1991. Á móti þessari lækkun hefur komið mikil aukning framleiðslunnar, hagræðing í rekstri fyrirtækjanna og lækkun á hráefnisverði. Ástand rækjustofnsins virðist gott og veiðarnar hafa gengið vel.

Erfitt er að spá um horfur á mörkuðum fyrir skelfletta rækju. Á þessu ári hefur verðið hækkað lítillega og var verðið í ágúst 5% hærra í íslenskum krónum en það var að meðaltali á árinu 1991. Lækkun á gengi breska pundsins nú í september mun þó hafa neikvæð áhrif á verð á rækju í íslenskum krónum, en Bretland er langstærsti markaðurinn fyrir skelfletta rækju. Gengisfall pundsins hefur reyndar víðar óhagstæð áhrif í sjávarútvegi vegna mikilvægis þess í viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir.

Síðastliðinn vetur lækkaði verð á skelrækju mikið eftir að hafa hækkað stöðugt í nokkur ár. Árið 1991 var verð á skelrækju 14% hærra en það var árið 1990, en í ágúst síðastliðnum hafði verðið lækkað aftur um 23%.

Afkoma loðnuveiða og mjöl- og lýsisvinnslu hefur verið afleit undanfarin ár vegna lítillar loðnuveiði. Nú hefur þetta breyst og eru horfur á að loðnuveiði verði góð bæði í ár og á næsta ári. Verð á lýsi er allgott um þessar mundir og verð á mjöli sæmilegt.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau birtast í þjóðhagsreikningum og þjóðhagsspám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur. Á sautján ára tímabili, 1973 til 1989, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 66% en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 34%. Á árunum 1987 og 1988 var hagnaðarhlutfallið með því lægsta sem það hefur verið á þessum tíma

eða 30-31%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, fyrra árið í rúmlega 34% og það síðara í 36%. Hlutfallið lækkaði síðan lítillega á árinu 1991 en í ár er talið að það lækki enn frekar og verði 33-34% eða nálægt meðaltali tímabilsins 1973 til 1989. Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna tvo áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD.



Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki verða dregnar óyggjandi ályktanir um breytingar í afkomu atvinnurekstrarins út frá breytingum á hagnaðarhlutfallinu í reikningum af þessu tagi. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Útreikningar af þessu tagi sýna því fremur skiptingu þeirra verðmæta sem til ráðstöfunar eru til greiðslu launa annars vegar og svonefnds vergs rekstrarafgangs hins vegar. En rekstrarafgangurinn sýnir þá fjárhæð sem eftir er til ávöxtunar þess fjármagns sem bundið er í starfseminni. Með ýmsum veigamiklum fyrirvörum má nálgast mat á afkomu atvinnurekstrarins undanfarin ár út frá þessu hagnaðarhugtaki með því að draga frá því reiknuð eigin laun sjálfstæðra atvinnurekenda, afskriftir og raunvaxtagjöld. Með þessu móti fæst nokkru lakari hagur atvinnurekstrarins í heild á árinu 1991 en vænta mætti á grundvelli þeirrar úrtaksathugunar úr ársreikningum 853 fyrirtækja sem áður var lýst.

Afar lauslegar áætlanir um hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1992 sýna nokkru lakari afkomu en á liðnu ári. Þessi niðurstaða er einkum byggð á því að launakostnaður mun aukast á sama tíma og vergar þáttatekjur lækka og því mun hlutur fjármagnsins, þ.e. vergur rekstrarafgangur, minnka.

Ef leitast er við að spá í þróunina á árinu 1993 og þá byggt á forsendum þjóðhagsspár má búast við nokkru lakari afkomu en í ár þegar á heildina er litið.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Markverðasti árangur í efnahagsmálum á undanförnum misserum er ör hjöðnun verðbólgu. Verðbólga hér á landi er um þessar mundir minni en í helstu viðskiptalöndum og spár um verðbreytingar á næsta ári benda til að hún geti áfram haldist minni hér en annars staðar.

Framfærsluvísitalan hækkaði um 6,8% milli áranna 1990 og 1991, sem er tæpu prósentustig hærra en meðaltal Evrópuríkja innan OECD. Horfur eru á að framfærsluvísitalan hækki um rúmlega 4% á þessu ári. Gangi sú spá eftir yrði verðbólga hér á landi minni en í Evrópuríkjum OECD, en þar er gert ráð fyrir rúmum 5% meðaltalshækkun. Meðaltalshækkun í öllum aðildarríkjum OECD er nokkru minni en meðal Evrópuríkjanna, eða 3½% á þessu ári. Þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að framfærsluvísitalan hækki um 2% frá 1992 til 1993. Til samanburðar gerir spá OECD ráð fyrir 3½% verðbólgu að meðaltali í aðildarríkjum sínum og að verðbólga í Evrópuríkjum OECD verði tæplega 4½%. Þessi munur í verðbólgu á næsta ári samsvarar því lækkun á raungengi krónunnar um 1½-2%.

Kjarasamningar þeir sem gerðir voru í febrúar 1990 féllu úr gildi í ágúst og september í fyrra. Miðlunartillaga ríkissáttasemjara varð að kjarasamningi er nær öll félög sem hún beindist að samþykktu hana í byrjun maímánaðar og höfðu kjarasamningar þá verið lausir í nær 7 mánuði. Kjarasamningarnir, sem gilda til 1. mars 1992, fela í sér eina almenna launahækkun, um 1,7% sem kom til framkvæmda 1. maí síðastliðinn. Til viðbótar koma launabætur sem greiðast á laun allt að 80 þúsund krónum á mánuði en þær skulu greiddar 1. maí og 1. desember. Samningsaðilar meta kjarasamninginn sem jafngildi 2,2% launahækkunar á samningstímanum. Meðalhækkun kauptaxta milli áranna 1991 og 1992 yrði samkvæmt þessu um 2,7%.



Launavísitala Hagstofu Íslands fyrstu 9 mánuði ársins sýnir engin merki um launaskrið, því frá upphafi ársins hefur vísitalan hækkað um 1,9%, sem er í hátt við almennu kauphækkunina í maí. Upplýsingar um þróun staðgreiðsluskyldra tekna gefur vísbendingu um breytingar atvinnutekna, en þá er einnig tekið tillit til þróunar vinnutíma og mannafla. Bráðabirgðatölur um fyrstu 6 mánuði ársins sýna að staðgreiðsluskyldar

tekjur hafi hækkað um 2% frá sama tíma í fyrra. En til samanburðar hækkaði launavísitala Hagstofunnar um 4½% á sama tímabili.

Greiðari aðgangur heimilanna að lánsfjármagni í kjölfar húsbréfakerfisins og fleiri breytinga á lánsfjármarkaði, hefur leitt til stóraukinnar skuldasöfnunar þeirra. Þessi þróun er raunar í hátt við reynslu annarra þjóða á undanförnum árum. Framtaldar skuldir til skatts hafa vaxið um 31½% umfram breytingu lánskjaravísitölu frá árslokum 1988 til jafnlengdar í fyrra. Athuganir á peningalegri eign heimilanna benda til að nettóstaða heimilanna í peningum hafi versnað. Vaxtabyrði heimilanna hefur af þessum sökum vaxið hlutfallslega miðað við tekjur.

Áætlanir benda til að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi aukist um 2% í fyrra. Á þessu ári er útlit fyrir að kaupmáttur dragist á hinn bóginn saman um 2,7%. Þessu veldur meðal annars að spáin gerir ráð fyrir minnkandi atvinnuþátttöku. Þannig er metið að ársverkum fækki um rúmt 1% samtímis sem landsmönnum fjölgar um tæpt 1%. Í þessari áætlun er gert er ráð fyrir að skattbyrði verði því sem næst hin sama á þessu ári og í fyrra. Því er spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni dragast saman um 1,7% á næsta ári.

Vinnumarkaðurinn

Það sem af er árinu hefur atvinnuástand verið verra en um langt árabil og ekki er líklegt að ástandið snúist til hins betra á næstu mánuðum eins og meðal annars má sjá af tilkynningum um uppsagnir undanfarið. Þetta ástand má rekja til stöðnunar í efnahagslífinu undanfarin ár og samdráttar á þessu ári. Atvinnuleysið hefur vaxið úr 0,6% árið 1988 í tæp 3% á þessu ári, ef svo fer fram sem horfir. Fyrstu átta mánuði ársins var atvinnuleysið 2,8% að meðaltali samanborið við 1,4% í fyrra. Það jafngildir því að um 3.600 manns hafi verið án vinnu á tímabilinu. Atvinnuleysið hefur verið nokkuð mikið frá áramótum, og ekki dró eins mikið úr því á vormánuðum og vænta mátti miðað við fyrri reynslu. Þegar leiðrétt er fyrir árstíðasveiflum hefur atvinnuleysið aukist jafnt og þétt frá því á vormánuðum í fyrra og var komið í tæplega 3% í ágúst síðastliðnum. Það er mesta atvinnuleysi sem mælst hefur á þessum árstíma. Þrátt fyrir verulega aukið atvinnuleysi hér á landi er það enn mun minna en í flestum öðrum löndum.

Störfum hefur ekkert fjölgað frá árinu 1989. Á sama tíma hefur fólki á vinnualdri fjölgað. Atvinnuþátttaka hefur því farið minnkandi. Atvinnuþátttaka var 78½% 1989, en hún náði hámarki 84% á skattlausa árinu 1987. Á þessu ári er atvinnuþátttaka áætluð 76½% og gert er ráð fyrir því að hún verði 76% á næsta ári. Efnahagslægðin undanfarin ár hefur meðal annars leitt til sameiningar fyrirtækja og hagræðingar í rekstri.

Ekki er við því að búast að úr atvinnuleysi dragi fyrr en hagvöxtur glæðist á ný. Í áætlun Þjóðhagsstofnunar er reiknað með að atvinnuleysi aukist enn á næsta ári og verði 3½% af vinnuaflinu.



Ríkisfjármál

Afkoma ríkissjóðs fyrstu átta mánuði þessa árs og horfur um þróun gjalda og tekna það sem eftir er ársins benda til þess að heildartekjur verði um 103,5 milljarðar króna og heildarútgjöld rúmlega 112½ milljarður króna. Samkvæmt þessu stefnir tekjuhallinn í ríflega 9 milljarða króna. Þessi tekjuhalli svarar til um 2,4% af landsframleiðslu og um 9% af tekjum ríkissjóðs. Þetta er nokkru betri afkoma en árið 1991, en þá var tekjuhallinn 3,3% af landsframleiðslu og 12½% af tekjum.

Á fjárlögum ársins 1992 var stefnt að 4,1 milljarðs króna tekjuhalla, að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 105,5 milljarðar króna, eða 27,6% af landsframleiðslu, og heildarútgjöld um 109,6 milljarðar króna. Þá var gert ráð fyrir að ýmsar kröfur ríkissjóðs á aðra og hlutafé hans vaxi um 275 milljónir króna, þannig að lánsfjárþörfin yrði 4,4 milljarðar króna og skyldi henni mætt með 2,7 milljarða króna innlendri lántöku og 1,7 milljarði í erlendri lántöku. Tekjuhallinn stefnir því í að verða ríflega tvöfalt meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á þessu eru ýmsar skýringar. Nefna má að nú er útlit fyrir að tekjur verði um 2 milljörðum króna lægri en áætlað var vegna minni tekna af eignasölu og veltu- og staðgreiðslusköttum, sem stafar af meiri samdrætti en áætlað var. Þá eru horfur á að útgjöld verði um 3 milljörðum króna hærri, sem rekja má til sjúkratrygginga og menntamála og viðbótarútgjalda vegna kjarasamninganna síðastliðið vor. Aukið atvinnuleysi hefur einnig sitt að segja.

Framvinda ríkisfjármála fyrstu átta mánuði ársins var á þann veg að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs var rúmlega 7,7 milljarðar króna. Á sama tíma jukust kröfur ríkissjóðs á aðra um 3,4 milljarða króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því um 11,1 milljarður króna. Stærstum hluta lánsfjárþarfarinnar hefur verið mætt með innlendum lánum að fjárhæð 11,5 milljarðar króna, þar af eru ríkisvíxlar um 10,3 milljarðar króna. Erlend lántaka nam rúmlega 7,9 milljörðum króna og yfirdráttur við Seðlabanka lækkaði um 8,3 milljarða króna. Hér hafa orðið verulegar breytingar frá sama tíma í fyrra þegar innlend lántaka var aðeins um 2,5 milljarðar króna og yfirdráttur við Seðlabankann 9 milljarðar króna. Þessi umskipti má að stærstum hluta rekja til minni lánsfjárþarfar annarra opinberra aðila og aukins peningalegs sparnaðar.

Af meðfylgjandi mynd má sjá að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs hefur verið allveruleg síðustu árin, eða árlega á bilinu 8-16 milljarðar króna á verðlagi 1992, og hefur tekist misjafnlega að fjármagna þá þörf innanlands.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1989-1992,
erlendar lántökur og yfirdráttur í Seðlabanka
Verðlag 1992



Lánsfjárþörf opinberra aðila í heild hefur hins vegar verið mun meiri en A-hluta ríkissjóðs, en fer þó minnkandi. Á árinu 1991 varð lánsfjárþörf opinberra aðila rúmlega 40 milljarðar króna eða sem svarar til 10,5% af landsframleiðslu og er þá innlend lántaka sveitarfélaga ekki talin með. Lánsfjárþörfin varð rúmlega 3 milljarðar króna umfram nýsparnað á því ári. Í ár er hins vegar áætlað að lánsfjárþörfin verði verulega minni eða 28-29 milljarðar króna sem er 7,5% af landsframleiðslu, en áætlaður nýsparnaður er aftur á móti 34 milljarðar króna. Opinbera húsnæðiskerfið er lang- fyrirferðamest og dregur til sín um tvo þriðju hluta lánsfjárþarfarinnar. Ljóst er að hin mikla opinbera lánsfjárþörf á allra síðustu árum hefur haft áhrif til hækkunar á raunvöxtum.

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1990-1993
- Milljarðar króna -

	1990	1991	Horfur 1992	Áætlun 1993
Hrein lánsfjárþörf, alls	27,0	40,2	28,5	25,1
- Ríkissjóður, A-hluti	7,9	14,7	10,8	9,5
- Húsnæðiskerfið	14,2	22,2	16,5	14,1
- Aðrir opinberir aðilar	4,9	3,3	1,2	1,5
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	7,7	10,5	7,5	6,5
Aukning peningalegs sparnaðar, ma.kr.		37,0	34,0	36,0

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er stefnt að rúmlega 6,2 milljarða króna tekjuhalla á A-hluta ríkissjóðs eða sem svarar til um 1,6% af landsframleiðslu. Þetta er um tveir þriðju hlutar þess halla sem horfur eru á að verði á þessu ári. Jafnframt er stefnt að því að opinber lánsfjárþörf (hrein) verði í kringum 25 milljarðar króna sem er heldur lægri fjárþörf en á þessu ári.

Peningamál

Ójafnvægi í ríkisbúskapnum og í búskapi heimilanna hefur haft veruleg áhrif á innlendan fjármagnsmarkað á undanförnum misserum. Lántökur þessara aðila hafa aukist gífurlega, sem haldið hefur raunvöxtum háum og dregið úr fjárfestingargetu fyrirtækja. Bráðabirgðatölur um útlánaþróun á þessu ári benda hins vegar til að lánsfjáreftirspurn heimilanna hafi hjaðnað. Heildarskuldir heimilanna í lánakerfinu jukust um 5% á fyrri helmingi ársins, samanborið við 10½% á sama tíma í fyrra. Horfur eru á að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði meiri en áður var talið og verði 11-12 milljarðar króna. Gangi það eftir er um umskipti að ræða frá því í fyrra þegar lánsfjárþörfin nam 14,7 milljörðum króna.

Á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur heldur hægt á vexti helstu kennitalna um peningamarkað í samanburði við árið í fyrra. Innlán hafa aukist um 1,7% meðan lánskjaravísitalan hefur hækkað um 1,2%. Verðbréfaútgáfa innlánsstofnana hefur á móti verið lífleg á þessu ári, aukist um 30% á fyrstu átta mánuðum ársins. Aukningin er aðallega í sölu óverðtryggðra bankavíxla, en raunvextir á þeim sem og öðrum óverðtryggðum fjárskuldbindingum hafa verið háir að undanförnu. Í heild hafa innlán og verðbréfaútgáfa innlánsstofnana aukist um 5,1%. Útlánaukning innlánsstofnana hefur verið hægari eða 2,4% á fyrstu átta mánuðum ársins, sem leitt hefur til betri lausafjárstöðu þeirra. Heimildir ríkissjóðs til að draga á viðskiptareikning sinn við Seðlabanka hafa verið einn helsti þrándur í Götu peningastjórnar um langt árabil. Þetta var sérstaklega áberandi í fyrra, en þá nam fyrirgreiðsla Seðlabankans 5 milljörðum króna. Á fyrstu átta mánuðum

Vextir skuldabréfalána 1989-1992



þessa árs hefur staða ríkissjóðs við Seðlabanka batnað um 8 milljarða króna. Batinn skýrist af erlendum lántökum og sölu ríkisverðbréfa innanlands.

Í júní síðastliðnum var gerður samningur milli Seðlabankans og fjármálaráðuneytis sem miðar að því að loka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum frá og með næstu áramótum. Þangað til er ríkissjóði heimilt að mæta skammtímasveiflum í greiðslustöðu sinni með yfirdrætti allt að 3 milljörðum króna. Verði yfirdrátturinn meiri en hámarkinu nemur verður ríkissjóður að gefa út framseljanleg ríkisverðbréf mánaðarlega. Þessi samningur er í anda frumvarps um Seðlabanka Íslands, sem lagt var fram á Alþingi í vor, en í samningnum felst þó að yfirdrættinum verði lokað fyrr en frumvarpið segir til um.

Með þessu má ætla að aðstæður í peningastjórn breytist og að vextir verði virkari í aðlögun peningamarkaðs en áður. Þróun í þessa átt hefur mátt merkja á undanförnum árum, meðal annars með tilkomu húsbréfakerfisins. Ávöxtunarkrafa húsbréfa og spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi Íslands nam að meðaltali 8,3% í fyrra. Á fyrstu mánuðum þessa árs fór ávöxtunarkrafan lækkandi og varð lægst 7,15% fyrir húsbréf í lok apríl og 6,6% á spariskírteini ríkissjóðs. Nokkur hækkun hefur átt sér stað síðsumars og í september er ávöxtun húsbréfa 7,65% og 7,35% fyrir spariskírteini. Raunvextir vísitölubundinna útlána innlánsstofnana taka mið af ávöxtun á Verðbréfaþingi en eru þó ekki eins sveiflum háðir. Þeir hafa lækkað um 1 prósentustig frá upphafi ársins í 9% í september. Nafnvextir óverðtryggðra skuldbindinga hafa lækkað með hjaðnandi verðbólgu. Raunvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa hafa hins vegar hækkað, úr 10% umfram lánskjaravísitölu að meðaltali í fyrra í 12½% á fyrri helmingi þessa árs.

Samkvæmt lauslegri áætlun Seðlabanka Íslands verður nýr peningalegur sparnaður á þessu ári 34 milljarðar króna, eða 8,8% af landsframleiðslu. Í fyrra nam peningalegur sparnaður 37 milljörðum króna, sem svarar til 9,7% af landsframleiðslu. Lánsfjárþörf hins opinbera gerir því tilkall upp á 73% af nýjum peningalegum sparnaði landsmanna í ár, en lánsfjárþörfin í fyrra var nokkru meiri en nam peningalegum sparnaði.

Þjóðarútgjöld

Áætlað er að neysla og fjárfesting í heild dragist saman um 4,8% á árinu 1992. Þegar tekið hefur verið tillit til birgðabreytinga fæst að þjóðarútgjöld muni lækka um 4,9% á árinu. Til samanburðar má nefna að þjóðartekjurnar eru taldar dragast saman um 3,8%.

Horfur um þjóðarútgjöld á næsta ári benda til samdráttar um 1,4%, meðan spáin gerir ráð fyrir að þjóðartekjur dragist saman um 1,5%.

Neysla. Rúmlega 62% landsframleiðslu ganga til einkaneyslu og þróun hennar er því afgerandi fyrir jafnvægi í þjóðarbúinu. Sá mikli vöxtur sem hljóp í einkaneyslu árið 1991 var þannig ein meginskýring á mikilli aukningu viðskiptahalla þess árs. Þótt einkaneysla ráðist einkum af ráðstöfunartekjum heimilanna, sýnir þróunin árið 1991 er neysla jókst um 5½% og ráðstöfunartekjur um 2% á mann, að aðrir þættir geta haft afgerandi áhrif. Hér má nefna til væntingar um framtíðartekjur, lánamöguleika og almenna efnahagsstjórn. Þessir þrír þættir skýra að stærstum hluta neysluaukninguna í fyrra.

Spáin um einkaneyslu á þessu ári tekur einkum mið af þróun ráðstöfunartekna. Spáin gerir þannig ráð fyrir samdrætti einkaneyslunnar um 3,5%. Gangi þessi spá eftir yrði einkaneyslan í heild tæp 3% minni en hún var árið 1988 en 8½% meiri en 1986.

Samneysla hefur vaxið langt umfram önnur útgjöld þjóðarbúsins og tekjur þess. Síðustu tíu árin hefur samneylan aukist um 4,8% að jafnaði meðan landsframleiðslan hefur vaxið að jafnaði um 2,6%. Á tímabilinu 1987 til 1991 mælist árlegur vöxtur samneyslunnar 3,8%, þrátt fyrir stöðnun í landsframleiðslu. Árið 1981 var 16½% landsframleiðslu varið til samneyslu en 10 árum síðar var hlutur hennar 19½%. Spá um samneyslu tekur mið af útgjaldaáformum opinberra aðila. Á þessum grundvelli er nú gert ráð fyrir að samneyslan vaxi um ½% á þessu ári sem þýðir að yfir 20% af landsframleiðslu fer til samneyslu. Þetta er þó minni aukning samneyslu milli ára en um langt árabil. Samkvæmt þessari spá verður neysla á árinu 1992 2,5% minni en árið á undan.

Horfur um einkaneyslu á næsta ári taka mið af spá um þróun ráðstöfunartekna heimilanna. Miðað við um lækkun kaupmáttar á mann um 1,7%, sýnir spáin lækkun einkaneyslu um 1,2% frá 1992 til 1993. Í þessu felst að sparnaður heimilanna glæðist heldur. Samneyslan er talin verða 2% meiri 1993 en 1992.

Fjármunamyndun. Samdráttur eða stöðnun hefur einkennt þróun fjármunamyndunar um nokkurt árabil. Árið 1981 var nær 24½% landsframleiðslu fest í fjármunum, tíu árum síðar hafði fjárfestingarhlutfallið lækkað niður í 19%.

Nú er talið að fjármunamyndunin í heild dragist saman um 13,7% á þessu ári, eða um nær 8 milljarða króna. Áætlað er að fjárfesting atvinnuveganna verði rúmum 17% minni en í fyrra. Þetta er mun meiri samdráttur en fólst í fyrri áætlunum. Skýring þessa er að Fokker flugvélar sem Flugleiðir hafa tekið í notkun voru færðar sem fjárfesting, en þar sem um leigusamning er að ræða eru vélarnar ekki eignfærðar og því ekki taldar með fjárfestingu.

Verulegur samdráttur er á öllum sviðum atvinnuvegafjárfestingar, nema í fiskveiðum. Þar er áætluð hartnær 60% aukning sem skýrist að mestu af kaupum frystiskipa. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er talin verða 6% minni en í fyrra. Mestur samdráttur er fyrirsjáanlegur í fjárfestingu hins opinbera, en áætlað er að hún dragist saman um 14% á þessu ári. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur minnki um rúm 55%.



Þær vísbendingar sem greina má um fjárfestingaráform í þjóðarbúinu á næsta ári sýna samdrátt um 4,5% í heild. Spáin sýnir rúmlega 10% samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði minnkar samkvæmt spánni fjórða árið í röð, um 9%. Samkvæmt þessu yrði fjárfesting í íbúðarhúsnæði aðeins um 3/4 hlutar þess sem hún var árið 1989. Áform ríkisstjórnarinnar um að verja 2 milljörðum króna til aukinna opinberra framkvæmda á næstu ári fela í sér um 8½% aukningu opinberrar fjárfestingar. Á móti auknum vegaframkvæmdum um 19% kemur að veituframkvæmdir munu minnka umtalsvert og í heild eru horfur á að opinber fjárfesting aukist um 5,3% frá 1992 til 1993.

Samkvæmt þjóðhagsáætlun yrði hlutfall fjárfestingar og landsframleiðslu á árinu 1993 16½%. Gangi þetta eftir verður hlutfallið milli fjárfestingar og landsframleiðslu hvað lægst á Íslandi af ríkjum OECD.

Utanríkisviðskipti

Vöruskiptajöfnuður. Í fyrra var halli á vöruskiptajöfnuði um rúmlega 3 milljarða króna. Til samanburðar má nefna að vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 4,8 milljarða króna árið 1990 og umskiptin nema því tæpum 8 milljörðum króna. Vöruskiptajöfnuður á fyrri helmingi þessa árs var jákvæður um 1.260 milljónir króna en á sama tíma í fyrra var hann nokkurn veginn í jafnvægi.

Innflutningseftirspurn hefur rénað mjög á þessu ári og er nú gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur án olíu dragist saman um 9½%. Reiknað er með að olíuinnflutningur aukist um 1,8% en áætlað að innflutningur fjárfestingarvöru og aðfanga stóriðju muni minnka um 12%. Áætlanir sýna að vöruinnflutningurinn í heild muni minnka um rúm 9%. Vöruútflutningur er hins vegar talinn dragast saman um ½% frá því í fyrra. Niðurstaðan er því sú að afgangur verði á vöruskiptajöfnuði um 1,1 milljarð króna.

Spár um vöruútflutning á næsta ári eru byggðar á áætlunum um útflutningsframleiðslu og gert er ráð fyrir að vöruútflutningur aukist um ½%, en í því felst að birgðir munu minnka.

Reiknað er með að vöruinnflutningur minnki um 4% og almennur vöruinnflutningur um rúm 3%. Þessar tölur fela því í sér að afgangur verði á viðskiptum um rúmlega 4 milljarða króna á árinu 1993. Sem hlutfall af landsframleiðslu er afgangurinn um 1%.

Þjónustujöfnuður. Jöfnuður í þjónustuviðskiptum án vaxta er talin verða óhagstæður um 720 milljónir króna á þessu ári. Nettóvaxtagreiðslur til útlanda eru taldar verða 13,8 milljarðar á árinu, eða sem nemur 3,6% af landsframleiðslu.

Horfur til næsta árs benda til aukins halla á þjónustuviðskiptum. Nettóvaxtagreiðslur eru taldar nema 15,2 milljörðum og önnur þjónustuviðskipti verða óhagstæð um 1,8 milljarða króna.

Viðskiptajöfnuður. Viðskiptajöfnuðurinn í heild verður samkvæmt þessu neikvæður um 13,5 milljarða króna á þessu ári, eða 3,5% af landsframleiðslu. Þetta er til muna betri niðurstaða en í fyrra, þegar viðskiptajöfnuðurinn var neikvæður um 19,3 milljarða króna og 5% af landsframleiðslu. Á bak við þennan bata liggur að þjóðarútgjöldin eru talin dragast saman meira en nemur samdrætti þjóðarframleiðslu. Hallinn á þessu ári samsvarar því nettóvaxtagreiðslum til útlanda.

Samkvæmt þeim spám um vöru- og þjónustuviðskipti, sem hér hafa verið raktar, eru horfur á að hallinn á viðskiptajöfnuði minnki á næsta ári. Reiknað er með 12,9 milljarða halla á næsta ári eða sem svarar til 3,3% af landsframleiðslu. Minnkun hallans byggist á því að gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld dragist meira saman en þjóðartekjur. Þetta er sérstaklega mikilvægt því fjárfesting hefur verið tiltölulega lítil að undanförnu og hallinn því stafað af neyslu fremur en fjárfestingu.

Hlutfallsleg breyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu frá fyrra ári og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu, 1980-1993



Erlend lán

Í lok árs 1991 námu erlend lán þjóðarinnar 196 milljörðum króna á meðalgengi ársins, eða 51% af landsframleiðslu. Greiðslubyrði vaxta og afborgana námu 23% af útflutningstekjum. Áætlanir benda til umtalsverðrar aukningar erlendra lána á þessu ári og að þau nemi 203 milljörðum króna í lok ársins. Gangi það eftir yrði hlutfall erlendra lána og landsframleiðslu komið upp í 53%. En það er meiri skuldsetning erlendis en áður hefur þekkst. Þótt meðalvextir lánanna lækki úr 8% í 6,9% þyngist greiðslubyrðin á árinu í 24,8% af útflutningstekjum vegna þyngri afborgana. Lækkun á gengi Bandaríkjadollars hefur hagstæð áhrif á skuldastöðuna, því um 55% erlendra lána þjóðarinnar eru í dollurum.

Með erlendum lánum er hér átt við lán til lengri tíma en eins árs. Hrein skuldastaða við útlönd sýnir öll erlend lán, óháð lengd lánstíma, að frádregnum eignum í erlendri mynt. Hún gefur betri mynd af heildarstöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Í lok síðasta árs var hrein skuldastaða 179 milljarðar króna. Á þessu ári er reiknað með að hrein skuldastaða aukist í 188 milljarða, sem svarar til aukningar um 2,1 prósentustig af landsframleiðslu.

Miðað við að viðskiptahalli á næsta ári verði 12,9 milljarðar króna munu erlend lán halda áfram að aukast. Að óbreyttu stefnir því í töluverða þyngingu greiðslubyrðarinnar og að áætlað að hún verði 28,6% af útflutningstekjum. Þá er gengið út frá óbreyttu vaxtastigi. Þynging greiðslubyrðarinnar á rætur að rekja til aukinna afborgana, fyrst og fremst vegna lána sem hafa verið afborgunarlaus fyrstu árin, eða eru komin á eindaga. Áætlanir um nettóstöðu þjóðarbúsins út á við á næsta ári benda til að hún muni svara til

51,6% af landsframleiðslu borið saman við 48,9% á líðandi ári. Skuldastaðan erlendis og þróun hennar undanfarin ár sníður opinberri fjárfestingu sem byggir á erlendum lántökum þröngan stakk.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1990-1993

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993
1. Einkaneysla	213.218	238.500	240.136	242.330	-0,6	5,6	-3,5	-1,2
2. Samneysla	65.897	74.761	77.805	80.542	4,1	5,2	0,5	2,0
3. Fjárfesting	66.896	72.700	64.800	63.800	2,8	3,0	-13,7	-4,5
4. Neysla og fjárfesting alls	346.011	385.961	382.742	386.672	1,1	5,0	-4,8	-1,2
5. Birgðabreytingar[2]	-1.787	1.233	1.000	0	-0,3	0,8	-0,1	-0,2
6. Þjóðarútgjöld alls	344.224	387.194	383.742	386.672	0,8	5,8	-4,9	-1,4
7. Útfl.vöru og þjónustu	126.003	126.931	126.291	129.475	-0,4	-5,9	-0,5	-0,1
8. Innfl. vöru og þjónustu	119.146	131.257	125.934	127.177	0,7	5,8	-6,8	-2,7
9. Verg landsframleiðsla	**351.081**	**382.868**	**384.099**	**388.971**	**0,4**	**1,5**	**-2,7**	**-0,5**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-14.611	-14.974	-13.826	-15.222	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-7.754	-19.300	-13.468	-12.924	.	.	.	.
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**336.470**	**367.894**	**370.274**	**373.749**	**0,4**	**1,6**	**-2,8**	**-0,7**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.	.	-0,6	1,3	-0,9	-0,7
14. Vergar þjóðartekjur	**.**	**.**	**.**	**.**	**-0,2**	**2,9**	**-3,8**	**-1,5**
15. Viðskiptajöfnuður, sem % af VLF	.	.	.	.	-2,2	5,0	-3,5	-3,3

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1990-1993

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	67.692	74.334	72.475	73.555	-1,2	-2,6	0,0	-0,5
Ál	9.636	8.340	8.634	9.328	-1,8	2,7	1,0	2,9
Kísiljárn	2.331	1.613	1.559	1.559	-12,2	-20,6	0,0	0,0
Annað	9.968	8.354	7.694	7.538	-0,8	-22,5	-11,5	-5,3
Samtals	**89.626**	**92.640**	**90.362**	**91.981**	**-1,8**	**-3,8**	**-1,0**	**-0,6**
Útflutt skip og flugvélar	1.039	153	400	400	.	.	.	.
Birgðabreytingar	-1.787	1.233	1.000	0	.	.	.	.
Vöruútflutningur alls	**92.452**	**91.560**	**89.762**	**92.381**	**-1,4**	**-7,9**	**-0,5**	**0,5**
Vöruinnflutningur alls	**87.652**	**94.639**	**88.683**	**88.223**	**0,3**	**4,9**	**-9,1**	**-4,1**
Almennur vöruinnflutningur	73.607	81.532	76.564	76.820	-0,5	7,5	-8,6	-3,2
Þar af: olía	8.343	7.406	6.787	6.932	0,4	-15,5	1,8	-1,4
Þar af: annað	65.264	74.126	69.777	69.888	-0,6	10,5	-9,5	-3,3
Sérstakur vöruinnflutningur	14.045	13.107	12.119	11.404	8,3	-12,8	-11,9	-9,5
Vöruskiptajöfnuður	**4.800**	**-3.079**	**1.079**	**4.157**	.	.	.	.
Þjónustutekjur [2]	33.551	35.371	36.529	37.094	2,7	-0,1	-0,2	-1,7
Þjónustugjöld [2]	31.494	36.618	37.250	38.953	1,8	8,8	0,0	0,9
Þjónustujöfnuður [2]	**2.057**	**-1.247**	**-721**	**-1.859**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-14.611**	**-14.974**	**-13.826**	**-15.222**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**-7.754**	**-19.300**	**-13.468**	**-12.924**	.	.	.	.

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

2) Án vaxta o.fl.

Tafla 3. Fjárfesting 1990-1993

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1990	Bráðab. 1991	Spá 1992	Þjóðhags-áætlun 1993	1990	Bráðab. 1991	Spá 1992	Þjóðhags-áætlun 1993
Fjárfesting alls	**66.896**	**72.700**	**64.800**	**63.800**	**2,8**	**3,0**	**-13,7**	**-4,5**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álver	4.666	4.740	1.240	1.220	64,0	-4,2	-74,6	-4,0
Innfl. skip og flugvélar	7.970	6.300	5.500	4.200	12,5	-24,1	-16,1	-27,0
Útfl. skip og flugvélar	-1.040	-150	-400	-400	.	.	.	.
Annað	55.300	61.810	58.460	58.780	-2,6	5,6	-8,3	-2,4
I Atvinnuvegirnir	**29.686**	**31.300**	**26.850**	**25.000**	**7,5**	**2,0**	**-17,2**	**-10,2**
1. Landbúnaður [2]	1.791	1.890	1.740	1.700	-39,6	9,5	-11,1	-5,0
2. Fiskveiðar	2.361	2.600	4.280	4.000	-39,3	2,0	58,3	-10,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.730	1.410	1.400	1.300	20,4	-24,1	-3,7	-10,0
4. Álverksmiðja	930	900	410	740	83,9	-8,8	-55,8	77,0
5. Járnblendiverksmiðja	105	40	30	30	-58,8	-71,4	-27,5	-3,0
6. Annar iðnaður	4.352	5.750	5.370	5.300	-26,9	25,4	-10,0	-5,0
7. Flutningatæki	9.640	9.240	5.100	3.800	116,7	-6,4	-46,9	-29,0
8. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.721	4.330	4.000	3.680	-6,2	-13,8	-10,0	-10,0
9. Ýmsar vélar og tæki	4.056	5.140	4.520	4.450	24,3	21,5	-15,0	-5,0
II Íbúðarhús	**15.555**	**15.900**	**15.400**	**14.600**	**-0,6**	**-5,0**	**-6,0**	**-9,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**21.655**	**25.500**	**22.550**	**24.200**	**-1,4**	**10,2**	**-14,1**	**5,3**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	4.881	5.800	2.600	2.400	37,2	12,9	-56,5	-9,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	1.645	1.450	1.650	1.500	-37,3	-19,8	10,5	-14,0
3. Samgöngumannvirki	7.159	9.450	9.700	12.100	-8,0	23,7	-0,3	22,0
4. Byggingar hins opinbera	7.970	8.800	8.600	8.200	-0,7	2,6	-5,1	-6,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar 1990-1991 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1992 og 1993 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1981-1991

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum 1980=100

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Verðlag hvers árs											
1. Einkaneysla	14.361	22.923	39.432	53.930	74.689	96.072	129.795	156.203	184.534	213.218	238.500
2. Samneysla	4.039	6.644	11.559	14.056	20.136	27.291	36.791	47.468	56.369	65.897	74.761
3. Fjármunamyndun	5.929	9.251	14.127	18.356	24.460	29.684	41.042	48.414	56.051	66.896	72.700
4. Birgðabreytingar	253	913	-1.070	786	-978	-2.094	-416	1.850	-578	-1.787	1.233
5. Þjóðarútgjöld alls	24.582	39.731	64.048	87.128	118.307	150.953	207.212	253.935	296.376	344.224	387.194
6. Útflutningur alls	8.724	12.714	27.078	34.295	49.534	62.888	73.085	83.548	108.335	126.003	126.931
6.1 Vörur, fob.	6.536	8.479	18.623	23.557	33.750	44.968	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560
6.2 Þjónusta	2.188	4.235	8.455	10.738	15.784	17.920	20.032	21.881	28.263	33.551	35.371
7. Frádr.:Innflutningur alls	8.936	14.329	25.275	33.871	48.663	55.880	73.965	84.100	99.240	119.146	131.257
7.1 Vörur, fob	6.732	10.364	18.156	23.889	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652	94.639
7.2 Þjónusta	2.204	3.965	7.119	9.982	14.903	14.892	18.945	22.104	26.637	31.494	36.618
8. Verg landsframleiðsla	**24.370**	**38.116**	**65.851**	**87.552**	**119.178**	**157.961**	**206.332**	**253.383**	**305.471**	**351.081**	**382.868**
9. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.611	-14.974
10. Verg þjóðarframleiðsla	**23.559**	**36.621**	**62.785**	**82.998**	**113.594**	**151.732**	**200.129**	**245.050**	**292.254**	**336.470**	**367.894**
11. Viðskiptajöfnuður	-1.023	-3.110	-1.263	-4.130	-4.713	779	-7.083	-8.885	-4.122	-7.754	-19.300
11.1 Vöruskiptajöfn.fob/fob	-196	-1.885	467	-332	-10	3.980	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.079
11.2 Þjónustujöfnuður	-16	270	1.336	756	881	3.028	1.087	-223	1.626	2.057	-1.247
11.3 Þáttatekjur frá útl.net.	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.611	-14.974
12. Óbeinir skattar	5.778	9.202	14.486	20.062	26.341	33.964	46.314	58.875	69.133	75.486	81.015
13. Framleiðslustyrkir	762	1.392	2.204	2.389	3.491	4.228	4.783	7.808	9.808	10.828	11.115
14. Afskriftir af þjóðarauðsmati	2.871	4.742	8.724	10.691	14.502	18.425	22.030	27.067	35.166	41.113	44.000
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv. (15.=10.-12.+13.-14.)	15.672	24.069	41.779	54.634	76.242	103.571	136.568	166.916	197.763	230.699	253.994
Hlutfallsleg skipting											
1. Einkaneysla	58,9%	60,1%	59,9%	61,6%	62,7%	60,8%	62,9%	61,6%	60,4%	60,7%	62,3%
2. Samneysla	16,6%	17,4%	17,6%	16,1%	16,9%	17,3%	17,8%	18,7%	18,5%	18,8%	19,5%
3. Fjármunamyndun	24,3%	24,3%	21,5%	21,0%	20,5%	18,8%	19,9%	19,1%	18,3%	19,1%	19,0%
4. Birgðabreytingar	1,0%	2,4%	-1,6%	0,9%	-0,8%	-1,3%	-0,2%	0,7%	-0,2%	-0,5%	0,3%
5. Þjóðarútgjöld alls	100,9%	104,2%	97,3%	99,5%	99,3%	95,6%	100,4%	100,2%	97,0%	98,0%	101,1%
6. Útfl. vöru og þjónustu	35,8%	33,4%	41,1%	39,2%	41,6%	39,8%	35,4%	33,0%	35,5%	35,9%	33,2%
6.1 Vörur, fob.	26,8%	22,2%	28,3%	26,9%	28,3%	28,5%	25,7%	24,3%	26,2%	26,3%	23,9%
6.2 Þjónusta	9,0%	11,1%	12,8%	12,3%	13,2%	11,3%	9,7%	8,6%	9,3%	9,6%	9,2%
7. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	36,7%	37,6%	38,4%	38,7%	40,8%	35,4%	35,8%	33,2%	32,5%	33,9%	34,3%
7.1 Vörur, fob	27,6%	27,2%	27,6%	27,3%	28,3%	25,9%	26,7%	24,5%	23,8%	25,0%	24,7%
7.2 Þjónusta	9,0%	10,4%	10,8%	11,4%	12,5%	9,4%	9,2%	8,7%	8,7%	9,0%	9,6%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	-3,3%	-3,9%	-4,7%	-5,2%	-4,7%	-3,9%	-3,0%	-3,3%	-4,3%	-4,2%	-3,9%
10. Verg þjóðarframleiðsla	**96,7%**	**96,1%**	**95,3%**	**94,8%**	**95,3%**	**96,1%**	**97,0%**	**96,7%**	**95,7%**	**95,8%**	**96,1%**
11. Viðskiptajöfnuður	-4,2%	-8,2%	-1,9%	-4,7%	-4,0%	0,5%	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,2%	-5,0%
Magnvísitala											
1. Einkaneysla	106,4	111,8	105,4	109,4	114,2	122,5	142,8	136,7	131,1	130,3	137,6
2. Samneysla	107,3	114,0	119,3	119,5	126,9	135,7	144,0	150,0	153,6	159,9	168,3
3. Fjármunamyndun	101,0	100,5	88,1	96,2	98,1	97,0	115,4	114,7	105,2	108,1	111,4
4. Þjóðarútgjöld alls	105,7	111,0	101,4	107,9	111,1	116,3	134,8	133,5	127,3	128,3	135,7
5. Útflutningur alls	102,0	92,1	102,8	104,7	116,4	123,7	129,6	125,6	128,8	128,3	120,7
5.1 Vörur	99,7	82,7	93,7	95,6	106,4	117,2	122,3	120,8	125,1	123,3	113,6
5.2 Þjónusta	109,8	125,0	134,4	136,0	150,9	146,4	154,7	142,2	141,7	145,6	145,4
6. Frádr.:Innflutningur alls	105,7	105,4	96,7	104,2	113,4	115,0	141,5	134,9	121,2	122,0	129,1
6.1 Vörur	105,7	102,6	91,6	97,9	106,1	114,3	142,9	135,1	120,4	120,7	126,7
6.2 Þjónusta	106,0	114,1	113,0	124,7	136,7	117,2	136,9	134,3	123,6	125,9	136,9
7. Verg landsframleiðsla	**104,4**	**106,1**	**103,7**	**108,0**	**112,2**	**119,5**	**130,5**	**130,0**	**130,0**	**130,6**	**132,6**
8. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	103,6	122,4	145,0	164,5	183,8	193,7	193,7	213,9	223,3	222,6	231,6
9. Verg þjóðarframleiðsla	**104,4**	**105,7**	**102,4**	**106,5**	**110,3**	**117,5**	**128,8**	**127,8**	**127,5**	**128,1**	**130,1**
10. Vergar þjóðartekjur	**102,8**	**103,9**	**100,0**	**103,6**	**107,3**	**116,3**	**130,6**	**128,8**	**126,3**	**126,0**	**129,7**

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Magnvísitala á mann											
1. Einkaneysla	105,2	109,1	101,4	104,2	107,9	114,9	132,5	124,8	118,3	116,7	121,7
2. Samneysla	106,1	111,1	114,9	113,9	120,0	127,3	133,5	136,9	138,6	143,2	148,8
3. Fjármunamyndun	99,8	98,0	84,8	91,7	92,8	91,0	107,0	104,7	95,0	96,8	98,5
4. Þjóðarútgjöld alls	104,5	108,3	97,6	102,8	105,0	109,1	125,1	121,9	114,9	114,9	120,0
5. Útflutningur alls	100,8	89,8	99,0	99,7	110,0	116,1	120,2	114,7	116,3	114,9	106,8
6. Frádr.:Innflutningur alls	104,5	102,7	93,1	99,3	107,2	107,9	131,2	123,2	109,4	109,2	114,2
7. Verg landsframleiðsla	**103,2**	**103,5**	**99,8**	**102,9**	**106,1**	**112,1**	**121,0**	**118,7**	**117,4**	**116,9**	**117,3**
8. Þáttatekjur frá útlönd., nettó	102,4	119,4	144,4	156,8	173,7	181,7	179,7	195,3	201,6	199,3	197,5
9. Verg þjóðarframleiðsla	**103,2**	**103,0**	**98,6**	**101,5**	**104,2**	**110,2**	**119,5**	**116,7**	**115,1**	**114,7**	**115,1**
10. Vergar þjóðartekjur	**101,6**	**101,4**	**96,2**	**98,6**	**101,4**	**109,1**	**121,1**	**117,6**	**114,0**	**112,9**	**114,7**
Verðvísitala											
1. Einkaneysla	151,0	229,3	418,7	551,8	731,7	877,6	1.016,9	1.278,3	1.575,6	1.830,8	1.939,0
2. Samneysla	147,8	228,9	380,5	461,9	623,0	789,9	1.003,8	1.243,3	1.441,7	1.618,3	1.745,2
3. Fjármunamyndun	149,5	234,5	408,2	485,9	634,7	779,5	905,8	1.074,7	1.356,5	1.575,1	1.662,5
4. Þjóðarútgjöld alls	150,1	231,0	407,7	521,2	687,5	838,2	992,1	1.228,4	1.503,4	1.732,5	1.842,0
5. Útflutningur alls	148,9	240,2	458,2	570,3	740,8	884,5	981,7	1.157,5	1.463,9	1.709,1	1.826,6
5.1 Vörur	146,9	230,0	445,5	552,4	711,2	860,4	972,6	1.144,4	1.435,4	1.680,9	1.807,0
5.2 Þjónusta	155,0	263,5	489,0	614,0	813,2	951,6	1.006,6	1.196,2	1.551,1	1.792,1	1.879,7
6. Frádr.:Innflutningur alls	149,6	240,8	462,9	575,3	759,9	860,4	925,7	1.103,7	1.450,3	1.729,6	1.789,4
6.1 Vörur	148,0	234,5	460,4	566,8	738,8	832,9	894,3	1.065,8	1.400,6	1.685,8	1.735,7
6.2 Þjónusta	155,0	259,0	469,3	596,7	812,5	946,6	1.031,0	1.226,1	1.605,5	1.864,4	1.948,9
7. Verg landsframleiðsla	**149,8**	**230,4**	**407,5**	**519,8**	**681,4**	**848,1**	**1.014,4**	**1.250,0**	**1.506,9**	**1.725,0**	**1.855,4**
%-br. frá fyrra ári, magn											
1. Einkaneysla	6,4%	5,1%	-5,8%	3,8%	4,4%	7,2%	16,6%	-4,3%	-4,2%	-0,6%	5,6%
2. Samneysla	7,3%	6,2%	4,7%	0,2%	6,2%	6,9%	6,1%	4,2%	2,4%	4,1%	5,2%
3. Fjármunamyndun	1,0%	-0,5%	-12,3%	9,2%	2,0%	-1,2%	19,0%	-0,6%	-8,3%	2,8%	3,0%
4. Þjóðarútgjöld alls	5,7%	5,0%	-8,7%	6,4%	2,9%	4,7%	16,0%	-1,0%	-4,6%	0,8%	5,8%
5. Útfl. vöru og þjónustu	2,0%	-9,7%	11,6%	1,8%	11,2%	6,3%	4,7%	-3,0%	2,5%	-0,4%	-5,9%
5.1 Vörur	-0,3%	-17,1%	13,4%	2,0%	11,3%	10,1%	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%
5.2 Þjónusta	9,8%	13,8%	7,6%	1,2%	11,0%	-3,0%	5,7%	-8,1%	-0,4%	2,7%	-0,1%
6. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	5,7%	-0,3%	-8,2%	7,8%	8,8%	1,4%	23,0%	-4,6%	-10,2%	0,7%	5,8%
6.1 Vörur	5,7%	-2,9%	-10,8%	6,9%	8,4%	7,7%	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%
6.2 Þjónusta	6,0%	7,7%	-0,9%	10,3%	9,6%	-14,2%	16,8%	-1,9%	-8,0%	1,8%	8,8%
7. Verg landsframleiðsla	**4,4%**	**1,7%**	**-2,3%**	**4,2%**	**3,8%**	**6,5%**	**9,2%**	**-0,3%**	**0,0%**	**0,4%**	**1,5%**
8. Þáttatekjur frá útlönd,, nettó	3,6%	18,2%	22,5%	9,7%	11,7%	5,4%	0,0%	10,4%	4,4%	-0,3%	0,3%
9. Verg þjóðarframleiðsla	**4,4%**	**1,3%**	**-3,1%**	**4,0%**	**3,5%**	**6,5%**	**9,6%**	**-0,8%**	**-0,2%**	**0,4%**	**1,6%**
10. Vergar þjóðartekjur	**2,8%**	**1,1%**	**-3,8%**	**3,6%**	**3,6%**	**8,4%**	**12,3%**	**-1,4%**	**-2,0%**	**-0,2%**	**2,9%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	230,8	234,0	237,0	239,5	241,4	243,2	246,0	249,9	252,7	254,8	258,0
Magnvísitala	101,2	102,6	103,9	105,0	105,8	106,6	107,8	109,5	110,8	111,7	113,1
%-br. frá fyrra ári, magn á mann											
1. Einkaneysla	5,2%	3,7%	-7,0%	2,7%	3,6%	6,5%	15,3%	-5,8%	-5,2%	-1,4%	4,3%
2. Samneysla	6,1%	4,7%	3,3%	-0,9%	5,4%	6,1%	4,9%	2,5%	1,3%	3,3%	3,9%
3. Fjármunamyndun	-0,2%	-1,9%	-13,4%	8,0%	1,2%	-1,9%	17,7%	-2,1%	-9,3%	2,0%	1,7%
4. Þjóðarútgjöld alls	4,5%	3,6%	-9,8%	5,3%	2,1%	3,9%	14,7%	-2,6%	-5,7%	-0,0%	4,5%
5. Útfl. vöru og þjónustu	0,8%	-10,9%	10,2%	0,7%	10,3%	5,5%	3,5%	-4,6%	1,4%	-1,2%	-7,1%
6. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	4,5%	-1,7%	-9,4%	6,7%	7,9%	0,7%	21,7%	-6,1%	-11,2%	-0,1%	4,5%
7. Verg landsframleiðsla	**3,2%**	**0,3%**	**-3,6%**	**3,2%**	**3,0%**	**5,7%**	**8,0%**	**-1,9%**	**-1,1%**	**-0,4%**	**0,3%**
8. Verg þjóðarframleiðsla	**3,2%**	**-0,1%**	**-4,3%**	**2,9%**	**2,7%**	**5,7%**	**8,4%**	**-2,3%**	**-1,3%**	**-0,4%**	**0,3%**
9. Vergar þjóðartekjur	**1,6%**	**-0,3%**	**-5,1%**	**2,5%**	**2,8%**	**7,6%**	**11,0%**	**-2,9%**	**-3,1%**	**-1,0%**	**1,7%**
%-br. frá fyrra ári, verð											
1. Einkaneysla	51,0%	51,9%	82,6%	31,8%	32,6%	19,9%	15,9%	25,7%	23,3%	16,2%	5,9%
2. Samneysla	47,8%	54,9%	66,2%	21,4%	34,9%	26,8%	27,1%	23,9%	16,0%	12,3%	7,8%
3. Fjármunamyndun	49,5%	56,8%	74,1%	19,0%	30,6%	22,8%	16,2%	18,6%	26,2%	16,1%	5,5%
4. Þjóðarútgjöld alls	50,1%	53,9%	76,5%	27,8%	31,9%	21,9%	18,4%	23,8%	22,4%	15,2%	6,3%
5. Útfl. vöru og þjónustu	48,9%	61,4%	90,8%	24,5%	29,9%	19,4%	11,0%	17,9%	26,5%	16,8%	6,9%
6. Frádr.:Innfl.vöru og þjónustu	49,6%	60,9%	92,2%	24,3%	32,1%	13,2%	7,6%	19,2%	31,4%	19,3%	3,5%
7. Verg landsframleiðsla	**49,8%**	**53,8%**	**76,9%**	**27,6%**	**31,1%**	**24,5%**	**19,6%**	**23,2%**	**20,6%**	**14,5%**	**7,6%**

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1981-1992

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Spá 1992
I Vísitölur 1980=100.												
Tekjur												
Ráðstöfunartekjur á mann	159	248	395	505	743	977	1.424	1.737	1.937	2.130	2.332	2.359
Verðlag												
Framfærsluvísitala	151	228	420	542	718	871	1.034	1.297	1.571	1.804	1.926	2.003
Byggingarvísitala	152	237	403	505	668	832	979	1.153	1.420	1.673	1.800	1.843
Lánskjaravísitala	152	227	408	546	713	888	1.043	1.287	1.524	1.760	1.894	1.964
Verðlag einkaneyslu	151	229	419	552	732	878	1.017	1.278	1.576	1.831	1.939	2.017
Kaupmáttur [1]												
Ráðstöfunartekjur á mann	105	109	94	93	104	112	138	134	123	118	120	117
Gengi												
Meðalverð erl. gjaldmiðla [2]	134	210	386	448	573	659	684	781	982	1.104	1.103	1.103
Raungengi miðað við verð	104	96	90	95	93	95	104	109	101	97	100	100
Raungengi miðað við laun	106	102	84	83	85	87	109	114	97	88	91	94
II Breytingar frá fyrra ári, %.												
Tekjur												
Ráðstöfunartekjur á mann	59,0	56,0	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	8,9	1,2
Verðlag												
Framfærsluvísitala	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	4,0
Byggingarvísitala	52,4	55,3	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4
Lánskjaravísitala	51,8	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7
Verðlag einkaneyslu	51,3	52,1	83,0	31,7	32,6	19,9	15,8	25,7	23,3	16,1	5,9	4,0
Kaupmáttur [1]												
Ráðstöfunartekjur á mann	5,0	3,3	-13,5	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,0	-2,7
Gengi												
Meðalverð erl. gjaldmiðla [2]	33,8	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,0
Bandaríkjadollar	51,2	72,9	99,6	26,6	31,0	-1,0	-5,9	11,6	32,6	1,9	1,4	
Vestur-þýskt mark	21,5	60,1	89,7	14,1	28,2	33,4	13,2	13,8	24,3	18,6	-1,3	
SDR	36,6	61,1	94,0	21,7	30,3	14,2	3,6	15,7	26,6	8,0	2,1	
Raungengi miðað við verð	4,3	-8,2	-5,8	4,9	-1,6	2,0	9,5	5,2	-8,1	-3,2	2,6	0,5
Raungengi miðað við laun	6,3	-3,9	-17,6	-0,7	1,4	2,1	26,4	3,9	-14,1	-9,8	3,6	2,8
III Breytingar frá upphafi til loka árs, %.												
Verðlag												
Framfærsluvísitala [3]	41,1	63,6	70,8	23,1	34,2	12,8	26,1	18,3	23,7	7,3	7,2	1,5
Byggingarvísitala [4]	45,2	63,0	55,1	19,5	34,8	17,2	17,7	18,4	27,3	8,9	6,1	1,3
Lánskjararvísitala [3]	47,6	60,5	73,4	18,9	35,6	14,7	22,2	19,1	21,6	7,1	7,6	1,6
Meðalverð erl. gjalmiðla [5]	16,4	83,0	56,0	26,1	19,1	5,8	1,7	21,8	30,9	0,0	0,0	
Bandaríkjadollar [5]	31,0	103,4	72,5	41,4	3,7	-4,3	-11,4	29,7	32,3	-9,5	0,4	
Vestur-þýskt mark [5]	14,1	92,3	50,6	22,4	32,8	21,3	8,6	15,2	39,1	2,0	-0,4	
SDR [5]	18,7	94,2	64,0	32,6	15,6	7,0	2,4	22,8	29,7	-2,3	1,3	

Skýringar:
1) Miðað við framfærsluvísitölu.
2) Miðað við landavog.
3) Frá janúar til janúar.
4) Breyting milli meðaltala desember til janúar.
5) Breyting milli árslokatalna.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1981-1992

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráða-birgða-tölur 1991	Spá 1992
Þúsund tonn												
Þorskur	461	382	294	281	323	366	390	376	354	333	307	265
Annar botnfiskur	255	308	309	284	263	266	294	321	338	340	345	319
Síld	40	56	59	50	50	66	75	93	97	90	78	110
Loðna	642	13	133	867	993	898	810	911	670	694	259	800
Humar	3	3	3	2	2	3	3	2	2	2	2	2
Rækja	8	9	13	24	25	36	39	30	27	30	38	40
Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	13	10	11	12	10	12
Annað	22	5	13	12	7	5	13	15	14	5	3	3
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	1.637	1.758	1.513	1.506	1.042	1.551
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði, %: [1]												
Samtals	4,9	-11,2	-9,3	8,5	5,1	9,8	6,7	-1,0	-3,8	-2,9	-7,5	-0,5
Samtals án loðnu	6,6	-5,4	-10,0	-1,6	4,6	11,5	7,7	-1,3	-1,8	-3,2	-3,4	-6,9

Skýringar:

1) Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn árin 1981-1989 er á verðlagi ársins 1987. Aflamagn árin 1989-1992 er á verðlagi ársins 1990. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður miðað við innanlandsverð á afla upp úr sjó.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1945-1993 [1].

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1945	19,1		19,0	
1946	19,9	3,8%	20,4	7,5%
1947	22,2	11,6%	22,2	8,6%
1948	22,6	2,0%	22,2	0,1%
1949	22,3	-1,5%	21,3	-4,1%
1950	21,7	-2,8%	20,0	-6,1%
1951	21,4	-1,1%	19,3	-3,4%
1952	21,1	-1,5%	19,1	-1,3%
1953	24,1	14,1%	22,3	16,8%
1954	26,2	9,0%	24,5	10,2%
1955	28,8	9,7%	27,1	10,3%
1956	29,3	1,9%	27,3	0,7%
1957	29,3	0,0%	26,9	-1,4%
1958	31,9	8,8%	29,9	11,4%
1959	32,4	1,7%	30,5	2,0%
1960	33,7	3,8%	31,1	1,9%
1961	33,9	0,6%	32,4	4,1%
1962	36,7	8,2%	35,3	9,0%
1963	40,3	9,9%	38,8	10,0%
1964	44,3	9,9%	43,7	12,4%
1965	47,5	7,3%	48,3	10,7%
1966	51,6	8,7%	52,5	8,6%
1967	50,8	-1,6%	49,9	-4,9%
1968	48,1	-5,3%	46,9	-6,0%
1969	49,7	3,2%	48,6	3,5%
1970	53,4	7,6%	54,6	12,4%
1971	60,4	13,1%	63,1	15,6%
1972	63,9	5,8%	66,6	5,6%
1973	67,7	5,8%	73,8	10,7%
1974	71,9	6,3%	75,2	2,0%
1975	72,6	0,9%	71,5	-5,0%
1976	77,0	6,1%	78,0	9,2%
1977	83,8	8,9%	87,6	12,3%
1978	89,7	7,0%	93,9	7,1%
1979	94,6	5,5%	95,7	2,0%
1980	100,0	5,7%	100,0	4,4%
1981	104,4	4,4%	102,8	2,9%
1982	106,1	1,7%	103,9	1,1%
1983	103,7	-2,3%	100,0	-3,8%
1984	108,0	4,2%	103,6	3,6%
1985	112,2	3,8%	107,3	3,6%
1986	119,5	6,5%	116,3	8,4%
1987	130,5	9,2%	130,6	12,3%
1988	130,0	-0,3%	128,8	-1,4%
1989	130,0	0,0%	126,3	-1,9%
1990	130,6	0,4%	126,0	-0,2%
1991	132,4	1,5%	129,6	2,9%
1992	128,8	-2,7%	124,7	-3,8%
1993	128,2	-0,5%	122,8	-1,5%

[1] Bráðabirgðatölur fyrir 1990 og 1991, áætlun fyrir 1992 og spá fyrir 1993.

Verg landsframleiðsla 1945-1993
Vísitala 1980 = 100



Verg landsframleiðsla 1945-1993
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári



115. Svar [92. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um umfang löggæslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg eru stöðugildi lögreglumanna, sundurliðuð eftir lögregluumdæmum, og hve margir íbúar eru á hvert stöðugildi lögreglumanns, einnig sundurliðað eftir umdæmum?*
2. *Hve margar yfirvinnustundir lögreglumanna samtals eru áætlaðar samkvæmt fjárlögum þessa árs sundurliðað eftir lögregluumdæmum og hve margar eru yfirvinnustundirnar á hvert stöðugildi lögreglumanns, einnig sundurliðað eftir lögregluumdæmum?*

Í fyrirspurninni, sem er tvíþætt, er spurt annars vegar um fjölda íbúa á hvern lögreglumann í landinu og hins vegar hversu mikil aukavinna er á stöðugildi lögreglumanna.

Í neðangreindri töflu 1 er að finna hversu mörg stöðugildi fastráðinna lögreglumanna eru í hverju umdæmi landsins, síðan íbúafjölda og loks hversu margir íbúar eru á hvert stöðugildi lögreglumanna.

Athuga skal að fjöldi fastráðinna lögreglumanna gefur ekki rétta mynd alls staðar því að víða í dreifbýli eru starfandi héraðslögreglumenn sem inna töluvert starf af hendi, einkum við samkomur. Þá vinna lögreglumenn sums staðar við fleiri störf, svo sem tollstörf, sjúkraflutninga o.fl. Beinn samanburður milli umdæma er því ekki marktækur samkvæmt framansögðu.

Að því er síðari spurninguna varðar hefur sú breyting orðið á hjá lögreglustjórum á yfirstandandi ári að fjármálastjórnun þeirra er ekki miðstýrð eins og áður hefur verið heldur hafa þeir frjálsari hendur um útgjöld, þ.e. hvort þeir verja fjárframlagi sínu til reksturskostnaðar eða launagjalda. Af þessum sökum hafa lögreglustjórar sjálfir ákveðið hversu miklu þeir ætli að verja til yfirvinnugreiðslna til lögreglumanna. Neðangreind tafla 2 sýnir hversu mikilli yfirvinnu lögreglustjórarnir hafa ákveðið að verja til löggæslu á árinu, þ.e. til fastráðinna manna, afleysingamanna og héraðslögreglumanna.

Tafla 1.

Fjöldi íbúa og lögreglumanna á Íslandi eftir umdæmabreytingu frá 1. júlí 1992.

Lögregluumdæmi	Fjöldi lögrm.	Fjöldi íbúa	Íb.pr.lögrm.
Akranes	11	5.236	476
Borgarnes	7	3.938	563
Stykkishólmur	9	4.460	496
Búðardalur	1	898	898
Patreksfjörður	4	2.233	558
Bolungarvík	2	1.179	590
Ísafjörður	12	5.263	439
Hólmavík	1	1.065	1.065
Blönduós	5	3.969	794
Sauðárkrókur	7	4.609	658
Siglufjörður	6	1.771	295
Ólafsfjörður	2	1.170	585
Akureyri/Dalvík	33	19.322	586
Húsavík	9	5.892	655
Seyðisfjörður	5	5.043	1.009

Neskaupstaður	2	1.683	842
Eskifjörður	5	4.042	808
Höfn í Hornafirði	3	2.419	806
Vík í Mýrdal	1	1.208	1.208
Hvolsvöllur	4	3.291	823
Vestmannaeyjar	11	4.923	448
Selfoss	22	11.126	506
Keflavík/Grindavík	38	15.361	404
Hafnarfjörður	39	23.969	615
Kópavogur	24	16.635	693
Reykjavík	264	108.876	412
RLR	41		0
Keflavíkurflugvöllur	32		0
Lögregluskóli	6		0
Ráðuneyti	1		0
Samtals	607	259.581	428

Íbúafjöldi miðast við Hagstofutölur frá 1. desember 1991.

Tafla 2.

Lögregluumdæmi	Áætlaðar aukavinnust. lögreglu
Akranes	9.300
Borgarnes	5.000
Stykkishólmur	9.704
Búðardalur	1.400
Patreksfjörður	4.680
Bolungarvík	1.200
Ísafjörður	10.894
Hólmavík	1.120
Blönduós	5.000
Sauðárkrókur	7.991
Siglufjörður	3.695
Ólafsfjörður	2.000
Akureyri	18.150
Húsavík	11.263
Seyðisfjörður	5.261
Neskaupstaður	2.748
Eskifjörður	10.146
Höfn í Hornafirði	4.127
Vík í Mýrdal	1.586
Hvolsvöllur	4.000
Vestmannaeyjar	9.340
Selfoss	15.060
Keflavík/Grindavík	29.595
Hafnarfjörður	26.000
Kópavogur	15.820
Reykjavík	212.738
RLR	32.072
Aukavinnuklst. alls	455.984

Meðaltal á stöðugildi 751 klst.
Upplýsingar liggja ekki fyrir frá Keflavíkurflugvelli.

116. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hluttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum, sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð m.a. við eftirtalda aðila: Slysavarna- og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Félag fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð.

117. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd.

Í lögum um síldarútvegsnefnd segir að hún skuli hafa eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi „bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld sem íslensk skip veiða eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til". Enn fremur segir í 8. gr.: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa."

Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um.

Enginn efast um að síldarútvegsnefnd hefur unnið gott starf bæði við stjórnun síldarsöltunar og við útflutning á síldarafurðum. Þótt einkaréttur á útflutningi saltsíldar verði afnuminn mun síldarútvegsnefnd hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en með því að gefa fleiri útflytjendum kost á að flytja út saltaða síld hlýtur það að efla markaðsleit, tryggja betur sölu og verð og nýtingu markaða. Lagaákvæðin eru hins vegar úrelt orðin og tímabært að endurskoða þau.

Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi landsbyggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. Efling útflutningsstarfseminnar er löngu brýn og gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er.

118. Svar [59. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Á umræddu tímabili, þ.e. frá 1. janúar 1991 til og með 31. ágúst 1992, voru engin útboð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

119. Fyrirspurn [101. mál]

til utanríkisráðherra um samskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvaða samningar gilda á eftirfarandi sviðum um samskipti Íslands og Bandaríkjanna og hver eru kjör okkar Íslendinga:
— í útflutnings- og innflutningsverslun,
— í viðskiptum með sjávarafurðir á öllum vinnslustigum,
— í viðskiptum með önnur matvæli, svo sem landbúnaðarafurðir, einnig eftir vinnslustigum,
— í flutningum og þjónustu,
— í samstarfi um tækniþróun og flutning tækniþekkingar,
— í aðgangi að bandarískum menntastofnunum og vísindastarfsemi?

Telur ráðherra þessi kjör okkar svara þörfum okkar eða telur hann að þau þurfi að bæta?

Telur ráðherra að staðfesting samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og aðild Íslands að honum muni hafa áhrif á framangreind samskipti og viðskiptakjör Íslands við Bandaríkin og þá hvernig?

120. Fyrirspurn [102. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heildarafla á Íslandsmiðum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildarafla eftirtalinna fisktegunda á árunum 1977 til og með 1992:
   a. þorsks,
   b. ýsu,
   c. ufsa,
   d. karfa,
   e. grálúðu,
   f. skarkola,
   g. rækju,
   h. síldar,
   i. loðnu?
2. Hver var heildarveiðin á ofangreindum fisktegundum á árunum 1977–1991?
3. Hver er áætluð heildarveiði á ofangreindum fisktegundum nú í ár?

Skriflegt svar óskast.

121. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um kynningu á ímynd Íslands erlendis.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir,
Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd þriggja manna sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. Frumkvæði að samræmingu á því hvernig ímynd Íslands er kynnt á erlendum vettvangi í samvinnu við hagsmunaaðila.
b. Fimm ára áætlun um kynningu á ímynd Íslands erlendis. Kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar greiðist af hagsmunaaðilum og ríkissjóði samkvæmt því sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
c. Úttekt á því hvernig aðstæður og aðgerðir innan lands samræmast þeirri ímynd landsins sem kynnt er erlendis.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en fékkst ekki rætt og er nú flutt að nýju.

Auðæfi Íslands liggja í landinu sjálfu, hafinu í kringum landið og möguleikum fólksins sem í landinu býr. Þessi auðæfi nýtast ekki þjóðinni ef enginn veit af þeim eða gerir sér grein fyrir mikilvægi þeirra og verðmætum.

Tími viðskiptafrelsis og hins frjálsa markaðar er runninn upp og því um leið tími samkeppni og samanburðar sem við viljandi eða óviljandi tökum þátt í. Við getum jafnframt fagnað því að samtímis eru meiri möguleikar en nokkru sinni fyrr á miðlun upplýsinga til einstaklinga, fyrirtækja og jafnvel heilu þjóðanna. Upplýsingar hellast yfir viðtakendur og því skiptir afar miklu máli að kynningarstarf sé markvisst og skilji eftir sig spor í huga viðtakanda. Ímynd og vörumerki eru þess vegna nauðsynleg við hvers konar kynningu.

Eins og málum er nú háttað eru það hinir ýmsu söluaðilar vöru og þjónustu sem kynna landið (Útflutningsráð, Ferðamálaráð, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna o.s.frv.). Oftast fer meira rými og kostnaður í að kynna landið sjálft, kosti þess og sérstöðu en sjálfa vöruna eða þjónustuna sem verið er að veita. Það er því bæði eðlilegt og skynsamlegt að reyna að greina á milli hinnar almennu landkynningar sem á að koma öllum til góða sem nýtt geta sérstöðu lands og þjóðar og hinnar eiginlegu sölustarfsemi þar sem seld er tiltekin vara eða þjónusta.

Það er því að mati flutningsmanna skynsamlegt að ríkið hafi meira frumkvæði og taki meiri þátt í hinni almennu landkynningu í samstarfi við hagsmunaaðila en láti fyrirtækjum og einstaklingum eftir frumkvæðið í hinni eiginlegu sölu. Hin almenna landkynning beinist að kynningu á legu landsins og umhverfi, menningu, menntun og möguleikum þjóðarinnar til þess að veita þjónustu og takast á við framleiðslu almennt. Helst þyrfti að leggja áherslu á að ná árangri í kynningu á hreinleika og gæðum umhverfisins, þjónustu og framleiðslu. Góður árangur á þessu sviði væri að þegar nafn Íslands væri nefnt kæmi upp í huga manna ímynd hreinleika og gæða.

Það er jafnframt mat flutningsmanna að tryggja þurfi að Ísland standi undir þeirri ímynd sem kynnt er. Því er gert ráð fyrir því í tillögunni að þetta verði kannað sérstaklega svo að hægt sé að bæta úr fljótt og vel ef þörf krefur. Það er forsenda árangurs í

kynningarstarfi sem þessu að sú mynd, sem dregin er upp, sé sannleikanum samkvæm. Því er nauðsynlegt að gott samstarf náist milli allra viðkomandi aðila svo að góður árangur sé tryggður.

122. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð,
b. að kanna hvernig þurfi að breyta núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð til þess að mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna vegi og tengd samgöngumannvirki í auknum mæli á annan hátt en nú er gert,
c. að kanna hvaða áhrif annars konar fjármögnun en með framlögum úr Vegasjóði samkvæmt núgildandi lögum hefði á uppbyggingu samgöngukerfisins.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en fékkst ekki rætt og er nú flutt að nýju.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 en hlaut ekki afgreiðslu, var gerð úttekt á vegakerfinu og metið hvað það mundi kosta að koma því í viðunandi horf. Niðurstaðan var sú að heildarkostnaður miðað við vísitölu vegagerðar 4.560 væri 74,1 milljarður króna. Það má áætla að miðað við framlög til vegagerðar síðustu árin tæki það 25–30 ár að ljúka þessum framkvæmdum. Þá er aðeins að litlu leyti tekið tillit til þeirrar þróunar sem mun verða á þessu tímabili og til þeirra framkvæmda sem sú þróun mun útheimta.

Það er því ljóst að fjáröflun til vegagerðar er alls ófullnægjandi, jafnvel þótt tekjustofnar væru nýttir til fulls og skiluðu sér að fullu til framkvæmda. Ef auka á framkvæmdir þarf því annaðhvort að hækka hið almenna bensíngjald og þungaskatt eða leita annarra leiða til fjármögnunar vegagerðar. Það má færa rök fyrir því að almenn hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti sé ekki heppileg leið, m.a. þar sem hinn almenni greiðandi tengi verðhækkun á bensíni ekki við bætt samgöngumannvirki. Því er skynsamlegt að leita nýrra leiða þó ekki sé hægt að hafna almennri hækkun alfarið.

Víða í Evrópu, t.d. á Ítalíu, Spáni og í Frakklandi, eru vegir fjármagnaðir af einkaaðilum sem síðan hafa rétt á innheimtu veggjalds af þeim sem um veginn fara. Á Norðurlöndum og í Bretlandi er fjöldi brúa og ganga fjármagnaður á þennan hátt og í Bretlandi er áformað að fjármagna vegi á sama hátt. Það er einnig athyglisvert að í Noregi hafa verið tekin upp aðgangsgjöld af bílum sem aka inn í borgir, t.d. í Ósló og Bergen. Annars staðar hafa tímabundið verið tekin upp staðbundin bensíngjöld sem renna í staðbundinn vegasjóð eins og í Tromsö til þess að standa straum af uppbyggingu vegakerfis á því svæði.

Í ljósi þess sem hér kemur fram telja flutningsmenn nauðsynlegt að þessi mál verði könnuð á þann hátt sem fram kemur í tillögunni.

123. Fyrirspurn [105. mál]

til menntamálaráðherra um farskóla Kennaraháskóla Íslands.

frá Svavari Gestssyni.

Hversu margir nemendur verða teknir í farskóla Kennaraháskóla Íslands á næsta ári?

124. Fyrirspurn [106. mál]

til iðnaðarráðherra um útboð.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem Alþingi samþykkti 20. maí 1992 að iðnaðarráðherra skipaði til að semja frumvarp til útboðslaga?

125. Fyrirspurn [107. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Liggur fyrir lögformleg hlið eignarhalds á Brunabótafélagi Íslands?
2. Hversu mörg sveitarfélög eiga aðild að fulltrúaráði Brunabótafélagsins?
3. Hvaða réttindi og skyldur fylgja aðild að fulltrúaráði félagsins?
4. Telur ráðherra koma til greina að Brunabótafélagið verði gert að hlutafélagi með eignaraðild þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráði félagsins? Yrði eignarhlutur hvers þeirra þá metinn í samræmi við iðgjaldagreiðslur húseigenda fyrir brunatryggingar sl. fimm ár?

126. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Ingibjörg Pálmadóttir,
Jóhann Ársælsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta fara fram rannsókn á botndýrum í Breiðafirði í samvinnu við vinnslustöðvar og útgerðir skelbáta við Breiðafjörð.

Tilgangur rannsókna verði að leita nýrra hörpudiskmiða á Breiðafirði, meta betur en gert hefur verið hörpudiskmiðin og kanna aðrar dýrategundir sem nýtanlegar kunna að vera.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt.

Með minnkandi veiðiheimildum skipa, sem stunda bolfiskveiðar, verður stöðugt mikilvægara að auka rannsóknir annarra fiskstofna og nýtanlegra botndýra.

Skelveiðar hafa verið stundaðar á Breiðafirði í rúma tvo áratugi með ágætum árangri. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til verulegan samdrátt veiða á hörpudiski án þess að rannsóknir hafi verið auknar. Aðrar botndýrategundir hafa ekki verið rannsakaðar að nokkru marki. Sjómenn, sem stunda skelveiðar, telja nauðsynlegt að auka rannsóknir og hafa lýst vilja sínum til þess að taka þátt í rannsóknaverkefni sem miðist við að rannsaka veiðisvæði hörpudisksins og annarra botndýra.

Að beiðni þingmanna Vesturlands tók Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur saman stutta greinargerð um botndýrarannsóknir í Breiðafirði. Fylgir sú greinargerð með sem fylgiskjal.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 445 bls. 3084–3087 í A-deild Alþt. 1991–92.

127. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um verðlagningu á raforku.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram athugun á verðlagningu á raforku til almenningsrafveitna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Á undanförnum árum hefur raforka stöðugt orðið stærri þáttur í útgjöldum fyrirtækja jafnt sem heimila. Það er því mikilvægt að verðlagning á raforku lúti reglum sem eru sanngjarnar gagnvart notendum jafnframt því sem þær tryggja eðlilega endurgreiðslu til Landsvirkjunar vegna virkjana.

Verðlagning Landsvirkjunar hefur sætt nokkurri gagnrýni og hafa forsvarsmenn almenningsveitna, sem kaupa raforku af Landsvirkjun, leitað eftir samningum um hámarksverð er lækki í þrepum fram til aldamóta að tilteknu marki.

Ekki hafa náðst samningar og er því eðlilegt að Alþingi ályktí um að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir athugun og verðlagningu á raforku og hlutist til um að samningar náist.

Með greinargerð fylgja bréf sem gengið hafa milli fyrsta flutningsmanns og Rafmagnsveitna ríkisins.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 615 bls. 3488–3498 í A-deild Alþt. 1991–92.

128. Frumvarp til laga [110. mál]

um kaup á björgunarþyrlu.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1993 gera saming við framleiðendur eða seljendur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1993 að fjárhæð allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftirfarandi þingsályktun um björgunarþyrlu var samþykkt á Alþingi 12. mars 1991:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Frumvarp þetta þarf ekki frekari skýringa við.

129. Frumvarp til laga [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Gjald skv. 1. mgr. skal ekki lagt á flugvélaeldsneyti sem er undanþegið gjaldtöku í milliríkjasamningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða bandarískum flugfélögum gjald skv. 5. gr. sem þau hafa greitt frá 1. júlí 1987 samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra að höfðu samráði við samgönguráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1967 fóru fram viðræður milli Íslendinga og Bandaríkjamanna um gagnkvæma niðurfellingu tolla og skatta af eldsneyti og smurningsolíum fyrir flugvélar sem skráðar eru í landi annars samingsaðilans en hafa viðdvöl í landi hins. Viðræðum þessum lauk með gerð milliríkjasamnings í formi skipta á orðsendingum. Tilkynnt var um samninginn með auglýsingu nr. 16/1967 sem hljóðar svo:

„Með orðsendingaskiptum 7. júlí og 16. október 1967 var gengið frá samkomulagi stjórnvalda Íslands og Bandaríkja Ameríku um gagnkvæma niðurfellingu gjalda af flugvélaeldsneyti og smurningsolíum.

Gildistaka samkomulagsins miðast við 1. júní 1967.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt."

Framangreindar orðsendingar eru birtar sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu ásamt íslenskri þýðingu. Einnig fylgir orðsending frá 18. maí 1967 sem vitnað er til í fyrri orðsendingunni.

Við setningu laga nr. 31/1987 var talið að 5. gr. laganna bryti ekki í bága við gildandi milliríkjasamninga. Greinin hljóðar svo:

„Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.

Eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr."

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. er undanþága frá greiðslu flugvélaeldsneytisgjalds bundin við áætlunarflug. Þetta hefur leitt til þess að innheimt hefur verið gjald af flugvélaeldsneyti sem afgreitt hefur verið til bandarískra flugfélaga þar sem ekkert þeirra er með áætlunarflug milli Íslands og Norður-Ameríku. Bandaríkjamenn hafa með bréfi sendiráðs síns hér á landi dags. 31. ágúst 1992 mótmælt þessari gjaldtöku og talið hana stríða gegn tilgangi samningsins frá 1967. Bréf sendiráðsins er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Enn fremur hafa átta bandarísk flugfélög krafist endurgreiðslu á gjaldinu.

Undanþágan í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1987 bendir til þess að Alþingi hafi viljað taka tillit til samningsins frá 1967, en í þeim samningi er hins vegar hvergi sú takmörkun gerð að hann skyldi aðeins ná til áætlunarflugs. Þar segir eingöngu að flugvélar, sem skráðar eru í Bandaríkjunum, skuli njóta undanþágu frá gjöldum á eldsneyti í tengslum við millilandastarfsemi þeirra.

Því má halda fram að gagnkvæmni sé ekki gætt ef íslensk flugfélög njóta í reynd undanþágu frá gjaldinu á flugvélaeldsneyti en bandarísk ekki. Hætt er við að erfitt reynist að halda fram réttmæti gjaldtökunnar gagnvart bandarískum stjórnvöldum sem hafa fellt niður alríkisskatta á flugvélaeldsneyti til Flugleiða og beitt sér fyrir niðurfellingu fylkisskatta.

Frumvarpið er flutt til þess að tryggja gagnkvæmni í gjaldtöku gagnvart bandarískum flugfélögum og að gjaldtaka skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1987 sé ætíð í samræmi við gildandi milliríkjasamninga. Frumvarpið felur enn fremur í sér heimild til að endurgreiða þeim bandarísku flugfélögum sem gert hefur verið að greiða eldsneytisgjald á undanförnum árum. Einnig gæti þurft að ganga úr skugga um að íslenskar flugvélar njóti undanþágu frá gjaldtöku í Bandaríkjunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að við 5. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., um að gjald skv. 1. mgr. skuli ekki innheimt ef slík gjaldtaka stríðir gegn milliríkjasamningum. Gjaldið er lagt á flugvélabensín og þotueldsneyti.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er hér heimilað að endurgreiða gjald skv. 5. gr. laga nr. 31/1987 frá gildistöku þeirra 1. júlí 1987. Hann skal hafa samráð við samgönguráðherra um endurgreiðsluna.

Fylgiskjal I.

Orðsending sendiráðs Íslands í Washington D.C. til utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna 18. maí 1967.

The Embassy of Iceland presents its compliments to the Department of State and has the honor to refer to conversations between representatives of Iceland and the United States concerning the possibility of abolishing on a reciprocal basis duties and taxes on aviation fuel used by aircraft of either country.

The Embassy is authorized to declare that as of June 1st 1967, the duty on aviation fuel (15% ad valorem on the c.i.f. price) now charged to United States civil aircraft will be abolished, it being understood that the manufacturers' excise tax (2 U.S. cents pr. U.S. gallon) now charged to Icelandic civil aircraft in the United States be abolished as of the same date.

The Embassy of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Department of State the assurances of its highest consideration.

Washington, D.C., May 18th 1967.

Department of State,
Washington, D.C.

Sendiráð Íslands flytur utanríkisráðuneytinu kveðju sína og hefur þann heiður að vísa til samtala milli fulltrúa Íslands og Bandaríkjanna varðandi þann möguleika að afnema á gagnkvæmnisgrundvelli tolla og skatta á flugvélaeldsneyti sem loftför hvors ríkisins um sig nota.

Sendiráðinu er heimilt að lýsa því yfir að frá og með 1. júní 1967 mun tollurinn á flugvélaeldsneyti (15% verðtollur á cif-verðið), sem nú er lagður á borgaraleg loftför Bandaríkjanna, verða afnuminn með því skilyrði að framleiðslugjaldið (2 bandarísk sent á bandarískt gallon), sem nú er lagt á íslenskar borgaralegar flugvélar í Bandaríkjunum, verði afnumið frá sama tíma.

Sendiráðið notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneytið á nýjan leik um fyllstu virðingu sína.

Washington D.C., 18. maí 1967.

Utanríkisráðuneytið,
Washington D.C.

Fylgiskjal II.

Orðsending sendiráðs Íslands í Washington D.C. til utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna 7. júlí 1967.

The Embassy of Iceland presents its compliments to the Department of State and has the honor to refer to the Embassy's note dated May 18th 1967, and to conversations regarding reciprocal exemption of aircraft from payment of taxes on aviation fuel, lubricants and ground equipment.

The Embassy is authorized to declare that in addition to the duty on aviation fuel, duties on aviation lubricants and on ground equipment which was charged in Iceland to United States civil aircraft was abolished as of June 1st 1967 on the understanding that the manufacturers' excise tax which was charged to Icelandic civil aircraft in the United States be abolished on a reciprocal basis.

The Embassy would appreciate to receive from the Department of State confirmation of this understanding.

The Embassy avails itself of this opportunity to renew to the Department of State the assurances of its highest consideration.

Washington, D.C., July 7th 1967.

Department of State,
Washington, D.C.

Sendiráð Íslands flytur utanríkisráðuneytinu kveðju sína og hefur þann heiður að vísa í orðsendingu sendiráðsins dags. 18. maí 1967 og til samtals varðandi gagnkvæma undanþágu fyrir loftför frá greiðslu skatta á flugvélaeldsneyti, smurolíum og jarðbúnaði.

Sendiráðinu er heimilt að lýsa yfir að auk tolla á flugvélaeldsneyti voru tollar afnumdir á flugvélasmurolíum og jarðbúnaði, sem var lagður á á Íslandi á bandarísk loftför frá 1. júní 1967, með því skilyrði að framleiðslugjald, sem var lagt á íslensk borgaraleg loftför, verði afnumið á gagnkvæmnisgrundvelli.

Sendiráðið yrði þakklátt að fá staðfestingu á þessu samkomulagi frá utanríkisráðuneytinu.

Sendiráðið notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneytið á nýjan leik um fyllstu virðingu sína.

Washington D.C., 7. júlí 1967.

Utanríkisráðuneytið,
Washington D.C.

Fylgiskjal III.

Orðsending utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna til sendiráðs Íslands í Washington D.C. 16. október 1967.

The Department of State acknowledges receipt of the Embassy of Iceland's note of July 7, 1967, regarding the reciprocal exemption of aircraft from payment of taxes on aviation fuel, lubricants an ground equipment.

The Embassy's note indicates that as of June 1, 1967, the Government of Iceland abolished duties on aviation fuel, lubricants and ground equipment used by aircraft of United States registry in connection with their international operations.

On June 19, 1967, the United States Internal Revenue Service issued Revenue Ruling 67–193, which granted exemption to aircraft of Iceland registry, retroactive to June 1, 1967, with respect to payment of internal revenue taxes imposed by the United States on aircraft fuels and lubricants. This Revenue Ruling includes exemption from the manufacturer's excise tax on fuels and lubricants imposed by Chapter 32 of the Internal Revenue Code.

As the Embassy is aware, under United States law exemption from taxes on ground equipment may be granted with respect to customs duties on such equipment imported by foreign aircraft for use in connection with their international operations and with respect to internal revenue taxes imposed upon or by reason of, the importation of such equipment. Exemption may not be granted with respect to other internal revenue taxes.

Accordingly, the Department of Commerce is issuing a finding that Iceland accords reciprocal treatment with respect to customs duties on imported ground equipment and internal revenue taxes imposed on such equipment by reason of importation. It is requesting the Bureau of Customs, which administers these taxes, to issue appropriate Treasury

Decision, retroactive to June 1, 1967, giving effect to the exemption of aircraft of Iceland registry from these taxes. The Embassy of Iceland will be informed as soon as this action is completed.

October 16, 1967.

Department of State,
Washington, D.C.

Utanríkisráðuneytið viðurkennir móttöku á orðsendingu sendiráðs Íslands frá 7. júlí 1967 varðandi gagnkvæmt afnám greiðslu loftfara á sköttum á flugvélaeldsneyti, smurolíum og jarðbúnaði.

Orðsending sendiráðsins gefur til kynna að frá 1. júní 1967 hafi ríkisstjórn Íslands afnumið tolla á flugvélaeldsneyti, smurolíum og jarðbúnaði sem loftför skráð í Bandaríkjunum nota í tengslum við alþjóðlega starfsemi sína.

Hinn 19. júní 1967 kvað skattstofa Bandaríkjanna upp úrskurð 67–193 sem veitti loftförum skráðum á Íslandi undanþágu, afturvirkt frá 1. júní 1967, frá greiðslu alríkisskatta sem Bandaríkin leggja á flugvélaeldsneyti og smurolíur. Þessi úrskurður nær m.a. til undanþágu frá framleiðslugjaldi á eldsneyti og smurolíum sem lagt er á skv. 32. kafla skattalaga.

Eins og sendiráðinu er kunnugt er heimilt samkvæmt bandarískum lögum að veita undanþágur frá sköttum á jarðbúnaði hvað varðar tolla á slíkum búnaði sem fluttur er inn af erlendum loftförum til afnota í tengslum við alþjóðlega starfsemi sína og frá alríkissköttum sem eru lagðir á eða vegna innflutnings á slíkum búnaði. Undanþágu má ekki veita á öðrum alríkissköttum.

Því mun viðskiptaráðuneytið gefa út álit um að Ísland veiti gagnkvæm réttindi með tilliti til tolla á innfluttum jarðbúnaði og alríkisskatta sem lagðir eru á slíkan búnað við innflutning. Það mun biðja tollstofuna, sem annast framkvæmd þessara skatta, að gefa út viðeigandi fjármálaráðuneytisákvörðun, afturvirka frá 1. júní 1967, sem hrindir í framkvæmd undanþágu flugfara sem eru skráð á Íslandi frá þessum sköttum. Sendiráðinu verður tilkynnt um leið og þessum ráðstöfunum er lokið.

16. október 1967.

Utanríkisráðuneytið,
Washington D.C.

Fylgiskjal IV.

Bréf sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til samgönguráðherra.

August 31, 1992.

H.E. Halldor Blondal
Minister of Communications
Hafnarhus
Reykjavik.

Dear Minister Blondal:

I understand that you have been reviewing the 1967 bilateral agreement between Iceland and the U.S. on exemption from taxation of supplies for civil aviation, including fuel, lubricants and ground equipment. I also understand that officials of the government of Iceland have determined that the elements of the Icelandic Aviation Act of 1987 aimed at implementing the tax exemption provisions of the 1967 agreement are not in keeping with the original intent of our agreement.

The Embassy has been looking into this matter as well and has reached a similar conclusion. After reviewing the documents in this case, in particular the diplomatic notes exchanged between the Government of Iceland and the Government of the United States in 1967, we believe that the agreement our countries concluded was meant to apply flights by all civil aircraft registered in Iceland and the United States. Nowhere is there any mention that this exemption was to be limited to scheduled flights. Therefore, the limitation to that effect established in the Icelandic Aviation Act of 1987 is inconsistent with the original intent of our diplomatic agreement.

I understand that you plan to raise this matter in tomorrow's Cabinet meeting and will propose steps to resolve it. I hope that these steps will include reimbursement of the taxes paid by U.S. aircraft since 1987. Basic fairness suggests that these charges be returned to the individuals and firms on whom they were levied, since Icelandic air carriers have enjoyed unilateral tax free treatment on the North American route for the last five years. As there are both questions of fair treatment of U.S. firms and fulfillment of international legal obligations involved, the United States requests that they be reimbursed for the taxes they have paid since the 1987 law went into effect.

Needless to say, we appreciate your involvement in this case and the actions you are taking to resolve it. Thank you for your assistance and understanding in this matter.

Sincerely yours,

Sig Rogich.

Kæri ráðherra Blöndal:

Mér skilst að þér hafið verið með í endurskoðun tvíhliða samning milli Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1967 um undanþágu frá skattheimtu af aðföngum fyrir flugþjónustu, þar á meðal af bensíni, smurolíu og jarðbúnaði. Mér skilst einnig að íslenskir embættismenn hafi ákveðið að ákvæði í lögum um flugmálaáætlun og fjármögnun til framkvæmda í flugmálum, sem ætluð eru til að koma í framkvæmd skattundanþágum í samkomulaginu frá 1967, séu ekki í samræmi við upphaflegan tilgang samkomulagsins.

Sendiráðið hefur einnig verið að athuga þetta mál og komist að svipaðri niðurstöðu. Eftir að hafa athugað skjöl um málið, einkum orðsendingar sem Ísland og Bandaríkin skiptust á árið 1967, teljum við að samningur sá, sem löndin gerðu sín á milli, ætti að eiga við um allar flugvélar skráðar á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hvergi er minnst á að þessi undanþága eigi að vera bundin við áætlunarflug. Þess vegna eru takmarkanir, sem settar voru í lög um flugmálaáætlun 1987, ekki í samræmi við upphafleg markmið samkomulags okkar.

Mér skilst að þú ætlir að fjalla um þetta mál á ríkisstjórnarfundi á morgun og munir leggja fram tillögur um úrlausnir. Ég vona að þessar úrlausnir feli í sér endurgreiðslu skatts sem bandarísk flugfélög hafa greitt frá því lögin tóku gildi árið 1987. Sanngjarnt væri að þessi gjöld yrðu endurgreidd til einstaklinga og fyrirtækja sem þau voru lögð á þar sem íslenskir flugrekstraraðilar hafa notið einhliða skattafsláttar á Norður-Atlantshafsleiðinni síðastliðin fimm ár. Þar sem bæði er um að ræða sanngjarna meðferð bandarískra fyrirtækja og að uppfylla alþjóðlegar lagalegar skuldbindingar fara Bandaríkin fram á að þau fái endurgreidd gjöld sem þau hafa greitt frá því lögin tóku gildi árið 1987.

Eins og gefur að skilja erum við mjög þakklátir fyrir afskipti yðar af málinu og það sem þér gerið til að leysa það. Kærar þakkir fyrir aðstoð yðar og skilning á málinu.

130. Svar [57. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum menntamálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*

Samkvæmt meðfylgjandi lista frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins áttu sér stað alls tíu útboð á þessu tímabili.

2. *Hvaða útboð voru þetta?*

Sjá meðfylgjandi lista frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*

Eins og sjá má af áðurnefndum lista frá Innkaupastofnun ríkisins var átta sinnum tekið lægsta tilboði, en í tveimur tilvikum ekki.

4. Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?

Svo sem áður er getið var aðeins í tveimur tilvikum ekki tekið lægsta tilboði. Þessi tilvik voru vegna útboðsverka vegna Þjóðarbókhlöðunnar og Sjómannaskólans í Reykjavík.

Ástæður eru þessar:

a. Um útboð vegna Þjóðarbókhlöðu er þetta að segja:

Með bréfi dags. 5. mars 1991 gerði framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins menntamálaráðuneytinu grein fyrir þeim tilboðum sem borist hefðu í innanhússfrágang (útboð 11). Þar kom m.a. fram að níu tilboð hefðu borist og lagði framkvæmdadeild jafnframt til að næstlægsta tilboði yrði tekið frá fyrirtækinu Harald og Sigurður hf. sem var 96,38% af kostnaðaráætlun og færð eru rök fyrir þeirri tillögu, sbr. ljósrit af bréfi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Með bréfi dags. 12. mars 1991 féllst ráðuneytið á tillögu framkvæmdadeildarinnar.

b. Viðvíkjandi útboði vegna lóðarfrágangs við Sjómannaskólann í Reykjavík skal tekið fram að lægstbjóðandi var, samkvæmt bréfi framkvæmdadeildar dags. 12. apríl 1991, Hjörtur Skúlason með 3.279.820 kr. tilboð sem var 51,63% af kostnaðaráætlun. Næsta boð var 65,34% af kostnaðaráætlun hönnuða og lagði framkvæmdadeildin til að því tilboði yrði tekið og færði rök fyrir því, sbr. bréf frá 12. apríl 1991, er fylgir hér með, og féllst ráðuneytið litlu síðar á þá málsmeðferð.

Fylgiskjal I.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins:

Útboð á vegum menntamálaráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Útb.nr.	Verkheiti	Verklýsing	Verktaki	dags.útb.	tilb. upphæð	Kostnaðaráætlun	Röð*
3652-91	Þjóðarbókhlaða	Frágangur innahúss	Harald og Sigurður	19.02.91	76.985.325 kr	79.880.219 kr	2. af 9
3675-91	Sjómannaskólinn	Lóðarlögun	Halldór og Guðmundur	04.04.91	4.150.225 kr	6.352.030 kr	2. af 7
3676-91	Menntaskólinn Egilsstöðum	Mötuneyti	Húsiðjan hf	11.04.91	14.424.040 kr	13.483.663 kr	1. af 2
6684-91	Tilraunarstöð H.Í. Keldum	Frárennslislagnir	Hilmar Konráðsson	14.05.91	5.787.544 kr	9.759.431 kr	1 af 5
3691-91	Fiskvinnsluskólinn Hafnarfirði	Kaliklefar	Kalitakni	30.05.91	6.110.705 kr	6.278.000 kr	1. af 5
3697-91	Háskóli Íslands, raunv.deild	Viðbygging	KS verktakar	14.06.91	62.913.028 kr	71.084.000 kr	1. af 6
3705-91	Íþróttakennaraskóli Laugavatni	Sundlaug	Hreiðar Hermannsson	09.07.91	17.761.873 kr	18.597.247 kr	1. af 4
3707-91	Þjóðminjasafn Íslands	Viðgerð á þaki og gluggum	Byrgi hf og Blikk og stál	09.07.91	16.258.121 kr	18.494.000 kr	1. af 9
3768-92	Þjóðarbókhlaðan	Loft	Hagtak hf og Havirki Kelttu	12.03.92	218.798.155 kr	321.304.643 kr	1. af 26
3829-92	Kennaraháskóli Íslands Lokað	Íþróttarhús viðhald utanhúss	Einar Ólafsson	05.06.92	2.468.377 kr	3.864.600 kr	1. af 2

*Skýring: Röð er: nr. 1 = lægsta tilboð af fjölda tilboða.

Fylgiskjal II.

Innkaupastofnun ríkisins,
framkvæmdadeild:

Þjóðarbókhlaða — útboð 11, frágangur innan húss.

Tilboð í frágang innan húss í Þjóðarbókhlöðu, útboð 11, voru opnuð þriðjudaginn 19. febrúar sl. Meðfylgjandi er yfirlit yfir endurskoðaðar og leiðréttar niðurstöðutölur kostnaðaráætlunar hönnuða og þeirra níu tilboða sem bárust:

Lægstbjóðandi samkvæmt töflunni er Álfaberg hf. með 67.051.941 kr. tilboð sem er 84% af kostnaðaráætlun hönnuða og 9.933.384 kr. lægra en næstlægsta boð en það var frá Harald og Sigurði hf. að upphæð 76.985.325 kr.

Fyrirtækið Álfaberg var stofnað 1. október 1989 og tilkynnt til hlutafélagaskrár í mars 1990. Aðaleigendur þess eru sagðir tveir, Helgi Skaftason og Friðgeir Sörlason. Helgi mun hafa keypt helming hlutafjár, 10.000 kr., nú nýlega. Samkvæmt upplýsingum þeirra félaga hefur fyrirtækið nánast enga starfsemi haft með höndum til þessa og á ekki neinar eignir. Þó eigendur Álfabergs hafi mikla reynslu af útboðsverkum þykir ekki rétt að mæla með að tilboði fyrirtækisins verði tekið. Bæði er fyrirtækið nær eignalaust og tilboð þess aðeins tæp 84% af kostnaðaráætlun.

Fyrirtækið Harald og Sigurður hf. er hins vegar reyndur verktaki með trausta fjárhagsstöðu. Á síðasta ári vann fyrirtækið verk fyrir tæpar 80 m.kr. á vegum framkvæmdadeildar, innréttingu þriggja hæða á Laugavegi 166 (Víðishúsi). Þó verkið væri bæði allflókið og verktími aðeins rúmir sex mánuðir lauk verktakinn því vel frágengnu á tilsettum tíma.

Fyrir hönd framkvæmdadeildar mælum við undirritaðir því með að tilboði Haralds og Sigurðar hf. í verkið verði tekið.

Virðingarfyllst,

Skúli Guðmundsson.
Leifur Benediktsson.

Þjóðarbókhlaða — áfangi 11. Tilboð 19. febr. 1991.

Bjóðendur	Lagnir	Rafkerfi	Frágangur	Búnaður	Samtals	Hluti af áætlun (%)
Kostnaðaráætlun	18.765.085	5.774.409	53.278.095	2.062.630	79.880.219	100,00
Álfaberg	16.954.739	5.411.555	43.419.447	1.266.200	67.051.941	83,94
Harald og Sigurður	18.052.646	5.660.463	51.346.939	1.925.278	76.985.325	96,38
Hagvirki	17.657.549	5.414.143	54.913.836	1.317.042	79.302.570	99,28
SB verktakar	17.334.971	4.312.719	56.581.412	1.719.728	79.948.830	100,09
Sökkull sf.	17.605.028	3.295.236	58.226.253	1.872.330	80.998.847	101,40
Haukur og Ólafur hf.	16.469.323	5.077.206	59.548.751	1.770.838	82.866.118	103,74
Þorsteinn Sveinsson	17.997.972	5.409.376	61.998.141	1.919.300	87.324.689	109,32
Sigurður K. Eggertsson	20.142.150	5.171.640	60.256.200	2.283.000	87.852.990	109,98
Sigurður Guðmundsson	18.185.092	5.171.640	72.328.635	1.113.650	96.799.016	121,18

Fylgiskjal III.

Innkaupastofnun ríkisins,
framkvæmdadeild:

Sjómannaskólinn í Reykjavík.
(12. apríl 1991.)

Tilboð í lóðarfrágang við Sjómannaskólann í Reykjavík voru opnuð fimmtudaginn 4. apríl sl. Meðfylgjandi er yfirlit yfir endurskoðaðar og leiðréttar niðurstöðutölur kostnaðaráætlunar hönnuða og þeirra sjö tilboða sem bárust.

Lægstbjóðandi samkvæmt töflunni er Hjörtur Skúlason með 3.279.820 kr. tilboð sem er 51,63% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Að athuguðu máli teljum við að lægsta tilboð sé óeðlilega lágt aðeins 51,63% af kostnaðaráætlun. Auk þess eru fáir sem hafa búnað til þess að leggja klæðningu og malbik og er Hjörtur ekki einn þeirra og þarf því að kaupa þessa liði af öðrum.

Næstlægstur bjóðenda samkvæmt töflunni er Halldór og Guðmundur með 4.150.225 kr. tilboð sem er 65,34% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Athugun samkvæmt ákvæðum IST 30 á fjárhagsstöðu fyrirtækisins leiddi ekkert það í ljós sem mælti gegn því sem verktaka.

Fyrir hönd framkvæmdadeildar mælum við undirritaðir því með að tekið verði tilboði Halldórs og Guðmundar í verkið.

Virðingarfyllst,

Skúli Guðmundsson.
Leifur Benediktsson.

Frágangur lóðar við Sjómannaskóla.
(Útboð opnað 4. apríl 1991.)

	Hjörtur Skúlason	Halldór og Guðmundur	Malbik og völtun h.f	Klæðning h.f.	Þór Snorrason h.f.	Guðlaugur Valgeirsson	Loftorka h.f.	Áætlun hönnuða
	verð	verð	verð	verð	verð	verð	verð	verð
Jarðvinna samtals	608,260	1,301,500	1,148,000	1,414,250	1,159,650	1,498,750	1,212,500	1,744,590
Frárennslislagnir samtals	587,950	557,900	498,500	678,500	423,050	498,700	560,000	812,940
Frágangur yfirborðs samtals	2,083,610	2,290,825	2,965,700	3,122,150	3,633,043	3,417,300	3,780,600	3,794,500
	3,279,820	4,150,225	4,612,200	5,214,900	5,215,743	5,414,750	5,553,100	6,352,030
	51.63%	65.34%	72.61%	82.10%	82.11%	85.24%	87.42%	100.00%

131. Beiðni um skýrslu [112. mál]

frá viðskiptaráðherra um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf.

Frá Stefáni Guðmundssyni, Finni Ingólfssyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Helgasyni, Jóni Kristjánssyni, Páli Péturssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Með tilvísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er óskað eftir að viðskiptaráðherra gefi Alþingi skýrslu um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. Þess er óskað að í skýrslunni komi eftirfarandi fram:

1. Hvert var endanlegt söluverð hlutafjárins sem ríkissjóður fékk í hendur fyrir 76,8% hlutabréfa í Útvegsbanka Íslands hf. við söluna til þriggja stærstu hluthafa í Íslandsbanka hf.?
2. Hvert er söluverðið á núvirði þegar notuð eru þau almennu vaxtakjör sem gilt hafa í landinu frá þeim degi? (Óskað er eftir að vextirnir, sem notaðir eru, séu tilgreindir.)
3. Hvert er söluverð þeirra hlutabréfa sem ríkissjóður seldi samkvæmt gengi á almennum hlutabréfamarkaði í dag?
4. Hver er upphæð þeirra lána sem ríkissjóður yfirtók frá Útvegsbanka Íslands? Hve mikið af þeim má ætla að tapist? Hvernig var staðið að mati þessara yfirteknu lána? Var það framkvæmt við yfirtökuna eða fór það fram á löngum tíma? Hefur ríkissjóður orðið að taka á sig tap vegna lána sem við yfirtökuna var talið að mundu greiðast?
5. Hve háum fjárhæðum hefur ríkissjóður orðið af í skatttekjum vegna sölu á skattatapi Útvegsbanka Íslands, fyrst til Útvegsbanka Íslands hf. og síðar til Íslandsbanka hf. (rauntölur + áætlun, ef það er ekki að fullu nýtt)?
6. Telur viðskiptaráðherra að gott verð hafi fengist fyrir hlutabréfin í Útvegsbanka Íslands hf. þegar þau voru seld hluthöfum Íslandsbanka hf.?
7. Telur ráðherra að þær matsaðferðir, sem viðhafðar voru við sölu bréfanna, beri ríkissjóði að viðhafa í framtíðinni við sölumat hlutabréfa í sinni eigu?

132. Svar [91. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um löggæslu á skemmtunum.

Um löggæslu á skemmtunum gildir reglugerð nr. 587/1987 er leysti af hólmi reglugerð nr. 273 1977 sem var fyrsta heildstæða reglugerðin þar sem kveðið var á um löggæslu á skemmtunum en fram að þeim tíma giltu víðast hvar staðbundnar reglugerðir fyrir sýslur, settar á árunum frá 1953–1962.

Samkvæmt reglugerðinni er m.a. unnt að setja skilyrði um tiltekna dyravörslu og annað fullnægjandi eftirlit á skemmtun að mati lögreglustjóra. Þá er það skilyrði að sá sem fyrir skemmtun stendur skuli greiða kostnað við löggæslu. Nú orðið er ekki ætlast til þess að lögreglumenn séu almennt inni á skemmtunum nema á útihátíðum en þeir eiga að vera við staðina og í nánd við þá þannig að þeir geti brugðist skjótt við kalli frá skemmtistaðnum þegar þörf er á.

Meginviðmiðun reglugerðarinnar um löggæslukostnað, sem skemmtanahaldara er gert að greiða, er að finna í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar en þar segir að sá sem stendur fyrir skemmtun skuli greiða þann kostnað sem leiðir af **aukinni** löggæslu vegna skemmtunarinnar umfram það sem eðlilegt má telja.

Sýslumenn reikna kostnað þennan út með nokkuð mismunandi hætti eins og sjá má af svörum þeirra hér að neðan.

Ráðuneytið lætur þeim reglulega í té gjaldskrá vegna endurgreiðslu launa til lögreglumanna, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Núgildandi gjaldskrá fylgir hér að neðan.

Eftirfarandi eru svör lögreglustjóranna við spurningunum þremur, í umdæmisröð réttsælis umhverfis landið og er byrjað á Akranesi.

1. Hversu mörg almenn skemmtanaleyfi hafa verið gefin út skv. 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 587/1987, sundurliðuð eftir lögregluumdæmum?

Lögregluumdæmi	Almenn skemmtanaleyfi			
	1990	1991	1992	Samtals
Akranes				2
Borgarnes				0
Stykkishólmur	48	62		110
Búðardalur				0
Patreksfjörður	25	42	1	68
Bolungarvík				1
Ísafjörður	347	408	332	1087
Hólmavík				0
Blönduós	56	59		115
Sauðárkrókur				1
Siglufjörður	43	54		97
Ólafsfjörður				1
Akureyri		1	4	5
Húsavík	93	114	67	274
Seyðisfjörður				2
Neskaupstaður	97	102		199
Eskifjörður				3

Lögregluumdæmi	Almenn skemmtanaleyfi			
	1990	1991	1992	Samtals
Höfn í Hornafirði				2
Vík í Mýrdal	31	34		65
Vestmannaeyjar				162
Hvolsvöllur	41	51		92
Selfoss				6
Keflavík	84	73		157
Keflavíkurflugvöllur				0
Hafnarfjörður		68	46	114
Kópavogur				0
Reykjavík	81	42	41	164

2. *Í hvaða umdæmum er skemmtanaleyfi að jafnaði bundið því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og hvaða reglur gilda um fjölda lögreglumanna, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 587/1987?*

Svarið er tekið svo til orðrétt úr svörum sýslumannanna.

Akranes: Skemmtanaleyfi er ekki bundið því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað.

Borgarnes: Þegar svo kallaðir „opnir dansleikir" hafa farið fram hafa að jafnaði þrír til fjórir lögreglumenn haldið uppi löggæslu við skemmtistaðinn.

Stykkishólmur: Skemmtanaleyfi eru að jafnaði bundin því skilyrði að lögreglumenn séu við skemmtistað. Lögreglumenn við gæslu eru fæstir tveir á smærri samkomum og flestir átta á stærstu samkomum en fjöldinn fer að sjálfsögðu eftir atvikum hverju sinni.

Búðardalur: Skemmtanaleyfi er jafnan bundið því skilyrði að lögreglumenn séu tiltækir við skemmtistað. Þegar ætla má að dansleikir verði fámennir (80–150 manns) eru venjulega tveir til þrír lögreglumenn á staðnum en allt upp í fimm lögreglumenn á fjölmennari dansleikjum (300–400 manns).

Patreksfjörður: Á öllum dansleikjum í Barðastrandarsýslu eru tveir menn aukalega og fleiri þegar um stærri dansleiki er að ræða að mati lögreglustjóra og yfirvarðstjóra.

Bolungarvík: Skemmtanaleyfi í umdæminu á stöðum þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar eru ávallt bundin því skilyrði að tveir lögreglumenn séu við eða í nágrenni skemmtistaðar og a.m.k. þrír ef um dansleik er að ræða.

Ísafjörður: Yfirlögregluþjónn miðar skipulagningu helganna við það að öllum skemmtistöðum sé sinnt svo sem kostur er. Mjög breytilegt er hversu marga lögregluþjóna þarf að kalla á aukavakt um helgar. Vegna vínveitingahúsanna eru þó ávallt tveir á aukavakt föstudags- og laugardagskvöld og oft og tíðum bætt við tveimur til viðbótar eftir því hversu mikið er um skemmtanir.

Hólmavík: Skemmtanaleyfi er bundið því skilyrði að tveir til þrír lögreglumenn verði við skemmtistað.

Blönduós: Þegar leyfi eru gefin fyrir opinberum dansleikjum er það bundið þeim skilyrðum að lögreglumenn séu á staðnum.

Sauðárkrókur: Ef um almennan dansleik er að ræða er venjan sú að þrír lögreglumenn séu á lögreglubifreið í nágrenni skemmtistaðarins. Auk þessara þriggja manna eru lögreglumenn tiltækir á lögreglustöðinni ef þörf er á viðbótarmannskap sem oft er.

Siglufjörður: Venjulega er kallaður út einn aukamaður nema á stórhátíðaskemmtunum.

Ólafsfjörður: Lögreglumenn eru alltaf á vakt meðan skemmtistaðurinn er opinn og vakt þá lengd. Við leyfisveitingu er vísað til viðkomandi reglna en það er síðan ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni hversu löggæslan er mikil. Lögreglumenn eru yfirleitt aldrei fleiri en tveir, einungis eru fleiri á vakt á dansleikjum í Tjarnarborg en þar er gefið út sérstakt leyfi hverju sinni.

Akureyri: Skemmtanaleyfi hér hafa ekki verið bundin því skilyrði að lögreglumenn væru á skemmtistað.

Húsavík: Skemmtanaleyfi er að jafnaði bundið því að lögreglumenn verði við skemmtistað. Fjöldi löggæslumanna fer eftir eðli skemmtunar, t.d. tveir menn á svokölluðum innansveitardansleikjum þar sem skemmtunin er ekki fyrir almenning og er ekki auglýst opinberlega. Þrír menn á öllum opinberum dansleikum og eftir atvikum fjórir ef um sérstaka stórdansleiki er að ræða.

Seyðisfjörður: Öll skemmtanaleyfi, bæði almenn og sérstök dansleikjaleyfi, eru bundin því skilyrði að löggæsla verði á skemmtuninni. Á stærri dansleikjum er samkomuhaldari látinn greiða kostnað við tvo lögreglumenn, en á dansleikjum á minni stöðum og til sveita er hann látinn greiða fyrir einn lögreglumann.

Neskaupstaður: Skemmtanaleyfi/dansleikjaleyfi eru ekki bundin þeim skilyrðum að lögreglumenn verði á skemmtistað.

Eskifjörður: Útgáfa skemmtanaleyfa í tilefni almennra dansleikja er bundin því skilyrði að lögreglumenn séu við skemmtistað og leyfishafa gert að greiða kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu, þ.e. umfram tvo menn. Fjöldi löggæslumanna er ávallt fjórir nema ekki takist að fá aukamenn til starfa.

Höfn í Hornafirði: Það þekkist ekki að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn séu á skemmtistað. Þó er þetta gert þegar árleg útisamkoma fer fram á Vindási í Lóni.

Vík í Mýrdal: Ef skemmtun sú, sem leyfi er veitt fyrir, á að fara fram að kvöldlagi, ljóst er að áfengisneysla mun fara fram á henni og einhver fjöldi manna er líklegur til að sækja skemmtunina er sett skilyrði um að lögreglumenn verði á skemmtistaðnum. Fjöldi lög-

reglumanna er nær alltaf tveir, en ef séð er fram á að skemmtun verði mjög fjölsótt er bætt við einum til tveimur mönnum eftir ákvörðun sýslumanns.

Vestmannaeyjar: Umdæmið er Vestmannaeyjar. (Gert er ráð fyrir að svarið sé nei.)

Hvolsvöllur: Þar er nær ávallt löggæsla er samkomuhald fer fram. Lokaðar samkomur og þorrablót hafa tvo löggæslumenn. Auk þess fylgist lögregla ávallt með umferð fram yfir miðnætti á annarri bifreið og áfram eftir því sem þörf er, enda um helgarsamkomur að ræða. Almennir dansleikir greiða gæslu þriggja manna en stórdansleikir fjögurra.

Selfoss: Hefur ekki tíðkast og heldur ekki þegar út eru gefin leyfi til skemmtunar eitt kvöld í senn.

Keflavík: Lögreglumenn eru að jafnaði ekki inn á skemmtistöðunum en tiltækir á vaktinni eða utan skemmtistaðarins.

Keflavíkurflugvöllur: Í umdæmi Keflavíkurflugvallar eru engir almennir skemmtistaðir. Þar eru hins vegar starfræktir á vegum varnarliðsins fjórir klúbbar þar sem skemmtanahald fer fram. Eftirlit með starfsemi klúbbanna er hluti af daglegum störfum lögreglunnar.

Hafnarfjörður: Aðalreglan er sú að veita skemmtanaleyfi án þess skilyrðis að lögreglumenn séu á skemmtistað. Ef um er að ræða hátíðir eða skemmtanir sem teljast meiri háttar er krafist löggæslu. Frá árinu 1990 hefur þess aðeins einu sinni verið krafist en það var á mikilli útihátíð og var löggæslukostnaðurinn krafinn og greiddur af mótshöldurum.

Kópavogur: Ekki fæst séð að neitt leyfi hafi verið gefið út samkvæmt þessu í umdæminu.

Reykjavík: Skemmtanaleyfi þau, sem embættið gefur út, eru ekki bundin skilyrðum um löggæslu á skemmtistað. Þess í stað er ætlast til þess að eftirlitsmenn með vínveitingahúsum auk lögreglumanna á vakt hafi eftirlit með skemmtunum.

Lögregluumdæmi	Skilyrði lögreglumenn á skemmtistað		Fjöldi lögreglumanna á skemmtistað
	Já	Nei	
Akranes		X	
Borgarnes	X		3–4 menn að jafnaði
Stykkishólmur	X		2–8 menn
Búðardalur	X		2–5 menn
Patreksfjörður	X		2 menn auka eða fleiri
Bolungarvík	X		2–3 menn
Ísafjörður	X		2–4 aukamenn
Hólmavík	X		2–3 menn
Blönduós	X		
Sauðárkrókur	X		2–3 aukamenn
Siglufjörður	X		1 aukamaður
Ólafsfjörður	X		2 menn

Lögregluumdæmi	Skilyrði lögreglumenn á skemmtistað Já	Nei	Fjöldi lögreglumanna á skemmtistað
Akureyri		X	
Húsavík	X		2–4 menn
Seyðisfjörður	X		2 aukamenn
Neskaupstaður		X	
Eskifjörður	X		2 aukamenn
Höfn í Hornafirði		X	
Vík í Mýrdal	X		2–4 menn
Vestmannaeyjar		X	
Hvolsvöllur	X		2–4 menn
Selfoss		X	
Keflavík		X	
Keflavíkurflugvöllur		X	
Hafnarfjörður		X	
Kópavogur		X	
Reykjavík		X	

3. *Hversu mikill var endurgreiddur kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 56/1972 og reglugerðar nr. 587/1987 árin 1990 og 1991, sundurliðað eftir lögregluumdæmum og árum?*

Endurgreiddur kostnaður vegna löggæslu.

Lögregluumdæmi	1990	1991	1992 af árinu
Akranes	0	0	0
Borgarnes	410.607	251.579	
Stykkishólmur	1.099.884	1.494.905	
Búðardalur	231.210	259.455	
Patreksfjörður	348.000	714.125	
Bolungarvík	595.595	470.023	
Ísafjörður*	2.720.600	2.953.635	2.406.179
Hólmavík	263.380	303.000	
Blönduós	408.970	343.310	
(Húnaver	2.044.676	2.152.140)	
Sauðárkrókur	463.659	414.320	
Siglufjörður	464.641	269.146	
Ólafsfjörður	100.000	230.000	
Akureyri	0		0
Húsavík	948.080	1.155.172	703.530
Seyðisfjörður	430.650	426.298	920.405
Neskaupstaður	697.360	411.930	
Eskifjörður	757.828	978.571	
Höfn í Hornafirði	0	0	0
Vík í Mýrdal	353.000	442.000	
Vestmannaeyjar			0
Hvolsvöllur	762.000	988.000	
Selfoss	0	0	0
Keflavík	75.246	124.852	
Keflavíkurflugvöllur	0	0	0
Hafnarfjörður			0
Kópavogur	0	0	0
Reykjavík	0	0	0

*Embætti sýslumannsins á Ísafirði framreiknar árin 1990 og 1991 til verðlagsins í dag.

133. Fyrirspurn [113. mál]

til forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hverjir eiga sæti í nefnd sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis um sveigjanleg starfslok?

Hvernig miðar störfum nefndarinnar og hvenær er áætlað að hún ljúki störfum?

134. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um foreldrafræðslu.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að tekin verði upp foreldrafræðsla í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrigðisráðherra á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum fyrir 1. nóvember 1993.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Skipan uppeldismála samkvæmt gildandi lögum er sú að foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna. Ríkinu ber þó að grípa inn í og aðstoða foreldra á tilteknum sviðum, t.d. varðandi grunnmenntun, sbr. ákvæði um skólaskyldu, og ef foreldrar eru ófærir um að sinna ábyrgð sinni eða skyldum, sbr. t.d. ákvæði laga um barnavernd. Í lýðræðisríkjum er þessi skipan mála yfirleitt talin sjálfsögð, enda litið á fjölskylduna sem einn af hornsteinum þjóðfélagsins. Þetta fyrirkomulag byggir á því að foreldrar hafi sjálfir aðstöðu til að sinna þessari ábyrgð eða hafi möguleika á uppeldisaðstoð sem þeir geta haft áhrif á og samræmist þeirra lífsviðhorfum.

Þessi skipan uppeldismála er nú miklum erfiðleikum bundin. Mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra og sá langi vinnudagur sem hér tíðkast dregur úr möguleikum foreldra til að hafa áhrif á uppeldi barna sinna. Til að koma í veg fyrir uppeldislega vanrækslu heillar kynslóðar íslenskrar æsku er ekki aðeins nauðsynlegt að stórefla samfélagslega þjónustu á sviði uppeldis- og skólamála heldur þarf einnig að styrkja foreldrana ef núverandi skipan uppeldis á ekki að vera merkingarlaus. Löggjafinn hefur eðlilega gert ráð fyrir að foreldrar hafi áhrif á starf skóla og leikskóla, en því miður virðist samstarf foreldra og uppeldisstofnana eiga hér erfitt uppdráttar. Í stað þess að breyta núverandi skipan mála og gera uppeldis- og skólastofnanir alfarið ábyrgar fyrir uppeldi barna er hér ákveðið lagt til að styrkja foreldra til að takast á við hlutverk sitt, ekki síst barnanna vegna. Það skiptir afar miklu máli að börn fái góða aðhlynningu og örvun í uppeldinu til að þau verði heilsteyptir einstaklingar og þar gegna foreldrar, eða aðrir sem standa barninu næst tilfinningalega, lykilhlutverki. Foreldraábyrgð er því mikilvæg og í lýðræðisþjóðfélagi, sem hefur lögfest jafnrétti kynjanna, þurfa báðir foreldrar að geta sinnt henni sem best. Til að svo geti orðið þarf að styrkja foreldra í hlutverki sínu og um leið þau grundvallarmannréttindi foreldra og barna sem hér eru í húfi.

Sú leið, sem hér er mælt fyrir, er að taka upp almenna foreldrafræðslu. Markmið hennar væri að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Auk ofannefndra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi má benda á eftirfarandi rök:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu.
2. Vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að komast til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á uppeldisstofnunum.
3. Þó að foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir hafa sjálfir þekkt í eigin uppeldi.
4. Þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn af hálfu foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Hér er mælst til að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Lagt er til að í vinnuhópnum verði auk sérfræðinga á sviði uppeldismála og foreldrafræðslu fulltrúar frá foreldrum eða samtökum þeirra, fjölmiðlafræðingur varðandi foreldrafræðslu í fjölmiðlum og fulltrúi frá heilbrigðisráðuneyti varðandi fræðslu og ráðgjöf á heilsugæslustöðvum. Markvissar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu eru til sem geta gefið vísbendingar um æskilegar aðferðir. Algengara er þó að gildi fræðslunnar er ekki rannsakað þar sem trú aðstandenda á gildi hennar hefur dugað. Æskilegt væri að gera ráð fyrir athugun á notkun og gildi þeirrar foreldrafræðslu sem lögð verður til og haga umfangi hennar í samræmi við það.

Varðandi skólakerfið ber að fagna skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntamálaráðuneytið gaf út í desember 1990. Þar er skýrt kveðið á um að íslenska skólakerfið eigi að undirbúa bæði stúlkur og drengi undir fjölskyldulíf, m.a. með námi í fjölskyldufræðum í grunn- og framhaldsskólum. Í því felst m.a. umfjöllun um heimilisrekstur, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna sem allt getur tengst foreldrahlutverkinu og jafnri foreldraábyrgð. Ákvæði af þessu tagi er einnig að finna í aðalnámsskrá grunnskóla (bls. 174) og í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um grunnskóla (47. gr.). Mikilvægt er að settar verði fram nákvæmar tillögur um útfærslu foreldrafræðslu, ekki síst fyrir framhaldsskólann sem nú er öllum opinn. Foreldrafræðslu þyrfti einnig að efla í Háskóla Íslands og sem víðast símenntun og endurmenntun fólks.

Heilsugæslustöðvar og meðgöngudeildir sjúkrahúsa hafa boðið upp á mismikla fræðslu fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Mælt er með eflingu þess starfs og að bætt verði við uppeldislegri ráðgjöf fyrir þá foreldra og börn að 16 ára aldri sem hennar óska.

Mikilvægt er að nýta sem flesta fjölmiðla við þá fræðslu sem hér er mælt með. Fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi með þátttöku sérfræðinga og foreldra eru hugsanleg dæmi. Möguleg þroskaeinkenni eru þroskaeinkenni ákveðinna aldurshópa barna, samskipti foreldra og uppeldisstofnana, samhæfing fjölskyldulífs og starfs, málfarslegt uppeldi á heimilum, trúaruppeldi, afmörkuð uppeldisvandamál eða æskilegar uppeldisaðferðir. Slíkir þættir gætu síðan verið til útláns á myndböndum. Einnig mætti nota dagblöð og tímarit í þessum tilgangi.

Það er von flutningsmanna að þessi tillaga styrki foreldra, jafnt mæður sem feður, í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því lengi býr að fyrstu gerð.

135. Frumvarp til laga [115. mál]

um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag sem tekur við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar fasteignir, sem stofnfé. Mat skal fara fram á eignum og skuldum verksmiðjanna til viðmiðunar um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og önnur skyld starfsemi, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar 1993 og skal félagið taka til starfa 1. maí 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

8. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talið skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. maí 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins var lagt fram á 115. löggjafarþingi. Frumvarpið var ekki samþykkt sem lög á því þingi og því er það endurflutt án þess að efnislegar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu.

Á árum fyrri heimstyrjaldar jókst síldarútgerð Íslendinga mjög mikið og náði hámarki árið 1919. Mikið verðfall á saltsíldarframleiðslunni það sama ár olli miklu tjóni hjá íslenskum síldarútvegsmönnum og urðu margir þeirra gjaldþrota. Bestu aflaárin á síldveiðum urðu þá mestu tapárin því að á þessum árum var saltað meira af síld en markaðurinn þoldi. Mestur hluti aflans var þá saltaður í tunnur því að aflinn var svo mikill að mikið vantaði á að síldarbræðslurnar í landinu gætu tekið við aflanum. Flestar síldarbræðslur voru þá í eigu erlendra aðila sem réðu því einar síldarverðinu. Verðið, sem verksmiðjurnar buðu, var oft svo lágt að Íslendingar sáu sér engan veginn fært að gera skip út á síld upp á þau býti. Þetta freistaði manna til að salta mestan hluta af afla skipa sinna til útflutnings með áðurgreindum afleiðingum — að fjöldi síldarútgerðarmanna varð gjaldþrota — og jókst sókn erlendra fiskimanna til veiða hér við land í framhaldi þessa. Við þessu var brugðist af Alþingi með setningu laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi. Í lögunum var útlendingum bannað „að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi". Á þeim tíma var það talið einstökum mönnum eða félögum ofvaxið að leggja fram nægilegt fé til að koma upp síldarverksmiðju. Fyrstu lög um síldarverksmiðjur í eigu ríkisins voru sett á árinu 1928. Fyrsta verksmiðja Síldarverksmiðja ríkisins tók til starfa á Siglufirði á árinu 1930. Síðan risu verksmiðjur félagsins hver á fætur annarri. Á árinu 1947 starfrækti SR verksmiðjur á Siglufirði, Húsavík, Skagaströnd og Raufarhöfn og námu heildarafköst verksmiðjanna um 5.000 tonnum á sólarhring, en afköst annarra verksmiðja á Norður- og Austurlandi námu um 5.700 tonnum á sólarhring. Núgildandi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins hafa staðið nánast óbreytt frá árinu 1938.

Síldarverksmiðjur ríkisins reka nú verksmiðjur á fimm stöðum á landinu, Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði auk vélaverkstæðis á Siglufirði. Á Skagaströnd er eingöngu unninn fiskúrgangur. Í hinum verksmiðjunum hefur um árabil aðallega verið framleitt mjöl og lýsi úr loðnu. Afkastageta þessara fjögurra verksmiðja er um 3.550 tonn af loðnu á sólarhring sem er talið vera tæplega 30% af afkastagetunni í landinu, sjá fskj. I.

Á vinnsluárinu 1989–90 tóku Síldarverksmiðjur ríkisins á móti 220.159 tonnum af loðnu eða 33% af því magni sem landað var hjá innlendum bræðslum. Á vinnsluárinu 1990–1991 var landað 38.241 tonnum hjá SR sem var um 13,4% af heildarafla og á vinnsluárinu 1991–92 var landað 179.827 tonnum hjá SR sem var um 28,3% af heildarafla, sjá fskj. II.

Á árinu 1991 varð 325 m.kr. tap af rekstri Síldarverksmiðja ríkisins, 157,3 m.kr. tap árið 1990 og 159,8 m.kr. tap árið 1989. Ástæður tapsins má fyrst og fremst rekja til minni loðnuveiða á undanförnum árum, sjá fskj. III, auk þungbærra fjármagnsgjalda vegna mikilla fjárfestinga og lántöku þeirra vegna. Bókfært verð eigna í árslok 1991 nam 1.514 m.kr. (1.561 m.kr. 1990) og skuldir voru 1.445 m.kr. (1.184 m.kr. 1990). Bókfært eigið fé var því um 68,7 m.kr. 31. desember 1991 (377,3 m.kr. 1990). Milliuppgjör frá 30. júní sl. sýnir verulega breytingu til batnaðar á afkomu fyrirtækisins. Hagnaður að fjárhæð 37,2 m.kr. varð af rekstri fyrirtækisins á þessu tímabili samanborið við 235,6 m.kr. tap á sama tímabili árið 1991.

Sjávarútvegsráðherra, Þorsteinn Pálsson, skipaði 19. júlí 1991 nefnd til að vinna að undirbúningi að breytingum á rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins. Í þeirri nefnd áttu

sæti: Eggert Hauksson viðskiptafræðingur, formaður, Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður og Valbjörn Steingrímsson rekstrarfræðingur. Arndís Steinþórsdóttir, viðskiptafræðingur og deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, starfaði með nefndinni.

Nefndarmenn voru sammála um að leggja til að rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins yrði breytt í hlutafélag. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er í meginatriðum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagaformið er því sérstaklega hentugt félagsform þegar ríkið óskar eftir samstarfi við aðra aðila um atvinnurekstur.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi bæði hér á landi og erlendis að eðlilegt sé að ríkið dragi sem mest úr þeirri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að þau opinberu fyrirtæki, sem þannig háttar til um, séu rekin í formi hlutafélaga. Með því eru öllum þeim aðilum, er standa að atvinnurekstri í sömu grein, búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru í eigu einstaklings eða ríkis. Ábyrgð eigenda takmarkast auk þess við framlagt hlutafé. Ríkissjóður ábyrgist ekki skuldir sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa stofnað til nema í þeim tilvikum að Alþingi hafi sérstaklega ákveðið með lögum að ríkissjóður ábyrgðist tilteknar lántökur. Telja verður eðlilegt að fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins, sem er í eigu ríkisins og starfar á samkeppnismarkaði, búi við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Þær fiskimjölsverksmiðjur, sem eru í rekstri á Íslandi, starfa langflestar innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar.

Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki. Kemur þar margt til. Reksturinn verður sveigjanlegri, stjórn og framkvæmdastjórn geta gert grein fyrir gerðum sínum og fyrirhuguðum aðgerðum á aðalfundi eða hluthafafundi og fengið til þess stuðning eða gagnrýni eigenda. Vilji stjórn ráðast í fjárfrekar framkvæmdir og ríkið vill ekki leggja fram aukið hlutafé er unnt að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum sem kæmu inn með nýtt hlutafé.

Verði frumvarp þetta að lögum munu eftirtaldir þættir breytast í rekstri Síldarverksmiðja ríkisins:

1. Fyrirtækið verður hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkissjóðs. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Gert er ráð fyrir að fram fari nákvæmt mat á eignum og skuldum Síldarverksmiðja ríkisins til þess að nota sem viðmiðun við ákvörðun hlutafjár nýja hlutafélagsins. Heimilt verður að selja öðrum öll hlutabréf eða hluta þeirra í félaginu. Einnig verður félaginu heimilt að selja einstakar fasteignir þess eða rekstrareiningar.
2. Stjórn fyrirtækisins verður kosin á aðalfundi.
3. Ábyrgð og völd stjórnenda vaxa. Þá verður skilvirkara samband á milli eigenda og stjórnenda.
4. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir aðra samkeppnisaðila í landinu og keppir á jafnréttisgrunni við þá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hlutafélaginu til allar eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar núverandi fasteignir SR sem stofnfé. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum og skuldum SR sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins. Kostnaður við matið telst til stofnkostnaðar hlutafélagsins og greiðist af félaginu. Það yrði hlutverk sjávarútvegsráðherrra að kveðja til aðila til að framkvæma þetta mat.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að aðlaga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum stofnunum eða félögum, þar á meðal hlutafélögum. Félaginu má breyta í almenningshlutafélag.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli í upphafi vera einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn aðili eignist meiri hluta. Frá þessu má þó víkja ef almenningshlutafélag á í hlut. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjur eru starfræktar. Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfum. Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði samkvæmt þessari grein í höndum hluthafa. Í samþykktum félagsins er gert ráð fyrir að hluthafafundur fjalli um sölur á viðamiklum eignum félagsins. Er með því átt við sölu á einni af verksmiðjum félagsins ásamt fylgihlutum hennar. Þykir eðlilegt að á hluthafafundi, sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins, sé fjallað um meiri háttar eignabreytingar.

Þar sem starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Við sölu á eignarhlut ríkisins í félaginu eða viðamikilla eigna þess, sem um er rætt í 1. mgr., verður haft samráð við viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Samráð við fjármálaráðuneyti er mikilvægt vegna þess hlutverks sem ráðuneytið fer með varðandi eignir ríkisins, réttarstöðu starfsmanna og fyrirhugaða yfirtöku á skuldum SR, sbr. 9. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga að því er varðar tölu stofnenda og hluthafa.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að hlutabréf útgefin við stofnun hlutafélagsins verði undanþegin stimpilskyldu.

Hlutafélagið verður skattskylt eftir almennum reglum, þar á meðal samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Því er nauðsynlegt að upphafleg staða félagsins til skattlagningar sé ljós. Þar sem fyrirtækið hefur að miklu leyti verið gert upp samkvæmt almennum reglum tekjuskattslaga vegna landsútsvars skapar upphafleg staða fyrnanlegra

eigna ekki vandkvæði og er því óþarft að kveða á um það efni. Ekki er gert ráð fyrir að nýja hlutafélagið yfirtaki uppsafnað rekstrartap Síldarverksmiðja ríkisins. Í þessu sambandi má hins vegar benda á að í 9. gr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki hluta skulda SR þannig að eiginfjárstaða nýja hlutafélagsins verði viðunandi.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sett verði tímamörk fyrir stofnun félagsins og er miðað við lok aprílmánaðar 1993 í þeim efnum. Drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið má sjá í fskj. V.

Um 7. gr.

Greininni er ætlað að tryggja föstum starfsmönnum SR sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess og þeir gegna nú. Engin breyting verður því á atvinnumöguleikum, launum eða lífeyrisréttindum starfsmanna. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um biðlaun þykja því ekki eiga við.

Miklar árstíðasveiflur eru í rekstri Síldarverksmiðja ríksins. Afar misjafnt er því hversu margir starfsmenn eru í starfi hjá verksmiðjunum. Á síðasta heila vinnslutímabili vertíðina 1991–1992 voru um 130 manns starfandi hjá félaginu. Fastráðnir starfsmenn eru nú 50 og starfa þeir allt árið. Í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins greiða 14 starfsmenn. Þrátt fyrir að staða sé lögð niður eiga starfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, rétt á að greiða þangað áfram iðgjöld sem miðuð eru við launaflokk þann er staðan var í er hún var lögð niður. Nýtur starfsmaður þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hefði hann gegnt starfi sínu áfram. Um réttindi þessi er fjallað í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 8. gr.

Starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Því er eðlilegt að hann annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, sbr. 1. gr.

Um 9. gr.

Undanfarin ár hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar með tapi og nemur uppsafnað tap hundruðum milljóna króna. Tap síðustu ára má m.a. rekja til brests í loðnuveiðum. Á árinu 1990 var ráðist í enduruppbyggingu á Seyðisfirði. Kostnaður af breytingum fór langt fram úr áætlun og er fyrirsjánlegt að sú framkvæmd mun verða verksmiðjunum að erfiðu fótakefli verði ekkert að gert. Skuldir Síldarverksmiðja ríksins voru um 1.450 m.kr. í árslok 1991.

Samkvæmt rekstraráætlun Síldarverksmiðja ríkisins nemur framlag rekstrar til afskrifta og fjármagnskostnaðar miðað við framleiðslu í meðalári um 210 m.kr. eða 13–14% af tekjum. Miðað við þær forsendur munu Síldarverksmiðjur ríkisins ekki geta staðið undir greiðslubyrði vaxta og afborgana af þegar teknum langtímalánum. Löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins varar í bréfi dags. 8. október 1991, sem fylgdi uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1991, við fjárhagsstöðu SR og telur að „eins og fjárhag fyrirtækisins er nú komið verður að telja harla ólíklegt að unnt verði að breyta fyrirtækinu í hlutafélag við núverandi aðstæður án verulegra fjárframlaga eigenda þess“, sjá fskj. VI. Ríkisendurskoðun tekur undir aðvaranir endurskoðanda í bréfi dags. 14. október 1991 og telur brýna nauðsyn á að leysa vandamál SR til frambúðar sem fyrst, sjá fskj. VII.

Með hliðsjón af framansögðu er leitað heimildar til yfirtöku á allt að 500 m.kr. af skuldum verksmiðjanna að undangengnu mati sjávarútvegsráðuneytis og fjármálaráðuneytis á rekstrarhæfni fyritækisins og tengist það stofnun hlutafélagsins.

Um 10. gr.

Til að tryggja samfelldan rekstur Síldarverksmiðja ríksins er gert ráð fyrir að lög nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, haldi gildi sínu til loka aprílmánaðar 1993 þegar nýja félagið yfirtekur rekstur þess, sbr. 6. gr.

Fylgiskjal I.

Afkastageta og hráefnisgeymslur einstakra verksmiðja 1990.

	Afköst tonn/shr.	Hráefnis-geymslur
Síldarverksmiðjur ríkisins, Siglufirði	1.500	15.000
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar	100	700
Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	350	5.000
Síldarverksmiðjur ríkisins, Raufarhöfn	700	11.000
Fiskimjölsvinnsla H.Þ., Þórshöfn	400	2.700
Loðnubræðsla Tanga h.f., Vopnafirði	250	4.400
Hafsíld h.f., Seyðisfirði	700	7.000
Síldarverksmiðjur ríkisins, Seyðisfirði	900	14.500
Síldarvinnslan h.f., Neskaupsstað	700	7.000
Síldarvinnsla Hraðfrystihúss Eskifjarðar	900	6.500
Síldarverksmiðjur ríkisins, Reyðarfirði	450	8.000
Síldarverksmiðjan, Hornafirði	450	5.500
Fiskimjölsverksmiðja Einars Sigurðssonar, Vestmannaeyjum	900	10.000
Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	1.200	16.000
Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	500	4.000
Njörður h.f., Sandgerði	250	3.000
Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	150	1.000
Síldar- og fiskimj.verksm. hf., Reykjavík (Klettur og Örfirisey)	900	11.000
Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness	380	3.200
Fiskimjölsverksmiðjan Svalbarði h.f., Patreksfirði	200	1.200
Síldar- og fiskimj.verksm. Einars Guðfinnssonar h.f., Bolungarvík	350	3.200
Samtals	12.230	139.900
	SR 29%	34.7%

Heimild: Fylgirit með 7. tbl. Ægis 1991.

Fylgiskjal II.

Móttekið hráefni á vetrarvertíð 1991 og á vertíðinni í heild.

	Nóv.	Des.	Samtals haust	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Samtals vetur	Samtals vertíð 91/92
Fiskimjöl og lýsi, Grindavík	0	0	0	1.941	13.715	10.926	0	26.582	26.582
Njörður, Sandgerði	0	0	0	0	5.477	7.820	33	13.330	13.330
Valfóður, Njarðvík	0	0	0	0	186	0	0	186	186
Faxamjöl, Hafnarfirði	0	0	0	0	8.648	15.277	0	23.925	23.925
Faxamjöl, Reykjavík	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Síldar- og fiskim.v., Akranesi	1.497	4.322	5.819	2.431	11.947	12.050	595	27.023	32.842
Einar Guðfinnsson, Bolungarvík	0	2.434	2.434	925	7.461	8.461	0	16.847	19.281
SR, Siglufirði	0	0	0	0	17.092	22.593	0	39.685	39.685
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	0	0	0	0	1.818	1.915	0	3.733	3.733
Krossanes, Akureyri	1.553	4.809	6.362	1.052	7.493	6.003	0	14.548	20.910
SR, Raufarhöfn	1.183	4.134	5.317	0	13.500	13.547	0	27.047	32.364
Hraðfrystihús Þórshafnar	1.407	3.453	4.860	5.716	11.908	5.647	0	23.271	28.131
Lón, Fiskim.verksm., Vopnafirði	522	932	1.454	3.005	7.413	3.550	0	13.968	15.422
Hafsíld, Seyðisfirði	0	0	0	1.516	12.929	5.041	0	19.486	19.486
SR, Seyðisfirði*	3.851	8.588	12.439	13.929	34.605	14.679	0	63.213	75.652
Síldarvinnslan, Neskaupstað**	936	9.306	10.242	16.098	24.319	14.382	1.785	56.584	66.826
Hraðfrystihús Eskifjarðar***	644	5.654	6.298	12.885	19.759	30.768	0	63.412	69.710
SR, Reyðarfirði	0	0	0	8.968	17.533	5.625	0	32.126	32.126
Fiskimjölsv. Höfn, Hornafirði	0	0	0	589	3.868	4.000	0	8.457	8.457
Fiskim.v. E.Sig., Vestm.eyjum	0	0	0	1.196	20.795	13.477	524	35.992	35.992
Fiskim.verksm. Vestmannaeyja	0	751	751	4.784	29.708	20.196	818	55.506	56.257
Færeyjar	0	0	0	0	4.889	5.868	0	10.757	10.757
Frysting	0	0	0	37	2.833	848	0	3.718	3.718
Melta	0	0	0	0	0	200	0	200	200
Samtals	11.593	44.383	55.976	75.072	277.896	222.873	3.755	579.596	635.572

*Í janúar lönduðu norsk skip 3.088 tonnum.
**Í janúar lönduðu norsk skip 1.525 tonnum.
***Í janúar lönduðu norsk skip skip 1.521 tonni.
Vegna landana erlendra skipa hér á landi síðustu vetrarvertíð munar 6.134 tonnum á því hve miklu hráefni er ráðstafað og afla íslenskra skipa á vetrarvertíð.
Heimild: Fylgirit með 6. tbl. Ægis 1992.

Fylgiskjal III.

Loðnuveiðar í þús. lesta frá 1964.

	Vetrarveiði			Sumar- og haustveiði			
	Ísland	Færeyjar	Noregur	Ísland	Færeyjar	Noregur	Aðrir
1964	8.6	–	–	–	–	–	–
1965	49.7	–	–	–	–	–	–
1966	124.5	–	–	–	–	–	–
1967	97.2	–	–	–	–	–	–
1968	78.1	–	–	–	–	–	–
1969	170.6	–	–	–	–	–	–
1970	190.8	–	–	–	–	–	–
1971	182.9	–	–	–	–	–	–
1972	276.5	–	–	–	–	–	–
1973	440.9	–	–	–	–	–	–
1974	461.9	–	–	–	–	–	–
1975	457.1	–	–	3.1	–	–	–
1976	338.7	–	–	114.4	–	–	–
1977	549.2	24.3	–	259.7	–	–	–
1978	468.4	36.2	–	497.5	3.4	154.1	–
1979	521.7	18.2	–	442.0	22.0	124.0	–
1980	392.1	–	–	367.4	24.2	118.7	ca.17.3
1981	156.0	–	–	484.6	16.2	91.4	ca.20.8
1982	13.2	–	–	–	–	–	–
1983	–	–	–	133.4	–	–	–
1984	439.6	–	–	425.2	10.2	104.6	ca.8.5
1985	348.5	–	–	644.8	65.9	193.0	ca.16.0
1986	341.8	–	50.0	552.5	65.4	149.7	ca.5.3
1987	500.6	–	59.9	311.3	65.2	82.1	–
1988	600.6	–	56.6	311.4	48.5	11.5	–
1989	609.1	–	56.0	53.9	14.4	52.7	–
1990	612.0	12.3	62.5	83.7	5.6	21.9	–
1991	202.6	–	–	56.0	–	–	–
1992	573.2	–	47.6	–	–	–	–

Heimild: Fylgrit með 6. tbl. Ægis 1992.

Árlegar loðnuveiðar síðan sumarveiðar hófust 1975.

	Heild	Ísl.	%	Nor.	%	Fær.	%	Aðrir	%
1975	460.2	460.2	100.0	–	–	–	–	–	–
1976	453.1	453.1	100.0	–	–	–	–	–	–
1977	833.2	808.9	97.1	–	–	24.3	2.9	–	–
1978	1159.6	965.9	83.3	154.1	13.3	39.6	3.4	–	–
1979	1127.9	963.7	85.4	124.0	11.0	40.2	3.6	–	–
1980	919.7	759.5	82.6	118.7	12.9	24.2	2.6	17.3	1.9
1981	769.0	640.6	83.3	91.4	11.9	16.2	2.1	20.8	2.7
1982	13.2	13.2	100.0	–	–	–	–	–	–
1983	133.4	133.4	100.0	–	–	–	–	–	–
1984	988.1	864.8	87.5	104.6	10.6	10.2	1.0	8.5	0.9
1985	1268.2	993.3	78.3	193.0	15.2	65.9	5.2	16.0	1.3
1986	1164.7	894.3	76.8	199.7	17.2	65.4	5.6	5.3	0.4
1987	1019.1	811.9	79.7	142.0	13.9	65.2	6.4	–	–
1988	1028.6	912.0	88.7	68.1	6.6	48.5	4.7	–	–
1989	786.1	663.0	84.4	108.7	13.8	14.4	1.8	–	–
1990	798.0	695.7	87.2	84.4	10.6	17.9	2.2	–	–
1991	202.6	202.6	100.0	–	–	–	–	–	–
1992*	621.1	573.5	92.3	47.6	7.7	–	–	–	–

* Janúar – mars 1992.

Veiðar á hverri vertíð síðan sumarveiðar hófust 1975.

	Heild	Ísl.	%	Nor.	%	Fær.	%	Aðrir	%
1975–6	341.8	341.8	–	–	–	–	–	–	–
1976–7	687.9	663.6	96.5	–	–	24.3	3.5	–	–
1977–8	764.3	728.1	95.3	–	–	36.2	4.7	–	–
1978–9	1194.9	1019.2	85.3	154.1	12.9	21.6	1.8	–	–
1979–80	980.1	834.1	85.1	124.0	12.7	22.0	2.2	–	–
1980–1	683.6	523.4	76.6	118.7	17.4	24.2	3.5	17.3	2.5
1981–2	626.2	497.8	79.5	91.4	14.6	16.2	2.6	20.8	3.3
1982–3	–	–	–	–	–	–	–	–	–
1983–4	573.0	573.0	100.0	–	–	–	–	–	–
1984–5	897.0	773.7	86.3	104.6	11.7	10.2	1.1	8.5	0.9
1985–6	1311.5	986.6	75.2	243.0	18.5	65.9	5.0	16.0	1.2
1986–7	1333.4	1053.1	79.0	209.6	15.7	65.4	4.9	5.3	0.4
1987–8	1115.8	911.9	81.7	138.7	12.4	65.2	5.9	–	–
1988–9	1036.5	920.5	88.8	67.5	6.5	48.5	4.7	–	–
1989–90	807.8	665.9	82.4	115.2	14.3	26.7	3.3	–	–
1990–1	313.9	286.3	91.2	21.9	7.0	5.6	1.8	–	–
1991–2	677.0	629.4	93.0	47.6	7.0	–	–	–	–

Heimild: Fylgirit með 6. tbl. Ægis 1992.

Fylgiskjal IV.

Úr rekstrar- og efnahagsreikningum Síldarverksmiðja ríkisins.

ÁR	1986	1987	1988	1989	1990	1991
REKSTRARREIKNINGUR	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Rekstrartekjur	1.050	833	1.660	1.223	1.589	432
Rekstrargjöld	1.142	912	1.621	1.382	1.747	671
Hagnaður (tap)	-92	-79	39	-159	-157	-239
Hagnaður (tap) án fjmk.	-163	-124	134	-66	-158	-325
EFNAHAGSREIKNINGUR						
Eignir	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Veltufjármunir	310	318	470	267	189	213
Fastafjármunir	558	671	751	868	1.372	1.301
Eignir alls	868	989	1.221	1.135	1.561	1.514
Skuldir	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Skammtímaskuldir	336	396	499	430	630	505
Langtímaskuldir	118	179	192	217	554	940
Skuldir alls	454	575	691	647	1.184	1.445
Eigið fé	414	14	530	488	377	69
Eigið fé (verðl. 1990)	793	648	688	529	377	
Fjárfestingar	80	98	36	62	542	52
Lántökur	-127	117	56	126	473	381
FRAMLEITT MAGN						
Loðnumjöl						
Verðmæti mkr	722	579	1.155	981	1.243	294
Verðl. 1990	1.382	906	1.499	1.064	1.243	
Tonn	51.058	35.474	47.616	29.191	38.739	
Kr/tn (verðl. 1990)	27.067	25.540	31.481	36.499	32.086	
USD/tn	674	717	681	597	580	
Loðnulýsi						
Verðmæti mkr	281	205	412	184	306	90
Verðl. 1990	538	321	535	200	306	
Tonn	41.533	24.601	28.679	12.874	20.995	
Kr/tn (verðl. 1990)	12.953	13.048	18.654	15.535	14.574	
USD/tn	322	366	404	254	263	
Fiskimjöl						
Verðmæti mkr	27	21	20	17	23	16
Verðl. 1990	52	33	26	18	23	
Tonn	1.870	1.380	1.103	753	853	
Kr/tn (verðl. 1990)	27.807	23.913	23.572	23.904	26.963	
USD/tn	692	671	510	391	487	
Hlutdeild í vinnslu:	31.4%	24.0%	28.3%	22.4%	30.3%	

Fylgiskjal V.

STOFNSAMNINGUR
SR-verksmiðjur hf.

DRÖG

1. gr.

Heiti félagsins er SR-verksmiðjur hf. Heimilisfang félagsins er ...

2. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. x00.000.000 — x-hundruðmilljónirkróna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands: kr. x00.000.000 — x-hundruðmilljónirkróna — .

Allt hlutafé er þegar greitt.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, en verði hlutafé hækkað skulu hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína.

6. gr.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum nema félaginu verði slitið eða hlutaféð löglega lækkað.

7. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagasjóði.

30. apríl 1993.
F.h. ríkissjóðs Íslands.

DRÖG að SAMÞYKKTUM fyrir SR-verksmiðjur hf.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess SR-verksmiðjur hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að ...

3. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. x00.000.000. — x-hundruðmilljónirkróna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hluthafaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán á hlutabréf sín. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hlutabréf að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þau hlutabréf sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina viðskiptaráðherra skv. 70 gr. laga nr. 32/1978.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í bréfi ásamt auglýsingu í víðlesnu dagblaði eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
d. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Hluthafafundur skal fjalla um sölur á viðamiklum eignum félagsins. Er með því t.d. átt við sölu á einni af verksmiðjum félagsins ásamt fylgihlutum hennar.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn og jafnmörgum til vara.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni (aðila).

Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef tveir stjórnarmenn sækja fund.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sjá 76 gr. hfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa, sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins, til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins í ... 30. apríl 1993.

Fylgiskjal VI.

Reykjavík, 8. október 1991.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins,
hr. Þorsteinn Gíslason, stjórnarformaður,
Hafnarstræti 7,
101 Reykjavík.

Efni: Reikningsskil 30. júní 1991.

Við höfum, ásamt starfsmönnum verksmiðjanna, unnið að undanförnu að reikningsskilum fyrir verksmiðjurnar fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 1991 og liggja þau nú fyrir. Í því sambandi viljum við fara nokkrum orðum um rekstrarafkomu fyrirtækisins og fjárhagsstöðu þess.

Í bréfi okkar til stjórnarformanns fyrirtækisins dags. 18. desember 1990 var vakin sérstök athygli á hinum mikla fjárhagsvanda sem verksmiðjurnar stóðu þá frammi fyrir og lögð áhersla á áætlanagerð og upplýsingastreymi innan fyrirtækisins sem byggja mætti ákvarðanatöku á. Í endurskoðunarskýrslu okkar fyrir árið 1990 dags. 12. apríl 1991 var gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins, en þar segir m.a. í V. kafla:

„Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap verksmiðjanna á árinu 1990 157,3 millj. kr., en tap var einnig árið áður að fjárhæð 159,8 millj. kr. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni námu 440,7 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi, en heildarskuldir námu samtals 1.183,8 millj. kr. Þótt eigið fé verksmiðjanna hafi enn verið 377,2 millj. kr. í árslok 1990 fer það mjög minnkandi um þessar mundir vegna taprekstrar, en verksmiðjur fyrirtækisins með öllum búnaði eru bókfærðar á 1.317,3 millj. kr. Raunverðmæti þessara eigna fer eftir því hvort unnt verður að nýta þær til aðbærs rekstrar á næstu missirum og árum. Samkvæmt fyrirliggjandi rekstraráætlun er gert ráð fyrir að tap á árinu 1991 geti numið allt að 300 millj. kr. ef loðnuveiði verður lítil. Af þessu er ljóst að fjárhagsstaða verksmiðjanna er mjög alvarleg og er ljóst að fyrirsjáanlega þarf að útvega fyrirtækinu verulegt fjármagn því eins og á stendur getur það ekki staðið við skuldbindingar sínar."

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir tímabilið frá janúar til júní 1991 nam tap verksmiðjanna 168,7 millj. kr. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni námu 601,6 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi, en heildarskuldir námu þá 1.302,3 millj. kr. Heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum námu 1.179,7 millj. kr. og eigið fé 223 millj. kr. Verksmiðjur fyrirtækisins með búnaði voru á sama tíma bókfærðar á 1.375,8 millj kr. en raunverðmæti þeirra byggist á notagildi þeirra í arðbærum rekstri á næstunni eins og fram kom í tilvitnaðri endurskoðunarskýrslu okkar.

Varðandi reikningsskilin fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs viljum við leggja áherslu á eftirfarandi:

— Fjárhagsstaða fyrirtækisins og rekstrarhorfur eru nú með þeim hætti að fyrirtækið verður ekki talið rekstrarhæft án verulegrar fjárhagsaðstoðar með skuldbreytingum og auknu eigin fé. Fyrirhuguð lántaka að fjárhæð 300 millj kr. nægir skammt eins og staðan er nú orðin.
— Verksmiðjuhús og vélar er sem fyrr bókfært á framreiknuðu stofnverði eða endurmatsverði að frádregnum árlegum afskriftum. Réttmæti þessarar eignfærslu er háð möguleikum fyrirtækisins til nýtingar eignanna í áframhaldandi aðbærum rekstri. Komi til rekstrarstöðvunar og sölu einstakra eigna er hætt við að lægra verð fáist fyrir eignirnar við slíkar aðstæður en nemur bókfærðu verði þeirra.

— Í efnahagsreikningi eru bókfærðar viðskiptakröfur og útlán sem við teljum að þurft hefði að færa niður um 20 til 30 millj. kr. vegna óvissu um endurgreiðslu. Vísast í þessu sambandi til endurskoðunarskýrslu okkar frá 12. apríl sl.
— Vegna verulegra vanskila fyrirtækisins falla á það dráttarvextir og innheimtukostnaður bæði vegna langtímaskulda og skammtímaskulda.

Eins og fram kemur í reikningsskilum fyrirtækisins fyrir fyrstu sex mánuði ársins hefur afkoma og efnahagur þess versnað til muna á tímabilinu. Allt útlit er fyrir að um áframhaldandi taprekstur verði að ræða á næstu mánuðum. Samkvæmt rekstraráætlun ársins, sem lá fyrir á sl. vori, var gert ráð fyrir um 300 millj. kr. rekstrartapi á árinu en sú áætlun hefur ekki verið endurskoðuð.

Sjávarútvegráðherra hefur skipað sérstaka tilsjónarmenn til að annast fjárhagslega endurskipulagningu verksmiðjanna, en jafnframt hefur hann skipað nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga sem feli í sér breytingar á rekstrarformi verksmiðjanna. Eins og fjárhag fyrirtækisins er nú komið verður að telja harla ólíklegt að unnt verði að breyta fyrirtækinu í hlutafélag við núverandi aðstæður án verulegra fjárframlaga eigenda þess.

Við erum sem fyrr reiðubúnir til frekari viðræðna og aðstoðar um þá þætti sem fram koma í bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

K P M G Endurskoðun hf.,
löggiltir endurskoðendur.

Samrit: Ríkisendurskoðun,
hr. Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi.

Fylgiskjal VII.

Hjálagt sendast ráðuneytinu reikningsskil fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1991 ásamt afriti af bréfi Endurskoðunar hf. dags. 8. október 1991 um reikningsskilin en Endurskoðun hf. annast endurskoðun hjá Síldarverksmiðjum ríkisins samkvæmt samningi við Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að ráðuneytið hefur fyrirtæki þetta til sérstakrar skoðunar og miðað við ástand mála hjá því er brýn nauðsyn á að leysa vandamál þess til frambúðar sem fyrst.

Halldór V. Sigurðsson.

Sigurjón I. Haraldsson.

136. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Þingsályktunartillagan miðar að því að efla það merka uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið að Hólum í kirkju-, skóla- og menningarmálum. Enn fremur miðar tillagan að því að styrkja uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni, virkja í hennar þágu þann mikla menningaráhuga sem fram kemur í starfsemi minjasafna víða um landið og stuðla jafnframt að markvissari uppbyggingu þessarar starfsemi með því að sérhæfa hana í samræmi við hlutverk og vægi sögustaða.

Hólastaður er einn merkasti sögustaður Íslendinga. Þar stóð biskupsstóll frá 1106 til 1800. Þar var annað af tveimur höfuðmenntasetrum þjóðarinnar frá upphafi 12. aldar til 1802. Þar var vagga íslenskrar prentlistar og bókaútgáfu. Þar var lagður grunnur að endurreisn norrænna fræða. Hólar voru höfuðvígi íslenskrar sjálfstæðisbaráttu um siðaskipti. Á staðnum stendur eitt merkasta minnismerki um húsagerðarlist á landinu, Hóladómkirkja, sú fjórða frá dögum Jóns helga Ögmundssonar. Að Hólum var stofnaður annar elsti búnaðarskóli á Íslandi og er Bændaskólinn að Hólum nú elsti starfandi búnaðarskóli á landinu.

Á undangengnum árum og áratugum hefur verið unnið mikið endurreisnarstarf að Hólum á sviði skóla-, kirkju- og menningarmála. Starf Bændaskólans að Hólum hefur eflst og mikil uppbygging orðið á staðnum sem tengist skólanum. Prestar Hólastiftis hafa mjög látið sig varða endurreisn biskupsstóls á Hólum og Skagfirðingar jafnan haft mikinn metnað fyrir hönd Hóla. Hefur vígslubiskupsembættið nú verið bundið Hólastað með lögum. Hólanefnd sú, sem skipuð var 1987, hefur á undanförnum árum haft umsjón með gagngerum endurbótum á Hóladómkirkju og umhverfi hennar. Hefur það starf tekist hið besta. Kirkjan er frá sögu-, menningar- og byggingarfræðilegu sjónarhorni séð merkasta kirkjubygging sem þjóðin á. Prýða hana nú þegar allmargir mjög merkir safngripir. Á staðnum er einnig gamall bær frá 19. öld og vinnur Þjóðminjasafn Íslands nú að endurbyggingu hans.

Meðal merkustu fornminja Íslendinga eru þær bækur sem prentaðar voru á Hólum og varðveist hafa. Prentverk mun hafa verið flutt til Hóla í biskupstíð Jóns Arasonar. Mest var bókaútgáfa á staðnum í tíð Guðbrands biskups Þorlákssonar, en hann mun hafa látið prenta um 90 rit, stærri og smærri. Bækur voru prentaðar á Hólum til loka 18. aldar. Hólaprent má með sanni líta á sem frumkvöðul íslenskrar bókaútgáfu. Sú athyglisverða hugmynd hefur komið fram að stofna sérstakt fornbókasafn að Hólum sem tengt verði Þjóðminjasafni Íslands.

Gera má ráð fyrir að á Hólum séu miklar minjar um liðna tíð fólgnar í jörðu. Hefur lítillega verið grafið þar eftir fornleifum, en þar eins og víðast á Íslandi er mikið verk óunnið.

Þjóðminjum er víða um land sýndur mikill sómi. Hafa sveitarstjórnir sýnt lofsvert

framtak og skilning á gildi þjóðminja. Í landinu eru fjölmörg minjasöfn og starfar við þau söfn talsverður mannafli. Á hinn bóginn er það áberandi hve lík þessi héraðssöfn eru innbyrðis að allri uppbyggingu. Þess hefur verið freistað að sérhæfa nokkur þessara safna og er það lofsvert. Nauðsynlegt er að ýta undir þá þróun. Er ekki að efa að það yrði til að efla ferðamannaþjónustu ef þjóðminjasöfnum, sem hefðu sérhæfðu hlutverki að gegna, yrði komið fyrir víðs vegar um land þar sem sögustaðir og aðstæður gefa tilefni til slíks. Er ekki ofsagt þótt fullyrt sé að meðal sögustaða sé Hólastaður einna best fallinn til þess að gegna slíku hlutverki.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa stofnun þjóðminjasafns að Hólum er verði helgað íslenskri kirkjusögu. Er það gert með tvennt í huga. Annars vegar hefur ríkisstjórn Íslands sameiginlega tekið ákvarðanir sem skipt hafa sköpum um endurreisn Hóla og Hóladómkirkju. Í öðru lagi ber að taka tillit til þess að það mál, sem hér er flutt, tengist þremur ráðuneytum, kirkjumálaráðuneyti að því er varðar málefni Hóladómkirkju, landbúnaðarráðuneyti að því er varðar staðarhald og bændaskóla og menntamálaráðuneyti að því er þjóðminjar varðar.

137. Frumvarp til laga [117. mál]

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lög þessi gilda um aðilaskipti eða samruna fyrirtækja, atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á hinu Evrópska efnahagssvæði að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heyrir undir íslenska lögsögu.

Lög þessi gilda þó ekki þegar bú fyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta.

Lög þessi gilda ekki um haffær skip.

2. gr.

Frá og með þeim degi sem aðilaskipti verða, sbr. 1. gr., tekur nýr atvinnurekandi við öllum réttindum og skyldum, sem fyrri atvinnurekandi bar gagnvart starfsmönnum í fyrirtækinu eða atvinnurekstrinum, að því er snertir ráðningarkjör, þar með talin áunnin réttindi svo og önnur starfsskilyrði.

3. gr.

Aðilaskipti, sbr. 1. gr., geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekanda hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg fyrir uppsagnir starfsmanna af efnahagslegum, tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi.

Sé ráðningarsamningi rift vegna þess að aðilaskipti hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsskilyrðum starfsmanni í óhag skal litið svo á að atvinnurekandi beri ábyrgð á riftun samningsins.

4. gr.

Þegar aðilaskipti verða skal trúnaðarmaður halda réttarstöðu sinni og starfi samkvæmt lögum og samningum að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heldur sjálfstæði sínu.

Ef trúnaðarmaður missir umboð sitt vegna aðilaskiptanna skal hann eftir sem áður njóta þeirrar verndar sem lög eða samningar kveða á um.

5. gr.

Aðilaskipti, sbr. 1. gr., skulu þeir sem hlut eiga að máli tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi með góðum fyrirvara og áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Jafnframt skal upplýsa hlutaðeigandi um ástæður aðilaskipta, um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þeirra fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna.

6. gr.

Hafi atvinnurekandi í huga að gera ráðstafanir vegna starfsmanna vegna aðilaskipta, sbr. 1. gr., skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna í því skyni að ná samkomulagi um þær. Samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi vegna fullgildingar samnings um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Með samþykkt frumvarpsins eru lögfestar reglur sem settar eru fram í tilskipun Evrópubandalagsins nr. 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Samkvæmt 8. gr. tilskipunarinnar og með vísan til samnings um Evrópskt efnahagssvæði skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búseturétti á Evrópsku efnahagssvæði. Nefndinni var einnig falið að fjalla um þann þátt félagsmála sem snertir samtök aðila vinnumarkaðarins. Í nefndina voru skipuð:

Frá félagsmálaráðuneyti: Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, formaður, Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Þórhildur Líndal deildarstjóri.

Frá Alþýðusambandi Íslands: Ari Skúlason hagfræðingur og Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri.

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur og Kristján Jóhannsson hagfræðingur.

Samkvæmt skipunarbréfi var hlutverk nefndarinnar að koma með tillögur um það hvernig tryggt verði í framkvæmd að Ísland uppfylli þær reglur sem gilda munu á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu á sama tíma og tryggt verði að aðilar vinnumarkaðarins geti fylgst með atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi og að íslenskum kjarasamningum og íslenskum lögum sé framfylgt.

Efni tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 77/187/EBE er ekki að finna í íslenskri löggjöf. Þess má geta að í bókun 1 við kjarasamning helstu samtaka á vinnumarkaði, sem undirritaður var 1. maí 1989, er kveðið á um nokkur atriði sem fjallað er um í framangreindri tilskipun Evrópubandalagsins. Með hliðsjón af því og ákvæði 8. gr. tilskipunarinnar var nefndin sammála um að rétt væri að taka upp í sérlög efni tilskipunar nr.

77/187/EBE. Með þeim hætti er valin sama leið og t.d. dönsk stjórnvöld hafa farið. Norðmenn hafa hins vegar valið að gera breytingar á vinnuverndarlöggjöfinni þar sem sambærileg ákvæði er að finna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að meginreglan verði sú að ákvæði fyrrgreindrar tilskipunar nr. 77/187/EBE, sem ætlað er að lögfesta með frumvarpi því sem hér liggur fyrir, taki til aðilaskipta að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða einungis hluta atvinnurekstrar með þeirri undantekningu þó sem er að finna í 2. mgr. greinarinnar. Með aðilaskiptum er samkvæmt frumvarpi þessu átt við þau tilvik þegar nýr aðili, einstaklingur eða lögaðili, verður lagalega ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækis, atvinnurekstrar eða hluta hans. Afgerandi er einnig í því sambandi hvort fyrirtækið eða sá hluti þess, sem framseldur er, heldur áfram rekstri með sama eða svipuðum hætti og áður. Aðilaskipti geta átt sér stað með framsali kröfuréttinda á grundvelli kaupsamnings sem og leigusamnings. Ákvæði þessa frumvarps eiga einnig við þegar samruni fyrirtækja á sér stað. Þá er sá möguleiki og fyrir hendi að aðilaskipti geti orðið í öðrum tilvikum, svo sem við nauðungarsölu (uppboð) á fyrirtæki.

Undantekningarregla sú, sem er að finna í 2. mgr., verður að teljast sjálfsögð með hliðsjón af eðli skipta sem þessara.

Breyting á eignaraðild að hlutabréfum hlutafélaga telst ekki aðilaskipti í merkingu laga þessara þar sem sami lögaðili er eftir sem áður ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækisins og þar af leiðandi vinnuveitandi starfsmanna.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein tekur nýr atvinnurekandi við öllum réttindum og skyldum sem fyrri atvinnurekandi bar gagnvart starfsmönnum á grundvelli ráðningarsambands þeirra. Í því felst að starfsmennirnir eru við aðilaskipti/samruna ráðnir áfram hjá hinum nýja atvinnurekanda á sömu kjörum og þeir nutu samkvæmt ráðningarsamningi/kjarasamningi hjá fyrri atvinnurekanda. Þessi réttindi og skyldur flytjast þannig sjálfkrafa án þess að til sérstakra ráðstafana þurfi að koma af hálfu þeirra aðila er hlut eiga að máli. Þetta gildir hins vegar einvörðungu um þá starfsmenn sem eru ráðnir hjá fyrri atvinnurekanda við aðilaskiptin.

Sérstaklega er áréttað í greininni að áunnin réttindi skuli haldast gagnvart hinum nýja aðila. Er þar m.a. átt við orlofs- og veikindarétt starfsmanna en einnig má nefna í þessu sambandi uppsagnarrétt og rétt til starfsaldurshækkana í launum sem starfsmenn hafa áunnið sér samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi með starfi sínu hjá fyrri atvinnurekanda. Þá skulu skyldur þær, er hvíldu á starfsmönnum samkvæmt ráðningarsamningi/kjarasamningi gagnvart fyrri aðila, haldast gagnvart hinum nýja atvinnurekanda.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að aðilaskipti ein sér eða samruni geti ekki verið ástæða fyrir uppsögnum starfsmanna í fyrirtæki. Hins vegar kemur þar fram að ekki er ætlunin með ákvæði þessu að hindra atvinnurekendur alfarið í því að segja starfsmönnum upp vinnu en þegar um slíkt er að ræða verður að vera unnt að rekja þær uppsagnir til efnahagslegra, tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi í fyrirtækinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú að trúnaðarmaður starfsmanna í fyrirtæki heldur bæði réttarstöðu sinni sem slíkur, svo og starfi í samræmi við það sem kveðið er á um í lögum hverju sinni þrátt fyrir aðilaskipti/samruna svo framarlega sem atvinnureksturinn heldur sjálfstæði sínu. Leiði aðilaskiptin hins vegar til þess að hann missi umboð sitt sem m.a. getur átt sér stað í kjölfar skipulagsbreytinga eða fækkunar starfsmanna skal hann eftir sem áður njóta þeirrar verndar sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi má benda á 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu þeirra atvinnurekenda, sem aðilaskipti/samruni varða, til að tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna ráðgerð aðilaskipti að fyrirtæki með góðum fyrirvara og áður en þau koma til framkvæmda. Einnig hvílir á sömu aðilum skylda til að upplýsa starfsmenn um þær lagalegu, félagslegu og efnahagslegu afleiðingar sem aðilaskiptin geta haft í för með sér fyrir starfsmennina. Þá ber þessum aðilum að gera starfsmönnum grein fyrir ráðstöfunum sem ætlunin kann að vera að gera þeirra vegna.

Um 6. gr.

Liggi það fyrir að atvinnurekandi ætli sér að gera einhverjar ráðstafanir vegna starfsmanna í kjölfar aðilaskipta/samruna ber honum samkvæmt þessu ákvæði að hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna í þeim tilgangi að ná um þær samkomulagi.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

138. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um heildaráætlun um nýtingu vatnsorku.

Flm.: Páll Pétursson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um nýtingu vatnsorku á Íslandi. Áætlunin sé þannig unnin að unnt sé að bera saman nýtanlega virkjunarkosti með tilliti til umhverfisverndar, hagkvæmni og fyrirhugaðrar nýtingar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. þingi en varð ekki afgreidd og er því endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur Landsvirkjun einkum annast og kostað virkjunarrannsóknir. Landsvirkjun hefur byggt og rekur allar okkar stærri virkjanir þannig að segja má að þetta fyrirkomulag hafi verið eðlilegt. Landsvirkjun hefur enda eitt fyrirtækja í landinu haft burði til að reisa stórvirkjanir.

Nú eru stjórnvöld að gera gælur við það að einkavæða Landsvirkjun og kljúfa fyrirtækið þannig að búast má við að hún búi ekki við neinn einkarétt á hagkvæmustu virkjunarkostum í framtíðinni og komi til með að eiga í samkeppni. Ef verður af aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði verður ekki unnt að halda nýtingu orkulindanna í höndum Íslendinga til frambúðar. Þannig er ekki sanngjarnt að leggja allan kostnað af heildaráætlun um nýtingu vatnsorkunnar á Landsvirkjun og þar með láta þá sem nú kaupa raf-

orku af Landsvirkjun bera allan undirbúningskostnaðinn. Eðlilegra er að frumáætlanir um virkjanaröð séu kostaðar af almannafé þótt sjálfsagt sé að nýta mannafla og þekkingu Landsvirkjunar til þessa verkefnis að einhverju leyti. Á hinn bóginn er sjálfsagt að Landsvirkjun annist hönnun og fullnaðarundirbúning þeirra virkjana sem fyrirtækið kemur til með að reisa.

Á undanförnum árum hafa Íslendingar fjárfest mikið í virkjunarframkvæmdum. Þessi fjárfesting hefur í sumum tilfellum verið tilviljanakennd, bæði hvað varðar markaðssetningu orkunnar og val virkjunarstaða og stundum hefur ekki verið leitað umhverfisvænstu virkjunarkosta. Þá hefur reynslan leitt í ljós að fram hafa komið nýjar og miklu vænlegri leiðir hvað snertir tilhögun virkjananna eftir að þær hafa verið ákveðnar og jafnvel verið komnar á framkvæmdarstig. Nægir þar að nefna Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Hvað Blönduvirkjun varðar gjörbreyttist virkjunartilhögun frá frumáætlun og veituleið var breytt eftir að langt var liðið á framkvæmdatímann. Þá var heppilegasta virkjunartilhögun ekki valin með tilliti til náttúruverndar þar sem vistvænni virkjunarkostum var hafnað að óathuguðu máli þar sem „ekki ynnist tími til“ að gera nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings raunhæfs kostnaðarsamanburðar.

Hvað Fljótsdalsvirkjun áhrærir var upphaflega áformað að ráðast í virkjun Bessastaðaár, en síðan voru sett lög 1981 á grundvelli tilhögunar sem Orkustofnun og Landsvirkjun töldu heppilegasta. 1989 gerðu norskir verkfræðingar tillögur um gjörbreytingu á veitukerfi virkjunarinnar og lögðu til að í stað ógnarlegra veituskurða og stíflugerða yrðu boruð göng til að veita vatninu að virkjuninni. Þetta var miklu umhverfisvænni og hagfelldari lausn en sú sem áður hafði verið talin fullrannsökuð og talin sú besta. Þetta hefur verið staðfest með útboðum. Því miður eru horfur á að virkjun í Fljótsdal dragist vegna frestunar á byggingu álvers. Nú hafa komið fram hugmyndir sem benda til þess að ekki sé endilega enn þá fundið heppilegasta frambúðarfyrirkomulag virkjunar í Fljótsdal.

Settar hafa verið fram hugmyndir um Austurlandsvirkjun af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Þessar hugmyndir snerta Fljótsdalssvirkjun mjög og benda á margar leiðir til virkjunar Jökulsár á Brú og Jöklulsár á Fjöllum, m.a. niðri í Fljótsdal. Þá eru uppi hugmyndir um Hraunavirkjun sem nýtti vatn af hálendinu austan Fljótsdals. Auk ofantaldra virkjunarhugmynda eru uppi lauslegar hugmyndir um virkjanir sem til greina gætu komið, í Jökulsánum í Skagafirði, Skjálfandafljóti og í neðri hluta Þjórsár. Áætlanir um virkjanir á efra Þjórsársvæðinu eru lengra komnar.

Flutningsmenn taka að svo stöddu ekki afstöðu til einstakra hugmynda, enda eru umhverfissjónarmið einungis að litlu leyti athuguð. Þó er óhjákvæmilegt að kanna þessar hugmyndir nánar og í samhengi við aðrar virkjunarframkvæmdir á viðkomandi svæðum. Mikilvægt er, áður en í virkjun er ráðist, að hafa sæmilega heildarmynd af framtíðarfyrirkomulagi nýtanlegs vatns þannig að með einum virkjunaráfanga sé ekki komið í veg fyrir aðra og ætíð sé leitað umhverfisvænstu leiða, enda standist þær eðlilegan kostnaðarsamanburð.

Höfuðáherslu ber að leggja á það að haga virkjunum þannig að þær spilli umhverfinu sem allra minnst. Okkur ber að umgangast landið með siðlegum hætti og vinna því ekki tjón ef unnt er að komast hjá því. Uppistöðulón eyðileggja sums staðar gróðurlendi og það ber að forðast ef unnt er. Við verjum miklum fjármunum til uppgræðslu á Íslandi og er almennur skilningur á nauðsyn þess. Því er sárt að eyða gróðurlendi í stórum stíl vegna virkjunarlóna. Sumarið 1991 eyddist meira gróðurlendi vegna virkjunarframkvæmda á Íslandi en gerst hefur áður af mannavöldum á einu sumri. Þá ber að hafa hliðsjón af varðveislu fagurra fossa og annarra merkilegra náttúrusmíða. Umhverfismál

varðandi línulagnir verður einnig að gaumgæfa vandlega og leita bestu leiða. Umfjöllun um virkjunarkosti tekur tíma og kanna verður öll sjónarmið. Sennilega er óhjákvæmilegt að afskrifa alveg suma fjárhagslega hagkvæma virkjunarkosti vegna umhverfisverndarsjónarmiða.

Á undanförnum árum hefur stundum gleymst að gera ráð fyrir því á fullnægjandi hátt hvar og til hvers eigi að nota orkuna frá þeim orkuverum sem byggð hafa verið eða ákveðið hefur verið að byggja. Þetta leiðir til mikils óþarfakostnaðar við flutning orkunnar og þó sérstaklega til mjög mikils aukakostnaðar á raforku til almennra notenda vegna tímabundinnar offjárfestingar í virkjunum (Reykvíkingar þurfa að borga 15% hærra raforkuverð vegna Blönduvirkjunar samkvæmt úttekt tímaritsins Vísbendingar).

Þetta er ekki skynsamlegt háttarlag. Á sínum tíma hefði verið réttara að ráðast í 35 MW virkjun hjá Villinganesi í Skagafirði á undan Blönduvirkjun, enda væri virkjað fyrir innlendan markað. Samningar um sölu á raforku til stóriðju á framleiðslukostnaðarverði eru enn ekki í höfn. Vonandi tekst okkur að selja raforku til stóriðju á a.m.k. því verði er kostar að framleiða hana innan allt of langs tíma. Þjóðarbúið þarf á því að halda að framleiðsla aukist í landinu, fiskstofnar eru flestir fullnýttir, útflutningsiðnaður á erfitt uppdráttar og ekki blæs byrlega með útflutning landbúnaðarframleiðslu.

Þá hafa verið settar fram athyglisverðar hugmyndir um útflutning raforku um sæstreng. Verðmæti skapast fyrst og fremst þar sem raforkan er nýtt, ekki þar sem hún er framleidd. Þrátt fyrir það getur raforkuútflutningur, skattlagður til ríkisins, orðið raunhæfur kostur innan fárra áratuga. Ef virkjað er til útflutnings raforku ber að virkja austan lands og norðan þar sem það er styttra að flytja orkuna. Þar er a.m.k. þriðjungur hagkvæmustu vatnsorkunnar. Þá er ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld velji stóriðjuverum stað með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun, umhverfismálum og öðrum aðstæðum en láti staðarvalið ekki í hendur erlendra fyrirtækja. Heppilegur undirbúningstími virkjana er talinn 12–15 ár. Þótt nú sé hlé um sinn á virkjunarframkvæmdum er mikilvægt að halda áfram rannsóknum og undirbúningi og nýta þekkingu og mannafla sem tiltækur er þannig að ekki þurfi að rasa um ráð fram þegar úr rætist. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 433 bls. 2973–3011 í A-deild Alþt. 1991–92.

139. Fyrirspurn [119. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir vegna heilsutjóns af völdum háspennuvirkja.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Til hvaða aðgerða munu stjórnvöld grípa með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem benda til þess að háspennuvirki geti valdið krabbameini?

Greinargerð.

Nýlega voru birtar í Svíþjóð niðurstöður rannsókna á áhrifum háspennulína og straumbreyta á heilsu fólks sem býr eða dvelur í næsta nágrenni við slík mannvirki. Rannsóknir þessar benda til þess að áhrif af rafsegulsviði í grennd þessara mannvirkja geti valdið blóðkrabbameini.

Skriflegt svar óskast.

140. Fyrirspurn [120. mál]

til heilbrigðisráðherra um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá árinu 1991 um að komið skyldi á fót á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála í kjördæmum landsins?

Greinargerð.

Alþingi samþykkti svohljóðandi ályktun 7. febrúar 1991:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.“

Skriflegt svar óskast.

141. Fyrirspurn [121. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst til að framfylgja ályktun Alþingis frá 1987 um að láta fara fram rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða?

Greinargerð.

Alþingi samþykkti svohljóðandi ályktun 24. febrúar 1987:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt verði athuguð hagkvæmni í veiðum botnlægra tegunda.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði.“

Skriflegt svar óskast.

142. Fyrirspurn [122. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eflingu Hafrannsóknastofnunar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hafa stjórnvöld gert til að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar í samræmi við ályktun Alþingis vorið 1988?

Greinargerð.

Alþingi samþykkti svohljóðandi ályktun 11. maí 1988:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992.

Einkum skal við það miðað að gera stofnuninni mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera.“

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [123. mál]

til iðnaðarráðherra um afstöðu Landsvirkjunar til lækkunar orkuverðs.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver er afstaða Landsvirkjunar til þess að auka afslátt á heildsöluverði raforku til hitunar á íbúðarhúsnæði?
2. Hyggst Landsvirkjun taka þátt í því að lækka húshitunarkostnað?

144. Fyrirspurn [124. mál]

til umhverfisráðherra um samþykktir Ríó-ráðstefnunnar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig verður fylgt eftir þeim hluta framkvæmdaáætlunar á sviði umhverfismála (áætlun 21) er tekur til nýtingar og verndunar sjávarfangs og samþykkt var á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro í Brasilíu sl. sumar?
2. Samræmast þessar samþykktir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða?

145. Frumvarp til laga [125. mál]

um umboðssöluviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskipti í umboðssölu. Í lögunum merkir *umboðssölumaður* sjálfstætt starfandi millilið sem hefur varanlega heimild til að semja um kaup eða sölu á vörum eða þjónustu fyrir hönd annars aðila — *umbjóðanda* — samkvæmt samningi þeirra í milli.

Sá telst ekki umboðssölumaður í merkingu laga þessara sem vegna starfa síns hefur umboð til þess að skuldbinda það fyrirtæki eða félag, sem hann vinnur hjá eða er eigandi að, sameignarfélagi sem hefur heimild til þess að gera bindandi skuldbindingar fyrir meðeigendur sína. Skiptaráðandi eða bústjóri í þrotabúi telst heldur ekki umboðssölumaður í merkingu laga þessara.

2. gr.

Lög þessi ná ekki til ólaunaðra umboðssölumanna eða umboðssölumanna þegar þeir starfa á uppboðsmörkuðum.

Ráðherra getur með reglugerð undanþegið tiltekna þætti umboðssöluviðskipta frá ákvæðum laga þessara þegar viðkomandi einstaklingar hafa umboðssölumennsku að aukastarfi.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur í umboðssöluviðskiptum.

3. gr.

Umboðssölumaður skal gæta hagsmuna umbjóðanda síns af skyldurækni og heiðarleika. Sérstaklega ber umboðssölumanni:

a. að gera viðeigandi tilraunir til þess að semja um viðskipti og koma þeim á,
b. að miðla öllum tiltækum upplýsingum sem máli skipta til umbjóðandans,
c. að fylgja réttmætum fyrirmælum frá umbjóðanda sínum.

4. gr.

Umbjóðandi skal í öllum samskiptum sínum við umboðssölumann koma fram af skyldurækni og heiðarleika. Umbjóðanda ber sér í lagi:

a. að fá umboðssölumanni í hendur nauðsynleg gögn,
b. að veita umboðssölumanni nauðsynlegar upplýsingar varðandi umboðssölusamninginn, sér í lagi láta hann vita innan eðlilegra tímamarka ef hann sér fyrir að viðskiptin verða umtalsvert minni en ætla má að umboðssölumaðurinn hafi gert ráð fyrir.

Umbjóðanda ber einnig að greina umboðssölumanni frá því innan eðlilegra tímamarka hyggist hann samþykkja, hafna eða hætta við viðskipti sem sá síðarnefndi hefur komið á.

5. gr.

Ákvæði 3. og 4. gr. eru ófrávíkjanleg.

III. KAFLI
Þóknun.

6. gr.

Liggi ekki fyrir samkomulag um þóknun milli aðila skal umboðssölumaður eiga rétt á sambærilegri þóknun sem venja er að greiða umboðssölumönnum með umboð fyrir þær tegundir vöru eða þjónustu, sem samningur hans tekur til, á því svæði sem hann starfar. Ef engin slík venja er fyrir hendi skal umboðssölumaðurinn eiga rétt á eðlilegri þóknun með hliðsjón af því um hvaða viðskipti er að ræða.

Sá hluti þóknunar, sem er breytilegur eftir fjölda eða upphæð viðskiptasamninga, skal teljast umboðslaun samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði 7.– 12. gr. gilda aðeins ef þóknun umboðssölumanns er að hluta eða að öllu leyti í formi umboðslauna.

7. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi viðskiptin komist á í beinu framhaldi af vinnu hans eða viðskipti hafi komist á við þriðja aðila sem hann hefur áður átt að viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Umboðssölumaður skal einnig eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi slík viðskipti tekist á landsvæði því eða við þann hóp viðskiptavina sem honum hefur verið falið að annast og viðskipti hafi verið gerð við viðskiptavin af því svæði eða úr þeim hópi.

8. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem fara fram eftir að umboðssamningur fellur úr gildi ef rekja má viðskiptin að mestu leyti til vinnu hans á meðan umboðssamningurinn er enn í gildi og hafi verið stofnað til viðskiptanna innan hæfilegs tíma frá því að samningstíma er lokið. Enn fremur á umboðsmaður rétt á umboðslaunum eftir gildistíma samnings ef pöntun frá þriðja aðila, sbr. 7. gr., hefur borist umboðssölumanni eða umbjóðanda fyrir lok samningstíma.

9. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á umboðslaunum skv. 7. gr. ef þau verður að greiða fyrrverandi umboðssölumanni skv. 8. gr. nema sérstakar aðstæður geri það sanngjarnt að þeim sé skipt á milli þeirra.

10. gr.

Krafa um umboðslaun er gjaldkræf um leið og umbjóðandi hefur gengið frá viðskiptunum eða ætti að hafa gengið frá viðskiptum í samræmi við samkomulagið við þriðja aðila eða þriðji aðili hefur þegar gengið frá viðskiptunum.

Krafa um umboðslaun stofnast í síðasta lagi þegar þriðji aðili hefur gengið frá sínum hluta viðskiptanna eða ætti að hafa gert það ef umbjóðandi hefði staðið við sinn þátt viðskiptanna eins og um var samið.

Umboðslaun skulu greidd eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem krafa um þau varð gjaldkræf.

Eigi er heimilt með samningum að víkja frá 2. og 3. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

11. gr.

Réttur til umboðslauna getur fallið niður þegar samningsákvæði um viðskipti umbjóðanda og þriðja aðila eru ekki uppfyllt af ástæðum sem umbjóðanda verður ekki kennt um.

Umboðslaun, sem umboðsmaður hefur fengið greidd, skulu endurgreidd umbjóðanda ef réttur til þeirra hefur fallið niður.

Óheimilt er með samningum að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

12. gr.

Umbjóðandi skal afhenda umboðssölumanni yfirlit yfir umboðslaun, sem kröfur hafa stofnast til, eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem kröfurnar stofnast á. Á yfirlitinu skulu koma fram þeir liðir sem útreikningur umboðslaunanna byggist á.

Umboðssölumaður getur krafist þess að fá allar upplýsingar vegna viðkomandi viðskipta sem umbjóðandi býr yfir, þar með taldar útskriftir úr bókhaldi, til þess að sannreyna að umboðslaun séu rétt reiknuð.

Óheimilt er með samningum að víkja frá 1. og 2. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

IV. KAFLI
Lok og slit umboðssölusamninga.

13. gr.

Umboðssölumaður og umbjóðandi eiga hvor um sig rétt á að fá frá hinum undirritað skjal þar sem fram koma efnisatriði umboðssölusamnings ásamt hugsanlegum viðbótarákvæðum. Aðilar mega ekki semja um gagnkvæmt brottfall þessa réttar.

14. gr.

Umboðssölusamningur með tiltekinn gildistíma breytist í samning með ótiltekinn gildistíma ef viðskipti halda áfram með sama hætti eftir að upphaflegum gildistíma lýkur.

15. gr.

Umboðssölusamningi með ótiltekinn gildistíma má segja upp með uppsagnarfresti af hvorum aðila um sig.

Sé ekki um annað samið skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður ef samningur hefur verið í gildi í eitt ár eða skemur og skal uppsagnarfrestur lengjast um einn mánuð fyrir hvert ár sem samningurinn hefur verið í gildi umfram eitt ár. Uppsagnarfrestur skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir.

Semji aðilar um lengri frest en um getur í 2. mgr. er umbjóðanda óheimilt að áskilja sér skemmri uppsagnarfrest en umboðssölumaður.

Sé eigi um annað samið miðast uppsagnarfrestur við mánaðamót.

Ákvæði þessarar greinar skulu eiga við um umboðssölusamninga skv. 14. gr. Ákvæði um uppsagnarfrest skulu miðast við upphaf gildistíma upphaflegs samnings.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef annar hvor aðilinn stendur að einhverju leyti ekki við ákvæði samningsins. Enn fremur er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef ófyrir-

sjáanleg atvik gerast hjá öðrum hvorum aðilanum sem raska verulega forsendum samningsins og bersýnilega er ósanngjarnt að aðilinn þurfi að standa við hann.

Vanræki umboðssölumaður eða umbjóðandi skyldur sínar samkvæmt umboðssölusamningi getur hann bakað sér skaðabótaskyldu. Sá aðili, sem krefjast vill skaðabóta, skal tilkynna hinum um kröfuna án ástæðulauss dráttar eftir að hann hefur eða ætti að hafa vitneskju um vanræksluna. Sé það ekki gert fellur skaðabótaréttur niður. Þetta gildir þó ekki ef mótaðilinn hefur starfað á óheiðarlegan hátt eða sýnt af sér vítavert gáleysi.

17. gr.

Sé umboðssölusamningi sagt upp af umbjóðanda á umboðssölumaður rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur útvegað umbjóðanda sínum nýja viðskiptavini eða hefur aukið verulega viðskipti umbjóðanda síns við eldri viðskiptavini og umbjóðandi heldur áfram að hagnast umtalsvert af viðskiptum við þessa viðskiptavini. Enn fremur verður greiðsla vegna samningsslita að vera sanngjörn í ljósi aðstæðna og þá sér í lagi með tilliti til þeirra umboðslauna sem umboðssölumaður hlaut af aukningu viðskipta og enn fremur með tilliti til mögulegra samningsákvæða milli aðila um að umboðssölumaður leggi ekki stund á tiltekin viðskipti eftir að gildistími samnings er liðinn.

Upphæð greiðslu vegna samningsslita skal ekki vera hærri en sem svarar til eins árs umboðslauna miðað við meðaltal þeirra á föstu verðlagi síðustu fimm ár samningstímans. Hafi samningur aðila gilt skemur en fimm ár skal miðað við meðaltal umboðslauna á föstu verðlagi á gildistíma samningsins.

Umboðssölumaður fyrirgerir ekki rétti sínum til málshöfðunar til skaðabóta vegna fjárhagstjóns með því að taka við greiðslu vegna samningsslita frá umbjóðanda.

Umboðssölumaður á rétt á skaðabótum vegna þess fjárhagstjóns sem hann verður fyrir vegna uppsagnar umbjóðanda á umboðssölusamningi. Fjárhagstjón í þessum skilningi eru tapaðar umboðslaunatekjur sem umboðssölumaður hefði fengið með því að uppfylla samviskusamlega ákvæði umboðssölusamningsins og jafnframt bæta verulega hag umbjóðanda síns. Enn fremur telst umboðsmaður verða fyrir fjárhagstjóni þegar hann situr uppi með ógreiddar og vannýttar fjárfestingar sem hann hefur lagt í vegna umboðssöluviðskiptanna í samráði við umbjóðanda.

Réttur til greiðslu vegna samningsslita skv. 1. mgr. og skaðabóta vegna fjárhagstjóns skv. 4. mgr. stofnast þótt samningi þessum sé sagt upp vegna andláts umboðssölumanns.

Umboðssölumaður missir rétt til greiðslu vegna samningsslita og til skaðabóta vegna fjárhagstjóns ef hann tilkynnir ekki umbjóðanda innan eins árs frá samningsslitum að hann hyggist notfæra sér þennan rétt sinn.

18. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita skv. 17. gr. ef umbjóðandi hefur sagt umboðssölusamningi upp vegna vanrækslu umboðssölumanns.

Umboðssölumaður á ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur sjálfur sagt samningnum upp nema ástæður uppsagnarinnar megi rekja til umbjóðanda eða ef umboðssölumaður getur ekki haldið áfram starfi sínu vegna aldurs eða sjúkleika.

Umboðssölumaður á enn fremur ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann framselur umboðssölusamninginn til annars umboðssölumanns með samþykki umbjóðanda.

19. gr.

Aðilum er óheimilt að semja um frávik frá ákvæðum 17. og 18. gr. þannig að umboðsmaður njóti lakari kjara en þar er mælt fyrir um.

20. gr.

Heimilt er að semja um takmarkanir á viðskiptum umboðssölumanns eftir að gildistíma samnings lýkur, enda sé slíkur samningur gerður skriflega og takmarkanirnar tengdar því svæði eða hópi viðskiptavina sem hann skyldi beina þjónustu sinni að samkvæmt umboðssölusamningi og enn fremur tengdar þeim tegundum vöru og þjónustu sem umboðið gilti fyrir.

Slík takmörkun á viðskiptum umboðssölumanns má ekki gilda lengur en í tvö ár eftir að gildistíma samnings lýkur.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. geta aðilar umboðssölusamnings vikið frá ákvæðum laganna ef starf umboðssölumannsins samkvæmt samningnum fer fram utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og ekki er að finna sambærileg ófrávíkjanleg ákvæði í löggjöf viðkomandi ríkis.

V. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá og með þeim tíma skulu allir nýir viðskiptasamningar um umboðssölu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ákvæðum eldri samninga skal breyta fyrir 1. janúar 1994 og frá og með þeim tíma gilda ákvæði laganna um alla umboðssölusamninga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp um löggildingu samnings um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Er frumvarpið samið til þess að samræma íslenskan rétt ráðstilskipun EB frá 18. desember 1986 um samræmingu á lögum aðildarríkja Evrópubandalagsins er varða sjálfstætt starfandi umboðssölumenn (86/653/EBE).

Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið höfð hliðsjón af dönskum lögum um þetta efni en Danir settu löggjöf um það árið 1917 (lög nr. 243 8. maí 1917) sem gilti til ársins 1990 þegar löggjöfin var samræmd framangreindri ráðstilskipun EB. Þeir héldu þó nær óbreyttum kafla úr löggjöfinni frá 1917 sem svarar til íslenskra laga nr. 7 1. febrúar 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda árið 1962 var ákveðið að fengnir yrðu sérfræðingar frá ríkjunum til þess að gefa álit á hvort ástæða væri til þess að samræma norræna löggjöf á þessu sviði. Íslendingar áttu ekki aðild að þessu starfi. Sérfræðingarnir lögðu til breytingar á löggjöfinni og var ráðleggingum þeirra fylgt í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Eftir að Danir urðu aðilar að Evrópubandalaginu tóku þeir þátt í samræmingarstarfi Evrópubandalagsríkjanna og byggðu sjónarmið sín í þeirri vinnu á niðurstöðu framangreindrar sérfræðinganefndar. Móta þau í veigamiklum atriðum framangreinda ráðstilskipun þannig að ekki er þörf á miklum breytingum á umboðssölulöggjöf annarra Norðurlandaríkja. Hér á landi hefur hins vegar engin sérlöggjöf verið sett um þetta efni og er frumvarpið því nýmæli.

Umboðssölumenn hér á landi, sem í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, starfa oftast fyrir erlenda umbjóðendur sína. Þeir stuðla því að viðskiptum yfir landamæri og hið alþjóðlega eðli umboðssölumennsku er ástæða þess að ríki Evrópubandalagsins töldu nauðsynlegt að samræma löggjöf ríkjanna um sjálfstætt starfandi umboðssölumenn. Í

samningnum um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins samþykktu EFTA-ríkin að samræma löggjöf sína þeim grundvallarreglum sem EB-ríkin tólf höfðu þegar náð samkomulagi um.

Í frumvarpi þessu er gert það frávik frá reglum ráðstilskipunarinnar að ákvæði þess ná ekki bara til vörusölu heldur einnig til sölu á þjónustu en oft er hér um samslungin svið að ræða og frjáls viðskipti á báðum sviðum eru grundvallarreglur hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á umboðssölumanni þar sem lögð er áhersla á að um sé að ræða sjálfstætt starfandi millilið í viðskiptum sem hefur varanlega heimild til þess að semja um kaup eða sölu á vörum eða þjónustu fyrir hönd annars aðila, umbjóðanda, samkvæmt samningi þeirra á milli. Hér getur bæði verið um sölu og kaup á vörum að ræða og einnig er gert ráð fyrir að um geti verið að ræða sams konar viðskipti með þjónustu sem í vaxandi mæli er erfitt að aðskilja frá viðskiptum með vöru. Eins og fram kemur í 2. gr. er það hluti skilgreiningarinnar að umboðssölumaður láti þjónustu sína af hendi gegn þóknun. Heimildin skal vera varanleg. Með því er átt við að umboðssölumaður og umbjóðandi hafi gert með sér sérstakt samkomulag um þjónustu umboðssölumanns í lengri eða skemmri tíma en ekki sé um tilfallandi erindisrekstur umboðssölumannsins að ræða.

Í 2. mgr. er tekið fram hverjir teljist ekki umboðssölumenn í skilningi frumvarpsins og er þar um að ræða einstaklinga sem ekki starfa sjálfstætt en hafa heimild til þess að skuldbinda fyrirtæki eða félög sökum starfs síns eða meðeigendur sína í sameignarfélagi. Þá er tekið fram að skiptaráðandi eða bústjóri í þrotabúi geti heldur ekki talist umboðssölumaður í merkingu frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tekið fram að lögin nái ekki til ólaunaðra umboðssölumanna eða umboðssölumanna sem starfa á uppboðsmörkuðum. Með uppboðsmörkuðum er fyrst og fremst átt við ýmiss konar hrávörumarkaði þar sem verslað er með málma, olíu, kol, korn o.s.frv. en um þá gilda sérstakar reglur í hverju tilviki. Lögin ná heldur ekki til umboðssölumanna á verðbréfamörkuðum þar sem einnig gilda sérstakar reglur.

Í 2. mgr. er ráðherra heimilað að undanþiggja tiltekna þætti umboðssöluviðskipta frá ákvæðum laganna þegar viðkomandi einstaklingar hafa umboðssölumennsku að aukastarfi en almenna reglan er sú að lögin nái einnig til þeirra.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldur umboðssölumanns í almennum orðum. Hann skal koma fram af skyldurækni og heiðarleika en í því felst einnig að hann skal vinna af atorku fyrir umbjóðanda sinn og sýna honum trúnað. Hann skal miðla upplýsingum til umbjóðanda síns en í því felst m.a. að gefa umbjóðanda upplýsingar um útboð og tilboð, um samninga og um aðstæður sem umbjóðandi þyrfti að vera kunnugur.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldur umbjóðanda í almennum orðum. Hann skal koma fram af skyldurækni og heiðarleika gagnvart umboðssölumanni og fá honum í hendur nauðsynleg gögn og er þar átt við gögn sem tengd eru þeim varningi eða þjónustu sem

um er að ræða. Hann skal einnig veita umboðssölumanni nauðsynlegar upplýsingar varðandi samskipti þeirra, t.d. ef hann sér fyrir að viðskiptin verði umtalsvert minni en ætla má að umboðssölumaðurinn hafi gert ráð fyrir. Þá ber umbjóðanda að láta umboðssölumann vita ef hann hyggst samþykkja, hafna eða hætta við viðskipti sem umboðssölumaðurinn hefur komið á.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin á við þegar ekki hefur verið samið um þóknun í upphafi samvinnu umboðssölumanns og umbjóðanda. Hafi það ekki verið gert skal fara eftir því sem venja er í sams konar viðskiptum á viðkomandi svæði en það getur t.d. verið ákveðið land eða borg.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um rétt umboðssölumanns til þóknunar. Hann á rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem hann hefur komið á eða komast á í beinu framhaldi af vinnu hans á gildistíma umboðssölusamnings. Hann á einnig rétt á umboðslaunum af viðskiptum við viðskiptavini sem hann hafði áður og ekki voru viðskiptavinir umbjóðanda.

Umboðssölumaður á einnig rétt á umboðslaunum af viðskiptum við viðskiptavini úr hópi íbúa á afmörkuðu svæði eða afmörkuðum hópi viðskiptavina sem honum hefur verið falið að koma á viðskiptum við.

Um 8. gr.

Hér er að finna ákvæði um rétt umboðsmanns til þóknunar af viðskiptum sem fara fram eftir að gildistíma umboðssölusamnings lýkur.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um skiptingu umboðslauna milli umboðsmanns og fyrrverandi umboðsmanns. Meginreglan er sú að umbjóðandi skal aðeins greiða einföld umboðslaun af sölu.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um gjalddaga umboðslauna og eindaga þeirra. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um brottfall réttar til umboðslauna. Umbjóðandi ber sönnunarbyrðina á að samningur, sem umboðssölumaður hefur gert fyrir hans hönd, hafi ekki verið uppfylltur af ástæðum sem umbjóðandanum verður ekki kennt um.

Um 12. gr.

Hér eru settar reglur um að umbjóðanda beri að afhenda umboðssölumanni reikningsyfirlit sem sýni þau umboðslaun sem umboðssölumanninum ber og forsendur þeirra. Umboðssölumaðurinn getur einnig krafist þess að fá nánari upplýsingar til þess að sannreyna að umboðslaun séu rétt reiknuð.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um gagnkvæman rétt aðila til þess að skriflegur umboðssölusamningur sé gerður þeirra á milli. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 14. gr.

Ákvæðið byggir á 14. gr. framangreindrar ráðstilskipunar og mælir fyrir um að tímabundinn umboðssölusamningur breytist í ótímabundinn samning ef aðilar halda áfram samskiptum sínum eftir að hinn tímabundni samningur rann út.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um uppsögn umboðssölusamnings og getur uppsagnarfrestur lengst orðið sex mánuðir sé ekki samið um lengri frest. Sé samið um lengri frest er umbjóðanda óheimilt að áskilja sér skemmri uppsagnarfrest en umboðssölumaður.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um rétt aðila til þess að segja upp umboðssölusamningi vegna vanefnda eða ófyrirsjáanlegra atvika sem raska verulega forsendum samningsins og bersýnilega er ósanngjarnt að aðilinn þurfi að standa við hann. Ef aðilar fallast ekki á að forsendur séu til uppsagnar af þessum ástæðum verða dómstólar að meta hvort samningurinn hafi verið vanefndur eða hvort aðrar aðstæður, sem nefndar eru í greininni, séu fyrir hendi. Dæmi um ófyrirsjáanleg atvik, sem raska forsendum samnings, eru röskun af völdum styrjaldar eða viðskiptabanns eða einhver óhappatilvik er henda aðila sérstaklega.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skaðabótaskyldu vegna vanrækslu annars hvors aðila. Dráttur á tilkynningu um slíka skaðabótakröfu getur valdið þeim sem hallað er á réttarspjöllum enda sé grundvöllur skaðabótakröfu ekki óheiðarleiki eða vítavert gáleysi. Um úrlausn mála samkvæmt þessari málsgrein fer eftir reglum hins almenna skaðabótaréttar en í næstu grein er fjallað um skaðabætur vegna samningsslita.

Um 17. gr.

Hér er fjallað ítarlega um rétt umboðssölumanns til greiðslna eftir að umboðssölusamningi er slitið og við hvað þær greiðslur skuli miðast.

Einnig er mælt fyrir um skaðabótarétt umboðssölumanns sem stofnast kann við uppsögn umbjóðanda á umboðssölusamningi.

Réttur til greiðslu vegna samningsslita og til skaðabóta fyrnist ef umboðssölumaður tilkynnir ekki umbjóðanda innan eins árs frá samningsslitum að hann hyggist notfæra sér réttinn.

Um 18. gr.

Hér eru talin upp atriði sem geta valdið því að umboðssölumaður eigi ekki rétt til greiðslu vegna samningsslita.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Eftir að umboðssölumaður lætur af störfum fyrir umbjóðanda býr hann oft yfir mikilvægum viðskiptaupplýsingum sem tilheyra umbjóðandum. Því þykir eðlilegt að heimila

að í umboðssölusamningi séu ákvæði sem takmarka viðskipti umboðssölumanns eftir að gildistíma umboðssölusamnings lýkur. Slík takmörkun má þó eigi standa lengur en í tvö ár.

Um 21. gr.

Ákvæði þessa frumvarps eru ætluð til að samræma réttarstöðu umboðssölumanna og umbjóðenda þeim reglum sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðin verða hin sömu í ríkjunum nítján sem aðild eiga að svæðinu. Hins vegar þykir ekki ástæða til þess að banna frávik frá reglunum þegar um er að ræða umboðssölumenn sem starfa utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og þar er ekki að finna sambærileg ófrávíkjanleg ákvæði í löggjöf. Ef t. d. er um að ræða umboðssölustarfsemi í Japan væri heimilt að semja um hvers konar frávik frá þeim reglum sem lagðar eru til í frumvarpinu að svo miklu leyti sem slíkur samningur samrýmist löggjöf í Japan.

Um 22. gr.

Lagt er til að löggjöfin nái til nýrra samninga frá 1. janúar 1993 en fram til 1. janúar 1994 verði ákvæðum eldri samninga breytt til samræmis við hana. Gildistakan er ekki miðuð við gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar eð löggjöfin er talin æskileg án tillits til hans. Gildistökuákvæðin eru þó samræmd ákvæðum framangreindrar ráðstilskipunar um sama efni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umboðssöluviðskipti.

Frumvarpi þessu er ætlað að laga íslenska löggjöf að löggjöf Evrópubandalagsins á sviði umboðssölu þar sem til þessa hafa ekki gilt sérstök lög hér á landi. Ekki verður séð af frumvarpinu að það hafi neinn kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem hvergi er gert ráð fyrir sérstakri opinberri skyldu eða kvöð sem beinlínis kann af frumvarpinu að leiða verði það að lögum.

146. Fyrirspurn [126. mál]

til dómsmálaráðherra um embætti umboðsmanns barna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hefur verið staðið við loforð frá síðasta þingi um að fela sifjalaganefnd athugun á frumvarpi til laga um embætti umboðsmanns barna?

147. Frumvarp til laga [127. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1993 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.fl., enda verði lánskjaravísitalan lögð niður.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér flutt í sjötta sinn, nú með örfáum breytingum. Síðast var það flutt á 115. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni. Afnám hinnar síðarnefndu var þess utan loforð ríkisstjórnar sem ekki er lengur unnt að víkjast undan, enda öll sett skilyrði fyrir hendi.

Um 1. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaður í viðskiptabanka fari

í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum.

Langtímaútlán verða hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ísrael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Það knýr á um afnám hennar að ekki eru lengur „rauð strik“ í kjarasamningum. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar.

Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–1990 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum króna hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Það er út í hött að gera verðtryggingu frjálsa að vali lánveitenda og lántakenda. Hinir fyrrnefndu ráða ferðinni þannig að verðtryggingin yrði í reynd áfram lögþvinguð.

148. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um endurskoðun umferðarlaga.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, m.a. með eftirfarandi að markmiði:

1. Auka fræðslu og forvarnastarf í skólum.
2. Auka og bæta ökukennslu á bifhjól og létt bifhjól til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til undirbúnings ökuprófs á bifreiðum.
3. Lögfesta skyldu ökumanna og farþega á bifhjólum til að nota hlífðarfatnað.
4. Kanna, m.a. í samráði við slysaskráningadeild Borgarspítalans, hvort nauðsynlegt sé að hækka aldursmörk fyrir ökupróf á bifhjól og létt bifhjól með tilliti til mikillar slysatíðni ökumanna og farþega þessara ökutækja.
5. Kanna hvort nauðsynlegt sé að skipta bifhjólum í flokka eftir stærð og vélarafli þeirra og áskilja t.d. reynslu eða hærri aldur til að fá ökuleyfi á aflmeiri bifhjól, m.a. með hliðsjón af reglum innan Evrópubandalagsins og í öðrum nágrannalöndum okkar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd þá. Hún er því endurflutt nú nær óbreytt.

Markmið endurskoðunar umferðarlaga hlýtur m.a. að beinast að því að leitast við að draga úr þeim mikla fjölda umferðarslysa sem ungmenni verða fyrir hér á landi á bifhjólum.

Samkvæmt slysaskráningum er tíðni bifhjólaslysa hlutfallslega hærri en tíðni bifreiðaslysa og bifhjólaslys hafa þá sérstöðu að þar slasast oftast mjög ungt fólk. Samkvæmt könnun á slysadeild Borgarspítalans slösuðust 454 í bifhjólaslysum á þremur árum

(1987–1989), eða um 7% slasaðra í umferðarslysum. 77% slasaðra voru á aldrinum 15–24 ára og 20% slasaðra voru 15 ára. Þá voru 58% slasaðra á aldrinum 15–19 ára sem sýnir glöggt að úrbóta er þörf til að draga úr slysatíðni í þessum aldurshóp. Á árunum 1981 og 1990 létust 15 ungmenni í bifhjólaslysum.

Tíðni bifhjólaslysa er margföld miðað við tíðni bifreiðaslysa eða um fimmföld sé miðað við fjölda farartækja, eða 92 slys á hver 1.000 bifhjól á móti 19 slysum á hverjar 1.000 bifreiðar. Tíðni bifhjólaslysanna er því 9,2% af fjölda hjólanna og er það uggvænleg tala.

Vitað er með vissu að aðeins 13% slysa á bifhjólum á árunum 1987–1989 urðu í vinnutíma og bendir það til að bifhjól, bæði létt og þung, séu notuð sem leiktæki. Því virðist sem kapp, lífsorka og hraðafíkn unglinga á aldrinum 15–20 ára fari illa saman við þau öflugu farartæki sem þeim standa til boða. Einnig má ráða af þessum tölum að ökukennslu á bifhjól, bæði létt og þung, sé verulega ábótavant og er mjög brýnt að bæta þar úr.

Flestir geta verið sammála um að aukin og lengd ökukennsla sé grunnurinn að bættri umferðarmenningu og fækkun slysa. Því er vert að fagna sérstaklega þeim tillögum sem fram hafa komið um bætta og aukna ökukennslu og skora á Umferðarráð, sem væntanlega tekur innan tíðar við skipulagningu umferðarkennslu, að auka og lengja ökunám til að nemendur fái í námi að takast á við sem fjölbreyttastar aðstæður við akstur.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 660 bls. 3962–3963 í A-deild Alþt. 1991–92.

149. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um fréttamann Ríkisútvarpsins á Vesturlandi.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Ársælsson,
Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps og sjónvarp. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd. Er hún því endurflutt nú nánast óbreytt.

Í útvarpi allra landsmanna gera menn kröfu til að njóta svipaðrar þjónustu og hlustunarskilyrða hvar sem þeir búa á landinu. Í ár eru liðin 11 ár frá því að svæðisútvarp á Akureyri tók til starfa og síðan hefur bæst við svæðisútvarp á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Enginn vafi leikur á að með tilkomu svæðisútvarps í þessum landshlutum tengjast byggðir betur innbyrðis auk þess sem dagskrárgerðin verður fjölbreyttari og höfðar betur til hlustenda víðs vegar um landið með landshlutatengdu efni. Enn fremur eykur það skilning landsmanna á því hvað er að gerast á landinu öllu.

Svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins, sem er nú starfrækt á Vestfjörðum, Austfjörðum og Akureyri, hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Það fyllir út í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins, bæði með almennu útvarpsefni, fréttum eða fréttatengdum þáttum. Á því er enginn vafi að landshlutatengt efni frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir mjög dagskrá útvarpsins.

Í þeim landshlutum, sem ekki hafa enn notið þessarar þjónustu eða aðstöðu til að bæta dagskrána, finnst notendum Ríkisútvarpsins þeir vera nokkuð afskiptir. Á þessu þyrfti að verða breyting. Menntamálaráðherra hefur lýst því yfir á Alþingi að ekki sé fyrirhugað að fjölga svæðisútvarpsstöðvum í bráð vegna fjárskorts þótt það sé á stefnuskrá Ríkisútvarpsins. Í staðinn þyrfti að ná því marki í minni áföngum. Fyrir Vesturland, sem hefur verið afskipt á þessu sviði, væri það nokkur áfangi ef Ríkisútvarpið réði til starfa fréttamann með búsetu og starfsaðstöðu í landshlutanum sem annaðist öflun frétta og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Fréttaritarar útvarps og sjónvarps á svæðinu hafa misjafna aðstöðu til að leggja vinnu í fréttaöflun, fréttamaður útvarpsins þar gæti aðstoðað þá og því ekki aðeins bætt tengsl útvarpsins við Vesturland með beinni fréttamennsku heldur einnig styrkt þá starfsemi útvarpsins sem þegar er fyrir hendi.

Íbúar á Vesturlandi telja sig eiga rétt á því að fá svipaða þjónustu frá Ríkisútvarpinu og íbúar annarra landshluta. Á meðan vinnsla frétta og dagskrárefnis er ekki svipuð í öllum landshlutum skortir nokkuð á að aðstaða landsmanna í þessu efni sé jöfn.

150. Fyrirspurn [130. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvenær hyggst ríkisstjórnin heimila hvalveiðar að nýju?

151. Fyrirspurn [131. mál]

til menntamálaráðherra um nám og námskröfur innan Evrópsks efnahagssvæðis.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Hvaða grunnmenntun þurfa einstaklingar í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis að hafa til að geta hafið þar nám í læknisfræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, meinatækni og röntgentækni, svo og tannlækna-, ljósmæðra-, sjúkraliða- og kennaranám?

2. Á hvaða skólastigi fer áðurnefnt nám fram í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis, hver er námstími og hvaða prófgráða veitir starfsréttindi samkvæmt EES-samningnum?
3. Hvernig er umrædd fagmenntun saman sett með tilliti til bóklegs náms, verklegs náms og starfsþjálfunar í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis?

Skriflegt svar óskast.

152. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Flm.: Svavar Gestsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Í rannsókninni skal leitast við að leiða fram upplýsingar um áhrif atvinnuleysis á almenn kjör barna, kvenna, unglinga og annarra hópa sem atvinnuleysið kemur sérstaklega illa við. Þá skal greina frá því hvaða áhrif það hefur á heilsufar og skólagöngu. Enn fremur skal kanna áhrif þess á afbrot og starfsemi neyðarathvarfa af ýmsu tagi og stofnana sem fólk í neyð leitar til. Þá skal kanna sérstaklega hvaða kostnaður, beinn og óbeinn, leggst á þjóðfélagið vegna atvinnuleysis og sérstaklega skal rekja hve miklir fjármunir tapast í tengslum við atvinnuleysi í þjóðarbúinu í heild.

Enn fremur skal við birtingu á niðurstöðum skýra ástandið í Vestur-Evrópu sérstaklega til samanburðar, bæði að því er varðar atvinnuleysið sjálft og aðgerðir sem gripið er til í því skyni að draga úr því. Jafnframt skal eftir því sem verkinu vindur fram gera tillögur til úrbóta á þeim sviðum sem talin eru liggja beinast við að því er varðar fjölgun starfstækifæra, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í þágu atvinnulausra og þeirra sem standa tæpt á vinnumarkaði, t.d. fatlaðra.

Við rannsóknina verði haft samráð við sveitarfélögin og samtök launafólks og samtök atvinnulausra. Rannsókninni skal flýtt svo sem kostur er og fyrstu niðurstöður birtar fyrir 1. febrúar nk. Kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eitt alvarlegasta vandamál samtímans í Evrópu er atvinnuleysið. Atvinnuleysi hefur verið óþekkt fyrirbæri hér á landi þar til nú er það blasir við í áður óþekktum stærðum. Fara verður allt aftur til kreppuáranna til að finna ámóta fjölda atvinnulausra og nú er um að ræða.

Atvinnumál hafa verið rædd ítarlega frá því að Alþingi kom saman í sumar. Alþýðubandalagsmenn hafa gert grein fyrir tillögum sínum um úrlausn þessa hrikalega vanda og hafa þær verið birtar þjóðinni að undanförnu, en á Alþingi hefur hins vegar ekki verið fjallað sérstaklega um afleiðingar atvinnuleysisins, félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar.

Að vísu er það ekki nýtt að atvinnuleysi hrjái þjóðina undir stjórnum Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Það er fastur fylgifiskur stjórna þessara flokka, en áður komst atvinnuleysi í hámark á lýðveldistímanum í tíð viðreisnarstjórnarinnar fyrir 1970.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að fram fari ítarleg rannsókn á félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum afleiðingum atvinnuleysis. Engar heildarrannsóknir liggja frammi um þau efni á Íslandi. Brýn þörf er á því að þær rannsóknir fari fram en slík rannsókn má þó á engan hátt tefja fyrir aðgerðum. Þvert á móti liggur þegar fyrir til hvaða aðgerða er unnt að grípa, bæði í atvinnumálum og menntamálum, til að draga úr atvinnuleysi. Rannsókn sem þessi gæti skapað skilning á því hjá stjórnvöldum sérstaklega hversu háskalegt atvinnuleysið er og hún gæti einnig vísað veginn fyrir nýjar aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi.

Nærri 300 í meira en ár.

Í yfirliti, sem flutningsmönnum hefur borist frá Hagstofunni, kemur í ljós að nærri 300 þeirra sem atvinnulausir voru í maílok höfðu verið atvinnulausir í meira en 52 vikur eða eitt ár. Þar er um að ræða 136 konur og 137 karla. Þannig er atvinnuleysi orðið varanlegt vandamál á þúsundum heimila og mörg hundruð heimila hafa haft atvinnuleysisvofuna inni á gafli hjá sér frá því á sama tíma í fyrra og lengur.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Ljóst er að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur enga burði til þess að standa undir öllu þessu atvinnuleysi. 30. september hafði sjóðurinn greitt 1.320.705.176 kr. í atvinnuleysisbætur eða um 1,3 milljarða kr. Forráðamenn sjóðsins gera ráð fyrir að atvinnuleysisbætur á árinu verði hátt í 1,7 milljarða kr. Sjóðurinn er nú þegar tómur og lifir á aukafjárveitingum eða á því að ganga á höfuðstól eigna sinna. Auk atvinnuleysisbótanna hefur sjóðurinn greitt til umsjónarnefndar eftirlauna, 235 millj. kr. það sem af er árinu, 15,3 millj. kr. til kjararannsóknanefndar og svo til eigin rekstrar. Ríkisstjórnin áformaði á sl. hausti að skerða atvinnuleysisbætur. Verkalýðshreyfingunni tókst í síðustu samningum að koma í veg fyrir það. Bótakerfi sjóðsins stendur því óskert enn. Vandi sjóðsins er hins vegar gríðarlegur og nauðsynlegt er að taka hann til endurskoðunar, þó ekki væri nema til þess að tengja hann betur við það kerfi endurmenntunar og fullorðinsfræðslu sem koma verður upp í landinu með hliðsjón af hinu geigvænlega atvinnuleysi.

Áfall fyrir þjóðarbúið.

Aldrei hefur birst opinberlega hve þjóðin tapar miklu á atvinnuleysinu. Gerum ráð fyrir að tap þjóðarbúsins og verðmætisaukinn eftir hvert starf sé 2 millj. kr. á ári að meðaltali. Sú tala er áreiðanlega ekki fjarri lagi. Þá nemur tap þjóðarbúsins vegna þess að 3.500 manns hafa ekki atvinnu allt árið um 7.000 millj. kr. eða margfalt hærri upphæð en nemur þeim greiðslum sem fólkið fær greitt í atvinnuleysisbætur. Því er réttlætanlegt að verja verulegum fjármunum til þess úr ríkissjóði að auka atvinnu, frá efnahagslegu sjónarmiði, að ekki sé minnst á félagslega og mannlega þáttinn. Fróðlegt væri einnig að bera saman gjalda- og tekjustöðu ríkisins í þessu sambandi en það verður ekki gert hér.

Gegn einstaklingsframtaki.

Ljóst er að núverandi ríkisstjórn hefur gengið lengra í því en nokkur önnur stjórn fyrr og síðar að brjóta niður framtak einstaklingsins. Nú eru um 3.500 manns án atvinnu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi fari enn vaxandi á næstunni og aldrei verður það mælt í tölum að atvinnuleysið hefur hrikalegar afleiðingar fyrir sjálfsvirðingu einstaklingsins. Af hverju eru allar neyðarstofnanir yfirfullar á þessu ári? Hvaða afleiðingar hefur lokun framhaldsskólanna? Hvaða afleiðingar hefur atvinnuleysi í marga mánuði eða ár á sjálfsmynd einstaklingsins? Og svo framvegis. Rannsókn sú, sem hér er gerð tillaga um, á einnig að taka á hinum mannlegu vandamálum eins og kostur er.

Erlendis.

Atvinnuleysið er hrikalegt og vaxandi vandamál í grannlöndum okkar. Atvinnuleysi í Finnlandi er um 15% sem þýðir að annar hver íbúi Finnlands finnur fyrir atvinnuleysinu með beinum og óbeinum hætti. 10,6% vinnufærra Dana eru atvinnulausir, 6,0% Svía og 5,4% Norðmanna. Í Evrópubandalaginu, þar sem búa um 350 milljónir manna, eru 50 milljónir undir svonefndum fátækramörkum.

Evrópuumræðan, sem hefur verið í gangi um langt árabil, tekur hvergi á þessum vandamálum. Þvert á móti má benda á að Evrópustefnan stuðli að atvinnuleysi. Stefnan gengur út á það að auka svonefnda samkeppnishæfni fyrirtækja. Það gerist með hagræðingu í rekstri. Hagræðing í rekstri hefur oftar en ekki í för með sér uppsagnir. Má því halda því fram að þessi stefna hinnar köldu markaðshyggju, sem fylgt er víðast hvar um þessar mundir, hafi atvinnuleysi í för með sér og að atvinnuleysið hljóti að aukast meðan þessi stefna er alls ráðandi.

Fylgiskjal I.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins:

Yfirlit um atvinnuástandið.
(13. október 1992.)

Í septembermánuði síðast liðnum voru skráðir 77 þúsund atvinnuleysisdagar á landinu öllu og skiptust þeir þannig milli kynja að 44 þúsund dagar skráðust hjá konum eða 57% af heildarfjölda en 33 þúsund hjá körlum.

Samkvæmt þessu hefur skráðum atvinnuleysisdögum fjölgað um tæplega 5 þúsund frá mánuðinum á undan mest hjá konum, eða um 3 þúsund daga. Sé hins vegar miðað við septembermánuð í fyrra hefur skráð atvinnuleysi sem næst þrefaldast milli ára, en þá voru skráðir tæplega 26 þúsund atvinnuleysisdagar.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í septembermánuði síðast liðnum svarar til þess að 3500 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum en það jafngildir 2,7% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, sem er aukning um 0,2 prósentustig frá ágústmánuði.

Á 3. ársfjórðungi yfirstandandi árs hafa verið skráðir tæplega 230 þúsund atvinnuleysisdagar á landinu öllu en voru 93 þúsund á 3. ársfjórðungi 1991.

Í septembermánuði síðasts liðnum fjölgaði skráðum atvinnuleysisdögum á öllum skráningarsvæðum nema Vesturlandi. Mest var aukningin á Suðurnesjum eða 1743 dagar. Á því svæði er atvinnuleysi mest á landinu eða 6,0% af mannafla eða einu prósentustigi minna enn í janúar á þessu ári, en í þeim mánuði er atvinnuleysi jafnan mest. Hjá konum á Suðurnesjum mældist atvinnuleysið í septembermánuði 10,8%.

Að öðru leyti skiptist skráð atvinnuleysi flokkað eftir svæðum og kyni þannig:

Svæði:	Konur	Karlar	Alls
Höfuðborgarsvæðið	3,1%	1,9%	2,4%
Vesturland	4.0%	2,0%	2,8%
Vestfirðir	1,4%	0,6%	0,9%
Norðurland vestra	2,6%	1,8%	2,1%
Norðurland eystra	4,5%	2,0%	3,0%
Austurland	3,6%	2,2%	2,8%
Suðurland	4,0%	2,1%	2,9%
Suðurnes	10.8%	3.0%	6,0%
Landið allt:	3,7%	2,0%	2,7%
Landsbyggðin	4,6%	2,0%	3,1%
Höfuðborgarsvæðið	3,1%	1,9%	2,4%

Síðasta virka dag septembermánaðar síðast liðinn voru 3600 manns á atvinnuleysisskrá eða sem næst sami fjöldi og nemur meðaltali mánaðarins.

Á 3. ársfjórðungi þessa árs bárust Vinnumálaskrifstofunni tilkynningar frá fyrirtækjum og öðrum atvinnurekendum um uppsagnir rösklega 900 starfsmanna, sem taka gildi á síðasta fjórðungi ársins.

Þessar uppsagnir skiptast þannig eftir starfsgreinum:

Verktakar	116 störf
Iðnaður	289 -
Fiskveiðar og vinnsla	212 -
Samgöngur á sjó	56 -
Verslun og þjónusta	248 -
	Alls: 921 störf.

Rétt er að taka fram að í nokkrum tilfellum er um endurskipulagningu að ræða í atvinnurekstri þannig að ekki er gert ráð fyrir að allar uppsagnir komi til framkvæmda.

Fylgiskjal II.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins:

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í september 1992 eftir búsetu og kyni.

(12. október 1992.)

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í september 1992 eftir búsetu og kyni, ásamt breytingum frá næsta mánuði á undan og á síðustu 12 mánuðum.

Heildarvinnuafl í síðasta mánuði er áætlað 131728 manns.

Atvinnuleysi á landsvísu var 2.7%.

					Breytingar							
					Frá síðasta mánuði				Miðað við september 1991			
	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur
Höfuðborgarsvæðið	40487	1867	850	1017	1543	70	57	13	31230	1440	635	805
Vesturland	4451	205	89	116	-1303	-61	-29	-32	2246	105	50	55
Vestfirðir	1029	47	18	29	472	22	5	17	799	36	12	24
Norðurland vestra	2452	113	58	55	81	3	4	-1	838	37	21	16
Norðurland eystra	8118	375	149	226	1001	48	-2	50	4014	186	64	122
Austurland	3782	173	85	88	570	25	13	12	1907	87	39	48
Suðurland	6181	285	127	158	636	28	3	25	4055	188	71	117
Suðurnes	10166	469	146	323	1743	80	20	60	5795	267	92	175
Landið allt	76666	3534	1522	2012	4746	215	71	144	50884	2346	984	1362

Fylgiskjal III.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins:

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í september 1992 eftir landshlutum og stöðum.

(12. október 1992.)

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í september 1992 eftir landshlutum og stöðum. Tölurnar hægra megin í hverjum dálki eru frá ágúst 1992

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Höfuðborgarsvæðið								
Reykjavík	27800	25651	14916	14453	1283	1184	688	667
Seltjarnarnes	855	786	498	441	39	36	23	20
Kópavogur	4799	4978	2551	2645	221	230	118	122
Garðabær	1257	1073	600	584	58	50	28	27
Hafnarfjörður	4624	5103	2659	2695	213	235	123	124
Mosfellsbær	1081	1243	786	890	50	57	36	41
Bessastaðahreppur	71	110	26	60	3	5	1	3
Samtals:	40487	38944	22036	21768	1867	1797	1017	1004
Vesturland								
Akranes	3098	4153	1768	2383	143	192	82	110
Borgarnes	632	697	429	386	29	32	20	18
Ólafsvík	202	117	92	39	9	5	4	2
Stykkishólmur	297	560	141	360	14	26	7	17
Hellissandur	222	207	58	11	10	10	3	1
Grundarfjörður	0	20	0	0	0	1	0	0
Samtals:	4451	5754	2488	3179	205	266	116	148
Vestfirðir								
Bolungarvík	0	0	0	0	0	0	0	0
Ísafjörður	225	160	163	41	10	7	8	2
Patreksfjörður	453	199	299	108	21	9	14	5
Bíldudalur	260	84	102	47	12	4	5	2
Þingeyri	18	70	12	42	1	3	1	2
Flateyri	0	0	0	0	0	0	0	0
Suðureyri	73	44	16	22	3	2	1	1
Súðavík	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:	1029	557	592	260	47	25	29	12
Norðurland vestra								
Sauðárkrókur	487	508	246	365	22	23	11	17
Siglufjörður	607	672	253	274	28	31	12	13
Drangsnes	0	0	0	0	0	0	0	0
Hólmavík	21	14	0	0	1	1	0	0
Hvammstangi	305	271	120	112	14	13	6	5
Blönduós	630	520	326	226	29	24	15	10
Skagaströnd	115	144	48	63	5	7	2	3
Hofshreppur	110	136	63	66	5	6	3	3
Lýtingsstaðahreppur	120	42	59	42	6	2	3	2
Seyluhreppur	57	64	57	64	3	3	3	3
Akrahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:	2452	2371	1172	1212	113	110	55	56

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í september 1992 eftir landshlutum og stöðum. Tölurnar hægra megin í hverjum dálki eru frá ágúst 1992

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Norðurland eystra								
Ólafsfjörður	164	180	69	37	8	8	3	2
Dalvík	401	239	162	95	19	11	7	4
Akureyri	5120	5297	3418	2945	236	244	158	136
Húsavík	1232	660	746	399	57	30	34	18
Hrísey	35	26	31	26	2	1	1	1
Árskógshreppur	81	20	43	0	4	1	2	0
Öxarfjarðarhreppur	10	52	10	52	0	2	0	2
Raufarhöfn	170	0	0	0	8	0	0	0
Þórshöfn	723	578	306	268	33	27	14	12
Grýtubakkahreppur	182	62	159	24	8	3	7	1
Samtals:	8118	7114	4944	3846	375	327	226	176
Austurland								
Seyðisfjörður	909	416	523	162	42	19	24	7
Neskaupstaður	264	199	55	60	12	9	3	3
Eskifjörður	114	155	57	78	5	7	3	4
Höfn í Hornafirði	360	186	166	87	17	9	8	4
Bakkafjörður	52	18	28	0	2	1	1	0
Vopnafjörður	200	246	93	159	9	11	4	7
Bakkagerði	441	387	270	236	20	18	12	11
Egilsst., Fellab. og Hérað	607	720	402	491	28	33	19	23
Reyðarfjörður	258	194	90	42	12	9	4	2
Fáskrúðsfjörður	331	353	157	137	15	16	7	6
Stöðvarfjörður	50	214	50	124	2	10	2	6
Breiðdalsvík	118	124	26	55	5	6	1	3
Djúpivogur	78	0	0	0	4	0	0	0
Samtals:	3782	3212	1917	1631	173	148	88	76
Suðurland								
Selfoss	1815	1844	1165	1196	84	85	54	55
Hveragerði	607	390	336	227	28	18	16	10
Þorlákshöfn	797	726	281	125	37	34	13	6
Vík í Mýrdal	53	63	12	14	2	3	1	1
Hvolsvöllur	88	78	77	42	4	4	4	2
Hella / Rang.	287	243	219	166	13	11	10	8
Þykkvibær	10	21	5	21	0	1	0	1
Stokkseyri	543	333	212	153	25	15	10	7
Eyrarbakki	734	641	595	448	34	30	27	21
Skaftárhreppur	76	128	40	55	4	6	2	3
Fljótshlíðarhreppur	131	172	44	52	6	8	2	2
Vestmannaeyjar	1040	906	420	362	48	42	19	17
Samtals:	6181	5545	3406	2861	285	257	158	133

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í september 1992 eftir landshlutum og stöðum. Tölurnar hægra megin í hverjum dálki eru frá ágúst 1992

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Suðurnes								
Grindavík	2098	1959	1496	1312	97	90	69	61
Keflavík	5029	3630	3366	2429	232	168	155	112
Njarðvík	1592	1495	1208	1065	73	69	56	49
Sandgerði	453	608	225	319	21	28	10	15
Gerðahreppur	491	207	263	102	23	10	12	5
Vogar	503	524	447	446	23	24	21	21
Samtals:	10166	8423	7005	5673	469	389	323	263
Samtals fyrir landið:	76666	71920	43560	40430	3534	3319	2012	1868

Fylgiskjal IV.

Vinnumáladeild félagsmálaráðuneytisins:

Atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni árið 1992.

	Jan	feb	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des	Meðal tal
Atvinnuleysi alls													
Höfuðborgarsv.	1219	1566	1932	1913	1620	1857	2128						1748
Landsbyggðin	2811	1900	1885	1795	1587	1643	1584						1885
Vesturland	240	157	164	191	185	229	239						201
Vestfirðir	34	25	21	15	12	15	38						23
Norðurl. vestra	337	217	241	225	162	162	160						213
Norðurl. eystra	778	547	541	493	383	357	330						490
Austurland	330	217	277	205	168	181	124						217
Suðurland	373	352	319	285	264	264	281						334
Suðurnes	519	385	322	371	393	435	412						405
Samtals	4030	3466	3817	3698	3207	3500	3712	0	0	0	0	0	3633
Atvinnuleysi karlar													
Höfuðborgarsv.	790	1006	1211	1145	894	867	936						978
Landsbyggðin	1336	955	978	889	763	726	683						904
Vesturland	97	75	81	81	79	89	98						86
Vestfirðir	18	16	17	11	8	10	17						14
Norðurl. vestra	203	135	153	138	94	82	78						125
Norðurl. eystra	404	322	314	268	200	176	152						262
Austurland	151	98	153	118	114	97	64						114
Suðurland	286	173	149	135	124	119	139						161
Suðurnes	177	136	111	138	144	153	140						143
Samtals	2126	1961	2189	2034	1657	1593	1619	0	0	0	0	0	1883
Atvinnuleysi konur													
Höfuðborgarsv.	429	560	721	768	726	990	1192						769
Landsbyggðin	1475	945	907	896	824	917	901						981
Vesturland	143	82	83	110	106	140	141						113
Vestfirðir	16	9	4	4	4	5	21						9
Norðurl. vestra	134	82	88	87	68	80	87						89
Norðurl. eystra	374	225	227	225	183	181	178						228
Austurland	179	119	124	87	74	84	60						104
Suðurland	287	179	170	150	140	145	142						173
Suðurnes	342	249	211	233	249	282	272						263
Samtals	1904	1505	1628	1664	1550	1907	2093	0	0	0	0	0	1750
Atvinnuleysi alls,%													
Höfuðborgarsv.	1.7%	2.2%	2.7%	2.6%	2.1%	2.4%	2.6%						2.3%
Landsbyggðin	5.5%	3.7%	3.7%	3.4%	2.9%	3.0%	2.8%						3.5%
Vesturland	3.4%	2.2%	2.3%	2.7%	2.5%	3.0%	3.1%						2.7%
Vestfirðir	0.7%	0.5%	0.4%	0.3%	0.2%	0.3%	0.7%						0.4%
Norðurl. vestra	6.7%	4.3%	4.8%	4.4%	3.0%	3.0%	2.8%						4.1%
Norðurl. eystra	6.6%	4.7%	4.6%	4.1%	3.1%	2.8%	2.5%						4.0%
Austurland	5.6%	3.7%	4.7%	3.4%	3.0%	2.8%	1.9%						3.5%
Suðurland	6.2%	3.8%	3.4%	3.0%	2.7%	2.6%	2.7%						3.5%
Suðurnes	7.0%	5.2%	4.4%	4.9%	5.1%	5.4%	5.0%						5.3%
Samtals	3.2%	2.8%	3.1%	2.9%	2.5%	2.6%	2.7%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.8%
Atvinnuleysi karlar,%													
Höfuðborgarsv.	1.9%	2.4%	2.9%	2.7%	2.0%	1.9%	2.0%						2.3%
Landsbyggðin	4.3%	3.1%	3.1%	2.8%	2.3%	2.2%	2.0%						2.8%
Vesturland	2.3%	1.7%	1.9%	1.8%	1.8%	1.9%	2.0%						1.9%
Vestfirðir	0.6%	0.5%	0.6%	0.4%	0.3%	0.3%	0.5%						0.4%
Norðurl. vestra	6.6%	4.4%	5.0%	4.4%	2.9%	2.5%	2.1%						3.9%
Norðurl. eystra	5.8%	4.6%	4.5%	3.8%	2.7%	2.3%	2.0%						3.6%
Austurland	4.2%	2.7%	4.2%	3.2%	3.0%	2.5%	1.6%						3.0%
Suðurland	5.1%	3.1%	2.7%	2.4%	2.1%	2.0%	2.2%						2.8%
Suðurnes	3.9%	3.0%	2.4%	2.9%	3.0%	3.1%	2.7%						3.0%
Samtals	2.9%	2.7%	3.0%	2.7%	2.2%	2.0%	2.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	2.5%
Atvinnuleysi konur,%													
Höfuðborgarsv.	1.4%	1.8%	2.3%	2.4%	2.2%	2.9%	3.4%						2.4%
Landsbyggðin	7.3%	4.7%	4.5%	4.3%	3.9%	4.2%	4.0%						4.7%
Vesturland	5.2%	3.0%	3.0%	3.9%	3.7%	4.7%	4.6%						4.0%
Vestfirðir	0.8%	0.5%	0.2%	0.2%	0.2%	0.2%	1.0%						0.4%
Norðurl. vestra	6.7%	4.1%	4.4%	4.3%	3.3%	3.7%	3.9%						4.3%
Norðurl. eystra	7.9%	4.7%	4.8%	4.6%	3.7%	3.5%	3.4%						4.6%
Austurland	7.9%	5.2%	5.5%	3.7%	3.1%	3.4%	2.4%						4.4%
Suðurland	7.8%	4.8%	4.6%	4.0%	3.6%	3.6%	3.4%						4.5%
Suðurnes	12.2%	8.9%	7.5%	8.1%	8.4%	9.3%	8.7%						9.0%
Samtals	3.7%	2.9%	3.2%	3.2%	2.9%	3.4%	3.6%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	3.3%

Fylgiskjal V.

Hagstofa Íslands:

Atvinnuleysi eftir lengd þess 1986–1992.

	Umreiknaðar (blásnar) tölur eftir skýrslum													Samræmdir dálkar				
	Alls	1 vika eða skemur	2 vikur	2-3 vikur	3-4 vikur	4-12 vikur	5-8 vikur	9-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur	26-38 vikur	39-51 vikur	1 ár eða lengur	Alls	1 vika eða skemur	2-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur
Fjöldi																		
Karlar																		
feb.86	**648**	69	64	...	105	...	145	96	133	36	...	...	...	**648**	69	410	133	36
maí.86	**438**	90	83	...	45	...	48	37	77	58	...	...	...	**438**	90	213	77	58
ágú.86	**229**	25	16	...	36	...	17	29	44	62	...	...	...	**229**	25	98	44	62
nóv.86	**320**	66	52	...	59	...	64	13	16	50	...	...	...	**320**	66	188	16	50
feb.87	**381**	28	23	...	35	...	70	70	115	40	...	...	...	**381**	28	198	115	40
maí.87	**226**	25	35	...	35	...	27	13	50	41	...	...	...	**226**	25	110	50	41
ágú.87	**139**	13	13	...	15	...	18	7	18	55	...	...	...	**139**	13	53	18	55
nóv.87	**174**	27	44	...	48	...	26	3	7	19	...	...	...	**174**	27	121	7	19
feb.88	**409**	38	26	...	76	...	133	53	54	29	...	...	...	**409**	38	288	54	29
maí.88	**197**	21	12	...	16	...	26	25	77	20	...	...	...	**197**	21	79	77	20
ágú.88	**192**	8	17	...	35	...	33	34	26	39	...	...	...	**192**	8	119	26	39
nóv.88	**592**	106	73	...	157	...	128	53	20	55	...	...	...	**592**	106	411	20	55
feb.89	**1.340**	100	130	...	220	...	346	227	233	84	...	...	...	**1.340**	100	923	233	84
maí.89	**838**	101	74	...	97	...	90	82	254	140	...	...	...	**838**	101	343	254	140
ágú.89	**690**	55	45	...	79	...	92	97	166	156	...	...	...	**690**	55	313	166	156
nóv.89	**1.068**	142	...	190	...	382	...	...	148	.	81	58	67	**1.068**	142	572	148	206
feb.90	**1.715**	101	...	212	...	646	...	...	501	.	105	68	82	**1.715**	101	858	501	255
maí.90	**1.070**	87	...	144	...	204	...	...	270	.	187	84	94	**1.070**	87	348	270	365
ágú.90	**782**	66	...	95	...	200	...	...	154	.	120	88	59	**782**	66	295	154	267
nóv.90	**915**	101	...	153	...	303	...	...	129	.	64	80	85	**915**	101	456	129	229
feb.91	**1.280**	62	...	145	...	472	...	...	341	.	82	58	120	**1.280**	62	617	341	260
maí.91	**776**	68	...	106	...	176	...	...	157	.	111	56	102	**776**	68	282	157	269
ágú.91	**680**	39	...	88	...	213	...	...	126	.	85	42	87	**680**	39	301	126	214
nóv.91	**1.354**	190	...	366	...	485	...	...	136	.	51	27	99	**1.354**	190	851	136	177
feb.92	**2.354**	209	...	362	...	946	...	...	569	.	105	51	112	**2.354**	209	1.308	569	268
maí.92	**2.327**	248	...	343	...	601	...	...	649	.	270	79	137	**2.327**	248	944	649	486

	Umreiknaðar (blásnar) tölur eftir skýrslum													Samræmdir dálkar				
	Alls	1 vika eða skemur	2 vikur	2-3 vikur	3-4 vikur	4-12 vikur	5-8 vikur	9-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur	26-38 vikur	39-51 vikur	1 ár eða lengur	Alls	1 vika eða skemur	2-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur
Fjöldi																		
Konur																		
feb.86	**386**	29	26	...	69	...	87	55	90	30	...	...	...	**386**	29	237	90	30
maí.86	**495**	129	60	...	63	...	66	36	94	47	...	...	...	**495**	129	225	94	47
ágú.86	**276**	39	15	...	38	...	53	47	49	35	...	...	...	**276**	39	153	49	35
nóv.86	**316**	36	44	...	46	...	87	26	58	19	...	...	...	**316**	36	203	58	19
feb.87	**350**	28	11	...	48	...	76	76	70	41	...	...	...	**350**	28	211	70	41
maí.87	**293**	42	31	...	29	...	37	35	96	23	...	...	...	**293**	42	132	96	23
ágú.87	**223**	12	12	...	41	...	40	32	48	38	...	...	...	**223**	12	125	48	38
nóv.87	**253**	42	42	...	53	...	56	18	30	12	...	...	...	**253**	42	169	30	12
feb.88	**486**	26	34	...	121	...	153	51	84	17	...	...	...	**486**	26	359	84	17
maí.88	**353**	19	19	...	49	...	38	44	133	51	...	...	...	**353**	19	150	133	51
ágú.88	**373**	30	25	...	71	...	50	43	62	92	...	...	...	**373**	30	189	62	92
nóv.88	**779**	66	50	...	183	...	188	166	69	57	...	...	...	**779**	66	587	69	57
feb.89	**1.497**	92	93	...	210	...	333	250	429	90	...	...	...	**1.497**	92	886	429	90
maí.89	**1.012**	73	85	...	114	...	124	100	284	232	...	...	...	**1.012**	73	423	284	232
ágú.89	**964**	63	53	...	111	...	140	137	219	241	...	...	...	**964**	63	441	219	241
nóv.89	**1.308**	82	...	220	...	457	...	...	257	.	117	94	81	**1.308**	82	677	257	292
feb.90	**1.643**	150	...	119	...	517	...	...	542	.	150	70	95	**1.643**	150	636	542	315
maí.90	**1.250**	62	...	161	...	240	...	...	301	.	289	99	98	**1.250**	62	401	301	486
ágú.90	**1.080**	57	...	124	...	320	...	...	201	.	197	89	92	**1.080**	57	444	201	378
nóv.90	**940**	46	...	125	...	319	...	...	161	.	105	68	116	**940**	46	444	161	289
feb.91	**1.027**	52	...	79	...	332	...	...	283	.	101	59	121	**1.027**	52	411	283	281
maí.91	**792**	39	...	102	...	188	...	...	191	.	110	51	111	**792**	39	290	191	272
ágú.91	**809**	78	...	127	...	275	...	...	132	.	60	42	95	**809**	78	402	132	197
nóv.91	**1.158**	82	...	190	...	493	...	...	226	.	49	25	93	**1.158**	82	683	226	167
feb.92	**1.808**	136	...	204	...	723	...	...	446	.	131	48	120	**1.808**	136	927	446	299
maí.92	**2.189**	192	...	293	...	621	...	...	620	.	248	79	136	**2.189**	192	914	620	463

	Umreiknaðar (blásnar) tölur eftir skýrslum													Samræmdir dálkar				
	Alls	1 vika eða skemur	2 vikur	2-3 vikur	3-4 vikur	4-12 vikur	5-8 vikur	9-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur	26-38 vikur	39-51 vikur	1 ár eða lengur	Alls	1 vika eða skemur	2-12 vikur	13-25 vikur	26 vikur og lengur
Fjöldi																		
Bæði kynin																		
feb.86	1.034	98	90	...	174	...	232	151	223	66	...	...	...	1.034	98	647	223	66
maí.86	933	219	143	...	108	...	114	73	171	105	...	...	...	933	219	438	171	105
ágú.86	505	64	31	...	74	...	70	76	93	97	...	...	...	505	64	251	93	97
nóv.86	636	102	96	...	105	...	151	39	74	69	...	...	...	636	102	391	74	69
feb.87	731	56	34	...	83	...	146	146	185	81	...	...	...	731	56	409	185	81
maí.87	519	67	66	...	64	...	64	48	146	64	...	...	...	519	67	242	146	64
ágú.87	362	25	25	...	56	...	58	39	66	93	...	...	...	362	25	178	66	93
nóv.87	427	69	86	...	101	...	82	21	37	31	...	...	...	427	69	290	37	31
feb.88	895	64	60	...	197	...	286	104	138	46	...	...	...	895	64	647	138	46
maí.88	550	40	31	...	65	...	64	69	210	71	...	...	...	550	40	229	210	71
ágú.88	565	38	42	...	106	...	83	77	88	131	...	...	...	565	38	308	88	131
nóv.88	1.371	172	123	...	340	...	316	219	89	112	...	...	...	1.371	172	998	89	112
feb.89	2.837	192	223	...	430	...	679	477	662	174	...	...	...	2.837	192	1.809	662	174
maí.89	1.850	174	159	...	211	...	214	182	538	372	...	...	...	1.850	174	766	538	372
ágú.89	1.654	118	98	...	190	...	232	234	385	397	...	...	...	1.654	118	754	385	397
nóv.89	2.376	224	...	410	...	839	...	...	405	...	198	152	148	2.376	224	1.249	405	498
feb.90	3.358	251	...	331	...	1.163	...	...	1.043	...	255	138	177	3.358	251	1.494	1.043	570
maí.90	2.320	149	...	305	...	444	...	...	571	...	476	183	192	2.320	149	749	571	851
ágú.90	1.862	123	...	219	...	520	...	...	355	...	317	177	151	1.862	123	739	355	645
nóv.90	1.855	147	...	278	...	622	...	...	290	...	169	148	201	1.855	147	900	290	518
feb.91	2.307	114	...	224	...	804	...	...	624	...	183	117	241	2.307	114	1.028	624	541
maí.91	1.568	107	...	208	...	364	...	...	348	...	221	107	213	1.568	107	572	348	541
ágú.91	1.489	117	...	215	...	488	...	...	258	...	145	84	182	1.489	117	703	258	411
nóv.91	2.512	272	...	556	...	978	...	...	362	...	100	52	192	2.512	272	1.534	362	344
feb.92	4.162	345	...	566	...	1.669	...	...	1.015	...	236	99	232	4.162	345	2.235	1.015	567
maí.92	4.516	440	...	636	...	1.222	...	...	1.269	...	518	158	273	4.516	440	1.858	1.269	949

Atvinnuleysi eftir kyni og aldri 1986–1992.

		Báðir kynin	Atvinnuleysi alls, skipting eftir aldri									Karlar alls	Skipting karla eftir aldri									Konur alls	Skipting kvenna eftir aldri								
			15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-		15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-		15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-
1986	Meðalt.	800	60	51	90	82	122	105	135	113	42	425	37	25	40	36	63	54	70	66	34	375	23	26	50	46	59	51	65	47	8
1987	Meðalt.	516	24	20	45	49	65	68	103	96	46	231	8	9	16	17	26	31	45	49	30	285	16	11	29	32	39	37	58	47	16
1988	Meðalt.	847	23	33	80	88	126	119	168	156	54	349	11	12	27	29	46	49	73	65	37	498	12	21	53	59	80	70	95	91	17
1989	Meðalt.	2.181	89	113	292	272	384	286	314	331	100	984	54	55	120	119	166	123	143	139	65	1.197	35	58	172	153	218	163	171	192	35
1990	Meðalt.	2.350	105	130	294	257	446	310	336	389	83	1.121	63	69	131	100	203	142	153	205	55	1.229	42	61	163	157	243	168	183	184	28
1991	Meðalt.	1.970	89	112	251	227	350	262	277	374	28	1.023	58	66	121	106	164	138	143	206	21	947	31	46	130	121	186	124	134	168	7
1986	Feb.	1.034	30	53	117	116	192	149	184	145	48	648	18	17	59	54	125	97	130	105	43	386	12	36	58	62	67	52	54	40	5
1986	Maí	933	134	93	127	68	136	93	127	119	36	438	84	44	58	22	57	38	47	60	28	495	50	49	69	46	79	55	80	59	8
1986	Ágúst	505	0	5	50	62	55	77	107	101	48	229	-	-	15	33	24	25	48	48	36	276	-	5	35	29	31	52	59	53	12
1986	Nóv.	636	17	28	64	80	104	102	120	87	34	320	10	15	26	33	46	57	55	51	27	316	7	13	38	47	58	45	65	36	7
1987	Feb.	731	18	23	63	81	107	104	149	130	56	381	4	7	24	27	54	57	82	85	41	350	14	16	39	54	53	47	67	45	15
1987	Maí	519	46	31	41	50	68	60	97	76	50	226	26	14	14	17	16	24	39	42	34	293	20	17	27	33	52	36	58	34	16
1987	Ágúst	362	1	7	23	30	22	52	84	91	52	139	1	4	8	15	9	19	22	29	32	223	-	3	15	15	13	33	62	62	20
1987	Nóv.	427	15	20	52	36	63	54	78	83	26	174	2	11	16	9	26	23	35	38	14	253	13	9	36	27	37	31	43	45	12
1988	Feb.	895	20	35	65	82	139	141	201	143	69	409	1	12	26	29	57	67	101	71	45	486	19	23	39	53	82	74	100	72	24
1988	Maí	550	6	7	33	54	77	74	132	125	42	197	1	3	4	17	12	28	53	47	32	353	5	4	29	37	65	46	79	78	10
1988	Ágúst	565	4	20	40	53	66	59	125	152	46	192	1	6	9	11	26	14	47	50	28	373	3	14	31	42	40	45	78	102	18
1988	Nóv.	1.371	62	69	181	163	223	199	213	203	58	592	40	26	67	60	90	85	90	91	43	779	22	43	114	103	133	114	123	112	15
1989	Feb.	2.837	161	158	469	360	494	368	387	342	98	1.340	98	76	190	184	221	171	181	153	66	1.497	63	82	279	176	273	197	206	189	32
1989	Maí	1.850	95	119	207	219	299	228	273	316	94	838	58	56	95	97	130	95	118	126	63	1.012	37	63	112	122	169	133	155	190	31
1989	Ágúst	1.654	22	67	180	204	303	221	264	307	86	690	7	33	70	82	119	98	115	115	51	964	15	34	110	122	184	123	149	192	35
1989	Nóv.	2.376	76	109	312	303	440	326	331	357	122	1.068	53	56	126	113	194	128	156	161	81	1.308	23	53	186	190	246	198	175	196	41
1990	Feb.	3.358	149	183	474	395	697	445	440	443	132	1.715	105	97	239	177	346	211	202	243	95	1.643	44	86	235	218	351	234	238	200	37
1990	Maí	2.320	133	150	283	260	394	276	325	395	104	1.070	80	84	112	85	168	120	145	205	71	1.250	53	66	171	175	226	156	180	190	33
1990	Ágúst	1.862	75	111	214	202	333	250	280	339	58	782	28	57	87	69	126	106	109	166	34	1.080	47	54	127	133	207	144	171	173	24
1990	Nóv.	1.855	63	75	206	169	361	270	300	377	34	915	39	38	86	68	172	131	157	206	18	940	24	37	120	101	189	139	143	171	16
1991	Feb.	2.307	75	118	320	270	410	320	317	432	45	1.280	52	69	154	136	198	188	186	264	33	1.027	23	49	166	134	212	132	131	168	12
1991	Maí	1.568	93	98	197	151	252	202	217	332	26	776	59	58	95	60	119	97	102	166	20	792	34	40	102	91	133	105	115	166	6
1991	Ágúst	1.489	68	57	177	158	260	190	230	331	18	680	38	28	72	68	117	89	92	164	12	809	30	29	105	90	143	101	138	167	6
1991	Nóv.	2.512	120	176	309	327	478	335	342	400	25	1.354	84	109	164	159	221	176	190	231	20	1.158	36	67	145	168	257	159	152	169	5
1992	Feb.	4.162	219	310	681	576	832	543	485	475	41	2.354	152	183	398	277	449	322	259	279	35	1.808	67	127	283	299	383	221	226	196	6
1992	Maí	4.516	314	405	712	648	854	547	453	542	41	2.327	192	240	344	285	411	295	236	287	37	2.189	122	165	368	363	443	252	217	255	4

		Bæði kynin	Atvinnuleysi alls, hlutfallsleg skipting eftir aldri, %									Karlar alls	Hlutfallsleg skipting karla eftir aldri, %									Konur alls	Hlutfallsleg skipting kvenna eftir aldri, %								
			15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-		15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-		15-17	18-19	20-24	25-29	30-39	40-49	50-59	60-69	70-
1986	Meðalt.	100,2	7,5	6,4	11,3	10,3	15,3	13,1	16,9	14,1	5,3	100,0	8,7	5,9	9,4	8,5	14,8	12,7	16,5	15,5	8,0	99,8	6,1	6,9	13,3	12,3	15,7	13,6	17,3	12,5	2,1
1987	Meðalt.	100,1	4,7	3,9	8,7	9,5	12,6	13,2	20,0	18,6	8,8	100,1	3,5	3,9	6,9	7,4	11,3	13,4	19,5	21,2	13,0	100,1	5,6	3,9	10,2	11,2	13,7	13,0	20,4	16,5	5,6
1988	Meðalt.	99,9	2,7	3,9	9,4	10,4	14,9	14,0	19,8	18,4	6,4	99,9	3,2	3,4	7,7	8,3	13,2	14,0	20,9	18,6	10,6	100,0	2,4	4,2	10,6	11,8	16,1	14,1	19,1	18,3	3,4
1989	Meðalt.	100,1	4,1	5,2	13,4	12,5	17,6	13,1	14,4	15,2	4,6	100,0	5,5	5,6	12,2	12,1	16,9	12,5	14,5	14,1	6,6	99,9	2,9	4,8	14,4	12,8	18,2	13,6	14,3	16,0	2,9
1990	Meðalt.	100,0	4,5	5,5	12,5	10,9	19,0	13,2	14,3	16,6	3,5	100,0	5,6	6,2	11,7	8,9	18,1	12,7	13,6	18,3	4,9	100,2	3,4	5,0	13,3	12,8	19,8	13,7	14,9	15,0	2,3
1991	Meðalt.	100,0	4,5	5,7	12,7	11,5	17,8	13,3	14,1	19,0	1,4	100,1	5,7	6,5	11,8	10,4	16,0	13,5	14,0	20,1	2,1	99,9	3,3	4,9	13,7	12,8	19,6	13,1	14,1	17,7	0,7
1986	Feb.	99,9	2,9	5,1	11,3	11,2	18,6	14,4	17,8	14,0	4,6	100,0	2,8	2,6	9,1	8,3	19,3	15,0	20,1	16,2	6,6	100,1	3,1	9,3	15,0	16,1	17,4	13,5	14,0	10,4	1,3
1986	Maí	100,2	14,4	10,0	13,6	7,3	14,6	10,0	13,6	12,8	3,9	99,9	19,2	10,0	13,2	5,0	13,0	8,7	10,7	13,7	6,4	100,0	10,1	9,9	13,9	9,3	16,0	11,1	16,2	11,9	1,6
1986	Ágúst	100,0	0,0	1,0	9,9	12,3	10,9	15,2	21,2	20,0	9,5	100,1	-	-	6,6	14,4	10,5	10,9	21,0	21,0	15,7	99,9	-	1,8	12,7	10,5	11,2	18,8	21,4	19,2	4,3
1986	Nóv.	100,1	2,7	4,4	10,1	12,6	16,4	16,0	18,9	13,7	5,3	99,9	3,1	4,7	8,1	10,3	14,4	17,8	17,2	15,9	8,4	100,0	2,2	4,1	12,0	14,9	18,4	14,2	20,6	11,4	2,2
1987	Feb.	100,0	2,5	3,1	8,6	11,1	14,6	14,2	20,4	17,8	7,7	100,0	1,0	1,8	6,3	7,1	14,2	15,0	21,5	22,3	10,8	99,9	4,0	4,6	11,1	15,4	15,1	13,4	19,1	12,9	4,3
1987	Maí	100,0	8,9	6,0	7,9	9,6	13,1	11,6	18,7	14,6	9,6	100,0	11,5	6,2	6,2	7,5	7,1	10,6	17,3	18,6	15,0	100,0	6,8	5,8	9,2	11,3	17,7	12,3	19,8	11,6	5,5
1987	Ágúst	100,1	0,3	1,9	6,4	8,3	6,1	14,4	23,2	25,1	14,4	100,1	0,7	2,9	5,8	10,8	6,5	13,7	15,8	20,9	23,0	99,9	-	1,3	6,7	6,7	5,8	14,8	27,8	27,8	9,0
1987	Nóv.	100,0	3,5	4,7	12,2	8,4	14,8	12,6	18,3	19,4	6,1	99,8	1,1	6,3	9,2	5,2	14,9	13,2	20,1	21,8	8,0	100,0	5,1	3,6	14,2	10,7	14,6	12,3	17,0	17,8	4,7
1988	Feb.	100,1	2,2	3,9	7,3	9,2	15,5	15,8	22,5	16,0	7,7	100,0	0,2	2,9	6,4	7,1	13,9	16,4	24,7	17,4	11,0	99,9	3,9	4,7	8,0	10,9	16,9	15,2	20,6	14,8	4,9
1988	Maí	100,0	1,1	1,3	6,0	9,8	14,0	13,5	24,0	22,7	7,6	99,9	0,5	1,5	2,0	8,6	6,1	14,2	26,9	23,9	16,2	99,9	1,4	1,1	8,2	10,5	18,4	13,0	22,4	22,1	2,8
1988	Ágúst	99,9	0,7	3,5	7,1	9,4	11,7	10,4	22,1	26,9	8,1	99,9	0,5	3,1	4,7	5,7	13,5	7,3	24,5	26,0	14,6	100,0	0,8	3,8	8,3	11,3	10,7	12,1	20,9	27,3	4,8
1988	Nóv.	99,9	4,5	5,0	13,2	11,9	16,3	14,5	15,5	14,8	4,2	100,1	6,8	4,4	11,3	10,1	15,2	14,4	15,2	15,4	7,3	99,9	2,8	5,5	14,6	13,2	17,1	14,6	15,8	14,4	1,9
1989	Feb.	100,1	5,7	5,6	16,5	12,7	17,4	13,0	13,6	12,1	3,5	100,0	7,3	5,7	14,2	13,7	16,5	12,8	13,5	11,4	4,9	100,0	4,2	5,5	18,6	11,8	18,2	13,2	13,8	12,6	2,1
1989	Maí	100,0	5,1	6,4	11,2	11,8	16,2	12,3	14,8	17,1	5,1	99,9	6,9	6,7	11,3	11,6	15,5	11,3	14,1	15,0	7,5	100,1	3,7	6,2	11,1	12,1	16,7	13,1	15,3	18,8	3,1
1989	Ágúst	100,1	1,3	4,1	10,9	12,3	18,3	13,4	16,0	18,6	5,2	100,0	1,0	4,8	10,1	11,9	17,2	14,2	16,7	16,7	7,4	100,1	1,6	3,5	11,4	12,7	19,1	12,8	15,5	19,9	3,6
1989	Nóv.	99,9	3,2	4,6	13,1	12,8	18,5	13,7	13,9	15,0	5,1	100,1	5,0	5,2	11,8	10,6	18,2	12,0	14,6	15,1	7,6	100,0	1,8	4,1	14,2	14,5	18,8	15,1	13,4	15,0	3,1
1990	Feb.	100,0	4,4	5,4	14,1	11,8	20,8	13,3	13,1	13,2	3,9	100,0	6,1	5,7	13,9	10,3	20,2	12,3	11,8	14,2	5,5	100,1	2,7	5,2	14,3	13,3	21,4	14,2	14,5	12,2	2,3
1990	Maí	100,0	5,7	6,5	12,2	11,2	17,0	11,9	14,0	17,0	4,5	100,1	7,5	7,9	10,5	7,9	15,7	11,2	13,6	19,2	6,6	100,0	4,2	5,3	13,7	14,0	18,1	12,5	14,4	15,2	2,6
1990	Ágúst	99,9	4,0	6,0	11,5	10,8	17,9	13,4	15,0	18,2	3,1	99,9	3,6	7,3	11,1	8,8	16,1	13,6	13,9	21,2	4,3	100,0	4,4	5,0	11,8	12,3	19,2	13,3	15,8	16,0	2,2
1990	Nóv.	100,0	3,4	4,0	11,1	9,1	19,5	14,6	16,2	20,3	1,8	100,1	4,3	4,2	9,4	7,4	18,8	14,3	17,2	22,5	2,0	100,0	2,6	3,9	12,8	10,7	20,1	14,8	15,2	18,2	1,7
1991	Feb.	100,1	3,3	5,1	13,9	11,7	17,8	13,9	13,7	18,7	2,0	100,0	4,1	5,4	12,0	10,6	15,5	14,7	14,5	20,6	2,6	100,1	2,2	4,8	16,2	13,0	20,6	12,9	12,8	16,4	1,2
1991	Maí	100,1	5,9	6,3	12,6	9,6	16,1	12,9	13,8	21,2	1,7	99,9	7,6	7,5	12,2	7,7	15,3	12,5	13,1	21,4	2,6	100,2	4,3	5,1	12,9	11,5	16,8	13,3	14,5	21,0	0,8
1991	Ágúst	100,0	4,6	3,8	11,9	10,6	17,5	12,8	15,4	22,2	1,2	100,0	5,6	4,1	10,6	10,0	17,2	13,1	13,5	24,1	1,8	100,0	3,7	3,6	13,0	11,1	17,7	12,5	17,1	20,6	0,7
1991	Nóv.	99,9	4,8	7,0	12,3	13,0	19,0	13,3	13,6	15,9	1,0	100,0	6,2	8,1	12,1	11,7	16,3	13,0	14,0	17,1	1,5	99,9	3,1	5,8	12,5	14,5	22,2	13,7	13,1	14,6	0,4
1992	Feb.	100,0	5,3	7,4	16,4	13,8	20,0	13,0	11,7	11,4	1,0	100,2	6,5	7,8	16,9	11,8	19,1	13,7	11,0	11,9	1,5	99,9	3,7	7,0	15,7	16,5	21,2	12,2	12,5	10,8	0,3
1992	Maí	100,0	7,0	9,0	15,8	14,3	18,9	12,1	10,0	12,0	0,9	100,0	8,3	10,3	14,8	12,2	17,7	12,7	10,1	12,3	1,6	99,9	5,6	7,5	16,8	16,6	20,2	11,5	9,9	11,6	0,2

Atvinnuleysi 29. maí 1992 eftir aldri, kyni og lengd atvinnuleysis.

	Alls	1 vika	2-3 vikur	4-12 v	13-25 v	26-38 v	39-51 v	52 v ofl
Allt landið								
Bæði kynin	4.516	440	636	1222	1269	518	158	273
Karlar alls	2.327	248	343	601	649	270	79	137
15-17 ára	192	43	41	56	31	18	1	2
18-19 ára	240	44	50	62	69	12	2	1
20-24 ára	344	40	68	98	102	26	9	1
25-29 ára	285	37	57	81	77	27	4	2
30-39 ára	411	38	67	98	142	42	9	15
40-49 ára	295	19	35	91	84	33	21	12
50-59 ára	236	23	11	60	50	51	9	32
60-69 ára	287	4	14	52	79	54	21	63
70 ára og eldri	37	-	-	3	15	7	3	9
Konur alls	2.189	192	293	621	620	248	79	136
15-17 ára	122	35	28	26	24	4	-	5
18-19 ára	165	26	35	57	35	10	1	1
20-24 ára	368	38	59	129	104	31	2	5
25-29 ára	363	18	56	111	120	46	6	6
30-39 ára	443	42	50	108	154	51	24	14
40-49 ára	252	12	30	73	71	35	15	16
50-59 ára	217	8	20	58	58	42	10	21
60-69 ára	255	13	15	57	53	29	21	67
70 ára og eldri	4	-	-	2	1	-	-	1
Höfuðborgarsvæði								
Bæði kynin	2708	316	377	822	809	235	62	87
Karlar alls	1480	174	208	412	445	148	38	55
15-17 ára	87	20	10	35	18	4	-	-
18-19 ára	147	27	27	38	47	7	1	-
20-24 ára	233	29	39	68	81	9	7	-
25-29 ára	193	27	36	59	54	14	2	1
30-39 ára	284	32	51	69	101	23	2	6
40-49 ára	196	17	29	63	56	17	11	3
50-59 ára	148	18	7	47	27	32	3	14
60-69 ára	167	4	9	30	51	35	11	27
70 ára og eldri	25	-	-	3	10	7	1	4
Konur alls	1228	142	169	410	364	87	24	32
15-17 ára	52	20	7	17	8	-	-	-
18-19 ára	87	15	13	34	24	1	-	-
20-24 ára	220	31	37	80	55	13	1	3
25-29 ára	205	16	25	70	72	20	1	1
30-39 ára	282	37	34	89	97	16	6	3
40-49 ára	141	10	24	55	38	8	3	3
50-59 ára	124	7	18	30	42	16	3	8
60-69 ára	117	6	11	35	28	13	10	14
70 ára og eldri	0	-	-	-	-	-	-	-
Utan höfuðborgarsvæði								
Bæði kynin	1808	124	259	400	460	283	96	186
Karlar alls	847	74	135	189	204	122	41	82
15-17 ára	105	23	31	21	13	14	1	2
18-19 ára	93	17	23	24	22	5	1	1
20-24 ára	111	11	29	30	21	17	2	1
25-29 ára	92	10	21	22	23	13	2	1
30-39 ára	127	6	16	29	41	19	7	9
40-49 ára	99	2	6	28	28	16	10	9
50-59 ára	88	5	4	13	23	19	6	18
60-69 ára	120	-	5	22	28	19	10	36
70 ára og eldri	12	-	-	-	5	-	2	5
Konur alls	961	50	124	211	256	161	55	104
15-17 ára	70	15	21	9	16	4	-	5
18-19 ára	78	11	22	23	11	9	1	1
20-24 ára	148	7	22	49	49	18	1	2
25-29 ára	158	2	31	41	48	26	5	5
30-39 ára	161	5	16	19	57	35	18	11
40-49 ára	111	2	6	18	33	27	12	13
50-59 ára	93	1	2	28	16	26	7	13
60-69 ára	138	7	4	22	25	16	11	53
70 ára og eldri	4	-	-	2	1	-	-	1

Fylgiskjal VI.

Úr riti Hagstofu Íslands
Landshagir 1991,
Hagskýrslur Íslands III, 5:

Tafla 3.5. Skráðir atvinnulausir og hlutfall þeirra af mannafla eftir mánuðum 1980-1990
Table 3.5. Registered unemployment and unemployment rates by months 1980-1990

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
					Meðalfjöldi atvinnulausra *Number of unemployed*						
Alls *Total*	**331**	**408**	**769**	**1.187**	**1.481**	**1.105**	**823**	**584**	**820**	**2.125**	**2.255**
Janúar	654	870	3.369	2.346	3.885	2.607	2.371	2.350	1.031	2.978	3.929
Febrúar	402	673	945	1.676	2.607	1.380	1.099	616	792	2.628	2.961
Mars	290	565	619	1.406	1.777	2.106	823	570	796	2.490	2.872
Apríl	290	364	382	988	1.156	844	866	557	640	1.806	2.372
Maí	164	263	344	844	1.091	755	786	406	544	1.797	2.237
Júní	167	205	459	919	857	659	679	415	568	1.921	2.112
Júlí	334	182	330	689	775	621	656	420	520	1.810	2.036
Ágúst	425	180	310	680	821	579	466	340	470	1.881	1.974
September	179	224	241	528	536	416	309	204	519	1.517	1.307
Október	225	208	258	677	1.118	474	358	213	706	1.848	1.480
Nóvember	272	413	560	1.255	1.291	960	479	270	1.157	2.183	1.591
Desember	574	744	1.413	2.235	1.854	1.855	982	648	2.092	2.643	2.193
					Hlutfall af heildarmannafla, % *Per cent of labour force*						
Alls *Total*	**0,3**	**0,4**	**0,7**	**1,0**	**1,3**	**0,9**	**0,7**	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,7**
Janúar	0,6	0,8	3,1	2,1	3,4	2,2	2,0	1,8	0,8	2,4	3,1
Febrúar	0,4	0,6	0,9	1,5	2,3	1,2	0,9	0,5	0,6	2,1	2,4
Mars	0,3	0,5	0,6	1,3	1,6	1,8	0,7	0,4	0,6	2,0	2,3
Apríl	0,3	0,3	0,3	0,9	1,0	0,7	0,7	0,4	0,5	1,5	1,9
Maí	0,2	0,2	0,3	0,7	0,9	0,6	0,6	0,3	0,4	1,4	1,7
Júní	0,2	0,2	0,4	0,8	0,7	0,5	0,5	0,3	0,4	1,5	1,6
Júlí	0,3	0,2	0,3	0,6	0,6	0,5	0,5	0,3	0,4	1,3	1,5
Ágúst	0,4	0,2	0,3	0,6	0,7	0,5	0,4	0,2	0,4	1,4	1,5
September	0,2	0,2	0,2	0,4	0,4	0,3	0,2	0,2	0,4	1,2	1,0
Október	0,2	0,2	0,2	0,6	0,9	0,4	0,3	0,2	0,5	1,5	1,1
Nóvember	0,3	0,4	0,5	1,1	1,1	0,8	0,4	0,2	0,9	1,7	1,3
Desember	0,6	0,7	1,3	2,0	1,6	1,6	0,8	0,5	1,6	2,1	1,7

Skýringar: Tölur árin 1980-82 eru byggðar á skráningu atvinnuleysisdaga síðasta dag hvers mánaðar. Frá og með 1983 er tala atvinnulausra reiknuð út frá samanlögðum fjölda atvinnuleysisdaga hvers mánaðar deilt með meðalfjölda vinnudaga í mánuði (21,67 dagur). Vinnuaflstölur sem notaðar eru til grundvallar hlutfallslegu atvinnuleysi, eru í raun vinnuframboð (vinnuaflsnotkun auk atvinnuleysis) hvers árs skipt eftir landshlutum í sömu hlutföllum og fjöldi vinnuvikna eftir landsvæðum, sem Hagstofan reiknar út eftir slysatryggingarskrám skattyfirvalda. Við skiptingu vinnuafls eftir kynjum í einstökum landshlutum er stuðst við skiptingu Byggðastofnunar á vinnuafli eftir kynjum fyrir árið 1985.
Note: Before 1983 the monthly unemployment figures are based on the unemployment registration on the last day of each month. From 1983 number of unemployed is calculated as the total number of registered unemployment days in each month divided by the average number of monthly working days (21.67 days). The labour force figures used for calculation of the relative unemployment figures are based on statistics on accident-insured work weeks, that are derived from tax sources.

Heimildir: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins (Yfirlit um atvinnuástandið); Þjóðhagsstofnun; Hagstofa Íslands (Hagtíðindi)
Sources: Labour Department of the Ministry of Social Affairs (Monthly bulletin on unemployment); National Economic Institute; Statistical Bureau of Iceland (Hagtíðindi).

Tafla 3.6. **Skráð atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni 1980-1990**
Table 3.6. *Registered unemployment by regions and sex 1980-1990*

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Meðalfjöldi											
Daily average											
Alls *Total*	**331**	**406**	**769**	**1.187**	**1.481**	**1.104**	**823**	**584**	**820**	**2.125**	**2.255**
Höfuðborgarsv.	101	130	263	464	519	311	253	114	177	859	913
Suðurnes	23	29	70	96	129	151	89	44	50	153	142
Vesturland	13	13	66	84	111	100	64	66	102	192	186
Vestfirðir	7	1	4	15	23	20	9	27	16	40	22
Norðurl. vestra	40	43	111	127	110	81	75	59	100	179	155
Norðurl. eystra	80	116	144	220	326	247	169	119	166	312	403
Austurland	29	28	63	76	119	90	59	58	74	160	198
Suðurland	38	46	48	106	143	104	107	98	134	231	236
Karlar alls											
Males total	**162**	**192**	**326**	**600**	**653**	**454**	**404**	**237**	**325**	**938**	**1.063**
Höfuðborgarsv.	49	62	131	265	264	148	158	52	93	450	479
Suðurnes	11	14	15	23	37	41	24	11	17	50	51
Vesturland	6	6	14	34	37	31	26	21	22	46	46
Vestfirðir	3	0	4	9	11	11	7	15	7	18	11
Norðurl. vestra	20	20	39	62	50	37	36	28	42	71	74
Norðurl. eystra	39	55	80	129	155	113	85	49	67	141	216
Austurland	14	13	24	42	56	40	32	31	32	68	81
Suðurland	19	22	19	37	43	32	37	30	45	94	107
Konur alls											
Females total	**169**	**214**	**443**	**587**	**828**	**650**	**419**	**347**	**495**	**1.187**	**1.192**
Höfuðborgarsv.	52	68	132	199	255	163	95	62	84	408	434
Suðurnes	12	15	55	73	92	110	65	33	33	103	91
Vesturland	7	7	52	50	74	69	38	45	80	147	140
Vestfirðir	4	1	0	6	12	9	2	12	9	23	11
Norðurl. vestra	20	23	72	65	60	44	39	31	58	108	81
Norðurl. eystra	41	61	64	91	171	134	84	70	99	171	187
Austurland	15	15	39	34	63	50	27	27	42	92	118
Suðurland	19	24	29	69	100	72	70	68	89	136	129
Hlutfall af mannafla, %											
Per cent of labour force											
Alls *Total*	**0,3**	**0,4**	**0,7**	**1,0**	**1,3**	**0,9**	**0,7**	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,7**
Höfuðborgarsv.	0,2	0,2	0,4	0,7	0,8	0,5	0,4	0,1	0,2	1,1	1,2
Suðurnes	0,3	0,4	0,9	1,3	1,7	2,0	1,1	0,5	0,7	2,1	1,9
Vesturland	0,2	0,2	1,0	1,2	1,6	1,4	0,9	0,9	1,4	2,7	2,6
Vestfirðir	0,1	0,0	0,1	0,3	0,4	0,4	0,2	0,5	0,3	0,8	0,4
Norðurl. vestra	0,9	0,9	2,2	2,6	2,1	1,6	1,5	1,1	2,0	3,7	3,1
Norðurl. eystra	0,7	1,0	1,2	1,9	2,8	2,0	1,4	1,0	1,4	2,6	3,3
Austurland	0,5	0,5	1,0	1,2	1,9	1,5	0,9	0,9	1,2	2,7	3,3
Suðurland	0,4	0,5	0,5	1,1	1,5	1,2	1,1	1,0	1,5	2,6	2,6
Karlar alls											
Males total	**0,3**	**0,3**	**0,5**	**0,9**	**0,9**	**0,6**	**0,5**	**0,3**	**0,4**	**1,3**	**1,4**
Höfuðborgarsv.	0,1	0,2	0,4	0,7	0,7	0,4	0,4	0,1	0,2	1,0	1,1
Suðurnes	0,3	0,3	0,3	0,5	0,8	0,9	0,5	0,2	0,4	1,1	1,1
Vesturland	0,1	0,1	0,3	0,8	0,9	0,7	0,6	0,5	0,5	1,1	1,0
Vestfirðir	0,1	0,0	0,1	0,3	0,3	0,3	0,2	0,4	0,2	0,6	0,3
Norðurl. vestra	0,7	0,7	1,3	2,1	1,6	1,2	1,2	0,9	1,4	2,4	2,4
Norðurl. eystra	0,6	0,8	1,2	1,9	2,2	1,5	1,2	0,7	0,9	2,0	3,0
Austurland	0,4	0,3	0,6	1,1	1,4	1,0	0,8	0,8	0,9	1,9	2,2
Suðurland	0,4	0,4	0,3	0,7	0,8	0,6	0,7	0,5	0,8	1,7	1,9

Tafla 3.6. Skráð atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni 1980-1990 (frh.)
Table 3.6. Registered unemployment by regions and sex 1980-1990 (cont.)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Konur alls											
Females total	**0,4**	**0,5**	**1,0**	**1,2**	**1,7**	**1,3**	**0,8**	**0,6**	**0,9**	**2,2**	**2,2**
Höfuðborgarsv.	0,2	0,3	0,5	0,7	0,9	0,6	0,3	0,2	0,3	1,2	1,3
Suðurnes	0,5	0,6	1,9	2,6	3,1	3,8	2,1	1,0	1,1	3,6	3,1
Vesturland	0,3	0,3	2,0	1,9	2,8	2,5	1,4	1,5	2,9	5,3	5,0
Vestfirðir	0,2	0,0	0,0	0,3	0,6	0,4	0,1	0,6	0,4	1,1	0,6
Norðurland vestra	1,1	1,2	3,7	3,3	2,9	2,1	1,9	1,5	3,0	5,5	4,1
Norðurland eystra	0,9	1,3	1,4	2,0	3,7	2,7	1,7	1,4	2,0	3,5	3,8
Austurland	0,7	0,7	1,6	1,4	2,6	2,1	1,1	1,1	1,8	4,0	5,1
Suðurland	0,6	0,7	0,8	1,9	2,7	2,0	1,9	1,9	2,6	4,0	3,7

Skýringar: Tölur árin 1980-82 eru byggðar á skráningu atvinnuleysisdaga síðasta dag hvers mánaðar. Frá og með 1983 er tala atvinnulausra reiknuð út frá samanlögðum fjölda atvinnuleysisdaga hvers mánaðar deilt með meðalfjölda vinnudaga í mánuði (21,67 dagur). Vinnuaflstölur sem notaðar eru til grundvallar hlutfallslegu atvinnuleysi eru í raun vinnuframboð (vinnuaflsnotkun auk atvinnuleysis) hvers árs skipt eftir landshlutum í sömu hlutföllum og fjöldi vinnuvikna eftir landsvæðum, sem Hagstofan reiknar út eftir slysatryggingarskrám skattyfirvalda. Við skiptingu vinnuafls eftir kynjum í einstökum landshlutum er stuðst við skiptingu Byggðastofnunar á vinnuafli eftir kynjum fyrir árið 1985.
Note: Before 1983 the monthly unemployment figures are based on the unemployment registration on the last day of each month. From 1983 the number of unemployed is calculated as the total number of registered unemployment days in each month divided by the average number of monthly working days (21.67 days). The labour force figures used for calculation of the relative unemployment figures are based on statistcs on accident-insured work weeks, that are derived from tax sources.

Heimildir: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins (Yfirlit um atvinnuástandið); Þjóðhagsstofnun; Hagstofa Íslands (Hagtíðindi)
Sources: Labour Department of the Ministry of Social Affairs (Monthly bulletin on unemployment); National Economic Institute; Statistical Bureau of Iceland (Hagtíðindi).

Tafla 3.7. Skráð atvinnuleysi eftir landshlutum, kyni og mánuðum 1990

Table 3.7. Registered unemployment by regions, sex and months 1990

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Meðalfjöldi												
Daily average												
Alls *Total*	**3.929**	**2.961**	**2.872**	**2.372**	**2.237**	**2.112**	**2.036**	**1.974**	**1.307**	**1.480**	**1.591**	**2.193**
Höfuðborgarsv.	1.168	1.116	1.235	951	1.037	1.027	1.045	927	570	589	630	658
Suðurnes	282	159	113	118	119	133	125	138	93	142	103	182
Vesturland	337	234	212	188	184	155	169	159	133	165	149	151
Vestfirðir	32	20	18	20	12	22	36	50	33	8	7	7
Norðurland vestra	292	258	237	185	142	121	100	88	60	80	127	170
Norðurland eystra	824	539	539	440	324	331	281	286	206	273	315	476
Austurland	506	296	251	232	202	127	77	118	99	107	87	276
Suðurland	488	339	267	238	217	196	203	208	113	116	173	273
Karlar alls												
Males total	**1.819**	**1.494**	**1.456**	**1.208**	**1.060**	**894**	**854**	**831**	**544**	**637**	**781**	**1.179**
Höfuðborgarsv.	674	664	696	541	529	449	435	402	273	307	355	420
Suðurnes	80	47	41	49	67	45	51	55	32	42	28	74
Vesturland	82	59	47	44	40	32	51	47	32	33	32	54
Vestfirðir	15	15	13	12	7	9	12	19	13	4	4	5
Norðurland vestra	147	133	120	97	69	47	41	42	20	29	64	78
Norðurland eystra	442	307	317	244	178	166	142	139	92	133	154	273
Austurland	171	113	99	105	81	68	35	46	36	35	48	130
Suðurland	208	156	123	116	89	78	87	81	46	54	96	145
Konur alls												
Females total	**2.110**	**1.467**	**1.416**	**1.164**	**1.177**	**1.218**	**1.182**	**1.143**	**763**	**843**	**810**	**1.014**
Höfuðborgarsv.	494	452	539	410	508	578	610	525	297	282	275	238
Suðurnes	202	112	72	69	52	88	74	83	61	100	75	108
Vesturland	255	175	165	144	144	123	118	112	101	132	117	97
Vestfirðir	17	5	5	8	5	13	24	31	20	4	3	2
Norðurland vestra	145	125	117	88	73	74	59	46	40	51	63	92
Norðurland eystra	382	232	222	196	146	165	139	147	114	140	161	203
Austurland	335	183	152	127	121	59	42	72	63	72	39	146
Suðurland	280	183	144	122	128	118	116	127	67	62	77	128
Hlutfall af mannaafla, %												
Per cent of labour forc												
Alls *Total*	**3,1**	**2,4**	**2,3**	**1,9**	**1,7**	**1,6**	**1,5**	**1,5**	**1,0**	**1,1**	**1,3**	**1,7**
Höfuðborgarsv.	1,5	1,5	1,6	1,2	1,3	1,3	1,3	1,1	0,7	0,8	0,8	0,9
Suðurnes	3,8	2,2	1,5	1,6	1,6	1,7	1,5	1,8	1,2	1,9	1,4	2,5
Vesturland	4,8	3,4	3,0	2,7	2,5	2,1	2,2	2,1	1,8	2,3	2,1	2,1
Vestfirðir	0,6	0,4	0,4	0,4	0,2	0,4	0,6	0,9	0,6	0,2	0,1	0,1
Norðurland vestra	6,0	5,3	4,9	3,8	2,8	2,3	1,9	1,7	1,2	1,6	2,6	3,5
Norðurland eystra	6,9	4,6	4,6	3,7	2,6	2,6	2,2	2,3	1,7	2,2	2,6	4,0
Austurland	8,6	5,1	4,3	3,9	3,3	2,0	1,2	1,9	1,6	1,8	1,5	4,7
Suðurland	5,5	3,8	3,0	2,6	2,3	2,1	2,1	2,2	1,2	1,3	1,9	3,0
Karlar alls												
Males total	**2,5**	**2,0**	**2,0**	**1,6**	**1,4**	**1,1**	**1,1**	**1,1**	**0,7**	**0,8**	**1,1**	**1,6**
Höfuðborgarsv.	1,6	1,6	1,6	1,2	1,2	1,0	0,9	0,9	0,6	0,7	0,8	1,0
Suðurnes	1,8	1,1	0,9	1,1	1,4	0,9	1,0	1,2	0,7	0,9	0,6	1,6
Vesturland	1,9	1,4	1,1	1,0	0,9	0,7	1,1	1,0	0,7	0,8	0,7	1,3
Vestfirðir	0,5	0,5	0,4	0,4	0,2	0,3	0,4	0,6	0,4	0,1	0,1	0,2
Norðurland vestra	5,0	4,6	4,1	3,3	2,3	1,5	1,3	1,3	0,7	1,0	2,2	2,6
Norðurland eystra	6,2	4,4	4,5	3,4	2,4	2,2	1,8	1,8	1,3	1,8	2,2	3,8
Austurland	4,7	3,1	2,8	2,9	2,2	1,8	0,9	1,2	1,0	0,9	1,3	3,6
Suðurland	3,7	2,8	2,2	2,1	1,5	1,3	1,4	1,4	0,8	1,0	1,7	2,6

Tafla 3.7. Skráð atvinnuleysi eftir landshlutum, kyni og mánuðum 1990
Table 3.7. Registered unemployment by regions, sex and months 1990

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Konur alls												
Females total	**4,0**	**2,8**	**2,7**	**2,2**	**2,2**	**2,2**	**2,0**	**2,0**	**1,4**	**1,6**	**1,5**	**1,9**
Höfuðborgarsv.	1,5	1,4	1,7	1.2	1,5	1,7	1,7	1,5	0,9	0,8	0,8	0,7
Suðurnes	7.0	3,9	2,5	2,4	1,7	2,9	2,3	2,7	2,0	3,4	2,6	3,7
Vesturland	9,3	6,4	6,1	5,2	5,1	4,2	3,9	3,8	3,5	4,7	4,3	3,5
Vestfirðir	0,8	0,3	0,3	0,4	0,2	0,6	1,1	1,5	1,0	0,2	0,1	0,1
Norðurland vestra	7,5	6,5	6,1	4,5	3,6	3,6	2,8	2,2	2,0	2,6	3,3	4,7
Norðurland eystra	7,9	4,8	4,6	4,0	2,9	3,2	2,6	2,8	2,3	2,8	3,3	4.2
Austurland	14,8	8,1	6,8	5,6	5,2	2,4	1,7	3,0	2,7	3,1	1,7	6,4
Suðurland	8,3	5,5	4,3	3,6	3,7	3,3	3,1	3,5	1,9	1,8	2,3	3,8

Skýringar: Vinnuaflstölur einstakra mánaða eru áætlaðar af Þjóðhagsstofnun. Um aðrar skýringar sjá töflu 3.6. *Note: The monthly labour force figures are estimated by the National Economic Institute. Otherwise cf. table 3.6.*

Heimildir: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins (Yfirlit um atvinnuástandið); Þjóðhagsstofnun; Hagstofa Íslands (Hagtíðindi)
Sources: Labour Department of the Ministry of Social Affairs (Monthly bulletin on unemployment); National Economic Institute; Statistical Bureau of Iceland (Hagtíðindi).

Tafla 3.8. Vinnustöðvanir 1976-1989
Table 3.8. Stoppages of work 1976-1989

	Vinnustöðvanir *Stoppages of work*	Dagar með vinnustöðvunum *Days with stoppages of work occurring*	Þátttakendur (launþegar) *Employees directly affected*	Vinnustöðvunardagar *Working days lost*			
				Alls *Total*	Landfólk í ASÍ *Members of unions of ASÍ*[1] *working on land*	Sjómenn og farmenn *Fishermen and other seamen*	Aðrir *Others*
	1	2	3	4	5	6	7
1976	123	24	35.219	309.950	263.079	46.871	–
1977	292	78	48.043	189.598	52.065	–	137.533
1978	7	36	29.910	51.270	45.630	–	5.640
1979	13	53	805	15.970	1.000	14.835	135
1980	14	48	4.220	30.760	16.044	3.696	11.020
1981	9	64	4.392	78.410	1.230	71.580	5.600
1982	17	108	40.740	119.016	80.782	38.234	–
1983	1	1	14	9	9	–	–
1984	7	70	12.036	301.099	6.278	14	294.807
1985	13	121	6.434	91.485	1.770	89.715	–
1986	4	13	847	1.071	657	414	–
1987	34	116	8.423	98.527	8.773	66.140	23.614
1988	15	131	11.642	100.773	100.773	–	–
1989	16	611	2.028	79.970	2.250	–	77.720

[1] ASÍ: *The Icelandic Federation of Labour.*

Heimild: Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar *Source: Quarterly report of the Wage Investigation Committee.*

Fylgiskjal VII.

Úr riti Þjóðhagsstofnunar
Sögulegt yfirlit hagtalna 1945–1988,
Þjóðarbúskapurinn nr. 11:

Tafla 5.5. Skráð atvinnuleysi 1970-1989.
Fjöldi atvinnulausra.
(Registered umemployment 1970-1989.
Number persons unemployed).

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Janúar (January)	2.608	1.329	1.103	658	942	819	1.083	654	683	960	654
Febrúar (February)	2.211	1.163	792	561	571	546	886	456	460	617	402
Mars (March)	1.526	608	524	398	453	386	778	341	423	477	290
Apríl (April)	713	354	417	290	341	363	426	195	260	378	290
Maí (May)	695	386	437	366	383	590	321	168	198	368	164
Júní (June)	729	354	306	225	151	657	308	173	183	314	167
Júlí (July)	439	266	189	124	119	368	246	127	121	190	334
Ágúst (August)	419	215	115	119	142	223	224	117	305	127	425
September (September)	290	136	100	144	174	208	196	176	199	116	179
Október (October)	673	340	130	174	214	211	207	162	201	158	225
Nóvember (November)	1.114	620	519	485	319	365	365	333	418	347	272
Desember (December)	1.233	959	699	790	611	735	742	517	645	481	574
Meðaltal (Average)	1.054	561	444	361	368	456	482	285	341	378	331

Athugasemd: Fram til ársins 1975 er miðað við fjölda atvinnulausra síðasta virka dag hvers mánaðar. Heildarmannaflinn er þá skilgreindur sem vinnuafl, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um slysatryggðar vinnuvikur, að viðbættum meðalfjölda atvinnulausra á árinu. Frá og með 1975 er hins vegar miðað við fjölda atvinnuleysisdaga í hverjum mánuði.

(Note: Until 1975 the number of unemployed refers to end of each month, but figures from 1975 onwards are based on the total number of unemployment days in each month. The estimated labour forced is based on the Statistical Bureau's man-year statistics with the addition of the number of unemployed. Estimation of the monthly labour force, made by the National Economic Institute, are based on interpolation and by imposition seasonal variations).

Tafla 5.5. frh. Skráð atvinnuleysi 1970-1989.
Fjöldi atvinnulausra.
(Registered umemployment 1970-1989 cont.
Number persons unemployed).

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Janúar (January)	870	3.369	2.346	3.885	2.607	2.371	2.350	1.031	2.978
Febrúar (February)	673	945	1.676	2.607	1.380	1.099	616	792	2.628
Mars (March)	565	619	1.406	1.777	2.106	823	570	796	2.490
Apríl (April)	364	382	988	1.156	844	866	557	640	1.806
Maí (May)	263	344	844	1.091	755	786	406	544	1.797
Júní (June)	205	459	919	857	659	679	415	568	1.921
Júlí (July)	182	330	689	775	621	656	420	520	1.810
Ágúst (August)	180	310	680	821	579	466	340	470	1.881
September (September)	224	241	528	536	416	309	204	519	1.517
Október (October)	208	258	677	1.118	474	358	213	706	1.848
Nóvember (November)	413	560	1.255	1.291	960	479	270	1.157	2.183
Desember (December)	744	1.413	2.235	1.854	1.855	982	648	2.092	2.643
Meðaltal (Average)	408	769	1.187	1.481	1.105	823	584	820	2.125

Athugasemd: Fram til ársins 1975 er miðað við fjölda atvinnulausra síðasta virka dag hvers mánaðar. Heildarmannaflinn er þá skilgreindur sem vinnuafl, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um slysatryggðar vinnuvikur, að viðbættum meðalfjölda atvinnulausra á árinu. Frá og með 1975 er hins vegar miðað við fjölda atvinnuleysisdaga í hverjum mánuði.

(Note: Until 1975 the number of unemployed refers to end of each month, but figures from 1975 onwards are based on the total number of unemployment days in each month. The estimated labour forced is based on the Statistical Bureau's man-year statistics with the addition of the number of unemployed. Estimation of the monthly labour force, made by the National Economic Institute, are based on interpolation and by imposition seasonal variations).

Tafla 5.6. Skráð atvinnuleysi 1970-1989.
Í hlutfalli við áætlaðan heildarmannafla, %
(Registered unemployment 1970-1989.
Percentage of total estimated labour force).

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Janúar (January)	3,3	1,6	1,3	0,8	1,1	0,9	1,1	0,7	0,7	1,0	0,6
Febrúar (February)	2,8	1,4	0,9	0,7	0,6	0,6	0,9	0,5	0,5	0,6	0,4
Mars (March)	1,9	0,7	0,6	0,5	0,5	0,4	0,8	0,4	0,4	0,5	0,3
Apríl (April)	0,8	0,4	0,5	0,3	0,4	0,4	0,4	0,2	0,3	0,4	0,3
Maí (May)	0,9	0,4	0,5	0,4	0,4	0,6	0,3	0,2	0,2	0,4	0,2
Júní (June)	0,9	0,4	0,3	0,2	0,2	0,7	0,3	0,2	0,2	0,3	0,2
Júlí (July)	0,5	0,3	0,2	0,1	0,1	0,4	0,2	0,1	0,1	0,2	0,3
Ágúst (August)	0,5	0,2	0,1	0,1	0,1	0,2	0,2	0,1	0,3	0,1	0,4
September (September)	0,3	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,2
Október (October)	0,8	0,4	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Nóvember (November)	1,4	0,7	0,6	0,5	0,4	0,4	0,4	0,3	0,4	0,3	0,3
Desember (December)	1,5	1,1	0,8	0,9	0,7	0,8	0,8	0,5	0,7	0,5	0,6
Meðaltal (Average)	1,3	0,7	0,5	0,4	0,4	0,5	0,5	0,3	0,4	0,4	0,3

Tafla 5.6. frh. Skráð atvinnuleysi 1970-1989.
Í hlutfalli við áætlaðan heildarmannafla, %
(Registered unemployment 1970-1989 cont.
Percentage of total estimated labour force).

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Janúar (January)	0,8	3,1	2,1	3,4	2,2	2,0	1,8	0,8	2,5
Febrúar (February)	0,6	0,9	1,5	2,3	1,2	0,9	0,5	0,6	2,2
Mars (March)	0,5	0,6	1,3	1,6	1,8	0,7	0,4	0,6	2,1
Apríl (April)	0,3	0,3	0,9	1,0	0,7	0,7	0,4	0,5	1,5
Maí (May)	0,2	0,3	0,7	0,9	0,6	0,6	0,3	0,4	1,4
Júní (June)	0,2	0,4	0,8	0,7	0,5	0,5	0,3	0,4	1,5
Júlí (July)	0,2	0,3	0,6	0,6	0,5	0,5	0,3	0,4	1,3
Ágúst (August)	0,2	0,3	0,6	0,7	0,5	0,4	0,2	0,4	1,4
September (September)	0,2	0,2	0,4	0,4	0,3	0,2	0,2	0,4	1,2
Október (October)	0,2	0,2	0,6	0,9	0,4	0,3	0,2	0,5	1,5
Nóvember (November)	0,4	0,5	1,1	1,1	0,8	0,4	0,2	0,9	1,8
Desember (December)	0,7	1,3	2,0	1,6	1,6	0,8	0,5	1,7	2,1
Meðaltal (Average)	0,4	0,7	1,0	1,3	0,9	0,7	0,4	0,6	1,7

153. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um sölu rafmagns (afgangsorku) til skipa í höfnum landsins.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að gera tillögu um hvernig best verði staðið að sölu rafmagns (afgangsorku eða ótryggrar orku) til skipa í höfnum landsins.

Í nefndinni sitji m.a. fulltrúar Sambands íslenskra rafveitna, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Hafnasambands sveitarfélaga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt að nýju.

Tilgangur — helstu kostir.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að fá hagsmunaaðila til að gera markaðsátak í því augnamiði að minnka verulega keyrslu dísilrafstöðva um borð í skipum í höfnum en nýta þess í stað innlenda orku, framleidda í vatnsorkuverum landsins. Með slíku átaki vinnst margt og má t.d. nefna:

1. Nýttur er markaður fyrir innlend raforkuver, en afkastageta þeirra er langt frá því að vera fullnýtt eins og er.
2. Dregið er úr notkun olíu en aukin notkun innlendrar orku og á þann hátt sparaður erlendur gjaldeyrir.
3. Dregið er úr mengun andrúmslofts og hávaðamengun um borð í skipum.
4. Ef vel tækist til og hægt yrði að selja þessa orku á lægra verði en sem nemur framleiðslukostnaði í dísilrafstöð mundi það spara útgerðinni kostnað. Í þessu sambandi er áríðandi að kanna möguleika á að nýta umframorkutilboð (ótrygg orka) Landsvirkjunar en óvíða er jafnauðvelt að grípa til varaafls ef umframorku þrýtur. Sparnaður gæti einnig komið fram í minni gæslu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef þessi markaður á að nást er afar áríðandi að útgerðin sjái sér hag í þessum viðskiptum.
5. Á það má benda að ef komið er öflugt dreifikerfi á hafnarsvæði er líka hægt að nota kerfið til að flytja rafmagn í hina áttina, þ.e. frá skipum í land. Það getur komið sér mjög vel að geta nýtt ljósavélar skipa sem varastöðvar einkum í minni byggðakjörnum þegar langvarandi bilanir koma fram í dreifikerfi rafveitna af völdum óveðurs eða annarra orsaka. Slík notkun ljósavéla verður að sjálfsögðu að fara fram á vegum viðkomandi rafveitu og er takmörkunum háð.

Núverandi staða.

Raforkusala til skipa fer ýmist fram á vegum hafna sem kaupa rafmagn frá rafveitum eða rafveitna og oft með mismunandi hætti. Í Stykkishólmi fer þessi sala t.d. fram á vegum hafnarinnar í gegnum mæla sem eru um borð í skipum. Á Akranesi fer salan fram á vegum rafveitunnar og miðast við daggjöld og stærðir þeirra hafnartengla sem notaðir eru hverju sinni. Verð á rafmagni til skipa er talsvert mismunandi.

Ekki er ljóst hve stór þessi markaður er en ljóst er að talsverð orka er notuð til ljósa og upphitunar. Sem dæmi má nefna að loðnuveiðiskip, sem liggur oft langtímum sam-

an í höfn, notar að jafnaði 25–30 kW afl yfir veturinn og er stærsti hluti þess notaður til upphitunar.

Eitt af hlutverkum nefndarinnar verður að kanna hve stór þessi markaður er.

Markaðsátak á Akranesi.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að gera markaðsátak og bæta þjónustuna á þessu sviði við höfnina á Akranesi. Í þeim tilgangi var byggð sérstök spennistöð við höfnina og lagðar nýjar leiðslur fram allar bryggjur. Síðasti áfangi kerfisins var tekinn í notkun í byrjun mars 1991. Sala á undanförnum árum hefur verið þessi í krónum talið:

Árið 1987	1.121.925
Árið 1988	1.353.752
Árið 1989	1.569.602
Árið 1990	1.410.981
Árið 1991	5.339.691

Tölur þessar eru án söluskatts og virðisaukaskatts. Eftir breytinguna má segja að öll heimaskip og stærri bátar noti landtengingar að undanskildum tveimur togurum sem hafa góða möguleika á hagkvæmri rafmagnsframleiðslu um borð. Af verðlagsástæðum nýta þeir ekki þessa aðstöðu. Verði hægt að lækka verð á landrafmagni munu þessir tveir togarar einnig nýta það. Engu að síður sýna þessar tölur ljóslega að áhugi er hjá útvegsmönnum á þessu sviði og hægt að gera söluátak til notkunar á innlendri mengunarlausri orku.

Leiðir til notkunar á landrafmagni.

Til að lækka verð á landrafmagni og auðvelda sölu þess má fara ýmsar leiðir og skal hér bent á nokkur atriði:

1. Gera þarf átak til að bæta aðstöðu til sölu á landrafmagni víðs vegar í höfnum landsins. Í þessum tilgangi gæti þurft framlög á fjárlögum til hafna í þetta sérstaka verkefni.
2. Leita þarf samninga við Landsvirkjun um að hún lækki rafmagn verulega sé það notað í þessum tilgangi og kæmi til greina að semja um að þetta væri afgangsorka (ótrygg orka), enda óvíða jafngóðir möguleikar á að stöðva raforkusölu tímabundið því ljósavélar eru að sjálfsögðu til staðar í skipum. Sá afsláttur, sem Landsvirkjun veitti í þessum tilgangi, væri greiddur beint til söluaðila að því tilskildu að verðlag til skipa væri innan ákveðinna marka og söluaðili væri reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi reikningsyfirlit.
3. Samræma þarf búnað í höfnum svo skip geti notað sama landtengingarbúnað í hvaða höfn sem er.
4. Nokkrir tæknilegir vankantar eru á sölu rafmagns til skipa. Um borð í hverju skipi þurfa að vera sérstakir spennar. Þann kostnað væri hægt að lækka með sameiginlegum innkaupum margra aðila.

Markaðssókn raforkugeirans.

Ljóst er að talsvert umframafl er til í vatnsorkuverum Landsvirkjunar og á vegum þess fyrirtækis fer fram athugun á nýjum markaði fyrir raforku. Í greinargerð tækniþróunardeildar Landsvirkjunar frá 20. janúar 1992 segir m.a.: Þegar gjaldskrá Landsvirkjunar var breytt um áramótin 1990–1991 var m.a. með nýjum skilmálum um ótrygga orku reynt að höfða til þess hluta af orkumarkaðinum innan lands sem enn notar innflutta orkugjafa.

Segja má að forgangsorkumarkaðurinn sé mettaður hjá núverandi einstökum notendum en aukning í þeim hluta markaðarins er nær eingöngu vegna nýrra notenda sem tengjast kerfinu. Með því að lækka það aflmark, sem ótrygga orkan miðast við, úr 1 MW í 100 kW eða 500 MWh, var leitast við að vinna hluta af þeim markaði sem nú er fullnægt með olíu. Einkum var beint sjónum að húshitun, ýmiss konar iðnaði og stærri opinberum byggingum, skólum, sundlaugum og slíku.

Ljóst er af framanskráðu að áhugi Landsvirkjunar á aukinni sölu er mikill og þótt landtengingar skipa séu ekki taldar upp í þessari greinargerð Landsvirkjunar má gera ráð fyrir að öllum tillögum um aukin raforkuviðskipti verði vel tekið.

Í minnisblaði iðnaðarráðuneytisins frá fundi með fulltrúum raforkufyrirtækja og umhverfisráðuneytisins 23. janúar 1992 er gerð grein fyrir leiðum til að auka nýtingu raforkukerfisins. Í því sambandi er rætt um húshitun, sundlaugar, garðyrkju, fiskimjölsverksmiðjur, rafmagn til skipa í höfnum, m.a. viðgerðir, samgöngur, fiskeldi o.fl. Um rafmagn til skipa í höfnum segir: „Í Reykjavík og víðast á landinu eiga skip kost á að fá rafmagn frá viðkomandi dreifiveitum. Nokkuð mismunandi útfærsla er á því hvernig salan fer fram, ýmist hafnarsjóðir eða rafveitur selja til skipanna. Almennt er landrafmagn lítið notað og kjósa flestir útgerðarmenn að keyra ljósavélar. Í því sambandi má nefna að millilandaskip geta keypt mjög ódýra olíu sem gerir það að verkum að landrafmagn er ekki samkeppnishæft. Bent er á að í sumum skipum væru tæknilegir erfiðleikar við að tengjast landrafmagni. Nefnt var að hugsanlega mætti sporna við notkun ljósavéla í landlegu með því að takmarka heimildir til notkunar þeirra vegna mengunar."

Á þessu minnisblaði kemur ekki fram mikil bjartsýni á að hægt sé að ná árangri á þessum vettvangi. Það er álit flutningsmanna að með samstarfi hagsmunaaðila sé hægt að ná góðum árangri, sbr. árangur af því markaðsátaki sem gert var á Akranesi.

154. Fyrirspurn [134. mál]

til samgönguráðherra um reiðvegaáætlun.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um reiðvegaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 7. febrúar 1991 þar sem gert var ráð fyrir að samgönguráðherra skipaði nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun?

155. Svar [90. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um endurgreiðslur virðisaukaskatts.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru heildarendurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði á árinu 1991 og hver var fjöldi verkefna, skipt niður á skattumdæmi,*
   a. við nýbyggingar,
   b. við viðhald íbúðarhúsnæðis?
2. *Hversu miklar voru endurgreiðslurnar og hver var fjöldi verkefna á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1992, skipt niður á skattumdæmi,*
   a. vegna nýbygginga,
   b. vegna viðhaldsvinnu við íbúðarhúsnæði?

Á árinu 1991 voru endurgreiðslur alls 1.208 millj. kr., þar af 988 millj. kr. vegna nýbygginga en 220 millj. kr. vegna viðhalds og endurbóta. Ekki er unnt að upplýsa um fjölda verkefna en fjöldi þeirra sem fengu endurgreitt vegna nýbygginga var 1.555 og 3.282 fengu endurgreitt vegna viðhalds og endurbóta.

Endurgreiðslur vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní námu í byrjun október 393 millj. kr. en voru 494 millj. kr. fyrir sama tímabil árið 1991. Þessar tölur gætu lítillega breyst, aðallega þó vegna þessa árs. Alls hafa 619 aðilar fengið 331 millj. kr. endurgreiddar vegna nýbygginga en 62 millj. kr. voru endurgreiddar 1.035 aðilum vegna viðhalds og endurbóta. Fjöldi verkefna getur verið annar en fjöldi móttakenda. Sami móttakandi getur fengið greiðslu vegna margra verkefna og einnig getur ein greiðsla verið vegna fleiri en einnar íbúðar. Að öðru leyti er vísað til eftirfarandi yfirlits:

Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu manna við íbúðarbyggingar.

2/10/92/gb	1991		1992	
Skattumdæmi	Nýbyggingar	Viðh./endurbætur	Nýbyggingar	Viðh./endurbætur
Fjöldi móttakenda	*560*	*1.546*	*219*	*493*
Reykjavíkur	459.586.149	125.102.851	159.894.307	37.643.507
Fjöldi móttakenda	*565*	*510*	*230*	*157*
Reykjaness	316.777.806	36.871.026	93.854.208	9.034.690
Fjöldi móttakenda	*44*	*204*	*10*	*49*
Vesturlands	18.044.284	7.559.424	9.433.420	1.779.353
Fjöldi móttakenda	*7*	*153*	*3*	*57*
Vestfjarða	8.993.763	11.217.562	4.776.246	1.812.153
Fjöldi móttakenda	*40*	*146*	*14*	*38*
Nlands vestra	21.377.307	5.896.489	6.030.927	1.840.194
Fjöldi móttakenda	*130*	*418*	*55*	*121*
Nlands eystra	78.177.709	17.508.996	33.702.116	3.009.349
Fjöldi móttakenda	*75*	*106*	*35*	*33*
Austurlands	28.594.216	5.440.509	8.213.405	1.469.773
Fjöldi móttakenda	*111*	*75*	*45*	*31*
Suðurlands	49.002.172	4.535.563	13.429.197	896.859
Fjöldi móttakenda	*23*	*124*	*8*	*56*
Vestm.eyja	7.787.084	5.850.002	1.643.271	4.648.361
Samtals fjöldi móttak.	*1.555*	*3.282*	*619*	*1.035*
Samtals kr.	988.341.485	219.984.158	330.977.497	62.134.781
Endurgreiðslur alls kr:		1.208.325.643		393.112.278

156. Fyrirspurn [135. mál]

til forsætisráðherra um evrópsku mannfjöldaráðstefnuna 1993.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig hefur undirbúningi íslenskra stjórnvalda verið háttað fyrir evrópsku mannfjöldaráðstefnuna sem haldin verður í Genf 23.–26. mars 1993?
2. Hvernig hyggjast stjórnvöld haga þátttöku Íslendinga í evrópsku mannfjöldaráðstefnunni 1993?

157. Fyrirspurn [136. mál]

til utanríkisráðherra um skilgreiningu á hugtakinu Evrópa.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hefur íslenska ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess hvernig beri að skilgreina Evrópu í ljósi þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað í álfunni á undanförnum árum? Ef svo er, hver er sú skilgreining?

158. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um rannsókn á áhrifum botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir að fram fari rannsókn á áhrifum botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar og sjávarbotns.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa augu manna um allan heim beinst í vaxandi mæli að umhverfismálum. Einkum hefur verið litið til ýmissa beinna og óbeinna áhrifa sem maðurinn með allri sinni starfsemi og tækni hefur á umhverfið. Í því sambandi má nefna mengun lofts, láðs og lagar, gróðureyðingu og kjarnorkuslys. Umhverfisspjöll, sem unnin eru á landi, eru oft augljós en til skamms tíma hefur verið erfiðara að fylgjast með því sem gerist í hafinu eða á hafsbotni. Nútímatækni er hins vegar komin á það stig að auðvelt er orðið að skoða sjávarbotn, mynda hann og rannsaka, jafnvel á miklu dýpi. Má sjá að þar er að finna fjölbreytta flóru og fánu ekki síður en á landi.

Þótt mikið hafi áunnist í þekkingarleit á sviði haf- og fiskifræði er vitneskja okkar um samspil lífríkis sjávar og sjávarbotns og annarra náttúrufræðilegra þátta af skornum skammti. Vel eru þekktar þær breytingar sem geta orðið á gróðurfari og dýralífi þurrkaðra svæða eða svæða þar sem skógi hefur verið eytt. Mörg dæmi eru til um stórfellda röskun lífríkis og hefur jafnvel veðurfar smærri svæða tekið breytingum. Hins vegar er allt of lítið vitað um afleiðingarnar ef hliðstæðar breytingar verða á sjávarbotni.

Í þeim þrengingum, sem nú eru í fiskveiðum víða á Norður-Atlantshafi, hafa þær radd-

ir orðið æ fleiri og háværari að sú veiðiaðferð að draga eftir sjávarbotninum veiðarfæri, sem geta verið allt að tugur tonna að þyngd, geti átt sinn þátt í minnkandi veiði úr helstu nytjastofnum okkar og fleiri þjóða. Aukin tækni í gerð veiðarfæra, svo og tækjabúnaður um borð í skipunum, gerir mönnum kleift að draga botnvörpu yfir nánast hvað sem er nema skipsflök svo vitnað sé í ummæli reyndra togarasjómanna. Bent hefur verið á að botn stórra veiðisvæða, sem fyrr á öldinni var kargahraun eða þakinn kóral, sé nú orðinn líkari íþróttavelli yfirferðar. Líkur má leiða að því að slíkar umhverfisbreytingar geti breytt lífríki botnsins og um leið dvalarskilyrðum fiska þar yfir.

Á þeirri öld, sem liðin er síðan togveiðar hófust við Ísland, hefur orðið stórkostleg þróun í tækni og tækjabúnaði eins og áður var vikið að. Álag nýjustu botnvarpa á hafsbotninn er því engan veginn sambærilegt við það sem var fyrr á öldinni. Núverandi stjórn fiskveiða og pólitísk afskipti af útgerð hafa ekki bætt úr skák. Stöðugt stærri hluti aflans er sóttur í togveiðarfæri, auk þess sem vaxandi sóknarharka í minnkandi afla hefur aukið álagið á miðin.

Í fyrirsjáanlegri framtíð byggist efnahagsleg velsæld á Íslandi að stærstum hluta á sjávarútvegi. Í ljósi þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað í fiskveiðum, bæði hér á landi og ekki síður í öðrum löndum sem byggja afkomu sína á fiskveiðum, svo sem Færeyjum, Nýfundnalandi og Grænlandi, er orðin knýjandi þörf á vitneskju um áhrif botndreginna veiðarfæra á náttúru hafs og hafsbotns. Þar sem hér getur verið um mjög umfangsmikið og tímafrekt verkefni að ræða þykir eðlilegt að leita samvinnu við aðrar þjóðir sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta.

159. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: Það sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Télécommunications, Nice 1989) og þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Almennt fjarskiptanet: Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en hljóðvarpi og sjónvarpi.

Talsímaþjónusta: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að hver notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengipunkt.

Nettengipunktur: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

Notendabúnaður: Búnaður ætlaður til að tengjast almennu fjarskiptaneti, þ.e.:

a. er ætlað að vera beint tengdur við nettengipunkt almenns fjarskiptakerfis eða
b. er ætlað að virka með almennu fjarskiptaneti beint eða óbeint tengdur við nettengipunkt á netinu í þeim tilgangi að senda, meðhöndla eða taka á móti upplýsingum.

Tenging getur verið með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

Grunnþjónusta: Fjarskiptaþjónusta sem gefur kost á flutningi merkja milli þeirra staða þar sem skil eru milli nets og notanda.

Virðisaukandi þjónusta: Fjarskiptaþjónusta þar sem bætt er við grunnþjónustu þáttum sem auka verðmæti þjónustunnar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ríkið hefur einkarétt á að veita talsímaþjónustu á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi og að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd þessa einkaréttar.

Samgönguráðherra getur heimilað aðilum með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES, að reka ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu, aðra en talsímaþjónustu, að uppfylltum skilyrðum sem sett verða fyrir viðkomandi þjónustu.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að selja sérhverja tegund fjarskiptaþjónustu og búnað að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda gagnvart öðrum aðilum.

Ráðherra getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptanet, þó ekki í atvinnuskyni, er varðar þau fjarskipti sem kveðið er á um í 1. mgr.

Samgönguráðherra setur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Þau skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt verði jafnræðis. Rökstuðningur skal fylgja synjun leyfisumsóknar.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu sem er í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Fjarskipti, sem ekki fara um fjarskiptavirki ríkisins, þegar eingöngu er um að ræða boð eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar búnað er tengja á við almennt fjarskiptanet, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Fjarskiptaeftirlits ríkisins um að hver og ein tegund eða gerð tegundar búnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur sem gilda þar um.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu fjarskiptavirkja skulu hafa til þess tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur mælt svo fyrir að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

5. gr.

Í stað 7.–9. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Fjarskiptaeftirlit ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Fjarskiptaeftirlit ríkisins annast útgáfu leyfisbréfa, eftirlit með gerð búnaðar og lögboðuðum tækniforskriftum, úthlutun tíðna og eftirlit með skilmálum um notkun. Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir þjónustu Fjarskiptaeftirlits ríkisins.

b. (8. gr.)

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin hefur einkarétt á.

Við ákvörðun gjalda í samkeppnisgreinum fjarskiptaþjónustu skal taka mið af kostnaði.

c. (9. gr.)

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur. Honum er heimilt að setja reglugerðir á sviði fjarskipta að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Í leyfisbréfum, er Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja sem leyfisbréfið hljóðar um sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða brot á þeim skyldum sömu viðurlögum og brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Gerð frumvarpsins.

Frumvarp þetta er samið á vegum nefndar um endurskoðun á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, sem samgönguráðherra skipaði 27. apríl 1992. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt. Annars vegar vinnur hún að heildarendurskoðun laganna en hins vegar hefur hún tekið saman í þessu frumvarpi þær breytingar á fjarskiptalögum sem nauðsynlegt er að

lögfesta vegna ákvæða í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í nefndinni eiga sæti Þórhallur Jósepsson, deildarstjóri í samgönguráðuneyti, formaður, Eyjólfur Valdimarsson verkfræðingur, Guðmundur Gunnarsson rafiðnfræðingur, Haukur Hauksson verkfræðingur, Jón Kristinn Valdimarsson tæknifræðingur, Þorvarður Jónsson verkfræðingur, Jónas Fr. Jónsson lögfræðingur og Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar er Bergþór Halldórsson verkfræðingur.

2. Meginreglur er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og varða fjarskipti.

Með samningi um Evrópskt efnahagssvæði, EES, hafa EFTA-ríkin, þar á meðal Ísland, fallist á að taka inn í löggjöf sína ýmsar samþykktir Evrópubandalagsins, EB, um fjarskipti. Einna mikilvægastar þeirra samþykkta eru tilskipun um samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, nr. 90/388, og tilskipun um að koma á frjálsum aðgangi að fjarskiptanetum, nr. 90/387. Meginmarkmið þessara samþykkta er að veita íbúum innan EES fjölbreyttari og betri fjarskiptaþjónustu á sem hagkvæmustu verði.

Innan Evrópubandalagsins hefur verið unnið markvisst að því að auka samkeppni á sviði fjarskipta allt frá útgáfu svokallaðrar „grænbókar" sem framkvæmdastjórn bandalagsins stóð að á árinu 1987. Í grænbókinni er áætlun bandalagsins um þróun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu lýst og er stefnt að því að hún nái fram að ganga fyrir árslok 1992. Áætlunin tekur ekki til farsíma- og boðkerfis né heldur fjölmiðlunar, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Með áætluninni stefnir EB að því að bæta fjarskipti innan bandalagsins, enda er það talin forsenda fyrir samstilltri þróun atvinnulífs og samkeppnisfærum markaði í bandalaginu, bæði frá sjónarmiði þeirra sem veita þjónustu og þeirra sem njóta hennar. Áætlunin miðar að því að tækniframfarir á sviði fjarskipta komi að fullum notum innan EB.

Með EES-samningnum ná helstu atriði framangreindrar áætlunar einnig til EFTA-ríkjanna. Frelsi á sviði fjarskiptaþjónustu mun því aukast verulega í þeim ríkjum og á svæðinu öllu. Má búast við að á allra næstu árum muni samkeppni verða innleidd á öllum sviðum fjarskiptaþjónustu nema talsímaþjónustu, farsímum, gervihnattaþjónustu, fjarritun (telex) og rekstri grunnnetsins. Áðurnefndar tilskipanir EB fela auk þess í sér að aðgangur að hinu opinbera neti og þjónustu verði samræmdur innan svæðisins. Raunar má búast við að í framtíðinni muni samkeppni verða innleidd á einhverju þeirra sviða sem tilskipanir EB ná ekki til. Þannig má benda á að þótt einkaréttur á talsímaþjónustu sé viðurkenndur innan EES má reikna með breytingum í því efni, m.a. með tilkomu samnetsins, ISDN (Integrated Services Digital Network), þar sem ekki verður skilið á milli talsíma- og gagnaflutnings. Þá má gera ráð fyrir að væntanleg löggjöf EB muni auka frelsi á sviði farsíma- og gervihnattaþjónustu. Nokkur ríki hafa reyndar nú þegar heimilað fleiri en einum aðila að reka stafrænt farsímakerfi, GSM, t.d. Þýskaland, Bretland, Frakkland, Noregur, Svíþjóð og Finnland. Í sem stystu máli leiðir af ákvæðum EES-samningsins að meginreglur á sviði fjarskiptamála innan svæðisins verði eftirfarandi:

2.1. Rekstur grunnnetsins.

Viðurkenndur er áframhaldandi einkaréttur símastjórna á uppbyggingu og rekstri grunnnetsins. Ef aðildarríki kýs að hafa annan hátt á ber því engu að síður að tryggja að netið uppfylli kröfur sem gerðar eru til þess með tilliti til almannahags, t.d. að því er varðar heildstæði fjarskiptanetsins, rekstraröryggi og fjarskiptaleynd.

2.2. Grunnþjónusta.

Einkaréttur símastjórna er viðurkenndur á talsímaþjónustu. Stafar þetta öðru fremur af fjárhagslegum ástæðum. Símastjórnum er yfirleitt ætlað að setja upp og reka almennt net, þ.e. net sem nær um landið allt og hver þjónustuaðili eða notandi, sem þess óskar, fær aðgang að innan hæfilegs tíma. Fjármagn til þróunar netsins kemur að mestu frá rekstri talsímaþjónustunnar. Samkeppni á því sviði gæti stofnað fjárhagsgrundvelli rekstraraðila grunnnetsins í hættu. Þá koma hér til álita sjónarmið er tengjast almannaöryggi þar sem talsímaþjónustan gegnir lykilhlutverki.

2.3. Önnur fjarskiptaþjónusta.

Samkeppni verður innleidd á öll önnur svið fjarskiptaþjónustu en talsímaþjónustu, fjarrita, farsíma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu. Þess má geta að í EES-samingnum er viðurkennt að Íslendingar geti sett það skilyrði fyrir ákveðinni þjónustu að aðili veiti þá þjónustu sína um allt land eða á takmarkaðra landsvæði.

2.4. Aðgangur að grunnnetinu.

Þeim sem veita fjarskiptaþjónustu verður tryggður greiður og jafn aðgangur að grunnnetinu. Ekki má mismuna aðilum innan EES eftir þjóðerni. Þessu marki verður m.a. náð með því að mynda svokallaðan „opinn aðgang" að netum fyrir öll aðildarríki með samræmingu á sviði tækni, notkunar og gjaldtöku. Samræmingin leiðir m.a. til gagnkvæmra viðurkenninga á prófunum og samþykktum fyrir notendabúnað og sameiginlegra staðla fyrir fjarskiptaþjónustu.

2.5. Notendabúnaður.

Notendabúnaður er gefinn frjáls og er háður tegundaprófunum. Jarðstöðvar til móttöku á sjónvarpsefni um gervitungl munu síðar væntanlega lúta sömu reglum og notendabúnaður.

2.6. Aðskilnaður eftirlits og rekstrar.

Mikilvægt ákvæði þessa samkomulags á sviði fjarskipta mælir fyrir um aðskilnað fjarskiptaeftirlits, t.d. leyfisveitingar, eftirlit með tegundaprófunum og úthlutun tíðna, og rekstrar símastjórna. Slíkt eftirlit verður falið annarri stofnun eða óháðum aðila. Símastjórnum verður heimilað að taka þátt í samkeppni á þeim sviðum fjarskiptaþjónustu sem verða gefin frjáls.

2.7. Stöðlun.

Samhliða þessum breytingum hefur m.a. á vegum EB, Staðlastofnunar Evrópu og Evrópusamtaka símastjórna verið unnið að gerð staðla fyrir fjarskipti og upplýsingatækni, enda er samræming á þessu sviði nauðsynleg til að tryggja opinn markað sem lýtur lögmálum frjálsrar samkeppni.

2.8. Farsímar.

Auk framangreinds eru nokkrar samþykktir EES-samningsins sem koma til með að hafa töluverð áhrif á fjarskiptaþjónustu í framtíðinni. Má þar sérstaklega nefna opnun á nýjum stafrænum farsíma á 900 MHz tíðnisviðinu, svokallað GSM-kerfi. Með því er stefnt að því að hafa sömu gerð farsíma á öllu svæðinu. Hér á landi er nú rekið svokallað NMT-kerfi, en væntanlega verður hið nýja kerfi einnig tekið í notkun hér eins og reyndar er verið að gera annars staðar á Norðurlöndum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Framangreindar meginreglur um fjarskiptamál innan EES gera það að verkum að nauðsynlegt er að breyta lögum nr. 73/1984, um fjarskipti. Samkvæmt gildandi lögum fer Póst- og símamálastofnunin með víðtækan einkarétt ríkisins á fjarskiptum og eru undanþáguheimildir fáar. Einkaréttur ríkisins nær þó ekki til notendabúnaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins verði þrengdur verulega og nái framvegis eingöngu til talsímaþjónustu og til að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Önnur þjónusta á sviði fjarskipta verður háð leyfum samgönguráðherra þar sem skilyrði verða að vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt sé jafnræðis. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita þá þjónustu en verður að uppfylla sömu skilyrði og aðrir. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir heimild samgönguráðherra til að setja reglugerð um virðisaukandi þjónustu er tengist hinu almenna fjarskiptaneti og þurfa veitendur slíkrar þjónustu ekki að sækja um sérstakt leyfi enda uppfylli þeir ákvæði reglugerðarinnar. Samkvæmt reglum um frjálsan aðgang að fjarskiptanetum innan EES má ekki mismuna fyrirtækjum eftir þjóðerni heldur verður að tryggja jafnræði þeirra að því er snertir aðgang að fjarskiptaþjónustu. Öll skilyrði verða því að hvíla á hlutlægum, almennum og skýrum grundvelli þar sem tryggt er að ekki sé verið að takmarka samkeppni eða misnota yfirburðastöðu fjarskiptafyrirtækis á tilteknum markaði.

Ákvæði EES-samningsins taka ekki til ákveðinna fjarskipta, en eins og áður var rakið er þar um að ræða fjarrita, farsíma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu. Þá ná samþykktir EB ekki til fjölmiðlunar, þ.e. flutnings hljóð- og sjónvarpsefnis í fjarskiptanetum. Ríkjum innan EES er þá í sjálfsvald sett hvort þau viðhalda einkaleyfi er tekur til þeirra þjónustusviða. Í Danmörku var farin sú leið að heimila veitingu einkaleyfa á þessum sviðum, en þó þannig að samgönguráðherra landsins er jafnframt heimilað að opna fyrir samkeppni enda hafi sérstök lög verið sett er heimili samkeppni á viðkomandi sviði. Þessi varnagli er sleginn í samræmi við líkur á því að áfram verði haldið á braut aukins frelsis og samkeppni í fjarskiptaþjónustu innan EB. Í þessu frumvarpi er hins vegar farin sú leið að láta einkarétt ríkisins einvörðungu ná til talsímaþjónustu og hins almenna fjarskiptanets. Framkvæmdin verður þá einfaldari og auðveldara að bregðast við auknum kröfum um samkeppni. Einkaréttur ríkisins verður skýr og vel afmarkaður á þeim sviðum þar sem líklegt er að einkaréttur ríkisins verði um alllangt skeið viðurkenndur innan EES. Á hinn bóginn verður Póst- og símamálastofnun heimilt að veita sérhverja tegund fjarskiptaþjónustu að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda gagnvart öðrum aðilum. Einkaréttur Póst- og símamálastofnunar á framangreindri grunnþjónustu ætti og að nægja til að tryggja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar þannig að hún geti á hverjum tíma boðið upp á öruggt fjarskiptanet sem er undirstaða samkeppni á öðrum sviðum fjarskipta.

Samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti fer Póst- og símamálastofnun bæði með eftirlitshlutverk er varðar fjarskipti og atvinnurekstur. Slík samþætting felur í sér margvíslegar hættur á hagsmunaárekstrum og misnotkun. Með tilkomu EES-samningsins verður nauðsynlegt að greina þarna á milli og því er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ný stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, taki við hinu opinbera eftirlitshlutverki sem Póst- og símamálastofnun hefur gegnt fram til þessa. Fjarskiptaeftirlit ríkisins verður sjálfstæð stofnun undir yfirumsjón samgönguráðherra. Reyndar hafa fyrstu skrefin þegar verið stigin í þessa átt með því að sjálfstæði eftirlitsins hefur verið aukið með skipun sérstakrar stjórnar fjarskiptaeftirlits þar sem eiga sæti, auk fulltrúa Póst- og símamálastofnunar, fulltrúar samgönguráðuneytis og notenda þjónustunnar. Frumvarpið felur í sér að Fjarskiptaeftirlit ríkisins annist útgáfu leyfisbréfa, hafi með höndum eftirlit með gerð búnaðar og lögboðuðum tækniforskriftum, úthluti tíðnum og annist önnur slík mál.

Frumvarpið felur þannig í sér að breytingar verði gerðar á þeim ramma sem stjórnvöld hafa sett starfsemi á sviði fjarskiptaþjónustu til samræmis við breytta tíma. Markmiðið er að stuðla að fjölbreyttari fjarskiptaþjónustu á sem lægstu verði en tryggja um leið öryggi þjónustunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru orðskýringar. Fjarskipti eru skýrð með sama hætti og í eldri lögum en aðrar skýringar eru flestar samhljóða skýringum í samþykktum Evrópubandalagsins um fjarskipti, þ.e. í þessu tilviki tilskipun um samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, nr. 90/388, og tilskipun um að koma á frjálsum aðgangi að fjarskiptanetum, nr. 90/387.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að einkaréttur ríkisins á annarri fjarskiptaþjónustu en talsímaþjónustu annars vegar og stofnun og rekstri almenns fjarskiptanets hins vegar verði afnuminn. Gert er ráð fyrir að settar verði reglugerðir fyrir sérhverja tegund þjónustu sem ráðherra veitir heimild fyrir. Í þessum reglugerðum geta auk tæknilegra skilyrða t.d. verið ákvæði um að þjónustuaðili veiti þjónustu sína á afmörkuðu svæði og eins gæti verið um að ræða takmörkun á fjölda þeirra sem fá rekstrarleyfi á viðkomandi svæði. Einnig gæti verið þar um að ræða skilyrði um að tiltekin þjónusta nái til landsins alls. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um virðisaukandi þjónustu en að skilmálum hennar uppfylltum þurfi ekki sérstakt rekstrarleyfi. Síðasta málsgreinin er 2. mgr. 1. gr. í núverandi lögum óbreytt.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um notendabúnað. Efnislegar breytingar eru þær frá núverandi lögum að fellt er niður ákvæði um að Póst- og símamálastofnuninni sé skylt að hafa til sölu allan almennan notendabúnað. Einnig er fellt niður ákvæði um skyldur innflytjenda til að hafa varahluti og viðhaldsþjónustu fyrir seldan búnað. Ákvæði í gildandi lögum um málskot vegna synjunar á innflutningsleyfum fyrir notendabúnað er fellt niður þar sem hér eftir verður viðurkenning búnaðar í verkahring Fjarskiptaeftirlits ríkisins en ekki Póst- og símamálastofnunar.

Um 4. gr.

Breyting á 6. gr. er einungis fólgin í því að Fjarskiptaeftirlit ríkisins tekur við þeirri útgáfu leyfisbréfa og því eftirliti sem Póst- og símamálastofnun hefur nú með höndum. Gert er ráð fyrir að Fjarskiptaeftirlit ríkisins taki til starfa þegar við gildistöku þessara laga.

Um 5. gr.

Breytingar á 7. gr. fela í sér að sjálfstæð stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, verði sett á stofn og taki við tilteknum verkefnum af Póst- og símamálastofnun. Í 8. gr. er fjallað um gjaldskrá en ákvæði um gjaldskrá fyrir þjónustu, sem Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á, er óbreytt. Nýtt ákvæði bætist við og varðar gjaldskrá fyrir samkeppnisþjónustu. Í 9. gr. er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, svo og þær samþykktir og gerðir er tengjast EES-samningnum og varða fjarskipti. Lagt er til að það ákvæði, sem nú er í 8. gr. um heimild til breytinga og endurbóta á fjarskiptavirkjum ríkisins, falli

niður þar sem óþarft er að taka slíkt fram í lögum. Á sama hátt er ekki talin þörf á því að hafa í lögunum heimildarákvæði til að leyfa undanþágu frá afnotagjaldi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Um 6. gr.

Í 17. gr. laganna breytist Póst- og símamálastofnun í Fjarskiptaeftirlit ríkisins í samræmi við fyrri breytingar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

160. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um íbúðaverð á landsbyggðinni.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Ásgrímsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Nefndinni verði sérstaklega gert að skoða hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðarhúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en var ekki tekin fyrir og er því endurflutt.

Þróun íbúðaverðs á landsbyggðinni er víðast hvar mikið áhyggjuefni. Fyrir margt löngu er orðið ljóst að markaðsverð íbúðarhúsnæðis er langt undir framreiknuðum stofnkostnaði þess. Verðmæti þessa húsnæðis hefur þannig brunnið upp og skert eignir fólks á landsbyggðinni svo að nemur gríðarlegum fjárhæðum.

Sú var tíðin að eini sparnaðarkostur fólks var fjárfesting í íbúðarhúsnæði. Margir lögðu afrakstur lífsstarfs síns í íbúðarhúsnæði. Öruggt húsaskjól og eigið húsnæði var trygging þessa fólks fyrir bærilegri afkomu á efri árum.

Þó svo að fleiri sparnaðarmöguleikar séu nú fyrir hendi en áður er ljóst að hjá venjulegu fólki er öflun eigin íbúðarhúsnæðis helsta fjárfestingin sem það tekst á hendur á lífsleiðinni. Íbúðarhúsnæðið er yfirgnæfandi hluti eignamyndunarinnar í lífi fólks.

Það eru því býsna kaldranalegar aðstæður sem blasa við fólki á landsbyggðinni þegar afrakstur lífsstarfsins verður að engu. Sums staðar er líka svo komið að erfitt er fyrir fólk að selja húsnæði sitt. Til viðbótar við hið almenna fjárhagstjón, sem fólk verður fyrir vegna hruns íbúðaverðs, er ljóst að þetta ástand skapar öryggisleysi hjá íbúum dreifbýlisins og hefur orðið til þess að girða fyrir allar íbúðarbyggingar á almennum fasteignamarkaði á landsbyggðinni.

Á sama tíma og auknar þrengingar hafa orðið á almenna íbúðamarkaðnum á landsbyggðinni hefur hlutur félagslegs íbúðarhúsnæðis aukist. Það gefur augaleið að sú þróun hlýtur að hafa sitt að segja um stöðu hins almenna íbúðamarkaðar á landsbyggðinni. Víða um land háttar nefnilega svo til að íbúum fjölgar ekki, jafnvel fækkar, á sama tíma og íbúðum innan hins félagslega íbúðakerfis fjölgar. Því er augljóst að þar þrengir mjög að hinum almenna íbúðamarkaði.

Þar sem fólk á einhverja völ í því efni kýs það frekar að kaupa íbúðir í félagslega íbúðakerfinu á landsbyggðinni. Ástæðan er einföld. Á sveitarfélögunum hvílir sú kvöð að leysa til sín slíkar íbúðir á verðbættu stofnverði. Fólk, sem á þann kost að eignast þannig húsnæði, býr því við öryggi sem eigendur almenns íbúðarhúsnæðis geta ekki einu sinni látið sig dreyma um. Við þær aðstæður, sem nú ríkja á landsbyggðinni, er það því ofur skiljanlegt að fólk kjósi fremur öryggi hins félagslega íbúðakerfis en hið fullkomna öryggisleysi almenna íbúðamarkaðarins.

Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um íbúðaverð kom fram að úti á landi er fermetraverð félagslegs íbúðarhúsnæðis hærra en húsnæðis á almenna markaðnum. Getur þar munað mjög verulegum upphæðum.

Taka má einfalt dæmi frá Vestfjörðum til þess að varpa ljósi á stöðu málsins. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins skulu félagslegar íbúðir „aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó“ eins og segir í lagatextanum. Meðalverð á fermetra í félagslegu íbúðakerfi var 63.100 kr. árið 1990. Samkvæmt þessum forsendum var heildarverð 130 fermetra íbúðar í félagslega íbúðakerfinu á Vestfjörðum árið 1990 um 8,2 millj. kr. Söluverð hvers fermetra notaðs húsnæðis á almennum markaði á Vestfjörðum var hins vegar 37.010 kr. Með hliðsjón af þeim forsendum var heildarverð 130 fermetra íbúðar á almennum markaði árið 1990 um 4,8 millj. kr. Mismunur á þessum tveimur íbúðum var því 3,4 millj. kr.

Þessar upplýsingar sýna okkur að skekkja á íbúðamarkaðnum er, sums staðar að minnsta kosti, orðin mjög alvarleg. Hún endurspeglar það almenna verðhrun sem er staðreynd á landsbyggðinni og sýnir svart á hvítu hið alvarlega ástand sem nú ríkir og er fullkomlega óviðunandi.

161. Frumvarp til fjáraukalaga [140. mál]

fyrir árið 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-2 423 000**
Beinir skattar	-1 033 000	
Óbeinir skattar	-1 120 000	
Vaxtatekjur	240 000	
Aðrar tekjur	-510 000	
Gjöld		**2 960 900**
Samneysla	728 800	
Rekstrargjöld	728 800	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 425 000	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	307 100	
Stofnkostnaður	307 100	
Gjöld umfram tekjur		**5 383 900**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	1 295 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	100 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 778 900**
Afborganir af teknum lánum		-415 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 363 900**
Lántökur		6 400 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**36 100**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31 500	
02 Menntamálaráðuneyti	-151 000	
03 Utanríkisráðuneyti	58 800	
04 Landbúnaðarráðuneyti	617 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	121 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	89 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	96 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 638 400	
09 Fjármálaráðuneyti	71 300	
10 Samgönguráðuneyti	82 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	300 000	
14 Umhverfisráðuneyti	6 800	
Samtals		2 960 900

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 500
1 01	Alþingiskostnaður	8 000	
1 03	Þingmálaskrifstofa	15 500	
1 04	Rekstrarskrifstofa	4 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		31 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 900	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
5	Gjöld samtals		**31 500**
	Samtals		31 500

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−15 000	
	Mismunur		**15 000**
02–750 Skólar fyrir fatlaða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 50	Sameiginleg þjónusta	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−220 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	−220 000	
	Gjöld samtals		−220 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−220 000	
5	Gjöld samtals		**−220 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–973 Þjóðleikhús			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 01	Þjóðleikhús	40 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 80	Listahátíð	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
02–989 Ýmis íþróttamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		−151 000

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 600
1 01	Yfirstjórn	1 000	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	29 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	3 600	
	Gjöld samtals		33 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	30 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**33 600**
03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 600
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	4 600	
	Gjöld samtals		4 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals		**4 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 58	Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM	14 800	
1 59	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Mið-Ameríku, ONUCA	5 800	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 600	
5	Gjöld samtals		**20 600**
	Samtals		58 800

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–246 Veiðimálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Veiðimálastofnun	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
04–290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			615 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	315 000	
1 30	Beinar greiðslur til bænda	300 000	
	Gjöld samtals		615 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	615 000	
5	Gjöld samtals		**615 000**
	Samtals		617 000

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202	**Hafrannsóknastofnun**		
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−83 000	
	Mismunur		**83 000**
05–204	**Fiskistofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Fiskistofa	15 000	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	23 000	
	Gjöld samtals		38 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 000	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**38 000**
	Samtals		121 000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–190	**Ýmis kostnaður ráðuneytis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 71	Framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
06–231	**Málskostnaður í opinberum málum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
06–490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	69 000	
	Gjöld samtals		69 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	69 000	
5	Gjöld samtals		**69 000**
	Samtals		89 000

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 04	Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
07–982 Ríkisábyrgð á launum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 000
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	76 000	
	Gjöld samtals		76 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 000	
5	Gjöld samtals		**76 000**
	Samtals		96 000

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–271 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			693 000
1 10	Lífeyristryggingar	163 000	
1 20	Sjúkratryggingar	530 000	
	Gjöld samtals		693 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	693 000	
5	Gjöld samtals		**693 000**
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			709 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	709 000	
	Gjöld samtals		709 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	709 000	
5	Gjöld samtals		**709 000**
08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 700
1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	5 700	
Gjöld samtals		5 700
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	5 700	
5 Gjöld samtals		**5 700**
08–371 Ríkisspítalar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		65 000
1 01 Ríkisspítalar	65 000	
Stofnkostnaður:		55 000
6 60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	55 000	
Gjöld samtals		120 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	120 000	
5 Gjöld samtals		**120 000**
08–372 Borgarspítalinn		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		25 000
1 01 Borgarspítalinn	25 000	
Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	25 000	
5 Gjöld samtals		**25 000**
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 700
1 01 St. Jósefsspítali, Landakoti	5 700	
Gjöld samtals		5 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
5	Gjöld samtals		**5 700**

08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
	Samtals		1 638 400

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	10 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−500 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	−500 000	
	Gjöld samtals		−500 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−500 000	
5	Gjöld samtals		**−500 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09-901	**Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins**		
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−4 000	
	Mismunur		**4 000**
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			365 100
1 01	Rekstur	365 100	
Stofnkostnaður:			220 600
6 01	Stofnkostnaður	220 600	
	Gjöld samtals		585 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	207 400	
52-58	Önnur gjöld	256 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	122 000	
5	Gjöld samtals	585 700	
4	Sértekjur	50 400	
	Mismunur		**535 300**
	Samtals		71 300

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–322 Flóabátar og vöruflutningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir	28 000	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	28 000	
5	Gjöld samtals		**28 000**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	1 100	
	Gjöld samtals		1 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
5	Gjöld samtals	1 100	
4	Sértekjur	−40 000	
	Mismunur		**41 100**
10–471 Flugmálastjórn			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−12 000	
	Mismunur		**12 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–485 Ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
	Samtals		82 100

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–201	**Niðurgreiðslur á vöruverði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	300 000	
	Gjöld samtals		300 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**
	Samtals		300 000

14 Umhverfisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 300
1 01 Yfirstjórn	4 300	
Stofnkostnaður:		2 500
6 01 Tæki og búnaður	2 500	
Gjöld samtals		6 800
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	6 800	
5 Gjöld samtals		**6 800**
Samtals		6 800

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í þeirri þjóðhagsspá, sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1992, var gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í þjóðarbúskapnum í kjölfar fjögurra ára stöðnunar eða samdráttar í íslensku efnahagslífi. Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um efnahagsframvindu líðandi árs, staðfesta í meginatriðum þá spá. Þó er talið að landsframleiðslan dragist heldur minna saman en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá var gert ráð fyrir 6% samdrætti þjóðartekna, en nú eru taldar horfur á að hann verði tæp 4%. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum er talinn verða um 1½ milljarði króna minni á þessu ári en reiknað var með í forsendum fjárlaga, eða kringum 13½ milljarður króna í stað rúmlega 15 milljarða króna.

Tvö atriði skera sig nokkuð úr í samanburði á forsendum fjárlaga og endurskoðaðri áætlun. Annars vegar er minni verðbólga en búist var við. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 5½% meðalhækkun verðlags milli áranna 1991 og 1992, en nú bendir allt til þess að hækkunin verði innan við 4%. Hins vegar er meira atvinnuleysi sem endurspeglast í minni tekjum á yfirstandandi ári. Þessi frávik setja mark sitt á afkomu ríkissjóðs í ár, bæði á tekju- og gjaldahlið.

Afkoma ríkissjóðs.

Afkoma ríkissjóðs á þessu ári hefur nú verið endurmetin í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993 og með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Þá hafa fulltrúar fjármálaráðuneytis átt viðræður við fulltrúa annarra ráðuneyta um stöðu mála og metið beiðnir um viðbótarfjárframlög vegna yfirstandandi árs.

Afkoma ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Tekjur	105.463	103.040	-2.423
Gjöld	-109.575	-112.140	-2.565
Rekstrarafkoma	**-4.112**	**-9.100**	**-4.988**
Veitt lán, nettó	-395	-1.790	-1.395
Hluta- og stofnfjárframlög	-280	-280	-
Viðskiptareikningar	400	400	-
Hrein lánsfjárþörf	**-4.387**	**-10.770**	**-6.383**
Lántökur, nettó	**4.400**	**10.770**	**6.370**
Innlend lántaka - afborganir	2.350	7.440	5.290
Erlend lántaka - afborganir[1)]	2.800	4.080	1.080
Lán í Seðlabanka - afborganir[1)]	-750	-750	-

1) Að auki voru teknir að láni 5,6 milljarðar króna til að greiða skammtímaskuld í Seðlabanka vegna halla ríkissjóðs árið 1991.

Niðurstaða þessa endurmats er að rekstrarhalli ríkissjóðs verði 9,1 milljarður króna á þessu ári, eða 5 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Frávik frá áætlun kemur fram bæði á tekju- og gjaldahlið. Þannig eru taldar horfur á að heildartekjur ríkissjóðs verði 103 milljarðar króna í ár, eða 2,4 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tekjur af beinum og óbeinum sköttum verða rúmlega 2 milljörðum króna lægri en áætlað var, auk þess sem tekjur af sölu eigna verða minni en til stóð. Útgjöld ríkissjóðs eru talin hækka um 2,6 milljarða króna sem skýrist að mestu af fjórum þáttum. Fyrst er að telja áhrif yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga sl. vor sem valda um 700 m.kr. kostnaðarauka, einkum í útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála. Í annan stað hefur atvinnuleysi orðið meira en áætlað var í forsendum fjárlaga sem leiðir til um 500 m.kr. viðbótarútgjalda ríkissjóðs. Í þriðja lagi má ætla að eftirhreytur gamla búvörukerfisins kalli á um 900 m.kr. umfram fjárlög. Í fjórða lagi hafa ýmsir þættir sjúkratrygginga farið rúmlega 500 m.kr. fram úr fjárlögum. Enn fremur er sótt um greiðsluheimild fyrir geymdum fjárveitingum frá fyrra ári alls 720 m.kr. en á móti vegur að yfirfærðar skuldir eru 234 m.kr. Í áætluninni er við það miðað að samsvarandi upphæð færist yfir á árið 1993. Almennt er því ekki sótt um viðbótarheimildir til rekstrar nema í sérstökum tilvikum, en þess í stað við það miðað að greiðslum umfram heimildir til einstakra málaflokka verði mætt af heimildum næsta árs. Þetta kann að eiga við um tryggingabætur, einstaka framhaldsskóla og embætti sýslumanna og dómara. Loks ríkir óvissa um að hve miklu leyti tekjur af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs koma til með að skila sér í ríkissjóð strax á þessu ári.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og ýmsum lánahreyfingum, er nú áætluð 10,8 milljarðar króna saman borið við 4,4 milljarða króna í fjárlögum og nemur viðbótarlánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári því um 6,4 milljörðum króna. Þar af er aukinn rekstrarhalli um 5 milljarðar króna. Afgangurinn, eða 1,4 milljarðar króna, er aukið útstreymi fjár af lánareikningum, einkum vegna lánveitinga samkvæmt heimild í 8. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Í ljósi núverandi ástands á lánamarkaði er stefnt að því að mæta viðbótarlánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári sem mest á innlendum lánamarkaði. Til samanburðar reyndist lánsfjárþörfin 14,6 milljarðar króna á síðasta ári en þá nam rekstrarhalli ríkissjóðs 12,5 milljörðum króna. Af þessu sést að afkoma ríkissjóðs hefur batnað nokkuð frá fyrra ári þó ekki hafi fyllilega tekist að ná markmiðum fjárlaga.

Tekjur.

Í fjárlögum fyrir árið 1992 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 105,5 milljarðar króna. Nú eru hins vegar horfur á að þær verði allt að 2½ milljarði króna minni, eða kringum 103 milljarðar króna. Þetta þýðir að heildartekjur ríkissjóðs verða nær þær sömu í ár og á síðasta ári metnar á föstu verðlagi. Skatttekjurnar dragast hins vegar lítillega saman milli ára, eða um rúmlega 1% að raungildi.

Tekjusamdráttinn má að hluta rekja til erfiðs efnahagsástands bæði á yfirstandandi ári og árið 1991 sem rýrir tekjur þessa árs. Auk þess hafa ýmis tekjuáform ekki gengið eftir. Samhliða versnandi afkomu fyrirtækja og minnkandi eftirspurn hefur atvinnuleysi farið vaxandi og vinnutími styst sem endurspeglast í minnkandi tekjum hjá ríkissjóði jafnt af tekjusköttum og eignarsköttum sem veltusköttum.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Tekju- og eignarskattar	**21.088**	**20.055**	**-1.033**	-5
Einstaklingar	16.288	15.408	-880	-5
Fyrirtæki	4.800	4.647	-153	-3
Óbeinir skattar	**76.215**	**75.095**	**-1.120**	**-1**
Innflutnings- og vörugjöld	8.608	8.150	-458	-5
Virðisaukaskattur	40.450	39.600	-850	-2
Hagnaður ÁTVR	6.650	6.650	-0	-
Tryggingagjald	9.150	9.500	350	4
Bifreiðagjöld	7.140	7.155	15	-
Aðrir skattar	4.217	4.040	-177	-4
Aðrar tekjur	**8.160**	**7.890**	**-270**	**-3**
Vaxtatekjur	3.990	4.230	240	6
Arðgreiðslur	2.205	2.260	55	2
Sala eigna	1.075	500	-575	-53
Aðrar tekjur	890	900	10	1
Heildartekjur ríkissjóðs	**105.463**	**103.040**	**-2.423**	**-2**

Tekjuskattar og eignarskattar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1992 skila tekjuskattar og eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja talsvert minni tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar munar mestu um staðgreiðslu tekjuskatts sem skilar allt að 1 milljarði króna lægri tekjum en áður var áætlað. Skýringin er fyrst og fremst minni tekjuaukning en miðað var við í fjárlögum vegna vaxandi atvinnuleysis og styttri vinnutíma. Á móti vegur að ofgreiddur tekjuskattur af tekjum ársins 1991, sem er endurgreiddur á þessu ári, varð talsvert minni en áætlað hafði verið. Það stafar af því að færri einstaklingar nýttu sér heimild til skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa á síðasta ári en búist hafði verið við.

Þá verður innheimta á tekjusköttum og eignarsköttum fyrirtækja heldur lægri í ár en miðað hafði verið við sem bendir til vaxandi greiðsluerfiðleika hjá fyrirtækjum.

Óbeinir skattar. Talið er að tekjur af veltusköttum (virðisaukaskatti, innflutningsgjöldum) verði 1,3 milljörðum króna lægri í ár en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Á þessu eru tvær meginskýringar. Önnur er meiri samdráttur í innflutningi, einkum í dýrari vörum (bílum, rafmagnstækjum o.fl.) sem skila ríkissjóði jafnan drjúgum hluta skattteknanna. Í fjárlögum 1992 var t.d. gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn 8.500 bílar saman borið við 12.000 bíla árið 1991. Tölur um innflutning fyrstu níu mánuði ársins benda til þess að þeir verði heldur færri og tegundir ódýrari. Minnkandi umsvif eru einnig meginskýring þess að ýmsir aðrir veltutengdir skattar, svo sem gjaldeyrisskattar, lántökugjöld o.fl., lækka frá áætlun fjárlaga, sbr. liðinn *Aðrir skattar* í meðfylgjandi töflu.

Hin skýringin er sú að tekjugrunnurinn fyrir yfirstandandi ár, þ.e. útkoma ársins 1991, varð lægri en miðað var við í fjárlögum. Þetta á einkum við um virðisaukaskattinn, en innheimta hans varð talsvert minni í desember á síðasta ári en reiknað hafði verið með við samþykkt fjárlaga. Jafnframt hefur áætlunum skattyfirvalda við álagningu virðisaukaskatts fjölgað það sem af er árinu frá sama tíma og í fyrra, en við það dregur óhjákvæmilega úr skilum á skattinum. Hér kann að gæta áhrifa af versnandi afkomu fyrirtækja eins og áður kom fram.

Á móti vega auknar tekjur af tryggingagjaldi sem rekja má til betri innheimtu á eftirstöðvum eldri launaskatta og viðbótartekna af slysatryggingagjaldi vegna ökutækja.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið skila þessir tekjustofnar tæplega 300 m.kr. minni tekjum á þessu ári en áætlað var í fjárlögum. Hér kemur tvennt til. Annars vegar ríkir enn nokkur óvissa um tekjur af sölu eigna sem átti að skila ríkissjóði rúmlega 1 milljarði króna, en nú er talið að þessar tekjur verði aðeins um 500 m.kr. Hins vegar urðu arðgreiðslur Seðlabanka Íslands, svo og vaxtatekjur ríkissjóðs vegna slakrar lausafjárstöðu bankanna á árinu 1991, meiri en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga.

Útgjöld.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga 1992 voru 109,6 milljarðar króna saman borið við 112,5 milljarða króna sem útgjöldin urðu árið 1991. Þannig var stefnt að tæplega 7 milljarða króna lækkun útgjalda milli ára að raungildi. Útgjöld ársins hafa verið endurmetin og er nú talið að þau verði um 112,1 milljarður króna en það er 2,5 milljarða króna hækkun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarkostnaður	**41.081**	**41.660**	**579**	**1**
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur, framlög	**43.925**	**46.313**	**2.388**	**5**
Lífeyristryggingar	14.757	14.920	163	1
Sjúkratryggingar	9.043	9.573	530	6
Slysatryggingar	547	547	-	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.280	1.980	700	55
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.220	2.000	-220	-10
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.262	8.177	915	13
Annað	8.816	9.116	300	3
Vextir	**9.900**	**9.400**	**-500**	**-5**
Viðhald	**2.795**	**2.772**	**-23**	**-1**
Stofnkostnaður	**11.873**	**11.995**	**122**	**1**
Vegamál	3.158	3.186	28	1
Hafnamál	965	965	-	-
Byggingarsjóðir	1.075	1.075	-	-
Annað	6.675	6.769	94	1
Samtals	**109.574**	**112.140**	**2.566**	**2**

Rekstrarkostnaður er nú áætlaður 41,7 milljarðar króna eða 0,6 milljarðar króna umfram fjárlög. Á föstu verðlagi hefur rekstrarkostnaður ríkisins lækkað um 2,2 milljarða króna frá fyrra ári. Þannig er ljóst að áformaður sparnaður stofnana ríkisins í fjárlögum 1992 hefur að mestu gengið eftir. Af hækkun rekstrargjalda eru um 200 m.kr. vegna kjarasamninganna frá því í vor, en 400 m.kr. skýrast af ýmsum tilefnum. Helstu liðir eru þessir: Minni sértekjur vegna lægra verðs við sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs nema 83 m.kr. Í forsendum fjárlaga voru ýmis aðfarargjöld færð sem sértekjur sýslumannsembætta en teljast skatttekjur samkvæmt lögum. Þetta hækkar gjöld um 69 m.kr. en á móti koma hærri tekjur ríkissjóðs. Þá vantar 40 m.kr. upp á að tekjur af hafnargjöldum skili sér í samræmi við áætlanir. Loks má nefna að viðbótarkostnaður vegna

undirbúnings, kynningar og umfjöllunar um EES-samninginn er talinn verða um 60 m.kr.

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög eru nú áætluð 46,3 milljarðar króna sem er 2,3 milljörðum króna hærri fjárhæð en í fjárlögum. Að raungildi hafa þessar greiðslur lækkað um 0,5 milljarða króna frá árinu 1991. Helstu frávik koma fram í þremur málaflokkum: Í fyrsta lagi hækka framlög til landbúnaðarmála um 915 m.kr. Útflutningsbætur og niðurgreiðslur hækka um 615 m.kr., en á þessu ári fer fram uppgjör á eftirstöðvum gamla búvörusamningsins. Þá ákvað ríkisstjórnin að flýta greiðslu á 300 m.kr. beinum greiðslum til bænda sem áður var gert ráð fyrir að greiða á næsta ári. Í öðru lagi hækka greiðslur atvinnuleysisbóta um rúmlega 700 m.kr. og er það að stærstum hluta vegna aukins atvinnuleysis á árinu. Í þriðja lagi er áætlað að útgjöld vegna almannatrygginga aukist um tæpar 700 m.kr. Greiðslur vegna lífeyristrygginga hækka um 163 m.kr. og útgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 530 m.kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð eru um tveir þriðju hlutar ófyrirséð ný útgjöld en að öðru leyti hefur ekki tekist að ná fram áformuðum sparnaði, eins og í lyfjakostnaði og sérfræðingakostnaði. Enn fremur er áætlað að allt að 300 m.kr. útgjaldaaukning sjúkratrygginga á þessu ári færist til næsta árs. Önnur framlög hækka um 300 m.kr. Þar vega þyngst 80 m.kr. vegna launagreiðslna gjaldþrota fyrirtækja, 40 m.kr. hækkun til Þjóðleikhúss, 20 m.kr. framlag til friðargæsluSveita og 20 m.kr. hækkun á greiðslum umönnunarbóta skv. 10 gr. laga um málefni fatlaðra.

Vextir eru nú áætlaðir 9,4 milljarðar króna, eða 500 m.kr. lægri en í fjárlögum. Það skýrist einkum af lægri vöxtum á erlendum lánum en áætlað var.

Viðhald og stofnkostnaður hækkar um rúmlega 100 m.kr. frá fjárlögum og er áætlaður 14,8 milljarðar króna. Enn fremur er sótt um flutning innstæðna frá árinu 1991 að fjárhæð 221 m.kr. yfir til ársins 1992. Gert er ráð fyrir að ónýttar greiðsluheimildir þessa árs verði með sama hætti fluttar til ársins 1993.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1991. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins eru fjárheimildir til rekstrar nú í fyrsta sinn með almennum hætti færðar milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok 1991. Áður hafa geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna er mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast hending ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika til að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið. Þannig er almennt ekki sótt um viðbótarheimildir til reksturs nema í sérstökum tilvikum, en þess í stað við það miðað að greiðslum umfram heimildir til einstakra málaflokka verði mætt af heimildum næsta árs.

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið mótaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót:

1. Flutningur á innstæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Sé ástæða inneignar hins vegar sú að ekki hefur verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fellur heimildin niður.

2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum, sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu, er felldur niður. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.

3. Innstæður eða umframgjöld á tilfærsluliðum eru almennt felld niður þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Hér á eftir fer yfirlit yfir þær innstæður og umframgjöld á árinu 1991 sem lagt er til að færist yfir til ársins 1992.

Allar fjárhæðir í þús. kr.	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 Æðsta stjórn ríkisins	6.999	-	18.814
01 Forsætisráðuneyti	6.213	-781	2.000
02 Menntamálaráðuneyti	154.606	-94.936	70.194
03 Utanríkisráðuneyti	17.431	-	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	1.424	-17.664	-246
05 Sjávarútvegsráðuneyti	12.808	-2.462	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	43.103	-18.712	24.553
07 Félagsmálaráðuneyti	29.103	-11.566	38.193
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	93.598	-12.556	26.440
09 Fjármálaráðuneyti	18.113	-6.999	40.673
10 Samgönguráðuneyti	-	-2.303	-
11 Iðnaðarráðuneyti	22.457	-47.590	-
12 Viðskiptaráðuneyti	2.991	-1.930	-
13 Hagstofa Íslands	1.932	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	74.780	-3.421	-
Samtals	**485.558**	**-220.920**	**220.621**

Af rekstrargjöldum ríkissjóðs á árinu 1991 er lagt til að alls verði fluttar 486 m.kr. til ársins 1992, en á móti verði heimildir fjárlaga 1992 lækkaðar um 221 m.kr. vegna umframgreiðslna 1991. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 221 m.kr. Sótt er um þessar fjárheimildir undir liðnum *09–989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali kemur fram frekari sundurliðun á einstakar stofnanir ríkisins.

Lánahreyfingar.

Í fjárlögum 1992 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 4,4 milljarðar króna og heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs 13,4 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir að hún yrði fjármögnuð bæði innan lands og utan. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hrein lánsfjárþörf nú talin verða 10,8 milljarðar króna en heildarlánsfjárþörf 19,4 milljarðar króna. Aukning heildarlánsfjárþarfar frá fjárlögum er því 6 milljarðar króna. Skýrist hún að stærstum hluta af 5 milljarða króna hærri rekstrarhalla ríkissjóðs. Einnig verða lánveitingar 1,4 milljörðum króna hærri en ráð var fyrir gert sem einkum skýrist af lánveitingum skv. 8. gr. lánsfjárlaga, en þar er fjármálaráðherra heimilað að endurlána úr ríkissjóði í stað þess að veita ríkisábyrgð. Á móti kemur að afborganir lána verða lægri sem nemur 0,4 milljörðum króna.

Innlend lánsfjáröflun, sem er áætluð 10,8 milljarðar króna, hefur gengið vel, einkum öflun skammtímalánsfjár. Til septemberloka hafa ríkisbréf selst fyrir um 2,7 milljarða króna og er gert ráð fyrir að heildarsala þeirra á árinu, að frádreginni innlausn, verði um 3,3 milljarðar króna. Spariskírteini ríkissjóðs hafa selst fyrir 2,6 milljarða króna á sama tímabili. Í árslok er gert ráð fyrir að salan verði orðin rúmlega 4 milljarðar króna en innlausn eldri skírteina er talin verða um 1,5 milljarðar króna án vaxta. Sala ríkisvíxla hefur aukist um 8 milljarða króna frá ársbyrjun til septemberloka. Nú fer sá tími í hönd þegar lausafjárstaða bankanna versnar og má því reikna með að staða útistandandi ríkisvíxla lækki frá því sem nú er. Ef ofangreindar forsendur fyrir sölu spariskírteina og ríkisbréfa ganga eftir þyrfti skammtímafjármögnun ríkissjóðs að nema 3,5 milljörðum króna. Stefnt er að því að mæta henni á innlendum lánamarkaði.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Áætlun 1992 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarafkoma	**-4.112**	**-9.100**	**-4.988**	**121**
Lánveitingar, nettó	**-395**	**-1.790**	**-1.395**	**353**
Lánveitingar	-4.545	-5.840	-1.295	28
Innheimtar afborganir	4.150	4.050	-100	-2
Hluta- og stofnfjárframlög	**-280**	**-280**	-	-
Viðskiptareikningar	**400**	**400**	-	-
Viðskiptareikningar, almennir	-500	-500	-	-
Húsnæðisstofnun	900	900	-	-
Afborganir	**-9.000**	**-8.585**	**415**	**-5**
Spariskírteini	-1.515	-1.100	-415	-27
Seðlabanki[1]	-750	-750	-	-
Önnur innlend lán	-2.035	-2.235	-200	10
Erlend lán	-4.700	-4.500	200	-4
Heildarlánsfjárþörf	**-13.387**	**-19.355**	**-5.968**	**45**
Lántökur	**13.400**	**19.355**	**5.955**	**44**
Ríkisverðbréf	5.900	10.775	4.875	83
Erlend lán[1]	7.500	8.580	1.080	14

1) Í ársbyrjun 1992 gerði ríkissjóður upp 5.600 m.kr. yfirdráttarskuld við Seðlabanka Íslands frá fyrra ári með erlendri lántöku.

Í byrjun júní á þessu ári gerði fjármálaráðherra samning við Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu bankans við ríkissjóð sem takmarkar aðgang ríkissjóðs að yfirdrætti í Seðlabankanum innan ársins. Ákvæði samningsins taka mið af framlögðu frumvarpi til laga um starfsemi Seðlabanka Íslands. Í samningnum er gert ráð fyrir að dregið verði úr fyrirgreiðslu Seðlabankans í áföngum. Þannig er á þessu ári 3 milljarða króna hámark á yfirdráttarheimild ríkissjóðs, en um áramótin fellur yfirdráttarheimild niður. Þetta hefur það í för með sér að ríkissjóður verður að mæta allri lánsfjárþörfinni á markaði. Með þessu er stefnt að því að draga úr þensluáhrifum sem mikill yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka gæti valdið.

Nauðsynlegur þáttur í þessari nýbreytni er að ríkissjóður eigi jafnan aðgang að lánsfé á lánamarkaði. Því ákvað fjármálaráðherra að láta vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum ráðast í útboðum á markaði, en fram að þeim tíma hafði vaxtaákvörðunin verið tekin einhliða af stjórnvöldum. Með þessu var stigið veigamikið skref frá beinum afskiptum af vaxtaákvörðun í landinu. Fyrstu verðbréfin, sem seld voru með útboði, voru ríkisbréf og hafa þau verið boðin út mánaðarlega frá júní. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hefur farið lækkandi með hverju útboði og er meðaltalsávöxtun bréfanna nú 10,6%, en var 11,5% í júní. Er sú þróun í samræmi við þá stöðu sem ríkir á peningamarkaði um þessar mundir.

Nú hefur fjármálaráðherra ákveðið að bæði ríkisvíxlar og spariskírteini ríkissjóðs verði seld á sama hátt og ríkisbréfin, þ.e. með útboði. Fyrsta útboð spariskírteina fór fram um miðjan október. Frá og með næstu mánaðamótum verða ríkisvíxlar aðeins seldir með útboði. Framvegis mun ríkissjóður þannig hafa meiri möguleika á að stýra samsetningu þeirra lána sem hann tekur, þar á meðal hlutfalli milli langtímalána og skammtímalána.

Heimildir ríkissjóðs til erlendrar lántöku nema alls 8,6 milljörðum króna á árinu 1992. Þar af eru 4,5 milljarðar króna vegna afborgana eldri lána. Líkur eru á að þær verði nýtt-

ar að fullu. Auk þess var á fyrstu mánuðum ársins tekið erlent lán að fjárhæð 5,6 milljarðar króna til að greiða skammtímaskuld í Seðlabanka vegna halla ríkissjóðs árið 1991.

Að lokum skal þess getið að í fjármálaráðuneyti er til athugunar að inna af hendi á þessu ári hlutafjárloforð ríkisstjórnarinnar vegna Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri og getið var um í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1993. Um er að ræða 30 m.kr. og rúmast sú fjárhæð innan heimilda fjárlaga 1992.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Til æðstu stjórnar ríkisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 31,5 m.kr.

201 Alþingi. Til Alþingis er samtals farið fram á 31,5 m.kr. Sótt er um 27,5 m.kr. til greiðslu á viðbótarkostnaði þar sem þinghald hófst sex vikum fyrr en venjulega vegna umræðna um EES-samning. Einnig er sótt um 4 m.kr. vegna endurbóta á atkvæðagreiðslukerfi þingsins.

02 Menntamálaráðuneyti

Til menntamálaráðuneytis er farið fram á lækkun á fjárheimild um 151 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Farið er fram á 15 m.kr. Undanfarin ár hefur stofnunin ítrekað farið fram úr heimildum fjárlaga vegna minnkandi tekna af sölu framleiðslu og þjónustu. Starfshópur undir forustu menntamálaráðuneytisins hefur lagt fram tillögur til úrbóta sem eiga að tryggja rekstrargrundvöll stofnunarinnar.

750 Skólar fyrir fatlaða. Farið er fram á 5 m.kr. til að standa straum af kostnaði við skólaakstur fyrir fatlaða í Reykjavík í sumar. Til bráðabirgða var kostnaðurinn greiddur af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Farið er fram á 220 m.kr. lækkun á fjárveitingu stofnunarinnar. Ný lög voru sett um sjóðinn í vor og úthlutunarreglum breytt í kjölfarið. Breytingarnar hafa í för með sér lægri fjárþörf sjóðsins en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

973 Þjóðleikhús. Farið er fram á 40 m.kr. Fjárveiting í fjárlögum 1992 fól í sér nokkurn samdrátt í rekstri leikhússins, en hann hefur ekki náðst að fullu og því er sótt um viðbótarfjárheimild.

982 Listir, framlög. Farið er fram á 6 m.kr. vegna rekstrarhalla á Listahátíð en samkvæmt samningi leggur ríkissjóður fram fjárhæð til jafns við borgarsjóð.

989 Ýmis íþróttamál. Farið er fram á 3 m.kr. til Ólympíunefndar Íslands til styrktar þátttöku Íslendinga á Ólympíuleikunum í sumar.

03 Utanríkisráðuneyti

Til utanríkisráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 58,8 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 33,6 m.kr. Ófyrirséð útgjöld vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið eru 24,6 m.kr. sem skiptast þannig að 8 m.kr. eru vegna kostnaðar við prentun þingskjala, 3,6 m.kr. eru til þess að ljúka þýðingum og 13 m.kr. til kynningar á samningnum. Einnig er sótt um 8 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna kostnaðar við athugun á möguleikum fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli og um 1 m.kr. vegna aðstoðar við forræðismál.

310 Sendiráð í Brussel og hjá Evrópubandalaginu. Farið er fram á 4,6 m.kr. Sendiráðið tók á leigu nýtt skrifstofuhúsnæði á árinu þar sem fyrirséð var veruleg hækkun húsaleigu, auk þess sem fjölga þurfti starfsmönnum í kjölfar EES-samningsins. Fjárvöntun vegna hærri húsaleigu og annars húsnæðiskostnaðar er 4,6 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir. Farið er fram á 20,6 m.kr. viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna vegna aukinnar starfsemi friðargæslusveita, m.a. í Kambódíu, Júgóslavíu og víðar. Hér er um bundin framlög að ræða sem tengjast aðild að Sameinuðu þjóðunum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Til landbúnaðarráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 617 m.kr.

246 Veiðimálastofnun. Farið er fram á 2 m.kr. sem er hlutdeild ríkissjóðs við eftirlit með því að ekki séu stundaðar ólöglegar laxveiðar í sjó. Heildarkostnaður er áætlaður 7–8 m.kr.

290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu. Farið er fram á 615 m.kr. Vegna erfiðleika í landbúnaði hefur ríkisstjórnin lagt til að flýta þeim hluta beinna greiðslna til bænda sem áður var gert ráð fyrir að greiða á næsta ári. Þar er um að ræða 300 m.kr. Greiðslur vegna útflutningsbóta á kindakjöti frá síðasta ári eru 100 m.kr. Útflutningsbætur vegna mjólkurafurða eru taldar verða 215 m.kr. umfram fjárlög vegna uppgjörs búvörusamnings fyrir verðlagsárið 1991/1992.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Til sjávarútvegsráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 121 m.kr.

202 Hafrannsóknastofnun. Farið er fram á 83 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 525 m.kr. sértekjum hjá stofnuninni með almennri sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Markaðsverð hefur lækkað frá því sem var í forsendum fjárlaga. Óvíst er því að hve miklu leyti tekjur af sölu kvóta Hagræðingarsjóðs skila sér til stofnunarinnar fyrir næstu áramót.

204 Fiskistofa. Farið er fram á 38 m.kr. til þess að hefja rekstur Fiskistofu sem stofn-

uð var með lögum nr. 36/1992. Fiskistofa yfirtekur verkefni sem áður hefur verið sinnt í nokkrum stofnunum ráðuneytisins. Um 15 m.kr. vantar upp á að flutningur fjárheimilda frá öðrum stofnunum nái að fjármagna rekstur ársins og 23 m.kr. stofnkostnaður fellur til á þessu ári sem ekki var áætlað í fjárlögum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytis er farið fram á 89 m.kr. viðbótarheimild.

190 Ýmis kostnaður ráðuneytis. Farið er fram á 15 m.kr. Kostnaður vegna aðskilnaðar framkvæmdarvalds og dómsvalds í héraði reyndist meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Um er að ræða aukin verkefni bæði hjá ráðuneytinu og ýmsum sýslumannsembættum vegna frágangs mála er tengjast kerfisbreytingunni.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Farið er fram á 5 m.kr. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara hverju sinni. Ráðuneytið er að endurskoða reglur um greiðslur af þessum lið.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Farið er fram á 69 m.kr. hækkun gjalda vegna laga um aukatekjur ríkissjóðs. Breytingarnar taka til þriggja þátta. Í fyrsta lagi er 40 m.kr. auglýsingakostnaður vegna nauðungaruppboða o.fl. sem var áður færður sem sértekjur en verður nú að gjaldfæra sérstaklega á móti auknum tekjum sem skilað er í ríkissjóð. Í öðru lagi er 20 m.kr. aukning kostnaðar við birtingu kvaðninga við fjárnám. Með lagabreytingu, sem tók gildi í júlí sl., var gerð kerfisbreyting sem felur í sér auknar tekjur ríkissjóðs um 75 m.kr. en á móti kemur að kostnaður hækkar um 20 m.kr. Í þriðja lagi er sótt um 9 m.kr. vegna kostnaðar við undirbúning aðfararaðgerða. Áður var þessi kostnaður borinn af þolanda en samkvæmt nýjum lögum er kostnaðurinn borinn af viðkomandi sýslumannsembætti.

07 Félagsmálaráðuneyti

Til félagsmálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 96 m.kr.

700 Málefni fatlaðra. Farið er fram á 20 m.kr. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 132 m.kr. til umönnunarbóta skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, en fyrirséð er 20 m.kr. fjárvöntun á þessum lið. Undanfarin ár hefur þessi lagagrein verið túlkuð víðar en fjárlög gera ráð fyrir, þannig að greiddar hafa verið bætur vegna sjúkra barna ekki síður en fatlaðra. Tryggingastofnun ríkisins annast þessar greiðslur og verða þær bókaðar sem hluti almannatrygginga í ríkisreikningi 1992.

982 Ríkisábyrgð á launum. Farið er fram á 76 m.kr. vegna eldri lagaákvæða um ríkisábyrgð á launum. Lög um Ábyrgðasjóð launa tóku ekki gildi fyrr en 1. mars 1992 og tekur sjóðurinn aðeins við fjárskuldbindingum sem voru afgreiddar frá skiptaráðanda eftir þann tíma. Fram til þess dags myndaðist fjárvöntun að fjárhæð 76 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 1.638,4 m.kr.

271 ***Tryggingastofnun ríkisins.*** Farið er fram á 693 m.kr. vegna lífeyris- og sjúkratrygginga. Annars vegar er áætluð 163 m.kr. aukning í útgjöldum lífeyristrygginga umfram forsendur fjárlaga sem leiðir af eingreiðslum sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Hins vegar er sótt um 530 m.kr. til sjúkratrygginga. Fyrst er að nefna að veruleg fjárvöntun verður vegna sérfræðikostnaðar á árinu og er lagt til að veittar verði 180 m.kr. vegna þess. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 150 m.kr. til tannréttinga vegna bráðabirgðaákvæða laga nr. 1/1992 um þátttöku sjúkratryggingadeildar í greiðslu kostnaðar vegna tannréttinga á árinu 1991. Í þriðja lagi vantar 200 m.kr. til sjúkrastofnana sem eru á daggjöldum. Greiðsla daggjalda vegna desembermánaðar 1991 var vanmetin um 80 m.kr. í forsendum fjárlaga, auk þess sem áætlaðri 120 m.kr. greiðslu úr Framkvæmdasjóði aldraðra hefur verið ráðstafað í önnur rekstrarverkefni. Loks er talið að greiðslur sjúkratrygginga vegna lyfjakostnaðar verði allt að 300 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Þau útgjöld munu koma til frádráttar heimildum næsta árs. Í heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti eru til skoðunar ýmsar leiðir til lækkunar á lyfjakostnaði ríkissjóðs.

273 ***Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Farið er fram á 709 m.kr. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir bótagreiðslum sem svara til rúmlega 2% atvinnuleysis. Samkvæmt nýjustu áætlunum stefnir í nálægt 3% atvinnuleysi í ár sem eykur fjárþörf sjóðsins um 500 m.kr. Við gerð kjarasamninga sl. vor var fallið frá áformum um að endurskoða rekstrarfyrirkomulag sjóðsins sem spara átti 150 m.kr. Þá er farið fram á 59 m.kr. vegna ákvæða um eingreiðslur í síðustu kjarasamningum.

277 ***Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna.*** Farið er fram á 20 m.kr. vegna fyrirsjáanlegrar fjárvöntunar á árinu 1992.

358 ***Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*** Farið er fram á 5,7 m.kr. vegna kostnaðar sem fellur til vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991. Hagræðing samkvæmt bókun með samningnum sem ætlað var að mæta auknum kostnaði hefur enn ekki komið fram.

371 ***Ríkisspítalar.*** Farið er fram á 120 m.kr. af tveimur tilefnum. Annars vegar vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga um að fallið yrði frá sumarlokun á öldrunardeild og barnageðdeild Ríkisspítala sem kostar 65 m.kr. Hins vegar vegna kaupa á segulómtæki sem fyrri ríkisstjórn færði stofnuninni að gjöf í tilefni 60 ára afmælis Landspítala árið 1990. Um er að ræða 55 m.kr. lokagreiðslu.

372 ***Borgarspítalinn.*** Farið er fram á 25 m.kr. vegna kostnaðar sem fellur til vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991. Hagræðing samkvæmt bókun með samningnum sem ætlað var að mæta auknum kostnaði hefur enn ekki komið fram.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Farið er fram á 5,7 m.kr. vegna kostnaðar sem fellur til vegna kjarasamnings við aðstoðarlækna sem gerður var árið 1991. Hagræðing samkvæmt bókun með samningnum sem ætlað var að mæta auknum kostnaði hefur enn ekki komið fram.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Farið er fram á 60 m.kr. Í tengslum við gerð kjarasamninga gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu um breytingar á reglum um sértekjur heilsugæslustöðva. Áætlað er að breytingin hafi í för með sér um 60 m.kr. lækkun tekna hjá stöðvunum.

09 Fjármálaráðuneyti

Til fjármálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 71,3 m.kr.

214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd. Farið er fram á 12 m.kr. vegna breytinga sem urðu með nýrri skipan á áfrýjunarstigi skattamála með stofnun yfirskattanefndar í stað ríkisskattanefndar. Gert er ráð fyrir hærri rekstrarkostnaði og sérstökum tímabundnum kostnaði vegna fjölda ólokinna mála frá tímum ríkisskattanefndar.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Farið er fram á 20 m.kr. Forsendur fjárlaga gera ráð fyrir verulegri lækkun innheimtukostnaðar með tilkomu nýrrar reglugerðar um innheimtulaun til Póst- og símamálastofnunar vegna innflutnings gegnum póstkerfið. Ekki hefur enn tekist að birta reglugerðina þar sem samningum við stofnunina er ólokið. Því er fyrirséð 20 m.kr. fjárvöntun vegna þessa.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Farið er fram á 500 m.kr. lækkun fjárveitingar. Vextir á erlendum lánum voru mun lægri en áætlað var framan af árinu. Einnig hafa vaxtagreiðslur af skammtímabréfum ríkissjóðs innan lands, t.d. ríkisvíxlum og ríkisbréfum, reynst innan áætlunar.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Farið er fram á 4 m.kr. Vegna samdráttar í verklegum framkvæmdum munu sértekjur stofnunarinnar ekki skila sér að fullu. Stofnunin hefur verið endurskipulögð til þess að mæta breyttum forsendum sem koma til framkvæmda á síðari hluta ársins.

989 Launa- og verðlagsmál. Farið er fram á 535,3 m.kr. Þar af eru 485,3 m.kr. vegna flutnings á óhöfnum fjárheimildum og umframgjöldum ársins 1991 yfir á þetta ár. Sundurliðun þeirrar fjárhæðar er að finna í fylgiskjali. Einnig er farið fram á 50 m.kr. til þess að mæta kostnaði vegna hækkunar launa samkvæmt kjarasamningum frá því í vor umfram þá fjárhæð sem er á þessum lið í fjárlögum 1992.

10 Samgönguráðuneyti

Til samgönguráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 82,1 m.kr.

322 Flóabátar og vöruflutningar. Farið er fram á 28 m.kr. til Hríseyjarhrepps vegna reksturs og afborgana skulda hjá Eyjafjarðarferjunum. Vegagerð ríkisins yfirtekur þennan rekstur eftir áramótin og er talið nauðsynlegt að gera upp vanskil fyrir þann tíma.

333 Hafnamál. Farið er fram á 41,1 m.kr. Innheimta sérstaks hafnarframkvæmdagjalds var í fjárlögum talin skila 125 m.kr. á árinu. Þær forsendur gerðu ráð fyrir 12 mánaða innheimtu. Áætluð skil á yfirstandandi ári taka til 9 mánaða og eru um 85 m.kr. Fjárlaganefnd hefur ekki treyst sér til þess að fresta framkvæmdum sem nemur lægri skilum og því er sótt um 40 m.kr. í fjáraukalögum. Einnig er sótt um 1,1 m.kr. vegna biðlauna hjá landshöfninni í Þorlákshöfn.

471 Flugmálastjórn. Farið er fram á 12 m.kr. þar sem forsendur fjárlaga gera ráð fyrir hærri sértekjum en verða í raun. Alþjóðaflugþjónustan greiðir kostnað sem nemur 95% af launum 38 flugumferðarstjóra, en ekki 41 eins og áætlað var í fjárlögum.

485 Ýmis framlög. Farið er fram á 1 m.kr. vegna aukins kostnaðar Rannsóknarnefndar flugslysa.

12 Viðskiptaráðuneyti

Til viðskiptaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 300 m.kr.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði. Farið er fram á 300 m.kr. Meginfrávik frá áætlun fjárlaga fellst í viðbótargreiðslum vegna vaxta- og geymslugjalds, eða um 130 m.kr. Forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir að taka upp raunvaxtaviðmiðun í stað nafnvaxta við ákvörðun gjaldsins, en sú ákvörðun hefur enn ekki komið til framkvæmda. Vegna gjaldþrots Álafoss hf. í fyrra safnaðist upp mikil ull hjá bændum sem hefur verið metin síðar. Þannig er fyrirséð um 80 m.kr. fjárvöntun vegna niðurgreiðslna á ull. Mjólkur- og samkeppnisniðurgreiðslur stefna í um 90 m.kr. fjárvöntun sem skýrist aðallega af birgðasöfnun þar sem þessar greiðslur leggjast af um næstu áramót.

14 Umhverfisráðuneyti

Til umhverfisráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 6,8 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 6,8 m.kr. af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi 2,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar umfram áætlun við flutning skrifstofunnar í stærra húsnæði. Í öðru lagi er kostnaður vegna húsaleigu og ræstingar hærri í nýju húsnæði en í því eldra. Loks er sótt um viðbótarfjárheimild til greiðslu dagpeninga og ferðakostnaðar vegna námsleyfis starfsmanns ráðuneytisins.

Fylgiskjal.

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1991–1992.

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00	**ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS**	**6.999**	**-**	**18.814**
510	Bessastaðir	-	-	18.814
520	Opinberar heimsóknir	3.500	-	-
620	Ríkisendurskoðun	3.499	-	-
01	**FORSÆTISRÁÐUNEYTI**	**6.213**	**-781**	**2.000**
	Yfirstjórn:	**6.213**	**-**	**2.000**
101	Aðalskrifstofa	6.213	-	2.000
	Önnur mál:	**-**	**-781**	**-**
901	Húsameistari ríkisins	-	-70	-
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-711	-
02	**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI**	**154.606**	**-94.936**	**70.194**
	Háskólinn og ýmis rannsóknastarfsemi:	**18.015**	**-51.377**	**7.900**
201	Háskóli Íslands	-	-49.374	-
204	Stofnun Sigurðar Nordals	1.561	-	-
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3.506	-	1.850
207	Íslensk málstöð	932	-	-
208	Örnefnastofnun	178	-	-
210	Háskólinn á Akureyri	5.229	-	-
221	Kennaraháskóli Íslands	2.424	-	-
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	-	-1.497	-
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	714	-	-
234	Vísindaráð	-	-506	-
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	6.050
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	3.471	-	-
	Mennta- og fjölbrautaskólar:	**13.114**	**-9.003**	**63.995**
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	63.995
319	Framhaldsskólar, almennt	5.503	-	-
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	-2.718	-
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	-2.923	-
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	974	-	-
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	3.450	-	-
362	Framhaldskólinn á Húsavík	-	-3.362	-
363	Framhaldsskólinn á Laugum	3.187	-	-
	Ýmis fræðslumál:	**1.003**	**-**	**-**
422	Námsgagnastofnun	566	-	-
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	184	-	-
440	Fullorðinsfræðsla	253		
	Sérskólar:	**13.945**	**-3.336**	**-**
501	Tækniskóli Íslands	2.630	-	-
514	Iðnskólinn í Reykjavík	5.589	-	-
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	593	-	-
518	Fiskvinnsluskólinn	-	-1.372	-
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	-	-964	-
541	Húsgtjórnarskólinn Reykjavík	2.001	-	-
551	Húsgtjórnarskólinn Hallormsstað	-	-1.000	-
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	346	-	-
562	Leiklistarskóli Íslands	2.786	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
	Héraðsskólar:	**-**	**-1.798**	**-**
602	Héraðsskólinn Núpi	-	-999	-
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	-499	-
606	Héraðsskólinn Skógum	-	-300	-
	Grunn- og sérskólar fatlaðra:	**91.057**	**-4.574**	**-**
700	Grunnskólar, Reykjavík	4.100	-	-
701	Grunnskólar, Reykjanesi	16.600	-	-
703	Grunnskólar, Vesturlandi	700	-	-
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	6.000	-	-
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.200	-	-
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	10.700	-	-
707	Grunnskólar, Austurlandi	4.100	-	-
708	Grunnskólar, Suðurlandi	5.200	-	-
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	-658	-
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	-	-1.550	-
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	-525	-
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	150	-	-
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	-143	-
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	-	-1.002	-
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	15	-	-
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	-379	-
720	Grunnskólar, almennt	12.559	-	-
750	Skólar fyrir fatlaða	19.558	-	-
752	Öskjuhlíðarskóli	1.315	-	-
754	Safamýrarskóli	3.457	-	-
756	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	4.403	-	-
798	Einholtsskóli	-	-317	-
	Önnur fræðslumál:	**4.508**	**-5.222**	**-**
802	Vernd barna og ungmenna	-	-623	-
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	318	-	-
806	Barnaverndarráð Íslands	-	-453	-
870	Meðferðarheimilið Tindar	-	-2.306	-
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-1.840	-
884	Jöfnun á námskostnaði	4.190	-	-
	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi:	**12.964**	**-19.626**	**-1.701**
901	Landsbókasafn Íslands	50	-	-
902	Þjóðminjasafn Íslands	-	-4.699	-
903	Þjóðskjalasafn Íslands	38	-	-
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	-1.831	-
906	Listasafn Einars Jónssonar	-	-1.172	-
907	Listasafn Íslands	-	-1.712	-
908	Kvikmyndasafn Íslands	441	-	-
909	Blindrabókasafn Íslands	-	-984	-
919	Söfn, ýmis framlög	-	-	1.143
972	Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	3.492	-	-
973	Þjóðleikhús	-	-2.000	-5.801
976	Menningarsjóður, framlag	-	-4.604	-
977	Þjóðarbókhlaða	-		-1.500
981	Kvikmyndasjóður	-	-2.624	-
983	Ýmis fræðistörf	3.134	-	-
985	Alþjóðleg samskipti	5.373	-	-
997	Uppgjör við sveitarfélög	-	-	4.457
999	Ýmislegt	436	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**17.431**	**-**	**-**
Yfirstjórn	**2.745**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	175	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	2.570	-	-
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli:	**5.000**	**-**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	5.000		
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál:	**9.686**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	286	-	-
401 Alþjóðastofnanir	9.400	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**1.424**	**-17.664**	**-246**
Yfirstjórn:	**956**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	956	-	-
Búnaðarmál:	**468**	**-15.802**	**-246**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	746
172 Jarðasjóður	-	-	-992
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	-1.745	-
231 Skógrækt ríkisins	-	-9.921	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.403	-
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	131	-	-
243 Sauðfjárveikivarnir	337	-	-
245 Laxeldisstöðin í Kollafirði	-	-93	-
246 Veiðimálastofnun	-	-1.397	-
247 Yfirdýralæknir	-	-1.243	-
Skólar:	**-**	**-1.862**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.862	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**12.808**	**-2.462**	**-**
Yfirstjórn:	**2.437**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	2.437	-	-
Útvegsmál:	**10.371**	**-2.462**	**-**
201 Fiskifélag Íslands	-	-107	-
202 Hafrannsóknastofnun	-	-1.350	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	-1.005	-
216 Ríkismat sjávarafurða	2.257	-	-
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.476	-	-
290 Veiðieftirlit	485	-	-
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.153	-	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**43.103**	**-18.712**	**24.553**
Yfirstjórn:	**1.439**	**-925**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-186	-
102 Stjórnartíðindi	1.439	-	-
111 Kosningar	-	-739	-
Dómsmálastofnanir:	**-**	**-3.174**	**10.109**
201 Hæstiréttur	-	-	824
203 Borgardómarinn í Reykjavík	-	-1.388	-
205 Sakadómur Reykjavíkur	-	-1.478	-
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	-	-308	-
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	-	-	9.285
Löggæslustofnanir og öryggismál:	**40.094**	**-1.601**	**-**
301 Ríkissaksóknari	165	-	-
302 Rannsóknarlögregla ríkisins	5.119	-	-
305 Lögregluskóli ríkisins	-	-1.601	-
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	20.874	-	-
321 Almannavarnir ríkisins	1.425	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
331	Umferðarmál	1.453	-	-
395	Landhelgisgæsla Íslands	11.058	-	-
	Sýslumenn:	**730**	**-9.908**	**7.057**
412	Sýslumaðurinn Akranesi	-	-1.175	-
413	Sýslumaðurinn Borgarnesi	730	-	-
420	Sýslumaðurinn Blönduósi	-	-1.011	-
432	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	-	-1.487	-
433	Sýslumaðurinn Selfossi	-	-2.183	-
434	Sýslumaðurinn Keflavík	-	-2.059	-
436	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	-	-1.993	-
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	7.057
	Fangelsismál:	**-**	**-3.104**	**8.953**
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	-	-46	-
512	Fangelsið Litla-Hrauni	-	-3.058	-
591	Fangelsisbyggingar	-	-	8.953
	Kirkjumál:	**840**	**-**	**-1.566**
712	Prestssetur	-	-	-4.060
721	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	2.494
731	Kristnisjóður	840	-	-
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**	**29.103**	**-11.566**	**38.193**
	Yfirstjórn:	**9.655**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	6.655	-	-
302	Ríkissáttasemjari	3.000	-	-
	Málefni fatlaðra:	**14.645**	**-7.711**	**38.193**
700	Málefni fatlaðra	5.739	-	-
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	-888	-
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	900	-	-
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.500	-	-
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.500	-	-
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	274	-	-
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	-1.250	-
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	284	-	-
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-1.750	-
711	Styrktarfélag vangefinna	-	-1.823	-
719	Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	2.948	-	-
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.500	-	-
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	-2.000	-
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	38.193
	Önnur mál:	**4.803**	**-3.855**	**-**
951	Brunamálastofnun ríkisins	-	-3.082	-
953	Jafnréttisráð	-	-773	-
981	Vinnumál	4.787	-	-
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	16	-	-
08	**HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**	**93.598**	**-12.556**	**26.440**
	Yfirstjórn:	**-**	**-530**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-530	-
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir:	**9.604**	**-2.598**	**2.300**
301	Landlæknir	-	-1.374	-
311	Héraðslæknir í Reykjavík	-	-359	-
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	-289	-
323	Tryggingaeftirlitið	112	-	-
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	586	-	-
325	Hollustuvernd ríkisins	4.264	-	2.300
326	Sjónstöð Íslands	-	-329	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
327 Geislavarnir ríkisins	-	-247	-
340 Málefni fatlaðra	4.642	-	-
Sjúkrahús o.fl.:	**49.519**	**-1.823**	**4.140**
370 Sjúkrahús í Reykjavík	10.903	-	5.000
371 Ríkisspítalar	8.900	-	-
372 Borgarspítalinn	17.796	-	-
378 Læknishéraðasjóður	225	-	-
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-1.098
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	238
393 Lyfjamál	881	-	-
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	-	-19	-
396 Lyfjanefnd	-	-1.804	-
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	5.260	-	-
490 Vistun geðsjúkra afbrotamanna	5.554	-	-
Heilsugæsla:	**34.475**	**-5.315**	**20.000**
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	6.384	-	-
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12.000	-	-
511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	15.540	-	20.000
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	-902	-
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	-	-470	-
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	144	-	-
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	-435	-
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	178	-	-
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	-252	-
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	175	-	-
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	-1.042	-
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	-214	-
577 Heilsugæslustöðin Selfossi	19	-	-
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	35	-	-
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	-2.000	-
Skólar:	**-**	**-1.521**	**-**
603 Lyfjatækniskóli Íslands	-	-1.521	-
Ýmislegt:	**-**	**-769**	**-**
621 Áfengisvarnir og bindindismál	-	-769	-
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**18.113**	**-6.999**	**40.673**
Yfirstjórn:	**2.036**	**-499**	**4.116**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.216
103 Ríkisbókhald	-	-499	-
104 Ríkisfjárhirsla	936	-	-
105 Ríkislögmaður	1.100	-	900
Toll- og skattheimta:	**8.351**	**-6.500**	**6.498**
202 Skattstofan í Reykjavík	-	-	3.998
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	-500	-
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	611	-	2.500
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1.100	-	-
209 Skattstofa Vestmannaeyja	900	-	-
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3.500	-	-
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.352	-	-
261 Ríkistollstjóri	888	-	-
262 Tollstjórinn í Reykjavík	-	-6.000	-
Ýmis önnur mál:	**7.726**	**-**	**30.059**
402 Fasteignamat ríkisins	7.726	-	2.100
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	22.559
999 Ýmislegt	-	-	5.400

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
10	**SAMGÖNGURÁÐUNEYTI**	**-**	**-2.303**	**-**
	Yfirstjórn:	**-**	**-1.000**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-1.000	-
	Samgöngur á sjó:	**-**	**-108**	**-**
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	-	-108	-
	Önnur samgöngumál:	**-**	**-1.195**	**-**
651	Ferðamálaráð Íslands	-	-1.195	-
11	**IÐNAÐARRÁÐUNEYTI**	**22.457**	**-47.590**	**-**
	Yfirstjórn:	**9.487**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	7.761	-	-
102	Einkaleyfastofan	1.726	-	-
	Iðnaðarmál:	**7.470**	**-269**	**-**
201	Iðntæknistofnun Íslands	127	-	-
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	-269	-
299	Iðja og iðnaður, framlög	7.343	-	-
	Orkumál:	**5.500**	**-47.321**	**-**
301	Orkustofnun	-	-47.306	-
371	Orkusjóður	-	-15	-
399	Ýmis orkumál	5.500	-	-
12	**VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI**	**2.991**	**-1.930**	**-**
	Yfirstjórn:	**2.146**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	2.146	-	-
	Önnur mál:	**845**	**-1.930**	**-**
301	Löggildingarstofan	845	-	-
902	Verðlagsstofnun	-	-268	-
903	Skráning hlutafélaga	-	-1.662	-
13	**HAGSTOFA ÍSLANDS**	**1.932**	**-**	**-**
	Yfirstjórn:	**1.932**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	1.932	-	-
14	**UMHVERFISRÁÐUNEYTI**	**74.780**	**-3.421**	**-**
	Yfirstjórn:	**3.972**	**-421**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-421	-
190	Ýmis verkefni	3.972	-	-
	Önnur mál:	**70.808**	**-3.000**	**-**
201	Náttúruverndarráð	-	-3.000	-
210	Veiðistjóri	47.537	-	-
301	Skipulagsstjóri ríkisins	22.077	-	-
310	Landmælingar Íslands	252	-	-
410	Veðurstofa Íslands	942	-	-
	SAMTALS	**485.558**	**-220.920**	**220.621**

162. Fyrirspurn [141. mál]

til forsætisráðherra um kaup á Hótel Valhöll á Þingvöllum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Í hvaða tilgangi ætlar ríkisstjórnin að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum?

163. Fyrirspurn [142. mál]

til utanríkisráðherra um sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvers vegna hyggst ráðherra leggja niður sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum?
2. Telur utanríkisráðherra að mögulegt verði að sinna öllu því starfi sem Íslendingar þurfa að taka þátt í og fylgjast með hjá Sameinuðu þjóðunum án sendiráðs í New York?

164. Fyrirspurn [143. mál]

til utanríkisráðherra um íslenskt sendiráð í Vínarborg.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvers vegna stendur til að opna nýtt íslenskt sendiráð í Vínarborg?
2. Hvað gerir sendiráð í Vín brýnna en t.d. í Strassborg þar sem Mannréttindadómstóll Evrópu er til húsa eða að sendiráð verði sett á fót í Austurlöndum?
3. Hversu margir starfsmenn verða í sendiráðinu í Vínarborg?

165. Fyrirspurn [144. mál]

til fjármálaráðherra um aðild ríkisfyrirtækja og stofnana að VSÍ.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða stofnanir og fyrirtæki, sem eru að meiri hluta til í eigu ríkisins, eru eða hafa verið í Vinnuveitendasambandi Íslands og frá hvaða tíma?
2. Hve háa fjárhæð hafa þessar stofnanir og fyrirtæki greitt til Vinnuveitendasambands Íslands árin 1990, 1991 og 1992, sundurliðað eftir árum, stofnunum og fyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.

166. Frumvarp til lánsfjárlaga [145. mál]

fyrir árið 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 15.800 m.kr. á árinu 1993.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1993 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 6.230 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 3.540 m.kr.
2. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.300 m.kr.
3. Póst- og símamálastofnun, allt að 1.100 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 290 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1993 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 7.450 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.290 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.691 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 12.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 650 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 2.300 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Iðnþróunarsjóður, allt að 700 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.

9. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1993:

1. Vatnsleysustrandarhreppur, allt að 55 m.kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn.
2. Norræni fjárfestingarbankinn, allt að 22 m.kr. til Norrænu fjárfestingaráætlunarinnar fyrir Eystrasaltsríkin.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 12 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan eins og kemur fram í viðauka með lögum þessum. Útgáfa markaðsverðbréfa á Íslandi skal ávallt teljast til innlendrar lántöku.

Standi sérstaklega á er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá skiptingu skv. 1. mgr. um lántökur ríkissjóðs og að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum telst til lántöku og skal rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

IV. KAFLI
Ráðstafanir vegna fjárlaga 1993.

11. gr.

Framlög ríkissjóðs samkvæmt eftirtöldum lögum og lagaákvæðum skulu ákveðin í fjárlögum 1993:

1. 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum.
2. 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum.
3. 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, með áorðnum breytingum.
4. 46. gr. og 49. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, með áorðnum breytingum.
5. 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, með áorðnum breytingum.
7. Jarðræktarlög nr. 56/1987, með áorðnum breytingum.
8. D-lið 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum.
9. 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, með áorðnum breytingum.
10. Lög nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með áorðnum breytingum.
11. 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, með áorðnum breytingum.
12. 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með áorðnum breytingum.
13. 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, með áorðnum breytingum.
14. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984 um Hafnabótasjóð, með áorðnum breytingum.
15. 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.
16. 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum.
17. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með áorðnum breytingum.
18. 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, með áorðnum breytingum.
19. 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með áorðnum breytingum.
20. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með áorðnum breytingum.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði.

12. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1993. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1994 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.

Heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera 1993.

Í milljónum króna	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar-lántökur
Ríkissjóður Íslands	10.700	5.100	15.800
Landsvirkjun	-	7.450	7.450
Byggingarsjóður ríkisins	2.290	-	2.290
Byggingarsjóður verkamanna	6.691	-	6.691
Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins	12.000	-	12.000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	400	300	700
Byggðastofnun	100	550	650
Iðnlánasjóður	100	2.200	2.300
Iðnþróunarsjóður	100	600	700
Fiskveiðasjóður	-	2.500	2.500
Ferðamálasjóður	-	130	130
Vatnsleysustrandarhreppur	-	55	55
Bæjarveitur Vestmannaeyja	-	12	12
Norræni fjárfestingarbankinn	-	22	22
Samtals	**32.381**	**18.919**	**51.300**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga 1993 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á árinu 1993. Þannig næst heildarsýn yfir ríkisábyrgðir á einum vettvangi.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er að í viðauka, sem birtist með lagatexta, kemur fram hvernig ráðgert er að skipta lántökum einstakra aðila milli innlendra og erlendra markaða. Þó segir að fjármálaráðherra sé heimilt að víkja frá þeirri skiptingu hvað varðar ríkissjóð enda standi sérstaklega á og að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands. Tvær meginástæður liggja hér að baki. Í fyrsta lagi er stefnt að því að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum um næstu áramót. Þannig þyrfti ríkissjóður strax á næsta ári að mæta allri lánsfjárþörf sinni á markaði. Mikilvægt er að sú breyting valdi ekki óæskilegum sveiflum á peningamarkaði. Í öðru lagi taka gildi um næstu áramót nýjar reglur um fjármagnsflutninga og þykir ástæða til að hafa þetta svigrúm verði verulegt fjárstreymi úr landinu.

Þá er í frumvarpinu ákvæði þess efnis að lögbundin framlög til ýmissa aðila og verkefna skuli ákveðin í fjárlögum 1993.

Hér á eftir verður fjallað um innlendan lánamarkað og heildarlánsfjárþörf hins opinbera. Þá er greint ítarlega frá lánsfjárþörf og lánsfjáröflun ríkissjóðs. Loks er fjallað um efnisinnihald hverrar greinar frumvarpsins.

Innlendur lánamarkaður.

Jafnvægi á lánamarkaði á þessu ári hefur verið betra en á undanförnum tveimur árum. Ástæða þess er að verulega hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn. Minni ásókn í lánsfé ætti að öðru jöfnu að leiða til lækkunar raunvaxta, jafnvel þó að horfur séu á að peningalegur sparnaður verði ívið minni 1992 en á árinu 1991. Þessara áhrifa gætti á fyrri hluta ársins og fóru raunvextir þá lækkandi. Á síðustu mánuðum hafa raunvextir sveiflast á verðbréfamarkaði en það er fremur talið endurspegla veikleika hans en breytingar á fram-

boði og eftirspurn. Á síðustu vikum hafa raunvextir á verðtryggðum skuldbindingum þó heldur þokast niður á við og sama gildir um vexti á óverðtryggðum skammtímabréfum.

Lánsfjáreftirspurn er talin hafa aukist um 4,2%, eða 27 milljarða króna, á fyrri hluta árs 1992 í stað 12,9%, eða 68 milljarða króna á sama tíma í fyrra. Lánsfjáreftirspurn hefur þannig dregist saman um 60%.

Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila 1991–1992.

Milljarðar króna á verðlagi í lok tímabils	Árslok 1991	Júnílok 1992	Hreyfing jan.-jún. 1991	Hreyfing jan.-jún. 1992
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	88,3	94,4	20,3%	6,5%
Sveitarfélög	20,5	20,0	-1,0%	-2,5%
Fyrirtæki	283,1	288,4	10,7%	1,8%
Heimili	210,9	226,7	14,6%	7,0%
Samtals	**602,8**	**629,5**	**12,9%**	**4,2%**

Lán til ríkisins jukust um 6,5% á fyrri hluta þessa árs saman borið við 20,3% á sama tíma í fyrra. Þetta sýnir glögglega þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum á árinu. Undanfarin ár og reyndar allan síðasta áratug hefur einnig verið mikil aukning á lánum til heimila. Nú virðist sem nokkuð sé að hægja á þeirri aukningu en lán til heimila jukust um 7,0% á fyrri helmingi þessa árs saman borið við 14,6% í fyrra. Lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hefur dregist enn meira saman á síðustu þremur árum. Lán til þeirra jukust einungis um 1,8% á fyrri hluta árs 1992 saman borið við tæp 11% á sama tíma í fyrra. Sveitarfélög halda áfram að greiða niður skuldir sínar og drógust lán til þeirra saman um 2,5% á fyrri hluta ársins saman borið við 1% samdrátt á sama tímabili í fyrra. Minni lánsfjáreftirspurn skýrir mjög góða lausafjárstöðu bankakerfisins. Á yfirstandandi ári hefur hún batnað um 5,1 milljarð króna.

Framboð lánsfjár. Peningalegar eignir námu 439 milljörðum króna í lok júní 1992 og höfðu aukist um 5,2% á árinu. Þar af voru kerfisbundnar eignir 231 milljarður króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Uppsafnaður frjáls sparnaður, einkum bankainnlán og markaðsverðbréf, nam 208 milljörðum króna.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 34 milljarðar króna árið 1992, þar af kerfisbundinn sparnaður um 20 milljarðar króna, eða heldur meiri en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar verður hins vegar minni en á síðasta ári, eða 14 milljarðar króna.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36 milljarðar króna á árinu 1993 og verði 9,3% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar króna en sá frjálsi um 17 milljarðar króna. Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

Áætlun um peningalegan sparnað 1991–1993.

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
		Áætlun	Spá		Áætlun	Spá
Milljarðar króna	1991	1992	1993	1991	1992	1993
Peningalegur sparnaður	418	461	503	37	34	36
Frjáls	201	221	241	20	14	17
Kerfisbundinn	216	240	262	17	20	19
Aukning peningalegs sparnaðar sem hlutfall af landsframleiðslu				9,7%	8,9%	9,3%

Lánsfjárþörf hins opinbera.

Lánsfjárþörf hins opinbera, eins og hún er hér skilgreind, breytist milli ára sem hér segir:

Lánsfjárþörf hins opinbera 1992 og 1993.

	Áætlun 1992			Áætlun 1993		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**33,7**	**18,6**	**52,3**	**32,1**	**20,1**	**52,2**
Opinberir aðilar	11,9	12,0	23,9	10,7	13,6	24,3
Ríkissjóður A-hluti	11,9	7,5	19,4	10,7	5,1	15,8
Ríkisfyrirtæki	-	3,6	3,6	-	7,5	7,5
Sveitarfélög	-	0,9	0,9	-	1,0	1,0
Opinberar lánastofnanir	21,8	6,6	28,4	21,4	6,5	27,9
Byggingarsjóðir	9,2	-	9,2	8,8	-	8,8
Húsbréf	12,0	-	12,0	12,0	-	12,0
Aðrir	0,6	6,6	7,2	0,6	6,5	7,1
Afborganir	**11,7**	**12,1**	**23,8**	**14,5**	**12,6**	**27,1**
Opinberir aðilar	4,1	9,0	13,1	4,5	9,0	13,5
Ríkissjóður A-hluti	4,1	4,5	8,6	4,5	1,8	6,3
Ríkisfyrirtæki	-	3,9	3,9	-	6,7	6,7
Sveitarfélög	-	0,6	0,6	-	0,5	0,5
Opinberar lánastofnanir	7,6	3,1	10,7	10,0	3,6	13,6
Byggingarsjóðir	3,7	-	3,7	4,7	-	4,7
Húsbréf	1,0	-	1,0	2,0	-	2,0
Aðrir	2,9	3,1	6,0	3,3	3,6	6,9
Hrein lánsfjárþörf	**22,0**	**6,5**	**28,5**	**17,6**	**7,5**	**25,1**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,7%	1,7%	7,4%	4,5%	1,9%	6,4%

Heildarlántökur hins opinbera árið 1993 eru áætlaðar um 52 milljarðar króna og afborganir 27 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð röskir 25 milljarðar króna eða um 3 milljörðum króna lægri en á þessu ári. Áformað er að afla 17,6 milljarða króna á innlendum markaði, nettó, en 7,5 milljarða króna erlendis. Á þessu ári nema hreinar lántökur innan lands 22 milljörðum króna og erlendar lántökur 6,5 milljörðum króna, nettó.

Áætlað er að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nemi 9,5 milljörðum króna á næsta ári samanborið við 10,8 milljarða króna árið 1992. Halli ríkissjóðs lækkar um 2,9 milljarða króna milli ára en á móti vega auknar lánahreyfingar. Hrein lánsfjáreftirspurn húsnæðislánakerfisins, þ.e. byggingarsjóðir og húsbréfaútgáfa, er talin nema 14,1 milljarði króna á næsta ári samanborið við 16,5 milljarða í ár. Þessi lækkun milli ára stafar að langmestu leyti af hærri afborgunum á næsta ári auk þess sem nokkuð dregur úr lánveitingum sjóðanna. Lántökur Landsvirkjunar aukast verulega milli ára, aðallega vegna aukinna afborgana. Lánsfjárþörf fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna er svipuð á næsta ári og í ár svo og erlend lánsfjárþörf sveitarfélaga. Ekki er áætlað fyrir innlendri lánsfjárþörf sveitarfélaga. Ítarlega umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er að finna síðar í þessari greinargerð.

Á undanförnum árum hefur lánsfjárþörf hins opinbera aukist mjög mikið. Hér vegur þyngst lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins og ríkissjóðs. Á þessu ári hefur tekist að snúa þessari þróun við og er útlit fyrir að hrein lánsfjárþörf hins opinbera verði um 12 milljörðum króna minni á þessu ári en 1991. Á næsta ári er útlit fyrir að enn frekar dragi úr opinberri lánsfjárþörf eins og áður er komið fram. Eftirfarandi mynd sýnir þróun opinberrar lánsfjárþarfar á tímabilinu 1986-1993:

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 15,8 milljarðar króna á árinu 1993. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 6,3 milljörðum króna þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin verða 9,5 milljarðar króna. Gangi þetta eftir hefur hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað um tæp 40% frá árinu 1991, eða úr 3,9% í 2,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992 og 1993 og skiptingu hennar:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	9.100	6.200
Veitt lán, nettó	1.790	3.030
Eignfærð framlög	280	370
Viðskiptareikningar	-400	-100
Hrein lánsfjárþörf	**10.770**	**9.500**
Afborganir af teknum lánum	8.585	6.300
Heildarlánsfjárþörf	**19.355**	**15.800**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs er saman sett.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1993 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.230 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 3.200 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 3.030 m.kr. á árinu 1993. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Veitt ný lán	**5.840**	**6.230**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.815	3.540
Alþjóðaflugþjónustan	480	290
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	1.150	1.300
Póst- og símamálastofnun	-	1.100
Annað, sbr. 8. gr. lánsfjárlaga	1.395	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**4.050**	**3.200**
Bundnar innlendu verðlagi	2.850	2.200
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.200	1.000
Veitt lán, nettó	**1.790**	**3.030**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 370 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 280 m.kr. árið 1992. Aukning milli ára stafar aðallega af nýjum hlutafjárframlögum annars vegar til fyrirtækis sem tekur við hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða og hins vegar til Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri. Framlagið til Slippstöðvarinnar er háð sameiningu fyrirtækja og fjárhagslegri endurskipulagningu þar sem

Akureyrarbær og hið sameinaða fyrirtæki leggja fram hvort um sig 30 milljónir króna í nýju hlutafé. Þá er nú veitt framlag til Norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin í samræmi við ákvörðun fjármálaráðherra Norðurlanda frá því í sumar. Framlag til Alþjóðaþróunarfélagsins er vegna svokallaðrar IDA-9 áætlunar og er það lokagreiðsla. Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er vegna svokallaðrar ESAF-deildar.

Greiðslugrunnur	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Alþjóðabankinn, IBRD, Washington, DC	31	22
Alþjóðaþróunarfélagið, IDA, Washington, DC	109	107
Evrópubankinn, EBRD, London	49	48
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	25	32
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	15	22
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	6
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	3
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	-	11
Hlutafélag sem tekur við hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða	-	25
Slippstöðin hf., Akureyri	-	30
Annað	42	64
Samtals	**280**	**370**

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingagjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr. á árinu 1993. Á móti vegur 600 m.kr. greiðsla frá Byggingarsjóði ríkisins. Hér er um að ræða 1.500 m.kr. lán sem ríkissjóður veitti sjóðnum á árinu 1991 til uppgjörs á skuld hans við Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að 900 m.kr. greiðist í ár og 600 m.kr. lokagreiðsla verði á næsta ári. Í heild verður því innstreymi umfram útstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs 100 m.kr. á árinu 1993.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 6,3 milljarðar króna árið 1993 saman borið við 8,6 milljarða króna á þessu ári. Afborganir af erlendum lánum eru áætlaðar um 1,8 milljarðar króna í stað 4,5 milljarða króna á árinu 1992, en þýskt lán að fjárhæð 75 milljónir marka kom til greiðslu á þessu ári. Innlausn spariskírteina hækkar milli ára en hún var með allra minnsta móti í ár. Afborganir af öðrum innlendum lánum lækka verulega milli ára. Hér vegur þyngst að á þessu ári kemur til lokagreiðslu vegna yfirtekinna skulda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs af lánum á árunum 1992 og 1993:

Greiðslugrunnur	Áætlun 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.
Innlausn spariskírteina	1.100	2.850
Önnur innlend lán	2.985	1.650
Erlend lán	4.500	1.800
Samtals	**8.585**	**6.300**

Lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1993 nemur um 9,5 milljörðum króna. Miðað er við að lánsfjárþörf, sem svarar til áætlaðs halla ríkissjóðs, þ.e. 6,2 milljörðum króna, verði mætt á innlendum lánamarkaði. Þess sem eftir stendur, 3,3 milljarða króna, verður aflað með erlendu lánsfé. Tímasetning og skipting lántöku á innlendan og erlendan markað mun ráðast af aðstæðum.

Í áætlun Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að peningalegur sparnaður á árinu 1993 verði um 36 milljarðar króna. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemur samkvæmt þessu 44% af innlendum sparnaði á næsta ári saman borið við 57% í ár. Heildarlántökur ríkissjóðs innan lands eru áætlaðar 10,7 milljarðar króna og nemur tæpum 30% af innlendum sparnaði saman borið við 35% í ár. Mismunurinn er fenginn með erlendri lántöku. Eftirfarandi mynd sýnir heildarlánsfjárþörf og heildarlántökur ríkissjóðs á innlendum markaði sem hlutfall af árlegri aukningu peningalegs sparnaðar á tímabilinu 1986–1993. Jafnframt er sýndur peningalegur sparnaður á þessu tímabili sem hlutfall af landsframleiðslu:

Innlendur sparnaður og lántökur ríkissjóðs.



Samsetning lánsfjáröflunar. Á allra síðustu árum hefur hlutdeild skammtímabréfa, þ.e. ríkisvíxla og ríkisbréfa, aukist mjög í heildarlánsfjáröflun ríkissjóðs. Í september stóð stofn ríkisvíxla í 17,5 milljörðum króna og hafði aukist um rúma 9 milljarða króna frá áramótum. Til samanburðar má geta þess að stofninn var um 0,7 milljarðar króna í árslok 1988. Þá hafa ríkisbréf selst fyrir um 2,7 milljarða króna það sem af er árinu en þessi tegund verðbréfa kom fyrst á markað síðla árs 1990. Á sama tíma hefur útgáfa spariskírteina — einu langtímabréfa ríkissjóðs — dregist verulega saman og sala þeirra rétt hrokkið fyrir innlausn eldri spariskírteina. Þetta er óæskileg þróun þar sem skammtímabréfin kalla á stöðuga endurfjármögnun og stofn þeirra getur sveiflast niður á við með litlum fyrirvara og vaxtakjör gjörbreyst. Á seinasta ársfjórðungi 1991 voru t.d. leystir inn víxlar fyrir um 3 milljarða króna umfram sölu nýrra víxla á sama tímabili. Áhersla verður lögð á að auka hlutdeild langtímafjármögnunar í lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Vextir ákvarðaðir á markaði. Á miðju þessu ári ákvað fjármálaráðherra að vextir af ríkisverðbréfum skyldu framvegis ráðast í útboðum í stað þess að vera fyrir fram ákveðnir af stjórnvöldum. Með þessu er vaxtaákvörðun á ríkisverðbréfum færð til markaðarins og því stigið veigamikið skref frá beinum afskiptum af vaxtaákvörðun í landinu. Jafnframt er fjármagnsmarkaðurinn með þessu styrktur til þess að mæta aukinni samkeppni við innlend sem erlend verðbréf. Í þessum útboðum geta löggilt verðbréfafyrirtæki, löggiltir verðbréfamiðlarar og bankastofnanir gert tilboð í tiltekna upphæð verðbréfa með ákveðinni ávöxtunarkröfu. Fyrstu verðbréfin, sem seld voru samkvæmt þessu fyrirkomulagi, voru *ríkisbréf*. Ákveðið hefur verið að bjóða út *ríkisvíxla* frá og með október og stefnt er að útboðum *spariskírteina* innan tíðar.

Fyrsta útboðið á *ríkisbréfum* fór fram 10. júní sl. og hafa þau verið haldin mánaðarlega síðan. Samtals hafa verið seld bréf fyrir um 2,7 milljarða króna og hafa vextir sem þau bera farið lækkandi. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður þessara útboða:

Dagsetning útboðs	Heildar-tilboð m.kr.	Fjöldi bjóðenda	Tekin tilboð m.kr.	Fjöldi tekinna boða	Meðal-ávöxtun %
10. júní	982	67	506	32	11,5
29. júní	934	71	550	47	11,4
29. júlí	968	83	550	63	11,1
26. ágúst	848	73	550	54	11,1
29. september	730	66	500	54	10,6

Yfirdráttarheimild í Seðlabanka afnumin. Ríkissjóður hefur um langt árabil haft yfirdráttarheimild á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka Íslands til að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Heimild til yfirdráttar í Seðlabanka, þegar erfiðlega hefur gengið að afla lánsfjár innan lands, hefur sætt vaxandi gagnrýni enda talið valda þenslu á peningamarkaði. Fyrr á þessu ári ákvað fjármálaráðherra að hverfa sem fyrst frá þessu fyrirkomulagi. Því var gerður samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka sem takmarkar aðgang ríkissjóðs að yfirdrætti í Seðlabankanum við 3 milljarða króna á þessu ári. Um næstu áramót er stefnt að því að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þannig kynni ríkissjóður strax á næsta ári að þurfa að mæta allri lánsfjárþörf sinni á markaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 15.800 m.kr. á árinu 1992. Þar af eru 6.200 m.kr. vegna halla ríkissjóðs, 6.300 m.kr. vegna afborgana af áður teknum lánum og 3.300 m.kr. vegna annarra lánahreyfinga. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum **Lánsfjárþörf ríkissjóðs** hér að framan.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þessi grein heimilar fjármálaráðherra að endurlána til fjögurra aðila í B-hluta fjárlaga allt að 6.230 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þeir eru:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.540 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 2.815 m.kr. á árinu 1992.
2. **Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar.** Gert er ráð fyrir að endurlána Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar allt að 1.300 m.kr. á árinu 1993 til þess að mæta misvægi á greiðslustreymi greiddra og innheimtra afborgana og vaxta.
3. **Póst- og símamálastofnun.** Áformað er að endurlána Póst- og símamálastofnun alls 1.100 m.kr. á árinu 1993 vegna aðildar hennar að lagningu ljósleiðarastrengs yfir Norður-Atlantshafið.
4. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 290 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 480 m.kr. í ár. Hér er um að ræða fé til byggingar nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðarins á næstu 20 árum.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um viðkomandi stofnanir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar svo: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert.“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 7.450 m.kr. á árinu 1993, þar af eru 6.720 m.kr. til þess að standa undir afborgunum eldri lána. Framkvæmdir eru áætlaðar samtals 730 m.kr. á næsta ári.
2. **Byggingarsjóður ríkisins.** Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóði ríkisins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.290 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 2.785 m.kr. á þessu ári. Lækkunin stafar af minni lánveitingum en þær eru áætlaðar alls 420 m.kr. á næsta ári.
3. **Byggingarsjóður verkamanna.** Byggingarsjóði verkamanna er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 6.691 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 5.640 m.kr. á þessu ári. Hækkun lánsfjárþarfar stafar m.a. af auknum afborgunum af áður teknum lánum.

4. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 12.000 m.kr. á árinu 1993 sem er sama fjárhæð og á yfirstandandi ári.
5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1993 og er það sama fjárhæð og á þessu ári.
6. **Byggðastofnun.** Áform eru um það að heimila Byggðastofnun allt að 650 m.kr. lántöku á árinu 1993. Lántökur Byggðastofnunar eru áætlaðar 500 m.kr. á þessu ári. Þá skal þess getið að ríkissjóður yfirtók á sl. ári samtals 1.200 m.kr. af skuldum Byggðastofnunar sem léttir greiðslubyrði hennar verulega.
7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.300 m.kr. á árinu 1993. Á árinu 1992 er áætlað að lántökur sjóðsins nemi samtals 1.600 m.kr. Aukning milli ára stafar aðallega af því að hærri afborganir af teknum lánum falla til á næsta ári.
8. **Iðnþróunarsjóður.** Iðnþróunarsjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1993 saman borið við 600 m.kr. á yfirstandandi ári. Iðnþróunarsjóður er nú sameign ríkissjóða Norðurlanda en sjóðurinn mun verða alfarið í eigu íslenska ríkisins í byrjun árs 1995 þar sem endurgreiðsla stofnfjárframlaga annarra ríkja Norðurlanda fer nú fram.
9. **Ferðamálasjóður.** Ferðamálasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 130 m.kr. á árinu 1993 og er það sama fjárhæð og sjóðnum er heimilað að taka að láni á yfirstandandi ári. Málefni sjóðsins eru til skoðunar í samgönguráðuneyti.

Engin takmörk eru sett á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Landflutningasjóði er ekki ætluð lántaka á árinu 1993 enda starfsemi sjóðsins lítil. Málefni hans eru til skoðunar í samgönguráðuneyti.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frumvarpsins. Hins vegar bera lánskjör Fiskveiðasjóðs ótvírætt vitni þess að erlendir lánardrottnar telja að eignarhald ríkissjóðs á sjóðnum jafngildi fullri ríkisábyrgð. Því er í viðauka þessa frumvarps miðað við að lántökur Fiskveiðasjóðs verði eigi hærri en 2.500 m.kr. á næsta ári.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjármálaráðherra veitt heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur sjálfstæðra aðila sem ekki hafa lántökuheimild í sérlögum, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að veita þrjár almennar ríkisábyrgðir:

1. **Vatnsleysustrandarhreppur.** Ráðgert er að veita Vatnsleysustrandarhreppi ábyrgð fyrir allt að 55 m.kr. láni til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn á vegum Hafnamálastofnunar ríkisins.
2. **Norræni fjárfestingarbankinn.** Gert er ráð fyrir að veita Norræna fjárfestingarbankanum ábyrgð fyrir allt að 22 m.kr. láni til verkefna á vegum Norrænu fjárfestingaráætlunarinnar fyrir Eystrasaltsríkin sem fjármálaráðherrar Norðurlandanna samþykktu sl. sumar. Þar sem hér er um áhættuverkefni að ræða þótti rétt að veita ríkisábyrgð á lántökum vegna þeirra til að rýra ekki lánstraust bankans á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

3. **Bæjarveitur Vestmannaeyja.** Ráðgert er að veita Bæjarveitum Vestmannaeyja ábyrgð fyrir allt að 12 m.kr. láni til skuldbreytingar á lánum sem falla í gjalddaga á næsta ári.

Í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, segir að fjármálaráðherra sé heimilt að taka lán í stað þess að veita ábyrgðir á veittum lánum þegar það þykir hagkvæmara. Slíkt hefur venjulega verið gert þegar um smærri og áhættusamari lántökur er að ræða.

Um 6. gr.

Í viðauka þessa frumvarps kemur fram hvernig ráðgert er að skipta lántökum milli innlendra markaða og erlendra. Í því sambandi er innlend útgáfa markaðsverðbréfa talin til innlendrar lántöku en ógjörningur er að hafa eftirlit með endanlegum kaupendum þessara bréfa sérstaklega eftir að frjálsræði eykst í fjármagnsflutningum milli landa.

Eins og getið var um að framan er stefnt að því að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabankanum um næstu áramót. Þannig þyrfti ríkissjóður strax á næsta ári að mæta allri lánsfjárþörf sinni á markaði. Til að draga úr sveiflum á innlendum peningamarkaði við þessa breytingu er mikilvægt að fjármálaráðherra sé heimilt að víkja frá þeirri skiptingu á lántökum ríkissjóðs sem fram kemur í viðauka. Þá taka gildi á næsta ári reglur um frjálsa fjármagnsflutninga og þykir ástæða til að hafa þetta svigrúm verði verulegt fjárstreymi úr landinu. Sveigjanleiki í þessum efnum kann að vera nauðsynlegri nú en oft áður.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, endurfjármagni þær þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofni til vaxta- eða skuldaskipta og nýti skammtímalánsform þegar það á við til þess að komast hjá áhrifum af vaxtasveiflum. Í síðasta liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 8. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafli þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 7. gr. þessa frumvarps. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð. Seðlabanki Íslands hefur annast þessa framkvæmd í umboði fjármálaráðherra og ekki er búist við að breyting verði á því að svo stöddu.

Um 9. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila. Þetta er á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstaka fyrirtækjum. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

Um 11. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir skerðingu á lögbundnum framlögum til ýmissa aðila og verkefna. Með þessari grein er mælt fyrir um að framlög ríkissjóðs samkvæmt viðkomandi lögum verði þess í stað ákveðin í fjárlögum 1993.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Tafla 1 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Frumvarp 1993
Tekin lán	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 784**	**130 308**	**144 500**	**156 500**
Seðlabanki Íslands	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	1 000	-	-
Spariskírteini	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 308	40 400	43 000
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	1 470	4 700	10 000
Ríkisvíxlar	-	-	-	931	725	5 892	8 142	8 030	12 600	13 000
Aðrir innlendir aðilar	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 100	12 000	11 500
Erlend lán	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 778	70 400	74 800	79 000
Lánveitingar	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**61 600**	**64 100**	**68 200**
Veitt lán	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 600	40 000	43 700
þar af lán tengd innlendu verðlagi	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 100	24 000	24 200
þar af gengisbundin lán	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 500	16 000	19 500
Viðskiptareikningar, nettó	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	24 000	24 100	24 500
Tekin lán umfram lánveitingar	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 726**	**68 708**	**80 400**	**88 300**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	47,0	47,3	44,4	43,6
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,8	33,6	37,5	40,2
þar af erlend lán	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,0	18,4	19,5	20,3
Veitt lán	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	9,6	9,7	10,4	11,2
þar af gengisbundin lán	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,5	4,0	4,2	5,0
Viðskiptareikningar, nettó	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,3	6,1	6,2	6,3
Tekin lán umfram lánveitingar	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,9	17,8	20,9	22,7

1) Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 2 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
1 Eigið framlag	**1 730**	**2 673**	**3 964**	**5 851**	**9 272**	**12 806**	**15 014**	**20 600**	**23 950**	**27 600**
Afborganir og vextir	1 833	2 815	4 103	6 067	9 509	13 044	15 130	21 200	24 250	28 200
Annað, nettó	- 103	- 142	- 139	- 216	- 237	- 238	- 116	- 600	- 300	- 600
2 Framlög, nettó	**1 352**	**2 063**	**3 006**	**4 004**	**5 482**	**6 729**	**7 607**	**8 400**	**8 750**	**9 000**
Iðgjöld	2 512	3 708	5 316	7 396	10 020	11 870	13 454	14 900	15 750	16 300
Lífeyrisgreiðslur	-1 155	-1 638	-2 302	-3 394	-4 520	-5 120	-5 833	-6 500	-7 000	-7 300
Annað, nettó	- 5	- 7	- 8	2	- 18	- 21	- 14	-	-	-
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5+6)	**3 082**	**4 736**	**6 970**	**9 855**	**14 754**	**19 535**	**22 621**	**29 000**	**32 700**	**36 600**
4 Útlán og verðbréfakaup	**3 217**	**4 072**	**6 344**	**9 360**	**14 241**	**18 696**	**22 642**	**29 000**	**32 700**	**36 600**
Byggingarsjóðir	490	1 024	2 310	4 195	7 340	10 650	10 300	10 730	...	...
Húsbréf	-	-	-	-	-	-	2 100	5 220	...	...
Önnur útlán	2 727	3 048	4 034	5 165	6 901	8 046	10 242	13 050	...	...
5 Sjóðsbreyting	**- 135**	**664**	**515**	**376**	**383**	**586**	**- 87**	**-**	**...**	**...**
6 Aðrar greiðslur, nettó	**-**	**-**	**111**	**119**	**130**	**253**	**66**	**-**	**...**	**...**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 3 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1993

Milljónir króna	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnutr.d.-Byggðast.	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**8 389**	**9 095**	**4 760**	**2 320**	**2 000**	**6 255**	**4 155**	**1 960**	**2 345**	**-3 810**	**37 469**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	50	-	-	-	190	-	**240**
Innheimtar afborganir	2 745	440	2 870	800	150	1 895	1 170	665	720	-2 120	**9 335**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	2 120	-	-	-	-	-	-	-2 120	**-**
hjá öðrum	2 745	440	750	800	150	1 895	1 170	665	720	-	**9 335**
Innheimtir vextir	3 194	511	1 875	650	500	1 860	500	580	400	-1 690	**8 380**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	1 690	-	-	-	-	-	-	-1 690	**-**
hjá öðrum	3 194	511	185	650	500	1 860	500	580	400	-	**8 380**
Tekin lán	2 290	6 691	-	650	1 300	2 500	2 300	700	700	-	**17 131**
innlend lán	2 290	6 691	-	100	1 300	-	100	100	400	-	**10 981**
erlend lán	-	-	-	550	-	2 500	2 200	600	300	-	**6 150**
Framlög og skatttekjur	-	1 011	-	170	-	-	175	-	330	-	**1 686**
frá ríkissjóði	-	961	-	170	-	-	-	-	-	-	**1 131**
frá sveitarfélögum	-	50	-	-	-	-	-	-	-	-	**50**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	175	-	330	-	**505**
Aðrar tekjur	160	442	15	50	-	-	10	15	5	-	**697**
Útstreymi:	**8 389**	**9 095**	**4 760**	**2 320**	**2 000**	**6 255**	**4 155**	**1 960**	**2 345**	**-3 810**	**37 469**
Sjóðsaukning	-	-	640	-	-	205	-	350	-	-	**1 195**
Rekstrarkostnaður	123	215	90	130	20	250	200	75	65	-	**1 168**
Fjárfesting	10	-	-	30	-	-	10	-	100	-	**150**
Greiddar afborganir	3 650	1 099	1 950	700	1 310	3 300	1 400	145	580	-2 120	**12 014**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	370	-	900	450	-	400	-2 120	**-**
til annarra innl. aðila	3 650	1 099	250	85	1 310	1 100	670	105	180	-	**8 449**
til erlendra aðila	-	-	1 700	245	-	1 300	280	40	-	-	**3 565**
Greiddir vextir	3 721	1 590	2 080	420	670	1 650	655	365	900	-1 690	**10 361**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	80	110	500	200	-	800	-1 690	**-**
til annarra innl. aðila	3 721	1 590	715	70	560	750	20	75	100	-	**7 601**
til erlendra aðila	-	-	1 365	270	-	400	435	290	-	-	**2 760**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	10	-	-	-	**10**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	90	-	-	**90**
Veitt lán og styrkir	420	6 191	-	970	-	850	1 880	935	700	-	**11 946**
Annað	465	-	-	70	-	-	-	-	-	-	**535**

Tafla 4 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	Bráðab. 1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Vöruskiptajöfnuður	**-3 079**	**1 079**	**4 157**
Útfluttar vörur alls	**91 560**	**89 762**	**92 381**
Sjávarafurðir	73 236	72 475	73 555
Ál og kísiljárn	9 841	10 193	10 887
Skip og flugvélar	153	400	400
Annað	8 330	6 694	7 539
Innfluttar vörur alls	**-94 639**	**-88 683**	**-88 224**
Sérstakur vöruinnflutningur	-13 107	-12 120	-11 400
Skip og flugvélar	-6 296	-5 500	-4 200
Annað	-6 811	-6 620	-7 200
Almennur innflutningur	-81 532	-76 563	-76 824
Olía	-7 406	-6 787	-6 930
Annað	-74 126	-69 776	-69 894
Þjónustujöfnuður	**-16 221**	**-14 547**	**-17 081**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**-1 424**	**- 721**	**-1 859**
Útflutt þjónusta án vaxta	36 077	36 529	37 094
Innflutt þjónusta án vaxta	-37 501	-37 250	-38 953
Vaxtajöfnuður	**-14 797**	**-13 826**	**-15 222**
Viðskiptajöfnuður	**-19 300**	**-13 468**	**-12 924**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-5,0	-3,5	-3,3
Framlög án endurgjalds	**-301**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**17 768**	**15 470**	**9 900**
Langtímalántökur, nettó	14 572	12 780	7 500
Innkomin langtímalán, alls	29 588	31 200	31 000
Afborganir	-15 016	-18 420	-23 500
Skammtímafjármagnshreyfingar	3 196	2 690	2 400
Skekkjur og vantalið	**2 557**	**-**	**-**
Heildargreiðslujöfnuður = Breyting á gjaldeyrisstöðu	**724**	**2 002**	**-3 024**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 5 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
I. Erlend skuldastaða										
Erlend langtímalán	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 065	-179 712	-197 530	-203 200	-210 600
Erlend skammtímastaða nettó	-2 606	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-6 811	-11 444	-13 944
Gjaldeyrisstaða	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	26 844	23 844
Nettó staða við útlönd	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 353**	**-161 685**	**-179 497**	**-187 800**	**-200 700**
Hlutfall af VLF, %										
Erlend langtímalán	48,6	51,1	47,5	40,6	41,6	49,5	51,2	51,6	52,9	54,1
Nettó staða	49,6	52,8	45,2	40,8	42,0	46,6	46,1	46,9	48,9	51,6
II. Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	18 420	23 500
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	13 400	14 000
Samtals	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	31 820	37 500
Nettó vaxtagreiðslur	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 800	15 200
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,9	11,6	14,4	17,9
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,2	11,4	10,5	10,7
Samtals	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,1	24,8	28,6
Nettó vaxtagreiðslur	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	11,6
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,1	23,1	25,2	29,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 6 **Flokkun erlendra langtímalána**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Lántökur	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**29 802**	**31 200**	**31 000**
Opinberir aðilar	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 721	15 690	17 600	13 600
Lánastofnanir	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 717	3 544	6 600	6 500
Einkaaðilar	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 331	14 599	10 568	7 000	10 900
Afborganir	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**15 056**	**18 420**	**23 500**
Opinberir aðilar	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 147	9 420	9 740
Lánastofnanir	491	658	603	455	459	630	968	1 444	2 520	3 790
Einkaaðilar	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 099	9 465	6 480	9 970
Nettó hreyfing	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**14 746**	**12 780**	**7 500**
Opinberir aðilar	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 428	11 543	8 180	3 860
Lánastofnanir	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 749	2 100	4 080	2 710
Einkaaðilar	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 830	7 500	1 103	520	930
Vaxtagreiðslur	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 816**	**13 400**	**14 000**
Opinberir aðilar	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 643	7 918	7 550	7 800
Lánastofnanir	449	692	806	880	1 247	2 372	2 812	2 898	2 550	2 900
Einkaaðilar	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 890	4 000	3 300	3 300
Staða í árslok	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**203 200**	**210 600**
Opinberir aðilar	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 814	111 387	116 300	120 200
Lánastofnanir	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 245	35 265	38 020	41 100	43 800
Einkaaðilar	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 496	45 633	46 807	45 800	46 600
Gengisforsendur; SDR = Krónur	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	81,8	80,0	80,0
Meðalvextir	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**6,9**	**6,7**
Opinberir aðilar	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,7	6,8	6,6
Lánastofnanir	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,0	6,6	6,7
Einkaaðilar	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,7	7,2	7,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

167. Frumvarp til laga [146. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþing 1992.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 5. gr. laganna komi ný málsgrein sem hljóðar svo:

4. Ráðherra er heimilt með reglugerð að veita undanþágu frá skilyrði 2. og 3. mgr. um íslenskan ríkisborgararétt og að binda réttinn búsetuskilyrði í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi hvað Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu eru tvær greinar. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein aftan við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Í 2. og 3. mgr. 5. gr. eru ákvæði þess efnis að fuglaveiðar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla og í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla séu einungis heimilar íslenskum ríkisborgurum. Í 2. gr. frumvarpsins er gildistökuákvæði.

Í álitsgerð Ólafs W. Stefánssonar, Stefáns M. Stefánssonar og Tryggva Gunnarssonar, „Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi", sem gefin var út í júní 1992, segir orðrétt á bls. 108–109:

„Í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, segir að öllum íslenskum ríkisborgurum séu heimilar fuglaveiðar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til og í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Öðrum en íslenskum ríkisborgurum er því óheimilt að stunda fuglaveiðar á þessum stöðum og á það m.a. við um erlenda aðila sem njóta EES-réttar.

Sá fuglaveiðiréttur, sem hér er fjallað um, er ekki hluti af þeim rétti sem fylgir eignarhaldi á fasteign hér á landi andstætt því sem gildir t.d. um lax- og silungsveiði í vötnum á afréttum heldur er þetta sjálfstæður réttur til að nýta gæði sem eru hluti af svonefndum almannarétti. Veiðin fer fram á svæði sem samkvæmt gildandi rétti er ekki eign neins, þar með talið ríkisins, heldur fer ríkið með forræðisvald á þessum svæðum og getur í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um nýtingu þessara hlunninda.

Nýting þessa fuglaveiðiréttar getur ekki orðið tilefni þess að reyni á stofnsetningarrétt samkvæmt EES-samningnum að því marki að þessi réttindi séu sérstaklega keypt til að leigja þau út en hins vegar er ekki útilokað að erlendur aðili, sem nyti EES-réttar, stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í því að skipuleggja ferðir þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða á umræddum svæðum.

Talið er að EB-réttur og þá EES-samningurinn girði ekki fyrir að áskilnaður sé gerður um sérstök tengsl við viðkomandi ríki til þess að hlutaðeigandi fái heimild til að nýta almannarétt, svo sem veiðirétt, af því tagi sem hér er fjallað um. Þannig getur aðili, sem nýtur EES-réttar og kemur til landsins sem ferðamaður, væntanlega ekki gert kröfu um

að fá sama rétt og innlendur aðili til fuglaveiða utan eignarlanda, en hér koma hins vegar upp markatilvik. Ef um er að ræða aðila sem nýtur EES-réttar og hefur fasta búsetu hér á landi á grundvelli launþegaréttar eða sem sjálfstæður atvinnurekandi er vafasamt að hægt sé að neita honum um heimild til að nýta slíka frjálsa veiðiheimild umfram þær takmarkanir sem einnig gilda gagnvart Íslendingum sem búsettir eru í landinu.

Framangreind ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun þarf samkvæmt framansögðu að samræma þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með EES-samningnum."

Við þetta má bæta að Danir eru nú að undirbúa frumvarp til laga um veiði og stjórn villtra dýrastofna (forslag til lov om jagt og vildtforvalting) þar sem lagt er til að réttur til fuglaveiða í danskri landhelgi verði takmarkaður við þá sem lögheimili eiga í Danmörku, enda sé ekki um að ræða veiðar í atvinnuskyni. Breyting þessi er m. a. rökstudd með tilvísun í Rómarsamninginn.

Samkvæmt lögum nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, eru fuglaveiðar í atvinnuskyni ekki bannaðar. Hins vegar eru ýmsar takmarkanir á heimildum til fuglaveiða eftir tegundum fugla og árstíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið undirgengst með EES-samningnum er lagt til að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um íslenskan ríkisborgararétt, sem kemur fram í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, með sérstakri reglugerð. Lagt er til að binda megi undanþáguna búsetuskilyrði, þ.e. að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 26. apríl 1966.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að ráðherra verði heimilt að veita undanþágu frá skilyrði í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun um íslenskan ríkisborgararétt og að einnig verði heimilt að binda réttinn við búsetu á Íslandi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

168. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Birgisson, Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í nefndinni eiga sæti fjórir menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, tveir tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af heilbrigðisráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef atkvæði falla jöfn í stjórninni ræður atkvæði formanns úrslitum.

2. gr.

a. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Sjóðstjórn úthlutar árlega fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 3. mgr.

b. Við 11. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Úthluta skal ‰ hlutum þess fjármagns, sem kemur í sjóðinn úr hverju kjördæmi, til verkefna í kjördæminu, sbr. 12. gr. Því sem eftir stendur skal úthlutað sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þjónusta við aldraða mun aukast í náinni framtíð þar sem meðalaldur þjóðarinnar fer hækkandi. Bygging þjónustukjarna og hjúkrunarheimila mun aukast. Framkvæmdir hafa að hluta verið kostaðar með styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Tekjur Framkvæmdasjóðsins eru nefskattur á einstaklinga í landinu, 70 ára og yngri. Því er eðlilegt að framlög úr sjóðnum skiptist nokkurn veginn eftir fólksfjölda í hverju kjördæmi.

Séu úthlutanir sjóðsins frá stofnun hans skoðaðar (sjá fylgiskjal) sést að Reykjaneskjördæmi hefur farið mjög halloka í úthlutunum úr sjóðnum. Einungis hefur verið úthlutað 16,11% til Reykjaness en í kjördæminu eru 25,11% landsmanna. Fjármunirnir hafa runnið til landsbyggðarinnar, t.d. til Norðurlands vestra, en þangað hafa 9,33% af fé sjóðsins farið en íbúar eru þar einungis 3,99% af landsmönnum.

Frumvarp þetta er sett fram með það í huga að sem sanngjörnust skipting verði á fjármunum sjóðsins.

Uppbygging á þjónusturýmum og hjúkrunarrýmum er vel á veg komin á landsbyggðinni, en staðan í þessum málum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þó á Reykjanesi, er sú að mikið verk er óunnið í málefnum aldraðra. Uppbygging þjónusturýma er grundvöllur þess að mögulegt sé að veita öldruðum daglega þjónustu þótt þeir búi í eigin húsnæði. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að verja einum tíunda hluta tekna sjóðsins sérstaklega til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins.

Um fylgiskjal vísast til töflu í skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni og hagi aldraðra á þskj. 802 bls. 4879 í A-deild Alþt. 1991–92.

169. Fyrirspurn [148. mál]

til samgönguráðherra um aðbúnað um borð í veiðiskipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Í hve mörgum tilvikum hefur Siglingamálastofnun ríkisins veitt umsögn um hvort reglum um aðbúnað um borð í veiðiskipum, sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla, sé fullnægt og þá vegna hvaða skipa?
2. Hefur Siglingamálastofnun haft afskipti af skipum sem frysta aflann um borð af þeirri ástæðu að ekki hafi verið fyrir hendi sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn?

Greinargerð.

Í reglugerð um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum stendur í 2. mgr. 5. gr.:

„Það er enn fremur skilyrði fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu botnfiskafla að fyrir hendi sé sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn skips og eftirlitsmann, sbr. 7. gr.“

Í 3. mgr. 7. gr. stendur:

„Jafnframt skal ráðuneytið leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.“

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [149. mál]

til samgönguráðherra um reglugerð um vistarverur áhafna og farþega skipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hyggst ráðherra setja vinnuhóp til að endurskoða reglugerð um vistarverur áhafna og farþega skipa?

Greinargerð.

Reglugerð um vistarverur áhafna fiskiskipa, farþega og áhafna kaupskipa er síðan í janúar 1979. Miklar breytingar hafa átt sér stað vegna framþróunar í smíði fiski- og kaupskipa. Því er brýn þörf á að reglugerðin verði endurskoðuð.

Skriflegt svar óskast.

171. Fyrirspurn [150. mál]

til samgönguráðherra um lyfjakistur um borð í skipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig er reglum um lyfjakistur um borð í skipum háttað með tilliti til deyfilyfja?
2. Hyggst samgönguráðherra láta fara fram endurskoðun á reglugerð um lyfjakistur um borð í skipum?

Greinargerð.

Nýlega var sagt frá í fjölmiðlum alvarlegu slysi sem ungur sjómaður varð fyrir við störf sín um borð úti á sjó. Skipstjórnarmenn töldu slysið þess eðlis að rétt hefði verið undir þeim kringumstæðum að gefa hinum slasaða morfín sem ekki var leyfilegt að hafa í lyfjakistu skipsins samkvæmt reglugerð.

Skriflegt svar óskast.

172. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um lækkun húshitunarkostnaðar.

Flm.: Jón Helgason, Ingibjörg Pálmadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ljúka áætlun um lækkun húshitunarkostnaðar sem sett var fram í tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 113. löggjafarþingi 1990–91, 453. máli.

Greinargerð.

Ójafn upphitunarkostnaður veldur meiri mismunun á framfærslukostnaði heimila eftir búsetu en nokkuð annað þótt ríkisvaldið hafi þar gert ýmsar ráðstafanir til jöfnunar. Hinn 1. okt. 1990 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, nefnd til að gera tillögur um verðjöfnun á raforku og undirbúa frumvarp til laga um það efni. Starfssvið nefndarinnar var síðar víkkað þannig að hún fjallaði einnig um heildsöluverð á raforku og vanda þeirra hitaveitna sem hafa hæstar gjaldskrár. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þáverandi stjórnmálaflokka og var formaður hennar Eiður Guðnason. Nefndin skilaði skýrslu og tillögum 5. mars 1991 sem allir nefndarmenn stóðu að, þeir Friðrik Sophusson og Pálmi Jónsson þó með fyrirvara.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar flutti iðnaðarráðherra strax eftirfarandi tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að lækka húshitunarkostnað á Íslandi þar sem hann er hæstur og minnka þannig þann aðstöðumun einstaklinga og fjölskyldna sem nú er við lýði.

Þessi aðstöðujöfnun skal m.a. eiga sér stað með eftirfarandi hætti:

1. Auknum jöfnuði skal náð í þremur áföngum á næstu tveimur árum þannig að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar (35.420 kWh ársnotkun) hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum verði ekki hærri en 5.000 krónur að jafnaði á mánuði, miðað við verðlag í janúar 1991.
2. Alþingi beinir því til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Aðgerðirnar miði að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækki á næstu tveimur árum niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna.
3. Viðskiptaráðherra ákveði að á síðari helmingi þessa árs verði greiddar 35 millj. kr. af því fé sem á fjárlögum er veitt til niðurgreiðslna á vöruverði á árinu 1991 til aukinnar verðjöfnunar á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis, enda eigi húseigendur ekki þess kost að kaupa orku frá hitaveitum sem byggja á jarðvarma. Þessi tilfærsla niðurgreiðslufjár verði síðan aukin.
4. Iðnaðarráðherra láti fram fara úttekt á fjárhagsstöðu hitaveitna sem byggja á jarðvarma þar sem kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis er hærri en sambærilegur kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum. Úttektinni verði lokið eigi síðar en 1. október 1991.
5. Fjármálaráðherra beiti sér fyrir ráðstöfunum til að aðstoða hitaveitur, sem byggja á jarðvarma, við skuldbreytingar á lánum þeirra eða leggi fram tillögur um aðrar aðgerðir til þess að tryggja að kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis vísitölufjölskyldunnar hjá þeim verði ekki hærri en hjá rafveitum og rafkyntum hitaveitum skv. 1. tölul., enda sýni fyrirtækin aðhald í rekstri og umsvifum.
6. Því fé, sem Landsvirkjun kann í framtíðinni að verða gert að greiða ríkinu fyrir virkjunarréttindi, verði að hluta varið til aukinnar verðjöfnunar á innlendri orku."

Því miður náðist ekki samstaða um að afgreiða þessa tillögu fyrir þinglok þá. Þrátt fyrir það ákvað núverandi ríkisstjórn í maí 1991 að taka fyrsta skrefið og auka niðurgreiðslu til rafhitunar um 60 millj. kr. En síðan virðist tillögunum hafa verið stungið algjörlega undir stól þar sem ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst frekar í þessu skyni.

Síðustu vikurnar hafa hins vegar komið frá ríkisstjórninni hugmyndir og tillögur sem margir óttast að muni valda auknum verðmismun á orku. Þegar þar við bætist að atvinnuleysi fer vaxandi og ráðstöfunartekjur minnka verður slíkur mismunur á framfærslukostnaði enn þá ranglátari og tilfinnanlegri.

Það er því mikilvægt að Alþingi taki afdráttarlausa afstöðu í þessu máli með samþykkt á grundvelli tillagna sem allir flokkar voru í aðalatriðum sammála um fyrir tveimur árum.

173. Fyrirspurn [152. mál]

til félagsmálaráðherra um gjald fyrir greiðsluáskorun Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvenær var ákveðið að leggja sérstakt gjald á skuldara fyrir greiðsluáskorun? Hver tók þá ákvörðun og hvenær tók ákvörðunin gildi?
2. Hvers vegna var síðan tekin ný ákvörðun um að gjaldið legðist aðeins á tvö bréf? Hver tók þá ákvörðun og hvenær tók hún gildi?
3. Er það skilyrði að bréfin séu greidd á sama gjalddaga eða er miðað við ársgreiðslur?

174. Svar [102. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um heildarafla á Íslandsmiðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildarafla eftirtalinna fisktegunda á árunum 1977 til og með 1992:*
   a. þorsks,
   b. ýsu,
   c. ufsa,
   d. karfa,
   e. grálúðu,
   f. skarkola,
   g. rækju,
   h. síldar,
   i. loðnu?
2. *Hver var heildarveiðin á ofangreindum fisktegundum á árunum 1977–1991?*
3. *Hver er áætluð heildarveiði á ofangreindum fisktegundum nú í ár?*

Á meðfylgjandi yfirliti koma fram upplýsingar um tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla þorsks, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, skarkola, úthafsrækju, innfjarðarrækju, síldar og loðnu frá árinu 1977 og til loka síðasta fiskveiðiárs sem hófst 1. september 1991 og lauk 31. ágúst 1992. Einnig koma fram upplýsingar um ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla framangreindra tegunda á þessu tímabili og raunverulegan afla. Loks er reiknaður út fyrir hverja tegund fyrir sig hlutfallslegur munur á ákvörðun stjórnvalda og tillögum Hafrannsóknastofnunar annars vegar og hlutfallslegur munur á heildarafla og tillögum Hafrannsóknastofnunar hins vegar.

Í fjórum síðustu dálkunum koma fram samandregnar upplýsingar fyrir fjögur tímabil. Voru tímabilin valin eftir samráð við fyrirspyrjanda. Lagt er saman fyrir hvert tímabil tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla, ákvörðun stjórnvalda vegna sömu ára og raunverulegur heildarafli þessara ára. Ef tillögur vantar fyrir eitthvert ár á hverju tímabili fyrir sig er skilin eftir eyða.

Frá árinu 1977 til 1990 eru upplýsingar um allar tegundir nema loðnu og innfjarðarrækju birtar fyrir hvert almanaksár um sig. Með gildistöku laga nr. 38/1990 varð sú breyting að tekið var upp sérstakt fiskveiðiár sem hefst 1. september og lýkur 31. ágúst, 12 mánuðum síðar. Þessi breyting leiddi til þess að leyfilegur heildarafli af botnfiski og úthafsrækju var í upphafi árs 1991 ákvarðaður til átta mánaða eða fyrir fiskveiðitímabilið sem hófst 1. janúar 1991 og lauk 31. ágúst 1991. Fyrsta heila fiskveiðiárið hófst því 1. september 1991 og lauk 31. ágúst 1992.

Eins og fram kemur birtast engar upplýsingar um síld þetta átta mánaða tímabil á árinu 1991. Það stafar af því að síldveiðivertíðinni, sem hófst haustið 1990, lauk fyrir áramót 1990/1991 en næsta síldveiðivertíð hófst ekki fyrr en 1. september 1991.

Veiðitímbil loðnu stendur frá síðari hluta sumars fram á síðari hluta vetrar. Þar sem ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miðast við vertíð eru allar upplýsingar um loðnu og innfjarðarrækju í töflunni miðaðar við það. Fyrsta vertíðin, sem upplýsingar eru birtar um í töflunni, er sú sem hófst sumarið 1976 og lauk síðari hluta vetrar 1977. Sama á við um innfjarðarrækju.

Árið 1977 kom Hafrannsóknastofnun í fyrsta sinn með tillögur um leyfilegan heildarafla af þorski en árið 1981 tóku stjórnvöld í fyrsta sinn formlega ákvörðun um leyfilegan heildarafla af þorski.

Á árunum 1977 til 1980 var þorskaflinn allt frá 22% til 47% meiri enn sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar. Á árunum 1981 til 1983 var þorskaflinn allt frá 14% minni upp í það að vera 17% meiri en sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar. Eins og margoft hefur komið fram átti stofnunin við vanda að glíma við að meta stærð þorskstofnsins á þessum árum. Grænlandsganga reyndist sterkari en reiknað hafði verið með, 1976-árgangurinn var ofmetinn og meðalþyngd eftir aldri lækkaði verulega.

Bæði árin 1984 og 1985 var leyfilegur heildarafli af þroski aukinn eftir að Hafrannsóknastofnun hafði lagt fram nýjar upplýsingar um ástand stofnsins sem bentu til betra ástands hans. Var heildaraflinn aukinn um 10% vorið 1984 en um 5% vorið 1985.

Samkvæmt þeim lögum, sem giltu um stjórn fiskveiða á árunum 1984 til 1987, voru engin ákvæði þess efnis að við ákvörðun á leyfilegum heildarafla skyldi áætla vegna umframafla þeirra skipa sem völdu sóknarmark. Slíkt ákvæði var hins vegar í lögum nr. 3/1988, um stjórn botnfiskveiða 1988–1990. Þetta ákvæði varð til þess að á árunum 1988 til 1990 var reynt að áætla vegna umframafla sóknarmarksskipa og varð það því til þess að minna misræmi varð milli ákvarðana stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og raunverulegs heildarafla en verið hafði.

Hvað varðar aðrar botnfisktegundir, sem fram kom í töflunni, koma tillögur frá Hafrannsóknastofnun um leyfilegan heildarafla þeirra fyrst fram á árunum 1977 og 1978. Það er hins vegar ekki fyrr en árið 1984 sem stjórnvöld tóku ákvörðun um leyfilegan heildarafla annarra botnfisktegunda en þorsks.

Á árinu 1987 er settur viðmiðunarafli fyrir úthafsrækju en aflaheimildum í úthafsrækju var í fyrsta sinn skipt upp á milli skipa á árinu 1988. Veiðum á innfjarðarrækju hefur hins vegar um langt árabil verið stjórnað með því að takmarka leyfilegan heildarafla.

Allt frá upphafi sjöunda áratugarins hefur Hafrannsóknastofnun komið með tillögur um leyfilegan heildarafla af síld. Allt frá árinu 1976 hefur leyfilegum afla verið skipt upp á milli einstakra báta.

Eftir samninga við Norðmenn um skiptingu heildarloðnukvótans milli Íslands og Jan Mayen árið 1980 sköpuðust forsendur til að ákvarða leyfilegan heildarafla loðnu. Fyrstu tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan loðnuafla komu fram fyrir vertíðina sem

hófst sumarið 1980 og lauk síðari hluta vetrar árið 1981. Var leyfilegum heildarafla af loðnu skipt á milli einstakra skipa. Samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar voru engar loðnuveiðar stundaðar á vertíðinni sem hófst sumarið 1982.

Á árunum 1977 til 1980 var þorskaflinn að meðaltali 34% meiri en sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar en að meðaltali 4% minni á árunum 1981 til 1983. Á árunum 1984 til 1987 var þorskaflinn að meðaltali 37% meiri en sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar. Eins og áður var bent á var þorskaflinn aukinn um 10% árið 1984 og um 5% árið 1985 eftir að vísbendingar komu fram frá Hafrannsóknastofnun um að ástand stofnsins væri betra en þegar upphaflegar tillögur stofnunarinnar komu fram fyrir þessi ár. Sé tekið tillit til þess var þorskaflinn 34% meiri en sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar. Á árunum 1988 til loka síðasta fiskveiðiárs var þessi munur nokkru minni eða um 19%. Munurinn var þó mun minni síðustu tvö tímabilin. Það skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi voru ákvarðanir stjórnvalda nær tillögum stofnunarinnar þessi tvö tímabil. Í öðru lagi var gerð mikil breyting á fiskveiðistjórnuninni með lögum nr. 38/1990. Samkvæmt gildandi lögum er mun minni sveigjanleiki til að auka aflann frá því sem áður var. Sveigjanleikinn er í raun bundinn við svokallaða krókaleyfisbáta en sá munur, sem varð á ákvörðun stjórnvalda og heildarþorskafla síðasta fiskveiðiárs, skýrist að öllu leyti með því að þessir bátar veiddu rúmlega 15 þúsund lestum meira en sem nam samanlögðum aflamarkskosti þessara báta.

Á öllum tímabilunum er grálúðuaflinn umtalsvert meiri en sem nam tillögum Hafrannsóknastofnunar. Mestur er munurinn á síðasta tímabilinu, þ.e. á árunum 1988 til 1992. Mestur var þessi munur á árunum 1988 og 1989 en þá var grálúðuaflinn 63% og 97% meiri en Hafrannsóknastofnun hafði lagt til fyrir þessi tvö ár. Aflinn þessi tvö ár var jafnframt langt umfram það sem stjórnvöld höfðu stefnt að. Þennan mikla afla umfram ákvarðanir stjórnvalda má rekja til þeirra reglna sem giltu um stjórn fiskveiða á þessum árum. Annars vegar voru það reglur um sóknarmark og hins vegar ákvæði sem voru í eldri lögum um stjórn fiskveiða um heimild til að breyta aflamarki þorsks yfir í aðrar tegundir án takmarkana.

Samanburður á tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla nokkurra mikilvægra nytjastofna, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla og raunverulegum heildarafla á tímabilinu 1977 til 31. ágúst 1992.

																		Samtölur			
Þorskur	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		275	270	250	300	400	450	350	200	200	300	300	300	300	250	240	250	1.095	1.200	1.000	1.340
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	430	450	370	242	263	300	330	350	325	300	245	265	-	1.250	1.135	1.485
Afli alls		340	330	368	434	469	388	300	284	325	369	392	378	356	335	248	276	1.472	1.157	1.370	1.593
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	8%	0%	6%	21%	32%	0%	10%	17%	8%	20%	2%	6%	-	4%	14%	11%
Afli umfram Hafró		24%	22%	47%	45%	17%	-14%	-14%	42%	63%	23%	31%	26%	19%	34%	3%	10%	34%	-4%	37%	19%
Ýsa	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		-	40	45	60	50	65	60	55	45	50	50	60	60	60	38	50	-	175	200	268
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	60	60	60	60	65	65	65	40	50	-	-	240	285
Afli alls		40	43	55	51	64	69	66	48	51	49	41	54	63	67	40	48	189	199	189	272
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	9%	33%	20%	20%	8%	8%	8%	5%	0%	-	-	20%	6%
Afli umfram Hafró		-	8%	22%	-15%	28%	6%	10%	-13%	13%	-2%	-18%	-10%	5%	12%	5%	-4%	-	14%	-6%	1%
Ufsi	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		68	60	60	60	60	65	65	65	60	60	65	75	80	90	65	70	248	190	250	380
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	70	70	70	70	80	80	90	65	75	-	-	280	390
Afli alls		62	50	64	58	59	69	58	63	57	66	80	77	82	98	71	85	234	186	266	413
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	8%	17%	17%	8%	7%	0%	0%	0%	7%	-	-	12%	3%
Afli umfram Hafró		-9%	-17%	7%	-3%	-2%	6%	-11%	-3%	-5%	10%	23%	3%	3%	9%	9%	21%	-6%	-2%	6%	9%

																		Samtölur			
Karfi	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		-	60	50	50	65	60	80	90	90	85	75	75	75	80	55	90	-	205	340	375
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	110	110	100	95	85	77	80	55	90	-	-	415	387
Afli alls		62	35	64	72	96	116	125	109	92	87	89	95	92	92	64	93	233	337	377	436
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	22%	22%	18%	27%	13%	3%	0%	0%	0%	-	-	22%	3%
Afli umfram Hafró		-	-42%	28%	44%	48%	93%	56%	21%	2%	2%	19%	27%	23%	15%	16%	3%	-	64%	11%	16%
Grálúða	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		15	15	15	15	15	17	20	25	25	25	25	30	30	30	27	25	60	52	100	142
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	30	30	30	30	30	30	45	33	25	-	-	120	163
Afli alls		16	12	17	28	16	29	28	30	29	31	45	49	59	37	31	30	73	73	135	206
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	20%	20%	20%	20%	0%	0%	50%	22%	0%	-	-	20%	15%
Afli umfram Hafró		7%	-20%	13%	87%	7%	71%	40%	20%	16%	24%	80%	63%	97%	23%	15%	20%	22%	40%	35%	45%
Skarkoli	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	40	30	40	50
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	17	17	-	-	-	-	-	7	11	-	-	-	-
Afli alls		5	5	4	5	4	6	9	11	14	13	11	14	11	11	8	10	19	19	49	54
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	70%	70%	-	-	-	-	-	-30%	10%	-	-	-	-
Afli umfram Hafró		-50%	-50%	-60%	-50%	-60%	-40%	-10%	10%	40%	30%	10%	40%	10%	10%	-20%	0%	-53%	-37%	23%	8%

Úthafsrækja	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	Samtölur 1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	30	30	20	22	28	35	-	-	-	135
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	33	30	21	24	30	35	-	-	-	140
Afli alls		1	2	2	4	2	2	7	17	17	30	33	25	21	25	23	34	9	11	97	128
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	10%	0%	5%	9%	7%	0%	-	-	-	4%
Afli umfram Hafró		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	10%	-17%	5%	14%	-18%	-3%	-	-	-	-5%

Innfjarðarrækja	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		5,7	6	4,9	6,2	6,2	6,7	6,2	6,6	7,1	6,5	3,5	4,5	3,6	4,4	6,4	5,7	-	-	-	25
Ákvörðun stjórnvalda		5,7	6	4,9	6,2	6,2	6,7	6,2	6,6	7,1	6,5	3,5	4,5	3,6	4,4	6,4	5,7	-	-	-	25
Afli alls		6	6,2	4,9	6,5	6,3	7	6,9	7,2	7,5	6,8	3,9	4,7	3,9	4,8	6,5	6,9	24	20	25	27
Ákvörðun umfram Hafró		0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	-	-	-	0%
Afli umfram Hafró		5%	3%	0%	5%	2%	4%	11%	9%	6%	5%	11%	4%	8%	9%	2%	21%	-	-	-	9%

Síld	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		25	35	35	45	40	50	50	50	50	65	75	70	90	90	-	80	140	140	240	330
Ákvörðun stjórnvalda		25	35	35	50	43	50	53	50	50	65	73	90	90	90	-	110	145	146	238	380
Afli alls		29	37	45	53	39	54	59	50	49	65	75	93	97	90	-	99	164	152	239	379
Ákvörðun umfram Hafró		0%	0%	0%	11%	8%	0%	6%	0%	0%	0%	-3%	29%	0%	0%	-	38%	4%	4%	-1%	15%
Afli umfram Hafró		16%	6%	29%	18%	-3%	8%	18%	0%	-2%	0%	0%	33%	8%	0%	-	24%	17%	9%	0%	15%

Loðna	*Ár*	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991-92	1977-80	1981-83	1984-87	1988-92
Tillögur Hafró		-	-	-	-	460	700	0	375	920	1280	1290	1115	1065	900	286	740	-	1.160	3.865	4.106
Ákvörðun stjórnvalda		-	-	-	-	460	700	0	375	920	1280	1290	1115	1065	900	312	740	-	1.160	3.865	4.132
Afli alls		688	764	1195	980	684	626	0	573	897	1312	1333	1116	1037	808	314	677	3.627	1.310	4.115	3.952
Ákvörðun umfram Hafró		-	-	-	-	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	9%	0%	-	0%	0%	1%
Afli umfram Hafró		-	-	-	-	49%	-11%	0%	53%	-3%	3%	3%	0%	-3%	-10%	10%	-9%	-	13%	6%	-4%

175. Frumvarp til laga [153. mál]

um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Svavar Gestsson.

I. KAFLI
Um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 127. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og orðast svo:

a. (128. gr.)

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lántakendum frest á greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta, að hluta eða að öllu leyti, af lánum veittum til íbúðaöflunar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hefur tekið við í skiptum fyrir húsbréf.

Frest skv. 1. mgr. er heimilt að veita ef atvinnuleysi, langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi, sem sækir um frest samkvæmt þessari grein, skal leggja fyrir húsnæðismálastjórn ítarlegar upplýsingar um tekjur, eignir, skuldir og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Frestur á greiðslum afborgana, vaxta og verðbóta, sem veittur er, getur gilt um öll lán lánþega. Veittur frestur skal hafa afmarkaðan gildistíma, þó aldrei lengri en eitt ár í senn.

Fjárhæðir afborgana, vaxta og verðbóta af lánum, sem greiðslum er frestað á samkvæmt þessari grein, skulu færðar á sérstakan jöfnunarreikning hvers láns og teljast til höfuðstóls lánsins og koma fjárhæðirnar til greiðslu eftir þeim ákvæðum sem eru í 5. gr. laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

b. (129. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 128. gr. skal fé til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti, sbr. 25. gr. laga þessara, ekki skerðast og húsnæðismálastjórn gætir þess í fjárstreymi húsbréfadeildar.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði IV, svohljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að færa vanskil þeirra lána er 128. gr. nær til, eins og þau eru við gildistöku laga þessara, á sérstakan jöfnunarreikning samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 128. gr. ef ákvæði greinarinnar eiga við að öðru leyti.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Enn fremur færist á jöfnunarreikning fjárhæð greiðslu sem frestað er samkvæmt ákvæðum 127. og 128. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum, og ákvæðis til bráðabirgða IV við sömu lög.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að draga að einhverju leyti úr þeim alvarlegu afleiðingum sem atvinnuleysi, langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður hafa fyrir þá sem í slíkri ógæfu lenda. Þessar tilgreindu ástæður, sérstaklega atvinnuleysi, valda fjárhagslegum þrengingum og skapa óöryggi fyrir fjölmargar fjölskyldur, m.a. í húsnæðismálum. Undanfarin missiri hefur atvinnuleysi aukist stórum skrefum og hefur í annan tíma ekki verið meira, auk þess sem allmörg dæmi eru um langvarandi atvinnuleysi. Þá eru spár um atvinnuleysi fyrir næsta ár ekki uppörvandi og gefa til kynna að atvinnuleysi muni fremur aukast en minnka.

Markmið.

Ljóst er að möguleikar þeirra, sem orðið hafa fyrir fjárhagslegum skakkaföllum, atvinnuleysi, langvarandi veikindum eða öðrum sambærilegum áföllum til þess að standa í skilum af lánum sínum, eru hverfandi. Við þessu verður að bregðast og er lagt til með frumvarpinu að heimilt verði að fresta greiðslum af lánum í byggingarsjóðum Húsnæðisstofnunar ríkisins þegar framangreindar ástæður eiga við og þannig komið í veg fyrir að opinberum íbúðalánasjóði sé skylt að knýja fram nauðungarsölu á íbúðum atvinnulauss fólks.

Þá er það ætlan flutningsmanna að jafnhliða þessari stefnubreytingu mundu stjórnvöld beina þeim tilmælum til lífeyrissjóða, banka og annarra lánasjóða að taka með svipuðum hætti tillit til þessara aðstæðna fólks og þannig verði leitast við að tryggja að atvinnulausir geti búið við sæmilegt öryggi hvað varðar íbúðarhúsnæði.

Núgildandi lagaákvæði.

Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru fátækleg ákvæði til að fresta greiðslum af lánum. Í 82. gr. laganna er heimild til þess að fresta greiðslum af lánum Byggingarsjóðs verkamanna ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda. Þessi heimild gefur aðeins rétt til þess að draga greiðslu og á meðan er hún dráttarvaxtareiknuð þar til greiðsla berst.

Þá er heimild fyrir 70 ára eða eldri og fatlaða að fresta afborgunum um óákveðinn tíma ef fjárhag lánþega er þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum en aðeins af lánum sem veitt voru skv. 5. tölul. 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, svonefnd sérstök lán til eintaklinga með sérþarfir.

Frekari heimildir eru ekki fyrir hendi til að fresta greiðslum. Þannig eru t.d. engar

heimildir í lögunum til að fresta greiðslum af fasteignaveðlánum húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins og verður sjóðurinn að innheimta gjaldfallnar afborganir án tillits til aðstæðna lántakenda.

Almenn lýsing.

Með frumvarpinu er lagt til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til þess að fresta greiðslum af lánum, veittum til öflunar íbúðarhúsnæðis, og að sú heimild nái til allra lána sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði verkamanna, Byggingarsjóði ríkisins og húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Enn fremur er kveðið á um það í frumvarpinu hvernig fara skuli með þær greiðslur sem frestað er og er lagt til að þær verði færðar á sérstakan jöfnunarreikning sem telst til höfuðstóls lánsins og lántakandi greiði skuld á jöfnunarreikningnum með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr. laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, nr. 63/1985. Í raun er um að ræða sama jöfnunarreikning og myndaður er samkvæmt fyrrgreindum lögum.

Þá er lagt til að húsnæðismálastjórn fái heimild til þess að gera upp vanskil af lánum sem myndast hafa fyrir gildistöku lagaákvæða frumvarpsins ef rekja megi þau vanskil til atvinnuleysis, langvarandi veikinda og annarra sambærilegra ástæðna. Slík vanskil yrðu gerð upp með sama hætti, þ.e. með því að flytja þau á sérstakan jöfnunarreikning hvers láns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að bætt verði við tveimur greinum í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sem gera húsnæðismálastjórn kleift að veita greiðslufrest af lánum til kaupa eða byggingar á íbúð án þess að greiðslufrestunin valdi truflun á endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti.

Um 128. gr.

Í 1. mgr. er skilgreint til hvaða lána heimildin nær og í 2. mgr. kveður á um hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að réttur til frestunar á greiðslu afborgana af lánum myndist ekki sjálfkrafa, heldur þurfi lántakandi að sækja um slíkan frest og sýna fram á að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins vegna fjárhagserfiðleika og að þeir erfiðleikar stafi af atvinnuleysi, langvarandi veikindum eða öðrum sambærilegum aðstæðum. Því er kveðið á um í 3. mgr. að lánþegi þurfi að sækja um frest og leggja fram ítarlegar upplýsingar um fjárhagslega hagi sína. Húsnæðismálastjórn tekur ákvörðun um hvort veita skuli frest, í hve langan tíma og að hve miklu leyti. Þar getur verið um að ræða hluta af greiðslu hvers gjalddaga láns á frestunartíma eða alla upphæð hvers gjalddaga. Þá þarf fresturinn ekki að ná til allra lána lánþega, enda er markmiðið að lækka greiðslubyrði lánþega á frestunartíma niður í það sem hann getur ráðið við en ekki að aflétta greiðslubyrðinni með öllu ef fjárhagsástæður gefa ekki tilefni til þess.

Þá er í 4. mgr. kveðið á um að ákvörðun húsnæðismálastjórnar um greiðslufrest skuli vera tímabundin en nái þó aldrei til lengri tíma en eins árs. Hafi aðstæður lánþega ekki breyst að þeim tíma liðnum er heimilt að taka nýja ákvörðun um greiðslufrest. Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að greiðslufrestur sé ekki veittur til lengri tíma en nauðsyn krefur.

Í 5. mgr. eru ákvæði um hvernig fara skuli með þær fjárhæðir sem frestað er og hvenær þær komi til greiðslu. Valin er sú leið að setja fjárhæðirnar inn á sérstakan jöfn-

unarreikning sem telst til höfuðstóls lánsins. Endurgreiðsla af þeim jöfnunarreikningi fari síðan eftir ákvæðum 5. gr. laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985. Í 3. gr. frumvarpsins eru sett inn í þau lög ákvæði sem koma eiga í veg fyrir að myndaðir verði tveir jöfnunarreikningar, annar samkvæmt ákvæðum þeirra laga og hinn samkvæmt ákvæðum 1. gr. frumvarpsins. Er ástæðulaust að vera með tvöfalt kerfi á sérstökum jöfnunarreikningi og því lagt til að um sama reikning verði að ræða.

Um 129. gr.

Nauðsynlegt er að setja ákvæði sem kemur í veg fyrir að endurgreiðsla húsbréfa eftir hlutkesti raskist vegna greiðslufrestunar á fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hefur tekið við í skiptum fyrir húsbréf.

Greiðslufrestun rýrir ekki eiginfjárstöðu húsbréfadeildar en hefur hins vegar áhrif á innstreymi fjár deildarinnar og dreifir því á lengri tíma. Lagt er til að húsnæðismálastjórn gæti þess með því að leggja deildinni til fé í staðinn og geri ráð fyrir því í áætlunum sínum.

Um 2. gr.

Ljóst er að nokkur vanskil hafa myndast á síðustu mánuðum, einkum við húsbréfadeild, vegna vaxandi atvinnuleysis. Þykir því rétt að opna heimild fyrir húsnæðismálastjórn til þess að gera upp vanskil lánþega, eins og þau eru við gildistöku laganna, með sama hætti og 1. gr. kveður á um, enda hafi þau vanskil orðið til af þeim ástæðum sem greinin kveður á um. Lánþegar verða að sækja um slíka greiðslufrestun með sama hætti og tilgreint er í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Vísast til skýringa við 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

176. Frumvarp til laga [154. mál]

um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen, Stefán Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eggert Haukdal, Árni M. Mathiesen, Kristinn H. Gunnarsson, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara.

Tilgangur sjóðsins er að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1993.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íþróttamenn sem að mati stjórnar sjóðsins hafa sýnt ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru því líklegir til afreka á því sviði.

Sérsambönd innan ÍSÍ skulu senda stjórn sjóðsins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs tilnefningar um íþróttamenn er hljóta skulu styrk það ár.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í henni skulu sitja þrír menn, einn tilnefndur af framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, einn af íþróttanefnd ríkisins og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um land allt bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Íþróttahreyfingin og keppnisíþróttirnar eru aflvakinn að íþróttaiðkuninni og fullyrða má að almenningur ætti þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum ef ekki hefði notið við dugmikilla og fórnfúsra einstaklinga sem lagt hafa á sig ómælt erfiði og oft og tíðum mikil útgjöld.

Jafnframt aukinni íþróttaiðkun hefur geta íslenskra íþróttamanna í keppni aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim.

Afreksíþróttir eru viðurkenndur og þýðingarmikill þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta. Flestar þjóðir telja afrek á alþjóðavettvangi bestu og ódýrustu landkynningu sem völ er á og þar með hlýtur að vera tímabært fyrir okkur Íslendinga að meta að verðleikum kynningar- og áróðursgildi afreksíþrótta. Gott dæmi um kynningar af þessu tagi er frábær árangur fatlaðra íþróttamanna.

Það hefur háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingu t.d. fyrir Ólympíuleika og heimsmeistarakeppni vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Óhugsandi er að í framtíðinni verði unnt að treysta alfarið á dugnað og atorku nokkurra forustumanna íþróttahreyfingarinnar til þess að unnt verði að ná afreksárangri. Við verðum að gera átak í þessum efnum.

Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn

Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjórnarfrumvarps um Launasjóð stórmeistara í skák er brautin rudd og ber að fagna því. Frumvarp þetta er af sömu rótum runnið og sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um stofnun sérstaks sjóðs til styrktar efnilegum íþróttamönnum og stofnfé hans. Ákvæðið þarfnast ekki efnislegra skýringa.

Tilgangur sjóðsins kemur fram í 2. mgr. Hann skal skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að geta helgað sig íþrótt sinni. Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu eru afreksíþróttir viðurkenndur og mikilvægur þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta auk þess að geta verið öflug en ódýr landkynning. Engu að síður hefur stefna stjórnvalda í íþróttamálum ekki verið með nægilega markvissum hætti með langtímauppbyggingu í huga. Er brýnt að úr þessu verði bætt. Markviss hvatning og uppbygging verður að koma í stað tilviljanakenndra verðlauna eftir á sem oftar en ekki ganga beint til greiðslu persónulegra skulda viðkomandi íþróttamanna sem stofnað hefur verið til vegna skorts á stuðningi í upphafi. Með sjóði af þessu tagi, sem hér lagt til að verði stofnaður, er stigið fyrsta skrefið í þessa átt.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um árleg lámarksfjárframlög til sjóðsins sem aldrei skulu nema lægri fjárhæð en sem svarar fjórföldum árslaunum háskólakennara eins og þau eru á hverjum tíma. Framlög skulu endurskoðuð árlega. Ekkert mælir hins vegar gegn hærri framlögum séu aðstæður og vilji til þess á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Í þessari grein en tilgreint hverjir átt geti rétt til greiðslna úr sjóðnum og hvernig staðið skuli að vali þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. er endanlegt ákvörðunarvald um það hver eða hverjir hljóti styrki úr sjóðnum í höndum stjórnar hans.

Í 2. mgr. er ákveðið að tilnefningar um styrkþega komi frá hlutaðeigandi sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. Með þessu er tryggt eðlilegt samband stjórnar sjóðsins við hverja íþróttagrein og möguleikar þeirra sem innan hverrar greinar starfa til að hafa áhrif á styrkveitingar hverju sinni. Má almennt ætla að þessir aðilar hafi besta vitneskju um afreksmenn í hverri grein fyrir sig. Ákvæði 2. mgr. girðir ekki fyrir að stjórn sjóðsins veiti styrki á grundvelli tilnefninga frá öðrum aðilum en ákvæðið greinir. Um framkvæmd úthlutunar fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um skipan stjórnar sjóðsins. Ákvæðið skýrir sig efnislega sjálft.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

177. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um endurskoðun laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Svavar Gestsson, Valgerður Sverrisdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúum allra þeirra námsmannasamtaka sem hagsmuna eiga að gæta og fulltrúum allra þeirra stjórnmálaflokka sem nú eiga sæti á Alþingi. Í starfi sínu skal nefndin hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af nýsettum lögum um Lánasjóðinn og þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi og frá námsmönnum um breytingar á lögunum.

Greinargerð.

Reynslan af lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem sett voru í vor, er smátt og smátt að koma í ljós. Því miður virðast spár þeirra sem svartsýnastir voru sl. vetur og vor þegar frumvarpið um Lánasjóð íslenskra námsmanna var til meðferðar á Alþingi ætla að ganga eftir. Fækkun innritana í Háskólann og breyting á framtíðaráformum mikils fjölda stúdenta eru fyrstu vísbendingar um hversu alvarlegar afleiðingar þessi lög geta haft fyrir íslenskt þjóðfélag. Undirbúningur og meðferð málsins á Alþingi var með þeim hætti að útilokað var að ná samstöðu um þær breytingar, sem flestir voru þó sammála um að nauðsynlegt hafi verið að gera á gömlu lögunum um Lánasjóðinn, án þess þó að taka þær kollsteypur sem núgildandi lög munu hafa í för með sér. Námsmenn voru ekki hafðir með í ráðum nema að mjög takmörkuðu leyti við undirbúning málsins. Þá var öllum breytingartillögum við frumvarpið, svo og öllum tillögum stjórnarandstöðunnar um samstarf og samvinnu milli hennar og ríkisstjórnarinnar um lagasetninguna, hafnað af ríkisstjórnarflokkunum. Þegar þannig er að verki staðið er ljóst að útilokað er að skapa sátt um svo stórt og mikilvægt mál sem lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna eru.

Fyrri lög um námslán og námsstyrki voru frá árinu 1982. Þau voru í raun samningur milli ríkisvaldsins og námsmanna því að þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, skipaði nefnd sem í voru fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu sæti á Alþingi, auk námsmanna. Nefnd þessi komst að sameiginlegri niðurstöðu og voru tillögur hennar samþykktar á Alþingi. Sú samstaða, sem náðist árið 1982 um lögin um Lánasjóðinn, byggðist á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Að hlutverk Lánasjóðsins væri að jafna aðstöðu manna til náms.
2. Að tekið væri tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stæði.
3. Að við endurgreiðslu námslánanna að námi loknu skyldi tekið tillit til tekna lánþega.
4. Að lánin skyldu ekki bera vexti.
5. Að endurheimtuhlutfall lánanna skyldi vera sem hæst.

Fullyrða má að öll þessi markmið gengu eftir nema endurheimtuhlutfall lánanna var lægra en áætlað var að það yrði í upphafi. Í síðustu ríkisstjórn voru lögin svo framkvæmd undanbragðalaust í góðri samvinnu við námsmenn og aðra þá sem hlut eiga að máli. Skerðing menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins á framfærslulánum var felld niður.

Núgildandi lög, sem sett voru sl. vor um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þurrka því miður út eða veikja öll þessi grundvallarmarkmið sem samkomulag náðist um á sínum tíma. Jafnrétti til náms er ekki lengur tryggt. Það er síður tekið tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stendur. Vextir eru lagðir á námslán. Það eina sem eftir stendur af markmiðunum, sem hin víðtæka samstaða náðist um, er að lánþegar eiga að endurgreiða lánin í samræmi við tekjur sínar. Hins vegar er svo hert á tekjutengingunni að þeir sem bera ábyrgð á þessum lögum eru að vísa vandamálum samtímans yfir á framtíðina og skapa þannig fortíðarvanda.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er fyrst og fremst sá að gera tilraun til að skapa aftur það trúnaðartraust sem í grundvallaratriðum hefur ríkt milli námsmanna og ríkisvalds á undanförnum árum. Slíkt ætti að takast setjist þessir aðilar niður og leiti samstöðu um nýtt frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem áðurnefnd grundvallarmarkmið yrðu tryggð.

178. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Björn Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra að vinna áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Greinargerð.

Tillaga sú, sem hér er lögð fram til þingsályktunar, er endurflutt. Hún var lögð fram á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Í greinargerð með þeirri tillögu var greint frá þeim mikla áhuga sem áhugafólk um verndun og eflingu gróðurs í landinu hefur sýnt því að þetta svæði verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Þar var jafnframt greint frá ýmsum samþykktum og ályktunum sem settar hafa verið fram um málið.

Landnám Ingólfs er Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þingvallahreppur vestan þjóðgarðs, Grafningshreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur og brot af Selfosshreppi. Landsvæði þetta takmarkast af línu sem dregin er úr Hvalfjarðarbotni í þjóðgarðinn á Þingvöllum og þaðan suður Þingvallavatn, Úlfljótsvatn, Sog og Ölfusá til sjávar.

Sérstaða þessa svæðis er mjög mikil hvað varðar búsetuþróun því mikill meiri hluti landsmanna eða um ⅔ hlutar býr á þessu svæði. Í Landnámi Ingólfs eru 20 sveitarfélög og yfirgnæfandi meiri hluti íbúa býr í þéttbýli.

Í Landnámi Ingólfs eru 17 friðlýst svæði sem skiptast þannig eftir gerð friðlýsingar: einn þjóðgarður, fjögur friðlönd, átta náttúruvætti og fjórir fólkvangar. Þingvallaþjóðgarður er ekki friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum og er því ekki undir stjórn Náttúruverndarráðs. Með framkvæmd friðlýsingar í þjóðgarðslandinu fer sérstök þingskipuð nefnd.

Þrátt fyrir friðun landsvæða og aðrar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga til gróðurvernd-

ar er gróðureyðing víða allt of mikil í Landnámi Ingólfs. Lausaganga búfjár stangast á við önnur landnýtingarsjónarmið í þessum fjölmennasta landshluta. Það er hagur allra, bæði bænda og annarra íbúa í Landnámi Ingólfs, að búskapur sé lagaður að öðrum landnýtingarþörfum. Þetta þýðir ekki að búfé eigi að hverfa af svæðinu heldur að það verði eingöngu á afgirtu landi. Þannig háttar nú þegar um nautgripi og hross, en sauðfé gengur laust og takmarkar möguleika til gróðurverndar og landgræðslu. Auk þess skapar lausaganga búfjár mikla hættu fyrir umferð.

Samkvæmt 5. gr. laga um búfjárhald, sem samþykkt voru í mars 1991, er sveitarfélögum heimilt að koma í veg fyrir ágang búfjár og að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Fjölmörg sveitarfélög hafa á liðnum árum bannað lausagöngu hrossa og nokkur sveitarfélög hafa nú þegar bannað lausagöngu búfjár. Því er mjög mikilvægt að áætlun varðandi búfjárhald sé unnin í samvinnu við sveitarfélögin.

179. Frumvarp til laga [157. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 mw. eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir

vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, komi: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107. og 108. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt. Nú eru aðeins gerðar á því breytingar varðandi 4. gr. þar sem tekin eru inn fyllri ákvæði varðandi umhverfisvernd í tengslum við leyfisveitingu fyrir vatnsaflsvirkjun og vísað til ákvæða skipulagslaga um málsmeðferð. Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna hugsanlega breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í

nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m.a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“.“

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.“

Nefndarálit minni hlutans, Páls Pétursson ar alþingismanns, og lögfræðilegt álit, er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meiri hlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Flutningsmenn taka undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e.t.v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögunum í áliti sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson, fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu, starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað, fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kw. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim sem virkjunarheimildir hafa veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m.a. um uppgræðslu lands í stað

gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." Og í 1. mgr. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o.fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skipuðu hana Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ.e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m.a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flestöll vatnsföll, þ.e. sem voru meira en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílóvött eða 3,22 gwst. á ári af náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kw.). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kw. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (samkvæmt vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (samkvæmt orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinna þröngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e.t.v. sú að Alþingi taldi

að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kw. sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því sem umfram er bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögun brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (*Eignaréttur*, bls. 34–35) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf: „Af því ... er ljóst, að þeim [ákvæðum 67. gr. stjskr.] var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd ... En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengingsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, myndi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmiss konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjskr. 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr."

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o.fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (*Eignaréttur*, bls. 35): „... að takmörkunin sé almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ.e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eignartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t.d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o.s.frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t.d. ef styrjaldarhætta eða stríðs-

ástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kw. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kw. eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flestallar vera undir 100 kw. að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kw.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförnum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t.d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landsvæði og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí 1950 þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðan jarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaaðilum, tilheyrðu ríkinu án bóta til landeigenda. Lög þessi hafa verið túlkuð svo að þau nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið hérlendis um rétt ríkisins til þess að lýsa með löggjöf yfir eignarrétti sínum á jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, segir að landeigandi megi hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt á jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m.a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t.d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenzkum lögum.“

Niðurstaða Ólafs er „. . . að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita, sem til

landareignar heyrir [þ.e. til heimila og búsþarfa], og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign ... Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar."

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt á þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunarréttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsþarfa. Mörkin eru miðuð við 200 kw. sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef hægt var að ljúka virkjunarframkvæmdunum fyrir þann tíma, en þær höfðu dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum" er hér átt við „force majeure", þ.e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o.s.frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kw. með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi samkvæmt þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2.000 kw.

Um 4. gr.

Með þessum ákvæðum er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar liggi fyrir um umhverfis- og náttúruverndarmál við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar, svo og að krefjast megi umhverfismats við tilteknar aðstæður. Þá er í greininni vísað til ákvæða skipulagslaga. Orðalagið „þar sem það á við" er sett vegna óvissu sem ríkir um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu og á það bæði við um mörk þeirra innbyrðis og mörk utan lögsagnar tiltekins sveitarfélags, þ.e. gagnvart afréttum og almenningum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerða sem þeim eru samfara, t.d. jarðrasks, óþæginda o.fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. mgr. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla og 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kw.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir m.a. í 1. lið 133. gr. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o.s.frv., skuli tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m.a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er kveðið er á um í 1. lið 133. gr., skuli leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o.s.frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 61 bls. 593–604 í A-deild Alþt. 1985–86.

180. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Flm.: Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og er því endurflutt.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni.

181. Fyrirspurn [159. mál]

til sjávarútvegsráðherra um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvernig miðar þeirri athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða sem mælt

er fyrir í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum?
2. Hvernig er háttað því samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagmunaaðila í sjávarútvegi sem fyrir er mælt í lögunum?
3. Hvenær er þess að vænta að málið verði lagt fyrir Alþingi?

182. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sagnfræðinga, fornleifafræðinga, þjóðháttafræðinga, íslenskufræðinga og fólks úr ferðaþjónustu til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu hér innan lands.

Greinargerð.

Ferðamannaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og er oft á hana bent sem einn helsta vaxtarbrodd atvinnulífsins. Það sem af er þessu ári hafa um 126 þúsund erlendir ferðamenn komið til landsins. Landsmenn sjálfir ferðast auðvitað mikið um landið, jafnt í byggðum sem óbyggðum.

Undanfarna áratugi hefur náttúra Íslands ráðið ríkjum við kynningu á landinu og áherslan þá einkum verið á óbyggðir landsins. Að dómi flutningsmanna hefur landið og þjóðin margt fleira upp á að bjóða, bæði tengt fortíð og nútíð, en þeir möguleikar eru enn að mestu ónýttir. Þannig mætti skapa nýja ferðamannastaði og jafna strauminn um landið.

Íslendingar eiga merka sögu. Hér varð til sérstakt samfélag í kjölfar víkingaferða á miðöldum sem fæddi af sér heimsbókmenntir sem ekki eiga sinn líka í veröldinni. Þessar bókmenntir, svo og tungumálið, má nýta í ferðaþjónustu í mun ríkara mæli en gert er, með sumarnámskeiðum, ferðum á söguslóðir o.s.frv. Hér á landi er t.d. ekki til neitt víkingasafn eða safn sem gerir sér verulegan mat úr sögu þjóðarinnar. Flest söfn landsins, þótt merkileg séu, eru afar gamaldags og þarfnast endurskipulagningar og aukinnar kynningarstarfsemi svo að þau geti gefið þá mynd af sögu og verkmenningu þjóðarinnar sem þeim er ætlað.

Margir helstu sögustaðir þjóðarinnar hafa ekki upp á neitt að bjóða sem tengist sögunni, ekki svo mikið sem reglubundna leiðsögn um staðinn. Má þar t.d. nefna Skálholt og Hóla í Hjaltadal, en þar væri tilvalið að hefja uppgröft bæjarhúsanna og væri það margra ára verk sem eflaust drægi til sín fjölda ferðamanna. Á gömlu biskupsstólunum mætti hafa stöðuga kynningu á biskupasögunum, umræður um trúmál og kirkju o.fl. Staðir, sem koma við sögu í Sturlungu, gefa kost á ferðum og sviðsetningu þeirra miklu atburða, t.d. í leikformi. Í Reykholti ætti að vera stöðug kynning á verkum Snorra Sturlusonar og bókmenntanámskeið í norrænum fornbókmenntum.

Sjávarútvegur að fornu og nýju, fjörurnar og nýting þeirra, mataræði Íslendinga gegnum aldirnar, gömul verkmenning, heimsókn á sveitabæi, kynning á íslenskum húsdýrum og búskap, minjagripagerð, þjóðsagnaheimur okkar o.fl. Hugmyndirnar eru óþrjótandi og möguleikarnir margir en þeim þarf að safna saman, setja í forgangsröð og gera áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu sem tekur mið af sögu landsins.

Með þessari tillögu er lagt til að þeir sem gerst þekkja sögu þjóðarinnar, sögustaði, verkmenningu, fornleifar og þjóðhætti verði kallaðir til að setja fram hugmyndir í samráði við fólk úr ferðaþjónustunni. Hugmyndirnar mætti síðan nýta til að auka og bæta þjónustu við ferðamenn.

Hér er ekki fyrst og fremst um það að ræða að nýta söguna og okkar fornu bókmenntir til að kynna fyrir útlendingum, heldur ekki síður að saga okkar, sögustaðir og menning verði Íslendingum aðgengileg á margvíslegan hátt.

183. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um gjaldeyrismál.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, Kjartan Gunnarsson deildarstjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur. Enn fremur komu Ögmundur Jónasson og Björn Arnórsson frá BSRB, Jóhann Þorvarðarson frá Verslunarráði Íslands, Már Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Sigurður Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Sveinn Hannesson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Halldór Magnússon frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Verðbréfaþingi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna, Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, ASÍ, BSRB, BHMR, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sú meginregla að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru, þjónustu og fjármagnshreyfinga verði óheft. Þar er og kveðið á um frávik frá þessari reglu. Nefndin leggur áherslu á að vandað verði til framkvæmdar nýrra reglna og hugsanlegra breytinga. Annað gæti orðið til þess að flækja stjórn peningamála og gera hana erfiðari, svo og skapað óstöðugleika í gjaldeyris- og peningamálum. Má í þessu sambandi m.a. nefna að millibankamarkaður með gjaldeyri verður að hafa þróast áður en hömlur á fjármagnshreyfingar til skemmri tíma verða algerlega afnumdar. Þá þarf peningamarkaður að hafa þróast með þeim hætti að Seðlabankinn geti með viðskiptum þar og beitingu peningalegra stjórntækja haft áhrif á skammtímanafnvexti og þar með fjármagnsstreymi til og frá landinu. Loks verður að tryggja að Seðlabankinn hafi nægilega sterk stjórntæki til þess að geta stýrt peninga- og gengismálum við nýjar aðstæður óheftra fjármagnshreyfinga.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 1. málsl. 3. gr. taki bæði til stöðvunar og takmörkunar á tilteknum flokkum fjármagnshreyfinga ef talið er að skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valdi óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Núverandi orðalag þykir of stirt og gefur m.a. ekki innlendum aðilum svigrúm til þess að standa við gerðar skuldbindingar.
2. Lagt er til að 1. mgr. 4. gr. verði breytt svo að skýrt sé að ákvæðið taki til gjald-

eyrisviðskipta vegna tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga. Fram hefur komið sú skoðun að ákvæði þetta sé óþarft þar sem kveðið sé á um efni þess í öðrum lögum. Nefndin telur aftur á móti að fjalla þurfi sérstaklega um þetta í ákvæðinu vegna þess að í 2. gr. frumvarpsins er skilið á milli fjármagnshreyfinganna sjálfra og gjaldeyrisviðskiptanna vegna þeirra.

3. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða II falli brott. Bent hefur verið á að efni þess, um að fella niður núgildandi leyfi viðskiptabanka og sparisjóða til gjaldeyrisviðskipta, standist ekki þar sem viðskiptabankar og sparisjóðir hafi almennar heimildir í lögum til að stunda gjaldeyrisviðskipti innan þeirra marka sem Seðlabankinn ákveður. Gert hefur verið ráð fyrir því að í leyfum til gjaldeyrisviðskipta verði sett ákveðin skilyrði og þykir því rétt að 2. mgr. 8. gr. um heimildir til gjaldeyrisviðskipta verði breytt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Alþingi, 26. okt. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Guðjón Guðmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Ingi Björn Albertsson.	Össur Skarphéðinsson.

184. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um gjaldeyrismál.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á 1. málsl.:
   a. Í stað orðsins „stöðvun“ komi: að takmarka eða stöðva.
   b. Í stað orðanna „á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum“ komi: einhverja eða alla eftirtalda flokka.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum“ í 1. mgr. komi: gjaldeyrisviðskipti vegna einhverra eða allra eftirtalinna flokka.
3. Við 8. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Seðlabankinn setur nánari reglur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda fyrir þá aðila sem nefndir eru í 2. málsl. 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um umfang og mörk gjaldeyrisviðskipta hverrar stofnunar, reglulega upplýsingagjöf til Seðlabankans, fullnægjandi innra eftirlits- og upplýsingakerfi og hæfisskilyrði starfsfólks. Í þeim skal enn fremur kveðið á um afturköllun heimilda til gjaldeyrisviðskipta að því er varðar þá aðila sem ekki hafa heimild til slíkra viðskipta í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.
4. Ákvæði til bráðabirgða II falli brott.

185. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um innflutning.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, Kjartan Gunnarsson deildarstjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur. Enn fremur komu Ögmundur Jónasson og Björn Arnórsson frá BSRB, Jóhann Þorvarðarson frá Verslunarráði Íslands, Már Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Sigurður Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Sveinn Hannesson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Halldór Magnússon frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna, Íslenskri verslun, ASÍ, BSRB, BHMR, Neytendasamtökunum og Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. okt. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðjón Guðmundsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Halldór Ásgrímsson.	Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.

186. Skýrsla [161. mál]

forsætisráðherra um endurmat á norrænni samvinnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. Formáli

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn á Álandseyjum 12. nóvember 1991 var ákveðið að stofna til endurmats á norrænni samvinnu, m.a. í ljósi aukinnar efnahagslegrar og pólitískrar samvinnu Evrópuríkja og þátttöku Norðurlanda í henni. Í framhaldi af þessari ákvörðun tilnefndu forsætisráðherrarnir fulltrúa sína í starfshóp til að annast þetta endurmat. Fulltrúi Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í starfshópnum var Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra. Aðstoðarmaður hans var Jón Júlíusson skrifstofustjóri.

Starfshópurinn skilaði skýrslu til forsætisráðherranna á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17.-18. ágúst sl. Þessi skýrsla fylgir hér með til kynningar.

Á fundi forsætisráðherranna á Borgundarhólmi tilnefndu ráðherrarnir hver sinn fulltrúa til að undirbúa umfjöllun um tillögurnar í Norðurlandaráði, framkvæmd breytinga á norrænu samstarfi og sérstaklega nauðsynlegar breytingar á Helsingfors-samningnum um norrænt samstarf. Matthías Á. Mathiesen hefur starfað áfram að þessum málum sem fulltrúi forsætisráðherra.

Á fundi Norðurlandaráðs í Árósum 8.-11. nóvember nk. verður meðfylgjandi skýrsla starfshópsins um endurmat á norrænni samvinnu til umfjöllunar. Á sama tíma munu forsætisráðherrarnir fjalla um tillögur síðari starfshópsins um skipulag samstarfsins.

1. VERKEFNIÐ SEM FORSÆTISRÁÐHERRARNIR FÓLU STARFSHÓPNUM OG STÖRF HÓPSINS

1.1. Maríuhafnaryfirlýsingin

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn 12. nóvember 1991 var einkum fjallað um norræna samvinnu í ljósi undanfarandi þróunar í Evrópu. Forsætisráðherrarnir ákváðu að samþykkja Maríuhafnaryfirlýsinguna um samstarf Norðurlanda í framtíðinni, fylgiskjal 1. Forsætisráðherrarnir ákváðu að skipa sína eigin fulltrúa til að fjalla um slíkt endurmat. Meginatriðin varðandi endurmatið eru:

— nýjar forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja,
— samvinna Norðurlanda við nágrannaríki, einkum Eystrasaltsríkin og svæðið kringum Eystrasalt,
— þær skipulagsbreytingar sem tillögur til úrbóta miðast við, þ.m.t. hugsanleg breyting á Helsinkforssáttmálanum.

1.2. Starfshópurinn

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa skipað eftirtalda menn og aðstoðarmenn þeirra til að endurmeta norræna samvinnu.

Thor Pedersen, innanríkisráðherra	DK
Anita Hugau, skrifstofustjóri	DK
Jaakko Iloniemi, framkvæmdastjóri	SF
Seppo Härkönen, sérlegur ráðgjafi	SF
Matthías Á Mathiesen, fyrrv. utanríkisráðherra	IS
Jón Júlíusson, skrifstofustjóri	IS
Björn Skogstad Aamo, aðstoðarmaður ráðherra	N
Jonas Gahr Störe, sérlegur ráðgjafi	N
Gunnar Björk, lénshöfðingi	S
Jan O. Karlsson, fyrrv. aðstoðarmaður ráðherra	S

Jaakko Iloniemi, framkvæmdastjóri, er formaður starfshópsins. Karl Johan Krokfors, sendiráðunautur, er einkaritari formanns.

Starfshópurinn afhendir hér með forsætisráðherrunum skýrslu sína fyrir fund þeirra á Borgunarhólmi 17.-18. ágúst 1992. Forsætisráðherrunum var afhent áfangaskýrsla á fundi sínum í Helsinki 2. mars 1992.

1.3. Yfirlit yfir mat og tillögur starfshópsins

1. Verkefnið

Forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi sínum í Maríuhöfn 12. nóvember 1991 að samþykkja Maríuhafnaryfirlýsinguna um framtíðarskipulag norrænnar samvinnu. Forsætisráðherrarnir ákváðu samtímis því að skipa einkafulltrúa sína til að endurmeta norræna samvinnu.

Sem forsendur fyrir starfi sínu hefur starfshópurinn í huga meginatriðin í Maríuhafnaryfirlýsingunni, þ.e.:

— hinar nýju forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja,
— samvinnu Norðurlanda við nágrannaríki sín,
— hugsanlegar skipulagsbreytingar sem gert er ráð fyrir í tillögum starfshópsins til úrbóta.

2. Nýjar forsendur og nýjar kröfur

Starfshópurinn hefur kosið að nálgast endurmat norrænnar samvinnu frá þremur sjónarhornum, þ.e.:
— starfshópurinn leggur áherslu á að hvað sem líður hinum miklu viðburðum í Evrópu sé kominn tími til að endurnýja og stuðla að frekari þróun norrænnar samvinnu,
— í ljósi þróunarinnar í Evrópu má búast við að um tvíþætt ferli verði að ræða á komandi árum:

annars vegar er Evrópska efnahagssvæðið sem tekur gildi við upphaf árs 1993 og kemur á sama tíma og samningaviðræður milli þeirra Norðurlandaþjóða sem hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar,

og hins vegar aðild annarra Norðurlanda að Evrópubandalaginu sem búast má við síðar á 10. áratugnum.

Norræn samvinna er heild sem nær til fjölbreyttrar óformlegrar samvinnu og formlegrar samvinnu í Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni. Heildarþróunin hefur valdið því að dregið hefur úr vægi og áhrifum hinnar formlegu samvinnu. Þróun undanfarinna ára hefur leitt til þess að samvinna á breiðari grundvelli, svo sem innan EFTA, Evrópubandalagsins og Samkomulags um tolla og viðskipti (GATT), hefur fengið meira vægi.

Telja verður það jákvætt fyrir Norðurlöndin—og ekki neikvætt fyrir norræna samvinnu—að hagsmunamál þjóðanna kunna að verða rædd á breiðari grundvelli. Það eykur möguleika á framgangi Norðurlanda og hagsmunamála þeirra. Svo fremi unnt reynist að skipuleggja samvinnuna með þeim hætti að hún komi til móts við þarfir og kröfur nútímans skiptir norræn samvinna nú meira máli fyrir Norðurlöndin en um langa hríð.

Látum þörfina vera ráðandi um samvinnuna

Ekki hefur dregið úr þörf fyrir norræna samvinnu. Hún er orðin annars eðlis. Athygli starfshópsins hefur beinst að nokkrum þörfum sem unnt er að skipta í fjóra meginflokka, þ.e.:

1. Ráðstafanir til að tryggja að á Norðurlöndum verði innri markaður með frjálsum viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn og óhindruðum fólksflutningum milli landanna.

2. Ráðstafanir sem geta eflt gagnkvæman skilning hvað snertir tungumál, menningu, samstöðu og sérstöðu innan Evrópu.

3. Ráðstafanir til að styrkja norrænt atvinnulíf vegna harðnandi samkeppni á hinum opna evrópska markaði.

4. Ráðstafanir til að búa í haginn fyrir samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda um vernd þjóðarhagsmuna sinna, m.a. með því að hafa áhrif á og stuðla að friðsamlegri þróun í Evrópu.

Á grundvelli þessara þarfa telur starfshópurinn að það sé einkum tvennt sem kallar á endurmat norrænnar samvinnu:
— að efla samvinnu á þeim sviðum sem snerta hagsmuni Norðurlanda sérstaklega og að stuðla að frekari þróun sameiginlegs menningarlegs gildismats í menningarmálum,
— að sjá til þess að samvinnan styðji sem best þátttöku þjóðanna í annarri samvinnu á alþjóðavettvangi, einkum á vettvangi Evrópu, svo sem hvað snertir Evrópska efnahagssvæðið og Evrópubandalagið.

3. Verkefni sem snerta Evrópu

Við endurmat samvinnunnar hefur starfshópurinn miðað við að Norðurlöndin og samvinna þeirra standi frammi fyrir tvenns konar þróun hvað snertir samskipti þeirra við önnur ríki Evrópu á 10. áratugnum.

Fyrra skeiðið hefst árið 1993 þegar ríkin ganga til samstarfs innan Evrópska efnahagssvæðisins. Einkenni þessa skeiðs verður að nokkur hluti norrænnar samvinnu hlýtur eðlilega að verða innan ramma samvinnu þeirra þjóða sem eru innan Fríverslunarbandalags Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB). Einkenni þessa skeiðs verða einnig samningar um aðild fleiri Norðurlandaþjóða og undirbúningur undir næsta skeið samvinnunnar.

Seinna skeiðið hefst þegar ljóst er orðið hvaða Norðurlandaþjóðir ganga í Evrópubandalagið síðar á þessum áratug. Nákvæm tilhögun skipulags norrænnar samvinnu á þessi skeiði hlýtur að vera háð frekari þróun samvinnu innan Evrópubandalagsins og fjölda nýrra norrænna aðildarríkja að Evrópubandalaginu.

Samvinnan innan Evrópska efnahagssvæðisins ein sér mun valda miklum breytingum fyrir Norðurlöndin. EES-samningurinn veldur því að sömu reglur munu í fyrsta skipti gilda á Norðurlöndum og á öllu Evrópska efnahagssvæðinu hvað snertir frjáls viðskipti með vörur, fjármagn og þjónustu og frjálsan rétt til búsetu og atvinnu. Auk þess skapast möguleikar á samvinnu á ýmsum sviðum, auk hins innri markaðar, svo sem á sviði umhverfisverndar, neytendaverndar, menntunar, rannsókna og þróunar.

Mikilvægasta þýðing þess að fleiri ríki á Norðurlöndum gangi í Evrópubandalagið er að þau taki þátt í *pólitískri samvinnu* innan Evrópubandalagsins.

Norræn samvinna eins og við þekkjum hana til þessa dags—þar sem Danmörk hefur átt aðild að Evrópubandalaginu og hin fjögur ríkin hafa átt aðild að Fríverslunarbandalagi Evrópu—hlýtur við slíkar aðstæður að breytast í grundvallaratriðum. Starfshópurinn telur að nýjar aðstæður myndist ef þrjú eða fjögur Norðurlandanna gerist aðilar að Evrópubandalaginu. Megináherslur í samvinnunni, jafnt hinni formlegu og hinni óformlegu, hljóta að breytast með þeim hætti að Evrópubandalagið öðlist meira vægi.

4. Fjórar meginástæður fyrir samvinnu milli ríkisstjórnanna

Með hliðsjón af nýjum forsendum samvinnunnar, sem við blasa nú, telur starfshópurinn hagkvæmt að stuðla að frekari þróun samvinnu milli ríkisstjórna Norðurlanda á grundvelli eftirfarandi *fjögurra meginforsendna:*

1. Samvinna Norðurlanda á sviði mála sem snerta öll eða flest Norðurlandanna.
2. Samvinna tveggja eða fleiri Norðurlanda á vettvangi Evrópubandalagsins, Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins. Markmið slíkrar samvinnu er að gæta svæðisbundinna og pólitískra hagsmuna Norðurlanda við mótun reglugerða og annarra ákvarðana á stærri vettvangi Evrópuþjóða.
3. Samvinna sem hefur þann tilgang að gæta hagsmuna Norðurlanda gagnvart ríkjum utan Evrópubandalagsins og Fríverslunarbandalags Evrópu.Slík samvinna nær m.a. til nágrannaríkja Norðurlanda, en einnig stuðnings við þróunarþjóðir og samvinnu innan alþjóðastofnana.
4. Varanleg samvinna tveggja eða fleiri Norðurlandanna hvað snertir sameiginleg eða svæðisbundin mál. Slík bein og oft óformleg samvinna er mikilvæg, m.a. í því skyni að finna lausn á sameiginlegum málum varðandi flutningamál og orkuöflun.

5. Ráðstafanir í því skyni að stuðla að þróun pólitískrar samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda

a. Nýtt hlutverk forsætisráðherranna og almenn ábyrgð á samvinnunni

Norræn samvinna, sem einkennist af pólitískri stefnufestu, telur starfshópurinn að verði best tryggð með því að forsætisráðherrarnir takist á herðar almenna pólitíska ábyrgð á meginreglum og mótun samvinnunnar.

Markmiðið með betri skipulagningu á hlutverki forsætisráðherranna í norrænni samvinnu er að stuðla að nánari pólitískri leiðsögn bæði hvað snertir samvinnu Norðurlanda og þátttöku þjóðanna í evrópskri og og alþjóðlegri samvinnu.

Forsætisráðherrarnir ættu að sitja reglulega Norðurlandafundi og hittast þrisvar til fjórum sinnum á ári. Sú þjóð sem fer með formennsku ber ábyrgð á fundunum, en þeir geta verið ýmist venjulegir fundir forsætisráðherranna eða af sérstöku tilefni. Forsætisráðherrar Norðurlandanna hittast oft með óformlegum hætti á evrópskum vettvangi, t.d. innan ramma RÖSE, Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópubandalagsins. Auk þess er um að ræða tíð óformleg tvíhliða samskipti sem til samans stuðla að miklum samskiptum.

Á fullskipuðum fundum Norðurlandaráðs flytur forsætisráðherra gestgjafalandsins meginræðu um norræna samvinnu.

b. Virk formennska

Starfshópurinn mælir með þeirri tilhögun að innan norrænnar samvinnu skuli hlutverk formannsins gert stærra í því skyni að leggja aukna áherslu á pólitíska ábyrgð. Sú þjóð sem fer með formennsku í norrænni samvinnu skal bera almenna ábyrgð á norrænni samvinnu í heild og framgangi hennar. Formennskan ætti að gilda á öllum sviðum, þ.e. jafnt á fundum forsætisráðherranna og annarra ráðherra, svo og á fundum embættismanna og sérfræðinga. Einnig skyldi formennska hvað snertir samstarf þjóðþinganna fela í sér ábyrgð á undirbúningi funda og að þess sé gætt að samþykktum sé hrundið í framkvæmd.

c. Þróun samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála

Núverandi samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála nær einnig til ýmissa mála annarra en hermála, svo sem félagsmála, efnahagsmála og umhverfismála.

Þetta hefur gefið öryggishugtakinu nýja merkingu. Samvinna utanríkisráðherranna hefur aukist mjög á undanförnum árum. Núverandi samvinna og ábyrgð forsætisráðherranna á þróun meginstefnunnar í norrænni samvinnu skapar möguleika til náinna tengsla milli ríkisstjórna Norðurlanda í utanríkis- og öryggismálum og að hafa virkt frumkvæði að samvinnu í því skyni að hafa áhrif á mikilvæg mál sem í gangi eru.

Þær sérstöku aðstæður að eitt eða fleiri Norðurlandanna taka eða munu taka þátt í samvinnu um sömu málefni innan Evrópubandalagsins teljast ekki hindrun á vegi óskuldbindandi samvinnu Norðurlandaþjóða á sviði utanríkismála.

6. Samvinna á þeim sviðum sem snerta Norðurlönd sérstaklega

Jafnframt því að taka þátt í evrópskri samvinnu á stærri vettvangi leggur starfshópurinn áherslu á þörfina á því að endurnýja og stuðla að frekari þróun samvinnu á þeim sviðum sem snerta Norðurlönd sérstaklega.

Hér er um að ræða sameiginleg hagsmunamál allra (eða nær allra) Norðurlanda og endurspeglast í fjárhagsáætlun fyrir Norðurlandasamstarf og hinar ýmsu samstarfsstofnanir.

Með tilliti til þess að ríkin munu hvert um sig og sameiginlega verja miklum tíma og fé til samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins vill samstarfshópurinn leggja áherslu á nokkur samstarfssvið sem hafa verulega þýðingu fyrir Norðurlöndin og ættu því að hafa forgang í samvinnunni á næstu árum:

— Menningarstefna
— Félagsmál
— Umhverfismál
— Samvinna á sviði efnahagsmála

Starfshópurinn leggur m.a. til að stofnaður verði norrænn menningarmálasjóður og sé skipulag hans, umfang og stefna verulega frábrugðin því sem nú er. Á grundvelli tillögu starfshópsins um samhæfingu og aukin afköst er lagt til að þau u.þ.b. 800 norræn verkefni sem nú er unnið að verði tekin til rækilegrar endurskoðunar. Lagt er til að 2/3 hlutum af núverandi framkvæmdafé verði varið til að stofna sjóðinn. Ef árleg fjárveiting nemur u.þ.b. 200 miljónum danskra króna ætti það takmark að nást að mynda sjóð sem nemi einum miljarði danskra króna árið 2000.

Menningarmálasjóðurinn á að starfa til hliðar við venjulegar fjárveitingar til menningarmála og ber honum að leggja megináherslu á aðstoð við norræn verkefni sem stuðla sérstaklega að því að styrkja norræn séreinkenni og sameiginlegan menningararf, einkum hvað snertir samstarf á sviði rannsókna og menntunar, barnamenningar og æskulýðssamstarfs, kvikmynda og fjölmiðla.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda setja menningarmálanefndinni starfsreglur.

Þátttaka Norðurlandaþjóða í sameiningu Evrópuþjóða gefur *félagsmálum* aukið evrópskt vægi. Töluverður hluti þeirra réttinda sem Norðurlandaþjóðirnar hafa samið um sín í milli munu nú ná til alls Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. stór hluti norrænu félagsmálasamþykktarinnar og vinnumarkaðssamþykktarinnar. Að þessu leyti fellur norræn og evrópsk samvinna í sama farveg.

Umhverfismál eru e.t.v. það svið þar sem Norðurlönd kunna að hafa mestan áhuga á að hafa áhrif á samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og annars staðar á alþjóðavettvangi. Starfshópurinn telur að störf að umhverfismálum innan ráðherranefndarinnar—í náinni samvinnu við fagráðuneyti og pólitíska leiðtoga innan ríkjanna—skuli skipulögð með það fyrir augum að undirbúa sameiginlegt frumkvæði Norðurlanda.

Samvinnan innan Evrópskra efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins verður nær allsráðandi á *sviði efnahagsmála*. Starfshópurinn telur þó að sérstök ástæða sé til að stuðla að þróun *innri markaðar á Norðurlöndum*. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fella úr gildi ýmis ákvæði sem valda misræmi á norrænum markaði.

Starfshópurinn leggur sérstaka áherslu á að meiri fjármunum verði varið til uppbyggingar á *meginundirstöðum efnahagslífsins* á Norðurlöndunum.

Norðurlöndin hafa að miklu leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta á sviði *samskipta við nágrannaríkin*.

Samvinna á *sviði orkumála* mun hafa mikla þýðingu hvað snertir samruna á Norðurlöndum. Miklir möguleikar eru á sviði norræns markaðar með gas og raforku sem gæti stuðlað að betra umhverfi, minni orkukostnaði og aukinni vinnu við mannvirkjagerð.

7. Samvinna um mál sem eru á dagskrá Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópubandalaginu

Þátttaka Norðurlanda í samvinnu á sviði Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins opnar nýja möguleika til að stuðla að norrænum gildum og hagsmunamálum á breiðari grundvelli í Evrópu.

Bæði í EES-samningnum og einnig vegna þeirrar staðreyndar að öll eða flest Norðurlöndin munu með tímanum ganga í Evrópubandalagið kemur það æ oftar fyrir að mikilvægt sé að Norðurlöndunum sé kunnugt um hagsmuni og markmið hvers annars. Jafnmikilvægt er að gera sér ljós skilyrðin fyrir því að geta fundið málamiðlun milli

markmiða tveggja eða fleiri ríkja með þeim hætti að það valdi ekki neinu öðru ríki á Norðurlöndum tjóni eða óþægindum, heldur stuðli fremur að þeim markmiðum sem tengjast sameiginlegum verðmætum og menningarþáttum.

Þátttaka Norðurlanda í samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins helgast einkum af því að þau eiga aðild að Fríverslunarbandalagi Evrópu eða Evrópubandalaginu. Ákvarðanir innan Evrópska efnahagssvæðisins byggjast á tengslum milli Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópubandalagsins.

Á því sviði sem samvinnan innan Evrópska efnahagssvæðisins nær til er því ekki eðlilegt að um sé að ræða ákvarðanaferli sem starfi samsíða núverandi ákvarðanaferli. Einnig kann að vera æskilegt að stuðla að frekari þróun starfshátta í hinum formlegu norrænu samstarfsstofnunum þannig að þær geti stutt þátttöku ríkjanna í Evrópska efnahagssvæðinu.

Það ríki sem fer með formennsku skal sjá til þess að meginmálefni, sem tekin verða til umfjöllunar á Evrópska efnahagssvæðinu, komi til umræðu með góðum fyrirvara á Norðurlöndum. Einnig er eðlilegt að efla samvinnu milli sérfræðinga á Norðurlöndum.

Með sama hætti og í EES-samningnum (ákvæði um jaðarsvæði) verður mikilvægt að fá tækifæri til að eiga norræna samvinnu á þeim sviðum þar sem norrænar lausnir eru ekki í bága við þær skyldur sem fylgja aðild að Evrópubandalaginu. Þegar Norðurlöndin hafa fengið aðild að Evrópubandalaginu hljóta það að vera hagsmunir þeirra að leggja áherslu á að taka ákvarðanir miðað við hagsmuni Norðurlanda. Í þessu sambandi er mikilvægt að vísa til reglunnar um dreifræði sem leggur áherslu á að ákvarðanir skuli teknar á lægsta mögulega stjórnsýslustigi þar sem helst má vænta árangurs.

Sem aðildarríki Evrópubandalagsins munu Norðurlöndin hafa frjálsar hendur til að meta með hvaða hætti þau geti best gætt hagsmuna sinna.

8. Samvinna við nágrannaríki Norðurlanda

Ríkisstjórnir Norðurlanda vilja stuðla að því að framhald verði á jákvæðri þróun í átt til lýðræðis og markaðsbúskapar í Austur-Evrópu og Samveldisríkjunum. Norðurlönd hafa hvert fyrir sig og ásamt öðrum ríkjum veitt nágrannaríkjum sínum ýmiss konar aðstoð.

Norðurlöndin hafa víða á alþjóðavettvangi látið í ljósi þá ósk að taka þátt í nauðsynlegum ráðstöfunum til að ná ofangreindum markmiðum.

Starfshópurinn hefur rætt ýmsa tilhögun samvinnu Norðurlandanna og t.d. Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. Í ljósi þeirrar víðtæku samvinnu sem nú hefur verið stofnað til á ýmsum sviðum leggur starfshópurinn til að kannað verði hvaða reynsla hefur fengist af þeirri samvinnu sem þegar er hafin. Hvað snertir tvíhliða samninga Norðurlandanna kann að vera heppilegt að samræma aðgerðir þar sem því verður við komið í því skyni að stuðla að því að framlag tveggja eða fleiri ríkja verði samvirkt.

9. Aðlögun starfsins í norrænu ráðherranefndinni

Markmiðið með þeim úrbótum sem gerðar voru við upphaf 8. áratugarins var m.a. að samstarfsráðherrarnir skyldu huga að heildarstefnunni í samstarfinu og samhæfingu hinna ýmsu sviða. Árangurinn hefur þó orðið annar en gert hafði verið ráð fyrir, sem hefur að sjálfsögðu haft áhrif á starfsemi ráðherranefndarinnar. Á undanförnum árum hafa samstarfsráðherrarnir aðeins í litlum mæli fengist við málefni sem snerta heildarstefnumótun í samstarfinu eða haft meiri háttar pólitískt frumkvæði.

Starfshópurinn leggur því til eftirfarandi:

— Forsætisráðherrarnir axli ábyrgð af meiri háttar norrænum samstarfsverkefnum. Forsætisráðherrarnir sitji fundi með stjórn Norðurlandaráðs eins og verið hefur.

— Ábyrgðin á norrænni samvinnu á ýmsum sviðum skal vera í höndum hlutaðeigandi

fagráðherra. Tengsl við Norðurlandaráð á ýmsum sviðum skulu vera í höndum fagráðherra samkvæmt reglunni um virka formennsku.

— Skipuð verði stjórn fimm aðstoðarmanna ráðherra (eins frá hverju Norðurlandanna) eða embættismanna í sambærilegri stöðu og hafi þeir umboð til að taka ákvarðanir í öllum málum sem eining næst um, svo fremi hlutaðeigandi ráðherrar hafi ekki áskilið sér sjálfum rétt til ákvörðunar. Stjórnin kann að fá verkefni beint frá forsætisráðherrunum, en starfar að öðru leyti undir stjórn samstarfsráðherranna og er jafnframt stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar.
— Helsingforssáttmálinn helst óbreyttur að öðru leyti en því að í hann verða teknar þær breytingar sem hér eru lagðar til.
— Í framtíðinni verður þess krafist sérstaklega af ríkisstjórnunum að þær tryggi framgang hinnar breyttu stefnu og skipulags í norrænni samvinnu. Mikilvægt er að í hverri ríkisstjórn á Norðurlöndum sé samstarfsráðherra sem undir yfirstjórn forsætisráðherra ber ábyrgð á þróun norrænnar samvinnu.

Drög að einföldun starfs ráðherranefndarinnar og embættismannanefnda

Framvegis mun norræn samvinna hafa tvíþætt meginmarkmið, að hluta að vinna í þágu hagsmuna og gilda Norðurlandaþjóða við sameiningu Evrópu, að hluta að stuðla að frekari þróun eiginlegrar norrænnar samvinnu á þeim meginsviðum sem nánar eru tilgreind í skýrslunni.

Norræn samvinna er á mörgum sviðum í svo föstum skorðum nú þegar að unnt er að halda henni áfram án stuðnings ráðherranefndarinnar eða embættismannanefnda. Þegar til lengri tíma er litið ættu æ fleiri samstarfssvið að verða hluti af skyldum ráðherra og stjórnsýslustofnana ásamt málefnum Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins.

Hvað snertir forgangsverkefni í samvinnunni telur starfshópurinn æskilegt að halda hefðbundinni skipan ráðherraherranefndarinnar og embættismannanefnda. Fjöldi þeirra skal endurspegla þá samhæfingu og forgangsröðun sem lögð er til.

Norrænar stofnanir og verkefni ráðherranefndarinnar

Mikið af norrænni samvinnu fer nú fram á vegum norrænna stofnana. Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að fram skuli fara nákvæmt mat á þessum stofnunum. Það gæti verið í mörgum liðum. Til þess að fá heildarmynd af stofnununum ber að ráða utanaðkomandi rannsóknaraðila sem kannar:

— hvort stofnanirnar koma í staðinn fyrir eða starfa á sama vettvangi og slíkar stofnanir í hverju landi,
— hvort starfsemin hafi skýr markmið,
— hvort unnt sé að leysa verkefnin af hendi með minni tilkostnaði,
— hvort starfsemi verði virkari með öflun þekkingar frá Norðurlöndum,
— hvort hún sé nauðsynleg vegna sérstakra aðstæðna í einhverju Norðurlandanna,
— hvort hún sé fyrst og fremst tengiliður.

Sú athugun sem hér er lögð til skal hefjast án tafar og niðurstöður hennar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. júlí 1993.

Fé til verkefna er mikill hluti fjárhagsáætlunar norrænnar samvinnu (u.þ.b. 800 verkefni sem kosta samtals um 300 miljónir danskar krónur). Starfshópurinn leggur til að einungis verði um að ræða verkefni sem séu í samræmi við pólitísk markmið og forgangsröðun sem ríkisstjórnir Norðurlanda vilja beita sér fyrir. Þau verkefni sem fjármögnuð eru með fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar standa yfirleitt aðeins í nokkur ár. Þar af leiðandi er mörgum verkefnum lokið ár hvert. Gagnrýnin skoðun verkefna og stofnana á m.a. að skapa

skilyrði fyrir nýjum fjárfestingum á menningarmálasviðinu sem gert er ráð fyrir í tengslum við tillögu um að stofna norrænan menningarmálasjóð.

10. Samvinna þjóðþinga Norðurlanda

Samvinna Evrópuríkja er ofarlega á blaði á pólitískri dagskrá allra Norðurlanda. Málefni evrópskrar samvinnu munu einnig setja mark sitt á umræður í Norðurlandaráði. Starfshópurinn telur að starfsemi Norðurlandaráðs geti stuðlað verulega að því að leggja áherslu á norræn gildi og viðhorf hvað snertir sameiningu Evrópu og vera þannig mikilvæg viðbót við pólitískar umræður í hinum einstöku löndum. Mikilvægt er að náin samvinna sé milli þjóðþinga Norðurlanda í þeim mikilvægu málum sem fjallað verður um á vettvangi Evrópu í framtíðinni.

Auk þeirra fulltrúa sem sitja í Norðurlandaráði hefur Fríverslunarbandalag Evrópu sína eigin þingmannanefnd, og samvinnan innan Evrópska efnahagssvæðisins veldur því að stofnað verður ráðgjafarnefnd þingmanna frá Evrópuþinginu og þjóðþingum EFTA-ríkjanna.

Tillaga um úrbætur í starfsemi Norðurlandaráðs

Hlutverk Norðurlandaráðs er að fjalla um norræna samvinnu og þær afleiðingar og möguleika sem sameining Evrópu hefur í för með sér fyrir norræna samvinnu. Starfshópurinn vísar m.a. til þeirrar vinnu sem framkvæmd er í því skyni að bæta starfsemi ráðsins. Starfshópurinn leggur til fyrir sitt leyti eftirfarandi skipan mála:

— Norðurlandaráð heldur að jafnaði tvo fundi á ári. Ef nauðsyn krefur geta almennar umræður á hverjum fundi staðið í meira en einn dag. Að loknum slíkum fundi er unnt að halda nefndafundi.
— Norðurlandaráð kemur auk þess saman til stuttra funda með ráðstefnusniði eftir þörfum.
— Komið verði á kerfi með virkri formennsku. Ger er ráð fyrir að þjóðþing þess lands sem fer með formennsku leggi til þá fjármuni sem til þarf til að hafa virka formennsku á fundum ráðsins og fjármagna starfsemi þess.
— Starfshópurinn telur að hafa skuli þá tilhögun að formennskan, sem að jafnaði varir í eitt ár í senn, skuli miðast við almanaksárið.
— Forsætisráðherrann í því ríki sem fer með formennsku gerir grein fyrir helstu pólitísku málefnum í norrænni samvinnu.
— Nýju lífi verði hleypt í umræður innan Norðurlandaráðs um samvinnu við nágrannaríki og Evrópuríki almennt.

11. Norræna skrifstofan

Eðlilegt er að starfsemi sameiginlegrar norrænnar skrifstofu sé aðlöguð þeim breytingum sem eru að verða á norrænni samvinnu.

Gildar ástæður mæla með því að skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar, sem nú er í Kaupmannahöfn, og skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs, sem nú er í Stokkhólmi, verði á sama stað miðað við þær forsendur sem starfshópurinn tilgreinir í skýrslu sinni. Ef skrifstofurnar væru á sama stað mundi það auðvelda þá samvinnu sem fer fram nú og nauðsynleg er milli skrifstofanna tveggja. Skiptingu ábyrgðar milli ríkisstjórna og þjóðþinga, sem ákvæði eru um í stjórnarskrá landanna ber einnig að viðhalda í norrænni samvinnu.

Mikilvægt er að sú þjóð sem fer með formennsku hafi fullnægjandi aðstöðu til reksturs skrifstofunnar á meðan á því stendur. Við samruna skrifstofanna tveggja skal öll tæknileg þjónusta, starfsmannastjórn o.þ.h. vera sameiginleg. Hér er sem sagt um að ræða stjórnunarlega sameiningu tveggja skrifstofa sem verða áfram tvær lögpersónur.

Yfir skrifstofu ráðherranefndarinnar skal vera stjórn, en staða hennar og hlutverk er nánar skilgreint í skýrslunni.

Starfshópurinn telur að það sé til hagsbóta fyrir norræna samvinnu nú um stundir að hafa báðar skrifstofurnar á sama stað frekar en að hafa tvær aðskildar skrifstofur eins og nú er, aðra í Stokkhólmi og hina í Kaupmannahöfn.

12. Sjálfstjórnarsvæðin í norrænni samvinnu

Í tengslum við endurmat norrænnar samvinnu er það niðurstaða starfshópsins að sjálfstjórnarsvæðin Færeyjar, Grænland og Álandseyjar skuli í meginatriðum hafa sömu stöðu og hingað til í norrænni samvinnu.

13. Vestur-Norðurlönd í norrænni samvinnu

Starfshópurinn telur að Vestur-Norðurlönd séu hluti af Norðurlöndum sem skuli áfram njóta forgangs sem þáttur í norrænni samvinnu. Ástæða er til að nefna að unnt er að gæta hagsmuna Vestur-Norðurlanda með því að gera slíka svæðisbundna samvinnu meira áberandi á norrænum vettvangi.

14. Tillaga um breytingar á Helsingforssáttmálanum

Skýrslan endar á drögum að tillögu um breytingar á Helsingforssáttmálanum. Tillagan endurspeglar þær úrbætur sem starfshópurinn mælir með. Starfshópurinn telur ekki ástæðu til að framkvæma gagngera endurskoðun á sáttmálanum heldur að gera nauðsynlegar breytingar á gildandi sáttmála.

2. NÝJAR FORSENDUR FYRIR NORRÆNNI SAMVINNU

Í Maríuhafnaryfirlýsingunni var starfshópnum falið að endurmeta norræna samvinnu í ljósi hinna víðtæku breytinga í Evrópu.

Starfshópurinn hefur kosið af nálgast endurmat norrænnar samvinnu frá þremur sjónarhornum:

Í fyrsta lagi leggur starfshópurinn áherslu á að hvað sem líður atburðum undanfarinna ára í Evrópu sé kominn tími til að endurnýja og stuðla að frekari þróun norrænnar samvinnu. Starfshópurinn telur að í ljósi þróunarinnar í Evrópu megi búast við því að um tvíþætta þróun verði að ræða á komandi árum: annars vegar er Evrópska efnahagssvæðið, sem verður stofnað þegar áætlað er að EES-samningurinn gangi í gildi frá og með 1. janúar 1993 og kemur á sama tíma og samningaviðræður milli þeirra Norðurlandaþjóða sem hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu og Evrópubandalagsins hins vegar; og hins vegar aðild annarra Norðurlanda að Evrópubandalaginu sem búast má við síðar á 10. áratugnum.

2.1. Frekari þróun norrænnar samvinnu

2.1.1. Nýjar kröfur varðandi formlega samvinnu

Norræn samvinna er einstök í sinni röð á alþjóðavettvangi. Starfshópurinn lítur svo á að hugtakið norræn samvinna nái til hvers konar samfélagslegra, efnahagslegra og pólitískra tengsla milli Norðurlanda.

Samvinnan er *óformleg* hvað viðkemur hvers konar beinum tengslum milli samtaka, stéttarfagfélaga, fyrirtækja, stjórnmálaflokka og stjórnvalda svæðisbundið og á landsvísu. Einnig er um að ræða óformlega samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda og vel þróað samskiptanet.

Það er sameiginlegt með óformlegri samvinnu og tengslum að slík samvinna fer fram og stjórnast af þeirri þörf sem fram hefur komið í ríkjunum. Á nokkrum sviðum nær slík

samvinna til allra Norðurlanda, en á öðrum sviðum aðeins til nokkurra þeirra. Náinn skyldleiki hvað snertir tungumál og menningu milli landa og þjóða Norðurlanda, svo og sögulegur bakgrunnur gerir aðstæður einkar hagstæðar fyrir þessa tegund samvinnu þjóðanna.

Núverandi *formleg samvinna* birtist í starfsemi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Um slíka samvinnu er fjallað í Helsinkisáttmálanum frá 1962 með síðustu áorðnum breytingum frá 21. ágúst 1991. Samvinnan innan Norðurlandaráðs leiddi nokkrum sinnum til mikilvægs árangurs á 6. og 7. áratugnum, m.a. með samþykkt félagsmálasáttmálans, norræna vegabréfasamningnum, norrænu samþykktinni um vinnumarkað og norræna samningnum um flutningamál. Síðan 1971 hefur formleg samvinna ríkisstjórnanna farið fram á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar. Samvinnu í menningarmálum var komið á fastari grundvöll þegar norræni menningarmálasáttmálinn gekk í gildi 1972.

Formleg samvinna Norðurlanda hefur farið fram á vegum Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta er dæmigerð samvinna á grundvelli samkomulags allra sem hlut eiga að máli því að allar ákvarðanir eru teknar einróma. Samvinnan hindrar ekki með neinum hætti að stefna þjóðanna sé ákveðin í hverju ríki fyrir sameiginlega tilstuðlan ríkisstjórnar og þjóðþings. Ekki hefur borið mikið á óskum um eða pólitískum vilja fyrir því að setja reglur um meirihlutaákvarðanir í formlegri norrænni samvinnu. Hins vegar er slík samvinna, sem nokkur landanna taka ekki þátt í, viðunandi ívaf í hinu norræna samvinnumynstri.

Starfshópurinn lítur á norræna samvinnu sem eina heild sem nær bæði til óformlegrar og formlegrar samvinnu. Augljóst er að mikil tengsl eru milli hinnar óformlegu og formlegu samvinnu—þessi tvö samstarfsform bæta hvort annað upp.Tilvist formlegrar samvinnu stuðlar að því að viðhalda samskiptaneti óformlegra tengsla.

Reynsla síðustu tveggja áratuga hefur sýnt að auðvelt er að aðlaga óformlega samvinnu nýjum aðstæðum. Samvinnan í norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði hefur þjónað og þjónar enn mikilvægum sameiginlegum hagsmunum Norðurlanda, en hefur einnig leitt í ljós ýmsar takmarkanir og skort á aðlögunarhæfni á tímum mikilla breytinga.

Auk þess að engar ákvarðanir eru teknar nema um þær ríki eining liggja einnig aðrar orsakir til þess að formleg samvinna innan Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar hefur ekki þróast sem mikilvægasti grundvöllur þess að gæta hagsmuna Norðurlandanna á alþjóðavettvangi og á vettvangi Evrópu.

Á *sviði öryggismála* hafa mismunandi hagsmunir valdið því að ekki er raunhæfur grundvöllur fyrir samvinnu á því sviði. Nú lítur út fyrir að breyting verði í þeim efnum.

Á sviði *efnahagsmála* hafa Norðurlöndin ekki verið nægilega mannmörg til að stofnað væri til víðtækrar samvinnu. Orsakarinnar er m.a. að leita í því að Norðurlöndin hafa mikil tengsl við önnur ríki Vestur-Evrópu hvað snertir verslun, fjárfestingar og önnur efnahagsleg tengsl. Sérhvert Norðurlandanna og Norðurlöndin í heild eru mjög háð stærri mörkuðum utan Norðurlanda. Framhald virðist ætla að verða á þeirri þróun.

Á *nokkrum meginsviðum samvinnu* hefur ekki þótt eðlilegt að miða eingöngu við Norðurlönd. Jafnvel þótt Norðurlöndin hafi ýmissa sameiginlegra hagsmuna að gæta í verslunarviðskiptum hefur það verið talið æskilegt allt frá því að samningurinn um Fríverslunarbandalag Evrópu var gerður 1960 að finna lausnir sem ná til fleiri landa. Á nokkrum sviðum hefur verið gripið til lausna, sem ekki takmarkast við Norðurlönd (sbr. samningana um NORDEK 1968-1970). Þetta skiptir enn meira máli nú á dögum vegna vaxandi alþjóðahyggju.

Þróunin í heild hefur stuðlað að því að dregið hefur úr gildi og áhrifum formlegrar norrænnar samvinnu, en það liggur einmitt til grundvallar umræðunni um framtíð og stefnu norrænnar samvinnu.

Þótt augljóst sé að þörf er fyrir stefnubreytingu hvað snertir nokkra þætti norrænnar samvinnu, telur starfshópurinn að umræðan um að hugsanlegt sé að fara beri hægar í sakirnar í norrænni samvinnu fari oft fram á fölskum forsendum.

Þótt þróunin á síðustu árum hafi aukið mikilvægi samvinnu á breiðari grundvelli í Evrópu og á alþjóðavettvangi, svo sem innan Fríverslunarbandalags Evrópu, Evrópubandlagsins og Samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) er það ekki endilega vísbending um að norræn samvinna gangi ekki sem skyldi.

Telja verður jákvætt fyrir Norðurlöndin—og ekki neikvætt fyrir norræna samvinnu—að hagsmunamál þjóðanna kunna einnig að verða rædd á breiðari grundvelli. Tekist hefur að tryggja mikilvæga hagsmuni Norðurlanda einnig á öðrum vettvangi en innan Norðurlanda.

Um ýmis málefni, einkum á sviði viðskipta og efnahagsmála, sem áður hefðu gjarnan verið leyst á norrænum vettvangi, er nú fjallað, að eigin ósk þjóðanna, á breiðari grundvelli, evrópskum eða alþjóðlegum. Sú stöðnun sem margir telja að hafi einkennt hina formlegu samvinnu Norðurlandanna að undanförnu byggist á því að menn hafa vænst þess að unnt reyndist að leysa málin að öllu leyti innan Norðurlanda. Með sama hætti koma fram ýmsar tillögur um ráðstafanir á norrænum vettvangi sem þjóðirnar sjálfar hafa kosið að fjalla um í stofnunum utan Norðurlanda.

2.1.2. Gildi norrænnar samvinnu

Norræn samvinna stendur á gömlum merg. Hún byggist aðeins að litlu leyti á samningum og pólitískum ákvörðunum. Náin tengsl milli Norðurlanda á ýmsum sviðum og samstaða gegnum aldirnar hnýta íbúa Norðurlanda vinaböndum. Á ýmsum sviðum hefur norræn samvinna markað tímamót þegar um er að ræða samvinnu þvert yfir landamæri. Norðurlöndin leggja áherslu á grundvallargildi, svo sem lýðræði, jafnrétti, samábyrga þjóðfélagsskipan og hafa mikinn metnað til að vernda umhverfið.

Hið einstæða í hinu norræna samfélagi er hve nærri hver annarri þjóðirnar standa hvað snertir menningu, tungumál og sögu. Það hefur leitt til sameiginlegs gildismats og samstöðu.

Náin samskipti fólks eru mikilvægur grundvöllur allrar norrænar samvinnu. Hin fjölbreyta starfsemi Norrænu félaganna og almannasamtaka gefur norrænu samfélagi breidd sem mikilvægt er að huga að á komandi árum.

Samstaða Norðurlandaþjóða hefur komið fram með ýmsu móti á ýmsum tímum sögunnar. Starfshópurinn telur að slík samstaða verði sérstaklega mikilvæg á komandi árum.

Öll Norðurlöndin standa nú frammi fyrir fleiri sameiginlegum viðfangsefnum sem kalla á aðgerðir en um langan tíma. Öll ríkin munu taka þátt í víðtækari samvinnu Evrópuþjóða, hvort sem það verður innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Evrópubandalagsins.

Hin litlu og opnu Norðurlönd finna fyrir öllum áhrifum frá miklu samhæfðara efnahagskerfi heimsins sem einkennist af harðri samkeppni og miklum tækniframförum. Æ fleiri málefni samfélagsins sem þjóðirnar eiga við að glíma, einkum á sviði umhverfisverndar, kalla á svæðisbundna eða alþjóðlega samvinnu.

Norðurlandaþjóðirnar eru tiltölulega lítil samfélög hvað snertir tungu og menningu og verða fyrir miklum áhrifum af völdum þróunar alþjóðlegra fjölmiðla. Náin samvinna Norðurlandaþjóða—formleg sem óformleg—stuðlar að styrkingu séreinkenna og menningarlegrar sérstöðu Norðurlandaþjóða.

Með tilvísunar til þessa telur starfshópurinn að þegar á heildina er litið sé norræn samvinna—ef henni er hagað með þeim hætti að hún komi til móts við þarfir og kröfur nútímans—mikilvægari fyrir Norðurlöndin en hún hefur verið um langa hríð.

Norðurlöndin munu hafa sérstaka þörf fyrir að forðast þau óþægindi sem tiltölulega minni lönd verða oft fyrir miðað við stærri lönd og landsvæði utan Evrópu. Þéttriðið og

gagnkvæmt stuðningsnet tengiliða, jafnt hvað snertir stjórnmál, stjórnsýslu, menningu, rannsóknir, stéttarfélög, önnur samtök og atvinnulífið, mun skipta miklu máli svo að Norðurlöndin í heild geti staðið sig í efnahagslegri samkeppni og pólitískri þróun Evrópu.

2.1.3. Látum þörfina stjórna samvinnunni

Ekki hefur dregið úr þörf fyrir norræna samvinnu, en á henni hafa orðið breytingar. Þessi þörf hefur að jafnaði markað stefnuna í óformlegri norrænni samvinnu. Nú skiptir miklu máli að aðlaga tilhögun formlegrar samvinnu með þeim hætti að einnig hún fullnægi kröfum þjóðanna með sem bestum hætti.

Starfshópurinn hefur veitt athygli nokkrum þörfum sem unnt er að skipta í fjóra meginflokka:

1. Ráðstafanir til að tryggja að Norðurlönd verði einn markaður með frjálsum flutningi vara, þjónustu og fjármagns og frjálsri búsetu fólks

Á þessu sviði mun samvinna innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins marka stefnuna í stöðugri þróun reglugerða. Þetta gefur möguleika til að draga úr nokkrum þáttum formlegrar samvinnu í núverandi mynd. Jafnframt því opnast möguleikar til að nota norrænar samstarfsstofnanir til að skiptast á skoðunum um evrópska samvinnu. Á ýmsum sviðum verður einnig tímabært fyrir Norðurlöndin að ganga lengra í samstarfi en á hinum stærri vettvangi.

2. Ráðstafanir þjóðanna til að efla gagnkvæman skilning á tungumáli og menningu hverrar annarrar, samstöðu og sérstöðu innan Evrópu

Á þessum sviðum er augljós þörf fyrir að efla norræna samvinnu. Í slíkri samvinnu skal hugað að þörf íbúanna og áhuga til að stuðla að norrænni samvinnu, sem miðist við þarfir íbúanna og þörf Norðurlandaþjóða til að vinna að hagsmunamálum sínum á vettvangi Evrópu. Efla skal norræn séreinkenni innan Evrópu með sameiginlegu framlagi á sviði menningar, lista, skóla, menntunar, rannsókna, fjölmiðla o.s.frv. Starfshópurinn leggur til að verulega aukin áhersla verði lögð á þessi svið.

3. Ráðstafanir til að efla norrænt atvinnulíf í harðnandi samkeppni á hinum opna evrópska markaði.

Auk samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins verður stöðug þörf fyrir að gera ráðstafanir til að bæta stöðu atvinnuveganna á Norðurlöndum á þeim sviðum þar sem slíkt er mögulegt og æskilegt. Á ýmsum sviðum, m.a. hvað snertir innri byggingu þjóðfélagsins og orkumál, hefur ekki tíðkast að samvinna nái til allra Norðurlanda. Samvinnan skal vera sveigjanleg þannig að þær þjóðir sem hafa sams konar þarfir geti fundið sameiginlegar lausnir.

4. Ráðstafanir til að skapa skilyrði fyrir samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda við að gæta hagsmuna hverrar þjóðar, m.a. hafa áhrif á og stuðla að friðsamlegri þróun í Evrópu.

Hér er um að ræða stöðuga óformlega samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda. Hinar miklu breytingar í Evrópu boða ný viðhorf í slíkri samvinnu hvað varðar utanríkis- og öryggismál. Á komandi árum—með þátttöku allra Norðurlanda í samvinnu á Evrópska efnahagssvæðinu—og þegar fleiri Norðurlandaþjóðir ganga í Evrópubandalagið—eykst mikilvægi samvinnu ríkisstjórnanna. Jafnt hinni formlegu og hinni víðtækari óformlegu samvinnu skal hagað með þeim hætti að hún komi sem best til móts við slíkar þarfir.

* * * * *

Með tilliti til slíkra þarfa telur starfshópurinn að það sé einkum tvennt sem útheimtir endurmat norrænnar samvinnu:

— Að efla samvinnu á þeim sviðum sem eru eiginleg hagsmunamál Norðurlanda og stuðla að frekari þróun menningarlegrar samstöðu Norðurlandaþjóða,

— Að stuðla að því að samvinna Norðurlanda komi að sem mestu haldi við þátttöku þeirra í annarri alþjóðlegri samvinnu, einkum á vettvangi Evrópu, svo sem á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópubandalaginu.

2.2. Evrópskar kröfur hvað snertir norræna samvinnu

2.2.1. Tvö þróunarferli

Starfshópurinn bendir á að vegna þróunar norrænnar samvinnu verða Norðurlönd að taka afstöðu til þess hvort þau hyggist endurnýja og stuðla að frekari þróun samstarfsins.

Einnig hafa orðið atburðir utan Norðurlanda sem augljóslega valda því að nauðsynlegt er að stuðla að virkri þróun og aðlögun samvinnunnar.

Allt frá 7. áratugnum hafa Norðurlönd hvað snertir samvinnu EFTA-ríkjanna, fríverslunarsamninga og aðild Danmerkur að Evrópubandalaginu síðan 1972 tekið þátt í þróun sem tengt hefur þjóðir Vestur-Evrópu fastari böndum en áður. Með sínu opna og sérhæfða efnahagslífi hafa Norðurlöndin í raun orðið háðari Evrópumarkaði en mörg aðildarlönd Evrópubandalagsins.

Byltingarkenndar breytingar í Evrópu á undanförnum árum hafa í grundvallaratriðum haft í för með sér ný *pólitísk viðhorf* hvað snertir tengsl Norðurlanda við önnur ríki Evrópu. Breytingar á ytri aðstæðum, sem höfðu áður mismunandi áhrif á utanríkis- og öryggismálastefnu þjóðanna, hafa nú orðið í þeim mæli að áhugi þeirra allra fyrir þátttöku í bindandi samvinnu Evrópuríkja er nú meiri en nokkru sinni fyrr á síðari tímum.

Meðan þjóðirnar leita eftir víðtækari evrópskri samvinnu, hafa þær einnig þörf fyrir nánari tengsl við nágrannaríkin. Sem þátttakendur í víðtækari samvinnu við stærri Evrópuríki hafa allar Norðurlandaþjóðir þörf fyrir að gæta að og slá skjaldborg um séreinkenni sín og friðhelgi sem þjóðar í sínum heimshluta. Að viðhalda hinum norræna grunni getur stuðlað að því veita þegnunum meira öryggi í því samrunaferli sem nú á sér stað.

Starfshópurinn telur því að nú séu góð skilyrði til að endurnýja og stuðla að frekari þróun norrænnar samvinnu ,jafnframt því sem þjóðirnar taka þátt í víðtækari samvinnu Evrópuríkja.

Öll Norðurlöndin taka þátt í samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins frá og með 1993, svo fremi þau staðfesti samninginn og Evrópuþingið samþykki hann þannig að EES-samningurinn geti gengið í gildi samkvæmt upphaflegum áætlunum. EES-samningurinn er sterkasta aflið til að stuðla að samruna síðan EFTA-samningurinn, sem gerður var á 7. áratugnum, ruddi brautina fyrir frjálsa verslun með iðnaðarvörur milli Norðurlanda.

Grundvöllur var lagður að EES-samningnum áður en hinar byltingarkenndu breytingar hófust í Evrópu. Á meðan á samningaviðræðum stóð urðu meginbreytingar í öryggismálum Evrópu. Æ fleiri ríki utan Evrópubandalagsins settu sér það markmið að sækja um fulla aðild til þess að hafa þar áhrif og tryggja hagsmuni sína.

Meðal EFTA-ríkjanna sóttu Austurríkismenn um aðild að Evrópubandalaginu í júní 1989, Svíar í júní 1991, Finnar í mars 1992 og Svisslendingar í maí 1992. Líklegt má telja að Norðmenn leiti aðildar í nóvember 1992. Á fundi sínum í Lissabon 26.-27. júní sl. ákváðu þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar Evrópubandalagsríkjanna að undirbúa viðræður við þau

EFTA-ríki sem óska aðildar fyrir árslok 1992. Það þýðir að þrjár Norðurlandaþjóðir taka þátt í samningum um aðild frá og með ársbyrjun 1993.

Forsendur framtíðarþróunar norrænnar samvinnu hvað snertir skipulag eru að miklu leyti háðar því hvers konar tengslum Norðurlöndin ná við Evrópubandalagið. Þróunin í Evrópu á komandi árum mun einkennast af óöryggi. Sem stendur er ekki unnt með neinni vissu að spá fyrir um frekari þróun samvinnu Evrópubandalagsríkja. Nú er ekki ljóst hvenær þau Norðurlönd sem æskja aðildar fá fulla aðild að Evrópubandalaginu, en talið er að það verði í fyrsta lagi 1995.

Aðlögun norrænnar samvinnu verður því að vera sveigjanleg svo að ríkin geti hagað samvinnunni í samræmi við breyttar aðstæður. Starfshópurinn gefur gaum að því að við endurskipulagningu formlegrar samvinnu verði tekið tillit til þess að ríkin geti á komandi árum notið góðs af þeim tengslum sem myndast hafa. Úrbætur skulu framkvæmdar með þeim hætti að ekki sé gengið að því sem vísu með hvaða hætti ríkin muni að lokum tengjast Evrópubandalaginu. Ríkin verða að tryggja sér sem mest viðskiptafrelsi þegar gengið verður frá því með hvaða hætti þau tengjast Evrópubandalaginu. Starfshópurinn telur að Norðurlöndin hafi skilyrði til að finna slík sveigjanleg form til aðlögunar.

Náin samvinna Norðurlanda getur orðið bakhjarl í þátttöku þeirra í samstarfi við önnur Evrópuríki og eflt sveðisbundin séreinkenni og tengsl—í hvaða formi sem aðildin að Evrópubandalaginu verður við lok 10. áratungarins.

Við mat sitt í víðara samhengi hefur starfshópurinn miðað við að Norðurlöndin og norræn samvinna standi nú frammi fyrir tvenns konar þróunarferli í tengslum sínum við önnur Evrópuríki á 10. áratugnum.

Fyrra ferlið hefst við upphaf árs 1993 þegar ríkin fá aðild að samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það sem einkennir þetta ferli er að ýmsir þættir norrænnar samvinnu fá eðlilega kjölfestu innan ramma samvinnunnar milli EFTA- og EB-ríkjanna. Þetta ferli einkennist einnig af samningum um aðild fleiri Norðurlandaþjóða að Evrópubandalaginu og af því hver muni verða frekari þróun samstarfsins innan Evrópubandalagsríkjanna á tímabili næsta ferlis.

Síðara ferlið hefst þegar ljóst er orðið hvaða Norðurlandaþjóðir fá aðild að Evrópubandalaginu síðar á 10. áratugnum. Nákvæm umfjöllun um tilhögun norrænnar samvinnu á þessu tímabili verður háð frekari þróun samstarfs aðildarríkja Evrópubandalagsins og fjölda nýrra norrænna aðildarríkja.

Starfshópurinn telur að á báðum þessum tímabilum verði mikil þörf og möguleikar fyrir frekari þróun norrænnar samvinnu. Á ýmsum sviðum mun norræn samvinna verða virk í víðara samhengi í Evrópu. Það eykur möguleika á því að norræn sjónarmið hafi meiri áhrif. Á öðrum sviðum, sem snerta hagsmuni Norðurlanda sérstaklega og koma ekki í bága við samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Evrópubandalagsins, geta Norðurlöndin stuðlað að þróun eigin samstarfs.

Vegna náinna tengsla Norðurlandaþjóða og fornrar hefðar fyrir óslitinni samvinnu telur starfshópurinn að Norðurlöndin hafi mikla möguleika til að setja mark sitt á samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins. Því er nauðsynlegt að hinn evrópski þáttur formlegrar samvinnu beinist einkum að þeim sviðum þar sem það er eðlilegt fyrir Norðurlöndin að ganga fram fyrir skjöldu í þróuninni, ef svo má að orði komast, og einnig á þeim sviðum þar sem EES-samningurinn (aðild að Evrópubandalaginu) greiðir fyrir aukinni samvinnu margra þjóða.

2.2.2. Verkefni sem snerta Evrópska efnahagssvæðið (EES)

EES-samningurinn var undirritaður 2. maí 1992 og ber þjóðþingum EFTA- og EB-

ríkjanna að staðfesta hann á þessu ári. Með EES-samningnum verður í fyrsta skipti tryggt að sömu reglur gildi á Norðurlöndum og öllu EES-svæðinu hvað snertir frjáls viðskipti með vörur, þjónustu og fjármagn og frjálsan rétt til búsetu og atvinnu. Auk þess auðveldar þetta samvinnu á ýmsum sviðum, auk hins innri markaðar, svo sem á sviði umhverfisverndar, neytendaverndar, menntunar, rannsókna og þróunar.

EES-samningurinn leysir af hólmi núgildandi tvíhliða samninga milli aðildarríkja Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópubandalagsins á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Samningurinn skyldar Norðurlöndin til að hlíta sameiginlegum reglum á ýmsum sviðum sem samvinnan innan norrænu ráðherranefndarinnar hefur ekki náð til fram til þessa.

Í ákvarðanaferli Evrópska efnahagssvæðisins verður nánara samband milli Danmerkur og norrænu EFTA-ríkjanna hvað snertir frekari þróun reglna á hinum sameiginlega markaði. Það verður á vettvangi Evrópu, ekki á vettvangi Norðurlanda. Stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins eru öflugri og hafa fleiri skyldum að gegna en þær stofnanir sem sjá um norræna samvinnu. Ákvarðanaferlið innan Evrópska efnahagssvæðisins veitir möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanir, jafnframt því að aðildarríkjunum ber skylda til að taka þátt í nefndarstörfum. Samvinna aðildarríkja Evrópubandalagsins er í stöðugri þróun, einnig á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær til. Norrænu EFTA-ríkin munu því verja miklum tíma og verulegum fjármunum til þátttöku í hinum nýju stofnunum.

Með EES-samningnum—og þegar samningurinn gengur í gildi 1. janúar 1993—munu norrænu EFTA-ríkin með samvinnu sinni innan Evrópska efnahagssvæðisins tengjast öðrum EFTA-ríkjum fastari böndum, þ.e. Sviss, Austurríki og Liechtenstein.

Við upphaf samstarfs innan Evrópska efnahagssvæðisins verður breytingin umfangsmest fyrir EFTA-ríkin. Núverandi stofnanir Evrópubandalagsins verða máttarstólpar Evrópska efnahagssvæðisins, en EFTA-ríkin verða á ýmsum sviðum að koma á fót nýjum stofnunum sem sínum eigin máttarstólpum.

Á þessu tímabili einkennist samstarfið að miklu leyti af því að allt að fimm af sjö EFTA-ríkjum búa sig undir og ljúka samningum um aðild að Evrópubandalaginu. Almennar aðstæður í samstarfi Evrópuríkja munu einkennast af frekari þróun Evrópubandalagsins.

Gagnstætt því að EFTA-ríkin gengu sameinuð til samninga um Evrópska efnahagssvæðið og „töluðu þar einum rómi" munu ríkin nú ganga samtímis en hvert fyrir sig til samninga um aðild að Evrópubandalaginu. Því er líklegt að þau ríki sem eru að semja um slíka aðild verði mjög upptekin af samningaviðræðum um aðildina í öllu EES-ferlinu.

2.2.3. Verkefni sem snerta Evrópubandalagið (EB)

Það er einnig verkefni starfshópsins að reyna að sjá fyrir þær aðstæður þegar stækkunarferli Evrópubandalagsins er lokið og gera grein fyrir framtíðarskipulagi norrænnar samvinnu þegar ljóst verður hver Norðurlandanna hafa fengið aðild að Evrópubandalaginu. Á þessu stigi málsins er afar erfitt að geta sér til hvenær það tímabil hefst. Hins vegar er ljóst að þá verða miklar breytingar miðað við þær aðstæður sem við höfum nú yfirsýn yfir. Evrópubandalagið mun einnig breytast, að hluta vegna síns innra afls, að hluta vegna almennrar þróunar í Evrópu.

Mikilvægasta afleiðing þess að fleiri Norðurlandaþjóðir gerast aðilar að Evrópubandalaginu er að þær munu taka þátt í *pólitísku samstarfi* innan bandalagsins.

Stjórnvöld og pólitískar stofnanir ríkjanna munu verða að taka afstöðu til miklu fleiri málefna á sama tíma. Mikil fjölgun verður á fundum á vegum Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins þar sem fulltrúar Norðurlanda munu hittast.

Sem afleiðing af því að norrænu EFTA-ríkin taka þátt í mótun reglugerða í samstarfinu innan Evrópska efnahagssvæðisins skapast ekki nýjar aðstæður hvað snertir þá þætti sem lúta að hinum *innri markaði*, ef allar eða flestar Norðurlandaþjóðir fá aðild að Evrópu-

bandalaginu. Nýmælið er fyrst og fremst fólgið í því að allar eða flestar Norðurlandaþjóðir taka sömu afstöðu til mótunar nýrra reglugerða.

Slík sameiginleg þátttaka verður þýðingarmikil á öllum sviðum norrænnar samvinnu, allt frá umræðum í Norðurlandaráði til samráðs milli ríkisstjórna og þeirra þátta í norrænni samvinnu sem tengjast evrópskri samvinnu.

Að loknum samningum um aðild og þjóðaratkvæðagreiðslu í hlutaðeigandi ríkjum blasir við nýtt ferli, þar sem grundvöllur fyrir bæði samvinnu á Evrópska efnahagssvæðinu og norrænni samvinnu er orðinn allt annar.

Sem stendur er ekki mögulegt að spá með vissu um hve mörg Norðurlandanna fá aðild að Evrópubandalaginu—og ekki heldur með hvaða hætti þau muni taka þátt í slíkri samvinnu. Hvað varðar *Evrópska efnahagssvæðið* kunna aðstæður að verða þær að allt að fimm af sjö EFTA-ríkjum fái aðild að Evrópubandalaginu. Við slík skilyrði er líklegt að stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins mundu standa, en verulegar breytingar hljóta að verða á hinum raunverulega pólitíska grundvelli og áhrifum þegar meirihluti EFTA-ríkjanna hefur öðlast aðild að Evrópubandalaginu.

Norræn samvinna, eins og við þekkjum hana til þessa dags—þar sem Danir hafa átt aðild að Evrópubandalaginu og hin ríkin fjögur hafa átt aðild að EFTA—mun breytast í grundvallaratriðum.

Á meðan aðeins eitt Norðurlandanna hefur átt aðild að Evrópubandalaginu hefur samstarfið við Evrópubandalagið haft litlar formlegar afleiðingar fyrir skipulag norræns samstarfs. Við upphaf EES-samningsins hefst nýtt tímabil þar sem þungamiðja ýmissa þátta norræns samstarfs flyst til víðara sviðs Evrópu.

Starfshópurinn telur að nýjar aðstæður myndist ef þrjú eða fjögur ríkjanna fá aðild að Evrópubandalaginu. Þungamiðjan í samstarfinu, bæði formleg og óformleg, hlýtur að færast til þannig að hún verði hjá Evrópubandalaginu.

Jafnvel þótt það sé yfirlýst stefna að leggja megináherslu á norræna samvinnu koma ýmsir hagsmunir og þarfir Norðurlandaþjóða innan og utan Evrópubandalagsins skýrar í ljós. Ríkin utan Evrópubandalagsins munu leggja mikla áherslu á aðrar færar samstarfsleiðir, svo sem norræna samvinnu. Ríkin innan Evrópubandalagsins munu leggja aukna áherslu á þátttöku í skuldbundnu samstarfi innan þess.

Mismunandi hagsmunir koma einnig í ljós með öðrum hætti.Líklegt má telja að aðildarríki Evrópubandalagsins verji mestum fjármunum til sem víðtækastrar samvinnu. Einnig er líklegt að þau hafi lítinn tíma og takmarkaðan áhuga á að stuðla að þróun sérstakra norrænna lausna ásamt minnihluta norrænna ríkja utan Evrópubandalagsins. Það hefur einnig áhrif á sameiginlegan norrænan málflutning á öðrum alþjóðavettvangi ef minnihlutinn stendur utan Evrópubandalagsins.

Þegar meirihluti Norðurlandaþjóða hefur fengið aðild að Evrópubandalaginu munu þær viðhalda nánum tengslum eftir óformlegum samstarfsleiðum, eins og hefð er fyrir á Norðurlöndum. Líklegt er að það kunni að leiða til minni áhuga á að verja tíma og fjármunum til formlegrar samvinnu ríkjanna fimm.

Ef öll Norðurlöndin fá aðild að Evrópubandalaginu fara hagsmunir þeirra að miklu leyti saman við mótun norrænnar samvinnu. Það mun skapa nýja möguleika í norrænni samvinnu. Starfshópurinn telur að eðlilegt sé að stefnan í norrænni samvinnu verði tekin til endurskoðunar þegar ljóst er orðið hver Norðurlandanna verða aðilar að Evrópubandalaginu og hver ekki.

3. FJÓRAR MEGINÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ STUÐLA AÐ ÞRÓUN SAMSTARFSINS OG EFLA PÓLITÍSKA SAMVINNU MILLI RÍKISSTJÓRNA NORÐURLANDA

3.1. Fjórar meginröksemdir fyrir samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda

Í því skyni að taka tillit til þeirra forsendna samvinnu sem skilgreindar voru í 2. kafla hér að framan telur starfshópurinn hagkvæmt að stuðla að frekari þróun samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda með hliðsjón af eftirgreindum fjórum meginröksemdum, sbr. fylgiskjal 2, varðandi samvinnu í framtíðinni:

1. Innri samvinna Norðurlanda

Um er að ræða málefni sem varða sameiginlega hagsmuni allra (eða nær allra) Norðurlandaþjóða og endurspeglast í fjárhagsáætlun samstarfs Norðurlanda og hinum ýmsu samstarfsstofnunum. Í samvinnu Norðurlanda er fólgin grundvöllur og formgerð frekari norrænnar samvinnu og ber henni ávallt að gefa mynd af pólitískum forgangsverkefnum ríkjanna á hinum ýmsu sviðum samvinnu.Samvinnan kann einnig að verða grundvöllur pólitísks samráðs um önnur málefni.

Þátttaka í Evrópska efnahagssvæðinu um tíma og síðar í Evrópubandalaginu veldur því að nokkurn hluta starfsins í hinum formlegu samstarfsstofnunum verður að aðlaga með þeim hætti að það auðveldi þátttöku ríkjanna í samvinnu Evrópuþjóða.

2. Samvinna Norðurlandaþjóða (tveggja eða fleiri) innan vébanda Evrópubandalagsins, Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópska efnahagssvæðisins

Slík samvinna skyldi einkum hafa það markmið að gæta svæðisbundinna og pólitískra hagsmuna Norðurlandaþjóða við mótun reglugerða og annarra ákvarðana á stærri evrópskum vettvangi. Þetta skyldi vera víxlverkan milli þróaðs samstarfs í norrænu ráðherranefndinni og hinnar óformlegu samvinnu.

Auk þess er eðlilegt að virkari formennska í norrænu samstarfi stuðli að samráði um Evrópumálefni.

3. Samvinna um að gæta hagsmuna Norðurlandaþjóða gagnvart ríkjum utan Evrópubandalagsins og Fríverslunarbandalags Evrópu.

Slík samvinna nær m.a. til nágrannaríkja Norðurlanda í austri (Eystrasaltslandanna, Rússlands, Eystrasaltssvæðisins o.s.frv.), en einnig til aðstoðar við þróunarþjóðir og samstarfs í alþjóðastofnunum (t.d. Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, Efnahags- og framfarastofnuninni o.fl.).

Eðlilegt er að samvinnu á þessu sviði sé hagað með þeim hætti að formennskan skipti meira máli en fram til þessa og að ríkisstjórnir allra ríkjanna sjái um að samræma aðgerðir.

4. Stöðug samvinna tveggja eða fleiri Norðurlandaþjóða um tvíhliða eða svæðisbundin málefni

Slík bein og oft óformleg samvinna hefur til þessa verið víðtæk og mun áfram skipta máli við að greiða t.d. úr sameiginlegum málum varðandi flutningamál og orkuöflun.

Eðlilegt er að slík samvinna miðist við tengsl milli hlutaðeigandi ríkisstjórna og annarra stjórnvalda ríkjanna.

* * * * *

Líta ber á norræna samvinnu sem heild sem nær til allra þessara fjögurra meginþátta. Hvers konar samvinna sem um er að ræða skal miðast við það sem hagkvæmast er.

Sameiginlegar norrænar stofnanir skipta einnig máli fyrir hið víðtækara og mikilvæga óformlega samtarf. Þegar EES-samningurinn gengur vonandi í gildi við upphaf árs 1993

verður brýnt að efla hið óformlega samstarf sem miðast við þörfina á hverjum tíma. Slík samvinna fær miklu meira gildi eftir því sem fleiri Norðurlandaþjóðir gerast aðilar að Evrópubandalaginu.

Starfshópurinn telur að hin mest krefjandi verkefni verði að móta samstarfið skv. liðum 1 og 2 (sbr. fylgiskjal 2).

Samvinna innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins getur komið í stað hluta hins formlega samstarfs innan norrænu ráðherranefndarinnar. Jafnframt því kann ný tilhögun í ráðherranefndinni að þjóna þrennum tilgangi: að gera kleift að leggja aukna áherslu á málefni sem snerta Norðurlöndin sérstaklega, að hefja samvinnu til lengri tíma um málefni sem koma til umfjöllunar á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins og önnur tengsl sem styðja þátttöku ríkjanna í samstarfi Evrópuþjóða.

Þróun þess samstarfs sem tilgreint er í lið 2 útheimtir betri uppbyggingu og pólitíska stýringu hins óformlega samstarfs ríkisstjórnanna. Tillaga um slíka uppbyggingu er að finna í lið 3.2.

Á þeim sviðum sem snerta Norðurlöndin og norræna hagsmuni sérstaklega ætti að auka samvinnuna.

3.2. Ráðstafanir til að stuðla að þróun pólitískrar samvinnu ríkisstjórnanna.

Að mati starfshópsins er brýnt að veita pólitíska leiðsögn ýmsum nefndum og stofnunum sem nú um stundir lifa oft sjálfstæðu lífi án afskipta pólitískra valdastofnana.

Óslitið óformlegt samstarf gerir sérstakar kröfur til sameinandi handleiðslu ef það á að ganga vel í tengslum við hið formlega samstarf. Hér að neðan er bent á nokkrar ákveðnar ráðstafanir í því skyni að stuðla að pólitískri samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda.

3.2.1. Hlutverk forsætisráðherranna og skipulag samvinnu þeirra í milli

Starfshópurinn telur að óformlegt pólitískt samstarf Norðurlanda muni fá aukið vægi. Því verður enn brýnna en ella að stuðla að sameiginlegri stefnumótun hvað snertir jafnt hið óformlega og formlega samstarf. Þetta er sameiningarverkefni sem best fer á að sé í höndum forsætisráðherranna.

Markmiðið með betra skipulagi á hlutverki forsætisráðherranna í norrænni samvinnu er að koma á bættri pólitískri leiðsögn jafnt í innri samvinnu Norðurlanda og um samráð í tengslum við þátttöku ríkjanna í evrópsku og alþjóðlegu starfi. Til þess að koma á slíkri pólitískri leiðsögn ber að einbeita tíma og þátttöku forsætisráðherranna að mikilvægustu málefnum. Tryggja ber að unnt sé að fjalla um málefni sem eru á döfinni og ný málefni og einnig mál sem eru ekki á dagskrá annarra norrænna stofnana. Samstarf forsætisráðherranna kemur ekki í stað annarrar norrænnar samvinnu, heldur eiga forsætisráðherrarnir að bera sérstaka ábyrgð á að hafa yfirsýn yfir samstarfið og stuðla að því að í norrænu samstarfi sé kraftur og sveigjanleiki.

Miðað skal við að forsætisráðherrarnir komi reglulega saman á norrænum fundum þrisvar til fjórum sinnum á ári. Það ríki sem fer með formennsku ber ábyrgð á að ákveða dagskrá hvers fundar forsætisráðherranna með góðum fyrirvara, en slíkir fundir geta verið að hluta venjulegir fundir forsætisráðherra með fyrirfram ákveðinni og undirbúinni dagskrá og að hluta aukafundir forsætisráðherra sem unnt er að halda—þegar þörf krefur—með litlum fyrirvara og með þeim undirbúningi sem mögulegur er á þeim tíma sem til reiðu er. Góð skipulagning funda og annarra tengsla byggist á því að það ríki sem fer með formennskuna beri sérstaka ábyrgð á starfi, framkvæmd og dagskrá fundanna.

Öll ríkin hafa að sjálfsögðu rétt og skyldu til að bera fram mikilvæg mál og tilkynna hinum ríkjunum um málefni og álit sem máli skipta fyrir samstarfið. Hvert ríki skal fara

með formennsku um tiltekinn tíma (sbr. lið 3.2.2.) óháð því hvar fundir eru haldnir.

Að jafaði sitja fundina aðeins forsætisráðherrarnir og fáeinir nánir samstarfsmenn þeirra. Ef sérstök ástæða er til geta einnig aðrir ráðherrar setið fundina.

Forsætisráðherrar Norðurlanda sitja oft óformlega fundi á vettvangi Evrópu, t.d. innan RÖSE, EFTA og EB. Auk þess má nefna tvíhliða viðræður og tíð óformleg samskipti sem til samans skapa mikil tengsl milli forsætisráðherra Norðurlanda og samstarfsmanna þeirra,

Það ríki sem fer með formennsku býður lögmanni Færeyja, formanni landstjórnar Grænlands og landstjóra Álandseyja að sitja einn fund á ári og aðra fundi þar sem fjallað er um málefni sem tengjast sjálfstjórnarsvæðunum sérstaklega.

Það ríki sem fer með formennsku ber ábyrgð á að gerð sé stutt fundargerð um reglulega fundi þar sem fram kemur hvaða ákvarðanir voru teknar.

Hugsanleg vinnutilhögun hvað snertir tengsl forsætisráðherranna og Norðurlandaráðs gæti verið sú að sá forsætisráðherra sem fer með formennsku geri Norðurlandaráði á fyrsta fundi þess á hverju almanaksári grein fyrir helstu pólitískum málum sem Norðurlöndin hafa haft samvinu um—jafnt innan Norðurlanda og á vettvangi Evrópu—á liðnu ári, hvaða verkefni séu á dagskrá komandi ári og hver skoðun forsætisráðherranna sé á framgangi slíkra mála.

3.2.2. Virk formennska

Í Helsinkforssáttmálanum eru engin ákvæði um norræna formennsku. Hins vegar hefur norræna ráðherranefndin ákveðið þá vinnutilhögun (4. gr.), eins og segir í viðkomandi ákvæði að „á fundum ráðherranefndarinnar fer ráðherra þess ríkis með formennsku þar sem næsta meginþing skal haldið svo fremi annað sé ekki ákveðið". Augljóst er að ástæða er til að bæta við sáttmálann viðeigandi reglum um vinnutilhögun. Það gerist að hluta með því móti að ríkisstjórnirnar koma sér saman um hagnýtar leiðbeiningar og að hluta með því að bæta ítarlegri ákvæðum við sáttmálann til að marka ákveðnari stefnu í norrænni samvinnu með virkri formennsku.

Það ríki sem fer með formennsku í norrænni samvinnu skal bera almenna ábyrgð á norrænni samvinnu í heild og framkvæmd hennar. Formennskan skal gilda almennt, þ.e.a.s. jafnt á fundum forsætisráðherra, annarra ráðherra, embættismanna og sérfræðinga.

Það ríki sem fer með formennsku skal bera sérstaka ábyrgð á því að brúa bilið milli þeirra málefna sem snerta aðeins Norðurlönd (m.a. þeirra sem að jafnaði er fjallað um í ráðherranefndinni og embættismannanefndum) og þeirra málefna sem fjallað er um á vettvangi Evrópu og eru tilefni óformlegrar samvinnu Norðurlanda.

Meginhlutverk þess ríkis sem fer með formennsku er að undirbúa ákvarðanir sem ná til hins innra norræna samstarfs og samráðsfundi fulltrúa Norðurlandanna á öllum stigum—allt frá ráðherrum til þátttakenda í sérfræðingahópum—þegar um er að ræða Evrópumál og önnur málefni sem Norðurlöndum kann að vera hagur í að ræða áður en hin einstöku ríki taka endanlega afstöðu varðandi sjónarmið sín og atkvæðagreiðslu í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum.

Fyrir fundi þar sem fjallað er um málefni, sem skrifstofa ráðherranefndarinnar getur ekki afgreitt, ber það ríki sem fer með formennsku ábyrgð á því að senda út drög að dagskrá og sjá um að fyrir hendi séu fundargögn sem veita fullnægjandi upplýsingar til umfjöllunar málsins. Það ríki sem fer með formennsku ber einnig ábyrgð á því að samin sé fundargerð. Að öðrum kosti er hugsanlegt að það ríki sem fer með formennsku semji greinargerð og sé hún óformleg fundargerð fundarins. Þess má geta að skrifstofa ráðherranefndarinnar ber enga ábyrgð á undirbúningi funda forsætisráðherra, utanríkisráðherra né varnarmálaráðherra eða dagskrá þeirra.

Það ríki sem fer með formennsku ber ábyrgð á að gefa stofnunum Norðurlandaráðs skýrslu um það sem gert hefur verið.

Það ríki sem tekur við formennsku ber sérstaka ábyrgð á því að undirbúa þau verkefni sem framkvæma skal á því tímabili sem ríkið fer með formennsku.

Ríkið sem fer með formennsku skal koma á framfæri ítarlegum upplýsingum um norræna samvinnu innan Norðurlanda og utan Norðurlanda, en skal aðeins koma fram sem málsvari Norðurlanda innan annarra alþjóðlegra stofnana eða á alþjóðavettvangi að því marki sem ríkin hafa komið sér saman um sérstaklega. Framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar kemur fram sem talsmaður ráðherranefndarinnar að því marki sem ráðherranefndin hefur gefið honum umboð til.

Það er mat starfshópsins að formennska eigi að miðast við almanaksárið. Forðast ber að formennska af hálfu ríkisstjórna og Norðurlandaráðs sé í höndum sama ríkis og því ber að beita mismunandi skiptingu hvað snertir formennsku í samstarfi ríkisstjórnanna og formennsku í Norðurlandaráði.

3.2.3. Þróun samvinnu í utanríkis- og öryggismálum

Hin formlega norræna samvinna, sem byggist á Helsinkforssáttmálanum, nær hvorki til utanríkis- né öryggismála. Mismunandi afstaða Norðurlanda til öryggismála í Evrópu eftirstríðsáranna, sem skiptist í tvær hernaðarblokkir, kom í veg fyrir slíkt samstarf.

Í áranna rás hefur hins vegar þróast umfangsmikil samvinna Norðurlanda, einkum í tengslum við þátttöku þeirra í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana—m.a. um atkvæðagreiðslur—en með tímanum einnig í formi sjálfstæðra sameiginlegra yfirlýsinga um alþjóðamál og sameiginlegra aðgerða.

Í krafti þessarar samvinnu hafa Norðurlöndin markað sér sérstakan bás, einkum innan Sameinuðu þjóðanna, en einnig að miklu marki í huga almennings, ekki síst í þróunarlöndunum og einnig á Norðurlöndum. Sem eðlilegt framhald af ofangreindu samstarfi hefur af sjálfu sér orðið umfangsmikil fagleg, stjórnunarleg og hagnýt samvinna milli Norðurlandanna á sviði utanríkismála.

Þungamiðjan í samvinnu Norðurlanda á sviði utanríkismála hefur verið á reglulegum fundum utanríkisráðherra Norðurlanda sem nú eru haldnir þrisvar á ári. Forstöðumenn stjórnmáladeilda ráðuneytanna undirbúa fundi utanríkisráðherranna og fylgja þeim eftir og njóta við það aðstoðar forstöðumanna skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í hverju landi og sérstakra starfshópa.

Þar eð samstarfið er ekki skyldubundið hefur það í áranna rás endurspeglað verulega lipurð og færni til að aðlaga sig þeim möguleikum og takmörkunum sem uppi hafa verið á hverjum tíma. Þannig var mögulegt án nýrra umræðna og ákvarðana um formsatriði að eiga ítarlegar umræður um mat á þróun utanríkis- og öryggismála í Norður-Evrópu á fundi utanríkisráðherranna í Helsinki 4.-5. maí 1992.

Í fréttatilkynningu frá fundinum lögðu ráðherrarnir áherslu á að þróunin hefði aukið öryggi og stöðugleika í allri Evrópu, en jafnframt hefði þetta valdið óöryggi í nágrannaríkjum Norðurlanda, þótt það sé ekki af hernaðarlegum toga, og gefið öryggishugtakinu víðtækari merkingu þannig að nú næði það til þjóðfélagslegra, efnahagslegra og vistfræðilegra þátta auk hinna hernaðarlegu. Í fréttatilkynningunni er einnig fjallað um eflingu samstarfs innan Norðurlanda og samstarfs um að stuðla að lýðræði, mannréttindum, efnahagsþróun og umhverfisvernd í nágrannaríkjum Norðurlanda.

Svipuð þróun í samstarfi Norðurlanda hvað snertir hið víðara hugtak, einnig með áherslu á stöðu öryggismála í nágrannaríkjunum, endurspeglast í stofnun sérstakrar embættismannanefndar um öryggismál.

Reynslan virðist því hafa sýnt að efling pólitískrar samvinnu Norðurlanda, sem helgast

af aðstæðum og allir aðilar hafa óskað eftir, með tilliti til utanríkis- og öryggismála geti átt sér stað samkvæmt núgildandi reglum, þ.e.a.s. reglulegir fundir utanríkisráðherra og embættismanna, svo og stöðug óformleg tengsl milli utanríkisráðuneyta Norðurlanda og fulltrúa í þriðja ríki, þ.m.t. ekki síst starfandi fulltrúa í fjölþjóðastofnunum, svo sem Sameinuðu þjóðunum, RÖSE o.fl.

Þær sérstöku aðstæður að eitt eða fleiri Norðurlandanna taki einnig þátt í eða muni taka þátt í samvinnu um sömu málaflokka innan Evrópubandalagsins virðast ekki vera hindrun á vegi óskuldbundinnar samvinnu Norðurlanda á sviði utanríkismála.

Varnarmálaráðherrar Norðurlanda hittast á reglulegum fundum, gjarnan í tengslum við þátttöku ríkjanna í friðargæslusveitum Sameinuðu þjóðanna. Að undanförnu hafa varnarmálaráðherrarnir látið í ljós áhuga á því að efla tengsl Norðurlanda í öryggismálum.

* * * * *

Aðstæður í heiminum hafa breyst svo mjög á allra síðustu árum að augljós þörf er fyrir nánari samvinnu Norðurlanda, einnig í utanríkis- og öryggismálum, á eftirfarandi nótum:

— samstarf í utanríkis- og öryggismálum er mikilvægur þáttur í samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda,

— samstarfið er einkum í mynd virks frumkvæðis í því skyni að hafa áhrif á mikilvæg mál sem í gangi eru en í minni mæli í formi viðbragða sem tengjast oft tilteknum atvikum eða þróun,

—sú samvinna utanríkisráðherra Norðurlanda sem þegar hefur komist á verður haldið áfram í sama mæli og hingað til, en einnig mætti hugsa sér sameiginlega fundi forsætisráðherra og utanríkisráðherra Norðurlanda.

4. MIKILVÆG SAMSTARFSSVIÐ HVAÐ SNERTIR INNRA SAMSTARF NORÐURLANDAÞJÓÐA

4.1. Markvissari forgangsröðun í norrænni samvinnu

Jafnframt því að taka þátt í víðtækara samstarfi í Evrópu leggur starfshópurinn áherslu á þörf fyrir að endurnýja og stuðla að frekari þróun samvinnu á þeim sviðum sem snerta aðeins hagsmuni Norðurlanda. Samstarf tveggja eða fleiri Norðurlandaþjóða mun á ýmsum sviðum auka möguleikana á því að fyrirtæki, samtök, stjórnvöld og einstaklingar á Norðurlöndum nái góðum árangri í samkeppni og samvinnu á evrópskum vettvangi.

Þau samstarfsverkefni sem unnið er að í formlegri samvinnu skulu miðast við raunverulegar þarfir—og byggjast á raunverulegum pólitískum vilja til að fylgja málum eftir. Nú um stundir er mikil hætta á því að ýmsar norrænar stofnanir og samstarfsverkefni lifi eigin lífi langt frá þeim pólitísku aðilum sem eiga að sjá um að fylgja málum eftir í hverju ríki.

Miðað við þessar forsendur leggur starfshópurinn mikla áherslu á tillögur um *virka norræna formennsku* og *miklu virkara hlutverk forsætisráðherranna*. Starfshópurinn leggur einnig áherslu á *beina þátttöku fagráðherranna*. Þegar bryddað er upp á nýjum verkefnum er nauðsynlegt í upphafi að þau séu á vegum ríkisstjórna og þjóðþinga svo að unnt sé að fylgja málum nægilega vel eftir.

4.2. Mikilvæg samstarfssvið á komandi árum

Starfshópurinn vísar til afgreiðslu Norðurlandaráðs á tillögu ráðherranefndarinnar um „Áætlun um norræna samvinnu eftir 1992" (skjal B 129/e, 17.1.1992, 40 fundur 1992). Þar er lögð áhersla á nauðsyn mikils sveigjanleika og hæfilegrar blöndu af formlegu og óformlegu samstarfi.

Með tillögum sínum um bætta pólitíska stjórnun samstarfsins óskar starfshópurinn eftir

að tryggja nánari tengingu hins formlega og óformlega samstarfs—og betri möguleika til að sinna þörfinni með tilteknum samstarfsverkefnum tveggja eða fleiri ríkja.

Með það í huga að hvert ríki fyrir sig og í samráði hvert við annað munu verja miklum tíma til samstarfsins innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins vill starfshópurinn samt sem áður leggja áherslu á tiltekin samstarfssvið sem snerta hagsmuni Norðurlanda sérstaklega og ættu að skipa verðugan sess í samstarfinu í komandi árum:

— Menningarmál
— Félagsmál
— Umhverfismál
— Efnahagsleg samvinna

Nokkur sjónarmið um frekari samvinnu á sviði menningarmála

Menning og vísindi eru mikilvæg atriði í norrænni samvinnu. Í áranna rás hefur þróast víðtæk samvinna um sameiginlegar stofnanir, stuðningsaðgerðir og verkefni og náin tengsl menningar- og menntastofnana í hinum einstöku ríkjum, en ýmis hugsjónafélög tengja þær saman og veita þeim aukinn kraft.

Þörfin fyrir ráðstafanir sem efla hin norrænu séreinkenni mun vaxa vegna aukinnar þátttöku Norðurlanda í samruna Evrópu. Sameiginleg framlög á menningarsviðinu er eitt mikilvægasta verkefnið bæði til að auka samheldni og skilning innan Norðurlanda og til að leggja áherslu á norræn séreinkenni innan Evrópu.

Með þeirri breyttu stefnu og áherslu í samstarfinu sem starfshópurinn leggur til er því lögð verulega aukin áhersla á þau svið sem norræni menningarmálasamningurinn frá 1972 hefur náð til fram til þessa.

Stafshópurinn leggur áherslu á mikilvægi verulega aukinnar samvinnu Norðurlanda á sviði menningar. Slík áhersla er mikilvæg viðbót við þann samruna í efnahagsmálum og verslunarviðskiptum sem ríkin taka nú þátt í á vettvangi Evrópu. Aukin áhersla á norrænt menningarmálasamstarf telst einkar mikilvægt í ljósi alþjóðlegrar þróunar á sviði fjölmiðlunar og menningar sem eykur þörfina fyrir að standa vörð um lítil málsvæði og lítil menningarsamfélög.

Starfshópurinn leggur megináherslu á eftirtalin svið menningarmála:

— Efling NORDPLUS í því skyni að auka námsmannaskipti milli Norðurlanda. Starfshópurinn leggur einnig til aukin tengsl norræns og evrópsks samstarfs á sviði menntunar.
— Efling samvinnu á sviði fjölmiðla með auknum stuðningi við sameiginleg norræn verkefni með þátttöku norrænna sjónvarps- og kvikmyndagerðarmanna og að koma norrænum sjónvarps- og kvikmyndum á framfæri á Norðurlöndum og utan þeirra.
— Aukin áhersla á aðgerðir í þágu barna og unglinga með því að auka áherslu á ungmennaskipti, með sameiginlegum áherslum í menningarmálum, samvinnu milli skóla og samnorrænum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.
—Áframhaldandi áherslur á markvissar aðgerðir til að efla samstöðu og samvinnu hvað snertir þjóðtungur Norðurlanda. Taka ber sérstakt tillit til þeirra tungumála sem eru ekki skandinavísk og þeirrar þarfar að tryggja málfarsleg skilyrði fyrir virkri norrænni samvinnu á ýmsum sviðum.

Samvinnan á menningarmálasviðinu hefur af eðlilegum ástæðum markmið til langs tíma. Hún á að einkennast af þrautseigju og stöðugleika og veita tækifæri til að ráðgera og framkvæma verulega umfangsmikil og áhrifamikil verkefni jafnt á Norðurlöndum sem utan þeirra.

Á slíkum forsendum leggur starfshópurinn til að stofnaður verði norrænn menningarmálasjóður og sé skipulag hans, umfang og stefna verulega önnur en nú er.

Sjóðnum ber að styðja norræn verkefni sem stuðla einkum að því að efla norræn séreinkenni og sameiginlegar áherslur í menningarmálum, einkum á sviði rannsókna, menntunar, barnamenningar og ungmennaskipta, og samvinnu á sviði kvikmynda og fjölmiðla.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði menningarmálasjóður sem starfi samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

— Fram fari rækileg athugun á u.þ.b. 800 núverandi norrænum verkefnum og stofnunum á fyrri helmingi árs 1993 (sbr. lið 7.2.3.). Á grundvelli tillögu starfshópsins um að gera samstarfið markvissara og virkara leggur starfshópurinn til að u.þ.b. 2/3 hlutar af núverandi framlögum til verkefna (sem nema samtals um 300 miljónum danskra króna) verði varið til stofnunar sjóðsins. Önnur framlög gangi til samstarfsverkefna á þeim sviðum sem hafa forgang. Með fjárveitingu sem nemur u.þ.b. 200 miljónum danskra króna á ári ætti að nást það markmið að mynda sjóð sem nemur 1 miljarði danskra króna um aldamótin.
— Ráðherrar menningarmála setja menningarmálasjóðnum starfsreglur. Fyrir sjóðnum skal vera stjórn sem ríkisstjórnir Norðurlanda skipa. Sjóðurinn gefur norrænum ráðherrum menningarmála skýrslur. Eftirlitsnefnd, sem norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð skipa, fylgist með starfsemi sjóðsins. Árlega er gerð grein fyrir starfsemi sjóðsins í Norðurlandaráði.
— Núverandi framlögum til menningarmála verði beint í annan farveg samkvæmt nýjum starfsreglum í ljósi þeirra endurskoðunar á samstarfi í menningarmálum sem nú fer fram á menningarsviðinu.

Nokkur sjónarmið um norræna félagsmálastefnu í framtíðinni

Einn af hornsteinum norrænnar samvinnu er að gera ríkisborgurum landanna kleift að búa og starfa hvar sem er á Norðurlöndum. *Norræn félagsmálastefna* nær til félagslegs öryggis, heilsuverndar og hjúkrunar, vinnumarkaðar og vinnuumhverfis og jafnréttis kynjanna. Á grundvelli sameiginlegs gildismats starfa Norðurlöndin saman að því að stuðla að og samræma réttindi borgaranna á þessum og svipuðum sviðum.

Í skjóli heildarsamþykkta og -samninga hefur þróast beint hagnýtt daglegt samstarf stjórnvalda og stofnana á Norðurlöndum, svo og milli aðila vinnumarkaðarins og annarra samtaka á flestum sviðum samfélagsins.

Þátttaka Norðurlanda í samruna Evrópu gefur norrænu félagsmálastefnunni evrópskan blæ. Verulegur hluti þeirra réttinda sem ákvæði eru um í samningum milli Norðurlanda munu nú einnig vera tryggð á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, t.d. mikill hluti norræna sáttmálans um tryggingarmál og norræna sáttmálans um vinnumarkaðinn. Að þessu leyti fellur norræn og evrópsk samvinna í sama farveg.

Hins vegar er norræna samvinna betur þróuð á ýmsum sviðum en sú evrópska. Norðurlönd standa vörð um þessa samvinnu, en það verður afar brýnt verkefni ef ríkin tengjast Evrópubandalaginu með mismunandi hætti. Einnig hefur verið látinn í ljósi vilji til frekari þróunar, t.d. á sviði vinnumarkaðar og vinnuumhverfis, félagslegrar umönnunar, heilsugæslu og hjúkrunar, kennslu og jafnréttis kynjanna, ekki síst hvað snertir menntun og rannsóknir á þessum sviðum.

Séð af evrópskum sjónarhóli getur norræna félagsmálastefnan, þar eð með henni hefur náðst mikill árangur í samanburði við stöðu slíkra mála annars staðar í heiminum, þjónað sem grundvöllur undir þátttöku í samruna Evrópu. Í norrænni samvinnu hefur fengist mikilvæg reynsla af tengslum milli samruna og velferðarmála. Að fenginni þessari reynslu er Norðurlöndunum kleift að leggja fram sameiginlegt framlag til áframhaldandi samvinnu Evrópuþjóða.

Nokkur sjónarmið um frekara samstarf á sviði umhverfismála

Starfshópurinn telur að öflugur stuðningur við umhverfisvernd á Norðurlöndum skapi góð skilyrði til frekari þróunar samvinnu hvað snertir lausn á norrænum umhverfisvanda og hvað snertir framlag á alþjóðavettvangi.

Norðurlöndin standa framar en flest önnur Evrópuríki hvað snertir að láta umhverfismál ná til allra sviða þjóðlífsins. Þetta ætti einnig að koma fram í norrænni samvinnu.

Starfshópurinn telur að einnig skuli leitast við að einbeita samstarfinu að sérstökum forgangsverkefnum og viðhalda tengslum við ákvörðunaraðila í ríkjunum frá byrjun.

Til þess að draga lærdóma af og miðla af þeirri færni sem hefur þróast í ríkjunum leggur starfshópurinn til að aukin áhersla verði lögð á upplýsingaskipti og verkaskiptingu milli Norðurlanda í því skyni að stuðla að þróun sérhæfingar á ýmsum sviðum. Með virku samskiptaneti er unnt að skapa skilyrði til virkari skiptingar ábyrgðar milli Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Umhverfismál eru e.t.v. það svið þar sem Norðurlöndin geta gert sér mestar vonir um að hafa áhrif á samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum alþjóðavettvangi. Starfshópurinn telur að starfi að umhverfismálum í norrænu ráðherranefndinni—í náinni samvinnu við fagráðuneyti og pólitíska leiðtoga í hverju ríki—eigi að haga með þeim hætti að undirbúa sameiginlegt frumkvæði Norðurlanda.

Nokkur sjónarmið um frekari samvinnu á sviði efnahagsmála

Starfshópurinn vísar til umfjöllunar um núverandi samstarfsstofnanir í ljósi EES-samningsins og leggur áherslu á þörf fyrir að gera starfið markvissara miðað við þær nýju skyldur sem samningurinn hefur í för með sér.

Samvinnan á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópubandalaginu verður mest áberandi á þessu sviði. Starfshópurinn telur þó að áfram verði það sérstakt og krefjandi verkefni að stuðla að *einum markaði á Norðurlöndum*. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að nema úr gildi gömul ákvæði sem aðskilja vörumarkaði Norðurlanda. Auk þess kann í kjölfar opinberra innkaupa, sem liðar í EES-samningnum, að koma samræming viðmiðunar við innkaup ríkis og sveitarfélaga með tilliti til sameiginlegra ákvæða á þessu sviði.

Starfshópurinn leggur sérstaka áherslu á nauðsyn þess að efla meginundirstöður efnahagslífsins, einkum samgöngur, í hverju Norðurlandanna. Flutningskostnaður norrænna fyrirtækja er að jafnaði hærri til að komast á helstu markaði í Evrópu.

Samræming reglugerða og gjalda getur stuðlað að því að auka samkeppnishæfni norrænna flutningafyrirtækja. Efling meginundirstaðna efnahagslífsins, með sérstakri áherslu á betra samræmi milli járnbrautar- og vegaflutninga, verður mjög mikilvæg hvað snertir samkeppnishæfni fyrirtækjanna á Evrópumarkaði—og hvað snertir samruna og gagnkvæm verslunarviðskipti Norðurlanda. Þörfin fyrir meginundirstöður efnahagslífsins á Norðurlöndum er oft önnur en á meginlandinu. Í þeim verkefnum sem snerta meginundirstöður efnahagslífsins í Evrópu í framtíðinni væri æskilegt að Norðurlöndin settu fram sameiginlegt álit um þarfir Norðurlanda.

Norræna ráðherranefndin (samgönguráðherrar) hefur þegar stuðlað að hagræðingu og virkara samstarfi á sviði flutningamála. Eyrarsundstengingin og tengingar yfir „dönsku beltin" skapa nýja möguleika fyrir hraðari og ódýrari flutninga innan Norðurlanda og milli stórs hluta Norðurlanda og Evrópu.

Málefni, sem snerta meginundirstöður efnahagslífsins, munu sjaldan ná til allra Norðurlanda. Til samstarfs stjórnvalda er stofnað í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru sérstakar þarfir fyrir samhæfingu og samvinnu. Auk þess ber að leita eftir fjármagni frá einkaaðilum. Þetta er til marks um mikilvægi náinnar óformlegrar samvinnu ríkjanna.

Norðurlönd hafa að miklu leyti svipaðra hagsmuna að gæta á sviði samstarfs við jaðarsvæði. Starfshópurinn telur að innan ramma samvinnu á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópubandalaginu eigi það að vera forgangsverkefni að efla skilning fyrir því að lega, veðurfar og búseta valda því að nauðsynlegt er að gera sérstakar ráðstafanir varðandi jaðarsvæði. Með sameiginlegum rannsóknum, skýrslugerð og röksemdafærslu er unnt að ná betri árangri á þessu sviði í samningum og samstarfi með öðrum Evrópuríkjum.

Samvinna norrænna jaðarsvæða ætti að skapa skilyrði til þess að styrkja vinnumarkaðinn og efnahagslega uppbyggingu í strjálbýli.

Hið víðtæka alþjóðlega samstarf á sviði orkumála, sem Norðurlönd taka þátt í, þróast ört og mun fá enn meiri þýðingu í þróun stefnunnar í orkumálum í einstökum ríkjum Norðurlanda. Danir eiga aðild að Evrópubandalaginu og aðrar Norðurlandaþjóðir eru nú að undirbúa aðild sína að Evrópska efnahagssvæðinu og eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum á sviði orkumála, einkum Alþjóðaorkustofnuninni (IEA) og Evrópska orkusáttmálanum. Samstarf Norðurlanda á sviði orkumála ætti því að miklu leyti að tengjast þróuninni í tengslum við hina víðtækari samvinnu. Í þessu sambandi er rétt að veita athygli tengslum stefnunnar í orkumálum og veðurfars- og umhverfismálum í alþjóðlegri samvinnu að orkumálum

Samvinna á sviði orkumála mun hafa mikla þýðingu hvað snertir samruna á Norðurlöndum. Fyrir hendi eru miklir möguleikar til þróunar norræns markaðar með jarðgas og norræns markaðar með raforku, en hvorir tveggja stuðla að bættu umhverfi, lægri orkukostnaði og aukinni atvinnustarfsemi á meðan á framkvæmdum stendur.Lagning gasleiðslna verður að byggjast á réttlætanlegum efnahagslegum og viðskiptalegum grundvelli, en stjórnvöldum ber að sjá til þess að grundvallarskilyrði séu fyrir hendi svo að markaðirnir geti þróast.

5. ÞRÓUN SAMVINNU NORÐURLANDA Í EVRÓPSKU SAMHENGI

5.1. Almenn sjónarmið

Norðurlöndin hafa löngum talið mikilvægt að hafa náið samráð um störf innan alþjóðastofnana. Sú hefur einnig verið raunin, bæði innan samtaka og í öðru samhengi þegar Norðurlönd hafa annaðhvort haft verulegra hagsmuna að gæta, sem tengjast hinum einstöku ríkjum, eða þegar sjónarmið ríkjanna falla saman eða eru svipuð. Sú hefur orðið raunin í stofnunum á sviði efnahagsmála, t.d. í Alþjóðabankanum (IBRD), Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni og í pólitískum stofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum, einkum á sviði öryggismála, í Efnahags- og félagsmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) og einnig innan RÖSE.

Í mörgum tilvikum hefur þetta leitt til sameiginlegs málflutnings eða sameiginlegs frumkvæðis, til samkomulags um að skiptast á um að eiga fulltrúa í alþjóðlegum stofnunum eða hafa samvinnu um kjör fulltrúa. Með þessum hætti hefur Norðurlöndunum gengið betur að ná markmiðum sínum eða a.m.k. að tryggja að ríkin standi ekki að ráðstöfunum eða aðgerðum sem gætu valdið öðrum ríkjum Norðurlanda óþægindum vegna skorts á þekkingu eða boðskiptum milli ríkjanna.

Samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins er með öðrum hætti en annað samstarf sem Norðurlöndin taka þátt í sameiginlega. Meginhluti annars alþjóðlegs samstarfs snýst um óformlegt samstarf í samtökum þar sem ákvarðanir eru teknar einróma, en á Evrópska efnahagssvæðinu og í enn ríkara mæli í Evrópubandalaginu er um að ræða skyldubundna samvinnu á ýmsum sviðum.

Þar eð hin efnislegu svið eru mörg útheimtir það að hvert ríki verður að hafa mál til

stöðugrar meðferðar og því verður að vera kleift að afgreiða það fljótt áður en fulltrúar ríkjanna koma saman til að taka ákvarðanir innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Evrópubandalagsins. Styrkur norræns samráðs er annars vegar fólginn í því að snemma er tekin pólitísk afstaða í meiri háttar málum og hins vegar að um frekari þróun er að ræða í nánu samstarfi norrænna sérfræðinga.

Það er í hag sérhvers ríkis á Norðurlöndum að fá nákvæmar upplýsingar um viðhorf og sjónarmið annarra Norðurlanda.

Að nokkru leyti með tilkomu EES-samningsins og að nokkru leyti vegna þess að öll eða flest Norðurlandanna verða með tímanum aðilar að Evrópubandalaginu verða æ oftar þær aðstæður þegar það skiptir máli að sérhverju ríki á Norðurlöndum séu ljós markmið hinna í viðskiptum við aðrar þjóðir. Jafnmikilvægt er að gera sér ljósar forsendur þess að geta samræmt markmið tveggja eða fleiri ríkja með þeim hætti að það valdi ekki neinu öðru Norðurlandanna óþægindum eða tjóni, heldur verði til stuðnings sameiginlegum gildum og menningarþáttum. Ljóst er að oft er unnt að afla stuðnings við norræn sjónarmið einnig meðal ríkja utan Norðurlanda, en það verður að teljast mikilvægt.

Eins og fram kom í lið 2.2.3. hér að ofan skiptir fjöldi þeirra ríkja sem ganga í Evrópubandalagið miklu máli varðandi markmið norrænnar samvinnu. Helsta forsenda þeirrar tilhögunar samvinnu sem skilgreind er í skýrslunni er að öll Norðurlöndin muni gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Starfshópurinn telur að þessi háttur samvinnu geti haldist þótt eitt, tvö eða þrjú Norðurlandanna fái aðild að Evrópubandalaginu. Eins og áður hefur verið lögð áhersla á, í lið 2.2.3. í þessari skýrslu, kann forgangsröðin að verða mismunandi í hinum ýmsu ríkjum ef þrjú eða fjögur Norðurlandanna fá aðild að Evrópubandalaginu og eitt eða tvö þeirra standa utan við það.

Hér á eftir verður lagt mat á tilhögun norræns samráðs innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins. Tæpast verður ljóst hver verður endanleg mótun nánara norræns samstarfs á fyrra tímabilinu sem einkennist af samvinnu innan Evrópska efnahagssvæðisins og því að fleiri Norðurlandanna standa í sjálfstæðum samningum um aðild. Búast má við því að nauðsynlegt verði að endurmeta samstarfsvenjur þegar að því kemur að ljóst verður hve mörg Norðurlandanna fá aðild að Evrópubandalaginu.

Hver sem tengsl Norðurlanda verða við hið víðtæka samstarf Vestur-Evrópuþjóða munu afleiðingar slíks samstarfs hafa veruleg áhrif á inntak og árangur norræns samstarfs. Hins vegar eiga Norðurlöndin sameiginlegra hagsmuna að gæta að stuðla að norrænni samvinnu sem nær til opins og framsýns samráðs sem gæti gert Norðurlöndunum kleift að leggja fram drjúgan skerf til þróunar afstöðu Evrópuríkja til mála.

5.2. Norrænt samráð innan Evrópska efnahagssvæðisins

Norðurlönd taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu einkum sem aðilar að Fríverslunarbandalagi Evrópu eða Evrópubandalaginu. Ákvarðanaferlið á Evrópska efnahagssvæðinu byggist á samskiptum milli Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópubandalagsins.

Þess vegna er ekki unnt að gera ráð fyrir samhliða ákvarðanaferli Norðurlanda. Einnig kann að vera æskilegt að þróa frekar starfshætti í hinum formlegu norrænu samstarfsstofnunum þannig að þeim reynist unnt að styðja þátttöku ríkjanna í stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins.

Frekar verður um að ræða að norrænu samstarfsstofnanirnar fjalli um sjónarmið, nýmæli og nýjar forsendur samstarfs innan Evrópska efnahagssvæðisins en að þær vinni að ákvörðun.Starfshópurinn hefur veitt því athygli að nokkrir aðilar að starfsemi ráðherranefndarinnar hafa skipulagt starf sitt með þessum hætti. Starfshópurinn leggur fram nokkrar tillögur um breytt skipulagt hinnar formlegu samvinnu í 7. kafla.

Jafnt í EES-ferlinu og EB-ferlinu verður aukin þörf fyrir náið samráð milli ríkisstjórna

Norðurlanda. Innan ramma óformlegra samskipta milli Norðurlanda ber því ríki sem fer með formennsku að sjá til þess að pólitísk mál og meginmál, sem koma munu til umræðu innan Evrópska efnahagssvæðisins, komi tímanlega til umfjöllunar á vettvangi Norðurlanda. Slík umfjöllun kann að auðvelda að tryggja framgang sameiginlegra hagsmuna Norðurlanda í sameiginlegu ákvarðanaferli EFTA- og EB-ríkja innan ramma Evrópska efnahagssvæðisins.

Slík nánari samráð um mikilvæg málefni eru einnig nauðsynlegur undirbúningur að því að öll eða flest Norðurlandanna gangi í Evrópubandalagið. Í evrópskri samvinnu verða hvers konar sambönd og óformleg tengsl helsta tilhögun samráðs milli Norðurlanda.

Auk þess er eðlilegt að efla samvinnu milli sérfræðinga í hinum ýmsu greinum á Norðurlöndum. Það skiptir sérstaklega miklu máli að sérfræðingar EFTA-ríkjanna munu taka þátt í samningu reglugerða á ýmsum sviðum frá og með þeim tíma sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins leggur fram tillögur sínar. Skipuleggja ber viðræður sérfræðinganna, sem eru þegar hafnar, með það fyrir augum að taka sameiginlega afstöðu til þeirra tillagna sem koma til umræðu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með tilliti til umsókna nokkurra Norðurlandanna um aðild að Evrópubandalaginu breytist viðhorfið til Evrópska efnahagssvæðisins sem varanlegrar lausnar hvað snertir samvinnu. Þau EFTA-ríki sem leita aðildar að Evrópubandalaginu munu í auknum mæli hafa EB-aðildina í huga varðandi þátttöku sína í Evrópska efnahagssvæðinu.

5.3. Norrænt samráð innan Evrópubandalagsins

Ef meirihluti Norðurlanda gengur í Evrópubandalagið fær bandalagið þar með hóp ríkja sem hafa mjög náin tengsl sín í milli. Engin hópur aðildarríkja Evrópubandalagsins hefur mótað svo víðtæka og formlega samvinnu með eigin stjórnarstofnunum og pólitískum stofnunum.

Með sama hætti og samkvæmt EES-samningnum (ákvæði um jaðarsvæði) verður mikilvægt að hafa möguleika til að eiga norræna samvinnu á þeim sviðum þar sem norræn úrræði brjóta ekki í bága við skyldur samkvæmt aðild að Evrópubandalaginu. Það er í þágu Norðurlanda að leggja áherslu á norrænan vettvang til ákvarðana. Í því sambandi skiptir máli að vísa til dreifræðisreglunnar, þar sem lögð er áhersla á að ákvarðanir skuli taka á lægsta mögulega stjórnsýslustigi þar sem líklegast er að þær stuðli að lausn mála.

Innan Evrópubandalagsins er algengt að hvert aðildarríki leitist við að hafa áhrif á ákvarðanaferli bandalagsins vegna tiltekinnar forgangsröðunar heima fyrir. Til að vinna sjónarmiðum sínum fylgi hafa ríkin samvinnu í mismunandi samstarfshópum með öðrum ríkjum sem hafa sömu sjónarmið. Sjaldgæft er að varanlegir samstarfshópar starfi innan Evrópubandalagsins.

Meginverkefni Norðurlandanna innan Evrópubandalagsins er að stuðla að frekari þróun óformlegra samskipta hvert við annað. Starfshópurinn vísar í þessu sambandi til tillögu sinnar í 3. kafla. Hvorki er mögulegt né æskilegt að hafa norrænar starfsvenjur sem seinka eða torvelda þátttöku ríkjanna í ákvarðanaferli bandalagsins. Samráð Norðurlanda verður að fara fram skömmu áður en bandalagið tekur viðkomandi mál til umræðu svo að hverju ríki sé kunnugt um sjónarmið og hagsmuni hinna og hafi þannig möguleika til að samhæfa sjónarmið sín ef það er mögulegt.

Athygli skal einkum beint að sameiginlegri umfjöllun um meiri háttar pólitísk mál. Það getur stuðlað að því að Norðurlöndin geti tekið sameiginlega afstöðu í málum sem snerta framtíðarstefnu bandalagsins. Eins og drepið var á í kaflanum um EES-samninginn ber það ríki sem fer með formennsku sérstaka ábyrgð á því að hafa frumkvæði að norrænu samráði og viðræðum.

Það er í hag Norðurlanda að hafa eins opna afstöðu og mögulegt er til annarra aðildar-

ríkja. Sem aðildarríki Evrópubandalagsins munu Norðurlöndin með sem frjálslyndustum hætti meta hvernig þau fái best gætt hagsmuna sinna.

6. SAMVINNA VIÐ NÁGRANNARÍKI

Ein meginforsenda samvinnu Norðurlanda við nágrannaríki sín og ríkin í Austur-Evrópu er að stuðla að stöðugri pólitískri og efnahagslegri þróun í þessum heimshluta. Lýðræðislegt og fjölræðislegt þjóðfélag getur því aðeins þróast að það búi við efnahagslegan stöðugleika. Mikilvægur þáttur í nýskipan mála í Evrópu er að tryggja möguleika til hagstæðrar þróunar í nágrannalöndum Norðurlanda. Í slíkri Evrópu er það ábyrgð og hlutverk hinna vel stæðu ríkja að sjá til þess að draga úr muninum í efnahagsþróun í þessum heimshluta. Meginmarkmið með samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og ríkja Austur-Evrópu er að stuðla að grundvallarbreytingu á þessum þjóðfélögum í því skyni að tryggja trausta lýðræðislega og efnahagslega þróun.

Ríkisstjórnir Norðurlanda vilja stuðla að frekari jákvæðri þróun til lýðræðis og markaðsbúskapar í Austur-Evrópu og Samveldisríkjunum. Það er í þágu Norðurlandanna sjálfra að stuðla að þróun sem eykur stöðugleika, dregur úr spennu og eflir tengsl og samvinnu á öllum stigum. Nauðsyn er á víðtæku framlagi af hálfu Vesturlanda svo að unnt reynist að ná fram slíkum grundvallarbreytingum á þessum þjóðfélögum.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa, eins og þegar hefur verið getið í lið 3.2.3., á fundi sínum í Helsinki í maí sl. lýst því yfir að þróunin í Norður-Evrópu hafi valdið óöryggi, sem er ekki hernaðarlegs eðlis, í nágrannaríkjum Norðurlanda. Utanríkisráðherrarnir telja að leggja beri aukna áherslu á öryggismál. Auk pólitískra og hernaðarlegra þátta fela þau nú í sér félagslega, efnahagslega og vistfræðilega þætti. Það er brýnt mál fyrir Norðurlöndin að vinna að lausn þeirra mála og stuðla þannig að eigin öryggi.

Norðurlöndin hafa á ýmsum alþjóðavettvangi látið í ljósi þá ósk að taka þátt í aðgerðum í þeim mæli sem nauðsynlegur er til að ná ofangreindum markmiðum. Nú þegar fer fram mjög víðtæk starfsemi innan ýmissa alþjóðlegra og svæðisbundinna samtaka og stofnana þar sem Norðurlöndin eru virkir þátttakendur. Á alþjóðavettvangi er víðtæk samvinna um að aðstoða ríkin í Austur-Evrópu, m.a. Eystrasaltsríkin, í lýðræðisþróun sinni og auðvelda þeim breytingu til markaðsbúskapar. Þessar fjölþættu aðgerðir eru í fyrsta lagi fólgnar í aðstoð til að semja þjóðhagfræðilega aðlögunaráætlun sem ásamt fjárhagsaðstoð og tæknilegri aðstoð getur skapar forsendur fyrir nauðsynlegum efnahagslegum breytingum á uppbyggingu þjóðfélagsins.

Mikilvæg alþjóðasamtök og stofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD), Efnahags- og framfarastofnunin, Efnahagsnefndin fyrir Evrópu (ECE), Evrópubandalagið og Fríverslunarbandalag Evrópu veita mikilvægt framlag til efnahagslegrar enduruppbyggingar.

Einnig á öðrum sviðum en efnahagssviðinu hafa náðst víðtæk alþjóðleg tengsl. Hin nýju ríki Austur-Evrópu, m.a. Eistland, Lettland og Litháen hafa fengið aðild að RÖSE.

Samvinna vestrænna ríkja um að aðstoða ríki Austur-Evrópu er samhæfð í svonefndu G-24 samstarfi í Brussel, þar sem aðildarríki OECD taka höndum saman við hinar stóru alþjóðlegu efnahags- og fjármálastofnanir (Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), Alþjóðaorkustofnunina, Evrópska fjárfestingabankann (EIB), Parísarklúbbinn o.fl.).

G-24 samstarfið hófst árið 1989 í því skyni að samræma aðstoð við Pólland og Ungverjaland. Eftir pólitískar og efnahagslegar umbætur hefur þeim ríkjum fjölgað sem aðstoðar njóta og eru það nú að auki Tékkóslóvakía, Búlgaría, Rúmenía, Albanía, Eistland, Lettland og Litháen. Aðstoðin við fyrrverandi Júgóslavíu er háð pólitískri þróun á svæðinu.

Heildaraðstoðin—í formi styrkja, lána og ábyrgða—frá G-24 ríkjunum nam samtals u.þ.b. 30 miljörðum ECU (u.þ.b. 2.200 miljörðum íslenskra króna). Ef stuðningur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans, Endurreisnar- og þróunarbankans o.fl. er tekinn með nam heildaraðstoðin nær 42 miljörðum ECU (um 3.000 miljörðum íslenskra króna).

Með tilliti til ofangreinds frumkvæðis og aðgerða, sem þegar hefur verið gripið til, telur starfshópurinn mikilvægt að Norðurlöndin meti hvaða verkefni henta til fjölþættra aðgerða, hvaða áætlanir henti best til samnorræns frumkvæðis og hvaða aðgerðir henti best til tvíhliða áætlana milli Norðurlanda og nágrannaríkja þeirra í austri og suðaustri.

Starfshópurinn hefur fjallað um ýmsar tegundir samvinnu Norðurlanda og t.d. Eystrasaltsríkjanna eða. Rússlands. M.a. hefur starfshópurinn rætt möguleika á nánari tengslum Eystrasaltsríkjanna við norræn samtök, nánari samvinnu milli Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins og ýmis samvinnuverkefni milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda. Starfshópurinn hefur fengið staðfest að nú þegar fari fram umfangsmikil samvinna á ýmsum sviðum og nú sé mikilvægt að mæla með því að safnað verði upplýsingum um þá samvinnu sem hefur þegar hafist. Hvað snertir tvíhliða aðgerðir Norðurlanda kann að vera hagkvæmt að samræma tiltekna hluta til að fá fram samvirkni milli framlags tveggja eða fleiri Norðurlandanna.

Starfshópurinn vill í þessu sambandi benda á nokkur dæmi um norrænt og annað alþjóðlegt frumkvæði í því skyni að stuðla að þróun og aukningu samstarfs nágrannaríkja þeirra á ýmsum sviðum. Þetta frumkvæði, sem lýst er nánar í fylgiskjali 3, má líta á sem nokkur dæmi um áhuga Norðurlanda fyrir að efla samvinnuna. Eftirfarandi dæmum um frumkvæði er lýst nánar í fylgiskjali 3:

— Stofnun Eystrasaltsráðs.
— Fjárfestingaráætlun Eystrasalts .
— Starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Eystrasalt og Austur-Evrópu.
— Svæðisbundin norræn samvinna við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.
— Tvíhliða samvinna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og Austur-Evrópu.
— Samvinna á norðlægum svæðum og íshafssvæðum.

7. AÐLÖGUN STARFS NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

7.1. Samstarfsráðherrarnir

Starf norrænu samstarfsráðherranna byggist á 61. gr. Helsinkforssáttmálans. Í 2. mgr. 61. gr. segir svo:

„Hvert ríki skipar ráðherra sem hefur það hlutverk með aðstoð embættismanns að bera ábyrgð á samræmingu norrænna samstarfsverkefna"

Ábyrgðin á samræmingu er nánar skilgreind í vinnureglum norrænu ráðherranefndarinnar. Í 3. gr. vinnureglnanna segir:

„Samstarfsráðherrar skulu eftir þörfum að höfðu samráði við aðra ráðherra sem ábyrgir eru fyrir hinum ýmsu samstarfsverkefnum (fagráðherrar)

a) stuðla að aukningu norræns samstarfs,
b) samræma starfið milli hinna ýmsu samstarfssviða,
c) stuðla eftir þörfum að heppilegri forgangsröðun framlaga í norrænni samvinnu,
d) taka ákvarðanir um skipulag sem nær til margra samstarfssviða,
e) skera úr um mál sem fagráðherrar skjóta til þeirra eða hafa mikla þýðingu fyrir norræna samvinnu,
f) gera lokatillögu um og taka ákvarðanir um fjárhagsáætlun fyrir norræna samvinnu, og

g) bera ábyrgð á upplýsingamiðlun ráðherranefndarinnar og taka ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvarðanir um mál sem snerta sameiginlega upplýsingamiðlun ráðsins og ráðherranefndarinnar.“

Í kjölfar stofnunar Norðurlandaráðs 1952 var tíu árum síðar, þ.e. 1962, gerður samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (Helsingforssáttmálinn). Með samningi árið 1971 kom fram ósk um breytingar í þá veru að samvinna ríkisstjórna Norðurlanda færi fram um fastmótaðri stofnun. Það var samkvæmt tillögu svonefndrar Fagerholm-nefndar. Samkvæmt henni voru sett ákvæði um norræna ráðherranefnd, þ.m.t. stofnun embætta samstarfsráðherra. Markmiðið var að samstarfsráðherrarnir skyldu bera meginábyrgð á norrænum málefnum í ríkisstjórnunum, meginstefnu samvinnunnar og samræmingar milli hinna ýmsu sviða. Þeir skyldu sem sagt einnig fjalla um inntak samvinnunnar. Á 7. áratugnum höfðu ríkisstjórnir Norðurlanda mikinn áhuga á nánari efnahagssamvinnu með tilliti til þess að þá þegar var hafin umræða í Evrópu um slíkt hið sama. Niðurstaðan varð þó önnur en búist hafði verið við, en það hafði að sjálfsögðu áhrif á störf ráðherranefndarinnar.

Á síðari árum hafa samstarfsráðherrarnir aðeins í litlum mæli fjallað um málefni sem snúast um meginmarkmið samvinnunnar eða haft pólitískt frumkvæði í meiri háttar málum.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa með Maríuhafnaryfirlýsingunni frá nóvember 1991 og yfirlýsingunni frá 2. mars sl. gefið það greinilega í skyn að forsætisráðherrarnir beri meginábyrgð á samræmingu norrænnar samvinnu og það sem snertir almennar reglur um samvinnu í framtíðinni.

Dagskrá samstarfsráðherranna einkennist nú um stundir að miklu leyti af minni háttar samstarfsmálefnum á sviði stjórnunar og skipulags og þeim sviðum sem enginn fagráðherra er fyrir eða sviðum sem snerta marga ráðherra í hverju ríki, svo og málefni sem unnt er að afgreiða á lægra stjórnunarstigi.

Með tilliti til greiningar sinnar á helstu samstarfssviðum í 4. kafla hefur starfshópurinn komist að þeirri niðurstöðu að nú beri að leggja áherslu á mikilvægt hlutverk fagráðherranna í þróun þeirra samstarfssviða sem njóta skulu forgangs.

Tillaga starfshópsins:

— Forsætisráðherrarnir beri ábyrgð á meginverkefnum í norrænni samvinnu. Á fullskipuðum fundum Norðurlandaráðs flytur formaður forsætisráðherranefndarinnar aðalræðu um norræna samvinnu. Forsætisráðherrarnir sitja fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs eins og verið hefur.

— Ábyrgð á norrænni samvinnu á hinum ýmsu sviðum skal hvíla á herðum hlutaðeigandi fagráðherra. Tengsl við Norðurlandaráð á hinum ýmsum sviðum skulu vera í höndum fagráðherranna, skv. meginreglunni um virka formennsku.

— *Varatillaga 1*: Ábyrgð á fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar skal hvíla á herðum samstarfsráðherranna. Sú stjórn sem tilgreind er í næsta lið gerir drög að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar.

— *Varatillaga 2*: Ábyrgðin á fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar skal hvíla á herðum fjármálaráðherranna. Sú stjórn sem tilgreind er í næsta lið gerir drög að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar.

— Skipuð verði stjórn fimm aðstoðarmanna ráðherra (eins frá hverju Norðurlandanna) eða embættismanna í sambærilegri stöðu og hafi þeir umboð til að taka ákvarðanir í öllum málum sem eining næst um, svo fremi hlutaðeigandi ráðherrar hafi ekki áskilið sér sjálfum rétt til ákvörðunar. Stjórnin kann að fá verkefni beint frá forsætisráðherrunum, en starfar að öðru leyti undir stjórn samstarfsráðherranna og er jafnframt stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar. Fulltrúum sjálfstjórnarsvæðanna er heimilt að sitja stjórnarfundi.

— Helsingforssáttmálinn helst óbreyttur að öðru leyti en því að inn í hann verða teknar

þær breytingar sem hér eru lagðar til.Tilsvarandi breytingar skulu gerðar í öðrum norrænum samstarfssamningum.

— Í framtíðinni verður þess krafist sérstaklega af ríkisstjórnunum að þær tryggi framgang hinnar breyttu stefnu og breytts skipulags í norrænni samvinnu. Mikilvægt er að í hverri ríkisstjórn á Norðurlöndum sé samstarfsráðherra sem undir yfirstjórn forsætisráðherra ber ábyrgð á þróun norrænnar samvinnu. Þetta skiptir meginmáli fyrir það ríki sem fer með formennsku eða tekur næst við formennsku norrænnar samvinnu.

Starfshópurinn leggur því til að samstarfsráðherrar starfi áfram en veruleg breyting verði á erindisbréfi þeirra. Það skal fjalla um nokkur málefni pólitísks eðlis. Það leiðir til þess að vinnutilhögun samstarfsráðherranna verður önnur. Í mörgum tilvikum geta þeir komið málum áfram með óformlegum persónulegum samtölum Formlegir fundir verða færri, t.d. 2-4 á ári.

7.2. Drög að einföldun starfs ráðherranefndarinnar og embættismannanefnda

7.2.1. Nokkrar forsendur

Inntak norrænnar samvinnu í framtíðinni skal verða ráðandi um tilhögun skipulagningar. EES-samningurinn gefur þegar tilefni til verulegra breytinga á starfi ráðherranefndarinnar. Þetta felur ekki aðeins í sér tiltekinn sparnað, heldur verður starfið markvissara á sumum sviðum.

Norrænt samráð í pólitískum málefnum Evrópu skal fyrst og fremst eiga sér stað með beinum tengslum hlutaðeigandi stjórnmálamanna og embættismanna undir virkri formennsku. Ráðherranefndin og embættismannanefndir hafa minna hlutverki að gegna í þessu sambandi vegna þess að ráðherranefndin tekur ekki þátt í viðræðunum.

Framvegis hefur norræn samvinna tvíþætt meginmarkmið, að hluta að vinna í þágu hagsmuna og gilda Norðurlandaþjóða við sameiningu Evrópu, að hluta að stuðla að frekari þróun eiginlegrar norrænnar samvinnu á þeim meginsviðum sem nánar eru tilgreind í 4. kafla.

Fyrsta verkefnið er einkum óformlegt samráð, en hin formlega norræna samstarfsstofnun ráðherranefndar og embættismannanefnda getur lagt til það sem upp á vantar með því að vera vettvangur fyrir málsvara ríkjanna á hinum ýmsu sviðum. Forsenda þess að ráðherranefndin geti tekið að sér slíkt hlutverk er að um verði að ræða augljósa aðlögun skipulags samkvæmt þeir kröfum sem hin nýju verkefni gefa tilefni til.

Það er m.a. nauðsynlegt að skipuleggja norræna samvinnu verulega lengra fram í tímann en nú er gert. Norðurlöndin verða að hafa sameiginlegt frumkvæði snemma í ákvarðanaferlinu í stað þess að bregðast aðeins við utanaðkomandi hugmyndum.

7.2.2. Ráðherranefndin og embættismannanefndir

Samkvæmt núgildandi kerfi kemur ráðherranefndin saman á tuttugu mismunandi vegu Fjöldi funda hverrar ráðherranefndar er frá einum til sex á ári. Starfshópurinn telur að flestar fagráðherranefndir starfi með fullnægjandi hætti og ráðherrarnir telja slíka fundi gagnlega. Með nokkurri einföldun má segja að fagráðherrarnir fjalli um þrenns konar málefni:

A. Ráðherrarnir skiptast á skoðunum um mál sem hver fyrir sig er að fást við í daglegu starfi sínu. Þeir fá hugmyndir og geta yfirleitt haft af þeim nokkurt gagn þegar heim kemur.

B. Auk þess gefa þeir hver öðrum upplýsingar um viðhorf og afstöðu til þeirra mála sem eru á döfinni í Evrópu og á alþjóðavettvangi og þeirra mála sem eru á dagskrá alþjóðlegra funda og ráðstefna.

Í vissum tilvikum geta þeir með óformlegum hætti orðið sammála um „norræna stefnu“ í þeim málum þar sem það þykir æskilegt eða mögulegt.

C. Enn fremur taka flestar fagráðherranefndir ákvarðanir um verkefni, stofnanir, tilmæli, fjárhagsliði o.s.frv. Mörg þessara mála telja ráðherrarnir vera tiltölulega lítilvæg mál sem sjaldan útheimta mikil afskipti þeirra.

Flest málefnin, einkum í C-lið, hafa verið undirbúin af *embættismannanefnd* og þar áður af skrifstofu.

Norræn samvinna er á mörgum sviðum í svo föstum skorðum nú þegar að unnt er að halda henni áfram án stuðnings ráðherranefndarinnar eða embættismannanefnda. Þegar til lengri tíma er litið ættu æ fleiri samstarfssvið að verða hluti af skyldum ráðherra og stjórnsýslustofnana ásamt málefnum Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins.

Þessi þróun er þegar hafin, ekki síst starf ráðherranefndarinnar með óformlegri og sveigjanlegri samvinnu í málefnum Evrópu. Starfshópurinn telur að nú beri að taka afleiðingum þessarar þróunar og draga úr starfsemi hinna formlegu samnorrænu stofnana.

Hvað snertir forgangsverkefni í samvinnu telur starfshópurinn æskilegt að halda hefðbundinni skipan ráðherraherranefndarinnar og embættismannanefnda. Fjöldi ráðherranefnda og embættismannanefnda skal endurspegla þá samhæfingu og forgangsröðun sem lögð er til.

Fundarseta á fundum ráðherranefndarinnar á að geta verið breytileg með tilliti til dagskrár, en innan ríkisstjórnar hvers lands er skipaður fulltrúi í hlutaðeigandi ráðherranefnd. Ábyrgð á starfi viðkomandi ráðherranefndar og tengslum hennar við þjóðþingin hvílir á herðum þess aðila sem fer með formennsku, en raunverulegri verkstjórn í hinum ýmsu málum má að sjálfsögðu deila niður innan ráðherranefndarinnar.

Fjöldi *embættismannanefnda* ætti að vera milli 5 og 10, en fjöldi þeirra fer fyrst og fremst eftir því hve vítt starfssviðið er talið verða að vera. Í nefndinni skal vera einn fulltrúi frá hverju ríki, að jafnaði með sömu stöðu og fulltrúi sem sitja skal í þeirri stjórn sem lagt er til að stofnuð verði og lýst er í lið 7.1. Forusta fyrir og ábyrgð á starfi nefndarinnar skal vera samkvæmt reglunni um virka formennsku.

Þótt fyrir hendi séu embættismannanefndir merkir það ekki endilega að það hljóti að vera til fjárveitingaliðir á öllum sviðum. Fjármagn til einstakra verkefna er einnig unnt að fá með öðrum hætti, frá tilteknu ríki eða t.d. að leita til sjóðsins sem tilgreindur er í lið 4..2. Um stuðning við verkefni, sem eru ekki nauðsynleg fyrir starfsemi ríkisstjórnanna, sjá hlutaðeigandi stjórnvöld í hverju Norðurlandanna en þau hafa tengsl sín á milli.

Starfshópurinn leggur til að ofangreindum formlegum málefnum og þeim fjármunum sem til reiðu eru sé skipt milli færri ráðherranefnda en nú er gert. Fyrir þær ráðherranefndir verða áhrifin þau að ráðherrarnir hafa meira fé til skiptanna og því aukna möguleika til verulegra framlaga. Starfshópurinn telur einnig að það sé óskynsamlegt að málefnum stofnana skuli dreift á tíu mismunandi ráðherranefndir og telur einnig að það sé kostur að stuðla að einbeitingu kraftanna.

Þetta má þó ekki hafa þær afleiðingar að sú ráðherranefnd sem, ef svo má segja, verður af hinum formlegum málefnum skuli lögð niður. Þau málefni sem tilgreind voru í liðum A og B hér að framan eru hin mikilvægustu fyrir ráðherrana og starfshópurinn telur að ráðherrarnir eigi sjálfir að ákveða hve oft þeir komi saman til fundar án utanaðkomandi afskipta.

7.2.3. Norrænar stofnanir

Verulegur hluti norrænnar samvinnu fer fram á vegum hinna norrænu stofnana. Nú eru fjörutíu stofnanir með fastráðna starfsmenn og eru þær að öllu eða nokkru leyti fjármagnaðar með norrænni fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun stofnananna nam árið 1991 samtals 262,7 miljónum danskra króna, þ.e. 41,9% af heildarfjárhagsáætluninni. Heildarfjöldi stöðugilda

á þessu ári er um 300. Flestar stofnanirnar eru hins vera tiltölulega litlar. Aðeins fjórar norrænar stofnanir hafa fleiri en 20 starfsmenn. Röskur helmingur stofnananna hefur færri en 5 starfsmenn. Mikill hluti af starfsemi norrænna stofnana er greiddur með fjárframlögum til sérstakra verkefna.

Það þýðir að tiltölulega stór hluti af fjármunum ráðherranefndarinnar fer til einnar af hinum fjörutíu stofnunum. Að þessu leyti hefur ráðherranefndin ekki sömu möguleika til skjótra og meiri háttar breytinga. Á síðari árum hefur ráðherranefndin rekið tilraunaverkefni í því skyni að stjórna markmiðum og umfangi fjárhagsáætlana stofnananna. Það hefur þegar borið nokkurn árangur, en nægir þó ekki sem forsenda allsherjarmats á ráðstöfun þess heildarfjármagns sem er til reiðu fyrir norræna samvinnu.

Nauðsynlegt er að leggja rækilegt mat á stofnanirnar. Það mætti framkvæma í mörgum liðum. Tiltekið mat hefur farið fram á vegum ráðherranefndarinnar og í formi utanaðkomandi mats á tilteknum norrænum stofnunum. Nú um stundir fer fram víðtæk athugun á menningarsamstarfinu og öðrum sviðum.

Mögulegt er að það ríki þar sem stofnunin er staðsett bjóðist til að bera ábyrgð á henni. Unnt er að tryggja norrænt eðli hennar með því að önnur Norðurlandanna leggi henni til fjármuni og starfsmenn. Þennan hátt má hafa á í litlum stofnunum, m.a. þeim sem hefur verið komið á fót í tengslum við sameiginleg norræn verkefni.

Sá háttur sem vísað er til í starfsáætlun ráðherranefndarinnar, „Norðurlönd eftir 1992", er þannig að á viðkomandi sviði starfseminnar megi taka ákvörðun um hvernig stofnanirnar skulu starfa innan fjárveitinga til viðkomandi sviðs. Eðlilegt er að slíkar kannanir séu stöðugt gerðar í framtíðinni. Þar eð árangurinn kemur ekki ljós fyrr en að löngum tíma liðnum er þetta ekki heppileg aðferð í byrjun ef ætlunin er að leggja rækilegt mat á alla starfsemi stofnananna.

Til að framkvæma slíka heildarkönnun ber að skipa hóp utanaðkomandi manna sem kanni:

* hvort stofnunin komi í staðinn fyrir eða starfi á sama sviði og stofnanir hlutaðeigandi ríkis,
* hvort starfsemin hafi skýr markmið,
* hvort hún leysi verkefni sín með litlum tilkostnaði,
* hvort hún geri starfsemina virkari með því að afla sér færni innan Norðurlanda,
* hvort hún sé nauðsynleg af sérstökum ástæðum í einhverju Norðurlandanna,
* hvort hún starfar fyrst og fremst sem tengiliður.

Það eftirlit sem lagt er til skal hefjast án tafar. Það skal fara fram undir handleiðslu þeirrar stjórnar sem tillaga er gerð um fyrir norræna samvinnu og skal gefa skýrslu um starfið í síðasta lagi 1. júlí 1993. Við starfið ber að nýta þær kannanir sem gerðar hafa verið eða fara fram til að auka virkni stofnananna.

7.2.4. Verkefni á vegum ráðherranefndarinnar

Fé til verkefna og styrkja er stór hluti af fjármunum sem veitt er til norrænnar samvinnu. Árið 1991 var samtals u.þ.b. 300 miljónum danskra króna varið til verkefna og styrkja. Segja má að starf að verkefnum—en með þeim eru mynduð óformleg og formleg tengsl milli ríkjanna—sé sjálfur kjarni norrænnar samvinnu.

Verkefni skal aðeins inna af hendi á þeim sviðum sem eru í tengslum við pólitísk markmið og forgangsröðun ríkisstjórna Norðurlanda.

Forsendan skal vera að fjármunir séu notaðir til þeirra verkefna sem skulu hafa forgang og hafa verulega þýðingu fyrir norræna samvinnu.

Þau verkefni sem eru fjármögnuð samkvæmt fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar (nú

u.þ.b. 800 verkefni) standa að jafnaði aðeins í nokkur ár. Þar af leiðir að miklum fjölda verkefna er lokið á hverju ári. Ráðherranefndin hefur því mikla möguleika til að veita fé til forgangssviða eða spara stórfé með því að hætta tiltekinni starfsemi.

Þau verkefni sem nú er verið að vinna að ætti að vera unnt að framkvæma fyrir það fé sem fram til þessa hefur verið veitt samkvæmt fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar, án þess að til komi nýjar fjárveitingar í fjárhagsáætluninni fyrir 1993. Rækileg athugun þarf að fara fram á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að til þessa. Meðan beðið er eftir að þetta komist í framkvæmd skal ekki veita neinu nýju fé til verkefna í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar, en nauðsynlegt er til að til að ljúka þeim verkefnum sem byrjað hefur verið á.

Starfshópurinn vísar til tillögu sinnar í lið 4.2. um stofnun menningarmálasjóðs.

8. SAMSTARF ÞJÓÐÞINGA NORÐURLANDA

Norræn samvinna hefur þróast í einstæðu samstarfi almannasamtaka, þingmanna og ríkisstjórna. Það er engin tilviljun að slík samvinna stendur fastari fótum meðal almennings en ýmis önnur alþjóðleg samvinna. Þátttaka þingmanna hefur stuðlað að því að norræn samvinna hefur í meira mæli en ýmis önnur alþjóðleg samvinna orðið samvinna milli samfélaga—ekki aðeins samstarf ríkja. Ekki eru mörg dæmi um að samstarfsstofnun þingmanna eins og Norðurlandaráð hafi gegnt svo mikilvægu hlutverki í þróun samvinnu milli ríkja.

8.1. Samvinna Evrópuríkja

Evrópskt samstarf er ofarlega á baugi í pólitískri umræðu á öllum Norðurlöndum. Þátttaka í Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu mun hafa áhrif á flest starfssvið í þessum ríkjum og á norrænum vettvangi. Þessi þróun hefur enda sett svip sinn á umræður í Norðurlandaráði undanfarin ár. Æ fleiri norræn samstarfssvið hafa tengst samvinnunni innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópu-bandalagsins.

Evrópskt samstarf mun einnig setja mark sitt á umræður í Norðurlandaráði á næstu árum. Starfshópurinn telur að starf Norðurlandaráðs geti stuðlað verulega að því að leggja áherslu á norrænt gildismat og viðhorf til samruna Evrópu og þar með að vera mikilvægt framlag til pólitískrar umræðu í hinum einstöku ríkjum. Mikilvægt er að náið samstarf sé milli þjóðþinga Norðurlanda um þau meginmálefni sem í framtíðinni verður fjallað um á vettvangi Evrópu. Það getur fyrst og fremst farið fram með beinum óformlegum tengslum milli þjóðþinga ríkjanna og þeirra stofnana sem bera sérstaka ábyrgð á Evrópumálum, svo sem viðskiptanefnda og svipaðra nefnda, utanríkismálanefnda og annarra hlutaðeigandi nefnda. Nauðsynlegt er að þjóðþingin veiti nægilegu fé til þeirra tengsla sem verða að komast á.

8.2. Tengsl þingmanna og ríkisstjórna

Mótun Evrópustefnu Norðurlanda fer fram í samstarfi ríkisstjórnanna og þjóðþinganna. Ríkisstjórnirnar eru ábyrgar fyrir stefnu sinni fyrir þjóðþingunum.

Samkvæmt viðkomandi stjórnarskrám og venjum eru það aðeins ríkisstjórnir (í Finnlandi undir leiðsögn forsetans) sem sjá um erlend samskipti, semja við fulltrúa þeirra og gera milliríkjasamninga.

Nú á dögum taka norrænir þingmenn þátt í ýmsum þingmannafundum utan eigin þjóðþings.Auk þeirra fulltrúa sem taka þátt í störfum Norðurlandaráðs hefur Fríverslunarbandalag Evrópu sína eigin þingmannanefnd og í tengslum við samvinnuna innan Evrópska efnahagssvæðisins mun verða komið á fót ráðgjafarsamkundu þingmanna frá Evrópu-

þinginu og þinga EFTA-ríkjanna. Enn fremur eru veruleg tengsl á vettvangi Evrópuráðsins og Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU). Þingmenn einstakra þjóðþinga taka einnig þátt í ýmissi svæðisbundinni starfsemi, t.d. samvinnu við Eystrasaltsríki.

Óháð samvinnu innan Norðurlandaráðs hefur orðið aukning á tengslum norrænna þingmanna vegna evrópskra samstarfsverkefna. Eðlilegt má teljast að norrænir þingmenn vilji efla óformleg tengsl til að ræða ýmis sameiginleg hagsmunamál, einnig innan Norðurlandaráðs, og er það liður í samstarfinu á Evrópska efnahagssvæðinu og (væntanlegri) aðild að Evrópubandalaginu. Við aðild flestra eða allra Norðurlandanna að Evrópubandalaginu má segja að samvinnan komi af sjálfu sér í framtíðinni.

Það er hlutverk hlutaðeigandi stofnunar hvers ríkis, m.a. þjóðþingsins, að taka ákvarðanir um EES-samninginn, samninga á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins, aðild að Evrópubandalaginu og þær lagabreytingar sem koma í kjölfar slíkra samninga. Þjóðþingin geta gefið ríkisstjórnunum fyrirmæli um samninga á vettvangi Evrópu.Stöðugar trúnaðarviðræður um viðhorf ríkjanna til Evrópumála og alþjóðamála skulu fara fram innan stofnana á vegum þessara aðila.

8.3. Tillögur til úrbóta á starfsemi Norðurlandaráðs

Hlutverk Norðurlandaráðs er að fjalla um norræna samvinnu og þær afleiðingar og möguleika sem sameining Evrópu hefur í för með sér fyrir norræna samvinnu. Með því getur Norðurlandaráð stuðlað að því að auðvelda og styðja við það ferli sem mörg landanna standa frammi fyrir.

Starfshópurinn vísar til þeirrar vinnu sem framkvæmd er í því skyni að bæta starfsemi ráðsins. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi skipan mála:

— Norðurlandaráð haldi að jafnaði tvo fundi á ári.Ef nauðsyn krefur geta almennar umræður á hverjum fundi staðið í meira en einn dag. Að loknum slíkum fundum er unnt að halda nefndafundi.
— Norðurlandaráð hafi auk þess stutta fundi með ráðstefnusniði eftir þörfum (t.d. Eystrasaltsráðstefnuna í Ósló í apríl 1992), þar sem unnt er að hafa færri ráðsmenn og stuðst er við færri starfsmenn en á fundum Norðurlandaráðs. Í tengslum við slíka fundi er einnig unnt að halda nefndafundi ef nauðsyn krefur. Á fundum með ráðstefnusniði er unnt að hafa umræður um tiltekin málefni sem eru á döfinni.
— Komið verði á kerfi með virkri formennsku. Gert er ráð fyrir að þjóðþing þess ríkis sem fer með formennsku leggi til þá fjármuni sem til þarf til að hafa virka formennsku á fundum ráðsins.
— Starfshópurinn telur að hafa skuli þá tilhögun að formennskan, sem að jafnaði varir í eitt ár í senn, skuli miðast við almanaksárið. Auk þess er starfshópurinn þeirrar skoðunar að forðast beri að hafa þá skipan mála að sama ríki fari með formennsku samtímis bæði hvað snertir ríkisstjórn og Norðurlandaráð. Starfshópurinn telur hugsanlegt að formennska í nefndum ráðsins vari lengur en í eitt ár í senn.
— Stór hluti af störfum ráðsins fer fram í nefndum. Útvega ber þeim betri vinnuaðstæður með því að mynda tengsl milli ritara nefndarinnar og sendinefndarinnar í því ríki sem fer með formennsku.
— Stytta ber verulega hið tímafreka formlega umsagnarferli tillagna á fundum ráðsins til að auka vinnuhraðann í samstarfinu.
— Hvað snertir skýrslu forsætisráðherranna til Norðurlandaráðs vísast til tillögu starfshópsins í lið 3.2.1.
— Utanríkisráðherrarnir taki þátt í umræðum þegar það á við.
— Þátt í fundum Norðurlandaráðs taki annars þeir fagráðherrar sem vænta má að hafi eitthvað fram að færa í umræðum á sínu sviði.

— Skiptingu ábyrgðar milli ríkisstjórna og þjóðþinga, sem ákvæði eru um í stjórnarskrá ríkjanna, skal einnig við haldið í norrænni samvinnu. Ráðherrar eiga því ekki að sitja fundi ráðsins eins og hingað til með því að láta skipa sig fulltrúa í sendinefndum ríkjanna hjá Norðurlandaráði.
— Hlutaðeigandi ráðherrar geti borið fram skýrslur og kannanir sem eru til umræðu í norrænum og/eða evrópskum stofnunum í því skyni að fá málin rædd einnig í Norðurlandaráði.

8.4. Samstarf þjóðþinganna hvað snertir málefni Evrópu og nágrannaríkja

Með tilkomu EES-samningsins fást möguleikar til norræns samráðs þingmanna (skv. 95. gr. EES-samningsins) á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. Þegar mörg Norðurlandanna ganga í Evrópubandalagið verða Evrópumálefni á dagskrá þjóðþinga margra Norðurlanda á sama tíma. Það eykur þörfina og möguleikana á samráði milli norrænna þingmanna.

Aukin áhersla á svæðisbundna samvinnu, sem einkennir samrunann í Evrópu, er mikilvægur þáttur hvað snertir þátttöku Norðurlandanna í samvinnu Evrópuríkja. Nú er verið að stofna til ýmissar svæðisbundinnar samvinnu í nágrannaríkjum Norðurlanda. Til dæmis má nefna samvinnu Eystrasaltsríkja og hugmyndir um svæðisbundna samvinnu ríkja við Barentshaf.

Starfshópurinn telur að Norðurlöndin—sem að mismiklu leyti taka þátt í ýmissi samvinnu—eigi hagsmuna að gæta við að ræða sameiginleg viðhorf til svæðisbundins samstarfs í Norður-Evrópu. Þetta er mikilvæg viðbót við evrópsk samvinnuverkefni á vettvangi Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins og mun einkenna þróun samstarfs Norðurlandanna við nágrannaríki sín.

Starfshópurinn telur að styrkja skuli starf að evrópskum samstarfsverkefnum með því að þeir þingmenn hvers ríkis sem fjalla um slík mál á þjóðþingum sínum—t.d. fulltrúar viðskiptanefndar þjóðþingsins eða svipaðrar nefndar, utanríkismálanefndar og annarra hlutaðeigandi nefnda—eigi einnig sæti í sendinefndum ríkjanna í Norðurlandaráði. Þá verða umræður í Norðurlandaráði í meiri tengslum við meðferð Evrópumála í hverju ríki.

Ef nýju lífi verður hleypt í pólitískar umræður í Norðurlandaráði kann það að stuðla að því að gera norrænt samstarf umfangsmeira. Jafnvel þótt ríkisstjórnir Norðurlanda móti stefnu sína í Evrópumálum með þátttöku hlutaðeigandi þjóðþinga telur starfshópurinn ekki vera neitt því til fyrirstöðu að málefni Evrópu og afmarkaðra svæða séu rædd ítarlega í Norðurlandaráði.

Starfshópurinn telur að styrkja eigi starf fulltrúa stjórnmálaflokka í norrænni samvinnu svo að þeir fái fullnægt þeim kröfum sem leiða af því að gæta norrænna hagsmuna við samruna Evrópuríkja.

Starfshópurinn leggur áherslu á að störf Norðurlandaráðs geta komið til viðbótar og eflt óformlega samvinnu ríkisstjórnanna varðandi evrópsk og svæðisbundin málefni. Mikilvægar forsendur fyrir umræður í ráðinu eru greinargerðir og önnur mikilvæg gögn fyrir norræna samvinnu: ársskýrsla Fríverslunarbandalags Evrópu, ársskýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, starfsáætlun forseta framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, tilkynningar frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um framtíðarstefnu o.s.frv.

Þegar til lengri tíma er litið ber að huga að stofnun sérstaks vettvangs til aukins samráðs þingmanna um evrópsk og svæðisbundin málefni. Fyrst um sinn skal slíkt samráð fara fram í núverandi stofnunum Norðurlandaráðs.

9. NORRÆNA SKRIFSTOFAN

Árið 1986 var hin almenna skrifstofa ráðherranefndarinnar og menningarmálaskrifstofan sameinuð í eina skrifstofu í Kaupmannahöfn. Nýju skrifstofunni var skipt í sex fagdeildir.

Síðan 1973 hefur forsætisnefnd Norðurlandaráðs haft skrifstofu í Stokkhólmi. Smám saman hafa ritarar Ráðsins tengst skrifstofu forsætisnefndarinnar.

Báðar skrifstofurnar hafa mikið fé til upplýsingastarfs og gefa út mikið af prentuðu efni.

Eðlilegt er að sameiginleg norræn skrifstofa sé aðlöguð þeim breytingum sem norræn samvinna stendur frammi fyrir. Forsendan er að dregið verði úr starfsemi hinna formlegu samstarfsstofnana eins og starfshópurinn leggur til og hefur í för með sér að dregið verður úr verkefnum skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Í sambandi við slíka aðlögun ber að hafa það að meginreglu að hafa minni deildaskiptingu og færri þjónustusvið. Starfshópurinn telur að hverfa beri frá núverandi skiptingu í fagdeildir.

Yfir skrifstofu ráðherranefndarinnar skal vera stjórn, en staða hennar og hlutverk er nánar skilgreint í lið 7.1.

Gildar ástæður mæla með því að hafa skrifstofuna á einum stað í því skyni að auðvelda samstarf sem nú fer fram og krafist er milli skrifstofu ráðherranefndarinnar og skrifstofu forsætisnefndarinnar. Sú skipting ábyrgðar milli ríkisstjórnar og þjóðþings sem um eru ákvæði í stjórnarskrá ríkjanna ber að sjálfsögðu að viðhalda í norrænni samvinu. Það útilokar þó ekki að neinu leyti hagræðingu undirbúningsvinnu af hálfu þingmanna og ríkisstjórnar.

Það eru einkum ritarar fastanefnda sem eru mikilvægur upplýsingamiðill fyrir samvinnu þingmanna. Starfshópurinn leggur til að ritarar fastanefnda séu skipaðir í því ríki sem fer með formennsku í viðkomandi nefnd. Þeir eiga að starfa í tengslum við skrifstofu landsdeildar Norðurlandaráðs í hlutaðeigandi ríki.

Mikilvægt er að það ríki sem fer með formennsku hafi fullnægjandi aðstöðu til reksturs skrifstofunnar á meðan á því stendur. Við samruna skrifstofanna tveggja skal öll tæknileg þjónusta, starfsmannastjórn o.þ.h. vera sameiginleg. Hér er sem sagt um að ræða stjórnunarlega sameiningu tveggja skrifstofa sem verða þó áfram tvær lögpersónur ef þess er óskað. Sérfræðingar frá mismunandi fagdeildum eiga eftir þörfum að geta útvegað gögn og upplýsingar, einnig handa þingmannastofnunum, við undirbúning mála.

Yfir hinni sameinuðu skrifstofu skal vera stjórn, en staða hennar og hlutverk er nánar skilgreint í lið 7.1. hér að ofan, og skal henni fengin sterk staða og umboð til að eiga frumkvæði að norrænum verkefnum. Þann ávinning af hagræðingu sem fæst við sameiningu skrifstofanna skal nota til að auka getu skrifstofunnar til að vera rannsóknarstofnun fyrir starfið að málum sem afgreidd verða á vettvangi Evrópu, fyrst innan Evrópska efnahagssvæðisins og þegar til lengri tíma er litið á vettvangi Evrópubandalagsins. Af þessu ætti einnig að verða beinn sparnaður með tímanum. Hvað snertir stjórnun, upplýsingamiðlun og útgáfustarfsemi ætti ávinningur af hagræðingu innan sameinaðrar skrifstofu að verða verulegur. Skrifstofa landsdeildar Norðurlandaráðs í hverju ríki ætti að geta séð um verulegan hlut af núverandi verkefnum skrifstofu forsætisnefndarinnar, t.d. samkvæmt þeirri tilhögun að þingmenn ríkjanna skiptist á um að fara með formennsku.

Starfshópurinn telur að það sé til hagsbóta fyrir norræna samvinnu nú um stundir að hafa báðar skrifstofurnar á sama stað frekar en að hafa tvær aðskildar skrifstofur eins og nú er, aðra í Stokkhólmi og hina í Kaupmannahöfn.

Tillaga starfshópsins:

Með tilliti til framansagðs eru tillögur starfshópsins eftirfarandi:

— Unnið verði án tafar að sameiningu skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar og skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

— Þörf hinnar sameinuðu skrifstofu fyrir fjárveitingar verði metin í ljósi þeirra tillagna sem fram hafa komið fyrr í þessari skýrslu um þörf fyrir breytingar á hluta hinnar formlegu og óformlegu norrænu samvinnu.
— Í samræmi við það verði skrifstofur landsdeilda Norðurlandaráðs í hverju ríki styrktar, en þá ber að taka sérstakt tillit til skyldna embættis forseta Norðurlandaráðs við það ríki sem fer með formennsku, svo og til tengsla ritara fastanefnda við sendinefnd hvers ríkis; starfshópurinn telur að engin lagaleg hindrun ætti að koma í veg fyrir að staða skrifstofu landsdeildar Norðurlandaráðs í hverju ríki sé styrkt eða að samvinna hennar við alþjóðaskrifstofu hlutaðeigandi þjóðþings sé samhæfð með þeim hætti að það komi til góða hvað snertir nýjar þarfir nú um stundir, m.a. í ljósi samrunaþróunar í Evrópu.
— Forsætisráðherrarnir feli samstarfsráðherrunum það verkefni að hraða framkvæmd þeirra tillagna um starf skrifstofunnar sem starfshópurinn hefur kynnt hér að framan.

10. SJÁLFSTJÓRNARSVÆÐI Í NORRÆNNI SAMVINNU

Einstæður þáttur í norrænni samvinnu er að sjálfstjórnarsvæðin (Færeyjar, Grænland og Álandseyjar) taka þátt í alþjóðlegri samvinnu. Starfshópurinn telur að slík samvinna veiti gagnkvæman styrk fyrir sjálfstjórn þeirra og norræna samvinnu.

Í sambandi við endurmat norrænnar samvinnu hefur starfshópurinn komist að þeirri niðurstöðu að sjálfstjórnarsvæðin skuli hafa sömu stöðu og fram til þessa. Það útilokar ekki að hlutdeild í norrænni samvinnu geti náð til nýrra verkefna.Tilhögun þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í samvinnu skal aðhæfð tillögunni um heildarskipulag norrænnar samvinnu.

Samvinna þjóðþinganna

Fjöldi fulltrúa frá sjálfstjórnarsvæðunum á þingmannafundum skal vera óbreyttur, jafnvel þótt fulltrúar ríkisstjórnanna sitji ekki lengur í Norðurlandaráði.Fulltrúar í landsstjórn/ héraðsstjórn geta tekið þátt í störfum á fundum Ráðsins sem talsmenn fyrir hin ýmsu samstarfssvæði.

Samvinna ríkisstjórnanna

Stærra hlutverk forsætisráðherra í norrænni samvinnu hefur enga beina samsvörun í stöðu lögmanns (í Færeyjum), forseta landstjórnar (í Grænlandi) eða landstjóra (á Álandseyjum) á sjálfstjórnarsvæðunum. Mikilvægt er að þessum fulltrúum verði boðið að taka þátt í fundum forsætisráðherra Norðurlanda með þeim hætti sem tilgreindur er í lið 3.2.1.

Reglan um virka formennsku nær ekki til sjálfstjórnarsvæðanna. Samráð á sviði utanríkismála milli ríkisstjórna fer aðeins fram á vettvangi ríkisstjórna Norðurlanda. Sjálfstjórnarsvæðin eiga ekki fulltrúa á fundum utanríkisráðherra Norðurlanda. Þegar um er að ræða samráð um evrópsk málefni kann þó staða sjálfstjórnarsvæðanna að skipta sérstöku máli. Í þessu sambandi er mikilvægt að greina frá því að EES-samningurinn nær til Álandseyja, en Færeyjar og Grænland taka hvorki þátt í viðræðum við Evrópubandalagið né um EES-samninginn.

Hvað snertir samvinnu við nágrannasvæði Norðurlanda hafa Álandseyjar sérstakra hagsmuna að gæta (t.d. í samvinnu ríkja við Eystrasalt). Færeyjar og Grænland hafa fastmótað samstarf innan ramma Vestur-Norðurlanda, sem greinargerð var samin um nýlega. Gert er ráð fyrir að samstarf Vestur-Norðurlanda verði aukið innan ramma norrænnar samvinnu.

Hvað snertir hlutdeild í samvinnu um hin ýmsu forgangssvið fer þátttaka sjálf-

stjórnarsvæðanna eftir því hverra hagsmuna þau eiga að gæta. Af landfræðilegum og sögulegum ástæðum hefur samvinna á sviði menningarmála, svæðisbundin samvinna og samgöngur verið einkar mikilvæg málefni.

Tilhögun þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í samvinnu ríkisstjórnanna í þeim málum sem snerta þau sérstaklega kemur nokkuð vel heim og saman við tillögur starfshópsins.

11. VESTUR-NORÐURLÖND Í NORRÆNNI SAMVINNU

Margir stjórnmálamenn á Vestur-Norðurlöndum hafa á síðari árum látið í ljósi áhyggjur vegna þess að Norðurlöndin leggi nú minni áherslu á samvinnu við Vestur-Norðurlönd, m.a. vegna aukins norræns framlags til Eystrasaltsríkjanna og norrænnar þátttöku í samruna Evrópu, sem þeir þó telja að séu mikilvæg og eðlileg verkefni Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd ná til Færeyja, Grænlands og Íslands, þriggja eyjasamfélaga í Norður-Atlantshafi , sem eru fjarri hvert öðru og fjarri öðrum Norðurlöndum, með fáa íbúa sem allir eru einkum háðir auðlindum sjávar og hafa mismikla sjálfstjórn. Ísland er sjálfstætt ríki, en Færeyjar og Grænland eru sjálfstjórnarsvæði undir Danmörku.

Samvinna Vestur-Norðurlanda er heildarhugtak yfir það starf sem stöðugt er innt af hendi samkvæmt þeim reglum sem settar voru í Framkvæmdaáætlun um eflingu samvinnu Vestur-Norðurlanda frá 1985. Norræna ráðherranefndin rekur fimm stofnanir og eina nefnd á Vestur-Norðurlöndum. Um er að ræða þrjár menningarstofnanir, í Þórshöfn, Reykjavík og Nuuk, Vestur-Norðurlandasjóðinn, Norrænu eldfjallastöðina og Vestur-norðurnefndina. Þessar stofnanir velta samtals um 34 miljónum danskra króna á ári. Helmingurinn fer til menningarmála, en fiskveiðimál eru einnig mikilvæg í samstarfinu. Framlög til jaðarsvæða af hálfu Vestur-Norðurnefndarinnar nema u.þ.b. 10% af heildarfjárframlögum.

Síðan 1985 hefur Samstarfsnefnd þingmanna frá Vestur-Norðurlöndum (sem er ekki formlegur hluti af Norðurlandaráði) komið saman á fund árlega og látið í ljósi óskir bæði varðandi þróun samvinnunnar innan Vestur-Norðurlanda og framlög Norðurlanda til svæðisins.

Vestur-Norðurlönd eru hluti af Norðurlöndum sem skal áfram njóta forgangs sem hluti af norrænni samvinnu. Ástæða er til að nefna að unnt er að gæta hagsmuna Vestur-Norðurlanda í norrænni samvinnu með því að vekja meiri athygli á þessu svæðisbundna samstarfi og sýna sérstöðu þess í norrænni samvinnu.

Tillaga liggur fyrir um að stofna ráðgjafar- og samstarfsnefnd á Vestur-Norðurlöndum á vettvangi ríkisstjórna til að koma til móts við óskir um aukna samræmingu, þ.e. nefnd sem gæti gert tillögur til samstarfsnefndar þingmanna frá Vestur-Norðurlöndum. Samkvæmt tillögunni fær ráðgjafar- og samstarfsnefndin m.a. það hlutverk, auk innri mála, að samræma og koma á framfæri óskum Vestur-Norðurlanda og fylgjast með framkvæmd fjárhagsáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar.

Ráðgert er að í nefndinni sitji þeir aðilar sem bera pólitíska ábyrgð á norrænni samvinnu í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Undir stjórn nefndarinnar skal halda reglulega samráðsfundi Vestur-Norðurlanda þar sem yrðu boðnir fulltrúar hinna ýmsu samstarfsstofnana og stjórnsýslu. Samráðsfund Vestur-Norðurlanda skal halda í tengslum við aðra fundi á vettvangi Vestur-Norðurlanda.

Gefa skal fulltrúum í sendinefndum Vestur-Norðurlanda og deildum Norrænu félaganna í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi tækifæri til að gera grein fyrir skoðunum sínum á slíkum fundum.

Starfshópurinn telur æskilegt að fulltrúar Vestur-Norðurlanda í Norðurlandaráði sitji sameiginlega fundi í tengslum við fundi Norðurlandaráðs.

Starfshópur norrænu samstarfsráðherranna, sem stofnað var til 25. febrúar 1991, hefur

metið ýmsar raunhæfar aðgerðir sem gætu orðið til að styrkja og samhæfa samvinnu Vestur-Norðurlanda á breiðum grundvelli. Nokkrum aðgerðum í því skyni að ryðja úr vegi hindrunum fyrir samvinnu og örva til aukinna samskipta og samgangs innan Vestur-Norðurlanda hefur þegar verið hrint í framkvæmd. Leggja ber áherslu á mikilvægi þess að þær ráðstafanir sem lagt er til að gerðar verði á sviði upplýsingamála verði framkvæmdar í því skyni að auka þekkingu á aðstæðum á Vestur-Norðurlöndum og á Norðurlöndum almennt.

Norræna embættismannanefndin um málefni jaðarsvæða hefur látið meta starfsemi Vestur-norðurnefndarinnar. Könnun nefndarinnar og skýrsla frá starfshópi samstarfsráðherranna bendir til þess að nauðsynlegt sé að markmið Vestur-norðursjóðsins og Vestur-norðurnefndarinnar séu skilgreind betur. Hafa ber í huga hvort tímabært sé að stuðla að svæðisbundinni þróun í stað þróunar atvinnuveganna í hverju landi eins og fram til þessa. Hvort sem slíkar hugmyndir valda stefnubreytingu sýnist heppilegt að á endanum verði þessi starfsemi samræmd þeim stofnunum í hverju ríki sem bera ábyrgð á málefnum jaðarsvæða.

12. TILLAGA TIL BREYTINGAR Á HELSINGFORSSÁTTMÁLANUM

Starfshópurinn telur að með tilliti til starfs hópsins að endurmati sé heppilegt að leggja áherslu á að nú verði breyting á og aðlögun norrænnar samvinnu í ljósi þróunar mála á 10. áratugnum, fyrst og fremst hvað snertir nánari og skyldubundna samvinnu Evrópuþjóða. Við þær aðstæður er einnig eðlilegt að gera breytingar á Helsingforssáttmálanum í þeim tilgangi að stuðla að jákvæðum áherslum í nýskipan norrænnar samvinnu.

Grundvöllur starfsins er núgildandi Helsingforssáttmáli. Starfshópurinn telur að eðlilegt sé að miðað sé við hinn fyrri texta, þ.e.a.s. við gildandi Helsingforssáttmála, í stað þess að framkvæma allsherjarendurskoðun á samningnum.

Samkvæmt 68. gr. Helsinkisáttmálans skal Norðurlandaráði gefið tækifæri til að tjá sig um málið áður en ríkin koma sér saman um breytingar á Helsingforssáttmálanum. Starfshópurinn telur að Norðurlandaráð eigi að fá tækifæri til að tjá sig um tillögu forsætisráðherranna um breytingar ef því verður við komið á 41. fundi Norðurlandaráðs í nóvember 1992 en í síðasta lagi á 42. fundi Norðurlandaráðs í mars 1993.

Tillaga starfshópsins um breytingar á samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (Helsingforssáttmálanum):

INNGANGUR

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 8. maí 1985 og 21. ágúst 1991 hafa breytt samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

óska að endurnýja og stuðla að þróun norrænnar samvinnu í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlanda í evrópskri samvinnu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1., 33., 40, 44., 47., 48., 61. og 64 gr. samstarfssamningsins er breytt og verða svohljóðandi:

(TILLAGA UM NÝTT ORÐALAG)

1. gr.

Núverandi orðalag helst en við greinina bætist:

Samningsaðilar skulu ræða sameiginleg hagsmunamál sem fjallað er um innan evrópskra og alþjóðlegra stofnana og á ráðstefnum.

33. gr.

Aukin þátttaka ríkjanna í evrópskri samvinnu með samningi um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eykur möguleika á samvinnu til hagsbóta fyrir norræna borgara og fyrirtæki. Ríkisstjórnirnar bera sérstaka ábyrgð á því í þessu sambandi að standa vörð um sameiginlega hagsmuni og gildismat.

40. gr.

Samvinna Norðurlanda fer fram á vettvangi Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar, á fundum forsætisráðherranna, á fundum utanríkisráðherranna og fundum annarra ráðherra, í sérstökum samstarfsstofnunum og milli stjórnvalda í hinum ýmsu greinum.

Það ríki sem fer með formennsku ber ábyrgð á því að samræma samstarf ríkisstjórna Norðurlanda og hafa frumkvæði á því sviði eftir þörfum. Það ríki sem fer með formennsku leiðir starfið í ráðherranefndinni og á öðrum ráðherrafundum og á samráðsfundum ríkisstjórnanna um evrópsk og alþjóðleg málefni. Formennskan skiptist milli ríkisstjórna Norðurlanda samkvæmt nánara samkomulagi.

44. gr.

Innan Norðurlandaráðs hafa Norðurlöndin samvinnu sín á milli ásamt fulltrúum frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Ráðið skal hafa frumkvæði að og vera ráðgefandi í málum sem varða samvinnu allra eða nokkurra þessara ríkja, Færeyja, Grænlands og Álandseyja og sér að öðru leyti um þau verkefni sem tilgreind eru í þessum og öðrum samningum.

47. gr.

Í Ráðinu sitja 87 kjörnir fulltrúar.

Þjóðþing Dana kýs sextán fulltrúa, þjóðþing Finnlands átján, alþingi Íslendinga sjö, stórþing Noregs og þjóðþing Svíþjóðar tuttugu hvort, lögþing Færeyja kýs einn og landsþing Grænlands og Álandseyja tvo hvort. Auk þess kýs hvert þjóðþing jafnmarga varamenn.

Kjör fulltrúa og varamanna fer fram árlega og gildir út tímabilið til næsta kjörs. Við kjörið skal þess gætt að mismunandi pólitískar skoðanir fái fulltrúa í ráðinu.

Aðeins þeir sem eru fulltrúar á þeirri samkundu sem framkvæmir kjörið geta orðið fulltrúar eða varamenn í Ráðinu.

48. gr.

Í sendinefnd Danmerkur eru fulltrúar sem þjóðþingið kýs ásamt sendinefndum Færeyja og Grænlands sem nefndar eru í 2. mgr.. Í sendinefnd Finnlands eru fulltrúar sem þjóðþingið kýs og fulltrúar Álandseyja sem nefndir eru í 2. mgr.. Í sendinefnd sérhverra hinna ríkjanna eru fulltrúar sem þjóðþingin kjósa.

Í sendinefnd Færeyja eru fulltrúar sem lögþingið kýs. Í sendinefnd Grænlands eru fulltrúar sem landsþingið kýs. Í sendinefnd Álandseyja eru fulltrúar sem landsþingið skipar.

Með hugtakinu „sendinefnd“ í 52., 53., 54. gr. 1. mgr., og 58. gr. 2. mgr., er átt við sendinefnd ríkisins.

51. gr.

Fullskipaðan fund sitja allir fulltrúar í ráðinu. Ríkisstjórnir Norðurlanda og landstjórnir Færeyja og Grænlands og héraðsstjórn Álandseyja sitja fullskipaða fundi en hafa ekki atkvæðisrétt. Almennir fullskipaðir fundir koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Aukafundir eru haldnir þegar fullskipaður fundir eða forsætisnefndin ákveður eða a.m.k. tvær

ríkisstjórnir eða a.m.k. 25 kjörnir fulltrúar óska þess. Fullskipaður fundur er æðsta vald ráðsins, nema annað sé tekið fram. Umræður á fullskipuðum fundum eru opinberar nema fullskipaður fundur ákveði annað.

61. gr.

Lagt er til að 2. og 3. mgr. hljóði þannig eftir breytingar:

Forsætisráðherrarnir bera ábyrgð á heildarsamræmingu norrænnar samvinnu, en annar ráðherra sem til þess er skipaður sé varamaður hans í hverju ríki (samstarfsráðherra) og aðstoðarmaður ráðherra eða embættismaður sem sitji í stjórn norrænnar samvinnu á hverjum tíma.

Til aðstoðar ráðherranefndinni í starfsemi sinni eru embættismannanefndir og skrifstofa.

64. gr.

Ráðherranefndin skal á fyrsta árlega fundi sínum með fullskipuðum fundi Norðurlandaráðs leggja fram skýrslu um norræna samvinnu á liðnu ári og greinargerð um áætlanir um framhald samvinnunnar.

Forsætisráðherra þess ríkis sem fer með formennsku gerir Norðurlandaráði grein fyrir aðalatriðum samvinnunnar og samstarfi ríkisstjórnanna um Evrópu- og alþjóðamál.

Fylgiskjal I

MARÍUHAFNARYFIRLÝSINGIN UM FRAMTÍÐ NORRÆNNAR SAMVINNU

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa á fundi sínum 12. nóvember 1991 í tengslum við 4. aukafund Norðurlandaráðs í Maríuhöfn ákveðið að gefa út eftirfarandi yfirlýsingu:

Hinar víðtæku breytingar í Evrópu og endalok hernaðarlegrar og hugmyndafræðilegar tvískiptingar heimshluta okkar boðar nýtt tímabil samvinnu. Breytingarnar ná einnig til Norðurlanda því að við því er búist að einnig við getum lagt drjúgan skerf til uppbyggingar nýrrar Evrópu. Norræn samvinna stendur því á tímamótum.

Forsætisráðherrar Norðurlanda fagna gerðu samkomulagi um EES-samninginn.Efnahagslegur og pólitískur samruni Evrópu hefur mikilvægar afleiðingar í för með sér fyrir Norðurlönd.EES-samningurinn stuðlar að aukinni samvinnu nágrannaríkja og nánara samstarfi Norðurlandanna fimm.

Með þessari yfirlýsingu vilja forsætisráðherrarnir tjá sameiginlegan vilja sinn til að viðhalda og stuðla að frekari þróun norrænnar samvinnu í hinni þróttmiklu Evrópu nútímans.

Í norrænni samvinnu í framtíðinni eykst mikilvægi náins samstarfs um hagsmunamál Norðurlanda í Evrópu. Norðurlönd eiga að leitast við að hafa virk áhrif á þróun Evrópu og heimsins miðað við hagsmuni og þarfir norrænna borgara. Forsendan er aukið samráð Norðurlanda, einnig í alþjóðamálum.

Því hafa forsætisráðherrar Norðurlanda ákveðið að stofna án tafar til endurmats á norrænni samvinnu með tilliti til þess endurnýjunarstarfs sem nú fer fram innan Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og lagt verður fyrir fund Norðurlandaráðs í mars næstkomandi. Forsætisráðherrarnir hafa ákveðið að skipa fulltrúa sína til að framkvæma slíkt endurmat.

Forsendur framtíðarþróunar norrænnar samvinnu, hvað varðar skipulag, eru að miklu leyti háðar þeim tengslum sem ríki Norðurlanda æskja við Evrópubandalagið.

Á þessum forsendum ber fulltrúum forsætisráðherranna að kanna með hvaða móti norræn samvinna gæti þróast á vettvangi Evrópu ef svo fer að öll eða mörg Norðurlandanna ganga í Evrópubandalagið. Fulltrúunum ber að gera frumdrög að nýjum stofnunum fyrir norræna stjórnmálasamvinnu og evrópska samvinnu sem með því móti gætu orðið viðbót við eða komið í stað núverandi stofnana

Helstu athugunarefni við endurmatið eru:

— áhrif samruna Evrópu á hin ýmsu svið norrænnar samvinnu og þróun inntaks og forms samvinnunnar.
— samvinna Norðurlanda við nágrannaríki sín, m.a. Eystrasaltsríkin og svæðið kringum Eystrasalt.
— að kanna hvers konar breytingar á skipulagi tillögur til úrbóta miðast við, m.a. hugsanlega endurskoðun Helsinkisáttmálans.

Forsætisráðherrarnir hyggjast gera fyrstu úttekt á starfinu á fundi sínum 2. mars 1992 á fundi Norðurlandaráðs í Helsinki.

Forsætisráðherrarnir ákváðu að halda norrænan forsætisráðherrafund um framtíð norrænnar samvinnu síðar á árinu.

Í forsæti á norræna forsætisráðherrafundinum á Álandseyjum var Esko Aho forsætisráðherra Finnlands, en auk hans sátu fundinn Poul Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur, Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, Carl Bildt forsætisráðherra Svíþjóðar og menntamálaráðherra Íslands, Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal 2

STARFSHÓPUR FORSÆTISRÁÐHERRANNA
UM ENDURMAT NORRÆNNAR SAMVINNU

D R Ö G

HEILDARMYND NORRÆNNAR SAMVINNU EFTIR 1992

FJÓRIR MEGINÞÆTTIR NORRÆNNAR SAMVINNU

SAMVINNA ÞJÓÐÞINGANNA

NORÐURLANDARÁÐ

SAMVINNA INNAN NORÐURLANDA	NORRÆN SAMVINNA INNAN RAMMA EES OG EB	HAGSMUNAGÆSLA NORÐURLANDA UTAN EES OG EB	STÖÐUG SAMVINNA TVEGGJA EÐA FLEIRI RÍKJA

HVERNIG SAMVINNAN TENGIR ÞJÓÐIRNAR

Fylgiskjal 3

STARFSHÓPUR FORSÆTISRÁÐHERRANNA
UM ENDURMAT NORRÆNNAR SAMVINNU:

SAMVINNA NORÐURLANDA OG NÁGRANNARÍKJANNA:
Nokkur dæmi

Í þessu fylgiskjali er fjallað um norrænar og aðrar alþjóðlegar aðgerðir í því skyni að stuðla að þróun og efla samvinnu Norðurlanda og nágrannaríkja þeirra á ýmsum sviðum. Þær aðgerðir og áætlanir sem hér er lýst nánar ber að líta á sem dæmi um aukinn áhuga Norðurlanda til að efla samvinnu við nágrannaríkin:

Eystrasaltsráðið

Á undanförnum árum hefur farið fram almenn umræða bæði á Norðurlöndum og utan þeirra um þróun samstarfs ríkja við Eystrasalt. Norðurlönd hafa eflt eigin samvinnu og samvinnu um að efla lýðræði, mannrétti, efnahagsþróun og umhverfisvernd í nágrannaríkjum sínum. Samvinna ríkja við Eystrasalt hefur einkar mikla þýðingu í þessu sambandi og er fjallað um það í þessum kafla og einnig að nokkru leyti samvinna þjóða á heimskautssvæðunum sem starfshópurinn fjallaði um í lið 6.3.

Utanríkisráðherrar Danmerkur og Þýskalands áttu frumkvæði að því að halda Eystrasaltsráðstefnu í Kaupmannahöfn 5.-6. mars 1992 með þátttöku utanríkisráðherra Svíþjóðar, Noregs, Finnlands, Póllands, Þýskalands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rússlands og Danmerkur. Auk þess sat fundinn fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

Ráðstefnan ályktaði að stofna Eystrasaltsráð sem vera skal varanleg stofnun þar sem utanríkisráðherrarnir koma saman til fundar einu sinni á ári. Finnar fara með formennsku til mars 1993 þegar 2. fundur Eystrasaltsráðsins verður haldinn í Helsinki.

Á 1. fundi Ráðsins í Kaupmannahöfn í mars sl. urðu menn sammála um leggja sérstaka áherslu á eftirtalin svið samvinnu:
— efnahagsaðstoð og -samvinnu
— aðstoð við nýjar lýðræðislegar stofnanir,
— flutningamál og fjarskipti,
— mannréttindamál og heilsugæslu,
— umhverfisvernd og samvinnu á sviði orkumála,
— samvinnu á sviði menningar, kennslu, ferðamála og upplýsingamála.

Í því skyni að tryggja að málum yrði fylgt eftir á þessum sviðum og fleiri fundir yrðu haldnir var ákveðið að stofna nefnd háttsettra embættismanna með þátttöku allra aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

Nefndin hefur komið saman til þriggja funda í Helsinki og Tallinn. Þau svið sem voru strax efst í huga manna voru aðstoð við nýjar lýðræðislegar stofnanir og samvinna á sviði orkumála, m.a. að tryggja öryggi við rekstur kjarnorkuvera.

Ráðið og undirstofnanir þess geta ákveðið að bjóða sérstökum þátttakendum, gestum eða áheyrnarfulltrúum til funda Ráðsins. Í þessu sambandi skal þess gætt sérstaklega að bjóða fulltrúum frá stærri og minni jaðarsvæðum og alþjóðlegum stofnunum. Nefnd háttsettra embættismanna er nú að fjalla um hvaða tilhögun eigi að hafa við að bjóða áheyrnarfulltrúum.

Eystrasaltsráðið var stofnað sem eðlilegur rammi í því skyni að fá nýju lýðræðisríkin í Austur-Evrópu til víðtækari vestrænnar samvinnu og ríkir eining um að öflug samvinna á tilteknu jaðarsvæði skapi forsendur fyrir því að stuðla að þróun svæðisins þannig að það verði á ný efnahagslegt vaxtarsvæði í Evrópu. Starfshópurinn telur að gefa eigi einnig Íslendingum kost á að taka þátt í starfi Eystrasaltsráðsins.

Fjárfestingaráætlun Eystrasaltsríkjanna (BIP)

Í mars 1992 undirrituðu fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna yfirlýsingu í Helsinki um Fjárfestingaráætlun Eystrasaltsríkja (BIP). Markmiðið er að Norðurlöndin leggi Eystrasaltsríkjunum til beint og milliliðalaust 75 miljónir ECU til tækniaðstoðar og lána, ábyrgða og sem áhættufjármagn. Auk þess leggur Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD) til 30 miljónir ECU til viðbótar.

Fjárfestingaráætlun Eystrasaltsríkjanna miðast við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þær stofnanir sem sjá um framkvæmdir fyrir hönd Norðurlanda eru Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD) í Lundúnum, Norræni fjárfestingarlánabankinn (NIB) og Norræni útflutningsverkefnasjóðurinn (NoPEF) sem hafa aðalskrifstofu í Helsinki.

Norræni fjárfestingarlánabankinn hefur þegar hafið starfsemi. Áætlað er að verkefnið standi í þrjú ár, til 1. júlí 1995. Nefnd fulltrúa fjármálaráðherra Norðurlanda fylgist með starfseminni. Samkvæmt áætluninni eiga fjárfestingarbankarnir þrír í Eystrasaltslöndunum að sjá um afgreiðslu fjármagns til fjárfestinga hver í sínu landi. Lagt er til að veitt sé ýmiss konar tæknileg aðstoð í því skyni að gera þá hæfa til þess án tafar.

Norræna nefndin um fjárfestingu í Eystrasaltsríkjunum mun hitta að máli fulltrúa Eystrasaltsríkjanna til að meta áætlunina, meta þau mál sem upp koma við framkvæmd áætlunarinnar og fylgjast með því að tekið sé tillit til þarfa og forgangsverkefna Eystrasaltsríkjanna við framkvæmd hennar.

Starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa síðan 1990 staðið fyrir samvinnu við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu. Haustið 1990 var hafist handa við framkvæmd starfsáætlunar fyrir Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu. Í starfsáætlun ráðherranefndarinnar er lögð megináhersla á samvinnu á sviði menntunar, menningar, rannsókna og umhverfisverndar. Norrænar upplýsingaskrifstofur hafa verið stofnaðar í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna, fé hefur verið veitt í sjóð fyrir Eystrasaltríkin og Austur-Evrópu og til að veita námsstyrki. Á þessu ári hyggst norræna ráðherranefndin verja um 50 miljónum danskra króna til ýmissa framlaga í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu. Mjög mikill áhugi hefur ríkt fyrir því, bæði á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum þremur, að nýta þá möguleika sem starfsáætlunin gefur tilefni til. Starfsáætlunin verður tekin til endurskoðunar í haust.

Samvinna norrænna stofnana við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur lengi haft tengsl við Austur-Evrópu, einkum fyrrverandi Sovétríki. Norræna ráðherranefndin ákvað í mars 1990 að hækka útlánarammann fyrir fjárfestingarlán til Austur-Evrópu og þróunarlanda úr 700 miljónum SDR í 1.000 miljóna SDR. Lánin byggjast á 90% lánsábyrgðum Norðurlanda og er þeim í vaxandi mæli beint að verkefnum á sviði umhverfisverndar í nágrannaríkjum Norðurlanda.

Norræna fjárfestingarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO) var stofnað 1990. Yfir félaginu er stjórn, en Norræni fjárfestingarbankinn sér um daglegan rekstur. Rekstrafé félagsins er u.þ.b. 300 miljónir danskra króna og skiptist það á sex ár frá árinu 1990. Markmið félagsins er að bjóða áhættufé til aðstoðar við langtímasamvinnu fyrirtækja á Norðurlöndum og Austur-Evrópu varðandi tækni við umhverfisvernd. Félagið getur veitt

lán til verkefna, en því er fyrst og fremst ætlað að eignast hluti í sameiginlega reknum fyrirtækjum með áhættufé á sömu kjörum og aðrir eigendur.

Norræni útflutningsverkefnasjóðurinn (NoPEF) var stofnaður 1982 í því skyni að stuðla að rannsóknum á arðsemi fjárfestingaráætlana, samstarfssamninga og möguleika til stofnunar fyrirtækja sem áhugi er fyrir á Norðurlöndum. Forsendan fyrir aðstoð er að fyrirtæki frá fleiri en einu Norðurlandanna taki þátt í slíku verkefni. Forgangsverkefni sjóðsins eru verkefni á sviði umhverfisverndar í Austur-Evrópu sem snerta hagsmuni Norðurlanda.

Norræn samvinna við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu á ýmsum sviðum

Á árunum 1990-1991 var bryddað upp á því nýmæli að eiga samvinnu við Eystrasaltsríkin og önnur ríki í Austur-Evrópu á svo að segja öllum sviðum samstarfs á vegum ráðherranefndarinnar. Ráðist var í rannsóknarverkefni á sviði umhverfismála 1991 og nær það til áranna 1993-1997. Í því augnamiði hefur verið ákveðið að verja a.m.k. 25 miljónum danskra króna árlega. Verkefnið er þríþætt, en eitt þeirra nær til samvinnu á sviði rannsókna á sviði umhverfismála á svæðinu kringum Eystrasalt.

Minni verkefnum hefur ýmist verið lokið eða bryddað upp á nýjum verkefnum á nær 20 sviðum. Fjárveitingar til verkefnisins koma að hluta frá sviðunum sjálfum og að hluta annars staðar frá og er búist við að samtals muni þær nema u.þ.b. 15 miljónum danskra króna á ári.

Eitt mikilvægasta verkefni sem einnig Norðurlöndin standa frammi fyrir á sviði umhverfisverndar í tengslum við Samveldi sjálfstæðra ríkja og önnur ríki Austur-Evrópu er að takast á við ónógt öryggi kjarnorkuvera sem Sovétmenn hafa reist og hættan á geislamengun í víðara samhengi. Fyrir Norðurlöndin eru hættulegasta uppspretta geislamengunar einkum kjarnorkuver á Kólaskaga, á St. Pétursborgarsvæðinu og í öðrum nærliggjandi héruðum í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum, auk losunar kjarnaúrgangs á hafsvæðinu umhverfis Norðurlönd. Geymsla kjarnaúrgangs, m.a. frá kjarnaofnum í skipum, er enn ein hlið á þessu flókna vandamáli. Mikið fé þarf til að framfylgja marghliða og tvíhliða aðgerðum og er aðeins unnt að leysa þau mál í víðtækri alþjóðasamvinnu sem Norðurlöndin eiga að taka virkan þátt í.

Tvíhliða samvinna Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

Tvíhliða eða bein samvinna Norðurlanda og Eystrasaltsríkja eykur og eflir svæðisbundna og marghliða samvinnu. Bein tengsl einstaklinga, samtaka og fyrirtækja eru nauðsynleg til að styrkja samvinnuna.

Norðurlönd hyggjast leggja fram verulegt fjármagn til að styrkja tvíhliða samvinnu við Eystrasaltsríkin. Á tímabilinu 1989-1991 hafa Norðurlöndin lagt fram samtals marga miljarða danskra króna til tvíhliða samstarfsverkefna fyrir Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu. Fjöldi einstakra tvíhliða verkefna sem stofnað hefur verið til nemur nokkrum hundruðum.

Samvinna í norðlægum héruðum og á heimskautssvæðum

Á undanförnum árum hefur orðið vart við mjög aukinn áhuga á samvinnu í heimsskautshéruðunum. Einn af hvötunum til þess var Múrmanskáætlun Gorbatsjofs forseta 1987, en hún boðaði tímamót í stefnu Sovétríkjanna varðandi heimskautshéruðin. Hafin var samvinna vísindamanna í Alþjóðlegu heimskautsvísindanefndinni (IASC) 1989, finnska heimskautsverkefnið á sviði umhverfismála hófst 1991 og í maí 1992 stigu ríkin sem eiga land að norðurheimskautinu, þó með almennum fyrirvara af hálfu Bandaríkjamanna, fyrsta skrefið í átt til þess að stofna „Heimskautsráð" (Arctic Council) sem vera

skal regnhlífarsamtök um samvinnu á heimskautssvæðunum, og var þetta gert að frumkvæði Kanadamanna. Árið 1989 var stofnað til óformlegrar svæðisbundinnar samvinnu á Heimskautsvettvangi (Arctic Forum) og í júní 1991 hafði Alþjóðlega ráðstefnan um heimskautssvæðin (ICC) frumkvæði að því að leiðtogar ríkjanna sem eiga land að heimskautssvæðunum komu saman til fundar.

Áhugi nágrannaríkja á heimskautssvæðinu fyrir samvinnu hefur einnig aukist á undanförnum árum. Utanríkisráðherra Noregs lagði við upphaf þessa árs fram áætlanir um samvinnu á þeim heimskautssvæðum sem tilheyra Evrópuríkjum—og er þar fyrst og fremst átt við fylkin í Norður-Noregi og svæðið umhverfis Múrmansk—einkum með áherslu á stækkað Evrópubandalag, „Evrópu jaðarsvæðanna“ og boðaði til fundar í janúar 1993 með þeim ríkisstjórnum sem áhuga hafa. Finnar hafa nýlega lagt fram tillögu um samvinnu um opnun siglingaleiðar til Austurlanda fjær norðan Rússlands.

En heimskautssvæðin eru ekki endilega hagsmunamál allra Norðurlanda. Finnland og Svíþjóð liggja ekki að norðurhöfum. Samar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð vilja gjarnan öðlast sjálfstjórn. Á Grænlandi eru ínúítar í meirihluta og hafa víðtæka sjálfstjórn. Noregur á sameiginlegra hagsmuna að gæta með Rússum í norðri og enn er eftir að ganga frá því hvar draga beri mörkin milli ríkjanna í Barentshafi. Íslendingar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta með Kanadamönnum, Grænlendingum, Norðmönnum og Rússum.

187. Fyrirspurn [162. mál]

til utanríkisráðherra um framtíð herstöðvarinnar í Keflavík.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hverjar urðu helstu niðurstöður þeirra viðræðna sem áttu sér stað í september sl. milli fulltrúa íslenskra og bandarískra yfirvalda
a. um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og annars staðar á vegum hersins,
b. um framtíð herstöðvarinnar í Keflavík?

188. Fyrirspurn [163. mál]

til félagsmálaráðherra um kjör sjómanna á kaupskipum.

Frá Svavari Gestssyni.

Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir því að Ísland fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 147 „um lágmarkskröfur á kaupskipum“?

189. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum, nr. 63/1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41/1930. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna. Með lögum nr. 67/1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og undirmanna á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. undirmenn á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 22. nóvember 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar.“ Í 87. gr. kemur fram að skipstjóri geti ráðið skipverja til tiltekinnar ferðar eða í tiltekinn tíma.

Í sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um er að ræða stýrimann og vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur.“

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. desember 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar.“ Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta árs 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og í upphafi greinargerðar kemur fram hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frumvarp til breytingar á sjómannalögum lagt fram.

190. Fyrirspurn [165. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd ýmissa ákvæða sjómannalaga.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er réttarstaða íslenskra sjómanna sem ráðnir eru á erlend kaupskip í leigu hjá íslenskum kaupskipaútgerðum, sbr. 1. gr. sjómannalaga?
2. Hefur samgönguráðuneytið sett nánari reglur um form ráðningarsamnings milli útgerðarmanns og skipverja, sbr. 6. gr. laganna? Ef svo er ekki, telur ráðherra ekki ástæðu til að reglur um form og efni ráðningarsamninga verði settar?
3. Hefur samgönguráðherra sett reglur um læknisskoðun skipverja skv. 3. mgr. 8. gr. sjómannalaga?

Skriflegt svar óskast.

191. Fyrirspurn [166. mál]

til utanríkisráðherra um gerðir sem EB hefur samþykkt eftir mitt ár 1991 á sviði EES-samnings.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hve margar gerðir hefur Evrópubandalagið samþykkt eftir mitt ár 1991 á sviði EES-samnings og hvert er efni þeirra hverrar um sig?
2. Hve margar gerðir eru nú á undirbúningsstigi og um hvað fjalla þær?

Greinargerð.

Á þskj. 81 (33. mál) kemur fram í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn að allmargar gerðir hafa verið samþykktar innan EB sem varða viðskipti á hinum sameiginlega markaði EES-ríkja frá því samningaviðræðum um EES lauk. Þær eru því ekki hluti EES-samnings. Einnig kemur þar fram að verið sé að fjalla um gerðir sem enn eru í tillöguformi en hafa ekki hlotið samþykki Evrópubandalagsins. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hvaða samþykktum Evrópubandalagsins Alþingi stæði frammi fyrir á næstu mánuðum ef svo fer að EES-samningurinn verði staðfestur.

Skriflegt svar óskast.

192. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins.

Flm.: Svavar Gestsson, Jón Helgason, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd er hafi það verkefni að undirbúa af hálfu Alþingis 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins 1994. Nefndin kýs sér sjálf formann og kostnaður af störfum hennar skal greiddur af Alþingi.

Nefndin skal skila heildartillögum fyrir vorið 1993 þannig að tillögur hennar megi koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994.

Jafnframt samþykkir Alþingi að fela stjórnarskrárnefnd að skila í tæka tíð tillögum um nýja stjórnarskrá svo að unnt verði fyrir 50 ára afmælið að samþykkja nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Greinargerð.

Aðeins tæp tvö ár eru þar til lýðveldið Ísland á 50 ára afmæli. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að undirbúa afmælið með viðeigandi hætti. Alþingi hefur jafnan skipað öndvegi við undirbúning stærri hátíðahalda þjóðarinnar. Því er eðlilegt að Alþingi hafi forustu um hátíðahöld á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Hér verður ekki gerð tilraun til þess að birta neins konar yfirlit yfir það sem gera mætti í tilefni hátíðarinnar. Benda má þó á átak í menningarmálum, bæði almennt og á einstökum sviðum menningar, átak í umhverfismálum o.fl.

Í tillögunni sjálfri er hins vegar kveðið á um það að flýtt verði af þessu tilefni endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sá dráttur, sem orðið hefur á því verki, hlýtur að vera Alþingi áhyggjuefni. Því er lagt til að þannig verði á málum haldið að Alþingi nái að samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir 50 ára afmælið. Hér er átt við almenn ákvæði stjórnarskrárinnar en ekki þau sem lúta að kosningalögunum. Um þau gilda allt önnur lögmál og reynslan sýnir að það er ekki affarasælt að blanda þessum málum saman.

Í framsögu verður greint frá ýmsum hugmyndum sem til greina koma við það að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. Í umræðum um tillöguna geta líka komið fram tillögur sem vafalaust geta orðið nefndinni, sem tillagan fjallar um, styrkur í starfi á komandi mánuðum.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi en komst þá ekki til umræðu.

193. Fyrirspurn [168. mál]

til landbúnaðarráðherra um landbúnaðarstefnu.

Frá Jóni Helgasyni.

Hver eru aðalatriðin í landbúnaðarstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

194. Fyrirspurn [169. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sjávarútvegsstefnu.

Frá Jóni Helgasyni.

Hver eru aðalatriðin í stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í málefnum fiskveiða og fiskvinnslu?

195. Fyrirspurn [170. mál]

til samstarfsráðherra norrænna málefna um mannréttindi í Eystrasaltsríkjunum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hefur norræna ráðherranefndin vakið athygli yfirvalda í Eystrasaltsríkjunum á ólíkum viðhorfum Norðurlandaþjóða annars vegar og í Eystrasaltsríkjunum hins vegar til borgaralegra réttinda íbúanna, t.d. réttinda til þátttöku í almennum kosningum?
2. Telur ráðherranefndin ástæðu til að kynna sér þessi mál með tilliti til fyrirhugaðrar samvinnu Norðurlandaþjóða og Eystrasaltsríkjanna og verulegra fjárframlaga sem Norðurlandaþjóðir hyggjast leggja fram til að styrkja tvíhliða samvinnu?

196. Svar [120. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá árinu 1991 um að komið skyldi á fót á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála í kjördæmum landsins?

Heilbrigðisráðherra skipaði með bréfi dags. 25. september 1991 nefnd til að endurskoða lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Í nefndinni eiga sæti Ingimar Sigurðsson forstjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður og Gunnar Ingi Gunnarsson heilsugæslulæknir.

Var nefndinni falið að hafa áðurnefnda þingsályktun til hliðsjónar við endurskoðunina og er ráðuneytinu kunnugt um að svo hefur verið gert. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

197. Fyrirspurn [171. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengis- og vímuefnameðferð árið 1991.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve margar stofnanir og heimili sáu um áfengis- og vímuefnameðferð árið 1991?
2. Hve margir komu á hvert þeirra og hver var meðallengd dvalar þeirra? Óskast sundurliðað eftir heimilum.
3. Hve háar fjárveitingar voru til hvers heimilis fyrir sig? Óskast sundurliðað eftir heimilum.

Skriflegt svar óskast.

198. Fyrirspurn [172. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengis- og vímuefnameðferð.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hve margir aðilar sjá um áfengis- og vímuefnameðferð hér á landi og hverjir eru þeir?

Skriflegt svar óskast.

199. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Að úttektinni verði unnið samhliða rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni á lífríki svæðisins og fyrstu niðurstöðum skilað og þær kynntar Alþingi fyrir febrúarlok 1993.

Greinargerð.

Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá. Því valda ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar.

Mývatnssveit er þjóðgarðsígildi og hefur auk þess fengið alþjóðlega stöðu í náttúruvernd með því að flokkast undir Ramsar-sáttmálann. Svæðið er einstakt á heimsmælikvarða, bæði sökum lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla og vaxandi fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína.

Uppbygging og rekstur Kísiliðjunnar hf. í Mývatnssveit frá árinu 1967 að telja hefur haft mikil áhrif á byggðarlagið og verið aðalundirstaðan undir fjölgun íbúa frá því sem áður var. Starfsemi verksmiðjunnar hefur frá upphafi verið umdeild og margir hafa haft áhyggjur af því að rekstur hennar hefði neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Þessar áhyggjur hafa ýtt undir rannsóknir og með lögunum um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins var sett á fót sérstök rannsóknastöð við Mývatn.

Nefndir sérfræðinga hafa starfað á vegum stjórnvalda til að fá sem gleggsta mynd af lífríki Mývatns og til að láta kanna hugsanleg áhrif af starfsemi verksmiðjunnar á það. Í júlí 1991 skilaði sérfræðinganefnd á vegum umhverfisráðuneytisins áliti um „áhrif Kísiliðjunnar hf. á lífríki Mývatns“ og í framhaldi af því setti iðnaðarráðherra á fót sérfræðingahóp til að móta tillögur um frekari rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Sá hópur skilaði tillögum 25. mars 1992 og í samræmi við þær verða nú hafnar rannsóknir á vegum umhverfisráðuneytis á áhrifum efnistöku af botni Mývatns. Þessar rannsóknir eiga að varpa ljósi á þá spurningu hvort og hversu lengi sé ráðlegt að halda áfram kísilgúrtöku af botni Mývatns og þá um leið starfrækslu verksmiðjunnar.

Hér er um svo afdrifaríkt mál að ræða fyrir samfélagið við Mývatn að óverjandi er annað en að stjórnvöld láti samhliða kanna möguleika á þróun atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja byggð og sjálfbæra þróun í Mývatnssveit. Það er nú orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og óvissu eigi að meta náttúruverndinni í vil. Það getur varla orkað tvímælis að slíka reglu beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggja flutningsmenn þessarar tillögu áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Tillaga þessi var flutt síðla á 115. löggjafarþingi en komst þá ekki til umræðu. Svipuð tillaga um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit var flutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Er hún prentuð sem fylgiskjal hér á eftir ásamt fréttatilkynningu umhverfisráðuneytis frá 27. mars 1992 um námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn. Einnig fylgir útdráttur úr skýrslu ráðgjafarhóps um könnun á áhrifum kísilgúrnáms á setflutninga í Mývatni og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 731 bls. 4562–4573 í A-deild Alþt. 1991–92.

200. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta athuga kosti þess að flytja höfuðstöðvar og starfsemi Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur. Verði niðurstaða hennar jákvæð hefji ráðherra þegar undirbúning að flutningnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi, henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur orðið mikil umræða um björgunarstarf Landhelgisgæslunnar í framhaldi af samþykktum Alþingis um kaup á nýrri björgunarþyrlu. Við undirbúning ríkisstjórnar og dómsmálaráðherra að framkvæmd þessara samþykkta er fjallað um rekstrarskipulag gæslunnar og um samstarf hennar við björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hlutverk Landhelgisgæslunnar í björgunarstarfi við strendur landsins hefur ávallt verið mikið og mikilvægt. Með tilkomu þyrlureksturs gæslunnar hefur það vaxið og jafnframt náð til björgunar- og leitarstarfa á hálendi og í óbyggðum. Hlutverk hennar í björgunarstarfi hefur vaxið svo að það er nú einn veigamesti þátturinn í starfsemi hennar. Er því nauðsynlegt að við athugun á rekstrarskipulagi hennar og starfsemi verði brugðið ljósi á það hvar henni verði best valinn staður til frambúðar með tilliti til björgunarstarfa hér á landi og hins mikilvæga hlutverks sem hún gegnir í þeim.

Margt mælir með staðsetningu í Keflavík og verður hér á eftir gerð grein fyrir nokkrum atriðum:

— Höfnin Keflavík-Njarðvík er allstór og vaxandi. Á Suðurnesjum eru fiskihafnir í öllum sveitarfélögunum sjö. Í Grindavík og Sandgerði eru stórar fiskiskipahafnir og er mikil útgerð stunduð þaðan.

— Keflavíkurflugvöllur er best búni flugvöllur landsins, raunar einn af best búnu og öruggustu flugvöllum við norðanvert Atlantshaf. Nálægð hans við stóran hluta af fiskihöfnum landsins og siglingaleiðir að og frá þeim er ákjósanlegur kostur í björgunarstarfinu.

— Á Keflavíkurflugvelli er starfrækt björgunarsveit varnarliðsins og hefur hún yfir mun betri tækjum að ráða en við Íslendingar. Sveitin ræður yfir fleiri björgunarþyrlum en við, en einnig ræður varnarliðið yfir einstæðri tækni til eldsneytistöku á flugi. Rætt er um aukið og nánara samstarf Landhelgisgæslunnar við sveitina. Einnig kem-

ur til álita að Íslendingar taki að sér umtalsverð verkefni í starfi björgunarsveitar varnarliðsins, t.d. í björgunar- og leitarfluginu, sem mundi auðvelda samskiptin við íslenska aðila. Þá er álitsvert að stofna ásamt varnarliðinu til alþjóðlegrar björgunarsveitar sem hafi aðsetur á Íslandi og sinni þaðan björgunar- og leitarstörfum langt út frá landi og til fjalla um landið allt.

— Á Keflavíkurflugvelli rís nú þjónustumiðstöð Flugleiða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þangað mun félagið flytja allt viðhald á flugflota sínum, svo og á þeim flota Landhelgisgæslunnar sem það annast viðhald á. Með því verður á Keflavíkurflugvelli mjög góð og öflug aðstaða til að veita flugrekstri af því tagi, sem gæslan viðhefur, alla nauðsynlega þjónustu.

— Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðaflugvöllur landsins. Hann gegnir lykilhlutverki í samgöngum um norðanvert Atlantshaf, m.a. með starfrækslu flugstjórnarmiðstöðvar fyrir afar stór hafsvæði. Öryggismál þessara samgangna, t.d. leitar- og björgunarstarfsemi, hljóta að hvíla á herðum Íslendinga.

— Á Keflavíkurflugvelli hafa Íslendingar gegnt stóru hlutverki í öryggismálum varnarliðsins, m.a. með því að stjórna og manna slökkvilið vallarins sem mikið orð fer af. Eðlilegt framhald þessa væri vaxandi þátttaka Íslendinga í starfi að fleiri öryggisþáttum og er björgunar- og leitarstarf rökrétt framhald.

— Að lokum er æskilegt að kanna eftir föngum kosti og ókosti þess að staðsetja stjórnsýslu- eða löggæslustofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands utan höfuðborgarsvæðisins og þá út frá fjárhagslegum og faglegum sjónarmiðum varðandi þá starfsemi sem í hlut á, svo og út frá sjónarmiðum byggðastefnu. Í því sambandi er sérstök ástæða til að skoða með gagnrýni mikilvægi eða nauðsyn þess að slíkar stofnanir starfi einungis á höfuðborgarsvæðinu.

201. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á landgræðslulögum, nr. 17 24. apríl 1965.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Össur Skarphéðinsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi Landgræðslunnar skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

Ef eigandi eða leigutaki vill fá landið fyrr en landgræðslustjóri telur hæfilegt eða vill ekki sætta sig við reglur landgræðslustjóra um meðferð landsins getur eigandi eða leigutaki áfrýjað til landbúnaðarráðherra sem skeri úr málinu að fengnu áliti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands.

Aldrei skal þó halda landi fyrir landeiganda lengur en í 30 ár enda skuldbindi landeigandi sig til að viðhalda og bæta það gróðurfar sem þá er á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessari breytingu, sem hér er verið að leggja til á landgræðslulögum, er tvennt haft að leiðarljósi. Í fyrsta lagi er eðlilegt að hægt sé að áfrýja ágreiningsmálum við landgræðsluna til æðra stjórnvalds. Í annan stað verður að líta svo á að uppgræðsla á ákveðnu landsvæði sé tímabundið verkefni og að viðhald gróðurs og frekari uppgræðsla sé eðlilegt verkefni landeiganda.

Eignarrétti á landi eiga að fylgja skyldur samhliða réttindum. Það er aftur á móti óeðlilegt að Landgræðslan taki land til uppgræðslu en sinni lítt því verkefni, m.a. vegna féleysis, en haldi landinu fyrir eiganda þess áratug eftir áratug án þess að skila því.

202. Fyrirspurn [176. mál]

til félagsmálaráðherra um launabreytingar hjá forstjórum o.fl.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvaða launabreytingar hafa orðið hjá forstjórum, framkvæmdastjórum, forstöðumönnum, sveitarstjórum og bæjarstjórum á þjóðarsáttartímabilinu?

Óskað er eftir sundurgreindu svari eftir starfshópum.

Skriflegt svar óskast.

203. Fyrirspurn [177. mál]

til félagsmálaráðherra um könnun á atvinnuleysi.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Má vænta þess að ráðherra beiti sér fyrir könnun á atvinnuleysi í landinu með skoðanakönnunum eða öðrum úrtakskönnunum eins og gert er erlendis?

204. Fyrirspurn [178. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt og svarta atvinnustarfsemi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur á síðustu tveimur árum farið fram könnun á umfangi virðisaukaskattssvika og svartri atvinnustarfsemi?
2. Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar könnunar?

205. Fyrirspurn [179. mál]

til landbúnaðarráðherra um landeyðingu vegna ágangs straumvatna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur farið fram heildarúttekt á landeyðingu vegna ágangs straumvatna?
2. Ef svo er, á hvaða svæðum er talið að þessi landeyðing sé hvað mest og hröðust?
3. Hefur ráðuneytið unnið að því að raða varnaraðgerðum vegna ágangs straumvatna í forgangsröð?
4. Ef svo er, hverjar eru þær varnaraðgerðir og hver er áætlaður heildarkostnaður við þær?

Skriflegt svar óskast.

206. Fyrirspurn [180. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðislán.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til nýbygginga á árinu 1991 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi,
   a. í húsbréfakerfinu,
   b. í félagslega kerfinu,
   c. í almenna húsnæðislánakerfinu?
2. Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til viðhalds og endurbóta á árinu 1991 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi?
3. Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til nýbygginga fyrstu sex mánuði ársins 1992 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi,
   a. í húsbréfakerfinu,
   b. í félagslega kerfinu,
   c. í almenna húsnæðislánakerfinu?
4. Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til viðhalds og endurbóta fyrstu sex mánuði ársins 1992 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi?

Skriflegt svar óskast.

207. Fyrirspurn [181. mál]

til félagsmálaráðherra um óafgreiddar umsóknir í félagslega húsnæðiskerfinu.

Frá Margréti Frímannsdóttir.

Hve margir voru á biðlista með fullgildar óafgreiddar umsóknir um félagslegt húsnæði, skipt niður á skattumdæmi,
a. 1. júlí 1991,
b. 1. júlí 1992?

Skriflegt svar óskast.

208. Fyrirspurn [182. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvert er hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva?
2. Hverjar voru heildartekjur sjóðsins 1991?
3. Hverjir skipa stjórn og úthlutunarnefnd þessa sjóðs?
4. Hverjir hlutu styrk úr sjóðnum 1991 og 1992, hversu háan og til hvaða verkefna?
5. Hvernig hefur verið staðið að auglýsingum eftir styrkumsóknum, almennt og á þessu ári sérstaklega?
6. Hvernig er háttað skilagreinum um þau verkefni sem veitt hefur verið til?

Skriflegt svar óskast.

209. Fyrirspurn [183. mál]

til dómsmálaráðherra um meðlagsúrskurði.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hversu margir meðlagsúrskurðir voru gefnir út á ári á sl. fimm árum?
2. Í hve mörgum tilvikum var úrskurðað um lágmarksmeðlag?
3. Í hve mörgum tilvikum var úrskurðað hærra meðlag en sem nemur lágmarksmeðlagi,
   a. tímabundið,
   b. um ótilgreindan tíma?

4. Hver var meðalupphæð þeirra meðlaga sem voru hærri en lágmarksmeðlag?
5. Hver var upphæð hæsta úrskurðaðs meðlags á sl. fimm árum?

Skriflegt svar óskast.

210. Svar [119. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um aðgerðir vegna heilsutjóns af völdum háspennuvirkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Til hvaða aðgerða munu stjórnvöld grípa með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem benda til þess að háspennuvirki geti valdið krabbameini?

Þegar á árinu 1979 birtust rannsóknaniðurstöður er bentu til þess að fylgni væri á milli búsetu nærri háspennuvirkjum og sjaldgæfra krabbameina í börnum. Síðar hafa birst margar rannsóknir um heilsufarsleg áhrif rafsegulsviðs, sumar þeirra hafa stutt fyrri niðurstöður. Aðrar rannsóknir hafa ekki sýnt fram á samband þarna á milli. Á nokkurra vikna tímabili, frá miðjum september til októberbyrjunar 1992, var skrifað í fjölmiðlum annars staðar á Norðurlöndum um frumniðurstöður fjögurra rannsókna, tveggja sænskra og tveggja danskra, er allar fjalla um heilsufarsleg áhrif rafsegulsviðs. Tvær byggjast á rannsóknum á starfshópum, sem útsettir eru fyrir rafsegulsvið, tvær eru rannsóknir á börnum búsettum þar sem vitað er að áhrifa rafsegulsviða gætir meira en annars staðar.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa enn ekki birst í vísindaritum og eru rannsóknaraðilar afar varkárir í túlkunum á niðurstöðum. Telja þeir að ekki sé komin sönnun á orsakasamhengi rafsegulsviðs og krabbameina.

Niðurstaðan er því sú að áfram þurfi að fylgjast náið með rannsóknum á heilsufarslegum áhrifum rafsegulsviðs og mun ráðuneytið leita samstarfs við aðra aðila í því skyni.

211. Frumvarp til laga [184. mál]

um flutning ríkisstofnana.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að jafna aðstöðu landsmanna gagnvart rekstri ríkisstofnana. Á næstu tíu árum skal vinna eftir áætlun um flutning ríkisstofnana út á land, sbr. 3. gr. Forsætisráðherra fer með þau málefni sem lögin varða.

2. gr.

Við lok tímabilsins skulu 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknuð sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara fram utan höfuðborgarsvæðisins.

Ákvæði varðandi einstakar stofnanir skal setja í sérlög þeirra.

3. gr.

Byggðastofnun skal annast áætlunargerð og umsjón samkvæmt lögum þessum fyrir hönd forsætisráðherra. Forsætisráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd áætlunarinnar í árlegri skýrslu sinni um Byggðastofnun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á allra síðustu árum hefur verið vaxandi umræða um uppbyggingu opinberrar þjónustu hér á landi. Fyrir þann tíma hafði nánast öll umræða um eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni beinst að framleiðslugreinunum. Það er ekki fyrr en augu manna opnast fyrir því hve þjónustustarfsemi er orðin afgerandi þáttur í atvinnulífinu, og þá sérstaklega hvað varðar ný störf, að umræða hefst í alvöru um að ekki sé gefið að hagkvæmt sé að nánast öll sameiginleg starfsemi þjóðarinnar fari fram á einum stað. Í framhaldi af því hefur komið upp umræða um að æskilegt geti talist að flytja ríkisstofnanir út á land. Sú umræða hefur verið handahófskennd og æskileg markmið hefur skort. Leiða má að því líkur að í þjóðfélagi, þar sem sífellt færri hendur vinna við að sinna frumþörfum þegnanna, ráði þróun þjónustugreinanna stöðugt meira um atvinnuþróun og búsetu. Ef til vill finnst einhverjum að þau markmið, sem hér eru sett fram, beri ekki vott um mikinn metnað, þ.e. að tæp 8% af núverandi umfangi ríkisrekstrar verði flutt út á land. Þess ber hins vegar að gæta í þessu sambandi að á síðustu árum hefur hallað á hina hliðina. Á árunum 1983 til og með 1991 hafa launagreiðslur ríkisins á landsbyggðinni dregist hlutfallslega saman um 6% á meðan íbúum hefur fækkað um 4%. Af því má ráða að hér er verið að leggja til að þessari þróun verði snúið við á mjög róttækan hátt. Þetta gerist á sama tíma og átt hefur sér stað veruleg uppbygging á landsbyggðinni á sviði heilsugæslu, sjúkrahúsa og framhaldsskóla. Það má því draga þá ályktun að verði ekki spyrnt við fótum muni þessi þróun verða enn hraðari. Með þessu frumvarpi er á engan hátt verið að vinna gegn hagsmunum höfuðborgarinnar.

Flutningsmenn telja að öflugt höfuðborgarsvæði eigi að geta verið stolt allrar þjóðarinnar. Hins vegar er jafnljóst að flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í þeim mæli, sem spáð er á næstu árum, er engum til góðs. Slíkri þróun munu fylgja ófyrirséð félagsleg og efnahagsleg vandamál. Það er skoðun flutningsmanna að þeim markmiðum, sem sett eru fram í frumvarpi þessu, sé hægt að ná án þess að á nokkurn hátt sé vikið frá hagkvæmnisjónarmiðum í rekstri ríkisstofnana. Reyndar má leiða að því líkur að slík þróun geti á mörgum sviðum gert hið opinbera kerfi skilvirkara og sveigjanlegra, m.a. með því að færa verkefni til sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Flutningsmenn telja að hér sé um það stórt mál að ræða og þróun þess geti haft svo afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun íslensks þjóðfélags að full ástæða sé til að setja lög þar um þannig að fyrir liggi skýr ákvörðun Alþingis í málinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Breytingin miðast við stöðuna eins og hún var á árinu 1991. Miðað er við greidd laun hjá Launaskrifstofu ríkisins og sjúkrastofnunum á þeim tíma og markmið frumvarpsins

reiknað út frá þeim. Á þeim tíma var skiptingin eftirfarandi: Höfuðborgarsvæðið 67,63% og landsbyggðin 32,37%. Markmiðum frumvarpsins er hægt að ná m.a. með flutningi ríkisstofnana í heilu lagi á lengri eða skemmri tíma, með flutningi á hluta af stofnunum, með samningum við einstaklinga eða félög um sérstök verkefni eða flutningi verkefna til sveitarfélaga eða samtaka þeirra.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

212. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um aukna hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar.

Flm.: Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson, Ragnar Arnalds, Margrét Frímannsdóttir, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera framkvæmdaáætlun um aukna hlutdeild innlendrar orku í orkubúskap landsmanna.

Grundvallaratriði áætlunarinnar verði:

1. að draga úr viðskiptahalla og draga úr gjaldeyriseyðslu við innflutning á orku,
2. að fjölga atvinnutækifærum,
3. að orkunotkun með endurnýjanlegum orkugjöfum hafi jafnan forgang fram yfir þá orkugjafa sem valda mengun.

Ríkisstjórnin skal við undirbúning málsins hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, svo sem Orkustofnun, Landsvirkjun, Samband íslenskra rafveitna, Samband íslenskra hitaveitna og stærstu notendur.

Ríkisstjórnin skal fyrir árslok 1993 gefa Alþingi skýrslu um áætlunina og árangur þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til.

Greinargerð.

Þrátt fyrir stórfellda framleiðslu raforku umfram þarfir markaðarins á síðustu missirum hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að auka notkun raforku sem framleidd er hér á landi. Þvert á móti er það svo að notkun á innfluttu eldsneyti fer vaxandi. Augljóst er að ávinningurinn af slíkum aðgerðum er þó margþættur:

Í fyrsta lagi er verulegt orkumagn framleitt hér á landi en ekki notað. Í öðru lagi mundi aukin notkun raforku spara gjaldeyri og draga úr viðskiptahallanum. Í þriðja lagi mundi skipulegt átak í þessum efnum auka hagvöxt og fjölga atvinnutækifærum. Í fjórða lagi er hér um umhverfisaðgerð að ræða þar sem veruleg mengun fylgir keyrslu olíustöðva til orkuframleiðslu.

Í blaðagrein, sem birtist í Morgunblaðinu 13. ágúst sl., rakti einn flutningsmanna þetta mál ítarlega. M.a. var bent á nokkur svið þar sem auka mætti notkun innlendrar raforku í stað innflutts eldsneytis:

1. Það heyrir nú sögunni til að skip notist við rafmagn úr landi þegar þau eru látin liggja í höfn. Í staðinn keyra skipin ljósavélarnar þegar þau liggja í höfnum. Þarna liggur umtalsverður markaður fyrir íslenska raforku, auk þess sem það er ólíkt þrifalegra að nota rafmagn en olíu frá dísilvélum. Þeim fylgir leiðinlegur hávaði auk

mengunar í andrúmslofti. Nú hefur verið skipuð nefnd til að kanna þessi mál sérstaklega.
2. Það mun færast í vöxt að bakarí taki í notkun ofna sem brenna gasi í stað rafmagns.
3. Þá hafa mjólkursamlögin og matvælaiðnaðurinn í heild ekki nýtt sér þá möguleika sem innlend orkuframleiðsla skapar, t.d. við gufuframleiðslu. Fyrirtæki hafa jafnvel lagt niður rafskautskatla og hafa í staðinn tekið í notkun svartolíukatla.
4. Flestar ef ekki allar loðnubræðslur landsins brenna innfluttri olíu til framleiðslu á gufu og fullnægja margar allri sinni orkuþörf með innfluttu eldsneyti. Oft er raforkuþörfinni fullnægt með raforkuframleiðslu inni í verksmiðjunum.
5. Fjöldi fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði hefur komið sér upp varaafli í þeim tilgangi einum að keyra niður toppa í hámarksnotkun fyrirtækjanna á raforku í því skyni að lækka raforkureikninginn.
6. Fjöldi veitingastaða hefur tekið upp notkun á gasi í stað raforku, ekki einungis vegna þess að gasið sé stundum heppilegra til eldamennsku, heldur líka vegna þess að það er ódýrara en rafmagnið.
7. Með skynsamlegri gjaldskrárstefnu mætti einnig stórauka raforkunotkun í gróðurhúsum og ylrækt hvers konar bæði til upphitunar og lýsingar.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi og ávinningurinn er augljós eins og áður segir:

1. Hluta núverandi umframorku yrði komið í verð.
2. Gjaldeyrir sparaðist og viðskiptahalli minnkaði.
3. Í slíku átaki fælist að umhverfisvæn orka útrýmir mengandi orkunotkun.
4. Með átaki af þessu tagi má hugsa sér að almenn atvinnustarfsemi aukist og með skipulegu átaki mætti þannig blása lífi í annars staðnað atvinnulíf þar sem svartsýnin ræður ríkjum.

Í lok greinarinnar segir:

„Hér vantar kjark og pólitíska forustu til þess að ákveða að gera nú meiri háttar átak til að stórauka nýtingu innlendrar orku bæði í atvinnurekstri sem fyrir er og til hvers kyns nýsköpunar og nýrra möguleika á þessu sviði með hagstæðum tilboðum, t.d. í takmarkaðan árafjölda, til nýrra notenda eða til viðbótarkaupa núverandi orkunotenda . . .“

Orkuspáin.

Í Orkuspá 1992–2020 birtist afar margt fróðlegt um þessi efni og upplýsingar um væntanlega þróun á komandi árum, svo og um orkunotkun og þróun hennar á undanförnum árum. Ekki verður reynt að endursegja það hér utan nokkra þætti sem koma þessari þingsályktunartillögu beinlínis við.

Um 3% af húsakosti landsmanna, íbúðum, eru nú hituð með olíu. Notkun olíu til hitunar og þurrkunar í heild nemur tæpum 80.000 tonnum á ári og er notkun fiskimjölsverksmiðja þar langmest.

Raforkunotkun alls í iðnaði er um 20% af almenna markaðinum og nam hún um 400 gígavattstundum á árinu 1990. Í skjölum orkuspárnefndar er viðurkennt að raforka eða jarðvarmi gæti leyst olíuna alveg af hólmi í fiskimjölsiðnaðinum. Skýrt er frá því (bls. 135) að ein slík verksmiðja hefur hafið kaup á ótryggu rafmagni og var notkunin í þessari einu verksmiðju um 8 gígavattstundir. Í skýrslu sinni gerir orkuspárnefnd ráð fyrir því að aukning raforkunotkunar í fiskimjölsiðnaði geti aukist um 20 gígavattstundir fram til aldamóta og um 50 gígavattstundir út spátímabilið, þ.e. til 2020.

Mjólkuriðnaðurinn notar nú 26 gígavattstundir af raforku á ári, brauð- og kökugerð notar 14 gígavattstundir af raforku. Þá má benda á að þjónustugreinar af margvíslegu tagi

notuðu 420 gígavattstundir af raforku árið 1990 sem er um 21% af almennri raforkunotkun í landinu. Því er spáð að allar þessar greinar muni bæta við sig verulegri orkunotkun á næstu árum. Spurningin er sú hvort ekki er unnt að flýta þeim áætlunum með skipulegu átaki.

Nú er talsvert um það að sundlaugar séu hitaðar með olíuvélum og hið sama er að segja um skólahúsnæði. Alls gæti hér verið um að ræða markað sem er 15 gígavattstundir á ári, segir orkuspárnefnd, þótt ekki sé við því að búast að öll sú notkun færist yfir á raforku. Raforka til garðyrkju og ylræktar, sem nefnd var hér að framan, tvöfaldaðist frá 1985 til 1991, á aðeins sex árum. Enn gæti orðið og mætti verða framhald á þeirri þróun.

Í spá orkuspárnefndar er gert ráð fyrir að almenn notkun raforku aukist nokkuð en á árinu 1991 nam hún 1.977 gígavattstundum. Spáð er eftirfarandi orkunotkun:

Árið 1995 2.101 gígavattstund.
Árið 2000 2.295 gígavattstundir.
Árið 2010 2.736 gígavattstundir.
Árið 2020 3.269 gígavattstundir.

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir aukningu sem nemur 130 gígavattstundum út árið 1995. Hér verður sett fram sú fullyrðing að þessari orku megi allri koma út til arðbærra verkefna á allra næstu missirum. Þessi orka er til reiðu, ónotuð, og skapar engan hagvöxt né atvinnutækifæri eins og sakir standa.

Samband íslenskra rafveitna hefur vakið athygli á þessum málum og hefur m.a. framkvæmt könnun vegna hugmynda sem uppi hafa verið um að auka hlutdeild raforku í orkubúskap þjóðarinnar. Tafla, sem starfsmaður sambandsins hefur tekið saman, fylgir þessari greinargerð sem fylgiskjal auk þess sem greint verður nánar frá efni málsins í framsöguræðu.

Fylgiskjal.

Eiríkur Þorbjörnsson,
Sambandi íslenskra rafveitna:

Markaðskönnun fyrir iðnaðarráðuneyti.
(10. mars 1992.)

RAFORKUVEITA	Áætluð aflnotkun kW		Áætluð orkunotkun MWh	Notkunarsvið	Athugasemdir
Akranes	4000	=>	8000	rafþurrkun fiskimjöls	
Akureyri					
Borgarnes	500		900	mjólkursamlag	háð raforkuverði
	300		600	fóðurverksmiðja	háð raforkuverði
	300		650	plastverksmiðja	háð raforkuverði
	40	=>	150	næturhitun	háð raforkuverði
Hveragerði	2500	=>	9000	gróðurhúsalýsing	markaðsóvissa
Sauðárkrókur	150	<=	450	forþurrkun á sandi	40000 l olía
	500	<=	1000	gufuframleiðsla	of dýr raforkuflutningur
Selfoss				bakarí	framleiðsluk.: 1,20 kr/kWh !
Suðurnes					
Vestmannaeyjar	1000		2000	skiparafmagn	
	750	<=	3000	hitun húsnæðis	erfitt að keppa við
Samtals:	*10040*	*kW*	*25750*	*MWh*	

=> áætl. EÞ byggð á tölum til vinstri
<= áætl. EÞ byggð á tölum til hægri

Rétt er að taka fram að hér er um lauslega úttekt á málinu að ræða og að hjá þeim veitum, sem engar tölur birtast um, er ekki sjáanleg aukning.

213. Beiðni um skýrslu [186. mál]

frá menntamálaráðherra um rannsókna- og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds og Steingrími J. Sigfússyni.

Með tilvísun til 46. gr. þingskapa er óskað eftir því að menntamálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um stefnu ríkisstjórnarinnar að því er varðar rannsókna- og þróunarmálefni og vísindastarfsemi hér á landi. Í skýrslunni verði birt afstaða ráðherra til þeirrar skýrslu sem sérfræðingar OECD sendu frá sér um rannsóknastarfsemi á Íslandi í október 1992. Þá verði greint frá afstöðu ríkisstjórnarinnar til yfirlýsingar fyrri stjórnar um vísinda- og tæknistefnu.

Um yfirlýsingu síðustu ríkisstjórnar um vísinda- og tæknistefnu vísast til þskj. 591 bls. 3245–3247 í A-deild Alþt. 1990–91.

Yfirlýsingunni fylgdi síðan ítarleg greinargerð.

214. Svar [95. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um samninga um álbræðslu á Keilisnesi.

1. *Hvaða samningar eru efnislega frágengnir milli stjórnvalda og Atlantal-fyrirtækjanna (Atlantsáls hf.) vegna álbræðslu á Keilisnesi?*

Fjórir samningar eru efnislega frágengnir milli stjórnvalda og Atlantsálsfyrirtækjanna um fyrirhugaða álbræðslu á Keilisnesi. Þessir samningar eru aðalsamningur, rafmagnssamingur, lóðarsamningur og hafnarsamningur. Enn eru þó nokkur atriði óútkljáð sem tengjast tímasetningu framkvæmda og upphaflegri framleiðslu og endanlegri útfærslu á nokkrum viðaukum með samningunum er m.a. þess vegna enn ólokið. Þá hefur umhverfisstarfsleyfi verið kynnt opinberlega.

2. *Hver eru helstu efnisatriði þessara samninga hvers um sig, að rafmagnssamningi við Landsvirkjun meðtöldum?*

Þar sem samningarnir hafa ekki verið bornir undir stjórnir þeirra aðila sem að þeim standa og eru enn óundirritaðir verður að líta á þá sem trúnaðarmál milli aðila. Einnig verður að líta á þá sem trúnaðarmál vegna gagnkvæmra viðskiptahagsmuna. Einstök ákvæði samninganna geta og enn breyst ef aðstæður breytast verulega. Ekki er rétt að tíunda á þessari stundu einstök ákvæði þeirra. Um einstaka samninga er þetta að segja:

2.1. Aðalsamningur.

Aðalsamningur verður gerður á milli ríkisstjórnar Íslands og þriggja erlendra fyrirtækja, eignarhaldsfélaga þeirra og sölufélags, auk Atlantsáls hf. Eignarhaldsfélögin og Atlantsál hf. verða stofnuð og starfrækt samkvæmt íslenskum lögum.

Í skýrslu iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991, þskj. 842, er í 7. kafla fjallað ítarlega um helstu ákvæði aðalsamnings. Frá þeim tíma hefur aðalsamningur lítið breyst efnislega. Vísað er til skýrslunnar hvað samninginn varðar.

2.2. Rafmagnssamningur.

Á milli Landsvirkjunar og Atlantsálsaðilanna hefur verið unnið að samningsgerð um orkusölu. Samkomulagsgrundvöllur liggur nú fyrir hvað snertir öll meginatriði samningsins, þar á meðal um tryggingar, ábyrgðir, orkuverðsskilmála, kaupskyldu og endurskoðunarrétt. Vísast að öðru leyti til skýrslu iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991.

2.3. Lóðarsamningur.

Vegna fyrirhugaðs álvers á Keilisnesi hefur meginverkefnið síðustu mánuði beinst að því að ljúka gerð lóðarsamnings og hafnarsamnings. Upphaflega voru uppi hugmyndir af hálfu Atlantsáls hf. um fulla eignaraðild fyrirtækisins á landi undir verksmiðjuna og höfn, svo og á höfninni sjálfri og öllum hafnarmannvirkjum. Horfið hefur verið frá þessum hugmyndum. Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi nægilegt landrými undir verksmiðjuna og höfn hennar sem Vatnsleysustrandarhreppur yfirtaki. Hreppurinn endurleigi síðan Atlantsál hf. nauðsynleg lóðarréttindi. Jörðin Flekkuvík hefur verið keypt af þessu tilefni. Lóðarsamningur verður því milli Vatnsleysustrandarhrepps annars vegar og Atlantsáls hf. hins vegar.

Þegar skýrsla iðnaðarráðherra var lögð fram í mars 1991 var vinna við lóðarsamning og hafnarsamning skammt á veg komin. Rétt er því að greina stuttlega frá helstu efnisákvæðum þessara samninga. Tekið skal skýrt fram að um nákvæma lýsingu er hins vegar ekki að ræða enda slíkt hvorki viðeigandi né rétt á þessari stundu.

Lóðarsamningur verður fimmtán greinar.

Í fyrstu grein eru helstu heiti og hugtök skýrð.

Önnur grein fjallar um stærð hins leigða lands og lóðarleigu. Í greininni er gert ráð fyrir að verksmiðjan þurfi 150 hektara lands og eigi möguleika á 50 hektara viðbótarlandi síðar gerist þess þörf til starfrækslu allt að 420 þúsund tonna álverksmiðju. Atlantsál hf. tekur við landinu við undirritun lóðarsamnings. Leigugjald er þegar ákveðið og sætir það breytingum samkvæmt byggingarvísitölu með ákveðnum takmörkunum.

Þriðja grein fjallar um skipulag svæðisins, verndarsvæði umhverfis verksmiðjulóðina, greiðslu Atlantsáls hf. á skipulagsgjaldi og ábyrgð gagnvart þriðja aðila.

Fjórða grein fjallar um vegagerð að verksmiðjunni frá Reykjanesbraut og nauðsynlegar framkvæmdir sveitarfélagsins vegna venjulegrar þjónustu þess við verksmiðjuna.

Fimmta grein fjallar um útgáfu byggingarleyfis vegna byggingarframkvæmda Atlantsáls hf. og greiðslu byggingarleyfisgjalda.

Í sjöttu grein er kveðið á um álagningu fasteignagjalda og greiðslu þeirra.

Sjöunda grein fjallar um þjónustu sveitarfélagsins við verksmiðjuna, svo sem útvegun ferskvatns og sorphirðu.

Í áttundu grein er fjallað um samningslok og skyldur aðila í því efni.

Í níundu grein er tekið fram að um skýringu, túlkun og framkvæmd samningsins fari samkvæmt íslenskum lögum.

Tíunda grein fjallar um lausn deilumála á sama hátt og sams konar grein aðalsamnings.

Ellefta grein fjallar um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra á ábyrgð aðila vegna van-

efnda af þeirra völdum á sama hátt og samsvarandi grein aðalsamnings.

Tólfta grein fjallar um gildistöku og gildistíma. Gildistaka miðast við sama dag og gildistaka aðalsamnings. Gert er ráð fyrir að gildistíminn verði 25 ár með rétti til framlengingar á fimm ára fresti um fimm ár hvert sinn.

Þrettánda grein fjallar um samningstexta sem eru jafngildir bæði á íslensku og ensku.

Fjórtánda grein fjallar um heimildir til framsals réttinda samkvæmt samningnum.

Loks er í fimmtándu grein fjallað um breytingar á samningnum, aðsetur aðila, lögheefi til undirritunar, ábyrgðir o.fl.

2.4. Hafnarsamningur.

Stofnaður verði sérstakur hafnarsjóður í eigu Vatnsleysustrandarhrepps um þá höfn sem gerð verður í þágu verksmiðjunnar. Hafnarlandið og höfnin verður í eigu hafnarsjóðsins og höfnin gerð á vegum hans. Aðilar hafnarsamnings verða því hafnarsjóður annars vegar og Atlantsál hf. hins vegar.

Hafnarsamningurinn verður sautján greinar.

Í fyrstu grein eru helstu heiti og hugtök skýrð.

Önnur grein fjallar um undirbúning hafnarframkvæmda og byggingu og viðhald hafnarinnar. Þar kemur fram að hafnarframkvæmdir verða á vegum hafnarsjóðs.

Þriðja grein fjallar um rétt Atlantsáls hf. til nauðsynlegra framkvæmda og bygginga á hafnarsvæðinu (kranar, færibönd o.fl.) vegna starfsemi verksmiðjunnar. Jafnframt eru í greininni ákvæði um notkun hafnarsjóðsins og þriðja aðila á hafnartækjum Atlantsáls hf.

Fjórða grein fjallar um hafnar- og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs og skyldur sjóðsins í því efni. Þá eru í greininni ákvæði um tiltekna greiðslu Atlantsáls hf. á kostnaði við hafnarframkvæmdir verði hætt við verksmiðjuna. Loks er í greininni vísað annars vegar til ábyrgðar ríkissjóðs á skuldbindingum hafnarsjóðs og hins vegar til ábyrgðar hluthafa Atlantsáls hf. gagnvart hafnarsjóðnum vegna skuldbindinga fyrirtækisins.

Í fimmtu grein er fjallað um forgang Atlantsáls hf. að höfninni og hafnarmannvirkjum. Öðrum er þó jafnframt heimil notkun hafnarinnar. Þá er Atlantsáli hf. skylt að nota þessa tilteknu höfn vegna þarfa fyrirtækisins.

Í sjöttu grein er fjallað um skipulag og starfsemi hafnarinnar, eignarhald hafnarsjóðs, stjórn hafnarinnar og hafnarstjóra.

Sjöunda grein fjallar um hafnargjöld (vöru- og skipagjöld) sem verða hin sömu og í öðrum höfnum hérlendis en vörugjöld þó með ákveðnum takmörkunum.

Í áttundu grein er fjallað um stækkun hafnarinnar síðar.

Níunda grein fjallar um vatnsöflun og vatnssölu vegna hafnarinnar.

Í tíundu grein er fjallað um önnur réttindi Atlantsáls hf., svo sem heimild til lagningar nauðsynlegra vatns- og skolplagna, sjótöku og frárennslis í samræmi við starfsleyfi. Þar er einnig fjallað um tímabundna notkun hafnarlands á byggingartíma verksmiðjunnar.

Í elleftu grein er fjallað um óviðráðanleg atvik með sama hætti og í aðalsamningi og lóðarsamningi.

Í tólftu grein er tekið fram að við skýringu, túlkun og framkvæmd samningsins fari eftir íslenskum lögum.

Þrettánda grein fjallar um lausn deilumála á sama hátt og samsvarandi grein aðalsamnings og lóðarsamnings.

Fjórtánda grein fjallar um tímalengd samningsins sem er til 25 ára með fimm ára framlengingarrétti á fimm ára fresti.

Í fimmtándu grein er fjallað um samningstexta sem eru jafngildir bæði á íslensku og ensku.

Sextánda grein fjallar um heimildir til framsals réttinda samkvæmt samningnum.

Loks er í sautjándu grein fjallað um ýmis atriði, svo sem breytingar á samningnum, aðsetur aðila, ábyrgðir, löghæfi aðila o.fl.

3. *Hvenær hyggst iðnaðarráðherra leggja þessa samninga fyrir Alþingi til staðfestingar?*

Svo sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991, er ætlunin þegar aðstæður leyfa að leggja fyrir Alþingi heimildarlagafrumvarp er veiti ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd heimild til að ljúka samningum við Atlantsálsaðilana um nýtt álver á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í 5. kafla skýrslunnar er efni heimildarlagafrumvarpsins lýst, en á því verða þó án efa gerðar nokkrar breytingar.

Með tilliti til stöðu þessara mála og óhagstæðra skilyrða á álmörkuðum er ekki ástæða til þess að leggja heimildarfrumvarp fyrir Alþingi nú. Það verður hins vegar gert strax og aðstæður á álmörkuðum breytast til betri vegar og fjármögnun framkvæmda á vegum Atlantsálsaðilanna er í augsýn.

215. Frumvarp til laga [187. mál]

um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Fjármálaráðherra, eða viðkomandi ráðherra, er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,
b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,
c. skip eða flugvélar,
d. listaverk, listmuni og söfn sem geyma menningarverðmæti,
e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Fjármálaráðherra, eða þeim ráðherra sem með málaflokkinn fer, er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluti í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

216. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, og l. nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og l. nr. 31/1984.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta sem lagt er fram í tengslum við frumvarp um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin fékk á sinn fund Rán Tryggvadóttur, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar, og Ómar Grétar Ingvarsson, verkfræðing hjá Einkaleyfastofunni.

Nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að bæta þremur greinum við það. Þessum þremur greinum er ætlað að taka af öll tvímæli um atriði er varða framkvæmd gildistökuákvæða laganna um einkaleyfi. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er lagt til að á eftir 2. mgr. 75. gr. komi ný málsgrein sem feli í sér heimild til að veita einkaleyfi fyrir nautna- og næringarefnum á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1992.

2. Orðalag 78. og 79. gr. er gert nákvæmara svo að skýrara sé hvernig meðhöndla skuli umsóknir sem lagðar voru inn fyrir 1. janúar 1992.

Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson og Kristín Einarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. okt. 1992.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Páll Pétursson, með fyrirvara.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.

217. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, og l. nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og l. nr. 31/1984.

Frá iðnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)

Á eftir 2. mgr. 75. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Einkaleyfi fyrir nautna- eða næringarefnum er hægt að veita á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1992.

b. (3. gr.)

78. gr. laganna orðast svo:

Um meðferð og ákvarðanir varðandi einkaleyfishæfi umsókna, sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, fer eftir ákvæðum laga nr. 12 20. júní 1923 með þeim undantekningum sem leiða má af öðrum ákvæðum þessa kafla.

c. (4. gr.)

79. gr. laganna orðast svo:

Hafi umsókn, sem var til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum fyrir 1. janúar 1992, ekki verið auglýst fyrir þann tíma í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda ákvæði þessara laga um meðferð umsóknarinnar.

218. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem býr á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður.

2. gr.

Við 5. mgr. 4. gr. laganna (er verður 6. mgr.) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sama gildir um lögheimili manns skv. 4. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi voru 21. apríl 1990 samþykkt lög um lögheimili, nr. 21/1990, og leystu þau af hólmi lög nr. 35 30. maí 1960. Samkvæmt lögunum er meginreglan sú að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. gr. Í 4. gr. eru gerðar undantekningar frá meginreglunni varðandi námsmenn, alþingismenn og ráðherra.

Með lögum nr. 68/1982 voru gerðar breytingar á þágildandi lögum um lögheimili, nr. 35/1960, þess efnis að menn gætu ekki átt lögheimili á elliheimilum eða í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra eða öryrkja, byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, nema sveitarstjórn heimilaði undantekningu. Var því í raun lagt bann við að menn gætu átt lögheimili á elliheimili eða í íbúðum aldraðra. Sú takmörkun var felld niður með gildandi lögum og er nú gert ráð fyrir að menn eigi lögheimili á dvalarheimilum aldraðra, enda er ljóst að þeir sem flytja þangað koma til með að dveljast þar til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Áðurnefnt bann gat valdið öldruðum ýmsum vandkvæðum og gert þá mun háðari ættingjum sínum og venslafólki en ella. Núgildandi regla er þó engan veginn gallalaus og í raun aðför að persónufrelsi og réttarstöðu manna. Eru það og sjálfsögð mannréttindi að fá að eiga lögheimili þar sem menn hafa lengstum búið og unnið ævistarf sitt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði í lög heimild til handa þeim sem búa í húsnæði, sem ætlað er öldruðum, til að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Víða um land er málum þannig háttað að nokkur sveitarfélög reka saman dvalarheimili fyrir aldraða í einu þeirra, oftast þéttbýlisstað. Verði frum-

varp þetta að lögum geta menn eftir sem áður átt lögheimili í sínu gamla sveitarfélagi enda þótt þeir flytjist búferlum á dvalarheimili í öðru sveitarfélagi. Gefst þeim þar með kostur á að halda áfram tryggð við sitt sveitarfélag, en slíkt er oft mikið tilfinningamál hjá gömlu fólki. Auk þess mundu aldraðir með þeim hætti geta tryggt að jarðir þeirra færu ekki í eyði með öllum þeim óþægindum sem slíku fylgir.

Með frumvarpinu er því lagt til að gerð verði undantekning frá þeirri meginreglu sem kveðið er á um í 1. gr. laga nr. 21/1990 um fasta búsetu. Hafa ber þó í huga að eftir sem áður er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að aldraðir eigi lögheimili á dvalarheimilum aldraðra. Hins vegar kunna þær aðstæður að vera fyrir hendi að slík lögheimilisskráning geti valdið öldruðum tjóni, hvort heldur er fjárhagslegu eða tilfinningalegu. Er því nauðsynlegt að í lögunum sé heimild þeim til handa til að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem þeir áttu fasta búsetu í áður. Munu slík tilvik væntanlega verða sjaldgæf. Gert er ráð fyrir að þessi heimild gildi um allt húsnæði sem ætlað er öldruðum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort viðkomandi á umrætt húsnæði eður ei.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er gert ráð fyrir að lögfest verði sérstök heimild fyrir íbúa á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði, sem sérstaklega er ætlað öldruðum, til að eiga lögheimili áfram í sveitarfélagi þar sem þeir höfðu áður fasta búsetu.

Um 2. gr.

Með greininni er gerð breyting á 5. mgr. 4. gr. gildandi laga þess efnis að verði ágreiningur um lögheimili manns, sem býr í húsnæði fyrir aldraða, skuli hann sjálfur ákveða hvar það skuli vera. Geri hann það hins vegar ekki ákveði Þjóðskráin það. Er hér um viðbót við málsgreinina að ræða.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

219. Fyrirspurn [189. mál]

til samgönguráðherra um innheimtu Pósts og síma.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Innheimtir Póstur og sími gjald af símnotendum fyrir símaþjónustu sem nokkur fyrirtæki hafa auglýst að undanförnu og felst m.a. í ýmsum upplýsingum varðandi skemmtanalíf í borginni, upplestri á ýmiss konar afþreyingarefni, úrslitum getrauna og öðru þess háttar?
2. Er símanum lokað greiði notandi ekki gjald fyrir umrædda þjónustu?
3. Hafi síma verið lokað vegna vangjalda af þessum sökum eða fyrir almenna notkun er þá hvorki hægt að hringja í né úr þeim síma?
4. Stangast það ekki á við mannréttindi að sá er greitt hefur svokallað heimtaugargjald og annan kostnað geti ekki notað símann sem öryggistæki, þ.e. að hægt sé að hringja í viðkomandi númer?

220. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árið 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að eftirtaldir liðir í vegáætlun fyrir árið 1992 verði sem hér segir:

2.2.2. Vetrarþjónusta	440 m.kr.
2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög	902 m.kr.
2.3.1.4. Stórverkefni	607 m.kr.

Við liðinn **Sundurliðun, 2.3. Til nýrra þjóðvega, 1. Stofnbrautir** bætist:

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

36 Þingvallavegur	
01–02 Búrfellsvegur — Heiðará	4 m.kr.
1 Vesturlandsvegur	
13 Hellistungur	6 m.kr.
60 Vestfjarðavegur	
02 Um Suðurá	7 m.kr.
1 Norðurlandsvegur	
01 Grjótá — Öxnadalsá	15 m.kr.
82 Ólafsfjarðarvegur	
05 Dalvík — Rípill	8 m.kr.

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

1 Suðurlandsvegur	
08 Um Kúðafljót	10 m.kr.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir auknum framkvæmdum í vegagerð til atvinnuaukningar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1993 eru ætlaðar 1.800 m.kr. í þessu skyni. Til að ýta þessu átaki til atvinnuaukningar af stað sem fyrst hefur Vegagerð ríkisins verið falið að bjóða út verkefni þegar á þessu ári eftir því sem aðstæður og undirbúningur verka leyfir. Að mati Vegagerðarinnar er unnt að bjóða út fyrir áramót þau verkefni sem talin eru upp í tillögunni.

Vegna hagstæðrar tíðar sl. vetur er fyrirsjáanlegt að nokkur greiðsluafgangur verði á vetrarþjónustu á þessu ári. Samkvæmt tillögunni er fjárveiting til vetrarþjónustu á vegáætlun 1992 lækkuð um 50 m.kr. og sömu upphæð bætt við fjárveitingar til nýrra þjóðvega til að standa undir þeim kostnaði sem til fellur á þessu ári vegna útboðanna.

Upphæðinni er síðan skipt á verkefni í samræmi við mat á þörfum þeirra. Sú skipting er ekki í samræmi við hefðbundna skiptingu fjár í vegáætlun á milli kjördæma. Endurskoðun vegáætlunar fer hins vegar fram á yfirstandandi þingi og er gert ráð fyrir að skiptingin verði leiðrétt þá.

Þær heimildir, sem hér eru veittar, taka til kostnaðar sem fellur til á þessu ári. Sum verkefnin eru með fjárveitingu 1993 samkvæmt gildandi vegáætlun en önnur ekki. Við gerð verksamninga um verkefni, sem ekki hafa næga fjárveitingu á vegáætlun, verður gerður fyrirvari um samþykki Alþingis við fjárveitingar til þess að standa við skuldbindingar viðkomandi samnings.

221. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin ræddi tillöguna á þremur fundum. Til viðræðna komu þeir lögfræðingar sem kennt hafa og kenna stjórnskipunarrétt eða almenna lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, Eiríkur Tómasson hrl., dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Magnús K. Hannesson lektor og Sigurður Líndal prófessor og auk þeirra Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðingur og lektor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Íslensk stjórnskipun byggist á fulltrúalýðræði, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Í almennum kosningum velja kjósendur þingmenn sem fá umboð til fjögurra ára. Í því umboði felst vald til að taka ákvörðun um samskipti Íslands við aðrar þjóðir eins og mælt er fyrir um þau í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Þingmenn standa kjósendum sínum síðan skil gerða sinna þegar kjörtímabilið er á enda. Þjóðaratkvæðagreiðsla um EES-samninginn bryti í bága við þær hugmyndir sem hingað til hafa ráðið um fulltrúalýðræði hér á landi.

Rísi vafi um það hvort alþjóðasamningur brjóti í bága við stjórnarskrána fæst ekki úr því skorið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarskránni verður aðeins breytt með þeim hætti sem getið er í 79. gr. hennar. Þeir sem styðja EES-samninginn en telja að hann brjóti í bága við stjórnarskrána hljóta að krefjast breytinga á henni og síðan þingrofs og nýrra kosninga. Það er þingmanna að meta hvort alþjóðasamningur samrýmist stjórnarskránni eða ekki.

Í tveimur tilvikum hefur verið efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu hér á landi vegna breytinga á stjórnskipan ríkisins, árið 1918 um sambandslagasáttmálann við Dani og árið 1944 um afnám sambandslaganna og stofnun lýðveldis. Árið 1918 var framfylgt fyrirmælum í stjórnarskránni frá 1915 og þegar sambandslögin voru afnumin var það í samræmi við ákvæði í lögunum sjálfum. EES-samningnum verður með engu móti jafnað við fullveldið 1918 eða stofnun lýðveldis 1944.

Engin krafa hefur komið fram á Alþingi um að stjórnarskránni verði breytt sérstaklega vegna EES-samningsins. Hins vegar hafa þingmenn úr Alþýðubandalagi, Framsóknarflokki og Samtökum um kvennalista flutt tvær breytingartillögur við stjórnarskrána. Samkvæmt hinni fyrri er auknum meiri hluta þingmanna veitt heimild til víðtæks framsals á íslensku ríkisvaldi til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka. Í hinni síðari er mælt fyrir um alþjóðasamninga og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp eða tillögur til þingsályktunar. Þessar tillögur eru nú til meðferðar í sérstakri stjórnarskrárnefnd Alþingis.

Frá því lýðveldið var stofnað má nefna þrjá tillögur um þjóðaratkvæði á Alþingi við meðferð mikilvægra samninga við erlend ríki eða fyrirtæki. Í öllum tilvikum voru til-

lögurnar felldar með atkvæðagreiðslu á þingi, þ.e. þegar fjallað var um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO), samninginn við Alusuisse um álverið í Straumsvík og aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Í stuttu máli má því segja að það væri brot á íslenskri stjórnskipunarhefð að samþykkja þessa tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þátttöku Íslands í EES. Það gengi einnig í berhögg við fyrri niðurstöður á Alþingi þegar um mikilvæga alþjóðasamninga hefur verið að ræða.

Sé litið sérstaklega á EES-samninginn og spurningar um það hvort afgreiðsla hans kalli á þjóðaratkvæðagreiðslu er ástæða til að staldra við fjögur meginatriði:

1. Þegar gengið var til þingkosninga í apríl 1991 höfðu staðið umræður um þátttöku Íslands í EES frá því í mars 1989. Hafði skapast víðtæk samstaða um nauðsyn þessarar þátttöku þótt um skeið hafi verið deilt um leiðir að því markmiði að efla tengslin við Evrópubandalagið (EB). Allir meginþættir EES-málsins lágu skýrir fyrir við þingkosningarnar og kjósendur gátu einnig gert sér grein fyrir afstöðu einstakra þingmanna og flokka. Málið bar hátt í kosningabaráttunni. Þingmenn fengu því umboð í kosningunum til að ljúka málinu.

2. EES-samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Hann bindur því ekki Ísland nema 12 mánuði í senn. Unnt er að rifta samningnum með einföldum meiri hluta á Alþingi. Yrði hann borinn upp og samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu væri Alþingi jafnframt að undirgangast þá pólitísku skuldbindingu að rifta honum ekki nema með sömu aðferð. Það er með öllu ástæðulaust að festa samninginn þannig í sessi, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga er kunna að verða á EFTA og geta krafist skjótra viðbragða af hálfu íslenskra stjórnvalda.

3. Þó svo færi að EES-samningnum yrði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu yrði hún aðeins ráðgefandi. Þingmenn þyrftu því eftir sem áður að taka afstöðu til samningsins eftir sinni eigin sannfæringu í samræmi við 48. gr. stjórnarskrárinnar. Undan þeirri ábyrgð getur löggjafarvaldið ekki vikist.

4. EES-samningurinn hefur hlotið meiri og almennari kynningu en nokkur alþjóðasamningur síðan lýðveldið var stofnað. Samningaviðræður EFTA og EB fóru að verulegu leyti fram fyrir opnum tjöldum og hvers kyns fræðsluefni um samninginn er auðfengið og aðgengilegt. Það er því með öllu ónauðsynlegt að stofna til pólitískra átaka, sem mundu þar að auki líklega að verulegum hluta snúast um annað en EES, og töluverðra útgjalda með þjóðaratkvæðagreiðslu í því skyni að tryggja það að almenningur kynni sér EES-samninginn.

Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt er lagt til að þessari tillögu til þingsályktunar verði hafnað.

Alþingi, 3. nóv. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Björn Bjarnason. | Sigbjörn Gunnarsson.

222. Frumvarp til hafnalaga. [191. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um skipulags-, rekstrar-, starfsmanna- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal fjalla um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.

Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI
Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mann-

virki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um hafnarframkvæmdir innan þess sem verður hluti af hafnaáætlun skv. 29. gr.

9. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlaga, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs á þann hátt sem eigendur ákveða og í samræmi við reglugerð.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags.

Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

10. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna sérstaka reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
   e. Gjöld af ferjum.
   f. Önnur gjöld.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og vátryggingarfé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn.

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11 gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. 1. tölul. a–b og 2. tölul. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til.

Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.

Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Hafnamálastofnun við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Hafnamálastofnun fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að

gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komir fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkanir og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 24. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   hafnargarða (öldubrjóta),
   dýpkanir hafna og innsiglinga,
   siglingamerki,
   sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   bryggjur og viðlegukanta,
   uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   upptökumannvirki fyrir skip,
   mengunar- og slysavarnir,
   vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   skipulag hafna og hafnarsvæða,
   niðurrif hafnarmannvirkja.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Hafnamálastofnun sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjár-

hagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 26. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun. Greiðsluþátttakan skal tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti á sama hátt og hafnaáætlun. Ráðherra er heimilt að ákveða að framkvæmdir í höfnum sem mynda hafnasamlög njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.

Í reglugerð skulu settar nánari reglur um greiðsluþátttöku ríkissjóðs.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fjólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga umfram það sem segir í 3. tölul.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

34. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

36. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

37. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Hafnamálastofnunar ríkisins.

Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

39. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

40. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1992 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, svo og 68. og 69. gr. laga nr. 108/1988 og 29.–32. gr. laga nr. 1/1992.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til nýrra hafnalaga, er endurskoðuð útgáfa af gildandi hafnalögum, nr. 69/1984. Frumvarpið var lagt fyrir 115. löggjafarþing 1991–92, en varð þá eigi útrætt, og er nú flutt óbreytt.

Nefnd til þessarar endurskoðunar var skipuð með bréfi samgönguráðherra, Halldórs Blöndals, dags. 28. ágúst 1991. Í nefndinni áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, Hermann Guðjónsson hafnamálastjóri, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Sturla Böðvarsson, alþingismaður og formaður Hafnasambands sveitarfélaga, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sveinn Hj. Hjartarson hagfræðingur, varamaður Kristjáns Ragnarssonar, hefur í forföllum hans setið flesta fundi nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndin hélt samtals 16 bókaða fundi og var sammála um tillögur að frumvarpi því til nýrra hafnalaga sem hér er lagt fram.

Aðalbreytingarnar í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir frá gildandi hafnalögum, eru sem hér segir:

1. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Hafnir gætu t.d. samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum.
2. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir því að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í fylgiskjali með frumvarpinu eru hugmyndir nefndarinnar sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega. Með stofnun hafnasamlaganna er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum, enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar. Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð

sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst.

3. Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er nú breytt á þann hátt að ýmis ytri mannvirki hljóta 90% ríkisframlag. Ber þar aðallega að nefna hafnargarða (öldubrjóta) og dýpkanir hafna og innsiglinga auk siglingamerkja og sérbúnaðar fyrir ekjuskip og ferjur, en þessar framkvæmdir njóta nú 75% ríkisframlags. Í þessum styrkflokki var áður aðeins dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn. Allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóta 60% ríkisstyrk en 40% styrkflokkurinn er felldur niður. Jafnframt er fellt niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum en ríkisframlag til upptökumannvirkja fyrir skip hækkar í 60% stofnkostnaðar.

   Nefndin telur að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar.

4. Í frumvarpinu eru ákvæði um 25% álag á vörugjald er renni í Hafnabótasjóð. Þetta er í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 m.kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Aðrar breytingar, sem nefndin hefur gert á gildandi hafnalögum, hafa minni áhrif og oft er aðeins um að ræða að sniðnir hafa verið agnúar af gildandi lögum. Fyrir þessum breytingum verður gerð nánari grein í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Skipun hafnaráðs er nú breytt á þann veg að fjölgað er í hafnaráði um tvo fulltrúa, en tveir varamenn eiga hins vegar ekki lengur rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Í stað eins fulltrúa, sem tilnefndur er af Hafnasambandi sveitarfélaga, verða fulltrúarnir nú tveir. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og er einn þeirra, eins og áður, starfsmaður samgönguráðuneytis og jafnframt formaður ráðsins, skipaður til fjögurra ára, en tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti. Þetta er í samræmi við þær skoðanir sem hafa verið að ryðja sér til rúms að eðlilegt sé að ráðherra hverju sinni ráði því hverjir eru fulltrúar hans í föstum nefndum og ráðum og hann hafi möguleika á að skipta um þá fulltrúa sem fyrrverandi ráðherra skipaði án tilnefningar, hugsanlega skömmu áður en ráðherraferli lauk.

Um 3. gr.

Minni háttar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á þessari grein.

Um 4.–5. gr.

Núverandi 4. gr. hafnalaganna hefur í þessu frumvarpi verið skipt upp þannig að hér er gerð tillaga um að einungis 1. mgr. hennar sé í 4. gr., en hinn hlutinn tilheyri 5. gr., enda er svo mikill eðlismunur á efni þessara málsgreina að eðlilegt þykir að skipta þeim milli lagagreina.

Breytingar á greininni að öðru leyti eru fyrst og fremst þær að ekki þykir ástæða til að ráðherra skipi yfirmenn deilda, heldur skuli þeir ráðnir af hafnamálastjóra eins og annað starfsfólk. Jafnframt er felld niður núverandi 5. gr., þar sem segir að Hafnamálastofnun skuli „hafa umráð yfir vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknabúnaði og tækjum til dýpkunarframkvæmda.“ Þessi niðurfelling er í samræmi við breytt starfssvið og tilgang Hafnamálastofnunar.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Tekin eru út orðin „samkvæmt staðfestu deiliskipulagi“.

Um 8. gr.

Eins og getið er um í athugasemdunum hér að framan eru veigamiklar breytingar frá gildandi lögum í þessari grein. Þannig er gerð tillaga um að eigendur hafna samkvæmt lögunum geti verið sveitarfélög eða hlutafélög. Hér er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög með aðild einkaaðila geti fallið undir hafnalögin og notið fyrirgreiðslu ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir á sama hátt og er um hafnir sveitarfélaga í dag. Jafnframt er höfnum heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, svo sem fiskmörkuðum, eins og áður er getið um.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir því að samgönguráðherra ákveði með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Um þetta atriði er nánar fjallað í almennu greinargerðinni.

Um 9. gr.

Á þessari grein eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar sem ekki er ástæða til að skýra nánar.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Við 1. tölul. í þessari grein er hér bætt vigtargjöldum af öllum sjávarafla og gjöldum af ferjum. Í 5. tölul. er bætt lóðarleigu og teknir eru upp nýir liðir, 6. og 7. tölul., þar sem annars vegar er um að ræða sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, og ýmis þjónustugjöld.

Um 12. gr.

Í þessa grein eru tekin inn ákvæði um innheimtu sérstaks vörugjalds í samræmi við ákvæði í áðurgreindum lögum, nr. 1/1992. Skal gjaldið vera sem svarar 25% álagi á

vörugjöld, önnur en aflagjald. Einnig er skotið inn heimild fyrir hafnarstjórn til að krefjast þess að „útgerðarfélag leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn".

Um 13. gr.

Greinin er óbreytt frá 13. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að skotið er inn setningunni „önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn".

Um 14.–17. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Meiri áhersla er lögð á það í þessari grein en í gildandi lögum að hafnarframkvæmdir, sem njóta ríkisstyrks, skuli unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Sé hins vegar talið að aðstæður séu slíkar að útboð muni ekki gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Um 23. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 24. gr.

Hér er felldur niður 7. tölul. úr gildandi lögum sem er stofnkostnaður við hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum. Enn fremur er tekið fram að landgerð njóti ekki frekar en landa- og lóðakaup hafna ríkisstyrks. Með landgerð er átt við uppfyllingar sem gætu m.a. nýst sem byggingarlóðir. Aðrar breytingar þurfa ekki skýringa við.

Um 25. gr.

Úr 25. gr. gildandi laga er hér felldur niður síðari hluti 1. tölul. sem nefndin lítur svo á að sé óþarfur.

Um 26. gr.

Hér er um veigamiklar breytingar að ræða og vísast um þær til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum, þar sem gert er ráð fyrir að fjárlaganefnd Alþingis geti skert fjárframlög til hafna að fenginni umsögn hafnamála-

stjóra og hafnaráðs. Til að tryggja betur framkvæmd skerðingarákvæða er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji reglugerð sem kveði á um framkvæmdina.

Í núgildandi lögum eru ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast skuli renna sem tekjur í Hafnabótasjóð. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt og er það fellt niður í frumvarpinu.

Um 28. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Í greinina er bætt nýrri málsgrein svohljóðandi: „Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Nefndin leggur ríka áherslu á að Alþingi afgreiði fjögurra ára hafnaáætlun á formlegan hátt sem ályktun Alþingis.

Um 30. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að hafnaráð fari með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Jafnframt er hlutverk sjóðsins tilgreint.

Um 31. gr.

Í 3. tölul. er bætt ákvæðum um sérstakt vörugjald sem tekjulið fyrir Hafnabótasjóð. Framlag ríkisins er nú háð ákvörðun Alþingis hverju sinni. Frekari umfjöllun um þessa grein er að finna í almennu athugasemdunum hér að framan.

Um 32. gr.

Í stað þess að veita Hafnabótasjóði heimild til lántöku miðað við ákveðna upphæð er lántakan gerð háð ákvörðun Alþingis.

Um 33. gr.

Hér er skilgreint frekar en í gildandi lögum hverjar lán- og styrkveitingar geti orðið til einstakra hafna. Í 3. tölul. er tekið fram að lán og/eða styrkur umfram ríkisframlag geti ekki numið hærri fjárhæð en 30% af heildarframkvæmdakostnaði og styrkirnir aldrei hærri fjárhæð en 15%. Jafnframt er tekið fram að styrkir og lán úr Hafnabótasjóði geti að viðbættu ríkisframlagi aldrei farið fram úr 90% af framkvæmdakostnaði, en það hefur verið sú óskrifaða regla sem fylgt hefur verið í mörg undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir að samþykki fjárlaganefndar þurfi ekki fyrir ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Um 34. gr.

Í 35. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands annist „í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs", jafnframt því sem hann veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár. Hér er gert ráð fyrir því að þessi starfsemi færist að hluta yfir til Hafnamálastofnunar og er það m.a. gert vegna innheimtu á sérstaka vörugjaldinu. Þá er gert ráð fyrir að Lánasýsla ríkisins veiti sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 37. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði séu sendar beint til Hafnamálastofnunar ríkisins í stað þess að senda þær til samgönguráðuneytisins.

Um 38. gr.–39. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 40.–42. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Hugmynd að hafnasamlögum og aðrar hafnir, tekjur þeirra og gjöld árið 1990.

	Tekjur	Gjöld	Fram-legð	Vextir afborg.	Af-gangur
Akranes Grundartangi og Borgarnes	64,3	23,1	41,2	9,2	32,0
Ólafsvík, Rif og Arnarstapi	24,3	17,4	6,9	2,1	4,8
Grundarfjörður	7,5	7,0	0,5	0,5	0
Stykkishólmur	14,0	6,8	7,2	5,1	2,1
Reykhólar	0,7	0,3	0,5	0	0,5
Brjánslækur	0,5	0,2	0,4	0	0,4
Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur	18,7	14,4	4,4	2,2	2,3
Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafjörður og Súðavík	73,5	53,2	20,4	11,7	9,8
Norðurfjörður	0,3	0,4	-0,1	0	-0,1
Hólmavík og Drangsnes	4,3	4,0	0,3	0,5	-0,2
Hvammstangi	4,3	1,9	2,5	0,3	2,2
Blönduós og Skagaströnd	17,6	10,5	7,1	4,4	2,7
Sauðárkrókur og Hofsós	15,0	13,2	1,8	2,3	-0,5
Siglufjörður	21,0	11,9	9,2	0,5	8,7
Ólafsfjörður, Dalvík, Hrísey og Árskógshr.	38,2	23,2	14,9	6,3	8,6
Svalbarðseyri og Akureyri	62,0	33,1	28,9	4,7	24,2
Grenivík	1,5	0,8	0,6	0,6	0,1
Grímsey	1,3	0,7	0,6	0,2	0,4
Húsavík	20,2	10,5	9,6	3,6	6,1
Kópasker	0,3	0,6	-0,3	0,2	-0,5
Raufarhöfn	9,2	4,2	5,0	0,5	4,5
Þórshöfn	4,8	2,2	2,6	0,6	2,0
Bakkafjörður og Vopnafjörður	7,7	4,3	3,4	1,2	2,2
Borgarfjörður eystri	0,6	0,7	-0,1	0	-0,1
Seyðisfjörður	15,5	12,2	3,3	3,6	-0,3
Neskaupstaður	21,4	9,5	11,9	0,3	11,6
Eskifjörður og Reyðarfjörður	30,6	13,9	16,8	0	16,8
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	16,8	7,5	9,2	1,7	7,5
Djúpivogur	4,8	4,2	0,6	0,6	0
Hornafjörður	28,0	20,7	7,3	3,2	4,1
Vestmannaeyjar	94,5	55,1	39,4	40,0	-0,6
Stokkseyri, Eyrarbakki Þorlákshöfn	31,1	29,3	1,7	0	1,7
Grindavík, Hafnir, Sandgerði, Garður, Keflavík Njarðvík, Vogar og Keilisnes	99,2	70,3	28,5	8,1	20,3
Hafnafjörður, Garðabær og Kópavogur	101,2	51,4	49,8	26,4	23,3
Reykjavík	554,3	361,3	193,0	75,7	117,3

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til hafnalaga.

Með frumvarpinu er sett ný heildarlöggjöf um hafnamál. Aðalkostnaðarþáttur þess er styrkveitingar ríkissjóðs til hafnarmannvirkjagerðar sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu breytist styrkhlutfall ríkissjóðs til einstakra framkvæmda eins og hér segir:

	Gildandi lög	Frumvarp
Frumrannsóknir	100%	100%
Náttúruaðstæður		
Hafnargarðar (öldubrjótar)	75%	90%
Dýpkanir hafna og innsiglinga	90%	90%
Siglingamerki	75%	90%
Sérbúnaður fyrir ekjuskip og ferjur	–	90%
Rekstraraðstæður		
Bryggjur og viðlegukanntar	75%	60%
Uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæðinu	75%	60%
Upptökumannvirki fyrir skip	40%	60%
Mengunar- og slysavarnir	75%	60%
Vatns- raf- og holræsalagnir	75%	60%
Skipulag hafna og hafnasvæða	–	60%
Niðurrif hafnamannvirkja	–	60%
Hafnarvogir	40%	–
Hafnsögubátar	40%	–
Fastir kranar til löndunar	40%	–

*Aðalinnsiglingaleið = 90%, innan hafna = 75%.

Aukin þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem mótast af náttúruumhverfi hafna, svo sem gerð hafnargarða og dýpkanir, er rökstudd í greinargerð frumvarpsins með því að verið sé að jafna aðstöðumun einstakra sveitarfélaga til hafnargerða. Engu að síður verður að hafa hugfast að 90% þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum sem þessum mun auka þrýsting á að farið verði út í dýrar framkvæmdir án þess að hagkvæmnisjónarmið fái þar um ráðið.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að heildarframlag ríkissjóðs til hafnarframkvæmda verði að mestu óbreytt frá því sem gildandi löggjöf kveður á um. Sérfræðingar Vita- og hafnamálaskrifstofu hafa tekið saman yfirlit yfir hafnarframkvæmdir síðastliðin sex ár og borið saman útgjöld ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum gildandi laga. Niðurstaða þeirrar úttektar er eftirfarandi:

	Gildandi lög	Frumvarp
1987	277,9	255,3
1988	381,6	358,3
1989	453,8	458,5
1990	481,0	472,8
1991	821,6	774,2
1992	803,7	779,2

Á heildina litið má sjá að útgjöld samkvæmt frumvarpinu eru ívið lægri en samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar ber að hafa í huga að hin breytta kostnaðarhlutdeild í einstökum framkvæmdum gæti vel haft áhrif á val þeirra framkvæmda sem ráðist verður í á næstu árum.

Í frumvarpinu er það nýmæli að heimilt er að stofna *hafnasamlög* til að koma á virkri verkaskiptingu milli hafna innan ákveðins svæðis. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að slík hafnasamlög geti leitt til mikillar hagræðingar. Tekið er undir það sjónarmið. Hins vegar er erfitt að sjá hvað muni hvetja einstök sveitarfélög til að sameinast um slík samlög þar sem styrkur ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra framkvæmda, er snýr að hinu rekstrarlega umhverfi hafna, er enn mjög hár, eða 60%, og Hafnabótasjóði er heimilt að bæta við allt að 30% kostnaðar. Þannig vegur sjálfsaflafé hafna ekki mjög þungt við fjármögnun slíkra framkvæmda.

Þá er vakin athygli á að ríkissjóði er ætlað að greiða 60% í kostnaði vegna upptökumannvirkja fyrir skip, þ.e. stofnkostnað dráttarbrauta. Hér er um að ræða hækkun frá gildandi lögum eins og fram kemur á ofangreindri töflu og verður að skoðast sem hreinn ríkisstyrkur til reksturs dráttarbrauta.

Ákvæðum um starfsemi Hafnabótasjóðs er einnig breytt. Hið sérstaka vörugjaldsálag er lækkað úr 25% í 20% og rennur nú til starfsemi Hafnabótasjóðs, sem ætlað er að létta kostnaðarhluta hafnarsjóða og -samlaga, í stað þess að koma til hækkunar á framlagi ríkisins eins og núverandi lög kveða á um.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðnum sé sjálfkrafa heimilt að taka lán að fjárhæð helmings almennra framlaga til hafnarmannvirkja. Fjármálaráðuneytið telur þetta ákvæði stangast á við 13. gr. laga nr. 84/1985, um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, þar sem segir að nýting lántökuheimilda í sérlögum skuli ávallt vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í lánsfjárlögum hverju sinni. Að auki er sjóðurinn ekki það stór að hagkvæmt sé fyrir hann að fara á erlenda lánamarkaði. Loks skal þess getið að það er Lánasýsla ríkisins, ekki Seðlabanki Íslands, sem aðstoðar aðila sem þessa við lánsfjáröflun.

223. Frumvarp til laga [192. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip, sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna og notuð eru á sjó. Lögin gilda þó um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti fyrir erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra atvinnutækja á sjó og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega, sbr. þó ákvæði 6. tölul. þessarar greinar.
6. Kaupskip eru önnur skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur.

II. KAFLI
Gerð og búnaður.
Smíði, innflutningur og breytingar.

3. gr.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa á hafinu sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um siglingatæki, vélbúnað, fjarskiptabúnað, björgunarbúnað, lyf og læknisáhöld og eldvarna- og slökkvibúnað til að tryggja öryggi skipverja, skips og farms.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Skip skulu smíðuð og búin með tilliti til varna gegn mengun.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

4. gr.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til eldri skipa og skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu byggingarstigi. Þó skal tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis og aðbúnaðar um borð, enn fremur gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna.

6. gr.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingamálastofnun um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda Siglingamálastofnun ríkisins smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um hæfniskröfur sem þeir sem hanna og smíða skip skulu fullnægja.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra sem gilda hér á landi.

7. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, öryggi eða aðbúnað áhafna, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á sjóhæfni skips, öryggi skips og aðbúnað áhafna.

8. gr.

Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

Eigi má flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra. Siglingamálastofnun ríkisins getur þó heimilað innflutning eldra skips ef um er að ræða vöruflutningaskip stærri en 500 bt., dýpkunarskip og rannsóknaskip, enda séu þau ekki eldri en 20 ára.

Regla 2. mgr. þessarar greinar um aldur skips gildir ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota.

III. KAFLI
Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits. Haffæri skipa.

9. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á. Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð.

10. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra. Siglingamálastjóra er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar.

11. gr.

Aðalskoðun skal fara fram við lokaúttekt nýsmíði og á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við.

Siglingamálastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, veitt heimild til frestunar aðalskoðunar í allt að þrjá mánuði. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Við aðalskoðun skal athuga búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess og áhafnar.

Sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun, sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni, talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags krefjast skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um hver borið hafi fram kröfu nema hún hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn þess sem bar fram kröfuna ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar Siglingamálastofnun telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

13. gr.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingamálastofnun getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd skyndiskoðunar á skipum samkvæmt nánara samkomulagi þessara aðila sem staðfest er af ráðherra.

14. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist í samræmi við 2. tölul. 12. gr. eða ef einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, getur ekki unað úrslitum skoðunargerðar getur sá sem telur sig vanhaldinn kært ágreininginn fyrir farbannsnefnd, sbr. 25. gr.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað er fullnægt skal siglingamálastjóri, starfsmaður stofnunarinnar sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra eða annar viðurkenndur aðili gefa út haffærisskírteini því til handa eða önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, skipaskrárnúmer, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafur fiskiskipa, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, gildissvið, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs. Siglingamálastofnun er þó heimilt að miða gildistíma skírteinis við almanaksmánuð að ári liðnu frá útgáfudegi skírteinis og gildir skírteinið þá til loka þess mánaðar.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og sýnt við fyrstu árlegu lögskráningu eða við greiðslu slysatryggingagjalds skipverja þegar ekki er skylt að lögskrá á skipið, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands eða lögreglu.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er. Ef ágallar eru þannig að eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað en skipið getur þó siglt örugglega getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

17. gr.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

18. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að ásigkomulag skips eða búnaður þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingamálastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingamálastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skipsins sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

19. gr.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI
Farbann.

20. gr.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gilt haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og úrskurða um gildi farbanns.
2. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fara fram, annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 21. gr. laganna.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.

Um refsimál, sem höfðað er út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögunum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun eftirrit dóma í málum út af brotum á lögum þessum.

27. gr.

Málum, sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 14. eða 20. gr., skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI
Gjöld.

28. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra skoðun, sem starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins framkvæma, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Eigandi skips skal greiða árlega skipagjald sem taki mið af því hvort skip er flokkað hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða viðurkenndu flokkunarfélagi.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt alþjóðasamþykktum að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma og veita.

VII. KAFLI
Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

30. gr.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík málalok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingartími sé ekki liðinn.

33. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

34. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987 og 9. gr. laga nr. 20 30. apríl 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um eftirlit með skipum var lagt fram á 113. löggjafarþingi 1990 og 115. löggjafarþingi 1991, en varð eigi útrætt. Frumvarpið var samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum. Í nefndinni áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, formaður, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, varaforseti FFSÍ, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri.

Nefndin fór enn fremur yfir umsagnir sem samgöngunefnd neðri deildar Alþingis bárust um frumvarpið. Frumvarpið hefur því tekið nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að hér er lagt til að siglingadómur verði lagður niður. Er það í samræmi við tillögur réttarfarsnefndar, laganefndar Lögmannafélags Íslands og meiri hluta siglingadóms. Vísast til V. kafla um málsmeðferð.

Með gildandi lögum um eftirlit með skipum var leitast við að færa lagaákvæði um þetta efni til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau voru einfölduð. Ýmis ákvæði laganna hafa sætt gagnrýni og töldu ýmsir hagsmunaaðilar að fleiri breytinga væri þörf en þeirra sem gerðar voru með gildandi lögum. Samgönguráðherra tók því ákvörðun um endurskoðun laganna.

Við samningu þessa frumvarps hefur nefndin haft til athugunar og hliðsjónar löggjöf Danmerkur og Noregs um öryggi skipa og hefur ýmislegt úr þeirri löggjöf verið haft til hliðsjónar. Nefndin hefur kallað til sín og leitað álits annarra aðila, t.d. formann siglingadóms og formanns réttarfarsnefndar vegna siglingadóms og ríkissaksóknara vegna refsiákvæða. Auk þess er, eins og áður segir, tekið mið af umsögnum fjölmargra annarra aðila sem veittu samgöngunefnd 113. löggjafarþings umsögn.

Veigamiklar breytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum laganna, ákvæðum um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa og farbann, auk þess sem aukin áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Helsta breytingin er væntanlega sú að hér er lagt til að siglingadómur verði lagður niður. Um rök fyrir breytingunum vísast til athugasemda við einstakar greinar. Uppsetning laganna er frábrugðin gildandi lögum. Leitast er við að raða saman efnislega skyldum ákvæðum og fylgja réttri tímaröð allt frá því smíði skips hefst.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis dags. 28. október 1991 mun þetta frumvarp ekki hafa teljandi breytingar á kostnaði í för með sér.

Vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stærðarmörk skipa eru óbreytt frá gildandi lögum og í samræmi við lög um skráningu skipa. Gildissviðið er hins vegar takmarkað við skip sem notuð eru á sjó. Er það gert til að undanskilja vatnabáta sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni. Hins vegar er reiknað með að bátar á vötnum sem notaðir eru í atvinnuskyni, svo sem farþegaskip, vinnu- og dýpkunarskip á vötnum, verði eftirlitsskyldir og að ráðherra setji reglur þar að lútandi. Það er einnig nýmæli að lögin gilda um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Hér er lagt til að felld verði niður 2. mgr. gildandi laga um að lögin gildi um erlend skip sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn. Ákvæðið kom inn í lögin um eftirlit með skipum nr. 68 frá 1947. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að ákvæðið takmarkist að sjálfsögðu af samningum sem gerðir hafi verið við önnur ríki og alþjóðasamningum, en ljóst sé að ákvæðið geti orðið erfitt í framkvæmd. Síðan segir: „Tilgangurinn er sá að sporna

við því að skip, sem ekki fullnægja settum reglum, séu leigð í því skyni að fara í kringum lögin".

Það er álit nefndarinnar sem þetta frumvarp samdi að útilokað sé að gera efnislegar kröfur um haffæri erlendra skipa vegna þess eins að áhöfn þeirra sé íslensk, til þess hafi íslensk stjórnvöld ekki lögsögu. Hins vegar sé eðlilegt að ráðherra geti ákveðið að erlend skip sem leiti hafnar eða komi í íslenska lögsögu lúti sömu reglum og íslensk skip eftir því sem ástæða er talin til. Rétt er að benda á að samkvæmt öllum alþjóðasáttmálum um siglingar, sem Ísland hefur fullgilt, t.d. MARPOL og SOLAS, eru „hafnarríkjum" veittar umfangsmiklar heimildir til eftirlits með erlendum skipum sem taka höfn hjá viðkomandi „hafnarríki".

Um 2. gr.

Hér eru skýrð nokkur orð sem máli skipta í lögunum þó eflaust væri ástæða til að skýra fleiri orð og hugtök.

Orðskýringarnar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 2. gr. gildandi laga en hér er bætt inn skýringu á kaupskipi.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er skipað ákvæðum um gerð og búnað, smíði, innflutning, breytingar og hleðslu skipa sem eru í V. og VI. kafla gildandi laga. Kaflinn er þó í nokkrum verulegum atriðum frábrugðinn gildandi lögum og vísast þar um til athugasemda við einstakar greinar hans.

Um 3. gr.

1. mgr. er nýmæli, en sambærilegt ákvæði er að finna í dönsku lögunum um öryggi skipa. Þetta er almenn efnisregla, yfirlýsing um að sérhvert skip skuli smíðað og búið á öruggan hátt með tilliti til þeirra verkefna sem því eru ætluð á hverjum tíma.

2. mgr. kemur að nokkru í stað 17. gr. gildandi laga, en þar er talið nákvæmlega upp hvaða skilyrðum skip þurfa að fullnægja varðandi smíði og búnað. Hér er lagt til að einungis verði lögfest almenn skylda til að hafa þann búnað sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi skips og skipverja, en ráðherra setur frekari reglur um einstakar kröfur þar að lútandi. Gildir það jafnt um smíði og búnað skipa sem og um stöðugleika þeirra, sbr. 5. mgr. Framfarir í skipasmíðum og útbúnaði skipa eru mjög örar, einnig breytast sífellt kröfur sem gerðar eru til skipanna og útbúnaðarins. Því er talið rétt að auka hér svigrúm ráðherra til þess að setja reglur og lögbinda þannig ýmis atriði, jafnframt því sem breytingar verða í þessum efnum á Íslandi. Gildir þetta sjónarmið einnig um aðbúnað og vinnuaðstöðu, sbr. 4. gr.

3. mgr. fjallar um kröfur til vinnusvæða og vistarvera. Með velferð er átt við allt sem lýtur að heilsu manna og vellíðan, þar með taldar ráðstafanir til að draga úr hávaða um borð í skipum.

4. mgr., sem kveður á um að skip skuli smíðuð og búin með tilliti til varna gegn umhverfismengun, er nýmæli, en er í samræmi við aukna áherslu á mengunarvarnir um borð í skipum. Mengunarvarnir á sjó eru svo nátengdar öðrum öryggismálum skipa og sæfarenda að rétt þykir að skipa ákvæðinu í þessi lög. Með mengun umhverfis er hér fyrst og fremst átt við sjávarmengun og loftmengun.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja. Greinin er að nokkru leyti í samræmi við 1. tölul. E, 17. gr. gildandi laga en mun rýmri.

Almennu lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda ekki um skip og skipverja. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögum um eftirlit með skipum um vinnuumhverfi skipverja. Markmiðið er að vernda heilsufar og tryggja viðunandi vinnuaðstöðu skipverja og einnig að settar verði reglur um framkvæmd þessa markmiðs.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli í lögum. Það er þó í samræmi við framkvæmd þessara mála, enda er oft illframkvæmanlegt að láta nýjar kröfur gilda um skip sem búið er að smíða. Þessi heimild gildir þó því aðeins að öryggi skips og áhafnar sé tryggt.

Þess má geta að í lögum nr. 78/1938 var atvinnumálaráðherra heimilað að „gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffæri skipsins, ferðabúnað þess né lífsöryggi manna". Þarna er lögfest sama meginregla, þ.e. að heimilt sé að gera aðrar kröfur til eldri skipa en nýrra. Þessi meginregla er enn fremur í samræmi við hliðstæð ákvæði í nágrannalöndunum og víðar hjá siglingaþjóðum.

Um 6. gr.

Hér er lögð til sú breyting að smíðalýsingar og önnur gögn skuli senda Siglingamálastofnun áður en smíði hefst. Það er afar mikilvægt að öll gögn, sem nauðsynleg eru vegna öryggis skips og mengunarvarna, berist áður en smíði hefst, bæði til að tryggja eftir föngum markmið laganna og hugsanlega koma í veg fyrir óþarfa kostnaðarauka síðar.

Um nýsmíði skipa fjallar 19. gr. gildandi laga og er hér lagt til að hún verði áfram að mestu efnislega óbreytt, þ.e. nýsmíði er háð eftirliti Siglingamálastofnunar og stofnuninni skal tilkynnt um smíði. Hins vegar er nokkrum form- og ábyrgðarreglum breytt:

1. Eigandi skips er gerður ábyrgur fyrir tilkynningu til Siglingamálastofnunar um nýsmíði hvort sem skip er smíðað hér á landi eða erlendis. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips, þar með taldar erlendar skipasmíðastöðvar, er hins vegar áfram ábyrgur fyrir að senda stofnuninni teikningar og önnur nauðsynleg gögn.
2. Krafa um að uppdrættir skuli vera í þríriti er felld niður, en siglingamálastjóra falið að setja skilyrði um framlögð gögn.
3. Samkvæmt 2. mgr. er einungis eiganda heimilt að fela viðurkenndu flokkunarfélagi eftirlit með smíði skips, en samkvæmt gildandi lögum hafa skipasmiðir og Siglingamálastofnun einnig þessa heimild. Það er eðlilegt að eigandi skipsins einn ákveði hvar skip er flokkað.

Vísun til tréskipa í gildandi lögum er felld niður þar sem settar hafa verið samnorrænar reglur um smíði tréskipa.

Um 7. gr.

Greinin er í samræmi við 20. gr. gildandi laga með mikilvægri undantekningu. Meiri háttar breytingar eru nú tengdar sjóhæfni og öryggi skipsins, þ.e. samþykki Siglingamálastofnunar er krafist þegar breytingar á skipi hafa áhrif á mælingu, sjóhæfni og öryggi en ekki eingöngu breytingum á stærð skipsins eins og áður. Auk meiri háttar breytinga, svo sem stækkunar, lengingar, yfirbyggingar og nýrrar brúar falla undir ákvæðið

breytingar sem hafa áhrif á stöðugleika skips, svo sem veiðarfærabúnaður, toggálgar, togspil o.s.frv. Enn fremur er sams konar ákvæði um viðgerðir sem geta haft áhrif á sjóhæfni og öryggi skips og aðbúnað skipverja.

Greinin heimilar enn fremur Siglingamálastofnun að veita umboð til hæfs aðila til að annast samþykki og eftirlit með breytingum skipa. Slíkir aðilar eru t.d. flokkunarfélög sem viðurkennd eru hérlendis.

2. mgr. er nýmæli. Þó viðgerðir á skipum séu oftast í sinni einföldustu mynd, ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á öryggi eða aðbúnað skipverja, þá eru allt of mörg dæmi þess á undanförnum árum að fram hafa farið viðgerðir á skipum og búnaði skipa sem hafa verið ófullnægjandi og jafnvel leitt af sér slys. Helstu hættur hvað þetta varðar tengjast veiðibúnaði á fiskiskipum, t.d. spilum, vindum, toggálgum og blökkum. Því er mikilvægt að staðið sé eins vel að þess konar viðgerðum og kostur er á.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1., 2. og 1. málsl. 3. mgr. 20. gr. gildandi laga, en nokkuð einfölduð.

Greinin gildir um skip sem flutt eru til landsins fullsmíðuð. Láti íslenskur aðili smíða skip erlendis eða kaupi slíkt skip í smíðum gilda ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Lagaákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa var upphaflega sett að gefnu tilefni í lok kreppunnar. Í greinargerð með þessu ákvæði laga nr. 78/1938 segir svo:

„Að undanförnu hefir verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins, og hefir það í flestum tilfellum orðið til efnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur, sem fólust í eldri lögum, en hins vegar bætt inn í greinina ákvæði um það, að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Sams konar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf."

Mikið hefur breyst síðan þetta lagaákvæði var fyrst lögfest. Á þessum tíma voru skrokkar skipa almennt „hnoðaðir" en eru nú rafsoðnir, skipastál var ákaflega lélegt í samanburði við skipastál síðustu áratuga og því endingarlítið. Hjúpun og endingargildi skipshluta hefur tekið stórfelldum framförum, enn fremur vélar og búnaður skipa. Samkvæmt upplýsingum frá Lloyds Register of Shipping er núverandi meðalaldur kaupskipaflota heimsins u.þ.b. 16 ár og er talið fyrirsjáanlegt að hann muni hækka nokkuð enn á næstu árum. Almennar viðmiðanir um líftíma kaupskipa hafa hækkað á sama tíma úr 20 í 25 til 30 ár. Sambærilegar tölur fyrir fiskiskip sýna svipaða þróun.

Í Noregi er hámarksaldur innfluttra skipa 20 ár, en engar reglur gilda um þetta í Danmörku og Svíþjóð. Í fyrirliggjandi tillögum Efnahagsbandalags Evrópu um sameiginlega skráningu kaupskipa allra bandalagsríkjanna er miðað við 20 ára hámarksaldur við innflutning skipa.

Í ljósi ofanritaðs leggur nefndin til að aldurshámark allra skipa verði hækkað úr 12 árum í 15 ár í samræmi við þróun í smíði, búnaði og endurbyggingu skipa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að 12 ára skip eru almennt í mun betra ástandi nú en slík skip voru þegar þetta ákvæði var upphaflega sett.

Þessu til viðbótar er heimildarákvæði fyrir Siglingamálastofnun um innflutning kaupskipa ákveðinnar stærðar, dýpkunarskipa og rannsóknaskipa allt að 21 árs. Kaupskip eru undantekningarlaust flokkuð hjá alþjóðlegum flokkunarfélögum sem gera kröfur um viðhald og skoðun þeirra samkvæmt alþjóðlega samræmdum stöðlum. Einnig eru reglur um búnað og öryggi kaupskipa samræmdar alþjóðlega og í meginatriðum þær sömu hérlendis og erlendis. Ekki eru til slíkar alþjóðlega samræmdar reglur um búnað og öryggi fiskiskipa.

Að lokum er lagt til að reglan um hámarksaldur innfluttra skipa gildi ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota. Þessi skip verða þó að fullnægja reglum um smíði og búnað skemmtibáta.

Um III. kafla.

Um efni þessa kafla er nú fjallað í II., III. og IV. kafla gildandi laga. Ákvæðum er þó skipað á annan hátt hér og leitast við að gera ákvæðin skýrari og raða þeim upp í eðlilega tímaröð.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga, en hér er lagt til að yfirvélstjórum verði bætt í hóp þeirra sem ábyrgð bera á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram. Er það m.a. gert til samræmis við 53. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem segir að yfirvélstjóri beri ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. og 9. gr. gildandi laga. Hér er þó bætt inn heimild siglingamálastjóra til að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar að fengnu samþykki ráðherra. Hér er m.a. átt við skoðun á einstaka búnaði skips, t.d. gúmmíbjörgunarbátum, sleppibúnaði björgunarbáta, slökkvitækjum o.s.frv. Heimildin nær einnig til skoðunar alþjóðlegra flokkunarfélaga samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um hvenær aðalskoðun á að fara fram.

2. mgr. um heimild til frestunar aðalskoðunar á t.d. við þegar skoðun verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum og ekki er ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Siglingamálastjóra er einnig heimilað að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni. Hér er fyrst og fremst átt við sýslumenn og bæjarfógeta, sendiráð og ræðismenn.

3. mgr. er samhljóða 1. mgr. 11. gr. gildandi laga en bætt er inn „og áhafnar".

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga en leiðrétt rangmæli þar sem segir að skoðun fari fram til endurnýjunar á flokkun. Flokkun er ótímabundin, en með skilyrðum um ákveðnar skoðanir til að halda þeim í gildi. Skoðunin fer því fram til viðhalds flokkuninni.

Um 12. gr.

Um aukaskoðun er fjallað í 14. gr. gildandi laga, en þessi grein er nokkuð frábrugðin.

Samkvæmt 1. tölul. skal aukaskoðun fara fram á skipi þegar það hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar, en í gildandi lögum er einungis rætt um viðgerð. Hér er t.d. átt við viðgerð á veiðarfærabúnaði og togbúnaði, en hér mun mat skipstjóra ráða mestu um hvenær þörf er á aukaskoðun samkvæmt þessum tölulið.

2. tölul. Aðilar, sem krafist geta aukaskoðunar, eru þeir sömu og í gildandi lögum, með tveimur frávikum, vélstjóri verður yfirvélstjóri og einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra verður meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags.

Sú breyting er gerð á 3. tölul. að mat á því hvort annars sé ástæða til aukaskoðunar er lagt í hendur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Um 13. gr.

1. mgr. er nýmæli. Hér er í fyrsta sinn gerð tilraun til skilgreiningar á skyndiskoðun og er hún í samræmi við framkvæmd Siglingamálastofnunar á skyndiskoðunum.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um Siglingamálastofnun ríkisins og getur Siglingamálastofnun ríkisins óskað eftir aðstoð Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd skyndiskoðunar eins og gert hefur verið.

Um 14. gr.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá 16. gr. gildandi laga sem fjallar um sama efni. Samkvæmt þeirri grein má skjóta ágreiningi um skoðun til farbannsnefndar.

Hér er lagt til að skipuð verði sérstök farbannsnefnd sem úrskurðar í slíkum málum. Úrskurð hennar má síðan kæra til dómstóla. Nánar verður fjallað um farbannsnefnd í athugasemdum með 26. og 27. gr.

Um 15. gr.

1. mgr. er í samræmi við 12. gr. gildandi laga, en þar er talað um að skoðun hafi leitt í ljós að skip sé haffært. Í haffæri skipa felst ýmislegt annað en skoðað er, t.d. hvort skipshöfn sé áfátt. Því hljóðar greinin á þá leið að skoðun hafi leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað sé fullnægt. Í greininni er nýmæli um önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á. Jafngild skírteini íslensks haffærisskírteinis á kaupskipum eru samkvæmt alþjóðasáttmálum öryggisbúnaðarskírteini, smíðaöryggisskírteini, öryggisfjarskiptaskírteini, hleðslumerkjaskírteini, mengunarvarnaskírteini o.s.frv.

2. mgr., sem fjallar um haffærisskírteini, er að mestu samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga, en lagt er til að skipaskrárnúmers og gildissviðs verði einnig getið á skírteininu.

3. mgr. kveður á um gildistíma haffærisskírteinis. Meginreglan er sú að haffærisskírteini gildi í eitt ár. Heimilt er að gefa skírteini út til skemmri tíma en 1 árs, t.d. ef eigandi skips fær frest til að lagfæra ágalla. Gildistími getur einnig farið í 13 mánuði þegar sérstakar ástæður mæla með því. Ef haffærisskírteini rennur út þegar skip er á ferð skal því heimilt að ljúka ferðinni áður en skip er fært til skoðunar til endurnýjunar haffærisskírteinis. Þó mega ekki líða meira en 10 dagar frá því að skírteini rennur út og þar til skip tekur höfn.

Í 4. mgr. er fækkað þeim tilvikum sem sýna ber haffærisskírteini sem kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að önnur lög kveði á um framvísun haffærisskírteinis. Hér er átt við tollafgreiðslur skips og greiðslu tryggingaiðgjalds skips. Enn fremur er einungis skylt að sýna haffærisskírteini við fyrstu árlegu skráningu á skip og er það í samræmi við ákvæði laga um lögskráningu. Bætt er inn heimild til handa Landhelgisgæslu Íslands til að krefjast haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs.

5. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Í grein þessari er að finna heildarákvæði um það hvenær skip telst óhaffært.

Í fyrsta lagi telst skip óhaffært ef það hefur eigi gild skírteini þau sem greinin telur. Gildir þetta hvort sem skip er óhaffært (eigi öruggt til siglingar) í raun eða ekki.

Í öðru lagi telst skip óhaffært ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Í þriðja lagi telst skip óhaffært ef svo er ástatt sem í 3. tölul. greinarinnar segir. Hér

er tekinn af allur vafi um það að til þess að skip teljist óhaffært í merkingu 3. tölul. þarf skip að vera raunverulega óhaffært, þ.e. óhaffært í efnislegri merkingu. Hér yrði að athuga hvert tilvik fyrir sig hvort skipi eða skipshöfn stafi hætta af því að fara í ferð þá sem það skal fara eða er í.

Sjóferð samkvæmt greininni er allur sá tími sem skipið er ekki bundið við bryggju eða legufæri.

Um 17. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru nokkrar. Sama er að segja um 2. mgr., en hún er efnislega samhljóða 4. mgr. 5. gr.

Rétt þótti að hafa þessi ákvæði í sömu grein, enda svipuð efnislega.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um hverjir annast eftirlitið og réttindi og skyldur starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins við framkvæmd þessa eftirlits. Um skipulag Siglingamálastofnunar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem að henni lúta, vísast til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986. 1. mgr. greinarinnar er í samræmi við 2. tölul. 2. gr. laganna og 2., 3. og 6. mgr. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

Hér er lagt til að hluta af 6. gr. gildandi laga um eftirlit með skipum, sem fjallar um framkvæmd eftirlitsins, verði skipað annars staðar í frumvarpinu (heimild til skyndiskoðunar og bráðabirgðasviptingar haffærisskírteinis).

Um efni síðustu málsgreinar er nú fjallað í 9. gr. laganna um Siglingamálastofnun, en hér er bætt inn almennri upplýsingaskyldu þargreindra aðila um ástand skipsins. Hér er fyrst og fremst átt við ef þessum aðilum er kunnugt um einhverja ágalla sem máli skipta, enda varði þeir atriði sem skoðun og eftirlit Siglingamálastofnunar beinist að.

Um 19. gr.

Upplýsingaskylda sú, sem hér er um rætt, er lögfest í 7. gr. gildandi laga. Þó eru hér gerðar auknar kröfur til áreiðanleika upplýsinganna því þargreindir aðilar þurfa að hafa rökstuddan grun um brot gegn lögunum eða reglum, en samkvæmt gildandi lögum nægir að þeir verði varir við það eða telji sig hafa ástæðu til. Verður að telja þetta réttmæta og eðlilega breytingu þar sem afleiðingar slíkrar umkvörtunar, sem hér um ræðir, getur haft ýmislegt óhagræði í för með sér fyrir eigendur skips.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um hvenær farbann verður lagt á skip, hverjir hafa heimild til þess og réttarúrræði þeirra sem telja farbann ekki á rökum reist. Ákvæði um farbann eru hér gerð skýrari og ótvíræðari en í gildandi lögum. Enn fremur er gerð sú veigamikla breyting að heimilt verður að kæra farbann til farbannsnefndar sem skipuð verður af ráðherra.

Kaflinn er efnislega í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa þó ýmsu sé breytt til samræmis við íslenska staðhætti og framkvæmd.

Um 20. gr.

Í greininni er það nýmæli að heimilt er að leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits. Er það í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa.

Um 21. gr.

Samkvæmt greininni geta einungis siglingamálastjóri og þar til bærir starfmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip. Ákvörðun um farbann hefur ávallt alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur skips og því er nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um hver hefur heimild til að leggja farbann á skip.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 26. gr. gildandi laga. Nefndin taldi rétt að hafa áfram í lögum ákvæði um að tilkynna skuli skipstjóra og útgerðarmanni skriflega og rökstutt um farbann.

Um 23. gr.

1. mgr. er nýmæli sem skýrir sig sjálft.

2. mgr. mælir svo fyrir að farbann, sem þar til bærir starfsmenn Siglingamálastofnunar hafa lagt á, verður að bera undir siglingamálastjóra svo fljótt sem auðið er eins og fyrir er mælt í 21. gr. Kveður hann endanlega á um það af hálfu stofnunarinnar.

Um 24. gr.

1. mgr. er nýmæli sem segir að útgerðarmaður og skipstjóri geti kært farbann til farbannsnefndar. Samkvæmt gildandi lögum er eingöngu heimilt að kæra farbann til siglingadóms og er dómur hans hér að lútandi endanlegur.

Skipun farbannsnefndar er nýmæli en samkvæmt dönskum lögum er heimilt að kæra ákvörðun Siglingamálastofnunar til „tilbageholdelsesnævn". Ákvæði frumvarpsins um skipan nefndarinnar og verkefni eru í samræmi við hliðstæð ákvæði í dönsku lögunum.

Ákvörðun um farbann er ráðstöfun sem getur haft miklar fjárhagslegar afleiðingar og því er nauðsynlegt að skorið verði úr um gildi farbanns svo fljótt sem auðið er. Um þessar mundir er ákvörðun Siglingamálastofnunar kæranleg til siglingadóms eins og áður segir. Það leiðir af eðli dómstóla og lagaákvæðum sem um þá gilda að meðferð mála er ítarlegri og seinlegri en hjá stjórnskipuðum nefndum. Samsetning nefndarinnar ætti að tryggja bæði hlutlægni og fagleg vinnubrögð, en nánari reglur um starfsemi nefndarinnar verða settar af ráðherra.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Um 25. gr.

Hér eru talin upp verkefni farbannsnefndar.

Í 2. mgr. er tekið fram að kæra til æðri dómstóls fresti ekki réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar.

Um V. kafla.

Hér er lagt til að siglingadómur verði niður lagður. Lagt er til að mál, sem áður heyrðu undir siglingadóm, verði þess í stað rekin fyrir almennum dómstólum.

Frá gildistöku laga nr. 52/1970 hafa fá mál borist til siglingadóms og mjög dregið úr hlutverki hans. Flest málin eru opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað fyrir dóminum. Árið 1973 hafði aðeins eitt mál varðandi skoðun á skipum komið til kasta dómstólsins frá upphafi hans árið 1947 og ekkert um farbann. Nú munu fáein mál varðandi skoðun hafa borist dómstólnum til viðbótar og eitt eða tvö mál um farbann hafa verið þar til meðferðar.

Sú stefna hefur verið mörkuð í dómskerfinu að færa málarekstur frá sérdómstólum til

almennra dómstóla, enda er það í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera á réttarfarslöggjöfinni og taka munu gildi um mitt árið 1992. Það hefur lengi verið skoðun íslenskra og erlendra réttarfarsfræðinga að fella eigi niður sem flest lagaákvæði um sérstaka dómsmeðferð ákveðinna málaflokka. Almennu dómstólarnir eru að mati sérfræðinganna vel færir um að gegna ofangreindum hlutverkum. Byggist það á því að þeir eru frjálsir að því hvaða sérfróða meðdómendur þeir velja og geta því valið meðdómendur sem hafa til að bera þá sérkunnáttu sem nauðsynleg er í hverju einstöku tilfelli. Aukin sérhæfing gerir það að verkum að fastir meðdómendur hafa á tíðum ekki til að bera þá sérfræði sem nauðsynleg er til lausnar ákveðnu máli.

Um 26. og 27. gr.

Hér er lagt til að um refsimál fari að hætti opinberra mála og um farbannsmál að hætti einkamála, sbr. skýringar við V. kafla hér að framan.

Um 28. gr.

Um gjöld er fjallað í 34. gr. en grein þessi er talsvert frábrugðin.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að lögfest verði ákvæði um árlegt skipagjald. Þetta er gjald, nokkurs konar skattur, og er lagt á öll skip sem skráð eru hér á landi án tillits til notkunar. Í gjaldinu er falin árleg skoðun, enda hefur gjald þetta áður verið nefnt skoðunargjald. Það hefur aftur á móti gefið tilefni til misskilnings og hafa þeir sem eiga skip sem ekki er í notkun ekki talið sér skylt að greiða gjaldið. Hér eru tekin af öll tvímæli um þetta atriði.

Í öðru lagi er ráðherra heimilað að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma.

Ákvæði 35. gr. gildandi laga fjallar um að gjaldandi geti kært til siglingamálastjóra telji hann gjald ranglega krafið. Nefndin telur að reikningur, sem stofnunin gefur út, sé með samþykki siglingamálastjóra og því sé kæruréttur til hans óeðlilegur. Gjaldandi getur hins vegar kært til ráðuneytisins og að sjálfsögðu til almennra dómstóla.

Um greiðslu lestagjalds er fjallað í hafnalögum, nr. 69/1984, og í gjaldskrá fyrir hafnir.

Um 29. gr.

Refsiákvæðin eru rúm og því mikið mat á hæð refsingar lagt á vald dómstólanna. Er slíkt óhjákvæmilegt þar sem um svo margvísleg og misjöfn brot er að ræða.

Lagt er til að felld verði niður upptalning á þeim sem taldir eru brjóta gegn lögunum, enda erfitt að hafa slíka upptalningu tæmandi.

Um 30. gr.

Samhljóða 37. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 31. gr.

Efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Hér eru þær breytingar helstar frá gildandi lögum að skýrt er kveðið á um að dómari skuli tilkynna öllum lögreglustjórum á landinu um réttindasviptingu og réttindaskírteini skal afhent samgönguráðuneytinu. Samkvæmt siglingalögum skal hlutaðeigandi dómstóll senda samgönguráðuneytinu skírteini og er þessi breyting til samræmis við það.

3. mgr. um endurveitingu réttinda í samræmi við 1. mgr. 40. gr. gildandi laga. Lagt er til að felld verði niður 2. mgr. 40. gr. sem kveður á um að endurveiting réttinda sé því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því. Þetta skilyrði er ekki að finna í siglingalögum og er talið rétt að samræmi sé milli laganna um þetta atriði.

Um 33. gr.

Um þetta efni er fjallað í 41. gr. gildandi laga.

Hér er lagt til að dómari hafi um það vald til að ákveða hvort sektum fyrir brot gegn lögunum fylgi lögveð í skipi, en í gildandi lögum er fortakslaust ákvæði um að svo skuli vera. Upphaflega hugsunin bak við ákvæðið var sú að brot sé venjulega drýgt eigendum skips til hagnaðar og oft með vitund þeirra án þess að sannað sé. Því þótti eðlilegt að tjón félli á þá. Nefndin telur slíka fortakslausa reglu ekki sanngjarna því brotamaður þarf ekki að vera eigandi né þarf eigandi að hagnast nokkuð af broti, t.d. þegar skipasmíðastöð brýtur gegn lögunum.

Lagt er til að 3. mgr. gildandi laga um að við ákvörðun sekta skuli hafa hliðsjón af efnahag skuldunautar verði fellt niður.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með skipum.

Með frumvarpi þessu eru lög nr. 20/1986, um eftirlit með skipum, og 9. gr. laga nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun, numin úr gildi og ný heildarlöggjöf sett um þennan málaflokk.

Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

224. Frumvarp til laga [193. mál]

um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Stjórn leiðsögumála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn leiðsögumála. Vitastofnun Íslands fer með framkvæmd leiðsögumála svo sem nánar er kveðið á í lögum þessum og lögum um vitamál.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Skip: Hvert það far sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna og notað er á sjó.

Leiðsögumaður: Sá sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið svæði.

Leiðsöguskylda: Skylda til að nota leiðsögumann við siglingu skipa um ákveðið svæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnsögumaður: Leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnarsvæði. Hafnsögumaður er ráðinn af viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnsöguskylda: Skylda til að nota hafnsögumann við siglingu skipa um ákveðið hafnarsvæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnarsvæði: Særými við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð.

Umboðsmaður: Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

Hættuleg efni: Efni sem hættuleg teljast samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO Dangerous Goods Code).

Löggilding og skilyrði hennar.

3. gr.

Vitastofnun Íslands löggildir leiðsögumenn. Löggilding gildir fyrir ákveðið svæði til allt að fimm ára í senn. Um löggildingu skal nánar ákveðið í reglugerð.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast löggildingu til að vera leiðsögumaður skipa.

1. Er 25—65 ára að aldri.
2. Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
3. Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem löggilding á að ná til og er nákunnugur siglingaleiðum á svæðinu.
4. Hefur lokið námskeiði til að vera leiðsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Þessum skilyrðum verður einnig að vera fullnægt eftir að löggilding er fengin.

Vitastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá þessum skilyrðum þegar sérstaklega stendur á.

Skyldur leiðsögumanns.

4. gr.

Leiðsögumanni ber skylda til að aðstoða yfirvöld, svo sem löggæslu-, tolla-, heil-

brigðis-, siglinga- og hafnaryfirvöld við störf þeirra. Þá ber honum að aðstoða á allan hátt stjórnendur skipa sem hann leiðbeinir og ráðleggja um siglingu skipsins þannig að á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt sé komist á milli áfangastaða. Þá skal leiðsögumaður aðstoða við að koma skipi í festar þegar ekki er um að ræða aðstoð hafnsögumanns viðkomandi hafnar.

Sérstök varúð skal viðhöfð til að hindra mengun stranda og sjávar af völdum hættulegra efna. Mengunaróhöpp skal þegar í stað tilkynna viðkomandi hafnarstjóra og Siglingamálastofnun ríkisins. Leiðsögumaður er ábyrgur fyrir að tilkynningin berist réttum aðilum og skal reyna með öllum tiltækum ráðum að halda útbreiðslu mengunarinnar í lágmarki.

Leiðsögumaður ber ekki ábyrgð á siglingu skips sem hann leiðbeinir heldur aðeins á þeim ráðum sem hann gefur.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að gefa út gjaldskrá um greiðslur fyrir leiðsögu skipa.

Umboðsmaður skips.

5. gr.

Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska landhelgi og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður.

Umboðsmaður skal vera skrásett íslenskt félag. Umboðsmaður skal tilkynna Vitastofnun um hvernig unnt er að ná sambandi við hann eða fulltrúa hans, t.d. í neyðartilfellum. Krefjast má þess að umboðsmaður leggi fram skilríki er sýna að hann hafi heimild til að koma fram með fullu umboði útgerðaraðila. Í reglugerð má setja frekari skilyrði sem umboðsmaður skal uppfylla.

Umboðsmaður sér um að útvega löggilta leiðsögumenn til að fylgja skipinu og skal tilkynna yfirvöldum ef leiðsöguskylt skip notar ekki leiðsögumann.

Ef ástæða þykir til er heimilt að krefjast trygginga vegna hugsanlegs tjóns er skipið kann að valda hér við land. Skal umboðsmaður skipsins hafa milligöngu um að leggja fram slíka tryggingu.

Tilkynning um komu.

6. gr.

Öll skip, er koma erlendis frá inn í íslenska landhelgi með landtöku í huga, skulu með minnst 24 klst. fyrirvara tilkynna komu sína til hafnaryfirvalda í fyrstu viðkomuhöfn. Í tilkynningu skal koma fram nafn skips, heimahöfn, þjóðerni, eigandi skips og útgerðaraðili, sé hann ekki eigandi, nafn skipstjóra og umboðsmaður útgerðar hér á landi. Þá skal koma fram hver farmur er og magn ef um hættuleg efni er að ræða. Einnig skal geta áætlaðs komutíma og hvort óskað er leiðsögumanns.

Áður en komið er í höfn skal með minnst 3 klst. fyrirvara hafa samband við viðkomandi hafnaryfirvöld.

Leiðsögu- og hafnsöguskylda.

7. gr.

Öll skip, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu ætíð nota leiðsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita kunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Um borð í öllum skipum með erlendum skipstjórnarmönnum, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skal við siglingu á milli hafna vera leiðsögumaður.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um leiðsögu- og hafnsöguskyldu.

Undanþágur.

8. gr.

Undanskilin ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land sjúka menn eða slasaða.

Brot o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða missi leiðsögumannsréttinda og/eða skipstjórnarréttinda og sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

Samgönguráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

10. gr.

Leiðsögumenn, sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda réttindum sínum þann tíma sem skírteini þeirra kveður á um.

Hafnsögumenn, sem starfa við hafnsögu skipa við gildistöku laga þessara, skulu innan fimm ára afla sér löggildingar sem hafnsögumenn.

Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi lög um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi 1991, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Vitastofnun og hagsmunaaðila. Gildandi lög um leiðsögu skipa eru lög nr. 48 19. júní 1933, en samkvæmt þeim hefur verið sett reglugerð um leiðsögu skipa nr. 215 28. júlí 1972. Þá er í gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa nr. 396 15. ágúst 1989. Ljóst er að gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og þjóna ekki markmiðum sínum og þykir því brýn þörf á endurskoðun laganna.

Á undanförnum árum hafa orðið allnokkur óhöpp sem hafa haft í för með sér mengun sjávar og stranda eða skemmdir á hafnarmannvirkjum. Orsakirnar má oft rekja til vanhæfni skipstjórnarmanna og/eða ókunnugleika á staðháttum. Er hér skemmst að minnast skipstrandsins við Grindavík veturinn 1988—1989 þegar veruleg mengun varð á fjörum og telja má mildi að skipið stórspillti ekki innsiglingu til hafnarinnar. Fleiri dæmi mætti nefna, t.d. hafa skip rekist á hafnarmannvirki með tilheyrandi skemmdum sem oft hafa ekki komið í ljós fyrr en allnokkru seinna og þá alls óljóst hver olli. Almennt er talið að komast hefði mátt hjá verulegum hluta þessara óhappa ef þekking skipstjórnenda á staðháttum hefði verið betri og færni þeirra í meðferð farartækjanna meiri. Víða um heim er skylda að leiðsögumaður sé á stjórnpalli allra stærri skipa þegar siglt er um vandsigld svæði eða þegar skip er með hættulegan farm. Með leiðsöguskyldu er hægt að sjá til þess

að nægjanleg fagþekking sé til staðar um borð í skipunum og koma í veg fyrir verulegan hluta óhappa.

Leiðsöguskylda er ekki lögboðin í siglingu við Ísland nema um Hvammsfjarðarröst, en leitast hefur verið við að sjá til þess að hæfir leiðsögumenn séu tiltækir sem víðast á landinu. Samkvæmt lögum um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933, er gert ráð fyrir að skipum sé gert kleift að fá leiðsögu með ströndum landsins og í þeim tilgangi er landinu skipt í nokkur leiðsöguumdæmi. Kerfið byggist á sérleyfi einstaklinga til leiðsagnar skipa á ákveðnum svæðum, leiðsöguumdæmum, gegn skyldu um viðveru og vissan viðbúnað til að geta annast leiðsögu. Ýmsar kvaðir eru lagðar á leiðsögumennina, en jafnframt er þeim tryggð hæfileg þóknun fyrir veitta þjónustu. Margt hefur breyst frá því lögin voru sett og misjafnlega hefur gengið að fá hæfa menn til að gegna leiðsögustarfinu í mörgum af leiðsöguumdæmunum.

Yfirlit yfir framkvæmdar leiðsögur samkvæmt innsendum leiðsögumiðum hafa verið á bilinu 50 til 70 á ári síðan 1980, en farið fækkandi seinni ár. Oftast er um að ræða leiðsögur á Faxaflóasvæðinu. Þegar leiðsögulögin voru sett voru það allmikil hlunnindi að vera skipaður leiðsögumaður þar sem starfið gat gefið nokkrar aukatekjur, en leiðsögumenn voru yfirleitt í öðrum störfum. Miklar breytingar hafa orðið á siglingum og þjóðfélagsháttum síðan leiðsögulögin voru sett. Nú er ekki sú búbót að því að vera leiðsögumaður og áður var þegar fátt varð að lausafé og forsendur þess að rata við strendur landsins allar aðrar nú eftir tilkomu breyttra og bættra siglingatækja. Þörfin fyrir leiðsögu milli hafna hefur nánast horfið, nema á nokkrum afmörkuðum svæðum t.d. innanverðum Breiðafirði. Aftur á móti hafa skip stækkað og farmar þeirra oft hættulegri umhverfi öllu. Þörfin á staðarþekkingu og færni í skipstjórn er því sannarlega enn fyrir hendi þótt í nokkuð öðru formi sé. Kröfur þær, er gerðar eru til leiðsögumanna samkvæmt núgildandi lögum, eru flestar almenns eðlis, svo sem staðarþekking, nokkur málakunnátta, auk þess skilyrðis að viðkomandi sé vanur sjómaður og hafi stýrimannspróf.

Augljóst er að skylduleiðsaga skipa í íslenskri landhelgi hefur í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir útgerðaraðila þar sem þá þyrfti að sjá fyrir hæfilegum fjölda leiðsögumanna sem ekki gætu séð fyrir sómasamlegri þjónustu ef leiðsögustarfið væri aukastarf eins og nú er. Líkast til yrði að koma á fót stofnun eða deild í stofnun, sem þegar er til, til að sjá um framkvæmd leiðsögunnar og með þeim kvöðum, sem nú eru varðandi vinnutíma, hvíldir og leyfi, er augljóst að um talsvert fjölmenna stofnun yrði að ræða. Kostnað við starfsemina yrði að leggja á notendur, þ.e. útgerðaraðila og þar með á hinn almenna neytanda í formi hækkaðra flutningsgjalda.

Þegar erlend skip koma til landsins og eiga erindi á nokkrar hafnir er mjög algengt að leiðsögulög séu sniðgengin á þann hátt að umboðsmaður skipsins hér ræður skipstjórnarlærðan mann til að hafa umsjón með lestun og losun skipsins á viðkomuhöfnum. Jafnframt verður hann skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og annað er varðar sérislensk málefni. Heimildir til leiðsagnar hefur hann yfirleitt ekki og þótt svo sé virðast engin dæmi þess að farið hafi verið að lögum um skil á svokölluðum leiðsögumiðum sem skila ber til Vitastofnunar, en þar eiga að koma fram upplýsingar varðandi leiðsögnina.

Tillögur þær, sem hér eru settar fram, miða að tveimur markmiðum. Í fyrsta lagi auknu öryggi í siglingum við strendur landsins og í öðru lagi einföldun á leiðsögukerfinu. Fyrra markmiðið á að nást með þeirri skyldu að ávallt sé nærtækur á skipi skipstjórnarlærður maður sem trygging er fyrir að hafi nokkra staðarþekkingu og skyldur til að aðstoða yfirvöld við framkvæmd við störf þeirra. Síðara markmiðið á að nást við það að útgerðarmaður eða umboðsmaður skips getur sjálfur ráðið hver leiðsögumaðurinn er.

Þau stærðarmörk, sem sett eru, miðast við að flest fiskiskip séu undanþegin því að

þurfa að taka um borð sérstakan leiðsögumann, enda munu skipstjórar hinna stærri skipa yfirleitt hafa öll skilyrði til að öðlast réttindi leiðsögumanna.

Þá er við það miðað að almennt þurfi ekki að setja sérstaka leiðsögumenn um borð í íslensk flutningaskip þar sem stjórnendur þeirra munu uppfylla þær kröfur, sem fram eru settar, í öllu falli varðandi þau svæði er þeir sigla oftast á eða þá að viðkomandi útgerð á kost á að hafa í áhöfn skipstjórnarlærðan mann með staðarþekkingu á því svæði sem skipið á leið um.

Varðandi erlend skip mun aðalreglan verða sú að íslenskur leiðsögumaður kemur um borð í fyrstu höfn og fylgi síðan skipinu uns það snýr af landi burt. Ekkert á þó að standa í vegi fyrir því að erlendur skipstjórnandi fái löggildingu leiðsögumanns og þar með heimild til að sigla skipi sínu um þau svæði sem hann hefur kynnst í fylgd löggiltra leiðsögumanna.

Sú leiðsöguskylda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mun minna krefjandi en almenn leiðsöguskylda í nágrannalöndunum. Hér er aðeins gert ráð fyrir að skylda sé að staðkunnugur maður sé tilkallanlegur hvenær sem er, án þess að hann sé á stöðugri vakt á stjórnpalli, svo sem almennt er skylda leiðsögumanna annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Það eru hafnayfirvöld sem meta hvort hafnsögumaður eigi að leiðbeina skipinu inn á hafnarsvæðið. Við sumar hafnir getur þó verið hafnsöguskylda og verða þær hafnir taldar upp sérstaklega í reglugerð um leiðsögu skipa.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gefa núverandi leiðsögu- og hafnsögumönnum tækifæri til að halda áfram starfi sínu, en gera ráð fyrir að að loknum umþóttunartíma taki ákvæðin um hæfni að fullu gildi. Ef til vill mun á smærri stöðum þurfa að sjá í gegnum fingur varðandi réttindi hafnsögumanna, en aftur á móti munu þangað aðeins leita smærri skip og þá yfirleitt með fullgildan leiðsögumann um borð svo að fagþekking ásamt staðarþekkingu ætti ávallt að vera fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á vegum samgönguráðuneytisins fór vitamálastjóri með framkvæmd leiðsögumála án þess að svo væri mælt fyrir í leiðsögulögum þar til ákveðið var með lögum um vitamál, nr. 56 frá 1981, að Vitastofnun Íslands færi með þau mál. Gert er ráð fyrir óbreyttri skipan yfirstjórnar leiðsögumála svo sem hún er nú, þ.e. að Vitastofnun Íslands fari með framkvæmd þeirra undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Um 2. gr.

Skilgreind eru hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og þarfnast þau ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni koma fram skilyrði fyrir því að geta öðlast og haldið löggildingu sem leiðsögumaður. Þau nýmæli eru að leiðsögumaður verður að vera milli 25 og 65 ára, hafa skipstjórnarréttindi, hafa siglt sem skipstjóri eða stýrimaður um svæði það er löggildingin nær til og vera nákunnugur siglingaleiðum þar. Þá má krefjast þess að leiðsögumaður ljúki námskeiði til að vera leiðsögumaður.

Í flestum erfiðari höfnum landsins er hafnsöguskylda sem ákveðin er í hafnarreglugerð er samgönguráðherra hefur sett fyrir viðkomandi höfn. Hafnsögumenn eru ráðnir af hafnarstjórnum og hefur löggjafinn ekki gert neinar kröfur um hæfni þeirra eða mennt-

un. Þótt ekki sé í skýrslum dæmi um óhöpp er stafað hafi af vanhæfni núverandi hafnsögumanna til starfans verður að telja rétt að til starfshæfni þeirra verði gerðar almennar kröfur sem tryggi öryggi þeirrar þjónustu er hafnirnar selja.

Með því að gerðar verða sömu kröfur til hafnsögumanna og leiðsögumanna má gera ráð fyrir að hafnsögumenn leiti almennt eftir löggildingu sem leiðsögumenn á heimaslóðum og ef til vill á stærri svæðum þar sem margir þeirra eru reyndir sjómenn með þekkingu á landi og höfnum. Hinar auknu kröfur til hafnsögumanna gera það einnig eðlilegt að til þeirra sé leitað þegar þörf er leiðsagnar.

Um 4. gr.

Í greininni er vikið almennt að skyldum leiðsögumanna. Leiðsögumanni ber að aðstoða yfirvöld við störf þeirra. Sérstaklega ber þeim að kappkosta að ekki hljótist náttúruspjöll af völdum siglingaóhappa. Til að koma í veg fyrir allan vafa um hver er ábyrgur fyrir siglingu skips, sem nýtir aðstoð leiðsögumanns, er sett ákvæði í frumvarpið er segir að leiðsögumaður sé aðeins ábyrgur fyrir þeim ráðum sem hann gefur, en ekki siglingu skipsins.

Ein mikilvæg breyting verður þó á högum núverandi leiðsögumanna, en það er varðandi gjaldtöku fyrir leiðsögn. Nú eru greiðslur ákveðnar með gjaldskrá sem ráðherra setur, en samkvæmt frumvarpinu er það samningsatriði hverju sinni milli aðila hver þóknunin verður þótt ráðherra sé heimilað að gefa út gjaldskrá fyrir þjónustu leiðsögumanna.

Um 5. gr.

Með skráningu þeirra fyrirtækja, sem annast fyrirgreiðslu skipa og fulltrúa þeirra og þeirri skrá ávallt haldið við af Vitastofnun, ætti að vera tryggt öruggt samband við útgerðaraðila allra skipa er sigla um íslenska landhelgi. Ákvæði þessarar greinar eru ný, en talið er nauðsynlegt að hægt sé að ná til ábyrgs fulltrúa útgerðar með stuttum fyrirvara, t.d. ef óhöpp ber að höndum. Einnig eru ákvæði um að krefjast megi að umboðsmaður útvegi tryggingar vegna hugsanlegs tjóns er skip kann að valda hér við land.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í þessari grein felast ein helstu nýmæli laganna, þ.e. skylda til að nýta leiðsögu löggilts hafnsögumanns þegar skip flytur „hættuleg efni“ í meira magni en ákveðið er í reglugerð. Einnig skulu skip, sem stjórnað er af erlendum mönnum og sigla milli íslenskra hafna með „hættuleg efni“, hafa um borð leiðsögumann. Auka má leiðsögu- og hafnsöguskyldu með reglugerð, t.d. getur hafnarstjórn kveðið á um hafnsöguskyldu ef vandsiglt er um erfið hafnarsvæði og Vitastofnun getur kveðið á um leiðsöguskyldu á ákveðnum svæðum.

Um 8. gr.

Svo sem venja er eru skip, sem í neyð leita hafnar, undanþegin ákvæðum laganna að öðru leyti en því að þau verða að fara að reglum um hafnsöguskyldu þar sem hafnarstjórn hefur kveðið á um slíka skyldu.

Um 9. gr.

Í refsiákvæði frumvarpsins er fyrst og fremst gert ráð fyrir réttindasviptingu vegna

brots á lögunum þó að sektum megi einnig beita, t.d. gegn útgerðum eða umboðsmönnum skipa.

Um 10. gr.

Ekki munu lög í anda tillagna þessara breyta mikið stöðu þeirra sem nú eru skipaðir leiðsögumenn að öðru leyti en því að þeir eru sviptir einkarétti þeim er þeir höfðu í sínu leiðsöguumdæmi. Óvíst er hversu mikils virði sá réttur er orðinn vegna þess að á Faxaflóasvæðinu, þar sem meiri hluti leiðsagna fer fram, er fjöldi leiðsögumanna það mikill að aðeins fáar leiðsagnir koma í hlut hvers skipaðs leiðsögumanns. Þá má og ætla að áfram verði til þeirra leitað þar sem þeir eru flestir hafnsögumenn og oftast tiltækir til leiðsagnar, sérstaklega styttri ferða, eins og flestar leiðsagnir um Faxaflóa eru.

Samkvæmt gildandi lögum þurfa skipaðir leiðsögumenn að endurnýja leiðsöguskírteini sín á fimm ára fresti þannig að löggilding þeirra getur lengst varað fimm ár frá gildistöku þessa frumvarps. Eðlilegt má teljast að skírteinin verði ekki endurnýjuð nema í samræmi við ákvæði þessa frumvarps verði það samþykkt á Alþingi. Flestir þeirra munu og uppfylla meginhluta þeirra skilyrða sem frumvarpið setur. Nokkuð öðru máli gegnir um hafnsögumenn sem ekki hafa þurft að uppfylla neinar sérstakar kröfur stjórnvalda. Rétt verður að teljast að þeir fái rúman tíma til að uppfylla skilyrði frumvarpsins og eru fimm ár talinn hæfilegur tími.

Um 11. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta verði að lögum 1. júlí 1993 og er það gert til að skapa hagsmunaaðilum vissan aðlögunartíma.

Fylgiskjal.

Kostnaðarumsögn til samgönguráðuneytis frá fjármálaráðuneyti um frumvarp til laga um leiðsögu skipa.

(19. febrúar 1991.)

Tilgangur þessa frumvarps er að endurskoða núgildandi lög nr. 48/1933, um leiðsögu skipa, sem komin eru til ára sinna og þjóna ekki lengur markmiðum sínum.

Ráðuneytið telur að ákvæði frumvarpsins hafi ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

225. Svar [67. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um niðurskurð á kennslu í skólakerfinu.

1. *Hverju nemur að mati ráðherra heildarniðurskurður á framlögum til skóla frá árinu 1991 til ársins 1992 á verðlagi fjárlaga þessa árs í*
   — *grunnskólum alls,*
   — *framhaldsskólum alls,*
   — *sérskólum alls,*
   — *háskólum alls?*

Heildarniðurskurður á framlögum til skóla frá árinu 1991 til ársins 1992 á verðlagi fjárlaga 1992. Allar kostnaðartölur eru í þús. kr.

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur
Grunnskólar alls	4.849.765	4.683.260	-166.505
Framhaldsskólar alls	3.970.444	4.002.100	31.656
Sérskólar alls	534.902	498.240	-36.662
Háskólar alls	2.127.776	2.043.900	-83.876

2. *Hvernig kemur þessi niðurskurður fram í einstökum atriðum í*
   — *grunnskólum eftir fræðsluumdæmum í vikustundum og fjármunum á föstu verðlagi,*
   — *háskólum eftir skólum í úthlutuðum tímum og fjármunum á föstu verðlagi,*
   — *háskólum eftir skólum í kennslumagni og fjármunum á föstu verðlagi,*
   — *sérskólum eftir skólum í kennslumagni á skóla og fjármunum á föstu verðlagi,*
   — *sérskólum í tímum og fjármunum á föstu verðlagi?*

   Óskað er eftir því að samanburðurinn á tímum og kennslumagni verði milli haustannar haustið 1991 og haustannar haustið 1992.

Niðurskurður í einstökum atriðum.

a. Í grunnskólum eftir fræðsluumdæmum.

Kennsla mæld í vikulegum kennslustundum.

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur	Almenn kennsla haust '91	Almenn kennsla haust '92	Mismunur
ÆKHÍ	56.942	60.000	3.058	598	580	-18
Grunnskólar Reykjavíkur	1.311.098	1.222.400	-88.698	20.061	19.023	-1.038
Grunnskólar Reykjanesi	1.069.308	1.024.900	-44.408	17.703	16.667	-1.036
Grunnskólar Vesturlands	328.170	309.800	-18.370	5.443	5.018	-425
Grunnskólar Vestfjarða	225.785	211.200	-14.585	3.793	3.541	-252
Grunnskólar Norðurl. v.	245.251	225.400	-19.851	4.040	3.726	-314
Grunnskólar Norðurl. e.	500.449	468.200	-32.249	8.114	7.590	-524
Grunnskólar Austurlandi	294.002	275.300	-18.702	5.055	4.676	-379
Grunnskólar Suðurlandi	419.646	392.000	-27.646	7.064	6.458	-606
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur	44.246	44.100	-146			
Fræðsluskrifstofa Reykjanesi	27.790	28.640	850			
Fræðsluskrifstofa Vesturlandi	16.567	16.960	393			
Fræðsluskrifstofa Vestfjarða	13.070	13.880	810			
Fræðsluskrifstofa Norðurl. v.	15.391	15.220	-171			
Fræðsluskrifstofa Norðurl. e.	24.538	25.080	542			
Fræðsluskrifstofa Austurlands	13.487	13.480	-7			
Fræðsluskrifstofa Suðurlands	16.060	18.260	2.200			
Fræðsluskrifstofur almennt	3.761	7.300	3.539			
Grunnskólar almennt	224.204	311.140	86.936			
Samtals	**4.849.765**	**4.683.260**	**-166.505**	**71.871**	**67.279**	**-4.592**

b. Í háskólum eftir einstökum skólum.

Heildarfjárveitingar.

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur
Háskóli Íslands	1.558.081	1.483.400	-74.681
Háskólinn Akureyri	138.827	132.700	-6.127
Kennaraháskóli Íslands	257.115	257.200	85
Tækniskóli Íslands	173.753	170.600	-3.153
Samtals	**2.127.776**	**2.043.900**	**-83.876**

Fjárveitingar til kennslu.

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur
Háskóli Íslands, kennslu- og vísindadeildir	963.424	931.900	-31.524
Kennaraháskóli Íslands, kennsla	124.644	128.900	4.256

Ekki eru til sundurliðaðar upplýsingar um skiptingu milli kennslu og annars rekstrarkostnaðar í Háskólanum á Akureyri og Tækniskóla Íslands.

Fjárveitingar til rekstrar (kennsla þar með talin).

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur
Háskóli Íslands	1.558.081	1.483.400	-74.681
Háskólinn Akureyri	105.410	112.700	7.290
Kennaraháskóli Íslands	244.759	245.000	241
Tækniskóli Íslands	170.530	165.500	-5.030
Samtals	**2.078.779**	**2.006.600**	**-72.179**

c. Í sérskólum og eftir einstökum skólum.

	Fjárlög 1991	Fjárlög 1992	Mismunur	Kennsla haust '91	Kennsla haust '92	Mismunur
Sérskólar almennt (annað en skólar)	144.740	142.200	-2.540			
Sérdeild fyrir einhverf börn	11.639	10.900	-739	135	135	0
Sérdeild fyrir sjónskert börn	8.938	6.100	-2.838	117	26	-91
Sérdeildir Hlíðaskóla	12.652	11.000	-1.652	195	185	10
Hvammshlíðarskóli	26.310	25.300	-1.010	400	540	140
Öskjuhlíðarskóli	109.044	105.100	-3.944	1.271,5	1.270	-1,5
Safamýrarskóli	57.726	58.200	474	909	833	-76
Dalbrautarskóli	21.219	14.800	-6.419	225	245	20
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	63.140	61.340	-1.800	1.035	1.035	0
Einholtsskóli	13.953	13.000	-953	168	170	2
Heyrnleysingjaskólinn	65.539	50.300	-15.239	530	397	-133
Samtals	**534.902**	**498.240**	**-36.662**	**4.985,5**	**4.836**	**-149,5**

Ekki liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um fjölda tíma til annarra starfa en kennslu í sérskólum.

3. Hvernig kemur þessi niðurskurður fram í tímafjölda til sérkennslu með því að bera saman tímamagn til sérkennslu haustið 1991 og haustið 1992?

Samanburður á tímafjölda til sérkennslu haust 1991 og haust 1992.

	Sérkennsla haust '91	Sérkennsla haust '92	Mismunur
Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	144	125	-19
Grunnskólar Reykjavíkur	3.167	3.139	-28
Grunnskólar Reykjanesi	2.630	2.683	53
Grunnskólar Vesturlands	656	677	21
Grunnskólar Vestfjarða	439	432	-7
Grunnskólar Norðurl. v.	485	471	-14
Grunnskólar Norðurl. e.	1.089	1.029	-60
Grunnskólar Austurlandi	554	541	-13
Grunnskólar Suðurlandi	862	864	2
Samtals	**10.026**	**9.961**	**-65**

226. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og fékk á sinn fund Eirík Tómasson hrl., dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Magnús K. Hannesson lektor, Sigurð Líndal prófessor og Ólaf Þ. Harðarson lektor.

Í stjórnarskránni eru ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, t.d. ef ágreiningur verður milli forseta og þings um staðfestingu laga. Alþingi getur hvenær sem er leitað álits þjóðarinnar og vísað málum til þjóðaratkvæðagreiðslu telji það sérstaka þörf á því. Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið nokkrum sinnum fram, m.a. tvisvar um breytingar á stjórnskipun landsins. 2. minni hluti telur sérstaka ástæðu til að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er í fullu samræmi við þróun síðustu ára og áratuga í löndum Vestur-Evrópu þar sem þjóðaratkvæðagreiðslu hefur í vaxandi mæli verið beitt, sérstaklega við samningana um nánara samstarf Evrópuríkja. Það er lýðræðislegt andsvar við vaxandi áhrifum stofnana og embættismanna.

Allir eru sammála um að samningurinn er mjög umfangsmikill og hefur áhrif á flest svið þjóðlífsins frá öræfum landsins til ystu marka fiskveiðilögsögunnar og yrði víðtækasti fjölþjóðasamningur sem Íslendingar hefðu gert frá stofnun lýðveldisins. Það er lýðræðisleg krafa að þjóðin fái að segja álit sitt á samningnum áður en Alþingi afgreiðir hann. Þá sanngjörnu kröfu hafa fjölmenn félagasamtök sett fram, svo sem Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Neytendasamtökin ásamt tugum þúsunda kjósenda.

Til undirbúnings þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að fara fram ítarleg kynning á efni samningsins og er það besta andsvarið við fullyrðingunni um að þjóðin hafi ekki nægja þekkingu til að taka afstöðu til efnis hans. Slíka hlutlausa kynningu hefur ríkisstjórnin vanrækt hingað til, en hún er nauðsynleg til að gera það sem unnt er til að koma í veg fyrir hörð átök í þjóðfélaginu eftir afgreiðslu málsins, hvort sem samningurinn verður samþykktur eða honum hafnað.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt. Það gera einnig nefndarmennirnir Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingi Björn Albertsson, en þeir munu skila séráliti.

Alþingi, 3. nóv. 1992.

Jón Helgason, frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.

227. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Gísla Jón Kristjánsson fiskmatsstjóra, Einar M. Jóhannsson frá Ríkismati sjávarafurða, Árna Benediktsson og Aðalstein Gottskálksson frá Íslenskum sjávarafurðum hf., Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sturlaug Daðason frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Jón Friðjónsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. þingi frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Íslenskum sjávarafurðum hf., Fiskiðn, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Fiskmatsmannafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Ríkismati sjávarafurða, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Hollustuvernd ríkisins og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til breytingar á 2. og 3. gr. Annars vegar að fellt verði úr 2. gr. að ferskvatnsdýr teljist til sjávarafla. Er það gert í því skyni að forðast skörun við lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Hins vegar er lagt til að ákvæði um eftirlit vinnslu, slátrunar og pökkunar ferskvatnsdýra bætist inn í 3. gr. til þess að náð verði því markmiði að eftirlit með veiðum og hagnýtingu sjávarafurða og eftirlit með vinnslu og pökkun afurða hafbeitar- og eldisfisks verði í höndum sama aðila.
2. Lagt er til að við 6. gr. bætist ákvæði þess efnis að við innflutning lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra og lindýra, sem lifa í söltu vatni, skuli höfð hliðsjón af lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, og er það til að tryggja samræmi við meðferð þessara mála.
3. Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins er það skylda fyrirtækis eða útgerðar skips að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Lagt er til að ráðherra geti veitt undanþágur frá þessari skyldu enda helgist það af sérstökum ástæðum, t.d. ef erfitt er vegna staðsetningar fyrirtækis að koma við því fyrirkomulagi sem greinin gerir ráð fyrir eða ef fyrirtækin hafa sjálf byggt upp gæðaeftirlit innan sinna vébanda sem fullnægja öllum kröfum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 3. nóv. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

228. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „sjávar- og ferskvatnsdýr“ í 1. málsl. komi: sjávardýr.
2. Við 3. gr. Við 1. málsl. bætist: og jafnframt til eftirlits með slátrun, vinnslu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.
3. Við síðari málslið síðari málsgreinar 6. gr. bætist: og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, eftir því sem við getur átt.
4. Við 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

229. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarpið var rætt í nefndinni samhliða 45. máli og mælir nefndin með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 3. nóv. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

230. Frumvarp til laga [5. mál]

um gjaldeyrismál.

(Eftir 2. umr., 3. nóv.)

1. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð,

fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;

2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum, viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum,
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,
4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati bankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

4. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um gjaldeyrisviðskipti vegna einhverra eða allra eftirtalinna flokka fjármagnshreyfinga, enda sé gætt ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að:

1. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.
2. Viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum.
3. Fasteignakaup erlendra aðila hér á landi.

Slíkar takmarkanir mega þó ekki ná til flutnings fjár í eigu erlends aðila frá landinu við sölu á eignarhlut eða slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

5. gr.

Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1994 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með skuldabréf og víxla í erlendri mynt með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og víxla í íslenskum krónum með

gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum hér á landi.
3. Útgáfu á skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum erlendis með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.
4. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
5. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru eða þjónustu.
6. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
7. Inn- og útflutning skammtímaverðbréfa, peningaseðla og sleginna peninga.
8. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–7. tölul.
9. Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða í reglugerð reglur um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Þessi heimild fellur niður frá og með 1. janúar 1995.

6. gr.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

7. gr.

Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr. eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

8. gr.

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda fyrir þá aðila sem nefndir eru í 2. málsl. 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um umfang og mörk gjaldeyrisviðskipta hverrar stofnunar, reglulega upplýsingagjöf til Seðlabankans, fullnægjandi innra eftirlits- og upplýsingakerfi og hæfisskilyrði starfsfólks. Í þeim skal enn fremur kveðið á um afturköllun heimilda til gjaldeyrisviðskipta að því er varðar þá aðila sem ekki hafa heimild til slíkra viðskipta í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

9. gr.

Ákveða má í reglugerð að viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf skuli fara fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér

á landi samkvæmt lögum eða ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Þar má jafnframt kveða á um að einstakir flokkar lögaðila séu undanþegnir kröfu þessari og að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti við erlenda aðila.

10. gr.

Allir þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, skulu hafa til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld sem áskilin eru í slíkum viðskiptum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd 1. mgr.

11. gr.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

12. gr.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

14. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að til þess tíma er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar, en þó ekki lengur en til og með 31. desember 1993, gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með hlutabréf og skuldabréf í erlendri mynt með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti innlendra aðila með hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langtímaverðbréfum.
3. Viðskipti erlendra aðila með skuldabréf í íslenskum krónum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.
4. Útgáfu innlendra aðila erlendis í íslenskum krónum á hlutabréfum og skuldabréfum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.

231. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Í stað 1.–2. mgr. 51. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ökuskírteini eru þrenns konar: Reynsluskírteini, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Reynsluskírteini er gefið út til byrjenda og gildir í sex mánuði. Brjóti handhafi reynsluskírteinis af sér á reynslutímanum er heimilt að framlengja gildistíma skírteinis hans um allt að sex mánuði í senn. Handhafa reynsluskírteinis er óheimilt að stjórna bifreið nema í fylgd með honum sé einstaklingur, handhafi fullnaðarskírteinis og a.m.k. 21 árs að aldri. Stjórnandi bifhjóls með reynsluskírteini skal vera í fylgd annars sem fullnægi fyrrgreindum skilyrðum.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út að loknum gildistíma reynsluskírteinis og gildir í tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gengur út á að gera eina einfalda breytingu á þeim kafla umferðarlaga sem fjallar um ökupróf og ökuskírteini, breytingu sem felur það í sér að við upphaf ökumannsferils ungmenna, sem lokið hafa prófi til að stjórna bifreið eða bifhjóli, komi sérstakt reynslutímabil, sex mánuðir, þar sem þeir skuli njóta fylgdar reyndari ökumanns eða stjórnanda. Sambærilegt fyrirkomulag eða svipað er þekkt frá mörgum löndum og hér á landi hefur oft komið til umræðu að innleiða reynslu- eða æfingatímabil sem hluta af þjálfun ungra ökumanna.

Horfast verður í augu við þá staðreynd að tíðni óhappa og slysa er óheyrilega mikil meðal yngstu ökumannanna og þar af verða sorglega mörg alvarleg slys á fyrstu vikum og mánuðum sem menn stjórna ökutækjum. Eins og reglur eru í dag eru því engin sérstök takmörk sett hvar, hvenær eða hverjum nýir og óreyndir stjórnendur ökutækja geta ekið. Slíkt er þó vel þekkt af öðrum sviðum og nægir að nefna áfanga á réttindabraut flugmanna og aðgreiningu í sólópróf (án farþega) og einkaflugmannspróf í því sambandi.

Hér er valin sú leið að gera það að skilyrði á reynslutíma (gildistíma reynsluskír-

teinis) ökumanns að í fylgd með honum sé a.m.k. einn reyndari stjórnandi.

Eins og hörmuleg dæmi sanna er ekkert því til fyrirstöðu í dag að nýútskrifaður stjórnandi ökutækis réttra 17 ára og með mjög takmarkaða reynslu fylli bifreið af jafnöldrum sínum og leggi út í umferðina, þess vegna í langferð við hvaða skilyrði sem er. Þannig getur líf 4–5 ungmenna 15–17 ára hvílt á herðum eins óreynds bílstjóra og enginn er með í för sem neina umtalsverða reynslu hefur af stjórn ökutækis. Allt mat á aðstæðum og þar með því hvenær akstur er orðinn varhugaverður við tilteknar aðstæður byggir á takmarkaðri reynslu bílstjórans.

Með viðveru reyndari stjórnenda og reynsluskírteini byrjandans vinnst a.m.k. tvennt, til staðar er meiri reynsla og þjálfun í mati á aðstæðum og akstri sem þeim hæfir og með *reynslutímabili* og *reynsluskírteini* er byrjandinn minntur á stöðu sína.

Með tillögu þessari er á engan hátt verið að varpa rýrð á ökukennslu í landinu eða þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á ökuprófi og niðurstaða flutningsmanna var að gera ekki að svo stöddu neinar tillögur um breytingar á því fyrirkomulagi sem þar er við lýði. Vissulega hafa á undanförnum árum komið fram hugmyndir og tillögur um breytingar á tilhögun ökukennslu og ökuprófa sem eru allrar athygli verðar en hér er lögð til einföld en að mati flutningsmanns árangursrík aðferð við að draga úr þeim hlutfallslega mikla háska sem fylgir fyrstu mánuðum bílstjóraferilsins og dapurlegar staðreyndir úr skýrslum um slys og óhöpp í umferðinni tala skýru máli um.

Upplýsingar úr gagnabanka Umferðarráðs, sem fylgja tillögunni og taka til áranna 1986–1991 að báðum árum meðtöldum, sýna ekki aðeins að tíðni óhappa og slysa er mest í hópi yngstu ökumannanna, heldur einnig að tíðnin er vaxandi á þessu tímabili.

Ef árið 1991 er skoðað sérstaklega og tekið fyrir aldursbilið 17–64 ára, flokkað eins og gert er á skráningarblöðum Umferðarráðs, kemur eftirfarandi í ljós:

Fjöldi slasaðra og látinna.

Bifreiðar:	17–20 ára	133	=	33 að meðaltali úr árgangi
	21–24 ára	58	=	15 að meðaltali úr árgangi
	25–64 ára	229	=	6 að meðaltali úr árgangi
Bifhjól:	17–20 ára	26	=	7 að meðaltali úr árgangi
	21–24 ára	10	=	3 að meðaltali úr árgangi
	25–64 ára	11	=	>1 að meðaltali úr árgangi

Ef aldur ökumanna, sem áttu aðild að slysum, er skoðaður nánar kemur í ljós að á árinu 1991 voru

17 ára ökumenn	136
18 ára ökumenn	96
19–24 ára ökumenn	244 eða 41 að meðaltali úr árgangi
25–64 ára ökumenn	563 eða 16 að meðaltali úr árgangi

(Meðaltöl hækkuð eða lækkuð í næstu heila tölu.)

Önnur ár segja svipaða sögu. Ef tekið er meðaltal yfir árabilið 1986–1991 að báðum árum meðtöldum er útkoman eins og sjá má í meðfylgjandi töflu, sjá fskj. I. Rétt er að hafa í huga að hér eru einungis skoðaðir aldurshóparnir 17–64 ára og ekki er leiðrétt fyrir mismunandi fjölda í árgangi eða því um líku. Engu að síður segja þessar tölur mikið um hina háu slysatíðni í hópi yngstu ökumanna og í því sambandi er sláandi að í öllum tilvikum er fjöldi 17 ára ökumanna, sem tengjast óhöppum, mun meiri en þeirra sem eru ári eldri.

Fylgiskjal I.

Fjöldi slasaðra og látinna.

	1986	Meðalt. í árg.	1987	Meðalt. í árg.	1988	Meðalt. í árg.	1989	Meðalt. í árg.	1990	Meðalt. í árg.	1991	Meðalt. í árg.	Samtals	Meðalt. á tímab.	Meðalt. í árgangi yfir allt tímab.
Bifreiðar:															
17–20 ára	98	24.5	107	26.8	104	26.0	82	20.5	102	25.5	133	33.3	626	104.3	26.1
21–24 ára	44	11.0	65	16.3	48	12.0	34	8.5	48	12.0	58	14.5	297	49.5	12.4
25–64 ára	168	4.2	196	4.9	175	4.4	174	4.4	179	4.5	229	5.7	1121	186.8	4.7
Bifhjól:															
17–20 ára	15	3.8	4	1.0	7	1.8	19	4.8	19	4.8	26	6.5	90	15.0	3.8
21–24 ára	8	2.0	2	0.5	7	1.8	9	2.3	5	1.3	10	2.5	41	6.8	1.7
25–64 ára	3	0.1	2	0.1	4	0.1	8	0.2	5	0.1	11	0.3	33	5.5	1.4

Aldur ökumanna sem átt hafa aðild að slysum.

17 ára	70	70.0	76	76.0	91	91.0	76	76.0	83	83.0	136	136.0	532	88.7	88.7
18 ára	62	62.0	61	61.0	78	78.0	64	64.0	63	63.0	96	96.0	424	70.7	70.7
19–24 ára	231	38.5	250	41.7	220	36.7	172	28.7	206	34.3	244	41.0	1323	220.5	36.8
25–60 ára	386	10.7	435	12.6	447	12.4	394	10.9	442	12.3	563	16.0	2685	447.5	12.4

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

BRÁÐABIRGÐASKRÁNING UMFERÐARSLYSA 1986–1991

Árið 1986.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	7113 (6443)	532 (595)	21 (23)	7666 (7061)

Fjöldi slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri		Alls
Ökumenn bifreiða			1	94^{+4}	44	163^{+5}	17^{+2}		319^{+11} (355^{+8})
Ökumenn bifhjóla		1		12^{+3}	8	3			24^{+3} (29^{+})
Ökumenn vélhjóla		2	21	2					25 (22)
Farþegar	21^{+}	28	31^{+}	69	33^{+}	86	18^{+3}		286^{+6} (334^{+4})
Gangandi	20^{+}	24^{+}	8	11^{+}	7	23	15^{+}		108^{+4} (134^{+10})
Hjólr.menn	4	11	4			3	1		23 (31)
Aðrir			2		1	3	1		7 (7)
ALLS	45^{+2} (42^{+})	66^{+} (87^{+2})	67^{+} (91^{+2})	188^{+8} (215^{+4})	93^{+} (114^{+})	281^{+5} (299^{+9})	52^{+6} (64^{+4})		792^{+24} (912^{+23})

Athugið: + merkir látna. Tölur innan sviga eru frá árinu 1985.

	1986	1985	1984	1983	1982	1981	1980	1979	1978	1977	1976
Slys með meiðslum	532	595	527	449	520	479	498	420	479	400	421
Dauðaslys	21	23	24	17	21	22	24	23	25	33	18
Í þéttbýli	395	424	380	333	408	390	401	346	377	316	343
Í dreifbýli	158	194	171	133	133	111	121	97	127	117	96
Slasaðir	768	889	762	613	744	707	686	588	709	536	547
Látnir	24	23	27	18	24	24	25	27	27	37	19
Meiri háttar meiðsli	345	375	419	297	349	260	326	274	320	290	262
Minni háttar meiðsli	423	514	343	316	395	447	360	314	389	246	285
Lagðir á sjúkrahús	277	275	309	275	394	216	256	230	266	---	314
Karlar	508	576	489	390	479	449	458	376	467	359	373
Konur	284	336	300	241	289	282	253	239	269	214	193
Börn 14 ára og yngri	111	129	134	110	143	154	140	121	148	92	130
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	811	870	817	694	789	743	777	634	730	628	632
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	193	226	163	138	149	121	142	120	142	101	109

	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	2860	2673	184	3	242	142	100	3
Hafnarfjörður	596	551	44	1	64	41	23	1
Kópavogur	399	357	41	1	55	28	27	1
Akureyri	437	403	33	1	45	33	12	1
Keflavík	480	465	15	0	19	12	7	0
Árnessýsla	356	329	24	3	41	17	24	5
Garðabær	211	194	17	0	23	18	5	0
Keflavíkurflugvöllur	166	160	6	0	8	4	4	0
Ísafjörður	162	157	5	0	10	7	3	0
Vestmannaeyjar	153	143	9	1	11	3	8	2
Akranes	92	92	0	0	0	0	0	0
Suður-Múlasýsla	178	158	18	2	28	11	17	2
Snæfells- og Hnappad.s.	154	141	12	1	19	11	8	1
Mýra- og Borgarfjarðars.	219	203	16	0	25	11	14	0
Skagafjarðarsýsla	149	139	8	2	12	4	8	2
Húnavatnssýsla	91	84	7	0	8	5	3	0
Gullbringusýsla	105	95	10	0	16	6	10	0
Kjósarsýsla	115	95	17	3	37	20	17	3
Rangárvallasýsla	77	70	7	0	13	4	9	0
Grindavík	71	70	1	0	1	1	0	0
Eyjafjarðarsýsla	40	29	11	0	17	11	6	0
Seltjarnarnes	58	55	3	0	4	1	3	0
Húsavík	76	75	1	0	1	0	1	0
Neskaupsstaður	43	40	3	0	3	2	1	0
A-Skaftafellssýsla	62	56	6	0	8	4	4	0
Siglufjörður	30	28	2	0	3	2	1	0
Barðastrandasýsla	33	29	3	1	3	1	2	1
Norður-Múlasýsla	39	36	3	0	6	2	4	0
Þingeyjarsýsla	68	63	5	0	5	3	2	0
Ólafsfjörður	18	16	2	0	4	2	2	0
V-Skaftafellssýsla	32	25	5	2	7	3	4	2
Dalvík	25	23	2	0	3	2	1	0
Dalasýsla	19	15	4	0	4	0	4	0
Bolungarvík	17	17	0	0	0	0	0	0
Ísafjarðarsýsla	18	13	5	0	6	4	2	0
Strandasýsla	19	14	5	0	13	5	8	0
Samtals:	7668	7113	534	21	764	420	344	24

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsli.
7. Meiri háttar meiðsli.
8. Látnir.

Ath. Bráðabirgðaskýrsla. Tölur á bls. 31 til 34 því ekki í samræmi við endanlegar tölur annars staðar í skýrslunni.

BRÁÐABIRGÐASKRÁNING UMFERÐARSLYSA MEÐ MEIÐSLUM 1985

ÁR 1986	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ágú.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	jan/des
Dauðaslys	1	4	3	1	0	4	2	2	1	1	2	0	21	23
Slys með meiðslum	30	32	24	26	43	52	51	69	57	63	40	45	532	595
Samtals:	31	36	27	27	43	56	53	71	58	64	42	45	553	618
Í þéttbýli	29	27	23	23	30	38	26	46	42	43	35	33	395	424
Í dreifbýli	2	9	4	4	13	18	27	25	16	21	7	12	158	194
Flokkun:														
Árekstur	15	16	15	13	16	23	19	29	29	23	23	23	244	244
Ekið á gangandi	8	10	5	4	8	8	9	15	12	12	10	5	106	135
Ekið á dýr/hluti	0	0	0	0	0	2	0	0	1	2	0	0	5	11
Ekið út af vegi	8	10	6	9	17	23	25	26	16	27	9	17	193	226
Aðrir	0	0	1	1	2	0	0	1	0	0	0	0	5	2
Ökutæki:	1	5	3	1	0	5	2	2	1	1	3	0	24	23
Slasaðir	33	50	39	37	59	78	76	108	73	90	58	67	768	889
Samtals:	34	55	42	38	59	83	78	110	74	91	61	67	792	912
Minni háttar meiðsli	18	25	29	16	29	47	46	56	37	45	37	38	423	514
Meiri háttar meiðsli	15	25	10	21	30	31	30	52	36	45	21	29	345	375
Lagðir á sjúkrahús	12	19	6	14	28	23	20	47	36	30	16	26	277	275
Vegfarendahópur:														
Ökumenn bifreiða	14	27	20	17	20	34	26	37	28	36	27	33	319	355
Ökumenn bifhjóla	1	3	0	2	2	3	0	3	7	3	0	0	24	29
Ökumenn vélhjóla	2	1	0	1	3	0	2	5	4	6	1	0	25	22
Ökumenn reiðhjóla	1	1	0	3	2	5	4	4	2	1	0	0	23	31
Farþegar	8	13	16	10	24	33	37	45	20	32	21	27	286	334
Fótgangandi	8	10	5	4	8	8	9	15	12	12	12	5	108	134
Aðrir	0	0	1	1	0	0	0	1	1	1	0	2	7	7
Kyn slasaðra:														
Karlar	25	39	27	25	39	46	42	72	54	61	36	42	508	576
Konur	9	16	15	13	20	37	36	38	20	30	25	25	284	336

Aðg. Brábabirgðaskýrsla, tölur í þessum dálki eru ekki endanlegar og geta breyst.

Desember 1986	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Mai	Júní	Júll	Ágú.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samt.	1985 jan/des
Aldursskipting slasaðra:														
0-6 ára	0	4	3	0	3	5	5	10	6	4	2	3	45	42
7-14 ára	6	1	3	3	4	9	6	7	12	3	5	7	66	87
15-16 ára	2	4	2	3	7	5	6	12	7	13	2	4	67	91
17-20 ára	6	18	14	8	14	18	15	36	17	22	7	13	188	215
21-24 ára	3	7	2	4	15	8	12	6	4	9	9	14	93	114
25-64 ára	13	16	17	17	15	29	30	35	25	37	25	22	281	299
65 ára og eldri	4	5	1	3	1	9	4	4	3	3	11	4	52	64
Börn 0-14 ára														
Stúlkur	2	2	2	0	3	4	3	8	4	1	5	2	36	51
Drengir	4	3	4	3	4	10	8	9	14	6	2	8	75	78
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að umferðarslysum:	46	54	43	42	59	81	73	99	90	87	67	70	811	870
Tegund ökutækis:														
Fólksbifreið	31	35	35	24	45	62	52	69	64	56	57	55	585	586
Leigubifreið	2	0	0	3	0	1	0	2	1	5	0	0	14	12
Kennslubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bifaleigubifreið	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	6
Jeppabifreið	4	3	4	1	2	6	7	7	3	7	1	3	48	80
Sendibifreið	2	1	1	4	2	0	4	4	1	2	4	7	32	42
Vörubifreið	1	4	1	2	1	2	1	1	6	1	1	1	22	30
Strætisvagn	0	4	1	2	1	0	2	1	0	2	2	2	17	21
Dráttarbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2	2
Bifhjól	1	4	0	2	2	4	1	4	7	4	0	0	29	29
Létt bifhjól	3	2	0	1	4	0	2	6	4	6	1	2	31	28
Dráttarvél	0	0	1	0	0	0	0	2	0	0	0	0	3	0
Reiðhjól	1	1	0	3	2	5	4	3	2	1	0	0	22	32
Vinnuvél/Veghefill	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	1	0	5	2
Kyn ökumanna:														
Karlar	34	39	35	33	50	51	52	78	64	67	46	54	603	679
Konur	12	15	8	9	9	30	21	21	26	20	21	16	208	191
Aldur ökumanna:														
14 ára og yngri	1	1	0	1	2	2	3	4	2	1	0	0	17	36
15-16 ára	1	2	0	1	3	1	3	8	4	6	1	1	31	28
17 ára	4	6	5	1	7	14	4	11	8	7	4	5	76	70
18 ára	2	5	6	2	4	5	9	7	6	6	5	3	60	62
19-24 ára	9	15	9	10	23	18	16	26	24	17	26	23	216	231
25-60 ára	25	23	23	24	18	32	24	39	45	46	33	33	365	386
61 árs og eldri	4	2	0	3	2	9	4	4	1	4	8	5	46	57
Eignatjón einungis	593	426	656	418	527	511	558	555	646	748	641	834	7113	6443

Árið 1987.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	10,674 (7,113)	673 (532)	22 (21)	11,369 (7,666)

Fj. slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri	Alls
Ökumenn bifr.	1	3	3	107	65	196	29	404
Ökumenn bifhj.	0	2	4	4	2	2	0	14
Ökumenn vélhj.	0	5	21	0	1	1	0	28
Farþeg.frams.	5	14	19	40	19	75	16	188
Farþeg.afturs.	16	23	18	19	17	37	8	138
Farþegar hjóla	0	4	6	0	0	1	0	11
Gangandi	18	37	8	5	7	26	21	122
Hjólr.menn	8	17	3	12	13	13	1	67
Annað	0	3	0	0	2	2	0	7
A L L S	48	108	82	187	126	353	75	979
Sl. ár	45	66	67	188	93	281	52	792

	1987	1986	1985	1984	1983	1982	1981	1980
Slys með meiðslum	651	532	595	527	449	520	479	498
Dauðaslys	22	21	23	24	17	21	22	24
Í þéttbýli	430	395	424	380	333	408	390	401
Í Dreifbýli	243	158	194	171	133	133	111	121
Slasaðir	955	768	889	762	613	744	707	686
Látnir	24	24	23	27	18	24	24	25
Mikil meiðsl	380	345	375	419	297	349	260	326
Lítil meiðsl	575	423	514	343	316	395	447	360
Lagðir á sjúkrahús	288	277	275	309	275	394	216	256
Karlar	607	508	576	489	390	479	449	458
Konur	372	284	336	300	241	289	282	253
Börn 14 ára og yngri	156	111	129	134	110	143	154	140
Fjöldi slasaðra sem notuðu öryggisbúnað	218							
Fjöldi slasaðra sem ekki notuðu öryggisbúnað	761							
Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild áttu að slysi	69							
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	998	811	870	817	694	789	743	777
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	378	193	226	163	138	149	121	142

U M D Æ M I	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	5,664	5,472	188	4	239	140	99	4
Seltjarnarnes	61	59	2	0	2	2	0	0
Kópavogur	428	380	48	0	70	45	25	0
Garðabær	230	214	15	1	18	14	4	1
Hafnarfjörður	720	663	57	0	70	42	28	0
Kjósarsýsla	139	112	22	5	32	19	13	6
Keflavík	517	510	7	0	8	5	3	0
Gullbringusýsla	201	185	14	2	30	18	12	2
Keflavíkurflugvöl	142	139	3	0	6	5	1	0
Grindavík	82	79	3	0	4	1	3	0
Akranes	115	110	5	0	10	6	4	0
Mýra- og Borgarfj	291	264	27	0	53	36	17	0
Snæfellsnes- og H	148	130	18	0	26	16	10	0
Dalasýsla	28	27	1	0	1	1	0	0
Ísafjörður	190	174	16	0	24	20	4	0
Ísafjarðarsýsla	36	21	13	2	17	11	6	2
Bolungarvík	18	18	0	0	0	0	0	0
Barðastrandasýsla	55	51	4	0	4	4	0	0
Strandasýsla.	25	21	3	1	3	1	2	1
Húnavatnssýsla	148	124	24	0	32	22	10	0
Skagafjarðarsýsla	204	190	14	0	15	3	12	0
Siglufjörður	34	29	5	0	7	6	1	0
Akureyri	533	509	24	0	34	16	18	0
Eyjafjarðarsýsla	70	56	12	2	20	14	6	2
Dalvík	26	26	0	0	0	0	0	0
Ólafsfjörður	17	17	0	0	0	0	0	0
Húsavík	103	98	5	0	6	3	3	0
Þingeyjarsýsla	62	54	8	0	15	8	7	0
Suður-Múlasýsla	204	187	16	1	21	5	16	1
Norður-Múlasýsla	57	50	6	1	8	5	3	1
Neskaupsstaður	52	50	1	1	3	2	1	1
A-Skaftafellssýsl	76	69	7	0	12	7	5	0
Árnessýsla	414	340	73	1	119	80	39	2
Rangárvallasýsla	85	70	14	1	23	8	15	1
V-Skaftafellssýsl	49	39	10	0	13	5	8	0
Vestmannaeyjar	145	137	8	0	10	5	5	0
Samtals:	11,369	10,674	673	22	955	575	380	24

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsl
7. Meiri háttarmeiðsl.
8. Látnir.

ÁRID 1987	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEP	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Dauðaslys	2	1	3	0	2	0	3	4	4	0	2	1	22
Slys með meiðslum	54	40	45	34	52	63	69	69	61	52	54	58	651
Samtals :	56	41	48	34	54	63	72	73	65	52	56	59	673
Í þéttbýli	39	26	28	21	40	40	36	37	47	40	37	39	430
Í dreifbýli	17	15	20	13	14	23	36	36	18	12	19	20	243
Flokkun													
Árekstur	29	17	22	11	21	25	36	26	38	27	18	23	293
Ekið á gangandi	11	8	5	4	12	8	9	10	5	10	17	17	116
Ekið á dýr/hluti	1	0	0	0	0	0	0	0	1	1	1	1	5
Ekið út af vegi	11	14	16	16	19	25	22	30	19	13	19	17	221
Aðrir	4	2	5	3	2	5	5	7	2	1	1	1	38
Látnir	2	1	4	0	2	0	3	4	4	0	3	1	24
Slasaðir	96	57	79	60	70	85	109	92	92	64	81	70	955
Samtals:	98	58	83	60	72	85	112	96	96	64	84	71	979
Lítil meiðsl	57	34	52	45	40	45	64	58	49	37	54	40	575
Mikil meiðsl	39	23	27	15	30	40	45	34	43	27	27	30	380
Lagðir á sjúkrahús	29	13	19	13	30	27	33	27	27	19	24	27	288
Vegfarendahópur													
Ökumenn bifr.	48	27	31	24	24	34	52	37	43	22	36	26	404
Ökumenn bifhj.	1	0	1	1	4	3	2	0	0	2	0	0	14
Ökumenn vélhj.	0	0	1	2	2	0	1	7	8	4	1	2	28
Ökumenn reiðhj.	0	0	1	1	10	8	14	8	8	6	4	7	67
Farþegar	34	22	44	28	19	29	33	33	31	20	25	19	337
Fótgangandi	15	8	5	4	13	10	10	19	6	8	16	17	122
Aðrir	0	1	0	0	0	1	0	1	0	2	2	0	7
Kyn slasaðra													
Karlar	55	35	43	42	42	50	73	65	55	38	57	52	607
Konur	43	22	40	18	30	35	39	31	41	26	27	19	372

ÁRID 1987	JAN	FEB	MAR	APR	MAI	JÚN	JÚL	ÁG.	SEP	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Aldursskipting :													
0 - 6 ára	3	2	4	1	5	4	6	7	3	2	6	5	48
7-14 ára	10	5	10	9	8	16	17	9	7	5	9	3	108
15-16 ára	3	5	6	6	7	6	5	10	14	8	5	7	82
17-20 ára	12	15	20	16	18	14	16	14	18	7	23	14	187
21-24 ára	11	7	14	4	7	17	14	17	13	10	7	5	126
25-64 ára	49	23	25	24	23	22	45	36	33	26	22	25	353
65 ára og eldri	10	1	4	0	4	6	9	3	8	6	12	12	75
Börn 0 -14 ára													
Stúlkur	6	5	9	2	5	10	10	4	4	4	7	4	70
Drengir	7	2	5	8	8	10	13	12	6	3	8	4	86
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að slysum	89	58	73	44	77	89	109	103	105	82	81	88	998
Tegundir ökutækja													
Fólksbifreið	67	43	51	31	54	53	69	71	71	53	58	60	681
Leigubifreið	2	1	3	1	1	0	2	1	2	2	0	0	15
Kennslubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bílaleigubifreið	0	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	2
Jeppabifreið	10	6	6	5	1	14	9	6	8	4	4	6	79
Sendibifreið	1	1	4	1	1	2	4	3	4	6	4	5	36
Vörubifreið	6	3	1	0	3	4	1	4	1	2	4	6	35
Strætisvagn	1	1	4	1	1	1	2	2	0	2	2	1	18
Dráttarbifreið	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Bifhjól	0	0	1	0	4	3	8	6	3	5	3	4	37
Létt bifhjól	0	0	0	3	2	0	1	7	9	4	1	2	29
Dráttarvél	0	0	0	0	0	2	0	1	0	0	2	0	5
Reiðhjól	0	1	1	1	7	5	9	2	5	2	1	3	37
Vinnuvél/Veghefill	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	2
Fjórhjól	1	0	1	1	3	3	3	0	0	2	0	0	14
Hópbifreið	1	0	0	0	0	0	1	0	1	0	2	1	6
Snjóbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Snjósleði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Kyn ökumanna													
Karlar	71	43	54	36	60	68	84	75	77	63	67	66	764
Konur	18	15	19	8	17	21	25	28	28	19	14	22	234
Aldur ökumanna													
14 ára og yngri	1	2	1	4	5	5	9	4	5	1	2	0	39
15-16 ára	0	0	2	2	2	1	3	6	7	6	1	2	32
17 ára	1	4	6	5	3	5	6	10	11	8	8	9	76
18 ára	6	3	2	5	10	7	5	1	11	1	5	5	61
19-24 ára	20	18	23	9	23	29	19	26	25	16	19	23	250
25-60 ára	52	26	32	18	29	35	57	52	39	41	37	35	453
61 árs og eldri	9	5	7	1	5	7	10	4	7	9	9	14	87
Ríkisstjórn einungis	946	634	792	635	613	673	871	1,082	836	880	1,647	1,065	10.674

Árið 1988.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	7,602 (0)	623 (0)	24 (0)	8,249 (0)

Fj. slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri	Alls
Ökumenn bifr.	0	0	2	104	48	175	34	363
Ökumenn bifhj.	0	0	3	7	7	4	0	21
Ökumenn vélhj.	0	4	26	3	0	3	0	36
Farþeg.frams.	4	7	17	46	21	79	18	192
Farþeg.afturs.	18	18	11	28	16	31	8	130
Farþegar hjóla	0	1	1	2	3	2	1	10
Gangandi	21	29	13	9	7	28	29	136
Hjólr.menn	6	18	7	1	1	8	1	42
Annað	0	3	0	2	0	1	4	10
A L L S Sl. ár	49	80	80	202	103	331	95	940

	1988
Slys með meiðslum	623
Dauðaslys	24
Í þéttbýli	459
Í dreifbýli	188
Slasaðir	911
Látnir	29
Mikil meiðsl	299
Lítil meiðsl	612
Lagðir á sjúkrahús	276
Karlar	534
Konur	406
Börn 14 ára og yngri	129
Fjöldi slasaðra sem notaði öryggisbúnað	420
Fjöldi slasaðra sem ekki notaði öryggisbúnað	520
Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild áttu að slysi	37
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	1,004
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	327

U M D Æ M I	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	4,518	4,267	241	10	318	214	104	10
Seltjarnarnes	38	32	6	0	6	2	4	0
Kópavogur	344	297	46	1	54	43	11	1
Garðabær	183	176	6	1	8	5	3	1
Hafnarfjörður	643	566	76	1	117	88	29	1
Kjósarsýsla	74	57	16	1	28	24	4	1
Keflavík	234	215	19	0	24	11	13	0
Gullbringusýsla	120	102	17	1	36	21	15	2
Keflavíkurflugv.	130	130	0	0	0	0	0	0
Grindavík	57	54	3	0	7	3	4	0
Akranes	78	74	3	1	6	3	3	1
Mýra- og Borgarfj	232	212	20	0	38	23	15	0
Snæfellsnes- og H	131	119	11	1	22	15	7	2
Dalasýsla	22	19	3	0	6	1	5	0
Ísafjörður	104	100	4	0	4	2	2	0
Ísafjarðarsýsla	24	13	10	1	19	17	2	1
Bolungarvík	8	8	0	0	0	0	0	0
Barðastrandarsýsl	31	31	0	0	0	0	0	0
Strandasýsla.	16	14	2	0	5	4	1	0
Húnavatnssýsla	102	88	13	1	26	20	6	1
Skagafjarðarsýsla	88	71	16	1	23	9	14	1
Siglufjörður	6	5	1	0	1	0	1	0
Akureyri	256	239	17	0	23	11	12	0
Eyjafjarðarsýsla	39	34	5	0	6	4	2	0
Dalvík	10	10	0	0	0	0	0	0
Ólafsfjörður	36	36	0	0	0	0	0	0
Húsavík	32	31	1	0	1	0	1	0
Þingeyjarsýsla	31	26	4	1	8	5	3	1
Suður-Múlasýsla	114	109	4	1	8	6	2	1
Norður-Múlasýsla	29	26	3	0	6	5	1	0
Neskaupstaður	28	27	1	0	1	1	0	0
A-Skaftafellssýsl	37	32	5	0	5	1	4	0
Árnessýsla	278	224	53	1	78	61	17	4
Rangárvallasýsla	45	37	7	1	14	9	5	1
V-Skaftafellssýsl	34	29	5	0	7	3	4	0
Vestmannaeyjar	97	92	5	0	6	1	5	0
Samtals:	8,249	7,602	623	24	911	612	299	29

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsl
7. Meiri háttar meiðsl
8. Látnir.

ÁRID 1988	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Dauðaslys	2	1	1	2	3	2	3	1	2	1	3	3	24
Slys með meiðslum	45	25	40	36	45	63	67	81	64	50	53	54	623
Samtals :	47	26	41	38	48	65	70	82	66	51	56	57	647
Í þéttbýli	33	16	26	30	36	47	44	60	46	40	37	44	459
Í dreifbýli	14	10	15	8	12	18	26	22	20	11	19	13	188
Flokkun													
Árekstur	15	8	17	15	22	31	38	44	38	30	26	32	316
Ekið á gangandi	11	8	9	7	8	13	6	16	8	9	13	11	119
Ekið á dýr/hluti	0	0	0	1	0	1	0	2	4	1	1	1	11
Ekið út af vegi	20	9	9	9	9	12	18	16	9	5	16	9	141
Aðrir	1	1	6	6	9	8	8	4	7	6	0	4	60
Látnir	3	1	1	2	3	2	3	2	5	1	3	3	29
Slasaðir	76	32	53	48	67	93	109	106	92	78	79	78	911
Samtals:	79	33	54	50	70	95	112	108	97	79	82	81	940
Lítil meiðsl	47	16	32	33	46	66	75	66	68	54	56	53	612
Mikil meiðsl	29	16	21	15	21	27	34	40	24	24	23	25	299
Lagðir á sjúkrahús	23	11	16	16	22	26	32	32	29	15	24	30	276
Vegfarendahópur													
Ökumenn bifr.	32	12	26	19	20	29	41	41	39	34	31	39	363
Ökumenn bifhj.	0	0	0	0	3	5	2	4	5	1	1	0	21
Ökumenn vélhj.	0	0	2	2	4	4	4	7	6	5	2	0	36
Ökumenn reiðhj.	1	0	1	6	8	7	7	6	4	2	0	0	42
Farþegar	34	12	13	12	27	34	44	34	34	27	34	27	332
Fótgangandi	12	9	11	11	8	14	8	16	9	10	14	14	136
Aðrir	0	0	1	0	0	2	6	0	0	0	0	1	10
Kyn slasaðra													
Karlar	40	18	31	35	41	55	64	65	61	40	48	36	534
Konur	39	15	23	15	29	40	48	43	36	39	34	45	406

ÁRIÐ 1988	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Aldursskipting :													
0- 6 ára	1	0	4	4	8	7	6	6	5	3	1	4	49
7-14 ára	3	5	3	4	7	10	13	11	8	6	5	5	80
15-16 ára	2	2	5	4	9	10	10	11	8	8	7	4	80
17-20 ára	29	6	8	14	14	14	21	23	23	15	15	20	202
21-24 ára	2	5	4	4	7	22	10	11	8	8	11	11	103
25-64 ára	32	8	26	14	21	26	34	38	37	31	35	29	331
65 ára og eldri	10	7	4	6	4	6	18	8	8	8	8	8	95
Börn 0 -14 ára													
Stúlkur	1	4	2	2	7	9	6	6	4	7	3	4	55
Drengir	3	1	5	6	8	8	13	11	9	2	3	5	74
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að slysum	63	36	60	53	73	101	109	134	111	87	84	93	1,004
Tegundir ökutækja													
Fólksbifreið	47	29	40	34	44	70	71	95	76	60	56	75	697
Leigubifreið	2	1	0	1	0	1	0	3	1	2	0	1	12
Kennslubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bflaleigubifreið	0	2	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	3
Jeppabifreið	7	1	7	5	1	5	10	5	9	6	13	10	79
Sendibifreið	4	1	4	2	2	4	7	10	5	7	6	3	55
Vörubifreið	0	0	4	0	4	1	3	2	1	1	3	2	21
Strætisvagn	1	1	0	1	2	0	3	0	0	1	0	2	11
Dráttarbifreið	1	0	1	3	0	2	0	2	0	0	1	0	10
Bifhjól	1	0	0	3	8	5	4	4	4	1	1	0	31
Létt bifhjól	0	0	2	2	6	4	4	8	7	7	2	0	42
Dráttarvél	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	1	0	4
Reiðhjól	0	0	0	1	5	7	7	5	4	1	0	0	30
Vinnuvél/Veghefill	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1
Fjórhjól	0	0	1	0	1	0	0	0	1	0	0	0	3
Hópbifreið	0	0	1	0	0	1	0	0	0	1	1	0	4
Snjóbifreið	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Snjósleði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kyn ökumanna													
Karlar	40	26	45	37	54	76	80	100	83	53	65	65	724
Konur	23	10	15	16	19	25	29	34	28	34	19	28	280
Aldur ökumanna													
14 ára og yngri	0	0	0	1	6	7	8	4	1	1	1	0	29
15-16 ára	1	0	3	1	5	5	2	8	8	8	3	0	44
17 ára	9	3	3	6	6	6	12	14	10	5	5	12	91
18 ára	4	4	4	6	5	9	6	9	9	6	7	9	78
19-24 ára	12	11	10	10	13	26	21	35	24	18	19	21	220
25-60 ára	33	13	36	22	31	40	48	51	49	42	37	45	447
61 árs og eldri	4	5	4	7	7	8	12	13	10	7	12	6	95
Eignatjón einungis	1,138	1,002	706	465	527	522	567	479	536	558	505	597	7,602

Árið 1989.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	4,306 (0)	514 (0)	22 (0)	4,842 (0)

Fj. slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri	Alls
Ökumenn bifr.	0	0	2	82	34	174	19	311
Ökumenn bifhj.	0	1	4	19	9	8	0	41
Ökumenn vélhj.	0	5	12	1	0	0	0	18
Farþeg.frams.	1	9	15	39	16	64	15	159
Farþeg.afturs.	20	25	25	29	19	39	4	161
Farþegar hjóla	0	2	2	5	1	0	0	10
Gangandi	15	20	6	8	4	23	21	97
Hjólr.menn	3	17	2	2	3	0	1	28
Annað	0	1	0	0	0	4	1	6
A L L S Sl. ár	39	80	68	185	86	312	61	831

	1989
Slys með meiðslum	514
Dauðaslys	22
Í þéttbýli	331
Í dreifbýli	205
Slasaðir	803
Látnir	28
Mikil meiðsl	314
Lítil meiðsl	489
Lagðir á sjúkrahús	221
Karlar	503
Konur	328
Börn 14 ára og yngri	119
Fjöldi slasaðra sem notaði öryggisbúnað	370
Fjöldi slasaðra sem ekki notaði öryggisbúnað	461
Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild áttu að slysi	38
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	811
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	291

U M D Æ M I	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	2,259	2,089	168	2	247	145	102	2
Seltjarnarnes	14	14	0	0	0	0	0	0
Kópavogur	182	140	41	1	54	42	12	1
Garðabær	171	161	10	0	12	9	3	0
Hafnarfjörður	486	436	49	1	75	52	23	1
Kjósarsýsla	40	39	0	1	0	0	0	2
Keflavík	119	114	5	0	6	4	2	0
Gullbringusýsla	62	47	13	2	25	7	18	2
Keflavíkurflugv.	104	103	1	0	3	2	1	0
Grindavík	26	23	3	0	3	0	3	0
Mosfellsbær	3	3	0	0	0	0	0	0
Akranes	75	75	0	0	0	0	0	0
Mýra- og Borgarfj	143	122	20	1	33	23	10	2
Snæfellsnes- og H	119	109	10	0	15	8	7	0
Dalasýsla	16	15	1	0	1	0	1	0
Ísafjörður	46	45	1	0	3	3	0	0
Ísafjarðarsýsla	7	1	5	1	10	8	2	1
Bolungarvík	8	8	0	0	0	0	0	0
Barðastrandarsýsl	19	13	5	1	7	4	3	1
Strandasýsla.	19	15	4	0	5	4	1	0
Húnavatnssýsla	58	41	16	1	40	26	14	1
Skagafjarðarsýsla	64	39	23	2	32	11	21	2
Siglufjörður	35	34	1	0	1	0	1	0
Akureyri	121	95	26	0	34	20	14	0
Eyjafjarðarsýsla	29	15	13	1	22	7	15	4
Dalvík	7	5	1	1	1	1	0	1
Ólafsfjörður	27	24	3	0	4	0	4	0
Húsavík	19	14	5	0	8	6	2	0
Þingeyjarsýsla	30	12	15	3	19	9	10	4
Suður-Múlasýsla	57	49	7	1	11	7	4	1
Norður-Múlasýsla	13	9	4	0	6	4	2	0
Neskaupstaður	13	12	1	0	2	1	1	0
A-Skaftafellssýsl	24	21	3	0	3	1	2	0
Árnessýsla	301	258	42	1	85	62	23	1
Rangárvallasýsla	51	41	9	1	14	5	9	1
V-Skaftafellssýsl	31	22	8	1	20	17	3	1
Vestmannaeyjar	44	43	1	0	2	1	1	0
Samtals:	4,842	4,306	514	22	803	489	314	28

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsl
7. Meiri háttar meiðsl
8. Látnir.

ÁRID 1989	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Dauðaslys	2	0	0	1	4	3	1	2	0	5	3	1	22
Slys með meiðslum	33	25	32	29	49	65	59	59	44	43	39	37	514
Samtals :	35	25	32	30	53	68	60	61	44	48	42	38	536
Í þéttbýli	25	21	22	23	36	48	25	26	30	24	23	28	331
Í dreifbýli	10	4	10	7	17	20	35	35	14	24	19	10	205
Flokkun													
Árekstur	14	13	14	16	29	32	23	24	25	19	15	14	238
Ekið á gangandi	8	7	10	5	7	11	1	7	5	9	8	9	87
Ekið á dýr/hluti	2	1	2	2	1	4	2	4	4	2	2	3	29
Ekið út af vegi	10	3	6	5	11	13	24	19	5	15	14	9	134
Aðrir	1	1	0	2	5	8	10	7	5	3	3	3	48
Látnir	3	0	0	2	4	3	4	2	0	6	3	1	28
Slasaðir	64	29	50	41	84	82	91	99	70	70	63	60	803
Samtals:	67	29	50	43	88	85	95	101	70	76	66	61	831
Lítil meiðsl	47	16	24	31	63	44	55	62	32	42	39	34	489
Mikil meiðsl	17	13	26	10	21	38	36	37	38	28	24	26	314
Lagðir á sjúkrahús	17	13	9	9	17	24	22	27	23	27	18	15	221
Vegfarendahópur													
Ökumenn bifr.	27	9	18	12	32	31	31	34	28	35	32	22	311
Ökumenn bifhj.	0	1	0	4	2	11	8	8	2	3	0	2	41
Ökumenn vélhj.	0	1	1	0	1	4	3	1	3	3	0	1	18
Ökumenn reiðhj.	0	0	0	3	5	4	5	3	4	3	1	0	28
Farþegar	32	8	18	19	40	22	46	46	24	23	25	27	330
Fótgangandi	8	8	11	5	8	12	1	9	9	9	8	9	97
Aðrir	0	2	2	0	0	1	1	0	0	0	0	0	6
Kyn slasaðra													
Karlar	41	20	28	20	58	50	59	58	41	48	43	37	503
Konur	26	9	22	23	30	35	36	43	29	28	23	24	328

ÁRID 1989	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Aldursskipting :													
0- 6 ára	1	0	2	1	4	2	7	7	6	2	6	1	39
7-14 ára	4	5	5	6	9	10	11	8	5	8	5	4	80
15-16 ára	2	7	3	2	8	8	5	7	4	9	4	9	68
17-20 ára	7	1	15	8	19	27	22	31	17	12	16	10	185
21-24 ára	12	1	2	4	7	10	9	10	10	7	6	8	86
25-64 ára	33	14	21	17	33	22	37	37	25	26	26	21	312
65 ára og eldri	8	1	2	5	8	6	4	1	3	12	3	8	61
Börn 0 -14 ára													
Stúlkur	0	2	3	6	4	7	3	6	5	5	5	2	48
Drengir	5	3	4	1	9	5	15	9	6	5	6	3	71
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að slysum	52	39	47	52	87	105	88	88	72	71	59	51	811
Tegundir ökutækja													
Fólksbifreið	35	20	33	32	65	68	56	59	51	39	44	38	540
Leigubifreið	1	3	0	1	1	3	2	1	1	1	1	0	15
Kennslubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bílaleigubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Jeppabifreið	9	6	5	2	5	4	8	6	3	14	4	8	74
Sendibifreið	2	2	2	4	4	2	2	7	4	3	1	2	35
Skutbifreið	0	0	0	0	0	1	1	2	1	0	0	0	5
Vörubifreið	1	4	3	1	3	2	0	0	2	1	5	0	22
Strætisvagn	2	0	0	3	0	2	0	0	1	1	0	0	9
Dráttarbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Bifhjól	0	0	0	5	2	12	9	8	1	3	0	2	42
Létt bifhjól	0	1	1	1	1	4	3	1	3	3	0	1	19
Dráttarvél	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	2
Reiðhjól	0	0	0	3	4	5	5	3	4	3	1	0	28
Vinnuvél/Veghefill	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjórhjól	0	1	1	0	0	0	0	0	1	2	0	0	5
Hópbifreið	2	0	0	0	2	0	1	1	0	1	2	0	9
Snjóbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Snjósleði	0	2	2	0	0	0	1	0	0	0	0	0	5
Kyn ökumanna													
Karlar	39	32	35	36	64	72	65	68	50	54	48	42	605
Konur	13	7	12	16	23	33	23	20	22	17	11	9	206
Aldur ökumanna													
14 ára og yngri	0	0	2	2	4	5	6	2	2	3	1	1	28
15-16 ára	0	3	1	2	3	5	2	1	3	4	0	1	25
17 ára	5	1	4	2	11	7	12	11	8	4	6	5	76
18 ára	2	1	2	4	6	16	3	7	9	4	6	4	64
19-24 ára	6	4	13	14	16	28	18	21	16	13	10	13	172
25-60 ára	36	26	23	24	44	39	40	44	33	33	32	20	394
61 árs og eldri	3	4	2	4	3	5	7	2	1	10	4	7	52
Eignatjón einungis	510	561	678	294	318	303	266	285	249	260	267	315	4,306

Árið 1990.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	3,880 (0)	564 (0)	19 (0)	4,463 (0)

Fj. slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri	Alls
Ökumenn bifr.	0	1	0	102	48	179	30	360
Ökumenn bifhj.	0	1	3	19	5	5	0	33
Ökumenn vélhj.	0	2	7	0	1	0	1	11
Farþeg.frams.	2	10	25	43	21	77	19	197
Farþeg.afturs.	12	16	17	26	10	20	7	108
Farþegar hjóla	0	5	5	7	2	2	0	21
Gangandi	14	28	7	12	5	29	12	107
Hjólr.menn	2	21	7	7	1	3	0	41
Annað	0	0	0	2	1	0	0	3
A L L S Sl. ár	30	84	71	218	94	315	69	881

	1990
Slys með meiðslum	564
Dauðaslys	19
Í þéttbýli	418
Í dreifbýli	165
Slasaðir	857
Látnir	24
Mikil meiðsl	211
Lítil meiðsl	646
Lagðir á sjúkrahús	191
Karlar	524
Konur	357
Börn 14 ára og yngri	114
Fjöldi slasaðra sem notaði öryggisbúnað	413
Fjöldi slasaðra sem ekki notaði öryggisbúnað	468
Fjöldi slasaðra sem ekki er vitað um öryggisbúnað	0
Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild áttu að slysi	50
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	939
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	284

U M D Æ M I	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	2,012	1,809	198	5	309	218	91	6
Seltjarnarnes	9	9	0	0	0	0	0	0
Kópavogur	166	105	61	0	82	71	11	0
Garðabær	156	139	17	0	19	17	2	0
Hafnarfjörður	402	346	55	1	71	62	9	1
Kjósarsýsla	33	32	0	1	0	0	0	1
Keflavík	131	124	7	0	8	6	2	0
Gullbringusýsla	53	41	12	0	25	19	6	0
Keflavíkurflugv.	100	92	8	0	9	8	1	0
Grindavík	12	10	2	0	3	1	2	0
Mosfellsbær	45	43	2	0	4	3	1	0
Akranes	69	68	0	1	0	0	0	1
Mýra- og Borgarfj	157	146	10	1	16	12	4	1
Snæfellsnes- og H	83	73	10	0	16	13	3	0
Dalasýsla	20	19	1	0	2	2	0	0
Ísafjörður	32	29	3	0	5	1	4	0
Ísafjarðarsýsla	18	12	6	0	8	8	0	0
Bolungarvík	1	1	0	0	0	0	0	0
Barðastrandarsýsl	19	19	0	0	0	0	0	0
Strandasýsla.	16	15	1	0	1	1	0	0
Húnavatnssýsla	74	50	22	2	31	20	11	4
Skagafjarðarsýsla	72	60	12	0	20	17	3	0
Siglufjörður	37	37	0	0	0	0	0	0
Akureyri	163	133	30	0	40	35	5	0
Eyjafjarðarsýsla	22	9	12	1	22	15	7	1
Dalvík	8	8	0	0	0	0	0	0
Ólafsfjörður	19	18	1	0	1	1	0	0
Húsavík	19	18	1	0	1	1	0	0
Þingeyjarsýsla	15	8	6	1	12	6	6	1
Suður-Múlasýsla	69	63	6	0	10	9	1	0
Norður-Múlasýsla	60	59	1	0	1	1	0	0
Neskaupstaður	37	37	0	0	0	0	0	0
A-Skaftafellssýsl	17	17	0	0	0	0	0	0
Árnessýsla	192	135	52	5	99	72	27	7
Rangárvallasýsla	71	57	14	0	24	14	10	0
V-Skaftafellssýsl	22	17	5	0	6	4	2	0
Vestmannaeyjar	32	22	9	1	12	9	3	1
Samtals:	4,463	3,880	564	19	857	646	211	24

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsl
7. Meiri háttar meiðsl
8. Látnir.

ÁRIÐ 1990	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Dauðaslys	0	0	1	2	4	2	1	2	4	2	0	1	19
Slys með meiðslum	46	28	35	31	40	54	46	61	56	50	60	57	564
Samtals :	46	28	36	33	44	56	47	63	60	52	60	58	583
Í þéttbýli	27	23	28	23	37	39	27	41	36	40	47	50	418
Í dreifbýli	19	5	8	10	7	17	20	22	24	12	13	8	165
Flokkun													
Árekstur	18	14	19	17	22	33	25	29	25	27	37	31	297
Ekið á gangandi	8	3	6	4	7	9	5	8	14	10	10	9	93
Ekið á dýr/hluti	0	4	1	2	0	0	0	2	3	3	2	5	22
Ekið út af vegi	17	4	9	8	12	11	15	19	14	9	9	11	138
Aðrir	3	3	1	2	3	3	2	5	4	3	2	2	33
Látnir	0	0	1	2	6	4	1	2	4	2	0	2	24
Slasaðir	74	37	52	47	67	73	66	100	88	84	80	89	857
Samtals:	74	37	53	49	73	77	67	102	92	86	80	91	881
Lítil meiðsl	57	31	38	37	49	55	58	63	62	66	62	68	646
Mikil meiðsl	17	6	14	10	18	18	8	37	26	18	18	21	211
Lagðir á sjúkrahús	20	5	10	12	15	18	8	29	29	19	12	14	191
Vegfarendahópur													
Ökumenn bifr.	34	16	24	18	21	32	29	31	34	33	44	44	360
Ökumenn bifhj.	0	0	0	2	7	10	4	7	2	1	0	0	33
Ökumenn vélhj.	0	0	0	2	2	2	0	2	2	1	0	0	11
Ökumenn reiðhj.	0	1	0	0	5	3	7	7	4	7	6	1	41
Farþegar	32	13	21	21	29	21	22	42	35	34	20	36	326
Fótgangandi	8	6	8	4	9	9	5	13	15	10	10	10	107
Aðrir	0	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Kyn slasaðra													
Karlar	35	21	25	34	43	55	46	67	62	45	39	52	524
Konur	39	16	28	15	30	22	21	35	30	41	41	39	357

ÁRID 1990	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Aldursskipting :													
0- 6 ára	0	0	4	2	4	3	2	4	2	3	3	3	30
7-14 ára	8	4	6	3	6	5	9	7	15	5	6	10	84
15-16 ára	6	4	3	3	7	7	1	12	4	13	7	4	71
17-20 ára	24	9	7	13	27	20	8	31	19	20	16	24	218
21-24 ára	4	3	5	6	9	7	15	11	9	5	9	11	94
25-64 ára	26	14	28	19	18	29	24	28	38	33	25	33	315
65 ára og eldri	6	3	0	3	2	6	8	9	5	7	14	6	69
Börn 0 -14 ára													
Stúlkur	6	2	6	0	6	2	4	4	8	3	3	6	50
Drengir	2	2	4	5	4	6	7	7	9	5	6	7	64
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að slysum	67	43	74	55	68	95	76	91	90	80	103	97	939
Tegundir ökutækja													
Fólksbifreið	43	32	56	42	38	58	45	54	61	61	82	77	649
Leigubifreið	2	1	0	0	0	0	3	1	0	1	0	3	11
Kennslubifreið	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Bílaleigubifreið	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Jeppabifreið	7	2	4	3	6	9	7	7	9	5	7	7	73
Sendibifreið	7	1	5	1	5	6	5	6	4	2	3	5	50
Skutbifreið	0	2	2	1	0	3	1	1	2	0	0	1	13
Vörubifreið	2	4	5	1	1	2	2	1	1	0	3	1	23
Strætisvagn	4	0	0	0	1	0	1	0	3	1	1	1	12
Dráttarbifreið	1	0	0	0	0	1	1	1	0	0	0	1	5
Bifhjól	0	0	0	2	9	11	4	8	3	6	3	0	46
Létt bifhjól	0	0	0	2	3	2	0	4	2	2	3	1	19
Dráttarvél	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	1
Reiðhjól	0	0	0	0	4	3	7	6	4	2	1	0	27
Vinnuvél/Veghefill	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	2
Fjórhjól	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hópbifreið	0	0	1	0	1	0	0	1	0	0	0	0	3
Snjóbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Snjósleði	0	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Kyn ökumanna													
Karlar	42	29	56	38	57	74	66	71	68	57	62	72	692
Konur	25	14	18	17	11	21	10	20	22	23	41	25	247
Aldur ökumanna													
14 ára og yngri	1	0	0	0	3	2	6	5	5	3	2	0	27
15-16 ára	0	1	0	2	3	4	1	5	2	1	3	1	23
17 ára	5	3	3	5	4	8	8	12	7	8	12	8	83
18 ára	6	3	5	3	5	5	1	11	5	6	4	9	63
19-24 ára	13	12	17	13	25	19	18	21	19	12	20	17	206
25-60 ára	39	21	48	27	24	46	33	31	43	37	46	47	442
61 árs og eldri	3	3	1	5	4	11	9	6	9	13	16	15	95
Eignatjón einungis	296	331	440	334	320	340	315	341	343	296	236	288	3,880

Árið 1991.

	Eignatjón einungis	Slys með meiðslum	Dauðaslys	Alls
Slys alls	3,537 (0)	760 (0)	24 (0)	4,321 (0)

Fj. slasaðra og látinna	0-6 ára	7-14 ára	15-16 ára	17-20 ára	21-24 ára	25-64 ára	65 og eldri	Alls
Ökumenn bifr.	0	3	4	133	58	229	37	464
Ökumenn bifhj.	0	0	5	26	10	11	0	52
Ökumenn vélhj.	0	3	18	1	0	2	0	24
Farþeg.frams.	4	16	22	57	18	83	18	218
Farþeg.afturs.	17	31	25	43	19	34	15	184
Farþegar hjóla	0	6	1	5	3	2	0	17
Gangandi	9	30	12	14	4	32	20	121
Hjólr.menn	9	35	3	4	1	13	1	66
Annað	0	0	1	2	1	4	1	9
A L L S Sl. ár	39	124	91	285	114	410	92	1,155

	1991
Slys með meiðslum	760
Dauðaslys	24
Í þéttbýli	544
Í dreifbýli	240
Slasaðir	1,128
Látnir	27
Mikil meiðsl	230
Lítil meiðsl	898
Lagðir á sjúkrahús	197
Karlar	706
Konur	449
Börn 14 ára og yngri	163
Fjöldi slasaðra sem notaði öryggisbúnað	552
Fjöldi slasaðra sem ekki notaði öryggisbúnað	603
Fjöldi slasaðra sem ekki er vitað um öryggisbúnað	106
Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild áttu að slysi	46
Ökumenn sem aðild áttu að slysi með meiðslum	1,250
Einn ökumaður aðili að slysi (útafakstur o.fl.)	379

U M D Æ M I	1	2	3	4	5	6	7	8
Reykjavík	1,937	1,697	232	8	307	256	51	8
Seltjarnarnes	6	4	2	0	2	2	0	0
Kópavogur	201	139	62	0	87	77	10	0
Garðabær	123	106	17	0	22	19	3	0
Hafnarfjörður	352	291	58	3	93	79	14	4
Kjósarsýsla	38	24	13	1	32	27	5	1
Keflavík	116	89	27	0	34	29	5	0
Gullbringusýsla	77	48	27	2	35	24	11	2
Keflavíkurflugv.	98	91	7	0	8	6	2	0
Grindavík	17	14	3	0	4	3	1	0
Mosfellsbær	25	20	5	0	9	7	2	0
Akranes	60	56	3	1	5	2	3	1
Mýra- og Borgarfj	222	198	23	1	34	22	12	1
Snæfellsnes- og H	88	67	21	0	37	32	5	0
Dalasýsla	19	17	2	0	4	2	2	0
Ísafjörður	15	9	6	0	8	7	1	0
Ísafjarðarsýsla	7	4	1	2	4	3	1	3
Bolungarvík	1	1	0	0	0	0	0	0
Barðastrandarsýsl	22	16	6	0	10	8	2	0
Strandasýsla.	21	20	1	0	1	1	0	0
Húnavatnssýsla	86	61	23	2	47	36	11	2
Skagafjarðarsýsla	59	41	17	1	21	10	11	1
Siglufjörður	14	13	1	0	1	1	0	0
Akureyri	136	103	33	0	44	37	7	0
Eyjafjarðarsýsla	18	11	7	0	10	8	2	0
Dalvík	6	5	1	0	1	1	0	0
Ólafsfjörður	19	12	7	0	8	6	2	0
Húsavík	8	4	4	0	6	4	2	0
Þingeyjarsýsla	19	7	12	0	17	12	5	0
Suður-Múlasýsla	55	29	26	0	40	32	8	0
Norður-Múlasýsla	23	13	9	1	16	11	5	1
Neskaupstaður	20	17	3	0	4	0	4	0
A-Skaftafellssýsl	11	8	3	0	6	2	4	0
Árnessýsla	256	186	68	2	123	94	29	3
Rangárvallasýsla	60	45	15	0	26	20	6	0
V-Skaftafellssýsl	21	17	4	0	9	8	1	0
Vestmannaeyjar	65	54	11	0	13	10	3	0
Samtals:	4,321	3,537	760	24	1,128	898	230	27

1. Slys alls.
2. Eignatjón einungis.
3. Slys með meiðslum.
4. Dauðaslys.
5. Slasaðir.
6. Minni háttar meiðsl
7. Meiri háttar meiðsl
8. Látnir.

ÁRIÐ 1991	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Dauðaslys	0	2	0	3	1	5	2	2	2	1	5	1	24
Slys með meiðslum	49	45	51	52	64	89	73	79	70	72	68	48	760
Samtals :	49	47	51	55	65	94	75	81	72	73	73	49	784
Í þéttbýli	36	36	35	44	48	57	41	51	53	60	51	32	544
Í dreifbýli	13	11	16	11	17	37	34	30	19	13	22	17	240
Flokkun													
Árekstur	21	21	26	32	29	45	35	42	43	45	33	23	395
Ekið á gangandi	12	9	6	11	11	10	12	11	6	11	10	7	116
Ekið á dýr/hluti	0	3	1	2	6	0	2	1	4	2	3	2	26
Ekið út af vegi	12	12	11	8	15	23	12	17	11	9	19	17	166
Aðrir	4	2	7	2	4	16	14	10	8	6	8	0	81
Látnir	0	3	0	3	1	6	2	2	2	1	6	1	27
Slasaðir	65	67	75	77	93	144	103	107	105	103	113	76	1,128
Samtals:	65	70	75	80	94	150	105	109	107	104	119	77	1,155
Lítil meiðsl	50	57	58	60	75	118	76	87	85	78	90	64	898
Mikil meiðsl	15	10	17	17	18	26	27	20	20	25	23	12	230
Lagðir á sjúkrahús	10	10	11	16	18	30	22	17	14	20	20	9	197
Vegfarendahópur													
Ökumenn bifr.	32	29	30	28	30	56	43	44	36	43	58	35	464
Ökumenn bifhj.	0	1	4	3	4	11	5	6	7	8	1	2	52
Ökumenn vélhj.	0	4	3	5	3	0	1	0	2	4	2	0	24
Ökumenn reiðhj.	1	0	1	3	9	15	12	8	10	6	0	1	66
Farþegar	14	26	31	28	37	58	33	39	44	31	46	32	419
Fótgangandi	12	9	6	12	11	10	11	12	7	12	12	7	121
Aðrir	6	1	0	1	0	0	0	0	1	0	0	0	9
Kyn slasaðra Karlar	49	45	45	50	54	93	66	64	65	59	75	41	706
Konur	16	25	30	30	40	57	39	45	42	45	44	36	449

ÁRIÐ 1991	JAN	FEB	MARS	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG.	SEPT	OKT	NÓV	DES	SAMT.
Aldursskipting :													
0- 6 ára	3	0	1	7	4	7	3	1	5	5	2	1	39
7-14 ára	6	5	10	8	15	16	14	6	18	8	10	8	124
15-16 ára	3	6	7	10	9	12	7	11	7	10	5	4	91
17-20 ára	14	13	23	18	15	43	16	31	26	28	37	21	285
21-24 ára	9	10	7	3	10	12	13	17	7	7	11	8	114
25-64 ára	20	27	25	29	33	50	39	35	32	39	50	31	410
65 ára og eldri	10	9	2	5	8	10	13	8	12	7	4	4	92
Börn 0 -14 ára													
Stúlkur	2	2	7	5	6	11	7	3	9	5	5	6	68
Drengir	7	3	4	10	13	12	10	4	14	8	7	3	95
Fjöldi ökumanna sem aðild áttu að slysum	73	69	83	96	100	149	119	131	116	125	115	74	1,250
Tegundir ökutækja													
Fólksbifreið	53	48	60	60	70	96	75	84	74	90	86	49	845
Leigubifreið	0	2	1	3	0	1	1	1	2	0	3	1	15
Kennslubifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bílaleigubifreið	0	0	0	0	0	0	0	4	1	0	0	0	5
Jeppabifreið	8	7	5	7	6	12	13	15	7	7	7	9	103
Sendibifreið	3	3	3	2	2	2	5	4	4	3	8	4	43
Skutbifreið	0	0	1	0	1	4	1	0	0	2	1	1	11
Vörubifreið	2	0	2	4	1	3	4	2	3	3	4	2	30
Strætisvagn	0	3	1	4	0	1	0	4	1	0	1	2	17
Dráttarbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	1	3
Bifhjól	0	1	4	3	4	12	6	8	9	9	1	2	59
Létt bifhjól	0	4	4	6	4	1	1	0	2	4	1	0	27
Dráttarvél	0	1	0	2	0	0	0	1	1	0	0	0	5
Reiðhjól	1	0	1	3	10	15	12	7	11	6	0	1	67
Vinnuvél/Veghefill	0	0	0	2	0	1	0	1	0	0	1	1	6
Fjórhjól	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hópbifreið	0	0	1	0	2	1	1	0	1	0	1	1	8
Snjóbifreið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Snjósleði	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Kyn ökumanna													
Karlar	58	55	63	71	70	104	78	93	83	83	86	49	893
Konur	15	14	20	25	30	45	41	38	33	42	29	25	357
Aldur ökumanna													
14 ára og yngri	0	1	1	6	10	9	10	3	10	2	0	0	52
15-16 ára	2	4	5	5	2	4	3	3	2	4	1	1	36
17 ára	6	7	7	15	13	15	8	18	14	15	13	5	136
18 ára	4	3	6	6	11	12	4	11	9	12	13	5	96
19-24 ára	16	10	20	10	23	28	20	32	19	23	26	17	244
25-60 ára	33	34	39	50	35	66	55	53	46	60	52	40	563
61 árs og eldri	12	9	5	4	6	15	19	11	16	9	10	6	122
Eignatjón einungis	307	288	274	273	280	286	300	326	314	251	332	306	3,537

232. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að hann láti fara fram ítarlega athugun á því hve mörg tæki (skip og loftför) Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar samkvæmt lögum nr. 41/1979 og 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi samkvæmt reglugerð nr. 299/1975. Einnig skal kanna hver viðbótin þurfi að vera verði efnahagslögsagan færð út allt að 350 sjómílum á þeim svæðum sem Ísland á rétt á samkvæmt alþjóðalögum.

Greinargerð.

Eins og bersýnilega hefur komið í ljós að undanförnu má þjóðarbúið ekki við neinum skakkaföllum í efnahagslögsögunni. Efnahagslögsagan er mjög víðfeðm, um 758 þúsund ferkílómetrar, eða 7,5 sinnum stærri en landið sjálft. Ekki er úr vegi að líta á þann viðbúnað sem nágrannaþjóðir okkar hafa vegna eftirlits í sínum efnahagslögsögum. Þar má nefna Norðmenn, Englendinga og Dani vegna Grænlands og Færeyja.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvað samkeppnin um fiskinn í höfunum hefur aukist á síðustu árum. Ásókn fiskiskipa við 200 sjómílna mörkin og/eða miðlínur hefur aukist að undanförnu og má þar nefna svæði á Færeyjahrygg, á Reykjaneshrygg, á Dohrnbanka og norðaustur af landinu. Einnig má benda á áhuga Spánverja, Portúgala, Frakka og fleiri þjóða á fiskveiðum í Norðaustur-Atlantshafi. Skip frá öðrum heimsálfum hafa sótt til veiða við mörk efnahagslögsögunnar á undanförnum árum og má þar t.d. nefna skip frá Asíu.

Eftir að breyting varð á lögum hvað varðar heimildir erlendra fiskiskipa til löndunar á afla í íslenskum höfnum má búast við aukningu á umferð þeirra um efnahagslögsöguna. Einnig er talsverð umferð þeirra fiskiskipa um efnahagslögsöguna sem sækja á Dohrn-banka. Ekki má gleyma hversu mikilvægt er að halda uppi öflugu eftirliti vegna mengunar sjávar. Ef upp kæmi mengunarslys innan efnahagslögsögunnar og/eða frétt um slíkt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaði á sjávarafurðum okkar erlendis. Stærð efnahagslögsögunnar við Ísland og þýðing hennar fyrir þjóðarbúið er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu á auðlindinni.

233. Fyrirspurn [196. mál]

til landbúnaðarráðherra um stöðu loðdýrabænda.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hefur nefndin, sem skipuð var til að skoða stöðu loðdýrabænda, lokið störfum?
2. Ef svo er, hverjar eru þá tillögur hennar til lausnar á vanda þeirra?

234. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund þá Magnús K. Hannesson lektor, Eirík Tómasson hrl., Ólaf Þ. Harðarson lektor og prófessorana dr. Gunnar G. Schram og Sigurð Líndal.

Enda þótt ágreiningur sé mikill um aðild að EES er það almenn skoðun að þetta mál sé hið mikilvægasta frá stofnun lýðveldisins. Enginn getur hins vegar dæmt um hvort EES, eins og það hefur þróast undangengin missiri og er að þróast, njóti meirihlutastuðnings íslensku þjóðarinnar eða ekki. Til þess að fá úr því skorið er þjóðaratkvæðagreiðsla eina færa leiðin. Má reyndar segja að aldrei hafi verið meiri ástæða til að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram en við þessar aðstæður.

Það hefur reyndar komið fram í skoðanakönnunum að mikill meiri hluti virðist vera meðal þjóðarinnar um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er athyglisvert að þjóðin vill fá að segja sitt álit á málinu án tillits til þess hvort menn styðja aðildina að EES eða ekki.

Það er skoðun 3. minni hluta að samþykkt tillögunnar mundi leiða til markvissari kynningar á innihaldi samningsins, bæði kostum og göllum, sem gerði fólki fært að mynda sér skoðun og greiða atkvæði í samræmi við það. Svar þjóðarinnar er hins vegar ekki bindandi fyrir þingmenn sem eftir sem áður eru aðeins bundnir af samvisku sinni.

Samningurinn um EES hefur víðtækar breytingar í för með sér á fjölmörgum sviðum. Slíkt þarf að kynna fyrir þjóðinni og reyna eftir fremsta megni að sýna fram á hvers konar þjóðfélag skapast við það að samþykkja samninginn. Eins þarf að kynna hverjar eru afleiðingarnar af því að hafna samningnum. Með þeim hætti einum, að á hlutlausan hátt sé dregin upp mynd af kostum og göllum, getur þjóðin myndað sér skoðun.

Þriðji minni hluti bendir á að víða um Evrópu fara þjóðaratkvæðagreiðslur fram í auknum mæli. Þá er einnig vert að benda á að fimm þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram á Íslandi þannig að hæpið er að tala um brot á stjórnskipunarhefð.

Fjölmenn samtök, eins og t.d. BSRB, ASÍ, Stéttarsamband bænda og Neytendasamtökin, hafa krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig hafa tugþúsundir Íslendinga undirritað áskorun um slíkt hið sama. Ef reynt yrði að knýja málið fram án þjóðaratkvæðagreiðslu gæti það haft ófyrirséðar afleiðingar. Málið er ekki flokkspólitískt. Deilur um flokka eða ríkisstjórn eiga þar ekki heima.

Sá sem hefur trú á málstað sínum og kynnir hann rækilega er að sjálfsögðu óhræddur að leggja samvisku sína og málstað undir dóm þjóðarinnar.

Langt er frá að Evrópuþjóðirnar hafi leyst sín mál eða þau séu í höfn. Það sést best á því að þær standa ráðþrota við lausn hernaðarlegra átaka í álfunni sem Íslendingar ættu síst að blandast inn í. Daglega berast líka fregnir af harkalegum pólitískum átökum í löndum og stofnunum Evrópubandalagsins. Þau eigum við að forðast og bíða átekta.

Ef svo illa tækist til að málið leystist ekki með samþykkt tillögunnar yrði vandinn mikill. Deilur um óhjákvæmilegar stjórnarskrárbreytingar mundu þá magnast og vandséð hvernig þær yrðu leystar.

Fullveldis landsins er af sögulegum ástæðum vendilega gætt í sjálfri stjórnarskránni og henni er erfitt að breyta án víðtæks stuðnings. Þar felst styrkur okkar í samskiptum við þá sem við semjum við innan okkar löggjafar. Þetta skilja þrautreyndir erlendir samningamenn sem okkur eru vinveittir.

Þriðji minni hluti telur engin vandkvæði á því að ná tvíhliða samningum í samráði við önnur EFTA-ríki, en oftast mætti ná svipuðum árangri með einhliða lagasetningu okkar. Þeim reglum getum við síðar breytt eins og þurfa þykir. Meðal annars þess vegna er engin þörf á að flýta ákvörðunum í þessu stórmáli. Þvert á móti er það skylda alþingismanna að rasa ekki um ráð fram.

Niðurstaðan er sú að ræða beri málið með opnum huga og rökum. Þá vega menn og meta kosti þess og galla. Ástæðulaust er því að væna þingmenn um kjarkleysi. Það hittir þá sjálfa fyrir sem þannig tala.

Alþingi, 4. nóv. 1992.

Ey. Kon. Jónsson, frsm.

Ingi Björn Albertsson.

235. Frumvarp til fjáraukalaga [197. mál]

fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1991 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		-1 950 533
Gjöld		236 640
Gjöld umfram tekjur		**2 187 173**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		127 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	170 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-43 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-36 000
Viðskiptareikningar		-1 147 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**1 131 173**
Afborganir af teknum lánum		-77 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**1 054 173**
Lántökur		-5 092 000
Innlend verðbréfaútgáfa	1 919 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-7 011 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-6 146 173**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1991, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	-8 604	
01	Forsætisráðuneyti	-6 721	
02	Menntamálaráðuneyti	-144 673	
03	Utanríkisráðuneyti	-80 794	
04	Landbúnaðarráðuneyti	118 150	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	-10 346	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-27 210	
07	Félagsmálaráðuneyti	-124 963	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-252 901	
09	Fjármálaráðuneyti	960 656	
10	Samgönguráðuneyti	47 255	
11	Iðnaðarráðuneyti	1 406	
12	Viðskiptaráðuneyti	-189 922	
13	Hagstofa Íslands	-1 932	
14	Umhverfisráðuneyti	-42 761	
	Samtals öll ráðuneyti		236 640

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	75	
201	Alþingi	15 960	
301	Ríkisstjórn	193	
401	Hæstiréttur	1 593	
610	Umboðsmaður Alþingis	134	
	Óhafnar fjárveitingar	-26 559	
	Samtals ráðuneyti		-8 604
01	**Forsætisráðuneyti**		
901	Húsameistari ríkisins	70	
902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	1 422	
	Óhafnar fjárveitingar	-8 213	
	Samtals ráðuneyti		-6 721

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	49 374	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	12 985	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	7 556	
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	1 497	
234 Vísindaráð	506	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 718	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 923	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	3 362	
518 Fiskvinnsluskólinn	1 372	
531 Íþróttakennaraskólinn	964	
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1000	
602 Héraðsskólinn Núpi	999	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	499	
606 Héraðsskólinn Skógum	300	
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	658	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	1 550	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	525	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	143	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	1 002	
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	379	
753 Brautarskóli	253	
798 Einholtsskóli	317	
802 Vernd barna og ungmenna	623	
806 Barnaverndarráð Íslands	453	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	2 306	
871 Unglingaheimili ríkisins	13 006	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 840	
902 Þjóðminjasafn Íslands	4 699	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 831	
906 Listasafn Einars Jónssonar	1 172	
907 Listasafn Íslands	1 712	
909 Blindrabókasafn Íslands	984	
973 Þjóðleikhús	24 989	
976 Menningarsjóður, framlag	4 604	
977 Þjóðarbókhlaða	1500	
981 Kvikmyndasjóður	2 624	
Óhafnar fjárveitingar	-297 898	
Samtals ráðuneyti		-144 673

03 Utanríkisráðuneyti

399 Utanríkismál, ýmis verkefni	1 265	
Óhafnar fjárveitingar	-82 059	
Samtals ráðuneyti		-80 794

04	**Landbúnaðarráðuneyti**		
172	Jarðasjóður	992	
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1 745	
231	Skógrækt ríkisins	15 921	
235	Landgræðsla ríkisins	1 403	
245	Laxeldisstöðin Kollafirði	93	
246	Veiðimálastofnun	3 397	
247	Yfirdýralæknir	1 243	
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	316	
290	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	99 137	
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	2 862	
	Óhafnar fjárveitingar	-8 959	
	Samtals ráðuneyti		118 150
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		
201	Fiskifélag Íslands	107	
202	Hafrannsóknastofnun	1 350	
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1 005	
	Óhafnar fjárveitingar	-12 808	
	Samtals ráðuneyti		-10 346
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		
101	Aðalskrifstofa	186	
111	Kosningar	739	
203	Borgardómarinn í Reykjavík	1 388	
205	Sakadómur Reykjavíkur	1 478	
209	Lögregluskóli ríkisins	3 600	
212	Bæjarfógeti Akranesi	1 175	
221	Sýslumaður Blönduósi	1 011	
233	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 487	
234	Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	2 183	
235	Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	2 059	
236	Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 993	
238	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	309	
239	Fangelsismálastofnun	46	
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	3 058	
252	Ökukennsla	1 376	
281	Dómsmál, ýmis starfsemi	16 831	
282	Ýmis löggæslukostnaður	5 481	
303	Prestaköll og prófastsdæmi	4 060	
	Óhafnar fjárveitingar	-75 670	
	Samtals ráðuneyti		-27 210

07	**Félagsmálaráðuneyti**		
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	888	
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 250	
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 750	
711	Styrktarfélag vangefinna	1 823	
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2 000	
951	Brunamálastofnun ríkisins	3 082	
953	Jafnréttisráð	773	
	Óhafnar fjárveitingar	-136 529	
	Samtals ráðuneyti		-124 963
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		
101	Aðalskrifstofa	530	
301	Landlæknir	1 374	
326	Sjónstöð Íslands	329	
327	Geislavarnir ríkisins	247	
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	2 827	
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 098	
394	Lyfjaverðlagsnefnd	42	
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	19	
396	Lyfjanefnd	1 804	
398	Daggjaldanefnd	22	
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	902	
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	470	
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	435	
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	252	
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	1 042	
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	214	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 000	
591	Héraðslæknir í Reykjavík	359	
595	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	289	
602	Þroskaþjálfaskóli Íslands	2 695	
603	Lyfjatæknaskóli Íslands	1 521	
604	Sjúkraliðaskóli Íslands	3 039	
621	Bindindisstarfsemi	1 564	
	Óhafnar fjárveitingar	-275 977	
	Samtals ráðuneyti		-252 901
09	**Fjármálaráðuneyti**		
103	Ríkisbókhald	499	
203	Skattstofa Vesturlands	1 003	
204	Skattstofa Vestfjarða	133	
205	Skattstofa Norðurlands vestra	1 442	
250	Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	95	
259	Gjaldheimta Suðurnesja	2 475	
262	Tollstjórinn í Reykjavík	15 751	

381 Uppbætur á lífeyri	175 511	
801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	475 057	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	230	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	80 860	
989 Launa- og verðlagsmál	297 674	
Óhafnar fjárveitingar	-90 074	
Samtals ráðuneyti		960 656
10 Samgönguráðuneyti		
101 Aðalskrifstofa	2 482	
211 Vegagerð ríkisins	23 977	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofa	108	
332 Vitastofnun Íslands	462	
333 Hafnamál	1 030	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	868	
342 Rannsóknanefnd sjóslysa	247	
471 Flugmálastjórn	31 032	
651 Ferðamálaráð Íslands	1 193	
Óhafnar fjárveitingar	-14 144	
Samtals ráðuneyti		47 255
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	269	
298 Kostnaður vegna samninga um álver	4 274	
301 Orkustofnun	47 306	
371 Orkusjóður	15	
Óhafnar fjárveitingar	-50 458	
Samtals ráðuneyti		1 406
12 Viðskiptaráðuneyti		
902 Verðlagsstofnun	268	
903 Skráning hlutafélaga	1 662	
Óhafnar fjárveitingar	-191 852	
Samtals ráðuneyti		-189 922
13 Hagstofa Íslands		
Óhafnar fjárveitingar	-1 932	
Samtals ráðuneyti		-1 932
14 Umhverfisráðuneyti		
101 Aðalskrifstofa	421	
201 Náttúruverndarráð	29 093	
401 Náttúrufræðistofnun	2 505	
Óhafnar fjárveitingar	-74 780	
Samtals ráðuneyti		-42 761

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1991 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1991 og lögum nr. 75/1991, fjáraukalögum fyrir árið 1991. Í frumvarpinu er einnig sótt um heimildir til að flytja greiðslustöðu stofnana, bæði óhafnar fjárveitingar og umframgjöld, frá árinu 1990 til ársins 1991. Frumvarpið var flutt áður á vorþingi, en fékk ekki afgreiðslu þá, og er nú endurflutt að teknu tilliti til endanlegs greiðsluuppgjörs Ríkisbókhalds fyrir árið 1991.

Með frumvarpi að fjáraukalögum, sem lagt var fram á Alþingi í október 1991, fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1991 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var 27. febrúar sl. lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál árið 1991 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu ársins 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1991 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Fjáraukalög 75/1991 m.kr.	Fjárveitingar alls 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og reiknings m.kr.
Tekjur	101 698	206	101 904	99 953	-1 951
Gjöld	105 767	6 483	112 250	112 487	237
Rekstrarafkoma	**-4 069**	**-6 277**	**-10 346**	**-12 534**	**-2 188**
Lánveitingar, nettó	-1 810	-1 360	-3 170	-2 114	1 056
Hrein lánsfjárþörf	**5 879**	**7 637**	**13 516**	**14 648**	**1 132**
Afborganir af teknum lánum	7 700	-	7 700	7 623	-77
Heildarlánsfjárþörf	**13 579**	**7 637**	**21 216**	**22 271**	**1 055**
Lántökur alls	13 600	7 650	21 250	16 158	-5 092
Greiðslujöfnuður	**21**	**13**	**34**	**-6 113**	**-6 147**

Endanleg rekstrargjöld nema þannig 237 m.kr. umfram útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Að frádregnum notuðum geymdum fjárveitingum frá fyrra ári, samtals að fjárhæð 298 m.kr., eru útgjöld innan heimilda sem nemur 61 m.kr. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 74/1991, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í athugasemdum hér á eftir er fyrst fjallað um nokkur lykilatriði í efnahagsmálum ársins 1991, afkomu ríkissjóðs og frávikum frá áætlun. Síðan er gerð grein fyrir fjárheimildum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Í þjóðhagsspá, sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991, var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og að hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Þannig var talið að þjóðartekjur mundu aukast um tæplega 2% árið 1991, en þær höfðu dregist saman um 3,5% á árunum 1988 til 1990. Spáin um aukningu þjóðartekjur var byggð á forsendu um aukna framleiðslu sjávarafurða og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Jafnframt var gert ráð fyrir að innlendri eftirspurn yrði haldið í skefjum, jafnt útgjöldum opinberra aðila og fyrirtækja sem heimila. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum var því talinn geta minnkað verulega á árinu 1991 samkvæmt forsendum fjárlaga.

Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um efnahagsþróun síðasta árs, sýna umtalsverð frávik frá forsendum fjárlaga. Tvö atriði skera sig úr. Annars vegar minni fiskafli og hins vegar meiri eftirspurn innan lands, m.a. vegna aukins kaupmáttar. Þessi frávik birtast í minnkandi útflutningstekjum, vaxandi þjóðarútgjöldum og þrefalt meiri viðskiptahalla en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Þjóðartekjur jukust þó vegna batnandi viðskiptakjara um tæplega 3% borið saman við tæplega 2% í áætlun fjárlaga. Þrátt fyrir meiri aukningu þjóðartekna en búist var við versnaði skuldastaða þjóðarbúsins erlendis enn frekar vegna vaxandi viðskiptahalla.

Í fjárlögum ársins 1991, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1990, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 4,1 milljarður króna. Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1 milljarð króna. Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1992 var lagt fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1991. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 101,9 milljarðar króna, þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 8,9 milljarða króna. Fjáraukalögin voru samþykkt í byrjun desember sl. og höfðu útgjaldaheimildir aukist um 1,4 milljarða króna í meðförum Alþingis. Áætlun um tekjur var ekki breytt frá því sem var í frumvarpinu.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1991. Eins og sést á yfirlitinu hér að framan námu innheimtar tekjur ríkissjóðs tæpum 100 milljörðum króna og útgjöld námu 112,5 milljörðum króna. Tekjurnar reyndust hins vegar 1,9 milljörðum króna lægri en áætlað var sl. haust. Afkoma ríkissjóðs varð því um 2,2 milljörðum króna lakari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga í desember sl. og nam rekstrarhallinn rúmlega 12,5 milljörðum króna sem svarar til 3,3% af landsframleiðslu.

Tekjur.

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós eins og sést á meðfylgjandi yfirliti að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991 urðu rúmlega 1,7 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og tæplega 2 milljörðum króna lægri en miðað var við í endurskoðaðri áætlun í september. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í virðisaukaskatti.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun sept. 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tekju- og eignarskattar	**20 167**	**19 346**	**19 263**	**-83**
Óbeinir skattar	**75 228**	**76 263**	**74 240**	**-2 023**
Innflutnings- og vörugjöld	8 718	9 269	9 460	191
Virðisaukaskattur	41 550	41 400	38 954	-2 446
Aðrir óbeinir skattar	24 960	25 594	25 826	232
Aðrar tekjur	**6 303**	**6 295**	**6 450**	**155**
Heildartekjur ríkissjóðs	**101 698**	**101 904**	**99 953**	**-1 951**

Að baki minni tekjum af virðisaukaskatti á árinu 1991 liggja margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi hækkaði frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum (innskattur) hlutfallslega meira framan af ári en endanleg álagning (útskattur). Af því leiðir að nettóskil á skattinum urðu talsvert minni en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Í öðru lagi urðu beinar endurgreiðslur virðisaukaskatts talsvert meiri en reiknað hafði verið með. Í þriðja lagi sýnir lausleg athugun að innheimta virðisaukaskatts af innlendri veltu, sem hlutfall af álagningu, hefur ívið lækkað á árinu 1991 borið saman við árið 1990. Samdráttur í skilum virðisaukaskatts í ríkissjóð á sama tíma og innlend eftirspurn eykst rennur einnig stoðum undir þetta. Nánari umfjöllun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 er að finna í *Skýrslu um ríkisfjármál 1991* sem lögð var fram á Alþingi í lok febrúar sl.

Gjöld.

Verulegar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins 1991. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 námu alls 112,5 milljörðum króna, eða um 6,7 milljörðum króna umfram upphafleg fjárlög.

Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1,0 milljarð króna. Við mat á stöðu ríkissjóðs í lok apríl höfðu komið fram enn frekari útgjaldatilefni sem metin voru á 3,2 milljarða króna. Þar vó þyngst 1,6 milljarða króna aukin fjárþörf almannatrygginga og sjúkrahúsa. Eins þótti sýnt að fjárvöntun Lánasjóðs íslenskra námsmanna yrði a.m.k. 0,7 milljarðar króna og ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um 0,9 milljarða króna viðbótarfjárveitingar af ýmsu tagi. Ný ríkisstjórn endurmat stöðuna og greip til viðnámsaðgerða í maímánuði sem ætlað var að draga úr halla á ríkissjóði um rúma 2 milljarða króna og hafa þær að mestu gengið eftir. Upp úr miðju ári

kom í ljós enn frekari fjárvöntun til ýmissa þátta sem ríkissjóður er skuldbundinn af og að fjárhagsstaða ýmissa stofnana var veikari en talið var við samþykkt fjárlaga.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi í október 1991 og afgreitt í byrjun desember þar sem leitað var útgjaldaheimilda sem námu 6,5 milljörðum króna umfram fjárlög. Frávik frá áætlun sem gerð var í maí skýrast einkum af bundnum liðum eins og auknum útflutningsuppbótum, framlagi vegna ríkisábyrgðar á laun við gjaldþrot, framlagi til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hallarekstri stofnana. Þá reyndist staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna 300 m.kr. lakari en áður var talið. Loks eru fasteignakaup samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga að fullu færð til gjalda á meðan fjárveiting í fjárlögum var miðuð við greiðslur sem inntar yrðu af hendi á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1991 borið saman við fjárlög og lög nr. 75/1991:

Útgjöld ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Heimildir alls 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Rekstrargjöld	**41 416**	**42 471**	**42 418**	**53**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**41 774**	**45 368**	**45 109**	**259**
Lífeyristryggingar	13 895	14 295	14 406	-111
Sjúkratryggingar	10 060	10 625	10 496	129
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280	1 360	1 266	94
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730	2 430	2 432	-2
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	5 470	5 450	5 266	184
Útflutningsuppbætur	1 427	2 317	2 426	-109
Annað	7 912	8 891	8 817	74
Vextir	**9 400**	**9 400**	**9 875**	**-475**
Viðhald	**2 534**	**2 457**	**2 287**	**170**
Fjárfesting	**10 643**	**12 554**	**12 798**	**-244**
Heildargjöld ríkissjóðs	**105 767**	**112 250**	**112 487**	**-237**

Útgjöld umfram fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum urðu þannig 237 m.kr., en að teknu tilliti til geymdra fjárheimilda frá árinu 1990, sem námu 298 m.kr., voru útgjöldin 61 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Yfirfærsla heimilda og umframgjalda frá 1990 til 1991. Umframgreiðslur stofnana voru alls 609 m.kr. á árinu 1990 en á móti vega óhafnar fjárveitingar að fjárhæð 1.406 m.kr. Lagt er til að 298 m.kr. verði fluttar yfir til ársins 1991. Af þeirri fjárhæð eru 193 m.kr. vegna ýmissa óhafinna viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Þá eru 105 m.kr. vegna rekstrar og tilfærslna sem skýrist að mestu af ónýttum greiðsluheimildum til aðstoðar við flóttafólk vegna Persaflóastríðsins, en þau framlög komu til greiðslu á árinu 1991. Í yfirliti hér á eftir er gerð grein fyrir flutningi innstæðna og skulda ráðuneyta milli áranna 1990 og 1991 og í fskj. I eru sýndar yfirfærslur einstakra stofnana.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1990.

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1990 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt staða þús. kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18 264	5 116	-	-
01 Forsætisráðuneyti	-	5 550	4 798	5 310
02 Menntamálaráðuneyti	203 822	150 130	-4 300	74 233
03 Utanríkisráðuneyti	22 443	93 008	92 832	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	31 718	41 207	-4 000	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	7 917	2 640	-1 000	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46 013	42 374	-1 500	54 117
07 Félagsmálaráðuneyti	18 070	65 826	3 632	13 969
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun.	14 430	146 223	12 365	17 275
09 Fjármálaráðuneyti	182 318	723 723	-1 100	24 296
10 Samgönguráðuneyti	28 412	3 432	372	-
11 Iðnaðarráðuneyti	12 195	109 162	1 800	-
12 Viðskiptaráðuneyti	18 030	14 070	1 600	-
13 Hagstofa Íslands	335	3 260	1 668	3 307
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	-	-2 000	-
Samtals	**608 555**	**1 405 721**	**105 167**	**192 507**

Yfirfærsla heimilda og umframgjalda frá 1991 til 1992. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins og bréf fjármálaráðherra frá 14. júní 1991 er nú gert ráð fyrir að fjárheimildir til rekstrar verði í fyrsta sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður hafa geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna er mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast hending ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika til að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið notaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót:

1. Flutningur á innstæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Sé ástæða inneignar hins vegar sú að ekki hefur verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þá fellur heimildin niður.
2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu er felldur niður. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.
3. Innstæður eða umframgjöld á tilfærsluliðum eru almennt felldar niður þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1991.

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1991 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt inneign þús. kr.	Rekstur flutt skuld þús. kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	17 955	26 559	6 999	-	18 814
01 Forsætisráðuneyti	1 492	8 213	6 213	-781	2 000
02 Menntamálaráðuneyti	153 225	297 898	154 606	-94 936	70 194
03 Utanríkisráðuneyti	1 265	82 059	17 431	-	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	127 109	8 959	1 424	-17 664	-246
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2 462	12 808	12 808	-2 462	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	48 460	75 670	44 479	-20 088	24 553
07 Félagsmálaráðuneyti	11 566	136 529	29 103	-11 566	38 193
08 Heilbrigðis- og tryggingam.ráðun	23 076	275 977	94 435	-13 395	26 440
09 Fjármálaráðuneyti	753 056	90 074	18 113	-6 999	40 673
10 Samgönguráðuneyti	61 399	14 144	-	-2 303	-
11 Iðnaðarráðuneyti	51 865	50 458	22 457	-47 590	-
12 Viðskiptaráðuneyti	1 930	191 852	2 991	-1 930	-
13 Hagstofa Íslands	-	1 932	1 932	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	32 019	74 780	74 780	-3 421	-
Samtals	**1 286 879**	**1 347 912**	**487 771**	**-223 133**	**220 621**

Samkvæmt niðurstöðu Ríkisbókhalds eru greiðslur alls 61 m.kr. lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Bent er á að vegna rekstrar er gert ráð fyrir að af ónotuðum heimildum ársins 1991 verði fluttar 487,8 m.kr. til ársins 1992, en á móti verði heimildir í fjárlögum 1992 lækkaðar um 223,1 m.kr. vegna umframgreiðslna sl. árs. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds sem ráðgert er að flytja milli ára 220,6 m.kr. Í fskj. II er gerð grein fyrir flutningi innstæðna og skulda einstakra stofnana til ársins 1992.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim greiðsluheimildum sem sótt er um í frumvarpinu og óhöfnum fjárveitingum sem gert er ráð fyrir að verði fluttar til ársins 1992. Í þeim tilvikum, þar sem vísað er til fjáraukalaga, er átt við lög nr. 75/1991.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 8,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Engar fjárheimildir verða fluttar frá árinu 1990. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 18,0 m.kr. vegna umframgreiðslna sem ekki er gert ráð fyrir að komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Stærsta fjárhæðin er hjá Alþingi, 16,0 m.kr., sem skýrist af auknum kostnaði við breytingar samfara sameiningu þingsins í eina málstofu. Þá falla einnig niður umframgreiðslur Hæstaréttar, 1,6 m.kr., sem stafa af vanmati á launagreiðslum. Óhafnar fjárveitingar sem fyrirhugað er að flytja til ársins 1992 nema alls 25,8 m.kr. Þar af eru 18,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum, 3,5 m.kr. vegna greiðsluafgangs Ríkisendurskoðunar og 3,5 m.kr. vegna opinberra heimsókna.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 6,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til geymdra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 10,1 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,5 m.kr. en óhafnar fjárheimildir ráðuneytisins nema 8,2 m.kr. Umframgreiðslur eru að stærstum hluta vegna þjóðgarðsins á Þingvöllum og stafa einkum af útgjöldum við rekstur Þingvallabæjar. Lagt er til að helmingur þeirra falli niður en hinn helmingurinn komi til frádráttar á heimildum ársins 1992. Óhafin fjárveiting er öll vegna greiðsluafgangs aðalskrifstofu og er fyrirhugað að hún verði flutt til ársins 1992. Þar af eru 2,0 m.kr. vegna viðhalds.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 144,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 69,9 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 153,2 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema alls 297,9 m.kr.

Lagt er til að af umframgjöldunum verði 50,8 m.kr. felldar niður. Um er að ræða greiðslur fjögurra stofnana; Tilraunastöðin á Keldum 13,0 m.kr., Raunvísindastofnun 7,6 m.kr., Unglingaheimili ríkisins 13,0 m.kr. og Þjóðleikhúsið 17,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 102,4 m.kr. koma til lækkunar fjárheimilda á árinu 1992. Hæst er fjárhæðin hjá Háskóla Íslands, 49,4 m.kr., en mun lægri hjá öðrum stofnunum, þær hæstu hjá Þjóðminjasafni, 4,7 m.kr., og Menningarsjóði, 4,6 m.kr.

Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem fyrirhugað er að flytja milli ára, nema alls 154,6 m.kr. Til háskólastofnana flytjast 14,5 m.kr., þar af 5,2 m.kr. til Háskólans á Akureyri. Til almennra framhaldsskóla og sérskóla flytjast 27 m.kr., þar af til Iðnskólans í Reykjavík 5,6 m.kr. og 5,5 m.kr. í óskiptan rekstur framhaldsskóla. Greiðslur til grunnskóla og sérskóla fatlaðra urðu 152 m.kr. innan heimilda þrátt fyrir niðurskurð í fjáraukalögum í haust. Af þeirri fjárhæð verða 91,1 m.kr. færðar til næsta árs. Aðrir málefnaflokkar ráðuneytisins fá mun lægri fjárhæðir færðar milli ára. Óhafnar fjárveitingar til stofnkostnaðar sem fluttar verða til ársins 1992 nema 70,2 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 80,8 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 92,8 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,3 m.kr. sem lagt er til að verði felldar niður, en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema alls 82 m.kr. Af óhöfnum fjárheimildum er gert ráð fyrir að 64,6 m.kr. verði felldar niður en að 17,4 m.kr. bætist við heimildir ársins 1992. Af 5,1 m.kr. ónýttri heimild varnarmálaskrifstofu er lagt til að um helmingur verði felldur niður, en sértekjur skrifstofunnar urðu mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Afgangur af heimildum lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 8,4 m.kr. en embættið fékk aukafjárveitingu á árinu. Gerð er tillaga um að felldar verði niður 3,4 m.kr. en að embættið haldi eftir 5,0 m.kr. til hagræðingaraðgerða. Greiðsluafgangur sendiráða, 33,3 m.kr., er felldur niður en hann stafar einkum af hag-

stæðari gengisþróun en ætlað var í fjárlögum. Á fjáraukalögum voru 70 m.kr. veittar til aðstoðar kúrdískum flóttamönnum en við endanlegt uppgjör kom fjárveitingin ekki öll til skipta og eru eftirstöðvarnar, 21,5 m.kr., felldar niður. Óhafnar fjárheimildir vegna alþjóðastofnana nema 13,1 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af flytjist 9,4 m.kr. til ársins 1992.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 118,2 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra umframgjalda frá árinu 1990 að fjárhæð 4 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 127,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 9 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 109,4 m.kr. felldar niður en 18,7 m.kr. komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Stærsti hluti niðurfelldra umframgreiðslna skýrist af útflutningsbótum, eða sem nemur 99,1 m.kr. Einnig er lagt til að hluti af rekstrarhalla Skógræktar ríkisins, Veiðimálastofnunar og Bændaskólans á Hvanneyri verði felldur niður. Gripið hefur verið til sérstakra aðgerða á þessu ári til þess að stofnanirnar starfi innan ramma fjárveitinga. Þá er gert ráð fyrir að greiðsluafgangur af tilfærsluliðnum *Greiðslur vegna búvöruframleiðslu* að fjárhæð 6,4 m.kr. falli niður.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 10,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 2,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 12,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að allar umframgreiðslur og óhafnar fjárheimildir ráðuneytisins færist yfir til ársins 1992. Stærsta óhafna fjárveitingin, 5 m.kr., er vegna markaðsátaks rækju- og hörpudisksframleiðenda, en það hófst ekki fyrr en á árinu 1992.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 27,2 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 52,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 48,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 75,7 m.kr.

Gert er ráð fyrir að greiðslur umfram heimildir ársins 1991 hjá fimmtán stofnunum ráðuneytisins, sem samtals nema 20,1 m.kr., komi til lækkunar á rekstrarfjárheimildum ársins 1992. Stærsta fjárhæðin er hjá fangelsinu að Litla-Hrauni, eða 3,1 m.kr., sem er 3% af fjárveitingu ársins 1992. Hjá þremur stofnunum er gert ráð fyrir að umframgreiðslur verði ekki fluttar til ársins 1992, alls 24,3 m.kr. Meðal þess sem fellt er niður eru 16,8 m.kr. umframgreiðslur vegna ýmiss dómsmálakostnaðar. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni. Einnig eru felldar niður umframgreiðslur vegna ýmiss löggæslukostnaðar að fjárhæð 5,5 m.kr. Sá kostnaðarauki skýrist af endurnýjun lögreglubifreiða og að útlendingaeftirlit reyndist mun kostnaðarsamara en áætlað var. Þá er gert ráð fyrir að 4 m.kr. umframgreiðslur komi til frádráttar stofnkostnaði preststssetra á árinu 1992.

Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem fyrirhugað er að flytja milli ára nema 44,5 m.kr. og eru einkum til þriggja aðila. Í fyrsta lagi 20,9 m.kr. til lögreglustjórans í Reykjavík, sem er 2,4% af fjárveitingu ársins. Talið er eðlilegt að stofnunin njóti á þessu ári rekstrarhagræðingar sem hefur skilað sér í lægri útgjöldum. Í öðru lagi 5,1 m.kr. til Rannsóknarlögreglu ríkisins sem er 3,1% af fjárveitingu ársins og í þriðja lagi 11,1 m.kr. til Landhelgisgæslu Íslands. Óhafnar fjárveitingar vegna stofnkostnaðar og viðhalds, sem gert er ráð fyrir að færa yfir til ársins 1992, nema 24,6 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 125 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 17,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 11,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar nema 136,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að allar umframgreiðslur komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Þar er um að ræða sjö stofnanir og er stærsta fjárhæðin 3,1 m.kr. vegna Brunamálastofnunar ríkisins.

Óhafnar rekstrarheimildir að fjárhæð 29,1 m.kr. flytjast milli ára. Stærstu fjárhæðirnar eru til aðalskrifstofu 6,7 m.kr., málefna fatlaðra 5,7 m.kr., vinnumála 4,8 m.kr. og ríkissáttasemjara 3,0 m.kr. Á aðalskrifstofu var ýmsum greiðslum frestað fram yfir áramótin auk almennrar hagræðingar sem kemur fram í lægri kostnaði. Rekstrarkostnaður embættis ríkissáttasemjara reyndist mun lægri á síðasta ári heldur en áætlað var og er helmingur greiðsluafgangsins fluttur til næsta árs. Aðrar heimildir, sem flytjast milli ára, eru óverulegt hlutfall af heildarfjárveitingu. Hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra er fyrirhugað að flytja 38,2 m.kr. til ársins 1992 vegna óhafins stofnkostnaðar.

Óhafnar fjárveitingar eru felldar niður hjá þremur stofnunum og nema alls 69,2 m.kr. Veitt var aukafjárveiting vegna ríkisábyrgðar á laun sem ekki var nýtt að fullu og eru eftirstöðvarnar felldar niður, alls 58,3 m.kr. Einnig falla niður ónýttar fjárheimildir Vinnueftirlits ríkisins sem er hluti af aukafjárveitingu, alls 7,9 m.kr., og hluti af ónýttri heimild embættis ríkissáttasemjara.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 252,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 29,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 23,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 276 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 8,6 m.kr. felldar niður en umframgreiðslur átján stofnana að fjárhæð 13,4 m.kr. komi til lækkunar á rekstrarfjárheimildum og 1,1 m.kr. á heimildum til stofnkostnaðar á árinu 1992. Hlutfallslega er mest dregið af landlæknisembættinu, 1,4 m.kr. eða 3,1%, og Heilsugæslustöðinni Kópavogi, 2,0 m.kr. eða 3,4% af heildarheimild 1991. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast til 1992 eru að fjárhæð 94,4 m.kr. hjá tuttugu stofnunum. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og heilsugæslustöðvar eiga óhafnar heimildir að fjárhæð 34,5 m.kr., Ríkisspítalar 8,9 m.kr., Borgarspítalinn 17,8 m.kr., sjúkrahús í Reykjavík 10,9 m.kr. en aðrir minna. Meginskýringin á afgangi hjá heilsugæslustöðvum er sú að frestað var opnun heilsugæslustöðvar í Mjódd. Aðrar inneignir um áramót eru óverulegt hlutfall af heildarfjárheimild stofnana. Gert er ráð fyrir að 27,5 m.kr. verði fluttar milli áranna 1991 og 1992 vegna óhaf-

ins stofnkostnaðar. Gerð er tillaga um að fella niður heimildir að fjárhæð 154 m.kr., þar af 48,7 m.kr. hjá Tryggingastofnun ríkisins og 94 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 663 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Á liðnum *Launa- og verðlagsmál* hjá ráðuneytinu er sótt um að flytja umframgjöld og fjárheimildir ráðuneyta að fjárhæð 297,7 m.kr. milli áranna 1990 og 1991, en þar af eru 23,2 m.kr. vegna fjármálaráðuneytisins. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 753 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 90,1 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 746 m.kr. felldar niður og valda þar þrír liðir mestu. Í fyrsta lagi urðu vaxtagreiðslur 475,1 m.kr. hærri en áætlun fjárlaga sem skýrist einkum af hærri vaxtagjöldum af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka en ráð var fyrir gert. Í öðru lagi urðu greiðslur vegna uppbóta á lífeyri 175,5 m.kr. hærri en áætlun, einkum vegna uppgjörs á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í þriðja lagi urðu greiðslur vegna 6. gr. fjárlaga 80,9 m.kr. hærri en fyrirhugað var. Umframgreiðslur, sem gert er ráð fyrir að flytja milli ára, eru að fjárhæð 7 m.kr. og þar af 6 m.kr. vegna tollstjórans í Reykjavík sem er 2,2% af heildarheimild stofnunarinnar á árinu 1991. Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem fyrirhugað er að flytja til ársins 1992, eru 18,1 m.kr. Þar vega þyngst 7,7 m.kr. hjá Fasteignamati ríkisins og 3,5 m.kr. hjá Skattstofu Reykjaness. Stofnanirnar hafa frestað ýmsum verkefnum og hagrætt í rekstri. Þá er ráðgert að 40,7 m.kr. færist yfir til þessa árs vegna óhafins stofnkostnaðar. Á móti þessu eru felldar niður ónýttar fjárheimildir af átta fjárlagaliðum og vegur þar þyngst skýrsluvélakostnaður, 30,5 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 47,3 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 61,4 m.kr., þar af eru 31 m.kr. viðbótarkostnaður hjá Flugmálastjórn sem leiðir af kjarasamningi við flugumferðarstjóra frá árinu 1990. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 2,3 m.kr. komi til lækkunar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Óhafnar fjárveitingar eru 14,1 m.kr. og falla þær allar niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,4 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra heimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 1,8 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 51,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 50,5 m.kr. Lagt er til að af umframgreiðslunum verði 4,3 m.kr. felldar niður en 47,6 m.kr. komi til lækkunar á fjárveitingum þessa árs. Þar er nær eingöngu um að ræða 47,3 m.kr. hjá Orkustofnun og er það 20% af heildarfjárheimild ársins 1991. Skýringin er sú að stofnunin skilaði ekki innheimtum sértekjum til ríkissjóðs fyrr en eftir áramótin. Fjárveitingar til rekstrar að fjárhæð 22,5 m.kr. færast milli ára og munar þar mest um 7,8 m.kr. til aðal-

skrifstofu, 7,3 m.kr. til iðju og iðnaðar, 5,5 m.kr. til ýmissa orkumála, en það er aukafjárveiting sem ekki náðist að greiða út fyrir áramót. Óhafnar fjárheimildir að fjárhæð 28 m.kr. falla þá niður.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 189,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 1990 að fjárhæð 1,6 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 1,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 191,9 m.kr. Þar af eru 186,4 m.kr. vegna niðurgreiðslna sem ekki verða færðar milli ára. Um er að ræða lögbundinn tilfærslulið og stafar greiðsluafgangurinn því ekki af sérstökum sparnaðaraðgerðum eða hagræðingu. Heimildir til rekstrar, sem flytjast milli ára, eru að fjárhæð 3 m.kr. Aðalskrifstofa fær 2,1 m.kr. og Löggildingarstofan 0,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 1,9 m.kr. hjá Verðlagsstofnun og Hlutafélagaskrá komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992.

13 Hagstofan

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,9 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Gert er ráð fyrir að óhafna fjárveitingin flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 42,8 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga að teknu tilliti til fluttra umframgjalda frá árinu 1990 að fjárhæð 2 m.kr. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgreiðslna að fjárhæð 32 m.kr. en óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins nema 74,8 m.kr. Lagt er til að af umframgjöldunum verði 28,6 m.kr. felldar niður en 3,4 m.kr. komi til lækkunar á fjárheimildum ársins 1992. Umframgreiðslur, sem ekki er fyrirhugað að flytja milli ára, skiptast þannig að 2,5 m.kr. eru vegna Náttúrufræðistofnunar og 26,1 m.kr. vegna Náttúruverndarráðs, en þar af eru 15 m.kr. vegna kaupa á jörðinni Ási í Kelduhverfi sem eru gerð samkvæmt ákvæðum í ábúðarlögum. Embætti veiðistjóra og skipulagsstjóra fengu aukafjárveitingu til sérstakra verkefna sem ekki náðist að ljúka á sl. ári. Yfirfærsla heimilda hjá þessum tveimur stofnunum er samtals að fjárhæð 69,6 m.kr. Einnig færist greiðsluafgangur *Ýmissa verkefna* hjá Veðurstofu Íslands á milli ára.

Lánahreyfingar ríkissjóðs.

Í fjárlögum 1991 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,1 milljarði króna og útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs að fjárhæð um 1,8 milljörðum króna, með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 5,9 milljörðum króna. Lánsfjárlög 1991 voru afgreidd frá Alþingi í mars 1991. Með þeim hækkaði lánsfjárþörf ríkissjóðs um 1,7 milljarða króna, þ.e. útgjaldaheimildir um 1 milljarð og heimildir ríkissjóðs til endurlána um 0,7 milljarða. Reyndin varð hins vegar sú að greiðsluhalli ríkissjóðs varð 12,5 milljarðar króna og útstreymi á lánahreyfingum að fjárhæð 2,1 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 nam því alls 14,6 milljörðum króna eða sem svarar til um 3,9% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur ekki í annan tíma verið hærra. Árið 1990 var þetta hlutfall 2,1% og 2,6% árið 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1991 borið saman við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990:

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-4.069**	**-12.534**	-8.465
Veitt lán, nettó	-522	-1.040	-1.627	-587
Hluta- og stofnfjárframlög	-123	-270	-234	36
Viðskiptareikningar	-2.079	-500	-253	-247
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.170**	**-5.879**	**-14.648**	**-8.769**
Afborganir af teknum lánum	-6.189	-7.700	-7.623	77
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs	**-13.359**	**-13.579**	**-22.271**	**-8.692**
Lántaka	14.073	13.600	16.158	-2.558
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**	**-6.092**

Í *Skýrslu um ríkisfjármál árið 1991* er gerð ítarleg grein fyrir hreyfingum á lánareikningum A-hluta ríkissjóðs og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér verður þó gerð grein fyrir þremur lykilatriðum, þ.e. veitt lán, nettó, lánsfjáröflun 1991 og stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1991 varð útstreymi á þessum lið, þ.e. veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, að fjárhæð 1,6 milljarðar króna í stað 1 milljarðs króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.127**	**3.350**	**3.243**	**-107**
Bundnar innlendu verðlagi	1.713	1.920	2.085	165
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.414	1.430	1.158	-272
Veitt ný lán	**3.649**	**4.390**	**4.870**	**-480**
Skv. 1 gr. fjárlaga	**2.860**	**4.390**	**3.637**	**753**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.330	3.000	3.000	-
Hafnabótasjóður	20	240	275	-35
Alþjóðaflugþjónustan	180	500	162	338
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	300	550	200	350
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	30	-	-	
Annað	-	100	-	-
Skv. 15 gr. lánsfjárlaga	**352**	**-**	**823**	**-**
Hitaveita Eyra	11	-	-	-
Bæjarsjóður Siglufjarðar	50	-	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	56	-	28	-
Bæjarsjóður Neskaupstaðar	15	-	-	-
Hríseyjarhreppur	80	-	-	-
Skallagrímur hf., Akranesi	80	-	11	-
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	30	-	709	-
Baldur hf., Stykkishólmi	30	-	-	-
Djúpbáturinn hf., Ísafirði	-	-	45	-
Hitaveita Egilsstaða og Fella	-	-	20	-
Hitaveita Hveragerðis	-	-	6	-
Útgerðarfélag Akureyrar hf.	-	-	4	-
Skv. 6. gr. fjárlaga o.fl.	**437**	**-**	**410**	**-**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	437	-	410	-
Veitt lán, nettó	**-522**	**-1.040**	**-1.627**	**-587**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.350 m.kr. í fjárlögum en urðu ívið lægri eða 3.243 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af lægra gengi Bandaríkjadals en gengið var út frá í fjárlögum.

Veitt lán. Í fjárlögum voru lánveitingar áætlaðar 4.390 m.kr. Í reynd urðu lánveitingar ríkissjóðs samtals 4.870 m.kr. Skipta má lánveitingum ríkissjóðs í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán veitt skv. 6. gr. fjárlaga sem tengjast aðallega fasteignaviðskiptum ríkissjóðs. Loks eru lán veitt skv. 15. gr. lánsfjárlaga. Hér er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður nýtir sjálfur og endurlánar síðan. Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir, er oft hagkvæmara að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun fjárins. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga og skýrir það m.a. hið mikla frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Frávik á einstökum liðum skýrast á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi ákvað ný ríkisstjórn að veita atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fjárveitingu í stað lánsfjár eins og áður hafði verið ákveðið. Var þetta gert með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu deildarinnar. Í annan stað var frestað framkvæmdum við nýja flugstjórnarmiðstöð á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar sem dró úr lánsfjárþörf hennar. Loks skal þess getið að af 700 m.kr. lánveitingu til Herjólfs hf. voru 470 m.kr. veittar samkvæmt lántökuheimild frá árinu 1990.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 voru heimildir ríkissjóðs til endurlána auknar um 735 m.kr. frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig voru Fiskveiðasjóði ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána loðnuverksmiðjum vegna úreldingar og Byggðastofnun voru einnig ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána rækjuverksmiðjum. Ný ríkisstjórn féll frá nýtingu beggja þessara heimilda. Þá var heimild til að endurlána Síldarverksmiðjum ríkisins 300 m.kr. Það lán var tekið af SR um bankakerfið og hafði því engin áhrif á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs á árinu 1991.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að mæta allri lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum á innlendum markaði. Það gekk hins vegar ekki eftir. Rekja má það til þrenns. Í fyrsta lagi var lánsfjárþörf ríkissjóðs mun meiri en ætlað var í fjárlögum eins og fram hefur komið. Í annan stað varð aukning peningalegs sparnaðar á árinu 1991 nokkru minni en áætlað var. Við afgreiðslu fjárlaga var talið að nýr sparnaður yrði 36 milljarðar króna en nú er talið að nýr sparnaður hafi numið 32–33 milljörðum króna. Loks varð veruleg aukning á framboði húsbréfa. Afgreidd húsbréf á árinu 1990 námu 5,5 milljörðum króna en afgreidd húsbréf á árinu 1991 námu hins vegar samtals 15,1 milljarði króna. Allt þetta torveldaði innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og leiddi til verulegs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og til erlendrar lántöku. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Innlend lán	**10.107**	**13.600**	**8.819**	**-4.781**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	7.484	-	5.844	-
Sala ríkisvíxla	1.963	-	-28	-
Sala ríkisbréfa	77	-	1.395	-
Önnur innlend lán	583	-	1.608	-
Erlend lán	**3.966**	**-**	**7.339**	**-**
Tekin lán, alls	**14.073**	**13.600**	**16.158**	**2.558**

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var neikvæð um 5 milljarða króna á árinu 1991. Yfirdráttur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991 nam 6,1 milljarði króna en á móti komu afborganir ríkissjóðs af áður teknum lánum að fjárhæð 1,1 milljarður króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 nam um 9 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Á árinu 1990 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar um 4,5 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Eins og nefnt var hér að framan stafar aukin fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabankans fyrst og fremst af meiri rekstrarhalla ríkissjóðs og erfiðleikum í fjármögnun hans á innlendum lánamarkaði, einkum á fyrri hluta ársins. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluhreyfingar við Seðlabanka Íslands árin 1990 og 1991:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**	**-6.092**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	3.065	855	755	-100
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	1.903	327	327	-
Lántaka í Seðlabanka	-9	-	-	-
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**5.673**	**1.203**	**-5.031**	**-6.234**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-66	-	20	-
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**5.607**	**1.203**	**-5.011**	**-6.214**

B-hluti.

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 35 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 75/1991. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 161 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A-og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 75/1991 svo og greiðsluuppgjöri 1991:

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Lög nr. 75 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	5 181	1 346	6 492	35
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7 643	-	7 482	-161

Fimm fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Lög nr. 75 1991 m.kr.	Reikningur 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	345	-	420	75
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18	-	-	-18
23 121 Sala varnarliðseigna	30	-	25	-5
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 700	-	6 487	-213
30 101 Póst- og símamálastofnunin	550	-	550	-
Samtals	**7 643**	**-**	**7 482**	**-161**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 75/1991 og endanlegs uppgjörs hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta urðu sem hér segir:

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, en greiðslur til sjóðsins urðu 94 m.kr. innan heimilda fjárlaga og laga nr. 75/1991. Umframgreiðslur vegna Ríkisábyrgðasjóðs urðu hins vegar tæplega 40 m.kr. og vegna reksturs Þjóðleikhússins um 19 m.kr. Önnur frávik eru minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 þús. kr.	Lög nr. 75 1991 þús. kr.	Reikningur 1991 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Forsætisráðuneyti				
21 172 Atvinnutryggingargeild Byggðastofnunar	-	357 000	357 000	-
Samtals	**-**	**357 000**	**357 000**	**-**
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	110 000	-	110 000	-
22 975 Vísindasjóður	20 000	-	20 000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	67 600	-	61 550	6 050
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730 000	700 000	2 431 840	-1 840
22 973 Þjóðleikhúsið	227 000	47 000	293 088	-19 088
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	94 000	-	94 000	-
22 976 Menningarsjóður	11 000	-	15 604	-4604
Samtals	**2 259 600**	**747 000**	**3 026 082**	**-19 482**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	30 000	-	29 254	746
24 172 Jarðasjóður	25 000	-	25 992	-992
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	10 400	6 400	16 893	-93
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	4 990	1 000	6 306	-316
Samtals	**70 390**	**7 400**	**78 445**	**-655**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging .	20 000	-	20 000	-
Samtals	**20 000**	**-**	**20 000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	6 550	-	6 550	-
26 373 Kristnisjóður	17 220	-	16 380	840
Samtals	**23 770**	**-**	**22 930**	**840**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	900 000	-	900 000	-
27 972 Bjargráðasjóður	-	60 000	60 000	-
Samtals	**900 000**	**60 000**	**960 000**	**-**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280 000	80 000	1 266 000	94 000
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	-	2 275	225
28 610 Gæsluvistarsjóður	10 000	-	10 000	-
Samtals	**1 292 500**	**80 000**	**1 278 275**	**94 225**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna Ríkisábyrgðasjóðs .	300 000	-	339 755	-39 755
Samtals	**300 000**	**-**	**339 755**	**-39 755**
Samgönguráðuneyti				
30 321 Skipaútgerð ríkisins	134 400	100 000	234 400	-
30 332 Hafnabótasjóður	50 000	-	50 000	-
Samtals	**184 400**	**100 000**	**284 400**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	130 100	-5 000	125 115	-15
Samtals	**130 100**	**-5 000**	**125 115**	**-15**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 180 760**	**1 346 400**	**6 492 002**	**35 158**

Fylgiskjal 1

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1990 - 1991

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**4.798**	**-**	**5.310**
101 Aðalskrifstofa	3.398	-	5.310
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1.400	-	-
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**-**	**-4.300**	**74.233**
201 Háskóli Íslands	-	-2.000	-
203 Raunvísindastofnun Háskólans	-	-2.000	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-	-	1.126
232 Rannsóknaráð ríkisins	-	-300	-
318 Framhaldsskólar óskipt, viðhald, stofnkostnaður	-	-	33.962
610 Héraðsskólar almennt	-	-	3.057
901 Landsbókasafn Íslands	-	-	1.782
979 Ýmis stofnkostnaður og viðhald	-	-	32.283
991 Húsafriðun	-	-	316
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	1.707
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**92.832**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	3.199	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	1.296	-	-
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	88.197	-	-
399 Ýmis utanríkismál	140	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**-**	**-4.000**	**-**
231 Skógrækt ríkisins	-	-2.000	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.000	-
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.000	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**-**	**-1.000**	**-**
202 Hafrannsóknastofnun	-	-1.000	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**-**	**-1.500**	**54.117**
201 Hæstiréttur	-	-	1.078
202 Ríkissaksóknari	-	-	310
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	-	-	10.676
210 Héraðsdómarar samkv. lögum nr.27/1990	-	-	5.078
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-	-	13.869
212 Bæjarfógeti Akranesi	-	-	176
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	-	-1.500	-
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	-	-	1.854
255 Umferðarráð	-	-	872
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	-	-	1.256
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.431
303 Prestaköll og prófastsdæmi	-	-	17.517
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**6.132**	**-2.500**	**13.969**
101 Aðalskrifstofa	2.787	-	-
302 Ríkissáttasemjari	1.500	-	-
700 Málefni fatlaðra	-	-1.500	-
750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	-	-1.000	-
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	13.969
953 Jafnréttisráð	1.845	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**12.365**	**-**	**17.275**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.000
340 Málefni fatlaðra	1.087	-	-
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-	-	3.100
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	2.500	-	10.380
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	8.778	-	-
610 Gæsluvistarsjóður	-	-	795
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**900**	**-2.000**	**24.296**
101 Aðalskrifstofa	900	-	2.645
402 Fasteignamat ríkisins	-	-	1.651
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-	-2.000	-
971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur	-	-	20.000
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**372**	**-**	**-**
342 Rannsóknanefnd sjóslysa	372	-	-
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**5.800**	**-4.000**	**-**
299 Iðja og iðnaður framlög	5.100	-	-
301 Okrustofnun	-	-4.000	-
998 Ráðstöfunarfé	700	-	-
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**1.600**	**-**	**-**
998 Ráðstöfunarfé	1.600	-	-
13 HAGSTOFA ÍSLANDS	**1.668**	**-**	**3.307**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.307
102 Þjóðskráin	1.668	-	-
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**-**	**-2.000**	**-**
201 Náttúruverndarráð	-	-2.000	-
SAMTALS	**126.467**	**-21.300**	**192.507**

Fylgiskjal 2

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1991 - 1992

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	**6.999**	**-**	**18.814**
510 Bessastaðir	-	-	18.814
520 Opinberar heimsóknir	3.500	-	-
620 Ríkisendurskoðun	3.499	-	-
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**6.213**	**-781**	**2.000**
Yfirstjórn:	**6.213**	**-**	**2.000**
101 Aðalskrifstofa	6.213	-	2.000
Önnur mál:	**-**	**-781**	**-**
901 Húsameistari ríkisins	-	-70	-
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-711	-
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**154.606**	**-94.936**	**70.194**
Háskólinn og ýmis rannsóknarstarfsemi:	**14.544**	**-51.377**	**7.900**
201 Háskóli Íslands	-	-49.374	-
204 Stofnun Sigurðar Nordals	1.561	-	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3.506	-	1.850
207 Íslensk málstöð	932	-	-
208 Örnefnastofnun	178	-	-
210 Háskólinn á Akureyri	5.229	-	-
221 Kennaraháskóli Íslands	2.424	-	-
222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	-	-1.497	-
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	714	-	-
234 Vísindaráð	-	-506	-
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	6.050
Mennta- og fjölbrautaskólar:	**13.114**	**-9.003**	**59.880**
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	59.880
319 Framhaldsskólar, almennt	5.503	-	-
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	-2.718	-
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	-2.923	-
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	974	-	-
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	3.450	-	-
362 Framhaldskólinn á Húsavík	-	-3.362	-
363 Framhaldsskólinn á Laugum	3.187	-	-
Ýmis fræðslumál:	**750**	**-**	**-**
422 Námsgagnastofnun	566	-	-
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	184	-	-
Sérskólar:	**13.945**	**-3.336**	**-**
501 Tækniskóli Íslands	2.630	-	-
514 Iðnskólinn í Reykjavík	5.589	-	-
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	593	-	-
518 Fiskvinnsluskólinn	-	-1.372	-
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	-	-964	-
541 Hússtjórnarskólinn Reykjavík	2.001	-	-
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	-1.000	-
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	346	-	-
562 Leiklistarskóli Íslands	2.786	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
	Héraðsskólar:	**-**	**-1.798**	**4.115**
602	Héraðsskólinn Núpi	-	-999	-
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	-499	-
606	Héraðsskólinn Skógum	-	-300	-
610	Héraðsskólar almennt	-	-	4.115
	Grunn- og sérskólar fatlaðra:	**91.057**	**-4.574**	**-**
700	Grunnskólar, Reykjavík	4.100	-	-
701	Grunnskólar, Reykjanesi	16.600	-	-
703	Grunnskólar, Vesturlandi	700	-	-
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	6.000	-	-
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.200	-	-
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	10.700	-	-
707	Grunnskólar, Austurlandi	4.100	-	-
708	Grunnskólar, Suðurlandi	5.200	-	-
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	-658	-
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	-	-1.550	-
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	-525	-
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	150	-	-
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	-143	-
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	-	-1.002	-
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	15	-	-
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	-379	-
720	Grunnskólar, almennt	12.559	-	-
750	Skólar fyrir fatlaða	23.961	-	-
752	Öskjuhlíðarskóli	1.315	-	-
754	Safamýraskóli	3.457	-	-
798	Einholtsskóli	-	-317	-
	Önnur fræðslumál:	**8.232**	**-5.222**	**-**
802	Vernd barna og ungmenna	-	-623	-
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	318	-	-
806	Barnaverndarráð Íslands	-	-453	-
870	Meðferðarheimilið Tindar	-	-2.306	-
871	Unglingaheimili ríkisins	-	-	-
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-1.840	-
881	Náms- og fræðimenn, framlög	3.471	-	-
884	Jöfnun á námskostnaði	4.190	-	-
885	Fullorðinsfræðsla	253	-	-
	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi:	**12.964**	**-19.626**	**-1.701**
901	Landsbókasafn Íslands	50	-	-
902	Þjóðminjasafn Íslands	-	-4.699	-
903	Þjóðskjalasafn Íslands	38	-	-
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	-1.831	-
906	Listasafn Einars Jónssonar	-	-1.172	-
907	Listasafn Íslands	-	-1.712	-
908	Kvikmyndasafn Íslands	441	-	-
909	Blindrabókasafn Íslands	-	-984	-
972	Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	3.492	-	-
973	Þjóðleikhús	-	-2.000	-5.801
976	Menningarsjóður, framlag	-	-4.604	-
977	Þjóðarbókhlaða	-		-1.500
981	Kvikmyndasjóður	-	-2.624	-
983	Ýmis fræðistörf	3.134	-	-
985	Alþjóðleg samskipti	5.373	-	-
991	Húsafriðun	-	-	1.143
997	Uppgjör við sveitarfélög	-	-	4.457
999	Ýmislegt	436	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**17.431**	**-**	**-**
Yfirstjórn	**2.745**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	175	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	2.570	-	-
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli:	**5.000**	**-**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	5.000		
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál:	**9.686**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	286	-	-
401 Alþjóðastofnanir	9.400	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**1.424**	**-17.664**	**-246**
Yfirstjórn:	**956**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	956	-	-
Búnaðarmál:	**468**	**-15.802**	**-246**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	746
172 Jarðasjóður	-	-	-992
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	-1.745	-
231 Skógrækt ríkisins	-	-9.921	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.403	-
243 Sauðfjárveikivarnir	337	-	-
245 Laxeldisstöðin í Kollafirði	-	-93	-
246 Veiðimálastofnun	-	-1.397	-
247 Yfirdýralæknir	-	-1.243	-
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	-	-	-
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	131	-	-
Skólar:	**-**	**-1.862**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.862	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**12.808**	**-2.462**	**-**
Yfirstjórn:	**2.437**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	2.437	-	-
Útvegsmál:	**10.371**	**-2.462**	**-**
201 Fiskifélag Íslands	-	-107	-
202 Hafrannsóknastofnun	-	-1.350	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	-1.005	-
216 Ríkismat sjávarafurða	2.257	-	-
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.476	-	-
290 Veiðieftirlit	485	-	-
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.153	-	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**44.479**	**-20.088**	**24.553**
Yfirstjórn	**1.439**	**-925**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-186	-
102 Stjórnartíðindi	1.439	-	-
111 Kosningar	-	-739	-
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.:	**42.200**	**-19.163**	**26.119**
201 Hæstiréttur	-	-	824
202 Ríkissaksóknari	165	-	-
203 Borgardómarinn í Reykjavík	-	-1.388	-
205 Sakadómur Reykjavíkur	-	-1.478	-
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	20.874	-	-
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	5.119	-	-
209 Lögregluskóli ríkisins	-	-1.601	-
210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	-	-	9.285
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	-	-	7.057
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	-	-308	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
253	Almannavarnir ríkisins	1.425	-	-
252	Ökukennsla	-	-1.376	-
255	Umferðarráð	2.829	-	-
251	Landhelgisgæsla Íslands	11.058	-	-
212	Sýslumaðurinn Akranesi	-	-1.175	-
213	Sýslumaðurinn Borgarnesi	730	-	-
221	Sýslumaðurinn Blönduósi	-	-1.011	-
233	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	-	-1.487	-
234	Sýslumaðurinn Selfossi	-	-2.183	-
235	Sýslumaðurinn Keflavík	-	-2.059	-
236	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	-	-1.993	-
239	Fangelsismálastofnun ríkisins	-	-46	-
242	Fangelsið Litla-Hrauni	-	-3.058	-
283	Fangamál, ýmis kostnaður	-	-	8.953
	Þjóðkirkjan:	**840**	**-**	**-1.566**
711	Prestaköll og prófastsdæmi	-	-	-4.060
721	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	2.494
731	Kristnisjóður	840	-	-
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**	**29.103**	**-11.566**	**38.193**
	Yfirstjórn:	**9.655**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	6.655	-	-
302	Ríkissáttasemjari	3.000	-	-
	Málefni fatlaðra:	**14.645**	**-7.711**	**38.193**
700	Málefni fatlaðra	5.739	-	-
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	-888	-
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	900	-	-
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.500	-	-
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.500	-	-
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	274	-	-
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	-1.250	-
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	284	-	-
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-1.750	-
711	Styrktarfélag vangefinna	-	-1.823	-
719	Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	2.948	-	-
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.500	-	-
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	-2.000	-
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	38.193
	Önnur mál:	**4.803**	**-3.855**	**-**
951	Brunamálastofnun ríkisins	-	-3.082	-
953	Jafnréttisráð	-	-773	-
981	Vinnumál	4.787	-	-
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	16	-	-
08	**HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI**	**94.435**	**-13.393**	**26.440**
	Yfirstjórn:	**-**	**-530**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-530	-
	Sjúkrahús og heilbrigðismál:	**59.165**	**-3.815**	**6.440**
301	Landlæknir	-	-1.374	-
323	Tryggingaeftirlitið	112	-	-
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	586	-	-
325	Hollustuvernd ríkisins	4.264	-	2.300
326	Sjónstöð Íslands	-	-329	-
327	Geislavarnir ríkisins	-	-247	-
340	Málefni fatlaðra	4.642	-	-
370	Sjúkrahús í Reykjavík	10.903	-	5.000

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
371 Ríkisspítalar	8.900	-	-
372 Borgarspítalinn	17.796	-	-
378 Læknishéraðasjóður	225	-	-
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-1.098
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	238
393 Lyfjamál	923	-	-
394 Lyfjaverðlagsnefnd	-	-42	-
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	-	-19	-
396 Lyfjanefnd	-	-1.804	-
399 Heilbrigðismál, ýmis verkefni	5.260	-	-
430 Vistun geðsjúkra afbrotamanna	5.554	-	-
Heilsugæsla:	**34.475**	**-5.963**	**20.000**
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	6.384	-	-
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12.000	-	-
511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	15.540	-	20.000
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	-902	-
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	-	-470	-
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	144	-	-
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	-435	-
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	178	-	-
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	-252	-
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	175	-	-
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	-1.042	-
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	-214	-
577 Heilsugæslustöðin Selfossi	19	-	-
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	35	-	-
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	-2.000	-
591 Héraðslæknir í Reykjavík	-	-359	-
595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	-289	-
Skólar:	**-**	**-1.521**	**-**
603 Lyfjatækniskóli Íslands	-	-1.521	-
Ýmislegt	**795**	**-1.564**	**-**
610 Gæsluvistarsjóður	795	-	-
621 Áfengisvarnir og bindindismál	-	-1.564	-
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**18.113**	**-6.999**	**40.673**
Yfirstjórn:	**2.036**	**-499**	**4.116**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.216
103 Ríkisbókhald	-	-499	-
104 Ríkisfjárhirsla	936	-	-
105 Ríkislögmaður	1.100	-	900
Toll- og skattheimta:	**8.351**	**-6.500**	**6.498**
202 Skattstofan í Reykjavík	-	-	3.998
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	-500	-
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	611	-	2.500
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1.100	-	-
209 Skattstofa Vestmannaeyja	900	-	-
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3.500	-	-
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.352	-	-
261 Ríkistollstjóri	888	-	-
262 Tollstjórinn í Reykjavík	-	-6.000	-
Ýmis önnur mál:	**7.726**	**-**	**30.059**
402 Fasteignamat ríkisins	7.726	-	2.100
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	22.559
999 Ýmislegt	-	-	5.400

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**-**	**-2.303**	**-**
Yfirstjórn:	**-**	**-1.000**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-1.000	-
Samgöngur á sjó:	**-**	**-108**	**-**
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	-	-108	-
Önnur samgöngumál:	**-**	**-1.195**	**-**
651 Ferðamálaráð Íslands	-	-1.195	-
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**22.457**	**-47.590**	**-**
Yfirstjórn:	**9.487**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	7.761	-	-
102 Einkaleyfastofan	1.726	-	-
Iðnaðarmál:	**7.470**	**-269**	**-**
201 Iðntæknistofnun Íslands	127	-	-
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	-269	-
299 Iðja og iðnaður framlög	7.343	-	-
Orkumál:	**5.500**	**-47.321**	**-**
301 Orkustofnun	-	-47.306	-
371 Orkusjóður	-	-15	-
399 Ýmis orkumál	5.500	-	-
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**2.991**	**-1.930**	**-**
Yfirstjórn:	**2.146**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	2.146	-	-
Önnur mál:	**845**	**-1.930**	**-**
301 Löggildingarstofan	845	-	-
902 Verðlagsstofnun	-	-268	-
903 Hlutafélagaskrá	-	-1.662	-
13 HAGSTOFA ÍSLANDS	**1.932**	**-**	**-**
Yfirstjórn:	**1.932**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	1.932	-	-
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**74.780**	**-3.421**	**-**
Yfirstjórn:	**-**	**-421**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-421	-
Önnur mál:	**74.780**	**-3.000**	**-**
201 Náttúruverndarráð	-	-3.000	-
210 Veiðistjóri	47.537	-	-
301 Skipulagsstjóri ríkisins	22.077	-	-
310 Landmælingar Íslands	252	-	-
410 Veðurstofa Íslands	942	-	-
999 Ýmis verkefni	3.972	-	-
SAMTALS	**487.771**	**-223.133**	**220.621**

236. Frumvarp til laga [45. mál]

um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Eftir 2. umr., 4. nóv.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Sjávarafli telst samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Fiskafurðir teljast matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Sjávarafurðir teljast sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

3. gr.

Lög þessi taka til veiða og hagnýtingar á sjávarafurðum, þar með talið til löndunar, flutnings, meðferðar, geymslu, vinnslu og útflutnings og jafnframt til eftirlits með slátrun, vinnslu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks. Lögin taka einnig til innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu hér á landi. Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

II. KAFLI
Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar, ómengaðar og uppfylla að öðru leyti skilgreindar kröfur.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað hagnýtingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum sem ætlaðar eru til útflutnings.

6. gr.

Sjávarafurðir, sem fluttar eru inn til vinnslu eða umpökkunar hér en ætlaðar síðan til endurútflutnings, skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlends hráefnis og afurða. Við útflutning þeirrar vöru skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum. Halda skal innfluttum sjávarafurðum aðgreindum frá innlendum uns þær eru fluttar úr landi.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra

eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Geymslu og flutningi sjávarafurða skal haga í samræmi við eðli þeirra og eiginleika. Fyrirtæki, sem upp eru talin í 12. gr. laganna, skulu fullnægja kröfum um hreinlæti og búnað.

8. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til útflutnings, má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir, sem sjávarafurðir koma í snertingu við, skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk heilbrigðisyfirvöld heimila.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir.

9. gr.

Vatn, sem notað er til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við framleiðslu sjávarafurða, skal uppfylla kröfur íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns. Nota má hreinan sjó uppfylli hann sömu kröfur varðandi heilnæmi.

10. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum eða fylgiskjölum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðvar eða nafn og heimilisfang framleiðanda eða ábyrgðaraðila þannig að unnt sé að rekja uppruna vörunnar til þeirra. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

11. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka, dreifa eða flytja úr landi sjávarafurðir sem ekki uppfylla settar kröfur um gæði, heilnæmi, aukefni, umbúðir og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

III. KAFLI
Leyfisveitingar og eftirlit.

12. gr.

Vinnslustöðvar, lagmetisiðjur, skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, skip sem vinna afla um borð, uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjur og framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum.

Eldisfiski má aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og með þeim skilmálum sem hann setur. Fiskistofa gefur út leyfi fyrir vinnslu og pökkun hafbeitar- og eldisfisks.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sbr. 13. gr., auk samnings við viðurkennda skoðunarstofu, sbr. 14. gr. Vinnsluleyfi má binda framleiðslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna, geyma sjávarafurðir eða starfrækja uppboðsmarkaði án vinnsluleyfis.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari skilyrði fyrir leyfisveitingum samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Forsvarsmenn þeirra aðila, sem falla undir ákvæði laga þessara, sbr. 12. gr., bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfsrækt innra eftirlit með framleiðslu. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við umfang reksturs og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, framleiðslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, framleiðslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.–4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

14. gr.

Fyrirtækjum og útgerðum skipa, sem falla undir ákvæði 12. gr., er skylt að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

Fiskistofa eða annar aðili samkvæmt ákvörðun ráðherra veitir skoðunarstofum viðurkenningu að uppfylltum settum skilyrðum. Þær skulu fylgjast reglulega með hreinlæti, búnaði og innra eftirliti fyrirtækja og skipa. Skoðunarstofur fylgjast með því að önnur ákvæði laga þessara og reglna settra með stoð í þeim séu haldin og veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja.

Fiskistofa fylgist með starfi skoðunarstofa og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Verði misbrestur þar á, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær viðurkenningu ef sakir eru miklar.

Við veitingu viðurkenninga skal lagt mat á hæfni, áreiðanleika og skipulag skoðunarstofu.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa.

15. gr.

Forsvarsmönnum fyrirtækja sem 12. gr. tekur til og útflytjendum sjávarafurða er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoð-

unarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

16. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð sé þess krafist. Fiskistofa getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum veitt viðurkenndri skoðunarstofu, sbr. 14. gr., heimild til útgáfu útflutningsvottorða.

17. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem brjóta í bága við 10. eða 11. gr. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber framleiðanda, eiganda eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Uppfylli fyrirtæki eða skip, sbr. 12. gr., ekki ákvæði II. kafla um heilnæmi afurða, búnað og hreinlæti eða ákvæði 13. eða 14. gr. um innra eftirlit og samning við viðurkennda skoðunarstofu er Fiskistofu heimilt að svipta þau vinnsluleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fái skip ekki vinnsluleyfi, sbr. 12. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi. Áður en til sviptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti framleiðandi, útflytjandi, forsvarsmenn fyrirtækja eða útgerða skipa Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 15. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi.

20. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu í þá veru að sjávarafurðir teljist ekki uppfylla kröfur laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim má vísa til málskotsnefndar, sbr. 21. gr., innan sjö daga frá því að ákvörðun var kynnt hlutaðeigandi.

21. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja manna og jafnmarga menn til vara til meðferðar málskots skv. 20. gr. Tveir nefndarmanna og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á meðferð og framleiðslu sjávarafurða. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Nefndin úrskurðar hvort ákvarðanir Fiskistofu séu í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða. Nefndin

getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir Fiskistofu. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og vera endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála. Nefndin getur krafið málsaðila um greiðslu kostnaðar sem hlýst af meðferð máls. Fulltrúar málsaðila hafa rétt til að koma á fund nefndarinnar og skýra mál sitt.

Nefndarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður málsaðila vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku nefndarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem honum er persónulega tengdur eða hætta er á að hann fái ekki að öðru leyti litið hlutlaust á mál.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga.

V. KAFLI
Viðurlög.

23. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.

Heimilt er að refsa stjórnarmönnum félaga og framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota á 10. gr., 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 13. gr.

24. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Frá sama tíma falla niður lög nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, sbr. lög nr. 83/1986. Einnig falla niður frá sama tíma allar löggildingar sem veittar hafa verið á grundvelli laga nr. 53/1984, laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, laga nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og eldri laga um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskistofu er heimilt að veita fyrirtækjum vinnsluleyfi til bráðabirgða með ákveðnum skilyrðum ef ákvæðum um innra eftirlit, hreinlæti og hollustuhætti er fullnægt. Undanþágur þessar skulu þó ekki gilda lengur en til ársloka 1995. Fyrirtæki, sem undanþágu fá, skulu hafa verið í rekstri 31. desember 1992 og umsókn borist frá þeim fyrir 1. apríl 1993.

237. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

(Eftir 2. umr., 4. nóv.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi.

1. gr.

Í stað orðanna „hér á landi“ í 2. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 75. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Einkaleyfi fyrir nautna- eða næringarefnum er hægt að veita á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1992.

3. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Um meðferð og ákvarðanir varðandi einkaleyfishæfi umsókna, sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, fer eftir ákvæðum laga nr. 12 20. júní 1923 með þeim undantekningum sem leiða má af öðrum ákvæðum þessa kafla.

4. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Hafi umsókn, sem var til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum fyrir 1. janúar 1992, ekki verið auglýst fyrir þann tíma í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda ákvæði þessara laga um meðferð umsóknarinnar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

5. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Vörumerki geta verið hvers konar tákn er birta má á prenti og til þess eru fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, þ.e.:

1. orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, mannanöfn, nöfn á fyrirtækjum eða fasteignum,
2. bókstafir og tölustafir,
3. myndir og teikningar,
4. útlit, búnaður eða umbúðir vöru.

6. gr.

Aftan við 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo:

Í rétti þessum felst þó ekki að eigandi vörumerkisins geti hindrað að aðrir noti nafn sitt, firmanafn eða nafn á fasteign sinni í atvinnuskyni í samræmi við góða viðskiptavenju.

7. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Hætta á ruglingi telst þó vera til staðar gagnvart vel þekktu vörumerki hér á landi ef notkun á öðru líku merki felur í sér misnotkun eða rýrir aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.

8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið verndar jafnhliða rétti á eldra vörumerki þótt merkin séu svo lík að villast megi á þeim, að því tilskildu að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og eigandi eldra vörumerkisins hafi þrátt fyrir vitneskju um yngra merkið látið notkun á því afskiptalausa hér á landi í fimm ár samfellt frá skráningardegi.

9. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í 2. málsl. 17. gr. laganna falla niður orðin „og hver atvinnurekstur hans er".

11. gr.

Aftan við 1. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Skráningin verður þó ekki felld úr gildi vegna ruglingshættu við annað vörumerki ef skilyrði 25. gr. a eiga við um það merki.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. a, sem orðast svo:

Ef eigandi að skráðu vörumerki hefur eigi, innan fimm ára frá skráningardegi, notað vörumerkið hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hafi slík notkun ekki átt sér stað í fimm ár samfellt má ógilda skráninguna með dómi ef ekki koma fram gildar ástæður fyrir því að notkun á vörumerkingu hefur ekki átt sér stað.

Ef vörumerki er notað í annarri útfærslu en greinir í vörumerkjaskrá, þó þannig að um sé að ræða óveruleg frávik sem ekki raska aðgreiningarhæfi þess eða ef merkið hefur verið sett á vörur hér á landi sem eingöngu eru ætlaðar til útflutnings eða á umbúðir þeirra, skal leggja slíkt að jöfnu við notkun skv. 1. mgr.

Ef vörumerki er notað af öðrum en eiganda, en með samþykki hans, skal leggja þá notkun að jöfnu við notkun eiganda.

Skráning verður þó ekki afmáð ef notkun á merki hefur hafist eftir lok fimm ára tímabilsins en áður en krafa um ógildingu kemur fram. Nú er krafa um ógildingu eigi lögð fram fyrr en þrír mánuðir hið skemmsta eru liðnir frá lokum fimm ára tímabilsins en eigandi merkis hefur hafið eða tekið aftur upp notkun þess á síðustu þremur mánuðum áður en krafa um ógildingu kom fram. Skal þá slík notkun ekki hafa áhrif á kröfu um ógildingu hafi eiganda merkis verið kunnugt um að krafan mundi koma fram er hann hóf undirbúning að notkun þess.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. b, sem orðast svo:

Hafi notkunarskyldu verið fullnægt fyrir hluta af þeim vörum eða þjónustu er vöru-

merkið var skráð fyrir skal ógildingin ekki taka til þess hluta skráningarinnar.

14. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Vörumerkjaskrárritari er réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1.–3. tölul. 14. gr., 2. mgr. 25. gr. og 25. gr. a.

15. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Eigandi að skráðu vörumerki getur veitt öðrum leyfi til að nota merkið í atvinnuskyni (nytjaleyfi). Nytjaleyfi getur tekið til allrar vöru eða þjónustu sem vörumerkið nýtur verndar fyrir eða takmarkaðs hluta skráningar. Nytjaleyfi getur tekið til landsins alls eða afmarkaðra svæða þess. Eigandi að skráðu vörumerki getur krafist vörumerkjaréttar fram yfir rétt nytjaleyfishafa brjóti hann ákvæði nytjaleyfissamnings varðandi gildistíma, leyfilega útfærslu merkis, hvar og hvernig nota má það eða ákvæði er varða gæði vöru eða þjónustu er leyfishafi býður fram undir merkinu.

Eigandi vörumerkis eða leyfishafi getur, gegn ákveðnu gjaldi, farið fram á að nytjaleyfi verði fært í vörumerkjaskrá og birt, sbr. 20. gr. Sami háttur skal á hafður er nytjaleyfi fellur úr gildi. Skráningaryfirvöld geta hafnað því að færa inn nytjaleyfi ef þau telja að notkun leyfishafa á merkinu geti leitt til ruglingshættu. Um áfrýjun slíkrar synjunar gilda ákvæði 4. mgr. 21. gr.

Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn að um það hafi verið samið.

III. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

238. Fyrirspurn [198. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfismál á norðanverðum Vestfjörðum.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með friðlandinu á Hornströndum?
2. Hve margir sinna því verkefni?
3. Hvað er áætlað að margir ferðamenn ferðist um svæðið árlega og á hvaða árstíma?
4. Eru fyrirhugaðar úrbætur í hreinlætisaðstöðu á svæðinu?
5. Hvernig er háttað umferð vélknúinna ökutækja um svæðið? Er slík umferð leyfð, og ef svo er, hvernig er þá leyfisveitingum háttað?
6. Er lokið við hreinsun á Straumnesfjalli og Rit?
7. Hefur verið gerð áætlun um gerð göngustíga og göngubrúa í friðlandinu?

Skriflegt svar óskast.

239. Fyrirspurn [199. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt á heimilisiðnaði.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um virðisaukaskatt á heimilisiðnaði?
2. Gilda sömu reglur um undanþágu frá virðisaukaskatti upp að ákveðnu marki á framleiðslu handunninnar vöru á heimilum, hvort sem um er að ræða framleiðslu einstaklings sem stundar búrekstur eða launaða vinnu utan heimilis?

240. Fyrirspurn [200. mál]

til samgönguráðherra um ljósleiðara og kostnað við lagningu þeirra.

Frá Birni Bjarnasyni.

1. Hvenær var ákvörðun tekin um að ráðast í að leggja ljósleiðarakerfið?
2. Hver eru tengsl hins nýja ljósleiðarakerfis umhverfis landið við ratsjárstöðvar varnarliðsins og endurnýjun ratsjárkerfis þess?
3. Hver er heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara umhverfis landið?
4. Hvernig hefur lagning ljósleiðara umhverfis landið verið fjármögnuð?
5. Hvernig er ákvörðunum um gjaldskrá fyrir afnot af ljósleiðarakerfinu umhverfis landið háttað?

241. Svar [74. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jónasar Hallgrímssonar um opinber fjárframlög til mannvirkjagerðar vegna móttöku ferðamanna á helstu innkomustöðum til landsins.

1. Hver er heildarkostnaður við flugstöðvarbyggingu (Leifsstöð) á Keflavíkurflugvelli og tilheyrandi aðstöðu? Hver er farþegafjöldi á ári sl. fimm ár?

Heildarbyggingarkostnaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var 4.771.357.383 kr. á verðlagi 31. desember 1991.

Farþegafjöldi sl. fimm ár var sem hér segir:

	Farþegafjöldi
Árið 1987	748.774
Árið 1988	736.199
Árið 1989	658.096
Árið 1990	699.445
Árið 1991	687.215

2. *Hver er heildarkostnaður við breytingar og aðstöðubætur á Reykjavíkurflugvelli vegna farþegaflugs til og frá landinu? Hver er farþegafjöldi á ári hverju sl. fimm ár?*

Flugmálastjórn hefur ekki lagt í kostnað vegna breytinga eða aðstöðubóta á Reykjavíkurflugvelli vegna farþegaflugs til og frá landinu.

Farþegafjöldi sl. fimm ár var sem hér segir:

	Farþegafjöldi
Árið 1987	304.980
Árið 1988	275.563
Árið 1989	297.299
Árið 1990	306.627
Árið 1991	293.864

3. *Hver er heildarkostnaður við breytingar og aðstöðubætur vegna beins flugs til Akureyrar erlendis frá? Hver er fjöldi farþega frá því að þessi starfsemi hófst skipt eftir árum?*

Flugmálastjórn hefur ekki lagt í kostnað vegna breytinga og aðstöðubóta vegna beins flugs til Akureyrar erlendis frá. Hins vegar er gert ráð fyrir stækkun flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli í þessu skyni og jafnframt til að bæta aðstöðu fyrir farþega í innanlandsflugi og er vinna við hönnun hafin.

Farþegafjöldi sl. fimm ár var sem hér segir:

	Farþegafjöldi
Árið 1987	130.499
Árið 1988	121.268
Árið 1989	120.305
Árið 1990	120.877
Árið 1991	115.804

4. *Hver er heildarkostnaður framkvæmda vegna móttöku ferðamanna á Seyðisfirði frá því að siglingar hófust með farþegaskipum þangað? Hver er fjöldi farþega á ári sl. fimm ár?*

Yfirlit yfir ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir á Seyðisfirði sem tengjast ferjulægi.

Ár	Framkvæmd (lýsing)	Kostnaður á verðlagi ársins	Framreiknað til okt. 1992
1975	Breytingar á stálþili Fjarðarhafnar v. ferjuaðstöðu, gerð skutaðstaða fyrir Smyril	10	895
1976	Dýpkun Fjarðarhafnar, 8.600 m^3 (Að hluta til vegna annarrar skipaumferðar.)	90	7.258
1983	Aðstaða lagfærð fyrir nýju ferjuna Norröna	218	940
1984	Ferjuaðstaða endurbætt	300	1.096
1987	Þekja við ferjuaðstöðu	2.022	3.820
	Samtals kostnaður á verðlagi í október 1991		**14.009**

Framreiknað miðað við byggingarvísitölu í þús. kr.

Yfirlit yfir farþega og bílaflutning með Smyril Line.

	Farþegafjöldi Komufarþegar*	Bílar
Árið 1984	5.639	–
Árið 1985	5.600	–
Árið 1986	6.489	–
Árið 1987	6.181	3.474
Árið 1988	7.110	3.888
Árið 1989	7.189	4.600
Árið 1990	6.525	4.700
Árið 1991	7.911	4.800

* Upplýsingar eru um fjölda komufarþega. Gera má ráð fyrir að brottfarir séu álíka margar.

(Heimild: Austfar hf. og sýsluskrifstofan Seyðisfirði.)

5. *Hvaða aðilar, opinberir og einkaaðilar, hafa lagt fé til fyrrgreindra mannvirkja og hve mikið hver?*

Ríkissjóður Íslands og stjórn Bandaríkjanna lögðu fé til byggingar flugstöðvarinnar í Keflavík. Skiptingin var í grófum dráttum þannig að hlutur ríkissjóðs var ⅔ og hlutur Bandaríkjastjórnar ⅓.

Flugleiðir hf. hafa stækkað flugstöð sína á Reykjavíkurflugvelli, enda er hún alfarið rekin á þeirra vegum. Enn fremur hafa þeir komið upp fríhafnarverslun fyrir utanlandsfarþega.

Flugfélag Norðurlands hefur komið upp lítilli fríhafnarverslun á Akureyrarflugvelli til þess að þjóna farþegum í utanlandsflugi.

Austfar hf., Seyðisfirði, hefur komið upp aðstöðu til farþegaafgreiðslu á Seyðisfirði.

242. Fyrirspurn [201. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu mikið fé var greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 1991? Tilgreint verði hversu mikið var greitt hverju sveitar- eða bæjarfélagi í landinu og hver fjárhæðin var á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi.
2. Hvaða skiptiregla lá til grundvallar útgreiðslunni?

Skriflegt svar óskast.

243. Fyrirspurn [202. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda leiðbeinenda í grunnskólum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvert er hlutfall kennara og leiðbeinenda við grunnskóla í einstökum fræðsluumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

244. Fyrirspurn [203. mál]

til menntamálaráðherra um námsráðgjöf og starfsfræðslu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvað eru mörg stöðugildi við námsráðgjöf og starfsfræðslu á núverandi skólaári:
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?
2. Hvað voru mörg stöðugildi við námsráðgjöf og starfsfræðslu á skólaárunum 1990–1991 og 1991–1992:
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?
3. Hvert er viðhorf ráðherra til tillagna nefndar um námsráðgjöf og starfsfræðslu frá 11. apríl 1991?

245. Fyrirspurn [204. mál]

til menntamálaráðherra um störf átján manna nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvenær má búast við að nefnd, sem skipuð var af menntamálaráðherra sl. vor til að endurskoða grunn- og framhaldsskólalög, skili áliti?
2. Er fyrirhugað að nefndin skili frumvörpum að nýjum grunn- og framhaldsskólalögum?
3. Hvert hefur verið samráð nefndarinnar við samtök kennara?

246. Fyrirspurn [205. mál]

til samgönguráðherra um störf nefndar um jarðgangagerð á Austurlandi.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hvenær má búast við að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi, sem skipuð var árið 1988 af fyrrverandi samgönguráðherra, ljúki störfum og skili áliti?

247. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna falla orðin „iðnaðarráðuneyti“ og „viðskiptaráðuneyti“ brott, en á eftir orðunum „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ kemur: iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt.

Með reglugerð nr. 64 8. júlí 1987 um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands, voru málefni utanríkisviðskipta flutt frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis, en áður höfðu þau verið verulegur þáttur verkefna viðskiptaráðuneytis. Enn fremur hefur afgreiðsla einkaleyfa- og vörumerkjamála verið flutt úr iðnaðarráðuneyti til sérstakrar stofnunar, en þar er um að ræða allmikla afgreiðslustarfsemi. Afgreiðslum í báðum ráðuneytum hefur því fækkað að undanförnu og verksvið þeirra breyst. Í ráðuneytunum eru nú tæplega 25 stöðugildi samtals.

Á sl. kjörtímabili var samið frumvarp til nýrra stjórnarráðslaga og var um það fjallað af sérstakri milliþinganefnd í nokkrum útgáfum. Þar var gert ráð fyrir sameiningu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna og var um þann þáttinn góð samstaða.

Þegar fyrrverandi ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis fékk lausn og fór á eftirlaun haustið 1990 var stjórn ráðuneytanna sameinuð á þann hátt að ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis var samhliða starfi sínu settur ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneyti, enda þótti ekki rétt að skipa nýjan ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneyti með æviráðningu við þær aðstæður.

Síðan hefur verið unnið að skipulagi sameinaðs ráðuneytis og þykir það starf hafa staðfest augljóst hagræði af sameiningunni þar sem aðstaða, búnaður og starfsmenn nýtast betur við lausn þeirra verkefna sem bæði ráðuneytin fara með. Til að ná fram þeirri

hagræðingu, sem hlýst af sameiginlegum rekstri þessara ráðuneyta, ákvað forsætisráðherra að nota til þess heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 73/1969 og fól ráðuneytisstjóra iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta það með bréfi dags. 2. júní 1992 að hafa, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

Þess skal loks getið að í nágrannaríkjunum hefur þegar átt sér stað sameining iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eins og hér er lagt til.

Í fskj. II er kynnt tillaga að reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, sem lögð verður fyrir forseta Íslands til staðfestingar verði frumvarp þetta að lögum.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Kostnaðarumsögn.

Svo sem getið er í athugasemdum við frumvarpið hefur afgreiðsluverkefnum iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis fækkað og verksvið þeirra breyst. Beinn sparnaður við sameininguna felst í tvennu. Laun eins ráðuneytisstjóra falla brott, um 3 milljónir króna, og til viðbótar má gera ráð fyrir almennri hagræðingu við sameiningu tveggja ráðuneyta. Á þessu ári er búið að verja um 15 milljónum króna í innréttingar og breytingar á húsnæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, en aðeins hluti af þeim kostnaði getur talist til kominn vegna sameiningar ráðuneytanna.

Gert er ráð fyrir að samnýting starfsliðs hinna tveggja fyrri ráðuneyta verði til að nokkur kostnaður sparist við sameininguna. Einnig má ætla að einhver fækkun í starfsliði geti náðst fram á fjárlögum næsta árs.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

8. gr. orðast svo:

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti fer með mál er varða:

1. Iðju, iðnað og iðnþróun.
2. Erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu.
3. Staðlamál.
4. Námur og nýtingu auðlinda í jörðu.
5. Niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða.
6. Eignarréttindi á sviði iðnaðar, þar á meðal einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd.

7. Stofnanir, fyrirtæki og sjóði á sviði iðnaðar nema lögð séu til annars ráðuneytis, þar á meðal Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Norræna iðnaðarsjóðinn.
8. Orkumál, orkuvinnslu og orkudreifingu.
9. Réttindi til að nýta vatnsafl og jarðvarma.
10. Raforkuver og rafveitur.
11. Hitaveitur.
12. Stofnanir, fyrirtæki og sjóði á sviði orkumála nema lögð séu til annars ráðuneytis.
13. Verslun og viðskipti, önnur en útflutningsverslun.
14. Samvinnu við erlendar banka- og fjármálastofnanir, þar á meðal Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann (IBRD), Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA), Evrópska endurreisnar- og þróunarbankann (EBRD) og Efnahags- og þróunarstofnunina (OECD).
15. Gjaldeyris- og innflutningsmál.
16. Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka og sparisjóði.
17. Gjaldmiðil og myntsláttu.
18. Samkeppnis- og verðlagsmál.
19. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um atvinnurekstur.
20. Verslunarskrár og firmu.
21. Vog, mál og faggildingu.
22. Verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði og eignarleigustarfsemi.
23. Neytendamál.

2. gr.

15. gr. fellur brott og töluröð síðari greina breytist eftir því.

3. gr.

Í stað „2.–15. gr.“ í 16. gr., er verður 15. gr., kemur: 2.–14. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

248. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú verður breyting á reglum um úthlutun námslána, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr., eða á lögum þessum á þeim tíma sem námsmaður er í námi og getur hann þá valið milli þess að fá lánað eftir þeim reglum og vaxtakjörum sem giltu er hann hóf nám sitt eða að taka lán eftir nýjum reglum. Gildir þetta þar til hann hefur lokið námi á þeirri námsbraut sem hann stundar nám á þegar breyting verður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hver sá námsmaður, sem ákveður að hefja nám, hlýtur að gera áætlun um það hvernig hann fjármagnar nám sitt. Þá áætlun gerir hann með tilliti til þeirra laga og reglugerða sem í gildi eru þegar hann tekur ákvörðunina. Það er því eðlilegt að hann geti treyst því að þær reglur gildi þann tíma sem námið stendur, en það sé ekki háð ákvörðunum stjórnvalda frá degi til dags að kollvarpa öllum þeim forsendum sem námsmaðurinn gaf sér. Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur á undanförnum árum tekið miklum breytingum frá ári til árs. Það hlýtur að vera afar erfitt fyrir námsmenn og fjölskyldur þeirra að standa frammi fyrir því óöryggi sem slíkt veldur.

Ekki ætti að vera erfiðara fyrir stjórn sjóðsins að framfylgja breytilegum lögum en breytilegum reglugerðum. Má í því sambandi benda á ákvæði í úthlutunarreglum LÍN 1992–1993, en þar segir svo um lán vegna skólagjalda erlendis: „Þeir sem fengu lán vegna skólagjalda á námsárinu 1991/1992 í samræmi við eldri reglur fá áfram skólagjaldalán samkvæmt þeim reglum til að ljúka námi.“

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, væri spor í þá átt að auka traust almennings á stjórnvöldum. Allt of oft gerist það að því trausti er misboðið með ýmsum hætti. Þar má nefna samskipti ríkisvaldsins við sveitarfélögin í landinu vegna fjárlagagerðar, vaxtaákvarðanir í húsnæðismálum o.fl.

Flutningsmenn telja að lög um LÍN hafi breyst á undanförnum árum til hins verra. Sú breyting, sem hér er lögð til, er ein sú brýnasta sem gera þarf á þessum lögum þótt full ástæða sé til að breyta fleiri ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerð verði breyting á lögum eða reglum um úthlutun námslána á meðan námsmaður er í námi sem hafið var meðan fyrri lög og reglur giltu. Þá geti hann valið um hvort hann tekur lán samkvæmt breyttum lögum og reglum eða nýtir sér rétt sinn til að taka lán samkvæmt eldri lögum og reglum sjóðsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

249. Frumvarp til laga [208. mál]

um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, og sparisjóði.

Málefni viðskiptabanka og sparisjóða heyra stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

2. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara.

3. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki" eða „sparisjóður" eitt sér eða samtengt öðrum orðum, sbr. þó 5. mgr. 84. gr.

Viðskiptabanki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

II. KAFLI
Stofnun, starfsleyfi o.fl.

4. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning hlutafélagsbanka í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsbanka eða sparisjóðs. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig og aðrar upplýsingar og gögn sem viðskiptaráðherra ákveður.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjóða í Lögbirtingablaði.

5. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. þó 8. gr.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

6. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður verður ekki stofnaður með lægra hlutafé eða stofnfé en 400 milljónum króna og skal hlutafé eða stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

Ráðherra er heimilt að víkja frá lágmarkskröfum 1. mgr. um fjárhæð stofnfjár í sparisjóði að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Þó skal stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð en 80 milljónum króna og vera bundið gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Viðskiptabanka eða sparisjóði er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé. Allt hlutafé hlutafélagsbanka skal vera greitt áður

en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

7. gr.

Starfandi viðskiptabönkum eða sparisjóðum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé eða stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

A. Ríkisviðskiptabankar.

8. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Þeir verða einungis stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík nema annað leiði af lögum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka.

Nánar skal kveðið á um starfsemi ríkisviðskiptabanka í reglugerð.

B. Hlutafélagsbankar.

9. gr.

Einungis hlutafélögum er heimilt að reka viðskiptabanka aðra en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

10. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 101. gr. um Lánastofnun sparisjóðanna hf.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipa hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Þeir hluthafar, sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka, skulu fyrir fram tilkynna bankaeftirlitinu þar um. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar. Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna bankaeftirlitinu ef hann hyggst auka við hlutafjáreign sína það mikið að hlutur hans í hlutafélagsbanka eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að hlutafélagsbanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Bankaeftirlitið getur synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji það viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs reksturs hlutaðeigandi stofnunar eða eðlilegra viðskiptahátta. Rökstudd synjun bankaeftirlitsins skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 3. mgr. er bankaeftirlitinu heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hrint í framkvæmd, enda hafi henni ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á 10% eða meira af hlutafé í hlutafélagsbanka, draga úr hlutafjáreign sinni skal hann tilkynna það bankaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi, sbr. 3. mgr., skal það einnig tilkynnt.

11. gr.

Þegar tilkynning hefur borist um kaup eða eigendaskipti hlutabréfa í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3., 4. eða 5. mgr. 10. gr. skal bankaráð eða bankastjórn tilkynna bankaeftirlitinu þar um án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal hlutafélagsbanki tilkynna bankaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga 10% eða meira af hlutafé bankans og hlutafjáreign hvers þeirra.

12. gr.

Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan rekstur bankans eða samrýmist ekki eðlilegum viðskiptaháttum getur bankaeftirlitið ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að eignarhlutum, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji bankaeftirlitið ekki viðkomandi um að eignast hlut eða auka við hann skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. fá þessir hlutir atkvæðisrétt að nýju.

Hafi bankaeftirlitið ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

13. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga sjálfur eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist stofnunin meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal hún hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

14. gr.

Ákvæði 10.–12. gr. eiga einnig við um sparisjóði, eftir því sem við getur átt.

C. Sparisjóðir.

15. gr.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skiptingu í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

16. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 1. mgr. 18. gr. og 20.–21. gr. laga þessara og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

17. gr.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 71. gr.

18. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

Um skattalega meðferð á stofnfé stofnfjáreiganda og arði fer að sama hætti og um hlutafé.

19. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga sjálfur meira en 10 % af eigin stofnfé. Eignist spari-

sjóður meira af stofnfénu vegna ákvæða 20. og 21. gr. skal hann hafa selt stofnfjárhlut þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

20. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:

1. við andlát stofnfjáreiganda,
2. við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og
3. við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hún lögð niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

21. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 1. mgr. 18. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 20. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 19. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

22. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

23. gr.

Frá ársbyrjun 1993 er sparisjóðum heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1992 miðað við lánskjaravísitölu og
2. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

Um skattalega meðferð endurmats fer að ákvæðum tekju- og eignarskattslaga um endurmat hlutafjár.

III. KAFLI
Synjun umsókna um starfsleyfi.

24. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður, eftir því sem við á, ekki skilyrði 2. mgr. 4. gr. um form umsóknar, 5. gr. um stofnendur, 6. gr. um stofnfé, 8. gr. um stofnun ríkisviðskiptabanka, 9. gr. um stofnun hlutafélagsbanka, 1.–3. mgr. 10. gr. um hluti í hlutafélagsbanka, 2. mgr. 15. gr. um stofnun sparisjóðs og 38. gr. um stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skal umsókn um starfsleyfi synjað.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að synja umsókn um starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, sé eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða stofnfjáreiganda í sparisjóði skv. 10. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

26. gr.

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

IV. KAFLI
Stjórn.

A. Ríkisviðskiptabankar.

27. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt hefur verið kjörið.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

28. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um stöður bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

B. Hlutafélagsbankar.

30. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða.

31. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

C. Sparisjóðir.

32. gr.

Fundur stofnfjáreigenda fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs samkvæmt því sem

lög og samþykktir sparisjóðsins ákveða. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs.

Aukafund skal halda ef stofnfjáreigendur, sem fara með minnst ⅓ hluta stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

33. gr.

Fundir stofnfjáreigenda skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á framangreindum fundum nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 35. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver stofnfjáreigandi á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á fundum stofnfjáreigenda sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

34. gr.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

1. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
2. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 60. gr.,
3. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 36. gr., og skoðunarmanna, sbr. 59. gr.,
4. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun skoðunarmanna, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
5. breytingar á samþykktum sparisjóðs og
6. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

35. gr.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 99. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 19. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

36. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Séu sveitarstjórnir einu stofnfjáreigendurnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við sam-

þykktir sparisjóðsins. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú eru stofnfjáreigendur í sparisjóði fleiri en 150 og er þá heimilt að ákveða í samþykktum sparisjóðs að aðalfundur kjósi fulltrúaráð skipað að minnsta kosti 21 fulltrúa. Fulltrúaráð skal kosið til þriggja ára og þriðjungur árlega nema í fyrsta skipti. Fulltrúaráð kýs stjórn sparisjóðsins samkvæmt reglum 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnir af stofnfjáreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

37. gr.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

1. að ⅗ hlutum af stofnfjáreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
2. að ⅖ hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, þriggja til fimm manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar skv. 36. gr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á fundi stofnfjáreigenda.

D. Sameiginleg ákvæði.

38. gr.

Bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptir forræði yfir búi sínu.

Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs skulu einnig uppfylla skilyrði 1. mgr. Ríkisborgarar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að eiga sæti í bankaráði eða stjórn sparisjóðs.

39. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða samþykktir. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skulu einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri hlutaðeigandi stofnunar. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör þeirra og verkaskiptingu samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem gildir í ákveðinn tíma,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar, sbr. þó 7. mgr. 63. gr.,

3. að staðfesta ráðningu staðgengla bankastjóra eða sparisjóðsstjóra samkvæmt tillögum bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra,
4. að staðfesta tillögur bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar,
5. að setja, að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, þar með talið um hámark lána til einstakra lántakenda og um greiðslutryggingar, sbr. þó 1. mgr. 46. gr.,
6. að ákveða hvaða starfsmenn, auk bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun og setja reglur þar um,
7. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu viðskiptabanka eða sparisjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað,
8. að taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða ríkisviðskiptabanka eða leggja tillögur um þessi atriði fyrir hluthafafund eða aðalfund hlutafélagsbanka eða aðalfund sparisjóðs,
9. að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú,
10. að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum stofnunarinnar,
11. að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem viðskiptabanki eða sparisjóður á aðild að og
12. að taka ákvörðun um samruna hlutaðeigandi stofnunar við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 73. og 75. gr.

Áður en ákvörðun er tekin skv. 6.–12. tölul. 1. mgr. skal leitað tillagna bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn fjalla einnig um önnur mál sem þau skulu annast samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum hlutaðeigandi stofnana, svo og þau mál sem bankastjórar og sparisjóðsstjórar leggja fyrir bankaráð eða sparisjóðsstjórn.

40. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerðum eða samþykktum. Bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs skal ætíð halda ef einn eða fleiri bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs óska þess eða telji banka- eða sparisjóðsstjórar þess þörf. Bankastjórar og sparisjóðsstjórar sitja bankaráðsfundi eða stjórnarfundi sparisjóðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað.

Fundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Um það sem gerist á bankaráðsfundum og stjórnarfundum sparisjóðs skal haldin gerðabók og fundargerðir staðfestar á þann hátt sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður.

Bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

41. gr.

Bankastjórar og sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Þeim ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar.

42. gr.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða sparisjóðs eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að.

Um heimildir annarra starfsmanna skv. 1. mgr. fer samkvæmt reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setja að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

43. gr.

Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Starfsemi.

44. gr.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalán,
   b. langtímaveðlán,
   c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
   d. viðskiptalán.
3. Fjármögnunarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.

9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (lánshæfni).
14. Útleiga geymsluhólfa.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda vátryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðsstarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

45. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef slík þátttaka er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð og sé liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu.

46. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir mega ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr. og nema hærri fjárhæð en 15% af bókfærðu eigin fé hlutaðeigandi stofnunar áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 56. gr. Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera innan þeirra marka sem getur í reglum er bankaeftirlitið setur samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands er varða hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

Samtala virkra eignarhluta skv. 3. mgr. 10. gr. má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 56. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast, má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þeirra. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtæki skv. 45. gr. skal ekki tekinn með við útreikning skv. 1. mgr. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóða fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð, sem umfram er, dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu gefa bankaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eign-

arhluti í öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 1. mgr. 18. gr.

Veiti viðskiptabanki eða sparisjóður lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi stofnunar skulu settar óumdeildar tryggingar fyrir lánum sem eru umfram framangreint hlutfall.

47. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að veita bankastjórum eða sparisjóðsstjórum lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þá nema fyrirgreiðsla til þeirra sé samþykkt af bankaráði eða sparisjóðsstjórn, bókuð í gerðabók og sé á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að vera ábyrgðarmenn gagnvart hlutaðeigandi stofnun. Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð eftir reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

48. gr.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Sömu upplýsinga skal einnig aflað við stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar, eftir því sem unnt er.

49. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er viðskiptabanki eða sparisjóður hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankaráð eða sparisjóðsstjórn stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal viðskiptabanki eða sparisjóður þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi stofnun, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

50. gr.

Innlánsskilríki viðskiptabanka eða sparisjóða, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni þeirra, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við um aðrar stofnanir eða sjóði sem lög þessi taka til.

51. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður má ekki eiga fasteignir eða hluti í félögum um fasteignir fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 20% af eigin fé. Fasteignir sem viðskiptabanki eða sparisjóður notar vegna starfseminnar og fasteignir, sem hlutaðeigandi stofnun hefur yfirtekið til lúkningar kröfu skv. 1. mgr. 45. gr., reiknast þó ekki með.

52. gr.

Að minnsta kosti einu sinni á ári skal bankaráði og sparisjóðsstjórn gerð grein fyrir veittum lánum og ábyrgðum til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif.

53. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Sparisjóðum er þó heimilt að fela Lánastofnun sparisjóðann eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 101. gr., að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

VI. KAFLI
Um laust fé og eigið fé.

54. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum eða Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

55. gr.

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 67. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B og frádráttarliðum skv. 56. gr.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé eða stofnfé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár eða stofnfjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Sá hluti afskriftareiknings sem endurspeglar ekki rýrnun á verðmæti útlána, þó að hámarki 1,25% af áhættugrunni, og er umfram almenn og sérstök tillög í reikninginn.
4. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf eða stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20%

fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

56. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 55. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka eða sparisjóða hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í viðauka I með lögum þessum í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul., sbr. þó 2. mgr. og eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum. Eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 101. gr., er undanskilinn.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 101. gr. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 55. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá öðrum félögum, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi stofnunar.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum, sem reka vátryggingarstarfsemi skv. 3. mgr. 44. gr. eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 2. mgr. 55. gr.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. 55. gr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar og 55. gr. skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna eða félag það sem leysir hana af hólmi, sbr. 101. gr.

VII. KAFLI
Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

57. gr.

Bankaráð og bankastjórar eða sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjórar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða er almanaksárið.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum eða sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvers eðlis fyrirvarinn er.

58. gr.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga og reglur settar samkvæmt þeim.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Bankaeftirlitið setur reglur um gerð ársreiknings en í því felst m.a. að kveða á um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

59. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar og afkomu hennar á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun stofnunarinnar og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hennar.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, bankaráðs, bankastjóra, sparisjóðsstjórnar, sparisjóðsstjóra og annarra í þjónustu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Sé um ágóðahlut að að ræða til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar og bankastjóra eða sparisjóðsstjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn skulu í skýrslu stjórnar gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi stofnana eða jöfnun taps.

60. gr.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Tryggingarsjóður sparisjóða ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Óheimilt er að flytja arðgreiðsluheimild milli ára.
2. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. tölul., skal leggja í varasjóð.

61. gr.

Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af a.m.k. tveimur skoðunarmönnum og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

Skoðunarmenn skv. 1. málsl. 1. mgr. skulu kjörnir á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

Þegar um sparisjóð er að ræða er bankaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Aðalfundur sparisjóðs skal í því tilviki kjósa einn skoðunarmann til eins árs en stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða tilnefnir annan til sama tíma sem skal vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa.

Ársreikningar móður-, systur- og dótturfélaga viðskiptabanka eða sparisjóða skulu

endurskoðaðir af sömu skoðunarmönnum og endurskoða ársreikning hlutaðeigandi stofnunar. Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar í sérstökum tilvikum.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita þeim allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

62. gr.

Skoðunarmenn viðskiptabanka og sparisjóða mega ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmenn stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Skoðunarmenn viðskiptabanka og sparisjóða mega ekki vera skuldugir þeirri stofnun sem þeir annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn. Hið sama gildir um maka þeirra.

Þóknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs.

63. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góða endurskoðunarvenju og reglur bankaeftirlitsins þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og samþykktir.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skulu þeir vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til að svara.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirlitinu, svo og Tryggingarsjóði sparisjóða þegar um sparisjóði er að ræða, allar þær upplýsingar um málefni viðskiptabanka og sparisjóða og framkvæmd endurskoðunar sem þessir aðilar kunna að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagslega stöðu stofnunarinnar eða viðskiptatraust hennar skulu skoðunarmenn gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart, svo og Tryggingarsjóði sparisjóða þegar um sparisjóði er að ræða.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

Bankaeftirlitið getur sett nánari reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, þar með talið um stofnun innri endurskoðunardeilda.

64. gr.

Bankaeftirlitið getur leyst skoðunarmenn frá störfum ef þeir hafa ekki hagað störfum sínum í samræmi við lög, reglur eða samþykktir og í stað þeirra útnefnt aðra skoðunarmenn þar til nýir skoðunarmenn hafa verið valdir í samræmi við 1. og 2. mgr. 61. gr.

Bankaeftirlitið getur látið framkvæma sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun sem skal háður samþykki bankaeftirlitsins.

65. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur viðskiptabanka og sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða eða samþykkt aðalfundar þegar um aðra viðskiptabanka eða sparisjóði er að ræða.

66. gr.

Bankaeftirlitið setur reglur um:

1. mánaðarleg efnahagsyfirlit,
2. árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli, sbr. 55. gr.,
3. árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og
4. lausafjáruppgjör, sbr. 54. gr.

Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir birta opinberlega, skulu vera á samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

67. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, myndar ásamt dótturfyrirtæki samstæðu.

Viðskiptabanki eða sparisjóður telst vera móðurfyrirtæki þegar hlutaðeigandi stofnun:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við móðurfyrirtæki sem lýst er í 2. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfélögum þess.

Bankaeftirlitið setur nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila.

Ákvæði 46. gr. um eignarhluti o.fl., 51. gr. um fasteignir, 52. gr. og 54.–56. gr. um lánveitingar, ábyrgðir og laust fé og eigið fé skulu einnig gilda þegar um samstæðu er að ræða. Bankaráð, sparisjóðsstjórn, bankastjórar og sparisjóðsstjórar móðurfyrirtækisins skulu sjá um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ákvæði 57.– 59. gr. um ársreikning og skýrslu stjórnar, 1. og 5. mgr. 61. gr. um endurskoðun ársreikninga, 1. mgr. 62. gr., 63. gr. og 64. gr. um skoðunarmenn, 1. og 2. mgr. 65. gr. um ársreikninga og 2. mgr. 93. gr. um eftirlitsskyldu bankaeftirlitsins gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Ákvæði 3. mgr. 65. gr. um skil á ársreikningi til bankaeftirlitsins og 66. gr. um hvernig standa skuli að upplýsingaskyldu viðskiptabanka og sparisjóða gilda einnig fyrir samstæðuna.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 6., 7. og 8. mgr. þessarar greinar gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjóð sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum.

Ákvæði 6., 7. og 8. mgr. þessarar greinar gilda ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. Bankaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 6., 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Slit viðskiptabanka og sparisjóða.

68. gr.

Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn, bankastjórar, sparisjóðsstjórar eða skoðunarmenn hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé stofnunarinnar sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 55. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir lágmarki 55. gr. skal það krefja skoðunarmenn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan þriggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 55. gr. skal bankaráð eða sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 55. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans eða sparisjóðsins til úrbóta muni ekki bera árangur.

69. gr.

Bú viðskiptabanka eða sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber viðskiptabanka eða sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

1. ef ráðherra synjar viðskiptabanka eða sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 68. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að stofnuninni hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 55. gr.,
2. ef skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi stofnunar,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á sama hátt og skv. 2. mgr. 68. gr. og afhenda það honum ásamt álitsgerð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

70. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 1. tölul. 2. mgr. 69. gr. eða þegar fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir viðskiptabanka eða sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda stofnunarinnar skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi stofnunar kröfu um að bú hennar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 69. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hlutaðeigandi stofnunar hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi stofnunarinnar kröfu um að bú hennar verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum eða sparisjóðnum.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 69. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

71. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 70. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 68. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa ráðherra skv. 1. eða 2. mgr. 70. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 18. gr.

72. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal ráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

IX. KAFLI
Samruni.

73. gr.

Samruni viðskiptabanka eða sparisjóða er því aðeins heimill að ákvörðum þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn bankaeftirlitsins. Um samruna hlutafélagsbanka gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skal fara að hætti 1. mgr.

Við samruna skv. 1. og 2. mgr. tekur hin sameinaða stofnun við allri starfsemi, réttindum og skyldum hlutaðeigandi stofnana.

Viðskiptabanka eða sparisjóði, sem er slitið vegna samruna skv. 1. mgr., er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna viðskiptabanka eða sparisjóða er undanþegin stimpilgjöldum.

Auglýsa skal samruna viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi stofnana, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

74. gr.

Við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. ekki verið náð.

75. gr.

Samruni ríkisviðskiptabanka við annan viðskiptabanka eða sparisjóð er aðeins heimill að fengnu leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda ákvæði 73. gr. um slíkan samruna eftir því sem við getur átt.

X. KAFLI
Tryggingarsjóðir viðskiptabanka og sparisjóða.

A. Viðskiptabankar.

76. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag og hefur það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 70. gr. Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánum bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver banki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum bankans um næstu áramót á undan samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Yfirstjórn Tryggingarsjóðs er í höndum viðskiptaráðherra og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, svo sem um skipan stjórnar og verksvið hennar, ávöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr honum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús banka til skipta er genginn.

B. Sparisjóðir.

77. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. IX. og X. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs. Í þessu skyni er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt:

1. að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
2. að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
3. að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og
4. að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir sjóðsins.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

78. gr.

Hver sparisjóður skal eigi síðar en 1. mars ár hvert greiða framlag til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánsfé sparisjóðsins um næstu áramót á undan. Aðalfundur ákveður hlutfallið en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna á innlánsreikningum. Þegar því hlutfalli er náð og ábyrgðir skv. 2. mgr. eru fallnar niður er aðal- eða aukafundi heimilt að ákveða að greiðslum til Tryggingarsjóðs verði hætt. Verði ráðstöfunarfé minna en 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna skulu greiðslur teknar upp að nýju samkvæmt nánari ákvörðun aðal- eða aukafundar.

Þar til heildareign Tryggingarsjóðs hefur náð lágmarki skv. 2. mgr. 77. gr. skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er nema skal 0,4% af heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Þessi ábyrgð lækkar hlutfallslega eftir að eigið fé Tryggingarsjóðs hefur náð 0,6% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna. Sparisjóðirnir skulu leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs.

79. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparisjóður má þó fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins.

Um boðun og lögmæti aðalfundar fer skv. 1. mgr. 33. gr. laga þessara.

80. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

81. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þar með talin framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

82. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

83. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

XI. KAFLI

Um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi.

84. gr.

Erlendir viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Bankaeftirlitið skal krefja eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um eftirfarandi upplýsingar:

1. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulag og fyrirhugaða starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríkinu,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda útibúsins,
5. upphæð eigin fjár og eiginfjárhlutfall viðskiptabankans eða sparisjóðsins og

6. upplýsingar um tryggingar í heimaríkinu á innlánum í útibúinu sé um þær að ræða.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 1.–4. og 6. tölul. í 2. mgr. skal hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna þær bankaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

Viðskiptabanki og sparisjóður skv. 1. mgr. geta notað sama heiti og notað er í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlendra og innlendra viðskiptabanka eða sparisjóða sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna fyrrnefndu verði auðkennd sérstaklega.

85. gr.

Erlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa hlotið starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, er heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Framangreindum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til samkvæmt viðauka með lögum þessum, enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

86. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þá starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem um getur í 1. mgr. 84. gr.

Um heimildir erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, annarra en um ræðir í 1. mgr. 84. gr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI
Um starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis.

87. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 4. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt eftirfarandi upplýsingum:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfangi útibúsins og
4. nöfnum stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttekið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda þær til eftirlitsaðila í gistiríkinu ásamt upplýsingum um eigið fé hlutaðeigandi stofnunar, gjaldfærni og tryggingar innlána. Tilkynning hér að lútandi skal einnig send viðkomandi stofnun. Bankaeftirlitið skal samtímis einnig senda hlutaðeigandi eftirlitsaðilum staðfestingu þess efnis að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi viðskiptabankans eða sparisjóðsins.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Tilkynna skal hlutaðeigandi stofnun svo fljótt sem auðið er um afstöðu bankaeftirlitsins og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum eftirlitsaðila í því ríki þar sem þeir starfrækja útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

88. gr.

Óski viðskiptabanki eða sparisjóður að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaeftirlitið hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það þessar upplýsingar til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs heimili fyrirhugaða starfsemi.

89. gr.

Hyggist viðskiptabanki eða sparisjóður hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

XIII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.

90. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóða að fengnum tillögum bankaeftirlitsins:

1. uppfylli hlutaðeigandi stofnanir ekki ákvæði 6. gr. um stofnfé, 7. gr. um eigið fé eða 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda eftir því sem við á,
2. hefji hlutaðeigandi stofnun ekki starfsemi innan þeirra tímamarka sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. 4. gr.,
3. brjóti hlutaðeigandi stofnun með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 4. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi stofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

91. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skilyrði 55. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi stofnunar að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 68. gr.

92. gr.

Afturköllun á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tilkynnt bankaráði eða sparisjóðsstjórn og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtingablaði og auglýst í fjölmiðlum. Starfræki hlutaðeigandi stofnun útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal hlutaðeigandi stofnun slitið.

XIV. KAFLI
Eftirlit.

93. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laga, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag viðskiptabanka og sparisjóða sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu viðskiptabanka eða sparisjóðs, hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsathugun hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

94. gr.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til bankaeftirlitsins.

95. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum viðskiptabanka eða sparisjóði með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

96. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi viðskiptabanka og sparisjóði og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

97. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

98. gr.

Ráðherra getur falið bankaeftirlitinu veitingu og afturköllun starfsleyfa samkvæmt lögum þessum, svo og setningu reglna sem ráðherra er falið að setja samkvæmt lögunum.

99. gr.

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda í sparisjóði og 2. mgr. 35. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru ein stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 72. gr. Sé héraðsnefnd ein stofnfjáreigandi takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við ⅕ hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

100. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

101. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hluti í banka sem stofnaður er af sparisjóðunum og ætlað er m.a. að taka við hlutverki Lánastofnunar sparisjóðanna, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

XVI. KAFLI
Viðurlög.

102. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

103. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

1. lög nr. 86 frá 1985, um viðskiptabanka, með síðari breytingum,
2. lög nr. 87 frá 1985, um sparisjóði, með síðari breytingum,
3. lög nr. 1 frá 1900, um stofnun veðdeildar Landsbanka Íslands,
4. lög nr. 34 frá 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum,
5. lög nr. 30 frá 1902, viðaukalög við lög nr. 1 frá 1900,
6. lög nr. 60 frá 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa,
7. lög nr. 122 frá 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,
8. lög nr. 94 frá 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,
9. lög nr. 55 frá 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, og
10. lög nr. 73 frá 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara, sem fjalla um stofnfjáreigendur í sparisjóði, taka einnig til ábyrgðaraðila eftir því sem við getur átt þar til fullnægt hefur verið ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, skal aðalfundur innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara ákveða að í stað ábyrgða komi stofnfé.

Leggi ábyrgðarmaður ekki fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fellur hann úr aðilahópi.

Stofnfé, sem innborgað er skv. 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

Inneign stofnfjáreigenda í séreignarsjóði stofnfjáreigenda í sparisjóði skal við gildistöku laga þessara færa til aukningar á stofnfé viðkomandi stofnfjáreiganda og skal hlutverki séreignarsjóðs þar með vera lokið.

II.

Fyrri Tryggingarsjóður sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skal að fengnu samþykki hlutaðeigandi sparisjóðs lagður til Tryggingarsjóðs sem aukaárgjald að lokinni jöfnun framlaga miðað við heildarinnlánsfé sparisjóðs í árslok 1992. Miðað skal við að eftir jöfnun nemi aukaframlagið bókuðum inneignum fyrri Tryggingarsjóðs 31. desember 1992.

III.

Heimilt er að starfrækja Lánastofnun sparisjóðanna hf. í allt að sex mánuði frá gildistöku laga þessara. Um starfsemi hennar á þeim tíma gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Lánastofnun sparisjóðanna hf. er hlutafélag að fullu í eigu sparisjóðanna og gilda um hana ákvæði laga um hlutafélög nema annað sé boðið í lögum þessum.
2. Lánastofnun sparisjóðanna hf. greiðir skatta og önnur gjöld samkvæmt sömu ákvæðum og gilda um innlánsstofnanir.
3. Meginhlutverk Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í því skyni er stofnuninni heimilt að stunda starfsemi skv. V. kafla laga þessara. Stofnuninni er þó óheimilt að eiga innlánsviðskipti við almenning.
4. Lánastofnun sparisjóðanna hf. tekur við innlánum frá sparisjóðum, Tryggingarsjóði sparisjóða og fyrirtækjum í eigu sparisjóðanna. Einnig aflar stofnunin sér starfsfjár með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirmælum laga þessara.
5. Sala eða annað framsal hluta í Lánastofnun sparisjóðanna hf. er óheimilt nema til annars sparisjóðs. Veðsetning hluta er óheimil. Stjórn Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er skylt að innleysa hlutafé sparisjóðs í eftirgreindum tilvikum:
   a. við slit sparisjóðs skv. VIII. kafla laga þessara eða samruna hans við annars konar innlánsstofnun,
   b. við fjárnám skuldheimtumanna sparisjóðs í hlut hans í stofnuninni.

Innlausnarverð hlutar skal miðast við reiknað verðgildi hlutarins samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem kunna að hvíla á stofnuninni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðherra skipaði vinnuhóp 18. nóvember 1991 sem falið var það verkefni að „semja nauðsynleg lagafrumvörp og drög að reglugerðum vegna aðlögunar á íslenskum rétti á sviði lánastofnana og verðbréfaviðskipta að ákvæðum í samningi um Evrópskt efnahagssvæði". Í vinnuhópinn voru skipaðir Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, formaður, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, viðskipta-

ráðuneyti, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneyti, Sveinbjörn Hafliðason forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, og Ólafur Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka. Þá tók Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, einnig sæti í vinnuhópnum. Starfsmaður og ritari vinnuhópsins var Jóhann H. Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tryggvi Axelsson lét af störfum í vinnuhópnum um miðjan apríl 1992 og tók Páll Ásgrímsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneyti, sæti hans. Þá tók Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur þátt í starfi vinnuhópsins við samningu þessa frumvarps.

1. Löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði.

Löggjöf um viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi á sér langa sögu hér á landi og hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Allt til ársins 1985 giltu sérstök lög fyrir hvern einstakan viðskiptabanka sem fólu hverjum banka um sig að sinna að verulegu leyti tilteknum atvinnugreinum, atvinnurekstri eða hagsmunahópum. Með núgildandi lögum, nr. 86/1985, um viðskiptabanka, varð grundvallarbreyting á löggjöf um starfsemi þessara stofnana og með þeim var sett fyrsta almenna löggjöfin um viðskiptabankastarfsemi hér á landi.

Að því er varðar sparisjóði hafa einnig gilt sérstök lög um starfsemi þeirra og má rekja þá löggjöf allt til ársins 1915. Núgildandi lög um sparisjóði eru nr. 87/1985 og fólst í þeim víðtæk breyting frá fyrri lögum.

Frumvarp þetta er meginfrumvarp á sviði lánastofnana sem vinnuhópurinn samdi í samræmi við efni skipunarbréfs. Samhliða því er lagt fram frumvarp til laga um aðrar lánastofnanir. Eftir því sem unnt var voru frumvörpin kynnt hagsmunaðilum, auk þess sem rætt var við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði. Ýmsar ábendingar komu fram og hefur verið tekið tillit til þeirra eftir því sem ástæða þótti til.

2. Meginefni frumvarpsins.

Eins og frumvarpið ber með sér er lagt til að horfið verði frá því að hafa aðskilda löggjöf um viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi en setja í þess stað sameiginlega löggjöf um starfsemi þessara stofnana. Á starfsheimildum þessara stofnana er enginn munur en tekið er tillit til mismunandi stjórnunarlegrar uppbyggingar og eignaraðildar að þeim í frumvarpi þessu. Helstu tilskipanir Evrópubandalagsins á sviði lánastofnana, sem höfð var hliðsjón af við samningu frumvarpsins, eru þessar:

Tilskipun 77/1980/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskpun 89/646/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun nr. 77/1980/EB.

Tilskipun 83/350/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.

Tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana.

Tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana.

Tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.

Tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

Tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga.

Að öðru leyti var stuðst við núgildandi löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði en auk þess höfð hliðsjón af löggjöf nágrannalandanna, einkum Danmerkur. Dönsk löggjöf hefur þegar verið löguð að tilskipunum Evrópubandalagsins vegna aðildar Dana að bandalaginu.

Kaflaskipting frumvarpsins er eftirfarandi auk ákvæðis til bráðabirgða:

I. kafli: Almenn ákvæði.
II. kafli: Stofnun, starfsleyfi o.fl.
III. kafli: Synjun umsókna um starfsleyfi.
IV. kafli: Stjórn.
V. kafli: Starfsemi.
VI. kafli: Um laust fé og eigið fé.
VII. kafli: Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.
VIII. kafli: Slit viðskiptabanka eða sparisjóða.
IX. kafli: Samruni.
X. kafli: Tryggingarsjóðir viðskiptabanka og sparisjóða.
XI. kafli: Um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi.
XII. kafli: Um starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis.
XIII. kafli: Afturköllun starfsleyfa.
XIV. kafli: Eftirlit.
XV. kafli: Ýmis ákvæði.
XVI. kafli: Viðurlög.
XVII. kafli: Gildistaka o.fl.

Enda þótt að verulegu leyti hafi verið stuðst við gildandi lög um viðskiptabanka og lög um sparisjóði felur frumvarp þetta í sér allnokkrar breytingar frá þeim lögum. Flestar breytingarnar má rekja til tilskipana Evrópubandalagsins á þessu sviði en einnig voru gerðar ýmsar breytingar sem taldar voru heppilegar að fenginni reynslu af framkvæmd gildandi laga, svo og vegna sameiningar laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þannig eru ákvæði II. kafla um stofnun og starfsleyfi ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum og sama er að segja um synjun umsókna, sbr. III. kafla frumvarpsins sem er nýmæli, sem og ákvæði XIII. kafla um afturköllun starfsleyfa. Í IV. kafla er að finna sameiginleg ákvæði varðandi viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er m.a. kveðið sérstaklega á um hæfi bankastjóra og nánari ákvæði eru um verkefni bankaráða eða stjórna sparisjóða. Með V. kafla eru gerðar verulegar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar starfsemi sem viðskiptabönkum eða sparisjóðum er heimilt að stunda. Ákvæði VI. og VII. kafla um laust fé og eigið fé og ársreikninga, endurskoðun og samstæðureikningsskil eru mun ítarlegri en samkvæmt núgildandi löggjöf. Þá má nefna ákvæði IX. kafla um samruna og XI. og XII. kafla um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi og innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis. Loks er lagt til í frumvarpinu að ákvæði gildandi laga um sparisjóði, sem lúta að Lánastofnun sparisjóðanna hf., verði felld brott og í stað Lánastofnunar verði stofnaður sérstakur banki sparisjóðanna sem hafi fullar heimildir sem viðskiptabanki og falli að öðru leyti undir ákvæði frumvarpsins. Í framangreindum köflum frumvarpsins felast meginbreytingar þess frá gildandi lögum, auk annarra breytinga sem leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og varða viðskiptabanka og sparisjóði. Nánar verður vikið að breytingum, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, í umfjöllun um einstaka kafla og einstök ákvæði frumvarpsins.

Samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði er heimilt að veita viðskiptabönkum og sparisjóðum aðlögunarfrest að frumvarpinu til 1. janúar 1995. Ákveðið var að nýta ekki þessa heimild með tilliti til hagsmuna þessara stofnana sem ekki hefðu fengið aðgang að sameiginlegum markaði EES-ríkjanna fyrr en að aðlögun lokinni.

Frumvarpið tekur til viðskiptabanka, sparisjóða, Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, Tryggingarsjóðs sparisjóða og Lánastofnunar sparisjóðanna hf. Nú eru starfandi tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands, og einn hlutafélagsbanki, Íslandsbanki hf. Starfandi sparisjóðir eru 33.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla eru sett fram almenn ákvæði um gildissvið frumvarpsins, stjórnarfarslega stöðu viðskiptabanka og sparisjóða og starfsemi þeirra. Ákvæði kaflans eru í flestu efnislega sams konar og í samsvarandi kafla í núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Vegna sameiningar löggjafar um þessar stofnanir reyndist þó nauðsynlegt að færa einstök ákvæði samsvarandi kafla núgildandi laga til innan lagatextans.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um viðskiptabanka að öðru leyti en því að sparisjóða er sérstaklega getið.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 14. gr. laga um viðskiptabanka að því er varðar hlutafélagsbanka og 1. mgr. 17. gr. laga um sparisjóði og á eðli málsins samkvæmt við um ríkisviðskiptabanka. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 4. gr. laga um viðskiptabanka og 2. mgr. 1. gr. laga um sparisjóði enda þótt orðalagi sé breytt lítillega. Í athugasemdum við frumvörp að gildandi lögum er tekið fram að meginstefna þeirra sé að þessar stofnanir reki aðeins viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi. Á þessari meginstefnu er einnig byggt í þessu frumvarpi enda þótt hugtakið viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi sé rýmkað nokkuð frá gildandi lögum, sbr. V. kafla.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er mælt fyrir um skyldu viðskiptabanka eða sparisjóða til að nota í firma sínu, eða til nánari skýringar á starfsemi sinni, orðin „banki“ eða „sparisjóður“ eftir því sem við á nema lög ákveði annað. Að þessu leyti er ákvæðið efnislega óbreytt frá 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 3. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Ákvæði 2. mgr. á sér fyrirmynd í dönskum lögum á þessu sviði og þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er sérstaklega fjallað um stofnun viðskiptabanka og sparisjóða, starfsleyfi og fleiri atriði sem ýmist eiga bæði við um ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði eða einungis um viðkomandi stofnanir hverja um sig. Ákvæði kaflans eru nokkuð breytt frá gildandi lögum um þessar stofnanir og fela í sér nokkur nýmæli.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. gerir ráð fyrir að starfsleyfi viðskiptaráðherra þurfi til að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóða. Með ákvæðinu verður áherslubreyting hvað varðar sparisjóði en samkvæmt núgildandi lögum um þá er stofnun þeirra háð leyfi ráðherra en í frumvarpinu er miðað við upphaf starfsemi þeirra. Að því er varðar hlutafélagsbanka er sérstaklega tekið fram í ákvæðinu að skráning þeirra í hlutafélagaskrá veiti ekki sjálfkrafa rétt til að hlutaðeigandi viðskiptabanki hefji starfsemi en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um viðskiptabanka. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðherra geti bundið leyfisveitingu því skilyrði að starfsleyfi falli niður án frekari aðgerða hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins frests sem tiltekinn er í starfsleyfi. Samsvarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 4. gr. gildandi laga um sparisjóði en hins vegar ekki í lögum um viðskiptabanka. Þykir rétt að gæta samræmis að þessu leyti.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um með hvaða hætti umsókn skuli komið á framfæri og hvaða gögn skuli fylgja henni. Meðal annars skulu samþykktir hlutafélagsbanka og sparisjóða fylgja umsókn. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að gengið sé úr skugga um að samþykktirnar fullnægi skilyrðum laga. Hins vegar er fallið frá þeirri skipan núgildandi laga að samþykktirnar hljóti formlega staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins eða bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga um viðskiptabanka og 1. mgr. 7. gr. laga um sparisjóði. Jafnframt er fallið frá því að breytingar á samþykktum hlutaðeigandi stofnana þurfi að staðfesta að undangenginni umsögn bankaeftirlitsins. Það er eðlilegur hluti reglubundins eftirlits að kanna hvort samþykktir séu í samræmi við lög og reglur hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skuli leita umsagnar bankaeftirlitsins áður en hann afgreiðir umsókn um starfsleyfi. Það er nýmæli að því er varðar viðskiptabanka en hins vegar breyting frá gildandi lögum um sparisjóði sem mæla fyrir um umsögn bankaeftirlitsins og einnig stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um sparisjóði. Umsögn bankaeftirlitsins þykir hins vegar nægja í þessum tilvikum og því er Tryggingarsjóðs sparisjóða ekki getið hér.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Eðlilegt þykir að veiting leyfa til að stunda starfsemi, sem nýtur lögverndaðs einkaréttar, sé tilkynnt almenningi með þeim formlega hætti sem hér er lagt til.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hverjir geti verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóða. Ákvæðið er nokkuð breytt frá gildandi lögum. Breytingin er einkum veruleg að því er varðar sparisjóði. Samkvæmt núgildandi lögum geta einungis einstaklingar, sem eru íslenskir ríkisborgarar, sveitarfélög og starfandi sparisjóðir, verið stofnendur sparisjóðs. Til viðbótar því að felld eru brott skilyrði um ríkisfang eru einnig felldar brott takmarkanir á því hvaða lögaðilar geti verið stofnendur sparisjóðs.

Ákvæðið á við um hlutafélagsbanka og sparisjóði. Að því er varðar hlutafélagsbanka er kveðið á um það í 9. gr. frumvarpsins að ákvæði laga um hlutafélög eigi við um þá eftir því sem við getur átt. Með lögaðilum er í ákvæðinu átt við þá lögaðila sem getið er í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, með síðari breytingum. Eðlilegt er að sama eigi við um lögaðila sem stofnendur sparisjóða. Sama á við um einstaklinga sem geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóða og skulu þeir vera lögráða. Meginregla 1. mgr. um búsetu stofnenda viðskiptabanka eða sparisjóðs hér á landi er í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Með 2. mgr. er ríkisborgurum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins veitt

undanþága frá meginreglu 1. mgr. um búsetu hér á landi. Ákvæði þetta leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þá er viðskiptaráðherra heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Um 6. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um lágmark stofnhlutafjár hlutafélagsbanka eða stofnfjár sparisjóða. Ekki var talin nauðsyn á að ákvæðið taki til ríkisviðskiptabanka með tilliti til 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við tilskipanir Evrópubandalagsins á þessu sviði og í því felast verulega auknar kröfur að þessu leyti frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Samsvarandi ákvæði er einnig að finna í dönskum lögum á þessu sviði. Ákvæðið á einungis við um nýja viðskiptabanka eða sparisjóði.

Samkvæmt 1. mgr. skal meginreglan vera sú að lágmark stofnhlutafjár viðskiptabanka eða stofnfjár sparisjóða sé 400 milljónir króna og skal hlutafé eða stofnfé aldrei verða lægra. Svarar þessi fjárhæð til 5 milljóna ECU en það lágmark er sett samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins. Lágmark samkvæmt núgildandi lögum er 100 milljónir króna fyrir viðskiptabanka en 3 milljónir króna fyrir sparisjóði. Þá gerir 1. mgr. ráð fyrir því að þessar lágmarksfjárhæðir verði bundnar við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laganna. Í gildandi viðskiptabankalögum er ráðherra gert skylt að breyta lágmarksfjárhæð hlutafjár í hátt við almennar verðlagsbreytingar og samkvæmt gildandi sparisjóðalögum er ráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum um lágmark stofnfjár til hækkunar eða lækkunar þegar sérstaklega stendur á að hans mati. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er sköpuð skýrari viðmiðun og samræmi milli stofnana en er samkvæmt núgildandi lögum. Þá er ekki lengur kveðið á um lágmarksfjölda hluthafa eða lágmarksfjárhæð hvers hlutar í hlutafélagsbanka eins og gert er í 2. mgr. 5. gr. laga um viðskiptabanka. Þykir eðlilegt að heimildir séu að þessu leyti rýmkaðar til samræmis við það sem heimilað er erlendis. Í þessu felst einnig að minna er lagt upp úr dreifðri eignaraðild sem öryggisatriði í starfsemi viðskiptabanka. Á hinn bóginn lúta ýmis önnur atriði frumvarpsins að öryggisþættinum með skýrari hætti en nú er, t.d. auknar kröfur um stofnhlutafé og ákvæði frumvarpsins um virka eignarhluti, sem raunar kunna að stuðla að dreifingu eignarhluta.

Í 2. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til að víkja frá lágmarkskröfum 1. mgr. að því er varðar lágmarksstofnfé sparisjóða. Engu að síður verður lágmark stofnfjár mun hærra en er samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði. Miðað er við 80 milljónir króna. Ákvæðið er í samræmi við tilskipanir Evrópubandalagsins en samkvæmt þeim er viðmiðunin í þessu sambandi 1 milljón ECU.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þessi grein er sett í samræmi við heimildir í tilskipunum Evrópubandalagsins á þessu sviði. Með 1. mgr. er tekið tillit til þeirra stofnana sem þegar eru starfandi við gildistöku laganna en uppfylla ekki lágmarkskröfur 1. eða 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, enda var ekki ætlunin að þvinga minni stofnanir til að hætta starfsemi sinni. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að tryggja áframhaldandi starfsemi minni sparisjóða sem útilokað er að geti uppfyllt strangari skilyrði frumvarpsins enda verður að telja hæpið að svo verði ástatt um viðskiptabanka sem í ákvæðinu greinir. Viðmiðun ákvæðisins er eigið fé hluteigandi stofnunar eins og það er við gildistöku laganna og er ekki ætlast til að það fari niður fyrir þau mörk síðar. Ákvæðið á einungis við um stofnanir sem eru starfandi við gildistöku laganna og uppfylla ekki lágmarkskröfur 6. gr. á þeim tíma. Lækki eigið fé frá

því sem ákvæðið mælir fyrir um er bankaeftirlitinu heimilt, en ekki skylt, að veita hæfilegan frest til úrbóta. Dugi slíkur frestur ekki skal slíta hlutaðeigandi stofnun. Sérstakt ákvæði er um eigið fé við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða í 74. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er eðlilegt með tilliti til efnisraka sem liggja til grundvallar fyrri málsgrein 7. gr. Með 2. mgr. er fyrst og fremst ætlunin að koma í veg fyrir að nýir aðilar komist í þá aðstöðu að geta komist inn á sameiginlegan markað Evrópska efnahagssvæðisins með því að nýta sér undanþágu sem veitt er af sérstökum ástæðum án þess að þurfa að fullnægja þeim ströngu kröfum sem frumvarpið setur. Með yfirtöku er átt við að nýir aðilar eignist eða hafi ráðstöfunarrétt yfir það miklum hlut í hlutaðeigandi stofnun að það geri þeim kleift að ráða í raun stjórnun þess og stefnu. Ákvæðið á ekki við um samruna skv. 74. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 2. gr. viðskiptabankalaga að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að ríkisviðskiptabankar verði einungis stofnaðir með sérstökum lögum. Enda þótt það sé ekki berlega tekið fram í ákvæðinu leiðir af því að ríkisviðskiptabankar verða ekki lagðir niður eða þeim breytt í hlutafélagsbanka nema með sérstökum lögum.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er gerð breyting frá gildandi lögum. Felldur er brott áskilnaður 2. málsl. 2. mgr 2. gr. laganna um sérstaka lagaheimild hverju sinni til lántöku ríkisviðskiptabanka erlendis án tryggingar í sjálfs sín eigum. Þetta ákvæði gildandi laga á sér langa sögu en hefur hins vegar í raun ekki haft neina þýðingu eftir því sem viðskiptahættir og starfsemi viðskiptabanka hafa þróast. Í framkvæmd hefur verið litið fram hjá því og viðurkennt að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Stjórnvöld hafa í raun beitt slíkri túlkun með því að leggja á sérstakt ríkisábyrgðargjald á þær stofnanir sem njóta ríkisábyrgðar, sbr. lög nr. 37/1981, sbr. lög nr. 65/1988. Þykir því eðlilegt að fella tilvitnað ákvæði úr lögum og eyða þar með hugsanlegri lagaóvissu að þessu leyti.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um viðskiptabanka.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá 1. mgr. 6. gr. gildandi laga um viðskiptabanka.

Samkvæmt 2. mgr. skal kveðið á um atkvæðisrétt og meðferð hans í samþykktum hlutafélagsbanka. Samkvæmt þessu gætu samþykktir kveðið á um takmarkanir á heimildum til að fara með hluti fyrir sjálfs sín hönd eða annarra. Núgildandi lög miða við ⅕ hluta samanlagðra atkvæða í hlutafélagsbanka en ekki er sérstaklega mælt fyrir um þessi atriði í frumvarpinu, m.a. vegna þess að ekki er lengur mælt fyrir um lágmarksfjölda hluthafa eða hluta eins og gert er í gildandi lögum. Að öðru leyti er 2. mgr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3.–6. mgr. er að finna nýmæli varðandi tilkynningar til bankaeftirlitsins um þá sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í hlutafélagsbanka. Ákvæðin eru í samræmi við tilskipanir Evrópubandalagsins og einnig eru samsvarandi ákvæði í dönskum lögum. Í þessu sambandi er fyrst og fremst miðað við hugtakið „virkur eignarhlutur“ sem er nýtt

í löggjöf hér á landi. Hugtakið er nánar skilgreint í 3. mgr. greinarinnar. Ákvæði þessi eru sett með hagsmuni hlutaðeigandi stofnana í huga og er ætlað að tryggja að eigendur þeirra uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Meðal annars eru gerðar kröfur um að helstu hluthafar eða stofnfjáreigendur eða þeir sem fara með hluti séu hæfir til þess með tilliti til hagsmuna hlutaðeigandi stofnunar eða viðskiptamanna hennar. Þetta kemur fram í einstökum ákvæðum frumvarpsins, t.d. 2. mgr. 4. gr. um upplýsingar sem fylgja skulu umóknum um starfsleyfi, svo og 1. mgr. 24. gr. að því er varðar synjun umsókna. Þessi sjónarmið um hæfi eiga einnig við eftir að leyfi hefur verið veitt enda væri óeðlilegt að unnt væri að komast fram hjá þeim með því að skipta um eigendur eða aðra sem fara með hluti síðar. Meginmarkmið ákvæðanna er að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur hlutaðeigandi stofnana.

Í 3. mgr. kemur fram skilgreining á virkum eignarhlut. Með því er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi stofnunar. Með óbeinni hlutdeild er átt við þá aðstöðu að aðili, sem ekki er hluthafi sjálfur, fari með hluti í umboði annarra, t.d. vegna stöðu sinnar. Dæmi um slíkt væri ef tiltekinn lögaðili á 10% eða meira af hlutafé viðskiptabanka og forsvarsmaður lögaðilans fer með ráðstöfunarrétt á þessum hlutum. Með annarri hlutdeild er fyrst og fremst átt við að eignarhlutur aðila eða heimild hans til meðferðar á atkvæðisrétti sé undir 10% markinu en viðkomandi geti þrátt fyrir það haft veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi stofnunar í krafti aðstöðu sinnar. Skylda til tilkynningar um aukningu á hlut eða rétti til meðferðar atkvæða er eðlileg með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til stórra eignaraðila hlutafélagsbanka með tilliti til heilbrigðs rekstrar og eðlilegra viðskiptahátta. Nauðsynlegt er að ávallt liggi fyrir upplýsingar um þessi atriði til að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana af hálfu bankaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum síðari málsgreina þessarar greinar. Ákvæði 3. mgr. nær bæði til þeirra sem þegar eiga hlut í viðskiptabanka og þeirra sem hyggjast eignast hann.

Ákvæði 4. mgr. er nýjung. Því er ætlað að tryggja heilbrigðan rekstur hlutaðeigandi stofnunar og eðlilega viðskiptahætti. Ákvæðið heimilar bankaeftirlitinu að hafna nýjum hluthöfum eða kaupum þeirra sem fyrir eru á viðbótarhlutafé teljist þeir ekki hæfir að mati bankaeftirlitsins. Telji bankaeftirlitið ekki grundvöll til þess að hafna eignarhlut getur það ákveðið að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur. Meta verður hvert tilvik sjálfstætt.

Með 5. mgr. er girt fyrir að óvissa skapist um raunverulega eignaraðild að þeim stofnunum sem hér um ræðir. Ákvæðið er nauðsynlegt til að ávallt liggi fyrir traustar heimildir um þessi atriði. Þá er ákvæðið einnig nauðsynlegt út frá almennu eftirlitshlutverki bankaeftirlitsins.

Ákvæði 6. mgr. er í eðlilegu samhengi við ákvæði 10. gr. að öðru leyti og þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli og nauðsynlegt í samhengi við 10. gr. frumvarpsins og þau sjónarmið sem liggja að baki ákvæðinu. Skylda til tilkynninga samkvæmt málsgreininni hvílir á bankaráði eða bankastjórn hlutaðeigandi viðskiptabanka. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig efnislega sjálft.

Ákvæði 2. mgr. er einnig nýmæli en þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli. Það á við í þeim tilvikum að hluthafi, sem áður var tal-

inn hæfur og á svo stóran hlut sem um getur í 3. mgr. 10. gr., fer þannig með réttindi samkvæmt hlut sínum að andstætt sé hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptabanka eða eðlilegum viðskiptaháttum. Í stað þess að beita heimild til að svipta hlut atkvæðisrétti getur bankaeftirlitið lagt fyrir hlutaðeigandi viðskiptabanka að grípa til viðeigandi ráðstafana. Bankaeftirlitið gæti m.a. lagt til að ráðstafanir verði gerðar til að hnekkja ákvörðun sem kann að hafa verið tekin í krafti hlutafjáreignar viðkomandi hluthafa.

Hafi virkir eignarhlutir ekki verið tilkynntir bankaeftirliti fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins veitir 2. mgr. bankaeftirlitinu heimild til að ákveða að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur. Ákvæðinu er ætlað að vera bráðabirgðaráðstöfun þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvort nýr hluthafi eða eldri hluthafi, sem eykur hlutafé, teljist hæfur til að eiga hlut sem hann hefur keypt en ekki tilkynnt um samkvæmt ákvæði 3. mgr. 10. gr. Frestir skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. eiga við í þessum tilvikum. Komi synjun ekki frá bankaeftirliti innan þeirra fá hlutir sjálfkrafa atkvæðisrétt að nýju.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 1. mgr. 46. gr. laga um hlutafélög að því er varðar bann við því að hlutafélagsbankar eigi sjálfir meira en 10% af eigin hlutabréfum og tímamörk til að selja það sem fer umfram þau mörk. Hins vegar er það nýtt að bannið nær einnig til þess að taka eigin hlutabréf að veði. Ákvæðið, eins og það er hér sett fram, er í samræmi við ákvæði danskra laga að þessu leyti. Ákvæðið ber að skýra þannig að samtala eigin hlutabréfa sem banki á og eigin hlutabréfa, sem hann hefur tekið að veði, megi ekki fara fram yfir 10%.

Um 14. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um að ákvæði 10.–12. gr. frumvarpsins eigi einnig við um stofnfjárhluti í sparisjóðum. Þykir eðlilegt að samsvarandi reglur gildi um þessar stofnanir eftir því sem við á. Ákvæðið tekur mið af tilskipunum Evrópubandalagsins og er sambærilegt við ákvæði danskra laga.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um lágmarksfjölda stofnenda og stofnfjáreigenda í sparisjóði. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum laga um sparisjóði að öðru leyti en því að ekki er rætt um sparisjóðsaðila heldur einungis stofnfjáreigendur. Stafar það af því að frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði stofnaðir aðrir sparisjóðir en stofnfjársjóðir og að innan tiltekins tíma frá gildistöku laga þessara heyri ábyrgðarsjóðir sögunni til, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Er þar mælt fyrir um að skylt sé að breyta ábyrgðarsjóðum í stofnfjársjóði en í 1. mgr. 15. gr. gildandi laga er einungis um heimildarákvæði að ræða.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því að felld eru út efnisatriði sem lúta að ábyrgðarsjóðum sérstaklega.

Ákvæði 3. mgr. er nýtt. Höfð var hliðsjón af ákvæðum gildandi laga um hlutafélög eftir því sem við gat átt.

Í 4. mgr. er stuðst við ákvæði gildandi laga en þó er gerð undantekning vegna almennrar undanþágu 2. mgr. 5. gr. varðandi ríkisborgara annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir af samningi um það. Ákvæði 4. mgr. ætti einnig við þá ríkisborgara ríkja utan EES sem fengið hafa undanþágu viðskiptaráðherra skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði efnislega óbreytt frá 1. og 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. núgildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að ekki er getið ábyrgðaraðila. Þá er einnig mælt fyrir um að allir stofnfjáreigendur skuli hafa aðgang að skrá sem haldin er samkvæmt ákvæðinu. Samsvarandi ákvæði er að finna í 4. mgr. 12. gr. núgildandi laga. Ekki er sérstaklega kveðið á um það í 2. mgr. hvaða efnisatriði skrá samkvæmt ákvæðinu skuli hafa að geyma eða hvernig fara skuli með skráningu verði eigendaskipti að stofnfjárhlut. Almennt var slíkt talið óþarft og er gengið út frá því að svipuð sjónarmið gildi um þessi atriði og gert er ráð fyrir í 2. og 3. mgr. 12. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um ábyrgð stofnfjáreigenda á skuldbindingum sparisjóðs og er hún bundin við upphæð stofnfjár eins og gert er í 3. mgr. 1. gr. gildandi laga. Hins vegarer ekki getið inneignar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða líkt og gert er í gildandi lögum. Stafar það af því að ákvæði um séreignarsjóði eru felld niður samkvæmt frumvarpinu og sama á við um ábyrgðarsjóði.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að nú er notað orðið „ágóðahlutur“ í stað þess að rætt er um ágóða af rekstrarafgangi. Þykir sú framsetning, sem hér er lögð til, skýrari.

Með 3. mgr. er skýrt tekið fram að stofnfjáreigendur njóti einungis arðs af innborguðu stofnfé sínu. Um arðgreiðslur er fjallað í 60. gr. frumvarpsins. Er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 1. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Í 4. mgr. er fjallað um endurgreiðslur stofnfjár og er ákvæðið efnislega óbreytt frá gildandi lögum að teknu tilliti til þess að ákvæði um séreignarsjóð hafa verið felld niður.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um heimildir til sölu eða framsals stofnfjárhlutar í sparisjóði. Þá er einnig lagt bann við veðsetningu stofnfjárhluta. Ákvæðið er samhljóða 9. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Kveðið er á um skattalega meðferð stofnfjár og arðs af því í 2. mgr. Ákvæðið er breyting frá gildandi lögum sem gera ráð fyrir að um þessi atriði fari samkvæmt ákvæðum um skattlagningu innlánsfjár. Þessi breyting er í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að draga, eftir því sem unnt er, úr mismun milli sparisjóða og hlutafélagsbanka.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá 1. og 2. mgr. 13. gr. laga um sparisjóði en orðalagi er breytt til samræmis við orðalag 13. gr. frumvarpsins um heimildir hlutafélagsbanka í þessum efnum. Ekki þótti hins vegar ástæða til að taka í frumvarpið ákvæði 3. mgr. 13. gr. gildandi laga um sparisjóði um að óheimilt sé að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóði enda er slíkt ákvæði óþarft með hliðsjón af 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um innlausn stofnfjárhluta. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 10. gr. gildandi laga um sparisjóði enda þótt orðalagi hafi verið breytt nokkuð.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. eru efnislega óbreytt ákvæði frá 11. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ákvörðun á verði stofnfjárhlutar komi til innlausnar. Ákvæðið er nokkuð breytt frá því sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. gildandi laga enda er gert ráð fyrir því að séreignarsjóður stofnfjáreigenda falli niður samkvæmt frumvarpinu. Í stað þess er mælt fyrir um í 2. mgr. að innlausnarverð stofnfjárhlutar sé nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr. frumvarpsins sem fjallar nánar um heimildir til endurmats.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað um aukningu stofnfjár. Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá 1. mgr. 14. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um breytta viðmiðun varðandi verðlagningu nýrra stofnfjárhluta frá því sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 14. gr. gildandi laga. Breytingin á rót að rekja til þess að séreignarsjóður stofnfjáreigenda er lagður niður en í stað hans veitt heimild til endurmats stofnfjár, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Við verðlagningu nýs hlutar á þannig að miða við nafnverð hlutar að viðbættri ónýttri heimild til endurmats í stað greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

Um 23. gr.

Svo sem áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að séreignarsjóður stofnfjáreigenda verði lagður niður. Ákvæði um séreignarsjóð voru nýmæli í núgildandi lögum um sparisjóði og var fyrst og fremst ætlað að tryggja stofnfjáreigendum að hlutur þeirra rýrnaði ekki vegna verðbólgu, svo sem verið hafði fyrir gildistöku laganna frá 1985. Framkvæmd gildandi ákvæða hefur hins vegar reynst flókin og fremur ómarkviss. Hinu nýja ákvæði er ætlað að ná sama tilgangi og stefnt var að með séreignarsjóði en á mun markvissari og einfaldari hátt. Til þess að staða stofnfjáreigenda rýrni ekki er talið nauðsynlegt að veitt verði almenn og viðvarandi heimild til endurmats á stofnfé í sparisjóðum með þeim hætti sem lagt er til í 1. mgr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er sérstaklega fjallað um synjun umsókna um starfsleyfi fyrir viðskiptabanka eða sparisjóði. Ákvæðin eru nýmæli.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau atriði sem valda synjun umsókna um starfsleyfi. Með ákvæðinu er tekið tillit til tilskipana Evrópubandalagsins, auk þess sem svipuð ákvæði er að finna í dönskum lögum á þessu sviði. Tilvísun til 2. mgr. 15. gr., sem kveður á um þau atriði sem koma skulu fram í samþykktum sparisjóða, felur í sér að tryggt skuli vera að þegar við umsókn fullnægi samþykktirnar lágmarksskilyrðum laganna. Er þetta talið nauðsynlegt þar sem fallið er frá því fyrirkomulagi gildandi laga að veita formlega staðfestingu á samþykktum eða breytingum á þeim. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um 25. gr.

Með þessu ákvæði er viðskiptaráðherra heimilað, að fenginni umsögn bankaeftirlitsins, að synja umsókn um starfsleyfi teljist eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða

stofnfjáreiganda í sparisjóði ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar. Miðað er við virka eignarhluti í skilningi 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Höfð er hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins að þessu leyti og samsvarandi ákvæði er að finna í dönskum lögum. Þykir óeðlilegt að veita stofnun starfsleyfi þegar svo stendur á sem í ákvæðinu segir. Með ákvæðinu er ráðherra falið að meta aðstæður í hverju tilviki. Þótt ráðherra sé ekki bundinn af umsögn bankaeftirlitsins má almennt gera ráð fyrir að synjun á grundvelli þess yrði ekki beitt nema umsögn þess styddi þá niðurstöðu.

Um 26. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er ráðherra skylt að rökstyðja synjun á umsókn um starfsleyfi og senda umsækjanda. Almennt hlýtur synjun að varða umsækjanda miklu og því er taliðeðlilegt að hún sé rökstudd þannig að umsækjandi geti metið ástæður hennar og tekið ákvörðun um hvort hann uni synjun eða ákveði að leita réttar síns fyrir dómstólum samkvæmt almennum reglum. Þá má einnig ætla að það skipti umsækjanda miklu að ákvörðun ráðherra liggi fyrir innan hæfilegs frests. Því er kveðið svo á um að ákvörðun ráðherra skuli að jafnaði liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum og í síðasta lagi sex mánuðum frá því að honum barst fullbúin umsókn. Þykir eðlilegt að miða frestinn við þann tíma sem umsókn er fullbúin þar sem það kann að taka umsækjanda nokkurn tíma að bæta úr annmörkum á henni ef um þá er að ræða. Ber einnig að hafa í huga í þessu sambandi að það er að hluta til á valdi ráðherra hvaða gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um stjórn viðskiptabanka og sparisjóða. Fjallað er um einstakar stofnanir í sérstökum undirköflum en það var talið nauðsynlegt vegna mismunandi uppbyggingar þeirra stofnana sem frumvarpið tekur til.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er viðskiptaráðherra falin yfirstjórn ríkisviðskiptabanka ásamt bankaráði samkvæmt nánari ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 9. gr. gildandi laga um viðskiptabanka.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 9. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að nú er tekið sérstaklega fram að umboð bankaráðs gildi þar til annað hefur verið kjörið. Að fenginni reynslu þykir þessi viðbót nauðsynleg þannig að ekki komi til þess að vafi geti leikið á um það hverjir séu ábyrgir fyrir stjórn ríkisviðskiptabanka dragist af einhverjum ástæðum að kjósa í bankaráð vegna aðstæðna á Alþingi.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega óbreytt frá samsvarandi ákvæði 3. mgr. 9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 10. gr. gildandi laga og er ætlað að veita ráðherra ótvíræða heimild til að fylgjast með rekstri ríkisviðskiptabanka hvenær sem hann telur þess þörf.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um fjölda bankastjóra ríkisviðskiptabanka og ráðningartíma þeirra. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 1. og 2. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er nýmæli. Eðlilegt þykir að stöður bankastjóra ríkisviðskiptabanka séu auglýstar með sama hætti og tíðkast um flestar aðrar stöður hjá opinberum stofnunum og með sambærilegum fyrirvara og almennt gerist.

Um 30. og 31. gr.

Þessar greinar eru efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá aðila sem fara með yfirstjórn sparisjóðs. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði. Í ákvæðinu er þó rætt um fundi stofnfjáreigenda. Með því er gert ráð fyrir að komið geti til slíkra funda enda þótt ekki sé um formlegan aðalfund að ræða og að slíkir fundir geti tekið allar þær ákvarðanir sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um að aðalfundur taki. Með þessu orðalagi er einnig hnykkt á þeirri breytingu að eingöngu verði um að ræða stofnfjársjóði innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

Í 2. mgr. eru sett skýrari ákvæði um aðalfundi en gert er samkvæmt gildandi lögum.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega óbreytt frá samsvarandi ákvæði 3. mgr. 17. gr. gildandi laga um sparisjóði enda þótt orðalagi hafi verið breytt vegna þess að horfið verður frá ábyrgðarsjóðum samkvæmt frumvarpinu.

Um 33. og 34. gr.

Ákvæði þessara greina eru efnislega óbreytt frá samsvarandi ákvæðum 18. og 19. gr. gildandi laga um sparisjóði. Þó er fellt brott ákvæði 2. mgr. 18. gr. sem fjallar um að reikna skuli aukinn meiri hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Er það til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins í þessu samhengi.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en að breytt hefur verið orðalagi þar sem frumvarpið gerir einungis ráð fyrir stofnfjársjóðum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Í 2. mgr. felst breyting frá núgildandi lögum. Samkvæmt þeim er atkvæðisréttur takmarkaður við ⅕ hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem lagðar eru til í 5. gr. frumvarpsins og opna stofnfjáreign í sparisjóðum fyrir öllum lögaðilum, þykir rétt að takmarka atkvæðisrétt enn frekar og miða nú við að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Með því er enn frekar stuðlað að valddreifingu innan sparisjóða og jafnframt má ætla að ákvæðið stuðli frekar að því að einstaklingar eða lögðaðilar sjái sér hag í því að festa fjármuni sína í sparisjóðum. Líkt og er samkvæmt núgildandi lögum á ákvæðið eðli máls samkvæmt ekki við um þá sparisjóði þar sem sveitarstjórnir eða héraðsnefndir eru einu stofnfjáreigendur sparisjóðsins, sbr. 99. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. eru gerðar nokkrar breytingar frá gildandi lögum að því er varðar kosningu

stjórnar sparisjóðs. Samkvæmt núgildandi lögum er fjöldi stjórnarmanna valkvæður og geta þeir verið annaðhvort þrír eða fimm samkvæmt ákvæðum samþykkta. Hér er lagt til að lögbinda fimm manna stjórnir. Þykir það heppilegra og líklegt til að tryggja betur skilvirka stjórnun sparisjóða. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði.

Ákvæði 2. mgr., sem er nýmæli og heimildarákvæði, á sér fyrirmynd í ákvæðum danskra laga. Samkvæmt ákvæðinu má ákveða í samþykktum sparisjóðs sem náð hefur tiltekinni stærð að sérstakt fulltrúaráð, kosið af aðalfundi, kjósi stjórn sparisjóðs. Hér er verið að skapa möguleika á meiri breidd í stjórn sparisjóðs sem starfar í fleiri en einu sveitarfélagi en þar sem aðeins eitt sveitarfélag tilnefnir stjórnarmenn. Þá er ákvæðinu ætlað að skapa meiri festu í stjórn sparisjóðs eftir að atkvæðisréttur hefur verið takmarkaður, sbr. 35. gr. frumvarpsins, en festa í stjórn innlánsstofnunar er grundvöllur trausts á viðkomandi stofnun.

Ákvæði 3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði að öðru leyti en því að í stað þess að nefna sparisjóðsaðila er nú notað orðið stofnfjáreigendur.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að í 3. mgr. er notað orðið „samruni“ í stað „sameiningar“ til samræmis við orðalag í IX. kafla frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 38. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli og kveður á um hæfisskilyrði bankaráðsmanna, stjórnarmanna sparisjóða, bankastjóra eða sparisjóðsstjóra. Ákvæðið er í samræmi við meginreglu tilskipana Evrópubandalagsins á þessu sviði. Samsvarandi ákvæði er að finna í dönskum lögum.

Samkvæmt 1. mgr. er íslenskt ríkisfang ekki gert að skilyrði fyrir því að einstaklingar gegni þeim störfum sem ákvæðið tekur til. Samkvæmt samningi um hið Evrópska efnahagssvæði er óheimilt að setja slík skilyrði gagnvart ríkisborgurum ríkja innan svæðisins. Eðlilegt þykir hins vegar að bankastjórar eða sparisjóðsstjórar, hverrar þjóðar sem þeir eru, séu búsettir hér á landi, enda væri annað vart framkvæmanlegt eðli máls samkvæmt. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. á við um bankastjóra og sparisjóðsstjóra. Þykir eðlilegt að gera kröfur um menntun eða starfsreynslu við ráðningu í jafnábyrgðarmikil störf og hér um ræðir. Þá er jafnframt mælt fyrir um að starfsferill, óháð menntun eða starfsreynslu, sé með þeim hætti að réttlætanlegt sé að viðkomandi gegni þessari stöðu. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á gildissviði ákvæðisins að þessu leyti. Ákvæðið er ekki bundið við að brotið hafi verið gegn lögum eða að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir umrædda háttsemi. Áherslan liggur á því hvort ferill viðkomandi eða fyrri störf séu með þeim hætti að rýrt hafi álit hans þannig að ekki sé rétt, með tilliti til hagsmuna stofnunarinnar eða almennings, að hann gegni þessum ábyrgðarstörfum. Almennt yrði að vera um alvarlegar ávirðingar að ræða.

Samkvæmt 3. mgr. skulu bankaráðsmenn eða stjórnarmenn í sparisjóði uppfylla skilyrði 1. mgr. Þó er sú undantekning gerð að ekki er krafist búsetu hér á landi gagnvart ríkisborgurum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við meginreglu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Þá veitir ákvæðið viðskiptaráðherra

heimild til að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu en þeir eiga ekki sjálfkrafa rétt á henni. Almennt eru ekki sömu rök fyrir kröfu um búsetu gagnvart bankaráðsmönnum eða stjórnarmönnum sparisjóðs og gilda gagnvart bankastjórum eða sparisjóðsstjórum.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 24. gr. laga um viðskiptabanka og 4. mgr. 22. gr. laga um sparisjóði. Þó er gerð sú breyting að ekki er sérstaklega tekið fram að bankastjórar eða sparisjóðsstjórar sitji fundi og taki þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað. Þótti óþarft að taka þessi atriði sérstaklega fram enda er um almenna verklagsreglu innan þessara stofnana að ræða eðli máls samkvæmt.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir því að bankaráð og sparisjóðsstjórn hafi yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka eða sparisjóðs og almennt eftirlit með daglegum rekstri þeirra. Er ákvæðið að flestu leyti sambærilegt við 18. gr. laga um viðskiptabanka og 1. mgr. 22. gr. laga um sparisjóði en þó er bætt við einstökum ákvæðum sem eru í sjálfstæðum greinum samkvæmt gildandi lögum. Felld eru brott ákvæði gildandi laga sem fela bankaráðum eða sparisjóðsstjórnum að ákvarða vexti og þjónustugjöld hlutaðeigandi stofnana eða taka ákvarðanir um afskriftir. Þykir eðlilegt að slíkar ákvarðanir færist til bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra í samræmi við starfsskyldur þeirra skv. 41. gr. frumvarpsins. Þá er einnig fellt brott það verkefni bankaráða eða sparisjóðsstjórna að ráða útibússtjóra. Útibússtjórar eru nánir samstarfsmenn bankastjóra og sparisjóðsstjóra og þykir rétt, og í samræmi við viðurkennd stjórnunarsjónarmið, að þessir starfsmenn séu ráðnir af bankastjórn eða sparisjóðsstjórn eftir atvikum.

Í 1. tölul. er bankaráði eða sparisjóðsstjórn falið að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða ráðningarkjör þeirra, verkaskiptingu þeirra og uppsögn. Að því er varðar ráðningarkjör er gert ráð fyrir að til þeirra teljist biðlaun og eftirlaun sé samið sérstaklega um slík réttindi. Er að þessu leyti um samræmingu að ræða milli ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka enda er talið eðlilegt að bankaráð hinna fyrrnefndu taki þessar ákvarðanir í stað þess að um þau gildi lagafyrirmæli. Þá er gert ráð fyrir að bankaráð eða sparisjóðsstjórn setji þessum aðilum erindisbréf sem gilda skal tiltekinn tíma. Er það nýmæli að því er varðar bankastjóra en sams konar ákvæði er í 2. mgr. 26. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Samkvæmt 2. tölul. skal bankaráð eða sparisjóðsstjórn ráða forstöðumann endurskoðunardeildar. Er þetta í samræmi við gildandi ákvæði viðskiptabankalaga en samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum um sparisjóði. Ákvæðið ber að skoða í samhengi við 7. mgr. 63. gr. frumvarpsins sem felur bankaeftirlitinu að setja reglur um framkvæmd endurskoðunar, þar á meðal um stofnun innri endurskoðunardeilda.

3. tölul. er nýjung. Samkvæmt ákvæðinu eru felld brott ákvæði gildandi laga sem snerta aðstoðarbankastjóra eða aðstoðarsparisjóðsstjóra sérstaklega. Starfsheiti þessi verða þar með ekki lögbundin eins og nú er. Gert er ráð fyrir því samkvæmt þessum tölulið að frumkvæði að ráðningu verði hjá banka- eða sparisjóðsstjórum en hljóti staðfestingu bankaráðs eða stjórnar sparisjóðs. Hvort starfsheitið aðstoðarbankastjóri eða aðstoðarsparisjóðsstjóri verður áfram notað er hins vegar á valdi hverrar stofnunar fyrir sig. Á hinn bóginn er staða þeirra sem gegna störfum samkvæmt þessum lið skýrar afmörkuð en nú er með því að hún tekur aðeins til þeirra sem samkvæmt stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar eru staðgenglar banka- eða sparisjóðsstjóra.

Í 4. tölul. er fjallað um staðfestingu á tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar, aðra en þá sem mælt er fyrir um í

lögum. Ákvæðið er nýjung og gerir ráð fyrir auknum afskiptum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra af skipulagi stofnunar frá því sem verið hefur. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins, sem fram kemur í 41. gr., að auka ábyrgð þessara aðila.

5. tölul. er efnislega í samræmi við ákvæði 4. mgr. 21. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 5. mgr. 24. gr. gildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að felldur er brott áskilnaður um reglulega endurskoðun og að bankaeftirlitið láti í té álit á þeim. Er ætlast til að bankaráð eða sparisjóðsstjórn annist um að halda þessum reglum í takt við aðstæður á hverjum tíma. Þá er einnig gert ráð fyrir að reglur samkvæmt þessum staflið séu í samræmi við reglur bankaeftirlitsins um þessi efni sem því er ætlað að setja skv. 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins og frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands. Reglur bankaeftirlitsins yrðu bindandi fyrir viðskiptabanka og sparisjóði þó þeim væri heimilt að setja strangari reglur og útfæra ýmis efnisatriði nánar hver fyrir sig.

6.–8. tölul. eru í samræmi við ákvæði gildandi laga að öðru leyti en því að 7. tölul. er ekki að finna í gildandi lögum um sparisjóði. Þykir eðlilegt að samræma ákvæði um viðskiptabanka og sparisjóði að þessu leyti og að stjórn sparisjóðs ákveði hver skuli taka sæti af hálfu sparisjóðs í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækja.

Sú breyting er gerð í 9. tölul. að tekið er fram að bankaráð eða sparisjóðsstjórn taki ákvarðanir um að leggja útibú niður. Þykir rétt að taka það fram enda þótt slíkar ákvarðanir yrðu vafalaust teknar af þessum aðilum í framkvæmd núgildandi laga.

10. og 11. tölul. eru óbreyttir frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Í 12. tölul. er efnisbreyting frá gildandi lögum þar sem einungis er gert ráð fyrir samruna viðskiptabanka eða sparisjóða innbyrðis eða hverra við aðra en ekki við aðrar innlánsstofnanir eins og nú er. Nánar er vikið að þessu í athugasemdum við 1. mgr. 73. gr.

Ákvæði 3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um fundi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar. Með ákvæðinu er gerð sú breyting frá gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að skylt er að halda bankaráðs- eða sparisjóðsstjórnarfund ef einn bankaráðsmaður eða stjórnarmaður í sparisjóði óskar þess í stað formanns eða meiri hluta bankaráðs- eða sparisjóðsstjórnarmanna. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 37. gr. frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands sem lagt var fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í 2. mgr. er það nýmæli að kveðið er á um að atkvæði formanns ráði úrslitum falli atkvæði jöfn. Þá er nú gert ráð fyrir í 2. mgr. að fundargerðir verði staðfestar með þeim hætti sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður í stað þess að gerðabók sé undirrituð af þeim sem fundi sitja eins og segir í gildandi lögum. Orðalagsbreytingin veitir meira svigrúm til að taka tillit til mismunandi verklagsreglna sem kunna að hafa skapast innan einstakra stofnana. Hins vegar er meginreglan áfram sú að ávallt liggi fyrir skráðar upplýsingar um það sem gerist á bankaráðsfundum eða stjórnarfundum sparisjóðs. Að öðru leyti þarfnast 2.–4. mgr. ekki skýringa.

Um 41. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um starfsskyldur bankastjóra og sparisjóðsstjóra með afdráttarlausara orðalagi en gert er í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Er

sérstaklega tekið fram að þeir beri ábyrgð á daglegum rekstri og fari jafnframt með ákvörðunarvald í öllum málefnum hlutaðeigandi stofnunar sem ekki eru falin öðrum samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðið skýrir því stöðu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra gagnvart bankaráði eða sparisjóðsstjórn.

Þá er felldur brott úr gildandi lögum sérstakur áskilnaður um að bankastjórn eða sparisjóðsstjórar taki ákvarðanir um einstakar lánveitingar. Þótti slíkur áskilnaður óþarfur þar sem banka- eða sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á þessum atriðum samkvæmt almennum starfsskyldum sínum.

Með ákvæðinu er einnig felld brott skylda sparisjóðsstjóra skv. 2. mgr. 27. gr. gildandi laga um sparisjóði til að staðfesta útlánaákvarðanir með áritun á lánsskjöl eða á annan hátt og gera grein fyrir þeim á stjórnarfundum. Með þessari breytingu er ekki ætlunin að draga úr ábyrgð sparisjóðsstjóra á daglegum rekstri sjóðsins eða eftirlitsskyldum sparisjóðsstjórnar sem lágu til grundvallar þessu ákvæði gildandi laga. Þykir nægilegt að um þessi atriði fari eftir skipulagi hlutaðeigandi stofnunar.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér breytingu frá gildandi lögum og felur í sér rýmkun á heimildum bankastjóra ríkisviðskiptabanka til setu í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða þátttöku í atvinnurekstri að öðru leyti. Þykir eðlilegt að samræma heimildir bankastjóra viðskiptabanka og sparisjóðsstjóra að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að bankaráð eða stjórn sparisjóðs tryggi að gætt verði þess megintilgangs ákvæðisins að hindra að aðrir hagsmunir en hlutaðeigandi stofnunar hafi áhrif á störf banka- eða sparisjóðsstjóra. Ákvæðið ber að skýra þröngt þannig að ekki verði veitt leyfi nema tryggt sé að seta í stjórnum stofnana eða fyrirtækja eða þátttaka í atvinnurekstri að öðru leyti skaði ekki hagsmuni hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða stefni í hættu óháðri stöðu þeirra aðila sem ákvæðið tekur til. Tekið skal fram að enda þótt 2. og 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka séu felldir niður samkvæmt þessari grein ber að túlka þetta ákvæði frumvarpsins í samræmi við tilvitnað lagaákvæði.

Þá er einnig gerð sú breyting frá gildandi lögum um sparisjóði að nú tekur ákvæðið til sparisjóðsstjóra hvort sem þeir eru í fullu starfi eða ekki. Loks er aðstoðarbankastjóra, aðstoðarsparisjóðsstjóra og útibússtjóra ekki getið í ákvæðinu eins og gert er í gildandi lögum. Um heimildir þeirra fer skv. 2. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að bankaráð eða sparisjóðsstjórn setji reglur um heimildir annarra starfsmanna en um getur í 1. mgr., þar á meðal aðstoðarbankastjóra, aðstoðarsparisjóðsstjóra og útibússtjóra, til að sitja í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Gert er ráð fyrir að sömu meginsjónarmið og gerð var grein fyrir í athugasemdum við 1. mgr. verði ráðandi í slíkum reglum.

Um 43. gr.

Í þessari grein eru sett þagnarskylduákvæði í samræmi við ákvæði gildandi laga. Þagnarskylda þeirra aðila, sem ákvæðið tilgreinir, er fortakslaus nema skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu samkvæmt úrskurði dómara. Þá er einnig gerður sá fyrirvari að lög heimili frávik frá meginreglunni um þagnarskyldu. Dæmi slíkra lagaákvæða eru ákvæði þessa frumvarps og gildandi laga um Seðlabanka Íslands, sem heimila bankaeftirliti aðgang að upplýsingum sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks síns, ákvæði skattalaga um heimildir skattyfirvalda í þessu sambandi og loks er í undirbúningi frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti sem mun hafa í för með sér ríka upplýsingaskyldu starfsmanna viðskiptabanka og sparisjóða.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Veruleg rýmkun er lögð til varðandi starfsheimildir þessara stofnana frá því sem mælt er fyrir um í núgildandi löggjöf og eru t.d. ákvæði 28. gr. viðskiptabankalaga og 32. gr. laga um sparisjóði felld úr gildi. Túlkun þess hvað teljist til viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi hefur almennt tekið verulegum breytingum til rýmkunar á undanförnum árum. Rýmkun starfsheimilda þessara stofnana er einnig nauðsynleg vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og þeirrar gagnkvæmni sem hann er grundvallaður á. Án hennar kann að skapast hætta á mismunun í starfsheimildum á milli innlendra stofnana og sambærilegra erlendra stofnana sem heimilt verður að starfa hér á landi á grundvelli starfsleyfa lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra. Í ákvæðum kaflans er höfð hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins, svo og ákvæðum danskra laga.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 35. gr. gildandi laga um sparisjóði, um rétt þessara stofnana til að taka við geymslufé eru felld niður samkvæmt frumvarpinu. Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til breytinga á lögum nr. 9/1978, um geymslufé, sem felur í sér að viðskiptabankar og sparisjóðir halda þessum heimildum eftir sem áður.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er almenn skilgreining á starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Upphaf ákvæðisins er óbreytt frá gildandi lögum um þessar stofnanir að öðru leyti en því að nú eru verðbréfaviðskipti tilgreind með afdráttarlausari hætti en gert er samkvæmt gildandi lögum um viðskiptabanka, sbr. 3. mgr. 28. gr. þeirra. Er þetta gert til áhersluauka en heimildir til þessara viðskipta felast í upptalningunni í ákvæðinu. Þar eru taldar upp starfsheimildir sem þessar stofnanir eru almennt taldar njóta samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins. Um er að ræða verulega rýmkun frá gildandi lögum hér á landi sem veitir þessum stofnunum beina heimild til að stunda starfsemi sem nú verður einungis stunduð af sérstökum fyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt sérlögum. Með tilliti til þeirra starfsheimilda, sem nú eru taldar falla undir almenna skilgreiningu á viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi, var talið eðlilegt að fella niður 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 32. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Starfsheimildirnar skv. 1. mgr. eru þessar:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalán,
   b. langtímaveðlán,
   c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
   d. viðskiptalán.
3. Fjármögnunarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).
6. Að veita tryggingar og ábyrgðir.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,

c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
e. verðbréf.

8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánshæfni.
14. Útleiga geymsluhólfa.

Ákvæði þessarar greinar verður að skoða með hliðsjón af 2. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein er kveðið skýrt á um það að önnur starfsemi en viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi, eins og hún er skilgreind í V. kafla frumvarpsins, sé þessum stofnunum óheimil. Hvort viðskiptabanki eða sparisjóður telst stunda aðra starfsemi verður að skoða sérstaklega í hverju tilviki. Meirihlutaeignarðild í fyrirtæki er augljóslega eitt af meginskilgreiningaratriðum. Í öðrum tilvikum kann atkvæðisréttur í fyrirtæki eða önnur hlutlæg atriði að ráða úrslitum og leiða til þeirrar niðurstöðu að telja megi að hlutaðeigandi stofnun stundi tiltekna starfsemi. Slík starfsemi er óheimil nema innan þeirra marka sem greinir í 46. gr. frumvarpsins.

Önnur þjónustustarfsemi verður að standa í eðlilegum tengslum við viðskipti sem tengjast starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða skv. 1. mgr.

Í 2. mgr. er viðskiptabönkum og sparisjóðum veittur einkaréttur til að taka við innlánum frá almenningi, ásamt öðrum stofnunum sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, og er ákvæðið að því leyti óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3. mgr. er einnig fólgin breyting að því leyti að viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilað að stunda vátryggingarstarfsemi. Með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur varðandi þátttöku viðskiptabanka á þessu sviði, m.a. í ríkjum innan Evrópubandalagsins, og nauðsyn þess að gera viðskiptabönkum og sparisjóðum kleift að laga starfsemi sína að frekari þróun af þessu tagi, er þessi heimild veitt. Sú takmörkun er þó gerð að stofna þarf sérstakt dótturfélag um þessa starfsemi. Er ástæða þess fyrst og fremst sú áhætta sem fylgir tryggingastarfsemi almennt. Samsvarandi ákvæði er að finna í dönskum lögum um viðskiptabanka og sparisjóði frá árinu 1991.

Í 4. mgr. er veitt heimild til að viðskiptabankar eða sparisjóðir stundi aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. enda sé hún í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi. Ákvæðið er fyrst og fremst sett með það í huga að auðvelda viðskiptabönkum og sparisjóðum að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum og breyttum kröfum eða þörfum viðskiptamanna sinna. Mat á því hvenær ákvæðið á við verður að mótast af framkvæmd laganna og hverju einstöku tilviki. Við það mat má m.a. ætla að til athugunar komi hvort starfsemi sé óvenjuleg miðað við viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi á hverjum tíma og einnig hvort henni fylgi sérstaklega mikil áhætta. Samsvarandi ákvæði er í dönskum lögum á þessu sviði.

Áskilið er samþykki bankaeftirlitsins fyrir starfsemi skv. 4. mgr. og því jafnframt veitt heimild til að ákveða að starfsemi samkvæmt ákvæðinu verði stunduð í sérstöku félagi og er þar átt við dótturfélag. Atriði, sem m.a. hefðu áhrif á það hvort stofna eigi sérstakt félag, eru áhættan sem talin er samfara fyrirhugaðri starfsemi, hve ólík starfsemin er meginstarfsemi hlutaðeigandi stofnunar og hve umsvifamikil hún er með tilliti til þeirrar meginstarfsemi.

Um 45. gr.

Í 1. mgr. er viðskiptabönkum og sparisjóðum veitt almenn heimild til að yfirtaka eignir til fullnustu krafna. Ákvæðið er óbreytt frá 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 33. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um það að danskri fyrirmynd að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé heimilt tímabundið að stunda aðra starfsemi en þeim er almennt heimiluð samkvæmt frumvarpinu, enda sé það gert í því skyni að tryggja fullnustu kröfu. Ákvæðið getur átt við starfsemi viðskiptamanns í heild eða að hluta. Með þessari rýmkun er komið til móts við þá þróun sem orðið hefur í aðgerðum hlutaðeigandi stofnana til að tryggja fullnustu kröfu og ákvæðið styrkir einnig almenna heimild til yfirtöku skv. 1. mgr. Gert er ráð fyrir að heimild þessi verði fyrst og fremst notuð þegar aðrar aðgerðir til að tryggja fullnustu kröfu eru ófærar eða ekki líklegar til árangurs. Á grundvelli 45. gr. verður viðskiptabönkum og sparisjóðum einnig betur kleift en nú er að sameina það að tryggja fullnustu kröfu og að aðstoða við endurskipulagningu viðkomandi fyrirtækja. Eignist viðskiptabanki eða sparisjóður hluti í viðkomandi fyrirtæki á grundvelli þessa ákvæðis eiga takmarkanir skv. 46. gr. frumvarpsins ekki við.

Um 46. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að eiga hluti í fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en um getur í 44. gr. Ákvæðið er rýmkað verulega frá því sem nú gildir skv. 2. mgr. 28. gr. laga um viðskiptabanka og 2. mgr. 32. gr. laga um sparisjóði. Ákvæði greinarinnar taka mið af tilskipunum Evrópubandalagsins á þessu sviði og sambærileg ákvæði eru einnig í dönskum lögum.

Með 1. mgr. er heimild viðskiptabanka eða sparisjóða til að eiga hlut í fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en um getur í 44. gr. rýmkuð verulega frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum. Bókfært virði á eignarhlut í fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður á eða hefur að veði má nú ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 15% af eigin fé eða sparisjóðs. Heimildin takmarkast þó við það að viðskiptabanki eða sparisjóður sé ekki ráðandi í öðru fyrirtæki eða stofnun sem stundar aðra starfsemi en skv. 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins þannig að telja megi að viðskiptabanki eða sparisjóður stundi þá starfsemi. Að því er varðar veð er um nýmæli að ræða að danskri fyrirmynd. Þar sem veðréttindi eru í eðli sínu óbein eignarréttindi þótti eðlilegt að fella þau undir ákvæðið. Heimild ákvæðisins á við um eignarhluti eða veð í einstökum fyrirtækjum og er þannig mun rýmri en núgildandi lög sem takmarkast við 2% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs. Þá er heimildin ekki takmörkuð við félög með takmarkaðri ábyrgð eins og gert er í gildandi lögum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heildarskuldbindingar hlutaðeigandi fyrirtækis gagnvart viðskiptabanka eða sparisjóði að viðbættum eignarhlut eða veðum hlutaðeigandi stofnunar í eignum fyrirtækisins fari ekki fram úr hámarki sem sett verður í reglum bankaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila. Slíkar reglur yrðu settar á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands. Samsvarandi reglur eru lögfestar í dönskum lögum og miða nú við 35% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs. Innan Evrópubandalagsins er vinna við samræmingu reglna um þessi efni á lokastigi og verður höfð hliðsjón af niðurstöðu þeirrar samræmingar við setningu reglna samkvæmt ákvæðinu.

Í 2. mgr. eru takmarkanir á bókfærðu virði samanlagðra eignarhluta viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtækjum. Er um verulega rýmkun að ræða frá gildandi lögum sem miða við 15% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Ákvæði 2. mgr. greinist í aðalatriðum í tvo hluta. Í fyrsta lagi má samtala bókfærðs

virðis á virkum eignarhlutum, þ.e. eignarhlutum sem nema 10% eða meira af eigin fé viðkomandi fyrirtækis, ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hins vegar má samtala allra eignarhluta viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtækjum ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 100% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar. Í síðara tilvikinu er átt við alla eignarhluti hvort sem um er að ræða virka eignarhluti eða aðra smærri. Við mat á þessum atriðum ber að telja með eignarhluti sem banki eða sparisjóður hefur eignast vegna fullnustu krafna skv. 45. gr. Hins vegar reiknast ekki með eignarhlutir sem dragast frá við útreikning á eigin fé eða eignarhlutir í fyrirtækjum sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 56. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er veitt heimild til að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs geti farið fram yfir mörk skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. Ákvæðið er hugsað sem undantekning og ber að beita því í sérstökum tilvikum. Komi til þess ber að draga þá fjárhæð, sem er umfram heimiluð mörk, frá við útreikning á eigin fé hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 5. mgr. er nýtt ákvæði sem varðar lán viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum. Samsvarandi ákvæði er í dönskum lögum. Ákvæðið skýrir sig efnislega sjálft.

Um 47. gr.

Þessi grein felur í sér grundvallarbreytingar frá gildandi lögum. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. gildandi viðskiptabankalaga er bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og skoðunarmönnum viðskiptabanka óheimilt að vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við og sama á við um maka þessara aðila. Sama á við um sparisjóði, sbr. 1. mgr. 38. gr. gildandi laga um sparisjóði. Rökin fyrir þessari reglu voru þau að koma í veg fyrir að aðilar nátengdir þessum stofnunum gætu notað aðstöðu sína innan þeirra til að afla sér óeðlilegra hlunninda. Sömu sjónarmið eiga enn við þrátt fyrir þá breytingu sem hér er lögð til. Hins vegar hefur því verið haldið fram að núgildandi ákvæði séu óþarflega íþyngjandi og að það standi hlutaðeigandi stofnunum næst að sinna fyrirgreiðslu við þá aðila sem ákvæðið tekur til. Breytingin, sem hér er lögð til, kemur til móts við þessi sjónarmið. Hins vegar eiga enn við þau meginsjónarmið að þeim séu ekki veitt óeðlileg hlunnindi eða skapaðar aðstæður til að misnota aðstöðu sína að öðru leyti. Þeim reglum, sem settar eru í ákvæðinu um málsmeðferð, er ætlað að koma í veg fyrir það. Það verður á ábyrgð bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar að tryggja að ekki sé um óeðlilega fyrirgreiðslu að ræða.

Í ákvæðinu er ekki vikið að aðstoðarbankastjórum eða aðstoðarsparisjóðsstjórum eins og gert er í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Um heimildir þeirra í þessu tilliti fer eftir reglum sem settar verða skv. 2. mgr. Á grundvelli þessa ákvæðis væri einnig heimilt að ákveða að viðskipti nánar tiltekinna starfsmanna hlutaðeigandi stofnunar fari eftir sömu meginreglum og gilda um bankastjóra eða sparisjóðsstjóra skv. 1. mgr. Ætti það einkum við um aðila sem samkvæmt stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar gegna stöðu sem réttlætir slíka sérstöðu.

Um 48. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Kveðið er á um skyldu til nafnskráningar innlánsreikninga, annarra viðskiptareikninga og geymsluhólfa. Þessar upplýsingar eru almennt skráðar í dag samkvæmt fyrirmælum opinberra aðila eða einstakra viðskiptabanka eða sparisjóða án lagaskyldu. Þykir eðlilegt og nauðsynlegt að krefjast nafnskráningar allra innlánsreikninga og annarra viðskiptareikninga við þessar stofnanir. Sama gildir um

geymsluhólf. Í annan stað er samkvæmt ákvæðum greinarinnar krafist sambærilegra upplýsinga um stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnana og viðskiptamanna þeirra eftir því sem við getur átt. Greinin virt í heild miðar þannig einnig að því að auðvelda framkvæmd aðgerða til þess að sporna við tilraunum til peningaþvættis, en víðtæk alþjóðleg samvinna fer nú fram til að samræma reglur um þessi efni og tekur Ísland þátt í henni.

Um 49. gr.

Þessi grein er í samræmi við ákvæði 32. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 36. gr. gildandi laga um sparisjóði og þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða ákvæðum gildandi laga um viðskiptabanka og laga um sparisjóði að öðru leyti en því að í stað orðsins „bækur“ í upphafi málsgreinarinnar er nú notað orðið „innlánsskilríki“ sem þykir nákvæmara. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli í lögum en í samræmi við gildandi framkvæmd. Það tekur til tryggingarsjóða viðskiptabanka og sparisjóða og einnig til Lánastofnunar sparisjóðanna hf. Þykir eðlilegt að staðfesta þessa framkvæmd með ákvæði þessu.

Um 51. gr.

Í þessari grein eru gerðar breytingar til rýmkunar frá gildandi lögum að því er varðar heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að eiga aðrar fasteignir en þær sem stofnanirnar nota í starfsemi sinni. Samkvæmt ákvæðinu verður þessum stofnunum nú heimilt að eiga aðrar fasteignir að verðmæti allt að 20% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar. Heimildin er almenns eðlis og ekki háð því að viðskiptabanki eða sparisjóður eignist fasteignirnar á grundvelli yfirtöku skv. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Er sérstaklega tekið fram að við útreikning hlutfalls samkvæmt þessu ákvæði skuli ekki taka með fasteignir sem hlutaðeigandi stofnun hefur eignast með yfirtöku til fullnustu kröfu eða fasteignir sem stofnunin notar í starfsemi sinni. Með þessari breytingu eru heimildir innlendra viðskiptabanka eða sparisjóða samræmdar því sem þekkist erlendis. Þá gerir þessi breyting viðskiptabönkum og sparisjóðum kleift að aðstoða við uppbyggingu atvinnustarfsemi, t.d. með því að eiga sjálfir fasteignir en leigja þær út til aðila sem ekki hafa bolmagn til að fjárfesta í slíkum eignum á þeim tíma.

Um 52. gr.

Grein þessi á sér fyrirmynd í dönskum lögum og er ætlað að tryggja að fyrirgreiðsla til aðila, sem í krafti eignarhlutar eða á annan hátt geta haft veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar, sé í samræmi við reglur sem viðkomandi bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur sett og eðlilega viðskiptahætti að öðru leyti.

Um 53. gr.

Í þessari grein er sett sú meginregla að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir um þau efni sem ákvæðið fjallar um. Er þetta í samræmi við reglur Evrópubandalagsins. Að því er varðar viðskiptabanka er ákvæðið samhljóða 22. gr. gildandi viðskiptabankalaga. Hins vegar felst í þessu ákvæði frumvarpsins breyting að því er varðar sparisjóðina. Felld er brott bein heimild þeirra til að hafa samráð við aðra sparisjóði. Hins vegar er haldið þeirri skipan gildandi laga að

Lánastofnun sparisjóðanna hf. geti að ósk sparisjóðanna lagt fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld. Jafnframt er samsvarandi heimild Sambands íslenskra sparisjóða felld niður. Með hliðsjón af þeim megintilgangi banns við samráði að tryggja eðlilega samkeppni, svo og því að sparisjóðir eiga almennt ekki í innbyrðis samkeppni, er talið eðlilegt að heimila þeim að fela Lánastofnun sparisjóðanna hf. að veita leiðbeiningar í þessum efnum enda fellur það að hlutverki stofnunarinnar eins og það er skýrt í frumvarpi þessu. Vegna aðstæðna hérlendis má ætla að þessi heimild verði fremur til að styrkja samkeppni en draga úr henni.

54. gr.

Fyrri málsliður þessarar greinar er efnislega samhljóða 35. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og 39. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, þótt orðalagi hafi verið breytt með tilliti til þess að löggjöf um þessar stofnanir er nú sameinuð. Skilgreining á lausu fé er nokkuð breytt og er í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands sem lagt var fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992.

Um 55. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 4. gr. laga nr. 7/1992, um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og 1. gr. laga nr. 8/1992, um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985. Framangreindar breytingar voru gerðar til að laga ákvæði viðskiptabankalaga og sparisjóðalaga að svonefndum BIS-reglum er fjalla um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana. Lítils háttar breytingar eru nú gerðar á þessum lagaákvæðum til samræmis við ákvæði tilskipunar um eigið fé lánastofnana, nr. 89/299/EBE, og tilskipunar um eiginfjárhlutfall lánastofnana nr. 89/647/EBE.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá ákvæðum laga nr. 7/1992 og nr. 8/1992.

Orðalagi 2. mgr. hefur verið breytt lítillega frá ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1992 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1992 til samræmis við ákvæði tilskipunar um eigið fé lánastofnana, nr. 89/299/EBE. Í aðalatriðum er einungis um nákvæmara orðalag að ræða miðað við gildandi ákvæði.

3. mgr. er í meginatriðum samhljóða ákvæðum laga nr. 7/1992 og 8/1992, sbr. eftirfarandi: 1. tölul. er efnislega óbreyttur; 2. tölul., áður 3. tölul., er nákvæmar orðaður; 3. tölul., áður 2. tölul., er óbreyttur; 4. tölul. er efnislega óbreyttur en orðalagi er breytt til að gera ákvæðið skýrara; 5. tölul. er efnislega óbreyttur.

4. mgr. er óbreytt frá ákvæðum laga nr. 7/1992 og nr. 8/1992. Í 4. mgr. er tilgreint hvaða liðir teljist falla undir eiginfjárþátt B og er í frumvarpinu eingöngu einn liður tilgreindur, þ.e. víkjandi lán. Samkvæmt tilskipun EB, sem gildir um eigið fé lánastofnana, nr. 89/299/EBE, skal endurmatsreikningur teljast með eiginfjárþætti B en ekki eiginfjárþætti A eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Samkvæmt þeim tilskipunum EB, sem gilda um ársreikninga félaga, er meginreglan kostnaðarverðsreikningsskil en EES-samningurinn gerir ráð fyrir tveggja ára aðlögunartíma að ákvæðum þeirrar tilskipunar fyrir Ísland, þ.e. til 1. janúar 1995. Fram að þeim tíma mun verða litið svo á að verðbólgureikningsskil, sem tíðkuð hafa verið hér á landi, verði heimil, en að þeim tíma liðnum þarf að setja í lög nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum teljist með eiginfjárþætti B. Reyndar er hugsanlegt að nýta megi heimildarákvæði 5. mgr. 56. gr. í þessu skyni.

Um 56. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega nær óbreytt frá ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr.

7/1992 og 5. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1992. Tilvísun í ákvæði gildandi laga varðandi skilgreiningu á tegund félaga, sem viðskiptabanki eða sparisjóður á hlut í, er breytt þar sem nú er vísað til eignarhluta í öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í viðauka I sem vísað er til í 44. gr. frumvarpsins. 1.–3. tölul. í 1. mgr. eru óbreyttir að undanskilinni tilvísun í lok 3. tölul. til frádráttar skv. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Hér er um að ræða leiðréttingu á villu sem varð við undirbúning að lagabreytingunni vorið 1992, sbr. lög nr. 7/1992 og nr. 8/1992 en í þeim lögum var ranglega vísað á milli málsgreina í samsvarandi ákvæðum.

Ákvæði 3. mgr. er nýtt. Þar er gert ráð fyrir að eignarhlutir og víkjandi lán viðskiptabanka eða sparisjóðs hjá dótturfélögum sem reka vátryggingarstarfsemi, sbr. 3. mgr. 44. gr., eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, skuli dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli. Eignarhlutir og víkjandi lán viðskiptabanka eða sparisjóðs hjá framangreindum dótturfélögum dragast frá þar sem ekki er gert ráð fyrir að slík félög teljist með í samstæðureikningi móðurfélags.

Ákvæði 4. mgr. er nýtt. Þar er gert ráð fyrir að frá eigin fé dragist eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 46. gr. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt frá ákvæðum 6. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1992 og 6. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1992.

Ákvæði 6. mgr., sem kveður á um að ákvæði greinarinnar skuli einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, er óbreytt frá ákvæði 7. mgr. 1. gr. laga nr. 8/1992.

Um 57. gr.

1. mgr. þessarar greinar samsvarar efnislega 1. mgr. 37. gr. gildandi laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og 1. mgr. 41. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði. Nýmæli er þó að ársskýrsla, sem í þessu frumvarpi nefnist skýrsla stjórnar, er ekki talin hluti af ársreikningi og er það í samræmi við 1. mgr. 93. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, sbr. enn fremur 1. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 78/660/EBE um ársreikninga félaga.

Ársreikningur skal skv. 2. málsl. 1. mgr. hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Hins vegar skal skv. 3. málsl. 1. mgr. semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Með hliðsjón af 1. mgr. 63. gr. frumvarpsins, sem fjallar um framkvæmd endurskoðunar, er nauðsynlegt að aðskilja skýrslu stjórnar frá sjálfum ársreikningnum, enda er ekki hægt að ætlast til að skoðunarmenn geti staðfest áreiðanleik þeirra upplýsinga sem gert er ráð fyrir að fram komi í ársskýrslu, sbr. t.d. 2. mgr. 59. gr. frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir í 3. mgr. 63. gr. að skoðunarmenn skuli í áritun sinni vekja athygli á því ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða ef skýrsla stjórnar er ekki í samræmi við ársreikning.

Í síðasta málslið 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða sé almanaksárið en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að reikningsárið sé ákveðið í reglugerð eða samþykktum. Nauðsynlegt er að ákveðin festa sé í þessum efnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og er því engin ástæða til að gefa möguleika á annarri skipan en tíðkast hefur, þ.e. að reikningsárið sé sama og almanaksárið.

2. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 2. mgr. 93. gr. gildandi laga um hlutafélög. Inn í þessa málsgrein hefur auk þess verið bætt ákvæði 3. mgr. 38. gr. laga um viðskiptabanka sem lýtur að því að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli staðfestur af ráðherra.

Um 58. gr.

1. og 2. mgr. þessarar greinar eru efnislega samhljóða 2. og 3. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 78/660/EBE um ársreikninga félaga en tilvitnuð ákvæði þeirrar tilskipunar gilda einnig fyrir ársreikninga banka og annarra fjármálastofnana skv. 1. gr. tilskipunar nr. 86/635/EBE.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setji reglur um gerð ársreiknings en í því felst m.a. að kveða á um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings, skýringar og mat á einstökum liðum. Eðlilegt þykir að hin margvíslegu atriði sem kveða þarf á um við gerð ársreiknings séu sett í reglur. Hér er gert ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setji slíkar reglur en í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er það ráðherra sem setja skal sambærilegar reglur. Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum er viðkomandi eftirlitsstofnunum falið það hlutverk að setja slíkar reglur og er lagt til að það verði einnig gert hér á landi.

Um 59. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau atriði sem upplýsa skal um í skýrslu stjórnar. 1., 3. og 4. mgr. eru í meginatriðum samhljóða 1. mgr., 1.–3. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 103. gr. gildandi laga um hlutafélög. Síðasti málsliður 3. mgr. þessarar greinar gerir auk þess ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalaga gildi að öðru leyti eftir því sem við á.

2. mgr. er efnislega samhljóða a–c-liðum 2. tölul. 46 gr. tilskipunar nr. 78/660/EBE.

Um 60. gr.

Ákvæði greinarinnar er breyting frá 42. gr. gildandi laga um sparisjóði. Með því er fyrst og fremst verið að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari og um leið samkeppnishæfari við aðra fjárfestingarkosti á fjármagnsmarkaði. Niður er felld viðmiðun við bestu innlánskjör í sparisjóði á hverjum tíma en lagt í vald aðalfundar að ákveða arðgreiðslu af stofnfé. Hins vegar er kveðið á um að ekki megi ákveða arð hærri en Tryggingarsjóður kveður á um fyrir sparisjóðina í heild, enda getur Tryggingarsjóður haft verulegra hagsmuna að gæta af því að útgreiðsla úr eiginfjárreikningum sparisjóða tefli hag einstakra sparisjóða ekki í tvísýnu. Þá er í ákvæðinu kveðið á um að hagnað, sem ekki er varið til arðgreiðslu, skuli leggja í varasjóð.

Um 61. gr.

1. og 2. mgr. kveða á um hverjir skuli endurskoða ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða og hvernig þeir skuli kjörnir. Efnislega er um óbreytta skipan mála að ræða frá gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 1. og 2. mgr. 40. gr. laga um viðskiptabanka og 1. mgr. 45. gr. laga um sparisjóði, ef undan eru skilin ákvæði gildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði um að í samþykktum hlutafélagsbanka eða sparisjóðs megi ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 40. gr. laga um viðskiptabanka og 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. laga um sparisjóði. Síðasttöldu ákvæðin eru felld brott í þessu frumvarpi og er tilgangurinn sá að gera skoðunarmenn óháðari stjórn viðskiptabankans eða sparisjóðsins með því að gera ráð fyrir að þeir séu eingöngu kosnir á aðalfundi, sbr. þó ákvæði 3. mgr. þessarar greinar varðandi sparisjóði.

Í 3. mgr. er gerð sú breyting frá ákvæði 2. mgr. 45. gr. gildandi laga um sparisjóði að heimild til að veita undanþágu frá kosningu löggilts endurskoðanda færist frá stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða til bankaeftirlitsins. Þykir eðlilegt og í samræmi við upp-

byggingu frumvarpsins að öðru leyti að það sé á valdi eftirlitsaðilans að veita undanþágu af þessu tagi. Hins vegar er ekki gerð breyting að því leyti að komi til veitingar undanþágu samkvæmt ákvæðinu skal stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða tilnefna endurskoðanda.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli en þar er gert ráð fyrir að ársreikningar móður-, systur- og dótturfélaga viðskiptabanka eða sparisjóða skuli endurskoðaðir af sömu skoðunarmönnum og endurskoða ársreikning hlutaðeigandi stofnunar. Með hliðsjón af mikilvægi þeirrar starfsemi sem um er að ræða þykir rétt að tryggja sem best að framkvæmd endurskoðunar allra þátta innan sömu samstæðu sé á sömu hendi.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða ákvæðum 5. mgr. 40. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 4. mgr. 45. gr. laga um sparisjóði.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða ákvæðum 3. mgr. 40. gr. laga um viðskiptabanka og 3. mgr. 45. gr. laga um sparisjóði og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. um skoðunarmenn og maka þeirra og er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 33. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 1. mgr. 38. gr. gildandi laga um sparisjóði. Ekki þótti fært að gera samsvarandi breytingar hvað þessa aðila snertir og gerðar eru tillögur um varðandi banka- eða sparisjóðsstjóra og maka þeirra skv. 47. gr. frumvarpsins, enda er það grundvallaratriði að skoðunarmenn séu óháðir hlutaðeigandi stofnun, sbr. einnig í þessu sambandi lög nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða ákvæði fyrri málsliðar 4. mgr. 40. gr. laga um viðskiptabanka.

Um 63. gr.

1. mgr. er samhljóða ákvæði 42. gr. laga um viðskiptabanka og sambærileg við ákvæði 46. gr. laga um sparisjóði að því undanskildu að í síðasta málslið 42. gr. laga um viðskiptabanka er sleppt orðunum „varðandi upplýsingaskyldu banka“ þar sem þau eru í reynd óþörf.

2. mgr. er samhljóða ákvæðum 1. mgr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og 1. mgr. 48. gr. laga um sparisjóði.

Ákvæði 1. og 3. málsl. 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og 2. mgr. 48. gr. laga um sparisjóði.

Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 88. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum. Sambærilegt ákvæði er einnig í 51. gr., lið 1, a), í tilskipun nr. 78/660/EBE um ársreikninga félaga en tilvitnað ákvæði gildir einnig um lánastofnanir, sbr. 1. tölul. 1. gr. tilskipunar nr. 86/635/EBE, um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.

4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og 3. mgr. 48. gr. laga um sparisjóði.

5. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 4. mgr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og 47. gr. laga um sparisjóði.

6. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 5. mgr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og 5. mgr. 45. gr. laga um sparisjóði.

7. mgr. er nýmæli en þar er gert ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands geti sett nánari reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, þar með talið um stofnun innri endurskoðunardeilda. Með hliðsjón af mikilvægi starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða þykir nauðsynlegt að hinn opinberi eftirlitsaðili hafi heim-

ild til að setja nánari reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá þessum stofnunum. Þess má geta að í lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, er að finna sambærilegt ákvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. þeirra laga.

Ákvæði varðandi endurskoðunardeild eru í gildandi lögum um viðskiptabanka en samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum um sparisjóði. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. gildandi laga um viðskiptabanka er skylt að starfrækja endurskoðunardeild en samkvæmt gildandi sparisjóðalögum er ekki um skyldu að ræða. Gert er ráð fyrir að í reglum, sem settar yrðu með heimild í þessari málsgrein, verði stofnunum yfir tiltekinni stærð gert skylt að starfrækja endurskoðunardeild. Í reynd er þess ekki að vænta að mikil breyting verði á núverandi fyrirkomulagi, þ.e. að endurskoðunardeildir eru nú eingöngu starfræktar hjá viðskiptabönkunum, enda á slíkt fyrirkomulag eingöngu við hjá stofnunum yfir tiltekinni stærð. Þess má geta að samkvæmt reglum danska bankaeftirlitsins er gert ráð fyrir að bankar og sparisjóðir með niðurstöðutölu efnahagsreiknings yfir 750 milljónir danskra króna, þ.e. 7.200 milljónir íslenskra króna, skuli starfrækja endurskoðunardeild.

Um 64. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið geti leyst skoðunarmenn frá störfum ef störf þeirra eru ekki í samræmi við ákvæði laga og reglna og í stað þeirra útnefnt aðra skoðunarmenn þar til nýir skoðunarmenn hafa verið valdir. Samkvæmt 2. mgr. getur bankaeftirlitið látið framkvæma sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði á kostnað hlutaðeigandi stofnunar en kostnaður við slíka endurskoðun skal þó háður samþykki bankaeftirlitsins. Með sérstakri skoðun er hér átt við endurskoðun þriðja aðila, þ.e. hvorki kjörins skoðunarmanns né bankaeftirlits.

Ákvæði þessarar greinar þykja nauðsynleg með tilliti til mikilvægis þeirra stofnana sem hér um ræðir og þeirra ríku hagsmuna sem almenningur hefur af því að þessar stofnanir séu starfræktar samkvæmt þeim ýtrustu öryggisreglum sem hverju sinni gilda um starfsemina. Þess má geta að sambærileg ákvæði eru í dönskum lögum.

Um 65. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skuli sendur bankaeftirlitinu innan 10 daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Með undirritun er hér einnig átt við staðfestingu ráðherra á ársreikning ríkisviðskiptabanka, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 57. gr. Ákvæði varðandi tímafresti við gerð ársreiknings eru í 1. og 3. mgr. 38. gr. gildandi laga um viðskiptabanka, þ.e. að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs og að endurskoðaður ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Í 1. mgr. 43. gr. gildandi laga um sparisjóði er gert ráð fyrir að gerð ársreiknings og endurskoðun skuli lokið eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 39. gr. gildandi laga um viðskiptabanka og 44. gr. gildandi laga um sparisjóði og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 66. gr.

1. mgr. gerir ráð fyrir að bankaeftirlitið setji reglur um mánaðarleg efnahagsyfirlit, árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli, árshlutarekstrar- og efnahagsuppgjör og lausafjáruppgjör. Í 16. gr. laga nr. 36/1986 er reyndar nú þegar heimild fyrir bankaeftirlitið að afla

þeirra upplýsinga sem um er rætt í 1. mgr., en rétt þykir að hafa slíkt ákvæði í ársreikningakafla þessa frumvarps. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið geti veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að aðrar stofnanir en viðskiptabankar og stærstu sparisjóðir semji árshlutauppgjör og er þessu ákvæði ætlað að gefa bankaeftirlitinu möguleika á að veita minni innlánsstofnunum undanþágu frá ákvæðum væntanlegra reglna um gerð árshlutauppgjöra.

Um 67. gr.

Með þessari grein eru tekin inn í frumvarpið ákvæði um samstæðureikninga í tilskipun nr. 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, sbr. enn fremur tilskipun nr. 83/349/EB um samstæðureikninga og ákvæði tilskipunar nr. 83/350/EBE um eftirlit með lánastofnunum á grunni samstæðureikninga.

Ákvæði 1. mgr. kveður á um að viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, skuli ásamt dótturfyrirtæki mynda samstæðu og þarfnast málsgreinin ekki frekari skýringa.

Í 2.–5. mgr. er að finna nánari skilgreiningu á móður- og dótturfyrirtæki. Ákvæði 2.–5. mgr. eru efnislega í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. tilskipunar nr. 83/349/EBE um samstæðureikninga, sbr. 1. tölul. 42. gr. tilskipunar nr. 86/635/EBE um ársreikning og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.

Samkvæmt 6. mgr. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið setji nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila. Í áðurnefndum tilskipunum EB eru ýmis ákvæði sem setja þarf í lög eða reglur hér á landi og er talið heppilegra að ákvæði, sem varða nánari útfærslu á samstæðureikningsskilum, verði sett í reglur en meginatriðin sett í lög eins og hér er gert.

Í 7. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um: a) takmarkanir á eignarhlutum í öðrum fyrirtækjum, svo og takmarkanir á skuldbindingum stærstu lánþega, b) takmarkanir á eignarhaldi í fasteignum, c) takmarkanir á veitingu lána til aðila sem hafa veruleg áhrif á ráðstafanir stofnunarinnar, d) laust fé og e) eigið fé skuli einnig gilda fyrir samstæðuna þegar um hana er að ræða. Tilgangurinn með ákvæði 7. mgr. er að tryggja að framangreindar öryggisreglur, sem gilda varðandi starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs, gildi einnig fyrir samstæðu þessara stofnana og dótturfélaga. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt með hliðsjón af þeim fjárhagslegu tengslum sem eru milli móðurfélags og dótturfélags og þeim áhrifum sem slík tengsl geta haft á einstaka hluta samstæðunnar. Samkvæmt seinni málslið 7. mgr. bera stjórnendur móðurfyrirtækisins ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis. Þetta ákvæði er nauðsynlegt þar sem hinn opinberi eftirlitsaðili hefur ekki í öllum tilvikum beint eftirlit með félögum innan samstæðunnar.

Í 8. mgr. er kveðið á um að tiltekin ákvæði VII. kafla frumvarpsins um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil skuli gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Sama á við um það ákvæði frumvarpsins sem fjallar um möguleika bankaeftirlitsins til að afla upplýsinga hjá tengdum fyrirtækjum. Þessi málsgrein þarfnast ekki frekari skýringa.

Samkvæmt 9. mgr. er bankaeftirlitinu veitt heimild til að ákveða að ákvæði 6.–8. mgr. gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjóð sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 10. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði 6.–8. mgr. þessarar greinar gildi ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til

að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. Bankaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda. Gert er ráð fyrir að ákvæði seinni málsliðar 10. mgr. verði einkum beitt þegar viðskiptabanki eða sparisjóður hefur átt hlut í öðru fyrirtæki um lengri tíma, þannig að vafi leiki á að um tímabundið eignarhald sé að ræða. Enn fremur getur stærð viðkomandi dótturfyrirtækis í hlutfalli við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð gefið tilefni til þess að ákvæði seinni málsliðar 10. mgr. verði beitt.

Í 11. mgr. er bankaeftirlitinu gefin heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum 6.–8. mgr. Tilgangur þessa ákvæðis er að gefa möguleika á að undanþiggja einstök tengd fyrirtæki frá tilvitnuðum ákvæðum. Þetta á t.d. við þegar smæð fyrirtækis er slík að ekki skiptir máli fyrir samstæðuna hvort umrædd ákvæði gilda eða ekki eða eðli rekstrar fyrirtækis er með þeim hætti að óviðeigandi sé að gera samstæðureikning.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla, 68.–72. gr., eru ákvæði um slit viðskiptabanka eða sparisjóða. Í gildandi lögum er ákvæðum um slit og samruna þessara stofnana skipað saman í kafla en frá því er horfið í frumvarpi þessu. Ákvæði þessa kafla um slit eru efnislega óbreytt frá 45.–49. gr. laga um viðskiptabanka og 61.–64. gr. laga um sparisjóði og skýra sig sjálf. Þó hefur orðalagi verið breytt í einstöku tilvikum vegna laga um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um samruna viðskiptabanka og sparisjóða. Ákvæðin eru að flestu leyti efnislega óbreytt frá ákvæðum gildandi laga. Þó hefur einstökum efnisatriðum og orðalagi verið breytt nokkuð frá því sem nú gildir um þessi atriði, að sumu leyti til einföldunar. Í gildandi lögum er ýmist rætt um samruna eða sameiningu þessara stofnana. Í frumvarpinu er til einföldunar lagt til að notað verði orðið samruni. Með samruna er átt við þau tilvik að einn eða fleiri viðskiptabankar eða sparisjóðir renni saman við aðra slíka þannig að stofnun, sem fyrir hendi er, heldur áfram tilvist sinni eftir samrunann. Einnig er átt við þau tilvik að einn eða fleiri viðskiptabankar eða sparisjóðir renni saman og myndi nýja stofnun sem ekki var til fyrir. Um ríkisviðskiptabanka gilda sérstakar reglur skv. 75. gr. frumvarpsins.

Um 73. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er einungis gert ráð fyrir samruna viðskiptabanka og sparisjóða en felld eru brott ákvæði um samruna þessara stofnana við aðrar innlánsstofnanir. Þótti ekki ástæða til að halda óbreyttum ákvæðum laga að þessu leyti, sérstaklega með tilliti til rýmkaðra heimilda viðskiptabanka og sparisjóða skv. VI. kafla. Gert er ráð fyrir að til samruna þurfi samþykki ráðherra og er það óbreytt frá gildandi lögum. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðherra skuli leita umsagnar bankaeftirlitsins um samruna áður en leyfi er veitt. Í þessu felst breyting frá því sem gildir um viðskiptabanka. Í lögum um sparisjóði er gert ráð fyrir slíkri umsögn bankaeftirlitsins og einnig stjórnar Tryggingarsjóðs sparisjóða en áskilnaður um umsögn hennar er felldur brott. Þá er einnig fellt brott ákvæði 2. mgr. 65. gr. gildandi laga um sparisjóði um skipun sérstakrar nefndar sparisjóða sem geri tillögur um fjárhagslegt uppgjör við samruna og rekstrartilhögun að honum loknum. Þykir ákvæðið óþarft og nægilegt að um þessi atriði fari samkvæmt samningum aðila. Þá er einnig fellt brott ákvæði 3. mgr. sömu greinar gildandi laga um sparisjóði sem kveður á um að ráðherra skuli, áður en samruni sparisjóðs er heimilaður, at-

huga möguleika á samruna sparisjóðs við annan sparisjóð. Þykir ákvæðið óþarft og eðlilegt að ákvörðun um og ábyrgð á því hvort sparisjóður rennur saman við annan sparisjóð eða viðskiptabanka sé alfarið í höndum sparisjóðsstjórnar og fundar stofnfjáreigenda. Hins vegar er nú gerð sú krafa samkvæmt frumvarpinu að til samruna þurfi samþykki aukins meiri hluta. Efnislega er ákvæðið að þessu leyti sniðið eftir 76. gr. laga um hlutafélög.

Ákvæði 2. mgr. er nýjung og á sér hliðstæðu í dönskum lögum á þessu sviði. Er nauðsynlegt að gera ráð fyrir þeim möguleika sem greinin fjallar um. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Ákvæði 3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum um viðskiptabanka. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um sparisjóði en ákvæðið tekur einnig til þeirra eðli máls samkvæmt. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum um viðskiptabanka að öðru leyti en því að orðalagi er breytt vegna þess að ákvæðið tekur nú einnig til sparisjóða.

Ákvæði 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 74. gr.

Í þessari grein eru settar fram kröfur um eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóða mið að við samanlagt eigið fé þeirra að loknum samruna. Ákvæðið tekur til samruna viðskiptabanka eða sparisjóða sem voru starfandi við gildistöku laganna og felur í sér að þeim er heimilt að halda áfram starfsemi eftir samruna enda þótt lágmarki eigin fjár skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. sé ekki náð. Er þetta í samræmi við undanþáguákvæði 7. gr. frumvarpsins en 2. mgr. þeirrar greinar tekur til stofnana sem hér getur.

Um 75. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá 4. mgr. 50. gr. gildandi laga um viðskiptabanka að öðru leyti en því sem áður er sagt um aðrar innlánsstofnanir og því að nú er í ákvæðinu notað orðið „samruni“ í stað orðsins „yfirtaka“ í gildandi lögum. Engin breyting er þó á túlkun ákvæðisins frá því sem verið hefur. Samruni ríkisviðskiptabanka við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sem felur í sér að starfandi ríkisviðskiptabanki hættir störfum, getur ekki orðið nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Sé um að ræða yfirtöku starfandi ríkisviðskiptabanka á öðrum viðskiptabanka eða sparisjóði þannig að ríkisviðskiptabankinn haldi áfram starfsemi nægir hins vegar leyfi ráðherra. Samruni tveggja ríkisviðskiptabanka þyrfti samkvæmt þessu að eiga sér stoð í sérstakri lagaheimild. Er þetta eðlileg skipan með hliðsjón af 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða. Nokkrar breytingar eru gerðar hvað varðar Tryggingarsjóð sparisjóða og einnig aðrar minni háttar orðalagsbreytingar, m.a. vegna þess að gildandi lög um sparisjóði tóku mið af því að verið var að stofna nýjan Tryggingarsjóð. Að öðru leyti eru ákvæði kaflans sambærileg við ákvæði gildandi laga. Fyrir liggur að endurskoða þurfi kaflann með tilliti til fyrirhugaðrar samræmingar innan Evrópubandalagsins á þessu sviði. Þótti því ekki rétt að gera miklar breytingar á kaflanum að þessu sinni.

Um 76. gr.

Hér er fjallað um Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ákvæðið er óbreytt frá 51. gr. gildandi laga um viðskiptabanka að öðru leyti en því að bætt er inn í ákvæðið að gjald til

Tryggingarsjóðs miðist við næstu áramót á undan. Er þetta til samræmis við það sem gildir um greiðslur í Tryggingarsjóð sparisjóða. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 77. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 49. gr. gildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að felldur er brott sá hluti ákvæðisins sem bannar að framlög til Tryggingarsjóðs séu færð sem eign í efnahagsreikningi sparisjóða. Rökin fyrir þessu ákvæði voru í upphafi þau að í tíð eldri Tryggingarsjóðs, fyrir gildistöku laga nr. 87/1985, tíðkaðist að færa framlög með þessum hætti. Þessu var breytt með gildandi lögum og er ekki gert nú. Þykir því ekki ástæða til að hafa í lögum beint ákvæði hér að lútandi enda þótt ekki sé ætlunin að breyting verði á framkvæmd frá því sem nú er. Ákvæðið er að öðru leyti óbreytt frá 1. mgr. 50. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um greiðslur til Tryggingarsjóðs sparisjóða. Ákvæðið er nokkuð breytt frá gildandi lögum og er með því ætlunin að styrkja Tryggingarsjóð sparisjóða. Höfð var hliðsjón af ákvæðum í samþykktum fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða. Lagt er til að hlutfall greiðslna verði það sama og greitt hefur verið í sjóðinn undanfarin ár en viðmiðun samkvæmt gildandi lögum er 0,05%. Þá er mælt fyrir um gjalddaga greiðslnanna 1. mars ár hvert sem einnig er nýjung og felld er brott heimild aðalfundar til að veita undanþágur frá greiðslum í sjóðinn. Í 1. mgr. 77. gr. frumvarpsins er kveðið með nokkuð öðrum hætti á um lok greiðslna í Tryggingarsjóð en gert er samkvæmt gildandi samþykktum hans. Samkvæmt samþykktunum er gert ráð fyrir að þegar 1% marki þeirra sé náð falli greiðslur til sjóðsins niður. Ekki er sérstaklega vikið að ábyrgðum í þessu sambandi. Nú er lögð til sú breyting að greiðslur í sjóðinn falli ekki sjálfkrafa niður við ákveðið mark heldur þurfi sérstaka ákvörðun aðal- eða aukafundar þar um. Þá er einnig sérstaklega tekið fram í ákvæðinu að ábyrgðir falli niður þegar tilteknu lágmarksmarki í heildareign er náð. Ekki er kveðið á um þetta með skýrum hætti nú og er með þessari orðalagsbreytingu komið í veg fyrir vafa og hugsanlegan ágreining um þessi atriði. Loks er gert ráð fyrir því að lækki ráðstöfunarfé Tryggingarsjóðs niður fyrir 1% af heildarinnlánsfé sparisjóða skuli greiðslur teknar upp að nýju samkvæmt nánari ákvörðun aðaleða aukafundar Tryggingarsjóðs. Ákvæðið er að þessu leyti sambærilegt við 2. mgr. 4. gr. samþykkta fyrir Tryggingarsjóð að öðru leyti en því að nú er notað orðalagið „nánari ákvörðun“. Í því felst að taka þarf sérstaka ákvörðun um upptöku greiðslna að nýju, þar á meðal um hlutfall þeirra.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum auk þess sem höfð var hliðsjón af samþykktum fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða.

Um 79. og 80. gr.

Ákvæði 79. og 80. gr. frumvarpsins eru óbreytt frá gildandi lögum um sparisjóði og þarfnast ekki skýringa.

Um 81. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 55. gr. núgildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að ekki er sérstaklega tekið fram að stjórn Tryggingarsjóðs skuli ráða löggiltan endurskoðanda sem annist árlega endurskoðun hjá sjóðnum. Þótti ákvæðið óþarft með hliðsjón af því að samþykktir Trygggingarsjóðs eru háðar staðfestingu ráðherra að fenginni

umsögn bankaeftirlitsins. Í núgildandi samþykktum fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða er ráðning löggilts endurskoðanda meðal verkefna stjórnar sem talin eru upp í 8. gr., sbr. 16. gr. samþykktanna.

Um 82. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá 56. gr. gildandi laga um sparisjóði, sbr. einnig 16. gr. reglugerðar um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, og þarfnast ekki skýringa.

Um 83. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 2. mgr. 68. gr. gildandi laga um sparisjóði og þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um XI. kafla.

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins eru nýmæli og nauðsynleg vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirrar meginreglu um staðfesturétt og gagnkvæmni sem hann byggir á. Höfð var hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins, svo og ákvæðum danskra laga í einstökum efnisatriðum.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. er erlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum, með staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa hlotið þar starfsleyfi lögbærra yfirvalda, veitt almenn heimild til starfsemi hér á landi með stofnun útibúa. Með setningu laga um viðskiptabanka frá 1985 var erlendum hlutafélagsbönkum heimilað að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi. Með lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, var erlendum hlutafélagsbönkum heimilað að opna útibú hér á landi og lögum um viðskiptabanka var breytt til samræmis með lögum nr. 7 frá 1992. Ákvæði þessarar málsgreinar er sett með hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins. Sambærilegt ákvæði er einnig í dönskum lögum á þessu sviði. Heimildir til að starfa hér á landi eru þó ekki án takmarkana. Heimildin nær til þess að stunda starfsemi sem frumvarp þetta tekur til. Þá verður hlutaðeigandi stofnun að hafa hlotið starfsleyfi í sínu heimaríki og slíkt starfsleyfi verður að heimila henni að stunda þessa starfsemi þar. Ekki er ætlast til að stofnanir geti stundað víðtækari starfsemi í öðrum ríkjum sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en þær gætu stundað í sínu eigin heimaríki. Lögbær yfirvöld í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar verða að staðfesta gagnvart bankaeftirliti að stofnun hafi fullgilt starfsleyfi og til hverrar starfsemi það taki. Hins vegar getur erlendur viðskiptabanki eða sparisjóður ekki hafið starfsemi hér á landi fyrr en tveimur mánuðum eftir að staðfesting berst bankaeftirlitinu.

Í 2. mgr. eru nánar tilgreind þau atriði sem tilkynna skal til bankaeftirlitsins. Ákvæðið skýrir sig *efnislega* sjálft.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 4. mgr. á sér hliðstæðu í dönskum lögum á þessu sviði og er nauðsynlegt vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Dæmi um ákvæði laga um hlutafélög, sem ekki gætu átt við skv. 4. mgr., eru 136. og 138. gr. þeirra.

Ákvæði 5. mgr. er sett vegna ákvæða í tilskipunum Evrópubandalagsins. Sams konar ákvæði er í dönskum lögum á þessu sviði. Ákvæðið veitir bankaeftirlitinu heimild til að krefjast sérstaks auðkennis til viðbótar nöfnum erlendra viðskiptabanka eða sparisjóða í þeim tilvikum sem ákvæðið greinir. Hins vegar er ekki heimilt að krefjast þess að þessar stofnanir taki sér nýtt heiti vegna starfsemi sinnar hér á landi.

Um 85. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimildir viðskiptabanka eða sparisjóða annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að stunda starfsemi hér á landi án stofnunar útibús. Ákvæðið er sett með hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins. Samsvarandi ákvæði er í dönskum lögum á þessu sviði. Sömu sjónarmið og getið var í athugasemdum við 84. gr. um staðfestingu eftirlitsaðila í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar og starfsheimildir samkvæmt því eiga hér við. Þó er ekki mælt fyrir um tveggja mánaða frest samkvæmt þessu ákvæði líkt og gert er í 84. gr.

Um 86. gr.

Í 1. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja reglur um starfsemi erlendra viðskiptabanka eða sparisjóða frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi. Heimildin tekur bæði til starfsemi skv. 84. og 85. gr. frumvarpsins, þ.e. bæði til starfsemi útibúa og annarrar þjónustustarfsemi án stofnunar útibúa. Verður að skýra þá heimild með hliðsjón af samningi um Evrópskt efnahagssvæði þannig að í henni felist ekki mismunun í starfsheimildum eða starfsskilyrðum.

Samkvæmt 2. mgr. er viðskiptaráðherra falið að setja reglur um heimildir viðskiptabanka eða sparisjóða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að stunda starfsemi hér á landi. Ákvæðið er sett með tilliti til tilskipunar Evrópubandalagsins á þessu sviði. Ákvæðið er nauðsynlegt til að tryggja að ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem njóta aðgangs að markaði ríkis innan þess, búi ekki við betri starfsskilyrði en stofnanir innan svæðisins heldur sambærileg. Þá er ákvæðinu einnig ætlað að tryggja að ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem fengið hafa starfsleyfi í ríki innan þess, veiti stofnunum efnahagssvæðisins sambærilegar heimildir á sínum heimamarkaði. Um þessi atriði eru nánari reglur í tilskipunum Evrópubandalagsins sem reglur settar samkvæmt þessu ákvæði tækju mið af.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um starfsemi innlendra viðskiptabanka eða sparisjóða erlendis. Ákvæði kaflans eru sett með hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins líkt og ákvæði XI. kafla og eiga sömu meginsjónarmið við. Samsvarandi ákvæði eru í dönskum lögum og var einnig tekið tillit til þeirra í þessu sambandi.

Um 87. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. svara efnislega til 1. og 2. mgr. 84. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeirri grein.

Samkvæmt 3. mgr. getur bankaeftirlitið hafnað beiðni um að senda nauðsynlegar upplýsingar til viðkomandi erlendra yfirvalda séu aðstæður með þeim hætti sem ákvæðið greinir. Með þessu er það lagt í ábyrgð eftirlitsaðila heimaríkis að tryggja að stofnanir, sem hefji starfsemi á sameiginlegum markaði, séu traustar. Berist tilkynning ekki innan tilskilins frests er litið svo á að hlutaðeigandi stofnun sé heimilt að hefja starfsemi í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins. Neiti bankaeftirlitið að framsenda nauðsynlegar upplýsingar skal það kynnt viðskiptabanka eða sparisjóði sérstaklega svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 88. gr.

Ákvæðið er efnislega byggt á samsvarandi sjónarmiðum og fram koma í athugasemdum við 84. gr. frumvarpsins og er vísað til þeirra.

Um 89. gr.

Ákvæðið er eðlilegt og nauðsynlegt vegna almennra eftirlitssjónarmiða og samskipta við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og skýrir sig sjálft efnislega.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla sérstaklega um afturköllun starfsleyfa viðskiptabanka, bæði um heimildir eða skyldu til afturköllunar og málsmeðferð í þessum tilvikum. Höfð var hliðsjón af ákvæðum danskra laga um þessi efni. Ákvæði kaflans eiga við um innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 90. gr.

Í þessari grein er viðskiptaráðherra veitt heimild til afturköllunar starfsleyfis viðskiptabanka eða sparisjóðs í nánar tilteknum tilvikum. Ákvæðið skýrir sig efnislega sjálft.

Um 91. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt efnislega frá gildandi lögum, sbr. 45. og 46. gr. laga um viðskiptabanka og 61. og 62. gr. laga um sparisjóði, að öðru leyti en því sem leiðir af því að frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri afturköllun starfsleyfis. Samsvarandi ákvæði er í dönskum lögum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 92. gr.

Ákvæði 1. mgr. um tilkynningar um afturköllun starfsleyfa til eftirlitsaðila annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins er í samræmi við tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði og skýrir sig sjálft. Ákvæðið er nauðsynlegt með tilliti til þess að gilt starfsleyfi er grundvöllur fyrir heimildum stofnana til að starfa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sömu sjónarmið eiga við um tilkynningar til eftirlitsaðila annarra ríkja þar sem viðskiptabankar eða sparisjóðir stunda starfsemi sína.

Ákvæði 2. mgr. skýrir sig efnislega sjálft. Slit vegna afturköllunar færu samkvæmt ákvæðum VIII. kafla eftir því sem við getur átt.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og annarra stofnana sem frumvarpið tekur til. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um viðskiptabanka eða sparisjóði. Að svo miklu leyti sem ákvæði frumvarpsins mæla ekki fyrir um annað fer um eftirlitið samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands eins og því er nú háttað.

Um 93. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að skýrt er tekið fram að eftirlit bankaeftirlitsins taki til allra stofnana sem frumvarpið tekur til og nær það þannig til viðskiptabanka, sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóðanna hf., Tryggingarsjóðs viðskiptabankanna og Tryggingarsjóðs sparisjóðanna. Jafnframt nær eftirlit bankaeftirlitsins til erlendra viðskiptabanka og sparisjóða frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hér kunna að starfa svo og viðskiptabanka eða sparisjóða frá ríkjum utan

Evrópubandalagsins. Eftirlit með erlendum stofnunum sem frumvarpið tekur til takmarkast þó af meginreglu tilskipana Evrópubandalagsins um eftirlit heimaríkis með þeim viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem fengið hafa starfsleyfi í viðkomandi ríki.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og veitir bankaeftirlitinu heimildir til beins aðgangs að upplýsingum og til að framkvæma vettvangsathugun hjá fyrirtækjum tengdum viðskiptabanka eða sparisjóði með þeim hætti sem ákvæðið tiltekur. Ákvæðið tekur mið af tilskipunum Evrópubandalagsins og samsvarandi ákvæði eru í dönskum lögum. Með tengdum fyrirtækjum er átt við dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs, móðurfélag viðskiptabanka eða sparisjóðs og önnur dótturfyrirtæki þess (systurfyrirtæki). Með hlutdeildarfyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem ekki eru dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs en hlutaðeigandi stofnanir og dótturfyrirtæki þeirra, hvert fyrir sig eða sameiginlega, eiga hluti í og hafa veruleg áhrif á rekstrarlega og fjármálalega stjórn hjá. Viðskiptabanki eða sparisjóður er talinn hafa veruleg áhrif ef hann, og eftir atvikum dótturfyrirtæki hlutaðeigandi stofnunar, ræður yfir 20% eða meira af atkvæðisrétti í hlutdeildarfyrirtækjum.

Um 94. gr.

Í þessu ákvæði endurspeglast meginregla tilskipana Evrópubandalagsins um eftirlit heimaríkis. Sambærilegt ákvæði er að finna í dönskum lögum á þessu sviði. Ákvæðið skýrir sig efnislega sjálft.

Um 95. gr.

Í 1. mgr., sem er í samræmi við tilskipanir Evrópubandalagsins og dönsk lög á þessu sviði, er skýrt kveðið á um að erlendir viðskiptabankar eða sparisjóðir skuli hlíta ákvæðum íslenskrar löggjafar og um heimildir bankaeftirlitsins um beitingu viðurlaga gagnvart hlutaðeigandi stofnunum sé út af brugðið.

Ákvæði 2. mgr. vísar til samnings um Evrópskt efnahagssvæði um málsmeðferð komi til beitingar ákvæða 1. mgr. Meginreglan er tilkynningar og samráð milli viðkomandi eftirlitsaðila. Hlíti hlutaðeigandi stofnun ekki kröfum bankaeftirlitsins er meginreglan sú, að áður en til beitingar 1. mgr. kemur skal tilkynna eftirlitsaðilum heimaríkis brot hlutaðeigandi stofnunar og skal þá sá eftirlitsaðili gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á ólögmætt eða óeðlilegt ástand. Dugi það ekki til getur bankaeftirlitið, að undangenginni tilkynningu til eftirlitsaðila í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar, komið í veg fyrir frekari brot og beitt refsiviðurlögum gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

Um 96. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 98. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari með leyfisveitingar og afturköllun þeirra. Að öðru leyti er framkvæmd laganna, m.a. setning ýmissa reglna, falin bankaeftirlitinu. Víða erlendis hefur þróunin orðið sú að lögbærum eftirlitsaðilum er falið að annast framkvæmd laga af þessu tagi að öllu leyti, þar á meðal leyfisveitingar og afturköllun. Er því t.d. þannig farið í Danmörku á því sviði sem frumvarp þetta

tekur til. Þykir heppilegt að viðskiptaráðherra hafi heimild til að fela bankaeftirliti þessi verkefni og fylgja þessari þróun kjósi hann að gera svo. Með þessu ákvæði er opnuð leið til þess án þess að til lagabreytingar þurfi að koma.

Um 99. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nauðsynlegt vegna sérstöðu þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög eða héraðsnefndir eru ein stofnfjáreigenda, enda geta almenn ákvæði eðli málsins samkvæmt ekki átt við. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 100. gr.

Í þessu ákvæði er það nýmæli að kostnaður við tilkynningar samkvæmt frumvarpinu greiðist af hlutaðeigandi stofnunum. Þykir eðlilegt að þær beri þennan kostnað.

Um 101. gr.

Gert er ráð fyrir því, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III, að Lánastofnun sparisjóðanna hf. verði lögð niður í núverandi mynd innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara. Lánastofnun hefur gegnt mikilvægu hlutverki til hagsbóta fyrir sparisjóðina í heild og veitt þeim víðtæka þjónustu. Meðal annars hafa viðskipti einstakra sparisjóða við Seðlabanka Íslands farið fram með milligöngu Lánastofnunar samkvæmt sérstöku samkomulagi milli þessara aðila. Uppbygging Lánastofnunar fellur ekki að skilgreiningu frumvarpsins á viðskiptabanka eða sparisjóði, en stofnunin er í reynd banki sparisjóðanna með sama hætti og tíðkast víða erlendis. Lagaleg staða Lánastofnunar er ófullnægjandi í þessu samhengi og hefur skapað stofnuninni vissa erfiðleika í samskiptum við erlenda aðila. Þykir því eðlilegt að veita Lánastofnun fullar heimildir sem viðskiptabanki og fella starfsemi hennar að öllu leyti undir ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir því að stofnun, sem tekur við hlutverki Lánastofnunar, gegni áfram sérstöku þjónustuhlutverki gagnvart sparisjóðunum, m.a. gagnvart Seðlabanka Íslands. Vegna þess þjónustuhlutverks hefur Lánastofnun haft ákveðna sérstöðu og er gert ráð fyrir að banki, sem tekur við hlutverki hennar, haldi þeirri sérstöðu. Til að slíkt sé framkvæmanlegt er talið nauðsynlegt að heimilt verði að setja hömlur á viðskipti með hluti í þeirri stofnun sem tekur við hlutverki Lánastofnunar.

Um 102. gr.

Orðalagi ákvæðisins er breytt frá gildandi lögum þannig að ekki er lengur sérstaklega tekið fram að um brot gegn lögunum fari að hætti opinberra mála. Þótti það óþarft með tilliti til þess að þau viðurlög, sem ákveðin eru í ákvæðinu, leiða sjálfkrafa til þeirrar málsmeðferðar.

Um 103. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildistöku og lög sem felld eru brott með frumvarpinu. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gildistaka er miðuð við lögfestingu samnings um Evrópskt efnahagssvæði hér á landi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt frumvarpinu er mótuð sú stefna að einungis verði um stofnfjársjóði að ræða innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna. Ákvæði, sem sérstaklega nefndu ábyrgðarsjóði, eru því felld brott. Ákvæði 1. mgr. tekur mið af þessum breytingum.

Í 2. mgr. er veittur frestur til að framkvæma breytingar úr ábyrgðarsjóðum yfir í stofn-

fjársjóði. Verði þessu ekki fullnægt innan tilskilinna tímamarka yrði hlutaðeigandi sparisjóði slitið.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er kveðið á um meðferð á séreignarsjóðum en samkvæmt frumvarpinu verða þeir lagðir niður. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með lögum nr. 87 frá 1985 var þáverandi Tryggingarsjóður sparisjóða, samkvæmt lögum nr. 69 frá 1941, lagður niður. Eignir hans voru þá faldar núverandi Tryggingarsjóði til varðveislu og ávöxtunar sem séreign hvers sparisjóðs en urðu ekki hluti af ráðstöfunarfé Tryggingarsjóðs með sama hætti og framlög sparisjóðanna. Nú er lagt til að séreign hvers sparisjóðs verði hluti af ráðstöfunarfé Tryggingarsjóðs með þeim hætti sem nánar er mælt fyrir um í þessu ákvæði. Fyrir þessari framkvæmd liggur fyrir samþykki allra sparisjóða.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að sérákvæði gildandi laga um sparisjóði, sem lúta að Lánastofnun sparisjóðanna hf., verði felld brott. Í stað Lánastofnunar verði stofnaður banki sparisjóðanna innan tiltekinna tímamarka sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessa ákvæðis. Um röksemdir fyrir þessari breytingu vísast til athugasemda við 101. gr. frumvarpsins. Þar til breyting þessi kemur til framkvæmda gilda um Lánastofnun sparisjóðanna hf. ákvæði núgildandi laga sem flutt hafa verið í þetta ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Ákvæði 1. tölul. leysir af hólmi 1. og 2. mgr. 57. gr. núgildandi laga um sparisjóði. Þykir sú breyting, sem hér er lögð til, eðlileg með tilliti til þess að núgildandi ákvæði eiga fyrst og fremst við um stofnun Lánastofnunar á sínum tíma og eiga ekki við lengur.

Ákvæði 2. tölul. er óbreytt frá 3. mgr. 68. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. tölul. er skilgreiningu á hlutverki Lánastofnunar breytt og það rýmkað nokkuð frá gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu er það meginhlutverk hennar að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í þessu felst hins vegar engin efnisbreyting heldur fremur viðurkenning á þeirri framkvæmd sem hefur verið viðurkennd að því er varðar starfsemi Lánastofnunar. Þá er Lánastofnun heimilt að annast sams konar verkefni og henni er heimilt samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því að samkvæmt þessari grein er Lánastofnun veitt heimild til að eiga útlánsviðskipti við almenning. Einnig að þessu leyti er tekið tillit til þeirrar framkvæmdar sem verið hefur á starfsemi Lánastofnunar og er með breytingunni stefnt að því að auðvelda stofnuninni að aðstoða sparisjóðina við að leysa af hendi verkefni sem þeim væri ókleift að sinna hverjum um sig, m.a. vegna eiginfjárákvæða og reglna um hámarkslán til einstakra lánþega. Með þessu er sparisjóðum gert kleift með aðstoð Lánastofnunar að veita stórum viðskiptaaðilum eðlilega lánafyrirgreiðslu í samvinnu við Lánastofnun og þannig má ætla að áhætta af slíkri fyrirgreiðslu dreifist.

Ákvæði 4. tölul. er óbreytt frá 2. mgr. 58. gr. gildandi laga um sparisjóði að öðru leyti en því að óþarft þykir að taka sérstaklega fram þau atriði varðandi ávöxtun fjár stofnunarinnar sem getið er í samsvarandi ákvæði gildandi laga.

Ákvæði 5. tölul. er efnislega óbreytt frá 1.–3. mgr. 60. gr. gildandi laga um sparisjóði. Hins vegar er 4. mgr. þess ákvæðis felld niður enda talin óþörf. Eðlilegt er að

sparisjóðir annist sjálfir um að tryggja rétt sinn í þeim tilvikum sem um ræðir en sé ekki veittur lögbundinn réttur af þessu tagi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um innlausnarverð stofnfjárhluta með sama hætti og gert er í 2. mgr. 60. gr. gildandi laga um sparisjóði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Með frumvarpi þessu er ætlað að setja lög um viðskiptabanka og sparisjóði er komi í stað laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og laga nr. 87/1985, um sparisjóði, auk ýmissa laga um veðdeildir Landsbanka og Búnaðarbanka. Með því eru lög um viðskiptabanka og sparisjóði felld í einn bálk en fram að þessu hafa ávallt gilt tvenn aðskilin lög um þessar tegundir bankastofnanna. Þá er íslensk löggjöf um bankastofnanir löguð að gildandi lögum Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins, enda er frumvarpi þessu, verði það að lögum, ætlað að taka gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 8. gr. segir: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka". Núgildandi hliðstætt ákvæði er að finna í 2. gr. laga nr. 86/1985 og hljóðar svo: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eigum þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni." Með frumvarpinu er þessi síðari setning felld niður.

Núgildandi umrætt lagaákvæði um ríkisábyrgð á ríkisviðskiptabönkum hefur verið óbreytt í áratugi. Á því tímabili hefur það oft verið túlkað af stjórnvöldum á þann veg að ríkissjóður beri einfalda ábyrgð á erlendum skuldum viðskiptabanka ríkisins. Skv. 8. gr. laga nr. 37/1961, sbr. 2. gr. laga nr. 65/1988 um ríkisábyrgðir greiða viðskiptabankar ríkisins ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, þar með töldum ábyrgðum. Þegar Útvegsbanka Íslands var breytt í hlutafélag með lögum nr. 7/1987 tók ríkissjóður á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands, sbr. 6. gr. þeirra laga.

Með tilliti til þessa verður að álykta að núverandi lagagrein, 2. gr. laga nr. 86/1985, sé í raun nokkuð þrengri en hin nýja grein frumvarpsins en hins vegar hefur núverandi lagagrein jafnan verið túlkuð á þann veg af viðskiptabönkum ríkisins gagnvart erlendum lánveitendum þeirra að ríkissjóður beri ábyrgð á erlendum skuldbindingum þessara banka, þrátt fyrir umrætt núgildandi lagaákvæði. Orðalagsbreyting sú, sem að ofan getur, er því til þess fallin að taka af allan vafa í þessu efni.

Í X. kafla frumvarpsins er fjallað um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og sparisjóða. Þau ákvæði eru að mestu óbreytt frá núgildandi lögum. Sjóðirnir verða áfram tveir og gjald til þeirra nær óbreytt frá núgildandi lögum. Stefnt er að því (76. og 78. gr.) að ráðstöfunarfé tryggingarsjóðanna nái a.m.k. 1% af heildarinnlánum bankanna á innlánsreikningum. Slík innlán námu 148 milljörðum króna í lok september 1992 sem þýðir að

stefnt er að því að sjóðirnir til samans hafi eigi minna en um 1,5 milljarða króna í ráðstöfunarfé. Við sl. áramót námu niðurstöðutölur efnahagsreiknings Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1.074 m.kr. og Tryggingarsjóðs sparisjóða 168 m.kr., samtals 1.242 m.kr. Telja verður að fé þetta sé of lítið miðað við stærð innlánsstofnana og muni sjóðirnir ekki vera þess megnugir að bæta fyrir eignabrest innlánsstofnana nema í takmörkuðum tilfellum.

250. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1978, um geymslufé.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp frumvarps til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 9/1978, um geymslufé, geta menn fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuld sína á geymslureikning í „ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé". Einungis ríkisviðskiptabankar hafa því beina heimild til að taka við geymslufé samkvæmt þessum lögum. Hins vegar hafa aðrir viðskiptabankar og sparisjóðir notið samsvarandi heimilda samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og 35. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði.

Í áðurnefndu frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði er gert ráð fyrir að almennar heimildir þessara stofnana til móttöku geymslufjár verði felldar niður í trausti þess að ákvæði 1. gr. laga um geymslufé verði breytt með þeim hætti sem hér er lagt til. Þykir þessi breyting eðlileg þar sem hún er liður í lagahreinsun og horfir til aukins réttaröryggis. Ekki er um neina efnisbreytingu að ræða þar sem viðskiptabankar og sparisjóðir, þar með taldir ríkisviðskiptabankar, eru einu innlánsstofnanir sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum að taka við geymslufé frá almenningi. Því er ekki verið að þrengja heimildir til að taka við geymslufé frá því sem nú er.

Gildistaka frumvarpsins er miðuð við gildistöku samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Eins og fyrr sagði er frumvarp þetta fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þykir því eðlilegt að miða gildistöku þess við sama tímamark og þar er mælt fyrir um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé.

Frumvarp þetta fjallar um greiðslu skulda á geymslureikning í bönkum og sparisjóðum og hefur á engan hátt áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

251. Frumvarp til laga [210. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.
1. gr.

Lög þessi gilda um fyrirtæki og stofnanir sem veita almenningi fjármálaþjónustu, hér eftir nefndar fjármálastofnanir. Þær eru samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóðir.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir.
5. Hérlend útibú erlendra fjármálastofnana sem hafa með höndum starfsemi skv. 1.–4. tölul.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 7. og 8. gr. laganna gildi einnig um aðra aðila sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að notuð verði til að þvætta peninga.

2. gr.

Fjármálastofnun skal ekki í starfsemi sinni taka þátt í að varðveita, yfirfæra eða hagnýta eign eða breyta henni úr einu eignarformi í annað þegar vitneskja eða rökstuddur grunur er til staðar um að rekja megi uppruna eignar til refsiverðs verknaðar.

II. KAFLI
Hlutverk fjármálastofnana.
3. gr.

Við upphaf viðskiptasambands skal starfsmaður fjármálastofnunar krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.

Einnig skal krefjast þess að viðskiptamaður framvísi persónuskilríkjum þegar hann á

í viðskiptum með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma er viðskiptin eiga sér stað eða viðskiptin fara fram í einni eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri skal krefjast framvísunar persónuskilríkja um leið og vitneskja fæst um fjárhæðina og ljóst er að hún er hærri en að framan greinir.

Ef grunur leikur á að rekja megi uppruna eignar til refsiverðs verknaðar skal krefjast þess af viðskiptamanni að hann framvísi persónuskilríkjum þótt um sé að ræða viðskipti með lægri fjárhæð en skv. 2. mgr.

4. gr.

Þegar viðskiptaaðili er fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf ekki að krefjast persónuskilríkja skv. 3. gr. Það sama gildir þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi í nafni viðskiptaaðila í sambærilegri stofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins nema grunur leiki á að viðskiptin tengist refsiverðum verknaði.

5. gr.

Hafi starfsmaður fjármálastofnunar vitneskju eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

6. gr.

Fjármálastofnun skal varðveita ljósrit af persónuskilríkjum þeim sem krafist er skv. 3. gr. eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum eða viðskiptasambandi lýkur.

7. gr.

Fjármálastofnun skal láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðs verknaðar og tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara eða lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, skal láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna rannsóknarinnar.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til refsiverðs verknaðar þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal ríkissaksóknara tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

8. gr.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu fjármálastofnunar, eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki frá stofnuninni vitneskju um að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um refsiverðan verknað.

9. gr.

Fjármálastofnun skal hafa innra eftirlit sem miðar að því að hindra að stofnunin sé notuð til viðskipta sem tengjast afbrotum. Í þeim tilgangi skal stofnunin m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Fái bankaeftirlit Seðalbanka Íslands eða Tryggingaeftirlit í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast refsiverðum verknaði eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist refsiverðum verknaði skal það tilkynnt til ríkissaksóknara.

11. gr.

Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum telst það ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum.

12. gr.

Fjárhæð skv. 2. mgr. 3. gr. skal bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Seðlabanki Íslands auglýsir fjárhæðina í Lögbirtingablaði, miðað við 1. janúar ár hvert.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot á ákvæðum 3., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. varða sektum. Vanræksla á að láta ríkissaksóknara eða lögreglu í té upplýsingar skv. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. varðar einnig sektum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt.

15. gr.

Lög þessi taka gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. Ákvæði 9. gr. öðlast gildi sex mánuðum síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Á síðustu árum hafa ýmsar alþjóðlegar aðgerðir beinst að því að efla baráttu gegn peningaþvætti.

Á sviði refsiréttar er þar um að ræða samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem samþykktur var í Vín 19. desember 1988 sem m.a. gerir kröfu til að þvætti peninga, sem fengnir eru fyrir ólöglega meðferð ávana- og fíkniefna, sé gert refsivert. Á vettvangi Evrópuráðsins var þetta samstarf útvíkkað með samningi frá 8. nóvember 1989 um þvætti á illa fengnu fé og um hald, leit og upptöku ávinnings af afbrotum en samkvæmt honum er alþjóðlegt samstarf ekki bundið við peningaþvætti vegna fíkniefnabrota heldur vegna allra refsiverðra brota.

Hvorugur samningurinn hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu en Evrópuráðssamningurinn hefur verið undirritaður.

Á fjármálasviðinu hafa verið gerðar ýmsar alþjóðlegar ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til peningaþvættis. Upphafið má rekja til ályktunar Evrópuráðsins frá 27. júní 1980, nr. R (80) 10, „on measures against the transfer and the safekeeping of funds of criminal origin". Í desember 1988 samþykkti Basel-nefndin um bankaeftirlit, sem starfar á vegum „Bank of International Settlement", meginreglur í þessu skyni. Á fundi leiðtoga sjö helstu iðnríkja heims í París í júlí 1989 var ákveðið að setja á stofn alþjóðlegan vinnuhóp til að vinna að aðgerðum til að koma í veg fyrir misnotkun á bönkum og öðrum fjármálastofnunum við að koma illa fengnu fé eiturlyfjasala í umferð (FATF — Financial Action Task Force on Money Laundering). Vinnuhópurinn hefur samið 40 tillögur um aðgerðir þátttökuríkja í baráttu gegn peningaþvætti. Ísland gekk til samstarfs við þennan hóp í september 1991. Með inngöngu skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögunum.

Hinn 10. júní 1991 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar [sic]. Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að hafa lagað löggjöf sína að þessari gerð Evrópubandalagsins við gildistöku EES-samningsins.

Í framhaldi af því að Ísland hóf þátttöku í samstarfi innan FATF skipaði viðskiptaráðherra 7. október 1991 vinnuhóp til „að hrinda í framkvæmd tillögum alþjóðlegs starfshóps um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á bönkum og öðrum fjármálastofnunum við að koma illa fengnu fé í umferð". Í vinnuhópinn voru skipuð Unnur Gunnarsdóttir lögfræðingur, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, formaður, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneyti, Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og Ólafur Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka. Tryggvi Axelsson lét af störfum í vinnuhópnum um miðjan apríl 1992. Sæti hans tók Páll Ásgrímsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneyti.

Framangreindum starfshópi var síðar falið að semja frumvarp til að laga íslenska löggjöf að framangreindri tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 10. júní 1991 og er frumvarpið samið af honum.

II.
Peningaþvætti.

A. Orðið peningaþvætti.

Hugtakið peningaþvætti er nýyrði sem er ætlað að ná yfir það sem á ensku nefnist „Money Laundering". Leitast var við að ákveða fyrirbærinu sértækt heiti og að heitið fæli í sér athöfn sem menn vildu almennt ekki vera bendlaðir við. Unnið var að hugtakasmíðinni, m.a. í samvinnu við íslenskufræðinga Íslenskrar málstöðvar. Nefna má sem dæmi um önnur hugtök sem rædd voru: hvítþvott fjármuna, vöskun, peningaþvott, fóðrun á illa fengnu fé og hreinsun.

Hugtakið peningaþvætti varð ofan á fyrir þá kosti m.a. að það gefur möguleika á notkun sagnorðsins að þvætta og gerendaheitisins þvættir. Það má nota hvort heldur er með forskeytinu peninga- eða án þess eða með öðrum forskeytum. Sögnin að þvætta þekktist í fornu máli og merkti að þvo eða þvæla. Sú merking þykir góð lýsing á þeim verknaði sem gera á refsiverðan. Þá er hugtakið gott þegar þýða á úr erlendum málum sem varða þessi atriði og má þar til nefna heitið á áðurnefndum Evrópuráðssamningi frá

1989 sem heitir á ensku „Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds of Crime".

B. Hvað er peningaþvætti?

Peningaþvætti er hugtak sem ekki hefur verið skilgreint í íslenskum rétti.

Í tilskipun EB um aðgerðir gegn peningaþvætti er hugtakið skilgreint með eftirfarandi hætti:

— Ummyndun eða yfirfærsla á eignum þegar vitað er að slíkar eignir eru til komnar vegna afbrota eða vegna þátttöku í slíkri starfsemi í þeim tilgangi að hylma yfir eða leyna ólögmætum uppruna eignarinnar eða aðstoð við hvern þann, sem á þátt í slíkri starfsemi, í að sneiða hjá lögfylgjum athafna sinna,
— yfirhylming eða launung að því er varðar raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi yfir eða eignarrétt eigna þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,
— öflun, umráð eða notkun eignar þegar vitað er við móttöku að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,
— þátttaka í, samtök um, tilraunir til, liðveisla, hvatning, fyrirgreiðsla eða ráðgjöf við framningu sérhverra þeirra athafna sem nefndar eru í undanfarandi málsgreinum.

Í tilskipuninni er miðað við að um ásetning sé að ræða.

Tilskipunin miðar við að þau „afbrot", sem falla undir hana, séu þau sömu og tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 3. gr. í Vínarsamningnum frá 1988. Aðildarríkjunum er þar að auki látið eftir að skilgreina hvaða aðrir refsiverðir verknaðir geti fallið undir tilskipunina. Í inngangi að tilskipuninni kemur fram að peningaþvætti á sér ekki einungis stað í tengslum við ágóða af fíkniefnaviðskiptum heldur einnig ágóða af annarri afbrotastarfsemi, t.d. skipulögðum afbrotum (mafíustarfsemi) og hryðjuverkum, og því sé mikilvægt að aðildarríkin láti ákvæði tilskipunarinnar einnig ná til ágóða af slíkri brotastarfsemi.

Í frumvarpinu er ekki skilgreint hvað átt er við með peningaþvætti heldur er í 2. gr. því almennt lýst hvernig hætta er á að fjármálastofnanir geti verið notaðar til að þvætta peninga en jafnframt er vísað til refsilöggjafarinnar varðandi það um hvaða refsiverða verknaði geti verið að ræða. Ekki er talið þjóna tilgangi að skilgreina í þessum lögum um hvaða refsiverða verknaði geti verið að ræða, m.a. vegna þess að í ýmsum tilvikum getur verið erfitt að meta hvort um sé að ræða viðskipti sem falli undir peningaþvætti, enda er ekki tilgangurinn að einstakir starfsmenn fjármálastofnana meti frá hvaða refsiverða verknaði viðskipti stafi. Slíkt mat krefst lögfræðiþekkingar og fellur fyrir utan þær skyldur og hlutverk sem starfsmenn fjármálastofnana eiga að sinna.

Í framhaldi af framlagningu frumvarps þessa verður á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagt verður til að refsiákvæði, eins og Vínarsamningurinn gerir ráð fyrir, verði lögleitt.

III.
Tilskipun EB um peningaþvætti.

Tilgangurinn með tilskipun ráðs Evrópubandalagsins um peningaþvætti er að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að reyna að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta ábata af brotastarfsemi og að hindra að aukið frelsi í fjármagnsflutningum og rétti til að veita fjármálaþjónustu, sem hið óskipta fjármálasvæði felur í sér, verði notað til peningaþvættis. Ef fjármálastofnanir eru notaðar til að þvætta ágóða

af brotastarfsemi getur það dregið úr festu og stöðugleika viðkomandi stofnunar og trúverðugleika fjármálakerfisins í heild og það þannig glatað trausti almennings.

Ákvæði tilskipunarinnar eru lágmarkskröfur. Það þýðir að einstök ríki geta sett strangari reglur en fram koma í tilskipuninni. Strangari reglur mega þó ekki hafa í för með sér mismunun.

Ákvæði tilskipunarinnar taka til lána- og fjármálastofnana eins og þær eru skilgreindar í tilskipuninni. Fjármálastofnunum er gert skylt að kanna hver viðskiptaaðilinn sé í reynd og einnig að kanna og tilkynna um viðskipti þegar grunur leikur á að um peningaþvætti sé að ræða. Til þess að sinna þessum skyldum skulu fjármálastofnanir setja reglur um innra eftirlit og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að kynna starfsmönnum hennar hvernig varast eigi að fjármálastofnanir verði notaðar til peningaþvættis.

Samkvæmt tilskipuninni skal tryggt að upplýsingar, sem fjármálastofnun gefur í góðri trú, skuli ekki teljast brot á ákvæðum um þagnarskyldu og feli því ekki í sér neina ábyrgð fyrir viðkomandi stofnun eða starfsmenn hennar. Þá skal tryggt að hægt verði að láta ákvæði tilskipunarinnar gilda einnig um önnur fyrirtæki eða starfsgreinar, að hluta eða í heild, sem líkleg eru vegna starfsemi sinnar til að verða notuð til að þvætta peninga.

Hvert aðildarríki skal tryggja að farið sé eftir ákvæðum tilskipunarinnar og í þeim tilgangi setja refsiákvæði.

IV.
Almennt um frumvarpið.

Frumvarpið byggir á ákvæðum tilskipunar Evrópubandalagsins sem fyrr er getið og gildir um fjármálastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. Eins og áður er komið fram er peningaþvætti ekki skilgreint í íslenskum rétti. Frumvarpið byggir því á að aðgerðir og viðbrögð starfsmanna fjármálastofnana miðist við viðskipti sem grunur leikur á að falli almennt undir refsilöggjöfina.

Til að fyrirbyggja að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta peninga er lagt til að þær komi á innra eftirliti og veiti starfsmönnum sérstaka þjálfun til að greina þau viðskipti þar sem um peningaþvætti getur verið að ræða.

Þá er lagt til að í upphafi viðskiptasambands verði viðskiptamanni gert skylt að sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja. Krafa um framvísun skilríkja gildir einnig þegar um er að ræða viðskipti með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr.

Þegar grunur leikur á að viðskipti megi rekja til refsiverðs verknaðar skal fjármálastofnun rannsaka viðkomandi viðskipti nánar og jafnframt er lagt til að slík viðskipti verði tilkynnt til ríkissaksóknara. Þegar upplýsingar eru gefnar í góðri trú samkvæmt ákvæðum laganna telst það ekki brot á þagnarskyldu viðkomandi starfsmanna.

Lagt er til að fyrir brot á skyldum samkvæmt lögunum verði refsað með sektum og að heimilt verði þegar brot er framið í starfsemi lögaðila að sekta lögaðilann hvort heldur er ásamt viðkomandi starfsmanni eða eingöngu lögaðilann án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðila eða ekki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið ákvarðar til hvaða aðila frumvarpið nær til. Samkvæmt 1. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um aðgerðir gegn peningaþvotti [sic] skal það gilda um lána- og fjármálastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE, sbr. tilskipun 89/646/EBE og 2.–12. og 14. atriði í skránni í viðauka við tilskipun 89/646/EBE,

vátryggingafélög sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun 79/267/EBE, sbr. tilskipun 90/619/EBE (líftryggingafélög), og útibú fjármálastofnana sem staðsett eru innan bandalagsins en hafa aðalstöðvar utan þess. Þau fyrirtæki og stofnanir, sem 1. gr. tiltekur, teljast svara til þeirra stofnana sem framangreindar tilskipanir fjalla um og starfa hér á landi.

Í frumvarpinu er lagt til að samheitið fjármálastofnun verði notað yfir þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir ákvæði þess. Með þessu er ekki verið að skilgreina hugtakið almennt í þessum lögum, þannig að hafi fordæmisgildi við notkun þess í öðru samhengi. Vakin skal athygli á því að í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er hugtakið fjármálastofnun notað, t.d. í 27. gr. Í athugasemdum með 27. gr. þess frumvarps er leitast við að skilgreina hugtakið og fer sú skilgreining ekki í öllum atriðum saman við skilgreininguna sem notuð er hér.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði þess gildi einnig um líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóði en ekki almennt um vátryggingafélög og lífeyrissjóði og er það gert í samræmi við lágmarkskröfur tilskipunarinnar sem fyrr er nefnd.

Varðandi útibú erlendra fjármálastofnana er rétt að vekja athygli á því að sé um að ræða útibú stofnunar, sem hefur höfuðstöðvar í einhverju aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, er gengið út frá því að fjármálastofnunin þurfi að hlíta sams konar skyldum og frumvarp þetta leggur á fjármálastofnanir, en sé hins vegar um að ræða útibú fjármálastofnunar sem hefur höfuðstöðvar í ríki utan EES þarf slík stofnun starfsleyfi hér á landi sem m.a. gerir kröfu til að viðkomandi útibú fullnægi ákvæðum laga þessara.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvæði 7. og 8. gr. frumvarpsins um tilkynningar að eigin frumkvæði til ríkissaksóknara, um upplýsingagjöf til lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, og skyldu til að veita viðskiptamanni eða öðrum utanaðkomandi aðila ekki upplýsingar um að ríkissaksóknara hafi verið tilkynnt um grunsemdir eða að rannsókn sé hafin nái einnig til annarra aðila sem líklegir eru taldir til að verða notaðir til að þvætta peninga. Lagt er til að ráðherra ákveði í reglugerð til hvaða aðila ákvæðin skuli ná. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að starfsstéttir eins og lögmenn, löggiltir endurskoðendur, fasteigna- og bílasalar og listmunauppbjóðendur koma helst til skoðunar. Þessar starfsstéttir eiga það sameiginlegt að í starfa þeirra getur falist að fara með háar fjárhæðir í umboði skjólstæðinga sinna eða þær eru í aðstöðu til að fylgjast með viðskiptum annarra. Þetta ákvæði er sett í frumvarpið í samræmi við ákvæði áðurnefndrar tilskipunar.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna þá meginreglu að fjármálastofnanir skuli ekki af ásetningi taka þátt í peningaþvætti. Í ákvæðinu er því almennt lýst hvernig hætta er á að fjármálastofnanir geti verið notaðar til að þvætta peninga.

Í tilskipun EB er hugtakið eign skilgreint svo: eignir af öllu tagi, hvort sem þær eru áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, lausafjármunir eða fasteignir, rekstrarfjármunir eða óefnislegar eignir, lagaskjöl eða skjöl sem sanna eign eða réttindi sem tengjast slíkum eignum.

Um 3. gr.

Lagt er til að starfsmaður fjármálastofnunar krefjist þess af viðskiptaaðila að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja við upphaf viðskiptasambands. Ákvæðið á jafnt við um einstaklinga og lögaðila. Með persónuskilríkjum er átt við hvert það skjal sem sannar deili á viðskiptavini og skrá má upplýsingar úr eða varðveita í sam-

ræmi við 5. gr. Í flestum tilvikum yrði um að ræða persónuskilríki með mynd sem gefin eru út af opinberum aðilum, svo sem vegabréf, nafnskírteini eða ökuskírteini.

Bankaviðskipti og önnur viðskipti fjármálastofnana fara í æ ríkara mæli fram vélrænt, þ.e. án þess að starfsmaður viðkomandi fjármálastofnunar og viðskiptamaðurinn ræðist við augliti til auglitis. Krafa ákvæðisins um staðfestingu á því hver viðskiptamaður er á jafnt við um þessi tilvik, en fjármálastofnanirnar verða að meta það eftir aðstæðum hverju sinni með hvaða hætti þær fá fram upplýsingarnar.

Með orðunum upphaf viðskiptasambands er átt við að á þeim tíma, sem viðskipti hefjast, sé fyrirsjáalegt að samband aðilanna muni halda áfram. Öll viðskipti, sem í eðli sínu eru viðvarandi, falla undir þetta, svo sem stofnun bankareiknings, fjárvörslureiknings, leiga á geymsluhólfi eða líftryggingasamningur. Hér býr að baki hugmyndin um að fjármálastofnanir geti lagt fram til rannsóknar á peningaþvættismáli skjalfestar upplýsingar um fasta viðskiptaaðila sína. Starfsmenn fjármálastofnana skulu annaðhvort skrá upplýsingar úr skilríkjunum eða varðveita ljósrit þeirra skv. 5. gr. frumvarpsins.

2. mgr. á við um viðskipti annarra en fastra viðskiptaaðila skv. 1. mgr. Ákvæðið tekur til einstakra viðskiptagerninga sem á þeim tíma, sem viðskiptin gerast, leiða ekki til áframhaldandi sambands aðilanna. Dæmi um þetta er þegar maður fer í banka til að kaupa eða selja gjaldeyri eða selur verðbréf öðru hverju en hefur ekki reikning við bankann.

Samkvæmt 3. mgr. skal alltaf krefjast skilríkja af viðskiptaaðila sem ekki er fastur viðskiptavinur ef starfsmenn fjármálastofnunar grunar að uppruna eignar megi rekja til refsiverðs verknaðar. Hér er ekki gerð krafa um að starfsmenn myndi sér skoðun á því hvers kyns afbrot gæti verið um að ræða. Slíkt krefðist sérþekkingar á refsilöggjöf sem ekki er ætlunin að leggja á starfsmenn fjármálastofnana að afla sér.

Um 4. gr.

Ekki er talin þörf á að starfsmenn fjármálastofnana krefjist skilríkja skv. 3. gr. þegar viðskiptaaðilinn er fjármálastofnun sem hlíta þarf sambærilegum kröfum um öryggisráðstafanir og samvinnu við lögregluyfirvöld, en gengið er út frá því að svo sé um allar fjármálastofnanir sem fengið hafa starfsleyfi í aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis.

Það sama á við þegar fjármálastofnun berst beiðni um tiltekna þjónustu við fastan viðskiptaaðila annarrar fjármálastofnunar sem hefur sömu skyldur varðandi skráningu viðskiptamanna sinna. Í framkvæmd mun helst reyna á þetta ákvæði þegar einhver sem ekki er fastur viðskiptamaður fjármálastofnunar greiðir með tékka eða debetkorti. Í þeim tilvikum er litið svo á að viðkomandi fjármálastofnun geti treyst því að viðskiptamaðurinn hafi sýnt fram á það hver hann er með framvísun persónuskilríkja þegar tékkareikningurinn var opnaður eða samningur um debetkort gerður. Undanþágan gildir að sjálfsögðu ekki ef starfsmenn fjármálastofnunar hafa ástæðu til að ætla að viðskiptin tengist refsiverðum verknaði.

Í tilskipun EB er einungis gert ráð fyrir að sú undanþága, sem í 4. gr. er lagt til að gildi um framvísun persónuskilríkja, taki til nánar tiltekinna líftryggingasamninga og lífeyrissjóðssamninga. Talin var ástæða til þess að útvíkka þessa undanþágu hér á landi þannig að hún taki til viðskipta almennt, en það á sér hliðstæðu í dönsku og sænsku frumvarpi um sama efni.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að hafi starfsmaður fjármálastofnunar vitneskju eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skuli viðskiptamaðurinn krafinn upp-

lýsinga um hver sá þriðji maður sé. Neiti viðsemjandinn að svara slíkri spurningu mundi það teljast grunsamlegt og í flestum tilvikum vera tilefni til tilkynningar til ríkissaksóknara.

Um 6. gr.

Lagt er til að fjármálastofnunum sé gert skylt að varðveita ljósrit persónuskilríkja sem krafist er skv. 3. gr. eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim í a.m.k. fimm ár frá því að eintökum viðskiptum eða föstu viðskiptasambandi lýkur. Nauðsynlegt er að upplýsingarnar verði aðgengilegar með þeim hætti að þær megi leggja fram sem sönnunargagn í opinberu máli. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra ákveði nánar í reglugerð, sbr. 13. gr., með hvaða hætti varðveisla skal vera og hvað teljist fullnægjandi upplýsingar. Gera má ráð fyrir að skrá þurfi, t.d. í tölvu, fullt nafn viðkomandi viðskiptavinar, kennitölu og staðfestingu starfsmanns á að hann hafi skoðað persónuskilríki, hvaða persónuskilríkjum var framvísað og númer þeirra.

Samkvæmt tilskipun EB er jafnframt gerð krafa um að varðveitt séu í sama tilgangi og jafnlengi, sönnunargögn og skráningargögn um öll viðskipti. Hér er ekki lagt til að þetta ákvæði verði lögleitt með þessum hætti því talið er að 9. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald, sbr. 16. gr. sömu laga, leiði til að þessari kröfu sé þegar fullnægt hér á landi.

Um 7. gr.

Í 1. mgr er lagt til að sú skylda hvíli á stjórnendum og starfsmönnum fjármálastofnana að öll viðskipti, sem vekja grun um að þau megi rekja til refsiverðs verknaðar, verði athuguð gaumgæfilega með það í huga hvort tilkynna skuli um þau til ríkissaksóknara eða ekki. Fjármálaviðskipti fara nú orðið fram að miklu leyti „elektróníska" og er því nánast ógerlegt að athuga sérstaklega hvern einstakan viðskiptagerning um leið eða áður en hann er gerður. Í framkvæmd snýst þetta í slíkum tilvikum um að rannsaka viðskipti sem þegar hafa farið fram. Slík athugun getur leitt í ljós samband á milli ólíkra viðskiptaaðgerða sem hver um sig sýnist eðlileg og leiðir til þeirrar ályktunar að viðskiptin í heild gætu stafað frá refsiverðum verknaði og því beri fjármálastofnunum að tilkynna um þau til ríkissaksóknara.

Hér er ekki gerð krafa um að starfsmenn myndi sér skoðun á því hvers konar afbrot liggur að baki peningaþvætti. Tilkynningarskyldan er fyrir hendi í öllum tilvikum þegar grunur leikur á að viðskipti megi rekja til refsiverðs verknaðar. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra muni ákveða nánar í reglugerð með hvaða hætti slíkar tilkynningar skuli vera og gefa leiðbeiningar um að hvaða atriðum beri að hyggja við mat á óvenjulegum og grunsamlegum viðskiptum.

Í 1. mgr. er jafnframt lagt til að fjármálastofnanir veiti lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, allar upplýsingar sem hún eða ríkissaksóknari óskar eftir. Efni ákvæðis þessa er nýmæli. Samkvæmt gildandi rétti þarf dómsúrskurð til að aflétta bankaleynd vegna rannsóknar opinbers máls. Ákvæðið leiðir þó ekki til breyttrar framkvæmdar nema þegar um rannsókn peningaþvættismáls er að ræða.

Í síðasta málslið 1. mgr. 7. gr. segir að láta skuli í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru taldar, vegna rannsóknarinnar. Ætlunin er að skírskota til þeirrar aðstöðu sem gæti komið upp að ákvörðun um hvað teljist nauðsynlegar upplýsingar verði tekin sameiginlega af lögreglu og starfsmanni fjármálastofnunar. Þetta gerist þegar sérþekking starfsmanns fjármálastofnunar verður lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, til leiðbeiningar um hvaða upplýsinga ástæða er til að óska eftir. Það verður þá ávallt end-

anleg ákvörðun rannsóknaraðila hvaða upplýsingar eru taldar nauðsynlegar í þágu rannsóknar.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á stjórnendur, starfsmenn og aðra sem vinna í þágu fjarmálastofnunar að segja ekki frá því að tilkynning um grunsemdir hafi verið send ríkissaksóknara eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um refsiverðan verknað. Með „aðrir sem vinna í þágu fjármálastofnunar" er t.d. átt við löggilta endurskoðendur fjármálastofnunar. Þagnarskyldan gildir bæði gagnvart hinum grunaða viðskiptamanni og öllum utanaðkomandi aðilum. Athuga skal að eftirlitsaðilar skv. 10. gr. teljast ekki utanaðkomandi aðilar í þessu sambandi.

Um 9. gr.

Ákvæðið skyldar fjármálastofnanir til að hafa innra eftirlit sem miði að því að hindra að stofnunin sé notuð til viðskipta sem tengjast afbrotum. Slíkt innra eftirlit gæti m.a. falist í því að fjármálastofnun útnefni sérstakan starfsmann meðal stjórnenda stofnunarinnar sem beri ábyrgð á því hvernig lögum þessum verði framfylgt innan hennar. Eðlilegt er að slíkur starfsmaður hafi með höndum ákvarðanir um það í hvaða tilvikum tilkynning verður send ríkissaksóknara.

Fjármálastofnun skal sjá til þess að starfsmenn hennar þekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra með þessum lögum og hver viðurlögin eru ef þau eru brotin. Það er hverri fjármálastofnun í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að fræðslu og þjálfun starfsmanna sinna, en þó er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákveðin lágmarksatriði hvað þetta varðar.

Um 10. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Tryggingaeftirlitið hafa sömu skyldur og fjármálastofnanirnar um að gera ríkissaksóknara viðvart komist starfsmenn þeirra að einhverju sem bent getur til refsiverðs verknaðar. Í þessari kröfu felst jafnframt skylda eftirlitsaðilanna til að kanna sérstaklega sem lið í reglubundnu eftirliti hvernig innra eftirliti er háttað skv. 9. gr.

Um 11. gr.

Lagafrumvarp þetta afléttir lögbundinni þagnarskyldu samkvæmt almennum ákvæðum í þeim tilvikum sem frumvarpið tilgreinir. Þá felst í ákvæðinu að samningur um þagnarskyldu getur aldrei komið í veg fyrir skyldu til að veita ríkissaksóknara og lögreglu upplýsingar samkvæmt frumvarpinu. Þetta á jafnt við um fjármálastofnanir og aðra aðila skv. 2. mgr. 1. gr., stjórnendur þeirra og starfsmenn.

Um 12. gr.

Fjárhæðinni skv. 2. mgr. 3. gr. er ætlað að samsvara 15.000 ECU á hverjum tíma, en það eru lágmarkskröfur samkvæmt tilskipun EB. Lagt er til að fjárhæðin taki breytingum einu sinni á ári og er Seðlabanka Íslands falið að ákvarða hana og auglýsa í Lögbirtingablaði.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í tilskipun EB nr. 91/308 eru ákvæði um að aðildarríkin setji í lög refsiákvæði til að tryggja að farið verði eftir ákvæðum hennar.

Í greininni er lagt til að það varði sektum að uppfylla ekki þær skyldur sem frumvarpið kveður á um. Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um hlutræna refsiábyrgð lögaðila þar sem það á við. Í þessu tilfelli þykir slíkt eðlilegt til að hvetja lögaðila til að sjá til þess að starfsmenn hans uppfylli þær skyldur sem frumvarpið leggur á þá.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Með frumvarpi þessu er verið að laga íslensk lög að lögum annarra þjóða til að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til að dylja slóð fjármuna sem fengnir eru með ólöglegum hætti. Er hér um alþjóðlegt samstarf að ræða sem ekki aðeins nær til ríkja Evrópuráðsins heldur til flestra iðnríkja heims.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér meiri háttar bein útgjöld fyrir ríkissjóð. Eftirlitsskylda bankastofnana mun aukast og sömuleiðis eftirlitsumfang bankaeftirlits Seðlabanka Íslands svo og Tryggingaeftirlits. Tvær hinar síðarnefndu stofnanir eru ekki kostaðar beint af ríkissjóði. Bankaeftirlitið er kostað af Seðlabanka Íslands og kostnaður við það kemur niður á rekstrarafgangi bankans og því á hlut ríkissjóðs í þeim afgangi. Í fjárlögum er ætlast til að Tryggingaeftirlitið sé kostað að fullu af sértekjum og skili auk þess nokkrum afgangi þannig að ekki er búist við að frumvarp þetta skapi ríkissjóði fjárskuldbindingar á þeim vettvangi.

252. Frumvarp til laga [211. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Sementsverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Í þessu skyni skal bæjarfógetinn á Akranesi skipa þriggja manna matsnefnd og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað.

Félagið annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.

6. gr.

Við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

7. gr.

Fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

8. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru

leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Iðnaðarráðherra skal skipa undirbúningsnefnd til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 1. júlí 1993.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1994 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur áður verið lagt þrívegis fram á Alþingi.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag, þó þannig að ríkið verði eigandi allra hlutabréfa og að sala þeirra geti aðeins komið til með samþykki Alþingis. Frumvarpið byggir að stofni til á frumvarpi sem unnið var í iðnaðarráðuneytinu árið 1987, en með nokkrum veigamiklum breytingum. Í fyrsta lagi er kveðið skýrt á um að sala hlutabréfa geti aðeins komið til ef Alþingi veitir til þess samþykki. Í öðru lagi er kveðið á um sérstaka samráðsfundi verksmiðjustjórnar og bæjarstjórnar Akranesbæjar. Í þriðja lagi er kveðið á um að sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnenda starfi við verksmiðjuna. Loks er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að sérstök undirbúningsnefnd vinni að undirbúningi stofnfundar sem fari fram um leið og hlutafélagið yfirtaki rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í framhaldi af því er tók við rekstri Gutenberg 1. janúar 1990. Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins eru þær sömu og giltu um Gutenberg.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Á árinu 1991 voru seld 108.758 tonn af sementi. Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan blöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í allt sement, en rykið er síað úr útblæstri verksmiðjunnar. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því

að auka notkunarsvið steinsteypu. Erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar var í upphafi slæm. Stafaði það af þungri skuldabyrði og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar, en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta, en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin á greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt auk fasteignagjalda. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1991 var 2,655 millj. kr., en alls greiddi verksmiðjan 10,620 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan hefði greitt aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið sæmilega flest undanfarin ár og eiginfjárstaðan batnað verulega. Í árslok 1991 var eigið fé verksmiðjunnar um 873 millj. kr. miðað við 772 millj. kr. árið áður. Rekstrartekjur námu 759 millj. kr. árið 1991 og höfðu þá dregist saman um 1,6% frá árinu áður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi.

Við þá formbreytingu, sem verður á rekstri verksmiðjunnar ef frumvarp þetta verður að lögum, breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, réttindi þeirra verða tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi ár hvert.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög, nr. 62/1973, eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta

á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags, en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eign ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Matið verði framkvæmt af óháðri nefnd sem bæjarfógetinn á Akranesi kveður til. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er; þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að laga hlutverk félagsins eftir aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari

ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með sama hætti og tíðkast hjá hlutafélögum.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að starfsmenn verksmiðjunnar eigi möguleika á að hafa eðlileg áhrif á þá þætti í rekstri hennar sem þá varðar sérstaklega. Því er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá stjórn og þremur fulltrúum starfsmanna. Þetta ákvæði er samhljóða 12. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 7. gr.

Þar sem áhrifa af starfsemi Sementsverksmiðjunnar gætir mjög á Akranesi, sérstaklega í sambandi við atvinnu- og umhverfismál, er eðlilegt að setja um það skýr ákvæði að haldnir verði samráðsfundir milli forsvarsmanna hlutafélagsins og Akraneskaupstaðar.

Um 8. gr.

Sementsverksmiðjan er eitt af stærstu fyrirtækjum ríkisins og eini aðilinn sem framleiðir sement hér á landi. Eðlilegt er því að Alþingi fjalli um hugsanlega sölu hlutabréfa í fyrirtækinu áður en af henni verður.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi undirbúningsnefnd sem annist nauðsynlega samningsgerð fyrir væntanlegt hlutafélag og leggi fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem sé haldinn áður en breytingin á sér stað.

Um 10. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhlut ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 11. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1994. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Með þessu frumvarpi er ríkisfyrirtæki í framleiðslustarfsemi gert að hlutafélagi og rekstursform þess fært til þess horfs sem tíðkast á meðal fyrirtækja í einkaeign. Þó gert sé ráð fyrir að ríkissjóður eigi í fyrstu öll hlutabréf í hinu nýja félagi og því aðeins um formbreytingu að ræða þá eru áhrif hennar veruleg. Þar má m.a. nefna að fyrirtækið verður skyldað til að hafa reikningsskil á sama formi og önnur hlutafélög. Skattgreiðslur fyrirtækisins verða með sama sniði og hjá öðrum félögum. Enn fremur má ætla að gerðar verði arðsemiskröfur til þessa fyrirtækis líkt og til annarra hlutafélaga og þar með eykst fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda þess.

Í 4. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis að fastráðnum starfsmönnum Sementsverksmiðju ríkisins skuli boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja félagi og því eigi 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ekki við. Væntanlega er þar átt við biðlaunarétt skv. 1. mgr. téðrar greinar.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, munu þeir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins, er flytjast til hins nýja félags, áfram eiga rétt á að tilheyra Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Sementsverksmiðja ríkisins hefur til þessa greitt verðábyrgð á lífeyri þeirra starfsmanna sem komnir eru á eftirlaun. Á þessu ári mun greiðslan nema um 6 m.kr. Ef til einkavæðingar verksmiðjunnar kemur verður að gera ráð fyrir að þessar greiðslur muni lenda á ríkissjóði þar sem frumvarpið gerir hvergi ráð fyrir að hlutafélag um Sementsverksmiðju eigi að bera þær.

Með hliðsjón af nýlegri tryggingarfræðilegri úttekt á stöðu Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna við árslok 1989 má ætla að ábyrgð þessi þýði að ríkissjóður verði að greiða 16,4% ofan á laun starfsmanna á ári hverju meðan þeir eru í starfi til viðbótar við þau 10% sem launþegar og atvinnurekendur greiða, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur starfsmenn ríkisins. Er þá miðað við tilteknar forsendur, svo sem um raunávöxtun og lífslíkur sjóðfélaga.

Í 6. gr. er fjallað um samstarfsnefnd stjórnenda og starfsmanna verksmiðjunnar. Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins skal árlega „halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál". Óvenjulegt er að lögfesta ákvæði sem þessi og gætu þau verið til þess fallin að hafa áhrif á verðmæti hlutabréfa í félaginu við sölu þeirra.

253. Frumvarp til laga [212. mál]

um hönnunarvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnun samkvæmt lögum þessum merkir útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar í tví- eða þrívídd. Lögin taka ekki til hönnunar þegar aðeins er af tæknilegum ástæðum völ á einum möguleika varðandi útlit eða gerð vöru.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur samkvæmt lögunum öðlast einkarétt til hönnunar sem hagnýtt verður í atvinnulífi.

2. gr.

Einungis sérstæð hönnun nýtur verndar samkvæmt lögum þessum.

Sérstæð telst sú hönnun sem ekki hefur fyrir upphafsdag, sbr. 6. gr., verið gerð aðgengileg kunnáttumönnum á viðkomandi sviði og frá sjónarhóli notenda er, þegar á heildina er litið, verulega frábrugðin hönnun sem þeir þekkja.

3. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar:

1. ef hún eða notkun hennar brýtur gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. ef hún:
   a. felur heimildarlaust í sér einkenni eða merki sem um getur í 117. gr. almennra hegningarlaga eða einkenni sem eru svo lík öðrum merkjum eða einkennum sem aðrir eiga löglegt tilkall til að villast má á þeim og hönnuninni.
   b. felur heimildarlaust í sér ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- og sveitarfélaga eða opinber skoðunar- og gæðamerki.

4. gr.

Hönnunarvernd getur stofnast með tvennum hætti:

a. með skráningu á grundvelli umsóknar, sbr. 14. gr.,
b. með því að gera vöru, sem hönnunin einkennir, aðgengilega almenningi.

5. gr.

Í skráðri hönnunarvernd felst að aðrir en rétthafi mega ekki heimildarlaust framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, flytja inn eða safna birgðum af vöru sem frá sjónarhóli notenda er, þegar á heildina er litið, eins eða mjög lík hinni skráðu hönnun.

Í óskráðri hönnunarvernd felst að beina eftirlíkingu af hönnun má ekki framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, safna birgðum af né flytja inn án heimildar rétthafa.

6. gr.

Upphafsdagur skráðrar hönnunarverndar er umsóknardagur hér á landi, sbr. þó 4. mgr. 19. gr.

Upphafsdagur óskráðrar hönnunarverndar er sá dagur þegar hönnun verður fyrst aðgengileg almenningi.

7. gr.

Hafi sá er sækir um hönnunarvernd hér á landi á síðustu sex mánuðum fyrir umsóknardag sótt um vernd á sömu hönnun á grundvelli hönnunarlaga (mynsturlaga) eða laga um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri, enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Sama rétt eiga þeir sem sótt hafa um vernd á hönnun í ríki sem ekki er aðili að Parísarsamþykktinni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess um hönnunarvernd eða vernd smáeinkaleyfa eru í aðalatriðum í samræmi við samþykktina.

8. gr.

Hönnun getur talist sérstæð, sbr. 2. gr., þótt hún hafi birst almenningi allt að 12 mánuðum fyrir umsóknardag (griðtími), enda sé hún birt fyrir atbeina:

1. hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans,
2. aðila sem byggir á upplýsingum eða gjörðum hönnuðar.

9. gr.

Réttur til hönnunarverndar (hönnunarréttur) tilheyrir hönnuði eða þeim sem öðlast hefur rétt hans.

Hafi tveir eða fleiri aðilar unnið sameiginlega að hönnun tilheyrir hönnunarverndin þeim sameiginlega.

Hafi tveir eða fleiri sjálfstæðir aðilar án þess að vita hver af öðrum unnið að sams konar eða mjög svipaðri hönnun sem hver í sínu lagi uppfyllir skilyrði 2. gr. skal:

a. réttur til óskráðrar hönnunar tilheyra hverjum hönnuði fyrir sig, en
b. réttur til skráðrar hönnunar tilheyra þeim er fyrstur lagði inn umsókn um skráningu.

Sé krafist forgangsréttar skv. 7. gr. skal taka mið af forgangsréttardegi varðandi mat á rétti til skráðrar verndar, sbr. b-lið 3. mgr.

10. gr.

Nú hefur rétthafi, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða annar aðili notað í atvinnuskyni hér á landi sömu eða mjög svipaða hönnun er annar hefur fengið verndaða með skráningu. Er honum þá heimilt að halda sömu hagnýtingu áfram að því tilskildu að hann hafi verið í góðri trú og að hagnýting hafi hafist áður en umsókn um vernd á hinni skráðu hönnun var lögð inn. Sama á við um þann sem undir sömu kringumstæðum hafði gert verulegar ráðstafanir til að hagnýta hönnunina í atvinnuskyni hér á landi.

Réttur skv. 1. mgr. telst hluti af viðkomandi atvinnustarfsemi og verður ekki framseldur einn sér.

11. gr.

Sá sem telur sig eiga tilkall til hönnunarverndar, sbr. 9. gr., er sótt hefur verið um skráningu á eða skráð hefur verið á nafn annars aðila getur krafist þess fyrir dómi að

skráningin verði færð á hans nafn. Sá sem á rétt á að vera skráður sem meðeigandi hönnunarverndar getur krafist þess að vera skráður sem slíkur.

Mál skv. 1. mgr. skal höfða innan tveggja ára frá því skráning er birt í riti skráningaryfirvalda, sbr. 5. mgr. 13. gr. Frestur þessi á ekki við ef eiganda skráðrar hönnunar var kunnugt um að hann ætti ekki löglegt tilkall til hönnunarverndarinnar er hún var skráð eða framseld honum.

Í hönnunarskrá, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal getið um málshöfðun skv. 2. mgr. og niðurstöðu máls.

Verði eigendaskipti á skráðri hönnunarvernd á grundvelli dóms, sbr. 1. mgr., falla nytjaleyfi og önnur réttindi niður við skráningu hins nýja rétthafa. Eigendaskipta skal getið í hönnunarskrá.

Hafi skráður rétthafi hönnunarverndar eða nytjaleyfishafi notað hönnunina eða gert ráðstafanir þar að lútandi áður en mál skv. 1. mgr. er höfðað er viðkomandi heimilt að halda áfram notkun að því tilskildu að hann innan tveggja mánaða óski eftir almennu nytjaleyfi hjá hinum nýja, skráða rétthafa. Nytjaleyfið skal veita í sanngjarnan tíma með sanngjörnum skilmálum.

Hafi skráður rétthafi eða nytjaleyfishafi verið í vondri trú þegar notkun eða undirbúningur notkunar hófst á ákvæði 5. mgr. ekki við.

12. gr.

Hafi rétthafi hönnunarverndar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöru er nýtur hönnunarverndar eða heimilað slíkt getur hann ekki hindrað notkun, markaðssetningu, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu á vörunni á hinu Evrópska efnahagssvæði.

II. KAFLI
Skráningaryfirvöld o. fl.

13. gr.

Málefni samkvæmt lögum þessum falla undir iðnaðarráðherra.

Einkaleyfastofan fer með framkvæmd laganna. Með skráningaryfirvöldum er átt við þá stofnun nema annað sé tekið fram.

Einkaleyfastofan heldur hönnunarskrá og tekur hún til skráðrar hönnunarverndar fyrir landið allt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í málum er varða hönnunarvernd. Nefndin úrskurðar í málum er til hennar verður skotið og varða ákvarðanir skráningaryfirvalda. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

Í riti, sem Einkaleyfastofan gefur út, skal birta skráningar og tilkynningar samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Umsókn, skráning o.fl.

14. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar. Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast verndað.

Nafn hönnuðar skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsækjandi skal greiða tilskilin gjöld vegna umsóknar.

Umsókn má hafa að geyma stutta lýsingu á hönnuninni. Einnig geta skráningaryfirvöld óskað eftir því að slík lýsing sé lögð fram. Lýsingin hefur ekki áhrif á umfang hönnunarverndar.

Heimilt er að leggja fram líkan af hönnun. Hafi líkan verið lagt fram telst það ákvarðandi varðandi útlit eða gerð hönnunar.

Nánar skal kveðið á um innihald og frágang umsóknar í reglugerð.

15. gr.

Rétthafi hönnunarverndar, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því sem viðkemur umsókn og skráningu.

Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

16. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi í viðauka Locarno-sáttmálans sem upphaflega var gerður 8. október 1968. Slík flokkun hefur ekki áhrif á umfang verndar.

17. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun er mynda samstæðu. Hver hluti hönnunarsamstæðu verður að tilheyra sama undirflokki samkvæmt Locarno-sáttmálanum, sbr. 16. gr. Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

18. gr.

Við innlagningu umsóknar getur umsækjandi farið fram á rannsókn á því hvort hönnun, sem umsóknin varðar, uppfyllir skilyrði 2. gr.

Leiði rannsókn í ljós að umsókn uppfyllir ekki skilyrði 2. gr. skal henni hafnað. Hönnun verður þó ekki afmáð úr hönnunarskrá fyrr en umsækjanda hefur, innan tilskilins frests, gefist kostur á að tjá sig um ákvörðun skráningaryfirvalda.

Hver sem er getur krafist rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð skráðri hönnun eða hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.

Fyrir rannsókn skv. 1. og 3. mgr. skal greiða tilskilið rannsóknargjald.

19. gr.

Skráningaryfirvöld skulu kanna:

a. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 1. og 3. gr.,
b. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 14., 15. og 17. gr.

Telji skráningaryfirvöld að umsókn uppfylli ekki skilyrði skv. a-lið 1. mgr. skal henni hafnað. Hönnun verður þó ekki afmáð úr hönnunarskrá fyrr en umsækjanda hefur innan tilskilins frests gefist kostur á að tjá sig um ákvörðun skráningaryfirvalda.

Teljist umsókn ekki uppfylla skilyrði skv. b-lið 1. mgr. skal umsækjanda gert viðvart og honum gefinn kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests. Ef umsækjandi tjáir sig ekki eða gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að lagfæra umsóknina áður en fresturinn rennur út skal hún afskrifuð.

Ef umsækjandi í framhaldi af ábendingu skv. 3. mgr. gerir þær lagfæringar á umsókn sinni sem skráningaryfirvöld telja að breyti umsókn efnislega skal upphafsdagur hennar teljast sá dagur er breytingarnar bárust yfirvöldum.

20. gr.

Þegar umsókn er í samræmi við settar reglur skal hönnun sú, sem umsóknin tekur til, skráð og umsækjanda látin í té staðfesting um að svo hafi verið gert.

Skráning hönnunarverndar skal birt í sérstöku riti er skráningaryfirvöld gefa út.

21. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal ávallt vera aðgengileg almenningi þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

Frá skráningu hönnunarverndar er umsókn aðgengileg almenningi.

Samkvæmt beiðni umsækjanda má fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

IV. KAFLI
Gildistími og endurnýjun.

22. gr.

Hönnun, sem uppfyllir skilyrði 2. gr., nýtur verndar án skráningar í tvö ár frá upphafsdegi skv. 2. mgr. 6. gr. hafi hún komið fyrir almenningssjónir fyrir tilstilli hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans. Sama á við ef þriðji aðili birtir hönnun á grundvelli upplýsinga frá hönnuði eða vegna gjörða hans.

Um leið og hönnunarvernd er skráð fellur úr gildi vernd á sams konar eða líkri hönnun sem sami aðili er eigandi að.

Ef skráð hönnunarvernd fellur síðar úr gildi eða sætir ógildingu öðlast óskráð vernd ekki gildi á ný.

23. gr.

Skráð hönnunarvernd gildir í fimm ár frá því umsókn var lögð inn, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Umsókn um endurnýjun ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi skal lögð inn hjá skráningaryfirvöldum í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist skráningaryfirvöldum ekki umsókn um endunýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráningin afmáð úr hönnunarskrá.

Í riti skráningaryfirvalda skal birta tilkynningu um að skráning hafi verið afmáð.

V. KAFLI
Ógilding skráningar og réttur til áfrýjunar.

25. gr.

Ógilda má hönnunarvernd með dómi:

1. ef hún uppfyllir ekki skilyrði 1. eða 2. gr.,
2. ef ákvæði 3. gr. eiga við,
3. ef hönnun brýtur í bága við annars konar eldri hugverkaréttindi.

26. gr.

Skráningaryfirvöld geta lýst skráða hönnunarvernd ógilda samkvæmt kröfu sem grundvallast á ákvæðum 1.–3. tölul. 25. gr. og sem berst skráningaryfirvöldum innan tveggja ára frá skráningardegi.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og rökstudd. Greiða skal tilskilið gjald vegna slíkrar kröfu.

Komi fram krafa um ógildingu skal rétthafa hinnar skráðu hönnunarverndar tilkynnt um það og honum gefið tækifæri til að tjá sig um kröfuna.

27. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, er heimilt að höfða mál skv. 25. gr. eða gera kröfu um ógildingu skv. 26. gr.

28. gr.

Ef höfðað hefur verið mál þar sem gerð er krafa um að skráning hönnunarverndar verði færð á nafn annars aðila, sbr. 1. mgr. 11. gr., eða um ógildingu skráðrar hönnunar, sbr. 25. gr., verður skráning ekki afmáð fyrr en meðferð málsins fyrir dómstólum er lokið og afrit dóms hefur borist Einkaleyfastofunni.

Komist skráningaryfirvöld að þeirri niðurstöðu að skráning skuli ógilt skal hún afmáð. Tilkynna skal málsaðilum um ógildingu hönnunarverndar þegar í stað.

Tilkynni rétthafi skráðrar hönnunarverndar bréflega að hann afsali sér hönnunarvernd ber að afmá skráninguna.

29. gr.

Hönnunarvernd, sem er ógilt með dómi eða af skráningaryfirvöldum, telst ógild frá upphafi.

30. gr.

Aðilar máls geta skotið endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda til áfrýjunarnefndar, sbr. 4. mgr. 13. gr. Tilkynning um áfrýjun skal berast áfrýjunarnefnd innan tveggja mánaða frá því að skráningaryfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé gjaldið ekki greitt skal vísa áfrýjun frá.

VI. KAFLI
Framsal, nytjaleyfi o. fl.

31. gr.

Rétt til hönnunarverndar má framselja ásamt atvinnurekstri þeim sem hönnunin er notuð í eða einan sér.

Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn og eignast framsalshafi þá rétt til hönnunarverndar sem rekstrinum tilheyrir nema um annað hafi verið samið.

32. gr.

Hafi rétthafi hönnunarverndar veitt öðrum leyfi til að nota hönnun sína í atvinnuskyni má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema sérstaklega hafi verið um það samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja leyfið ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

33. gr.

Nytjaleyfishafa er, að fengnu samþykki rétthafa verndarinnar, heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarvernd.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem rétthafi hönnunarverndar á frumkvæði að, enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

34. gr.

Hvers kyns aðilaskipti að skráðri hönnunarvernd skal færa í hönnunarskrá samkvæmt tilkynningu aðila og gegn tilskildu gjaldi.

Framsal á skráðu nytjaleyfi skal því aðeins fært í hönnunarskrá að nytaleyfishafi sanni að hann hafi samþykki eiganda hönnunarverndarinnar fyrir framsalinu.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið úr gildi skal það afmáð úr hönnunarskrá.

Sé um samskráningu að ræða yrðu aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild sinni.

Mál varðandi hönnunarvernd má jafnan höfða gegn þeim sem er skráður rétthafi í hönnunarskrá og tilkynningar skráningaryfirvalda má senda honum.

Breytingar í hönnunarskrá varðandi rétthafa eða nytjaleyfishafa skal birta í riti skráningaryfirvalda.

VII. KAFLI
Refsing, viðurlög o.fl.

35. gr.

Unnt er að krefjast lögbanns við athöfn sem þegar hefur hafist eða er sannanlega yfirvofandi og brýtur eða mun brjóta gegn hönnunarrétti.

36. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn einkarétti þeim, er hönnunarvernd veitir, skal sæta sektum. Eftir aðstæðum getur refsing verið varðhald eða fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Mál samkvæmt þessari grein skulu rekin í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.

37. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Sá sem hagnast hefur af broti gegn hönnunarrétti án þess þó að um ásetning eða gá-

leysi sé að ræða skal greiða hæfilegt endurgjald. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

38. gr.

Hafi hönnunarréttur verið skertur getur dómstóll mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari misnotkun hönnunarverndar. Unnt er að ákveða að vöru, sem hönnun einkennir, verði breytt á tiltekinn hátt, hún ónýtt eða afhent rétthafa hönnunarverndar. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi vöru eða öðlast umráðarétt yfir henni og ekki hefur sjálfur framið brot gegn hönnunarrétti.

39. gr.

Rétt til að höfða mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sá sem telur hagsmuni sína skerta.

Mál skv. 37. og 38. gr. skulu rekin sem almenn einkamál en kröfur skv. 37. gr. er einnig heimilt að setja fram í opinberu máli.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá staðfestingu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta tekur til verndar hugverka á sviði hönnunar. Með hönnun samkvæmt frumvarpinu er átt við útlit og gerð vöru og skreytingu hennar. Verði frumvarpið að lögum bætist nýtt svið við hugverkaréttindi sem hægt er að fá vernduð með skráningu hér á landi. Mynstur sem nytjalist njóta nú óskráðrar verndar samkvæmt höfundalögum.

Frumvarpið er samið af starfsmönnum Einkaleyfastofunnar, Ástu Valdimarsdóttur lögfræðingi, Ellý K.J. Guðmundsdóttur lögfræðingi og Gunnari Guttormssyni, forstjóra stofnunarinnar. Á fundum með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila í samtökunum Form Ísland hafa farið fram gagnleg skoðanaskipti um ýmis stefnumarkandi atriði og einstaka þætti frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var einkum stuðst við tillögur og hugmyndir um hönnunarvernd sem verið hafa til umfjöllunar í ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA frá miðju ári 1991. Tillögurnar fela í sér verulegar breytingar og nýmæli miðað við gildandi norræna mynsturlöggjöf. — Ísland mun vera fyrsta Evrópuríkið sem leggur fram frumvarp að nýrri löggjöf um hönnunarvernd á grundvelli þessara tillagna enda er Ísland eina ríkið í V-Evrópu, að Grikklandi frátölu, sem ekki hefur sérstök lög um hönnunarvernd.

Þörfin fyrir skráða hönnunarvernd hefur orðið æ ljósari með hverju árinu sem líður. Þar kemur ekki síst til stöðugt vaxandi þáttur hönnunar í markaðssetningu og viðskiptum. Íslenskir hönnuðir og framleiðendur verða í þessu efni að eiga völ á sambærilegri vernd á hönnun sinni og líkur eru á að lögfest verði í helstu viðskiptalöndum okkar. Í flestum iðnríkjum njóta hönnuðir og framleiðendur skráðrar mynsturverndar. Hér er hins vegar ekki völ á slíkri vernd.

Á árinu 1990 ákvað iðnaðarráðherra að ráðuneytið tæki þátt í samstarfi annarra Norð-

urlanda um undirbúning nýrrar löggjafar um hönnunarvernd. Iðnaðarráðuneytið (og síðar Einkaleyfastofan) hefur átt fulltrúa í vinnuhópi norrænu einkaleyfastofnananna um þetta verkefni. Þá hefur iðnaðarráðuneytið tekið þátt í starfi sérfræðinga á vegum EFTA í hugverkaréttindum sem átt hafa fundi með sérfræðingum Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu markast hönnunarvernd af eftirfarandi megindráttum:

— hönnunarvernd tekur til heildarútlits vöru og skreytinga á vöru,
— einungis hönnun sem er sérstæð frá sjónarhóli kunnáttumanna og almennings getur notið verndar,
— réttur til hönnunarverndar tilheyrir hönnuði eða þeim er öðlast hefur rétt hans,
— hönnun getur ýmist verið skráð — og hámarksverndartími 25 ár frá innlagningu umsóknar — eða óskráð og hámarksverndartími tvö ár frá því hún kemur fyrst fyrir almenningssjónir,
— skráning fer fram á grundvelli umsóknar um vernd og án þess að áður fari fram nákvæm efnisleg rannsókn,
— umsókn verður fyrst og fremst rannsökuð með tilliti til formskilyrða,
— hægt verður að fara fram á ítarlega forrannsókn gegn sérstakri greiðslu,
— unnt er að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun í sömu umsókn ef vissum skilyrðum er fullnægt,
— með eins árs griðtíma er reynt að fyrirbyggja að hönnunarréttur tapist vegna ótímabærrar birtingar hönnunar eða vegna upplýsinga sem hönnuður hefur látið öðrum í té,
— heimilt verður að fresta birtingu hönnunar í allt að sex mánuði frá innlagningardegi umóknar,
— stefnt er að því að skráningarkerfið verði skjótvirkt og að gjöld vegna verndarinnar verði tiltölulega lág.

Samkvæmt frumvarpinu heyra lög um hönnunarvernd undir iðnaðarráðuneytið en framkvæmdin verður í umsjá Einkaleyfastofunnar.

Þróun norrænnar mynsturlöggjafar.

Á árinu 1958 átti sænska ríkisstjórnin frumkvæði að því að koma á norrænu samstarfi um endurskoðun á mynsturlöggjöf landanna. Ísland tók ekki þátt í þessu samstarfi. Tilefni frumkvæðis Svía var m.a. að eftir breytingar, sem gerðar voru á Parísarsamþykktinni á árinu 1958 (Lissabon-textinn), var talið að sænsk mynsturlöggjöf uppfyllti ekki lágmarksskilyrði samþykktarinnar. Engin mynsturlög voru í Finnlandi og Danir höfðu búið við óbreytta mynsturlöggjöf frá árinu 1905. Mynsturlög voru fyrst sett í Noregi árið 1910.

Árangur af samstarfi Norðurlandanna fjögurra á þessu sviði birtist í tillögum um nýja og samræmda mynsturlöggjöf. Á grundvelli þessara tillagna voru sett ný eða endurskoðuð mynsturlög í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð á árunum 1970–71.

Þótt norræn mynsturlöggjöf hafi þótt framsækin á sínum tíma hefur hún á síðustu árum sætt vaxandi gagnrýni. Löggjöfin er að margra áliti komin úr takt við þá þróun sem orðið hefur í hönnun framleiðsluafurða sem nú eru á markaði. Ákvæði laganna um skilyrðislaust nýnæmi mynsturs er álitið of strangt í ljósi þess að rannsókn skráningaryfirvalda þykir ekki veita nægilega tryggingu fyrir því að um raunverulega nýjung sé að

ræða. Talið er að auðvelt sé að sniðganga það ákvæði laganna að mynstur skuli vera verulega frábrugðið þeim sem þekkt eru á markaði. Lögin þykja þannig ekki uppfylla væntingar hönnuða og framleiðenda um réttaröryggi og verndin hefur þótt of kostnaðarsöm miðað við það hve haldlítil hún virðist oft þegar á reynir.

Frumvörp til mynsturlaga.

Rúm þrjátíu ár eru frá því farið var að ræða um mynsturvernd (hönnunarvernd) hér á landi. Frumvarp um vernd hugverka á þessu sviði hefur þó aldrei verið lagt fram á Alþingi.

Hinn 15. ágúst 1961 fól þáverandi iðnaðarmálaráðherra vörumerkjalaganefnd, er skipuð var 20. maí 1958, að „semja frumvarp til laga um vernd iðnteikninga og iðnlíkana". Nefndin ákvað að bíða með samningu frumvarps þar til séð yrði hvernig mál þróuðust annars staðar á Norðurlöndum.

Vörumerkjalaganefnd skilaði 13. mars 1975 frumvarpi til laga um mynstur. Í greinargerð er fylgdi frumvarpinu kemur fram að farin hafi verið sú leið að fylgja norrænni löggjöf og að dönsku lögin (frá 1970) hafi verið höfð til fyrirmyndar og þeim reyndar fylgt með smávægilegum breytingum með tilliti til íslenskra staðhátta. Frumvarp þetta var aldrei lagt fram.

Með bréfi dags. 9. janúar 1986 fól iðnaðarráðherra Þorgeiri Örlygssyni, þáverandi borgardómara, að semja frumvarp til laga um mynsturvernd. Skilaði hann í september sama ár frumvarpi ásamt greinargerð. Þetta frumvarp byggði einnig á norrænni löggjöf. Iðnaðarráðherra áformaði að leggja þetta frumvarp fram samhliða frumvarpi til einkaleyfalaga en af því varð þó ekki.

Alþjóðleg þróun og tillögur Evrópubandalagsins.

Á síðari árum hefur hönnun vöru verið æ meiri gaumur gefinn í framleiðslu og viðskiptum á alþjóðavettvangi. Hönnun er gildur og sívaxandi þáttur í vöruþróun og markaðssetningu. Af þessari ástæðu er hvarvetna í iðnríkjum fylgst grannt með umræðu um hönnunarvernd.

Hugtakið hönnun (e. industrial design) kemur fyrst fyrir í Parísarsamþykktinni frá 1883. Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO, World Intellectual Property Organization, hefur jafnan gegnt ákveðnu hlutverki varðandi miðlun upplýsinga og samræmingu hugmynda sem fram hafa komið um hugverkavernd á þessu sviði. Á síðustu árum hefur stofnunin unnið að tillögum um alþjóðlegt skráningarkerfi fyrir hönnunarvernd. Rannsóknastofnanir á sviði hugverkaréttar hafa einnig átt sinn þátt í umræðu um nýjungar á sviði hönnunarverndar. Þá hafa ríki með hliðstæða hugverkalöggjöf og stjórnsýslueiningar borið saman bækur sínar og má sem dæmi nefna Norðurlönd. Hlutur ríkja, sem hafa með sér markaðssamstarf, er einnig drjúgur í þessari umræðu. Þar má nefna aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA.

Á árinu 1990 sendi Max Planck stofnunin í Þýskalandi (Max Planck Institut für ausländisches und internationales Patent- Urheber- und Wettbewerbsrecht) frá sér álitsgerð þar sem reifaðar voru hugmyndir um evrópska hönnunarlöggjöf (Auf dem Wege zu einem europäischen Musterrecht — GRUR International, Heft 8/1990). Þessar hugmyndir voru byggðar á niðurstöðum ráðstefnu sem stofnunin stóð fyrir 11.–14. júlí 1990 um evrópskan hönnunarrétt. Ráðstefnuna sóttu m.a. fulltrúar Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO, og fulltrúar háskóla og stofnana í mörgum Evrópuríkjum. Tillögunum fylgdu drög að lagafrumvarpi og ítarleg greinargerð. Þær voru eins konar áskorun til Evrópu-

bandalagsins, EB, um að beita sér fyrir samræmdri evrópskri löggjöf um hönnunarvernd, enda mikið misræmi í vernd hönnunar í löndum EB sem og í aðildarríkjum EFTA. Ráðherraráð EB gerði tillögurnar að sínum og gaf þær út á árinu 1991 í skýrslu sem gengið hefur undir nafninu „Green Paper".

Megininntak upphaflegra tillagna EB er eftirfarandi:

1. Að skapa grundvöll fyrir vernd hönnunar er skilgreind verði sem útlit vöru í tví- eða þrívídd og jafnt getur höfðað til sjónskynjunar sem annars konar skynjunar.
2. Að hönnunarverndin verði fyrst og fremst byggð á skráningu er gildi í fimm ár, en möguleiki verði á að endurnýja skráninguna uns 25 ára verndartíma er náð. Einnig verði gert ráð fyrir óskráðri vernd er hönnuður geti notið í þrjú ár frá því hann opinberar hönnun sína.
3. Skilyrði skráningar verði að hönnun, sem sótt er um vernd á, sé ólík þeirri sem fagmenn í viðkomandi grein þekkja, jafnframt að heildarásýnd hönnunarinnar sé í augum almennings frábrugðin hönnun eða vöru sem almenningur hefur séð á markaði. Það verði ekki skilyrði verndar að fram fari rannsókn á því hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Skráningin veiti eiganda einkarétt til að banna þriðja aðila að framleiða, bjóða til sölu, markaðsfæra eða nota framleiðslu sem ber sömu eða lík hönnunareinkenni hafi hann ekki fengið samþykki eiganda. — Með svonefnum griðtíma verði reynt að koma í veg fyrir að hönnuðir verði fyrir réttartapi þótt þeir af vangá eða vegna þekkingarskorts birti almenningi hönnun sína áður en umsókn er lögð inn.

Tillögur EB eru nú til umfjöllunar hjá aðildarríkjum bandalagsins. EFTA-ríkin hafa sent EB sameiginlega umsögn um tillögurnar. Var umsögn þeirra jákvæð, en þó var bent á nokkur minni háttar atriði sem betur mættu fara. Verið er að vinna að frumvarpi til tilskipunar innan EB á grundvelli tillagnanna og ætla má að það líti dagsins ljós á næstu mánuðum.

Norrænt samstarf og aðdragandi að samningu frumvarpsins.

Síðastliðin 15 ár hafa íslensk stjórnvöld haft náið samstarf við önnur ríki á Norðurlöndum um hugverkaréttindi. Leitast hefur verið við að samræma m.a. einkaleyfa- og vörumerkjalöggjöf landanna og framkvæmd þessara laga eftir því sem aðstæður hafa frekast leyft. Og enda þótt hér hafi ekki verið í gildi lög hliðstæð norrænu mynsturlögunum hafa stjórnvöld fylgst vel með umræðu annars staðar á Norðurlöndum um þetta verndarsvið. Umræða um nauðsyn breytinga á mynsturlöggjöf landanna á sér talsverðan aðdraganda.

Á starfsmannafundi norrænu einkaleyfastofnananna, sem haldinn var í Noregi í september 1990, ákváðu stofnanirnar að vinna saman að undirbúningi tillagna um nýskipan mynsturlöggjafar. Ákvörðunin var m.a. tekin í ljósi umræðu á alþjóðavettvangi um þessi mál og upplýsinga um að ný evrópsk löggjöf um hönnunarvernd væri á döfinni.

Fyrrnefndar tillögur Max Planck stofnunarinnar höfðu vakið athygli í röðum starfsmanna einkaleyfastofnananna. Töldu margir að löggjöf, er tæki mið af þeim, gæti leyst af hólmi 20 ára — og að margra áliti úrelta — norræna mynsturlöggjöf.

Í framhaldi af áðurnefndum fundi norrænu einkaleyfastofnananna var óskað eftir því að hvert land tilnefndi fulltrúa í vinnuhóp um þetta verkefni.

Iðnaðarráðuneytið ákvað að taka þátt í þessu samstarfi Norðurlanda og bíða með að leggja fyrirliggjandi mynsturfrumvarp fram.

Norræni vinnuhópurinn skilaði áfangaskýrslu til forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna í maí 1991. Skýrsla vinnuhópsins ásamt tillögum EB (Green Paper) myndaði

uppistöðu í sameiginlegri álitsgerð sem forstjórar norrænu einkaleyfastofnananna gengu frá á fundi í Kaupmannahöfn 23. okt. 1991 og beindu til viðkomandi ráðuneyta í hverju landi.

Norðurlönd, sem búa við lög um skráða mynsturvernd, Ísland frátalið, ákváðu í ágúst 1991 að bíða átekta með vinnu við undirbúning nýrra laga um hönnunarvernd þar til tilskipun og endanlegar reglur EB litu dagsins ljós.

Alþjóðasáttmálar og hugmyndalegur grunnur hönnunarverndar.

Hugverkaréttindi geta skapast bæði á sviði lista og iðnaðar. Hugverkaréttindi á sviði lista eru yfirleitt vernduð með lögum um höfundarétt sem byggja á vernd án skráningar, en hugverkaréttindi á sviði iðnaðar eru oftar vernduð með lögum sem byggja á skráningu réttinda, sbr. t.d. lög um einkaleyfi og vörumerki hér á landi. Á þessari meginskiptingu í hugverkaréttindi á sviði lista annars vegar og hugverkaréttindi á sviði iðnaðar hins vegar byggja tveir helstu alþjóðasáttmálar um hugverkaréttindi. Þetta eru Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listum frá 1886 og Parísarsamþykktin um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 1883. Hugverkaréttindi á sviði hönnunar geta fallið undir bæði sviðin. Hönnunarvernd tekur til hins listræna eða fagurfræðilega í útliti eða gerð hvers konar nytsemdarhluta, t.d. húsgagna, leirtaus, skartgripa. Til að hlutur (vara) geti notið hönnunarverndar verður hann einnig að vera framleiðsluhæfur. Hvort um er að ræða fjöldaframleiðslu eða takmarkaðan fjölda sömu gerðar ræðst yfirleitt af aðstæðum, eðli vörunnar eða eftirspurn.

Þótt löggjöf um hönnunarvernd sé fyrst og fremst ætlað að vernda hönnun sem tengist ýmsum nytsemdarhlutum og skreytingu vöru er ljóst að viss skörun er milli hönnunarréttar og höfundaréttar. Í ýmsum ríkjum, svo sem Frakklandi, Benelux-löndunum og Danmörku, getur hönnun, sem nýtur verndar samkvæmt lögum um hönnunarvernd, oft og tíðum einnig notið verndar samkvæmt höfundalögum. Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, eru engin ákvæði sem hindra að sama geti gilt hér á landi. Sú skörun, sem hér um ræðir, hefur og þann kost að höfundaréttur á hönnun getur varað áfram þótt skráð hönnunarvernd falli úr gildi.

Til eru tveir alþjóðasáttmálar er varða hönnunarvernd. Sá fyrri er Haag-sáttmálinn, upphaflega gerður árið 1925, um alþjóðlega skráningu hönnunarverndar. Sáttmálinn býður upp á þann möguleika að umsókn, sem lögð er inn hjá Alþjóðahugverkastofnuninni, WIPO, eða í heimalandi umsækjanda, geti myndað grundvöll fyrir umsókn og skráningu hönnunar í fleiri ríkjum. Aðeins 19 ríki áttu aðild að sáttmálanum í ársbyrjun 1992. Ekkert Norðurlanda er enn aðili að sáttmálanum og kemur þar einkum til að ákvæði hans hafa til þessa þótt henta illa ríkjum sem krafist hafa rannsóknar á nýnæmi hönnunar. Alþjóðahugverkastofnunin hefur undanfarið beitt sér fyrir endurskoðun á sáttmálanum, m.a. í því skyni að gera hann meir aðlaðandi fyrir ríki sem ekki hafa séð sér hag í aðild að honum. Síðari alþjóðasáttmálinn á þessu sviði er Locarno-sáttmálinn frá 1968 um alþjóðlega flokkun hönnunar. Í ársbyrjun 1992 áttu 16 ríki aðild að sáttmálanum. Ísland er ekki í þeim hópi en hins vegar er í frumvarpinu lagt til að stuðst verði við flokkunarkerfi samkvæmt sáttmálanum.

Þörfin fyrir hönnunarvernd. — Reynsla annarra Norðurlanda.

Samtök í atvinnulífi hér á landi hafa á umliðnum árum oft hvatt stjórnvöld til að setja lög um þessi efni. Gera verður því ráð fyrir að frumvarpi um hönnunarvernd verði vel tekið af einstaklingum og fyrirtækjum sem vinna að hönnun og ýmiss konar framleiðslu.

Meðal greina, sem verndin mun m.a. snerta, má nefna: húsgagna- og innréttingaiðnað, vefnaðar-, fata- og leðuriðnað, plastvöru- og umbúðaiðnað, pappírs- og prentiðnað, stein-, leir- og gleriðnað og gull- og silfursmíði. Reynslan ein getur skorið úr því í hvaða mæli þessar greinar muni hagnýta sér hina skráðu vernd.

Eftirfarandi yfirlit gefur hugmynd um árlegan fjölda umsókna um mynsturvernd annars staðar á Norðurlöndum og fjölda skráninga sem eru í gildi:

	Árlegur fjöldi umsókna u.þ.b.	Skráningar í gildi u.þ.b.
Danmörk	1.500	8.000
Noregur	1.000	5.500
Svíþjóð	3.000	15.500
Finnland	1.100	6.500

Þegar litið er á þessar tölur verður að hafa í huga að mynsturlögin annars staðar á Norðurlöndum hafa lengi sætt mikilli gagnrýni og því munu færri hafa nýtt sér þau en gert var ráð fyrir í upphafi.

Erfitt er að spá fyrir um fjölda umsókna um hönnunarvernd hér á landi. Ef gengið er út frá því að svipað hlutfall verði milli vörumerkjaumsókna og umsókna um hönnunarvernd hér og annars staðar á Norðurlöndum (í Danmörku eru umsóknir um mynsturvernd um 15% af fjölda vörumerkjaumsókna og í Noregi um 10%) má gera ráð fyrir að hér yrðu, þegar fram í sækir, lagðar inn milli 140–150 umsóknir á ári. Fyrstu 2–3 árin verður þó að gera ráð fyrir mun færri umsóknum þar sem það tekur sinn tíma fyrir hönnuði og aðra notendur að átta sig á þeim möguleikum sem verndin veitir.

Um framkvæmd laganna.

Það er eitt megineinkenni þess verndarkerfis sem frumvarpið byggir á að gert ráð fyrir mjög takmarkaðri efnislegri rannsókn. Hér er að finna grundvallarmun á ákvæðum frumvarpsins og þeirri skipan sem verið hefur í gildi annars staðar á Norðurlöndum. Þar fer fram forrannsókn sem hefur þann tilgang að leiða í ljós hvort áður hafi verið skráð eins eða mjög lík hönnun (mynstur).

Meðhöndlun umsókna um hönnunarvernd yrði í aðalatriðum þessi: Skriflegum umsóknum yrði skilað til Einkaleyfastofunnar. Fram færi athugun á því hvort umsókn uppfyllir formskilyrði laganna. Þegar ekki er sérstaklega krafist efnislegrar forrannsóknar yrði efnisleg rannsókn mjög einföld í sniðum. Kannað væri fyrst og fremst hvort viðkomandi hönnun fellur undir lögin en ekki yrði um að ræða eiginlega samanburðarrannsókn miðað við áður skráða hönnun.

Umsækjandi hefur að sjálfsögðu rétt til að gera athugasemdir við ákvarðanir skráningaryfirvalda. Einnig getur hann skotið ákvörðunum skráningaryfirvalda til úrskurðar áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Að lokinni könnun skráningaryfirvalda yrði hönnunarverndin skráð og staðfest með útgáfu sérstaks vottorðs. Skráningin yrði síðan birt almenningi í riti skráningaryfirvalda.

Telja verður að skráð hönnunarverndar feli í sér traustari vernd fyrir hönnuði en hin óskráða og almennt meira réttaröryggi á þessu sviði þar sem auðveldara verður fyrir viðkomandi að sanna rétt sinn. Í frumvarpinu er reynt að taka tillit til þess að þarfir hinna ýmsu atvinnugreina eru mismunandi. Þannig er, eins og áður er vikið að, gert ráð fyrir að hönnun geti í takmarkaðan tíma notið verndar án skráningar.

Komi fram krafa um ógildingu (andmæli) fær rétthafi verndarinnar tækifæri til að tjá sig um kröfuna. Báðir aðilar geta skotið endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda til áfrýjunarnefndar og/eða dómstóla.

Kostnaðaráhrif. — Undirbúningur vegna gildistöku.

Gera verður ráð fyrir að verulegur kostnaður sé því samfara að innleiða hönnunarvernd hér á landi.

Annars vegar er um að ræða undirbúnings- og stofnkostnað. Sem dæmi má nefna að þjálfa þarf fólk til að fjalla um málaflokkinn og yrði að líkindum leitað til einkaleyfastofnana annars staðar á Norðurlöndum í því skyni (starfsdvöl). Þá þarf að huga að tæknilegum þáttum við skráningarkerfið, þar á meðal hönnun tölvuskrár og gerð eyðublaða og leiðbeininga fyrir notendur verndarinnar. Einnig verður að gera ráð fyrir verulegum stofnkostnaði vegna tækjakosts, skrifstofubúnaðar og aukins húsrýmis vegna þessa starfsþáttar.

Hins vegar er um að ræða rekstrarkostnað við verndarkerfið sem slíkt. Í ljósi þess að umsóknir um hönnunarvernd verða að líkindum ekki margar fyrstu árin má gera ráð fyrir að kostnaður við meðhöndlun hverrar umsóknar verði tiltölulega hár.

Augljósir annmarkar eru á því að hafa gjöld hér til muna hærri en gerist fyrir hliðstæða vernd í nálægum löndum. Við ákvörðun varðandi upphæð gjalda vegna hönnunarverndar verður annars vegar að taka tilliti til þess markmiðs stjórnvalda að þjónustugjöld af þessu tagi standi að verulegu eða öllu leyti undir kostnaði og hins vegar að líta til þess hve sambærileg gjöld eru há, t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þar eru umsóknargjöld fyrir mynsturvernd yfirleitt nokkru lægri en gjöld fyrir umsóknir um skráningu vörumerkja.

Þar sem um algerlega nýtt verndarsvið er að ræða verður að gera ráð fyrir að það taki skráningaryfirvöld nokkurn tíma að undirbúa framkvæmdina.

Með hliðsjón af reynslu frá undirbúningi vegna gildistöku nýrra einkaleyfalaga, 1. janúar 1992, má telja eðlilegt að lögin taki gildi einu ári eftir að þau hafa verið staðfest. Þessi gildistökufrestur er hugsaður sem svigrúm fyrir skráningaryfirvöld til að búa sig undir að framkvæma lögin og fyrir stjórnvöld til að setja nánari reglur um ýmsa þætti varðandi framkvæmd þeirra.

Gera verður ráð fyrir að gjöld vegna skráningar hönnunarverndar standi ekki undir kostnaði fyrstu árin en að Einkaleyfastofan verði þó ekki fyrir miklum viðbótarkostnaði vegna skráningarinnar. Þegar fram í sækir yrði hins vegar að því stefnt að rekstrarkostnaður við skráninguna hafi ekki í för með sér beinan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. er hugtakið hönnun skilgreint. Skilgreiningin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða útlit og gerð vöru í þrívídd, hins vegar skreytingu vöru í tví- eða þrívídd.

Hönnunarhugtakið er í skilningi frumvarpsins fyrst og fremst bundið við sjónskyn manna, enda ræður ásýnd mestu um heildaráhrif hönnunar. Þó er í einstaka tilvikum unnt að taka tillit til annars konar skynjunar og á það einkum við um mat á því hvort tiltekin hönnun sé frábrugðin annarri. Í slíkum tilvikum getur m.a. efni, sem vara er gerð úr, ráðið úrslitum ef það breytir heildaráhrifum hönnunar.

Eiginleikar vöru njóta hins vegar ekki verndar. Þá er t.d. átt við þá eiginleika að vara sé óbrjótanleg eða teygjanleg. Tæknileg virkni vöru er líka utan sviðs hönnunarvernd-

ar. Það að hægt sé að hefta saman pappír með heftara skiptir ekki máli þótt hönnun á heftaranum njóti verndar.

Skreyting getur verið sjálfstæð hönnun sem notuð er á vöru sem talist gæti sjálfstæð hönnun. Þannig er t.d. mynstur í veggfóðri sjálfstæð hönnun sem gæti einnig verið notuð til skreytingar á rúmteppi. Rúmteppið og veggfóðrið er hönnun hvert um sig en mynstrið á hvoru tveggja teldist ein og sama hönnunin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skreyting sé hluti af vöru. Ekki er hægt að sækja um vernd á skreytingu einni sér. Ef sótt er t.d. um um vernd á skreytingu á tekatli er ekki nauðsynlegt að teketillinn sé sérstæð hönnun. Hins vegar þarf skreytingin að vera það. Hönnunarvernd á skreytingu tiltekinnar vöru tekur einnig til skreytingar á skyldum vörum. Skreyting á bolla gæti t.d. einnig náð til sömu skreytingar á súpuskál. Á þetta mundi þó einkum reyna varðandi óskráða vernd því að þegar um skráða vernd er að ræða yrði væntanlega nýttur möguleiki til samskráningar skv. 17. gr. frumvarpsins.

Það er ekki skilyrði fyrir skráningu á hönnunarvernd að viðkomandi vara hafi þegar verið framleidd. Hins vegar er það skilyrði fyrir hönnunarvernd skreytingar, svo sem þegar hefur komið fram, að fyrir liggi hvaða vöru hún skuli prýða.

Með hönnunarvernd er mönnum gefinn kostur á að njóta góðs af hugviti sínu. Þegar þannig hagar til að ekki er möguleiki að hanna hlut nema á einn veg er ekki talið að um verndarhæfa hönnun sé að ræða. Hönnun, sem ræðst af nota- eða tæknigildi hlutar, er þó ekki útilokuð frá hönnunarvernd samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. er einkaréttur á hönnun, þ.e. hönnunarvernd, tengdur hagnýtingu í atvinnulífi. Þannig er leitast við að afmarka verndarsvið laganna við hönnun sem ætluð er til framleiðslu. Skilin milli höfundaréttar og hönnunarverndar geta verið óljós og skarast oft og tíðum. Með ákvæðinu er reynt að skilgreina hvers konar hugverk falli undir hönnunarvernd án þess þó að það útiloki vernd samkvæmt höfundalögunum. Listræn hönnun, sem aðeins er gert eitt eintak af og er ekki ætluð til fjöldaframleiðslu, mundi þannig að jafnaði falla utan við verndarsvið laganna.

Um 2. gr.

Til að hönnun geti notið verndar samkvæmt frumvarpinu þarf hún að vera sérstæð. Með því er átt við að hönnun þurfi að vera ný og frábrugðin því sem áður er þekkt. Mat á því hvort hönnun telst sérstæð er því tvíþætt: annars vegar byggist matið á því hvort hönnun teldist ný að mati fagmanna og hins vegar hvort hún teldist frábrugðin frá sjónarhóli hins almenna notanda. Í hvorugu tilvikinu er eingöngu miðað við það sem þekkt er hér á landi. Fyrri viðmiðunin byggist á þekkingu fagmanna, þ.e. hönnun telst því aðeins sérstæð að hún sé ný í augum fagmanna á viðkomandi sviði. Kunnáttumenn eða fagmenn í þessu sambandi eru t.d. húsgagnahönnuðir og -framleiðendur þegar um húsgögn er að ræða. Hin viðmiðunin er mat hins almenna notanda á því hvort vara sé frábrugðin þeirri sem hann hefur áður þekkt og notað. Hér er miðað við tilfinningu þess sem notar að staðaldri þá vöru sem hönnunin einkennir og hefur þar af leiðandi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.

Með því að höfða til þekkingar fagmanna og hins almenna notanda er ekki átt við að leita skuli hverju sinni álits fólks úr röðum þessara hópa. Aðeins er um að ræða almenna viðmiðun sem skráningaryfirvöld skulu hafa í huga.

Hönnun þarf að vera sérstæð þegar á heildina er litið. Það er heildarásýndin sem ræður úrslitum. Ef hluti vöru telst ný hönnun væri skilyrðið um að hún teldist frábrugðin annarri hönnun e.t.v. uppfyllt. Ef hins vegar væri leitað eftir vernd fyrir vöruna sem heild er ekki gefið að hún teldist uppfylla umrætt skilyrði.

Ekki er nóg að gera breytingu á eldri hönnun, hin nýja verður að vera verulega frábrugðin þeirri eldri þegar þær eru skoðaðar sem heild. Það sem er nýtt í hönnuninni yrði að hafa afgerandi áhrif. Skráningaryfirvöld mundu hins vegar ekki kanna hvort ný hönnun líkist eldri nema fram komi krafa um það, sbr. 3. mgr. 18. gr.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði eru sett viss takmörk fyrir því hvers konar hönnun getur notið verndar samkvæmt frumvarpinu. Greinin tekur til óskráðrar og skráðrar hönnunar.

Að því er varðar óskráða vernd mun aðeins reyna á ákvæðið fyrir dómstólum.

Þegar um skráða vernd er að ræða byggir frumvarpið á þeirri meginstefnu að skráningaryfirvöldum er ekki ætlað að rannsaka efnisatriði umsóknar. Þeim er þó ætlað að rannsaka þau atriði sem hér eru tilgreind.

Siðgæðismat er breytilegt í tímans rás. Í 1. tölul. er um að ræða matsreglu eða leiðbeiningarreglu sem skírskotar til mælikvarða sem dómarar og þeir sem sjá um úrlausn mála eiga að nota og reiknað er með að þeir þekki.

Allsherjarregla á að tryggja almannafrið og almannahagsmuni. Sem dæmi um brot gegn allsherjarreglu má nefna athæfi á borð við það að gabba lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, hvetja menn til refsiverðra verka opinberlega, raska útfararhelgi eða grafarhelgi, svo eitthvað sé nefnt. Hönnun, sem notuð er í einhverjum ofangreindum tilgangi, nýtur ekki verndar.

Ríkjandi skoðanir á hverjum tíma hafa áhrif á túlkun þessarar reglu. Miða skal við það sem almennt telst brjóta gegn siðgæði eða allsherjareglu en ekki það sem minnihlutahópar gætu talið ósiðlegt.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um þá meginreglu að hönnunarvernd geti skapast með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu hjá skráningaryfirvöldum, skráð vernd. Hins vegar án skráningar með því að gera vöru, sem hönnunin einkennir, aðgengilega almenningi, óskráð vernd.

Í frumvarpinu er lögð meginálhersla á skráða hönnunarvernd, enda skapar hún tvímælalaust meira réttaröryggi. Skráning hönnunar er sönnun á því að réttur hafi stofnast og þannig má gera ráð fyrir að færri ágreiningsmál rísi um rétt til hönnunar.

Í norrænu mynsturlögunum er ekki gert ráð fyrir óskráðri vernd. Fyrirmynd að ákvæðinu um óskráða vernd er sótt í drög að reglugerð um hönnunarvernd sem Evrópubandalagið setti fram í júní 1991, „Green Paper“.

Á ýmsum sviðum, svo sem í textíliðnaði og fataiðnaði, er hönnun aðeins nýtt í stuttan tíma. Undir slíkum kringumstæðum kynni þeirra viðhorfa að gæta að skráning hafi í för með sér of mikla fyrirhöfn og kostnað. En þrátt fyrir skamman líftíma vöru þykir nauðsynlegt að hægt sé að öðlast vernd á slíkri hönnun. Óskráð vernd er einnig mikilvæg sem varnagli fyrir þá sem ekki átta sig á þörf fyrir vernd áður en framleiðsla og markaðssetning hefst. Ef griðtími skv. 8. gr. líður án þess að hönnuður leggi inn umsókn um skráningu nýtur hann óskráðrar verndar í tvö ár. Þótt hönnuðir skrái ekki hönnun sína er með ákvæðinu komið í veg fyrir að þeir séu með öllu réttlausir.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er skýrt inntak hönnunarverndar, þ.e. hvaða athafnir teljast brot á hönnunarrétti.

Með hönnunarvernd fær hönnuður, eða sá sem öðlast hefur rétt hans, einkarétt til að hagnýta hönnun í atvinnuskyni.

Skráðri hönnunarvernd er ekki aðeins ætlað að vernda hönnuð gegn framleiðslu á eins eða mjög svipaðri hönnun heldur einnig gegn athöfnum er tengjast því að koma slíkri hönnun á markað.

Óskráða hönnunarverndin er að því leyti takmarkaðri en skráð vernd að hennar nýtur aðeins við í tvö ár og að hún veitir eingöngu vernd gegn beinum eftirlíkingum. Þá er átt við að augljóst sé að verið sé að líkja eftir hönnun þótt um einhver frávik frá fyrirmyndinni kunni að vera að ræða. Að öðru leyti er inntak verndarinnar hið sama.

Ef gerð er eftirlíking í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum eða líkt er eftir vöru í því skyni er slíkt refsivert skv. 178. gr. almennra hegningarlaga.

Í 20. gr. frumvarps til samkeppnislaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi, er lagt bann við athöfnum sem brjóta í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Verði umrætt frumvarp að lögum getur ákvæði 20. gr. þess styrkt ákvæði væntanlegra hönnunarlaga, m.a. hvað eftirlíkingar varðar.

Um 6. gr.

Upphafsdagur markar upphaf hönnunarverndar.

Upphafsdagur skráðrar verndar er að jafnaði umsóknardagur. Umsóknardagur er sá dagur þegar skráningaryfirvöld veita umsókn viðtöku. Þetta ákvæði verður að skýra með hliðsjón af 19. gr. frumvarpsins. Stefnt skal að því að skrá hönnun sem fyrst eftir upphafsdag. Nokkurt svigrúm verður þó að vera fyrir skráningaryfirvöld til að kanna formskilyrði umsóknar og til að gefa umsækjanda kost á að lagfæra umsókn í samræmi við hugsanlegar ábendingar skráningaryfirvalda.

Upphafsdagur óskráðrar verndar er sá dagur þegar hönnun kemur fyrst fyrir almenningssjónir. Hönnun telst orðin aðgengileg almenningi þegar vara er sett á markað, sýnd á opinberri sýningu, lýst í riti sem er almenningi aðgengileg eða opinberuð á annan sambærilegan hátt.

Um 7. gr.

Samkvæmt Parísarsamþykktinni, sjá 4. gr. Parísarsamþykktarinnar, sem er fylgiskjal laga nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til að veita þeim sem sótt hefur um hönnunarvernd í öðrum aðildarríkjum Parísarsamþykktarinnar sex mánaða forgangsrétt hér á landi.

Forgangsréttarkrafa getur hvort heldur verið byggð á umsókn sem hefur verið lögð inn á grundvelli laga um hönnunarvernd eða laga um smáeinkaleyfi. Á dönsku er sambærileg löggjöf kennd við „mønster“ og „brugsmodell“.

Umsókn um forgangsrétt verður að vera skrifleg og í henni verður að koma fram í hvaða ríki og hvenær umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn. Krafan um forgangsrétt verður að koma fram samtímis innlagningu umsóknar hér á landi.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta fjallar um svonefndan griðtíma. Tímabil þetta nefnist „grace period“ á ensku og „nyhedsskånefrist“ á dönsku.

Á griðtímanum, sem tekur yfir síðustu 12 mánuði fyrir umsóknardag, getur hönnuður eða annar, sem öðlast hefur rétt hans eða byggir á upplýsingum eða gjörðum hönnuðar, birt almenningi nýja hönnun án þess að það yrði talið hindra að hún teldist sérstæð. Hér er um að ræða nokkurs konar umþóttunartíma fyrir hönnuði. Hönnuðir geta þannig kannað hvernig hönnun er tekið á almennum markaði og sæki þeir eða aðrir, sem teljast rétthafar, um skráningu innan 12 mánaða frá því að hönnun var fyrst birt hefur slík birting ekki áhrif á mat skráningaryfirvalda á því hvort hönnun telst sérstæð.

Hér er einungis um að ræða vernd á rétti til að sækja um skráningu á hönnunarvernd en ekki vernd á hönnuninni sem slíkri.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um eignaraðild. Í 3. mgr. er tekið á því þegar fleiri aðilar vinna að sams konar eða svipaðri hönnun á sama tíma og án þess að vita hver af öðrum. Þeir sem ekki hafa skráð hönnun njóta í slíkum tilvikum hver um sig jafngildrar, óskráðrar verndar skv. a-lið. Ágreiningur um vernd þessa kæmi til kasta dómstóla en ekki skráningaryfirvalda. Í b-lið 3. mgr. segir hins vegar að sá sem leggur fyrstur inn umsókn eigi einn rétt á skráðu verndinni og nýtur hinn aðilinn þá ekki lengur óskráðrar verndar, sbr. þó 10. gr.

Um 10. gr.

Það þykir sanngjarnt að rétthafa skv. 1. mgr. 9. gr. eða öðrum aðila, sem í góðri trú hefur hagnýtt hönnun í atvinnurekstri sínum áður en eins eða mjög svipuð hönnun var skráð, sé tryggður nokkur réttur og honum sé heimilt að halda sömu hagnýtingu áfram eða þeirri sem hann hafði gert verulegar ráðstafanir til að hefja.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að forða fjárhagslegu tjóni vegna útgjalda sem kann að hafa verið stofnað til vegna fyrri notkunar eða verulegra ráðstafana vegna áforma um notkun.

Um 11. gr.

Hér er kveðið skýrar á um eignaraðild og hvernig fara skuli með ágreining sem rís vegna hennar.

Umsækjandi telst réttur eigandi uns annað er sannað. Eðlilegt þykir að sönnunarbyrði hvíli á þeim sem rengir eignaraðild umsækjanda.

Í 1. mgr. kemur fram að vefengingarmál er aðeins hægt að höfða fyrir dómstólum. Stjórnvöld geta ekki tekið á málum af þessu tagi. Þörf getur t.d. verið á vitnaleiðslum sem eru dómsathafnir.

Vefengingarmál skal höfða innan tveggja ára frá birtingu. Hafi skráður rétthafi hins vegar verið í vondri trú um rétt sinn er rétturinn var skráður á hans nafn gilda engin ákveðin tímatakmörk.

Með ákvæði 5. mgr. er fyrri rétthafa gert kleift að öðlast nytjaleyfi að því tilskildu að hann hafi verið í góðri trú, sbr. 6. mgr. Aðeins er gert ráð fyrir að fyrri rétthafi geti öðlast almennt nytjaleyfi. Nytjaleyfi skiptast í almenn og sérstök leyfi (e. simple og exclusive). Sérstök nytjaleyfi veita nytjaleyfishafa einkarétt að meira eða minna leyti til að hagnýta hönnun. Almenn nytjaleyfi veita hins vegar aðeins heimild til að hagnýta hönnun en ekki einkarétt af neinu tagi. Enn fremur er kveðið á um að nytjaleyfið eigi að veita í sanngjarnan tíma með sanngjörnum skilmálum. Reglan skírskotar til mælikvarða sann-

girni sem nota ber við úrlausn mála og er næmur fyrir breyttum viðhorfum og ríkjandi skoðunum á hverjum tíma.

Í greininni er aðeins fjallað um skráða hönnunarvernd. Sami vandi getur komið upp hvað varðar óskráða hönnunarvernd. Annar en rétthafi getur hagnýtt sér hönnun undir þeim formerkjum að um hans hönnun sé að ræða. Óþarft þykir að hafa sérákvæði um þetta atriði þar sem aðeins er um eina tegund af broti gegn hönnunarrétti að ræða. Málsókn vegna slíks brots lyti því sömu reglum og almennt gilda um brot gegn hönnunarrétti.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma reglu sem tekin hefur verið upp í ýmis lög á sviði hugverkaréttar. Reglan kveður á um það sem kalla mætti réttindaþurrð (d. konsumption og e. exhaustion of rights) og á sér stað við markaðssetningu vöru sem hönnun einkennir. Eftir að vara, sem vernduð hönnun einkennir, er komin á markað fyrir atbeina eða með samþykki rétthafa er meginreglan sú að rétthafi getur ekki haft frekari áhrif á markaðssetningu vörunnar eða aðrar athafnir sem taldar eru upp í greininni.

Fram til þessa hefur almennt gilt um réttindaþurrð að reglan eigi eingöngu við innan einstakra ríkja. Þetta er í samræmi við þá meginreglu í hugverkarétti að réttindin séu landfræðilega afmörkuð. Slík landfræðileg afmörkun getur valdið viðskiptahindrunum og því hefur hún verið afnumin í réttarframkvæmd innan Evrópubandalagsins að því er varðar réttindaþurrð. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ber einnig að afnema landfræðilega afmörkun réttindaþurrðar í löndum EFTA. Með tilliti til hugsanlegar aðildar Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði tekur réttindaþurrðin hér því til alls Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 13. gr.

Með auglýsingu iðnaðarráðherra nr. 187 frá 24. apríl 1991 var Einkaleyfastofunni falið að sjá um framkvæmd laga og alþjóðasamninga er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Meðal verkefna stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd.

Hönnunarskrá skv. 3. mgr. er hliðstæð þeim landsskrám sem stofnunin heldur yfir skráð vörumerki og einkaleyfi.

Áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum starfar samkvæmt lögum nr. 31/1984. Gert er ráð fyrir að nefndinni verði einnig falið að fjalla um áfrýjunarmál varðandi hönnunarvernd og að nánari reglur um starfshætti hennar á því sviði verði settar í reglugerð.

Reynsla varðandi fjölda umsókna o.fl. mun ráða því hvort umsóknir um hönnunarvernd verða birtar í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum eða hvort gefið yrði út sérstakt rit fyrir birtingar er varða hönnunarvernd.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um móttöku umsókna um hönnunarvernd og ýmis formskilyrði sem umsókn þarf að uppfylla til að teljast gild.

Skriflegri umsókn skal skila til Einkaleyfastofunnar. Móttaka umsóknar hefur mikilvæg réttaráhrif og því er nauðsynlegt að hægt sé að færa sönnur á hvenær umsókn var lögð inn hjá skráningaryfirvöldum.

Meðal þýðingarmestu þátta varðandi frágang umsóknar er að henni fylgi greinilegar ljósmyndir eða teikningar er sýni heildarútlit hönnunar og þau einkenni hennar sem um-

sækjandi óskar að vernda. Ekki yrði tekið við umsókn nema myndir fylgi. Gera verður ráð fyrir að krafa um ógildingu yrði í mörgum tilvikum eingöngu byggð á myndum þeim sem birtar eru almenningi ásamt efni umsóknar. Því gleggri sem myndir eru þeim mun minni líkur eru á að krafa um ógildingu væri byggð á misskilningi, þ.e. að sá sem ógildingar krefst hafi ekki getað glöggvað sig á þeim sérkennum hönnunar er gera hana frábrugðna þeirri hönnun sem var tilefni ógildingarkröfu. Myndir eða teikningar þurfa að vera hæfar til prentunar.

Þau tilvik geta komið upp að erfitt sé að lýsa hönnun nægilega vel með myndrænum hætti. Slíkt gæti átt við hönnun sem hefur til að bera einkenni sem betur yrði lýst með orðum. Fyrir getur komið að t.d. yfirborðsáferð vöru verði betur skynjuð með snertingu en myndrænni birtingu er höfðar eingöngu til sjónskynjunar. Geta má slíkra einkenna í stuttorðri lýsingu með umsókn. Lýsing verður þó ekki birt með myndum af hönnun. Lýsing ein sér getur ekki haft áhrif á umfang verndar. Lýsing er hugsuð sem hjálpargagn til að skýra út myndir og geta skráningaryfirvöld kallað eftir lýsingu ef þurfa þykir.

Samkvæmt greininni er heimilt að leggja fram líkan af hönnun. Líkanið stendur þá sem sönnun fyrir útliti og gerð hönnunar ef um ágreining yrði að ræða. Varsla sýnishorna hefur óhjákvæmilega í för með sér nokkurn kostnaðarauka fyrir umsækjendur.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um þá skyldu rétthafa, sem ekki hefur lögheimili hér, að hafa umboðsmann sem búsettur er hér á landi. Umboðsmaður getur hvort heldur verið einstaklingur eða lögpersóna. Í umboði felst að umboðsmaður hefur heimild til að taka bindandi ákvarðanir varðandi allt það er varðar viðkomandi hönnunarumsókn eða skráningu.

Ekkert er því til fyrirstöðu að rétthafi með lögheimili hér á landi feli umboðsmanni að koma fram fyrir sína hönd gagnvart skráningaryfirvöldum.

Um 16. gr.

Þótt Ísland sé enn ekki formlegur aðili að Locarno-sáttmálanum um alþjóðlega flokkun hönnunar er gert ráð fyrir að hönnun verði skipað í flokka samkvæmt flokkunarkerfi hans. Vernd hönnunar er óháð því hvernig hönnuninni er skipað í flokka. Ef tiltekin hönnun er mjög svipuð annarri, án þess þó að vera í sama flokki samkvæmt Locarno-sáttmálanum, er ekki gefið að hún yrði talin sérstæð. Flokkun hönnunar er aðeins til hægðarauka fyrir skráningaryfirvöld og þá sem leita upplýsinga hjá þeim. Flokkunin hefur ekki sérstök réttaráhrif eins og t.d. flokkun vörumerkja og yrði því ekki tilgreind í birtingu.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um svonefnda samskráningu, þ.e. tilvik þegar umsækjandi sækir um vernd á fleiri en einni hönnun (hönnunarsamstæðu) í sömu umsókn. Samskráning kem ur eingöngu til greina þegar um ræðir hönnunarvernd á vörum (hlutum) sem bera sama heildarsvip hvað hönnun varðar og sem tilheyra sama undirflokki samkvæmt hinu alþjóðlega flokkunarkerfi. Ef vörur, sem hönnun einkennir, heyra ótvírætt saman með tilliti til notkunar yrði þó talið fullnægjandi að þær tilheyri sama aðalflokki.

Gera verður ráð fyrir að skráningaryfirvöld meti hvert einstak tilvik með hliðsjón af þessum meginreglum.

Í reglugerð yrði kveðið á um samskráningu, þar á meðal um gjöld. Ekki þykir rétt að takmarka í frumvarpinu hversu mörg eintök hönnunar væri hægt að vernda með einni skráningu. Í stað slíks hámarks kemur til greina að gjald fyrir samskráningu færi stighækkandi eftir fjölda eintaka.

Um 18. gr.

Frumvarpið er byggt á þeirri meginreglu að hönnunarvernd verði skráð án undangenginnar rannsóknar á því hvort umsókn geti talist sérstæð samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. frumvarpsins.

Vilji umsækjandi láta fara fram rannsókn á því hvort umsóknin teljist sérstæð verður hann að leggja fram beiðni þar að lútandi samtímis því sem umsókn er lögð inn. Gengið er út frá því að eins eða svipuð hönnun í hvaða landi sem er geti hindrað að hönnun yrði talin sérstæð. Rannsóknin er ekki bundin við hönnun sem þegar er skráð.

Sami réttur er með ákvæði greinarinnar tryggður hverjum þeim sem óskar rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða lík annarri. Ákvæðið mun einkum eiga við í tengslum við ógildingarmál. Réttur þessi er ekki bundinn við ákveðin tímamörk.

Það leiðir af eðli máls að gjald fyrir rannsókn yrði ekki innifalið í umsóknargjaldi heldur yrði krafist sérstaks gjalds í þeim tilvikum sem farið er fram á rannsókn.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um meðhöndlun skráningaryfirvalda á umsókn.

Í flestum ríkjum Evrópu fer aðeins fram formrannsókn á umsókn áður en skráning fer fram. Norrænu mynsturlögin skera sig nokkuð úr því samkvæmt þeim er skráningaryfirvöldum skylt að rannsaka hvert mynstur sem sótt er um skráningu á. Rannsóknin beinist ekki aðeins að hugsanlegum formgöllum heldur er einnig rannsakað hvort mynstur teljist nýtt og frábrugðið eldri mynstrum. Þetta fyrirkomulag hefur sætt nokkurri gagnrýni. Rannsóknirnar þykja of tímafrekar og dýrar miðað við hversu haldbærar þær eru.

Í greininni segir að skráningaryfirvöld skuli kanna hvort umsókn uppfylli skilyrði tiltekinna greina frumvarpsins. Að meginhluta til er hér um að ræða rannsókn á formskilyrðum.

Rannsókn skv. a-lið 1. mgr. telst efnisleg rannsókn. Ef umsókn uppfyllir ekki þessi skilyrði er hún óskráningarhæf og ber að hafna henni. Þó skal ekki afmá umsókn fyrr en umsækjandi hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt eða lagfæra umsóknina.

Rannsókn skv. 14., 15. og 17. gr. snýr að formsatriðum umsóknar. Ef formsatriðum umsóknar er áfátt skal umsækjanda gert viðvart og honum gefinn kostur á að lagfæra umsóknina. Umræddur frestur umsækjanda til að segja álit sitt eða lagfæra umsóknina yrði stuttur og undir öllum kringumstæðum skal umsókn hafa uppfyllt formskilyrði er hún verður almennt aðgengileg, sbr. 21. gr.

Í 4. mgr. er að finna heimild til handa skráningaryfirvöldum til að breyta upphafsdegi umsóknar. Slíkt telst aðeins koma til álita í þeim tilvikum sem lagfæring á formgöllum yrði talin fela í sér efnislega breytingu og gæti þannig haft áhrif á umfang verndar. Sem dæmi má nefna að endurbætt mynd af hönnun, sem lögð væri inn í framhaldi af ábendingu skráningaryfirvalda, sýndi eitthvað það sem ekki kom fram á mynd þeirri er upphaflega fylgdi umsókn.

Um 20. gr.

Samkvæmt greininni yrði umsókn ekki skráð fyrr en hún uppfyllir öll skilyrði lag-

anna, þar með talið að greidd hafi verið tilskilin gjöld. Þær upplýsingar, sem í skráningu felast, yrðu færðar í hönnunarskrá.

Skráninguna skal birta svo fljótt sem unnt er. Með birtingunni fær almenningur upplýsingar um að viðkomandi hönnun hafi verið skráð og njóti hönnunarverndar.

Um 21. gr.

Eftir skráningu er hönnun opinber og getur hver sem er kynnt sér umsóknargögnin.

Umsækjandi getur við innlagningu umsóknar óskað eftir því að skráningu verði frestað í allt að sex mánuði. Hér er um að ræða svokallaðan leyndartíma sem tíðkast hefur í mynsturrétti annars staðar á Norðurlöndum.

Þótt innihaldi slíkra umsókna sé með þessum hætti haldið leyndu í takmarkaðan tíma yrði þess getið með birtingu í riti skráningaryfirvalda að umsókn hafi borist og hver sé umsækjandi.

Aldrei mega líða meira en sex mánuðir frá umsóknar- eða forgangsréttardegi þar til umsókn er gerð aðgengileg almenningi. Gengið er út frá því að þá uppfylli umsókn öll formskilyrði.

Um 22. gr.

Verndartími óskráðrar hönnunar er tvö ár. Verndin er einkum hugsuð fyrir hönnuði í þeim greinum þar sem hönnun hefur skamman líftíma og þarfnast ekki verndar í áraraðir. Dæmi um þetta er tískufatnaður sem breytist jafnvel ársfjórðungslega. Hönnuðir slíkrar framleiðslu vilja e.t.v. ekki leggja út í kostnað og fyrirhöfn við skráningu. Með ákvæðinu er þeim eigi að síður tryggð ákveðin vernd.

Óskráð vernd er ótryggari en hin skráða þar sem erfitt getur reynst að sanna hvenær hönnun kom fram á sjónarsviðið, sbr 6. gr. frumvarpsins. Í tillögum Evrópubandalagsins (Green Paper) er gert ráð fyrir að óskráð hönnunarvernd gildi í þrjú ár.

Um 23. gr.

Greinin kveður á um gildistíma skráðrar hönnunarverndar. Verndartími mynsturverndar er mislangur í ríkjum Evrópu, allt frá því að vera 15 ár í Danmörku upp í það að vera ótakmarkaður eins og t.d. í Portúgal.

Skráning samkvæmt frumvarpinu gildir í fimm ár frá því umsókn var lögð inn eða frá upphafsdegi ef ákvæðum 4. mgr. 19. gr. varðandi tilfærslu upphafsdags er beitt. Rétthafa gefst kostur á að endurnýja verndina fjórum sinnum eða þar til 25 ára samfelldum verndartíma er náð.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um endurnýjun hönnunarverndar.

Í umsóknargjaldi er innifalin greiðsla fyrir fyrsta skráningartímabil en því lýkur þegar fimm ár eru liðin frá upphafsdegi. Endurnýjunargjald greiðist síðan fyrir fram á fimm ára fresti innan þeirra tímamarka sem hér eru tilgreind.

Um 25. gr.

Um ógildingarmál fyrir dómstólum gilda meginreglur íslensks réttarfars. Í greininni eru taldar upp ógildingarástæður sem unnt er að beita fyrir dómstólum.

Í 3. tölul. segir að ógilda megi hönnun sem fer í bága við „annars konar eldri hugverkaréttindi“. Hér er t.d. átt við hönnun sem brýtur gegn hönnunar-, vörumerkja- eða höf-

undarétti eða sem heimildarlaust felur í sér eitthvað sem skilja má sem sérkennilegt heiti á vernduðu bókmennta- eða listaverki annars manns.

Undir höfundarétt fellur m.a. réttur á ljósmynd. Hér á landi eru ekki sérlög um vernd ljósmynda heldur njóta þær verndar í höfundaréttarlögum.

Um 26. gr.

Fyrstu tvö árin eftir skráningu hönnunarverndar má beina kröfu um ógildingu hennar til skráningaryfirvalda. Kröfuna verður að byggja á ástæðum þeim er fram koma í 1.–3. tölul. 25. gr. Eftir að tvö ár eru liðin frá skráningu hönnunarverndar verður ógildingarmál einungis höfðað fyrir dómstólum.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um hverjum sé heimilt að höfða mál til ógildingar á hönnunarvernd fyrir dómstólum eða skráningaryfirvöldum, þ.e. Einkaleyfastofunni. Einungis þeim er lögvarðra hagsmuna eiga að gæta er heimilt að höfða slíkt mál. Þessir lögvörðu hagsmunir takmarkast þó við þær ástæður er fram koma í 25. gr.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að skráning verði afmáð úr hönnunarskrá. Á meðan ógildingarmál er í gangi telst skráður rétthafi hönnunarverndar vera eigandi hennar. Hafi ógildingarmál verið höfðað fyrir dómstólum verður skráning ekki afmáð úr hönnunarskrá fyrr en afrit dóms hefur borist Einkaleyfastofunni. Hér er ekki valin sú leið, sem farin er í vörumerkjalögum, að skylda dómara til þess að senda skráningaryfirvöldum afrit dóms. Gera verður ráð fyrir að annar aðili máls muni ávallt hafa hagsmuni af því að kynna Einkaleyfastofunni niðurstöðu máls ef hún leiðir til breytinga á skráningu.

Hafi ógildingar verið krafist fyrir skráningaryfirvöldum ber Einkaleyfastofunni að tilkynna báðum aðilum niðurstöðu máls og er það í samræmi við venjubundnar stjórnsýslureglur.

Um 29. gr.

Ógilding hönnunarverndar hefur í för með sér að skráning hönnunarverndarinnar telst ógild frá upphafi, ógildingin hefur „ex tunc“ áhrif. Er það í samræmi við það sem tíðkast hefur í íslenskum stjórnsýslurétti og telja má meginreglu á þessu sviði. Af ákvæðinu leiðir að þau réttindi, sem skráður rétthafi hönnunarverndar eða aðrir með samþykki hans kunna að hafa öðlast með skráningunni, falla niður. Þeir geta ekki lengur byggt á neinum þeim rétti sem skapast hefur með skráningunni.

Um 30. gr.

Ákvörðun skráningaryfirvalda má skjóta til áfrýjunarnefndar. Þetta á bæði við um umsækjanda eða rétthafa hönnunarverndar og þann er krefst ógildingar skráningar.

Um 31. gr.

Hér er tekið fram að hönnunarvernd megi framselja með eða án atvinnurekstrar.

Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla að hönnun, sem tilheyrir atvinnurekstri, telst hluti af honum við sölu. Frá þessari meginreglu má þó víkja með samningum.

Um 32. gr.

Nytjaleyfissamningar byggjast á trúnaðarsambandi aðila og gert er ráð fyrir að rétthafi hönnunarverndar geti fylgst með hvort nytjaleyfishafi hagnýti hönnun á umsaminn hátt. Ákvæðið kemur í veg fyrir hvers konar aðilaskipti án samþykkis rétthafa, þar á meðal veitingu nytjaleyfis.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá meginreglunni í 1. mgr. Það yrðu talin of mikil höft á viðskiptafrelsi ef rétthafi gæti komið í veg fyrir að fyrirtæki væri selt ásamt nytjaleyfi. Verðmæti fyrirtækis getur fyrst og fremst verið fólgið í nytjaleyfi.

Um 33. gr.

Nauðsynlegt getur verið fyrir nytjaleyfishafa að höfða mál vegna brota á hönnunarvernd til að vernda hagsmuni sína. Nytjaleyfishafi verður þó að fá málsóknarheimild frá rétthafa verndarinnar.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um hvaða upplýsingar skuli færa í hönnunarskrá.

Hvers konar aðilaskipti skulu færð í skrána. Aðilaskipti geta orðið við framsal, erfðir, skipti bús eða fullnustuaðgerðir skuldheimtumanna. Ef veðhafi eða eigandi hönnunarverndar óskar ber að geta þess í hönnunarskrá ef hönnunarvernd hefur verið veðsett eða aðför gerð í henni.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að framsal nytjaleyfis verður ekki fært í hönnunarskrá nema sannað sé að eigandi hafi samþykkt framsalið.

Nytjaleyfi verður því aðeins afmáð úr hönnunarskrá að sönnur séu færðar á að það sé úr gildi fallið. Samþykki nytjaleyfishafa telst nægileg sönnun fyrir að nytjaleyfi sé fallið niður. Ef ekki liggur fyrir samþykki verður að færa sönnur á brottfall nytjaleyfis með öðrum hætti.

Í 4. mgr. kemur fram að aðilaskipti geta ekki tekið til hluta hönnunarsamstæðu sem vernduð er með samskráningu.

Ávallt má beina málsókn að þeim sem skráður er rétthafi í hönnunarskrá. Skráður rétthafi getur því ekki mótmælt málshöfðun með þeim rökum að hann hafi framselt hönnunarverndina. Ekki má þó gagnálykta frá þessari reglu. Aðili, sem skráður rétthafi stefnir, getur mótmælt sóknaraðild hins skráða rétthafa á þeirri forsendu að hann hafi framselt hönnunarverndina. Réttur sóknaraðila í slíkum málum er hinn raunverulegi rétthafi hvort sem hann er skráður í hönnunarskrá eða ekki.

Allar breytingar á eignaraðild skal birta í riti því er Einkaleyfastofan gefur út.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um réttarúrræði sem rétthafar skráðrar sem óskráðrar verndar geta fært sér í nyt ef þeir telja brotið á rétti sínum.

Norræn lög á sviði hugverkaréttar hafa almennt ekki að geyma sérákvæði um lögbann. Lögbann getur þó verið áhrifaríkasta réttarúrræðið í hugverkarétti. Önnur réttarúrræði, eins og t.d. skaðabætur, henta ekki eins vel. Skaðabætur fyrir tjón vegna brots á hönnunarvernd er erfitt að meta og eru þær því oft vanmetnar. Rétthafi hönnunarverndar hefur meiri hag af því að brot sé stöðvað strax heldur en að fá ófullnægjandi bætur síðar samhliða því sem viðskiptavild hans kynni að hafa rýrnað.

Þar sem um er að ræða mikilvægt réttarúrræði á þessu sviði þykir rétt að kveða sérstaklega á um að unnt sé að krefjast lögbanns. Lögbann er hægt að leggja við athöfn sem

byrjuð er eða er yfirvofandi. Skilyrði er að gerðarbeiðandi sanni eða leiði líkur að því að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Beiðni um lögbann skal beint til sýslumanns á heimilisvarnarþingi gerðarþola eða þar sem meint ólögmæt athöfn fer fram eða líkur eru á að hún muni fara fram. Framkvæmd lögbanns fer eftir almennum reglum sem gilda um lögbann, þ.e. lögum nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Um 36. gr.

Í greininni eru talin upp refsiviðurlög vegna brota gegn hönnunarrétti. Ákvæðið er bundið við ásetningsbrot. Óþarfi þykir að hafa refsiákvæði vegna brota sem framin eru af gáleysi. Í hugverkarétti eru flest dómsmál einkaréttarlegs eðlis og er þá beitt öðrum viðurlögum en refsingu, svo sem skaðabótum, krafist ónýtingar, afhendingar o.s.frv. Einungis þykir því þörf á refsiviðurlögum vegna skipulegrar brotastarfsemi. Hér gilda að öðru leyti almennar reglur refsiréttarins, svo sem um tilraun og hlutdeild.

Heimild til varðhalds eða fangelsis í allt að þrjá mánuði er í samræmi við refsiákvæði einkaleyfalaganna, nr. 17/1991. Þar sem um refsimál er að ræða sæta slík mál að sjálfsögðu opinberri meðferð. Rétthafi skal snúa sér til lögreglu með kæru ef hann vill láta beita refsiviðurlögum. Rétthafi getur einnig haft uppi kröfur um skaðabætur í opinberu máli, sbr. 39. gr.

Um 37. gr.

1. mgr. tekur til brota sem framin eru af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt ákvæðinu ber þeim sem brýtur gegn hönnunarrétti að greiða hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu hönnunar. Endurgjald skal greiða þótt ekki sé um neitt sannanlegt tjón að ræða. Hæfilegt endurgjald er alltaf a.m.k. hæfilegt nytjaleyfisgjald. Taka verður mið af nytjaleyfissamningum um svipuð réttindi. Einnig ber þeim sem brýtur gegn hönnunarvernd skylda til að greiða fyrir það tjón sem hann hefur valdið. Hér er um venjulegar skaðabætur að ræða sem lúta almennum reglum skaðabótaréttarins.

Í 2. mgr. er ákvæði sem á aðeins við um brot framin í góðri trú. Endurgjald fyrir hagnýtingu er takmarkað við þann hagnað sem hinn bótaskyldi hefur haft af brotinu.

Um 38. gr.

Greinin hefur að geyma reglur um aðgerðir sem kveða má á um með dómi til að koma í veg fyrir frekari brot á hönnunarrétti. Ákvæði greinarinnar eru hliðstæð ákvæðum í norrænum einkaleyfalögum og höfundaréttarlögum. Um er að ræða tæmandi upptalningu á úrræðum til að koma í veg fyrir brot gegn hönnunarrétti. Mögulegt er að beita þessum viðurlögum saman eftir aðstæðum. Enn fremur er unnt að beita þeim ásamt skaðabótum.

Við beitingu ákvæðisins verður að taka tillit til aðdraganda hvers brots og allra aðstæðna þannig að niðurstaðan verði ekki ósanngjörn. Hér ræður miklu hvort brot er framið af ásetningi eða gáleysi. Enn fremur hefur mikla þýðingu hvort og hve háar skaðabætur eru dæmdar.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um hverjum sé heimilt að höfða mál eða hverjir eigi sókn sakar í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Það eru einungis þeir sem telja að hagsmunir sínir, er byggja á hönnunarrétti, séu skertir. Er það í samræmi við almennar réttarfarsreglur.

Um 40. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur m.a. um áfrýjunarnefnd, umsóknir og meðferð þeirra, hönnunarskrá, birtingar og meðferð ógildingarmála. Þá yrðu gjöld samkvæmt ákvæðum laganna einnig ákveðin með reglugerð.

Um 41. gr.

Vegna tilkomu hins nýja sviðs, sem frumvarpið fjallar um, er nauðsynlegt fyrir skráningaryfirvöld að hafa nokkurt svigrúm til að undirbúa framkvæmd væntanlegra laga. Nauðsynlegt þykir að skráningaryfirvöld fái eitt ár til slíks undirbúnings.

254. Fyrirspurn [213. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning Rafmagnsveitna ríkisins til Egilsstaða.

Frá Karenu Erlu Erlingsdóttur.

Hefur verið gerð athugun á því hvort mögulegt sé að flytja höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins til Egilsstaða?

255. Fyrirspurn [214. mál]

til viðskiptaráðherra um gengismál.

Frá Karenu Erlu Erlingsdóttur.

Kemur til greina að breyta þeirri myntkörfu sem gengi íslensku krónunnar er nú miðað við?

256. Fyrirspurn [215. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfismat á hugsanlegum virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum.

Frá Karenu Erlu Erlingsdóttur.

Hefur farið fram umhverfismat á hugsanlegum virkjunarframkvæmdum á Jökulsá á Fjöllum? Ef svo er ekki, er slíkt mat væntanlegt?

257. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi veiðieftirlitsmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, nefnd um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, BSRB og BHMR.

Formenn BSRB og SFR komu að máli við formann nefndarinnar og lýstu áhyggjum sínum af stöðu starfsmanna Ríkismats sjávarafurða í sambandi við fyrirhugaða stofnun hlutafélagsins. Var nefndinni skýrt frá þessum viðræðum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins og leggur áherslu á að starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða verði útvegað starf hjá væntanlegu hlutafélagi eða Fiskistofu.

Stefán Guðmundsson hefur fyrirvara um samþykki sitt við frumvarpið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 3. nóv. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Össur Skarphéðinsson.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.	

258. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Árni R. Árnason, Salome Þorkelsdóttir, Árni M. Mathiesen, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lögð verði ný akbraut við hlið hinnar gömlu þannig að Reykjanesbraut verði fullkomin hraðbraut með aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum til hvorrar áttar.

Greinargerð.

Á fjórum þingum fram að vorþingi 1991 voru fluttar þingsályktunartillögur um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar við Keflavíkurflugvöll. Fyrst var tillaga flutt af Kolbrúnu Jónsdóttur og Júlíusi Sólnes á 110. löggjafar-

þingi 1987–1988, þá af Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni 1988–1989, síðan af Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni 1989–1990 og enn af Hreggviði Jónssyni, Inga Birni Albertssyni og Ellert Eiríkssyni 1990–1991. Tillagan var flutt í fimmta sinn á 115. löggjafarþingi en kom þá ekki til umræðu. Hún er nú lögð fram á ný, enda er það mat flutningsmanna að mjög brýnt sé að bæta öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut.

Reykjanesbraut, allt frá Reykjavík til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, er sérstæð meðal þjóðvega landsins. Hún tengir höfuðborgina við eina alþjóðaflugvöllinn í áætlunarflugi milli landa, liggur gegnum þrjá af fjölmennustu kaupstöðum landsins og er notuð af því sem næst öllum ferðalöngum sem koma til landsins og fara frá því, innlendum sem erlendum.

Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegur í þjóðvegakerfi landsins með bundnu slitlagi. Lagning hennar á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Sú framkvæmd var svar við mjög brýnni þörf því að umferð milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins var þá þegar orðin svo mikil að gamli malarvegurinn var með öllu ófullnægjandi.

Með tilkomu brautarinnar varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum íbúa Suðurnesja við höfuðborgarsvæðið og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og brautin var tekin í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar sem var þá og er enn meðal best búnu og öruggustu flugvalla við norðanvert Atlantshaf. Allar götur síðan hafa allir flugfarþegar til og frá Íslandi átt leið um Reykjanesbraut. Hún er því þjóðvegur allra landsmanna og um leið fyrsti og síðasti áfangi í ferð langflestra erlendra ferðamanna um Ísland. Öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut ræður því miklu um hvernig þeir minnast dvalar sinnar hér á landi og hvort þeir hyggjast koma hingað aftur eða ekki.

Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja saman atvinnulíf á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu sem er eftirsóknarvert af efnahagslegum ástæðum og enn fremur frá sjónarmiði vinnumarkaðarins. Mikilvægi þessa má marka af því að ríkisstofnun, sem fjallar um atvinnuástand og leiðir til úrbóta, hefur nýlega ályktað að ekki sé ástæða til aðgerða þó að atvinnuástand á Suðurnesjum sé langverst á landinu og langvarandi atvinnuleysi miklu meira þar en í öðrum landshlutum því að Suðurnesjabúar geti sótt vinnu til Reykjavíkur. Nú er talið að nærfellt 1.000 manns aki brautina daglega til og frá vinnu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, langmest til vinnu á Keflavíkurflugvelli. Ef þessi fjöldi tvöfaldast vegna atvinnusóknar Suðurnesjabúa til höfuðborgarsvæðisins má búast við gríðarlegri aukningu umferðar um Reykjanesbraut því að ekki er að vænta mikillar samnýtingar ökutækja þess fólks.

Bættar samgöngur skipta höfuðmáli fyrir byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Lengi hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði, fríiðnaðarsvæði, í námunda við flugstöðina og virðist nú loks hilla undir að úr verði. Einnig hefur komið til tals að skapa miðstöð fyrir erlend viðskipti sem raunar má telja nauðsynlega í tengslum við fríiðnaðarsvæði. Flugleiðir byggja þar nú geysistórt flugskýli og munu flytja þangað viðhald flugflota félagsins og ráðgera að annast þar viðhaldsverkefni fyrir önnur fyrirtæki í alþjóðlegri flugstarfsemi. Vænta má aukningar á umsvifum Íslendinga í ferðaþjónustu og ráðgera Suðurnesjabúar að taka vaxandi þátt í henni. Atvinnulíf á Suðurnesjum hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og versl-

un hafa engan veginn styrkst þar á móti. Á Suðurnesjum er þó einstæð aðstaða til útflutnings því að hvergi annars staðar á landinu er jafnstutt milli hafna sem liggja vel að fiskimiðum og flugvallar sem getur annast vöruflug hvert sem þarf. Með byggingu og starfrækslu stóriðjuvers á Keilisnesi verður mikilvægi Reykjanesbrautar enn meira og umferð og flutningar um hana munu stóraukast. Því er nú ástæða til að huga að ástandi brautarinnar, öryggi vegfarenda um hana og getu hennar til að annast aukna umferð og flutninga. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og bæta stórum möguleika þjóðarinnar til að ná umtalsverðri aukningu arðvænlegra starfa og er það næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Umferð um Reykjanesbraut hefur aukist jafnt og þétt, einkum vegna aukinna vöruflutninga í flugi, einnig vegna aukins samstarfs fyrirtækja og með aukinni atvinnusókn milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Umferðaróhöppum og slysum á brautinni hefur fjölgað að sama skapi. Áhyggjur af öryggi vegfarenda um Reykjanesbraut hafa komið fram í vaxandi mæli í hlustendaþáttum og lesendadálkum fjölmiðla, svo og í ályktunum sveitarstjórna. Hinn 25. janúar sl. var samgönguráðherra afhent áskorun um 4.000 einstaklinga um nákvæma athugun á hugmynd nokkurra aðila um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Reykjanesbraut í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem gera verður til einu samgönguæðar Suðurnesja og eina alþjóðaflugvallar þjóðarinnar við höfuðborgarsvæðið. Einkenni umferðar um Reykjanesbraut er hin mikla næturumferð allan ársins hring, svo og tímatakmörk sem næturferðirnar eru bundnar við, þ.e. upphaf vinnudags eða morgunvaktar og brottfarartíma áætlunarflugs. Vaxandi atvinnusókn um Reykjanesbraut mundi auka næturumferðina. Aksturshraði á brautinni eru oft mjög slæm og versna oft mjög skyndilega vegna tíðra og snöggra umhleypinga með miklum sveiflum í hita og úrkomu. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örskammri stund. Umferðarslys má oft rekja til þessara skyndibreytinga á akstursskilyrðum, svo og orsakast þau af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur slysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi Íslands, þ.e. á 0,6% allra þjóðvega landsins, verða 12,3% allra umferðarslysa, enda hefur Reykjanesbrautin verið nefnd svartasti vegarkaflinn á Íslandi. Því er deginum ljósara hve brýnt er að bæta öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut. Einnig það er næg réttlæting fyrir því að hraða framkvæmd þessari.

Sérfræðingar Vegagerðar ríkisins hafa talið að þegar mesta umferð nemi um 8.000–10.000 bifreiðum á sólarhring þurfi að aðskilja aksturstefnur. Ljóst er að óðfluga dregur að því að umferðarþunginn nái þessum mörkum. Þá er ekki tekið tillit til þess hvert er hlutfall þungra bifreiða í umferð um Reykjanesbraut. Aðalfundur Sambands sveitarstjórna á Suðurnesjum 1991 benti á í ályktun um olíuflutninga um Reykjanesbraut að um hana eru árlega flutt um 80.000 tonn af flugvélabensíni auk annarra bensín- og olíuflutninga. Greining Vegagerðar ríkisins leiðir í ljós að hlutfall þungra bifreiða á Reykjanesbraut muni vera 10–11% á virkum dögum og 4–5% um helgar. Þetta er hærra hlutfall en almennt á þjóðvegum landsins. Hærra hlutfall þungaflutninga en almennt gerist er skýr ábending um að almennir arðsemisútreikningar vegaframkvæmda eru ófullnægjandi til að meta arðsemi og þörf á að tvöfalda Reykjanesbraut.

Á fyrsta umferðarþingi í nóvember 1990 flutti Lára Margrét Ragnarsdóttir, hagfræðingur hjá Ríkisspítölum, erindi um kostnað þjóðfélagsins af völdum umferðarslysa 1989 á verðlagi í nóvember 1990. Forsendur hennar eru birtar í skýrslu um störf þingsins. Þar

kemur fram að telja megi að um 4.000 manns hafi slasast í umferðinni 1989 en 28 létust. Niðurstöður hennar, einnig birtar í skýrslunni, eru að samtals hafi kostnaður þjóðfélagsins numið 5.239 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins voru umferðarslys á Reykjanesbraut 12,3% allra umferðarslysa á árinu 1987, síðasta heila árið sem lögregluskýrslur voru gerðar um öll umferðaróhöpp. 12,3% af fyrrgreindri fjárhæð framreiknaðri til verðlags ársins 1991 (meðaltal) eru um 695 millj. kr. Sú fjárhæð er óyggjandi vísbending um kostnað þjóðfélagsins af umferðarslysum á Reykjanesbraut á ári hverju meðan ekki er bætt öryggi umferðar og vegfarenda um hana og um þann ávinning sem þjóðfélagið getur vænst af þeirri framkvæmd. Þessi vísbending er enn sem komið er ekki viðhöfð við athuganir Vegagerðar ríkisins á arðsemi vegaframkvæmda.

Af fylgiskjölum með greinargerðinni má sjá að íbúar á Suðurnesjum voru 1. desember sl. 15.355 auk um 5.000 íbúa í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Einnig að um Keflavíkurflugvöll fara alls um 700 þúsund farþegar árlega og nærfellt 20 þúsund tonn af vörum og pósti. Þessir flutningar eru jafnmiklir og um alla aðra flugvelli á Íslandi.

Kostnaður við tvöföldun Reykjanesbrautar er í janúar 1992 gróflega áætlaður um 1,5 milljarðar króna. Íbúar á Suðurnesjum að meðtöldum íbúum Keflavíkurflugvallar eru um 19.000. Daglegir notendur Reykjanesbrautar eru auk þeirra fyrrnefndu þeir nærfellt 1.000 íbúar höfuðborgarsvæðisins sem stunda atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Þá er Reykjanesbraut þjóðvegur allra landsmanna sem ferðast til og frá landinu, svo og allra erlendra ferðamanna sem hingað koma og um hana eru miklir þungaflutningar. Til samanburðar má nefna: Íbúar Ólafsfjarðar eru um 1.150. Kostnaður við gerð ganga um Ólafsfjarðarmúla var síðast áætlaður um 1,3 milljarðar króna. Íbúar vestan Ísafjarðar allt til Patreksfjarðar eru samtals um 3.000 og kostnaður við gerð jarðganga undir Breiðadalsheiði milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar er talinn munu nema um 1,3 milljörðum króna.

Fylgiskjal I sýnir hvar slys hafa orðið á Reykjanesbraut á árunum 1980–1989.

Fylgiskjal II sýnir upplýsingar um banaslys á Reykjanesbraut.

Fylgiskjal III sýnir upplýsingar um umferðarþunga og umferðarslys á Reykjanesbraut frá því að brautin var fullgerð eins og hún er nú, en án þeirra lagfæringa sem verið er að gera við vegamót að henni og við vegaraxlir.

Fylgiskjal IV sýnir samanburð umferðarslysa á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi og ályktanir um ástæður mismunar.

Fylgiskjal V sýnir íbúafjölda á Suðurnesjum.

Fylgiskjal VI sýnir umferð um Keflavíkurflugvöll.

Um samhljóða fylgiskjöl, sem talin eru upp hér að framan, vísast til þskj. 551 bls. 3336–3342 í A-deild Alþt. 1991–92.

259. Fyrirspurn [217. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve miklum fjármunum verður varið til kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands á næsta ári samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins?

2. Hvenær hefst kennsla í táknmálstúlkun?
3. Hvað er gert ráð fyrir að margir nemendur geti stundað nám í táknmálstúlkun á næsta ári?

260. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um endurmat iðn- og verkmenntunar.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja sé að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi muni í næstu framtíð byggjast á frekari sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Margvísleg rök hnígi að því að iðn- og verkmenntun verði nú skilgreind að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Því samþykkir Alþingi að fela menntamálaráðherra að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í mars 1994.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi.

Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt nú að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag, sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna, hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka.

Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir þeir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms.

Iðnnemi hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra ára nám:

1. að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum en sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla,
2. að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins,
3. að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi, að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla.

Mjög er til athugunar, þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir, að leita samstarfs við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur, sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúka þar námi, geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti námsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að koma með ákveðnar aðgerðir sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun, eins og hér er lagt til að gerðar verði, eru iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú.

Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum, sem nú eru ræddar, að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar. Afar mikilvægt er að skapa þeim er ljúka námi í meistaraskóla greiðari leið til frekara náms, standi hugur þeirra til þess, án þess að þurfa að stíga verulegt skref til baka á námsferli sínum. Vert er að vekja sérstaka athygli á hversu námsráðgjöf í íslensku skólakerfi hefur verið máttlítil og takmarkaður skilningur ríkt á því mikilvæga hlutverki sem slík ráðgjöf gegnir fyrir hvern þann sem leitar leiða til náms.

Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt. Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en verið hefur verklega kennslu og endurmenntun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að íhuga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglærða fólks er starfar í hinum lögvernduðu iðngreinum. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglærða fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæfi stig í verkmenntabók, skráða á nafn viðkomandi, sem þá mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna, sem hér er lagt til að fari fram, er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins og þá sérstaklega fulltrúum iðnaðarins sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessum efnum svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands.

261. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðræðna Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra og Þórhall Jósepsson, deildarstjóra frá samgönguráðuneytinu, og Þórhall Arason, skrifstofustjóra frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Sigbjörn Gunnarsson og Sturla Böðvarsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. nóv. 1992.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.
Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
	Drífa Hjartardóttir.	

262. Fyrirspurn [219. mál]

til menntamálaráðherra um verkmenntun í framhaldsskólum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hyggst menntamálaráðherra efla þátt verkmenntunar í framhaldsskólakerfinu og auka jafnframt tengsl verkmenntakennslu og atvinnulífsins?

Skriflegt svar óskast.

263. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um ferðamál.

Flm.: Karen Erla Erlingsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starf Ferðamálaráðs á sviði umhverfisverndar, vöruþróunar og markaðssetningar.

Greinargerð.

Í umræðum um atvinnumál ber ferðaþjónustu ávallt á góma sem þá atvinnugrein sem hvað mestur vaxtarbroddur er í um þessar mundir. Ráðamenn þjóðarinnar tala á hátíðarstundum um ferðaþjónustuna sem ljósið í myrkrinu. Ferðamálaráð hefur undanfarin missiri unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu, m.a. í umhverfis- og markaðsmálum. Telur ráðið möguleika á að auka fjölda ferðamanna, sem koma til landsins, um að meðaltali 6% á ári til aldamóta án þess að fjárfesta að nokkru ráði í gisti- og veitingaaðstöðu eða samgöngutækjum. Þetta verði m.a. gert með því að leggja áherslu á ferðaþjónustu utan háannatíma. Þá munu gjaldeyristekjur þjóðarinnar af ferðaþjónustu geta orðið allt að 130 milljörðum króna á þessum tíma að áliti Ferðamálaráðs, auk þess sem 2.200 ný störf munu skapast. Þessi aukning kemur þó ekki af sjálfu sér. Til að svo megi verða þarf að koma til mikil vinna og aukið fjármagn til vöruþróunar og markaðssetningar.

Vart þarf að tíunda hversu mikilvægur þáttur umhverfisvernd er í allri ferðaþjónustu. Á sama hátt og fiskstofnar eru sú auðlind, sem sjávarútvegur byggist á, er náttúran auðlind ferðaþjónustunnar. Grundvallarskilyrði áframhaldandi uppbyggingar öflugrar ferðaþjónustu er verndun þessarar auðlindar. Því er nauðsyn fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir náttúruspjöll og eyðingu.

Í sumum landshlutum hefur verið mótuð framtíðarstefna í ferðamálum og í öðrum er unnið að slíkri stefnumótun. Niðurstaða þessarar vinnu er sú að byggja þurfi upp aðstöðu til afþreyingar fyrir ferðamenn. Margar góðar hugmyndir koma fram en fjármagn skortir. Hins vegar virðist engum vandkvæðum bundið að fá fjármagn í gegnum opinbera sjóði til fjárfestingar í gistiaðstöðu enda hefur framboð hennar aukist mjög á síðustu missirum. Erlendir ferðamenn koma þó ekki til Íslands til að gista á einhverju hóteli. Þeir koma til að skoða náttúruperlur landsins og upplifa eitthvað óvenjulegt og sérstakt sem oftast tengist náttúrunni, t.d. jökla-, hesta- og bátsferðir. Mjög erfitt er að fjármagna hugmynd er tengist slíkri afþreyingu. Til þess vantar áhættufjármagn frá opinberum aðilum. Ekki ætti þó að vera þörf á að stofna sjóð til þess þar sem sjóðurinn er til og heitir Ferðamálasjóður, sbr. V. kafla laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Hann er hins vegar févana og vantar aukið eigið fé eigi hann að standa undir nafni.

Aukið fjármagn þarf til kynningar á Íslandi sem ferðamannalandi. Ekki er nóg að byggð sé upp öflug ferðaþjónusta ef enginn veit af henni enda kaupir fólk ekki það sem það veit ekki um. Sem ferðamannaland mun Ísland á næstu árum eiga í vaxandi samkeppni við önnur lönd, t.d. Írland, Finnland og Noreg. Í þessum löndum er nú varið auknu fjármagni til ferðamála, m.a. markaðssetningar. Því er ljóst að ef mæta á þessari samkeppni og ná þeim markmiðum sem að er stefnt verður að gera stórátak til kynningar á landinu.

Til að efla það starf Ferðamálaráðs á sviði umhverfisverndar, vöruþróunar og markaðssetningar, sem hér er lagt til, vantar fjármagn. Með 8. gr. laga nr. 79/1985 er Ferðamálaráði markaður ákveðinn tekjustofn. Samkvæmt greininni á Fríhöfnin í Keflavík að greiða ráðinu gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Skal fénu varið til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn, til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs og til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr. laganna. Því fer fjarri að gjald þetta hafi allt runnið til Ferðamálaráðs á undanförnum árum. Því mætti ná umtalsverðum fjármunum til ferðamála yrði farið eftir lagaákvæði þessu. Þá væri og möguleiki að nota hluta þeirra 100 millj. kr., sem ætlaðar eru til sérstaks markaðsátaks á fyrirhuguðu EES-svæði, til að markaðssetja Ísland þar sem ferðamannaland. Loks væri hugsanlegt að verja hluta þeirra 240 millj. kr., sem nota á í sérstök þróunar- og rannsóknarverkefni á næsta ári, til þróunar og uppbyggingar ferðamála.

264. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn.

Flm.: Karen Erla Erlingsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskipuleggja og samræma upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn.

Greinargerð.

Fyrir fimm árum var stofnsamningur Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Íslandi undirritaður af eftirfarandi eignaraðilum: Ferðamálaráði sem átti 50%, Reykjavíkurborg sem átti 25% og ferðamálasamtökum landshlutanna með 25% eignarhlut. Upplýsingamiðstöðin var í Reykjavík en stefna átti að því að veita fé til stofnunar útibúa í einstökum landshlutum í samvinnu við ferðamálasamtök þeirra. Þróunin varð hins vegar önnur þar sem fjármagnið fór allt til uppbyggingar í Reykjavík.

Þegar móðurstöðin hafði verið starfrækt í Reykjavík í fjögur ár dró Reykjavíkurborg sig út úr samstarfinu og skiptu Ferðamálaráð og ferðamálasamtök landshlutanna með sér hlut hennar. Nú eiga ferðamálasamtök landshlutanna rúmlega 37% eignarhlut í Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi sem er í Reykjavík, en borgin tekur hins vegar ekki þátt í rekstrinum. Samtökin, sem upp til hópa eru févana samtök, fjármagna eignarhlut sinn með styrk frá Byggðastofnun og Ferðamálaráði.

Á sama tíma er unnið að uppbyggingu upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn um land allt. Það er hins vegar misjafnt hvernig þær eru fjármagnaðar. Ferðamálasamtökin reyna að leggja sitt af mörkum með styrk frá Byggðastofnun auk hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og viðkomandi sveitar- og bæjarfélaga. Í þessum miðstöðvum eru veittar upplýsingar um það sem spurt er um, hvort sem það eru spurningar um ferðaþjónustu á viðkomandi svæði eða á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg kemur hins vegar hvergi nærri fjármögnun þeirra upplýsingamiðstöðva sem starfræktar eru á landsbyggðinni.

Reykjavíkurborg, er á mestra hagsmuna að gæta í ferðaþjónustu sem stærsta sveitarfélag landsins, dró sig út úr samstarfi um upplýsingamiðstöð og opnaði síðan eigin upplýsingaþjónustu. Þar eru aðeins gefnar upplýsingar um það sem við kemur Reykjavík. Ef spurt er um eitthvað annað er vísað á Upplýsingamiðstöð ferðamála á Íslandi sem er annars staðar. Þriðja upplýsingamiðstöðin er í Ráðhúsi Reykjavíkur og eru þar gefnar sérhæfðar upplýsingar um starfsemi borgarinnar.

Nauðsynlegt er að upplýsingagjöf til ferðamanna sé samræmd og endurskipulögð. Óþarft er að starfræktar séu þrjár upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn í Reykjavík þegar ein mundi duga. Hér þarf að bregðast skjótt við.

265. Frumvarp til laga [222. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altuna, Elba Felicita Núnes, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1949 í Perú.
2. Biscarra, Francisca, verkakona í Reykjavík, f. 17. september 1952 á Filippseyjum.
3. Casey, Ester Talia, nemi í Reykjavík, f. 25. nóvember 1977 í Reykjavík.
4. Calderon, Evelyn Soon, húsmóðir á Flateyri, f. 25. janúar 1967 á Filippseyjum.
5. Christensen, Pia Monrad, háskólanemi í Reykjavík, f. 17. mars 1965 í Danmörku.
6. David, Joshua Reuben, nemi í Garðabæ, f. 24. mars 1977 í Reykjavík.
7. Fuglö, Helene, húsmóðir í Garði, f. 12. júlí 1947 í Færeyjum.
8. Godla, Erik Daniel, nemi í Njarðvík, f. 27. ágúst 1976 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
9. Grosman, George Jiri, kennari í Reykjavík, f. 3. mars 1953 í Tékkóslóvakíu.
10. Hanni Haraldsdóttir, starfsmaður að Sólheimum, f. 11. febrúar 1950 í Þýskalandi.
11. María Helena Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. 15. desember 1985 í Reykjavík.
12. Mortensen, Íris María, nemi í Reykjavík, f. 22. október 1979 í Danmörku.
13. Nocon, Emelita Ordonez, húsmóðir í Reykjavík, f. 11. september 1947 á Filippseyjum.
14. Snarska, Maria, verkakona á Fáskrúðsfirði, f. 19. apríl 1956 í Póllandi.
15. Seba, Djamel, verkamaður í Reykjavík, f. 22. september 1964 í Alsír.
16. Yeoman, John William, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
17. West, Samuel Erik, tæknimaður í Reykjavík, f. 2. febrúar 1974 í Noregi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn, ásamt því sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu og kenninafni að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er fyrra frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 116. löggjafarþingi og er þá miðað við að annað frumvarp verði borið fram í byrjun næsta árs svo sem verið hefur undanfarin ár.

Regla 2. gr. frumvarpsins um nafnbreytingu við töku ríkisborgararéttar er í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um mannanöfn, nr. 37/1991.

266. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um hópuppsagnir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn Berglindi Ásgeirsdóttur, Gylfa Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félagsmálaráðuneytinu. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgönguráðuneytinu, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Jónas Haraldsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá VMSS, VSÍ, Kennarasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, BHMR, ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi byggingamanna og Landssambandi vörubifreiðastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

7. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá sama tíma fellur úr gildi 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. nóv. 1992.

Guðjón Guðmundsson, varaform., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.
Össur Skarphéðinsson.	Eggert Haukdal.	Pétur Sigurðsson.

267. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Gylfi Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félagsmálaráðuneytinu. Enn fremur komu Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgönguráðuneytinu og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þá studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá VMSS, Sambandi byggingamanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, BHMR, Jafnréttisráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ASÍ, Vinnuveitendasambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins verði frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér jafnframt rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frumvarpið sé óháður því hvaða afstöðu hann muni taka við afgreiðslu frumvarps um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi, 10. nóv. 1992.

Guðjón Guðmundsson, varaform., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Össur Skarphéðinsson.	Eggert Haukdal.	Pétur Sigurðsson.

268. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um staðla.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Finn Sveinbjörnsson frá iðnaðarráðuneytinu, Hallgrím Jónasson og Jóhannes Þorsteinsson frá Iðntæknistofnun og Þorbjörn Karlsson frá Staðlaráði.

Nefndin leggur áherslu á að ákvörðun um framtíðarstöðu Staðlaráðs verði tekin með samkomulagi við alla hlutaðeigandi aðila. Þegar nefndin fjallaði um málið barst henni umsögn frá iðnaðarráðuneytinu þar sem segir m.a.:

„Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi sinnir Staðlaráð Íslands staðlamálum fyrir hönd stjórnar Iðntæknistofnunar. Í þessu felst í rauninni að Staðlaráð Íslands er eins konar stjórn yfir staðladeild Iðntæknistofnunar án þess þó að bera endanlega ábyrgð á starfsmannahaldi eða fjármálum deildarinnar. Ráðuneytið telur því eðlilegt að í þeim starfsreglum, sem Staðlaráð Íslands á að setja sér skv. 4. gr. frumvarpsins og ráðherra að staðfesta, verði þess freistað að sníða helstu agnúana af þessu fyrirkomulagi."

Nefndinni þykir rétt að taka það fram að hún er eindregið þeirrar skoðunar að Staðlaráð Íslands skuli notfæra sér þjónustu staðladeildar Iðntæknistofnunar en gerir ekki tillögu um það að svo stöddu að binda slíkt sérstaklega í lög.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Guðjón Guðmundsson.

Alþingi, 5. nóv. 1992.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Svanhildur Árnadóttir.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Elín R. Líndal, með fyrirvara.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.		Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.

269. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og fengið á sinn fund Rán Tryggvadóttur, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Valgerði Skúladóttur, verkfræðing í iðnaðarráðuneytinu, og Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 1. tölul. 2. gr. og 3. tölul. 5. gr. vegna hugtakabrengls. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði skýrar á um vernd rétthafa í 5. tölul. 6. gr. Í þriðja lagi er lagt til að fyrningarákvæði 8. gr. verði fellt út og almennir fyrningarfrestir gildi. Í fjórða lagi þykir eðlilegt að miða gildistöku frumvarpsins við 1. janúar 1993.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðjón Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. nóv. 1992.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Svanhildur Árnadóttir.	Svavar Gestsson.	Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.
Elín R. Líndal, með fyrirvara.		Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.

270. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „hálfleiðari“ í upphafi 1. tölul. komi: smárás.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „hálfleiðara sem framleiddur“ í 3. tölul. komi: smárásar sem framleidd.
3. Við 6. gr. 5. tölul. orðist svo: Óheimilt er að koma í veg fyrir að sá sem eignast svæðislýsingu smárásar án þess að vita að einkaréttur er þegar til staðar nýti sér hana í atvinnuskyni, enda getur rétthafi sótt sér sanngjarnar bætur, sbr. 8. gr.
4. Við 8. gr. 3. og 4. málsl. falli brott.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

271. Fyrirspurn [223. mál]

til félagsmálaráðherra um lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hve margar umsóknir bárust Húsnæðisstofnun ríkisins um lán til útrýmingar eða endurbóta á heilsuspillandi húsnæði árin 1990, 1991 og fyrstu sex mánuði ársins 1992?
2. Hversu margar þessara umsókna hafa verið afgreiddar?

272. Fyrirspurn [224. mál]

til utanríkisráðherra um aðstoð við íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Með hvaða hætti hafa íslensk stjórnvöld liðsinnt stríðshrjáðum íbúum í fyrrum ríkjum Júgóslavíu?
2. Hvaða fyrirætlanir eru uppi meðal íslenskra stjórnvalda um að koma til hjálpar þeim tugþúsundum barna sem búa við stríðsátök, næringarskort og ónóga aðhlynningu á helstu átakasvæðum þessara ríkja, svo sem í Bosníu-Hersegovínu?

273. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um rannsóknar-, forvarna- og fræðslustörf um gigtsjúkdóma.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Svavar Gestsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jón Helgason.

Alþingi ályktar, í tilefni af norræna gigtarárinu 1992, að fela heilbrigðisráðherra að móta tillögur um eflingu rannsókna á gigtsjúkdómum í samvinnu við Gigtarfélag Íslands. Jafnframt beiti ráðherra sér fyrir stórauknu forvarna- og fræðslustarfi um gigtsjúkdóma í samráði við Gigtarfélagið.

Alþingi ályktar enn fremur að fela heilbrigðisráðherra að gera raunhæfar tillögur um áframhaldandi eflingu lækninga, hjúkrunar og endurhæfingar fyrir gigtsjúka hér á landi og stuðla að aðgerðum er koma í veg fyrir vinnutap og langvarandi örorku vegna gigtsjúkdóma.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvörðun Norðurlandaráðs frá fyrra ári er árið 1992 norrænt gigtarár. Markmið norræna gigtarársins er annars vegar að vekja athygli á gigtinni, tíðni sjúkdómsins og áhrifum hans og hins vegar að efla forvarnir. Ákvörðun Norðurlandaráðs má rekja til hins mikla fjölda gigtarsjúklinga á Norðurlöndum og þess gríðarlega fjárhagslega tjóns og þeim þjáningum sem af gigtinni hljótast. Talið er að á Norðurlöndum séu um fimm milljónir gigtarsjúklinga, þar af um 50 þúsund hér á landi. Ætla má að gigtsjúkdómar hafi í för með sér beinan og óbeinan kostnað fyrir Norðurlöndin sem nemur 1.000 milljörðum króna árlega.

Með gigtsjúkdómum (*e. rheumatic diseases*) er átt við sjúkdóma í bandvef svo og sársaukafullra kvilla í stoðkerfi líkamans. Helstu flokkar gigtsjúkdóma eru bólgusjúkdómar, þ.e. iktsýki, rauðir úlfar og skyldir sjúkdómar, fjölvöðvabólga — húðvöðvabólga, herslismein, liðbólgur tengdar sýkingum, kristallasjúkdómar, t.d. þvagsýrugigt, slitgigt, vöðva- og vefjagigt — festumein og skyldir sjúkdómar og að lokum beinþynning. Algengustu gigtsjúkdómarnir eru slitgigt og iktsýki. Þrátt fyrir stöðugar framfarir í læknavísindum hefur ekki tekist að finna viðhlítandi skýringar á orsökum margra gigtsjúkdóma. Flestar kenningar gera ráð fyrir að samverkandi þættir, þ.e. meðfæddir og ytri þættir, orsaki gigtina. Við samverkan þessara þátta verði truflun í ónæmiskerfinu sem leiði til þess að hvítfrumur, sem eiga að vera til varnar aðsteðjandi sýklum og útrýma framandi efnum úr líkamanum, ráðist einnig gegn stoðvefjum og liðamótum gigtarsjúklings-

ins. Fullnægjandi skýringar hafa hins vegar ekki fengist og er frekari rannsókna því þörf. Íslenskir fræðimenn hafa lengi stundað rannsóknir á gigtsjúkdómum og hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir störf sín. Rannsóknir þeirra hafa hins vegar að mestu verið stundaðar í hjáverkum sökum fjárskorts. Gigtarfélag Íslands stóð nýverið fyrir söfnun fjár í Vísindasjóð félagsins sem nota á til að kosta rannsóknir á gigtsjúkdómum. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að ríkisvaldið aðstoði félagið eftir föngum við framkvæmd og fjármögnun rannsóknanna. Er því lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að móta tillögur um eflingu rannsókna á gigtsjúkdómum í samráði við Gigtarfélagið. Að sögn sérfræðinga nýtur Ísland nokkurrar sérstöðu sem gerir það að verkum að rannsóknir á gigtsjúkdómum eru að mörgu leyti auðveldari hér á landi en víða erlendis. Kemur þar til hversu fámenn þjóðin er en það m.a. auðveldar faraldurs- og erfðafræðilegar rannsóknir, svo og nálægð og náin samvinna vissra sérgreina læknisfræðinnar sem oft einangrast á stórum stofnunum erlendis. Þá eru ættartölur góðar og almennur ættfræðiáhugi ríkjandi, svo og skilningur á nauðsyn læknisfræðilegra rannsókna. Er því brýnt að gerðar verði tillögur um eflingu rannsókna á þessu sviði, enda kosta gigtsjúkdómar þjóðfélagið ómælt fé og sjúklinga miklar og varanlegar þjáningar.

Ætla má að fimmti hver Íslendingur fái gigt og hefur það í för með sér mikinn kostnað fyrir þjóðfélagið allt. Þar er bæði átt við beinan og óbeinan kostnað, t.d. sjúkrahús- og heilsugæslukostnað, kostnað vegna læknishjálpar sérfræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfunar, hjálpartækja, ferða, lyfja, sjúkradagpeninga, endurhæfingar, vinnutaps og örorkubóta. Hér er um háar tölur að ræða. Sem dæmi má taka að á árinu 1990 voru greiddir sjúkradagpeningar vegna gigtsjúkdóma í 51.511 daga. Þá fær fimmti hver öryrki örorkubætur vegna gigtsjúkdóma. Giskað hefur verið á að hægt væri að spara þjóðfélaginu allt að 10 milljarða króna árlega ef unnt væri að koma í veg fyrir gigt. Bandarískir arðsemisútreikningar hafa leitt í ljós að hver króna til gigtlækninga skilar sér fertugfalt til baka. Auknar rannsóknir ættu því að vera þjóðhagslega hagkvæmar. Sama gildir um forvarna- og fræðslustarf.

Mikilvægt er að fræða fólk um gigtsjúkdóma og þá þætti sem leitt geta til þeirra. Forvarnastarf með áherslu á réttri hreyfingu, verklagi og mataræði skiptir hér mestu. Þannig hafa rannsóknir sýnt að neysla mjólkur dregur verulega úr beinþynningu. Þá er og brýnt að fræða hina gigtsjúku um sjúkdóminn og hvernig halda má áhrifum hans í skefjum þannig að sjúklingurinn líði sem minnstar þjáningar.

Endurhæfing gigtsjúkra krefst mikils mannafla, góðrar aðstöðu, tækjabúnaðar og húsnæðis. Markmið hennar er að hjálpa gigtsjúkum til að lifa sem eðlilegustu lífi. Endurhæfingin er einkum fólgin í sjúkra- og iðjuþjálfun svo og fræðslu um rétt mataræði. Við Landspítalann í Reykjavík er rekin stærsta sérhæfða gigtardeildin hér á landi. Auk þess starfa sérfræðingar í gigtarlækningum á Landakotsspítala, Grensásdeild Borgarspítalans, Vinnuheimili SÍBS á Reykjalundi, Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri svo og á einkastofum. Greining, meðferð og endurhæfing gigtsjúkra fer fram á þessum stöðum og á Gigtlækningastöðinni í Reykjavík sem rekin er af Gigtarfélagi Íslands. Þá var nýlega stofnuð endurhæfingardeild á Kristnesspítala í Eyjafirði. Aðstæður til endurhæfingar eru þó ekki fullkomnar. Þannig er engin endurhæfingarlegudeild nú rekin við Landspítalann og hugmyndir hafa verið um fækkun gigtarsérfræðinga þar. Að áliti flutningsmanna er mikilvægt að haldið verði áfram öflugri þjónustu við gigtsjúka hér á landi. Er því æskilegast að heilbrigðisráðherra móti tillögur um þetta efni og leggi fyrir Alþingi.

274. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur við umfjöllun sína stuðst við umsagnir sem lágu fyrir á síðasta þingi frá Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi veiðieftirlitsmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, nefnd um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, BSRB og BHMR.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að stéttarfélög starfsmanna hafa miklar áhyggjur af stöðu starfsmanna Ríkismatsins ef stofnað verður hlutafélag um Ríkismat sjávarafurða.

Miklar skipulagsbreytingar hafa nú þegar verið gerðar á stjórnkerfi sjávarútvegsins með stofnun Fiskistofu. Hin nýja skipan þarf nú að fá sinn reynslutíma og þess vegna er rétt að reka starfsemi Ríkismats sjávarafurða tímabundið sem hluta af starfsemi Fiskistofu. Með því móti má koma í veg fyrir að vandamál skapist þegar nýtt kerfi tekur við í einu vetfangi. Það að stofna hlutafélag um þann hluta starfseminnar, sem ríkið hefur með höndum, er rétt að láta bíða þar til reynsla er komin á hve vel skoðunarstofurnar skila hlutverki sínu.

Minni hluti nefndarinnar telur þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, ekki tímabærar og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og sjávarútvegsráðherra verði falið að undirbúa og leggja fyrir Alþingi nýjar tillögur þar sem gert verði ráð fyrir að starfsemi Ríkismats sjávarafurða falli undir Fiskistofu.

Alþingi, 11. nóv. 1992.

Jóhann Ársælsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

275. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um húsgöngu- og fjarsölu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri og Þórunn Erhardsdóttir deildarstjóri. Þá komu Jónas Fr. Jónsson og Pétur Steingrímsson frá Verslunarráði Íslands og Jóhannes Gunnarsson og Sólrún Halldórsdóttir frá Neytendasamtökunum. Nefndinni barst umsögn frá VSÍ og enn fremur var stuðst við umsagnir er komu á 115. löggjafarþingi frá Verslunarráði Íslands, Íslenskri verslun, Rithöfundasambandi Íslands og Neytendasamtökunum.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi er lagt til að reglur frumvarpsins taki ekki til samninga undir 4.500 krónum. Frumvarpið hefur að geyma rúmar heimildir til riftunar á samningum og þykir rétt að þær verði takmarkaðar við ákveðna lágmarksfjárhæð.

Í öðru lagi er lagt til að 5. gr. falli brott en ákvæðið, sem veitir ráðherra heimild til að setja nánari reglur um neytendavernd hér á landi eftir því sem þær verða samþykktar innan EES, þykir fela í sér of víðtæka heimild, auk þess að vera óþarft.

Loks þykir eðlilegt að frumvarpið taki gildi 1. janúar 1993.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Fjarstödd afgreiðslu málsins var Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi, 10. nóv. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Pétur Sigurðsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.		Karen Erla Erlingsdóttir, með fyrirvara.

276. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um húsgöngu- og fjarsölu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við fyrri málsgrein 3. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Samninga að lægri fjárhæð en 4.500 kr.
2. Við 5. gr. Greinin falli brott.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

277. Lög [6. mál]

um innflutning.

(Afgreidd frá Alþingi 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 6.

278. Lög [5. mál]

um gjaldeyrismál.

(Afgreidd frá Alþingi 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 230.

279. Lög [44. mál]

um breyting á lögum nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

(Afgreidd frá Alþingi 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 45.

280. Lög [45. mál]

um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 11. nóv.)

Samhljóða þskj. 236.

281. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Á fundi sínum 10. september kaus Alþingi sérnefnd, sbr. 32. gr. þingskapa, til að fjalla um frumvarp þetta sem felur í sér breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við önnur ríki. Nefndin fjallaði samhliða þessu frumvarpi um 30. mál þingsins en það frumvarp lýtur að því að bæta við nýrri stjórnarskrárgrein um þjóðaratkvæðagreiðslur, m.a. í tengslum við staðfestingu samninga við önnur ríki sem háðir eru samþykki Alþingis.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fimm fundum og viðaði að sér miklum gögnum um það við umfjöllun sína. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið lögfræðinga sem kennt hafa eða kenna stjórnskipunarrétt við lagadeild Háskóla Íslands, dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Magnús K. Hannesson lektor og Eirík Tómasson hrl.

Meiri hluti nefndarinnar telur að viðræður nefndarinnar við stjórnskipunarfræðinga hafi leitt í ljós að verulegir ágallar séu á efni frumvarpsins. Meiri hlutinn er jafnframt þeirrar skoðunar að þær hugmyndir, sem fram koma í frumvarpinu, þarfnist ítarlegri pólitískrar umfjöllunar áður en þingið geti tekið afstöðu til þeirra. Í því sambandi telur meiri hlutinn að stjórnarskrárnefnd, sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna og starfar á vegum forsætisráðuneytisins, sé heppilegur vettvangur til frekari faglegrar athugunar málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 12. nóv. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Geir H. Haarde. Björn Bjarnason.

Karl Steinar Guðnason. Vilhjálmur Egilsson.

282. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta er lýtur að því að bæta við stjórnarskrá Íslands nýrri grein um þjóðaratkvæðagreiðslur. Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða 29. máli þingsins er felur í sér tillögu um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við önnur ríki.

Um umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið vísar meiri hluti nefndarinnar til nefndarálits síns um 29. mál. Afstaða meiri hlutans til frumvarpsins er sú sama og til 29. máls og leggur hann því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. nóv. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Geir H. Haarde. Björn Bjarnason.

Karl Steinar Guðnason. Vilhjálmur Egilsson.

283. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem verður IV, svohljóðandi:

Á árinu 1993 skulu sveitarfélög greiða 500 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1.950 kr. fyrir hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.170 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1992. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 47. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1993 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífs, enda dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á hverjum stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir eru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. október 1992 var undirritað samkomulag ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi á árinu 1993. Samkomulagið er svohljóðandi:

„Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi fram á árinu 1993 fjárframlag, 500 m.kr., í Atvinnuleysistryggingasjóð. Framlagið verður miðað við íbúafjölda sveitarfélaga.

Vegna þessa fjárframlags sveitarfélaganna mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að á árinu 1993 verði Atvinnuleysistryggingasjóði heimilað að ráðstafa því fjármagni, þó þannig að dragi samsvarandi úr atvinnuleysisbótum og að uppfylltum reglum sem settar verða um úthlutun úr sjóðnum. Þessum greiðslum skal einungis varið til sérstakra verkefna til eflingar atvinnulífs á vegum sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga skal fá aðild að ákvörðunum um ráðstöfun þessa fjármagns.

Ofangreindar ráðstafanir gilda eingöngu á árinu 1993 og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum.

Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Skulu ákvæði um slíka samráðsnefnd sett í nýjan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er öðlast gildi í ársbyrjun 1993, en núverandi samstarfssáttmáli aðila rennur út um næstu áramót."

Vegna þessa samkomulags er nauðsynlegt að setja nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysistryggingar þar sem kveðið er á um greiðslu framlags sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1993 og fjárhæð framlagsins miðað við hvern íbúa. Eðlilegt er talið að hafa framlagið mismunandi eftir stærð sveitarfélaga þannig að sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 1.950 kr. á hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.170 kr. á hvern íbúa. Gert er ráð fyrir að miðað við 1. desember 1992 séu sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri samtals 78 með samtals 247.541 íbúa en sveitarfélög með 300 íbúa eða færri séu samtals 123 með 15.299 íbúa. Miðað við þessar forsendur mun framlag sveitarfélaganna verða 500,6 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um innheimtu framlagsins.

Í bráðabirgðaákvæðinu eru og settar skýrar reglur um það að styrkur Atvinnuleysistryggingasjóðs til sveitarfélaga vegna eflingar atvinnulífs verður að draga samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á hverjum stað. Sömuleiðis er ákveðið að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa sem taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar styrkumsóknir sveitarfélaga eru til umfjöllunar og afgreiðslu. Loks kemur fram að um styrki þessa skal setja nánari ákvæði í reglugerð og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skuli staðfesta tillögur sjóðstjórnar um styrki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar samkomulags á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi.

Samkvæmt spám um mannfjölda í desember 1992 munu þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í frumvarpinu, skila um 500 m.kr. í tekjur árið 1993. Frumvarpið gerir ráð fyrir að fénu verði varið til eflingar atvinnulífs á þann hátt að dragi samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að gjaldið innheimtist að fullu. Verður því ekki annað séð en að fjárhagsleg markmið frumvarpsins standist og framlög ríkissjóðs til sjóðsins verði um 500 m.kr. lægri en annars hefði orðið.

284. Fyrirspurn [227. mál]

til félagsmálaráðherra um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Svanhildi Árnadóttur.

1. Hvaða breytinga er að vænta á skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins?
2. Hversu háar fjárhæðir mundu sparast í árlegum rekstrarkostnaði við að leggja Húsnæðisstofnun niður og fela öðrum að annast nauðsynleg verkefni stofnunarinnar, t.d. bönkum eða sveitarstjórnum eftir því sem við á?

Greinargerð.

Hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vinna nú u.þ.b. 60 manns. Stofnunin hefur aðsetur í nýju og stóru húsnæði. Hvort tveggja kostar mikið fé. Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 kemur fram að félagsmálaráðherra muni „á næstunni" leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem „m.a." muni lúta að atriðum sem tilgreind eru varðandi sparnað í rekstri stofnunarinnar. Í því felst væntanlega að boðað frumvarp feli í sér víðtækar breytingar á Húsnæðisstofnun.

Skriflegt svar óskast.

285. Tillaga til þingsályktunar

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins (TSSL) sem gerður var í Prag 20. mars 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Eitt af markmiðum fríverslunarsamninga EFTA-ríkja við Mið- og Austur-Evrópuríki er að efla efnahag ríkjanna, opna þeim greiðari leið að Vestur-Evrópu markaðinum og tryggja þeim þátttöku í evrópskri efnahagssamvinnu. Með samningunum vilja EFTA-ríkin stuðla að uppbyggingu efnahags- og viðskiptasamvinnu í Evrópu á breiðari grundvelli en áður.

Fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna ber að skoða með hliðsjón af þeim samningum sem Evrópubandalagið (EB) gerði samhliða þeim við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Meðan á samningaviðræðunum stóð héldu fulltrúar EFTA og Evrópubandalagsins með sér óformlega fundi þar sem rædd voru vandamál sem upp komu í tengslum við samningaviðræður um fríverslunarsamninga EFTA og samstarfssamninga EB við sömu ríki. Grundvöllur formlegra fríverslunarviðræðna EFTA-ríkjanna við Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið, Pólland og Ungverjaland eru Gautaborgaryfirlýsingarnar sem undirritaðar voru í júní 1990. Markmið þeirra var tvíþætt, annars vegar að meta möguleikann á því að gera fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu en hins vegar að kanna hvort hægt væri að hefja nánara samstarf á sérstökum, tilteknum sviðum eins og á sviði tolla- og upprunareglna, tölfræði, umhverfis- og ferðamála og samgangna.

Fríverslunarviðræðurnar milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins fóru fram í Genf á tímabilinu janúar 1991 til mars 1992. Fríverslunarsamningur milli ríkjanna var síðan undirritaður í Prag 20. mars 1992.

Fríverslunarsamningur EFTA og TSSL er gerður í samræmi við gr. XXIV í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT), sem fjallar um stofnun fríverslunarsvæða og tollabandalaga. Samningurinn er svipaður í uppbyggingu og

fríverslunarsamningarnir sem gengið var frá milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins á árunum 1972-1973. Hann tryggir fríverslun með iðnaðarvörur þ.e.a.s. allan þann varning sem heyrir undir 25.-97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í viðauka I við samninginn. Vörusviðið er þó mun rýmra, munar mestu um það að tryggð er fríverslun með fisk sbr. viðauki II við samninginn. Jafnframt nær hann yfir vörur unnar að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum sem tilgreindar eru í bókun A í samningnum.

Þó svo að samningurinn nái ekki til landbúnaðarafurða lýsa samningsríki því yfir að þau hyggist stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við TSSL til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Í tvíhliða samningi TSSL og Íslands er einungis um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti.

Ein leið til að leggja mat á fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið er að skoða þau markmið sem samningsaðilar settu sér með þessari samningsgerð. Samningnum er ekki aðeins ætlað að örva viðskipti og efnahagssamvinnu heldur er einnig vonast til að hann geti orðið lóð á vogarskál þeirra efnahagslegu umbóta og breytinga yfir í markaðshagskerfi, sem nú standa yfir í TSSL. Þess vegna buðu EFTA-ríkin TSSL hraðari tollaniðurfellingu og afnám magntakmarkana í viðskiptum, en TSSL gat boðið á móti í viðskiptum sínum við ríki EFTA.

Hvað snertir fríverslun með fisk og fiskafurðir er fullri fríverslun komið á milli EFTA-ríkja og TSSL frá og með gildistöku samningsins fyrir sömu sjávarafurðir og fríverslun með fisk nær til innan EFTA. EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í TSSL og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins, að undanskildum nokkrum viðkvæmum vörum sem tilgreindar eru í III. viðauka þar sem ríkin hafa lengri aðlögunartíma til að afnema tollana. Hér er einkum um að ræða ýmsar textílvörur. Ísland hefur ekki sérstakan aðlögunartíma hvað þessa tolla varðar. Aðlögunartími TSSL er til ársbyrjunar 2001. Á þeim tíma mun TSSL smám saman fella niður innflutningstolla í viðskiptum við EFTA-ríkin, sbr. viðauki IV. Að þeim tíma liðnum verður komið á fullri fríverslun milla ríkjanna.

Með fríverslunarsamningnum verður komið á sameiginlegri nefnd með þátttöku allra samningsaðila sem hefur það hlutverk að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd samningsins. Nefndin kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Sérstök bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins hefur verið gerð milli samningsaðila. Í henni eru ýmis túlkunaratriði og útfærsla á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans.

II. Umbætur og efnahagur í Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldinu.

Sú bylting sem átti sér stað í Mið- og Austur Evrópu á árinu 1989 var ekki einungis sprottin af þörf fólksins fyrir lýðræði og pólitískar breytingar, krafan um að breyta efnahagskerfinu úr miðstýrðum áætlunarbúskap í markaðshagkerfi var einnig hávær. Síðan í nóvember 1989 hefur TSSL hætt áætlunarbúskapnum og berst nú við að skapa iðnaði og atvinnulífi í landinu aðstæður svo það megi dafna og framleiðni aukast. Í byrjun árs 1990 var einkarekstur nær óþekktur í landinu. Efnahagur TSSL hafði í ríkara mæli en efnahagur Pólverja og Ungverja byggst á fáum, stórum einokunarfyrirtækjum. Þá var einnig mun stærri hluti út- og innflutnings TSSL bundinn við markaði fyrrum kommúnistaríkja ef borið er saman við Ungverja eða Pólverja. Meira en 60 af hundraði utanríkisviðskipta landsins var

við önnur Mið- og Austur-Evrópuríki og fyrrum Sovétríkin.

Í byrjun árs 1991 var hafist handa við umbætur með því að aflétta höftum á viðskiptum og verðlagningu. Á fyrri helmingi ársins 1991 lækkaði verg þjóðarframleiðsla um 9,2% samanborið við sama tímabil árinu áður. Frá janúar og fram í nóvember 1991 dróst framleiðsla saman um 22% í samanburði við sama tímabil árið 1990. Á árinu 1991 jókst einnig verðbólga til muna (um 60%) og vöruverð hækkaði samtímis því að kaupmáttur í landinu lækkaði. Stjórnvöld telja þó að hægt verði að ná verðbólgunni niður í um 12-15% á þessu ári. Erlendar skuldir nema um 15 af hundraði þjóðarframleiðslunnar sem ekki þykir ýkja mikið í samanburði við skuldir margra annarra ríkja.

Einkavæðing er grundvallarmarkmið umbótastefnu stjórnvalda í landinu. Um 120 þúsund lítil þjónustufyrirtæki af ýmsu tagi verða boðin upp. Einnig verða stærri ríkisfyrirtæki og -stofnanir gerðar að almenningshlutafélögum. Stefnt er að því að einkavæða um 4000 af um 5500 ríkisfyrirtækjum landsins. Íbúum landsins hefur einnig gefist kostur á að taka með beinum hætti þátt í einkavæðingu fyrirtækja með því að eignast ávísun að forkaupsrétti í hlutabréfum almenningshlutafélaga. Með því að greiða um 1000 tékkneskar krónur, sem er um þriðjungur meðalmánaðarlauna í landinu, geta menn tryggt sér forkaupsrétt í hlutabréfum. "Ávísanirnar" eru sendar út á nafni kaupanda og þannig ætla stjórnvöld að reyna að koma í veg fyrir það að fáir stórir kaupendur eignist almenningshlutafélögin í framtíðinni með því að safna forkaupsréttarávísunum. Af þeim 12 milljón íbúum landsins sem fylla þann hóp sem gafst kostur á ávísanakaupum hafa 8 milljón íbúar nýtt sér hann.

Miklar breytingar eiga sér einnig stað innan landbúnaðargeirans. Á árunum 1949-1959 voru bændur í landinu þröngvaðir í samyrkjubúskap. Breytingarnar í landbúnaðinum munu án efa taka langan tíma. Árið 1990 vann um einn tíundi vinnuaflsins við landbúnað, en í landinu stendur iðnaður á gömlum merg og því er það ekki jafn háð landbúnaði og nágrannaríki þess, Ungverjaland og Pólland. Hlutur landbúnaðar í þjóðarframleiðslu ríkjanna er um þriðjungur í Póllandi, tæpur fjórðungur í Ungverjalandi en aðeins um 15 af hundraði í TSSL, þar sem hlutur iðnaðar er hins vegar rúmlega 40 af hundraði.

Með umbótunum í landinu vonast þjóðin til að verða fljótlega viðurkennt ríki í heimsviðskiptunum. Viðskipti við útlönd eru að mati stjórnvalda í TSSL mikilvæg leið að markaðsbúskap og með auknu frelsi í innflutningi frá árinu 1991 hefur aukin samkeppni neytt innlend fyrirtæki til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og dregið hefur úr hækkunum á vöruverði. Viðskipti við önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa jafnframt dregist jafnt og þétt saman. Árið 1991 var stærsti útflutningsmarkaður landsins Þýskaland, þangað fór um fjórðungur útflutningsins, en tæpur fimmtungur til Samveldisríkjanna. Innflutningur var hins vegar mestur frá Samveldisríkjunum, um 32%, mestmegnis olía og gas. Innflutningur frá OECD-ríkjum jókst þó um 15 af hundraði á árinu 1990.

Ráðamenn TSSL hafa lýst því yfir að ríkið stefni að því að verða virkt í evrópskri efnahagsssamvinnu og síðar meir að aðild að Evrópubandalaginu.

Í afdrifaríkum þingkosningum í landinu sem fram fóru 5.-6. júní s.l. sigraði Borgaralegi lýðræðisflokkurinn og leiðtogi hans, Vaclav Klaus, í tékkneska hlutanum en Samtök um lýðræðislega Slóvakíu með Vladimir Meciar í fylkingabrjósti fór með sigur af hólmi í Slóvakíu.

Í kosningabaráttunni lýsti Meciar því aldrei yfir að þeir stefndu að fullu sjálfstæði Slóvakíu og upplausn sambandslýðveldisins. Hins vegar setti hann fram sem forgangsmál setningu nýrrar stjórnarskrár fyrir Slóvakíu og kosningu forseta fyrir landið sem í raun þýddi sambandsslit eða a.m.k. að verulega yrði dregið úr þýðingu þess. Borgaralegi lýðræðisflokkurinn hafði hins vegar á stefnuskrá sinni að sambandslýðveldið yrði klofið eða breytt í sambandsríki sem yrði vart annað en nafnið eitt.

Þegar Sambandsþingið kom saman 3. júlí s.l. komu fulltrúar Slóvakíu í veg fyrir endurkjör Vaclavs Havels sem forseta Sambandslýðveldisins. Í kjölfar þess að Slóvakía lýsti yfir sjálfstæði með stuðningi mikils meirihluta slóvaska þingsins 17. júlí s.l., sagði forsetinn af sér.

Í júlí s.l. komust Merciar og Klaus að samkomulagi um að lagafrumvarp, sem mun fela í sér upplausn Sambandslýðsveldisins og eignarskipti og önnur skyld atriði, skyldi lagt fram til Sambandsþingsins ekki síðar en 30. september. Nú hefur hins vegar hlaupið snurða á þráðinn og hefur ekki náðst samkomulag um það hvernig skiptunum skuli háttað.

Óráðið er hvernig aðskilnaðinum verður hagað í framkvæmd og hvað við tekur. Telja verður víst að ekki verður héðan af komið í veg fyrir klofninginn. Einnig ríkir einhugur um að það verði gert með löglegum og stjórnskipulegum hætti og sem átakaminnst. Hvað varðar framtíðarsamskipti ríkjanna hefur verið rætt um að koma á tollabandalagi milli þeirra sem verði byggt á frjálsu flæði varnings, fólks og fjármagns. Gert er ráð fyrir því að ríkin tvö sem taka við af TSSL muni taka yfir allar alþjóðlegar skuldbindingar sem staðfestar hafa verið fyrir áramót.

III. Ísland og TSSL, þróun viðskipta og eldri samningar.

Á árunum 1989 til 1991 nam innflutningur frá TSSL til Íslands um 0,3-0,4% af verðmæti heildarinnflutnings landsins, er það mikill samdráttur frá því sem var á sjötta áratugnum þegar viðskipti landanna voru milli 2 og 3% af heildarutanríkisviðskiptum Íslands. Þriðjungur innflutningsins eru fólksbifreiðar og dráttarvélar en um fimmtungur innflutnings okkar er járn og stál, þá er einnig flutt inn raflagnaefni, vefnaðarvara, gler, leirvörur, hjólbarðar o.fl. Sá innflutningur frá TSSL sem Íslendingar kannast hvað best við eru fólksbifreiðar og dráttarvélar, árið 1988 voru fluttar inn til landsins 310 Skoda-bifreiðar, sem var 4,3% af innfluttum bifreiðum það ár, 4,8% árið eftir, 3,6% árið 1990 og 2,8% á síðasta ári. Árið 1988 voru fluttar inn 122 Zetor-dráttarvélar frá TSSL, sem var um þriðjungur heildarinnflutnings til landsins af slíkum tækjum og voru ekki flutt inn fleiri tæki af annarri gerð. Af um 300 dráttarvélum sem seldar voru í landinu árið 1990 voru 118 frá TSSL, markaðshlutdeild þeirra var þannig tæp 40%, árið eftir var hlutdeild tékknesku dráttarvélanna 32%. Á síðasta ári bættist við ný vörutegund sem flutt er inn frá TSSL, Urquell Pilsen bjórinn, sem Tékkar eru frægir fyrir. Markaðshlutdeild hans á íslenskum bjórmarkaði er innan við 2%.

Útflutningur Íslendinga til TSSL hefur einnig dregist saman sérstaklega frá árinu 1989 þegar umbætur hófust í landinu. Á undanförnum árum hefur útflutningur þangað numið um 0,1% af heildarútflutningi okkar. Ástæðan fyrir þessum samdrætti frá árinu 1989 er fyrst og fremst gjaldeyrisskortur í TSSL. Árið 1989 var rúmlega 70% af heildarútflutningi Íslands til TSSL loðnumjöl en þá hafði sala á loðnumjöli þangað legið niðri í nokkur ár. Það sama á við um frysta síld, árið 1991 var ekkert selt af henni en þó nokkuð árið 1989. Árið 1991 var eingöngu fluttur út kísilgúr til TSSL og dálítið af frystum fiskflökum (sjá meðfylgjandi töflu um vöruviðskipti Íslands og TSSL 1989, 1990 og 1991). Hins vegar bendir ýmislegt til þess að nýir útflutningsmöguleikar séu að opnast fyrir íslensk fyrirtæki, m.a. er hefð fyrir viðskiptum með fisk milli landanna og hefur TSSL sýnt mikinn áhuga á að flytja inn meira af fiski og fiskafurðum héðan, og markaður virðist vera fyrir vatn.

Í viðskiptum Íslands og Tékkóslóvakíu gilti til skamms tíma viðskiptasamningur frá árinu 1985 sem var í meginatriðum samhljóða viðskiptasamningi ríkjanna frá árinu 1977. Fyrsti samningur Tékkóslóvakíu og Íslands í þessa veru var gerður árið 1924 er gert var samkomulag um samvinnu landanna í verslunar- og siglingamálum. Árið 1960 var gerður

viðskiptasamningur milli ríkjanna. Aðalinnflutningur Íslendinga frá Tékkóslóvakíu var þá af ýmsu tagi en einna mest var flutt inn af vefnaðarvöru, glervöru og gúmmívöru ýmiss konar m.a. gúmmískóm. Útflutningur Íslands var aðallega fryst og söltuð síld og freðfiskflök. Samningurinn frá 1985 gilti til ársloka 1990 en um það leyti hófst undirbúningur EFTA-ríkja og TSSL að fríverslunarviðræðum þeim sem leiddu til þessa samnings.

Vöruviðskipti Íslands og TSSL
1989, 1990 og 1991

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Loðnumjöl	4.936,0	150,8	73,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Fryst síld	786,0	32,8	15,9%	2,2	0,1	0,2%	0,0	0,0	0,0%
Ullarvörur	3,0	8,1	3,9%	1,5	5,5	9,0%	0,0	0,0	0,0%
Kísilgúr	0,0	0,0	0,0%	1.345,8	23,4	38,2%	843,8	13,8	78,0%
Ostur	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Heilfrystur fiskur	0,0	0,0	0,0%	487,4	22,9	37,4%	0,0	0,0	0,0%
Fryst fiskflök	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	3,2	1,8	10,2%
Vikur	847,0	12,4	6,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar vörur	13,7	2,6	1,3%	5,6	9,3	15,2%	2,6	2,1	11,9%
Samtals	**6.585,7**	**206,7**	**100%**	**1.842,5**	**61,2**	**100%**	**849,6**	**17,7**	**100%**
% af heildarútflutningi	0,69%	0,26%		0,21%	0,07%		0,12%	0,02%	

Innflutningur (CIF)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Járn og stál	2.138,8	66,0	21,6%	1.879,9	62,4	18,3%	3.172,0	102,0	26,5%
Fólksbifreiðar	266,6	38,3	12,5%	231,7	47,9	14,1%	273,5	67,7	17,6%
Dráttarvélar	380,5	54,1	17,7%	323,1	58,6	17,2%	445,4	76,9	20,0%
Raflagnaefni	423,1	39,7	13,0%	462,2	60,7	17,8%	53,0	10,6	2,8%
Vefnaðarvara	29,5	13,2	4,3%	42,9	22,9	6,7%	51,8	30,9	8,0%
Gler og leirvörur	251,0	15,5	5,1%	38,0	14,9	4,4%	43,4	15,0	3,9%
Hjólbarðar, slöngur o.þ.h.	39,7	6,4	2,1%	26,1	4,3	1,3%	17,4	3,2	0,8%
Fatnaður	8,5	8,0	2,6%	16,9	15,7	4,6%	27,4	27,4	7,1%
Ýmsar vélar til atvinnurekstar	13,7	5,5	1,8%	7,5	5,7	1,7%	9,4	4,2	1,1%
Húsgögn	67,0	13,8	4,5%	29,5	7,3	2,1%	16,4	4,6	1,2%
Pappír og pappi	137,3	5,3	1,7%	90,0	3,7	1,1%	79,1	2,0	0,5%
Aðrar vörur	669,4	40,2	13,1%	560,2	36,3	10,7%	704,9	40,9	10,6%
Samtals	**4.425,1**	**306,0**	**100%**	**3.708,0**	**340,4**	**100%**	**4.893,7**	**385,4**	**100%**
% af heildarinnflutningi		0,38%			0,35%			0,38%	

Athugasemdir við samninginn:

Um inngangsorð samningsins og 1. gr. um markmið.

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en geta verið þáttur í túlkun samningsins. Almennt orðalag er í 1. gr. um markmið samningsins, sem er að efla samvinnu EFTA-ríkjanna og TSSL einkum með því að efla, með aukningu gagnkvæmra viðskipta, samfellda þróun efnahagssamskipta, skapa eðlilega forsendu fyrir samkeppni og afnema viðskiptahöft. Orðalagið á að mestu rætur sínar að rekja til 1. gr. fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og EB.

Um 2. gr.
Gildissvið samningsins. I.-II. viðauki og bókun A.

Iðnaðarvörur

Samningurinn nær til vöruviðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og TSSL en ekki slíkra viðskipta milli EFTA-ríkjanna. Allar iðnaðarvörur (kaflar 25-97 í tollskránni) falla undir samninginn með þeim fáeinu undantekningum, sem tilgreindar eru í I. viðauka. Þessar undanþágur endurspegla samsvarandi ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB. Ísland hefur enga sérstöðu varðandi þennan viðauka. Hér er um að ræða nokkrar vörur s.s. albúmínkennd efni, umbreytt sterkja, lím og ensín úr 35. kafla, ýmsar kemískar vörur úr 38. kafla, korkur og vörur úr korki úr 45. kafla, og aðrar spunatrefjar úr jurtaríkinu, pappírsgarn og ofinn dúkur úr pappírsgarni úr 53. kafla.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir.

Fullri fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir í viðskiptum Íslands við TSSL, sbr. II. viðauki, er komið á strax við gildistöku samningsins með sama hætti og meðal EFTA-ríkjanna.

Sjávarafurðir þessar eru úr 2. kafla (0208: kjöt af hval og sel), 3. kafla (fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar), 15. kafla (feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu), 16. kafla (framleiðsla úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum) og 23. kafla (leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður).

Iðnaðarvörur unnar að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarafurðum.

Samningur þessi gerir ráð fyrir að EFTA-ríkin hafi heimild til að beita verðjöfnunarkerfi þannig að jafna megi verðmismuni á landbúnaðarhráefnum sem fara í vörur unnar að hluta eða öllu leyti úr landbúnaðarafurðum. Ísland hefur nokkra sérstöðu hvað þessar vörur varðar, sbr. 4. mgr. 2. gr. bókunar A og töflu VII. Í töflu VII. eru listar yfir tolla og fjáröflunartolla sem Íslandi er heimilt að beita á þar tilgreinda vöruflokka. Þetta samsvarar því hvernig gengið var frá þessum málum í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1973. Í stað þeirra tolla sem er að finna í lista 1 og fjáröflunartolla í lista 2 í bókun A er Íslandi heimilt að taka upp verðjöfnunarálögur í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. bókunarinnar. Með þessu hefur verið haft í huga að Íslendingar eru skyldugir að taka upp sams konar verðjöfnunarkerfi og hin EFTA-ríkin hafa í EES-samningnum.

TSSL hefur ekki verðjöfnunarkerfi, enn sem komið er, heldur mun beita umsömdum tollum á vörur á fastsettum aðlögunartíma, sbr. töflu VIII við bókun A. TSSL ber að tilkynna EFTA-ríkjunum með góðum fyrirvara þegar ákveðið er að taka upp verðjöfnunarálögur.

Um 3. gr.

Upprunareglur og samvinnu um tollframkvæmd. Bókun B.

Í 3. gr. og bókun B samningsins er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda um tollaframkvæmd. Reglur þessar styðjast við samsvarandi reglur í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB frá 1972-1973 og við EFTA-samninginn.

Um 4. gr.

Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. III.-IV. viðauki.

Með þessum samningi samþykkja EFTA-ríkin að afnema alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif á iðnaðarvörur frá gildistöku samningsins, að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í III. viðauka. Tollar á þeim vörum skulu afnumdir í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

Á móti skuldbindur TSSL sig til að afnema á aðlögunartímabilinu alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif af iðnaðarvörum sem tilgreindar eru í töflu B í viðauka IV og upprunnar eru í EFTA-ríki. Tollar á vörum í töflu B verða hins vegar lækkaðir stig af stigi 20% 1. janúar 1995 og um önnur 20% 1. janúar 1997 og 1999 og loks falla þau 40% sem eftir standa niður þann 1. janúar 2001. Tafla C skráir þær iðnaðarvörur sem fá 20% tollalækkun frá gildistöku samningsins og aftur 20% 1. janúar 1995, 1997, 1999 og 2001. Hvað varðar þær iðnaðarvörur í köflum 25-97 í samræmdu tollskránni og ekki hafa verið taldar upp í töflum A, B og C er um að ræða 20% tollalækkun við gildistöku samningsins, 40% 1. janúar 1995 og þau 40% sem eftir standa síðan 1. janúar 1997. Í þessum tékknesku og slóvakísku listum er vörusviðið og tollalækkanirnar þær sömu og samsvarandi listar í samningi þeirra við EB.

IV. viðauki er ekki birtur hér en hugsanlegir viðskiptaaðilar geta fengið aðgang að texta hans hjá utanríkisráðuneyti og tollayfirvöldum.

Þegar við gildistöku samningsins verða felldir niður tollar af öllum fiski og öðrum sjávarafurðum sem seldar eru frá Íslandi til TSSL, sbr. ákvæði II. viðauka.

Um 5. gr.

Grunntollar.

Á vörum frá EFTA-ríkjum skal grunntollur samsvara bestu-kjara (Most Favoured Nation) tolli þeim sem í gildi var 1. október 1991, en gagnvart TSSL tollur sem í gildi var 1. janúar 1992.

Um 6. gr.

Fjáröflunartollar. Bókun C.

Við gildistöku skulu fjáröflunartollar við innflutning vara er falla undir samninginn afnumdar. Undanþágur frá þessu eru í bókun C. Undanþágurnar varða Ísland, Liechtenstein og Sviss. Undanþágulisti Íslands er samhljóða gildandi lista í fríverslunarsamningnum við EB.

Um 7. gr.

Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. V.viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu allir útflutningstollar og gjöld sem svipuð áhrif hafa afnumin. Í V. viðauka eru tilgreindar undanþágur frá þessu fyrir Ísland. Heimildin fyrir Ísland er sú sama og er í fríverslunarsamningnum við EB um að taka megi upp útflutningsgjöld á ákveðnar sjávarafurðir. Sú heimild hefur ekki verið notuð undanfarin ár.

Um 8-9. gr.
Magntakmarkanir á inn- og útflutning. VI.-IX. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á bæði inn- og útflutning bæði í EFTA-ríkjunum og TSSL afnumdar. Undanþáguheimildir eru þó við banni á út- og innflutningstakmörkunum, sbr. 2. og 3. tl. 8. gr. Íslandi er heimilt að hafa innflutningstakmarkanir á jarðolíur, sópa og bursta eins og tilgreint er í VI. viðauka tl. 2. Nú hafa viðskipti með olíuvörur verið gefin frjáls og er þessi heimild hvað þær vörur snertir því nú óþörf. Hvað snertir sópana og burstana er verið að vernda framleiðslu á vegum Blindravinafélagsins líkt og gert var í fríverslunarsamningnumum við EB 1972 og EES-samningnum.

Um 10. gr.
Almennar undantekningar.

Í samningnum eru varnaglaákvæði sem heimila bann eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu um almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna og dýra, gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglur um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, enda séu slíkar ráðstafanir gerðar í samræmi við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innanlands. Samsvarandi ákvæði eru í velflestum fríverslunarsamningum.

Um 11. gr.
Ríkiseinokun. Bókun D.

Ákvæðið um ríkiseinkasölu er samhljóða 16. gr. EES-samningsins, sem endurspeglar aftur orðalag 37. gr. Rómarsamningsins. Hér er ekki um að ræða bann við ríkiseinokun heldur er kveðið á um að tryggja verði að ríkiseinkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar. Ákvæðið gildir einnig í þeim tilfellum sem ríkið hefur framselt öðrum einkarétt sinn eða stýrir á einn eða annan hátt inn- og útflutningi milli aðildarríkja samningsins.

Í bókun D, að því er Ísland varðar, er greint frá þeirri ríkiseinkasölu sem standa mun óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir ákvæði greinarinnar. Hér er um að ræða einkasölurétt ríkisins á tilbúnum áburði. Samkvæmt EES-samningnum hefur Áburðaverksmiðja ríkisins aðlögunartíma til 1. janúar 1995, en eftir það verði sala á tilbúnum áburði gefin frjáls. Í bókun D segir hins vegar, að verði ekki af EES-samningnum muni fyrirkomulag áburðarsölunnar haldast óbreytt.

Um 12. gr.
Upplýsingaskipti vegna draga að tæknilegum reglugerðum. X. viðauki.

Til að tryggja upplýsingar og skýrleika varðandi breytingar á tæknilegum reglugerðum eru settar í samninginn ákveðnar reglur um tilkynningar um drög og breytingar á þessum reglum. Þetta ákvæði samsvarar því fyrirkomulagi sem gildir meðal EFTA-ríkja.

Í viðaukanum er nánar greint frá aðferð þeirri sem beita skal til að tilkynna um drög að tæknilegum reglugerðum.

Um 13. gr.
Viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í inngangi og og lok athugasemda við samninginn er umfjöllun um viðskipti með landbúnaðarvörur og vísast til hennar.

Um 14. gr.
Innlendar álögur.

1. mgr. þessarar gr. felur í sér að forðast eigi allar fjármálaráðstafanir og aðgerðir sem geti mismunað innlendum og innfluttum vörum. Stjórnvöld hafa fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er, svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Með 2. mgr. er verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatta en þá sem lagðir hafa verið á vörur og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsríkis. Sams konar ákvæði er í 19. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB og í 14.-15. gr. EES-samningsins.

Um 15. gr.
Greiðslur.

1. og 2. mgr. þessarar greinar er spegilmynd 19. gr. fríverslunarsamnings einstakra EFTA-ríkja og EB. Það felur í sér skv. 1. mgr. að engin höft megi leggja á greiðslur sem fara fram vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkjanna og TSSL né á yfirfærslu á þessum greiðslum til samningsríkja þar sem kröfuhafi er búsettur. Jafnframt ber samningsríkjum, sbr. 2. mgr. að forðast að takmarka með ákvæðum um gjaldeyrisviðskipti eða fyrirkomulag afgreiðslu, veitingu, endurgreiðslu eða viðtöku bankaábyrgða til skamms eða meðallangs tíma. TSSL hefur tímabundna og takmarkaða undanþágu frá 2. mgr.

Um 16. gr.
Opinber innkaup.

Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin veita fyrirtækjum frá TSSL aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við GATT-samninginn um opinber innkaup frá 1979 og eins og honum var breytt 1987. TSSL skal, með tilliti til endurskipulagninar og þróunar efnahagsmála sinna, veita EFTA-ríkjum smám saman aðgang að útboðsgerð á hinum opinbera innkaupamarkaði sínum á sömu forsendum.

Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við opinber útboð til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun á milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Fyrir lok aðlögunartímabilsins ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkja.

Um 17. gr.
Vernd hugverka. XI. viðauki.

Samningurinn á að veita og tryggja nægilega og árangursríka einkaréttarvernd hugverka án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, afritun og þjófnaði. Nánar er getið um skuldbindingar þessar í XI. viðauka samningsins.

Um 18. gr.
Reglur um samkeppni milli fyrirtækja.

Ákvæði þetta má rekja til 23. gr. fríverslunarsamninga einstakra EFTA-ríkja við EB, sem endurspeglar meginreglur 85.-86. gr. Rómarsamningsins.

Ákvæði eru í samningi þessum að allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því

leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og TSSL. Einnig samrýmist ekki réttri framkvæmd samingsins misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðarstöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þess.

Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum samningsins og geti ógnað hagsmunum samingsríkisins eða innlendum iðnaði þess alvarlega er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að málið hefur verið til umræðu í sameiginlegu nefndinni eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til nefndarinnar til umræðu.

Um 19. gr.
Ríkisaðstoð. XII.- XIII. viðauki.

Samkvæmt samningnum er ekki lagt algjört bann á alla ríkisaðstoð þó tiltekin aðstoð sé ekki talin samrýmast framkvæmd samningsins. Í XII. viðauka er að finna túlkun á því hvaða ríkisaðstoð telst samrýmanleg framkvæmd samningins og hver ekki.

Samningsríki viðurkenna að í fimm ár frá gildistöku samningsins beri að líta á TSSL sem svæði þar sem lífskjörin eru óvenjulega bág eða þar sem alvarlegt atvinnuleysi ríkir, sem felur í sér að TSSL er heimilt að veita "umfangsmeiri aðstoð", sem skilgreind er í 8. gr. bókunarinnar um samkomulag um framkvæmd samningsins milli EFTA-ríkja og TSSL.

Ef samningsríki telur að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. 19. gr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í 25. gr., aðgerðirnar mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn gefur tilefni til.

Til að tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar skulu samningsríkin skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIII. viðauka.

Um 20. gr.
Undirboð.

Samkvæmt þessu ákvæði geta samningsríki, verði þau vör við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem heyra undir samninginn, gripið til viðeigandi gagnráðstafana, í samræmi við VI. grein Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þeim sérsamningi GATT er túlkar þá grein nánar. VI. grein GATT var nánar útfærð með sérsamningi í svokölluðum Tókýó-viðræðum (1973-1979). Sá sérsamningur er til umræðu í núverandi viðskiptalotu GATT (Úrúgvæ-viðræðunum).

Um 21. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að grípa til öryggisráðstafana þegar innflutningur tiltekinnar vöru eykst svo mjög að valdið geti alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur vara eða alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til slæmra efnahagsþrenginga á einstökum landssvæðum.

Um 22. gr.
Endurskipulagning.

Til að styðja við bakið á TSSL við að koma á markaðshagkerfi er í samningnum ákvæði um endurskipulagningu, sem heimilar TSSL við sérstök skilyrði, á aðlögunartímabili sem stendur í fimm ár, að hækka tolla á innfluttar iðnaðarvörur til verndar innlendri framleiðslu. Ráðstöfunum þessum má eingöngu beita til aðstoðar iðnaði á frumstigi eða einstökum greinum atvinnulífsins sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda mikilvægum félagslegum

vandkvæðum. Tollar sem TSSL er heimilt að grípa til á innflutning með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti vörunnar. Verðmæti varanna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjunum.

TSSL er óheimilt að beita þessum ráðstöfunum gagnvart vöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

Um 23. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur.

Hér er sleginn varnagli og svigrúm gefið til að þess að grípa til sérstakra aðgerða ef framkvæmd ákvæða 7. og 9. hefur í för með sér röskun á viðskiptastefnu gagnvart ríki utan svæðisins eða ef frjáls útflutningur leiðir til vöruskorts, eða fyrirsjáanlegur er vöruskortur, á vöru sem nauðsynleg er samningsríki.

Um 24. gr.
Greiðslujafnaðarerfiðleikar.

Lendi EFTA-ríki eða TSSL í alvarlegum erfiðleikum varðandi greiðslujöfnuð sinn er því samningsríki, í afmarkaðan tíma, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með GATT-samkomulaginu. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

Um 25. gr.
Öryggisráðstafanir.

Í fríverslunarsamningum EFTA eru ætíð ákvæði um öryggisráðstafanir, sem gera það mögulegt að fella úr gildi tímabundið hluta samningsins ef ófyrirsjánlegir eftirleikar koma í ljós. Samningsríkin eru sammála um að heimilt sé að grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt ákvæðum 25. greinar við viss skilyrði, sem lýst er í 19., 20., 21., 23. og 31. gr. samningsins.

Í 25. gr. er að finna samkomulag um aðferð við beitingu öryggisráðstafana en áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem þar eru tilgreindar skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um og sameiginlegu nefndinni og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta.

Um 26. gr.
Undanþágur vegna öryggishagsmuna.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB og í 23. gr. EES-samningsins.

Um 27.-28. gr.
Sameiginlega nefndin.

Með samningnum verður sett á fót sameiginleg nefnd. Hlutverk hennar er að annast stjórnun og rétta framkvæmd samningsins.

Nefndin kemur saman eins og nauðsyn ber til en eigi sjaldnar en einu sinni á ári og getur hún ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

Um 29. gr.
Þróunarákvæði.

Samkvæmt þessu ákvæði getur samningsríki sent öðrum samningsríkjum rökstudda beiðni þess efnis að þróa beri samskipti ríkjanna enn frekar, telji samningsríki það til framdráttar efnahagi samningsríkjanna.

Samningsríki tækju síðan beiðnina til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni.

Um 30. gr.
Þjónusta og fjárfesting.

EFTA-ríkin og TSSL munu í sameiginlegu nefndinni ræða möguleika á að þróa og auka samstarf sitt á sviði þjónustu og fjárfestingar.

Um 31. gr.
Uppfylling skuldbindinga.

Samningsríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og svo að þau megi uppfylla skuldbindingar sínar sem í samningnum felast.

Um 32. gr.
Bókanir og viðaukar.

Bókanir og viðaukar með samningnum eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin hefur vald til að breyta bókunum og viðaukum með samhljóða samþykki allra samningsríkja. Um breytingar á samningnum sjálfum gildir 36. gr. hans.

Um 33. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga.

Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja og TSSL en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja.

Í þessari grein er sérstaklega fjallað um tvíhliða samning Finnlands við Tékkóslóvakíu frá 1974 sem mun gilda áfram á aðlögunartímabili.

Um 34. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæravisökipti.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki hans myndi tollabandalög, stofni fríverslunarsvæði með öðrum ríkjum eða geri aðra samninga hafi þeir ekki neikvæð áhrif á viðskipti EFTA-ríkja og TSSL.

Um 35. gr.
Landssvæði það þar sem samningurinn gildir.

Samningurinn tekur til landssvæða samningsríkjanna.

Um 36. gr.
Breytingar á samningnum.

Breytingar á megintexta samningsins skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykktar og öðlast fyrst gildi þegar öll samningsríkin hafa samþykkt breytingarnar og fullgildingar- eða staðfestingarskjöl um það hafa borist vörsluaðila.

Um 37. gr.
Aðild.

Sérhvert ríki sem aðild á að EFTA getur gerst aðili að samningnum svo framarlega sem sameiginlega nefndin samþykkir það samhljóða.

Um 38. gr.
Úrsögn og niðurfelling samningsins.

Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila. Ef TSSL eða öll EFTA-ríkin senda slíka tilkynningu um úrsögn fellur samningurinn úr gildi sex mánuðum eftir að slík úrsögn berst vörsluaðila frá TSSL eða frá öllum EFTA-ríkjunum. Ef EFTA-ríki dregur aðild sína að EFTA tilbaka jafngildir það að aðild þess að þessum samningi falli niður frá þeim tíma sem úrsögn þess úr EFTA tekur gildi.

Um 39. gr.
Gildistaka.

Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1992 að því tilskildu að samningsríkin hafi afhent vörsluaðila, sem er Sviþjóð, fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi 1. júlí, og að því tilskildu að TSSL hafi afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjal sitt, er þeim ríkjum sem undirritað hafa samningninn og komið hafa slíkum skjölum til vörsluaðila heimilt að ákveða hvenær samningurinn öðlist gildi að því þau varðar. Þegar um er að ræða samningsríki sem afhendir fullgildingar- eða staðfestingarskjal eftir það öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.

Um 40. gr.
Vörsluaðili.

Vörsluaðili samningsins er ríkisstjórn Sviþjóðar. Ákveðið var að Sviþjóð yrði vörsluaðili fyrir alla fríverslunarsamningana sem EFTA-ríkin standa að þar sem Sviþjóð er vörsluaðili EFTA-samningsins, sbr. 39. gr. hans.

Bókun um samkomulag um framkvæmd samningsins.

Í bókuninni er að finna samkomulag samningsríkjanna um túlkun og nákvæma framkvæmd nokkurra greina samningsins. Fjallar 1. gr. um samræmi milli ívilnana milli samnings EFTA-ríkja og TSSL annars vegar og EB og TSSL hins vegar á aðlögunartímanum. 2. gr. greinir frá samkomulagi um þjálfun starfsmanna varðandi aðferð sem beitt er til að sanna og staðfesta uppruna vöru. Í 3. gr. segir að TSSL beri að tilkynna EFTA-ríkjum um fyrirkomulag stjórnarsamvinnu TSSL, Ungverjalands og Póllands við framkvæmd bókunar B (upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd), efni 4. gr. er einnig tengt sömu bókun. Bönn og takmarkanir sem réttlætast af umhverfisverndarsjónarmiðum er umfjöllunarefni 6. gr. og í 7. gr. er skilgreining orðsins félag. Þá er fjallað um túlkun 3. mgr. 9. gr. í 8. gr. Í 9. gr. segir að samkomulag sé milli samningsaðila um að hafa samráð í sameiginlegu nefndinni til að leita leiða til að auka þær viðmiðanir sem tilgreindar eru í viðaukum við 19. gr. samningsins. Fyrirkomulag við beitingu öryggisráðstafana í viðskiptum með tilbúinn fatnað og textílvörur er efni 10. gr. Í 11. gr. segir að komi til ágreinings vegna útreiknings á verðmæti innfluttra iðnaðarvara skuli nota alþjóðlegar viðskipta- og hagskýrslur til grundvallar útreikningnum. 12. gr. fjallar um gerðardóm.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkja og TSSL, ásamt bókun um samkomulag um framkvæmd samningsins, er birtur á íslensku sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari. Í fylgiskjali 2 er samningurinn, ásamt bókuninni, birtur á ensku.

Landbúnaðarvörur: Tvíhliða samningur.

Viðskipti með landbúnaðarvörur sem falla undir 1.-24. kafla í samræmdu tollskránni (HS) voru tekin fyrir í tvíhliða samningaviðræðum milli einstakra EFTA-ríkja, annars vegar, og TSSL, hins vegar. Í þessum tvíhliða viðræðum hefur ekki verið gert ráð fyrir því að breytingar verði á stefnu einstakra ríkja í landbúnaðarmálum. Því lýstu samningsaðilar sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Tvíhliða samningaviðræður Íslands og TSSL gengu vel. Í tvíhliða samningi Íslands og TSSL er eingöngu um að ræða niðurfellingu á tollum á vörum sem ekki eru framleiddar hér á landi, s.s. náttúrulegt hunang, laukur, belgávextir, spínat, gulertur, belgaldin, heslihnetur, valhnetur, ýmsir ætir ávextir og framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum.

Með þessum tvíhliða landbúnaðarsamningi er einnig viðauki með þeim upprunareglum sem gilda munu um þær vörur sem tvíhliða samningurinn nær til. Gildir þar sú almenna regla að þessar vörur skulu að öllu leyti fengnar í útflutningslandinu. Hvað varðar skilgreiningu á á hugtakinu "upprunavörur" og samvinnu milli stjórnsýslu landanna gilda reglur bókunar B við fríverslunarsamninginn einnig fyrir þessar vörur.

[Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins ásamt fylgigögnum (á íslensku og ensku) var birtur í þingskjalinu sem fskj. 1 og 2. Samningurinn verður enn fremur prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.]

286. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um sérstakt tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi.

Flm.: Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa í samvinnu við framhaldsskóla og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á Austurlandi sérstakt tilraunaverkefni um stóraukna samvinnu skóla og atvinnulífs. Tilraunin nái til starfsnáms, verkmennta og fullorðinsfræðslu.

Greinargerð.

Í mörg ár hafa átt sér stað miklar umræður um nauðsyn þess að auka samvinnu skóla og atvinnulífs. Þrátt fyrir almennan vilja um aukna samvinnu hefur árangurinn ekki verið sem skyldi. Einn höfuðvandi íslenska framhaldsskólakerfisins í dag er að ekki hefur tekist að skapa nægjanleg tengsl við atvinnulífið, en þetta er ekki síður vandi þess.

Grundvöllur þessarar samvinnu er gagnkvæmt traust milli aðila. Því miður hafa fulltrúar atvinnulífs og skóla stundum ásakað hvorir aðra um að bera sök á ástandinu. Þannig hafa fulltrúar atvinnulífs ásakað skólakerfið um að vera ekki í takt við það sem gerist í atvinnulífinu og þess vegna mennti skólakerfið ekki nemendur í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Á móti segja skólamenn að frá atvinnulífinu komi ekki fram þær kröfur um breytingar sem talin er þörf á, jafnvel þótt eftir þeim sé leitað.

Á Austurlandi eru tengsl skóla og atvinnulífs með þeim hætti að búast má við að auðvelt verði að koma á góðu samstarfi milli aðila verði staðið að því á skipulegan og markvissan hátt. Framhaldsskólar á Austurlandi hafa haft með sér náið samstarf um margra ára skeið, m.a. í stjórnunarnefnd framhaldsnáms á Austurlandi sem starfað hefur á annan áratug. Með tilkomu Farskóla Austurlands, sem var fyrsti skóli sinnar tegundar á landinu og er samstarfsverkefni Verkmenntaskóla Austurlands og Atvinnuþróunarfélags Austurlands, hefur samstarf skóla og atvinnulífs aukist verulega, sjá fskj. I. Menntaskólinn á Egilsstöðum hefur skipulagt skógræktarbraut í samvinnu við Skógrækt ríkisins og Héraðsskóga og fjarkennsla hefur verið stunduð við skólann í tilraunaskyni um nokkurt skeið. Þá má nefna að nýlega hefur Verkmenntaskóli Austurlands fengið heimild í tilraunaskyni til fimm ára til að þróa nýtt fyrirkomulag við gerð iðnnámssamninga þar sem skólinn er milliliður milli iðnnema og iðnmeistara, sjá fskj. II.

Nauðsynlegt er fyrir íslenskt samfélag að takast megi að tryggja gott samstarf skóla og atvinnulífs. Hér er lagt til að staðið verði að raunhæfri tilraun án þess að hendur aðila verði of bundnar þótt lögð sé sérstök áhersla á þá þætti sem mikilvægastir eru, þ.e. starfsnám, verkmenntun og fullorðinsfræðslu.

Fylgiskjal I.

Farskólinn Austurlandi:

Starf Farskólans á Austurlandi 1991–1992.

Starfsemi Farskólans var með hefðbundnu sniði á því starfsári sem er að ljúka. Alls voru haldin 20 námskeið á átta stöðum í fjórðungnum sem er svipað og undanfarin ár og var fjöldi kennslustunda 830 sem skiptist á tæplega 200 þátttakendur.

Segja má að starfsemi Farskólans stefni jafnt og þétt í lengri starfsmenntunar- og réttindanám sem sést á því að haldin voru námskeið sem gefa starfsréttindi á sviði 30 tonna skipstjórnar, svæðisleiðsagnar og vélavarða.

Skipulagning og framkvæmd slíkra námskeiða er mjög tímafrek og bitnar oft á framkvæmd ýmissa annarra starfsmenntunarnámskeiða sem einnig þarfnast mikils undirbúnings.

Samstarfsaðilar Farskólans voru frá Austurlandi og af Reykjavíkursvæðinu, allt sérhæfðir aðilar hver á sínu sviði.

Eftir fjögurra ára starf Farskólans var á liðnum vetri litið um öxl og starfsemin og árangur liðinna ára vegin og metin. Viðræður við helstu samstarfsaðila okkar leiddu síðan í ljós að fullur vilji er á frá þeirra hendi, svo og okkar, að efla það samstarf sem náðst hefur og reyna að skipuleggja námskeiðin fram í tímann eins og kostur er.

Sá þáttur, sem sannfærir okkur um að við séum á réttri braut, er allar þær beiðnir og fyrirspurnir sem til okkar koma um æ fleiri námskeið og þá sérstaklega í starfsendurmenntun, en vandamálið er ekki hvort við fáum þátttakendur, heldur hvort við höfum nægan tíma til að skipuleggja og undirbúa námskeiðin svo að vel fari.

Jóhann G. Stephensen.

Fylgiskjal II.

Bréf menntamálaráðuneytis til Alberts Einarssonar, skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands.

(19. október 1992.)

Vísað er til bréfs yðar, ódagsett en móttekið 19. sept. 1991, þar sem farið er fram á að Verkmenntaskóla Austurlands verði veitt heimild til að hlutast til um gerð iðnnámssamninga í Austfirðingafjórðungi.

Ráðuneytið heimilar skólanum hér með að gera tilraun með atvinnumiðlun iðnnema, þ.e. að iðnfulltrúi Austurlands annist framkvæmdina í samræmi við bréf yðar, dags. 14. apríl 1992. Miðað við lengd iðnnáms er eðlilegt að tilraun þessi standi í fimm ár. Ráðuneytið fer fram á að skólinn skili skýrslu um framgang tilraunarinnar eftir hvert tilraunaár.

Hins vegar getur ráðuneytið ekki orðið við beiðni yðar um að ráða starfsmann í ½ stöðu atvinnulífstengils. Ráðuneytið er aftur á móti reiðubúið til að veita einhvern styrk til verkefnisins að fenginni sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

287. Fyrirspurn [230. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um fullorðinsfræðslu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hvernig hyggst ráðherra standa að framkvæmd laga um fullorðinsfræðslu?

Skriflegt svar óskast.

288. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Í stað síðari málsliðar 18. gr. laga nr. 49/1974, sbr. 6. gr. laga nr. 48/1981, kemur: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborgara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

2. gr.

Við A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981 bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 6. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu settar í reglugerð.

3. gr.

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 orðast svo: Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur ráðherra heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér, byggjast annars vegar á reglum samningsins um frelsi launþega til flutninga og hins vegar á reglum hans um félagslegt öryggi.

Í VI. viðauka samningsins er fjallað um félagslegt öryggi. Samkvæmt þessum viðauka er gert ráð fyrir því að reglugerð nr. 1408/71/EBE, sem fjallar um almannatryggingar, gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í 10. gr. reglugerðarinnar er m.a. fjallað um endurgreiðslu iðgjalda. Samkvæmt ákvæðinu ber að líta svo á að þegar endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að sjóðfélagi heyri ekki lengur undir skyldutryggingu samkvæmt löggjöf samningsríkis telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan hann heyrir undir skyldutryggingu launþega samkvæmt löggjöf annars samningsríkis. Það ber þannig að líta á hið Evrópska efnahagssvæði sem eina heild og þó að hlutaðeigandi flytjist úr landi á það ekki að leiða til þess að hann fái iðgjöld þau sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð hér á landi endurgreidd enda mundi sjóðfélaginn síðar eignast rétt til lífeyris úr viðkomandi lífeyrissjóði með sömu reglum og íslenskir sjóðfélagar.

Í 7. kafla reglugerðarinnar (72.–76. gr.) er fjallað sérstaklega um fjölskyldubætur. Samkvæmt þessum reglum eiga launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar rétt á fjölskyldubótum í því landi þar sem þeir eru starfandi óháð því hvar börn, sem eru á framfæri þeirra, eru heimilisföst. Jafnframt ber að draga bætur, sem greiddar eru í einu landi, frá bótum sem greiddar eru vegna sama aðstandanda á sama tímabili í öðru landi. Í A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er fjallað um barnabætur. Greinin setur það skilyrði fyrir greiðslu barnabóta að barn sé heimilisfast hér á landi. Þó að fjölskyldubætur samkvæmt framangreindri reglugerð séu að mörgu leyti ólíkar barnabótum er engu að síður talið nauðsynlegt að heimila að barnabætur verði greiddar með börnum ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis sem vinna hér á landi, jafnvel þótt börnin séu búsett í öðrum ríkjum svæðisins.

Um atvinnurétt ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis er fjallað í 28. gr. samningsins. Rétturinn er nánar útfærður í reglugerð nr. 1612/68/EBE um frjálsa fólksflutninga innan EB en henni hefur verið breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE.

Meginreglan er sú skv. 28. gr. samningsins og áðurnefndum reglugerðum að ríkisborgurum svæðisins er tryggð frjáls för á Evrópska efnahagssvæðinu í því skyni m.a. að þiggja atvinnutilboð. Samkvæmt 4. tölul. 28. gr. á greinin ekki við um störf í opinberri þjónustu. Mismunandi er til hvaða starfa opinber þjónusta tekur í EES-ríkjunum og verður að skýra þessa undantekningu nokkuð þröngt. Af dómum Evrópudómstólsins má ráða að það eru einkum störf sem tengjast eiginlegum stjórnsýslustörfum og öryggishagsmunum sem eru vernduð með þessum hætti. Til þess að undanþágan eigi við verður þannig að vera um að ræða sérstakt trúnaðarsamband milli starfsmanns og hins opinbera. Dómar EB-dómstólsins eru hins vegar ekki bindandi í þessu efni fyrir ríki utan EB. Það er á valdi hvers ríkis að skilgreina það hvaða störf krefjast sérstaks trúnaðarsambands. Reglurnar hafa ekki áhrif á það að hægt er að gera kröfu um ríkisfang sem skilyrði skipunar.

Í 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er fjallað um almenn skilyrði þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu. Eitt þessara skilyrða er íslenskur ríkisborgararéttur. Þó er heimilt að ráða til bráðabirgða erlenda ríkisborgara ef telja má það sérstaklega eftirsóknarvert. Þar sem aðeins hefur verið um tímabundnar ráðningar að ræða hjá erlendum ríkisborgurum hafa þeir ekki haft ýmis réttindi sem þeir íslensku ríkisborgarar, sem eru skipaðir eða ráðnir ótímabundið með uppsagnarfresti, hafa svo sem rétt til biðlauna, rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins o.fl. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til á 3. gr. laga nr. 38/1954, er ætlunin að tryggja að aðrir ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis, sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu, geti notið sömu ráðningarkjara og íslenskir ríkisborgarar. Með frumvarpinu er ekki verið að breyta því hver telst opinber starfsmaður samkvæmt lögunum og með því er ekki verið að veita ríkisborgurum, sem falla undir Evrópska efnahagssvæðið, rétt til skipunar í starf hjá ríkinu né rétt til starfa hjá ríkinu umfram aðra erlenda ríkisborgara heldur er eingöngu verið að tryggja að þeir sem ráðnir eru á annað borð séu ráðnir með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Veitingarvaldið yrði þannig í höndum ráðningaraðila eins og verið hefur og yrði hann að meta hvaða kröfur yrði að gera til væntanlegs starfsmanns, svo sem varðandi íslenskukunnáttu og almenna menntun og þá jafnframt hvort starfið krefjist sérstaks trúnaðarsambands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum nema hvað lagt er til að ólögmætt verði að endurgreiða iðgjöld ef það telst bannað samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæðin munu hafa almennt gildi þannig að þau geta ekki aðeins tekið til ríkisborgara þeirra landa sem tilheyra hinu Evrópska efnahagssvæði heldur einnig ríkisborgara annarra landa sem Ísland hefur eða mun hugsanlega síðar gera milliríkjasamninga við.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um það að heimilt verði að greiða barnabætur með börnum sem eru á framfæri manna sem starfa hér á landi annaðhvort sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, jafnvel þótt börnin séu heimilisföst í öðru ríki hins Evrópska efnahagssvæðis. Þar sem heimildin er bundin við þá sem eru í launaðri vinnu mundu þessar greiðslur ekki ná til námsmanna, atvinnulausra eða heimavinnandi fólks. Önnur ákvæði greinarinnar mundu eiga við um þessar greiðslur, þar á meðal ákvæði 3. mgr. um frádrátt bóta erlendis frá vegna sama barns, svo og 8. mgr. um skuldajöfnuð.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að þegar ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru ráðnir til starfa sé unnt að ákveða þeim sömu kjör og íslenskum ríkisborgurum. Íslenskur ríkisborgararéttur verður áfram almennt skilyrði fyrir veitingu starfa og ekki verður heimilt að skipa erlendan ríkisborgara í stöðu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

289. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna samkvæmt eftirfarandi framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu 1992–1996.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN
A. Starfsmannamál ríkisins.

1. *Ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu.*
Ítrekuð verði sú skylda ríkisstofnana að auglýsa allar lausar stöður til umsóknar. Í auglýsingu um starf skal koma fram hvatning til þess kynsins sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein eða hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um starfið.

2. *Ákvæði um ráðningar í störf.*
Það kynið, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein, skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari.

3. *Almennt ákvæði um starfsmenntun í atvinnulífinu.*
Ráðuneyti og ríkisstofnanir móti sérstaka stefnu í starfsmenntunarmálum. Í henni skal þess gætt að kynin hafi jafna möguleika til framhaldsmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru í því skyni að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

4. *Ákvæði um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum.*
Ríkisstjórninni er falið að ná því markmiði að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki miðað við 30% í hverri nefnd. Þegar leitað er eftir tilnefningu við skipun í opinbera nefnd verði framvegis óskað eftir nafni karls og konu þannig að markmiði þessu verði náð. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum.

5. *Sveigjanlegur vinnutími.*
Í þeim tilgangi að gera starfsmönnum kleift að samræma betur fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi skulu ráðuneyti og ríkisstofnanir gefa starfsmönnum kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem við verður komið.

6. *Bifreiðastyrkir.*
Í 6. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, launatengd fríðindi, bifreiðastyrki, vinnuaðstæður og veitingu hvers konar hlunninda. Störf skulu því skilgreind með hliðsjón af því hvort bílastyrkja sé þörf.

7. *Starfsmat — starfslýsingar.*
Kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna fari fram í því skyni að framfylgja 4.

gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Taka skal tillit til reynslu og þekkingar sem starfsmenn hafa öðlast, t.d. við ólaunuð umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf. Öllum atvinnurekendum ber skylda til að framfylgja ákvæði 4. gr. jafnréttislaganna. Lagt er fyrir stjórnvöld að þau framfylgi ákvæðinu.

B. Verkefni ráðuneyta og stofnana á þeirra vegum.

Hér fer á eftir kafli varðandi einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum og eru ráðuneytin hvert um sig ábyrg fyrir framkvæmd einstakra liða sem undir þau heyra.

1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1.1. *Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.*

Markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Auglýst verði eftir konum til starfa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að ná þessu markmiði, sbr. 5. og 7. gr. jafnréttislaga.

1.2. *Nauðgunarbrot.*

Á árinu 1984 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að kanna rannsóknir og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta. Eftirfarandi tillögur nefndarinnar koma til framkvæmda á gildistíma þessarar áætlunar:

1.2.1. *Breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940,* en kaflinn fjallar um kynferðisafbrot. Þar er m.a. lagt til að ákvæði um kynferðisafbrot verði ókynbundin, að ákvæði laganna verði samræmd ríkjandi viðhorfum nú á dögum og að refsivernd verði almennt aukin þannig að ýmsar kynferðisathafnir verði lagðar að jöfnu við samræði.

1.2.2. *Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.*

Markmið þeirra breytinga er að dregið verði úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Jafnframt að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot.

1.2.3. *Haldin verði námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu.*

Jafnframt verði fræðsla um kynferðisafbrot aukin í grunnnámi lögreglumanna.

1.3. *Staða kvenna innan kirkjunnar.*

Dómsmálaráðuneytið beini þeim tilmælum til biskupsstofu að staða kvenna innan kirkjunnar verði sérstaklega skoðuð. Einkum verði kannað hlutfall kynjanna í ýmsum nefndum og ráðum innan kirkjunnar, svo sem sóknarnefndum og kirkjuráði. Óskað verði eftir því að biskupsstofa beiti sér fyrir því með tilmælum og fræðslu að unnið verði að því að jafna hlutfall kynjanna í trúnaðarstörfum hjá þjóðkirkjunni.

2. Félagsmálaráðuneytið.

2.1. *Staða karla í breyttu samfélagi.*

Gerð verði úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með það að leiðarljósi að jafna fjölskylduábyrgð kynjanna. Starfshópur mun leggja fram áfangaskýrslu í maí 1992 sem verði grundvöllur sérstakrar áætlunar um framkvæmd þessara mála.

2.2. *Jafnréttisráðgjafi.*

Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á tímabilinu til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Enn fremur vinni hann í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur og starfi í náinni samvinnu við jafnréttisnefndir þar sem þær eru starfandi.

Mikilvægt er að starf jafnréttisráðgjafa efli starfsemi atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafa. Komið verði á fót, til reynslu, miðstöð í einu kjördæmi þar sem saman starfi atvinnuráðgjafi og jafnréttisráðgjafi sem vinni m.a. að málefnum kvenna í landbúnaði.

2.3. *Vinnuvernd.*

Gerð verði úttekt á nokkrum hefðbundnum kvennastörfum, svo sem umönnunar- og þjónustustörfum, með það að markmiði að draga fram tengslin milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum. Með niðurstöðum úttektarinnar verði lagður grunnur að tillögum til að bæta vinnuumhverfið. Jafnframt verði lögð áhersla á kynningu og umræðu í þeim tilgangi að auka skilning á atvinnusjúkdómum sem tengjast hefðbundnum kvennastörfum og koma í veg fyrir þá.

2.4. *Launamunur kynjanna.*

Á árunum 1992 og 1993 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi innan þeirra. Verkefnið verði unnið í samráði við verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins á Íslandi.

2.5. *Starfsmenntun.*

Væntanleg löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu verði nýtt sérstaklega til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og stuðla að auknu atvinnuöryggi þeirra. Á undanförnum árum hefur félagsmálaráðuneytið stutt starfsmenntunarnámskeið fyrir ófaglærðar konur, t.d. sem annast ræstingar og standa að matvælaframleiðslu. Áfram skal lögð áhersla á stuðning ráðuneytisins við slíkt námskeiðahald.

2.6. *Orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli.*

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verði falin nánari úrvinnsla gagna um búferlaflutninga, með sérstöku tilliti til kynferðis þeirra sem flutt hafa af landsbyggðinni eða hafa slíkan flutning í hyggju. Stofnunin hefur kannað ástæður búferlaflutninga fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins.

2.7. *Rekstur kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis og sifjaspella.*

Skipuð verði nefnd sem geri úttekt á og setji fram tillögur um það hvernig tryggja megi sem best rekstrargrundvöll félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella. Í henni eigi sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka.

2.8. *Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar.*

Unnið skal að heildarstefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Landsnefnd um alþjóðaár fjölskyldunnar 1994 mun leggja fram tillögur þar að lútandi. Í tillögunum verði sérstök áhersla lögð á stuðningsaðgerðir varðandi uppeldi og umönnun meðlima fjöl-

skyldunnar. Jafnframt skal þess gætt að einstaklingar innan fjölskyldunnar eigi kost á að taka þátt í atvinnulífinu samhliða heimilisstörfum.

3. Fjármálaráðuneytið.

3.1. *Stjórnsýslufræðsla ríkisins — sérstök námskeið fyrir konur.*

Stjórnsýslufræðsla ríkisins skipuleggi sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu og hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veiti þeim möguleika á stöðuhækkunum.

3.2. *Nefndaskipan.*

Í nefndum á vegum fjármálaráðuneytis, er fjalla um launakjör, þóknanir og hlunnindi, verði skipan háttað þannig að hún samrýmist ákvæðum 12. gr. laga nr. 28/1991.

3.3. *Lög um tekjuskatt og eignarskatt.*

Við endurskoðun núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt verði gætt jafnréttissjónarmiða karla og kvenna.

3.4. *Lög um lífeyrissjóði.*

Sett verði lög um lífeyrissjóði. Við þá lagasetningu verði tillit tekið til jafnréttis kvenna og karla, jafnframt verði réttindi heimavinnandi fólks athuguð sérstaklega.

3.5. *Gagnasöfnun.*

Fjármálaráðuneyti geri reglulega, í samráði við félagsmálaráðuneyti, athuganir á starfskjörum ríkisstarfsmanna. Þessar athuganir verði gerðar með tilliti til karla og kvenna.

4. Forsætisráðuneytið.

4.1. *Fjarvinnslustofur.*

Fjarvinnsla verði efld og Byggðastofnun verði falið að vekja athygli opinberra stofnana á verkefnum sem henta til fjarvinnslu og aðstoða þær eins og þurfa þykir.

4.2. *Laun kvenna og karla.*

Þjóðhagsstofnun gefi áfram reglulega út yfirlitsskýrslu um tekjur einstaklinga. Þar komi fram atriði eins og tekjur eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, aldri, kyni og enn fremur tekjudreifing.

4.3. *Efling heimilisiðnaðar.*

Heimilisiðnaður og verkmenntun verði efld og stuðningur við hönnun í smáiðnaði verði aukinn. Til hliðsjónar verði hafðar niðurstöður nefndar um eflingu heimilisiðnaðar, en nefndin hefur m.a. kynnt sér atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og þróun smáiðnaðar á Norðurlöndum.

5. Hagstofan.

5.1. *Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.*

Hagstofunni verði falið að gefa reglubundið út litla handbók sem hafi að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi, en Hagstofan tekur þátt í norrænu verkefni um útgáfu slíkra upplýsinga.

Við reglubundna hagskýrslugerð verði, svo sem unnt er og þar sem það á við, unnar og birtar tölur fyrir bæði kynin sérstaklega.

5.2. *Tölfræðileg úttekt á sifjamálum.*
Hagstofan haldi áfram og auki við tölfræðilegar upplýsingar um sifjamál.

5.3. *Eignaréttur að fasteignum.*
Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins verði falið að vinna úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar verði að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni. Við skýrslugerðina ber að gæta þess að engir einstaklingar séu þar greinanlegir.

5.4. *Tölfræðileg úttekt á launamun kvenna og karla.*
Lokið verði við úrvinnslu gagna Hagstofunnar um launamun kynjanna og útgáfa fari sem fyrst fram.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
6.1. *Lög um fæðingarorlof.*
Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs og til greiðslna í fæðingarorlofi óháð því hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða starfsmann á almennum vinnumarkaði. Jafnframt verði gildandi lög um fæðingarorlof endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

6.2. *Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins.*
Athugað verði hvort jafnrétti ríki við útreikninga örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. hvort hefðbundið mat á hlutverkum kynja sé hugsanlega lagt til grundvallar.

6.3. *Stofnuð verði neyðarmóttaka* þar sem boðið verði upp á samræmda og markvissa þjónustu við fórnarlömb kynferðisafbrota og annars ofbeldis.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.
7.1. *Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.*
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipi sérstaka nefnd til þess að gera úttekt á stöðu kvenna í iðnaði og móta tillögur í þá átt að jafna hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum.

7.2. *Fræðslustarfsemi.*
Unnið verði áfram í samráði við Iðntæknistofnun að námskeiðum sem nýtast konum sérstaklega. Dæmi um slík námskeið eru: Verkstjórn, stofnun og rekstur fyrirtækja, fjarnám í ferðaþjónustu og leiðbeinendanámskeið í starfsfræðslu.

7.2.1. *Námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu.*
Lagt er til að Iðntæknistofnun fái sérstaka fjárveitingu til að undirbúa og efna til tveggja daga námskeiða fyrir konur í sveitarfélögum og dreifbýli. Fjallað verði fyrst og fremst um stefnumótun og frumkvæði, leiðir til að meta hugmyndir með hliðsjón af mismunandi forsendum og aðferðum. Einnig verði kennt að gera verk-, tíma- og kostnaðaráætlanir þannig að hugmyndunum sé breytt í framkvæmanleg verkefni.

7.3. *Áherslur.*

Lögð verði áhersla á endurmenntun og starfsmenntun fyrir konur er vilja fara að nýju út á atvinnumarkaðinn og takast á hendur störf í iðnaði.

Efld verði fræðsla um störf í iðnaði og þjónustugreinum, á þann veg að þau höfði ekki síður til kvenna en karla og mætti slík fræðsla verða til þess að hvetja konur til starfa í óhefðbundnum kvennagreinum.

Stuðlað verði að því að þekking og menntun kvenna nýtist að jöfnu á við karla við ákvarðanatöku og stjórnunarstöður hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana iðnaðarins.

7.4. *Þróunarverkefni.*

Hafið verði fjögurra ára þróunarverkefni í einu byggðarlagi með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Verkefnið verði unnið m.a. í samvinnu við atvinnuráðgjafa svæðisins og Byggðastofnun.

7.5. *Jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum.*

Ráðuneytið fylgi því eftir við ríkisbankana að gerð verði sérstök áætlun um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum hjá bönkum. Samband íslenskra bankamanna er einnig aðili að þessari áætlunargerð og er að henni unnið.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1. *Félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið athugi ýmis opinber réttindi kvenna í landbúnaði og geri tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Samhliða þessari athugun verði kannaðir möguleikar kvenna á landsbyggðinni til að njóta ýmiss konar félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

8.2. *Atvinnumál kvenna í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið styður það markmið að gera átak til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni og er reiðubúið til samstarfs við félagasamtök landbúnaðarins við það verkefni.

Í tengslum við átak í atvinnumálum kvenna til sveita, verði skipulögð námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja. Námskeiðin taki mið af viðfangsefninu á hverjum stað.

8.3. *Fræðsla fyrir konur í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Fræðslan taki til félagskerfis landbúnaðarins, starfa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Jafnframt verði staða landbúnaðarins kynnt og ýmis félagsleg réttindi kvenna á landsbyggðinni.

Leitast verði við að fjölga konum í trúnaðarstörfum á vegum hagsmunasamtaka bænda.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. *Samfelldur skóladagur.*

Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum eins fljótt og unnt er samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 49/1991.

9.2. *Leikskólinn.*

Hugað verði að endurskoðun laga um leikskóla, nr. 48/1991, í samráði við samtök sveitarfélaga með það fyrir augum að saman fari skuldbindingar, ábyrgð og völd, bæði í fjárhagslegu og faglegu tilliti.

9.3. Menntamálaráðuneytið vinnur samkvæmt tillögum nefndar um eflingu jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum. Nefndin starfaði á vegum ráðuneytisins og skilaði hún áliti um framkvæmd jafnréttisfræðslu árið 1990. Stefnt er að því að framkvæmdin taki fjögur ár. Helstu atriðin eru:

9.3.1. *Fræðslufundir og námskeið.*

Starfsfólk allra skólastiga eigi kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum. Þar verði fjallað um stöðu kynja í þjóðfélaginu, starfshætti í skólum, samskipti, sjálfsvitund nemenda o.fl. Þetta á einnig við um fóstru- og kennaranema.

9.3.2. *Starfsmannastefna skóla.*

Starfsmannastefna skóla verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir nemenda séu ekki of einhæfar.

9.3.3. *Námsefni.*

Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

9.3.4. *Náms- og starfsfræðsla.*

Náms- og starfsfræðsla fléttist inn í nám á öllum skólastigum en verði sérstakur þáttur í námi eldri nemenda grunnskóla og í framhaldsskólum.

9.3.5. *Nám í fjölskyldufræðum.*

Í grunn- og framhaldsskólum verði boðið upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

9.3.6. *Fræðsluefni fyrir foreldra.*

Samið verði fræðsluefni fyrir foreldra og forráðamenn barna um stöðu kynja í skólum.

9.3.7. *Skipun framkvæmdanefndar.*

Skipuð hefur verið þriggja manna framkvæmdanefnd til þriggja ára. Hlutverk hennar verði m.a. að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð er í skýrslu starfshópsins um jafna stöðu kynja í skólum og sjá til þess að lögum um jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla er varðar menntun sé framfylgt. Nefndin starfi í samvinnu við aðila frá þeim menntastofnunum sem málin varða.

10. Samgönguráðuneytið.

10.1. *Störf hjá stofnunum sem falla undir samgönguráðuneytið.*

Í stofnunum, sem falla undir samgönguráðuneytið, er meiri hluti þeirra starfa, sem iðn-, tækni- eða háskólamenntun þarf til, unnin af körlum. Hið sama á við um vinnuflokka. Áfram verður unnið að því að jafna hlut kynjanna í þessum störfum.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.

11.1. *Gæðaátak í sjávarútvegi.*

Mikill meiri hluti kvenna við sjávarsíðuna um allt land vinnur við fiskiðnað. Í tengslum við gæðaátak sjávarútvegsins, sem nú fer fram, verði sérstaklega skoðað á hvern hátt nýta megi reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna.

11.2. *Þjónustustörf tengd sjávarútvegi.*

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins hefur nokkuð verið unnið að því að færa ýmis þjónustustörf tengd sjávarútvegi frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Lagt er til að áfram verði haldið á þessari braut og að hinar margvíslegu þjónustugreinar tengdar þessari atvinnugrein verði skoðaðar með það í huga að auka fjölbreytni í störfum við sjávarsíðuna: Við þá athugun verði þess sérstaklega gætt að reynsla og hæfni kvenna á viðkomandi stað verði nýtt.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1. *Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.*

Umhverfisráðuneytið hefur samið jafnréttisáætlun og hefur hlutaðeigandi stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og hafa 20 starfsmenn eða fleiri verið falið að semja slíka áætlun.

Þar sem því verður við komið verður stefnt að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu. Boðið verður upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður við komið. Umhverfisráðuneytið vinnur markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum sem tengjast ráðuneytinu og er ávallt vakin athygli á 12. gr. laga, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og starfshópa.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. *Staða kvenna í utanríkisþjónustunni.*

Utanríkisráðuneytið kanni hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni. Í framhaldi af því verði settar fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir.

Settar hafa verið reglur sem auka möguleika á starfsframa ritara. Frekari útfærsla fari fram.

13.2. *Konur í þróunarríkjunum.*

Í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna. Öll þróunarverkefni taki þannig mið af því að vinna kvenna í þróunarlöndunum er undirstaða viðkomandi samfélags og að bætt staða þeirra er forsenda framþróunar.

Ráðnar verði konur á vegum Þróunarsamvinnustofnunarinnar til að fylgja slíku starfi eftir.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Fyrstu lögin um jafnrétti kvenna og karla voru sett á árinu 1976. Ný jafnréttislög tóku gildi 1985, en gildandi lög, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla tóku gildi í mars 1991 og eru þau mun ítarlegri en eldri lögin frá 1985. Í 17. gr. gildandi laga er kveðið á um að félagsmálaráðherra beri að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Þetta ákvæði er hliðstætt eldra ákvæði í lögum nr. 65/1985 en þar var einungis kveðið á um skyldu félagsmálaráðherra til að kynna fyrir Alþingi framangreinda áætlun og var það gert í annað sinn vorið 1991. Framkvæmdaáætlunin, sem hér er lögð fram, er endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar frá febrúar 1991, að fengnum breytingartillögum Jafnréttisráðs og einstakra ráðuneyta.

Fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum nr. 65/1985 var lögð fyrir Alþingi í desember 1986. Hún var sett upp með nokkuð öðrum hætti en hér er gert. Í henni voru sett fram markmið á fjórum sviðum sem stefnt skyldi að á gildistíma áætlunarinnar. Þessi svið voru atvinnu- og launamál, menntun og fræðsla, trúnaðarstöður og ábyrgð og félagsleg atriði. Í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, sem félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi í mars 1991, var gerð grein fyrir því hvernig tókst að ná fram þeim markmiðum sem sett voru í fyrstu framkvæmdaáætluninni.

Framkvæmdaáætlunin byggir á því sjónarmiði, sem fram kemur í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að stjórnvöldum beri skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Í lögunum er jafnframt tekið fram að markvisst skuli unnið að því að jafna stöðu kvenna á vinnumarkaði og veitt er heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða til að ná því markmiði. Með lagasetningunni var stjórnvöldum gert að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla, hver á sínu sérsviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna alls staðar í samfélaginu.

Endurskoðun á gildandi framkvæmdaáætlun fór þannig fram að ráðuneytum, Hagstofunni og Jafnréttisráði var gefinn kostur á að gera á henni breytingar og/eða bæta við nýjum atriðum ef þau teldu þörf á. Jafnframt var fjármálaráðuneyti beðið um að fara sérstaklega yfir kaflann um starfsmannamál ríkisins.

Meginmarkmið.

Meginmarkmið þessarar framkvæmdaáætlunar er að bæta stöðu kvenna innan ráðuneytanna og undirstofnana þeirra, jafnframt því að hafa jákvæð áhrif á stöðu kvenna almennt á vinnumarkaðnum.

Áhersla er m.a. lögð á eftirfarandi þætti:

1. Starfsmannamál ríkisins.
2. Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum.
3. Launamál kvenna og karla.

4. Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.
5. Sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna í dreifbýli.
6. Ýmis félagsleg réttindi.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á hin ýmsu verkefni sem leitt geta til meiri jafnaðar kynjanna í samfélaginu. Einstök ráðuneyti eru kölluð til ábyrgðar á tilgreindum verkefnum, sem unnin skulu af viðkomandi ráðuneyti. Til að slíkar áætlanir beri árangur er brýnt að Jafnréttisráð taki reglulega saman yfirlit yfir stöðu mála.

Starfsmannamál ríkisins.

Í byrjun ársins 1989 tóku gildi jafnréttisáætlanir hjá ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum sem eru með 20 starfsmenn eða fleiri í vinnu. Þær áætlanir taka fyrst og fremst á starfsmannastefnu viðkomandi ráðuneytis/ríkisstofnunar. Í áfangaskýrslu Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir ríkisstofnana, sem birt var í september 1991, er gerð grein fyrir framgangi þessara jafnréttisáætlana.

Kaflanum um starfsmannamál ríkisins í þessari framkvæmdaáætlun er ætlað að vera rammi að starfsreglum sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun útfæri nánar og hafi að leiðarljósi við gerð sérstakra jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Þessi rammi yrði þannig framhald af gildandi jafnréttisáætlunum, en þær falla úr gildi árið 1993. Öll ákvæðin byggja á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

Í ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum er lagt til að stofnanir láti koma fram hvatningu í auglýsingu þess efnis að konur jafnt sem karlar sæki um þær. Þetta ákvæði byggir á 5. gr. jafnréttislaga en þar er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og 7. gr. sömu laga hljóðar svo:

„Starf, sem laust er, skal standa opið konum jafnt sem körlum. Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni."

Í 5. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar. Í framkvæmdaáætluninni er lögð á það áhersla að það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, skuli að öðru jöfnu ganga fyrir þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari. Þetta er í samræmi við túlkun Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála.

Lagt er til að ríkisstjórnin setji sér það markmið að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins nái 30% í lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki er miðað við 30% í hverri nefnd. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1985 er ákvæði um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Í gildandi lögum er fastar að orði kveðið og hljóðar 12. gr. laganna svo: „Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð." Lagaákvæðið frá 1985 hefur skilað nokkrum árangri á allra síðustu árum, en fram kemur í úttektum Jafnréttisráðs á hlut kvenna og karla í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins að hlutur kvenna var um 11% árin 1985 og 1987, en í apríl 1990 var hlutur kvenna orðinn um 16,6%. Þetta hlutfall er þó mun lægra en víðast hvar á Norðurlöndum, t.d. er hlutur kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum í Noregi orðinn 36%.

Í áfangaskýrslu Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir ríkisstofnana 1991 kemur fram að þau ráðuneyti, sem settu sér það markmið að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum og tilgreindu leiðir til að ná því markmiði, hafa náð árangri umfram önnur. Þær leiðir, sem einkum urðu fyrir valinu, voru tvær, annars vegar svokölluð tilnefningarleið og hins vegar að minna tilnefningaraðila á ákvæði 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sem dæmi um slíkan árangur má nefna nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytis, en þar hefur hlutur kvenna aukist töluvert eða úr 3,8% í 10,2%.

Til að sem gleggst mynd fáist af þróun jafnréttismála hjá hinu opinbera er mikilvægt að fjármálaráðuneyti taki árlega saman hagskýrslur með tilliti til karla og kvenna um ráðningar, stöðuhækkanir, aukagreiðslur og fleira hjá starfsmönnum ríkisins, sem Jafnréttisráð fengi til nánari úrvinnslu.

Fylgiskjal I.

Staða kvenna.

Rétt þykir að rekja hér í stuttu máli samanburð á stöðu kvenna og karla almennt. Jafnframt er gerður ítarlegur samanburður á greiðslum til starfsmanna ríkisins á árabilinu 1987–1991. Einungis er fjallað um þá málaflokka þar sem fyrir liggja tölfræðilegar upplýsingar. Erfitt er hins vegar að meta breytingu á viðhorfum til kynjanna, til hlutverka þeirra og stöðu í samfélaginu.

1. Menntun.

Skólaárið 1976/1977 voru konur rúm 47% þeirra nemenda sem luku stúdentsprófi en skólaárið 1989/90 voru þær rúm 60% brautskráðra stúdenta.

Konur voru 17,5% brautskráðra nemenda frá Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1975 en voru orðnar 30% brautskráðra nemenda vorið 1989. Konur velja sér hinar hefðbundu iðngreinar og útskrifuðust þær af 9 brautum en karlar af 29 brautum í Iðnskólanum árið 1988. Konur voru 14% af brautskráðum nemendum í Tækniskóla Íslands á árabilinu 1987 til 1989, en þar endurspeglast einnig mjög hið hefðbundna námsval kynjanna.

Frá árinu 1985 hafa konur verið í meiri hluta í framhaldsskólum landsins og einnig sem nýnemar við Háskóla Íslands. Hlutur kvenna í Háskóla Íslands hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Skólaárið 1975/1976 voru konur 20% af útskriftarhópnum. Á árabilinu 1987 til 1989 voru þær orðnar 52% brautskráðra. Nám á háskólastigi vitnar að hluta til um kynbundið námsval á framhaldsskólastiginu, þannig voru konur 16% brautskráðra úr verkfræðideild á sama árabili. Aftur á móti hefur orðið mikil aukning á fjölda kvenna í öðrum greinum, svo sem lögfræði, en þær voru um 29% brautskráðra árið 1981 en voru orðnar 54% vorið 1989.

2. Atvinnuþátttaka.

Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, sem gerð var í apríl 1991, kom fram að þegar miðað er við atvinnuþátttöku allra einstaklinga á aldrinum 16 til 74 ára voru 72% kvenna í einhverri vinnu utan heimilis á móti 85% karla, en af þeim voru 88% karla í fullu starfi á móti 49% kvenna. Sama ár voru heimavinnandi konur 11,8% á móti 0,2% karla. Þessi könnun var hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Samkvæmt gögnum frá Þjóðhagsstofnun hefur atvinnuþátttaka íslenskra kvenna aukist ár frá ári. Sérstaklega hefur þáttur giftra kvenna vaxið, hins vegar er atvinnuþátttaka ógiftra mæðra yfirleitt meiri en giftra mæðra. Þegar miðað er við konur á aldrinum 16 til 74 ára voru 90,1% þeirra í launuðu starfi utan heimilis árið 1986 samanborið við 76% árið 1975.

Hafa ber í huga að könnun Þjóðhagsstofnunar er unnin á annan hátt en vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og eru þessar kannanir því ekki samanburðarhæfar.

3. Atvinnuleysi.

Í yfirliti um atvinnuleysi á árabilinu 1980 til 1990 kemur fram að öll árin voru hlutfallslega fleiri konur en karlar atvinnulausar. Konur á landsbyggðinni hafa fundið sérstaklega fyrir atvinnuleysinu. Á árinu 1991 var 1,7% atvinnuleysi meðal kvenna á móti 1,3% hjá körlum á ársgrundvelli. Lítill munur hefur verið á atvinnuleysi kvenna og karla á höfuðborgarsvæðinu, en töluverður munur hefur verið víðast á landsbyggðinni, t.d. var 3,9% atvinnuleysi meðal kvenna á Suðurnesjum, en 1,3% meðal karla á sama svæði á árinu 1991.

Þegar litið er á atvinnuleysi á undanförnum mánuðum kemur hið sama í ljós. Í janúar 1992 var 7,3% atvinnuleysi meðal kvenna á landsbyggðinni og í febrúar var það 4,8%, hjá körlum á landsbyggðinni var atvinnuleysið 4,3% í janúar og 3,1% í febrúar.

4. Tekjur.

4.1. *Samanburður milli tekna kvenna og karla almennt:*

Konur voru u.þ.b. helmingur launþega árið 1986. En hlutur þeirra í heildaratvinnutekjum var rétt um 33%. Styttri vinnudagur kvenna vegur hér þungt.

Heildartekjur kvenna í fullu starfi hafa verið rúm 60% af heildartekjum fullvinnandi karla frá árinu 1980 eða 60,3% árið 1980; 60,7% árið 1986 en náðu 63% af heildartekjum karla í árslok 1988. Samanburðarhæfar eldri tölur eru því miður ekki til. Meiri menntun kvenna virðist því tæplega hafa skilað sér í auknu launajafnrétti.

Í könnun jafnréttisnefndar BHM kemur fram að laun háskólamenntaðra kvenna í fullu starfi á árinu 1988 voru tæp 75% af launum fullvinnandi karla.

4.2. *Launasamanburður kvenna og karla hjá ríkinu fyrir árin 1987, 1989 og 1991:*

Í janúar 1992 lét félagsmálaráðherra kanna og bera saman laun karla og kvenna hjá hinu opinbera. Í þessum samanburði er um að ræða kyngreindar launagreiðslur starfsmanna ríkisins á árunum 1987, 1989 og 1991 fyrir hvert stöðugildi. Stofnanir ríkisins eru flokkaðar eftir ráðuneytum annars vegar á A-hluta fjárlaga og hins vegar á B-hluta fjárlaga. Þessi samanburður er sýndur í fskj. III, töflum 1–17 hér á eftir. Þessar launagreiðslur skiptast í yfirvinnu, álag, nefndarlaun og greiddan kostnað (akstur, dagpeninga innan lands, símakostnað, fæðispeninga o.fl.) og eru þær settar fram hér bæði sem hlutfallslegur mismunur (tafla 2) og sem mismunur á hlutfalli af dagvinnulaunum (tafla 1).

Í töfu 1 er sýnt hversu hlutfallslega hærra hlutfall aukagreiðslna rennur til karla en kvenna fyrir hvert stöðugildi.

Tafla 1.

Hlutfallslegur mismunur karla og kvenna í vægi aukagreiðslna.

Í %	1987	1989	1991
Yfirvinnulaun	84,44	74,75	77,61
Álagslaun	50,43	30,22	31,25
Nefndarlaun	366,67	307,32	334,78
Kostnaðargreiðslur	488,89	417,31	239,74
Heildaraukagreiðslur	85,75	77,01	77,62

Þó að nokkuð hafi dregið úr þessum mismun frá 1987, þá hefur mismunurinn aukist aftur frá 1989 til 1991 viðvíkjandi öllum liðum nema vegna greidds kostnaðar en verulega hefur dregið úr þeim mismun frá árinu 1989. Þannig er yfirvinnuhlutfall karla um 78% hærra en kvenna árið 1991 en var um 84% hærra árið 1987 og um 75% hærra 1989. Hlutfall álagslauna til karla er um 31% hærra en til kvenna árið 1991, en um 50% hærra árið 1987 og um 30% hærra árið 1989. Hlutfall nefndarlauna til karla er um 335% hærra en til kvenna árið 1991, en um 366% hærra árið 1987 og um 307% hærra árið 1989. Hlutfall greidds kostnaðar til karla er um 240% hærra en til kvenna árið 1991, en um 489% hærra árið 1987 og um 307% hærra árið 1989.

Samanburðurinn hér að framan sýnir fyrst og fremst magnmismun milli kynjanna en ekki mismun á greiðslum fyrir sömu einingu eins og yfirvinnustund eða vaktaálag, svo framarlega sem körlum og konum eru greidd sömu laun fyrir sömu vinnu.

Í töflu 2 er hins vegar bætt við þeim tekjumismun sem felst í að fleiri karlar en konur eru í hærri launaflokkum hins opinbera. Tekjumismunur þessi er reiknaður á hvert stöðugildi.

Tafla 2.

Hlutfallslegur tekjumismunur karla og kvenna hjá hinu opinbera.

Í %	1987	1989	1991
Yfirvinnulaun	123,29	108,84	114,10
Álagslaun	82,12	55,51	58,16
Nefndarlaun	464,98	383,46	430,08
Kostnaðargreiðslur	612,96	516,62	308,11
Heildaraukagreiðslur	124,89	111,50	114,09
Dagvinnulaun	21,07	19,49	20,55
Heildarlaun	49,98	45,48	48,15

Í töflu 2 koma fram sömu megindrættir og í töflu 1 nema að hér er mismunurinn alls staðar meiri þar sem hér bætist við tekjumunur ólíkra stöðugilda karla og kvenna.

Mikið hefur dregið úr þessum mismun frá 1987, en hefur aukist nokkuð aftur frá 1989 til 1991 viðvíkjandi öllum liðum nema vegna greidds kostnaðar en verulega hefur dregið úr þeim mismun frá árinu 1989. Þannig eru yfirvinnulaun karla um 114% hærri en kvenna árið 1991 en voru um 123% hærri árið 1987 og um 109% hærri árið 1989. Álagslaun til karla eru um 58% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 82% hærri árið 1987 og um 56% hærri árið 1989. Nefndarlaun karla eru um 430% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 464% hærri árið 1987 og um 383% hærri árið 1989. Greiddur kostnaður til

karla er um 308% hærri en til kvenna árið 1991, en var um 613% hærri árið 1987 og um 517% hærri árið 1989. Heildaraukagreiðslur eru þannig um 114% hærri hjá körlum en konum 1991, en voru um 125% hærri 1987 og tæplega 112% hærri 1989. Dagvinnulaun eru tæplega 21% hærri hjá körlum en konum árið 1991, en voru rúmlega 21% hærri árið 1987 og rúmlega 19% hærri árið 1989.

Samtals eru heildarlaun karla um 48% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 50% hærri árið 1987 og um 45% hærri árið 1989.

5. Stjórnun og ábyrgð.

Sveitarstjórnir: Konur voru 4% sveitarstjórnarmanna árið 1974. Þeim fjölgaði í rúm 19% árið 1986 og voru orðnar 21,7% árið 1990.

Ef einungis er litið á hlutfall kvenna í borgar/bæjarstjórnum þá var það 8,3% árið 1974, en var komið í 28,9% árið 1986 og náði 32,4% árið 1990. Hlutfall kvenna í hreppsnefndum er mun lægra en eykst þó stöðugt: Þær voru 15,3% hreppstjórnarmanna eftir kosningar 1986, en voru orðnar 21% árið 1990.

Á höfuðborgarsvæðinu eru konur 45% borgar/bæjarfulltrúa. Þær eru í meiri hluta í tveimur nágrannabæjum Reykjavíkur og í borgarstjórn Reykjavíkur sitja nú 7 konur og 8 karlar.

Alþingi: Á árabilinu 1971 til 1983 voru aðeins 3 konur á Alþingi Íslendinga eða 5%, en eftir kosningarnar 1983 urðu þær 9 eða 15% og munaði þar mest um þingmenn Kvennalistans. Eftir kosningar 1987 voru konur orðnar 20% þingmanna. Á Alþingi sitja nú 15 konur eða 24% þingmanna. Hlutur kvenna á þingum annars staðar á Norðurlöndum er mun meiri, t.d. eru konur 33% danskra þingmanna og 38,5% finnskra þingmanna.

Í krafti aukinnar menntunar hafa konur sótt inn í embættismannastéttina. Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan ráðuneyta og ríkisstofnana hefur aukist á undanförnum árum. Árið 1987 voru konur 32% þeirra sem gegndu ábyrgðarstörfum innan ráðuneyta, en árið 1985 voru þær 24%.

6. Félagsleg réttindi.

Ýmis mikilvæg félagsleg réttindi hafa áunnist á síðustu árum sem skipta miklu máli með hliðsjón af jafnrétti kynjanna. Nefna má að fæðingarorlof hefur lengst verulega. Í kjarasamningum hefur verið um það samið að eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda teljist fjarvistir vegna fæðingarorlofs til starfstíma við mat á ýmsum réttindum. Flest allir launþegar eiga nú einhvern rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna, en ekki er tillit tekið til barnafjölda í fjölskyldu þegar rétturinn er metinn. Líklegt er að oftar sé boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma í dag en var fyrir um það bil 10 til 15 árum. Engar tölfræðilegar upplýsingar liggja þó fyrir um það.

7. Skólamál.

Í liðlega fjórðu hverri fjölskyldu á Íslandi eru börn á forskólaaldri. Þetta hlutfall er mun hærra en víðast annars staðar í nágrannalöndunum. Örugg og góð gæsla fyrir börnin er forsenda þess að báðir foreldrar geti unnið utan heimilis. Hér á landi hefur áhersla verið lögð á uppbyggingu leikskóla fyrir aldurshópinn 3–5 ára og eru hálfsdagsrými algengust. Árið 1981 voru 21,6% allra barna 0–5 ára í hálfsdagsvistun á leikskóla, sambærileg tala fyrir 1990 er 30,3%. Þetta hlutfall hefur þó lítið breyst frá árinu 1986. Í heilsdagsvistun voru 7,8% allra barna 0–5 ára árið 1981, en árið 1990 var þessi tala komin í 11,3%.

Heildarfjöldi barna í leikskólum í hlutfalli af öllum 0–5 ára börnum var 41,5% árið

1990, borið saman við 29,4% árið 1981. Veruleg aukning hefur því orðið á þessu tímabili, en hún kom aðallega fram á árabilinu 1981 til 1986. Lítil breyting hefur orðið frá árinu 1987 þegar litið er á heildarfjölda barna í leikskólum í hlutfalli af öllum 0–5 ára börnum. Þess má geta að 56,8% 3–5 ára barna var í leikskóla hluta úr degi árið 1990.

Í skýrslu, sem unnin var af félagsvísindastofnun Háskólans árið 1989, voru foreldrar 4–5 ára barna spurð að því hvort þau teldu að stjórnvöld styddu vel eða illa við bakið á foreldrum með börn á forskólaaldri. Töldu 6,6% að þau gerðu það vel eða mjög vel, en 66,5% töldu þau gera það frekar illa eða mjög illa. Er brýnt að bæta úr þörf barnafjölskyldna fyrir örugga gæslu barna með aukningu á heilsdagsleikskólarýmum. Slíkar aðgerðir bæta vissulega stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Kennslufyrirkomulag í grunnskólum tekur víðast ekki mið af þeirri staðreynd að á flestum heimilum vinna báðir foreldrar utan heimilis. Í sumum skólum er boðið upp á samfelldan skóladag og gæslu fyrir yngri börn. Með því móti dvelja börnin í skólanum samfellt hálfan dag. Hins vegar er skóladagurinn víða rofinn og takmarkar það verulega möguleika kvenna til að stunda vinnu utan heimilis.

Fylgiskjal II.

Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Hér er um að ræða viðamikla áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í fyrri hluta hennar eru sett fram almenn markmið er lúta að starfsmannamálum ríkisins en í síðari hluta eru sett fram verkefni á vegum einstakra ráðuneyta eða stofnana þeirra. Framkvæmdaáætlunin felur í sér margs konar aðgerðir og má skipta þeim í nokkra flokka.

A. Aðgerðir sem fela í sér að:
   1. jafna hlut kvenna í störfum, nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins,
   2. starfsfólki sé ekki mismunað eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, launatengd fríðindi, bílastyrki, vinnuaðstæður og veitingu hvers konar hlunninda,
   3. kynin hafa jafna möguleika til framhaldsmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið.

   Fyrri hluti framkvæmdaáætlunarinnar snýr nær eingöngu að þessu. Í flestum tilfellum ættu þessar aðgerðir ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér þar sem ekki er stefnt að fjölgun starfa heldur að hlutur kvenna og karla í viðkomandi stéttum eða hjá viðkomandi stofnun verði sem jafnastur.

B. Ýmiss konar athuganir eða úttektir með það að markmiði að bæta stöðu kvenna og jafna stöðu kynjanna. Kostnaðarauki vegna slíkra kannanna þarf ekki að vera mikill. Ef niðurstöður leiða hins vegar til nýrrar eða aukinnar starfsemi á vegum ríkisins getur það haft verulegan kostnaðarauka í för með sér nema ef forgangsröðun verkefna er endurmetin.

C. Aðgerðir sem fela í sér breytingar á löggjöf til að tryggja réttindi kvenna og að jafnréttissjónarmiða sé gætt. Kostnaðaráhrif geta verið mjög misjöfn eftir því hvað er

verið að fjalla um. T.d. má leiða getum að því að viðamiklar breytingar á lögum um fæðingarorlof geta haft mikinn kostnaðarauka í för með sér en kostnaðaráhrif endurskoðunar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru mjög óljós.

D. Ný eða aukin starfsemi á vegum ríkisins sem þjónar þeim tilgangi að bæta stöðu barna og fjölskyldunnar og að auka jafnrétti kynjanna. Sem dæmi má nefna samfelldan skóladag, efling heimilisiðnaðar og verkmenntunar og aukinn stuðning við hönnun í smáiðnaði, stofnun neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisafbrota og annars ofbeldis o.fl. Þessi flokkur hefur að öllum líkindum mest áhrif til hækkunar á kostnaði nema forgangsröðun verkefna verði endurmetin.

E. Ýmiss konar fræðslustarfsemi sem í grófum dráttum er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða námskeið sem auka eiga möguleika kvenna til að bæta stöðu sína. Hins vegar er fræðslustarfsemi sem hefur það að markmiði að upplýsa og auka skilning á stöðu kvenna, jafnrétti og mikilvægi þess að jafna stöðu kynjanna. Einhver kostnaðarauki hlýst væntanlega af fræðslustarfsemi en hann þarf ekki að verða mjög mikill, t.d. ef fræðsla er viðbót við nám eða ef nýtt er aðstaða sem er þegar fyrir hendi.

F. Ýmiss konar stefnumótun og þróunarverkefni. Kostnaðaráhrif eru óljós.

Ekki verður séð að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu jafngildi skuldbindingu um aukin ríkisútgjöld. Frekar verður að líta svo á að um ákveðna viljayfirlýsingu sé að ræða um forgangsröðun verkefna þegar til þess kemur að deila út takmörkuðu ráðstöfunarfé ríkissjóðs.

Fylgiskjal III.

Töflur yfir launasamanburð.

Skýringar með töflum 1–17.

Allar tölur í töflunum eru reiknaðar sem meðaltöl á stöðugildi. Hinar margvíslegu aukagreiðslur eru flokkaðar í fjóra flokka, þ.e. yfirvinnu, álag, nefndarlaun og ýmsar kostnaðargreiðslur. Skiptingin í töflunum byggist á flokkun eftir valdsviði ráðuneyta og er skipt upp, annars vegar í A-hluta stofnanir og hins vegar B-hluta stofnanir fjárlaga. Upptalning þeirra B-hluta stofnana, sem eru taldar með, fylgir með þessu skjali.

Í töflum 1–4 eru hlutföll hinna ýmsu greiðslutegunda af dagvinnu eftir kynjum. Í töflu 5 eru þessar greiðslur teknar samtals.

Í töflum 6–10 er reiknaður hlutfallslegur mismunur talnanna í töflum 1–5, þannig að plústölur sýna hversu hlutfallslega hærra hlutfall karla er en kvenna, en mínustölur sýna hversu hlutfallslega hærra hlutfall kvenna er en karla.

Í töflum 11–17 er hins vegar beinn hlutfallslegur samanburður á sömu tekjuliðum og áður, auk dagvinnulauna og heildarlauna.

Merkingar í töflunum:

„. . .“ merkir að enginn grundvöllur er fyrir samanburði, t.d. að engin kona eða karl vinni í viðkomandi stofnanahópi.

„∞“ merkir að munurinn er hlutfallslega ómælanlega mikill þar sem engin slík greiðsla fellur öðru hvoru kyninu í skaut þótt bæði kynin starfi í viðkomandi stofnanahópi. Ein-

göngu er um plústölur að ræða þar sem karlar eru alltaf með slíkar greiðslur nema þar sem hvorugt kynið fær slíkar greiðslur og hlutfallslegur mismunur er því enginn.

Yfirlit yfir B-hluta stofnanir sem eru taldar með:

Menntamálaráðuneytið:
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna,
Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni,
Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ,
Lánasjóður íslenskra námsmanna,
Ríkisútvarp,
Þjóðleikhús,
Sinfóníuhljómsveit Íslands,
Menningarsjóður.

Utanríkisráðuneytið:
Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli,
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli,
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Landbúnaðarráðuneytið:
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöð Hesti, Hvanneyri,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöð Reykhólum,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöð Sámsstöðum,
Laxeldisstöðin Kollafirði,
Einangrunarstöð Hrísey.

Sjávarútvegsráðuneytið:
Síldarverksmiðjur ríkisins,
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins bygging.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:
Lögbirtingablaðið,
Kristnisjóður.

Félagsmálaráðuneytið:
Byggingarsjóður ríkisins.

Fjármálaráðuneytið:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Lyfjaverslun ríkisins,
Innkaupastofnun ríkisins,
Arnarhvoll,
Húseignin Borgartúni 7,
Tollstöðvarhús,
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

Samgönguráðuneytið:
Póstur og sími,
Skipaútgerð ríkisins,
Vita- og hafnamál þjónustumiðstöð.

Iðnaðarráðuneytið:
Rafmagnsveitur ríkisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:
Ríkisspítalar, stofnanir.

Tafla 1 Hlutfall yfirvinnu af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	36,00	21,69	26,13	29,70	24,18	23,66
1	Forsætisráðuneyti	45,50	50,07	57,30	39,40	32,44	36,18
2	Menntamálaráðuneyti	33,20	44,25	49,53	15,90	24,66	26,90
3	Utanríkisráðuneyti	77,80	62,39	60,99	50,20	50,09	46,81
4	Landbúnaðarráðuneyti	32,40	41,35	41,58	22,40	29,55	30,08
5	Sjávarútvegsráðuneyti	41,50	58,79	71,46	28,40	36,68	43,47
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	55,00	54,80	58,44	34,30	36,15	34,45
7	Félagsmálaráðuneyti	42,70	54,94	52,95	24,30	29,78	33,54
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	18,40	23,60	34,74	18,00	23,57	23,14
9	Fjármálaráðuneyti	46,40	51,02	55,85	27,60	32,04	29,40
10	Samgönguráðuneyti	69,20	77,82	76,37	40,30	47,68	45,24
11	Iðnaðarráðuneyti	58,50	65,05	74,31	36,40	39,91	46,47
12	Viðskiptaráðuneyti	36,80	42,86	51,89	17,80	32,26	33,96
13	Hagstofa Íslands	41,20	43,92	55,23	24,80	15,38	25,07
14	Umhverfisráðuneyti	...	143,75	58,90	...	10,35	45,29
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	52,50	...	...	30,40	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	49,40	47,65	57,15	35,10	35,62	37,89
23	Utanríkisráðuneyti	97,80	105,61	78,03	174,90	99,64	113,76
24	Landbúnaðarráðuneyti	58,00	76,08	83,94	37,30	66,88	65,10
25	Sjávarútvegsráðuneyti	20,00	22,61	29,05	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	31,58	10,20	26,15	14,66
27	Félagsmálaráðuneyti	69,00	87,13	93,03	47,70	51,98	57,50
29	Fjármálaráðuneyti	59,20	71,14	64,87	40,10	49,77	50,84
30	Samgönguráðuneyti	73,20	67,77	71,46	37,20	35,79	36,90
31	Iðnaðarráðuneyti	67,10	66,51	82,04	26,10	40,90	50,98
88	Ríkisspítalar, stofnanir	40,80	48,93	55,88	31,20	30,28	35,14
	SAMTALS	47,40	52,04	56,41	25,70	29,78	31,76

Tafla 2

Hlutfall álags af dagvinnu

	í %	19	87	KARLAR 1989	1991	1987	KONUR 1989	1991
	A hluta stofnanir							
0	Æðsta stjórn ríkisins	10,	30	2,23	2,40	6,90	2,53	2,61
1	Forsætisráðuneyti	11,	20	4,78	6,04	9,30	3,57	4,22
2	Menntamálaráðuneyti	9,	80	4,58	4,33	6,10	4,14	4,22
3	Utanríkisráðuneyti	33,	50	20,51	16,59	15,10	12,50	9,43
4	Landbúnaðarráðuneyti	9,	80	7,37	6,51	8,00	5,62	6,84
5	Sjávarútvegsráðuneyti	10,	20	5,69	5,23	7,00	4,80	4,54
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26,	30	21,98	23,85	11,70	8,39	8,73
7	Félagsmálaráðuneyti	18,	10	12,17	13,45	18,00	15,73	17,52
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	38,	70	25,83	17,15	8,20	4,37	5,80
9	Fjármálaráðuneyti	11,	70	4,12	4,19	7,00	4,13	4,40
10	Samgönguráðuneyti	21,	50	14,20	15,77	14,00	9,71	10,75
11	Iðnaðarráðuneyti	11,	40	3,37	3,02	7,70	4,39	3,86
12	Viðskiptaráðuneyti	8,	20	2,94	3,14	5,00	3,81	4,08
13	Hagstofa Íslands	7,	40	2,43	2,42	5,90	3,63	4,01
14	Umhverfisráðuneyti	..	..	1,47	7,58	...	1,88	7,25
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	18,	00	...	...	14,90	...	...
	B hluta stofnanir							
22	Menntamálaráðuneyti	16,	60	12,66	11,55	13,40	11,98	13,01
23	Utanríkisráðuneyti	38,	40	32,05	33,17	47,90	22,24	22,91
24	Landbúnaðarráðuneyti	25,	30	15,63	18,13	9,10	3,29	2,69
25	Sjávarútvegsráðuneyti	10,	60	9,39	7,53	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	..	..	...	2,44	6,20	3,41	3,64
27	Félagsmálaráðuneyti	10,	30	2,96	3,12	8,50	4,01	4,33
29	Fjármálaráðuneyti	14,	80	5,23	6,04	13,80	4,07	4,37
30	Samgönguráðuneyti	18,	30	9,41	12,05	13,50	8,03	8,24
31	Iðnaðarráðuneyti	33,	30	19,60	17,04	6,50	4,54	4,60
88	Ríkisspítalar, stofnanir	31,	00	14,94	15,81	21,30	15,88	15,22
	SAMTALS	17,	60	10,60	10,50	11,70	8,14	8,00

Tafla 3 Hlutfall nefndarlauna af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	2,60	0,67	0,80	2,00	0,47	1,40
1	Forsætisráðuneyti	2,90	3,16	3,64	0,00	0,55	0,00
2	Menntamálaráðuneyti	0,50	0,46	0,64	0,20	0,29	0,26
3	Utanríkisráðuneyti	2,40	3,94	5,31	0,00	0,88	0,00
4	Landbúnaðarráðuneyti	1,60	0,71	0,26	1,30	0,00	0,00
5	Sjávarútvegsráðuneyti	2,10	2,16	1,69	0,50	0,61	0,60
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1,00	1,45	1,93	0,30	0,00	0,13
7	Félagsmálaráðuneyti	3,20	3,77	3,90	0,40	0,54	0,75
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	6,40	7,08	9,91	0,60	1,06	0,89
9	Fjármálaráðuneyti	3,60	7,29	10,44	1,50	3,59	4,56
10	Samgönguráðuneyti	1,10	1,33	2,02	0,40	0,74	0,99
11	Iðnaðarráðuneyti	1,00	1,40	0,71	0,10	0,02	0,02
12	Viðskiptaráðuneyti	11,70	8,87	6,86	0,00	0,07	0,12
13	Hagstofa Íslands	22,40	25,06	25,27	0,20	2,73	5,37
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	2,32	...	0,00	1,36
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	12,00	...	...	0,00	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	0,90	1,58	1,05	0,50	1,10	0,95
23	Utanríkisráðuneyti	4,40	3,62	2,38	0,00	0,00	0,00
24	Landbúnaðarráðuneyti	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti	130,00	0,00	0,00	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	0,00	0,00	0,00	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti	14,80	17,45	12,34	0,60	4,50	1,74
29	Fjármálaráðuneyti	1,50	4,82	5,88	0,10	0,37	0,46
30	Samgönguráðuneyti	0,20	0,11	0,12	0,10	0,01	0,01
31	Iðnaðarráðuneyti	0,70	0,72	0,78	0,00	0,00	0,00
88	Ríkisspítalar, stofnanir	1,00	0,61	0,87	0,00	0,02	0,00
	SAMTALS	1,40	1,67	2,00	0,30	0,41	0,46

Tafla 4

Hlutfall kostnaðargreiðslna af dagvinnu

í %

			KARLAR			KONUR	
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	1,50	12,21	12,35	0,50	5,50	5,77
1	Forsætisráðuneyti	3,50	3,62	3,57	1,20	0,31	0,67
2	Menntamálaráðuneyti	0,70	0,74	1,00	0,20	0,21	0,35
3	Utanríkisráðuneyti	3,90	1,57	2,58	0,50	0,96	1,36
4	Landbúnaðarráðuneyti	8,00	10,24	9,45	6,20	5,56	4,38
5	Sjávarútvegsráðuneyti	6,30	6,98	6,69	3,60	2,47	2,44
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,80	7,01	6,91	2,70	2,73	3,03
7	Félagsmálaráðuneyti 1	0,00	10,88	11,32	1,10	1,38	1,72
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun. 1	2,00	15,38	13,45	3,20	4,74	9,76
9	Fjármálaráðuneyti 1	3,10	5,19	4,96	2,10	1,09	1,19
10	Samgönguráðuneyti 1	5,50	15,38	16,85	9,60	2,82	3,74
11	Iðnaðarráðuneyti 1	0,50	12,90	14,07	2,70	4,11	4,38
12	Viðskiptaráðuneyti	2,20	3,28	2,44	2,10	3,02	2,20
13	Hagstofa Íslands	1,40	1,84	1,65	0,00	0,19	0,19
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	5,53	...	0,00	2,72
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1,30	...	...	0,00	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	0,60	0,76	0,78	0,30	0,24	0,21
23	Utanríkisráðuneyti	0,20	0,47	0,07	0,70	0,60	0,23
24	Landbúnaðarráðuneyti	6,30	0,87	0,34	0,00	1,06	1,84
25	Sjávarútvegsráðuneyti	9,50	11,02	8,27	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	7,76	0,00	0,00	4,02
27	Félagsmálaráðuneyti	1,80	1,78	1,40	0,10	0,00	0,00
29	Fjármálaráðuneyti	2,80	2,19	2,51	0,70	0,21	0,27
30	Samgönguráðuneyti	2,20	1,90	1,88	0,80	0,99	1,09
31	Iðnaðarráðuneyti 3	4,00	15,83	17,01	0,90	1,93	2,54
88	Ríkisspítalar, stofnanir	7,30	8,36	8,65	0,60	0,75	0,93
	SAMTALS	5,30	5,38	5,30	0,90	1,04	1,56

Tafla 5 Hlutfall heildaraukagreiðslna af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	50,40	36,80	41,68	39,10	32,68	33,44
1	Forsætisráðuneyti	63,10	61,63	70,55	49,90	36,87	41,07
2	Menntamálaráðuneyti	44,20	50,03	55,50	22,40	29,30	31,73
3	Utanríkisráðuneyti	117,60	88,41	85,47	65,80	64,43	57,60
4	Landbúnaðarráðuneyti	51,80	59,67	57,80	37,90	40,73	41,30
5	Sjávarútvegsráðuneyti	60,10	73,62	85,07	39,50	44,56	51,05
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	88,10	85,24	91,13	49,00	47,27	46,34
7	Félagsmálaráðuneyti	74,00	81,76	81,62	43,80	47,43	53,53
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	75,50	71,89	75,25	30,00	33,74	39,59
9	Fjármálaráðuneyti	74,80	67,62	75,44	38,20	40,85	39,55
10	Samgönguráðuneyti	107,30	108,73	111,01	64,30	60,95	60,72
11	Iðnaðarráðuneyti	81,40	82,72	92,11	46,90	48,43	54,73
12	Viðskiptaráðuneyti	58,90	57,95	64,33	24,90	39,16	40,36
13	Hagstofa Íslands	72,40	73,25	84,57	30,90	21,93	34,64
14	Umhverfisráðuneyti	...	145,22	74,33	...	12,23	56,62
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	83,80	...	...	45,30	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	67,50	62,65	70,53	49,30	48,94	52,06
23	Utanríkisráðuneyti	140,80	141,75	113,65	223,50	122,48	136,90
24	Landbúnaðarráðuneyti	89,60	92,58	102,41	46,40	71,23	69,63
25	Sjávarútvegsráðuneyti	170,10	43,02	44,85	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	41,78	16,40	29,56	22,32
27	Félagsmálaráðuneyti	95,90	109,32	109,89	56,90	60,49	63,57
29	Fjármálaráðuneyti	78,30	83,38	79,30	54,70	54,42	55,94
30	Samgönguráðuneyti	93,90	79,19	85,51	51,60	44,82	46,24
31	Iðnaðarráðuneyti	135,10	102,66	116,87	33,50	47,37	58,12
88	Ríkisspítalar, stofnanir	80,10	72,84	81,21	53,10	46,93	51,29
	SAMTALS	71,70	69,69	74,21	38,60	39,37	41,78

Tafla 6 Hlutfallslegur mismunur yfirvinnuhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	21,21	-10,30	10,44
1	Forsætisráðuneyti	15,48	54,35	58,37
2	Menntamálaráðuneyti	108,81	79,44	84,13
3	Utanríkisráðuneyti	54,98	24,56	30,29
4	Landbúnaðarráðuneyti	44,64	39,93	38,23
5	Sjávarútvegsráðuneyti	46,13	60,28	64,39
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	60,35	51,59	69,64
7	Félagsmálaráðuneyti	75,72	84,49	57,87
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	2,22	0,13	50,13
9	Fjármálaráðuneyti	68,12	59,24	89,97
10	Samgönguráðuneyti	71,71	63,21	68,81
11	Iðnaðarráðuneyti	60,71	62,99	59,91
12	Viðskiptaráðuneyti	106,74	32,86	52,80
13	Hagstofa Íslands	66,13	185,57	120,30
14	Umhverfisráðuneyti	...	1288,89	30,05
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	72,70	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	40,74	33,77	50,83
23	Utanríkisráðuneyti	-44,08	5,99	-31,41
24	Landbúnaðarráðuneyti	55,50	13,76	28,94
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	115,42
27	Félagsmálaráðuneyti	44,65	67,62	61,79
29	Fjármálaráðuneyti	47,63	42,94	27,60
30	Samgönguráðuneyti	96,77	89,35	93,66
31	Iðnaðarráðuneyti	157,09	62,62	60,93
88	Ríkisspítalar, stofnanir	30,77	61,59	59,02
	SAMTALS	84,44	74,75	77,61

Tafla 7 Hlutfallslegur mismunur álagslaunahlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	49,28	-11,86	-8,05
1	Forsætisráðuneyti	20,43	33,89	43,13
2	Menntamálaráðuneyti	60,66	10,63	2,61
3	Utanríkisráðuneyti	121,85	64,08	75,93
4	Landbúnaðarráðuneyti	22,50	31,14	-4,82
5	Sjávarútvegsráðuneyti	45,71	18,54	15,20
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	124,79	161,98	173,20
7	Félagsmálaráðuneyti	0,56	-22,63	-23,23
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	371,95	491,08	195,69
9	Fjármálaráðuneyti	67,14	-0,24	-4,77
10	Samgönguráðuneyti	53,57	46,24	46,70
11	Iðnaðarráðuneyti	48,05	-23,23	-21,76
12	Viðskiptaráðuneyti	64,00	-22,83	-23,04
13	Hagstofa Íslands	25,42	-33,06	-39,65
14	Umhverfisráðuneyti	...	-21,81	4,55
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	20,81	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	23,88	5,68	-11,22
23	Utanríkisráðuneyti	-19,83	44,11	44,78
24	Landbúnaðarráðuneyti	178,02	375,08	573,98
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	-32,97
27	Félagsmálaráðuneyti	21,18	-26,18	-27,94
29	Fjármálaráðuneyti	7,25	28,50	38,22
30	Samgönguráðuneyti	35,56	17,19	46,24
31	Iðnaðarráðuneyti	412,31	331,72	270,43
88	Ríkisspítalar, stofnanir	45,54	-5,92	3,88
	SAMTALS	50,43	30,22	31,25

Tafla 8 Hlutfallslegur mismunur nefndarlaunahlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	30,00	42,55	-42,86
1	Forsætisráðuneyti	∞	474,55	∞
2	Menntamálaráðuneyti	150,00	58,62	146,15
3	Utanríkisráðuneyti	∞	347,73	∞
4	Landbúnaðarráðuneyti	23,08	∞	∞
5	Sjávarútvegsráðuneyti	320,00	254,10	181,67
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	233,33	∞	1384,62
7	Félagsmálaráðuneyti	700,00	598,15	420,00
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	966,67	567,92	1013,48
9	Fjármálaráðuneyti	140,00	103,06	128,95
10	Samgönguráðuneyti	175,00	79,73	104,04
11	Iðnaðarráðuneyti	900,00	6900,00	3450,00
12	Viðskiptaráðuneyti	∞	12571,43	5616,67
13	Hagstofa Íslands	11100,00	817,95	370,58
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	70,59
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	∞	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	80,00	43,64	10,53
23	Utanríkisráðuneyti	∞	∞	∞
24	Landbúnaðarráðuneyti	0,00	0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti	2366,67	287,78	609,20
29	Fjármálaráðuneyti	1400,00	1202,70	1178,26
30	Samgönguráðuneyti	100,00	1000,00	1100,00
31	Iðnaðarráðuneyti	∞	∞	∞
88	Ríkisspítalar, stofnanir	∞	2950,00	∞
	SAMTALS	366,67	307,32	334,78

Tafla 9 Hlutfallslegur mismunur kostnaðarhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	200,00	122,00	114,04
1	Forsætisráðuneyti	191,67	1067,74	432,84
2	Menntamálaráðuneyti	250,00	252,38	185,71
3	Utanríkisráðuneyti	680,00	63,54	89,71
4	Landbúnaðarráðuneyti	29,03	84,17	115,75
5	Sjávarútvegsráðuneyti	75,00	182,59	174,18
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	114,81	156,78	128,05
7	Félagsmálaráðuneyti	809,09	688,41	558,14
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	275,00	224,47	37,81
9	Fjármálaráðuneyti	523,81	376,15	316,81
10	Samgönguráðuneyti	61,46	445,39	350,53
11	Iðnaðarráðuneyti	288,89	213,87	221,23
12	Viðskiptaráðuneyti	4,76	8,61	10,91
13	Hagstofa Íslands	∞	868,42	768,42
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	103,31
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	∞	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	100,00	216,67	271,43
23	Utanríkisráðuneyti	-71,43	-21,67	-69,57
24	Landbúnaðarráðuneyti	∞	-17,92	-81,52
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	93,03
27	Félagsmálaráðuneyti	1700,00	∞	∞
29	Fjármálaráðuneyti	300,00	942,86	829,63
30	Samgönguráðuneyti	175,00	91,92	72,48
31	Iðnaðarráðuneyti	3677,78	720,21	569,69
88	Ríkisspítalar, stofnanir	1116,67	1014,67	830,11
	SAMTALS	488,89	417,31	239,74

Tafla 10 Hlutfallslegur mismunur heidaraukagreiðsluhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	28,90	12,61	24,64
1	Forsætisráðuneyti	26,45	67,15	71,78
2	Menntamálaráðuneyti	97,32	70,75	74,91
3	Utanríkisráðuneyti	78,72	37,22	48,39
4	Landbúnaðarráðuneyti	36,68	46,50	39,95
5	Sjávarútvegsráðuneyti	52,15	65,22	66,64
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	79,80	80,33	96,66
7	Félagsmálaráðuneyti	68,95	72,38	52,48
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	151,67	113,07	90,07
9	Fjármálaráðuneyti	95,81	65,53	90,75
10	Samgönguráðuneyti	66,87	78,39	82,82
11	Iðnaðarráðuneyti	73,56	70,80	68,30
12	Viðskiptaráðuneyti	136,55	47,98	59,39
13	Hagstofa Íslands	134,30	234,02	144,14
14	Umhverfisráðuneyti	...	1087,41	31,28
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	84,99	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	36,92	28,01	35,48
23	Utanríkisráðuneyti	-37,00	15,73	-16,98
24	Landbúnaðarráðuneyti	93,10	29,97	47,08
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	87,19
27	Félagsmálaráðuneyti	68,54	80,72	72,86
29	Fjármálaráðuneyti	43,14	53,22	41,76
30	Samgönguráðuneyti	81,98	76,68	84,93
31	Iðnaðarráðuneyti	303,28	116,72	101,08
88	Ríkisspítalar, stofnanir	50,85	55,21	58,33
	SAMTALS	85,75	77,01	77,62

Tafla 11 Hlutfallslegur mismunur dagvinnulauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		25,28	26,51
1	Forsætisráðuneyti		35,48	39,74
2	Menntamálaráðuneyti		13,10	14,96
3	Utanríkisráðuneyti		22,44	24,83
4	Landbúnaðarráðuneyti		19,87	22,62
5	Sjávarútvegsráðuneyti		20,14	19,36
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		18,97	15,73
7	Félagsmálaráðuneyti		20,61	17,17
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		15,43	32,71
9	Fjármálaráðuneyti		33,38	28,52
10	Samgönguráðuneyti		19,07	20,74
11	Iðnaðarráðuneyti		30,07	27,34
12	Viðskiptaráðuneyti		38,43	27,85
13	Hagstofa Íslands		45,87	48,58
14	Umhverfisráðuneyti		31,84	20,26
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		13,24	13,53
23	Utanríkisráðuneyti		22,68	52,13
24	Landbúnaðarráðuneyti		-6,71	12,01
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	66,24
27	Félagsmálaráðuneyti		45,81	41,14
29	Fjármálaráðuneyti		6,76	8,98
30	Samgönguráðuneyti		21,03	17,58
31	Iðnaðarráðuneyti		33,95	36,87
88	Ríkisspítalar, stofnanir		41,39	39,99
	SAMTALS	21,07	19,49	20,55

Tafla 12 Hlutfallslegur mismunur yfirvinnulauna á mánuði á hvert stöðugildi

	Í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		12,40	39,71
1	Forsætisráðuneyti		109,13	121,36
2	Menntamálaráðuneyti		102,93	111,70
3	Utanríkisráðuneyti		52,48	62,64
4	Landbúnaðarráðuneyti		67,71	69,53
5	Sjávarútvegsráðuneyti		92,55	96,22
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		80,33	96,33
7	Félagsmálaráðuneyti		122,47	85,01
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		15,57	99,22
9	Fjármálaráðuneyti		112,39	144,14
10	Samgönguráðuneyti		94,32	103,82
11	Iðnaðarráðuneyti		111,98	103,63
12	Viðskiptaráðuneyti		83,90	95,35
13	Hagstofa Íslands		316,50	227,29
14	Umhverfisráðuneyti		1.732,31	56,41
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		51,48	71,21
23	Utanríkisráðuneyti		30,03	4,34
24	Landbúnaðarráðuneyti		6,13	44,43
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	258,18
27	Félagsmálaráðuneyti		144,40	128,36
29	Fjármálaráðuneyti		52,59	39,06
30	Samgönguráðuneyti		129,15	127,68
31	Iðnaðarráðuneyti		117,85	120,26
88	Ríkisspítalar, stofnanir		128,48	122,64
	SAMTALS	123,29	108,84	114,10

Tafla 13 Hlutfallslegur mismunur álagslauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		10,46	16,56
1	Forsætisráðuneyti		81,56	100,09
2	Menntamálaráðuneyti		25,39	19,90
3	Utanríkisráðuneyti		100,87	119,78
4	Landbúnaðarráðuneyti		57,16	16,70
5	Sjávarútvegsráðuneyti		42,47	37,53
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		211,63	216,28
7	Félagsmálaráðuneyti		-6,64	-10,04
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		582,96	292,60
9	Fjármálaráðuneyti		32,93	22,53
10	Samgönguráðuneyti		74,16	77,13
11	Iðnaðarráðuneyti		-0,18	-0,43
12	Viðskiptaráðuneyti		6,66	-1,51
13	Hagstofa Íslands		-2,31	-10,42
14	Umhverfisráðuneyti		3,37	25,86
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		19,63	0,74
23	Utanríkisráðuneyti		76,78	120,27
24	Landbúnaðarráðuneyti		343,51	655,89
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	11,50
27	Félagsmálaráðuneyti		7,47	1,66
29	Fjármálaráðuneyti		36,99	50,77
30	Samgönguráðuneyti		41,76	71,93
31	Iðnaðarráðuneyti		478,78	406,67
88	Ríkisspítalar, stofnanir		33,08	45,44
	SAMTALS	82,12	55,51	58,16

Tafla 14 Hlutfallslegur mismunur nefndarlauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		81,37	-28,02
1	Forsætisráðuneyti		677,71	∞
2	Menntamálaráðuneyti		80,88	185,32
3	Utanríkisráðuneyti		449,55	∞
4	Landbúnaðarráðuneyti		∞	∞
5	Sjávarútvegsráðuneyti		326,55	238,36
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		∞	1.575,25
7	Félagsmálaráðuneyti		742,81	513,04
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		671,79	1.380,79
9	Fjármálaráðuneyti		171,34	194,52
10	Samgönguráðuneyti		115,25	145,38
11	Iðnaðarráðuneyti		7.081,25	4.666,67
12	Viðskiptaráðuneyti		17.804,55	7.325,00
13	Hagstofa Íslands		1.236,54	599,50
14	Umhverfisráðuneyti		0,00	104,47
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		62,47	25,89
23	Utanríkisráðuneyti		∞	∞
24	Landbúnaðarráðuneyti		0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti		465,76	899,03
29	Fjármálaráðuneyti		1.289,42	1.284,91
30	Samgönguráðuneyti		1.725,00	2.300,00
31	Iðnaðarráðuneyti		∞	∞
88	Ríkisspítalar, stofnanir		4.246,15	47.400,00
	SAMTALS	464,98	383,46	430,08

Tafla 15 Hlutfallslegur mismunur greidds kostnaðar á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		178,19	171,03
1	Forsætisráðuneyti		1.508,76	638,64
2	Menntamálaráðuneyti		289,40	223,67
3	Utanríkisráðuneyti		100,99	137,12
4	Landbúnaðarráðuneyti		120,78	164,58
5	Sjávarútvegsráðuneyti		240,22	227,34
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		205,37	163,74
7	Félagsmálaráðuneyti		848,57	670,24
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		274,80	83,01
9	Fjármálaráðuneyti		536,36	437,80
10	Samgönguráðuneyti		548,70	443,46
11	Iðnaðarráðuneyti		308,54	309,25
12	Viðskiptaráðuneyti		50,26	41,75
13	Hagstofa Íslands		1.286,61	1.225,00
14	Umhverfisráðuneyti		0,00	144,61
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		257,41	324,55
23	Utanríkisráðuneyti		-4,63	-52,70
24	Landbúnaðarráðuneyti		-23,45	-79,45
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	220,82
27	Félagsmálaráðuneyti		∞	∞
29	Fjármálaráðuneyti		1.020,51	928,42
30	Samgönguráðuneyti		132,48	102,74
31	Iðnaðarráðuneyti		996,24	817,52
88	Ríkisspítalar, stofnanir		1.471,57	1.201,38
		612,96	516,62	308,11

Tafla 16 Hlutfallslegur mismunur heildaraukagreiðslna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		41,13	57,70
1	Forsætisráðuneyti		126,54	140,08
2	Menntamálaráðuneyti		93,13	101,51
3	Utanríkisráðuneyti		67,99	85,25
4	Landbúnaðarráðuneyti		75,60	71,62
5	Sjávarútvegsráðuneyti		98,53	98,93
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		114,50	127,59
7	Félagsmálaráðuneyti		107,90	78,69
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		145,98	152,29
9	Fjármálaráðuneyti		120,84	145,24
10	Samgönguráðuneyti		112,40	120,70
11	Iðnaðarráðuneyti		122,13	114,33
12	Viðskiptaráðuneyti		104,80	103,80
13	Hagstofa Íslands		386,97	262,78
14	Umhverfisráðuneyti		1.466,30	57,89
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		44,94	53,79
23	Utanríkisráðuneyti		41,98	26,29
24	Landbúnaðarráðuneyti		21,27	64,74
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	211,22
27	Félagsmálaráðuneyti		163,52	143,98
29	Fjármálaráðuneyti		63,54	54,50
30	Samgönguráðuneyti		113,82	117,44
31	Iðnaðarráðuneyti		190,34	175,23
88	Ríkisspítalar, stofnanir		119,49	121,66
	SAMTALS	124,89	111,50	114,09

Tafla 17 Hlutfallslegur mismunur heildarlauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		29,18	34,32
1	Forsætisráðuneyti		60,00	68,95
2	Menntamálaráðuneyti		31,23	35,71
3	Utanríkisráðuneyti		40,30	46,91
4	Landbúnaðarráðuneyti		36,00	36,94
5	Sjávarútvegsráðuneyti		44,30	46,25
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		49,63	51,15
7	Félagsmálaráðuneyti		48,69	38,62
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		48,36	67,60
9	Fjármálaráðuneyti		58,74	61,59
10	Samgönguráðuneyti		54,42	58,51
11	Iðnaðarráðuneyti		60,11	58,11
12	Viðskiptaráðuneyti		57,11	49,69
13	Hagstofa Íslands		107,24	103,68
14	Umhverfisráðuneyti		188,19	33,86
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		23,65	27,31
23	Utanríkisráðuneyti		33,31	37,19
24	Landbúnaðarráðuneyti		4,92	33,65
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	92,69
27	Félagsmálaráðuneyti		90,17	81,11
29	Fjármálaráðuneyti		26,77	25,31
30	Samgönguráðuneyti		49,75	49,15
31	Iðnaðarráðuneyti		84,22	87,73
88	Ríkisspítalar, stofnanir		66,34	67,68
	SAMTALS	49,98	45,48	48,15

290. Svar [180. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um húsnæðislán.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til nýbygginga á árinu 1991 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi,*
   a. í húsbréfakerfinu,
   b. í félagslega kerfinu,
   c. í almenna húsnæðislánakerfinu?
2. *Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til viðhalds og endurbóta á árinu 1991 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi?*
3. *Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til nýbygginga fyrstu sex mánuði ársins 1992 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi,*
   a. í húsbréfakerfinu,
   b. í félagslega kerfinu,
   c. í almenna húsnæðislánakerfinu?
4. *Hversu mörg lán voru afgreidd frá Húsnæðisstofnun ríkisins til viðhalds og endurbóta fyrstu sex mánuði ársins 1992 og hver var heildarupphæð þeirra, skipt niður á skattumdæmi?*

Meðfylgjandi eru upplýsingar Húsnæðisstofnunar ríkisins um húsnæðislán stofnunarinnar. Yfirlitið um skuldabréfaskipti í húsbréfakerfinu á árinu 1991 nær til útgáfu húsbréfa vegna nýbygginga einstaklinga, vegna byggingaraðila og vegna bráðabirgðaákvæðis III. Bráðabirgðaákvæði þetta gilti til 15. maí 1991. Það opnaði öllum þeim aðgang að húsbréfakerfinu er áttu umsókn og töldust lánshæfir hjá Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lögum nr. 54/1986 án þess að hafa fengið afgreitt lán. Þetta gilti um þá sem höfðu hafið byggingu íbúðar og gert fokhelt eftir 1. janúar 1988.

Upplýsingar um lánveitingar í félagslega íbúðakerfinu miða við 1. nóvember sl. Framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna nýbygginga eru að jafnaði greidd út í sem næst jöfnum greiðslum á 15 mánuðum. Byggingarsjóður verkamanna veitir ekki sérstök lán til viðbygginga og endurbóta á félagslegum íbúðum en við innlausn og endursölu þeirra eru þær lagfærðar eftir því sem við á. Viðgerðir koma fram í endursöluverði og hafa því áhrif á lán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna endursölu félagslegra íbúða. Á árinu 1991 voru 423 íbúðir endurseldar í félagslega húsnæðiskerfinu.

Lán til viðbygginga og endurbóta á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 voru bæði bein lán (tvö talsins) úr Byggingarsjóði ríkisins og skuldabréfaskipti samkvæmt húsbréfakerfinu. Beinu lánin úr Byggingarsjóði ríkisins voru seinni hlutar lána til lántakenda sem höfðu tafist við endurbæturnar og þar með að uppfylla sett skilyrði fyrir þessum hluta lánveitingarinnar.

1. Veitt lán til nýbygginga á árinu 1991.
1.a. Í húsbréfakerfinu:

	Fjöldi íbúða	Fjöldi frumbréfa	Fjöldi viðaukabr.	Fjöldi fasteignaveðbr.	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	291	233	112	345	1.238,5
Reykjanes	369	321	103	424	1.552,9
Vesturland	12	7	10	17	53,1
Vestfirðir	5	2	3	5	19,4
Norðurland vestra	14	12	4	16	56,7
Norðurland eystra	52	43	16	59	211,9
Austurland	25	22	5	27	83,0
Suðurland	53	45	19	64	183,2
Vestmannaeyjar	8	6	5	11	34,8
Samtals	**829**	**691**	**277**	**968**	**3.433,5**

1.b. Í félagslega kerfinu:

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	92	558,7
Reykjanes	115	773,4
Vesturland	8	55,0
Vestfirðir	2	12,8
Norðurland vestra	17	127,7
Norðurland eystra	70	458,0
Austurland	24	160,9
Suðurland	25	153,1
Vestmannaeyjar	0	0,0
Samtals	**353**	**2.299,6**

1.c. Í almenna húsnæðislánakerfinu:

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjöldi fyrri hluta	Fjöldi seinni hluta	Fjöldi lána	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	259	78	252	330	704,9
Reykjanes	264	63	258	321	655,1
Vesturland	5	1	5	6	12,0
Vestfirðir	8	3	7	10	22,2
Norðurland vestra	11	1	11	12	26,2
Norðurland eystra	38	8	36	44	90,8
Austurland	20	6	19	25	55,5
Suðurland	34	8	34	42	90,4
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0,0
Samtals	**639**	**168**	**622**	**790**	**1.657,2**

2. Veitt lán til viðbygginga og endurbóta á árinu 1991.

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjöldi fyrri hluta	Fjöldi seinni hluta	Fjöldi lána	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	20	12	10	22	19,0
Reykjanes	19	7	14	21	22,4
Vesturland	5	2	4	6	7,2
Vestfirðir	4	2	2	4	3,6
Norðurland vestra	1	1	1	2	3,5
Norðurland eystra	9	3	8	11	11,8
Austurland	9	6	6	12	15,3
Suðurland	2	0	2	2	3,0
Vestmannaeyjar	3	2	3	5	6,3
Samtals	**72**	**35**	**50**	**85**	**92,0**

3. Veitt lán til nýbygginga fyrstu sex mánuði ársins 1992.
3.a. Í húsbréfakerfinu:

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjöldi frumbréfa	Fjöldi viðaukabr.	Fjöldi faste.veðbr.	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	210	135	97	232	696,4
Reykjanes	278	196	104	300	919,9
Vesturland	2	2	1	3	8,8
Vestfirðir	4	1	4	5	14,3
Norðurland vestra	8	7	2	9	19,3
Norðurland eystra	28	18	12	30	84,9
Austurland	26	14	17	31	72,4
Suðurland	29	21	11	32	83,9
Vestmannaeyjar	4	3	1	4	11,4
Samtals	**589**	**397**	**249**	**646**	**1.911,4**

3.b. Í félagslega kerfinu:

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	181	1.203,5
Reykjanes	107	717,7
Vesturland	6	41,0
Vestfirðir	10	55,7
Norðurland vestra	13	80,3
Norðurland eystra	42	267,6
Austurland	19	112,9
Suðurland	17	96,1
Vestmannaeyjar	0	0,0
Samtals	**395**	**2.574,8**

3.c. Í almenna húsnæðislánakerfinu:

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjöldi fyrri hluta	Fjöldi seinni hluta	Fjöldi lána	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	7	0	7	7	15,3
Reykjanes	6	0	6	6	11,3
Vesturland	0	0	0	0	0,0
Vestfirðir	1	0	1	1	1,8
Norðurland vestra	0	0	0	0	0,0
Norðurland eystra	2	0	2	2	5,0
Austurland	1	0	1	1	1,8
Suðurland	0	0	0	0	0,0
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0,0
Samtals	17	0	17	17	35,1

4. Veitt lán til viðbygginga og endurbóta á fyrstu sex mánuðum ársins 1992.

Skattumdæmi	Fjöldi íbúða	Fjöldi frumbréfa	Fjöldi seinni hluta	Fjöldi lána	Fjárhæð (þús. kr.)
Reykjavík	9	9	0	9	10,4
Reykjanes	7	7	0	7	10,6
Vesturland	2	2	0	2	2,5
Vestfirðir	6	5	1	6	6,0
Norðurland vestra	1	1	0	1	2,1
Norðurland eystra	4	3	1	4	3,9
Austurland	1	1	0	1	1,0
Suðurland	3	3	0	3	3,5
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0,0
Samtals	**33**	**31**	**2**	**33**	**40,1**

291. Svar [181. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um óafgreiddar umsóknir í félagslega húsnæðiskerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margir voru á biðlista með fullgildar óafgreiddar umsóknir um félagslegt húsnæði, skipt niður á skattumdæmi,

a. 1. júlí 1991,

b. 1. júlí 1992?

Meðfylgjandi eru upplýsingar um umsóknir í félagslega húsnæðiskerfinu. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur upplýsingar um umsóknir um lán frá framkvæmdaraðilum, þ.e. sveitarfélögum eða félagasamtökum. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda einstaklinga eða fjölskyldna sem eiga óafgreiddar umsóknir hjá húsnæðisnefndum sveitarfélaga eða félagasamtökum sem starfa að húsnæðismálum. Fjöldi íbúða, sem umsækjendur tilgreina í umsóknum, byggist á mati framkvæmdaraðilanna.

a. 1991.

Umsóknir framkvæmdaraðila komnar inn fyrir 1. október 1990 og veitt framkvæmdalán á árinu 1991.

Skattumdæmi	Umsóknir Fjöldi íbúða	Framkvæmdalán Fjöldi íbúða
Reykjavík	611	303
Reykjanes	604	132
Vesturland	64	8
Vestfirðir	54	10
Norðurland vestra	62	8
Norðurland eystra	182	80
Austurland	89	23
Suðurland	41	30
Vestmannaeyjar	9	3
Samtals	**1.716**	**597**

b. 1992.

Umsóknir framkvæmdaraðila komnar inn fyrir 1. október 1991 og veitt framkvæmdalán á árinu 1992.

Skattumdæmi	Umsóknir Fjöldi íbúða	Framkvæmdalán Fjöldi íbúða
Reykjavík	595	282
Reykjanes	978	129
Vesturland	84	13
Vestfirðir	35	6
Norðurland vestra	54	17
Norðurland eystra	184	54
Austurland	63	11
Suðurland	45	21
Vestmannaeyjar	6	0
Samtals	**2.044**	**533**

292. Svar [171. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um áfengis- og vímuefnameðferð árið 1991.

1. Hve margar stofnanir og heimili sáu um áfengis- og vímuefnameðferð árið 1991?

Alls sjá 15 aðilar um áfengis- og vímuefnameðferð.

1. Landspítalinn með deild 33a, deild 33e, Vífilsstaðir og Gunnarsholt.
2. Tindar er afeitrunar- og enduruppeldisstofnun fyrir unga áfengis- og vímuefnaneytendur þar sem dvölin tekur allt að þrjá mánuði. Eftir þann tíma er skjólstæðingum ætlað að nýta eftirmeðferðargöngudeild Tinda í allt að heilt ár. Fjölskyldan er mjög snar þátttakandi í meðferðinni. Rekstur er í höndum Unglingaheimilis ríkisins.
3. Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið með Vog, Vík, Staðarfell og Síðumúlagöngudeild.
4. Verndarhúsið með göngudeild Verndar. Rekstur annast fangahjálpin Vernd.
5. Hlaðgerðarkot er afeitrunar- og eftirmeðferðarstöð. Rekstur er í höndum Samhjálpar sem er félag innan Hvítasunnusafnaðarins í Reykjavík.
6. Víðines rekur langlegudeild í nafni Bláa bandsins.
7. Skjöldur er áfangastaður fyrir karlmenn eftir að meðferð þeirra á stofnun lýkur. Samnefnt félag rekur heimilið.
8. SÁÁ, Norðurlandi, rekur áfangastaðinn Fjóluna.
9. Risið er áfangastaður rekinn af samnefndu félagi.
10. Takmarkið er áfangastaður rekinn af samnefndu félagi.
11. Þrepið er áfangastaður rekinn af samnefndu félagi.
12. Dyngjan er áfangastaður kvenna rekinn af félaginu Konan.
13. Krossinn er áfangastaður rekinn af samnefndu félagi.
14. Gistiskýlið Þingholtsstræti er í eigu Reykjavíkurborgar, en rekið af félaginu Samhjálp.
15. Krísuvíkurskólahúsið er langdvalarstofnun sem Krísuvíkursamtökin reka.

2. *Hve margir komu á hvert þeirra og hver var meðallengd dvalar þeirra? Óskast sundurliðað eftir heimilum.*

Komufjöldi var 21.216, en þar af voru göngudeildarkomur vegna einkaviðtala og hópvinnu 17.248. Vistunardagar reyndust því 3.968. (Hér eru hvorki taldar með gistinætur í Gistiskýlinu né í Krísuvík.)

3. *Hve háar fjárveitingar voru til hvers heimilis fyrir sig? Óskast sundurliðað eftir heimilum.*

Sundurliðað svar er í töflunni hér á eftir, þriðja dálki.

Áfengisstofnanir starfræktar 1991.

Heiti stofnana	Komufjöldi í tölum	Meðaldvöl í dögum	Fjárveitingar ríkisins í þús. kr.	Vistrými fjöldi rýma
Landspítalinn, deild 33a	470	9.74	51.6	15
Landspítalinn, göngudeild 33e	9.480		19.8	
Vífilsstaðir	156	29.0	43.2	16
Gunnarsholt	97	86.5	41.7	24
Tindar	71	37.1	47.5	15
Tindar, göngudeildarmeðferð	884			
Vogur	1.852	11.9	149.3	60
Síðumúli, göngudeild	3.841		13.7	
Vík	417	25.6	37.4	30
Staðarfell	402	29.3	35.4	30
Hlaðgerðarkot	427	27.3	36.4	30
SÁÁ, göngudeild, Norðurlandi	2.683		1	
Víðines	98	249.6	70.5	67
Stoðbýli fyrrv. fanga, Vernd	45	75.6	5.5	17
Stoðbýlið Skjöldur	38	221.3	1.2	22
Stoðbýlið Risið	42	208.6	0.3	25
Stoðbýlið Takmarkið	51	80.3	0	18
Stoðbýlið Þrepið	37	108.5	0.5	11
Stoðbýlið Dyngjan	80	91.3	0.5	20
Stoðbýlið Krossinn	27	108.1	1.5	8
Gistiskýli til einnar nætur		1.0		15
Krísuvík, án heimildar			8	
Samtals	**21.198**	**1400.74**	**557**	**423**

Heimilisföng til skýringar:
Skjöldur, Ránargötu 6–8, Reykjavík, íbúar karlar,
Risið, Stakkholti 3, Reykjavík, íbúar karlar,
Þrepið, Laugarásvegi 24, Reykjavík, íbúar karlar,
Takmarkið, Barónsstíg 13, Reykjavík, íbúar karlar,
Dyngjan, Snekkjuvogi 21, Reykjavík, íbúar konur,
Krossinn, Álfhólsvegi, Kópavogi, íbúar karlar,
Þingholtsstræti 25, Reykjavík, gistiskýli.

293. Svar [172. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson um áfengis- og vímuefnameðferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margir aðilar sjá um áfengis- og vímuefnameðferð hér á landi og hverjir eru þeir?

Svar:

Alls sjá 14 aðilar um áfengis- og vímuefnameðferð hér á landi og þeir eru:

1. Ríkisspítalar.
2. Unglingaheimili ríkisins.
3. Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.
4. Fangahjálpin Vernd.
5. Samhjálp.
6. Bláa bandið.
7. Skjöldur.
8. SÁÁ, Norðurlandi.
9. Félagið Risið.
10. Félagið Takmarkið.
11. Félagið Þrepið.
12. Félagið Dyngjan.
13. Félagið Krossinn.
14. Krísuvíkursamtökin.

294. Svar [121. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst til að framfylgja ályktun Alþingis frá 1987 um að láta fara fram rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða?

Alþingi samþykkti 24. febrúar 1987 að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram færu skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt yrði athuguð hagkvæmni í veiðum botnlægra tegunda. Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði.

Í samræmi við þingsályktunina fól sjávarútvegsráðuneytið Hafrannsóknastofnun 3. mars 1987 að gera fimm ára áætlun um skipulagðar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða ásamt kostnaðaráætlun þar um. Á vegum Hafrannsóknastofnunar var slík áætlun unnin ásamt kostnaðaráætlun fyrir fyrsta árið af fimm og fylgir hún hér með, sjá fskj. III. Í þingsályktunartillögunni var tekið fram að rannsóknirnar skyldu fjármagnaðar sérstaklega. Í fjárlagatillögum stofnunarinnar og ráðuneytisins fyrir árið 1988 var í samræmi við þingsályktunartillöguna óskað eftir nýrri stöðuheimild fyrir náttúrufræðing til rannsókna á vannýttum hryggleysingjum. Fjármálaráðuneytið féllst ekki á beiðni þessa. Var málið þá tekið upp við fjárveitinganefnd á haustmánuðum 1987 en fékk ekki úrlausn. Sérstök fjármögnun til þessa verkefnis hef-

ur því ekki fengist. Þrátt fyrir það hefur Hafrannsóknastofnun reynt að stunda hluta þessara rannsókna eftir því sem þröng fjárráð hafa leyft. Hér á eftir fer lýsing á stöðu verkefnisins í dag.

Í samantektinni er ekki fjallað um rannsóknir á hefðbundnum nytjastofnum botndýra, þ.e. rækju, humri og hörpudiski.

Á tímabilinu 7. mars til 16. júní 1987 var ms. Anna SH 122 þrisvar sinnum við leit og stofnmælingar á kúfskel. Verkefnið var fjármagnað af kúffisknefnd sjávarútvegsráðuneytisins en undir stjórn Hafrannsóknastofnunar. Stofnmælingar í Breiðafirði, Faxaflóa og við Suðausturland leiddu í ljós að stofnstærðin væri samanlagt 450.000 tonn. Síðla á árinu 1987 og í byrjun 1988 voru gerðar stofnmælingar á kúffiski á afmörkuðum svæðum á Vestfjörðum og Skagafirði. Rannsóknir þessar voru unnar á Villa Magg, sérhönnuðu skipi til kúffiskveiða. Enda þótt veiðimöguleikar séu góðir hefur ekki tekist nægjanlega vel til við markaðssetningu hinna ýmsu afurða hingað til.

Rannsóknir og tilraunaveiðar á trjónukrabba og beitukóngi hafa verið stundaðar á vegum Hafrannsóknastofnunar á árunum 1983–1989 og hefur nær öll grunnslóðin verið könnuð með misjöfnum árangri. Hér er þó um veiðanlega stofna að ræða og stendur því aðeins á markaðsöflun.

Rannsóknir á ígulkerum (Skollakopp), veiðum á þeim og vinnslu ásamt markaðssetningu voru gerðar á árunum 1989–1991 sem samstarfsverkefni á vegum Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og einkaaðila, en styrkt af Rannsóknaráði ríkisins. Þetta gaf nokkuð góða raun og eru menn nú að hefja tilraunavinnslu og útflutning á þeim. Þá hafa farið fram eldistilraunir á hörpudiski og kræklingi sem samstarfsverkefni, einnig styrkt af Rannsóknaráði ríkisins.

Öðrum ónytjuðum tegundum, sem lýst var í meðfylgjandi rannsóknaáætlun, hefur einfaldlega ekki verið hægt að sinna, m.a. vegna tækjaskorts og/eða þær hafa þótt síður vænlegar til árangurs.

Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur í veiðum á trjónukrabba, kúfskel, beitukóngi og ígulkerum, auk þess sem hefja ætti frekari athuganir á öðuskel. Í þessum tilvikum getur stofnunin leiðbeint um mörg hagkvæm veiðisvæði. Ef markaðssetning ofangreindra tegunda reynist jákvæð á komandi árum verður nauðsynlegt að kanna víðtækari svæði en hingað til hefur verið mögulegt.

Á þessu ári fór af stað yfirgripsmikið verkefni sem gengur undir nafninu: Botndýr á íslensku hafsvæði. Hér er um að ræða samstarfsverkefni Hafrannsóknastofnunar, Líffræðistofnunar Háskólans, umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands. Markmiðið er að kanna fjölbreytni tegunda, magn og útbreiðslu botndýra á íslenska hafsvæðinu frá grunnsævi niður á 3.000 metra dýpi. Þessi rannsókn mun þó ekki veita upplýsingar um stofnstærð hugsanlegra nytjastofna í framtíðinni nema að mjög litlu leyti. Þetta verkefni tengist norrænni samvinnu og lýtur að stjórn umhverfisráðuneytisins.

Segja má að ekkert þessara verkefna, nema það síðastnefnda, hafi fengið sérstakt fjármagn úr ríkissjóði og framangreindri ályktun Alþingis frá 1987 hafi því ekki verið framfylgt hvað fjármögnun varðar þrátt fyrir áætlanir, skipulagningu og umsókn þar um.

Fylgiskjal I.

Bréf sjávarútvegsráðuneytis til Hafrannsóknastofnunar.

(3. mars 1987.)

Hjálagt sendir ráðuneytið Hafrannsóknastofnun þingsályktun um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi sem samþykkt var á Alþingi 24. febrúar sl.

Í samræmi við þingsályktunina felur ráðuneytið Hafrannsóknastofnun að gera áætlun til fimm ára um skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningar slíkra miða ásamt kostnaðaráætlun fyrir þetta verkefni.

Fylgiskjal II.

Þingsályktun um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

(Samþykkt á Alþingi 24. febrúar 1987.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt verði athuguð hagkvæmni í veiðum botnlægra tegunda.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði.

Fylgiskjal III.

Hafrannsóknastofnun:

Rannsóknaáætlun um útbreiðslu og nýtingu á botnlægum tegundum á grunnslóð umhverfis landið.

Inngangur

Á undanförnum árum hafa augu landsmanna í æ ríkari mæli beinst að vannýttum eða ónýttum sjávardýrastofnum er lifa við landið. Þessi áhugi hefur aukist jafnt og þétt og sér í lagi vegna minnkandi fiskstofna við landið, kvótakerfa, aukins fjölda smábáta og það að mönnum hefur nú skilist að um arðsemi getur verið að ræða.

Hafrannsóknastofnun hefur reynt að mæta þessu með auknum rannsóknum á botnlægum dýrum og tilraunaveiðum á þeim. Til að slíkt skili einhverjum árangri þarf að koma til markvissari aðgerðir og aukinn tækjakostur og mannafli til rannsókna. Í rannsóknaleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar allmörg undanfarin ár hefur aukaafli í hin ýmsu veiðarfæri verið skráður, þannig að upplýsingar um hin ýmsu botndýr liggja fyrir. Einnig hafa verið farnir nokkrir leiðangrar gagngert til að afla sér upplýsinga um ýmis botndýr með nýtingu á þeim í huga. Allar upplýsingar sem liggja á lausu um þessi botndýr eru vel þegnar og koma að góðum notum þegar skipuleggja á áframhaldandi rannsóknir og það yfir lengri tíma. Þá þarf einnig að huga að samstarfi og samvinnu milli þeirra aðila er vinna að skyldum verkefnum innan og utan rannsóknastofnana. Hafrannsóknastofnun er sjálfsagður aðili til að hafa forystu um og skipuleggja rannsóknir af þessu tagi, en jafnframt verður leitað eftir samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og fl.

Þegar gera á meiriháttar úttekt á lífriki botndýra á landgrunninu er nauðsynlegt að hún taki til sem flestra þátta. Menn þurfa að safna upplýsingum og afla vitneskju um botngerð (harður, sendinn og leirbotn) strauma, hitastig, seltumagn, framleiðni og tegundir á, við og í botninum. Einnig þarf að huga vel að hinum ýmsu gerðum veiðitækja og útbúnaðar til sýnatöku og úrvinnslu gagna. Beita þarf köfun þar sem það á við og taka í notkun háþróaðar neðansjávarmyndavélar með meiru. Líta verður á

rannsóknaverkefni þetta sem langtímaverkefni og best færi á því að taka eitt afmarkað svæði fyrir í einu og gera því viðunandi skil. Allt kostar þetta fé og fyrirhöfn og væri óskandi að þingsályktun sú sem samþykkt var á Alþingi þann 24. febrúar s.l. um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi verði verkefni sem þessu til framdráttar.

==========

Greinargerð

Á grunnsævi hér við land eru nú stundaðar hefðbundnar veiðar á botnlægum hryggleysingjum eins og humri, rækju og hörpudiski. Nú í seinni tíð hafa einnig verið gerðar tilraunaveiðar á trjónukrabba, beitukóngi, kúffiski og igulkerjum með góðum árangri. Þá hefur einnig verið hugað að möguleikum á að nýta fleiri tegundir botndýra sem lifa á grunnslóðinni eins og t.d. öðu, krækling, silki- og dökkhöddu (skildar kræklingi), sandskel, smyrsling, báru- og igulskel, hjartaskel, krókskel og ægisdrekku. Af kuðungum auk beitukóngs, kemur til greina að nýta hafkóng og péturskóng. Af krabbategundum öðrum en trjónukrabba, koma tegundir eins og tröllakrabbi, gaddakrabbi og bogkrabbi til álita. Þá kemur einnig til tals að nýta sæbjúgu, krossfiska og slöngustjörnur. Af þessari upptalningu má það ljóst vera að tegundirnar sem hugsanlega má nýta eru nokkrar og eru þá ekki öll kurl komin til grafar, því ónefndar eru ýmsar tegundir botngróðurs, þörungar, sviflæg dýr og plöntur.

Þeir möguleikar sem landgrunnið ásamt flóum og fjörðum hefur upp á að bjóða hvað varðar eldi hverskonar eða hrygningu og uppeldi sjávardýra eru ekki tiundaðir hér, þetta eru þó mjög mikilvæg atriði og ber að hafa í huga þegar um svo stórfellda könnun og úttekt á landgrunninu er að ræða.

Humar (Nephrops norvegicus). Þessi stofn er fullnýttur og gefur árlega 2700 tonn.

Hörpudiskur (Chlamys islandica).

Þessi stofn er nú þegar fullnýttur og gefur árlega af sér 15-17 þús. tonn innfjarða.

Hugsanleg aukning í hörpudisksveiðum væri ef til vill fólgin í því að mið finndust utan fjarða úti fyrir Norðurlandi og Austfjörðum.

Rækja (Pandalus borealis).

Rækjustofninn á grunnslóð virðist vera fullnýttur með ca 7000 tonn á ári. Einnig má telja að mið á djúpslóð séu flest fundin að minnsta kosti þau gjöfulustu.

Kúfiskur (Arctica islandica).

Tilraunaveiðar á kúfiski eru nú hafnar með sérhönnuðum skipum (m/s Anna SH 122 og Villi Magg). Við þessar veiðar er notaður vatnsþrýstiplógur með góðum árangri. Þessar tilraunaveiðar eru enn skammt á veg komnar og binda menn nokkuð góðar vonir við þær. Talið er að töluvert magn af kúfiski sé á grunnslóðinni við landið allt niður á 200 metra dýpi. Mesta magn af kúfiski virðist vera á sandbotni með kornastærð 0.15-0.25 mm.

Kræklingur (Mytilus edulis)

Finnst nánast allsstaðar kringum landið nema á nokkrum stöðum við Suðurströndina. Algengastur í fjöruborðinu og niður á 20 m dýpi. Finnst helst í skjólsömum vogum og vikum og allt niður á 155 metra dýpi. Það hefur komið til tals að rækta krækling á hentugum stöðum viðsvegar um landið til vinnslu. Í því sambandi eru nú í gangi tilraunir á kræklingseldi við Hvítanes í Hvalfirði og er það samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunar og einkafyrirtækis (N.A.P.A.) styrkt af Rannsóknaráði ríkisins.

Aða (Modiola modiolus).

Nokkuð algeng skel við landið frá neðra fjöruborði og niður á 40-50 metra dýpi. Aða hefur fundist allt niður á 200 metra dýpi. Finnst oft í miklu magni áföst eða grafin í botninn og hafa fengist allt að 200 kg af öðu í hörpudiskplóg í stuttum togum. Aða er frekar stór skel og getur orðið allt að 180 mm löng og því með stærstu skeljategundum sem finnast við landið.

Dökkhadda (Modiolaria nigra).

Finnst á víð og dreif umhverfis landið á 8-113 metra dýpi og þá aðallega við A- og Vesturströndina. Stærðin er allt að 75 mm.

Silkihadda (Modiolaria discors).

Finnst allvíða umhverfis landið og á dýpinu 0-160 metrum. Stærð á bilinu 8-52 mm.

Sandskel (Mya arenaria).

Tegund þesi finnst á leirum á nokkrum stöðum við landið svo vitað sé. Þessir staðir eru Hornafjörður, við Dyrhólaós og Vestmannaeyjar, við innanverðan Eyjafjörð og við Faxaflóa. Til dæmis hafa fundist blettir í Kollafirði með allt að 100 skeljum á m^2 á 0-7 metra dýpi. Sandskelin getur orðið allt að 110 mm að lengd.

Smyrslingur (Mya truncata).

Þessi skel er mjög algeng umhverfis landið á 0-130 metra dýpi. Stærð skeljarinnar er allt að 75 mm.

Báruskel (Cardium ciliatum).

Finnst við landið allt á 0-260 metra dýpi. Stærðin getur orðið 82 mm.

Hjartarskel (Cardium edule).

Finnst víða við landið á dýpinu 0-3 metrum. Aftur á móti hefur skel þessi ekki fundist í veiðanlegum þéttleika hér við land enn sem komið er. Hún lifir aðallega á sendnum fjörum og leirum og getur orðið allt að 57 mm að lengd.

Igulskel (Cardium echinatum).

Finnst allvíða við Suðurland og í Faxaflóa á dýpinu 15-150 metrum. Lengd allt að 50 mm.

Krókskel (Serripes groenlandicum).

Finnst allvíða umhverfis landið nema við Suðurland og á dýpinu 0-120 metrum.

Stærðin getur numið allt að 92 mm.

Ægisdrekka (Lima excavata).

Hefur aðallega fundist djúpt úti fyrir Suður- og Suðvesturlandi eða á dýpinu 200-495 m. Erfitt er að gera sér grein fyrir magni eða hvort hún finnst á stóru svæði. Þetta eru tiltölulega stórar skeljar og geta náð allt að 170 mm lengd.

Gimburskel (Astarte borealis).

Skelin er nokkuð algeng við landið og finnst frá fjöruborði allt niður á 100 m dýpi. Stærðin getur komist upp í 55 mm.

Hallloka (Macoma calcaria).

Skel þessi er algeng við landið og finnst frá fjöruborði allt niður á 150 metra dýpi. Stærðin getur orðið allt að 50 mm.

Kolkuskel (Yoldia hyperborea).

Finnst umhverfis allt landið á 4-210 metra dýpi, nema við Suðurland. Stærð skeljarinnar er allt að 50 mm.

Sæsniglar

Af sæsniglum við landið hefur aðallega verið talað um þrjár eftirfarandi tegundir sem til greina koma til nýtingar.

Beitukóngur (Buccinum undatum)

Lítið er vitað um magn þessa kuðungs við landið en hann finnst nánast allsstaðar á dýpinu 0-100 metrum, en getur lifað dýpra. Tilraunaveiðar hafa farið fram víða umhverfis landið en þó aðallega á Faxaflóasvæðinu. Beitukóngur sem og aðrir kuðungar veiðast aðallega í þar til gerðar gildrur og er aflinn mismunandi eftir árstíma. Hann hrygnir seinni hluta vetrar og leitar þá á grynnra vatn og oft alveg upp í fjörur. Á

sama tíma detta veiðarnar niður. Beitukóngur er þekkt markaðsvara þannig að vandinn hér er fyrst og fremst veiðar og vinnsla. Hæð kuðungsins getur orðið allt að 120 mm. Hugsanlega má veiða nokkur hundruð tonn af beitukóngi á ári miðað við þekkt veiðisvæði.

Hafkóngur (Neptunea despecta)

Þessi kuðungur er mjög algengur umhverfis landið og finnst á 10-200 metra dýpi. Hæð kuðungsins getur orðið allt að 200 mm. Sæmilega góður markaður er fyrir hafkóng á meginlandi Evrópu og á Bretlandseyjum. Þó er sá galli á gjöf Njarðar að af og til hefur orðið vart eitrunar vegna þess að menn hafa neytt hafkóngs. Þetta stafar af kirtlum áföstum skráptungu kuðungsins sem auðvelt er að fjarlægja ef til vinnslu kemur. Hafkóngur veiðist þó nokkuð í fiski- og humartroll, en veiðar með gildrum hafa lítt verið kannaðar hér við land.

Péturskóngur (Sipho islandicus)

Þetta er nokkuð stór kuðungur og getur orðið allt að 130 mm að hæð. Finnst nánast allt umhverfis landið á 60-348 m dýpi, en er sjaldgæfur við Suðurströndina.

Krabbar

Rannsóknir á trjónukrabba hófust fyrst árið 1983 á vegum Hafrannsóknastofnunar og bendir allt til þess að útbreiðsla hans sé einkum á bilinu á 5 til 50 metra dýpi, þó mismunandi eftir árstíma. Tilraunaveiðar hafa verið gerðar víðsvegar um landið og til þess notaðar sérstakar gildrur. Afli í gildru hefur sumsstaðar verið allgóður og mestur í Faxaflóa.

Tegund þessi finnst nánast allt umhverfis landið og mest inni á flóum og fjörðum. Mat á veiðiþoli og stofnstærð hefur ekki enn verið unnt að gera, en þó má ætla að

veiðarnar gætu numið fáeinum þúsundum tonna á ári. Veiðar og vinnsla hafa þegar hafist á Faxaflóasvæðinu en markaðsmálin eru ekki leyst að fullu. Skjaldarbreidd krabbans getur orðið allt að 83 mm og þyngdin rúmlega 300 grömm. Hængarnir eru töluvert stærri en hrygnurnar.

Gaddakrabbi (Lithodes maja)

Þessi tegund finnst nánast allsstaðar umhverfis landið á 10-100 metra dýpi. Er helst á hörðum botni og færir sig til eftir árstímum. Gerðar hafa verið tilraunaveiðar á gaddakrabba en sjaldan fengist nema örfáir einstaklingar. Aftur á móti fæst stundum þokkalegt af honum í net og í fiski- og humartroll. Hann getur orðið allt að 145 mm að skjaldarlengd ogvigtað rúmt kilogramm.

Hann þykir mjög góður til átu og væri auðvelt að finna markað fyrir hann ef aflaðist vel.

Trjöllakrabbi (Geryon affinis)

Finnst á miklu dýpi við Suðurströndina frá Háfadýpi að Lónsdýpi. Lítið er vitað um ástand hans hér við land en hann getur orðið nokkuð stór eins og nafnið bendir til eða 178 mm skjaldarbreidd og viktað mikið á annað kg. Veiðist aðallega í humartroll á vertíðinni og þykir góður til átu.

Litli tröllakrabbi (Geryon tridens)

Náskyldur hinum fyrrnefnda og finnst á svipuðum slóðum en er töluvert minni og veiðist í meira magni í troll. Stærð þ.e.a.s. skjaldarbreidd 98 mm og er allt að 400 gr að þyngd. Reynt hefur verið að veiða þessar tegundir í gildrur en án teljandi árangurs.

Bogkrabbi (Carcinus meanas)

er mjög algengur hér við land og finnnst við Suður- og Suðvesturland. Hann lifir aðallega á grunnsævi en getur verið allt niður á 100 metra dýpi. Skjaldarbreidd er ca 70 mm og þyngd allt að 150 gr. Einhverjar veiðar á bogkrabba eru stundaðar í Evrópu og þykir hann góður til átu.

Skrápdýr

Þegar talað er um skrápdýr þá skiptast þau í nokkra flokka það er að segja igulker, krossfiska, slöngustjörnur og sæbjúgu.

Erlendis hafa skrápdýr verið nýtt með ýmsum hætti bæði til matar eða til mjölgerðar.

Igulker

Hér við land lifa nokkrar tegundir igulkerja en aðeins tvær tegundir koma til greina til nýtingar og til manneldis. Báðar þessar tegundir lifa á grunnslóð og því aðgengilegar, sér í lagi með köfun.

Skollakoppur (Strongylocentrotus droebachensis)

lifir á mjög grunnu vatni eða frá fjörumörkum niður á 60-80 metra dýpi. Hrogn og svil þessarar tegundar eru nýtt og þykja herramannsmatur í Frakklandi og auk þess víðar á Austurlöndum. Vandinn er hins vegar fólgin í því að fylla allar kröfur væntanlegra kaupenda. Vinnslutími þessarar afurðar hér við land yrði frá september til febrúar. Töluvert magn virðist vera af þessari tegund hér við land en erfitt er að kanna slíkt nema með köfun eða neðansjávarmyndtöku.

Hin tegudin er stærri og sjaldgæfari og heitir marigull (Echinus esculentus). Hún virðist ekki eins álitleg í augum væntanlegra kaupenda en kemur þó fastlega til greina. Töluvert vantar á að hægt hafi verið að gera könnun á þessum tegundum nægileg skil, en

vonandi rætist úr því. Nú þegar er hafin tilraunavinnsla á igulkerjum með útflutning til Japan og Frakklands í huga.

Krossfiska og slöngustjörnur er víða að finna á grunnslóð og verður sérlega vart við þær á hörpudisksmiðum sem aukaafla. Engin úttekt hefur verið gerð á magni né heldur líffræði þessara tegunda hér við land. Erlendis eru þessar tegundir nýttar til mjölframleiðslu sem síðan er blandað í ýmiskonar dýrafóður til að efnisbæta það.

Sæbjúgu

Þó nokkur markaður er fyrir sæbjúgu í SA-Asíu, Kína og Japan. Ekki er vitað með vissu hvort um er að ræða sömu tegund og lifir hér við land (Cucumaria frondosa). Ef svo er gæti opnast markaður fyrir þessa afurð úr sæbjúgum, en vinnslan er ekki mjög flókin að sögn.

Sæbjúgu fást nokkuð sem aukaafli í hörpudisksplóg og mætti því vel huga að einhverri vinnslu í tilraunaskyni.

Rannsóknir

Til að kanna þessar tegundir nánar þarf að vanda vel til alls undirbúnings og þeirra tækja og búnaðar sem notast á við. Það sem fyrst þarf að kanna er útbreiðsla hinna ýmsu tegunda miðað við dýpi, botngerð og annan umhverfisháttt. Síðan þarf að áætla stofnstærð miðað við flatareiningu og að lokum veiðiþol miðað við það veiðarfæri sem nota á.

Til dæmis verður að nota botngreipar til að kanna það botndýralíf sem lifir í efri hluta botnsins og sér í lagi í linum botni af ákveðinni kornastærð. Tæki af þessari gerð eru nokkuð ónákvæm þegar áætla á magn stærri botndýra sem helst eru nýtanleg. Til þess að ná til þessara dýra verður að notast við nýtísku vatnsþrýstiplóga eða sanddælu einhverskonar. Botnsköfur eru nothæfar til að kanna útbreiðslu stærri botndýra sem lifa á botninum. Þetta á þó ekki við ef um mjög harðan botn er að ræða. Auk þess taka

slíkir plógar ekki allt og brjóta sumt. Þá verður að passa upp á að hafa þéttriðið net í slíkum plógum þannig að missa ekki af smærri dýrum.

Þannig væri hægt að kanna útbreiðslusvæði flestra skeljategunda, kuðunga, igulkerja að hluta, krossfiska, sæbjúgu og kuðunga.

Þar sem botninn er harður þarf að koma til köfun eða neðansjávarmyndataka við rannsóknir á þeim dýrum sem þar lifa, en slík aðferð gefur í reynd bestu niðurstöður.

Hjartaskel, sandskel, kræklíng, öðu, bogkrabba og igulker (Skollakopp) er hægt að rannsaka á stórstraumsfjöru að hluta.

Auk þess verður það ríkur þáttur í líffræðirannsóknum á þessum dýrum að hafa þau í sjóbúrum og geta þannig fylgst með þeim náið. Þá má fylgjast með ýmsum tegundum í eldisbúrum eða kerjum eins og kræklíng og fl. til að stuðla að aukinni nýtingu þeirra.

Þá er mikilvægt að gera sérlega könnun á hverskonar mengunaráhrifum á þeim svæðum sem rannsökuð verða og í hverju sú mengun sé fólgin. Þetta verður að gera til að tryggja að hráefnið sé ávallt það besta sem völ er á hvað gæði snertir.

Veiðiþol og veiðarfæri

Tegund	Áætlað veiðiþol á ári (tonn)	Veiðarfæri eða veiðiaðferð
Kúfiskur (Arctica islandica)	>10.000	Vatnsþrýstiplógur
Kræklingur (Mylilus edulis)	</->10.000	Reiparæktun og tínsla
Aða (Modiola modiolus)	>1.000	Hörpudisksplógur og tínsla
Sandskel (Mya arenaria)	>/	Vatnsþrýstiplógur og handtínsla
Smyrslingur (Mya truncata)	?	Vatnsþrýstiplógur og tínsla

Báruskel (Cardium ciliatum)	>10	Vatnsþrýstiplógur
Hjartarskel (Cardium edule)	>/	Vatnsþrýsiplógur og tínsla
Ígulskel (Cardium echinatum)	?	Hörpudisksplógur
Dökkhadda (Modiolaria nigra)	?	Hörpudisksplógur og köfun
Silkihadda (Modiolaria discors)	?	Hörpudisksplógur og köfun
Krókskel (Serripes groenlandicus)	>2000	Vatnsþrýstiplógur
Ægisdrekka (Lima excavata)	?	Hörpudisksplógur
Gimburskel (Astarte borealis)	?	Hörpudisksplógur og tínsla
Hallloka (Macoma calcaria)	?	Hörpudisksplógur og tínsla
Kolkuskel (Yoldia hyperborea)	?	Hörpudisksplógur, köfun
Beitukóngur (Buccinum undatum)	>1000	Gildrur og köfun
Hafkóngur (Neptunea despecta)	?	Gildrur
Péturskóngur (Sipho islandicus)	?	Gildrur
Trjónukrabbi (Hyas araneus)	>1000	Gildrur og köfun
Gaddakrabbi (Lithodes maja)	?	Gildrur, troll
Tröllakrabbi (Geryon affinis)	?	Gildrur, troll
Litli tröllakrabbi (Geryon tridens)	?	Gildrur, troll
Bogkrabbi (Carcinus meanas)	?	Gildrur, köfun, tínsla
Marþvari (Sclerocrangon boreas)	?	Gildrur
Einbúakrabbi (Eupagurus bernhardus)	?	Gildrur
Skollakoppur (Strongylocentrotus droebachensis)	?	Hörpudisksplógur, köfun og tínsla
Marigull (Echinus esculentus)	?	Hörpudisksplógur, köfun, tínsla
Slöngustjörnur (Ophiuroidea)	?	Hörpudisksplógur, köfun
Krossfiskar (Asteroidea)	?	Hörpudisksplógur, köfun
Sæbjúgu (Holothuriodea)	?	Hörpudisksplógur, köfun

Skipulag rannsókna

Rannsóknaáætlun þessi nær til botnlægra tegunda sjávardýra á grunnslóð við landið og skal framkvæmd á 5 ára timabili (1988,1989, 1990, 1991 og 1992). Vegna þess hve þessar rannsóknir eru margþættar er stefnt að því að þær fari fram allt árið en þó þannig að eitt ákveðið svæði verði tekið fyrir í einu. Í því sambandi kæmi til greina að skipta landinu í ákveðin svæði sem síðan væru tekin hvert fyrir sig. Þetta er fyrst og fremst gert í hagræðingarskyni og til að auðvelda framkvæmd rannsóknaáætlunarinnar. Meðfylgjandi kort sýna grunnslóð umhverfis landið og hvernig skiptingu svæða er háttað (sjá aftar). Vegna lifnaðarhátta hinna botnlægu dýra er eðlilegt að marka rannsóknum á þeim eftirfarandi farveg.

1. Rannsóknir á lifnaðarháttum , magni og útbreiðslu dýra sem eru botnlæg eða áföst botni.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum, magni og útbreiðslu dýra sem lifa niðurgrafin í botninn.

1. Botnlæg dýr eða dýr áföst botni

Þessi dýr lifa aðallega á svæði sem afmarkast af fjöruborðinu niður á 100 metra dýpi, þó er ekki hægt að útiloka það að einstaka dýrategundir finnist dýpra. Þetta dýptarsvið hentar vel til rannsókna og verður því aðaláherslan lögð þar á. Við dýr áföst botni (eins og skeljategundir) verður lögð aðaláhersla á útbreiðsluna og magnið á hverjum stað. Dýr sem ekki lifa á botninum og eru hreyfanleg þarf að kanna árstíðabundið með tilliti til útbreiðslu, magns og ástands. Þetta á við um tegundir eins og igulker, kuðunga, krabba og fl. Nauðsynlegt er að vanda vel til sýnastöðvanna og verður í því sambandi stuðst við þekkingu á öllum staðháttum.

Þau tæki sem notuð verða til sýnatöku á þessum dýrum eru hörpudiskplógur, botngreip, gildrur af mismunandi gerðum og troll. Auk þess verður notast við köfun og

neðansjávarmyndatöku þar sem við á. Í fjörum og við fjöruborð verður venjuleg tínsla gerð.

Dýr sem lifa niðurgrafin í botninn

Hér er einnig miðað við að rannsóknasvæðið nái frá fjöruborði niður á 100 metra dýpi, og það er einnig miðað við sömu forsendur. Þau dýr sem lifa niðurgrafin í botninn eru tiltölulega staðbundin og því aðallega tvennt sem ræður hvort hægt sé að ná til þeirra. Í fyrst lagi gerð botnsins og í öðru lagi hversu djúpt þau liggja niðurgrafin í botnlaginu. Hér er aðallega um skeljar að ræða. Til að ná til þessara dýra er hægt að notast við svokallaðan "box correr", en með því er hægt að ná allt niðurá 30-40 sm ofan í botninn. Þannig fást sýni úr ákveðnu flatarmáli og þau dýr sem þar eru í. Á síðasta ári var m/s Anna í eigu Sigurjóns Helgasonar í Stykkishólmi útbúin með vatnsþrýstiplóg, en slíkur vatnsþrýstiplógur nýtist sérlega vel við slíkar athuganir. Þriðji möguleikinn er venjuleg botngreip sem þá er háð ýmsum annmörkum.

Kostnaðaráætlun

Í þessari kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að grunnslóðinni við landið verði skipt í fimm aðskilin rannsóknasvæði. Þannig er hægt að gera svæðunum góð skil og flýta fyrir hugsanlegum hagnýtum árangri í formi veiða og vinnslu. Þá verður að gera ráð fyrir því að Faxaflóasvæðinu verði gerð betri skil er varðar rannsóknir á hreyfanlegum botndýrum þannig að fylgst verði með þeim allt árið með reglulegum sýnatökum. Þetta væri gert til hagræðingar vegna staðsetninga Hafrannsóknastofnunar og skipakosts hennar, tækja og mannafla. Slíkar staðbundnar rannsóknir koma fyllilega að notum þegar leggja á líffræðilegt mat á sömu tegundir á öðrum svæðum.

Tegund kostnaðar	1988
	(Tölur í þús. króna)
1. Skipakostnaður	
Bátur Hafr. H.Í. og F.Í. 1 mán.	750
Dröfn 1 mán.	2.650
(Villi Magg eða Anna) 1 mán.	4.000
2. Tæki	
Kaup á botnsýnataka	150
Kaup á sigti til rannsókna á botngerð og dýrum	40
Kaup á botngreip	50
Kaup á hörpudisksplóg fyrir Mími	200
Sýnabúr/Akvarium	75
Leiga á neðansjávarmyndatæki með manni (30 daga)	700
100 krabbagildrur ásamt legufærum	400
100 kuðungagildrur ásamt legufærum	400
3. Mannakaup	
Yfirvinna verkefnastjóra/leiðangursst.	400
Yfirvinna 2 aðstoðarmanna í 3 mánuði	700

Laun náttúrufræðings (B.S.) 12 mán.	748
Laun kafara vegna vinnu við sýnatöku 120 tímar	390
4. Ferðakostnaður	
(Hótelgisting, ferðalög m.m.)	200
5. Aðkeypt þjónusta	
(Hönnun og smíði og viðgerð á tækjum	100
6. Ófyrirséð	500
Samtals	12453

Skýringar á kostnaðaráætlun

1. **Skipakostnaður**

Gera má ráð fyrir að hægt væri að fá Mimi eða Dröfn til hluta verkefnisins t.d. til reglubundinnar sýnatöku m.m. Þegar kemur til athugunar á botndýrum á botni þar sem sérstakur búnaður eins og vatnsþrýstiplógs er þörf, verður að falast eftir leiguskipi. Tvö skip í íslenska flotanum eru þannig útbúin en það eru m/s Anna SH 122 frá Stykkishólmi og Villi Magg frá Súgandafirði. Gert er ráð fyrir að leigja þannig útbúið skip í 1 mánuð á ári.

Tæki

Nauðsynlegt er að hafa aðgang að botnsýnataka (Corer) til notkunar á botni þar sem ekki er hægt að koma vatnsþrýstiplóg við. Háskóli Íslands á einn slíkan. Þá þarf að hafa aðgang að eða kaupa sigti og botngreip.

Til að rannsaka dýr sem lifa á botninum er hægt að nota við hörpudisksplóg, gildrur, neðansjávarmydatöku og köfun. Smíða þarf litinn handhægan hörpudisksplóg

sem hægt er að nota á Mími. Þá þarf að kaupa fleiri krabba og kuðungagildrur eða hanna nýjar gerðir. Neðansjávarmyndavél og allan útbúnað tengdan henni þyrfti Hafrannsóknastofnun að eiga eða hafa aðgang að. Tveir aðilar hér á landi hafa yfir að ráða slíkum búnaði og er leiga á honum með manni ca 20.000 kr. á dag.

Í verkefni af þessu tagi er gert ráð fyrir 3-4 vikna notkun á slíkum búnaði á ári. Full þörf er á því að hafa aðgang að fiskabúri (akvarium) þar sem hægt er að hafa lifandi bontdýr til lengri tíma. Hægt er að leigja slík búr tímabundið eða kaupa þau. Yfirleitt er hægt að taka beint upp á myndsegulband frá neðansjávarmyndavélum til sýninga og frekari úrvinnslu. Þess vegna þarf að hafa aðgang að myndsegulbandi hvort sem það væri í eigu Hafrannsóknastofnunar eða í leigu. Flest gögn eru tölvuunnin í dag og sama er gert ráð fyrir í þessu verkefni. Áhersla er lögð á að hafa aðgang að hentugri tölvu og kaup á hugbúnaði sem henta mun verkefninu.

Yfirvinna ýmiskonar fellur til verkefnisstjórnar og vegna vinnu á sjó.

Verkefnið er þess eðlis að notast þarf við köfun í nokkru mæli og er gert ráð fyrir henni í sambandi við reglulegar staðbundnar sýnatökur t.d. 10 tíma einu sinni í mánuði. Þegar skip eins og Mímir er notaður til rannsóknaverkefnis fjarri Reykjavík er brýnt að geta haft aðstöðu í landi til gistingar og fl. tímabundið.

Aðkeypt þjónusta felst aðallega í hönnun og smíði ýmissa tækja sem þarf til könnunarinnar t.d. gildrur og veiðiútbúnað, ásamt viðgerð og breytingum á tækjum. Reikna má með því að úrvinnsla gagna og birting niðurstaðna taki nokkurn tíma sérstaklega af hálfu verkefnastjóra. Þess vegna þarf að ráða starfskraft til frekari aðstoðar við sýnatöku og frekari úrvinnslu gagna.

Þar sem þessi áætlun er fyrst og fremst "rammaáætlun" verður að taka tillit til ýmsra ófyrirséðra liða og kostnaðar þeim samfara. Þar sem ekki var unnt að skipuleggja verkefnið í smáatriðum þá er þessi liður settur til að mæta hugsanlegum kostnaði sem til fellur.

295. Svar [122. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um eflingu Hafrannsóknastofnunar.

Hvað hafa stjórnvöld gert til að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar í samræmi við ályktun Alþingis vorið 1988?

Þegar meta á hvað gert hefur verið til að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar er hægt að skoða og miða við nokkra mælikvarða. Hægt er að athuga hvað framlög samkvæmt fjárlögum hafi hækkað mikið umfram almennar verðlagsbreytingar. Á þessum mælikvarða er einn megingalli. Nokkrar rannsóknir hafa verið fjármagnaðar með öðrum hætti, svo sem hvalarannsóknir með hagnaði af rekstri Hvals hf. og togararall með leigutekjum af rs. Hafþóri. Þegar þessar sérstöku tekjur hurfu, annars vegar vegna þess að hætt var að veiða hvali í vísindaskyni og hins vegar þegar rs. Hafþór var seldur, héldu verkefnin áfram en framlög til þeirra komu á fjárlögum í stað tekna annars staðar frá. Rannsóknarverkefnum stofnunarinnar fjölgaði ekki þó framlög hækkuðu samkvæmt þessum mælikvarða. Annar mælikvarði, sem hægt er að skoða, er hvaða heimildir Hafrannsóknastofnun hefur fengið til að stofna til rekstrarútgjalda í fjárlögum hvers árs. Þessi mælikvarði ætti að gefa vísbendingu um möguleika stofnunarinnar til að auka umfang rannsókna hvort sem er með nýjum rannsóknum eða með því að efla þær rannsóknir sem fyrir eru. Sé þessi mælikvarði skoðaður höfðu heimildir Hafrannsóknastofnunar til að stofna til rekstrargjalda á árinu 1992 hækkað um u.þ.b. 32% umfram verðlagsbreytingar frá árinu 1988, sjá töflu 3. Á sama tíma höfðu framlög á fjárlögum lækkað um tæplega 80%, sjá töflu 2. Munar þar mest um að í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins skili Hafrannsóknastofnun um 525 m.kr. í sértekjum af sölu veiðiheimilda.

Á árunum 1988–1992 hefur starfsemi tölvudeildar Hafrannsóknastofnunar verið efld verulega. Tekin hefur verið í notkun rannsóknastöð í eldi sjávardýra að Stað í Grindavík og starfa nú fimm menn við rannsóknir á eldi sjávardýra á vegum Hafrannsóknastofnunar. Á þessu ári var ráðist í umfangsmiklar fjölstofnarannsóknir sem fram eiga að fara á árunum 1992–1995. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu og skilning á lífríki hafsins. Í verkefni þessu verða rannsökuð fæðutengsl fiskstofna, t.d. þorsks og loðnu, og þau áhrif sem breytingar á stofnstærð af náttúrulegum orsökum sem og vegna veiða hafa á vöxt, viðgang og afrakstursgetu fiskstofnanna. Verkefninu er skipt í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi fæðunám og fæðuvistfræði, í öðru lagi gerð fjölstofnalíkans og í þriðja lagi eru ýmis stoðverkefni sem tengjast fyrsta og öðrum flokki. Í fjárlögum ársins 1992 eru um 63 m.kr. ætlaðar til þessa verkefnis og um 66 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga ársins 1993.

Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir að á vegum Hafrannsóknastofnunar yrði hafist handa við auknar rannsóknir á hrygningu og klaki þorsksins. Var unnt að hrinda verkefninu af stað á yfirstandandi ári með því að Fiskveiðasjóður og hagsmunaaðilar kostuðu hluta verkefnisins. Markmið þessara rannsókna er annars vegar að auka skilning á þeim þáttum sem hafa áhrif á afkomu hrogna og þorsklifra og hins vegar að auka þekkingu á hrygningunni sjálfri. Vegna samdráttar í fiskveiðum og nýrra álaga á sjávarútvegsfyrirtæki er afar ólíklegt að sömu aðilar muni styrkja verkefnið á næsta ári. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1993 er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til þessa verkefnis og var beiðnum um það hafnað. Ekki þarf þó að fara mörgum orðum um þjóðhagslegt mikilvægi þess

að auka vísindalega þekkingu á því hvaða þættir það eru sem áhrif hafa á hvort klak heppnast. Er talið að að baki minnkandi stærðar þorskstofnsins liggi sú ástæða að klak hafi mistekist undanfarin ár þannig að 7–8 síðustu árgangar þorskstofnsins eru langt undir meðaltali. Ráðuneytið hefur af því vissar áhyggjur að verkefnið falli niður á næsta ári.

Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar hafa aukist nokkuð, sjá töflur 4 og 5, mest á árunum 1989 og 1990 er endurbætur stóðu yfir á rannsóknaskipunum Dröfn og Árna Friðrikssyni. Þá er rétt að geta þess að vinnuaðstaða starfsmanna stofnunarinnar að Skúlagötu 4 hefur batnað mjög í kjölfar endurbóta sem gerðar hafa verið eftir að Ríkisútvarpið flutti úr húsinu.

Eins og sést af framansögðu er betur búið að Hafrannsóknastofnun til að stunda þær mikilvægu rannsóknir sem stofnuninni er ætlað að stunda en var fyrir árið 1988.

Framlög til Hafrannsóknastofnunar skv. fjárlögum hvers árs

Tafla 1

m.kr.	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Frv. til fjárlaga 1993
REKSTUR							
Laun	109,9	154,0	180,4	215,9	235,6	277,9	304,6
önnur gjöld	90,9	132,7	149,9	172,2	208,1	249,8	239,7
eignakaup	0,0	0,2	0,3	0,5	0,7	15,5	4,6
tilfærslur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	16,7 *	0,0
Rekstrargjöld alls:	200,8	286,9	330,6	388,6	444,4	559,9	548,9
sértekjur	34,5	45,5	51,8	14,7	21,2	545,5	557,9
Alls til rekstrar	166,3	241,4	278,8	373,9	423,2	14,4	-9,0
VIÐHALD	16,8	20,2	25,7	33,4	27,0	31,2	31,6
STOFNKOSTNAÐUR	14,0	14,3	35,9	48,4	42,5	39,0	39,0
FRAMLAG ALLS:	197,1	275,9	340,4	455,7	492,7	84,6	61,6

* rekstrarsparn.fé

Tafla 2:	*Framlög skv. fjárlögum*						
Framlag skv. fjárlögum	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
á verðlagi ** í jan. 92	376,0	407,4	435,0	516,3	537,7	84,6	61,4
Breyting frá fyrra ári:		8,3%	6,8%	18,7%	4,2%	-84,3%	-27,5%
Borið saman við framlög á fjárlögum '88			6,8%	26,7%	32,0%	-79,2%	-84,9%

Tafla 3:	*Rekstrargjöld*						
Heimildir til að stofna til rekstrargalda skv. fjárlögum	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
á verðlagi ** í jan. 92	383,1	423,6	422,5	440,3	485,0	559,9	536,6
Breyting frá fyrra ári:		10,6%	-0,3%	4,2%	10,2%	15,4%	-4,2%
Borið saman við rekstragjöld 1988			-0,3%	3,9%	14,5%	32,2%	26,7%

Tafla 4:	*Viðhald:*						
Viðhald skv. fjárlögum	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
á verðlagi ** í jan. 92	32,1	29,8	32,8	37,8	29,5	31,2	30,9
Breyting frá fyrra ári:		-6,9%	10,1%	15,2%	-22,1%	5,9%	-1,0%
Borið saman við viðhald 1988			10,1%	26,9%	-1,2%	4,6%	3,6%

Tafla 5	*Stofnkostnaður*						
Stofnkostn. skv. fjárlögum	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
á verðlagi ** í jan. 92	26,7	21,1	45,9	54,8	46,4	39,0	38,1
Breyting frá fyrra ári:		-21,0%	117,3%	19,5%	-15,4%	-15,9%	-2,2%
Borið saman við stofnkostnað árið 1988:			117,3%	159,7%	119,7%	84,7%	80,6%

** m.v. breytingu á lánskjaravísitölu

296. Fyrirspurn [233. mál]

til samgönguráðherra um styrkingu Kolbeinseyjar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórn aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 18. maí sl. um styrkingu Kolbeinseyjar?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að veitt verði nægjanlegt fé á fjárlögum næsta árs til að kosta nauðsynlegar rannsóknir og hefja undirbúning framkvæmda?

297. Fyrirspurn [234. mál]

til sjávarútvegsráðherra og menntamálaráðherra um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu- og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 20. maí sl. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs?
2. Munu ráðherrar beita sér fyrir því að veitt verði nægjanlegt fé á fjárlögum næsta árs til að tryggja þessari ályktun og þeirri stefnumörkun sem í henni felst brautargengi?

298. Fyrirspurn [235. mál]

til félagsmálaráðherra um lögbýli í sveitum.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja rétt eigenda eða ábúenda lögbýla í sveitum til félagslega húsnæðislánakerfisins?

299. Fyrirspurn [236. mál]

til landbúnaðarráðherra um viðskipti Stofnlánadeildar og loðdýrabænda.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hyggst landbúnaðarráðherra beita sér fyrir viðræðum við Stofnlánadeild landbúnaðarins til að móta vinnureglur um skuldaskil loðdýrabænda?
2. Mun landbúnaðarráðherra beita sér fyrir því að Stofnlánadeild landbúnaðarins stöðvi innheimtu hjá loðdýrabændum uns vinnureglurnar liggja fyrir?

300. Svar [166. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um gerðir sem EB hefur samþykkt eftir mitt ár 1991 á sviði EES-samnings.

1. *Hve margar gerðir hefur Evrópubandalagið samþykkt eftir mitt ár 1991 á sviði EES-samnings og hvert er efni þeirra hverrar um sig?*

Undanfarna mánuði hafa sérfræðingar EB og EFTA farið yfir helstu gerðir, sem samþykktar hafa verið innan EB eftir 1. ágúst 1991, til þess að kanna hvort þær hafi áhrif á Evrópska efnahagssvæðið og hvort ástæða sé til þess að fella þær inn í EES-samninginn. Starf sérfræðinganna miðast við það að flýta fyrir því að sameiginlega nefndin geti tekið um það ákvörðun hvaða gerðum skuli bæta inn í viðauka EES-samningsins eftir gildistöku hans. Sú ákvörðun yrði síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar. Það er matsatriði hverju sinni hvort EB-gerð snerti EES-samninginn eða ekki og sjálfstæð ákvörðun hvort fella eigi hana inn í samninginn eða ekki. Samningaviðræður um það munu fara fram í sameiginlegu nefndinni. Það yfirlit, sem hér fylgir yfir væntanlegar viðbætur við EES-samninginn, byggist á fyrstu yfirferð sérfræðinga en engin ákvörðun hefur verið tekin um neina þeirra.

Samtals eru þær gerðir, sem samþykktar hafa verið innan EB frá 1. ágúst 1991 til þessa dags og sérfræðingum sýnist snerta EES-samninginn, um 176 talsins. Í flestum tilfellum er um að ræða tæknilegar breytingar á fyrri textum. Ísland er undanþegið 27 þeirra, þ.e. þeim er varða heilbrigðiseftirlit dýra. Hér á eftir fer skrá yfir þær með tilvísunum og heitum. Ítarlegra yfirlit yfir þær með umsögn sérfræðinga um afleiðingar og mögulegar laga- eða reglugerðarbreytingar vegna verður lagt fyrir Alþingi von bráðar. Það yfirlit verður í sama formi og ritið *Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins* sem gefið var út í október 1990.

2. *Hve margar gerðir eru nú á undirbúningsstigi og um hvað fjalla þær?*

Eðli málsins samkvæmt er erfiðara að gera grein fyrir þeim textum sem enn eru í vinnslu innan EB og enn hafa ekki hlotið endanlega mynd né verið birtir í stjórnartíðindum EB. Hinn eiginlegi samráðsferill milli EB og EFTA um mótun nýrra texta hefst ekki fyrr en samningurinn hefur tekið gildi. Tækifæri hefur þó gefist til þess að ræða við sérfræðinga framkvæmdastjórnar og koma sjónarmiðum EFTA-ríkja á framfæri. Á fundum sérfræðinga hafa verið teknir fyrir tæplega 200 textar en það ræðst ekki fyrr en síðar hversu margir þeirra gætu fallið inn í EES-samninginn.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir þær EB-gerðir sem samþykktar hafa verið innan bandalagsins og taldar eru varða EES-samninginn fyrir vinnuhópa I–IV, þ.e. vinnuhópa um frjálsa vöruflutninga (I), fjármagnsflutninga og þjónustustarfsemi (II), fólksflutninga (III) og samvinnu utan marka fjórþætta frelsisins (IV).

Fylgiskjal.

Vinnuhópur I

LISTI YFIR SAMÞYKKTAR EB-GERÐIR, SEM AÐ MATI SÉRFRÆÐINGA VARÐA EES-SAMNINGINN, Á SVIÐI FRJÁLSRA VÖRUFLUTNINGA

I. VIÐAUKI

HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

I. KAFLI **DÝR**

Gerðir sem vísað er til í þessum kafla gilda ekki á Íslandi, að undanskildum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 91/654/EBE og 92/92/EBE.

391 L 0499 Tilskipun ráðsins 91/499/EBE frá 26. júní 1991 um breytingu á tilskipun 64/432/EBE um greiningu á smitandi fósturláti (brucellosis) og smitandi hvítblæði í nautgripum.
(Stjtíð. EB nr. L 268, 24.9.1991, bls. 107)

391 D 0552 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/552/EBE frá 27. september 1991 um Newcastle-veiki í Danmörku.
(Stjtíð. EB nr. L 298, 29.10.1991, bls. 21)

391 D 0645 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/645/EBE frá 29. nóvember 1991 um breytingu á ákvörðun 90/522/EBE um mörk svæða sem eru sýkt af afríska hrossapest.
(Stjtíð. EB nr. L 349, 18.12.1991, bls. 43)

391 D 0654 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/654/EBE frá 12. desember 1991 um ákveðnar verndaraðgerðir er varða skeldýr og krabbadýr frá Breska konungsríkinu.
(Stjtíð. EB nr. L 350, 19.12.1991, bls. 59)

391 D 0664 Ákvörðun ráðsins 91/664/EBE frá 11. desember 1991 um tilnefningu tilvísunarrannsóknastofu fyrir efnaleifaprófanir á ákveðnum efnum.
(Stjtíð. EB nr. L 368, 31.12.1991, bls. 17)

391 D 0665 Ákvörðun ráðsins 91/665/EBE frá 11. desember 1991 um tilnefningu og starfsemi samræmingarstofnunar bandalagsins fyrir bólusetningar við gin- og klaufaveiki.
(Stjtíð. EB nr. L 368, 31.12.1991, bls. 19)

391 D 0666 Ákvörðun ráðsins 91/666/EBE frá 11. desember 1991 um varabirgðir af bóluefni við gin- og klaufaveiki.
(Stjtíð. EB nr. L 368, 31.12.1991, bls. 21)

391 D 0684 Tilskipun ráðsins 91/666/EBE frá 19. desember 1991 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/437/EBE um hreinlætis- og heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu eggjafurða.
(Stjtíð. EB nr. L 376, 31.12.1991, bls. 38)

391 L 0685 Tilskipun ráðsins 91/685/EBE frá 11. desember 1991 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/217/EBE um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með svínapest.
(Stjtíð. EB nr. L 377, 31.12.1991, bls. 1)

391 L 0687 Tilskipun ráðsins 91/687/EBE frá 11. desember 1991 um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE, 72/461/EBE um ákveðnar ráðstafanir í sambandi við svínapest.
(Stjtíð. EB nr. 377, 31.12.1991, bls.16)

392 L 0005 Tilskipun ráðsins 92/5/EBE frá 10. febrúar 1992 um breytingu og leiðréttingu á tilskipun 77/99/EBE um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins og breytingu á tilskipun 64/433/EBE.
(Stjtíð. EB nr. L 57, 2.3. 1991, bls. 1)

392 L 0035 Tilskipun ráðsins 92/35/EBE frá 29. apríl 1992 um eftirlitsreglur og aðgerðir gegn afríska hrossapest.
(Stjtíð. EB nr. L 157, 10.6.1991, bls. 19)

392 L 0036 Tilskipun ráðsins 92/36/EBE frá 29. apríl 1992 um breytingu, varðandi afríska hrossapest, á tilskipun 90/426/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum.
(Stjtíð. EB nr. 157, 10.6.1992, bls. 28)

392 L 0040 Tilskipun ráðsins 92/40/EBE frá 19. maí 1992 um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með fuglaflensu.
(Stjtíð. EB nr. L 167, 22.6.1992, bls. 1)

392 D 0092 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/92/EBE frá 9. janúar um kröfur í sambandi við búnað og afhendingar- og hreinsunarstöðvar fyrir lifandi skeldýr (tvískeljunga), sem hægt er að veita undanþágur frá.
(Stjtíð. EB nr. L 34, 11.2.1992, bls. 34)

392 D 0098 Ákvörðun ráðsins 92/98/EBE frá 10. febrúar 1992 um breytingu á 90/218/EBE um markaðssetningu og notkun Bovine Somatrophin (vaxtarhvetjandi) hormónagjafar.
(Stjtíð. EB nr. L 39, 15.2.1992, bls. 41)

392 D 0101 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/101/EBE frá 28. janúar 1992 um það hvenær ársins Spánn má senda ákveðin hófdýr frá svæðum sem eru sýkt af afríska hrossapest.
(Stjtíð. EB nr. L 39, 15.2.1992, bls 46)

392 D 0103 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/103/EBE frá 31. janúar 1992 um þriðju breytingu á ákvörðun 80/775/EBE um aðferðir við eftirlit til að halda nautgripum í ákveðnum héruðum Sambandslýðveldisins Þýskalands opinberlega ósýktum af brucellosis.
(Stjtíð. EB nr. L 39, 15.2.1992, bls. 48)

392 D 0130 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/130/EBE frá 13. febrúar 1992 um breytingu á viðaukum B og C við tilskipun ráðsins 90/426/EBE.
(Stjtíð. EB nr. L 47, 22.2.1992, bls. 26)

392 D 0139 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/139/EBE frá 12. febrúar 1992 um að samþykkja áætlun frá Danmörku um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.
(Stjtíð. EB nr. L 58, 3.3. 1992, bls. 27)

392 D 0140 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/140/EBE frá 12. febrúar 1992 um að samþykkja áætlun frá Írlandi um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.
(Stjtíð. EB nr. L 58, 3.3.1992, bls. 28)

392 D 0141 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/141/EBE frá 17. febrúar 1992 um að samþykkja áætlun frá Frakklandi um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.

392 D 0188 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/188/EBE frá 10. mars 1992 um ákveðnar verndaraðgerðir gegn bláeyra í svínum (PRRS)
(Stíð. EB nr. L 58, 3.3.1992, bls. 22)

392 D 0189 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/189/EBE frá 13. mars 1992 um breytingu á tilskipun 80/379/EBE um stimpil heilbrigðiseftirlits á stórum pökkum af nýju alifuglakjöti.
(Stjtíð. EB nr. L 58, 3.3. 1992, bls. 25)

392 D 0216 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE frá 26. mars 1992 um að safna upplýsingum er varða keppni hófdýra eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/428/EBE.
(Stjtíð. EB nr. L 104, 22.4.1992, bls. 77)

392 D 0281 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/281/EBE frá 8. maí 1992 um að samþykkja áætlun frá Breska konungsríkinu um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.
(Stjtíð. EB nr. L 150, 2.6.1992, bls. 23)

392 D 0282 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/282/EBE frá 8. maí 1992 um að samþykkja áætlun frá Portúgal um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.
(Stjtíð. EB nr. L 150, 2.6.1992, bls. 24)

392 D 0283 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/283/EBE frá 8. maí 1992 um að samþykkja áætlun frá Hollandi um viðurkenningu á stofnunum fyrir viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.
(Stjtíð. EB nr. L 150, 2.6.1992, bls. 25)

392 D 290 Ákvörun framkvæmdastjórnarinnar 92/290/EBE frá 14. maí 1992 um ákveðnar verndaragðerðir gegn nautariðu í Breska konungsríkinu að því er varðar fóstur nautgripa.
(Stjtíð. EB nr. L 152, 4.6.1992, bls. 37)

II. KAFLI **FÓÐUR**

392 D 300 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/300/EBE frá 22. maí 1992 um hreinlæti í sambandi við plöntuafurðir.
(Stjtíð. EB nr. 162, 16.5.1992)

III. KAFLI **PLÖNTUR**

FRÆ

391 L 0682 Tilskipun ráðsins 91/682/EBE frá 19. desember 1991 um markaðssetningu skrautjurta og fjölgunarefna fyrir skrautjurtir.
(Stjtíð. EB nr. L 376, 31.12.1991, bls. 21)

391 D 0525 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/525/EBE frá 25. september 1991 um að heimila Lýðveldinu Frakklandi að leyfa bráðabirgðamarkaðssetningu á alsikusmárafæjum er standast ekki kröfur tilskipunar 66/401/EBE.
(Stjtíð. EB nr. L 283, 11.10.1991, bls. 23)

392 D 0052 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/52/EBE frá 19. desember 1991 um að heimila Konungsríkinu Spáni að leyfa bráðabirgðamarkaðssetningu á harðhveitifræjum er fullnægja ekki kröfum tilskipunar 66/402/EBE
(Stjtíð. EB nr. L 21, 30.1.1992, bls. 32)

392 D 0119 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/119/EBE frá 3. febrúar 1992 um að framlengja í Þýskalandi tímabili sem afbrigði vallarrýgresis má vera háð markaðshöftum.
(Stjtíð. EB nr. L 44, 20.2.1992, bls. 41)

II. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR REGLUGERÐRI, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN

I. KAFLI VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

391 L 0422 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. júlí 1991 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 71/320/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemla á vissum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvögnum fyrir þau.

391 L 0662 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. desember 1991 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 74/297/EBE með tilliti til eiginleika stýrisbúnaðar við árekstur.

390 L 0629 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 1990 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 76/115/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum.

391 L 0663 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. desember 1991 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 76/756/EBE um ljósabúnað og stillingu á ljósum vélknúinna ökutækja og eftirvagna fyrir þau.

390 L 0630 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 1990 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 77/649/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi útsýni ökumanns vélknúins ökutækis.

391 L 0542 Tilskipun ráðsins frá 1. október 1992 sem aðlagar að tækniframförum tilskipun ráðsins 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla sem gerðir eru til að nota í ökutæki.

391 L 0226 Tilskipun ráðsins 91/226/EBE frá 27. mars 1991 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hjól- og aurhlífar á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra.
(Stjtíð. EB nr. L 103, 23.4.1991, bls. 5)

392 L 0021 Tilskipun ráðsisn 92/21/EBE frá 31. mars 1992 um þyngd og stærð vélknúinna ökutækja í flokki M1.
(Stjtíð. EB nr. L 129, 14.5.1992)

392 L 0022 Tilskipun ráðsins 92/22/EBE frá 31. mars 1992 um öryggisrúður og efni í öryggisrúður vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra.
(Stjtíð. EB nr. L 129, 14.5.1992)

392 L 0023 Tilskipun ráðsins 92/23/EBE frá 31. mars 1992 um hjólbarða fyrir vélknúin ökutæki og ísetningu þeirra.
(Stjtíð. EB nr. L 129, 14.5.1992)

392 L 0024 Tilskipun ráðsins 92/24/EBE frá 31. mars 1992 um hraðatakmörkunarbúnað eða svipuð kerfi fyrir hraðatakmörkun í vissum tegundum vélknúinna ökutækja.
(Stjtíð. EB nr. L 129, 14.5.1992)

392 L 0053 Tilskipun ráðsins 92/53/EBE um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í heild hvað varðar vélknúin ökutæki (önnur en tví- og þríhjóla)
(Stjtíð. EB nr. L 225, 10.8.1992)

392 L 0061 Tilskipun ráðsins 92/61/EBE um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í heild hvað varðar tví- og þríhjóla vélknúin ökutæki
(Stjtíð. EB nr. L 225, 10.8.1992)

392 L 0062 Tilskipun ráðsins 92/62/EBE frá 2. júlí 1992 um aðlögun að tækniframförum í tilskipun ráðsins 70/311/EBE frá 8. júní 1970 um stýrisbúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra.
(Stjtíð. EB nr. L 199, 18.7.1992)

X.KAFLI **RAFMAGNSVÖRUR**

392 L 0031 Tilskipun ráðsins 92/31/EBE frá 28. apríl 1992 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/336/EBE um samræminug laga aðildarríkjanna um rafsegulsviðssamhæfi.
(Stjtíð. EB nr. L 126, 12.5.1992)

XII. KAFLI **MATVÆLI**

392 L 0004 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/4/EBE frá 10. febrúar 1992 um breytingu á tilskipun ráðsins 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum.
(Stjtíð. EB nr. L 55, 29.2.1992, bls. 96)

391 L 0321 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.
(Stjtíð. EB nr. L 175, 4.7.1991, bls. 35)

392 L 0001 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/1/EBE frá 13. janúar 1992 um eftirlit með hitastigi við flutninga, í vöruhúsum og við geymslu hraðfrystra matvæla til manneldis.
(Stjtíð. EB nr. L 34, 11.2.1992. bls. 28)

392 L 0002 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/2/EBE frá 13. janúar 1992 um aðferðir við sýnatöku og greiningu fyrir opinbert eftirlit með hitastigi hraðfyrstra matvæla til manneldis.
(stjtíð. EB nr. L 34, 11.2.1992, bls. 30)

392 L 0011 Tilskipun ráðsins 92/11/EBE frá 3. mars 1992 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/396/EBE um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla.
(Stjtíð. EB nr. L 65, 11.3.1992)

392 L 0015 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/15/EBE frá 11. mars 1992 um breytingu á tilskipun ráðsins 83/229/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem gerðir eru úr filmum af endurunnum sellulósa og er ætlað að komast í snertingu við matvæli.
(Stjtíð. EB nr. L 102, 16.4.1992)

392 L 0039 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/39/EBE frá 14. maí 1992 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.
(Stjtíð. EB nr. L 168, 23.5.1992)

C/270/91/bls.2 Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um söluheiti matvæla
(Stjtíð. EB nr. C 270, 15.10.1991)

392 R 2081 Reglugerð ráðsins nr. 2081/92/EBE frá 14. júlí 1992 um verndun landfræðilegra tilvísana til og tilgreiningar á uppruna landbúnaðarafurða og matvæla.
(Stjtíð. Eb nr. L 208, 24.7.1992)

392 R 2082 Reglugerð ráðsins nr. 2082/92/EBE frá 14. júlí 1992 um vottorð um vissa eiginleika landbúnaðarafurða og matvæla.
(Stjtíð. EB nr. L 208, 24.7.1992)

391 R 2092 Reglugerð ráðsins nr. 9092/91/EBE frá 27. júní 1992 um lífræna ræktun í landbúnaði og tilvísanir þar að lútandi um landbúnaðarafurðir og matvæli.
(Stjtíð. EB nr. L 198, 22.7.1991)

392 R 0094 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 94/92/EBE frá 14. janúar 1992 um ítarlegar framkvæmdarreglur um innflutningskerfi er varða lönd utan bandalagsins og kveðið er á um í reglugerð 2092/81/EBE.
(Stjtíð. EB nr. L 11, 17.1.1992)

392 R 1535 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1535/92/EBE frá 15. júní 1992 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins nr. 2092/91/EBE um lífræna ræktun í landbúnaði og tilvísanir þar að lútandi um landbúnaðarafurðir og matvæli.
(Stjtíð. EB nr. L 162, 16.6.1992)

392 R 2083 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2083/92 frá 14. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) 2092/91 um lífræna ræktun í landbúnaðai og tilvísanir þar að lútandi um landbúanaðrafurðir og matvæli.
(Stjtíð. EB nr. L 208, 24.7.1992)

392 R 0762 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) 762/92 frá 27. mars 1992 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.
(Stjtíð. EB nr. L 83, 28.3.1992)

... Tilskipun ráðsins frá 22. september 1992 um aðstoð við framkvæmdastjórnina og samvinnu við aðildarríkin í vísindalegum athugunum á úrlausnarefnum er tengjast matvælum.
(hefur enn ekki verið birt)

... Reglugerð ráðsins frá 22. september 1992 um reglur um aðskotaefni í matvælum.
(hefur enn ekki verið birt)

XIII KAFLI LYF

391 L 0507 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/507/EBE frá 19. júlí 1991 um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingu fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klíniskar prófanir á sérlyfjum.
(Stjtíð. EB nr. L 270, 26.9.1991, bls. 32)

391 L 0412 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/412/EBE frá 23. júlí 1991 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarrelgur um góða framleiðsluhætti dýralyfja.
(Stjtíð. EB nr. L 288, 17.8.1991, bls. 70)

392 L 0018 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/18/EBE frá 20. mars 1992 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 81/852/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klíniskar prófanir á dýralyfjum.
(Stjtíð. EB nr. L 97, 10.4.1992)

392 L 0025 Tilskipun ráðsins 92/25/EBE frá 31. mars 1992 um heildsöludreifingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
(Stjtíð. EB nr. L 113, 30.4.1992)

392 L 0026 Tilskipun ráðsins 92/26/EBE frá 31. mars 1992 um flokkun fyrir afhendingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
(Stjtíð. EB nr. L 113, 30.4.1992)

392 L 0027 Tilskipun ráðsins 92/27/EBE frá 31. mars 1992 um merkingar lyfja sem ætluð eru mönnum og bæklinga sem fylgja lyfjaumbúðum.
(Stjtíð. EB nr. L 113, 30.4.1992)

392 L 0028 Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
(Stjtíð. EB nr. L 113, 30.4.1992)

... Tilskipun ráðsins frá 22. september 1992 um að víka út gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um lyf og hómópatalyf.
(hefur enn ekki verið birt)

... Tilskipun ráðsins frá 22. september 1992 um útvíkkun á gildissviði tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um dýralyf.
(hefur enn ekki verið birt)

XV. KAFLI HÆTTULEG EFNI

391 L 0410 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/410/EBE frá 22. júlí 1991 um fjórtándu breytingu á tilskipun ráðsins nr. 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
(Stjtíð. EB nr. L 228, 17.8.1991, bls. 67).

391 L 0632 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/632/EBE frá 28. október 1991 um fimmtándu breytingu á tilskipun ráðsins nr. 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
(Stjtíð. EB nr. L 338, 10.12.1991, bls. 23).

391 L 0659 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/659/EBE frá 3. desember 1991 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun skaðlegra efna og efnablandna
(Stjtíð. EB nr. L 363, 31.12.1991, bls. 36).

391 L 0442 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/442/EBE frá 23. júlí 1991 um hættulegar efnablöndur og nauðsyn þess að setja barnafestingar á umbúðir þeirra.
(Stjtíð. EB nr. L 238, 27.8.1991, bls. 25)

390 L 0335 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/335/EBE frá 7. júní 1990 um fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins nr. 79/117/EBE um bann við sölu og

notkun plöntulyfja sem innihalda tiltekin virk efni.
(Stjtíð. EB nr. L 162, 28.6.1990, bls. 37).

92/C 91/01 Önnur birting Elincs (Evrópulisti yfir efni sem tilkynnt hefur verið um) -

(Stjtíð. EB nr. C91, 10.04.1992)

391 L 0414 Tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu varnarefna fyrir plöntur.
(Stjtíð. EB nr. L 230, 19.8.1991)

392 L 0032 Tilskipun ráðsins 92/32 frá 30. apríl 1992 um sjöundu breytingu á tilskipun ráðsins 67/584/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
(Stjtíð. EB nr. L 154, 5.6.1992)

392 L 0037 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/37/EBE frá 30. apríl 1992 um sextándu aðlögun að tækniframförum í tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
(Stjtíð. EB nr. L 154, 5.6.1992)

392 X 0214 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 1992 um upplýsingar sem einstaklingi, sem ber ábyrgð á markaðssetningu hættulegra efnablandna samtímis því að farið er að ákvæðum um leynd efnaheita, ber skylda til að láta í té.
(Stjtíð. EB nr. L 102, 16.4.1992)

XVI. KAFLI **SNYRTIVÖRUR**

392 L 0008 Fjórtánda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/8/EBE frá 18. febrúar 1992 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur.
(Stjtíð. EB nr. L 70, 17.03.1992, bls. 23)

XIX. KAFLI **ALMENN ÁKVÆÐI Á SVIÐI TÆKNILEGRA VIÐSKIPTAHINDRANA**

392 D 0400 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/400 frá 15. júlí 1992 um breytingu á lista yfir staðlastofnanir í viðauka við tilskipun ráðsins 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 221, 6.8.1992)
(Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12.1990)

XX. KAFLI **ALMENNT**

390 D 0651 Ákvörðun ráðsins frá 4. desember 1990 um nauðsynlegar aðlaganir vegna samlögunar í Þýskalandi að kerfi innan bandalagsins fyrir skjót skipti á upplýsingum um hættu sem stafar af notkun neysluvara.
(Stjtíð. EB nr. L 33, 17.12.1990)

392 D 0059 Tilskipun ráðsins 92/59/EBE um almennar öryggisreglur um framleiðsluvörur.
(Stjtíð. EB nr. L 228, 11.8.1992, bls. 24)

92/C 173/01 Ályktun ráðsins frá 18. júní 1992 um gagnsemi Evrópustaðla fyrir evrópskt efnahagslíf.
(Stjtíð. EB nr. C 173, 9.7.1992)

XXV. KAFLI **MERKINGAR Á TÓBAKSVÖRUM**

392 L 0041 Tilskipun ráðsins 92/41/EBE frá 15. maí 1992 um breytingu á tilskipun 89/622/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum.

XXVII. KAFLI **ÁFENGIR DRYKKIR**

392 R 2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2009/92 frá 20. júlí 1992 sem ákvarðar greiningaraðferðir bandalagsins er varða etanól upprunnu úr landbúnaði sem notað er við gerð áfengra drykkja, kryddvína, drykkja blandaða með kryddvínum og hanastél blandað með kryddvínum.
(Stjtíð. EB nr. L 202, 11.7.1992, bls. 10)

392 R 1238 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1238/92 frá 8. maí 1992 sem ákvarðar aðferðir bandalagsins í víngeiranum við geiningu á „neutral alcohol".

392 R 3664 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91 frá 16. desember 1991 um bráðabirgðaráðstafanir er varða kryddvín drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum.
(Stjtíð. EB nr. L 17.12.1991, bls. 53)

392 R 0351 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 351/92 frá 13. febrúar 1992, um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir er varða kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastéla blönduð með kryddvínum.
(Stjtíð. EB nr. L 37, 14.2.1992, bls. 9)

392 R 1914 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1914/92 frá 10. júlí 1992 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir

er varða kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum.
(Stjtíð. EB nr. L 192, 11.7.1992, bls. 9)

IV. VIÐAUKI

ORKA

392 D 0059 Tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um virknikröfur um nýja vatnshitunargeyma sem kynntir eru með fljótandi eða loftkendu eldsneyti.
(Stjtíð. EB nr. L 167, 22.6.1992)

XIV. VIÐAUKI

SAMKEPPNI

391 L 3654 Ákvörðun nr. 3654/91 KSE frá 13. desember 1991 um breytingu á ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 24/67 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi.
(Stjtíð. EB nr. L 348,17.12.1991, bls. 12)".

91/C 329/06 Útskýring á starfsemi millilíða hvað varðar vélknúin ökutæki (Stjtíð. EB nr. C329, 18.12.1991, bls. 20)".

92/C 121/02 Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á auglýsingu um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans hvað varðar flokka einkadreifingar og samninga um einkakaup
(Stjtíð. EB nr. C 121, 13.5.1992)

392 R 2410 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð nr. 3975/87 varðandi beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum í loftferðaflutningum.

XV. VIÐAUKI

RÍKISAÐSTOÐ

STÁLIÐNAÐUR

391 L 3855 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE frá 27. nóvember

1991 um bandalagsreglur um aðstoð við stáliðnaðinn.
(Stjtíð. EB nr. L 362, 31.12.1991, bls. 57)"

C/273/91/bls. 2 Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna um beitingu 92. og 93. gr. Rómarsáttmálans og 5. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE að því er varðar opinber framleiðslufyrirtæki. (Stjtíð. EB nr. C 273, 18.10.1991, bls. 2)".

392 S 411 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/411 frá 31. júlí 1992 um aðstoð ríkisstjórna Danmerkur og Hollands við stálfyrirtæki (Stjtíð. EB nr. L 223, 8.8.1992, bls. 28)

C/114/92/bls. 4 Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 3. mgr. 92. gr. (C) að því er varðar ákveðin svæði. Árleg leiðrétting viðmiðunarmarka. (Stjtíð. EB nr. C 114, 5.5.1992, bls. 4.)

C/179/92/bls. 3 Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um útvíkkun á reglum er takmarka aðstoð við gerviefnaiðnaðinn.
(Stjtíð. EB nr. C 179, 16.7.1992, bls. 3)

C/92/213/02 Viðmiðunarreglur bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) sem framkvæmdastjórnin samþykkti 20. maí 1992.
(Stjtíð. EB nr. C 213, 19.8.1992)

C/213/92/bls 10 Orðsending til aðildarríkjanna um að flýta afgreiðslu aðstoðaráætlana fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) og um breytingu á fyrirliggjandi áætlunum.
(Stjtíð. EB nr. C 213, 19.8.1992, bls. 10)

XVI. VIÐAUKI

OPINBER INNKAUP

392 L 0013 Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um beitingu reglna um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum .
(Stjtíð. EB nr. L 76, 23.3.1992, bls. 14)

391 X 0561 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 91/561/EBE frá 24. október 1991 um stöðlun auglýsinga um opinbera samninga (Stjtíð EB nr. L 305, 6.11.1991, bls. 19 og Stjtíð. EB nr. S 217 A-N frá 16. nóvember 1991)".

392 D 0050 Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup COM (91) 322 endanleg gerð - SYN 293, 30. ágúst 1991, Stjtíð. EB C 23/91 og 250/91, eins og henni var breytt í samþykktu útgáfunni frá 18. júní 1992.
(Stjtíð. EB nr. L 209/92, 24.7.1992, bls. 1.)

... Orðsending framkvæmdastjórnarinnar SEC (92) 722 endanleg gerð frá 1. júní 1992 um þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) í opinberum innkaupum í bandalaginu.

XVII. VIÐAUKI

HUGVERKARÉTTINDI

392 R 1768 Reglugerð ráðsins 1768/92/EBE frá 18. júní 1992 um viðbótarvottor um lyfjavernd.
(Stjtíð. EB nr. L 182, 2.7.1992)

BÓKUN 47

UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN.

91/3898/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3898/91 frá 16. desember 1991 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 358/79 um freyðivín sem framleidd eru innan bandalagsins.

92/1759/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1759/92 frá 30. júní 1992 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 358/79 varðandi freyðivín framleidd innan bandalagsins eins og skilgreint er í lið 15 í viðauka I við reglugerð (EBE) nr. 4252/88 frá 21. desember 1988 um gerð og markaðssetningu líkjöra sem framleiddir eru innan bandalagsins.

91/3899/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3899/91 frá 16. desember 1991 sem breytir í sjötta skipti reglugerð (EBE) nr. 3309/85 varðandi almennar reglur sem gilda um lýsingu og kynningu freyðivína.

91/3895/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3895 frá 11. desember 1991 um reglur um lýsingu og kynningu á sérstökum vínum.

92/1756/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1756/92 frá 30. júní 1992 sem breytir reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega stjórnun á markaðssetningu vína.

91/3896/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3896/91 frá 16. desember 1991 um þriðju breytingu á reglugerð (EBE) nr. 823/87 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum.

91/3901/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 3901/91 frá 18. desember 1991 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á sérstökum vínum.

91/2356/EEC Reglugerð ráðsins sem breytir í annað skiptið reglugerð 2392/89 um

almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og þrúguvínum.

91/3897/EEC Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3897/91 frá 16. desember 1991 sem breytir í þriðja skipti reglugerð (EBE) nr. 2392/89 varðandi almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínum og þrúguvínum.

92/2645/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2654/92 frá 11. september sem breytir reglugerð (EBE) nr. 2676/90 sem ákvarðar aðferðir við greiningu á vínum.

392 R 0153 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 153/92 frá 23. janúar 1992 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínum og þrúgulegi.

91/3298/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem breytir reglugerð 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínum og þrúgulegi.

90/3827/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 3827/90 frá 19. desember 1990 um bráðabirgða fyrirkomulag er varðar lýsingu sérstakra gæða vína sem framleidd eru á tilgreindum svæðum, eins og breytt var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 816/91 frá 2. apríl 1991, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2271/91 frá 7. nóvember 1991 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 3245/91 frá 7. nóvember 1991.

390 R 2776 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2776/90 frá 27. september 1990 um bráðabirgða ráðstafanir sem beita má í víngeiranum eftir sameiningu Þýskalands á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins.

91/2384/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tímabundnar ráðstafanir sem beita má í vínræktargeiranum í Portúgal vínræktarárið 1991 til 1992.

91/3223/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3223/91 frá 5. nóvember 1991 sem heimilar Sameinaða konungsríkinu Stóra Bretlandi og N-Írlandi að auka styrkleika nokkurra borðvína að uppfylltum vissum skilyrðum.

92/506/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tímabundnar ráðstafanir varðandi heildar sýruinnihald vína sem framleidd eru á Spáni og dreift þar á árinu 1992.

92/761/EEC Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um tímabundnar ráðstafanir varðandi blöndun borðvína á Spáni á árinu 1992.

92/2332/EEC Reglugerð ráðsins um freyðivín framleidd í bandalaginu

92/2333/EEC Reglugerð ráðsins nr. 2333/92 frá 13. júlí 1992 sem gefur fyrirmæli um reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og kolsýrumettuðum freyðivínum.

92/1238/EEC	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1238/92 frá 8. maí 1992 sem ákvarðar aðferðir Bandalagsins á vínsviðinu við greiningu í víngeiranum.

LISTI YFIR SAMÞYKKTAR EB-GERÐIR, SEM AÐ MATI SÉRFRÆÐINGA VARÐA EES-SAMNINGINN, Á SVIÐI FRJÁLSRA ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FJÁRMAGNSFLUTNINGA

IX. VIÐAUKI

FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

BANKAR

392 L 0030 Tilskipun ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.
(Stjtíð. EB nr. L 110, 28.4.1992, bls. 7)

TRYGGINGAR

392 L 0049 Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18 júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, og breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE.

391 L 0675 Tilskipun ráðsins nr. 91/675/EBE frá 19. desember 1991 um skipun vátryggingarnefndar.
(Stjtíð. EB nr. L 374, 31.12.1991, bls. 32)

X. VIÐAUKI

NÝSITÆKNIÞJÓNUSTA

392 L 0038 Tilskipun ráðsins 92/38/EBE frá 19. desember 1991 um samþykki staðla er varða gervihnattasendingar fyrir sjónvarp.
(Stjtíð. EB nr. L 137, 20.5.12.1992, bls. 17)

FJARSKIPTAÞJÓNUSTA

392 L 0264 Tilskipun ráðsins 92/264 um stöðlun forvals í símhringingum milli landa innan bandalagsins.
(Stjtíð. EB nr. L 137, 20.5.1992, bls. 21)

392 L 0044 Tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 19. desember 1991 um beitingu ákvæðs

um aðgang að símakerfum með leigulínum.
(Stjtíð. EB nr. L 165, 19.6.1992, bls. 27)

XIII. VIÐAUKI

FLUTNINGASTARFSEMI

FLUTNINGAR Á LANDI

ALMENN MÁLEFNI

391 R 3356 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91 frá 7. nóvember 1991 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4060/89 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum.

392 Y 0407(01) Ályktun ráðsins frá 26. mars 1992 um útvíkkun eftirlitskerfis fyrir vöruflutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.
(Stjtíð. EB nr. C 86, 7.4.1992, bls. 4)

FLUTNINGAR Á VEGUM

TÆKNILEG SAMHÆFNI OG ÖRYGGI

Tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 77/143/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau (vélarútblástur)
(Stjtíð. EB L 225, 10.3.1992, bls. 68)

Samþykkt í júní 1992 en hefur enn ekki verið birt

Tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 77/143/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau (bremsubúnaður)
(Stjtíð. EB L 225, 10.8.1992, bls. 63)

MARKAÐSAÐGANGUR (VÖRUR)

392 R 0881 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um markaðsaðgang að vöruflutningum á vegum í Evrópubandalaginu yfir landamæri aðildarríkis eða yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.
(Stjtíð. EB nr. L 95, 9.4.1992, bls. 1)

MARKAÐSAÐGANGUR (FARÞEGAR)

392 R 2454 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 um skilyrði fyrir því að erlendir flutningsaðilar megi stunda farþegaflutnnga á vegum innan aðildarríks.
(Sjá OJ L 251, 29.8.1992, bls. 1)

392 R 1839 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur varðandi beitingu reglugerðar ráðsins nr. 684/92 varðandi pappíra fyrir alþjólega farþegaflutninga.
(Stjtíð. EB nr. L 187, 7.7.1992, bls. 5)

FLUTNINGAR Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM

MARKAÐSAÐGANGUR

391 L 0672 Tilskipun ráðsins 91/672/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum innlendra bátaskipstjóra fyrir vöru- og farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum innanlands.
(Stjtíð. EB nr. L 373, 31.12.1991, bls. 29)

FLUTNINGAR Á SJÓ

392 D 0143 Ákvörðun ráðsins 92/143 frá 25. febrúar 1992 um radíó- leiðsögukerfi fyrir Evrópu.
(Stjtíð. EB nr. L 59, 4.3. 1992, bls. 17)

ALMENNT FLUG

MARKAÐSAÐGANGUR

392 R 2408 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang flugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins
(Stjtíð.EB nr. C 258, 4.10.1991, bls. 10)

FARGJÖLD

392 R 2400 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2400/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og flutningsgjöld í flugi.
(Stjtíð EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 1)

TÆKNILEG SAMHÆFING OG ÖRYGGI

392 R 2407 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um leyfi flugfélaga.
(Stjtíð. EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 1)

LISTI YFIR SAMÞYKKTAR EB-GERÐIR, SEM AÐ MATI SÉRFRÆÐINGA VARÐA EES-SAMNINGINN, Á SVIÐ FRJÁSRA FÓLKSFLUTNINGA

VI. VIÐAUKI

2434/92/EEC Reglugerð ráðsins frá 27. júlí 1992 sem er breyting á öðrum hluta reglugerðar ráðsins nr. 1612/68 um frjálsa flutninga launþega innan Evrópubandalagsins sbr. breyting 312/76/EEC.

FÉLAGSLEGT ÖRYGGI

392 R 1247 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1247/92/EBE um breytingu á reglugerð (EBE) 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.
(Stjtíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 1) um bætur án iðgjalda)

392 R 1248 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1249/92/EBE um breytingu á reglugerð (EBE) 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 136, 19.5.1992, bls. 289)
(Um bráðabirgðaákvæði og skörun fjölskyldubóta og -greiðslna)

VII. VIÐAUKI

GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI

392 R 0051 Tilskipun ráðsins 92/51/EBE um nýtt almennt kerfi til viðurkenningar á sérfræðimenntun og starfsþjálfun sem er viðbót við tilskipun 89/48.
(Stjtíð. EB nr. L 209, 24.7.1992, bls. 25)

LISTI YFIR SAMÞYKKTAR EB-GERÐIR, SEM AÐ MATI SÉRFRÆÐINGA VARÐA EES-SAMNINGINN, Á SVIÐI JAÐARMÁLA OG TENGD MÁL

XVIII. VIÐAUKI

ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Á VINNUSTÖÐUM, VINNURÉTTUR OG JAFNRÉTTI KYNJANNA

ÖRYGGI OG HOLLUSTTHÆTTIR Á VINNUSTÖÐUM

392 L 0029 Tilskipun ráðsins 92/29/EBE frá 31. mars 1992 um lágmarksröfur varðandi öryggi og hollustu til að bæta sjúkrahjálp um borð í skipum. (Stjtíð. EB nr. L 113, 30.4.1992, bls. 19)

392 L 0057 Tilskipun ráðsins 92/57/EBE frá 24. júní um lágmarkskröfur varðanadi öryggi og hollustuhætti, á skammtíma- eða færanlegum byggingavinnustöðum.
(Stjtíð. EB nr. L 245, 26.8.1992, bls. 6)

392 L 0058 Tilskipun ráðsins 92/58/EBE frá 24. júní 1992 um lágmarkskröfur varðandi öryggi- og/eða hollustuháttamerki á vinnustöðum
(Stjtíð. EB nr. L 245, 26.8.1992, bls. 23)

... Tilskipun ráðsins um að hvetja til aukinna umbóta á öryggi og hollustu fyrir barnshafandi verkakonur, sem nýlega hafa alið barn og konur með börn á brjósti. (Hefur enn ekki verið birt).

VINNURÉTTUR

391 L 0533 Tilskipun ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu atvinnurekanda til að upplýsa starfsmann um starfskjör sem hægt er að nota í ráðningarsamning eða um ráðningarsamband.
(Stjtíð. EB nr. L 288, 18.10.1991, bls. 32)

392 L ... Tilskipun ráðsins frá 24. júní 1992 sem breytir tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir (92/56/EEC).

XIX. VIÐAUKI

NEYTENDAVERND

392 X 0295 Tilmæli framkvæmdastjórnar nr. 92/295/EBE frá 7. apríl um leiðbeinandi reglur til verndar neytendum varðandi fjarsölu.

XX. VIÐAUKI

UMHVERFISMÁL

I. KAFLI **ALMENNT**

391 L 0069 Tilskipun ráðsins nr. 91/69/EBE um samræmingu og hagræðingu í skýrslugerð um framkkvæmd tiltekinna tilskipana á sviði umhverfismála. (Stjtíð. EB nr. L 377, 31.12.1991)

392 Y 0880 Ályktun ráðsins nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um umhverfismerki EB.

II. KAFLI **VATN**

392 L 0676 Tilskipun 91/676/EBE um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrats frá landbúnaði.
(Stjtíð. EB nr. L 375, 31.12.1991, bls. 1)

392 D 0446 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 92/446/EBE frá 27. júlí 1992 varðandi spurninga lista vegna tilskipanna sem fjalla um vatn.

III. KAFLI **LOFT**

Tilskipun ráðsins nr. 92/72/EBE frá 21. september um loftmengun vegna ósons.

IV. KAFLI **EFNI, ÁHÆTTA Í IÐNAÐI OG LÍFTÆKNI**

91/596/EEC Ákvörðun ráðsins frá 4. nóvember 1991 varðandi styttri gerð tilkynninga- og upplýsinga eyðublaðs, sem vitnað er til í grein 9 í tilskipun 90/220/EEC um meðvitaða losun á erfðabreyttum lífverum út í umhverfið

91/448/EEC Ákvörðun ráðsins frá 29. júlí 1991 varðandi leiðbeiningar um flokkun, er vitnað er til í grein 4 í tilskipun ráðsins 90/219/EBE

92/146/EEC Ákvörðun ráðsins frá 11. febrúar viðvíkjandi styttri gerð tilkynninga-

og upplýsingaeyðublaðs, sem vísað er til í grein 12 í tilskipun ráðsins 90/220/EBE.

V. KAFLI **ÚRGANGUR**

91/689/EEC Tilskipun ráðsins frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang

HÁVAÐI

392 L 0014 Tilskipun 92/14/EBE frá 2. mars 1992 takmörkun á flugumferð skv. 2. hluta kafla II fyrsta bindi við 16. viðauka við alþjóðflugmálasáttmálann, 2. útgáfa 1988.
(Stjtíð. EB nr. 76, 23.3.1992, bls. 1)

XXI. VIÐAUKI

HAGSKÝRSLUGERÐ

391 R 3924 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um könnun Evrópubandalagsins á iðnaðarframleiðslu.

91 R 3711 Reglugerð ráðsins um skipulag árlegra vinnumarkaðskannana í Evrópubandalaginu

91 R 3880 Reglugerð ráðsins um skil aðildarríkja á skýrslum um fiskafla í Atlantshafi norðaustanverðu

91 R 3881 Reglugerð ráðsins um skil aðildarríkja á skýslum um fiskafla í Atlantshafi norðvestanverðu.

301. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Jón Helgason,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd eftirfarandi ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Akureyri 15. júní 1992:

1. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp samstarf um gagnasöfnun varðandi sameiginlega sjávarútvegssögu vestnorrænu þjóðanna. Lagt er til að sérstakur gaumur verði gefinn að gögnum um fiskveiðar Færeyinga við Grænland og Ísland frá lokum 19. aldar og fram á miðja 20. öld.
2. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands styrki samstarf landanna um upplýsingamiðlun og kynningu á lífsháttum fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf. Stefna ber og að þátttöku í þessu samstarfi frá Noregi og þeim ríkjum Kanada þar sem lífshættir eru svipaðir.

   Tilgangur upplýsingastarfsins á að vera að gefa umheiminum rétta mynd af lífsháttum og menningu á þessu svæði og vekja athygli á hversu háðar þjóðirnar þar eru auðlindum hafsins.
3. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti athuga með hvaða hætti sé unnt að greiða fyrir samskiptum og örva viðskipti milli landanna.

   Í því skyni verði m.a.
   — skattalög og viðkomandi reglugerðir yfirfarin,
   — tollalög og viðkomandi reglugerðir endurskoðuð,
   — gjaldskrár fyrir póstflutninga og símaþjónustu endurskoðaðar,
   — gjaldskrár fyrir vöruflutninga milli landanna og fyrir umskipanir endurskoðaðar,
   — önnur atriði varðandi framkvæmd, þjónustu opinberra aðila og gjaldskrár yfirfarin.

   Lagt er og til að stofnuð verði samstarfsnefnd, skipuð fulltrúum frá viðskiptaráðuneytum landanna þriggja, til að kanna möguleika þess að auka viðskipti milli landanna.
4. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands taki upp virkara samstarf á sviði samgöngu- og ferðamála í því skyni að bæta samgöngur innan vestnorræna svæðisins og tengsl þess út á við ásamt því að styrkja ferðamannaþjónustu sem atvinnugrein á vestnorræna svæðinu.

   Einnig er lagt til að kannaðir verði möguleikar þess að komið verði á föstum skipaflutningasamgöngum milli vestnorræna svæðisins og Stóra-Bretlands.
5. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands
   a. standi að gerð aðgengilegs upplýsingaefnis um vestnorrænu löndin á færeysku, grænlensku og íslensku,
   b. stuðli að því að ráðherranefnd Norðurlanda breyti reglum þeim sem gilda um styrki til nemendaskipta og námsferða innan Nordplus-junior kerfisins þannig að þær taki til nemendaskipta og námsferða milli allra vestnorrænu ríkjanna innbyrðis.

6. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands fylgi eftir því samstarfi sem hefst á vestnorrænu ráðstefnunum þremur sem haldnar verða 1992 um jafnréttis-, umhverfis- og æskulýðsmál.
7. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni sameiginlega að því að trygging fáist gegn því að hergögnum verði sökkt í sæ.
8. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að samvinnu á sviði tölvumála á vestnorræna svæðinu.
9. Ályktun um að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti endurbyggja bæ Eiríks rauða í Bröttuhlíð á Grænlandi og Þjóðhildarkirkju á sama stað. Endurbyggingin verði til minningar um 500 ára búsetu norrænna manna á Grænlandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi þeim tillögum sem samþykktar voru á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins á Akureyri 15. júní 1992.

Sú venja hefur skapast að leggja ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir Alþingi og fá samþykki Alþingis fyrir tilmælum til ríkisstjórnar um að vinna að framgangi viðkomandi mála. Þessi tilhögun hefur tvímælalaust styrkt starf ráðsins og gefið því aukna þýðingu.

Ályktanir ársfundarins, sem að þessu sinni var haldinn á Íslandi, eru margar um gamalkunn viðfangsefni úr hinu vestnorræna samstarfi, svo sem um aukin samskipti og aukna verslun milli landanna, samvinnu í samgöngu- og ferðamálum og upplýsingamiðlun um lifnaðarhætti í hinum vestnorrænu löndum og mikilvægi hafsins. En einnig er að finna nýjar menningarlegar og sögulegar áherslur eins og í tillögu um að skrá sameiginlega sjávarútvegssögu og samskiptasögu vestnorrænu þjóðanna á sviði fiskveiða og tillögu um endurbyggingu sögufrægra húsa í Bröttuhlíð á Grænlandi.

Allt frá fyrstu tíð hafa fulltrúar Vestnorræna þingmannaráðsins verið óhræddir við að skoða starfsemi ráðsins sjálfs og önnur svið vestnorrænnar samvinnu með gagnrýnu hugarfari og spurt hvert starfið leiddi og hvort það skilaði þeim árangri sem til var ætlast. Ekki varð annað ráðið af umræðum á síðasta fundi ráðsins en að einhugur ríkti um að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið fyrir vestnorrænt samstarf og auka það og bæta á komandi árum. Vel heppnaðar aðgerðir á Vestnorræna árinu, eins og hið fjölmenna kvennaþing á Egilsstöðum, verða mönnum væntanlega frekari hvatning í þeim efnum.

Nánari grein verður gerð fyrir störfum ráðsins í framsöguræðu og í árlegri skýrslu Íslandsdeildarinnar til Alþingis síðar á þessum vetri.

302. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta er lýtur að því að bæta við stjórnarskrána nýrri grein um þjóðaratkvæðagreiðslur. Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða 29. máli þingsins er felur í sér tillögu um breytingu á 21. gr. stjórnarskrárinnar um samninga við önnur ríki.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hluti nefndarinnar mælir hins vegar með samþykkt frumvarpsins með tiltekinni breytingu.

Með frumvarpinu er minni hluta á Alþingi, sem nemur minnst þriðjungi alþingismanna, veittur réttur til að krefjast þjóðaratkvæðis:

a. *um samning sem háður er samþykki Alþingis,* sbr. 2. málsl. 21. gr. stjórnarskrárinnar, og er þá niðurstaðan bindandi, sbr. 2. mgr. frumvarpsins;
b. *um frumvarp eða þingsályktun* áður en fullnaðarafgreiðsla máls fer fram og er þá niðurstaðan ráðgefandi.

Í löggjöf margra ríkja er ráð fyrir því gert að bera megi mikilvæg mál undir dóm þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna ítarleg ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar sem veita þriðjungi þingmanna rétt til að krefjast þess að samþykkt lagafrumvarp sé lagt fyrir kjósendur til samþykktar eða synjunar. Þó eru ýmsar tegundir lagafrumvarpa undanþegnar, t.d. fjárlög, launa- og eftirlaunalög og skattalög. Frumvarp verður ekki fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu nema 30% kjósenda taki þátt í henni en að öðru leyti eru úrslitin bindandi fyrir löggjafann.

Minni hluta nefndarinnar þykir rétt að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt á umdeildum þjóðmálum, sem lögð eru fyrir Alþingi, áður en þau eru afgreidd. Þó verður að stuðla að því að þessi réttur sé ekki ofnotaður heldur einungis nýttur þegar sérstök ástæða þykir til.

Í tillögum stjórnarskrárnefndar, sem fram voru lagðar í ársbyrjun 1983 og fluttar voru í frumvarpsformi af formanni nefndarinnar, dr. Gunnari Thoroddsen, á Alþingi í mars 1983, var gert ráð fyrir að fjórðungur kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðis um tiltekið mál. Minni hluta nefndarinnar þykir rétt að taka nú upp þessa tillögu í greinina og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. nóv. 1992.

Ragnar Arnalds, frsm. Steingrímur Hermannsson. Kristín Einarsdóttir.

Páll Pétursson.

303. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar (RA, StH, KE, PP).

Á eftir 2. efnismgr. frumvarpsgreinarinnar komi svohljóðandi málsgrein:

Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni.

304. Lög [43. mál]

um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

(Afgreidd frá Alþingi 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 44.

305. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Sérstaklega kjörin stjórnarskrárnefnd hefur haft til meðferðar 29. mál þessa þings, frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Á fundi nefndarinnar hafa verið kvaddir ýmsir sérfróðir menn eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans.

Íslenska stjórnarskráin er að því leyti frábrugðin skyldum stjórnarskrám á Norðurlöndum að í henni er ekkert ákvæði sem heimilar framsal á valdi, jafnvel þótt takmarkað sé. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskrá landanna er heimila ákveðið og afmarkað afsal ríkisvalds með samþykki aukins meiri hluta þjóðþinganna. Þar hefur verið litið svo á að eldri ákvæði í stjórnarskrám ríkjanna um samninga við önnur ríki væru ekki lengur í samræmi við þá alþjóðlegu samvinnu sem nú tíðkast. Í þessu sambandi má geta þess að þjóðþing Finnlands og Noregs komust að þeirri niðurstöðu að afgreiða yrði samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á grundvelli stjórnarskrárgreina sem krefjast aukins meiri hluta. Svíar munu hins vegar beita svipuðu ákvæði komi til aðildar að Evrópubandalaginu. Einnig má nefna að í Austurríki er gerð krafa um aukinn meiri hluta á þjóðþinginu vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Stjórnarskrá Íslands byggist á norrænum stjórnskipunarrétti og með hliðsjón af aukinni þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi er það skoðun minni hluta nefndarinnar að eðlilegt sé að á íslensku stjórnarskránni verði gerðar svipaðar breytingar og verði á stjórnarskrám annarra ríkja á Norðurlöndum. Slíkar breytingar eru þeim mun mikilvægari þar

sem nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til staðfestingar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Það er mat minni hluta nefndarinnar að ekki sé heimilt að óbreyttri stjórnarskrá að framselja íslenskt ríkisvald í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum. Það er jafnframt skoðun minni hlutans að ekki megi ríkja efi um stjórnskipulegt gildi þeirra milliríkjasamninga sem Ísland gerir og því sé brýn þörf á breytingu á stjórnarskrá er tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

Minni hluti nefndarinnar styður því það markmið frumvarpsins að sett verði ákvæði í stjórnarskrána um hvernig með skuli fara ef gerðir eru samningar við önnur ríki sem fela í sér ákveðið og afmarkað framsal á ríkisvaldi. Að mati minni hlutans er forsenda ákvæðisins sú að slíkir samningar feli í sér að Ísland og önnur samningsríki taki á sig sambærilegar og gagnkvæmar skuldbindingar, að Ísland eigi aðild að þeirri stofnun eða samtökum sem vald er framselt til og að framsalið sé ákveðið og afmarkað. Minni hlutinn telur að einhliða framsal ríkisvalds til annars ríkis sé ævinlega óheimilt og sama gildi um óskilyrt framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnunar. Minni hlutinn leggur áherslu á það ákvæði frumvarpsins að þrír fjórðu hlutar alþingismanna þurfi að samþykkja slíka samninga til að forseti Íslands geti staðfest þá enda verður að telja óverjandi að einfaldur meiri hluti á Alþingi geti framselt ríkisvald eða lagt verulegar kvaðir á íslenskt landsvæði, landhelgi eða lofthelgi. Til þess að slíkt geti átt sér stað þarf að vera tryggt að umtalsverður meiri hluti alþingismanna sé því fylgjandi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt. Minni hlutinn telur hins vegar rétt að gera þrenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að kveðið verði skýrar á um að til þess að til framsals á íslensku ríkisvaldi geti komið þurfi slíkt framsal að vera vel afmarkað og á takmörkuðu sviði. Í öðru lagi að tiltekið verði að framsal valds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka sé heimilt ef Ísland er aðili þar að. Í þriðja lagi að felld verði brott orðin „hvers konar“ og „einhvers hluta“ og byggist breytingin á því að sú ábending kom fram á fundi nefndarinnar að þau gætu valdið misskilningi. Að mati minni hlutans breyta þessi orð engu um efni greinarinnar og því óhætt að fella þau brott.

Sú ábending kom fram á fundi nefndarinnar að rétt væri að setja ákvæði í frumvarpið þess efnis að heimildin til framsals á ríkisvaldi nái ekki til breytinga á stjórnarskránni. Að mati minni hluta nefndarinnar er ekki nauðsynlegt að gera slíka breytingu á frumvarpinu enda geti ekki ríkt um það neinn vafi að stjórnarskránni sé aðeins hægt að breyta með þeim hætti sem kveðið er á um í 79. gr. hennar. Komi til þess að alþjóðasamningur feli í sér breytingu á stjórnarskrá yrði augljóslega að fara með slíka breytingu skv. 79. gr. hennar.

Alþingi, 18. nóv. 1992.

Steingrímur Hermannsson, frsm. | Ragnar Arnalds. | Kristín Einarsdóttir.

Páll Pétursson.

306. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar (StH, RA, KE, PP).

Frumvarpsgreinin orðist svo:

21. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða á fullveldisrétti í íslenskri lögsögu, framsal ríkisvalds til fjölþjóðlegrar stofnunar eða samtaka, enda sé Ísland aðili þar að og vald það, sem framselja á, sé vel afmarkað og á takmörkuðu sviði eða ef þeir horfa að öðru leyti til breytinga á stjórnhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Slíkt þingmál telst því aðeins samþykkt að þrír fjórðu hlutar alþingismanna greiði því atkvæði.

307. Frumvarp til laga [238. mál]

um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Áburðarverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Áburðarverksmiðju ríkisins, þ.e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags.

Landbúnaðarráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að framleiða og selja áburðarefni, svo og önnur starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess. Landbúnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Honum er heimilt að selja öll hlutabréf í félaginu eða hluta þeirra.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti greiðir félagið opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins skal boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Áburðarverksmiðjan hf. yfirtekur eignir og rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins 1. janúar 1993 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Áburðarverksmiðjan hf. skal hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð. Þetta ákvæði fellur úr gildi þegar ríkissjóður hefur selt meiri hluta hlutafjár í félaginu, þó eigi síðar en 1. janúar 1995.

II.

Ábyrgð ríkissjóðs á lánssamningum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara, helst til loka samningstíma umræddra skuldbindinga. Áburðarverksmiðjan hf. skal yfirtaka skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun og jafnframt veita ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur markað almenna stefnu um einkavæðingu ýmislegrar starfsemi sem opinberir aðilar hafa með höndum. Þessi stefnumörkun á sér rætur m.a. í því að nauðsynlegt er talið að endurskoða fyrirkomulag og rekstrarumhverfi ýmissa fyrirtækja og stofnana hins opinbera.

Hin almennu rök, sem hníga að því að breyta ríkisfyrirtæki á borð við Áburðarverksmiðjuna í hlutafélag, hafa flest komið fram. Hér á landi jafnt og annars staðar á Vesturlöndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að eðlilegt sé að ríkið dragi sig sem mest út úr atvinnustarfsemi sem keppir við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að opinber fyrirtæki, sem þannig háttar um, séu rekin í formi hlutafélaga. Ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum eru yfirleitt rekin sem hlutafélög og mun óhætt að fullyrða að annað rekstrarform heyri til undantekninga.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru og ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur hentar hlutafélagaformið því ákaflega vel.

Önnur veigamikil rök fyrir því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki felast m.a. í því að rekstur fyrirtækisins verður hagfelldari og sveigjanlegri á ýmsa lund. Stjórn og framkvæmdastjórn gera grein fyrir gerðum sínum og áformum um málefni fyrirtækisins á aðalfundi eða hluthafafundi og eru í þeim efnum ábyrgar gagnvart eigendum verksmiðjunnar. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að æskilegt er að reka það í formi hlutafélags. Vilji fyrirtæki takast á hendur nýjar fjárfestingar, ráðast í nýjungar eða leitast á annan hátt við að treysta stöðu sína á markaði gefur hlutafélagaformið færi á að leita eftir framkvæmdafé með hlutafjáraukningu og laða með henni til samstarfs nýja hluthafa sem kæmu inn með nýtt hlutafé.

Verði frumvarp þetta að lögum breytist Áburðarverksmiðja ríkisins í hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkisins. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Stjórn félagsins verður kosin á aðalfundi. Ábyrgð stjórnenda á fyrirtækinu og tengsl við eigendur fellur í farveg sem lög um hlutafélög mæla fyrir um.

Meðan engin breyting verður á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykir ekki ástæða til að leggja til að breyting verði á rétti verksmiðjunnar til einkasölu sem henni er tryggður samkvæmt gildandi lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins. Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í EES-samningi stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. janúar 1995. Verði á hinn bóginn meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni seldur fyrir þann tíma þykir rétt að einkarétturinn falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti að verksmiðjunni.

Þrátt fyrir að fjárhagur Áburðarverksmiðju ríkisins standi traustum fótum ríkir óneitanlega óvissa um framtíð fyrirtækisins. Verksmiðjan hefur frá því um miðjan síðasta áratug staðið frammi fyrir samdrætti í notkun tilbúins áburðar hér á landi samfara samdrætti í framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkurvara. Fyrirsjáanlegur er frekari samdráttur í notkun tilbúins áburðar af þessum sökum, en um þessar mundir er unnið kerfisbundið að því að laga framleiðslu þessara afurða að sölumagni á innlendum markaði. Verði samþykktar nýjar reglur sem nú er fjallað um á vettvangi GATT má vænta enn frekari samdráttar í framleiðslu búvöru hér á landi sem búast má við að dragi úr notkun tilbúins áburðar. Loks ber að nefna að samkvæmt fyrrgreindum samningi um Evrópskt efnahagssvæði

fellur niður ríkiseinkaréttur til sölu á tilbúnum áburði hér á landi frá og með 1. janúar 1995. Telja verður líkur á því að þessi atriði, sem hér hefur verið drepið á, kunni að leiða til umtalsverðs samdráttar í sölu á tilbúnum áburði hér á landi. Sú hætta blasir við að sala Áburðarverksmiðjunnar dragist verulega saman og að verksmiðjunni reynist ókleift að ná viðunandi rekstrarhagkvæmni miðað við framleiðslumagn.

Horfur á að afla megi erlendra markaða fyrir framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hljóta að verða að metast m.a. í ljósi þess að í Vestur-Evrópu standa áburðarverksmiðjur með mikla ónýtta framleiðslugetu. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að búvörumarkaðir Vestur-Evrópu einkennist mjög á komandi árum af innflutningi landbúnaðarafurða frá nýfrjálsum Austur-Evrópuríkjum.

Áburðarverksmiðja ríkisins er langstærsta og þýðingarmesta fyrirtækið á sviði efnaiðnaðar hér á landi. Um er að ræða fyrirtæki sem býr yfir víðtækri reynslu og sérhæfingu á ýmsum sviðum efnaiðnaðar, svo sem í framleiðslu á vetni með rafgreiningu og meðhöndlun þess. Brýnt er að búa þannig um hnúta að verksmiðjunni verið sköpuð skilyrði til að takast á við óvissa framtíð. Sem stofnun í eigu ríkisins hlýtur hún að teljast vanbúin til þessa verkefnis. Þess vegna er hér lagt til að rekstrarformi verksmiðjunnar verði breytt í hlutafélag. Tilgangurinn er að skapa henni nauðsynlegan sveigjanleika, aðlögunarhæfni og viðbragðsflýti til að málum hennar megi ráða farsællega til lykta og tryggja hagsmuni ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar. M.a. þarf að ákvarða fyrirtækinu nýjan starfsvettvang reynist ekki fjárhagslega hagkvæmt að halda áfram framleiðslu tilbúins áburðar á Íslandi. Jafnframt er nauðsynlegt að skapa betri færi á að ráðast í nýmæli og nýsköpun í starfseminni. Í þessu sambandi er mikilvægt að nýta megi þá tækniþekkingu sem fyrirtækið og starfsmenn þess búa yfir, svo og fjárfestingar sem í eignum þess eru fólgnar. Í þessu skyni verður verksmiðjunni sett stjórn sem starfar eftir reglum hlutafélagalaga um ábyrgð gagnvart eiganda eða eigendum. Þetta fyrirkomulag virðist best fallið til að ráða fram úr álitaefnum um rekstur fyrirtækisins í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til allar eignir Áburðarverksmiðju ríkisins.

Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, enda lýtur Áburðarverksmiðja ríkisins yfirstjórn hans. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags. Við það að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag fellur niður álagning landsútsvars og þar með skerðast tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er það til sérstakrar skoðunar hversu við skuli bregðast.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar megi kveða á um hlutverk félagsins í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum. Með því skapast svigrúm, m.a. til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli vera einn eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Landbúnaðarráðherra, sem fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu, er heimilað að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að hlutabréf, sem gefin eru út við stofnun félagsins, skuli undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti verður hlutafélagið skattskylt eftir almennum reglum.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að tryggja fastráðnum starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins rétt til sömu starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 þykja því ekki eiga við. Sambærileg ákvæði um réttindi starfsmanna er t.d. að finna í lögum nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Þess má geta að af starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar eru átta manns nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu í rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Kveðið er á um að Áburðarverksmiðjan hf. skuli, meðan hún er í eigu ríkisins, hafa sama einkarétt til sölu, framleiðslu og innflutnings á tilbúnum áburði og Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft samkvæmt gildandi lögum nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og er fylgt orðalagi þeirra laga. Meðan breyting verður ekki á eignaraðild Áburðarverksmiðjunnar þykja ekki efni til að breyta þessum einkarétti hennar. Umræddur einkaréttur helst þó aldrei lengur en til loka aðlögunartíma sem kveðið er á um í EES-samningi. Samkvæmt bókun 8 um ríkiseinkarétt í samningnum stendur aðlögunartími vegna ríkiseinkaréttar til sölu á tilbúnum áburði eigi lengur en til 1. janúar 1995. Hverfi meiri hluti hlutabréfa í verksmiðjunni úr eigu ríkisins fyrir þennan tíma þykir eðlilegt að einkarétturinn falli niður við eigendaskipti.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Erlendar skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins eru tvö lán. Annars vegar er um að ræða stofnlán hjá Mitsui Trust & Banking Co. í London frá árinu 1987 með eftirstöðvum miðað við 1. október 1992 að fjárhæð 1.750 þúsund bandaríkskir dalir. Fer lokagreiðsla samkvæmt lánssamningi fram 22. desember 1993. Á hinn bóginn er um að ræða lánssamning við Mitsubishi Trust and Banking Co. í London sem undirritaður var 13. desember 1991. Lánið er veltilán og má draga á það eftir þörfum allt að 9 milljónum bandaríkskra dala. Lánstími er til 13. desember 1996. Eðlilegt er að erlendum kröfuhöfum sé tryggð sama ábyrgð á þessum skuldbindingum til loka samningstíma og samið var um í upphafi. Þetta er jafnframt nauðsynlegt því að breyting á rekstrarfyrirkomulagi verksmiðjunnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gæti leitt til þess að erlendir kröfuhafar nýttu heimildir í lánssamningum til að gjaldfella lán. Gert er ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan hf. yfirtaki skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun hins nýja félags og brottfall laga um Áburðarverksmiðju ríkisins. Eðlilegt þykir að félagið veiti ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar.

308. Frumvarp til laga [239. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma, þó eldri sé en 12 ára, skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 21. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, er óheimilt að flytja inn skip sem eru eldri en 12 ára. Engin undanþáguheimild er í lögunum frá þessu ákvæði og þarfnast innflutningur skipa eldri en 12 ára og skráning þeirra hér á landi því sérstakrar lagaheimildar. Réttlætanlegt getur verið að víkja frá þessu aldurshámarki í sérstökum tilvikum, t.d. vegna skipa sérstakrar gerðar eða skipa sem nota á í ákveðin afmörkuð verkefni. Fordæmi eru fyrir slíku, t.d. lög nr. 27/1989, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf., Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um eftirlit með skipum þar sem aldurshámarkið er almennt hækkað í 15 ár, en „Siglingamálastofnun ríkisins getur þó heimilað innflutning eldri skipa, ef um er að ræða vöruflutningaskip, stærri en 500 bt., dýpkunarskip og rannsóknaskip, enda séu þau ekki eldri en 20 ára“. Vísast til frumvarps um rökstuðning fyrir þessari breytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gröfupramminn, sem hér er óskað eftir heimild til að flytja inn, er smíðaður árið 1970 og því 22 ára. Pramminn er kominn til landsins og hefur verið skoðaður af Siglingamálastofnun ríkisins sem hefur gengið úr skugga um að hann fullnægi íslenskum reglum um gerð og búnað að undangengnum smávægilegum viðgerðum. Pramminn verður notaður vegna framkvæmda við holræsaútrásir fyrir Reykjavíkurborg.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa
Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.

Í lögum nr. 51/1987, um eftirlit með skipum, er kveðið á um að ekki megi flytja inn skip sem er 12 ára eða eldra. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Ekki verður séð að það verði kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

309. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [240. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að byggð verði mótuð eftir skipulagsáætlunum og gæðakröfum og felld sem best að umhverfinu. Jafnframt verði stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda og landnotkun. Leitast skal við að byggð nýtist sem best, skapi gott umhverfi og að byggingar og önnur mannvirki standist settar kröfur um styrkleika, endingu, útlit, hagkvæmni, öryggi og vellíðan þeirra sem byggingarnar eða mannvirkin nota. Þá skal að því stefnt að við meðferð skipulags- og byggingarmála sé jöfnum höndum tekið tillit til eðlilegra hagsmuna einstaklinga og almannahagsmuna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

Skipulagsáætlun: Áætlun þar sem gerð er grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og gerð grein fyrir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í fjóra flokka: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Landsskipulag: Skipulagsáætlun um einstaka þætti sem varða landið allt eða tiltekna landshluta, samgöngur, fjarskipti, orkuveitur, þróun atvinnuvega, landnotkun, landnýtingu og byggð í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að stuðla að samræmdri stefnu og framkvæmdum ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga og skapa grundvöll að gerð svæðisskipulags og aðalskipulags.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Svæðisskipulag skal gert í því skyni að samræma byggðaþróun á grundvelli landsskipulags og samræma ákvarðanir um landnotkun samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélaga er saman liggja.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun sem byggð er á stefnu sveitarstjórnar að því er varðar landnotkun, nýtingu lands, meginumferðaræðar og þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun sem nær yfir einstaka bæjarhluta, hverfi eða reiti innan marka aðalskipulags þar sem nánari grein er gerð fyrir landnotkun, nýtingu lands, gatnaskipulagi, fyrirkomulagi bygginga og annarri mannvirkjagerð.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Getur einnig átt við hlutfall milli samanlagðs gólffletar á reit milli gatna og stærðar reitsins eða samanlagðs gólffletar og stærðar annars skilgreinds svæðis.

Mæliblað: Uppdráttur sem sýnir legu og stærð lóðar, byggingarreit og kvaðir á lóð.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi þarfa, svo sem íbúðar, iðnaðar, verslunar, vörugeymslu, útivistar, landbúnaðar o.s.frv.

Landnýting: Sameiginlegt heiti á þeim orðum og hugtökum sem lýsa því hversu mikið land er nýtt, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleiki byggðar, ítala, leyfileg umferð um útivistarsvæði, landbúnaðarframleiðsla o.s.frv.

Þéttleiki byggðar: Hlutfallið milli samanlagðs gólffletar og stærðar svæðis eða bæjarhluta. Í íbúðahverfum er þéttleika byggðar einnig lýst sem fjölda íbúða á hektara lands.

Byggingarleyfi: Leyfi til að byggja hús, gera mannvirki, rífa hús, breyta húsi, breyta um notkun húss eða mannvirkis. Leyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma, en ekki heimild til að hefja framkvæmdir.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi að uppfylltum ýmsum nánari skilyrðum.

Hverfisvernd: Með hverfisvernd er átt við að við breytingar á byggð beri að taka sérstakt tillit til svipmóts og heildaryfirbragðs þeirrar byggðar sem fyrir er.

II. KAFLI
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar er Skipulagsstofnun ríkisins. Skipulagsstjóri ríkisins er forstöðumaður hennar.

Ráðuneytið getur skipað nefnd sérfróðra manna sér til ráðgjafar um skipulags- og byggingarmál sem getur þá jafnframt verið Skipulagsstofnuninni til ráðgjafar.

4. gr.
Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um gerð skipulagsáætlana.

Þar skal m.a. kveðið á um mælikvarða, gerð og frágang skipulagsuppdrátta, hvert skuli vera efni greinargerða og hvaða lágmarkskröfur gildi um einstaka þætti skipulagsáætlana, svo og um menntun og starfsreynslu þeirra sem falin er stjórn vinnu við skipulagsáætlanir.

Í reglugerð skulu einnig vera ákvæði um helstu atriði er varða gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana, m.a. um það hvernig meta skuli áhrif framkvæmda á umhverfið.

5. gr.
Gerð skipulagsáætlana.

Skipulagsstofnun fer í umboði umhverfisráðuneytisins með gerð áætlunar (áætlana) um landsskipulag.

Sveitarstjórnir skulu eiga frumkvæði að gerð áætlana um svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

6. gr.
Skipulags- og byggingarnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulags- og byggingarnefnd.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að starfa skuli tvær nefndir á hennar vegum og fjalli önnur um skipulagsmál en hin um byggingarmál.

Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag um kosningu svæðisskipulags- og byggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisnefndar. Umhverfisráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurða jafnframt um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma.

Um skipulags- og byggingarnefndir og starfsemi þeirra gilda sömu reglur og um nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Í stofnsamþykktum sveitarstjórnar skal nánar kveðið á um fjölda nefndarmanna.

Formaður skipulags- og byggingarnefndar skal vera aðal- eða varamaður í sveitarstjórn.

Ákvæði um skipulags- og byggingarmál skv. 35.–63. gr. laga þessara eiga einungis við um störf byggingarnefndar þar sem starfa tvær nefndir.

7. gr.

Skipulagsstofnun ríkisins.

Hlutverk Skipulagsstofnunar ríkisins er þetta:

a. Að annast gerð og framkvæmd landsskipulags, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 25. og 26. gr. laga þessara.
b. Að vera stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga til ráðgjafar og ráðuneytis um skipulags- og byggingarmál.
c. Að hafa eftirlit með störfum samstarfsnefnda um svæðisskipulag.
d. Að fylgjast með skipulagsgerð sveitarfélaga.
e. Að láta úrskurðarnefnd í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála skv. 38. gr. laga þessara.
f. Að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir ef ekki er fylgt fyrirmælum laga þessara um gerð skipulagsáætlana eða með öðrum hætti brotið í bág við ákvæði laga þessara, sbr. 9. gr.
g. Að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu fræðslurita um þau mál.

8. gr.

Skipulagsstjóri.

Skipulagsstjóri fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart umhverfisráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana.

III. KAFLI
Skipulag byggðar.

9. gr.

Skipulagsskylda.

Allt landið er skipulagsskylt. Með sérstökum lögum skal ákveðið hvernig hagað skuli meðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands og annars staðar þar sem sérreglur gilda samkvæmt landsskipulagi.

Skipulag skal ná til allra bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfi byggðar.

Ef ekki er fyrir hendi staðfest aðalskipulag getur sveitarstjórn leyft einstakar byggingarframkvæmdir að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar.

Ef um verulegar byggingarframkvæmdir er að ræða án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun veitt sveitarstjórn tiltekinn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi.

Ef sveitarstjórn gengur ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests sem Skipulagsstofnun ákveður getur Skipulagsstofnun lagt til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í viðkomandi sveitarfélagi verði stöðvuð þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

10. gr.

Aðalskipulag.

Gera skal aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeirri byggð sem þegar er risin, atvinnuháttum og stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, landnýtingu og þróun byggðar næstu 10 árin.

Gæta skal umhverfissjónarmiða, náttúru landsins, heildstæðra eldri húsaþyrpinga og byggðahverfa og annarra sögulegra minja og koma í veg fyrir hvers konar mengun eftir því sem unnt er.

Í aðalskipulagi skal tekið fram hvar deiliskipulag skuli háð staðfestingu ráðherra, sbr. 18. gr.

11. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Fyrir fyrri umræðu og áður en sveitarstjórn tekur afstöðu til aðalskipulagstillögu eða meiri háttar breytinga skal efnt til almenns borgarafundar þar sem sveitarstjórn kynnir vinnu vegna aðalskipulags, forsendur og markmið.

Að lokinni kynningu er tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn sendir síðan Skipulagsstofnun tillögu að aðalskipulagi til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna skal tillagan auglýst óbreytt.

Nú telur Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag og skal hún þá endursenda sveitarstjórn tillöguna og leita samkomulags um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna, en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

12. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn er skylt að auglýsa fyrir íbúa sveitarfélags tillögu að aðalskipulagi á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Enn fremur skal birta auglýsingu um tillöguna í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hvað lengi, en það skal eigi vera skemmri tími en fjórar vikur. Í auglýsingu skal almenningi og stofnunum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skila skuli athugasemdum og að þeir sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist hafa samþykkt hana.

13. gr.

Umfjöllun um athugasemdir og staðfesting aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda skv. 12. gr. er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Skal við þá umfjöllun m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillöguna sem borist hafa.

Senda skal tillöguna ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær til Skipulagsstofnunar innan fjögurra vikna frá fundi sveitarstjórnar. Skipulagsstofnun skal þá fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og gera síðan tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða synjun á slíkri staðfestingu, en aðalskipulag eða breyting á því tekur eigi gildi nema að fenginni staðfestingu ráðherra og auglýsingu um hana í Stjórnartíðindum.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar, hvort aðalskipulag sé í ósamræmi við settar kröfur um gerð þess eða hvort með því sé freklega gengið á rétt einstaklinga, hagsmuni nágrannabyggða eða ríkisins. Komi slík tillaga fram frá Skipulagsstofnun skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun í málinu.

14. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki Skipulagsstofnunar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um 10 ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði enda sé svæðið í eigu eða umráðum sveitarfélagsins eða aðila sem samþykkja þá tilhögun. Þá getur sveitarstjórn ákveðið með sama hætti frestun á gerð aðalskipulags fyrir tiltekið svæði án samþykkis landeigenda ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ef nauðsyn þykir til bera vegna almannahagsmuna, svo sem vegna óvissu um áætluð samgöngumannvirki eða vegna þess að nauðsynlegt sé að samræma betur skipulagsáætlanir sveitarfélaga er saman liggja. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

15. gr.

Endurskoðun aðalskipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal að afloknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort forsendur aðalskipulagsáætlunar hafi breyst það verulega að ástæða sé til endurskoðunar. Komist sveitarstjórn að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til endurskoðunar aðalskipulagsáætlunar fer um málsmeðferð sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

16. gr.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Nú óskar sveitarstjórn eftir því að gerð verði breyting á staðfestu aðalskipulagi sem er það óveruleg að ekki er talin ástæða til meðferðar samkvæmt framanskráðu og skal þá gera rökstudda tillögu til Skipulagsstofnunar um breytinguna. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Ef Skipulagsstofnun fellst á breytinguna tilkynnir stofnunin hana ráðuneytinu sem sér um að auglýsa breytinguna í Stjórnartíðindum.

17. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Nú hagar svo til að aðalskipulag í einu sveitarfélagi er að dómi Skipulagsstofnunar svo háð aðalskipulagi nærliggjandi sveitarfélags að nauðsyn beri til að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög. Ef viðkomandi sveitarstjórnir koma sér ekki saman um sameiginlegt skipulag getur ráðherra ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um svæðisskipulag sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig tvo menn í samvinnunefnd en ráðherra einn mann og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

18. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag skal gera yfir tiltekin svæði innan marka aðalskipulags þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Þar sem um er að ræða byggðarhverfi eða svæði þar sem fara saman húsaþyrpingar sem æskilegt er talið að vernda og aðrar sögulegar og menningarlegar minjar skal setja ákvæði um hverfisvernd. Áætlun um deiliskipulag svæðis sem hverfisvernd tekur til, sbr. 10. gr., skal háð staðfestingu ráðherra.

Nú er deiliskipulag eigi fyrir hendi af sveitarfélagi eða hluta þess og getur þá sveitarstjórn leyft einstakar byggingarframkvæmdir sem um kann að verða sótt enda sé fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við staðfest aðalskipulag, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 38. gr. Slík leyfi má binda skilyrðum.

Eigi er skylt að gera deiliskipulag um þær byggingar á lögbýlum sem nauðsynlegar eru til búvöruframleiðslu, svo sem íbúðarhús bænda, gripahús, fóðurgeymslur og gróðurhús, en umsóknum um byggingarleyfi skal fylgja afstöðuuppdráttur þar sem m.a. er sýnd tenging við vegi, nærliggjandi byggingar og lagnir.

Byggingar á kirkju- og skólastöðum skal þó ávallt gera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa.

19. gr.

Deiliskipulag að ósk landeiganda.

Nú er land í einkaeign og sveitarstjórn hefur samþykkt ósk eiganda að það eða hluti þess verði skipulagt sem byggingarlóðir í samræmi við aðalskipulag og er þá landeiganda skylt að láta endurgjaldslaust af hendi til sveitarfélagsins til almenningsþarfa land sem svarar til ⅓ af heildarflatarmáli þess lands sem samþykkt sveitarstjórnar nær til.

Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóðir getur sveitarstjórn heimilað að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess sem á vantar samkvæmt mati dómkvaddra manna.

20. gr.

Kynning deiliskipulagstillögu.

Við gerð deiliskipulagstillögu skal, eins og kostur er, leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu að því er varðar mótun byggðar.

Þegar lokið er gerð deiliskipulagstillögu og sveitarstjórn hefur samþykkt hana við fyrri umræðu skal tillagan auglýst og höfð til sýnis í þrjár vikur. Í auglýsingunni skal hagsmunaaðilum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en fimm vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skuli skila athugasemdum og að þeir sem ekki geri athugasemdir við auglýsta tillögu teljist samþykkja hana.

Þegar um er að ræða deiliskipulagstillögu á landi utan núverandi byggðar, svo sem á nýbyggingarsvæði, er sveitarstjórn heimilt að falla frá auglýsingu. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillöguna er hún send Skipulagsstofnun.

21. gr.

Samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillögu er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka m.a. afstöðu til athugasemda sem borist hafa.

Þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt í sveitarstjórn við síðari umræðu öðlast það gildi.

Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun eintak af samþykktu deiliskipulagi til varðveislu.

22. gr.

Breytingar á samþykktu deiliskipulagi.

Ef sveitarstjórn ákveður að breyta samþykktu deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag væri að ræða skv. 20. og 21. gr. nema um minni háttar eða óverulega breytingu sé að ræða að mati sveitarstjórnar.

23. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gera fyrir þau svæði sem hlutaðeigandi sveitarfélög ákveða. Í svæðisskipulagi er skipulag sveitarfélaganna samræmt innbyrðis og stefnumörkun samræmd áætlunum ríkis og ríkisstofnana.

Sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samstarfsnefnd í þessu skyni.

Svæðisskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum ef sveitarstjórn á svæðinu gerir samþykkt þar um.

24. gr.

Kynning og samþykkt svæðisskipulags.

Þegar samstarfsnefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi skal tillagan auglýst í fjórar vikur og kynnt.

Íbúar og aðrir, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi svæði, skulu hafa sex vikna frest frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til samstarfsnefndar.

Samstarfsnefnd tekur afstöðu til athugasemda og sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi. Sveitarstjórnir skulu innan þriggja mánaða taka afstöðu til tillögunnar.

Svæðisskipulagið öðlast gildi þegar öll hlutaðeigandi sveitarfélög og Skipulagsstofnun hafa samþykkt hana.

Ef samþykkt svæðisskipulag hefur í för með sér breytingu á staðfestu aðalskipulagi sveitarfélags skal sú breyting fá umfjöllun skv. 12. og 13. gr. eða 16. gr.

25. gr.

Landsskipulag.

Skipulagsstofnun skal í samvinnu við aðra opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og tryggja að innbyrðis samræmi sé milli þeirra. Skipulagsstofnun skal afla gagna og aðgangs að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði.

Ráðherra gefur Alþingi árlega skýrslu um landsskipulag.

26. gr.

Landsskipulagsmeðferð.

Ef opinbert mannvirki, svo sem þjóðvegur, orkuveita eða fjarskiptalína, nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur sú stofnun, sem ábyrgð ber á framkvæmdum, óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins fái landsskipulagsmeðferð.

Landsskipulagsmeðferð er fólgin í því að lega mannvirkis er auglýst eftir að hafa verið kynnt viðkomandi sveitarstjórnum. Tillagan er auglýst sem um breytingu á aðalskipulagi væri að ræða að því leyti sem það á við.

Komi að lokinni auglýsingu upp ágreiningur um tillöguna kveður ráðherra upp úrskurð að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

27. gr.

Landmælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Sveitarstjórn, í samvinnu við Skipulagsstofnun, ákveður hvar mælingar, myndataka úr lofti og kortagerð skuli fram fara hverju sinni.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

28. gr.

Lóðaskrár.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins. Skal gefa nöfn öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu frá Skipulagsstofnun, Fasteignamati ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang lóðaskrár, sbr. 1., 5. og 9. gr. laga nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

29. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer, en aðrar nýafmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í lóðaskrá, sbr. 28. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af hinum nýafmörkuðu lóðum eða löndum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingarstjóra.

30. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sér forkaupsrétt að tilteknum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Samþykkt um forkaupsrétt skal senda ráðherra til staðfestingar og skal þinglýsa henni sem kvöð á hlutaðeigandi fasteignir.

Eigendur fasteigna þeirra, er slíkar samþykktir taka til, skulu skyldir til að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteigna við sölu þeirra á sama verði og með sömu kjörum og stendur til boða hjá öðrum aðilum. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eður ei. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

31. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir innan sveitarfélagsins ef nauðsynlegt er talið vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins, enda sé slíkt eignarnám í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Sveitarstjórn er og heimilt að taka eignarnámi einstakar fasteignir eða hluta fasteignar ef þess gerist þörf vegna framkvæmda á deiliskipulagi. Það gildir einnig um óbyggðar lóðir innan þeirrar landspildu sem deiliskipulag nær til.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi, með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum eða samþykktum skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu.

Náist ekki samkomulag milli umráðamanna fasteigna um endurbyggingu byggingarreits eða hluta hans samkvæmt samþykktu deiliskipulagi eða milli sveitarstjórnar og umráðamanna í slíku tilviki getur sveitarstjórn tekið einstakar fasteignir á byggingarreitnum eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir reglum laga nr. 11/1973.

32. gr.

Verðrýrnun fasteigna vegna framkvæmdar skipulags.

Nú rýrnar lóð verulega við framkvæmd skipulags þannig að hún nýtist eigi til sömu nota og áður að mati dómkvaddra manna og skal þá greiða bætur ef eigandi getur sýnt fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Verði lóð ónothæf til byggingar að mati dómkvaddra manna er sveitarstjórn skylt að kaupa lóðina ef eigandi krefst þess. Ná-

ist ekki samkomulag um bætur eða kaupverð skal það ákveðið af matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973.

Nú er ákveðin í staðfestri skipulagsáætlun tiltekin lega götu eða vegar eða að ákveðið svæði skuli tekið til almenningsnota eða húsahverfi til endurnýjunar og slíkt veldur því að mati dómkvaddra manna að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. vegna hagnýtingar fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina og verði ekki samkomulag um verð skal það úrskurðað af matsnefnd eignarnámsbóta.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o.s.frv. að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var o.s.frv. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar.

33. gr.

Ákvæði um greiðslu kostnaðar.

Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð, sem nauðsynleg er vegna svæðisskipulags og aðalskipulags, skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

a. Kostnaður við gerð landsskipulags greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum, svo sem Vegagerð ríkisins, Póst- og símamálastofnun og Landsvirkjun eftir því sem við á í hverju tilviki. Hins vegar ber Skipulagsstofnun kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag.
b. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt áætlun og samningi.
c. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með færri en 700 íbúa greiðist að ¾ af Skipulagsstofnun og að ¼ af hlutaðeigandi sveitarfélagi samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og samningi hverju sinni.
d. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með fleiri en 700 íbúa greiðist að hálfu af Skipulagsstofnun og að hálfu af hlutaðeigandi sveitarstjórn samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og samningi hverju sinni.
e. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
f. Nú annast sveitarstjórn gerð og reglulega endurskoðun aðalskipulags og skal Skipulagsstofnun þá greiða hlutaðeigandi sveitarsjóði árlega helming heildarkostnaðar sveitarstjórnar við skipulagsvinnuna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helming þeirra gjalda sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 34. gr. enda er þá eigi um frekari greiðslur að ræða skv. c- til e-liðum þessarar greinar.

34. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði og framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald nemur $^{3}/_{1000}$ — þremur af þúsundi — af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Nú er um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs og skal þá miða skipulagsgjaldið við fasteignamat mannvirkisins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og hún hefur verið tilkynnt til innheimtumanns ríkissjóðs. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmda samkvæmt lögum þessum eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

IV. KAFLI
Mannvirkjagerð.

35. gr.

Gildissvið ákvæða þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfið.

Undanþegin ákvæðunum eru þó götur, vegir og brýr, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi orku, vatns og fjarskipta, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki, enda séu þessi mannvirki byggð á vegum opinberra aðila og hönnuð af sérfræðingum á viðkomandi sviði. Ákvæðin ná þó til varanlegra húsbygginga sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Mannvirki, sem undanþegin eru ákvæðum þessa kafla, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara. Óski skipulags- og byggingarfulltrúi þess skulu honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkja.

36. gr.

Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur almenna byggingarreglugerð að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um hin ýmsu fyrirmæli og reglur þessa kafla. Hin almenna byggingarreglugerð nær til landsins alls.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, útliti, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru varðandi m.a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, hollustuhætti og eldvarnir. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, aðgengi fatlaðra, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum og gróður og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð sem skipulags- og byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig þau skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og annað sem snýr að mannvirkjum. Jafnframt er heimilt að vísa til tilskipana (og/eða sérsamninga) og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt í samstarfi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær er hin almenna byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar má m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðinga umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðisskipulags- og byggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytis og að henni fenginni birta þær í B-deild Stjórnartíðinda.

37. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Óheimilt er að hefja gerð mannvirkja sem ákvæði kafla þessa ná til, sbr. 44. og 49. gr., án heimildar viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar. Sama gildir um niðurrif mannvirkja. Fjallar nefndin um leyfisumsóknir sem berast og gerir tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. 10. gr. og 18. gr., lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

38. gr.

Störf skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a.m.k. einu sinni í mánuði svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Nefndinni er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem henni berast sé þess óskað, en afgreiðslur nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Hafi sveitarstjórn ekki ályktanir skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð telst hún samþykkt.

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem skipulags- og byggingarnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan þess frests sem nefndin setur. Þegar skipulags- og byggingarnefnd hefur veitt leyfi að lokinni nágrannakynningu tilkynnir hún þeim sem tjáðu sig um fyrirhugaða framkvæmd um niðurstöðu nefndarinnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er heimilt innan mánaðar frá afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðar þriggja

manna nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa umhverfisráðuneytis og einum fulltrúa skipuðum af Hæstarétti sem skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin þá kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan mánaðar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar sem skila skulu umsögn sinni innan tveggja vikna frá því að þeim barst beiðni um hana.

Nefndinni er að kröfu kæranda heimilt að leggja fyrir sveitarstjórn að láta stöðva framkvæmdir þar til úrskurður liggur fyrir og má fylgja þeirri stöðvun eftir með lögregluvaldi. Slík stöðvun má þó eigi standa lengur en í tvo mánuði.

39. gr.

Sérhæft starfslið skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal vera arkitekt eða hafa sérmenntun á byggingartæknisviði frá háskóla eða tækniskóla. Hann skal hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd metur gilda.

Fáist ekki maður í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. má ráða í stöðuna tímabundið mann með minni menntun á sviði skipulags- eða byggingarmála og minnst þriggja ára starfsreynslu.

Staðgenglar skipulags- og byggingarfulltrúa skulu, eftir því sem unnt er, fullnægja skilyrðum 1. mgr. Skipulags- og byggingarnefnd skal ákveða þær náms- og reynslukröfur sem gerðar eru til annars starfsliðs.

Tilkynna skal Skipulagsstofnun um breytingar í stöðum skipulags- og byggingarfulltrúa.

Aðili, sem gegnir starfi skipulags- eða byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, telst fullnægja settum menntunar- og reynslukröfum í skilningi þeirra meðan hann gegnir því starfi.

40. gr.

Störf skipulags- og byggingarfulltrúa.

Skipulags- og byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulags- og byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að skipulagsuppdrættir séu í innbyrðis samræmi og að aðaluppdrættir séu í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna framkvæmdaleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi og leyfi til niðurrifs mannvirkja og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn, sem ákvarðanir skipulags- og byggingarnefndar eru byggðar á, séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

41. gr.

Réttarstaða starfsmanna skipulags- og byggingarnefnda.

Starfsmönnum skipulags- og byggingarnefnda er óheimilt að leggja eigin uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki fyrir skipulags- og byggingarnefnd í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi nema nefndin hafi fyrir fram veitt samþykki sitt hverju sinni.

Nánari ákvæði um erindisbréf skipulags- og byggingarfulltrúa, verksvið hans og skyldur og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í byggingarreglugerð.

42. gr.

Eftirlit með byggingarframkvæmdum.

Skipulags- og byggingarnefndarmönnum, skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal heimilt að hafa eftirlit með framkvæmdum við mannvirki sem er í byggingu.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Sé mannvirki verulega áfátt getur byggingarfulltrúi veitt aðila hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum.

Nú er ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis þannig farið að verulega ábótavant er eða hætta stafar af að dómi skipulags- og byggingarfulltrúa og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess viðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun skipulags- og byggingarfulltrúa um úrbætur innan ákveðins frests sem ekki má vera styttri en sex vikur fer um málsmeðferð skv. 62. gr.

43. gr.

Kröfur til þolhönnunar og efnisvals.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða, að eigin mati, að óska eftir sérstökum prófreikningum hönnunar á kostnað byggjanda frá sérstökum prófhönnuðum sem skipulags- og byggingarfulltrúi viðurkennir. Heimilt er ráðherra að gefa út sérstakar reglur um viðurkenningu prófhönnuða og kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Telji skipulags- og byggingarfulltrúi ástæðu til getur hann krafið framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að timbur, steinsteypa, stál, bendistál og annað byggingarefni, byggingarhlutar og einingahús, sem viðkomandi hefur til sölu, standist gæðakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og viðurkenndum gæðastöðlum.

Framleiðandi verksmiðjuframleiddra húseininga eða einingahúsa ber fimm ára ábyrgð á göllum sem fram kunna að koma á þessari vöru og rekja má til hönnunar hennar eða framleiðslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að hönnuðum sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt, telji hann ástæðu til, að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli eftir að það hefur verið reist. Standist

mannvirkið ekki eðlilega álagsprófun skal skipulags- og byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar umbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

44. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem lög þessi taka til, nema að fengnu leyfi viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki uppdrátta og framkvæmdaáforma eða breyttrar notkunar húss. Það felur ekki í sér leyfi til framkvæmda skv. 47. gr.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi skipulags- og byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Framkvæmdir skv. 1 mgr. skulu ætíð vera í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

45. gr.

Staðfesting sveitarstjórnar.

Byggingarleyfi öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt það.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulags- og byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og skipulags- og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem tengigjöld og gatnagerðargjöld, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Staðfesting skv. 1. tölul. fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

46. gr.

Skyldur sveitarfélags.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

47. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi veitir heimild til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi. Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Skipulags- og byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út. Framkvæmdaleyfi skal vera skriflegt og heimilt að gefa það út þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Byggingarfulltrúi hefur áritað öll hönnunargögn sem snerta þá þætti framkvæmda sem leyfðir eru.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

48. gr.

Gildistími byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi þegar undirstöður hafa verið gerðar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur skipulags- og byggingarnefnd þá fellt úr gildi byggingarleyfið og þann hluta framkvæmdaleyfisins sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu skipulags- og byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 62. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um eignarnám.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í byggingarskilmála strangari reglur um byggingarhraða.

49. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja, sem heyra undir þessi lög, greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir svipmóti mannvirkis, innra skipulagi, skipulagi lóðar, staðsetningu, stærð og útliti og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Burðarþolsuppdrættir skulu gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.

Kerfisuppdrættir skulu sýna eðli, fyrirkomulag og frágang innri sem ytri þjónustukerfa, svo sem brunavarnakerfa og lagnakerfa svo og hvers konar boð-, stjórn- og rafkerfa.

Deiliuppdrættir gera nánar grein fyrir einstökum þáttum mannvirkja, innra skipulagi og skipulagi lóðar.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn.

50. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 53. og 54. gr. Allir hönnuðir skulu árita teikningar sínar og taka þar með ábyrgð á að hönnun þeirra sé í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Í sérhverju mannvirki skal ákveða hver er samræmingarhönnuður sem að jafnaði er hönnuður aðalteikninga. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð á því að séruppdrættir séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram bankatryggingu sem verkkaupi hefur samþykkt.

51. gr.

Varðveisla uppdrátta.

Varðveita skal á öruggan hátt í skjalasafni viðkomandi skipulags- og byggingarfulltrúa a.m.k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af skipulags- og byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

52. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Þeir sem hlotið höfðu þennan rétt fyrir gildistöku þessara laga teljast einnig löggiltir hönnuðir.

Sérhver arkitekt, byggingarfræðingur, tæknifræðingur, verkfræðingur, innanhússhönnuður eða landslagshönnuður, sem sækir um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis síns samkvæmt lögum nr. 73/1968.

Sérhver umsækjandi skal hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutími skal ekki vera skemmri en tvö ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum.

Sérhver umsækjandi skal hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Ráðherra skipar, til fjögurra ára í senn, nefnd þriggja manna sér til aðstoðar varðandi mat á sérnámi og starfsreynslu umsækjanda skv. 3. mgr., svo og framkvæmd og mat prófs skv. 4. mgr. Nánar skal kveðið á um nefndina í reglugerð.

Umhverfisráðuneytið skal senda árlega lista yfir löggilta hönnuði til allra skipulags- og byggingarfulltrúa.

53. gr.

Löggilding á sérsvið.

Arkitektar geta hlotið löggildingu sem hönnuðir aðaluppdrátta. Sama gildir um byggingarverkfræðinga, byggingartæknifræðinga og byggingarfræðinga, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu við skipulagsgerð.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu sem hönnuðir á hvers konar burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og frárennsliskerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu sem hönnuðir deiliuppdrátta hver á sínu sviði.

54. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda við gerð hvers mannvirkis skal vera ábyrgur einstaklingur er nefnist byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, rafverktakar og byggingariðnfræðingar sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 55. gr.

2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar sem hlotið hafa löggildingu skv. 52. og 53. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning.

Byggingarstjóri skal hafa ábyrgðartryggingu samkvæmt nánari ákvæðum í sérstakri reglugerð sem ráðherra gefur út.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart skipulags- og byggingarnefnd og öðrum aðilum á því að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir um byggingarmál. Ábyrgð miðast við fimm ár. Hann gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta.

Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína. Við lok framkvæmda staðfestir byggingarstjóri að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkjagerðar áður en verki er lokið skal það tilkynnt skipulags- og byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

55. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

Nefndin viðurkennir þá meistara sem hún telur hæfa til þess að taka ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir. Geta þeir iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, hlotið slíka viðurkenningu enda séu þeir starfandi sem iðnmeistarar. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynni það án tafar skipulags- og byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti, sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með, skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hefur haft umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ákvæði þessarar greinar hagga í engu réttindum og skyldum iðnmeistara samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

56. gr.

Leyfisgjöld.

Sveitarfélög skulu ákveða gjöld tengd byggingarframkvæmdum, þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

Gjöld skv. 1. mgr. renna í sveitarsjóð og skulu þau breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

57. gr.

Greiðsla leyfisgjalda.

Sveitarstjórn ákveður með hvaða hætti byggingarleyfisgjöld eru innheimt.

Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda getur skipulags- og byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin gjöld má innheimta með lögtaki.

V. KAFLI
Viðurlög.

58. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef ákvæði skipulagsáætlunar eru brotin, byggingarframkvæmd hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingar- og skipulagsnefnd hefur heimilað varðar það sektum. Enn fremur getur skipulags- og byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og mælt fyrir um að jarðrask skuli fært í fyrra horf, að bygging eða byggingarhluti skuli fjarlægður og er lögreglu skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur. Gera skal skipulags- og byggingarnefnd grein fyrir slíku máli svo fljótt sem við verður komið.

Ráðherra getur hlutast til um að mannvirki, sem reist hefur verið án samþykkis sveitarstjórnar, verði fjarlægt á kostnað eiganda ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verkið innan sex mánaða frá því henni var kunnugt um málið.

Með mál, sem upp koma samkvæmt grein þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

59. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 52. eða 53. gr., leggur fyrir skipulags- og byggingarnefnd uppdrátt þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, skipulagsáætlunar eða reglugerðar settri samkvæmt þeim getur nefndin veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt hönnuði áminningu skal tilkynna ráðherra um það.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 52. eða 53. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar hönnuðar og nefndar þeirrar sem fyrir er mælt um í 52. gr.

60. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur skipulags- og byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt iðnmeistara áminningu skal tilkynna ráðherra um það.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu.

61. gr.

Refsiábyrgð.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari gerast sekir um alvarleg brot á lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varðar það sektum og skal um slík mál fara að hætti opinberra mála. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að bera fram endurgjaldskröfu sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

62. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Skipulags- og byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

VI. KAFLI
Gildistökuákvæði.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla þá úr gildi skipulagslög, nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54 16. maí 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Að liðnum 10 árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags.

II.

Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.

III.

Á meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, er í gildi fer utanríkisráðherra með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954 og gegnir þeim störfum varðandi skipulags- og byggingarmál á þeim svæðum sem falin eru ráðherra samkvæmt lögum þessum. Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, en í stað skipulags- og byggingarnefnda samkvæmt lögum þessum skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd sem fer með skipulags- og byggingarmál fyrir varnarsvæðin.

Skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli.

Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta hafa samið, að ósk Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra í júní 1991, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir lágu tvö frumvörp um sama efni. Það fyrra var samið af nefnd sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði 12. apríl 1989 og lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi árið 1989. Í nefndinni áttu sæti: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og Guðrún Helgadóttir alþingismaður. Með nefndinni störfuðu Stefán Thors skipulagsstjóri og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarlögfræðingur sem var ritari nefndarinnar.

Seinna frumvarpið var samið af nefnd sem Júlíus Sólnes umhverfisráðherra skipaði 16. júlí 1990 og var lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91. Í nefndinni áttu sæti: Stefán Hermannsson aðstoðarborgarverkfræðingur, formaður, Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Geirharður Þorsteinsson arkitekt og Óttar P. Halldórsson, prófessor í verkfræði. Með nefndinni starfaði Ragnhildur Arnljótsdóttir laganemi sem var ritari nefndarinnar.

Áður hafði verið samið frumvarp til skipulagslaga árið 1986. Var það samið af starfshópi undir forsæti Hallgríms Dalbergs ráðuneytisstjóra. Það var lagt fyrir Alþingi veturinn 1986–1987, en varð þá ekki útrætt.

Þá lá einnig fyrir frumvarp til byggingarlaga sem samið var af nefnd er félagsmálaráðherra skipaði 11. ágúst 1987. Var Stefán Thors formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frumvarpinu ásamt athugasemdum við það til ráðherra 8. mars 1988.

Lög um skipulagsmál voru fyrst sett hér á landi árið 1921. Á þeim voru gerðar breytingar á árunum 1926, 1932 og 1938. Lögin voru leyst af hólmi af núgildandi skipulagslögum, nr. 19 frá 1964, en á þeim hafa verið gerðar breytingar árin 1972, 1974 og 1978.

Lög um byggingarmál eru nr. 54 frá 1978 og tóku þau gildi 1. janúar 1979. Þau komu í stað nokkurra laga og tilskipana frá eldri tíð þar sem heimild var veitt til þess að stofna byggingarnefndir og setja staðbundnar byggingarsamþykktir, en meginbreytingin, sem gerð var með lögunum, er sú að samkvæmt þeim var sett byggingarreglugerð sem gildir fyrir landið allt. Upphaflega reglugerðin er nr. 292/1979, en á henni hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar.

Nefndin kynnti sér fyrri frumvörp og athugasemdir og aðra umfjöllun sem þau hafa fengið. Í tveimur síðustu frumvörpum hefur verið tekin sú stefna að fjalla um skipulags- og byggingarmál í sömu lögum, enda væri um svo náskyld mál að ræða.

Miðað við fyrri frumvörp og athugasemdir við þau hefur skipulagskaflinn fengið mesta umfjöllun og þar hefur verið mestur ágreiningur um það hversu langt skuli ganga í því að staðfesta frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þeim málaflokki. Í frumvarpinu frá 1989 er t.d. gert ráð fyrir því að áætlun um deiliskipulag teljist ekki samþykkt fyrr en hún hefur verið samþykkt bæði í sveitarstjórn og af Skipulagsstofnun. Í frumvarpinu frá 1990–91 er hins vegar gert ráð fyrir að samþykkt sveitarstjórnar nægi og deiliskipulagið síðan sent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Í frumvarpinu frá 1989 er gert ráð fyrir að skipulagsstjórn ríkisins skipi formann í samvinnunefndum um svæðisskipulag en í frumvarpinu frá 1990–91 er ákvæði um slíkt fellt niður en í stað þess *skuli* fulltrúi Skipulagsstofnunar sitja fundi nefndanna og hafa þar tillögurétt.

Nefnd sú, sem nú skilar áliti, var eins og fyrri nefndir á því að frumvarpið skyldi samið með það að markmiði að frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna yrði staðfest og meðferð skipulags- og byggingarmála einfölduð. Þá hefur nefndin einnig lagt á það áherslu að þar sem því megi koma við verði ýmis ákvæði í lögum um nánari útfærslu færð yfir í reglugerð.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1. Skipulagslög og byggingarlög eru sameinuð í einn lagabálk.
2. Skilgreindar eru ólíkar gerðir skipulagsáætlana, þar á meðal landsskipulag sem ekki hafa verið ákvæði um í lögum eða reglugerðum.
3. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni færð til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna.
4. Frumkvæði, gerð og framkvæmd svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana er fært frá ríki til sveitarfélaga.
5. Skilgreint er nýtt hlutverk Skipulagsstofnunar ríkisins þar sem m.a. er lögð aukin áhersla á ráðgjöf og rannsóknir.
6. Aukin áhersla er lögð á að allar sveitarstjórnir láti vinna aðalskipulagsáætlanir. Þetta á jafnt við um þéttbýli og strjálbýli.
7. Sveitarstjórn þarf ekki að óska eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa tillögu að skipulagi.
8. Skipulagsstofnun hefur ekki afskipti af deiliskipulagi svo fremi það sé í samræmi við staðfest aðalskipulag.
9. Ekki er reiknað með að sveitarstjórnir þurfi meðmæli Skipulagsstofnunar og samþykki ráðherra til að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir vegna fyrirsjáanlegrar þróunar sveitarfélagsins.
10. Auk þess sem skipulagsgjald greiðist af brunabótamati hverrar nýbyggingar eins og verið hefur er lagt til að skipulagsgjald verði einnig greitt af mannvirkjum.
11. Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórnar (ekki ráðuneytis).
12. Fellt er niður ákvæði um að ráðherra skeri úr komi upp ágreiningur milli skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar.
13. Auknar kröfur eru gerðar um þolhönnun bygginga og efnisval.
14. Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja eru nánar skilgreind.
15. Skýrari ákvæði eru um löggildingu hönnuða og ábyrgð þeirra.

16. Málsmeðferð, þegar einhver telur rétti sínum hallað með ályktun skipulags- og byggingarnefndar, er breytt á þann hátt að ekki er kært til ráðuneytis eins og gert er samkvæmt gildandi byggingarlögum heldur til nefndar sem skipuð verði fulltrúa umhverfisráðuneytisins, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni, skipuðum af Hæstarétti.
17. Bráðabirgðaákvæði er sett um að öll sveitarfélög skuli hafa gengið frá aðalskipulagi 10 árum eftir gildistöku laganna.

Auk þess sem hér er rakið er mikið um smávægilegar breytingar og ýmislegt fellt niður sem á frekar heima í reglugerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr., sem er nýmæli, er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem liggja að baki lagasetningunni. Þetta er m.a. gert til þess að leggja áherslu á þær faglegu kröfur sem gerðar eru til áætlunargerðar og hönnunar á sviði skipulags- og byggingarmála.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök um skipulagsmál sem notuð eru í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að önnur hugtök, sem fyrir koma í lögunum, verði nánar útskýrð í reglugerð eftir því sem ástæða þykir til.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt núgildandi skipulagslögum er það hlutverk skipulagsstjórnar að samþykkja tillögu að skipulagi sem skipulagsstjóri hefur gert og senda hana til viðkomandi sveitarstjórnar til umsagnar. Þannig hefur frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana fyrst og fremst verið skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að forminu til þótt sveitarfélögin hafi á síðari árum í raun tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði í auknum mæli.

Með frumvarpinu er sú breyting lögð til að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt fært til sveitarstjórna. Skipulagsáætlanir um þróun og mótun byggðar eru stjórntæki sveitarstjórnar og því er eðlilegt að þau taki við því hlutverki, jafnframt því sem þau tryggi eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Sú stofnun, sem nú heitir Skipulag ríkisins, er í frumvarpinu nefnd Skipulagsstofnun. Það er gert til einföldunar þótt byggingarmál séu til umfjöllunar hjá stofnuninni og í raun um að ræða skipulags- og byggingarstofnun. Þá er gert ráð fyrir því að skipulagsstjórn ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar færð yfir til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga.

Þegar skipulagslög voru fyrst sett árið 1921 var húsameistari ríkisins eini háskólamenntaði arkitekt landsins, en vegamálastjóri einn af örfáum verkfræðingum. Það þótti því ráð að lögfesta setu þeirra í skipulagsnefnd ríkisins eins og skipulagsstjórn þá hét, auk prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands, Guðmundar Hannessonar, sem sýnt hafði skipulagsmálum sérstakan áhuga.

Með breytingu á lögunum árið 1938 var ákveðið að vitamálastjóri, sem jafnframt var hafnamálastjóri landsins, skyldi eiga sæti í nefndinni í stað prófessorsins er þá hafði náð aldurshámarki starfsmanna ríkisins. Með setningu núgildandi laga var svo nafni nefndarinnar breytt í *skipulagsstjórn ríkisins* og stjórnarmönnum fjölgað í fimm þannig að auk

fyrrgreindra embættismanna sitja í stjórninni tveir til viðbótar sem skipaðir eru af ráðherra, annar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og hinn án tilnefningar.

Ekki þarf að taka fram að aðstæður eru nú gjörbreyttar frá setningu fyrstu laganna um skipulagsmál hvað snertir sérfræðiþekkingu á sviði skipulags- og byggingarmála og þróun undanfarinna ára hefur gengið í þá átt að embættismenn sitji ekki í nefndum og ráðum með hliðstætt hlutverk og hér um ræðir.

Um 3. gr.

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála, sem áður var hjá félagsmálaráðuneytinu, fluttist til umhverfisráðuneytis 1. janúar 1991. Sú breyting er gerð að í stað þess að skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri skuli vera ráðuneytinu til aðstoðar verður það nú hlutverk Skipulagsstofnunar þar sem gert er ráð fyrir að skipulagsstjórn verði lögð niður.

Um 4. gr.

Í 13. gr. gildandi skipulagslaga eru taldir upp ýmsir þættir skipulagsáætlana sem kveða á nánar á um í reglugerð, þar á meðal um að öldruðu og fötluðu fólki sé gert auðvelt að komast leiðar sinnar o.s.frv. Kröfur til skipulagsáætlana hafa verið að þróast og þær taka breytingum í tímans rás. Því þykir ekki heppilegt að telja upp einstök atriði sem taka á tillit til í lögunum, en hins vegar verði kveðið á um tæknilega útfærslu skipulagsáætlana í reglugerð. Þá er tekið fram að í reglugerð skuli vera ákvæði um hvernig meta skuli áhrif framkvæmda á umhverfið en hjá Skipulagi ríkisins er unnið að tilraunaverkefni í umhverfismati. Að því loknu verður gerð tillaga um það hvernig umhverfismat geti tengst gerð skipulagsáætlana.

Um 5. gr.

Í greininni er ákveðin sú verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga að gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags sé í höndum sveitarstjórna. Landsskipulag er hins vegar á vegum ríkisins (ríkisstofnana), enda er þar um að ræða skipulag framkvæmda sem ná til margra sveitarfélaga og skipulagssvæða.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um stjórn og eftirlit sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Í flestum stærri sveitarfélögum landsins eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir sem eru ráðgjafarnefndir sveitarstjórna. Þær styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga, en í gildandi skipulagslögum eru hins vegar engin ákvæði um slíkar nefndir. Í gildandi byggingarlögum er hins vegar ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, þó þannig að nágrannasveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu svæðisbyggingarnefndar. Slík svæðisbyggingarnefnd hefur aðeins verið kosin á tveimur svæðum, þ.e. í Eyjafirði og Skagafirði.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi sem sótt er um á grundvelli gildandi skipulagsáætlunar, en skipulagsnefnd fjallar um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og veitir umsagnir um hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun. Þar sem ekki hafa verið kosnar sérstakar skipulagsnefndir hafa byggingarnefndir fjallað um skipulagsmál.

Samkvæmt frumvarpinu geta sveitarstjórnir kosið eina skipulags- og byggingarnefnd eða ákveðið að kjósa tvær nefndir hvora á sínu sviði.

Æskilegt er talið að sveitarfélög geti stofnað svæðisskipulags- og byggingarnefnd með sameiginlegu starfsliði. Þannig yrði smærri sveitarfélögum gert kleift að koma á markvissari umfjöllun og eftirliti á sviði skipulags- og byggingarmála.

Í frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi 1989, var sveitarfélögum með færri íbúa en 700 gert skylt að mynda byggðasamlög með nágrannasveitarfélögum um skipulags- og byggingarmál, en hér er lagt til að sveitarfélögin taki ákvörðun um þetta sjálf, en þar sem þeim er gert skylt að hafa í þjónustu sinni sérhæft starfslið á sviði skipulags- og byggingarmála er augljóst, fjárhagslegt hagræði að myndun slíkra byggðasamlaga. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að 1. ágúst 1990 hætti Stofnlánadeild landbúnaðarins að taka þátt í kostnaði vegna embætta byggingarfulltrúa í strjálbýli og munu vera dæmi þess að sveitarfélög hafi hætt samvinnu um ráðningu byggingarfulltrúa og ráði þess í stað ófaglærða menn hvert um sig. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að herða ákvæði um svæðisbyggingarnefndir og hefur Skipulag ríkisins tekið undir það með félaginu. Nefnd sú, sem hér skilar áliti, telur æskilegast að sveitarfélög verði sameinuð og að sveitarstjórnir fámennari sveitarfélaga taki sjálfar frumkvæði í því hvernig þær vilja framfylgja ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Um 7. gr.

Eins og áður er getið er lagt til að Skipulag ríkisins verði nefnt Skipulagsstofnun. Hlutverk hennar er síðan nánar skilgreint í greininni. Það nýmæli er tekið upp að stofnunin skuli beita sér fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála. Ýmis verkefni skipulagsstjóra samkvæmt gildandi lögum og fyrri frumvörpum eru færð til Skipulagsstofnunar.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til þær breytingar varðandi skipun í embætti skipulagsstjóra að tekið er fram að hann skuli hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála, en í núgildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar menntunarkröfur. Jafnframt er gerð sú breyting að hann skuli skipaður til fimm ára í senn, en nú gildir æviráðning um skipun í embættið.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag byggðar og er hann verulega breyttur frá því sem gildandi lög kveða á um. Hinar ýmsu gerðir skipulagsáætlana eru skilgreindar og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt þannig að vald er í auknum mæli fært til sveitarfélaga, en eindregnar óskir hafa komið fram um það í athugasemdum við fyrri frumvörp. Markmið með þessum breytingum er að ekki þurfi að koma til afskipti ráðuneytis eða Skipulagsstofnunar nema sveitarfélög fari út fyrir ramma laganna um form og lögmæti ákvörðunar eða að upp komi ágreiningur að öðru leyti.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessu frumvarpi eru öll sveitarfélög skipulagsskyld eins og í núgildandi skipulagslögum. Á vegum umhverfisráðuneytisins er nú unnið að því að fastsetja málsmeðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands. Það er talið nauðsynlegt vegna þess að í sveitarstjórnarlögum er ákvæði um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög og því óljóst með skipulagsskyldu á svæðum sem teljast til óbyggðar án þess að

mörk milli byggðar og óbyggðar hafi verið skilgreind. Vaxandi byggingarframkvæmdir á hálendinu gera það nauðsynlegt að skorið verði úr um málsmeðferð.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um að gera skuli skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar að þéttbýli rísi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög og í bráðabirgðaákvæðum eru sett þau tímamörk að 10 árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Í mörgum strjálbýlissveitarfélögum er töluvert um byggingarframkvæmdir. Má þar nefna sumarbústaði, íbúðarhús á lögbýlum sem ekki tengjast búskap og byggingar fyrir atvinnustarfsemi. Þar við bætist ýmis mannvirkjagerð á vegum veitustofnana. Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn, þegar aðalskipulag er ekki fyrir hendi, að leita samþykkis skipulagsstjórnar fyrir öllum byggingarframkvæmdum sem ekki tengjast búskap. Nefndin telur nauðsynlegt að í öllum sveitarfélögum sé mörkuð stefna í landnotkun og landnýtingu, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á landbúnaðarframleiðslu. Aðalskipulagsáætlun er kjörið hjálpartæki við slíka stefnumörkun.

Lögð er til sú breyting að aðalskipulagsáætlanir séu til 10 ára í stað 20 ára.

Um 11. gr.

Nokkur sveitarfélög hafa efnt til kynningarfunda um aðalskipulagsgerð áður en eiginleg skipulagsvinna hefst. Þetta hefur verið gert til að kynna hagsmunaaðilum hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni og gefa þeim um leið tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum. Þetta hefur reynst betur en að halda kynningarfundi þegar fyrir liggur nánast fullmótuð aðalskipulagstillaga.

Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn að leita eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa aðalskipulagstillögu. Þessu er breytt þannig að sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar og hafi hún ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna er tillagan auglýst.

Um 12. gr.

Ákvæði um auglýsingu er óbreytt frá gildandi lögum nema frestur til að skila athugasemdum er styttur úr átta vikum í sex. Þetta er gert í þeim tilgangi að flýta málsmeðferð.

Um 13. gr.

Málsmeðferð að lokinni auglýsingu er breytt frá gildandi lögum þannig að í stað þess að skipulagsstjórn fjalli um athugasemdir og umsagnir sveitarstjórna um þær fjallar Skipulagsstofnun um málið. Þá er það nýmæli í lögum að leggi Skipulagsstofnun til að synjað verði um staðfestingu skuli synjunin rökstudd með greinargerð.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 20. gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli, en það veitir ráðherra heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði vegna almannahagsmuna eða vegna ósamræmis milli skipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga.

Um 15. gr.

Ákvæði um endurskoðun skipulagsáætlana hafa ekki verið í skipulagslögum, en í skipulagsreglugerð hafa verið ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar. Hér er um lykilatriði að ræða ef aðalskipulagsáætlun á að vera virkt stjórntæki sveitarstjórna og eðlilegt þykir að ákvæði um reglubundna endurskoðun sé að finna í skipulagslögunum sjálfum.

Endurskoðun aðalskipulags getur falið í sér mikla vinnu og er hér lagt til að nýkjörnar sveitarstjórnir meti að afloknum sveitarstjórnarkosningum hvort þörf sé endurskoðunar.

Um 16. gr.

Þessi grein er í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr. núgildandi skipulagslaga að því undanskildu að Skipulagsstofnun kemur í stað skipulagsstjórnar. Nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í því skyni að hægt sé að gera minni háttar breytingar án þess að með þær þurfi að fara skv. 12. og 13. gr. Við framkvæmd aðalskipulags koma oft upp tilvik þar sem breyta þarf minni háttar atriðum.

Um 17. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og því þykir nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um það hvernig með verði farið.

Um 18. gr.

Í 11. gr. gildandi skipulagslaga er ákvæði um að þar sem gerður hafi verið aðalskipulagsuppdráttur skuli, þar sem þörf krefji, einnig gera séruppdrætti, þ.e. það sem síðar hefur verið kallað deiliskipulag. Upp hefur komið ágreiningur um deiliskipulagsskyldu og hver eigi að meta þörfina hverju sinni: sveitarstjórn, skipulagsstjórn eða ráðherra. Lagt er til að gert skuli deiliskipulag þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi getur sveitarstjórn engu að síður leyft einstakar byggingarframkvæmdir innan ramma aðalskipulags, en kynna þarf fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir næstu nágrönnum og gefa þeim kost á því að láta skoðun sína í ljós. Þetta á ekki síst við í eldri hverfum þar sem verið er að byggja í skörð eða á lóðum þar sem hús hafa verið rifin og ekki er talin ástæða til að gera deiliskipulag.

Um 19. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 30. gr. gildandi skipulagslaga. Sú breyting er þó gerð að verði sveitarstjórn við tilmælum landeiganda um að land hans verði skipulagt sem byggingarlóðir láti hann sveitarfélaginu endurgjaldslaust í té ⅓ hluta þess lands sem heimildin nær til. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal landeigandi láta af hendi ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða sem heimildin nær til, en reynslan sýnir að það er allsendis ófullnægjandi.

Um 20. gr.

Um kynningu deiliskipulags hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum. Hér er gerð deiliskipulags einfölduð. Tillögu skal hafa til sýningar fyrir almenning í þrjár vikur og jafnframt skal auglýsa eftir athugasemdum innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar um sýninguna. Senda skal tillöguna Skipulagsstofnun til kynningar.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um meðferð á deiliskipulagstillögu eftir að frestur til að gera athugasemdir við hana er liðinn. Deiliskipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn við seinni umræðu.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað um breytingar á samþykktu deiliskipulagi og er þar um nokkra einföldun að ræða frá þeim reglum sem nú gilda. Auglýst skal eftir athugasemdum við breytinguna og skal við aðra umræðu í sveitarstjórn taka afstöðu til innsendra athugasemda.

Um 23. gr.

Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hefur skapast þörf fyrir gerð skipulags er nái yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Ákvæði um svæðisskipulag eru í 3. og 12. gr. núgildandi skipulagslaga og hefur talsvert verið unnið eftir þeim. Hér er gert ráð fyrir að nágrannasveitarfélög óski sameiginlega eftir því að gert verði svæðisskipulag til þess að samræma þróun byggðar og aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu.

Um 24. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 25. gr.

Fjölmargar stofnanir ríkisins hafa framkvæmdir á sinni könnu sem ná til landsins alls. Nauðsynlegt er að samræmis sé gætt milli áætlana um þessar framkvæmdir og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Því er í greininni mælt fyrir um að Skipulagsstofnun skuli í samvinnu við aðra opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun á legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að ákveðnar verklagsreglur komist á um slíkar ákvarðanir. Samkvæmt frumvarpinu skal staðfesta slíka legu og hún skal hafa sama gildi og staðfest aðalskipulag.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 7.–9. gr. núgildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 32. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 27. og 28. gr. gildandi laga, en bætt er við heimild til þess að taka eignarnámi efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum og samþykktum skipulagsáætlunum.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um skaðabætur til eigenda fasteigna vegna röskunar sem framkvæmd skipulagsáætlunar hefur í för með sér. Er um sambærileg ákvæði að ræða og nú eru lögfest í 29. gr. skipulagslaga.

Um 33. gr.

Um þetta efni er fjallað í 33. og 34. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um kostnaðarskiptingu vegna skipulagsmála og jafnframt er hér um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum.

Um 34. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagsgjald, en samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra heimild til slíkrar álagningar. Heimildin hefur hins vegar verið notuð frá upphafi og er álagningarprósenta óbreytt samkvæmt frumvarpinu. Sú breyting er gerð að „nýbyggingar“ er breytt í: mannvirki. Þá er lagt til að ríkissjóður greiði árlega framlag til skipulagsmála sem sé eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs. Er þetta óbreytt fyrirkomulag frá gildandi lögum.

Til tals hefur komið að fella niður ríkisframlagið og leggja í stað þess skipulagsgjald á opinberar framkvæmdir eins og virkjanir, háspennulínur og vegagerð. Á undanförnum árum hefur umfjöllun um þessar framkvæmdir hjá Skipulagi ríkisins stóraukist.

Um 35. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. gr. núgildandi byggingarlaga. Að gefnu tilefni er þó tekið fram að auk vega séu brýr undanþegnar ákvæðum laganna og því bætt við að mannvirki undanþegin ákvæðum laganna skuli byggð á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Þá er því einnig bætt við núgildandi ákvæði að óski byggingarfulltrúi þess skuli honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkis. Þessu er bætt við greinina til að tryggja möguleika á virku byggingareftirliti.

Um 36. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar (1. og 2. mgr.) er að mestu leyti samhljóða 4. gr. gildandi byggingarlaga. Þær viðbætur eru þó gerðar að í byggingarreglugerð skuli vera ákvæði um mismunandi tegundir bygginga, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum, gróður og frágang lóða, hönnunargögn og réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara.

Vegna aukins samstarfs um setningu staðla á ýmsum tæknilegum sviðum milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins og innan samtakanna CEN og CENELEC er í 3. mgr. sú viðbót að auk þess að í byggingarreglugerð skuli vísað til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og fleiri atriði sem varða mannvirkjagerð sé heimilt að vísa til sérsviðssamninga og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt í samstarfi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 37. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda verður víðtækara en byggingarnefndanna samkvæmt núgildandi byggingarlögum því auk þess að fjalla um byggingarmál og gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra fjallar nefndin um stefnumörkun í skipulagsmálum og gerð skipulagsáætlana.

Um 38. gr.

Fellt er niður ákvæði um að ráðherra skeri úr komi upp ágreiningur milli skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Málsmeðferð, þegar einhver telur rétti sínum hallað með ályktun skipulags- og byggingarnefndar, er breytt á þann hátt að ekki er kært til ráðuneytis eins og gert er samkvæmt gildandi byggingarlögum heldur til nefndar sem skipuð verði fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni, skipuðum af Hæstarétti.

Um 39. gr.

Í 21. gr. gildandi byggingarlaga eru gerðar þær kröfur að byggingarfulltrúi skuli vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í strjálbýli er heimilt að ráða búfræðikandídat úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa. Í frumvarpinu eru gerðar þær almennu kröfur til skipulags- og byggingarfulltrúa að hann skuli hafa sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla og að hann skuli hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd tekur gilda. Fáist ekki maður í stöðuna með fullnægjandi menntun er þó heimilt að ráða tímabundið mann með minni menntun.

Um 40. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 22. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 41. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga og kveður á um að skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans sé óheimilt að gera uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki í hlutaðeigandi umdæmi nema sérstaklega standi á, enda hafi nefndin þá fyrir fram veitt leyfi sitt hverju sinni. Ástæður þessa eru augljóslega þær að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og óeðlileg vinnubrögð við framkvæmd opinbers eftirlits.

Um 42. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 43. gr.

Greinin er nýmæli og liður í hertu byggingareftirliti. Er skipulags- og byggingarfulltrúa veitt heimild til þess í sérstökum tilvikum að óska eftir prófreikningum hönnunar frá sérstökum prófhönnuðum, en þar er um að ræða viðurkennda sérfræðinga á sviði hönnunar, t.d. varðandi styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum. Er gert ráð fyrir því að ráðherra geti gefið út sérstakar reglur um viðurkenningu slíkra prófhönnuða og um kröfur sem til þeirra eru gerðar, en dæmi eru um slíkt fyrirkomulag í nágrannaríkjum okkar.

Þá er í greininni einnig heimild til að krefja framleiðendur og byggingarefnissala um

vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að söluvörur þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar. Krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmdum við meiri háttar mannvirkjagerð og krefjast má álagsprófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Um 44. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Bætt hefur verið við ákvæði um að skipulags- og byggingarfulltrúi geti heimilað lóðarhafa könnun jarðvegsgerðar á byggingarlóð þótt framkvæmdaleyfi sé ekki fengið. Þetta er gert m.a. til að koma til móts við þörf á upplýsingum um jarðveg sem nota þarf við hönnun mannvirkis.

Um 45. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 4., 5., 7. og 8. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Ákvæði um yfirlýsingu um ábyrgð á framkvæmdum er fært í 47. gr. þessa frumvarps. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, jafnvel þótt það hafi verið staðfest í sveitarstjórn þar sem framkvæmdaleyfi þarf einnig að koma til, sbr. 47. gr.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. í gildandi byggingarlögum.

Um 47. gr.

Greinin er nýmæli. Byggingarleyfi, sem veitt er út á aðaluppdrætti, veitir ekki heimild til framkvæmda, heldur þarf einnig að koma til sérstakt framkvæmdaleyfi, en það tryggir að fullnægjandi burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi verið ráðnir til verksins og að þeir hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

Í undantekningartilvikum er þó heimilt að veita framkvæmdaleyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda eins og t.d. til þess að grafa grunn eða hefja steypuvinnu þótt mannvirkið hafi ekki verið fullhannað í smáatriðum.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um það hvenær byggingarleyfi falli úr gildi og er hún að mestu samhljóða núgildandi 15. gr. byggingarlaga. Þær breytingar eru lagðar til að byggingarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

Um 49. gr.

Greinin ásamt fjórum næstu greinum um hönnunargögn er nýmæli og kemur í stað 12. gr. í gildandi byggingarlögum sem er um margt óljós varðandi uppdrætti og löggildingu hönnuða. Í gildandi lögum eru nefndir aðaluppdrættir og séruppdrættir án þess að fram komi við hvað sé átt. Þá er í sömu grein tekið fram að rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum geti hlotið arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar hver á sínu sviði, án þess að viðkomandi svið séu skilgreind.

Í þessari grein frumvarpsins eru hönnunargögn skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl. Uppdrættir eru síðan greindir í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti

og deiliuppdrætti. Þessar fjórar ólíku gerðir uppdrátta eru skilgreindar og tekið fram að kröfur varðandi hönnunargögn verði nánar settar fram í byggingarreglugerð.

Um 50. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar þessarar greinar um áritun á uppdrætti og ábyrgð á þeim eru í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga.

Í 2. mgr. er hins vegar það nýmæli lagt til að uppdráttur skuli áritaður af löggiltum hönnuði sem tekið hefur að sér samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirkið verður byggt eftir, en um það eru ákvæði í gildandi byggingarreglugerð.

Í 3. mgr. er það nýmæli lagt til að hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skuli hafa ábyrgðartryggingu sem nánar sé mælt fyrir um í byggingarreglugerð. Sambærileg ákvæði hafa á síðustu árum verið lögfest í nýrri löggjöf varðandi fasteignasala og verðbréfasala, en markmið þeirra er að tryggja að viðskiptavinir geti sótt skaðabætur til sjálfstætt starfandi aðila sem valda þeim tjóni með mistökum í starfi sínu.

Um 51. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. mgr. 12. gr. gildandi laga, en leitast er við að gera orðalag ótvíræðara.

Um 52. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. gildandi laga, en sú breyting er gerð á orðalagi að í stað „gera uppdrátt“ kemur: leggja fram uppdrátt.

Skilgreint er almennt hvaða skilyrðum hönnuðir þurfa að fullnægja áður en þeir geta öðlast rétt til löggildingar. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis, sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur þurfa að hafa tveggja ára starfsreynslu. Þá skal umsækjandi hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Til að aðstoða ráðherra við mat á sérnámi og starfsreynslu og framkvæmd og mati prófs er lagt til að ráðherra skipi prófnefnd til fjögurra ára í senn. Felld er niður krafa um umsögn stéttarfélaga og skipulagsstjórnar.

Um 53. gr.

Greinin er nýmæli, en í henni er skilgreint nánar hverjir geti hlotið löggildingu sem hönnuðir og þá til hvaða uppdráttagerðar. Varðandi aðaluppdrætti er lagt til að sú regla sé viðhöfð að arkitektar geti hlotið löggildingu. Byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti einnig hlotið löggildingu til aðaluppdráttar enda hafi þeir öðlast fjögurra ára starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á því sviði. Lagt er til að byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti hlotið löggildingu sem hönnuðir burðarþolsuppdrátta enda hafi þeir sérhæft sig á því sviði og hlotið starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á sama sviði.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir hafa ekki áður verið nefndir í byggingarlöggjöf og hafa því hvorki þurft eða getað hlotið löggildingu. Báðar starfsstéttir hafa nú

fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þá sams konar reglur og þær starfsstéttir sem áður eru upp taldar í grein þessari. Lagt er til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulagi bygginga og að landslagshönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Um 54. gr.

Í þessari grein og í 55. gr. er fjallað um sama efni og nú er fjallað um í 16.–19. gr. byggingarlaga. Hertar eru til muna kröfur um byggingarstjórn og er sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili sem nefnist byggingarstjóri, en um það er aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum. Tekið er fram hverjir geti orðið byggingarstjórar, en frá setningu núgildandi laga árið 1978 hefur þeim aðilum fjölgað mjög sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingarstjóra samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæði um verksvið byggingarstjóra er samhljóða 17. gr. núgildandi laga, en nýmæli er að í byggingarreglugerð skuli kveðið á um samning milli byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda. Þá er það einnig nýmæli að byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu.

Ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra er að mestu samhljóða 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga. Bætt er við ákvæði um að byggingarstjóri skuli við lok framkvæmda staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Í greininni eru einnig ákvæði um hvernig staðið skuli að málum ef byggingarstjóri hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og samþykki fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóra.

Um 55. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er fjallað um ábyrgð iðnmeistara gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og skipulags- og byggingarnefnd og hverjir geti hlotið viðurkenningu skipulags- og byggingarnefndar til að taka á sig slíka ábyrgð.

Ákvæði eru um það hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og með samþykki fráfarandi og aðkomandi iðnmeistara.

Ákvæði um meint brot byggingarstjóra eða iðnmeistara er efnislega í samræmi við 33. gr. núgildandi laga. Verði byggingarstjóri eða iðnmeistari uppvís að því að sinna ekki umsjónarskyldu sinni með framkvæmd verks getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu sinni fyrirvaralaust.

Um 56. og 57. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða VII. kafla núgildandi byggingarlaga.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ábyrgð aðila og viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru í samræmi við þau.

Um 58. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. núgildandi byggingarlaga að öðru leyti en því að hún nær einnig til atriða er varða skipulagsáætlanir.

Um 59. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. núgildandi byggingarlaga að breyttu breytanda.

Um 60. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild skipulags- og byggingarnefnda til þess að beita áminningum og sviptingu löggildingar ef byggingarstjórar eða iðnmeistarar gerast sekir um brot á ákvæðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál.

Um 61. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Með slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Um 62. gr.

Hér er fjallað um aðgerðir skipulags- og byggingaryfirvalda til þess að knýja fram úrbætur með beitingu dagsekta eða með því að láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Um 63. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði I og II skýra sig sjálf.

Ákvæði III er sett til þess að ákvarða nánar meðferð skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Samkvæmt lögum nr. 106 17. desember 1954 skal þeim ráðherra, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð málaflokka á varnarsvæðum sem ella eru fengnir öðrum ráðherrum til meðferðar. Í lögunum er ekki getið um hlutverk sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem hafa varnarsvæði innan marka sinna.

Að gefnu tilefni þykir rétt að setja í frumvarpið ótvíræð ákvæði um þetta efni sem segja má að séu í samræmi við þá skipan mála er tekin var upp með setningu reglugerðar nr. 75 frá 15. mars 1982 um skipulagsmál á varnarsvæðunum. Samkvæmt reglugerðinni skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd er fer með skipulags- og byggingarmál innan varnarsvæðanna og skal hún í starfi sínu hafa samráð við Skipulagsstofnun og fyrirsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Með frumvarpi þessu verða skipulagslög og byggingarlög sameinuð í einn lagabálk og jafnframt falla úr gildi skipulagslög nr. 19/1964 og byggingarlög nr. 54/1978. Þeir þættir þessa frumvarps, er hafa munu áhrif á kostnað og tekjur ríkissjóðs, eru sem hér segir:

1. Skipulagsgjald verði nú innheimt af öllum nýjum byggingum og mannvirkjum (34. gr.) en í núgildandi lögum er það einungis innheimt af nýbyggingum (35. gr. núgildandi laga). Skipulagsgjald er óbreytt og nemur 3‰ af brunabótamati þar sem slíkt mat er fyrir hendi en annars er miðað við fasteignamat mannvirkis. Hér er um umtalsverða útvíkkun á gjaldstofni að ræða þar sem gjaldið mun nú ná til allrar mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna, flugvalla, virkjana, veitna o.s.frv.

   Á árinu 1992 er spáð að fjármunamyndun í mannvirkjun hins opinbera, öðrum en húsbyggingum sem greitt er skipulagsgjald af samkvæmt gildandi lögum, geti numið um 14 milljörðum króna. Sé gert ráð fyrir að fasteignamat slíkra mannvirkja nálgist kostnaðarverð má ætla að 3‰ skipulagsgjald gefi um 40 m.kr. í tekjur til viðbótar við þær rúmar 80 m.kr. sem nú er gert ráð fyrir að skipulagsgjald gefi af sér í sértekjur við embætti skipulagsstjóra ríkisins í fjárlögum yfirstandandi árs. Mannvirki í einkageiranum önnur en nýbyggingar verða einnig skipulagsgjaldskyld með frumvarpi þessu, en slík mannvirki eru fá.
2. Í 33. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um greiðslu kostnaðar. Liður a fjallar um kostnað við gerð svokallaðs landsskipulags. Sá kostnaður greiðist að fullu af viðkomandi stofnun, en Skipulagsstofnun ber kostnað vegna gagnaöflunar og vinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag. Kostnaður vegna þessa verkefnis er talinn geta numið 2–3 m.kr. Liður b kveður á um að kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum. Embætti skipulagsstjóra telur að á næsta áratug verði ráðist í 12 ný svæðisskipulagsverkefni og muni hvert þeirra kosta ríkissjóð um 5 m.kr., samtals 60 m.kr., auk 2 m.kr. á ári vegna endurskoðunar svæðisskipulagsáætlana, samtals 8 m.kr. á ári. Liður c kveður svo á að kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með færri en 700 íbúa greiðist að ¾ af Skipulagsstofnun og að ¼ af hlutaðeigandi sveitarfélagi. Talið er að fyrir liggi að gera allt að 110 ný aðalskipulög fyrir strjálbýlissveitarfélög. Hlutur ríkissjóðs í kostnaði hvers þeirra er talinn geti numið 1,7 m.kr., samtals 187 m.kr. Sé þeim kostnaði dreift á næsta áratug, yrði hann um 18,7 m.kr. á ári. Því til viðbótar má reikna með 5 m.kr. kostnaði á ári vegna endurskoðunar aðalskipulagsáætlana.

   Til samans er áætlað að kostnaður vegna ofangreindra verkefna geti numið um 35 m.kr. á ári en undanfarin ár hefur hann verið um 20 m.kr., þ.e. nýr kostnaður mun nema um 15 m.kr.
3. Skipulagsstjórn ríkisins sem skipuð er fimm mönnum verður lögð niður samkvæmt frumvarpinu. Embætti skipulagsstjóra verður fellt inn í Skipulagsstofnun og verður skipulagsstjóri yfirmaður hennar skv. 8. gr. Gert er ráð fyrir að sett verði á stofn

úrskurðarnefnd (38. gr.) skipaðri þremur mönnum og er áætlað að nefndarlaun hennar muni nema um 360 þús. kr. Því til viðbótar er gert ráð fyrir sérstakri nefnd sérfróðra manna (3. gr.) á vegum umhverfisráðuneytis til ráðgjafar um skipulags- og byggingarmál. Kostnaðaráhrif af þessum nefndabreytingum eru taldar óverulegar.

Samkvæmt ofangreindu má ætla verði frumvarp þetta að lögum að árlegar tekjur Skipulagsstofnunar ríkisins muni aukast um nálægt 25 m.kr. umfram viðbótarútgjöld stofnunarinnar sem ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér.

Lögunum er ætlað að taka gildi 1. janúar 1993. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1993 hefur ekki verið tekið tillit til þeirra fjárhagslegu breytinga sem frumvarpið mun hafa í för með sér verði það að lögum.

310. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1981, orðast svo:

Þá skulu sjómenn, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum, svo og önnur atriði sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 103. löggjafarþingi 1980–81 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Í því frumvarpi var sú breyting gerð aðallega að heimilað var að greiða sjómönnum lífeyri við 60 ára aldur og iðgjöld miðuð við heildarlaun en ekki hlutfall af kauptryggingu eins og lögin gerðu ráð fyrir.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að óbreytt yrðu ákvæði um að sjómenn lögskráðir í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum skyldu vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefði fyrir gildistöku laganna veitt slíka undanþágu. Þá var einnig í sömu málsgrein tryggður innheimturéttur iðgjalda og lögveð í skipum, sem og önnur atriði sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt lögunum.

Í meðferð þingsins breyttist þessi málsgrein á þann veg að innheimturéttur með lögveði í skipum var tekinn út úr lögunum þannig að aðeins Lífeyrissjóði sjómanna er tryggður þessi réttur. Í gögnum málsins er ekki hægt að sjá að hér hafi verið um ásetning að ræða, að mismuna þannig sjómönnum eftir því í hvaða lífeyrissjóði þeir tryggðu rétt sinn. Ekki er heldur hægt að finna að í umræðum um málið sé nokkurs staðar í máli þingmanna vikið að þessu atriði.

Í framkvæmd hefur alltaf verið litið svo á að lögveðsréttur væri fyrir hendi þegar grípa hefur þurft til harðra innheimtuaðgerða, svo og við gjaldþrotaskipti fyrirtækja o.fl.

Þegar inneign útgerðarfyrirtækja í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins var ráðstafað á þessu ári gerði framkvæmdastjóri sjóðsins athugasemdir við rétt annarra lífeyrissjóða til lögveðs á skipum og því höfðu þeir ekki forgang á greiðslum úr sjóðnum eins og Lífeyrissjóður sjómanna.

Frumvarp þetta er því flutt til að tryggja öllum sjómönnum sama rétt hvar í lífeyrissjóði sem þeir eru tryggðir.

Eftirfarandi lífeyrissjóði, aðra en Lífeyrissjóð sjómanna, hafa sjómenn innan sinna vébanda:

1. Lífeyrissjóð Vestfirðinga,
2. Lífeyrissjóð Bolungarvíkur,
3. Lífeyrissjóð verkamanna, Hvammstanga,
4. Lífeyrissjóð Austurlands,
5. Lífeyrissjóð Vestmannaeyja.

311. Fyrirspurn [242. mál]

til utanríkisráðherra og umhverfisráðherra um mótmæli gegn plútonflutningum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin mótmælt á alþjóðavettvangi flutningum sem nú standa yfir á hágeislavirku plútoni sjóleiðis frá Frakklandi til Japans?
2. Mun umhverfisráðherra beita sér fyrir samræmdum viðbrögðum Norðurlanda vegna þessara flutninga?

312. Frumvarp til laga [243. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1990 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1990
A-HLUTI

	Reikningur 1990
Tekjur	
Beinir skattar	18.968.797
Óbeinir skattar	68.654.428
Aðrar tekjur	521.870
Tekjur samtals	**88.145.095**
Fjármunatekjur	**6.592.081**
Tekjur alls	**94.737.176**
Gjöld	
Launagjöld	29.832.994
Ýmis rekstrargjöld	20.298.291
Eignakaup	2.059.937
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	50.324.655
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnunar	-7.794.762
Gjöld samtals	**94.721.115**
Fjármagnskostnaður	**11.303.028**
Gjöld alls	**106.024.143**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-11.286.967**

	Reikningur 1990
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.096.488
01 Forsætisráðuneyti	733.933
02 Menntamálaráðuneyti	14.829.062
03 Utanríkisráðuneyti	1.352.152
04 Landbúnaðarráðuneyti	4.026.167
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2.894.566
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.519.031
07 Félagsmálaráðuneyti	3.780.530
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	39.391.558
09 Fjármálaráðuneyti	6.704.573
10 Samgönguráðuneyti	7.536.973
11 Iðnaðarráðuneyti	2.492.438
12 Viðskiptaráðuneyti	5.511.295
13 Hagstofa Íslands	111.932
14 Umhverfisráðuneyti	33.867
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	11.009.578
Samtals	**106.024.143**

EFNAHAGSREIKINGUR 31. DESEMBER 1990
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1990
Veltufjármunir	
Sjóður	**308.382**
Ríkisféhirðir	200.908
Aðrir ríkisaðilar	107.474
Bankainnstæður	**1.774.383**
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	511.323
Innlendar innlánsstofnanir	758.785
Erlendar innlánsstofnanir	504.275
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**20.826.867**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	19.010.795
Markaðar ríkistekjur	1.629.168
Innheimtufé fyrir aðra	142.844
Fyrirframgreiddar, geymdar, markaðar tekjur	44.060
Skammtímakröfur, aðrar	**8.011.916**
Fyrirframgreidd gjöld	25.315
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	1.705.280
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	6.028.640
Veitt stutt lán	252.681
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**28.838.783**
Vöru- og efnisbirgðir	**150.091**
Veltufjármunir samtals	**31.071.639**

	Reikningur 1990
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**18.259.695**
Stofnanir í A-hluta	22.257
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	10.958.592
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.700.121
Lánastofnanir	297.275
Sveitarfélög	191.310
Aðrir	3.090.140
Veitt löng lán, innlend, gengisbundin	**15.480.698**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7.563.590
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.635.118
Sveitarfélög	2.967.751
Lánastofnanir	204.625
Aðrir	1.109.614
Veitt löng lán til erlendra aðila	**28.880**
Langtímakröfur samtals	**33.769.273**
Áhættufjármunir	**2.769.904**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.716.303
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.053.601
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**36.539.177**
EIGNIR ALLS	**67.610.816**

EFNAHAGSREIKINGUR 31. DESEMBER 1990
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1990
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**758.734**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningar	379.421
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	336.197
Innlánsstofnanir	43.116
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé	**317.415**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	174.580
Innheimtufé fyrir aðra	142.835
Geymdar, markaðar ríkistekjur, innheimtufé	**95.944**
Markaðar ríkistekjur	37.980
Innheimtufé fyrir aðra	57.964
Ríkisvíxlar	**8.142.598**
Skammtímaskuldir, aðrar	**10.099.652**
Ógreidd gjöld	1.164.932
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	4.806.536
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	3.416.970
Tekin stutt lán, innlend, önnur	711.214
Skammtímaskuldir samtals	**19.414.343**

	Reikningur 1990
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**41.964.842**
Stofnanir í A-hluta	231.208
Seðlabanki Íslands	24.988
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	85.630
Innlánsstofnanir	6.254.114
Lánastofnanir, innlendar	2.380.393
Sveitarfélög	1.114.759
Aðrir	31.873.750
Tekin löng lán, innlend, gengisbundin	**2.186.471**
Seðlabanki Íslands	1.457.441
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	5.343
Innlánsstofnanir	28.390
Lánastofnanir	598.231
Aðrir	97.066
Tekin löng lán, erlend	**59.778.769**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**57.604.227**
Langtímaskuldir samtals	**161.534.309**
Skuldir alls	**180.948.652**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-97.909.914
Endurmat veltufjármunir/skammtímaskuldir	-448.894
Endurmat langtímakröfur/langtímaskuldir	-3.692.061
Tekjur umfram gjöld 1990	-11.286.967
Höfuðstóll í árslok samtals	**-113.337.836**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**67.610.816**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1990 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1990
B-HLUTI

	Reikningur 1990
Rekstrartekjur	
Seldar vörur og þjónusta	32.849.076
Seldir happdrættismiðar	1.512.316
Aðrar rekstrartekjur	159.492
Rekstrartekjur samtals	**34.520.884**
Rekstrargjöld	
Hráefni og vörur til endursölu	9.015.845
Laun og launatengd gjöld	7.446.607
Happdrættisvinningar	933.666
Önnur rekstrargjöld	8.820.198
Afskriftir	3.012.184
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-581.918
Rekstrargjöld samtals	**28.646.582**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**5.874.302**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	
Vaxtatekjur	8.594.953
Vaxtagjöld	-8.394.188
Arður af hlutabréfum	1.231
Endurmat, tekjufært	7.459.660
Endurmat, gjaldfært	-4.396.832
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	916.228
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-3.394.545
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	**786.507**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**6.660.809**
Óreglulegar tekjur	**182.459**
Óregluleg gjöld	**-4.303.549**
Framlög og tilfærslur	**4.588.659**
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.128.378**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1990
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1990
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**4.235.305**
Sjóður	211.652
Banki	4.023.653
Skammtímakröfur	**22.159.086**
Fyrirframgreiddur kostnaður	212.229
Viðskiptareikningar	13.759.569
Veitt stutt lán	8.187.288
Vöru- og efnisbirgðir	**2.122.620**
Veltufjármunir samtals	**28.517.011**
Fastafjármunir	
Áhættufjármunir og langtímakröfur	**119.746.894**
Langtímakröfur/veitt löng lán	120.342.975
Hlutafé og stofnfjárframlög	360.299
Afskriftareikningur útlána	-956.380
Varanlegir rekstrarfjármunir	**38.839.438**
Vélar, tæki og áhöld	9.963.171
Fasteignir	20.598.429
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	8.122.757
Aðrar eignir	155.081
Fastafjármunir samtals	**158.586.332**
EIGNIR ALLS	**187.103.343**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1990
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1990
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuldir	**317.535**
Aðrar skammtímaskuldir	**17.316.829**
Ógreidd gjöld	1.446.058
Viðskiptareikningar	13.492.310
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	205.370
Tekin stutt lán	2.173.091
Skammtímaskuldir samtals	**17.634.364**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals	**90.531.650**
Skuldir samtals	**108.166.014**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**-135.988**
Endurmatsreikningar	**49.455.452**
Höfuðstóll	**29.617.865**
Eigið fé alls	**78.937.329**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**187.103.343**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1990 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í maí 1992.

Í greinargerð og skýringum með A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1989 var gerð grein fyrir breytingum á reikningsskilareglum sem þá voru teknar upp og komu fyrst til framkvæmda á því uppgjöri. Var þar um að ræða að færa þá og framvegis í ríkisreikningi allar skuldbindingar ríkissjóðs og stofnana hans sem vitað er um, þar með taldar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða, áfallnir vextir af skuldum í árslok og hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði sameiginlegra framkvæmda með sveitarfélögum.

Ríkisreikningur fyrir árið 1990 er þannig fyrsti reikningur A-hluta ríkissjóðs sem sýnir tekjur, gjöld og áfallnar skuldbindingar vegna umsvifa A-hluta á viðkomandi ári. Í reikningi ársins 1989 voru hins vegar færðar uppsafnaðar skuldbindingar margra ára. Þetta leiðir til þess að reikningstölur ríkisreiknings 1990 eru af þeim sökum ekki samanburðarhæfar við fyrri ár. Næsta ár verður hins vegar á sama grunni og því fyllilega sambærilegt. Þess ber þó að geta að í uppgjöri síðasta árs hafði ekki náðst að færa að fullu uppsafnaðar skuldbindingar fyrri ára eins og að var stefnt til að breytingar á reikningsskilaaðferðum kæmu aðeins fram í einum reikningi. Þannig eru nú færð yfirtekin eða niðurfelld lán og afskrifaðar kröfur að fjárhæð 4,1 milljarður króna. Af þeirri upphæð eru 2,6 milljarðar króna eldri skuldbindingar en afgangurinn 1,5 milljarðar króna er vegna ákvarðana sem teknar voru á árinu. Fyrir þessu er nánar gerð grein á bls. 30 í ríkisreikningi.

Niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna að rekstrarhalli ríkissjóðs er um 11.287 m.kr. Rekstrarafkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni var hins vegar neikvæð um 4.446 m.kr. eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Ríkis-reikningur	Greiðslu-uppgjör	Mismunur
Tekjur	92.453	94.737	2.284
Gjöld	96.899	106.024	9.125
Rekstrarhalli	4.446	11.287	6.841

Tekjur eru alls 2,3 milljörðum króna hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist af því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,5 milljarðar króna hækkun beinna og óbeinna skatta. Aðrar tekjur eru 0,8 milljörðum hærri sem einkum skýrast af áföllnum vaxtatekjum og söluandvirði rannsóknaskips.

Frávik á gjöldum eru 9,1 milljarður króna. Er þar í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar eins og fyrr er getið að fjárhæð 4,1 milljarður króna. Í öðru lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða 2,3 milljarðar króna umfram greiðslu á árinu. Loks eru áfallnir vextir umfram greidda 2,8 milljarðar króna.

Varðandi frekari greinargerð með niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1990 og skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1990.

313. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hefja stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu með

— námsframboði í framhaldsskólum og háskólum, svo og utan skóla,
— stofnun sérstakra eignarhaldsfélaga um nemendafyrirtæki í tengslum við frumkvöðlanám,
— stofnun sérstaks frumkvöðlasjóðs — eða frumkvöðladeilda við þá sjóði er styðja atvinnuþróun og nýsköpun — til að veita fjármuni til áhættufjármögnunar fyrirtækja þeirra,
— upplýsingamiðlun um hvar þeim veitist stuðningur.

Greinargerð.

Nýsköpunar er þörf.

Mikils samdráttar hefur á undanförnum árum gætt í íslensku atvinnulífi og efnhagsstarfsemi. Um nokkurt árabil gætti áhrifa samdráttarins ekki mjög á vinnumarkaði vegna útþenslu ríkisumsvifa og vaxandi framkvæmda hins opinbera. Afleiðing samdráttar í atvinnustarfsemi er rýrnun tekjustofna ríkis og annarra opinberra aðila og minni geta þeirra til reksturs þjónustu og framkvæmda. Nú þegar samdráttur verður í ríkisumsvifum til viðbótar samdrætti atvinnuveganna eykst atvinnuleysi hratt og nýrra atvinnutækifæra er brýn þörf.

Nýsköpun undanfarinna ára hefur að miklum hluta verið í formi tilrauna með nýjar atvinnugreinar sem hafa mistekist ellegar í atvinnugreinum sem sæta takmörkunum vegna rýrnandi auðlinda, svo sem fiskveiðum og fiskvinnslu, og þjónustugreinum við sjávarútveg sem verða fyrir barðinu á afleiðingum takmarkana hans. Nýsköpun í öðrum greinum hefur ekki nægt til að mæta samdrættinum, enda er ævinlega mikill árangur nýsköpunar fólginn í hagræðingu og fækkun starfa vegna tæknivæðingar. Við þörfnumst mjög þeirrar nýsköpunar sem leitast við að nýta viðskiptamöguleika sem enn eru ónýttir eða vannýttir, þ.e. frumkvöðlastarfs.

Frumkvæði skortir.

Starfsfólk, sem byggir tilveru sína og tekjur á takmarkaðri starfsþekkingu, treystir mjög á frumkvæði annarra í atvinnulífi og leitar í raun aðeins eftir launaðri vinnu, ekki tækifærum til að aðhafast sjálft. Þegar umsvif eru mikil og gróska í atvinnulífi hefur það almennt næga vinnu en þegar samdráttar gætir er það á vonarvöl.

Flest einkafyrirtæki í iðngreinum eru þannig til komin að iðnaðarmenn stofna fyrirtæki um sig og iðn sína — flest í byggingargreinum. Nú er verulegur samdráttur í nýbyggingum og öðrum verkefnum verktaka sem og annarri starfsemi. Þessi fyrirtæki draga þá saman seglin en lítið er um að þau leiti sér annarra viðfangsefna, t.d. með því að finna framleiðsluvöru á sviði sinnar iðngreinar og taki skrefið frá smíðum á byggingarstað og

viðgerðum á verkstæði til framleiðslu tilbúinnar vöru. Þótt margir iðnaðarmenn kynnist notkun tilbúinna eininga á öllum stigum húsbyggingar virðist ekki liggja beint við að hefja gerð þeirra fyrir heimamarkað og markað í grennd.

Í ljósi vaxandi atvinnuleysis er merkilegt að enn er hér stunduð framleiðsla hráefna til útflutnings, t.d. í sjávarútvegi og fiskvinnslu og útflutningi jarðefna, svo sem vikurs. Í þessum greinum er hugsanlegt að koma á fót meiri vinnslu og selja fullunnar afurðir, jafnvel tilbúna sjávarrétti, og á hinn bóginn tilbúnar byggingareiningar.

Enn eru fluttar inn til neyslu vörur sem við getum sjálf framleitt á samkeppnisfæru verði, svo sem gæludýrasandur, gæludýrafóður o.fl. því um líkt sem við gætum jafnvel framleitt til útflutnings. Enn eru umtalsverðar eyður í afþreyingarþjónustu við ferðamenn víða um land, t.d. skortir útsýnis- og skoðunarferðir á landi, sjó og í lofti, fjallaferðir og jöklaferðir á ýmsum árstímum, sjóferðir eða flug á fiskimið, hvalaslóðir og að hafís á norðurhöfum. Mikill skortur er á minjagripum og öðrum varningi fyrir ferðafólk er tengist staðbundnum þjóðsögum, þjóðtrú, örnefnum, sérkennum í landslagi eða atvinnuháttum. Auka má framboð þjóðlegra matvæla og heimilisframleiðslu ýmiss konar. Enn er Ísland hið dularfulla land jólasveinsins í augum barna umheimsins — en hér verða fáir til að svara bréfum hans eða bjóða fáséð leikföng og gjafir sem sýna yngstu kynslóðinni inn í töfraheim með ævintýrum eða kynjasögum. Enginn býður ferðamönnum að fara um eða að helli Grýlu þar sem allt árið fer í undirbúning næstu jóla með smíði slíkra leikfanga, sögum og söng — og sölu minjagripa.

Óvíða mun betra að dveljast sér til heilsubótar en á Íslandi, en lítið er enn um samstarf fólks og fyrirtækja í heilsugæslu, líkamsrækt, íþróttastarfsemi og ferðaþjónustu til að skapa nýja þjónustu: heilsubótarferðir og dvöl á landinu hreina, að ekki sé minnst á nýtingu heitra lauga mjög víða um land sem orð fer af m.a. vegna lækningarmáttar eða a.m.k. hollustu.

Meðal atvinnulausra er ekki einungis að finna ófaglært verkafólk, heldur og iðnaðarmenn, enn fremur fólk með staðgóða þekkingu á ýmsum þjónustustörfum, sérfræðinga og fólk með menntun sem almennt er talin henta vel til að stjórna atvinnurekstri og gerast athafnafólk er reki eigin starfsemi.

Skólar, framtak og atvinnulíf.

Svo virðist að velferð undanfarinna áratuga hafi dregið úr því að fólk reyni sjálft fyrir sér á þessu sviði. Skólakerfið hefur ekki haft þau áhrif á námsmenn í því efni né beint augum þeirra í átt að atvinnulífinu. Því lengra nám sem stundað er við íslenskan skóla þeim mun minni líkur virðast á að námsmaður hefji eigin atvinnurekstur og vaxandi líkur virðast einnig á því að hann leiti einungis eftir starfi hjá opinberum aðilum. Þessar ábendingar leiða til þeirrar ályktunar að í skólakerfinu skorti á kynningu á atvinnulífinu, á hlutverki starfsgreina innan atvinnuvega, samverkun framleiðslu- og þjónustugreina, gagnkvæmum styrk þeirra og jöfnu mikilvægi þeirra, á mögulegum atvinnutækifærum og mögulegum starfsferli. Enn fremur má ályktа að á skorti í kennslu á sviði stjórnunar, verkaskipta og samstarfs, og námi sem þroski frumkvæði og framtak er leysi úr læðingi þörf til sjálfstæðra athafna, þá eiginleika sem eru sterkastir hjá athafnamönnum og frumkvöðlum. Afleiðing þess er að langskólanám, menntun, rannsóknir og vísindastörf hafa ekki skilað þjóðinni efnalegum framförum að því marki sem búast má við. Til þess þarf frumkvæði hinna menntuðu og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sem athafnafólks.

Nýsköpun er aflvaki atvinnulífs.

Aflvaki atvinnulífs og gróðursproti nýrra atvinnutækifæra er stofnun nýrra fyrirtækja á sem fjölbreyttustu sviði athafna, framleiðslu, þjónustu, markaðssetningu og sölu. Ávinningur samfélagsins af starfsemi frumkvöðla er ótvíræður — og nú er hans brýn þörf. Því er tímabært að stutt verði við frumkvöðla og starf þeirra á öllum stigum þess, svo og að vakin sé athygli ungs fólks á möguleikum til að vinna sjálft að eigin hugmyndum og skapa sjálfu sér og öðrum atvinnu með eigin framtaki.

Nýsköpun, þróun nýrra hugmynda allt til starfsemi, fer fram á vegum og innan starfandi fyrirtækja og með starfi einstaklinga sem ekki starfrækja fyrirtæki eða hafa slíkan bakhjarl, ellegar fyrirtæki þeirra eru lítil og lítils megnug. Þeir hafa oft ófullnægjandi vitneskju um hvar stuðnings er að vænta og eru oft uppfinningamenn fremur en athafnamenn. Öllum þessum aðilum þarf að veita stuðning og beina til þeirra sem hann geta veitt. Mikilvægt er að beina saman í farveg úrlausn hugmyndar og framboði þekkingar til þessara aðila. Þá er okkur brýn nauðsyn að beina námsfólki í framhaldsnámi og háskólanámi að atvinnulífinu svo að menntun nýtist víðar en í opinberum störfum.

Áherslubreyting er að verða á stuðningi við rannsókna- og vísindastörf með auknum fjárveitingum til þeirra sjóða sem þau styðja, með fyrirætlunum um að halda áfram á þeirri braut á næstu árum og með þátttöku í rannsókna- og vísindaverkefnum Evrópubandalagsins. Enn fremur koma ýmsir sjóðir til móts við fyrirtæki sem vinna að nýbreytni, svo sem tækniviðingu eða nýjum aðferðum. Tryggja þarf að stuðningur þessara aðila nái einnig til hins almenna borgara sem ætlar að stofna og reka eigið fyrirtæki, gerast athafnamaður eða frumkvöðull. Án þess að frumkvöðull taki að sér að koma hugmynd í framkvæmd verður lítið úr nýtingu rannsóknarniðurstöðu. Stuðningur við frumkvöðla er oftast bundinn við það að um tækninýjung sé að ræða en gildi viðskiptahugmyndarinnar sjálfrar er sjaldan metið og ekki veittur stuðningur út á hana enda ekki um veðhæfan hlut að ræða.

Frumkvöðlar eru þeir sem hafa þroskað með sér ákveðna hæfileika til að takast sjálfir á við vandamál, óvenjuleg viðfangsefni og vilja sjálfir móta framtíð sína. Ekki leikur vafi á að unnt er að móta námsefni og kennslu sem beinir nemendum á þá braut, opnar augu þeirra fyrir ónýttum möguleikum og upplýsir um aðferðir og leiðir við vinnslu hugmyndar frá upphafi til starfsemi. Mjög mikilvægt er að hafa þau áhrif, t.d. gegnum skólakerfið, að fólk þroski með sér þá hæfileika sem þarf til að gerast frumkvöðlar. Frumkvöðlar vilja ná árangri, þeir hafa vissa þrákelkni og þeir nýta tækifæri. Þeir taka raunhæfa afstöðu til vandamála og þeir leggja mat á árangur sinn, t.d. með þeim hagnaði sem þeir fá. Þeir hafa ánægju af því að ráðast í ný áhugaverð mál. Þeir þurfa að hafa tæknilega og markaðslega þekkingu á viðfangsefni sínu, fjármálalega þekkingu og getu. Frumkvöðlar nota m.a. niðurstöður rannsóknar- og þróunarstarfsemi við starf sitt. Þeir geta átt hugmyndirnar og þróað þær en það þarf ekki að fara saman.

Undirbúningur við fyrirtækjastofnun er oftast bæði tíma- og kostnaðarfrekur og langur tími getur liðið þar til sá kostnaður skilar sér til baka. Hér á landi er áhættufjármagn til þessara byrjunarskrefa ekki jafnaðgengilegt og í nálægum löndum. Algengast er því að frumkvöðlar og aðstandendur þeirra beri alla áhættu sjálfir. Það verður til þess að mörgum góðum málum er ekki hrundið í framkvæmd, svo og að margir frumkvöðlar ráða ekki við stofnkostnað í upphafi og reisa sér því hurðarás um öxl. Þetta veldur annars vegar því að fólk leggur ekki í fyrirtækjastofnun í þeim mæli sem æskilegt er og hins vegar því að vantrú á nýsköpun í atvinnustarfsemi er landlæg. Fjármálafyrirtæki og stofnanir staðhæfa jafnvel að ný starfsemi þurfi að verða oft gjaldþrota til að geta borið arð! Hitt kemur oftar en ekki í ljós við nánari athugun að vanfjármögnun er um að kenna.

Stuðningur við frumkvöðla.

Stuðningur við frumkvöðla getur verið með ýmsum hætti:

— Ein leið er upplýsingamiðlun um hvar er að leita stuðnings, aðstoðar við úrvinnslu hugmynda, ráðgjafar, t.d. um markaðsathuganir og aðra áætlanagerð, stofnun fyrirtækis og fjármögnun, svo nokkuð sé nefnt.

— Önnur leið er stuðningsaðgerðir og námsframboð utan skólakerfisins fyrir þá sem eru þegar á vinnumarkaði eða hafa lokið hefðbundinni skólagöngu.

— Þriðja leiðin er námsframboð innan skólakerfisins sem hentar ungmennum sem ef til vill munu — eða hafa þegar afráðið að — gerast frumkvöðlar, athafnamenn og stjórnendur eigin starfsemi eða á vegum annarra. Skólanám á þessu sviði hentar einnig til að hafa jákvæð áhrif á viðhorf uppvaxandi kynslóða til atvinnuþátttöku. Það eykur traust ungs fólks á eigin frumkvæði til atvinnusköpunar og til að kynnast atvinnulífinu og innviðum þess, auðlindum, landkostum, aðstæðum, samgöngum og öðrum þáttum sem gefa möguleika til fjölbreyttrar starfsemi.

— Fjórða leiðin er að með bóklegu námi innan og utan skóla fari verklegt nám sem nái til úrvinnslu hugmyndar og þess að koma henni áleiðis til framkvæmdar og í starfsemi með leiðsögn og ráðum reyndra manna.

— Fimmta leiðin er að beina fjármunum til áhættufjármögnunar í formi eignarhluta eða lána án verðtrygginga, á vegum sérstaks frumkvöðlasjóðs eða sérstakra frumkvöðladeilda í starfandi sjóðum er styðja atvinnuþróun og nýsköpun, með viðeigandi skilyrðum.

Stuðningsaðgerðir og nám utan skóla.

Ýmsir frumkvöðlar hafa ekki langa skólagöngu að baki. Rík tilhneiging til atvinnulegs og efnalegs sjálfstæðis leiðir oft til þess að fólk fer fljótt út á vinnumarkaðinn og treystir lítið á bóklegt nám. Þessir frumkvöðlar hafa mikla þörf fyrir stuðning í formi hagnýtra leiðbeininga og æfinga sem tengir námið úrvinnslu hugmynda þeirra og gerir það mjög raunhæft á öllum stigum málsins. Þar leggur væntanlegur frumkvöðull mat á sjálfan sig, getu og vilja til að framkvæma. Hann skoðar viðskiptahugmyndir og metur gildi þeirra. Þá er eftir tilefninu metið hvort skuli kaupa tilbúið fyrirtæki, kaupa sérleyfi eða stofna fyrirtæki út frá annarri viðskiptahugmynd. Gerð er verkefnisáætlun. Markaður er skoðaður, greindur og metinn. Hegðun viðskiptavina er metin og hvernig eigi að ná til þeirra, allt eftir eðli starfseminnar. Gerðar eru fjárhagsáætlanir, aflað fjármagns og ákveðið rekstrarform. Framleiðslustarfsemi, starfsmannamál, framleiðni og vöxtur fyrirtækisins eru skipulögð og gerð viðskiptaáætlun. Nám gæti verið að sumu leyti bóklegt en að öðru leyti verklegt, unnið af nemandanum, frumkvöðlinum sjálfum, út frá raunverulegri fyrirtækjastofnun í viðskiptaumhverfi sem hann hefði aðgang að með leiðsögn reyndra manna.

Jafnframt verði efnt til almennra stuðningsaðgerða þar sem mætti hugsa sér t.d. að hópur fólks með mismunandi menntun og hæfni, þar sem hver fyllti í eyður annarra, tæki sig saman um að koma rekstrarhugmynd í framkvæmd. Hópurinn sæki frumkvöðlanám og fái hagnýtar leiðbeiningar á hverju stigi og aðgang að viðskiptaumhverfi til að vinna í. Ef hugmyndin síast í gegnum frumathugun og búið er að gera raunhæfa verkefnaáætlun um framkvæmd hennar á hópurinn möguleika á áhættufjármagni.

Frumkvöðlum býðst þegar ráðgjöf, aðstoð við útfærslu hugmynda og úrval námsefnis utan skóla, svo sem með fjölbreyttum námskeiðum Stjórnunarskóla Stjórnunarfélags Íslands, námskeið og þó einkum ráðgjafarverkefni Iðntæknistofnunar Íslands og ráðgjöf Rannsóknaþjónustu Háskólans. Enn fremur býðst þeim aðstoð við leit og öflun upplýs-

inga af hendi nokkurra aðila, svo sem upplýsingaþjónustu Háskólans. Þá veita og iðnráðgjafar og atvinnuþróunarfulltrúar um landið aðstoð við útfærslu og ráðgjöf og hafa milligöngu við Iðntæknistofnun Íslands o.fl. Aðrir aðilar hafa að undanförnu undirbúið gerð sérstaks námsefnis fyrir námskeið utan skóla sem verði sniðið að þörfum frumkvöðla og fyrir nám á framhaldsskólastigi, sniðið að þörfum námsfólks fyrir að kynnast atvinnulífi og möguleikum til að skapa sér atvinnu að eigin frumkvæði.

Eðlilegt er að þessir aðilar og fleiri sem nú þegar koma að stuðningi við frumkvöðla og nýsköpun verði hlekkur í framkvæmd þess stuðnings sem efnt verður til ef af verður.

Nám ætlað verðandi frumkvöðlum.

Mikið starf er óunnið til að hægt sé að sinna þörfum fólks sem hefur vilja og getu til að verða frumkvöðlar og veita því hvatningu og þar með fjölga frumkvöðlum verulega. Sjálf frumkvöðlafræðin eru ákaflega vanþróuð hér á landi. Lítið hefur verið skrifað af hagnýtum leiðbeiningum fyrir frumkvöðla, litlar rannsóknir hafa verið gerðar og umhverfið hefur verið þeim fremur andsnúið.

Á landsbyggðinni er þörfin mest fyrir breytingar því atvinnustarfsemi er víðast sem njörvuð við þær atvinnugreinar sem fyrir eru og tregða er mikil gagnvart nýjungum og nýbreytni. Erlendis er iðnaðarstarfsemi alls ekki lengur þéttbýlisfyrirbæri og hér getur ámóta breyting orðið með samgöngubótum og tilþrifum athafnamanna — frumkvöðla.

Til að örva frumkvöðlastarfsemi er lagt til að efnt verði til frumkvöðlanáms á framhalds- og háskólastigi, svo og utan skóla. Kenndar verði ýmsar viðskiptagreinar og höfð áhrif á viðhorf ungs fólks til frumkvöðlastarfs. Frumkvöðlanámið byggist á rannsóknum á staðháttum og könnun möguleika út frá þeim, öflun þekkingar á atvinnustarfsemi og stofnun og rekstri eigin fyrirtækja nemenda.

Nám ætlað verðandi frumkvöðlum eða frumkvöðlanemum má hugsa sér með ýmsu móti. Í framhaldsskólum er mögulegt að tengja námið athugunum á auðlindum, landkostum og öðrum undirstöðum starfsemi í héraði hvers skóla. Mögulegt er að í tengslum við námsbrautir eða námsáfanga á þessu sviði verði stofnað og rekið nemendafyrirtæki, líkt og þekkt er orðið í skólastarfsemi Norðmanna þar sem stofnun og starfræksla nemendafyrirtækja er hluti af atvinnulífsnámi eða atvinnuvegafræðum en slík fyrirtæki eru einnig starfrækt innan kennaraháskóla og sem valgreinar í framhaldsskólum, á rekstrarbraut eða fyrirtækjabraut. Fyrirtækjabrautin kannar, metur og skráir auðlindir héraðsins, landkosti og aðra kosti til hagnýtingar í rekstri fyrirtækja sem nemendur stofna og reka sjálfir. Nemendur koma með hugmyndir sem þeir skoða. Síðan verða þeir að athuga fjármögnun, stofnun fyrirtækja, skipulagningu, skipta með sér verkum, ráða starfsfólk og stunda vöruþróun, markaðsgreiningu, markaðsöflun og sölumennsku. Þetta virðist hafa tekist vel í Noregi og er því full ástæða til að athuga hvort sambærileg námsbraut á rétt á sér hér og setja af stað eins konar frumkvöðlabraut við framhaldsskóla.

Markmið þessarar námsgreinar mundi verða að breyta viðhorfum nemenda og sýna fram á að þeir geta skapað sér framtíð með því að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru með eigin framtaki. Undirmarkmið er að tengja framhaldsskólana betur við atvinnulífið.

Á háskólastigi má koma slíkum námsáföngum á framfæri við flestar deildir og þannig ekki aðeins við væntanlega viðskipta-, verk- og lögfræðinga heldur og við námsmenn í deildum sem til þessa hafa nær eingöngu menntað fólk til opinberra starfa — enda mun einkavæðing, svo og ásókn frá þeim sem ekki hljóta opinbera stöðu, leiða til samkeppni. Þá er og mjög mikilvægt að mennta kennara á þessu sviði.

Segja má að nauðsynlegt sé, til að breyta ríkjandi viðhorfum, að hefja kennslu í frumkvöðlafræðum og kynna æskufólki atvinnulífið þegar í grunnskólunum, en til að kenna

fræðin í framkvæmd er nauðsynlegt að þessi námsbraut sé á framhaldsskólastigi og háskólastigi því að fyrir hendi þarf að vera nauðsynleg rekstrarþekking. Svo virðist sem langskólanám sé framtakshemjandi og því nauðsynlegt að sýna nemendum fram á það mjög snemma að þeir geti jafnt farið í sjálfstæðan atvinnurekstur eins og gerst launþegar hjá öðrum og að framhalds- og háskólanám nýtist mjög vel í slíku starfi.

Nemendafyrirtæki.

Starfsemi nemendafyrirtækis má móta á þann veg að framhaldsskólarnir haldi skrá um auðlindir og aðra staðhætti sem snerta atvinnurekstur og möguleika til reksturs. Þetta geta nemendur unnið undir stjórn kennara eða nemendur og kennarar í samstarfi. Í upphafi vetrar yrðu rekstrarhugmyndir ræddar og skoðaðar og veturinn notaður til undirbúnings á rekstri nemendafyrirtækja um sumarið, t.d. með tileinkun ýmissar færni og þekkingar. Nauðsynleg undirstaða væri upplýsingaöflun, hugmyndaleit, rekstrarhagfræði, markaðsfræði, skipulagning fyrirtækja, bókhald, verslunarreikningur, verslunarréttur og áætlanagerð, svo sem fjárhagsáætlanir og hagkvæmnisreikningar. Einnig er nauðsynlegt nám í samsetningu, uppbyggingu og starfsemi atvinnulífsins á svæðinu, ásamt athugun á því hvar má styrkja net þess eða nýta betur auðlindir, aðstöðu, möguleika og ónotuð tækifæri.

Ljóst er að nemendur geta tekið sáralitla persónulega ábyrgð og áhættu varðandi fjármál. Þess vegna kemur til greina að við hlið skólanna verði rekin eins konar eignarhaldsfélög sem nemendur eiga og þau reki nokkur smáfyrirtæki sem hægt er að framselja nemendum, sbr. sérleyfi. Þeir verði þó á engan hátt bundnir við að leita þangað. Slíkt eignarhaldsfélag hefði sérstaka stjórn skipaða fulltrúum skóla, atvinnulífs, atvinnueða iðnþróunarfélags, launþegasamtaka og sveitarfélaga. Ætlunin er að rekstur fyrirtækisins gefi svo mikið af sér að hann standi undir sumarvinnukaupi nemendanna. Ekkert verði því til fyrirstöðu að nemendur eignist fyrirtækin og haldi rekstri þeirra áfram og ný verði stofnuð við skólann á vegum eignarhaldsfélagsins.

Verkefni.

Þessa framkvæmd má setja fram sem verkefni:

Forsenda þess er mikill skortur á frumkvöðlum sem kunna, geta og vilja taka á verkefnum við atvinnuuppbyggingu. Því er æskilegt að auka skilning ungs fólks á atvinnulífinu og möguleikum þess til að skapa sér vinnu með eigin framtaki.

Markmið verkefnis er að:

— kenna nemendum frumkvæði í atvinnumálum sínum,
— kenna þeim að koma af stað sjálfstæðum atvinnurekstri (ala upp frumkvöðla) og að stunda hann,
— öðlast þekkingu á staðháttum héraðsins og gera hana aðgengilega hverjum sem er,
— kanna viðhorf ungs fólks til náms, atvinnu og búsetu,
— kanna horfur fyrir sumaratvinnu námsfólks.

Komið verði af stað námsbraut (áföngum) við framhaldsskóla þar sem nemendum verði kennt að setja á stofn og reka eigin fyrirtæki.

Sérverkefni.

Við framhaldsskóla verði kennd ný grein „atvinnufræði" (skyldugrein). Markmið hennar verði að kynna ungu fólki atvinnulífið, samsetningu, uppbyggingu og starfsemi þess, hlutverk hverrar starfsgreinar, víxlverkun og samverkun starfsgreina og þá möguleika sem til staðar eru til uppbyggingar og atvinnuþróunar og þar með hafa jákvæð áhrif á viðhorf þess gagnvart búsetu og atvinnuþátttöku.

Samin verði kennslubók (handbók) fyrir þá sem vilja fá upplýsingar eða kynna sér atvinnustarfsemi héraðsins.

framkvæma þarf eftirfarandi atriði:

— semja lýsingu um vinnuhugtakið, vinnusiðfræði, verkaskiptingu, hlutverk og samskipti hinna ýmsu aðila á vinnustað,
— gera grein fyrir launþeganum, verkalýðsfélögum, réttindum og skyldum,
— gera grein fyrir vinnumarkaðinum, skipt eftir menntun, starfsstéttum, aldri, búsetu og viðhorfum,
— gera lýsingu á atvinnuvegum héraðsins, svo og einstökum fyrirtækjum og stofnunum sem þar eru starfræktar; þessar lýsingar næðu yfir stofnun og sögu þeirra, skipurit, starfsfólk, fjárhag, markaðsstarfsemi, framleiðslustarfsemi og þjónustustarfsemi, þar með taldar afurðir og þróun mála,
— gera lýsingu á þeim möguleikum sem eru til staðar við uppbyggingu atvinnustarfsemi og þróun hennar (framtíðarsýn).

Þessi grein getur verið kennd í framhaldsskólum, verkmenntaskólum og iðnskólum og getur hentað sem samstarfsverkefni framhaldsskóla og menntamálaráðuneytis.

Nemendur vinni verkefni sem tengjast könnun staðhátta, svo sem úttektir á ýmsum fyrirtækjum og viðskiptahugmyndum. Verkefnisvinna nemenda yrði höfð til grundvallar við endurskoðun staðbundins námsefnis og gerður gagnabanki um staðhætti. Þar verði taldar auðlindir héraðsins, landkostir og aðstaða. Gagnabankinn verði tiltækur hverjum sem er gegn sanngjörnu gjaldi, en það gæti talist innifalið í skóla- og námsgjöldum nemenda. Hægt verði að nota hann t.d. við gerð kynningarefnis fyrir einstakar greinar eða fyrirtæki.

Aðgerðir.

Mælt er með eftirfarandi aðgerðum:

— Settur verði af stað verkefnishópur til að undirbúa framkvæmd málsins. Fulltrúar hans verði frá sömu aðilum og lagt er til að standi að stjórn eignarhaldsfélags og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.
— Ráðinn verði maður til að undirbúa stofnun slíkrar valgreinar. Einnig verði haft samband við Haakon B. Landraak frá Kennaraháskólanum í Stavangri til að ræða reynslu Norðmanna á þessum vettvangi og hugsanlega fá hann hingað til viðræðna. Eitt verkefni þessa starfsmanns verði að skoða grundvöll og þá sérstaklega rekstrargrundvöll, hvort og hvernig skuli standa að stofnun og rekstri eignarhaldsfélaga til að halda utan um smáfyrirtæki sem nemendur gætu rekið.

Áhættufjármögnun.

Áhættufjármögnun er hérlendis minni en í flestum grannlöndum okkar. Starf verðbréfasjóða hefur beðið nokkurn álitshnekki og hefur það leitt til minnkandi viðskipta sparifjáreigenda við þá og minni umsetningar á þeim hluta fjármagnsmarkaðar okkar. Opinberir fjárfestingarsjóðir eru bundnir af ströngum lagafyrirmælum um veðtryggingar, jafnvel svo að þeim er á stundum vart heimilt að veita lánþegum veðheimildir til að taka

upp nýja þætti í starfsemi fyrirtækja þeirra. Styrkveitingar til rannsókna og þróunar nægja hvergi nærri til að mæta þörf lítilla fyrirtækja eða nýrra frumkvöðla til að fjármagna úrvinnslu hugmynda, stofna ný fyrirtæki eða auka verulega búnað og umsvif fyrirtækis og fjármagna þann hluta málsins sem ekki verður að veðtækum eignum en verður eigi að síður viðskiptaverðmæti ef starfsemin tekst vel.

Tvær tegundir áhættufjármögnunar koma sérstaklega til greina. Annars vegar koma til greina lán án veðtryggingar sem þekkt eru í viðskiptum meðal grannþjóða okkar og lítillega hérlendis sem lán gegn persónulegri sjálfsábyrgð þriðja aðila. Í þessu sambandi má nefna Women's World Banking sem veitir slík lán gegn markaðsvöxtum í þeim löndum sem aðild eiga að bankanum. Sú aðild getur fengist með stofnun sérstaks sjóðs sem starfi á því sviði. WWB veitir lán til fyrirtækja kvenna og yrði aðild því gott innlegg í átak í atvinnumálum kvenna sem félagsmálaráðuneytið hefur staðið að ásamt iðnráðgjöfum, atvinnuþróunarfulltrúum, Byggðastofnun og iðnþróunar- og atvinnuþróunarfélögum sem einnig standa að ráðgjafarstarfi í landshlutum. Hins vegar kæmi til greina stofnframlag með áhættufjármagni, svo sem hlutafé. Hlutafjáreign opinberra sjóða, fjármálastofnana og fyrirtækja hefur aukist. Enn sem komið er hefur það orðið með sérstökum ráðstöfunum til skuldbreytinga, þ.e. verið hluti efnahagsaðgerða ríkisvalds. Framlag áhættufjármagns við stofnun nýrra fyrirtækja hefur ekki orðið almennt. Raunverulega hefur þetta leitt til þess að nýjum fyrirtækjum er ætlað að rísa undir óeðlilega miklum lántökum — og að komast á legg án fullnægjandi stofnfjár. Þátttaka sérstaks sjóðs eða sérstakra deilda við sjóði, sem styðja atvinnuþróun og nýsköpun í upphaflegri fjármögnun nýrrar viðskiptahugmyndar, er vænleg til að breyta einnig viðhorfi almennings til þess að leggja sjálft fjármagn fram fremur en steypa nýju fyrirtæki strax í skuldasöfnun. Áhættufé slíkra sjóða má setja viðhlítandi skilyrði, svo sem um nám og þekkingu frumkvöðuls, um undirbúning að stofnun fyrirtækis og aðkomu ráðgjafa þar að, stuðning annarra aðila, svo sem í héraði, félagsform, aðild að stjórn, sölurétt eignarhlutar við tiltekin tímamörk eða tiltekinn mælikvarða um afkomu og stöðu fyrirtækisins.

Umtalsvert gagn getur orðið að því að það ráðgjafarstarf, sem er umfram almenna ráðgjöf, og upplýsingar iðnþróunar- eða atvinnuþróunarfulltrúa, þ.e. ráðgjöf, upplýsingamiðlun, athuganir, áætlanagerð og önnur aðstoð, sérstaklega við nýja viðskiptahugmynd, verði fjármögnuð sem slíkur eignarhluti í fyrirtækinu.

Lokaorð.

Efling frumkvöðlastarfs með stuðningi, námi, miðlun rannsóknaárangurs og fjármögnun er án vafa árangursríkasta leiðin til að auka nýsköpun utan þegar starfandi fyrirtækja og hvetja framtak og frumkvæði einstaklinga. Þannig fást fleiri til þátttöku í glímunni við atvinnuleysið og til að bæta efnahag landsmanna.

Hér á landi er algengt að menn þekki ekki og vanmeti hlutverk starfsgreina og veldur slíkt vantrausti á milli þeirra. Þá er og mjög algengt að smáfyrirtæki keppist um að eiga allt til alls. Hvort um sig dregur mjög úr möguleikum á samstarfi og horfir vart til góðs árangurs í rekstri. Á þessu er því brýnt að taka í námi.

Miklu virðist skipta að samhæfing verði milli náms, skóla og stuðningsaðgerða í formi milligöngu um fjármögnun. Einnig skiptir miklu að nám standi til boða frumkvöðlum sem fram koma utan skólakerfis, með námskeiðum við t.d. öldungadeildir eða námsflokka eftir því sem við á. Þá er og mikilsvert að skipulagt nám standi til boða á framhaldsskólastigi eins og hér hefur verið gert að umræðuefni, svo og á háskólastigi, t.d. á vegum viðskiptadeildar HÍ og annarra háskóla og Tækniskóla Íslands, svo fáeinir séu nefndir.

Í október 1992 kom á vegum iðnaðarráðuneytis út bæklingurinn „Nýsköpun er nauðsyn“ — Upplýsingar um liðsinni við frumkvöðla í atvinnulífi. Þar eru upp taldir fjölmargir opinberir aðilar sem þá styðja, hver á sinn hátt. Þar kemur þó ekki fram að stuðningur sé veittur í því formi sem hér er lagt til. Af bæklingnum má hins vegar álykta að net þessa stuðnings sé flókið og því líklega ekki skilvirkt.

Hinn 9. september sl. lögðu þeir Ásgeir Leifsson og Reynir Hugason, báðir verkfræðingar með mikla reynslu af frumkvöðlastarfi, ráðgjöf og kennslu, fram umsókn um styrk úr Starfsmenntunarsjóði til stofnunar fyrirtækjaskóla. Ætlun þeirra er að hann veiti frumkvöðlum þjónustu á líkan hátt og hér að framan er fjallað um og hefji undirbúning og mótun skipulegs náms fyrir verðandi frumkvöðla og um atvinnulíf. Þeir hafa nálgast viðfangsefnið á sérstakan hátt og er ekki vitað um aðra sambærilega umsókn. Með góðfúslegu leyfi þeirra er umsókn þeirra birt sem fskj. I.

Stjórnunarfélag Íslands hefur um árabil haldið uppi þróttmiklu starfi á sviði stjórnunar og stjónunarfræða. Stjórnunarskóli, sem það starfrækir, býður árlega fram mikið, fjölbreytt og gott námsefni á þessu sviði með námskeiðum úrvals leiðbeinenda. Þannig hefur SFÍ lagt mikið af mörkum til að svara þörfum stjórnenda og frumkvöðla. Með leyfi SFÍ er skrá um námskeið Stjórnunarskólans birt hér sem fskj. II.

Iðntæknistofnun Íslands hefur veitt frumkvöðlum ráðgjöf og aðstoð við úrvinnslu og þróun hugmynda. Hún hefur mjög lagt sig fram um að nálgast frumkvöðla, ná fram hugmyndum og að bjóða fram aðstoð og ráðgjöf, t.d. í formi tilbúinna verkefna. Þá hefur hún og átt mikið og gott samstarf við ráðgjafa, iðnþróunar- og atvinnuþróunarfulltrúa um landið og styrkt starf þeirra með framboði fyrrnefndra verkefna og gagna. Með leyfi forstjóra ITÍ er erindi hans, flutt 13. september sl. hjá Verkfræðingafélagi Íslands, birt sem fskj. III. Þar gerði hann grein fyrir sérstökum verkefnum ITÍ, svo og í leiðara Púlsins, fréttablaði ITÍ, í október 1992, sjá fskj. IV.

Fylgiskjal I.

Ásgeir Leifsson og Reynir Hugason:

Umsókn um styrk úr Starfsmenntunarsjóði, sbr. lög nr. 19/1992.
(9. september 1992.)

Hér með sækja undirritaðir um styrk til að setja á fót skóla sem hefur það hlutverk að kenna væntanlegum atvinnurekendum að vinna úr viðskiptahugmyndum sínum og stofna um þær til rekstrar.

Í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992 er tiltekið í 1.mgr lið a. að markmið laganna sé að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu í þeim tilgangi m.a. að greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi.

Námskeið það sem hér er sótt um fjármagn til að setja á fót er fyrir væntanlega atvinnurekendur, en mest allt námsframboð sem nú er til staðar í þjóðfélaginu er fyrir launþega. Menn sem viljað hafa hefja sjálfstæðan rekstur hafa fram til þessa orðið að þreifa sig áfram af eigin rammleik, með tilheyrandi kostnaði og mistökum.

Við þær aðstæður í atvinnulífi landsmanna sem nú ríkja getur skóli sem þessi verið mönnum nauðsynleg hvatning til dáða. Skólinn getur virkað örvandi á hugarfar landsmanna og aukið mönnum bjartsýni með því að sýna fram á það er til ýmislegt sem græða má á annað en fiskur og landbúnaðarafurðir.

Hlutverk skólans á að vera að taka við mönnum sem hafa fengið viðskiptahugmyndir og/eða mönnum (og konum) sem vilja leggja út í sjálfstæðan rekstur, þótt viðskiptahugmyndirnar vanti. Markmið skólans á nefnilega einnig að vera að aðstoða nemendur við að vinsa úr viðskiptahugmyndum og velja sér viðfangsefni eftir getu og áhuga.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi fram til þessa með svokölluð frumkvöðlanámskeið, en ætlunin er að skólinn þjóni svipuðum tilgangi og þau. Sum hafa gefist allvel og má þar nefna t.d námskeiðið eða verkefni sem kallað var„Taktu þér tak" , og haldið var fyrir um 10 árum síðan. Nokkur fyritæki sem spruttu upp í tengslum við verkefnið eru starfandi enn.

Því miður hefur ekki verið í gegnum árin um neina samfellu í námskeiðahaldi eða kennslu fyrir væntanlega stofnendur smáfyrirtækja hér á landi að ræða. Ástandið á markaðnum er því þannig að margir stofnendur og eigendur fyrirtækja sem ekki eru beinlínis viðskiptafræðingar hafa ekki einu sinni heyrt nefnt orðið „Viðskiptaáætlun", hvað þá að þeir hafi gert slíka áætlun sjálfir, jafn nauðsynlegt og

það er hverjum þeim sem ætlar út í sjálfstæðan rekstur að hafa gert áætlun fyrir fram um reksturinn og skoðað markaðinn.

Ætlun undirritaðra er að bæta úr þessari vöntun. Íslenski markaðurinn er að vísu lítill og vera má að við eðlileg skilyrði á markaðnum geti slíkur „fyrirtækjaskóli" ekki borið sig almennilega sem eining ef engin önnur starfsemi er fyrir hendi. Tíminn verður að leiða í ljós hverja framtíð skólinn á fyrir sér, en þörfin er óumdeilanlega fyrir hendi við ríkjandi aðstæður.

Undanfarið ár hefur farið fram kynning við Framhaldsskóla Húsavíkur á svokallaðri frumkvöðlabraut. (sjá meðfylgjandi gögn). Þar er ætlunin að nemendur stofni og reki fyrirtæki í eigin nafni. Framhaldsskóli Húsavíkur er farinn af stað með nám í þessum anda. Í bígerð er að stofna til samsvarandi námsbrauta á höfuðborgarsvæðinu. Ef af framkvæmd verður á höfuðborgarsvæðinu þá getur skapast markaður fyrir þjónustu „fyrirtækjaskólans" fyrir nemendur í þessu máli, en það mun styrkja fjárhagsgrundvöll skólans.

Fyrirtækjaskólinn mun byggja á eftirfarandi þáttum:

Tuttugu ára reynslu stofnenda sinna af frumkvöðlastarfi, rannsókna- og þróunarstörfum, iðnráðgjöf og rekstri eigin fyrirtækja. Stofnendur eru báðir verkfræðingar sem hafa t.d um margra ára skeið starfað sem sérfræðingar hjá Rannsóknaráði ríkisins og Iðnþróunarstofnun. Stofnendur skólans eiga einnig fyrirliggjandi mikið námsefni um frumkvöðlastarf, viðskiptaáætlanir sem þeir hafa sjálfir unnið (sjá meðfylgjandi gögn), og námsefni um stofnun og rekstur fyrirtækja o.fl frá öðrum fyrri störfum sínum.

Einnig byggir skólinn tilveru sína á námsefni, einkum frá Bandaríkjunum, en einnig frá Skandinavíu. Til er gnótt námsefnis í bókum, á myndböndum og í formi tölvuforrita um alla þætti frumkvöðlastarfs, svo sem um gerð viðskiptaáætlana, einnig t.d. 3 binda þykk biblía um frumkvöðlastarf. Þetta efni er allt nýtt eða nýlega endurnýjað, 1-5 ára, og einungis er þörf á að staðfæra það lítillega og túlka fyrir íslenskar aðstæður. Völ er einnig á leiðarbókum fyrir mikinn fjölda viðskiptagreina t.d. um „Desktop Publishing" og póstverslun svo eitthvað sé nefnt. Þar eru talin upp flest þau atriði sem þarf að rannsaka og meta áður en farið er út í slíkan rekstur, rakið hvaðan tekjur koma og ráðleggingar eru um hvernig megi standa að því að koma slíkum rekstri á fót, og hvaða tæki og búnað þurfi til starfans. Það vantar einungis að heimfæra leiðarvísana upp á íslenskar aðstæður.

Framkvæmdin verður með eftirfarandi hætti.

Auglýst verður eftir fólki með viðskiptahugmyndir eða fólki sem vill fara út í sjálfstæðan rekstur.

Fyrsta skref aðstoðar skólans er að hjálpa nemendum að finna, ef með þarf, sía og setja fram á frambærilegan hátt þeirra viðskiptahugmynd.

Annað skref er að leita eftir fjármögnunaraðilum, ef með þarf, til að gera frambærilega viðskiptaáætlun.

Þriðja skrefið er að kenna nemendum að semja fagmannlega og vel unna viðskiptaáætlun um viðskiptahugmynd sína.

Fjórða skrefið er að aðstoða nemendur við að kynna viðskiptaáætlunina fyrir fjárfestum, og koma af stað rekstri um viðfangsefnið.

Ekki er ætlunin að vera með mikið bóklegt nám í skólanum og alls ekki að fara að endurtaka námskeið eða námsefni sem annars staðar er til staðar. Markmiðið er

kenna nemendum fyrst og fremst að gera viðskiptaáætlun fyrir verkefni sitt og að framkvæma allar þær rannsóknir og athuganir sem nauðsynlegar eru til þess að gera áætlunina. Samning viðskiptaáætlunar mun taka frá 2 vikum til 4 mánuði eftir aðstæðum og vinnan við áætlunina mun verða meginviðfangsefni nemenda í skólanum.

Tímaáætlun.

okt-nóv. 1992

Keypt námsefni frá Skandinavíu og Bandaríkjunum og ýmissra hjálpartækja aflað ásamt leyfa til að þýða og staðfæra efnið eftir þörfum.

Sóttar 2 sýningar í New York og Chicago um „Franchising and Business Opportunities".

Sótt alþjóðleg ráðstefna í Noregi um frumkvöðlakennslu í framhaldsskólum.

Tekið á leigu hentugt húsnæði með kennslustofu, bókasafni og svolítilli skrifstofuaðstöðu.

Kennsla undirbúin.

des. 1992

Auglýst eftir væntanlegum nemendum og farið í gegnum fyrsta skref námsins jafnóðum og nemendur koma, nefnilega síun og framsetningu viðskiptahugmyndar. - Kennsla er hafin.

Eftir aðstæðum er nemendum bent á námsefni innan skólans, námskeið hjá öðrum skólum t.d. í bókhaldi, verkefnastjórnun o.fl eftir þörfum hvers og eins. Einnig verður efnt til lítilla námskeiða innan skólans ef næg þátttaka fæst svo sem um fyrirtækjaform og fyrirtækjarekstur, um lána- og styrkjamöguleika innanlands, um starfsmannahald og að skapa og viðhalda góðri ímynd.

Aðlögun námsefnis fyrir íslenskar aðstæður mun gerast jafnhliða því sem þörf verður fyrir einstök afmörkuð námskeið og ráðast að magni til af eftirspurn eftir námskeiðunum.

jan- mars 1993

Nemendur munu vinna að viðskiptaáætlunum sínum. Árangur námsins hjá hverjum nemanda er fyrst og fremst viðskiptaáætlun hans. Gangi skólinn vel mun það sjást á því hve margar viðskiptahugmyndir nemenda skólans verða að blómlegum fyrirtækjum.

apr - jún 1993

Námskeiðið endurtekið.

Greiðsla kostnaðar.

Reiknað er með að allur stofnkostnaður skólans vegna námsefnis svo og kostnaður við undirbúning námsins og við kynnisferðir á sýningar og vegna öflunar tengsla við samtök, frumkvöðla og „franchisors" einkum í Bandaríkjunum og í Skandinavíu verði greiddur af styrkjum úr starfsmenntunarsjóði.

Markmiðið er að skólinn verði farinn að standa undir sér eftir að haldin hafa verið 2 námskið, eða í júní 1993. (sjá fjárhagsáætlun)

Nemendur greiða sjálfir fyrir fyrsta skref námsins, inntökugjald kr. 20.000 en fyrir það verða þeir aðstoðaðir við að finna ef með þarf, leggja fyrsta mat á og setja skipulega og skýrt fram sínar viðskiptahugmyndir.

Er komið er að öðru skrefi verða nemendur aðstoðaðir við að finna fjármögnunaraðila til að fjármagna gerð viðskiptaáætlunar eftir aðstæðum og þörfum hvers og eins.

Gerð viðskiptaáætlunar getur tekið frá 2 vikum til 4 mánuði. Veitt verður einstaklingsbundin aðstoð og fyllsta trúnaðar gætt. Nemendur greiða grunngjald fyrir hvern mánuð kr 30.000, auk þess ákveðið gjald fyrir hvert sérnámskeið sem haldið verður og tímagjald fyrir aðstoð umfram ákveðinn kvóta. Samtals mun námið kosta ca. 50.000 á mánuði.

Stofnkostnaður við skólann er talsverður og felst einkum í launum vegna undirbúnings, ferðakostnaði og bóka- og tækjakaupum. Stofnendur fara fram á að sá kostnaður verði allur greiddur úr starfsmenntunarsjóði. Eins og áður segir er reiknað með því að námskeiðsgjöld muni bera uppi allan rekstrarkostnað skólans.

Kostnaður pr. nemanda verður ca. 60-80 þús á mánuði. Til samanburðar er kostnaður við skrifstofutækninám, sem er í aðalatriðum tölvu- og bókhaldskennsla kr 40 þús pr. mánuð.

Eftir að skólinn er einu sinni kominn á fót verður svigrúm til að draga saman kostnað með því að minnka kennslu og fækka námskeiðum eftir því sem markaðurinn gefur tilefni til hverju sinni. Skólinn mun samkvæmt þessu ekki hafa neina fastráðna starfsmenn og umsvif hans ráðast alfarið af eftirspurn. Fastur kostnaður verður mjög lágur (sjá kostnaðaráætlun)

Við undirritaðir sækjum hér með um styrk úr Starfsmenntunarsjóði að upphæð kr 4 milljónir til greiðslu á kostnaði við stofnun og gangsetningu „Fyrirtækjaskóla" samkvæmt ofanrituðu. Óskað er eftir að fjárhæðin komi til útborgunar fyrir áramót samkvæmt meðfylgjandi áætluðu sjóðstreymisyfirliti.

Virðingarfyllst

Ásgeir Leifsson,
hagverkfræðingur
Torfufell 5, 111, Reykjavík

Reynir Hugason
rafmagnsverkfræðingur
Reykjamelur 5, 270 Varmá

Hjálögð gögn:

1. Frumkvöðlakennsla í framhaldsskólum
2. Viðskiptaáætlun SPS (dæmi um það sem nemendur verða látnir vinna)
3. Greinargerð - þörfin fyrir aðstoð við frumkvöðla
4. Starfsferilslýsingar stofnenda

Kostnaðaráætlun.

1992.

Gjöld:

Vinnulaun í sept, undirbúningsvinna 1/2 starf 2 sérfræðingar. Launat. gjöl innifalin	300.000 kr
Kaup á kennsluefni, október	400.000 kr.
Kynnisferð til Bandaríkjanna 10 dagar,	200.000 kr
Ráðstefna í Noregi 5 dagar	100.000 kr
Laun í okt, nóv og des. Tveir sérfræðingar. Undirbúningsstarf. Launat. gj. innifalin	1.800.00 kr
Húsaleiga rafm og hiti okt-des	200.000 kr
Skrifstofubúnaður fax og tölvubúnaður	650.000 kr
Annar skrifstofukostnaður okt-des	450.000 kr
Auglýsingar og kynningarstarf	300.000 kr
Samtals til áramóta	4.400.000 kr

Tekjur:

Námskeiðsgjöld:

Desember:

Inntökugj. 20 nemendur des 20 þús pr. nemanda	400.000 kr

1993.

Gjöld:

Laun jan- jún	2.400.00 kr
Húsaleiga rafm og hiti jan- maí	400.000 kr
Annar skrifstofukostnaður okt-des	900.000 kr
Auglýsingar og kynningarstarf	300.000 kr
	4.000.000 kr

Tekjur:

Janúar-mars	Námskeiðsgjald, gerð viðskipta-áætlunar 10 nemendur 50 þús pr mán./ pr. nemanda	1.500.000 kr.
mars	Inntökugjald nýir nemendur	400.000 kr
apr-jún.	Námskeiðsgjald nýrra nemenda	1.500.000 kr
apr-jún	Útseld ráðgjöf og þjónusta við nemendur	600.000 kr
	Tekjur samtals	4.000.000 kr

Námsk. kostnaður

Fyrirtækjaskóli

Sjóðstreymisáætlun

		sept	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	Samtölur	
Innborganir													
	Inntökugjöld				400.000			400.000				Innt.gj	800.000
	Námsk.gjöld					500.000	500.000	500.000	500000	500000	500000	Námsk.gj.	3.000.000
	Útseld ráðgj.þj.								200000	200000	200000	Úts. ráðgj.	600.000
	Styrkur úr St.m.sj.		2.000.000	1.000.000	1.000.000							Styrkur	4.000.000
Samtals innborganir		0	2.000.000	1.000.000	1.400.000	500.000	500.000	900.000	700.000	700.000	700.000	Innb. samt	8.400.000
Útborganir													
	Laun	300.000	600.000	600.000	600.000	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000	400.000	Laun	4.500.000
	Kaup á námsefni		400.000									Námsefni	400.000
	Skrifstofubúnaður		200.000	250.000	200.000							Skrifst.bún.	650.000
	Kynnisferð til USA		200.000									Ferðak.	200.000
	Ráðstefna í Noregi		100.000									Ferðak.	100.000
	Húsaleiga o.fl		67.000	67.000	67.000	67.000	67.000	67.000	66.000	66.000	66.000	Húsal. ofl.	600.000
	Augl. og kynningarst.			100.000	200.000		100.000	200.000				Auglýs.	600.000
	Annar skrifstofk.		150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	Annar kostn.	1.350.000
Samtals útborganir		300.000	1.717.000	1.167.000	1.217.000	617.000	717.000	817.000	616.000	616.000	616.000	Útb. samtals	8.400.000
Innb.- útborganir		-300.000	283.000	-167.000	183.000	-117.000	-217.000	83.000	84.000	84.000	84.000		
Innb. - útb. uppsafnað		-300.000	-17.000	-184.000	-1.000	-118.000	-335.000	-252.000	-168.000	-84.000	0		

Fylgiskjal II.

Úr Tímariti Stjórnunarfélags Íslands, 1. og 2. tbl. 1992:

Námskeið og ráðstefnur á vegum Stjórnunarfélagsins.
(Vormissiri 1992.)

NÁMSKEIÐ EFTIR EFNISFLOKKUM

SKIPULAG / STEFNUMÓTUN	BLS.
SKJALA- OG UPPLÝSINGASTJÓRNUN	8
QUALITY MANAGER	8
STJÓRNTÆKI FYRIRTÆKJA	14
INTERNATIONAL PROGRAM FOR SENIOR EXECUTIVE	18
SEMINAR FOR SENIOR EXECUTIVES	18
INT. PROGRAM FOR BOARD MEMBERS	18
MANAGING COMPETITIVE STRATEGY	18
KVALITETSSTYRING I PRODUKTION OG DRIFT	18
QUALITY MANAGEMENT / KVALITETSSTYRING	18
FOR VIRKSOMHEDSLEDERE	18
COMPETITIVE STRATEGY	8
DRUCKER ON MANAGEMENT	8
THE TOP MANAGEMENT FORUM	8
MAKING QUALITY HAPPEN	18
TOTAL SERVICE QUALITY MANAGEMENT OF QUALITY MANUFACTURING	18
FACILITATING JURAN ON QUALITY IMPROVEMENTS	18
PLANNING FOR QUALITY BUSINESS PROCESS	18
QUALITY MANAGEMENT	18
RÁÐSTEFNA Á VEGUM SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIS	30
EOQ RÁÐSTEFNA	30
EURO QUAL '92	30

FJÁRMÁLANÁMSKEIÐ	BLS.
CORPORATE FINANCE	11
FINANCIAL ANALYSIS	11
AFKOMU- OG GREIÐSLUÁÆTLANIR	13
EQUITY DERIVATIVES	18
PRIVATE BANKING	18
TREASURY MANAGEMENT	18
ADVANCED FINANCIAL DERIVATIVES	18
THE ECU MARKETS	18
INTERNATIONAL CAPITAL MARKETS	18
PRIVATISATION	18
CREDIT ANALYSIS	18
FUNDEMENTALS OF FINANCIAL MARKETS	18
INTERNATIONAL TRADE FINANCE	18
PRIVATISATION	18
FINANCE FOR THE NON-FINANCIAL MANAGER	18
THE FUTURE MARKET	18
INTEREST RATE RISK MANAGEMENT	18

MARKAÐSMÁL	BLS.
OPERATING PRINCIPLES FOR SERVICE QUALITY IMPROVEMENT	9
DEVELOPING USEFUL MARKETING STRATEGIES	9
THE NEW PSYCHOLOGY OF SELLING	10
ÁRANGURSRÍKAR SÖLUAÐFERÐIR	10
KOTLER ON MARKETING	10
MARKAÐS- OG SÖLUNÁM	11
DIRECT MARKETING	18
INDIVIDUAL MARKEDSFÖRING	18
MARKEDSFÖRING I UDELANDET	18

TÖLVUNÁMSKEIÐ	BLS.
KERFISGREINING	12
KERFISHÖNNUN	12
KERFISBYGGING OG PRÓFANIR	12
ÞÁTTTAKA NOTENDA VIÐ KERFISGERÐ	12
AFKOMU- OG GREIÐSLUÁÆTLANIR	13
PAPPÍRSLAUS VIÐSKIPTI	13
MULTIVENDOR NETWORKING	13
EFFECTIVE SKILLS FOR TECHNICAL MANAGEMENT	14
ADVANCED PROJECT MANAGEMENT WORKSHOP	14
TÖLVUNÁMSKEIÐ SFÍ OG IBM	14

SAMSKIPTI	BLS.
MARKVISS FUNDARÞÁTTTAKA	14
EDWARD DEBONO	18
TIME MANAGER	15
TIME MANAGER FOLLOW UP	15
PHOENIX NÁMSKEIÐ	16
SÍMSVÖRUN	16
RITARANÁMSKEIÐ	16
RITARANÁMSKEIÐ TUNGUMÁLANÁM FYRIR STJÓRNENDUR	17
TUNGUMÁLANÁM-HRAÐNÁMSTÆKNI	23
	29

NÁMSKEIÐ INNAN FYRIRTÆKJA	BLS.
STREITUSTJÓRNUN	17
STJÓRNENDATÖLVERKIÐ	17
FÓLK Í FYRIRRÚMI	17
HÖLDUM FÓLKI Í FYRIRRÚMI	17
STJÓRNTÆKI FYRIRTÆKJA	20
TUNGUMÁLANÁM FYRIR STJÓRNENDUR	22

Tafla yfir námskeið Stjórnunarfélagsins.
(Haustmissiri 1992.)

Upplýsingar um námskeið, ráðstefnur og fyrirlestra.

NÁMSKEIÐ

Analysing Your Competitors
Beyond Hierarchy
Brain Training
Credit Analysis
EF - Reglerne om Offentlige Udbud
Effecive Skills For Techn. Managers
Employeeship
Finance for the Non-Financial Managers
Global Total Q. Management
IMPRO
Industrial Marketsföring
Intern. Licensing and Neg. for Tech.
International Corporate Finance
International Service and Q. Forum
Köb og Salg af Virksomheder
LBMS
LBMS
Making Quality Happen
Making Strategy Happen
Managing New Product Developing
Marketsföring i Utlandet
Markmiðasetning
Markviss fundaþátttaka
Mergers and Acquisitions
Miljö - Virksomh. Handlingsplan
Phoenix
Phoenix
Privatisation
Project Management
Q. ISO 9000 i Primærkommunerne
Quality contr. usig SQL Troubleshooter
Samkeppnisgreining og markaðsáætlun
Selling
Selling(upprifjun)
Serious Creativity for Management
Sigur í samkeppni - Markaðsráðstefna
Situational Leadership II
Símsvörun
Skjalastjórnun
Streitustjórnun
Sölutækni
Spástefna
Stjórntæki fyrirtækja
LBMS - System Enginering
Teaching Q. Improvement Tools
The Complete Project Man. Workshop
The Option Market
The Service Advandtage
The Strategic Mind
Time Manager
Woman Peak Performance

Tölvunámskeið SFÍ og Nýherja.

NÁMSKEIÐ

UNDIRSTÖÐUNÁMSKEIÐ

Grunnnámskeið
Windows grunnur
OS/2 grunnur
DOS/Windows kjarni

ALMENN NÁMSKEIÐ

Ami Pro ritvinnsla
cc: Mail tölvupóstur
CorelDraw auglýsingagerð
dBase IV gagnavinnsla

Excel töflureiknir (PC og Macintosh)
Glærugerð í tölvu
Lotus 123 töflureiknir
Pagemaker umbrot
Paradox gagnavinnsla
Skjáfax
Quattro töflureiknir
Ventura umbrot

Word fyrir Windows (PC og Macintosh)
Wordperfect 5 ritvinnsla
WordPerfect fyrir Windows
Work fyrir Windows

FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Excel framhald (PC og Macintosh)
Excel fjörvar og forritun
Gerð greiðsluáætlana
Notkun fyrirspurnakerfa
Samvinnsla forrita í Windows
Word fyrir Windows framh. (PC og Mac)
Word fyrir Windows fjörvar

SÉRN.SKEIÐ F. FYRIRTÆKI OG EINSTAKL.

Einkakennsla
Sérnámskeið fyrirtækja

LENGRA NÁM

Tölvunotkun í fyrirtækjarekstri

NÁM F. KERFISFRÆÐINGA / FORRITARA

Novell netstjórn
OS/2 kerfisstjórnun
REXX forritun
SQL - Uppbygging og notkun
Tölvusamskipti
UNIX stýrikerfi
UNIX kerfisstjórn
Windows kerfisstjórn

Fylgiskjal III.

Hallgrímur Jónasson:

Þjónusta Iðntæknistofnunar við iðnaðinn.
(Erindi, flutt hjá Verkfræðingafélagi Íslands 18. september 1992.)

1. Inngangur

Íslenskt þjóðfélag gengur í gegnum miklar breytingar. Minnkandi aflakvóti og aukin framleiðni með aukinni sjálfvirkni og sérhæfingu fiskvinnslu, þar með talinn flutningur starfa út á sjó, mun leiða til fækkunar verkafólks í fiskiðnaði, svo og fækkunar sjómanna. Sömu sögu er að segja varðandi breytingar á högum bænda. Þeim fækkar stöðugt vegna minnkandi neyslu og vegna samkeppni frá öðrum fæðutegundum. Viðbrögðin við þessum breytingum hafa verið sífelldar björgunaraðgerðir, bæði í sjávarþorpunum hringinn í kringum landið og í tengslum við landbúnaðinn, þar sem afurðavinnslan hefur verið styrkt í hlutfalli við framleiðslumagnið. Það er því makalaust, að í landbúnaðinum skuli ekki fyrir löngu búið að afnema það styrkjakerfi sem byggir á að styrkja framleiðsluna í stað þess að veita bændum ákveðna styrki. Þessa styrki gætu þeir hugsanlega notað til að skapa sér ný atvinnutækifæri sem gætu verið innan ferðaþjónustu, landgræðslu eða á öðrum sviðum.

Við sjáum þessa þróun líka eiga sér stað innan iðnaðar. Þar hefur nýlega komið í ljós í könnun að störfum í iðnaði í heild hefur fækkað um 6,5% af vinnuaflsnotkun, sem byggir á samanburði milli áranna 1991 og 1992. Hins vegar vekur athygli að velta þessara fyrirtækja á heimamarkaði hefur dregist saman um 2-2,5% að raungildi á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tíma fyrir ári. Þetta ber þess vitni að töluverð hagræð[illegible]ari nú fram innan iðnfyrirtækja í dag.

Meginmarkmið hverrar þjóðar í efnahagsmálum er að nýta vinnuafl sitt, fjármagn og aðra framleiðsluþætti og auðlindir, þannig að framleiðnin verði sem mest. Af framleiðninni ráðast tekjur þjóðarinnar og velferð hennar í samanburði við aðrar þjóðir. Spurningin er því hvernig okkur gengur að nýta framleiðsluþættina til þess að auka velferð þegnanna. Ég vil í þessu sambandi benda á rannsókn Michael Porter, prófessors við Harvardháskóla, er hann hefur gert grein fyrir í bók, sem heitir *The Competitive Advantage of Nations,* án þess að henni séu gerð nánari skil hér.

En hvað er það sem hefur afgerandi áhrif á nýsköpun og framþróun í atvinnulífinu. Nýsköpun er viðskiptaleg hagnýting þekkingar eða tækni á nýjan hátt eða á nýjum notkunarsviðum. Nýsköpun er því ekki endilega uppfinningar heldur hagnýting tækifæra á hagkvæman hátt. Til þess að slík nýsköpun geti átt sér stað er nauðsynlegt að almenn skilyrði, sem ríkja í þjóðfélaginu til atvinnurekstrar, séu í lagi. Flest bendir til þess að við Íslendingar verðum aðilar að evrópsku efnahagssvæði. Um er að ræða eitt viðamesta og mikilvægasta efnahagssamstarf í heiminum. Innan Evrópu er nú unnið að því að ryðja burt viðskiptahindrunum og auka frjálsræði í viðskiptum. Þetta mun leiða til aukinnar hagkvæmni og meiri samkeppni sem íslensk fyrirtæki þurfa að

mæta innanlands sem utan. Vonandi leiðir þetta til þess að starfsskilyrði hér á landi verði svipuð og hjá keppinautum okkar. Hér kemur því að jafnvægi í fjármálum og starfsaðstaða fyrirtækja sé þannig að fyrirtækið skili arði, taki þátt í samkeppni á jafnræðisgrundvelli, sem sé hvatning til þess að reka fyrirtækin vel. Því má vænta þess að EES samningurinn hafi í för með sér bætta samkeppnisstöðu fyrir iðnaðinn, þar sem aukin samkeppni og meiri tengsl við evrópskt atvinnulíf eykur á stöðugleika og mun leiða til þess að samkeppnisskilyrði muni batna fyrir iðnaðinn í landinu.

Eitt af grundvallaratriðum í vöruþróun og nýsköpun er að byggt er á heimamarkaði. Styrkleikinn felst í því að fást við viðfangsefni sem menn þekkja og geta prófað. Auk þess verður að tryggja að varan sé jafn góð og framleidd með lægri tilkostnaði en hjá samkeppnisaðilunum.

Jafnframt teljum við að sífellt verði að reyna að brjóta upp á nýjum hlutum, innleiða nýja tækni og stuðla að því að eðlileg framþróun, tæknilega, eigi sér stað.

Ég tel að innan Evrópu muni samstarf aukast á sviðum rannsókna og tækniþróunar, menntunar og þjálfunar, málefnum sem tengjast umhverfisvernd og t.d. lítilla meðalstórra fyrirtækja. Ég mun hér á eftir gera að umfjöllunarefni nokkur þeirra sérstöku verkefna sem stofnunin hefur ráðist í, sem flokka má undir nýsköpunarverkefni og/eða til að aðlagast nýrri og aukinni samkeppni.

2. Rannsókna- og þróunarstarf

Iðntæknistofnun, í samstarfi við fyrirtæki, hefur átt frumkvæði að tveimur rannsóknaverkefnum sem fengist hafa samþykkt innan rannsóknaáætlunar Evrópbandalagsins. Þetta eru verkefni sem velta 550 milljónum á 3 árum, eða sem samsvarar 50 mannára vinnu. Íslenski hlutinn er um 130 milljónir. Hins vegar er vert að hafa í huga að íslensku aðilarnir munu hafa fullan rétt til að nýta þá tækni sem út úr verkefninu kemur. Við getum í þessu sambandi velt því fyrir okkur hvernig okkur gengi að koma á slíku verkefni fyrir þessi fyrirtæki og leysa af hendi hér heima. Hér er líklega um að ræða umfangsmestu iðnaðarrannsóknaverkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í.

3. Vöruþróunarverkefni

Árin 1988 til '89 stóð Iðntæknistofnun Íslands í samvinnu við Iðnlánasjóð að vöruþróunarátaki. Með þessu verkefni vildu aðstandendur stuðla að því að:

1. Aðstoða fyrirtæki, bæði fjárhagslega og faglega við úrlausn á raunhæfum verkefnum á sviði vöruþróunar.

2. Kynna fyrir viðkomandi fyrirtæki þá aðferðafræði sem vöruþróun grundvallast á.

Alls bárust 65 umsóknir sem var langt ufram það sem vænst hafði verið. Alls byrjuðu 25 fyrirtæki í átakinu; tvö féllu fljótlega út þannig að eftir stóðu 23 verkefni. Af þessum 23 verkefnum voru 9 verkefni af landsbyggðinni.

Eins og áður sagði var fyrirtækjunum veitt bæði fagleg og fjárhagsleg aðstoð. Styrkur til fyrirtækjanna var allt að 25% af heildarkostnaði hvers verkefnis. Þátttakendur fengu síðan áhættulán frá Iðnlánasjóði, sem nam 50% af heildarkostnaði, en krafan um eiginfjármögnun var að lágmarki 25%.

Þetta verkefni gafst það vel að ákveðið var í byrjun árs 1992 að hrinda af stað nýju verkefni. Þetta verkefni nefnist *Vöruþróun 92 - sókn til nýrra tækifæra.* Sem fyrr var samstarf á milli Iðnlánasjóðs og Iðntæknistofnunar um að aðstoða fyrirtækin fjárhagslega og faglega. Auk þess var lögð rík áhersla á það að út úr hverju og einu verkefni kæmi samkeppnishæf vara sem væri hæf til markaðssetningar innan tveggja ára frá því að verkefnið hófst. Alls bárust umsóknir frá u.þ.b. 50 fyrirtækjum. Samþykkt hafa verið 10 fyrirtæki og hefur Iðnlánasjóður veitt 26 millj. kr. upphæð í verkefnið og Iðntæknistofnun u.þ.b. 10 millj. kr.

4. Frumkvæði - Framkvæmd

Vandamál í rekstri fyrirtækja eru margvísleg og oft flókin úrlausnar. Ráðgjöf sem miðar að markvissum lausnum er nauðsynleg fyrir stjórnendur í nútímarekstri. Upplýsingar um hvar hægt er afla faglegrar ráðgjafar hafa hingað til verið af skornum skammti. Í ljósi þessara staðreynda ákváðu Iðnlánasjóður og Iðntæknistofnun að hrinda í framkvæmd verkefninu *Frumkvæði - Framkvæmd.*

Tilgangur verkefnisins er að veita fyrirtækjum ráðgjöf við eftirfarandi:

- Stefnumótun
- Fjárhagslega endurskipulagningu og fjármálastjórn
- Vöruþróun og markaðsaðgerðir
- Framleiðsluskipulagningu
- Gæðastjórnun

Hverju fyrirtæki gafst í upphafi kostur á að velja tvö ofangreind svið. Verkefnið greiðir helming ráðgjafarkostnaðar og fyrirtækin hinn helminginn. Lágmarksráðgjöf fyrir hvert svið eru 5 dagar en hámark 15. Iðntæknistofnun leggur til verkefnisstjóra sem er fyrirtækjunum að kostnaðarlausu. Hann aðstoðar við að greina þau vandamál í rekstri fyrirtækisins sem stjórnendur óska eftir að séu leyst. Ennfremur aðstoðar verkefnisstjóri við að koma á beinum tengslum milli fyrirtækja og hæfra ráðgjafa, gera verk-, tíma- og kostnaðaráætlun, auk þess að gera upp við ráðgjafana eftir því sem verkefninu vindur fram. Hann hefur jafnframt eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við áætlanir.

5. Hrein framleiðslutækni

Hrein framleiðslustækni / lágmörkun úrgangsefna, eru hugtök sem sífellt oftar heyrast í umræðu um mengunarmál hjá fyrirtækjum. Umhverfisathugun er orð sem einnig er notað yfir sömu aðgerð. Það sem felst í þessum hugtökum er kerfisbundin athugun á framleiðsluferli og/eða heildarlífsferli vöru með tilliti til umhverfismála. Í ljós hefur komið í sambærilegum verkefnum erlendis, að með umhverfismati er hægt að draga verulega úr hráefnisnotkun og magni úrgangsefna sem frá fyrirtækjum fara, auk þess

sem oft má bæta gæði framleiðslunnar samfara þessum aðferðum. Það er því þrefaldur sparnaður. Hráefni sparast vegna bættrar nýtingar, ekki þarf að senda eins mikið magn úrgangsefna til eyðingar, en því fylgir verulegur kostnaður í dag, og kostnaður vegna galla og kvartana lækkar.

Iðntæknistofnun hefur nú hafið slíkt verkefni með 5 fyrirtækjum (Vífilfelli, Plastos, Íslenskum skinnaiðnaði, Lýsi, Frigg) sem beinist að hreinni framleiðslutækni, lágmörkun úrgangsefna. Við væntum þess að það sé tvennt sem næst með slíku verkefni, þ.e. annars vegar að fyrirtækjum sé gert kleift að hjálpa sér sjálf og hins vegar mun sú þekking sem næst úr ferlinu verða eftir í landinu og þannig nýtast öðrum fyrirtækjum og stofnuninni. Iðnlánasjóður hefur styrkt stofnunina í þessu verkefni með 1,8 millj. kr., sem er u.þ.b. helmingurinn af kostnaði við verkefnið.

6. Snjallræði - samkeppni um nýsköpun

Nokkrir þjónustuaðilar atvinnulífsins hafa tekið höndum saman um að verðlauna snjallar hugmyndir sem koma íslensku atvinnulífi til góða. Í þessu tilefni herfur verið efnt til samkeppni um hugmyndir að nýjum markaðshæfum afurðum. Verðlaunin felast í fjárhagslegri styrkveitingu til að vinna að hugmyndum og á síðara stigi styrk til að kanna markaðsmöguleika verðlaunavörunnar og þróa hana í endanlegan búning.

Iðntæknistofnun hefur umsjón með verkefninu en að því standa einnig Iðnaðarráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður. Snjallræði er þó frábrugðið öðrum hliðstæðum verkefnum að því leyti að hugmyndirnar eru lagðar fram í nafni einstaklinga fremur en fyrirtækja. Mörg dæmi er um að starfsmenn fyrirtækja hafa með reynslu sinni þróað nýjar lausnir og fengið hugmyndir að arðbærum framleiðsluvörum.

Samkeppnin fer fram í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verða valdar allt að 8 hugmyndum og þær verðlaunaðar. Verðlaunin felast í allt að 600 þús. kr. fjárhagsaðstoð við að kanna hvort hugmyndirnar eru hagkvæmar til framleiðslu. Verðlaunahafinn verður þó ávallt að leggja fram 25% kostnaðarins á móti verðlaunaupphæðinni. Fyrsti áfangi má ekki taka lengri tíma en 6 mánuði. Í síðari áfanga eru einungis gjaldgengar hugmyndir sem hlutu verðlaun í fyrsta áfanga. Valdar eru þar 4 hugmyndir sem fá jákvæðasta niðurstöðu úr hagkvæmnisathuguninni í fyrsta áfanga. Verðlaunaupphæðin getur numið allt að 1,5 millj. kr.,gegn því skilyrði að mótframlag verðlaunahafans verði 50% af kostnaðinum. Síðari áfanginn felst í fullnaðarþróun og frumgerðarsmíði. Í því felst að færa markaðshæfa afurð í endanlegt form og þannig leggja grunn að sölu hennar.

7. BC-Net - miðlun viðskiptasambanda

Iðntæknistofnun í samstarfi við atvinnuvegasamtök og opinbera aðila, hefur gerst aðili að svokölluðu *BC-Net* (Business Cooperation Network). Um er að ræða samband við gagnabanka Evrópbandalagsins, þar sem unnið er því að auka samskipti fyrirtækja innan EB og utan. Með nútíma samskiptatækni er þarna leið til þess að finna samstarfsaðila, t.d. til að selja eða kaupa afurðir, fá samstarf um tækniþróun eða

tæknisölu, finna undirverktaka, samstarf um einkaleyfi, lánastarfsemi o.s.frv. Netið byggir á samskiptum við víðtækt net ráðgjafa, sem EB hefur stuðlað að koma upp og sinna þeir þeim fyrirspurnum sem berast. Á sama hátt fáum við fyrirspurnir hingað frá þessum aðilum. Hér er um að ræða samskiptaform þar sem staðsetning skiptir ekki máli og dreifbýlisfyrirtæki hafa sömu möguleika og aðrir.

8. Niðurlag

Ég hefi nú nefnt sex sérstök verkefni sem stofnunin stendur að. Hér er um að ræða ráðgjöf og þróunarstarf þar sem áhersla er lögð á frumkvæði fyrirtækjanna. Alls starfar stofnunin með fimm tæknideildir og auk þess staðla- og fræðslustarfsemi. Tæknideildirnar eru:

- umhverfis- og efnatækni
- framleiðslutækni
- líftækni
- efnistækni
- matvælatækni

Auk þess er sameiginleg skrifstofa fyrir stofnunina. Á undanförnu ári hefur stofnunin unnið að því að byggja upp gæðakerfi, þ.e. að koma upp gæðabókum þar sem kveðið er á um stjórnskipulag, skiptingu ábyrgðar og skyldna, verklagsreglur o.s.frv. Nú þessa dagana er verið að ganga frá gæðahandbókunum. Auk þess hafa allir starfsmenn stofnunarinnar tekið þátt í verkefni, sem fræðslusviðið stendur fyrir, sem nefnist *Gæði í þína þjónustu,* þar sem hverjum og einum starfsmanni er gerð grein fyrir sinni ábyrgð á eigin gæðum. Markmið stofnunarinnar eru skýr með þessari vinnu, þ.e.:

- að bæta árangur þeirrar vinnu sem unnin er og með því að lækka kostnað og auka eftirspurn eftir þjónustunni.
- aukin þörf eða krafa frá viðskiptavinum, markaðnum, um að stofnunin hafi vottað gæðakerfi samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Í dag er lögð höfuðáhersla á fyrra atriðið, þ.e. að bæta árangur og auka hagkvæmni, en hvenær leitað verður eftir vottun verður ákveðið síðar.

Hlutverk Iðntæknistofnunar er fyrst og fremst að gefa atvinnulífinu betri möguleika á að þróast, ekki að bjóða rannsóknafólki betri möguleika. Því er markmiðið að ná fram rannsóknaniðutstöðum og stuðla að því að niðutstöðurnar séu teknar í notkun.

Alþjóðlegar athuganir og samanburður sýna fram á að hagnýting rannsókna byggir ekki eingöngu á hæfni til að afla eða þróa nýja tækni og á hæfu rannsóknafólki, heldur á hæfileikum til að dreifa þekkingunni og tækninni í atvinnulífinu. Því er mjög mikilvægt að móttakarinn - *atvinnulífið* - sé þátttakandi, - taki þátt í rannsóknum með fjármunum og virkri stjórnun. Rannsóknir eru fjárfesting sem á að leiða til verðmætasköpunar, en rannsóknir eru ekki í sjálfu sér hið endanlega verkefni.

Fylgiskjal IV.

Hallgrímur Jónasson:

Aðstaða til nýsköpunar verði bætt.

(Leiðari Púlsins, fréttablaðs Iðntæknistofnunar, 2. tbl., 6. árg., október 1992)

Nú á tímum samdráttar í atvinnulífinu er umræða um þörfina á nýsköpun sífellt fyrirferðarmeiri. Framþróun atvinnulífsins krefst þess að stöðugt sé hugað að því *hvernig ná megi betri árangri með* nýjum/endurbættum afurðum eða framleiðsluaðferðum, auk þess sem nauðsynlegt er að brydda upp á nýjungum í atvinnulífinu.

Ef litið er á framlög okkar til rannsókna- og þróunarmála undanfarin ár, kemur í ljós að við *verjum einungis helmingi* eða þriðjungi þess sem nágrannar okkar verja til þessa málaflokks. Því skal engan undra að ekki sé mikil gróska á þessu sviði í þjóðfélaginu. Með nýsköpun er átt við hagnýtingu tækifæra á hagkvæman hátt, þ.e. að hagnýta þekkingu eða tækni á nýjan hátt eða á nýjum sviðum.

Í nýlegum bæklingi, *„NÝSKÖPUN ER NAUÐSYN - upplýsingar um liðsinni við frumkvöðla í atvinnulífinu"*, sem gefinn er út af iðnaðarráðuneytinu, kemur í ljós að fjölmargir aðilar koma við sögu við nýsköpun. Til sögunnar eru nefndir u.þ.b. 25 aðilar, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, Byggðastofnun, menntastofnanir, fjármögnunar- og styrktaraðilar ásamt félögum og samtökum. Hér er um mikinn fjölda að ræða og ekki kæmi á óvart þó stuðningur við nýsköpun væri jafn flókinn hér á landi og hjá stórþjóðum. Þó *verjum* við hlutfallslega mun minna til þessa málaflokks en þar er gert.

Því er eðlilegt að velta fyrir sér hvort hér sé ekki um að ræða flókið og óskilvirkt kerfi. Stjórnendur Iðntæknistofnunar hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að einfalda þetta kerfi til að tryggja að það verði skilvirkara. Mikill fjöldi þessara aðila leiðir m.a. til þess að erfitt er að leggja áherslu á svið sem augljóslega hafa mikla vaxtarmöguleika, t.d. matvælatækni. Í því tilviki væri eðlilegt að líta á allt ferlið frá veiðum og vinnslutækni til fullvinnslu afurðar á markað. Höfuðáherslu verður að leggja á geymsluþol og varðveislu ferskleika matvælanna. Jafnframt krefst slík ákvörðun þess að unnið sé að vissum undirstöðurannsóknum auk vöruþróunar og markaðsrannsókna. Í þessu sambandi má nefna að svið eins og hefðbundin matvælatækni, líftækni, framleiðslutækni, þekkunartækni o.s.frv. skipta máli. Með þessu *móti næðust* markvissari vinnubrögð með betri nýtingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru, en áratuga gömul atvinnugreinaskipting stæði ekki í veginum.

Rannsóknir og þróunarstarf af hálfu hins opinbera, sem miða að nýsköpun í atvinnulífinu, snúast því um hvernig þessum aðilum tekst að koma þekkingunni á framfæri, þ.e. stuðla að því að farið sé eftir niðurstöðunum. Alþjóðlegar athuganir og samanburður sýna fram á að hagnýting rannsókna byggir ekki eingöngu á hæfni rannsóknamanna til að afla og þróa nýja tækni og hæfu rannsóknafólki, heldur *einnig á hæfileikum* starfsmanna til að koma þekkingunni og tækninni út í atvinnulífið.

Á undanförnum árum hefur Iðntæknistofnun lagt mjög ríka áherslu á náið samstarf við atvinnulífið. Nefna má verkefni sem miða að því að efla þessi tengsl, svo sem Vöruþróun '92, verkefni um hrein framleiðsluferli, Snjallræði, Frumkvæði-Framkvæmd, BC-netið, auk fjölmargra annarra verkefna. Í þessum verkefnum er leitað eftir þátttöku fyrir-tækja og einstaklinga og reynt er að velja þá hæfustu úr til að tryggja að nýsköpunin nái fram að ganga.

314. Fyrirspurn [245. mál]

til félagsmálaráðherra um stjórnarnefndir vinnumiðlunar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Í hvaða sveitarfélögum, fjölmennari en 500 manns, hefur verið skipuð stjórnarnefnd vinnumiðlunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 18/1985 og hvenær var það gert?
2. Í hvaða sveitarfélögum, fjölmennari en 500 manns, hefur ekki verið skipuð stjórnarnefnd vinnumiðlunar?
3. Hvernig hefur eftirliti ráðuneytisins verið háttað með framkvæmd laganna?

Skriflegt svar óskast.

315. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Jarðalög nr. 65/1976, sbr. breytingar með lögum nr. 71/1978, lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 34/1992.

1. gr.

2. og 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna verða svohljóðandi:

2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.
5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.

2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekin úr landbúnaðarnotum með leyfi samkvæmt 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að fimm árum fasta búsetu

á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústað á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki.

Sumarbústaður samkvæmt lögum þessum er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði greinar þessarar taka einnig til veiðihúsa.

5. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. að nýta hana til landbúnaðar, þar með taldrar nýtingar og/eða útleigu á veiði og öðrum hlunnindum sem fylgja landi, svo og húsum sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda, skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili/aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

6. gr.

Aftan við 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi:

Með notkun til landbúnaðar í merkingu þessa ákvæðis er einnig átt við land sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976, þar með taldar eyðijarðir og einstakar landspildur, ef því hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan sex vikna frá því er kæra barst.

8. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr., er heimilt að framselja rétt sinn til

Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins.

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. málsl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

11. gr.

Niður fellur 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna og 3. tölul. verður 2. tölul. og 4. tölul. verður 3. tölul.

12. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Með sama hætti er eiganda ættaróðals heimilt að stofna til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, enda séu uppfyllt skilyrði 25.–28. gr.

13. gr.

61. gr. laganna verður svohljóðandi:

Óðalsbóndi getur með leyfi landbúnaðarráðherra fengið óðalið leyst frá óðalsákvæðum, enda mæli jarðanefnd með því og þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, hafa lýst því yfir skriflega að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda er hann kýs, enda hafi þeir sem forkaupsrétt eiga að lögum hafnað honum.

II. KAFLI
Lög nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

14. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jarðasjóði er jafnframt heimilt að kaupa eignir þegar sveitarstjórn hefur framselt sjóðnum forkaupsrétt sinn skv. 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. gr. gilda ekki um kaup sjóðsins á slíkum eignum.

III. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1991 var á vegum landbúnaðarráðuneytisins hafist handa við að kanna hvaða

áhrif fyrirhugaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið hefði á löggjöf um eignarhald og nýtingu jarða og annars lands og landsréttinda sem jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og önnur lög, sem ráðuneytið annast framkvæmd á, taka til. Frumvarp þetta er samið á vegum ráðuneytisins að lokinni þeirri athugun og er eitt af svonefndum fylgifrumvörpum EES-samningsins.

Að lokinni frumathugun þessara mála var ákveðið í mars 1992 að landbúnaðarráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem fer með framkvæmd laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum, létu sameiginlega taka saman álitsgerð um áhrif EES-samningsins á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum. Til verksins voru ráðnir Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Stefán Már Stefánsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Álitsgerð þeirra lá fyrir í júní 1992. Kaflar úr niðurstöðum álitsgerðarinnar varðandi jarða- og ábúðarlög og skylda löggjöf fylgja með frumvarpi þessu sem fskj. I.

Í athugasemd með 40. gr., þ.e. XII. viðauka EES-samningsins í frumvarpi til laga um Evrópska efnahagssvæðið, þskj. 1, segir m.a.:

„Varðandi rétt erlendra aðila til kaupa á fasteignum voru upphaflega ýmsir fyrirvarar og beiðni um varanlegar undanþágur sett fram af EFTA-ríkjunum. Niðurstaðan varð hins vegar sá aðlögunartími sem um getur í þessum viðauka, en jafnframt munu ákvæði laga um eignarrétt að jarðeignum og öðrum fasteignum í ýmsum tilvikum tekin til endurskoðunar. Slík endurskoðun fer nú fram á vegum landbúnaðarráðuneytisins hér á landi, en jafnframt gaf ríkisstjórnin í samningaviðræðunum sérstaka yfirlýsingu um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt samningnum, ef til komi alvarleg röskun vegna innstreymis á vinnumarkað eða alvarleg röskun á fasteignamarkaði."

Núgildandi jarðalög hafa ekki að geyma sérstakar takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í þeim fasteignum og fasteignaréttindum sem lögin taka til eða gera að öðru leyti mun á því hvort í hlut á íslenskur aðili eða erlendur. Tilkoma EES-samningsins leiðir því ekki til þess að þörf sé að breyta jarðalögunum af þeirri ástæðu. Reglur um heimildir erlendra aðila til að eignast og fá til afnota fasteignir hér á landi hafa verið í lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, eða svonefndum fasteignalögum, en viðamiklar breytingar voru síðast gerðar á þeim lögum með lögum nr. 23/1991. Fram er komið á Alþingi frumvarp til breytinga á þessum lögum vegna aðlögunar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið og það frumvarp, sem hér er gerð grein fyrir vegna breytinga á jarðalögunum, byggir á því að reglur um heimildir erlendra aðila til að fá réttindi yfir fasteignum hér á landi verði áfram í fasteignalögunum.

Í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum verða íslensk lög að tryggja að þeim aðilum, sem njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi, sé með lögum og lagaframkvæmd búin sama aðstaða og íslenskum aðilum til að eignast og fá til afnota hér á landi fasteignir, sem eru þeim nauðsynlegar, til að halda heimili og reksturs þeirrar atvinnustarfsemi er í hlut á hverju sinni. Hins vegar er EFTA-ríkjunum tryggð heimild í EES-samningnum, þ.e. e-lið viðauka XII, til setja í innanlandslöggjöf ákvæði er varða kaup á íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári er samsvara í raun löggjöf sem hefur verið við lýði innan Evrópubandalagsins í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar EB 88/361. Í því ákvæði segir að heimilt sé að viðhalda gildandi landslögum um kaup á íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári uns ráðið samþykki frekari ákvæði á þessu sviði í samræmi við 69. gr. Rómarsáttmálans.

Athuganir á efni EES-samningsins og rétti Evrópubandalandsins hafa leitt í ljós að það

teldist andstætt samningnum að setja í lög ákvæði sem áskildu að þeir sem gætu komið til greina við kaup á jörðum og öðru búskaparlandi, sem jarðalögin taka til, þyrftu að hafa verið búsettir hér á landi í tiltekinn árafjölda fyrir kaupin og það þó að sambærileg regla gilti um Íslendinga. Slík ákvæði voru í lögum hjá Dönum og Írum en hafa verið felld niður þegar í hlut eiga aðilar frá öðrum ríkjum EB sem ætla að nýta sér staðfesturétt þar. Þetta girðir þó ekki fyrir að sett séu í lög efnisleg skilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla við kaup á eignum til atvinnurekstrar, t.d. um starfsreynslu í ákveðinn árafjölda, enda séu þessi skilyrði í eðlilegum tengslum við viðkomandi atvinnurekstur og nýtingu eignarinnar. Skilyrði er þó að slíkt gangi jafnt yfir þá sem njóta EES-réttar og innlenda aðila.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að verði gerðar á jarðalögunum, miða annars vegar að því að taka á þeim breyttu aðstæðum sem leiðir af tilkomu EES-samningsins og hins vegar að endurskoða fáein atriði í lögunum í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðalagi 2. tölul. verði breytt þannig að tekin verði af öll tvímæli um að sú heimild, sem nú tekur samkvæmt orðanna hljóðan til ríkissjóðs, taki einnig til ríkisstofnana, t.d. Jarðasjóðs ríkisins.

Samkvæmt núgildandi reglu 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. þarf ekki að afla samþykkis samkvæmt greininni þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi. Af þessu hefur leitt að leiga á þessum réttindum til lengri tíma, sem þó hefur ekki verið talin fela í sér eignayfirfærslu sem leggja mætti að jöfnu við kaup, hefur verið heimil án þess að afla þyrfti samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar. Hins vegar hafa jarðalögin samkvæmt hljóðan sinni tekið til hvers konar skammtímaleigu á öðrum landsréttindum, svo sem leigu á landi til sumarbeitar fyrir hross og fuglaveiðirétti tiltekið tímabil. Af þessu hefur síðan leitt að lögunum hefur ekki verið framfylgt hvað þetta síðastnefnda varðar. Rétt þykir að taka af skarið í þessu efni í lögunum, enda verður að telja eðlilegt að stjórnvöld samkvæmt jarðalögunum fjalli um ráðstöfun á vatnsréttindum, námum og veiðiréttindum umfram skammtímaleigu með sama hætti og aðra ráðstöfun á réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til.

Þessari breytingu er einnig ætlað að færa útleigu á einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, til lengri tíma undir áskilnað um samþykki stjórnvalda samkvæmt lögunum. Reglan gildir þó ekki ef önnur undantekningarákvæði greinarinnar eiga við.

Hér er líka haft í huga að hópur þeirra, sem sækjist eftir þeim réttindum sem ákvæðið tekur til, kann að stækka verði EES-samningurinn samþykktur.

Viðmiðunartíminn þrjú ár er sniðinn eftir reglum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum, þó þannig að sleppt er viðmiðuninni um uppsögn með ekki lengri en árs fyrirvara. Á grundvelli hennar væri annars unnt að stofna til langtímaleigu, sem félli utan valdsviðs stjórnvalda að fjalla um, bara ef uppsagnarfrestur væri innan við ár.

Um 2. gr.

Þótt land hafi verið tekið úr landbúnaðarnotum með leyfi ráðherra skv. 1. mgr. 12. gr. laganna þarf samkvæmt gildandi lögum eftir sem áður að afla samþykkis skv. 6. gr. laganna við síðari aðilaskipti að landinu og sveitarstjórn og eftir atvikum ábúandi að eiga áfram forkaupsrétt að landinu eins og nánar verður fjallað um í athugasemd við 10. gr.

þessa frumvarps. Undantekning er þó gerð frá reglunni um samþykki á aðilaskiptum skv. 6. gr. varðandi réttindi yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum, sbr. 3. mgr. 10. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. jarðalaganna um bann við töku lands, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þ.e. 1976, til annarra nota nema samkvæmt heimild í lögum eða með leyfi, var sett til að veita stjórnvöldum færi á að hafa áhrif á og stjórna því hvort land, sem notað hefur verið til landbúnaðar, verður tekið til annarra nota. Þessi afskiptaréttur landbúnaðarráðherra og þeirra stjórnvalda, sem jarðalögin tilgreina, takmarkast þó af því að hugsanlegt er að land sé tekið til annarra nota samkvæmt heimild í öðrum lögum, t.d. með skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða undir vegi og raforkumannvirki með eignarnámsheimild í lögum. Við ákvörðun um hvort heimila eigi að land sé tekið úr landbúnaðarnotum þarf auk leyfis ráðherra að liggja fyrir samþykki sömu stjórnvalda og fjalla um hvort samþykkja eigi aðilaskipti, þ.e. jarðanefnd og sveitarstjórn. Til viðbótar er síðan krafist umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Skipulags ríkisins. Það er því nokkuð viðamikil aðgerð að fá leyfi til slíks.

Í frumvarpsgreininni, 6. tölul., er lagt til að ekki þurfi að afla samþykkis til aðilaskipta þegar búið er að taka landið (fasteign) úr landbúnaðarnotum. Það sjálfstæða skilyrði er þó sett að fyrir verður að liggja þinglýst leyfi skv. 1. mgr. 12. gr. Tilefni þess að lagt er til að þetta skilyrði verði tekið inn í lögin má rekja til dóms Hæstaréttar frá 19. nóvember 1991.

Við breytingar á jarðalögunum með lögum nr. 90/1984 var tekin upp sú regla að ekki þyrfti að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna. Í hinum tilvitnuðu ákvæðum 12. gr. er, eins og áður sagði, lagt bann við því að taka land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þ.e. í júní 1976, til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum eða ráðherra samþykki. Það var ótvírætt ætlunin við breytinguna 1984 að undantekningarreglan ætti aðeins við í þeim tilvikum að ráðherra hefði með formlegu leyfi skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. heimilað að tiltekið land væri tekið úr landbúnaðarnotum, en slíku leyfi skal þinglýsa, sbr. lokaorð 1. mgr. 12. gr.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. nóvember 1991 túlkaði rétturinn hins vegar áðurgreind ákvæði á þann veg að ekki hefði þurft að leita eftir samþykki skv. 6. gr. jarðalaga til sölu á sumarhúsi ásamt 17,5 ha landspildu vegna ákvæðis 3. mgr. 10. gr. jarðalaganna þó að ekki lægi fyrir formlegt leyfi ráðherra um töku landsins úr landbúnaðarnotum. Landspilda þessi hafði verið girt árið 1944 og bústaðurinn byggður það sama ár. Búið var að rækta skóg á hluta landspildunnar. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði:

„Ljóst er samkvæmt því er áður sagði, að umrædd 17,5 hektara landspilda hafði ekki verið nýtt til landbúnaðar í áratugi fyrir gildistöku jarðalaga, enda verður sú skógrækt, sem þar var stunduð, eigi talin landbúnaður í hefðbundinni merkingu þess hugtaks. Af því leiðir samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, að ekki var skylt að lögum að afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til sölu á eigninni."

Þessi túlkun Hæstaréttar leiðir til þess að hugsanlegt er að sumarbústaðalóðir og einstakar landspildur, sem búið var að taka til annarra nota en landbúnaðar við gildistöku jarðalaganna, yrðu taldar undanþegnar reglu 6. gr. laganna um samþykki stjórnvalda vegna ákvæða 3. mgr. 10. gr. jarðalaga, þó svo að jarðalögin tækju enn til landsins skv. 3. gr. laganna og ekkert formlegt leyfi ráðherra um töku landsins úr landbúnaðarnotum lægi fyrir. Þetta fer eins og áður sagði í bága við það sem ætlunin var við breytingu á

lögunum 1984 og leiðir til verulegrar óvissu við framkvæmd laganna.

Sú regla, sem lagt er til að verði tekin upp í 7. tölul., er til að taka á þeim tilvikum þegar sumarbústaðir hafa verið byggðir í sumarbústaðahverfi án þess að landið hafi verið tekið úr landbúnaðarnotum, heldur byggist hin breytta notkun landsins alfarið á skipulagi sem hefur hlotið samþykki/staðfestingu samkvæmt skipulagslögum og landið hefur þar með verið tekið til annarra nota með heimild í lögum, sbr. áskilnað í lok 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. Skilgreining á sumarbústaðahverfi, sem áður var í 5. mgr. 10. gr., er flutt yfir í þetta ákvæði.

Um 3. gr.

Samkvæmt tilgangi laganna, eins og hann kemur fram í 1. gr., er lögunum m.a. ætlað að tryggja að búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Sveitarstjórnir og jarðanefndir hafa því m.a. við afgreiðslu á beiðnum um samþykki vegna fyrirhugaðra aðilaskipta skv. 6. gr. haft hliðsjón af áformum hlutaðeigandi aðila um búsetu á eigninni og nýtingu hennar að öðru leyti. Hins vegar verður ekki talið að stjórnvöld geti án sérstakrar lagaheimildar bundið samþykki sitt skilyrðum um að sá sem öðlast réttindi yfir eigninni hafi fasta búsetu á eigninni eða nýti eignina með tilteknum hætti. Úrræði stjórnvalda samkvæmt gildandi lögum væri þá að synja um aðilaskiptin á þeim grundvelli að þau væru andstæð hagsmunum sveitarfélagsins eða treysta á orð og yfirlýsingar þess sem fær réttindi yfir eigninni um að hann ætli að búa þar og reka búskap. Sé síðari leiðin farin geta þessi stjórnvöld ekki breytt fyrri ákvörðunum sínum ef viðkomandi hættir að búa á eigninni eða reka þar búskap.

Með þessari breytingartillögu er lagt til að sveitarstjórn og jarðanefnd fái heimild til að binda samþykki sitt á aðilaskiptum skilyrðum um búsetu og atvinnustarfsemi á eigninni í tiltekinn tíma. Rök fyrir því að setja slík skilyrði eru í senn það markmið jarðalaganna, sem lýst var hér í upphafi, og hitt að atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar og hagnýting á gæðum landsins og hlunnindum, sem því fylgja, gerir í mörgum tilvikum kröfu um fasta búsetu á eigninni. Ekki er þó víst að í öllum tilvikum sé ástæða til að krefjast þess að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign sé endilega búsettur á eigninni sjálfri, heldur er nægjanlegt að gera kröfu um að hann sé búsettur í nágrenni eignarinnar til að hann hafi möguleika til að sinna nauðsynlegu eftirliti og umhirðu með starfsemi og nýtingu á eigninni. Dæmi um þetta gæti t.d. verið kaup bónda á annarri jörð í sömu sveit sem hann ætlar að nýta sameiginlega með þeirri jörð er hann á fyrir. Sem annað dæmi mætti nefna aðila sem er búsettur í þéttbýli, en kaupir jarðnæði í nágrenni þess til að reka þar búskap eða nýta hlunnindi. Við mat á því hvað sé eðlileg fjarlægð í merkingu greinarinnar verður fyrst og fremst að líta til þess hvort sá sem öðlast réttindi yfir fasteign geti annast búreksturinn eða þá atvinnustarfsemi, sem hann ætlar að vera með á eigninni, frá heimili sínu.

Þegar sleppir hinum eiginlega landbúnaði þykir rétt að sá sem óskar eftir að öðlast réttindi yfir fasteign hafi sjálfur frumkvæði að því að leggja fyrir upplýsingar um hvaða atvinnustarfsemi hann ætlar að vera með á eigninni. Það er þá hlutverk stjórnvalda að taka upp slík áform sem skilyrði, en ekki að segja fyrir um hvaða atvinnustarfsemi viðkomandi verður að reka.

Nauðsynlegt er að í lögunum séu einnig úrræði sem segi fyrir um með hvaða hætti sé hægt að bregðast við ef aðili fullnægir ekki þeim skilyrðum er stjórnvöld hafa sett honum í þessu efni.

Vegna þeirra ákvæða, sem hér er lagt til að verði tekin í lög, er rétt að minna á ákvæði 2. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, um skyldu jarðareiganda til að byggja jörð sína hæfum

umsækjanda ef hann situr ekki sjálfur á jörðinni og úrræði sveitarstjórnar ef jörð er ekki byggð.

Um 4. gr.

Samkvæmt 10. gr. núgildandi laga er óheimilt að reisa sumarbústaði á landi sem lögin taka til og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum nema jarðanefnd samþykki. Jafnframt er skylt að leysa land úr landbúnaðarnotum ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, en um slíka skyldu er ekki að ræða þegar um lóðir undir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa er að ræða. Með hliðsjón af þeim breytingum á réttaráhrifum þess að taka land úr landbúnaðarnotum, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, er ekki talið rétt að viðhalda þeirri skyldu að taka land undir sumarbústaðahverfi jafnan úr landbúnaðarnotum. Hugsanlegt er að jarðareigandi ákveði að taka hluta úr jörð sinni undir sumarhús annaðhvort til útleigu á eigin vegum í skamman tíma hverju sinni eða með útleigu á lóðum. Það kann að vera vilji jarðareiganda og/eða þeirra stjórnvalda sem um málið fjalla að landið sé ekki tekið úr landbúnaðarnotum og þar með undan ákvæðum jarðalaga um samþykki til aðilaskipta og forkaupsrétt.

Í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, er lagt til að 3. mgr. 10. gr. falli niður. Þá eru ákvæði 5. mgr. flutt yfir í 7. tölul. 6. gr. eins og lagt er til að hann verði orðaður skv. 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp sú regla að í þeim tilvikum, þegar aðili þarf samþykki skv. 6. gr. laganna til að öðlast réttindi yfir fasteign og ætlar að nýta hana til landbúnaðar, þurfi viðkomandi að hafa tiltekna starfsreynslu á sviði landbúnaðar. Rökin fyrir þessari reglu eru þau að slík starfsreynsla sé eðlilegur undirbúningur undir þennan atvinnurekstur og þannig er talið rétt að áskilja að lágmarki tveggja ára starfsreynslu við landbúnað hér á landi. Með því móti ætti erlendur aðili, sem vill stunda hér landbúnað, að hafa kynnst þeim aðstæðum sem íslenskur landbúnaður er rekinn við. En þessi regla gildir ekki bara um erlenda aðila heldur líka Íslendinga sem búsettir eru hér á landi. Fyrirmynd þessarar reglu er sótt í reglur sem í gildi eru í Danmörku (Benkendtgørelse om uddannelseskrav og bopælskrav m.v. i henhold til landbrugsloven nr. 549/1989), en þar er starfsreynsla við búrekstur sem eigandi eða ábúandi í minnst fjögur ár síðustu 10 ár og þar af minnst tvö ár í landinu, miðað við tiltekna stærð jarðar og umfang rekstrar, lögð að jöfnu við tiltekna lágmarksmenntun á sviði landbúnaðar sem annars er krafist af þeim sem vilja eignast jarðir. Ekki þykir þó rétt að binda regluna hér við eign á jörð eða ábúð því samkvæmt tilskipun EB nr. 63/261 skal sá aðili, sem hefur starfað sem launþegi í landbúnaði í aðildarríkinu í tvö ár, hafa rétt til að reka sjálfstæða landbúnaðarstarfsemi til jafns við og með sömu skilyrðum og innlendir aðilar. Ekki var talið rétt að setja að sinni í lög ákvæði um tiltekna lágmarksmenntun á sviði landbúnaðarfræða til að fá leyfi til að kaupa fasteign til búreksturs.

Hugtakið landbúnaður er í greininni notað í rúmri merkingu og það látið m.a. ná til nýtingar og útleigu hlunninda sem fylgja landi. Er þar fyrst og fremst átt við þau hlunnindi sem íslensk lög miða við að fylgi nytjum og ábúð á jörðum, sbr. t.d. 2. mgr. 24. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976. Ákvæðið tekur því til útleigu og nýtingar á veiðiréttindum en sjálfstæð nýting vatnsréttinda eða jarðhita umfram heimilis- og búþarfir ætti almennt að falla þar utan við. Þá er hugtakið einnig látið ná til útleigu húsa (sumarhúsa) sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda. Þetta síðastnefnda gildir þó ekki ef landið hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum því þá þarf ekki samþykki skv. 6. gr.

nái breytingartillaga skv. 2. gr. fram að ganga. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tiltekin atriði og þá m.a. um nánari afmörkun á hugtakinu landbúnaði í merkingu ákvæðisins.

Í upphafi greinarinnar er tekið fram að ákvæðið eigi við þegar fá þarf samþykki skv. 6. gr. til að öðlast réttindi yfir fasteign. Af þessu leiðir að krafan um starfsreynsluna á ekki við í þeim tilvikum þegar ekki þarf að afla samþykkis bæði samkvæmt hinum einstöku töluliðum 4. mgr. 6. gr. og skv. 5. mgr. 6. gr. Samkvæmt þessu gildir krafan um starfsreynslu m.a. ekki:

a. ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til maka síns, barna sinna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra,
b. ef aðilaskipti verða að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við búskipti vegna skilnaðar.

Í þessum tilvikum eru almennt líkur fyrir því að þeir sem í hlut eiga hafi starfsreynslu á sviði landbúnaðar.

Nái 2. gr. frumvarpsins fram að ganga gildir krafan um starfsreynslu ekki þegar í hlut á land sem búið er að taka úr landbúnaðarnotum.

Í 2. mgr. er ráðherra falið að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar samkvæmt greininni, en sú skilgreining lýtur annars vegar að því til hvers eigi að nýta eignina og hins vegar að því við hvaða starfsemi viðkomandi þarf að hafa starfað til að teljast hafa starfað við landbúnað. Ekki þykir unnt að ákveða í texta greinarinnar hvaða aðili úr hópi fyrirsvarsmanna eða starfsmanna félags/lögaðila þarf að uppfylla skilyrðið um starfsreynslu. Sama gildir þegar fleiri einstaklingar kaupa saman eign. Því er farin sú leið að fela ráðherra að setja reglur um það efni en þær kunna m.a. að verða mismunandi eftir því hvaða félagsform á í hlut.

Tekið skal fram að núverandi ákvæði 11. gr. hafa ekki verið virk í framkvæmd, enda ætti 2. tölul. 5. gr. að duga í því efni eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 37/1982.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. er sett sú viðmiðun að land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, má ekki taka til annarra nota nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem greind eru í ákvæðinu. Þegar árið 1976 við gildistöku jarðalaga voru aðstæður með þeim hætti að hluti jarða og landspildur úr jörðum voru ekki nýttar beint til landbúnaðar ef svo má að orði komast, heldur hafði þetta land áður verið notað til búrekstrar, en ekki verið beinlínis ráðstafað til annarra nota. Dæmi um slíkt voru ýmsar eyðijarðir og lönd sem skipt hafði verið út úr jörðum. Í framkvæmd hefur því verið litið svo á að í raun hafi bann 1. mgr. 12. gr. jarðalaganna tekið til alls lands sem nýtanlegt var til landbúnaðarins við gildistöku laganna ef því hafði ekki með formlegum hætti verið ráðstafað til annarra nota.

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í þeim dómi, sem gerð var grein fyrir í athugasemd um 2. gr., er hér lagt til að tekin verði af tvímæli um að hugtakið landbúnaðarnot í merkingu 1. mgr. 12. gr. taki einnig til þess lands sem nýtanlegt var til landbúnaðar við gildistöku laganna, þar með talinna eyðijarða og einstakra landspildna, ef landinu hafði ekki með staðfestu skipulagi eða heimild í öðrum lögum verið ráðstafað til annarra nota.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að orðunum „samkvæmt lögum þessum“ verði bætt inn í ákvæðið og frestur ráðuneytisins til að kveða upp úrskurð verði lengdur úr fjórum vikum í sex vikur. Ákvæði laganna um heimildir sveitarstjórna og jarðanefnda til að taka ákvarðanir eru

dreifð um hina ýmsu kafla laganna, en sérstöku ákvæði um málskot til ráðherra er búinn staður í II. kafla laganna. Í samræmi við almennar reglur um málskot til æðra stjórnvalds hefur í framkvæmd verið litið svo á að unnt væri að skjóta ákvörðunum sveitarstjórna og jarðanefnda samkvæmt jarðalögunum til landbúnaðarráðherra óháð því hvort heimild til slíkrar ákvörðunar er í II. kafla laganna eða annars staðar. Er það og í samræmi við almennar reglur um málskot til æðra stjórnvalds. Til að forða því að þetta atriði verði deiluefni er talið rétt að taka það beint fram að málskotsheimildin, og þar með reglan um málskotsfrestinn, eigi við allar ákvarðanir þessara stjórnvalda samkvæmt lögunum.

Reynslan hefur sýnt að fjórar vikur hafa í ýmsum tilvikum verið mjög knappur tími til meðferðar slíkra kærumála af hálfu ráðuneytisins. Gefa þarf aðilum kost á að koma sínum sjónarmiðum að og í ýmsum tilvikum að tjá sig um upplýsingar og sjónarmið sem fram koma við meðferð málsins af hálfu gagnaðila. Til viðbótar kemur síðan sá tími sem starfsmenn ráðuneytisins þurfa til að ljúka úrskurði í málinu. Því er lagt til að frestur ráðuneytisins verði lengdur.

Um 8. gr.

Við undirbúning tillagnánna um breytingar á jarðalögunum vegna tilkomu EES-samningsins var sérstaklega hugað að því hvort rétt væri að taka upp þá reglu að ríkið ætti forkaupsrétt að eignum sem jarðalögin taka til ef sveitarstjórn eða ábúandi notuðu ekki forkaupsrétt sinn. Í ýmsum lögum má finna ákvæði sem áskilja ríkinu forkaupsrétt að fasteignum noti aðrir lögboðnir forkaupsréttarhafar ekki rétt sinn, sbr. t.d. 2. mgr. 16. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um forkaupsrétt ríkisins að jörðum sem jarðhitaréttindi fylgja og 34. gr. náttúrverndarlaga nr. 47/1971 um forkaupsrétt ríkisins að jörðum sem eru að öllu leyti eða hluta á náttúruminjaskrá.

Ljóst er að almenn regla um forkaupsrétt ríkisins að frágengnum öðrum lögboðnum forkaupsréttarhöfum kallaði á veruleg afskipti ríkisins af viðskiptum með fasteignir samkvæmt jarðalögunum og fulltrúi ríkisins þyrfti þá að taka afstöðu til einstakra samninga. Hér er lagt til að í stað þessa verði farin sú leið að sveitarstjórnir geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Almennt er það verkefni sveitarstjórna að taka afstöðu til þess hvort aðstæður séu með þeim hætti að það sé í þágu hagsmuna sveitarfélagsins að neyta forkaupsréttar að eign. Hugsanlega kann verð eignar að vera sveitarfélagi ofviða, en líklegt er að það væri einkum í þeim tilvikum þegar um sérstæðar eignir er að ræða vegna hlunninda, sérstæðs náttúrfars eða staðsetningar. Samkvæmt frumvarpinu ætti sveitarstjórn í því tilviki kost á því að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins og það væri þá háð mati landbúnaðarráðherra og fjárhagsstöðu sjóðsins hvort ríkið notar forkaupsrétt sinn, t.d. vegna þess að það sé talið mikilvægt vegna samfélagslegra sjónarmiða að ríkið eignist tiltekna fasteign eða réttindi eða eignarhald ríkisins sé að öðru leyti talið í þágu hagsmuna viðkomandi sveitarfélags.

Framsal á réttinum til Jarðasjóðs leiðir ekki til þess að sveitarstjórn fái lengri frest því við framsalið færist forkaupsrétturinn frá henni til sjóðsins.

Tilvísunin um að ákvæði kaflans gildi að öðru leyti um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins vísar til þess að þær einstöku reglur, sem fram koma í ákvæðum kaflans, svo sem um með hvaða hætti skuli gera grein fyrir söluverði og öðrum skilmálum, úrræði ef eign er ráðstafað andstætt fyrirmælum laganna og um mat á kaupverðinu, eiga við með sama hætti og þegar ábúandi eða sveitarstjórn á í hlut hafi forkaupsrétturinn verið framseldur til Jarðasjóðs.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði nauðsynlegrar breytingar á lögum um Jarðasjóð ríkisins, nr. 34/1992, vegna forkaupsréttar samkvæmt þessari grein.

Um 9. gr.

Lagt er til að frestur sveitarstjórnar til að svara forkaupsréttartilboði verði færður til samræmis þeim fresti sem sveitarstjórn hefur til að svara beiðni um samþykki vegna aðilaskipta skv. 6. gr. laganna. Samkvæmt 7. gr. hefur sveitarstjórn 30 daga frá því að erindi barst til að afgreiða beiðni um samþykki á aðilaskiptum, en hins vegar er frestur inn til að svara forkaupsréttartilboði fjórar vikur. Þessi mismunur hefur stundum valdið ruglingi við framkvæmd laganna og til einföldunar er lagt til að miðað verði við 30 daga í báðum tilvikum.

Um 10. gr.

Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins var því lýst að þótt leyfi sé veitt til að taka land úr landbúnaðarnotum, t.d. undir sumarbústað eða sumarbústaðahverfi, breytti það ekki því að forkaupsréttarákvæði 30. gr. jarðlaganna taka til eignarinnar, sbr. orðalagið „eigi að selja fasteignaréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr.“. Í samræmi við þau sjónarmið, sem lýst var í athugasemd við 3. gr. frumvarpsins, er hér lagt til að forkaupsréttur samkvæmt jarðalögunum verði ekki virkur þegar selt er land og þar með talin mannvirki sem reist hafa verið á því sem tekið hefur verið úr landbúnaðarnotum með sérstöku leyfi ráðherra skv. 1. mgr. 12. gr. Hér gildir líka fyrirvarinn um að leyfi hafi verið þinglýst. Nái þessi breyting fram að ganga þurfa sveitarstjórn og jarðanefnd að gæta þess þegar tekin er afstaða til beiðni um að taka land úr landbúnaðarnotum hvort með því sé verið að skerða búskaparhæfni jarðar. Dæmi um þetta er t.d. þegar samþykkt er að heimila byggingu á einum sumarbústað á stakri lóð úr landi jarðar. Í slíku tilviki getur verið eðlilegt að umrædd stjórnvöld fjalli um síðari aðilaskipti og forkaupsréttur verði virkur til að sameina lóðina á ný jörðinni. Öðru máli gegnir hins vegar um land úr jörð sem tekið er undir sumarbústaðahverfi og landið er skipulagt til þeirra nota. Þá er almennt búið að taka þá ákvörðun að ráðstafa landinu varanlega il þessara þarfa.

Telji sveitarstjórn engu að síður rétt að hún hafi forkaupsrétt að landi sem hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum á hún þann kost að nota heimild 26. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, og áskilja sér með sérstakri samþykkt forkaupsrétt ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum.

Rétt er í þessu sambandi að vekja athygli á dómi Hæstaréttar frá 2. október 1992, en þar var því hafnað að Hafnarfjarðarbær ætti forkaupsrétt á grundvelli jarðalaganna að ¾ hlutum jarðar innan lögsagnarumdæmis bæjarins, en búrekstur hafði ekki verið rekinn á jörðinni og þar var ekki húsakostur til slíks rekstrar. Tekið er fram að af því sem fram hafi komið í málinu megi sjá að landið muni nýtast betur til annarrar starfsemi en búskapar, en það liggi vel við samgöngum og hafnaraðstöðu. Í niðurstöðu dómsins er vísað til tilgangs jarðalaganna og bent á að hann sé fyrst og fremst sá að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða í þágu þeirra er landbúnað vilja stunda og með hliðsjón af hagsmunum sveitarfélaga af því að innan vébanda þeirra geti landbúnaður þróast með eðlilegum hætti. Hæstiréttur taldi að eins og á stæði væri ekki unnt að fallast á að 30. og 31. gr. jarðalaga gætu tekið til þess landsvæðis er málið varðaði.

Í samræmi við þessa dómsniðurstöðu er hugsanlegt að forkaupsrétti sveitarfélaga að landi og fasteignaréttindum, sem falla undir lögin skv. 3. gr., yrði hafnað af dómstólum ef ekki er sýnt fram á að forkaupsréttinum sé beitt í þágu þess tilgangs jarðalaganna sem áður var lýst.

Um 11. gr.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 38. gr. er það gert að skilyrði að ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, sem vilja nota kauprétt sinn á ábúðarjörð, gefi út skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggi fram skilríki þar að lútandi. Ákvæði þetta var tekið upp í lög um kauprétt ábúenda ríkisjarða í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á íslenskum lagareglum um óðalsrétt með lögum nr. 8/1936. Fjölmargar jarðir hafa síðan verið gerðar að ættaróðulum bæði með ákvörðunum jarðareigenda og vegna áburgreinds skilyrðis við sölu ríkisjarða. Hin síðari ár hefur þó verið fátítt að jarðir hafi verið gerðar að ættaróðulum nema í tengslum við sölu ríkisjarða til ábúenda. Kvöð um ættaróðal takmarkar ráðstöfunarrétt þess sem fer með óðalið á hverjum tíma og það erfist eftir ákveðnum reglum en kemur ekki til skipta sem hluti af dánarbúi þess sem setið hefur óðalið með sama hætti og aðrar eignir hans. Þá verður jörð, sem bundin er kvöð um ættaróðal, ekki seld nema hún verði leyst úr óðalsböndum.

Í ljósi breyttra aðstæðna er ekki talin ástæða til að gera kvöð um ættaróðal lengur að skilyrði við sölu ríkisjarða til ábúenda þeirra. Í mörgum tilvikum hafa hlutaðeigandi ábúendur setið jarðirnar lengi og byggt þar upp hús og önnur mannvirki þannig að jörðin sjálf er oft aðeins brot af verðmæti bújarðarinnar. Við kaup ábúanda á jörðinni frá ríkinu er honum hins vegar samkvæmt gildandi lögum gert skylt að gera jörðina að ættaróðali og þar með leggja höft á þær eignir sem hann á í raun þegar fyrir á jörðinni. Þá veldur sú skylda að gera jörð að ættaróðali óvissu þegar kemur að því að meta söluverð jarðar við sölu frá ríkinu til ábúanda.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum getur óðalsbóndi fengið leyfi til að skipta óðalinu í tvö eða fleiri býli milli erfingja. Rétt þykir að heimila einnig að óðalsbóndi geti stofnað til félagsbús með erfingja sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið, þannig að ekki þurfi endilega að koma til skipta á óðalinu, t.d. við tímabundnar aðstæður þegar tveir aðilar reka sameiginlega búskap á jörð til undirbúnings ættliðaskiptum. Þessi heimild er þó, eins og áður sagði, bundin því skilyrði að fyrir verður að liggja ákvörðun um að í hlut eigi erfingi sem ákveðið hefur verið að erfi óðalið. Skortur á lagaheimild af þessu tagi hefur valdið vandkvæðum við framkvæmd laganna.

Um 13. gr.

Á síðustu árum hafa heyrst raddir um að fella algjörlega úr lögum ákvæði um óðalsjarðir. Ekki var talið rétt að fara þá leið að minnsta kosti að sinni vegna stöðu þeirra eigna sem þegar eru undir ættaróðalskvöðum. Væri ekki annað gert en fella niður þessi ákvæði leiddi það væntanlega til þess að þáverandi óðalsbændur fengju fullkomin eignarráð yfir óðalsjörðunum og þar með talda heimild til að selja þær hæstbjóðanda í stað kvaðabundinnar eignar.

Heimild gildandi laga til að leysa jörð úr óðalsböndum er mjög takmörkuð og fyrir þarf að liggja að óðalsbóndi verði að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum sem valda því að honum er ókleift að halda áfram búskap. Einnig þurfa þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, að lýsa því yfir að þeir vilji ekki taka við því til ábúðar. Að auki þarf síðan samþykki ráðherra og meðmæli tiltekinna stjórnvalda.

Hér er lagt til að skilyrði til að leysa óðal úr óðalsböndum verði rýmkuð þannig að ekki þurfi lengur að sýna fram á einhverjar ástæður sem valdi því að óðalsbóndi geti ekki haldið áfram búskap. Það verður hins vegar áfram skilyrði að þeir ættingjar, sem rétt hafa til óðalsins, lýsi því skriflega yfir að þeir óski ekki eftir að taka við því til ábúðar. Það

er síðan landbúnaðarráðherra að veita leyfið, enda mæli jarðanefnd með því, en fellt er niður skilyrði um meðmæli sýslunefndar og Búnaðarfélags Íslands.

Um 14. gr.

Í samræmi við þá reglu, sem lagt er til að tekin verði upp í 8. gr. frumvarpsins um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins, þarf að bæta inn í lög um sjóðinn heimild fyrir hann til slíkra kaupa. Ekki er talin ástæða til að leggja slíkar beiðnir fyrir stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, enda skammur tími sem ráðherra hefur til afgreiðslu þeirra mála. Því er tekið fram að 2. mgr. 1. gr. gildi hér ekki. Þá eiga ákvæði 3. gr. laga nr. 34/1992 um ákvörðun kaupverðs ekki við þegar um forkaupsrétt er að ræða.

Um 15. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á jarðalögunum og lögum um Jarðasjóð ríkisins með frumvarpi þessu, eru ekki háðar því að EES-samningurinn verði samþykktur, en hins vegar þykir rétt að miða gildistöku breytinganna við 31. desember 1992 fari svo að EES-samningurinn öðlist gildi 1. janúar 1993.

Fylgiskjal I.

Kaflar úr niðurstöðum álitsgerðinnar: Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi, samin að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra af Ólafi W. Stefánssyni, Stefáni M. Stefánssyni og Tryggva Gunnarssyni í júní 1992.

8.4.2. Jarðalög og ábúðarlög.

Jarðalög og ábúðarlög hafa ekki að geyma sérstakar takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í þeim fasteignum og fasteignaréttindum sem lögin taka til. Tilkoma EES-samningsins leiðir því ekki til þess að þörf sé að breyta þeim lögum af þeirri ástæðu.

Stærstur hluti þeirra fasteigna og fasteignaréttinda, sem þau lög taka til, getur verið grundvöllur atvinnurekstrar, einkum landbúnaðar, en einnig má sem dæmi nefna atvinnustarfsemi á sviði ferðaþjónustu, nýtingu og/eða útleigu hlunninda, svo sem veiði og námugröft. Vegna þessa er rétt að huga sérstaklega að stöðu jarðalaga og ábúðarlaga vegna reglna EES-samningsins um stofnsetningarrétt.

Því hefur áður verið lýst að ákvæði EES-samningsins um stofnsetningarrétt fela að meginstefnu til í sér lögtöku á gildandi EB-rétti á þessu sviði. Skýringar og framkvæmd EB-réttar hafa því þýðingu hér.

Í e-lið 3. mgr. 54. gr. Rs. segir efnislega að ráð EB og framkvæmdastjórn eigi að inna af hendi verkefni, sem þeim séu falin með öðrum ákvæðum Rómarsamningsins, með því að gera þegni eins aðildarríkis kleift að eignast og nýta sér fasteign í öðru aðildarríki, svo fremi þetta stangist ekki á við meginreglur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 39. gr. Rs. Í 2. mgr. 39. gr. segir hins vegar m.a. svo:

Við útfærslu á sameiginlegri landbúnaðarstefnu og þeirra sérstöku ráðstafana sem af henni getur leitt skal tekið tillit til:

a. séreinkenna landbúnaðarstarfa sem stafa af félagslegri uppbyggingu landbúnaðarins og vegna ólíkrar uppbyggingar og náttúrufræðilegs mismunar milli ýmissa landbúnaðarsvæða,
b. nauðsynjar þess að viðeigandi aðlögun fari fram í áföngum,
c. ...

Þá hefur og framkvæmdastjórnin sett nokkrar tilskipanir sem miða að auknu frjálsræði fyrir þegna eins aðildarríkis til þess að setja á stofn og hefja landbúnaðarrekstur í öðru aðildarríki. Nokkurra þessara tilskipana hefur verið getið hér að framan.

Þessi ákvæði og mál nr. 182/83 (Fearon-málið), sbr. kafla 4.1.4., sýna nægjanlega að ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga standast EB-rétt vegna þess að þau gilda jafnt um íslenska aðila og erlenda. Með sama hætti standast þessi lög EES-samninginn. Hins vegar má ekki beita ákvæðum jarðalaga, t.d. 2. mgr. 6. gr. um hvað telja skuli andstætt hagsmunum sveitarfélags á þann hátt að erlendum mönnum eða félögum sé mismunað miðað við íslenska aðila. Mismunun gæti og falist í því ef forkaupsrétti sveitarfélags væri beitt til þess að koma í veg fyrir eignaraðild þeirra sem kynnu að geta byggt á EES-reglum, t.d. ef tilgangurinn væri sá að hamla gegn hækkun á verði jarða vegna aukinnar eftirspurnar. Það er eftirlitsstofnun EES og dómstóll EFTA sem á úrskurð um þetta að lokum að því að EES-rétt varðar.

Af framansögðu er þó ljóst að tryggja má með löggjöf að hagnýting jarða sé tengd starfsemi á þeim sjálfum. Almennt er einnig líklegt að unnt sé að setja ströng skilyrði í landslöggjöf fyrir kaupum á landbúnaðarlandi ef ekki er gerður greinarmunur á innlendum og erlendum kaupendum og þeim ekki mismunað að öðru leyti.

Vegna þeirra tilskipana EB á sviði stofnsetningarréttar í landbúnaði, sem eru hluti af EES-samningnum, er ástæða til að víkja sérstaklega að tveimur.

Tilskipun 63/261 hefur að geyma reglur um hvernig koma skuli á stofnsetningarrétti í landbúnaði á yfirráðasvæði aðildarríkis að því er varðar ríkisborgara annarra landa bandalagsins sem starfað hafa sem launþegar í landbúnaði í því aðildarríki í tvö ár samfellt. Tilskipunin gerir ráð fyrir að sá sem uppfyllir þetta skilyrði skuli hafa rétt til að reka sjálfstæða landbúnaðarstarfsemi til jafns við og með sömu skilyrðum og innlendir aðilar.

Tilskipun 63/262 varðar heimild til að stofna til landbúnaðarrekstrar á yfirgefnum stöðum, þ.e. eyðijörðum eða stöðum sem ekki hafa verið í ræktun sl. tvö ár. Tilskipun þessi tekur yfir hvert það ræktað landsvæði eða landskika sem ekki hefur verið tekinn til ræktunar og fullnægir skilyrðum sem sett eru af innlendum stjórnvöldum gagnvart ríkisborgurum þess lands varðandi lágmarkssvæði undir landbúnaðarstarfsemi.

Aðalregla tilskipunarinnar kemur fram í 1. gr. hennar. Þar er kveðið á um afnám allra hindrana varðandi nýtingu aðila af þjóðerni annars aðildarríkis til landbúnaðar á jörðum sem yfirgefnar hafa verið eða ekki nýttar í meira en tvö ár. Ákvæði tilskipunarinnar eiga því að tryggja að íbúar annarra aðildarríkja hafi sama rétt til þess að setja saman bú á yfirgefnum stöðum og innlendir aðilar. Í 4. gr. segir að tryggja skuli sérstaklega jafnræði á rétti manna til hvers konar umráða yfir landareign og öðru sem nauðsynlegt er til landbúnaðarrekstrar og að unnt sé að flytja eigur í þessu skyni. Enn fremur að tryggja rétt til hvers kyns styrkja eða lána og loks rétt til þátttöku í ýmiss konar félagasamstökum.

Þessar tilskipanir EB og aðrar, sem eru hluti af EES-samningnum og taka til stofnsetningarréttar í landbúnaði, kveða ekki á um forgang erlendra aðila sem njóta réttar samkvæmt EES-rétti heldur að þeir njóti sama réttar og innlendir aðilar. Reglur jarðalaga og ábúðarlaga gilda jafnt um alla án tillits til þjóðernis og því verður ekki séð að þessar til-

skipanir geri kröfu um breytingar á þessum lögum. Þetta á t.d. við þá reglu 24. gr. jarðalaga að samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi til að endurbyggja eyðijörð.

Það sem nú var sagt gildir fyrst og fremst um stofnsetningarréttinn. Kaup erlendra aðila á fasteignum í fjárfestingaraugnamiði eingöngu verða ekki byggð á EB-rétti og þar með á EES-samningnum, a.m.k. ekki enn þá og því er hægt að koma í veg fyrir kaup af því tagi með innlendum lögum. Er þar annars vegar um að ræða þær undanþágur frá frelsi til fjárfestingar sem fram koma í reglum EB, t.d. tilskipun 88/361 og þá heimild sem fram kemur í viðauka XII við EES-samninginn um heimild einstakra EFTA-ríkja til að beita áfram gildandi innanlandslöggjöf um eignar- og afnotarétt erlendra aðila, en Ísland hefur frest í því efni til 1. janúar 1996 að því er varðar fjárfestingar í fasteignum á innlendu yfirráðasvæði.

Ef erlendur einstaklingur, sem nýtur réttar samkvæmt EES-samningnum, er búsettur hér sem launþegi á hann rétt á að hafa sömu möguleika og Íslendingur til að kaupa eða fá til afnota fasteign og gildir það um eignir sem jarða- og ábúðarlög taka til.

Þó svo að jarðalög og ábúðarlög takmarki ekki erlenda fjárfestingu leiðir það af tilgangi jarðalaganna um nýtingu, eignarráð og búsetu á jörðum í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda og ákvæðum laganna um afskipti stjórnvalda af aðilaskiptum og nýtingu þeirra, þar með talin ákvæði um forkaupsrétt, að íslensk stjórnvöld ættu almennt að geta tryggt að saman fari búseta og eignarhald þeirra jarða sem á er rekinn hefðbundinn landbúnaður, sérstaklega hvað varðar jarðir sem boðnar verða til sölu. Stjórnvöld verða þó jafnan að gæta þess að heimildum laganna sé beitt með sama hætti þegar í hlut eiga erlendir aðilar sem njóta EES-réttar eins og þegar um Íslendinga er að ræða. Þannig eru líkur á að það teldist andstætt EES-reglum ef almennt væri gerð krafa um búsetu erlends aðila á jörð en mismunandi væri hvort sú krafa væri gerð og þá fylgt eftir að því er Íslendinga varðar. Sem kunnugt er eru fjölmargar jarðir í eigu aðila sem ekki búa þar og reka búskap, þannig að erfiðleikum getur valdið ef taka ætti upp þá reglu að eigandi jarðar sé búsettur á henni. Með sama hætti eru líkur á að regla um að enginn mætti kaupa jörð nema hann væri búsettur innan ákveðinnar fjarlægðar frá jörðinni, þó þannig að allir þeir sem væru búsettir í landinu féllu þar innan, stæðist ekki reglur EES-samningsins um bann við mismunun. Væri þessi fjarlægð styttri, t.d. þannig að jarðareigandi þyrfti að búa innan við 300 km frá jörðinni, hitti reglan fyrir Íslendinga með sambærilegum hætti og aðra.

Þótt jarðalögin gefi stjórnvöldum færi á að grípa inn í og hlutast til um aðilaskipti að jörðum og þá m.a. að taka afstöðu til þess hvort tiltekin viðskipti eru samþykkt með hliðsjón af því hvort kaupandi ætlar að búa á eigninni kemur það ekki í veg fyrir að síðar kunni að verða breyting á búsetu eiganda á eigninni eða nýtingu hennar. Jarðalögin hafa ekki að geyma ákvæði sem mæla beinlínis fyrir um heimild sveitarstjórnar og jarðanefndar að setja skilyrði, t.d. um búsetu og nýtingu, þegar aðilaskipti eru samþykkt og hvað gerist ef ekki er staðið við þau skilyrði af hálfu kaupanda. Það er þó augljóst að umrædd stjórnvöld geta tekið tillit til áforma kaupanda um búsetu og nýtingu þegar þau taka afstöðu til þess hvort samþykkja eigi aðilaskipti. Í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og atvinnufrelsi verður ekki talið að stjórnvöld geti án beinnar lagaheimildar bundið samþykki sitt á aðilaskiptum að fasteign skilyrðum um búsetu eiganda og nýtingu með þeim hætti að hann fyrirgeri rétti sínum til eignarinnar ef út af er brugðið. Ábúðarlögin hafa að geyma reglu um svonefnda byggingarskyldu, sbr. 2. gr., og sveitarstjórn og jarðanefnd er þar fengið vald til að hlutast til um tiltekna nýtingu og búsetu. Sem kunnugt er hefur þessu ákvæði þó ekki ávallt verið fylgt eftir í fram-

kvæmd. Önnur og strangari framkvæmd gagnvart EES-aðila kynni að verða metin sem ólögmæt mismunun. Jarðalögin hafa líka að geyma eignarnámsheimildir í 13.–15. gr. sem kynni að reyna á ef meðferð jarða, lands eða landsnytja væri ekki í samræmi við jarðalög og ábúðarlög og þörf væri á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags eða hagsmunir sveitarfélagsins krefjast þess að eignarhald á jörð verði sameinað. Eignarnámsheimildum af þessu tagi verður einnig að beita án mismununar gagnvart erlendum aðilum.

Með ákveðinni festu við framkvæmd núgildandi laga verður ekki annað séð en lögin veiti hlutaðeigandi stjórnvöldum vald til að hlutast til um eignarhald og nýtingu jarða sem nýttar eru til hefðbundins landbúnaðar, hvort sem í hlut eiga erlendir aðilar eða íslenskir, þannig að það samrýmist skuldbindingum EES-samningsins.

Þegar um er að ræða aðrar fasteignir og fasteignaréttindi sem jarðalögin taka til en hefðbundnar bújarðir sem enn eru nýttar eða verða auðveldlega nýttar með þeim hætti kann framkvæmd á heimildum stjórnvalda til afskipta af eignarráðum og nýtingu samkvæmt jarðalögum að vera vandasamari í ljósi EES-reglnanna. Þarna getur t.d. verið um að ræða jarðir sem ekki er búið á með fastri búsetu eða einstakar landspildur sem hlunnindi fylgja, svo sem veiði, jarðhiti eða námur, jarðir sem nýta má til ferðaþjónustu eða útleigu hlunninda, þótt aðeins sé búið þar hluta úr ári, sumarbústaðalönd og hlunnindi og einstök fasteignaréttindi sem heimilt er að skilja eða leigja frá landinu. Um sumarbústaði og sumarbústaðalönd og annað íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári og jarðalögin taka til er fjallað í kafla 8.4.1.

Vilji erlendur aðili, sem nýtur EES-réttar, koma hér upp annarri atvinnustarfsemi en hefðbundnum landbúnaði á jörð eða landspildu sem fellur undir jarðalögin koma til reglur EES um stofnsetningarrétt. Ef tekið er dæmi, t.d. af jörð sem á laxveiðiréttindi í á og þannig hagar til að eigandi jarðarinnar ákveður sjálfur hvernig veiðiréttinum er ráðstafað þar sem ekki er starfandi veiðifélag, en ekki hefur verið búið á jörðinni með fastri búsetu síðustu 10 til 15 ár. Erlendur aðili vill kaupa jörðina og reka þar útleigu á veiði og ferðaþjónustu (eða bara þjónustu fyrir veiðimennina) og ætlar aðeins að halda til á jörðinni meðan sá rekstur stendur yfir, þ.e. tæpa fjóra mánuði á ári. Jörðin er í eigu Íslendings sem nýtt hefur hana með sama hætti og hinn erlendi aðili ætlar að gera.

Hliðstæð dæmi væru þegar erlendur aðili vildi leigja tiltekna landspildu eða hluta úr jörð til að selja þar út leyfi til fuglaveiða á þeim tímum ársins sem það er leyfilegt og ef erlendur aðili vildi stofna hér fyrirtæki eða setja upp útibú sem gagngert væri ætlað að kaupa fasteignir og fasteignaréttindi til að endurleigja.

Í þessum tilvikum hafa stjórnvöld samkvæmt jarðalögunum annars vegar möguleika á að synja um aðilaskipti að viðkomandi fasteign og réttindum ef ráðstöfunin telst vera andstæð hagsmunum sveitarfélagsins og hins vegar getur sveitarstjórnin neytt forkaupsréttar ef um sölu er að ræða. Hér skortir því í sjálfu sér ekki lagaheimildir til afskipta stjórnvalda af umræddum aðilaskiptum og til að grípa þar inn í en hins vegar þarf beiting stjórnvalda á þessum heimildum að standast lög og þar með talinn EES-samninginn og gildir þar einu hvort í hlut á erlendur aðili eða íslenskur. Ákvarðanir stjórnvalda verða því m.a. að samrýmast þeim tilgangi sem lögin byggjast á, gæta verður lögmætra sjónarmiða við ákvarðanatökuna því annars er um valdníðslu að ræða og hún og undirbúningur hennar verður að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru að stjórnsýslurétti og í lögunum. Stjórnvöld verða þannig við slíkar ákvarðanir að virða jafnræðisregluna og til viðbótar kemur síðan reglan um bann við mismunum milli þeirra sem njóta EES-réttar og innlendra aðila. Synji stjórnvöld t.d. um þau viðskipti sem nefnd voru í dæmaskyni hér að framan þarf slík ákvörðun að byggjast á tilgangi og reglum jarðalaganna um hags-

muni sveitarfélags. Þann fyrirvara verður þó að gera að hugsanlega kann sá aðili, sem synjað hefur verið um leyfi til að kaupa eign, að geta sýnt fram á að ákvörðunin sé haldin göllum sem eigi að leiða til ógildingar hennar og/eða að brotinn hafi verið á honum réttur þar sem viðkomandi stjórnvald/stjórnvöld hafi samþykkt sambærileg viðskipti þegar Íslendingar hafi átt hlut að máli.

Varðandi beitingu forkaupsréttar er það jafnframt sjálfstætt vandamál að aukin eftirspurn vegna möguleika erlendra aðila til að kaupa hér fasteignir kann að leiða til hækkunar á verði þeirra, þannig að erfitt verði fyrir sveitarfélög að kaupa þær og haga nýtingu þeirra eða endursölu þannig að hún falli að tilgangi jarðalaganna. Möguleikar á annarri nýtingu jarðar en til hefðbundins landbúnaðar kunna og að leiða til aukinnar eftirspurnar.

Þegar um er að ræða einstök lönd og lóðir sem jarðalögin taka til geta hlutaðeigandi stjórnvöld beitt valdheimildum sínum með hliðstæðum hætti og að framan greinir. Sama gildir einnig um einstök fasteignaréttindi sem falla undir jarðalögin. Ljóst er þó að í þessum tilvikum þurfa stjórnvöld sérstaklega að gæta þess að ákvarðanir þeirra séu í samræmi við tilgang jarðalaganna.

Í umfjöllun um fjárfestingarreglur EB kom fram að íbúðarhúsnæði sem ekki er notað allt árið og sumarbústaðir hafa nokkra sérstöðu hvað varðar heimild erlendra aðila til að kaupa og eiga slíkar eignir. Ákvæði jarðalaga, sem áskilja sveitarstjórn og jarðanefnd afskiptarétt af aðilaskiptum að sumarbústöðum og töku lands undir sumarbústaði, gera ekki mun á því hvort í hlut á innlendur eða erlendur aðili sem kaupandi og af þeim sökum er ekki sérstök þörf á að breyta þeim vegna tilkomu EES-samningsins.

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að jarðalögin og ábúðarlögin falli sem slík að reglum EES-samningsins. Það er hins vegar annað mál hvort ástæða verður talin til að taka lögin til endurskoðunar af þessu tilefni en það fellur fyrir utan það verkefni sem hér er til umfjöllunar. Hitt er annað að ef ráðist verður í þá endurskoðun er ástæða til að vekja athygli á nokkrum atriðum jarðalaganna sem rétt væri að huga nánar að í ljósi þess að sá hópur, sem kann að falast eftir eignarhaldi og notum á þeim fasteignum sem falla undir lögin, gæti stækkað að mun við tilkomu EES-samningsins:

— Afmarka betur til hvaða fasteigna og fasteignaréttinda jarðalögin eiga að ná, einkum hvað varðar mörkin við þéttbýlissvæði og annað land sem fellur utan laganna. Það er mikilvægt bæði vegna hagsmuna eigenda og kaupenda fasteigna og stjórnvalda að staðarmörk valds samkvæmt lögunum sé afmarkað með skýrum hætti. Sérstaklega á þetta við ef lögunum verður í framkvæmd ætlað aukið vægi til að hafa áhrif á eignarhald og nýtingu þeirra fasteigna sem lögin taka til.
— Setja nánari ákvæði í jarðalögin um hvað teljist hagsmunir sveitarfélags í merkingu laganna og um heimildir stjórnvalda til að áskilja búsetu á jörðum. Þó að bæði þessi atriði felist í gildandi lögum er hætta á að óljós ákvæði leiði til óvissu í framkvæmd. Þá væri og rétt að huga að því hvort það er vilji löggjafans að setja í jarðalögin ákvæði sem heimila stjórnvöldum að setja búsetu eiganda og tiltekna nýtingu eignar sem skilyrði fyrir samþykki á aðilaskiptum og heimildir til aðgerða ef ekki er staðið við þau skilyrði.
— Sérstök ástæða er til að afmarka nánar hvaða þýðingu það hafi að taka land úr landbúnaðarnotum. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 19. nóvember 1991, sem rakinn er í kafla 7.6., kann í ljósi tilgangs jarðalaga að vera ástæða til að taka í lögunum af skarið um að land verði ekki tekið úr landbúnaðarnotum, sbr. 1. mgr. 12. gr., nema með sérstakri ákvörðun.
— Hugsanlega mætti styrkja forkaupsréttarákvæði jarðalaga með því að ríkið hefði for-

kaupsrétt að frágengnum ábúanda og sveitarstjórn með sama hætti og nú er varðandi jarðir sem jarðhitaréttindi fylgja, sbr. 2. mgr. 13. gr. orkulaga. Aukin eftirspurn kann að leiða til hærra verðs á þeim fasteignum sem forkaupsrétturinn tekur til og því tilefni til þess að hugað sé að með hvaða hætti er unnt að styrkja fjárhagslega möguleika forkaupsréttarhafa til að kaupa eignir.

Úr kafla 8.4.1.

Varðandi sumarbústaði og annað húsnæði, sem aðeins er notað hluta úr ári, verður að telja að þeir sem búsettir eru í viðkomandi ríki eigi rétt á að festa kaup á þeim á jafnréttisgrundvelli. Þessi regla mun því gilda um þá EES-aðila sem búsettir verða hér á landi á grundvelli þeirra réttarheimilda sem fyrr voru raktar. Þeir verða ekki beittir neinni mismunun varðandi öflun sumarbústaða. Um aðra EES-aðila gildir tilskipun 88/361 en þar segir efnislega í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. að gildandi landslöggjöf um öflun fasteigna, sem ekki er búið í allt árið, megi halda gildi sínu þar til samþykktar hafa verið aðrar reglur á þessu sviði, sjá nánar kafla 2.1. Ákvæðið í e-lið í viðauka XII við EES-samninginn felur í sjálfu sér ekki í sér neina breytingu á þessu atriði. Hins vegar heimilar það ákvæði aðildarríkjunum að setja nýjar reglur sem væru þrengri en núgildandi löggjöf en í samræmi við samninginn. Í samræmi við þetta væri hægt að setja í íslensk lög ákvæði sem takmörkuðu heimildir EES-aðila til kaupa á sumarbústöðum og landi undir þá og annað íbúðarhúsnæði sem aðeins er notað hluta úr ári ef um hreina fjárfestingu væri að ræða. Enn skal þó minnt á það sem áður hefur verið sagt um framþróun reglna EB-réttar um frjálsa fjármagnsflutninga og þar með heimild til kaupa á fasteignum í öðru ríki.

Fasteignalögin hafa að geyma ákvæði er varðar það ef sá sem öðlast mátti réttindi yfir fasteign án leyfis missir skilyrði laganna til að eiga eignina. Ákvæði þetta mundi að óbreyttu einnig ná til þeirra sem eignast mega fasteignaréttindi á grundvelli EES-reglna án þess að þurfa að afla sér sérstaks leyfis í því skyni en missa síðar skilyrðin, svo sem dvalarleyfi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.

Með frumvarpinu eru sett „girðingarákvæði“ um rétt manna til að kaupa jarðir á Íslandi. Er þetta gert í tengslum við samning um hið Evrópska efnahagssvæði. Ekki verður séð að frumvarpið feli í sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

316. Svar [219. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um verkmenntun í framhaldsskólum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hyggst menntamálaráðherra efla þátt verkmenntunar í framhaldsskólakerfinu og auka jafnframt tengsl verkmenntakennslu og atvinnulífsins?

Óhætt er að svara þessari spurningu játandi. Bent er á að í erindisbréfi nefndar um mótun menntastefnu og endurskoðun á lögum um grunn- og framhaldsskóla er nefndinni falið að hafa eftirfarandi til hliðsjónar:

„Hvers konar fyrirkomulag hentar best á verknámi. Sérstaklega skal athugað hvort rétt sé að einstakir skólar verði móðurskólar á mismunandi sviðum. Einnig skal kannað hvernig samstarfi við atvinnulífið verði best háttað og hvort atvinnulífið og einstakar atvinnugreinar geti tekið við einstökum verklegum þáttum kennslu á meðan bóklegt nám verði áfram innan skólanna."

Á undanförnum árum hefur verklegt nám átt undir högg að sækja í skólakerfinu. Mikilvægt er að ráða á því bót. Nefnd um mótun menntastefnu er m.a. að athuga hvernig efla megi þátt verkmenntunar í framhaldsskólakerfinu og gera verklegt nám og starfsnám að raunhæfum kosti fyrir breiðari hóp nemenda en nú er. Í þessu efni þarf að mörgu að huga áður en ákveðin stefnumörkun liggur fyrir.

Í þessu sambandi má benda á nauðsyn þess að atvinnulífið verði mun virkara við skipulagningu verklegs náms á framhaldsskólastigi og taki jafnvel á sig hluta kennslu þar sem við á.

Þetta ásamt ýmsu öðru er nú í umfjöllun hjá nefndinni en hún hefur enn ekki lokið störfum og mun að líkindum ekki skila endanlegri skýrslu um tilhögun náms á grunn- og framhaldsskólastigi fyrr en í vor.

317. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, og Berglindi Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðin „vegna menntunar er veitir starfsréttindi“ í 1. mgr. 1. gr. falli brott og í þeirra stað komi orðin: vegna starfsmenntunar. Með þessari breytingu er verið að orða gildissvið frumvarpsins skýrara þannig að það nái einungis til viðurkenningar á þeirri menntun og prófskírteinum sem aðili hefur hlotið. Jafnframt eru gerðar aðrar smávægilegar orðalagsbreytingar á 1. gr.
2. Lagðar eru til breytingar á fyrri málsgrein 1. gr., 2. gr., fyrri málsgrein 4. gr. og 5. gr. sem þrengja gildissvið frumvarpsins þannig að það nái einungis yfir eina tilskipun, þ.e. tilskipun 89/48EBE sem tengist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, auk þeirra samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar.
3. Lagt er til að felld séu brott ákvæði í 5. gr. er lúta að framkvæmd laganna og eiga að mati nefndarmanna betur heima í reglugerð.
4. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt til að fyrirbyggja mistúlkun á gildissviði þess.

Í umræðum í nefndinni komu fram efasemdir um hvort nauðsynlegt væri að hafa undanþáguákvæði 1. mgr. 4. gr. inni í texta frumvarpsins. Niðurstaða nefndarmanna var sú að ákvæðið væri nauðsynlegt vegna þeirra skuldbindinga sem felast í Norðurlandasamningnum.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Björn Bjarnason. | Tómas Ingi Olrich.

Rannveig Guðmundsdóttir. | Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.

318. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, BBj, TIO, RG, VS).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „jafnsetta“ í fyrri og síðari málsgrein komi: jafngilda.
   b. Í stað orðsins „tilskipanir“ í fyrri málsgrein komi: tilskipun 89/48EBE.
   c. Í stað orðanna „menntunar er veitir starfsréttindi“ í fyrri og síðari málsgrein komi: starfsmenntunar.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „þeirra tilskipana“ komi: þeirrar tilskipunar.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „tilskipunum“ í fyrri málsgrein komi: tilskipun þeirri.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem falla undir 1. gr. Nánari ákvæði um þá framkvæmd skulu sett í reglugerð.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

319. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um sölu rafmagns (afgangsorku) til skipa í höfnum landsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og telur að efni hennar sé þarft. Hins vegar hefur komið fram að iðnaðarráðherra hefur nú skipað nefnd, svipaða þeirri sem flutningsmenn leggja til, til að sinna svipuðum verkefnum. Nefndin leggur því til að tilllögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sigríður Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich, Svavar Gestsson og Kristín Einarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. nóv. 1992.

Össur Skarphéðinsson, form.	Guðjón Guðmundsson, frsm.	Elín R. Líndal.
Pálmi Jónsson.		Finnur Ingólfsson.

320. Svar [179. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um landeyðingu vegna ágangs straumvatna.

Svar við fyrirspurninni var unnið í samráði við landgræðslustjóra sem fer með þennan málaflokk fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

1. Hefur farið fram heildarúttekt á landeyðingu vegna ágangs straumvatna?

Heildarúttekt á landbroti af völdum fallvatna fór fram við undirbúning að gerð landgræðsluáætlana I (þjóðargjafar) og II. Enn fremur hafa velflestar matsnefndir fyrirhleðslna, sem samkvæmt lögum um landbrot af völdum fallvatna, nr. 43/1975, með áorðnum breytingum, eiga að starfa í öllum sýslum lands, gert sérstakar úttektir á þessum vanda í viðkomandi sýslum.

Fyrirliggjandi eru slíkar úttektir fyrir Suðurland, Austurland og Norðurland og einnig að nokkru leyti fyrir Vesturland. Hins vegar liggur ekki fyrir hversu stór svæði eyðast árlega á þennan hátt. Slíkt mat hefur ekki verið framkvæmt vegna mikils kostnaðar.

2. *Ef svo er, á hvaða svæðum er talið að þessi landeyðing sé hvað mest og hröðust?*

Landeyðing er mest og hröðust á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, væntanlega í ofangreindri röð, þótt það geti verið misjafnt milli ára vegna þess hve farvegir jökulvatna breytast oft.

3. *Hefur ráðuneytið unnið að því að raða varnaraðgerðum vegna ágangs straumvatna í forgangsröð?*

Landgræðslan hefur fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins raðað verkefnum í forgangsröð sem endurspeglast árlega í tillögum stofnunarinnar til fjárlaga. Forgansröðun breytist þó frá ári til árs, sbr. það sem áður er sagt um jökulvötn og eftir því hvernig miðar við lausn einstakra mála.

4. *Ef svo er, hverjar eru þær varnaraðgerðir og hver er áætlaður heildarkostnaður við þær?*

Árlega er unnið við varnaraðgerðir á 30–40 stöðum á landinu. Þörf er aðgerða á miklu fleiri stöðum en ekki hefur fengist fjármagn til að sinna nema hluta af þeim beiðnum sem borist hafa. Vegagerð ríkisins hefur unnið ítarlegar kostnaðaráætlanir fyrir nokkur af stærstu fallvötnum landsins, sbr. 3. gr. fyrrnefndra laga, og Landgræðslan hefur látið gera úttekt á einstökum verkefnum. Takmarkaður fjöldi sérhæfðra aðila, sem gert gætu heildarkostnaðaráætlun fyrir allt landið, ásamt tugmilljóna króna kostnaði samfara slíku verki, hefur hamlað því að fyrir liggi ítarlegur heildarkostnaður fyrir öll þau brýnu verkefni sem bíða og enn síður fyrir allt landið. Það er hins vegar mat landgræðslustjóra að til þess að sinna þessum málum af fullri einurð og festu og leysa þar með brýnustu vandamálin þurfi a.m.k. að veita árlega um 100 milljónum króna til þessa málaflokks í nokkur ár til stofnkostnaðar við nýjar varnaraðgerðir og viðhalds eldri mannvirkja. Tvö brýnustu verkefnin í dag eru við Markarfljót og Jökulsá á Dal. Í báðum tilvikum kostar næsti verkáfangi, sem þó er aðeins áfangi í heildarlausn, um 20 milljónir króna á hvorum stað.

Landgræðslustjóri bendir á í svari sínu að það sem gert hefur verið á undanförnum árum og áratugum hefur ekki aðeins bjargað hundruðum eða jafnvel þúsundum hektara gróins lands, heldur hafa einnig gróið upp þúsundir hektara af gróðurvana landi í skjóli þeirra varnargarða sem gerðir hafa verið eins og í Austur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

321. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 18. maí 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Samningurinn er birtur sem fskj. 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Samningur þessi tekur við af samningi landanna um sama efni frá 12. júní 1989, sbr. auglýsingu nr. 2/1989 í C-deild Stjórnartíðinda þar sem samningurinn er birtur. Sá samningur var árangur viðræðna í Ósló í janúar 1989. Samningur um loðnuveiðar hafði verið í gildi síðan í maí 1980 milli Íslands og Noregs en þrátt fyrir margar tilraunir hafði ekki tekist fyrir fundinn í Ósló að ná samkomulagi sem tæki til veiða innan grænlenskrar lögsögu. Alþingi veitti heimild til staðfestingar samningsins með ályktun 11. maí 1989. Í samningnum var kveðið á um skiptingu á leyfilegum heildarafla milli landanna og enn fremur um heimildir til veiða innan lögsögu landanna. Samkvæmt samningnum var grænlenskum og norskum skipum heimilt að veiða loðnu innan lögsögu Íslands norðan 64°30'N til 15. febrúar ár hvert. Jafnframt voru íslenskum veiðiskipum heimilaðar veiðar innan lögsögu Jan Mayen án takmarkana og í lögsögu Grænlands norðan 64°30'N. Samningur þessi gilti fyrir þrjár vertíðir og féll úr gildi 30. apríl 1992 eða í lok síðustu vertíðar.

Þær þrjár vertíðir, sem fylgdu eftir að samningurinn tók gildi, brá svo við að loðnuveiðar gengu mjög illa fyrir áramót og var afli á sumar- og haustvertíð óverulegur miðað við það sem hann hafði áður orðið. Hins vegar varð veiði betri eftir áramótin og leiddi þetta til þess að hin erlendu veiðiskip sóttu í auknum mæli til veiða hér við land eftir áramótin en þá eru veiðar yfirleitt stundaðar á takmarkaðra svæði en á sumrin.

Í febrúar 1992 var boðað til fundar samningsaðila í Ósló þar sem rætt var m.a. um hvort framlengja bæri samninginn. Af Íslands hálfu var lögð fram hugmynd sem gerði ráð fyrir takmörkun á heimildum erlendra skipa til veiða innan lögsögu Íslands. Ekki náðist samkomulag á þessum fundi en aðilar héldu áfram að ræða óformlega um möguleika á samkomulagi. Þessar viðræður leiddu síðan til að haldinn var fundur í Kaupmannahöfn 18. maí 1992 og náðist þar samkomulag um að framlengja samninginn um tvær vertíðir með þeirri breytingu að aðilar skyldu semja sérstaklega um takmarkanir á veiðum innan lögsögu Íslands og Jan Mayen. Með þessari breytingu var komið til móts við óskir Íslendinga um takmarkanir á veiðum innan íslenskrar lögsögu. Að öðru leyti er efni samningsins óbreytt frá þeim samningi sem gerður var 1989.

Jafnhliða þessu komust aðilar að samkomulagi um sameiginlega yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins. Hún fylgir hér sem fskj. 2. Í yfirlýsingunni er kveðið á um að aðilar skuli kappkosta að veiða sinn hlut í heildaraflanum innan eigin lögsögu. Jafnframt

komust Ísland og Noregur að samkomulagi um frekari takmarkanir á veiðum. Í yfirlýsingunni segir að norskum skipum sé aðeins heimilt að veiða 35% af bráðabirgðakvóta Noregs innan lögsögu Íslands. Með sama hætti eru veiðar íslenskra skipa í lögsögu Jan Mayen takmarkaðar við 35% af bráðabirgðakvóta Íslands. Jafnframt er í yfirlýsingunni kveðið á um hvernig skuli standa að reikningi bóta. Ekki þykir þörf á að setja samsvarandi takmarkanir á veiðar grænlenskra skipa því Grænlendingar eiga engin skip sem stunda loðnuveiðar. Fái skip annarra þjóða hins vegar leyfi hjá grænlenskum stjórnvöldum til þess að stunda veiðar úr hlutdeild Grænlands hafa þau ekki heimild til veiða innan lögsögu Íslands nema að fengnu sérstöku samþykki íslenskra stjórnvalda.

Fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi tóku þátt í samningaviðræðunum um gerð samningsins og hafa mælt með staðfestingu hans.

[Samningur milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands ásamt sameiginlegri yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins (á íslensku og norsku) var birtur í þingskjalinu sem fskj. 1 og 2. Samningurinn verður enn fremur prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.]

322. Fyrirspurn [248. mál]

til samgönguráðherra um breytta tilhögun strandferða.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á áætlun skipaflutninga til hafna á landsbyggðinni eftir að Skipaútgerð ríkisins var lögð niður?
2. Hefur flutningskostnaður vöru breyst til hækkunar eða lækkunar?
3. Hefur verið gengið frá kaupum Samskipa á ms. Esju og Heklu þegar leigutími rennur út 1. febrúar nk.?

323. Fyrirspurn [249. mál]

til umhverfisráðherra um flutning embættis veiðistjóra út á land.

Frá Hermanni Níelssyni.

Hefur komið til álita að flytja embætti veiðistjóra út á landsbyggðina? Ef svo er, telur ráðherra koma til greina að embættið verði flutt til Austurlands?

324. Fyrirspurn [250. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit með fyrirboðum gjaldþrota.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir auknu eftirliti með fyrirboðum gjaldþrota í fyrirtækjarekstri með vísan til 2. mgr. 64. gr. gjaldþrotalaganna og 113. gr. hlutafélagalaga?
2. Mun ráðherra láta starfsmenn ráðuneytis síns vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum áður en í óefni er komið og stórtöp margra aðila hafa orðið?

325. Fyrirspurn [251. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot fyrirtækja.

Frá Hermanni Níelssyni.

1. Hve mörg fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á árinu 1991 og það sem af er árinu 1992?
2. Hvar voru fyrirtækin skráð?
3. Hve háar upphæðir var um að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum?
4. Hvernig skiptust lýstar kröfur á milli opinberra sjóða, banka og fyrirtækja, hve mikið tapaðist og hvernig skiptust töpin á milli sveitarfélaga?

Skriflegt svar óskast.

326. Fyrirspurn [252. mál]

til dómsmálaráðherra um úrskurði og samninga um aukið meðlag.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hversu margir meðlagsúrskurðir voru gefnir út og hve margir samningar um meðlag staðfestir í dómsmálaráðuneytinu á tímabilinu frá 1. júlí 1991 til 1. júlí 1992?
2. Hversu margir meðlagsúrskurðir voru gefnir út í ráðuneytinu vegna ágreinings um aukið meðlag með börnum á ofangreindu tímabili?
3. Hversu margir samningar foreldra um aukið meðlag með börnum voru staðfestir í ráðuneytinu á fyrrgreindu tímabili?
4. Hve mörg börn áttu í hlut samtals
   a. í málum skv. 2. lið,
   b. í málum skv. 3. lið?
5. Hver var meðalupphæð meðlags með einstöku barni skv. 2.–3. lið?
6. Hver var upphæð hæsta meðlags með einstöku barni skv. 2.–3. lið?

7. Hvaða vinnureglur lagði dómsmálaráðuneytið til grundvallar við mat á ágreiningi um aukið meðlag á fyrrgreindu tímabili?
8. Hvaða vinnureglur leggja sýslumannsembættin nú til grundvallar við mat á ágreiningi um aukið meðlag?

Greinargerð.

Á þingskjali 209, 183. mál, var lögð fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra um meðlagsúrskurði. Vegna annmarka sem voru á fyrirspurninni og erfiðleika sem hefðu skapast við að svara henni hefur hún nú verið afturkölluð en þessi fyrirspurn lögð fram í hennar stað.

Skriflegt svar óskast.

327. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur á þessu hausti haft til umfjöllunar eitt af þeim frumvörpum sem beinlínis tengjast hugsanlegri aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ríkisborgarar aðildarríkja EES geti komið hingað til lands, lagt fram próf sín eða skírteini um menntun, fengið þau viðurkennd og síðan hafið leit að vinnu. Jafnframt gildir áfram sá samningur sem um árabil hefur tengt saman Norðurlöndin sem einn vinnumarkað. Á móti kemur að Íslendingar hafa sömu möguleika til viðurkenningar á menntun og prófum í þeim ríkjum sem munu gerast aðilar að EES verði samningurinn að veruleika.

Samvinna í menntamálum þjóða í milli er bæði æskileg og nauðsynleg svo og gagnkvæm viðurkenning á prófum og menntun þannig að þekkingu og reynslu verði miðlað milli þjóða. Slík samvinna á að okkar dómi að vera óháð efnahagsbandalögum og ríkjaheildum. Því væri mun nær að gera ráð fyrir viðurkenningu á prófum og menntun fólks alls staðar að úr heiminum, að því tilskildu að það standist þær kröfur sem gerðar eru hér á landi, sé á annað borð vilji til að opna íslenskan vinnumarkað. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að kröfur verði ekki minnkaðar til samræmis við það sem kann að gerast í ýmsum löndum Evrópu.

Ljóst má vera að það er flókið mál að átta sig á skólakerfum og þeim mismunandi kröfum sem gerðar eru til hinna ýmsu starfsstétta. Menntakerfi eru mismunandi eftir löndum og álfum og því verður engan veginn einfalt að framfylgja fyrirhuguðum lögum, jafnvel þótt ríki EES verði ein um hituna. Íslendingar hafa þó manna mesta reynslu af því að leita sér menntunar vítt um veröld alla enda hafa menntamálaráðuneytið og Lánasjóður íslenskra námsmanna aflað sér mikilla upplýsinga um skóla víða um heim. Íslendingar ættu því alveg eins að ráða við heiminn allan eins og EES þegar próf og menntun eru annars vegar.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri úreltu heimssýn sem birtist í EES þótt vissulega megi benda á nokkra kosti sem fylgja mundu aðild Íslands að EES. Minni hlutinn telur hagsmunum og framtíð þjóðarinnar betur borgið utan þessarar efnahagsheildar en innan og vill fremur sjá sem frjálsust viðskipti milli allra þjóða heims en blokkamyndun og einangrunarstefnu af því tagi sem einkennir Evrópubandalagið. Því styður minni hlutinn ekki þau mál sem eru bein afleiðing af samningnum um EES og hefðu annaðhvort ekki komið til umfjöllunar á Alþingi eða verið með allt öðrum hætti hefði Alþingi eitt um vélað. Þá leiðir gildistökuákvæði frumvarpsins einnig af sér að minni hlutinn styður það ekki þótt hann sé efnislega samþykkur því að fólk eigi greiðan aðgang að viðurkenningu á menntun og prófum utan sem innan EES. Minni hluti nefndarinnar mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Svavar Gestsson.

328. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um neyðarráðstafanir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Flm.: Jón Helgason, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhann Ársælsson, Hermann Níelsson, Ingibjörg Pálmadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa nú þegar til neyðarráðstafana til að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna í því skyni að draga úr þeirri bylgju ofbeldis, innbrota, nauðgana og annarra afbrota sem nú hvolfist yfir þjóðfélagið og veldur ólýsanlegum þjáningum og neyð. Leitað verði eftir því að koma á víðtæku samstarfi ríkisvalds, sveitarstjórna, lögreglu, skóla, kirkju, foreldrasamtaka og annarra aðila sem vilja vinna gegn þessum mikla vágesti með breyttu viðhorfi til vímuefnaneyslu.

Greinargerð.

Stöðugt berast fréttir af vaxandi ofbeldi og öðrum afbrotum sem hljóta að vekja ógn hjá þeim sem gefa sér tíma til að hlusta. Mikill meiri hluti þessara verka stafa á beinan eða óbeinan hátt af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Sem betur fer fjölgar þeim sem finnst þetta ástand óviðunandi og einhverra úrræða þurfi að leita. Flestar tillögur hníga í þá átt að auka þurfi löggæslu, stækka meðferðarstofnanir og fangelsi og margt hefur verið gert til að hjálpa einstaklingum sem í ógæfu hafa ratað á síðustu árum. En það er ekki aðeins að kostnaðurinn við það björgunarstarf fer sífellt vaxandi og verður einstaklingum og þjóðfélagi allt of dýr heldur er vonlaust að vinna nokkurn sigur í þeirri varnarbaráttu. Eina árangursríka úrræðið er því að fara að ráðum þeirra sem lengi hafa bent á að ráðast verði að rótum vandans. Þess vegna hafa verið stofnuð og eru starfandi ýmis félög og samtök sem vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Ein þeirra eru foreldrasamtökin Vímulaus æska. Hafa þau nýlega sent frá sér bækling sem heitir „Lítil hjálparhandbók“. Þar er bent á ýmsar athyglisverðar staðreyndir um þetta mikla vandamál og segir þar m.a.:

„Neysla áfengis og annarra vímuefna eru ekki tvö aðskilin mál. Neysla áfengis er alltaf forsenda neyslu annarra vímuefna. Til þess að forvarnastarf sé markvisst þarf að ríkja eining um markmið og helstu leiðir. Litlar líkur eru á að okkur takist að verjast og hvað þá að hrekja vímuefni úr samfélagi okkar ef hver höndin er uppi á móti annarri og enginn vill vinna með öðrum að því marki. Við verðum öll að snúa bökum saman með sama markmið í huga í fjölskyldunni, skólanum, lögreglunni, sjúkrahúsinu, félagsmálastofnuninni, kirkjunni, vinnustaðnum, bæjar- og sveitarstjórninni o.s.frv. Stundum skapast slæmt ástand í vímuefnamálum vegna þess að ekkert hefur verið gert til að spyrna við fótum. Allir virðast vera að bíða eftir því að einhverjir aðrir en þeir sjálfir taki af skarið og geri eitthvað í málinu. Það er ákaflega slæmt því á meðan versnar ástandið og erfiðara verður að bæta úr því en annars væri.

Vímulaus æska, foreldrasamtök, eru samtök foreldra sem vilja koma í veg fyrir vímuefnaneyslu barna og unglinga. Þau þurfa á þinni aðstoð á halda, aðstoð sem felst í því að þú takir af skarið og eigir frumkvæði að úrbótum í vímuefnamálum í þínu nánasta umhverfi, hverfinu, bænum eða sveitarfélaginu. Vímuefni eru ógnun við þjóðfélagið, lýðræðið og samábyrgð okkar. Velferð barna okkar er í húfi. Þau verða að eiga okkur að. Hver stund sem líður án þess að eitthvað sé gert er tími glataðra tækifæra. Áfengisneysla unglinga er spegilmynd af neyslu fullorðinna sem bera mikla ábyrgð sem fyrirmyndir og mótendur viðhorfa og venja.“

Þannig væri lengi hægt að halda áfram að vitna í það sem skrifað hefur verið um neyslu áfengis og annarra vímuefna og sorglegar afleiðingar hennar. Slíkt er óþarfi þar sem allir þekkja þær staðreyndir svo vel, ekki aðeins af fréttum fjölmiðla, heldur þekkja allir einhverja úr hópi ættingja, vina eða kunningja sem eiga í óviðráðanlegum erfiðleikum af þessum sökum. Slíkar staðreyndir tala miklu skýrara máli en mörg orð.

329. Frumvarp til laga [20. mál]

um hópuppsagnir.

(Eftir 2. umr., 24. nóv.)

1. gr.

Ákvæði 1.–4. gr. eiga við um uppsagnir atvinnurekanda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn, en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

2. gr.

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er.

Með samráðinu skal stefnt að því að ná samkomulagi til að komast hjá uppsögnum að svo miklu leyti sem mögulegt er og draga úr afleiðingum þeirra.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekandi skal senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki fyrir hendi í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Áformi atvinnurekandi að höfðu samráði skv. 2. gr. hópuppsagnir starfsmanna skal hann tilkynna skriflega þær uppsagnir sem fyrirhugaðar eru til stjórnar vinnumiðlunar í umdæminu.

Í tilkynningu þessari skulu koma fram allar upplýsingar, sem máli skipta, um fyrirhugaðar hópuppsagnir, svo og um samráð það við fulltrúa starfsmanna sem kveðið er á um í 2. gr., einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekendur skulu koma afriti af tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., til fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar starfsmanna geta komið á framfæri öllum athugasemdum, sem þeir hafa fram að færa, við stjórn vinnumiðlunar í umdæminu.

4. gr.

Uppsagnir samkvæmt ákvæðum 1.–3. gr. taka fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um fyrirhugaðar uppsagnir berst stjórn vinnumiðlunar í umdæminu.

Frestinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal stjórn vinnumiðlunar nota til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda.

Fulltrúar starfsmanna og atvinnurekandi eða fulltrúar hans skulu gæta þagnarskyldu varðandi upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Ákvæði 1.–4. gr. gilda ekki um:

a. uppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna nema slíkar uppsagnir eigi sér stað áður en þeir samningar renna út eða verkefni lýkur,
b. áhafnir skipa,
c. starfsmenn sem missa vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar.

Uppsagnarfrestur starfsmanna samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum breytist ekki þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

6. gr.

Leiði ráðgerður samdráttur eða aðrar ráðgerðar breytingar í fyrirtæki til uppsagnar fjögurra eða fleiri starfsmanna er atvinnurekanda skylt að tilkynna uppsagnir til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi verkalýðsfélags með tveggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá sama tíma fellur úr gildi 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

330. Lög [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 129.

331. Frumvarp til laga [254. mál]

um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 1. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 skal gjaldið vera 15%.

3. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 1. gr. inni gjaldið af hendi svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. janúar 1993 og gilda til 31. desember 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að fellt verði niður í þrepum gjald það sem innheimt hefur verið af tekjum banka og innlánsstofnana af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta samkvæmt lögum nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Frumvarp þetta er ekki flutt sem breytingarfrumvarp við lög nr. 52/1984, heldur er gert ráð fyrir að þau lög falli úr gildi. Þetta byggist fyrst og fremst á því að lögunum er ætlaður stuttur líftími eða þrjú ár, en skv. 4. gr. frumvarpsins verður gjald þetta ekki lagt á eftir árslok 1995. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að heiti laganna verði lög um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum. Heiti gömlu laganna á ekki lengur við. Bæði gerir frumvarpið ráð fyrir því að gjaldið sé ekki innheimt af tekjum af gengismun og einnig það að með því að gjaldeyrismarkaðir eru að opnast geta fleiri farið út í verslun með gjaldeyri en bankar og aðrar lánastofnanir. Gjald þetta á sér orðið nokkuð langa sögu í íslenskri löggjöf, en það var fyrst innheimt á grundvelli laga nr. 86/1956, um útflutningssjóð o.fl. Gjaldið var í upphafi hugsað sem nokkurs konar hlutdeild ríkissjóðs í tekjum banka og innlánsstofnana af gjaldeyrisviðskiptum. Var í því sambandi haft í huga að bankar og innlánsstofnanir voru ekki skattskyldar. Þegar bankar urðu skattskyldir með lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var gert ráð fyrir því að gjald þetta legðist af. Horfið var frá þeim áformum og byggðist sú ákvörðun fyrst og fremst á tekjuþörf ríkissjóðs. Enda þótt tekjuþörf ríkissjóðs sé síst minni í dag en hún var fyrir 10 árum síðan standa óbreytt þau rök sem bjuggu að baki þeim áformum að fella niður gjaldið þegar bankar urðu skattskyldir. Fleira kemur þó til því fyrr á árinu var lögum um Seðlabanka Íslands breytt á þann veg að gert er ráð fyrir að komið verði á fót gjaldeyrismarkaði hér á landi. Í því felst að Seðlabanki Íslands mun ekki lengur skrá sérstakt kaup- og sölugengi einstakra gjaldmiðla, heldur mun ákvörðunin færast til innlánsstofnana sjálfra. Það er mat manna að þetta geri það að verkum að nánast verði óframkvæmanlegt að halda utan um stofn gjaldsins. Hefur í því sambandi verið nefnt að líklega muni í bókhaldi banka renna saman gengismunur og hagnaður af kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði.

Í lögum nr. 52/1984 er í 2. gr. kveðið á um að bankar og innlánsstofnanir skuli endurgreiða olíufélögum 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris vegna kaupa á gasolíu og svartolíu en ríkissjóður felli jafnframt niður 45% gjaldtöku af mismun sölu- og kaupgengis gjaldeyris og þóknunum. Þetta ákvæði kom inn í lögin á árinu 1985 og mun ástæðan hafa verið mildunaraðgerðir vegna óvenjumikilla hækkana á olíuverði. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir sambærilegu ákvæði enda þær forsendur, sem bjuggu að baki þessu ákvæði, ekki lengur fyrir hendi.

Í ljósi þess að ríkissjóður má vart við missi þeirra tekna sem gjald þetta hefur skilað árlega er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að það verði fellt niður í þrepum. Þannig verði frá 1. janúar 1993 ekki innheimt neitt gjald af gengismuninum, heldur einungis 45% af þóknunum. Frá 1. janúar 1994 lækki hlutfallið síðan í 30% og frá 1. janúar 1995 lækki hlutfallið síðan í 15%. Síðan er gert ráð fyrir að lögin falli niður frá og með 1. janúar 1996 og gjald þetta heyri þar með sögunni til.

Það er forsenda frumvarpsins að gjaldskrá banka og sparisjóða verði með svipuðu sniði og verið hefur, þannig að tekjuforsendur fjárlaga komi til með að standast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að lánastofnanir eða aðrir aðilar, sem versla með gjaldeyri, skili ríkissjóði 45% af þeim þóknunum sem teknar eru af viðskiptamönnum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Gjaldskyldur aðili er þannig hver sá sem verslar með erlendan gjaldeyri, en samkvæmt þeim breytingum, sem gerðar voru fyrr á þessu ári á lögum nr. 14/1992, um Seðlabanka Íslands, og skv. 8. gr. laga um gjaldeyrismál, sem nýlega voru afgreidd frá Alþingi, er ekkert því til fyrirstöðu að fleiri aðilar versli með gjaldeyri en bankar og innlánsstofnanir. Með þóknunum er átt við hvers konar gjald sem innheimt er af viðskiptamönnum fyrir þá þjónustu sem veitt er í tengslum við gjaldeyrisviðskiptin. Að öðru leyti vísast um skýringar til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til skýringa í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði er að finna almenna reglugerðarheimild til handa ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, t.d. um skil gjaldsins o.fl. Gert er ráð fyrir að skil séu gerð mánaðarlega og berist Seðlabanka Íslands fyrir 15. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

332. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í lögum um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands.

   Viðskiptaráðherra getur með úrskurði skuldbundið fyrirtæki sem hafa að hluta eða öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða íslenskum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingu í fiskiskipum. Úrskurður ráðherra er aðfararhæfur.
2. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

   Viðskiptaráðherra getur með úrskurði skuldbundið fyrirtæki sem hafa að hluta eða öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða íslenskum ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingu í vinnslu sjávarafurða. Úrskurður ráðherra er aðfararhæfur.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

   Frá og með 1. janúar 1996 skulu ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar með heimili á svæðinu hafa sama rétt til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.
4. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka. Frá og með 1. janúar 1996 fellur ákvæði þessa töluliðar úr gildi.

5. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með leyfi viðskiptaráðherra.
6. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

   Ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi við útgáfu uppboðsafsals eða með samningum til lúkningar veðskuldar og veðhafinn hefur eigi eignarhaldsrétt samkvæmt lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna skal hann selja eignina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að eignin komst í hans eigu. Sama gildir um erlendan veðhafa sem eignast á sama hátt eignarréttindi sem honum er óheimilt samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ný grein bætist við og verður 5. gr. Númer annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

a. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi, nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
b. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
c. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá, að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi, fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

4. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr., sem verður 6. gr., fellur niður „gjaldeyriseftirliti“ á eftir „Seðlabanka Íslands“.

Í 4. málsl. 1. mgr. 5. gr., sem verður 6. gr., kemur: bankanum í stað „gjaldeyriseftirlitinu“.

Í 3. mgr. 5. gr., sem verður 6. gr., fellur niður „Gjaldeyriseftirlit“ á undan „Seðlabanka Íslands“.

Í 1. málsl. 6. gr., sem verður 7. gr., fellur niður „gjaldeyriseftirliti“ á undan „Seðlabanka Íslands“.

5. gr.

8. gr., sem verður 9. gr., orðast svo:

Í innlendum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæð-

isins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

6. gr.

10. gr., sem verður 11. gr., orðast svo:

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði og getur hann þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu enda kunngjöri hann þá slíka ákvörðun innan átta vikna frá því að Seðlabankanum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 6. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðis skv. 1. mgr. og skal hún kölluð saman þegar ráðherra hyggst beita þessu ákvæði. Jafnframt skal nefndin fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt.

Viðskiptaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, einn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra og einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Jafnframt eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögunum í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Í XII. viðauka með samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila. Þá er Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum samningsins.

Um breytingar á einstökum ákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gagnkvæmnisskilyrðið í niðurlagi 3. gr. laganna, „ . . . enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila“, verði fellt brott. Ólíklegt verður að telja að fjárfesting erlends aðila á Íslandi verði nokkru sinni

svo mikið hagsmunamál í heimaríki hans að stjórnvöld þar breyti eigin reglum um fjárfestingu erlendra aðila til að veita Íslendingum sama rétt þar í landi og þegnar viðkomandi ríkis njóta á Íslandi. Af þeim sökum leiðir gagnkvæmnisskilyrði af þessu tagi ekki til annars en að útiloka erlenda aðila frá ríkjum þar sem Íslendingar njóta lakari réttar en viðkomandi aðilar hér á landi frá því að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Vandséð er að slíkt þjóni hagsmunum íslensks atvinnulífs sem lengstum hefur átt við að glíma skort á áhættufjármagni.

Um 2. gr.

Í 4. gr. laganna koma fram takmarkanir sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þær eru nú þessar: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda fiskveiðar, frumvinnslu sjávarafurða, orkuvinnslu og orkudreifingu, 49% hámark á eignarhlut erlendra aðila í félagi sem stundar flugrekstur, 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 200 milljóna króna hámark á árlegri fjárfestingu eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Í 1. og 2. tölul. er lagt til að áfram gildi algert bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Orðalag er óbreytt frá gildandi lagaákvæðum. Þó er ekki lengur vísað til númers laga um rétt til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, heldur einungis heitis þeirra. Lagt er til að tveir nýir málsliðir bætist bæði við 1. og 2. tölul. Er það í samræmi við ákvæði í XII. viðauka við EES-samninginn. Í þessum nýju málsliðum er kveðið á um að viðskiptaráðherra geti kveðið upp úrskurð um að lögaðili, sem að hluta til eða öllu leyti hefur verið keyptur af erlendum aðila, skuli losa sig við fjárfestingu á sviði fiskveiða eða fiskvinnslu. Jafnframt er kveðið á um að úrskurðurinn sé aðfararhæfur. Þar með er stjórnvöldum gert auðveldara að framfylgja fjárfestingarbanninu en samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Slíkur úrskurður yrði kveðinn upp ef viðkomandi aðili færi ekki að áskorun um að losa sig við óheimilan hlut í fiskveiðum eða vinnslu sjávarafurða.

Í 3. tölul. koma fram sömu hömlur á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingu og í núgildandi lagaákvæðum. Samkvæmt ákvæðum í XII. viðauka við EES-samninginn gildir engin undanþága fyrir Ísland um fjárfestingu á þessum sviðum. Því er lagt til að nýr málsliður bætist við þennan tölulið. Í honum er kveðið á um að frá og með 1. janúar 1996 njóti ríkisborgarar og lögaðilar frá hinum EES-ríkjunum sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.

Í 4. tölul. kemur fram sama takmörkun á eignarhlut erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum og í núgildandi lagaákvæði. Samkvæmt ákvæðum í XII. viðauka við EES-samninginn gildir engin undanþága fyrir Ísland um fjárfestingu á þessu sviði. Því er lagt til að ákvæði þessa töluliðar falli úr gildi 1. janúar 1996. Það leiðir til þess að ríkisborgarar og lögaðilar frá ríkjum utan EES munu í framtíðinni njóta sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og aðilar í EES-ríkjum. Það er gert vegna þess að engin sérstök rök mæla með því að sérreglur gildi á þessu sviði fyrir aðila í EES-ríkjum. Þá er lagt til að fellt verði brott núgildandi ákvæði um að frá og með 1. janúar 1992 geti erlendir hlutafélagsbankar opnað útibú hér á landi enda ákvæðið óþarft eftir að lögum um viðskiptabanka og lögum um Seðlabanka Íslands var breytt í þá veru á 115. löggjafarþingi 1991–92.

Í 5. tölul. kemur fram svipað bann við fjárfestingum erlends stjórnvalds hér á landi og í núgildandi lagaákvæði. Þó er lagt til að reglur hér á landi verði samræmdar reglum í flestum öðrum iðnríkjum þannig að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki einnig fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Einnig er lagt til að ákvæðið verði víðtækara en nú er og nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds.

Síðasti töluliður 1. mgr. er nánast óbreyttur frá gildandi lagaákvæði. Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að ekki verði vísað til númers laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna heldur einungis heitis þeirra.

Í þeirri breytingu, sem hér er lögð til á 4. gr. laganna um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, felst að fellt verður brott skilyrði 7. tölul. núgildandi 4. gr. laganna um leyfisveitingu ráðherra fari erlend fjárfesting fram úr 200 milljóna króna fjárhæðarmarki eða sé umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilgreindum atvinnugreinum. Í ljósi reynslunnar verður ekki séð að ástæða sé að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur yfirleitt verið langt undir þessum mörkum. Þá gegna almennt öryggisákvæði og ákvæði samkeppnislaga svipuðu hlutverki og ákvæði af þessu tagi er ætlað að gegna. Jafnframt fellur úr gildi takmörkun í 4. tölul. núgildandi 4. gr. um að samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, megi á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að núgildandi 8. tölul. 4. gr. laganna verði gerður að sérstakri grein enda er í honum ekki fjallað um takmarkanir á fjárfestingu heldur hvernig með skuli farið þegar erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni.

Í samræmi við ákvæði EES-samningsins um frelsi til að stunda starfsemi hvar sem er innan EES er tekið fram að ríkisborgarar í aðildarríkjum á svæðinu og lögaðilar, sem heimili eiga þar, séu undanþegnir ákvæðum greinarinnar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tilvísanir til ákveðinnar deildar Seðlabankans, þ.e. gjaldeyriseftirlitsins, verði felldar brott og eftir standi tilvísanir til bankans. Eftir því sem gjaldeyrisreglur eru rýmkaðar fækkar hefðbundnum störfum þessarar deildar. Víða erlendis hefur frjálsræðisþróun í gjaldeyrismálum leitt til þess að hliðstæðar deildar hafa verið lagðar niður eða sameinaðar öðrum. Svo kann einnig að fara hér á landi og því er lagt til að ekki verði vísað til deildarinnar í lögum.

Um 5. gr.

Lagt er til að síðasti málsliður núgildandi 8. gr. laganna verði felldur brott og í staðinn komi tveir nýir málsliðir. Í þeim fyrri eru ríkisborgarar í ríkjum innan EES undanþegnir búsetuskilyrði greinarinnar. Er það í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í þeim síðari er viðskiptaráðherra heimilað að undanþiggja ríkisborga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins búsetuskilyrðinu. Er það í samræmi við núgildandi lagaákvæði.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á núgildandi 10. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að öryggisákvæðinu verði breytt þannig að frumkvæði að beitingu þess verði í höndum viðskiptaráðherra en ekki nefndar um erlenda fjárfestingu eins og nú

gildir. Jafnframt er lagt til að orðalagi öryggisákvæðisins verði breytt á þann veg að felld verði brott heimild til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu ef talið er að hún skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein. Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til samkeppnislaga. Í því er að finna almennar lagaheimildir um hvernig skuli bregðast við skertri samkeppni vegna yfirtöku eða samruna fyrirtækja hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Orðalag öryggisákvæðisins tekur mið af orðalagi í 33. gr. EES-samningsins og orðalagi í samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Í 2. mgr. er kveðið á um nefnd um erlenda fjárfestingu. Samkvæmt núgildandi ákvæðum 1. mgr. 10. gr. laganna skal sérstök þingkjörin fimm manna nefnd vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögunum og hafa ákveðið frumkvæði við beitingu öryggisákvæðis greinarinnar. Í frumvarpi þessu er lagt til að reglur um fjárfestingu erlendra aðila verði gerðar frjálslegri en áður með því að fella niður fjárhæðarmörk og hlutfallslegt hámark á erlendri fjárfestingu án þess að til komi leyfi viðskiptaráðherra. Verði frumvarpið að lögum verður ekki um leyfisveitingar að ræða á sviði erlendrar fjárfestingar í atvinnurekstri. Því er sjálfgefið að hlutverki nefndarinnar á því sviði ljúki. Hins vegar er lagt til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðisins og að hún fylgist með því að ákvæði laganna um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri séu virt. Jafnframt er lagt til að sú breyting verði gerð á skipan nefndarinnar að hún verði ekki kosin á Alþingi heldur skipuð af viðskiptaráðherra. Fjórir nefndarmanna skulu tilnefndir af forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra en einn skipaður án tilnefningar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þar sem mikilvægt er að innlendir og erlendir aðilar geti með auðveldum hætti gert sér grein fyrir þeim lagaákvæðum sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er lagt til að lögin verði gefin út að nýju eftir að þeim hefur verið breytt eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

333. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Í stað liðarins „Öxulþungi“ í 2. gr. laganna kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:

Ásþungi:

Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: og þá sem teyma eða reka búfé.

3. gr.

a. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Akstur utan vega.**

4. gr.

Í stað „Afrein“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: Frárein.

5. gr.

Í stað „hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla“ í 6. mgr. 25. gr. laganna kemur: og hjólreiðamönnum.

6. gr.

32. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð.

b. 2. mgr. orðast svo:

Við akstur ökutækis í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

c. 6. mgr. orðast svo:

Í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

7. gr.

33. gr. laganna breytist þannig:

a. Orðin „og afturljós“ í 1. málsl. 3. mgr. falla niður.

b. 2. málsl. 3. mgr. fellur niður.

8. gr.

38. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „fólksbifreiðar“ í 1. mgr. komi: hópbifreiðar.

b. Í stað „30“ í 4. mgr. kemur: 50.

c. 5. mgr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

9. gr.

47. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir „þessara laga“ í b-lið 1. mgr. kemur: eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

b. D-liður 1. mgr. orðast svo: hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

10. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um aldur, kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd,

b. hópbifreið,

c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, þó ekki ef ökutækið, sem dregið er, er gert fyrir þá heildarþyngd og samanlögð leyfð heildarþyngd beggja ökutækjanna er innan við 3.500 kg og

d. bifhjóli með afl vél sem er meira en 125 sm^3 að slagrúmmáli.

Með sama hætti getur dómsmálaráðherra sett reglur um frekari skilyrði til að mega stjórna:

a. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,

b. bifreið sem flytur hættulegan farm og

c. bifreið til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð.

Í reglum þessum má ákveða að við tilteknar aðstæður þurfi eigi aukin réttindi til að stjórna ökutæki sem fellur undir a–c-liði 1. mgr.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

11. gr.

57. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „þremur“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: sex; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 21 árs aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi reynslu af að aka þannig ökutæki í a.m.k. þrjú ár. Ákvæði 1.–4. mgr. eiga við um akstur þennan eftir því sem við á.

c. Við 5. mgr., sem verður 6. mgr., bætist: Má þar ákveða að sá æfingaakstur fari fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemanda.

12. gr.

59. gr. laganna breytist þannig:

a. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hætta eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

b. Í stað „lagi“ í 1. málsl. 2. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: ástandi.

13. gr.

63. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira“ í 1. mgr. kemur: bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd.
b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Dómsmálaráðherra getur og ákveðið að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega.

14. gr.

Fyrirsögn á undan 65. gr. laganna fellur niður.

15. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun Íslands hf.

16. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

17. gr.

Orðin „eða bifreiðaeftirliti“ í 2. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

18. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem notar sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti, skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Barn yngra en 6 ára skal í stað öryggisbeltis eða ásamt með öryggisbelti nota barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal barnið nota öryggisbelti ef það er unnt.

Eigi er skylt að nota öryggis- og verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur er undanþiggja tiltekna einstaklinga skyldu til að nota öryggis- og verndarbúnað. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað við sérstakan akstur.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað í samræmi við 1.–4. mgr.

19. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð, skal nota hlífðarhjálm. Sama er um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls eða eftirvagni torfærutækis.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

20. gr.

76. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „öxulþunga“ í 1. mgr. og tvisvar í 2. mgr. kemur: ásþunga.
b. Í stað **„Öxulþungi“** í fyrirsögn á undan greininni kemur: **Ásþungi.**

21. gr.

Á eftir „eigandi“ í 1. mgr. 90. gr. laganna kemur: (umráðamaður).

22. gr.

a. 101. gr. laganna orðast svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki.

Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Svipting ökuréttar.**

23. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

24. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 1. mgr. 103. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.

25. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 104. gr. laganna kemur: ökuréttar.

26. gr.

Í stað „ökuréttinda“ tvisvar í 105. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „réttindum“ í sömu grein kemur: rétti.

27. gr.

a. 1. mgr. 106. gr. laganna orðast svo:
Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Endurveiting ökuréttar.**

28. gr.

Í stað „árlega“ í 3. mgr. 112. gr. kemur: a.m.k. annað hvert ár.

29. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða fellur niður.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi umferðarlög, nr. 50/1987, sem Alþingi samþykkti í marsmánuði 1987 öðluðust gildi 1. mars 1988. Lögin fólu í sér margvíslegar breytingar frá fyrri umferðarlögum sem voru að stofni til frá árinu 1958. M.a. voru umferðarreglur samræmdar reglum um það efni sem tekið höfðu gildi á Norðurlöndum og víðar í kjölfar alþjóðasamnings um umferð sem gerður var í Vínarborg 1968.

Frumvarp til umferðarlaga 1987 var upphaflega samið af sérstakri umferðarlaganefnd og lagt fram á vorþingi 1985. Frumvarpið var endurflutt óbreytt á haustþingi 1985. Á haustþingi 1986 var frumvarpið enn flutt nokkuð breytt í endurskoðaðri útgáfu milliþinganefndar. Það frumvarp tók síðan ýmsum breytingum í meðförum Alþingis. Við lokameðferð frumvarpsins á Alþingi var ákveðið að umferðarlögin skyldi endurskoða fyrir árslok 1991.

Umferðarlögin frá 1987 hafa nú verið í gildi í meira en fjögur ár. Á gildistíma laganna hafa þrisvar verið gerðar breytingar á þeim. Fyrst 1988 þar sem m.a. var veitt heimild til að fela hlutafélagi að annast verkefni Bifreiðaeftirlits ríkisins, síðan 1990 þegar lögmælt var notkun öryggisbeltis í aftursæti bifreiða og notkun sérstaks öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börn og loks 1992 vegna færslu ökuprófa til Umferðarráðs. Þá voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum til samræmis við réttarfarsbreytingarnar sem tóku gildi 1. júlí 1992.

Við framkvæmd umferðarlaganna hafa komið fram atriði er valda því að rétt þykir að breyta nokkrum ákvæðum laganna og lagfæra, gera þau skýrari og einfaldari í framkvæmd. Enn fremur ber nauðsyn til að taka á atriðum sem lögin kveða nú ekki á um og að endurskoða önnur vegna nýrra aðstæðna. Leitað var eftir ábendingum nokkurra aðila um atriði sem ástæða væri til að taka til endurskoðunar. Byggir frumvarpið m.a. á ábendingum um þannig atriði. Ýmsar ábendingar, sem fram hafa komið, varða framkvæmdaratriði og túlkun einstakra ákvæða umferðarlaganna. Þær kalla hins vegar ekki á breytingar á lagaákvæðum en varða m.a. nauðsyn þess að fyrir hendi séu aðgengilegar skýringar á lögunum.

Helstu breytingar miðað við gildandi ákvæði umferðarlaga eru þessar:

1. Lagt er til að nýtt ákvæði komi um akstur utan vega í þéttbýli (ný 5. gr. a).

2. Ákvæði um notkun ökuljósa eru gerð skýrari (breyting á 32. gr.).
3. Lagt er til að ökuréttindaflokkar verði samræmdir því sem almennt gerist erlendis (breyting á 50. gr.).
4. Tekinn verði upp sérstakur ökuréttindaflokkur fyrir stór bifhjól, yfir 125 sm^3 (breyting á 50. gr.).
5. Lagt er til að heimilað verði að setja reglur um æfingaakstur á bifreið án löggilts ökukennara en undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda (breyting á 57. gr.).
6. Lagt er til að tími til æfingaaksturs verði lengdur úr þremur mánuðum í sex (breyting á 57. gr.).
7. Lagt er til að breytt verði ákvæðum um skoðun ökutækja. Er þá miðað við að settar verði almennar reglur um viðurkenningu (faggildingu) skoðunarstöðva, hvort heldur er til að annast almenna skoðun eða einstaka þætti skoðunar, svo sem endurskoðun (ný 67. gr.).
8. Lagt er til að kveðið verði á um skyldunotkun hlífðarhjálms við akstur torfærutækis (breyting á 72. gr.).
9. Kveðið er á um að heimilt skuli að svipta rétti til að öðlast ökuréttindi til jafns við sviptingu ökuréttinda (breytingar á 101. og 102. gr.).

Ýmsar aðrar breytingar felast í frumvarpinu. Er um einstök atriði vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í umferðarlögum eru notuð hugtökin öxull og öxulþungi í sambandi við þunga sem flyst á veg af hjólum ökutækis. Í bifreiðafræði hefur orðið ás verið tekið upp í þessu sambandi í stað orðsins öxull þar sem ásinn er það sem ber þungann en öxullinn snýst. Mælir bílorðanefnd með notkun orðanna ás og ásþungi og er lagt til að þau hugtök verði notuð í umferðarlögum.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. umferðarlaga gilda ákvæði laganna um umferð ökutækja, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn. Í frumvarpi til umferðarlaga var gert ráð fyrir því að þessi ákvæði skyldu enn fremur gilda um þá sem teyma eða reka búfé. Var þetta fellt niður í meðförum þingsins. Rétt þykir að ákvæði þessa efnis verði lögfest. Felur það í sér að þessir vegfarendur skuli að jafnaði halda sig hægra megin á vegi eins og reiðmenn en ekki vinstra megin eins og gangandi vegfarendur almennt.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. gr. umferðarlaga gilda ákvæði laganna, nema annað sé ákveðið, um umferð á vegum. Þó segir í 3. mgr. 1. gr. að ákvæði laganna gildi einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Meginsvið umferðarlaganna er umferð á vegum. Umferðarreglur, ábyrgðarreglur og önnur ákvæði laganna gilda þó, eftir því sem við á, um umferð utan vega. Af reglu 2. mgr. 1. gr. laganna og meginreglunni í 1. mgr. 4. gr. þeirra leiðir þá að við akstur utan vega skal ökumaður sýna þá varúð sem aðstæður krefjast til að koma í veg fyrir hættu og tjón. Tjón í þessu sambandi þarf ekki að vera fjárhagslegt eða fullnægja skilyrðum um bótaskyldu. Spjöll á náttúru mundu því geta fallið undir ákvæði 4. gr. laganna.

Umferðarlögin taka hins vegar ekki afstöðu til þess hvort akstur utan vega sé heim-

ill eða óheimill. Í 43. gr. þeirra eru ákvæði sem að meginstefnu til banna akstur torfærutækja á vegi en gera hins vegar ráð fyrir akstri þeirra utan vega.

Í 13. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, eru ákvæði er varða akstur utan vega þar sem segir m.a.:

„Öllum er skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þar á meðal um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða þar sem náttúruspjöll geta af hlotist. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um".

Í 12. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973 eru nokkur frekari ákvæði um akstur utan vega. Segir þar m.a.:

„Bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins. Nauðsynlegum akstri á slíkum svæðum skal jafnan hagað svo að engin óþörf spjöll eða lýti á landi hljótist af honum.

Náttúruverndarráð setur svæðisbundnar reglur um akstur ökutækja eftir merktum leiðum í óbyggðum.

Á áningarstöðum skal ávallt leggja ökutækjum á þeim svæðum sem afmörkuð hafa verið eða merkt til slíkra nota. Óheimilt er að hrófla við hindrunum eða merkjum, sem afmarka slík svæði, í þeim tilgangi að komast fram hjá þeim."

Í reglum um friðlönd og fólkvanga má finna reglur er takmarka umferð ökutækja utan vega.

Að öðru leyti eru ákvæði er leggja skorður við akstri utan vega rýr. Í lögreglusamþykktum nokkurra kaupstaða og bæja eru þó ákvæði er takmarka akstur tiltekinna flokka ökutækja, einkum svonefndra fjórhjóla, vélsleða o.fl. Af 43. gr. umferðarlaga, sem bannar að meginstefnu til akstur torfærutækja á vegum, leiðir að akstur þeirra í þéttbýli er ýmsum annmörkum háður. Samkvæmt 79. gr. laganna getur lögreglan stjórnað umferð þar sem hún telur þess þörf. Lögregluyfirvöld hafa engu að síður talið annmarka á að amast við akstri þessara ökutækja í byggð eða á opnum svæðum í bæjum. Af akstri þessum stafar hins vegar oft veruleg truflun og hætta, svo sem á svæðum sem ætluð eru til útivistar, auk þeirrar truflunar sem verður af hávaða.

Með 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að ákveðið verði að akstur utan vega í þéttbýli skuli vera óheimill á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Svæði þau, sem um ræðir, mundu m.a. vera opin svæði, tún, garðar og önnur viðlíka svæði í þéttbýli. Akstur mundi þar því aðeins heimill að landeigandi eða annar þar til bær umráðamaður leyfði. Samkvæmt 2. mgr. yrði akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu eða sjúkraflutninga eða önnur viðlíka óhjákvæmileg umferð sem upp kemur þó ekki óheimil.

Um 4. gr.

Afrein er sérstök akrein meðfram aðalumferðaræð sem ætluð er til útaksturs. Aðrein er hins vegar sérstök akrein fyrir aðkomandi umferð. Bæði eru orð þessi lík og þau hljóma líkt. Orðið frárein hefur því verið tekið upp í stað afreinar, m.a. í reglugerð um umferðarmerki o.fl., og er lagt til að svo verði einnig í umferðarlögunum.

Um 5. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga ber þeim sem ætlar að beygja á vegamótum að veita forgang gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar að fara á. Á þetta einkum við um þegar beygt er til hægri. Oft er hætta á að ekki sjáist nægilega vel til vegfarendahópa þessara úr bifreið. Meginregla umferðarlaganna er að akstur léttra bifhjóla lýtur sömu reglum og gilda um akstur bifhjóla almennt. Er því lagt til að vísun til ökumanna léttra bifhjóla verði í þessu sambandi felld niður. Eftir sem áður gilda þau ákvæði 2. mgr. 15. gr. laganna sem kveða á um að ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt.

Um 6. gr.

Með 32. gr. umferðarlaga var ákveðið að við akstur bifreiðar og bifhjóls skuli lögboðin ljós jafnan vera tendruð. Var um nýmæli að ræða. Reynsla af skyldunotkun ökuljósa allan sólarhringinn hefur verið góð og þykir nú rétt að leggja til að ákveðin verði skyldunotkun ljósa allan sólarhringinn á öllum vélknúnum ökutækjum. Er þetta lagt til með breytingu á 1. mgr. Er þar einnig lagt til að við bætist ákvæði þess efnis að auk lögboðinna ljósa megi nota önnur viðurkennd ökuljós. Er það í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á samsvarandi ákvæðum á Norðurlöndum en þar hefur verið ákveðið að auk aðalljósa (með háum eða lágum ljósgeisla) megi í þessu sambandi einnig nota lágljós með lægri spennu, sérstök dagljós og þokuljós.

Á 2. mgr. er ekki um að ræða efnisbreytingu heldur einungis breytt orðalag.

Þá er lagt til að 6. mgr. 32. gr. verði breytt að því er varðar þokuljós. Eftir breytingu á 1. mgr. er gert ráð fyrir því að þokuljós verði viðurkennd ökuljós. Er því lagt til að í lögum verði einungis kveðið á um að þegar þau ljós eru notuð í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi megi þau koma í stað lágs ljósgeisla. Er skafrenningi þá bætt við ákvæðið til að taka af tvímæli. Um notkun þokuljósa ella ber að hafa í huga að þau eru fyrst og fremst ætluð til sérstakra nota. Þau lýsa því eigi fram á veg með sama hætti og aðalljós. Ákvæði um notkun hjálparljósa, sbr. síðari málslið 6. mgr., er óbreytt. Eigi má nota önnur hjálparljós en heimiluð eru í reglum, sbr. 8. mgr. 32. gr., og þau má einungis nota til þess sem þau eru ætluð. Segir heiti hjálparljósa oftast til um hver sé rétt notkun þeirra, svo sem framúrakstursljós, hættuljós, ljós fyrir akstur aftur á bak, vinnu- og leitarljós eða þokuafturljós, eða notkunin er tilgreind í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Um 7. gr.

Í 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga er vikið að stöðuljósum og afturljósi eins og þau séu aðskilin ljós. Í reynd eru stöðuljós að aftan og afturljós eitt og sama ljósker. Er því óþarft að víkja sérstaklega að afturljósum og er það ekki gert í 1. mgr. 33. gr. Er því lagt til að ákvæði um þau falli brott. Þá þykir ekki ástæða til að gera ráð fyrir heimild í lögum til að kveða á um sérstök hliðarljós er komi í stað stöðuljósa og er lagt til að ákvæði þess efnis í 2. málsl. 3. mgr. 33. gr. falli brott.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga er ákveðinn sérstakur hámarkshraði fólksbifreiða sem eru meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd. Orðið fólksbifreið var í umferðarlagafrumvarpi notað um bifreið til fólksflutninga. Í meðförum þingsins var hugtakið hópbif-

reið tekið upp í stað hugtaksins stór fólksbifreið. Hinu sérstaka hraðaákvæði var eins og samsvarandi ákvæði í 50. gr. eldri umferðarlaga fyrst og fremst ætlað að ná til stærri fólksflutningabifreiða, þ.e. til hópbifreiða. Er því lagt til að ákvæðið verði orðað þannig að það taki til hópbifreiða sem eru meira en 3.500 kg af leyfðri heildarþyngd og komi orðið hópbifreið þá í stað orðsins fólksbifreið.

Samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laganna er hámarksökuhraði bifreiðar með annað tengitæki (annað en hjólhýsi og tjaldvagn sem teljast til eftirvagna, sbr. 1. mgr. 63. gr. laganna) ákveðinn 30 km á klst. Ákvæðið þykir óraunhæft og er lagt til að hámarksökuhraði við þannig akstur verði ákveðinn 50 km á klst. Í reglum um tengingu og drátt ökutækja eru nú sérstök ákvæði er varða ökuhraða. Má ekki nota ökutæki til að draga annað ökutæki á meiri hraða en ökutækin, hvort um sig, eru hönnuð fyrir, auk þess sem þar eru ákvæði um 30 eða 50 km hámarkshraða á klst. eftir því hver dráttarbúnaður er.

Með því að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur verið lagt niður er lagt til að tilvísun til þess í 5. mgr. 38. gr. laganna falli niður. Þess í stað verði eingöngu vísað til reglna sem dómsmálaráðherra geti sett.

Um 9. gr.

Með 47. gr. umferðarlaga var tekið upp nýmæli þar sem kveðið er á um heimild lögreglumanna til að taka öndunarsýni af ökumönnum. Ákvæði greinarinnar felur í sér nokkra takmörkun á rétti lögreglumanna til töku öndunarsýnis. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 47. gr. er lögreglumanni m.a. heimilað að taka öndunarsýni af ökumanni þegar hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra að öndunarsýni skuli tekin. Þar sem heimild þessi er ekki bundin við það að ökumaður beri þess merki að vera undir áhrifum áfengis þótti rétt að við framkvæmdina væri tryggt að ekki væri hætta á að gætti mismununar gagnvart einstaklingum sem í hlut eiga.

Reglubundin taka öndunarsýna er mikilvægt úrræði lögreglu til að rannsaka hvort um ölvunarakstur er að ræða. Áskilnaður um sérstaka ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni fyrir slíku lögregluverkefni takmarkar hins vegar um of möguleika lögreglu til að taka öndunarsýni. Er því lagt til að áskilnaður um slíkt fyrir fram samþykki lögreglustjóra verði felldur niður og þá miðað við það að lögreglumaður sé við umferðareftirlit.

Í b-lið 1. mgr. 47. gr. laganna er gert ráð fyrir töku öndunarsýnis þegar ástæða er til að ætla að ökumaður hafi brotið gegn tilteknum ákvæðum umferðarlaganna, enda hafi ráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum. Ákvörðun hefur enn ekki verið tekin samkvæmt þessari heimild. Hins vegar þykir rétt að kveða ótvírætt á um að heimild þessi eigi jafnframt við um tilvik þar sem brotin hafa verið ákvæði reglna sem settar eru samkvæmt lögunum.

Um 10. gr.

Í 50. gr. umferðarlaga er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglur um aukin skilyrði til að mega stjórna tilteknum ökutækjum eða til tiltekinna flutninga.

Er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á greininni, einkum til að samræma ökuréttindaflokka þeim reglum sem gert er ráð fyrir í Vínarsamningnum frá 1968 og þeim reglum sem um þetta efni gilda almennt í Evrópu. Varðar þetta réttindaflokka skv. a- og c-liðum 1. mgr. 50. gr. Í umferðarlagafrumvarpi hafði verið gert ráð fyrir slíkri skipan. Í meðförum þingsins var réttindaflokki er varðar vörubifreiðar hins vegar breytt til samræmis við þá skipan sem verið hafði (miðað við 5.000 kg farm). Viðmiðun, er varðar

þyngd eftirvagns og tengitækis sem bifreið dregur, var og breytt (í 1.400 kg) en þar var um nýjan réttindaflokk að ræða. Vegna aukinna ferða landa í milli er brýnt að hér á landi verði fylgt alþjóðlegri flokkun ökuréttinda enda byggja reglur um viðurkenningu á erlendum ökuskírteinum yfirleitt á samræmdri ökuréttindaflokkun og gagnkvæmni. Út frá því er gengið að breytt ökuréttindaflokkun skerði ekki réttindi samkvæmt ökuskírteinum sem gefin hafa verið út þegar nýjar reglur taka gildi frekar en verið hefur áður þegar teknir hafa verið upp nýir ökuréttindaflokkar.

Lagt er til að tekinn verði upp nýr ökuréttindaflokkur fyrir bifhjól með aflvél sem er meira en 125 sm^3 að slagrúmmáli. Vegna fjölgunar aflmikilla bifhjóla og aukinnar tíðni umferðarslysa þar sem bifhjól koma við sögu þykir rétt að ákveða að áskilja megi aukin ökuréttindi til að mega stjórna aflmeiri bifhjólum.

Þá er lagt til að heimild verði veitt til að áskilja sérstök ökuréttindi til að mega stjórna bifreiðum til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð. Vegna alþjóðlegs samstarfs kann að koma að því að slík ökuréttindi verði upp tekin.

Með 3. mgr. er lagt til að ráðherra geti ákveðið að við tilteknar aðstæður þurfi ekki aukin ökuréttindi til að stjórna ökutækjum sem falla undir a–c-liði 1. mgr. Er þá einkum hafður í huga akstur í bílageymslum, á svæði viðgerðarverkstæðis, verksmiðjusvæði eða viðlíka svæðum, svo og nauðsynlegur reynsluakstur í tengslum við viðgerð ökutækis. Að óbreyttum lögum er ekki unnt að heimila akstur þessara ökutækja við slíkar aðstæður nema hlutaðeigandi hafi full ökuréttindi. Ákvæðið á sér hliðstæðu í erlendum reglum.

Ákvæði núgildandi 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga um 20 ára aldursmark til að mega stjórna ökutækjum þeim, sem greinin tekur til, er fellt niður. Þess í stað er í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar miðað við að aldursskilyrði þessi verði ákveðin í reglugerð. Ekki er þó gert ráð fyrir því að slakað verði á aldursskilyrðum frá því sem nú er. Hins vegar þykir þjálla að kveða á um þetta í reglugerð. Aldursákvæði vegna réttinda skv. c-lið 2. mgr. mundu m.a. ráðast af alþjóðlegum reglum.

Að öðru leyti er ekki um að ræða efnisbreytingar á greininni.

Um 11. gr.

Samkvæmt 57. gr. umferðarlaga má æfingaakstur á bifreið því aðeins fara fram að við hlið nemanda sitji löggiltur ökukennari og æfingaakstur á bifhjól má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara. Talið hefur verið að það sé að nokkru leyti reynsluleysi að kenna að ungir ökumenn lenda oftar í umferðaróhöppum en aðrir ökumenn. Ástæða þessa sé í sjálfu sér ekki vanþekking á umferðarreglum eða léleg ökukennsla heldur fyrst og fremst of lítil reynsla í akstri. Er talið að úr þessu megi bæta með því að heimila nemanda að æfa sig í akstri með leiðbeinanda sem þegar hefur hlotið reynslu í akstri þannig ökutækis. Slík heimild er fyrir hendi í nokkrum löndum og er talin hafa skilað árangri. Oft er um það að ræða að foreldri eða eldra systkini sé þannig leiðbeinandi. Er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að setja reglur um slíkan æfingaakstur, enda uppfylli leiðbeinandi tiltekin skilyrði. Í reglum mundi væntanlega verða kveðið frekar á um æfingaaksturinn, svo sem um það hvaða þjálfun nemandi skuli hafa hlotið, hvar og hvenær æfingaakstur megi fara fram, um búnað ökutækis sem notað er o.s.frv. Ákvæði þessa efnis koma fram í b-lið.

Æskilegt er að nemanda gefist rúmur tími til að stunda æfingaakstur áður en hann gengst undir ökupróf. Er því talið heppilegt að nemandi geti hafið ökunám fyrr en þremur mánuðum áður en hann öðlast aldur til að fá ökuskírteini útgefið svo sem nú er skv.

4. mgr. 57. gr. laganna. Í a-lið er lagt til að þessi tími verði lengdur í sex mánuði. Í þeim lið er og lagt til að hugtakið ökuréttur verði tekið upp í samræmi við tillögur um breytingar á 101.–106. gr. laganna.

Í 5. mgr. 57. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingasvæðum. Slíkar reglur hafa ekki verið settar enda hafa engin slík æfingasvæði verið gerð. Á lokuðum æfingasvæðum er ekki þörf á að hafa ökukennara í bifreið svo sem við venjulegan æfingaakstur heldur nægir að ökukennari sé í fjarskiptasambandi við nemanda. Þykir rétt að ráðherra hafi heimild til þess að ákveða að æfingaakstur á þessum æfingasvæðum megi fara fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemandans. Er ákvæði þessa efnis í c-lið.

Um 12. gr.

Lagt er til að framan við 59. gr. umferðarlaga komi ný málsgrein þar sem fram komi að ökutæki skuli svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hætta eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi. Er þetta eins konar grunnregla er varðar gerð ökutækja og búnað. Ákvæðið mundi m.a. fela í sér heimild til afskipta af ökutæki sem búið er í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja en er að öðru leyti í þannig ástandi að ekki sé við hæfi, t.d. vegna þess að rúður eru hrímaðar eða þaktar snjó. Málsgrein sama efnis var í frumvarpi til umferðarlaga og hliðstætt ákvæði var í eldri umferðarlögum.

Í núverandi 2. mgr. 59. gr. er vísað til þess að ökumaður skuli gæta þess að ökutæki sé í góðu lagi. Lagt er til að hér verði vísað til ástands ökutækis. Ökutæki getur í sjálfu sér verið í góðu lagi þótt ástand þess sé ekki gott.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga ber að skrá eftirvagn sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira. Eftirvagn er ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga. Skráningarskylda eftirvagna nær til eftirvagna allra ökutækja enda nái eftirvagninn tilskilinni þyngd. Ekki þykir ástæða til að áskilja skráningu eftirvagna annarra ökutækja en bifreiða og dráttarvéla. Jafnframt þykir rétt að miða skráningarskylduna við eftirvagn sem gerður er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd. Þá þykir ekki ástæða til að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega og er því lagt til að þeir verði undanþegnir skráningu. Er þar um að ræða hliðstæðu við heimild 2. mgr. 63. gr. sem hins vegar er bundin við einstök ökutæki.

Um 14. og 15. gr.

Með lögum nr. 62 24. maí 1988 um breytingu á umferðarlögunum var heimild veitt til þess að fela hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit sem Bifreiðaeftirliti ríkisins var falið með 1. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Á grundvelli þessarar heimildar var Bifreiðaskoðun Íslands hf. stofnuð og því félagi falið að taka við hlutverki Bifreiðaeftirlitsins, sbr. auglýsingu nr. 530 23. desember 1988. Við þessa breyttu tilhögun hefur gildi 65. gr. minnkað, m.a. er uppbygging skoðunarstöðva víðs vegar um landið vel á veg komin. Er því lagt til að greinin í heild falli niður, þó svo að ákvæði þess efnis að dómsmálaráðherra fari með mál, er varða eignaraðild ríkisins að fyrirtækinu, haldist óbreytt.

Til að kveða á um tilhögun á skráningu ökutækja eru heimildir í a-lið 64. gr. um-

ferðarlaga. Getur dómsmálaráðherra þannig sett reglur um það efni og falla reglur um það hver annist skráninguna þar undir.

Jafnframt þessu er lagt til að 67. gr. laganna verði breytt og að þar komi ákvæði um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra.

Um 16. gr.

Fyrirhugað er að sett verði almenn löggjöf um viðurkenningu (faggildingu) á aðilum sem taka að sér ýmiss konar viðurkenningu, vottun og prófun á efni, framleiðslu, mannvirkjum, búnaði, ferli, þjónustu o.fl., svo og hæfni og þekkingu þeirra er að því starfa. Undir þetta mun falla það hverjir megi annast almenna skoðun ökutækja. Er fyrirhugað að þannig verði settar reglur um þær kröfur sem uppfylla þarf til að skoðunarstöð verði viðurkennd til að annast skoðun ökutækja. Slíkar skoðunarstöðvar mundu annast hvort heldur er almenna skoðun eða einstaka þætti skoðunar, svo sem endurskoðun.

Er því lagt til að í stað ákvæða í 1.–4. mgr. 67. gr. umferðarlaga komi almenn heimild til dómsmálaráðherra um að setja reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja. Auk þess sem þar verði reglur um það hverjir megi annast þá skoðun verði í reglunum kveðið á um önnur atriði er varða skoðunarskyldu og framkvæmd skoðunar sem nú er kveðið á um í 1., 2. og 4. mgr. 67. gr., þar á meðal um vottun um skoðun í skráningarskírteini. Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur þegar fallist á að öðrum aðilum, sem uppfylla almenn skilyrði, verði heimilað að skoða ökutæki almennri skoðun þrátt fyrir ákvæði í samningi fyrirtækisins við dómsmálaráðuneytið um einkarétt þess til almennrar skoðunar. Á grundvelli gildandi lagaákvæðis hafa þegar verið settar reglur um starfshætti þeirra sem annst lögboðna skoðun ökutækja og eiga þær reglur að taka gildi 1. janúar 1994.

Um 17. gr.

Skoðunarmenn Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fara ekki með lögregluvald svo sem bifreiðaeftirlitsmenn höfðu skv. 65. gr. umferðarlaga. Tilvísun til bifreiðaeftirlits í 2. mgr. 68. gr. laganna á því ekki lengur við og er lagt til að hún verði felld niður.

Um 18. gr.

Ákvæði um notkun öryggisbeltis í öðrum sætum bifreiða en framsæti sem búin eru slíku belti, svo og ákvæði um að börn skuli nota barnabílstól eða annan öryggisbúnað, tóku gildi 1. október 1990.

Skylda til að nota öryggisbelti hefur í umferðarlögum verið bundin við þann sem situr í sæti sem búið er öryggisbelti. Hefur það gefið tilefni til álitaefna við túlkun. Er því lagt til að ákvæði 1. mgr. 71. gr. umferðarlaga verði gert skýrara og að skyldan nái þá til hvers þess sem notar slíkt sæti. Jafnframt er lagt til að í 1. mgr. komi fram að skyldunotkun eigi aðeins við um bifreið sem er á ferð. Undantekningarákvæði um kyrrstæðar bifreiðar, sem nú er í 2. mgr. 71. gr., fellur þá brott. Þá er lagt til að gerðar verði nokkrar orðalagsbreytingar á ákvæði 3. mgr. 71. gr. laganna sem bættist við 1980 og kveður á um skyldu barna til að nota öryggis- og verndarbúnað. Einnig er lagt til að ákvæði í 2. málsl. 3. mgr. 71. gr. um flutning á lausum börnum falli brott. Með skýrara ákvæði, sem lagt er til að komi í 1. mgr. 71. gr. og reglum um flutning á farþegum á grundvelli 74. gr. laganna, verður ákvæðið óþarft.

Ökumaður hefur samkvæmt gildandi reglum ekki skyldu til að sjá til þess að farþegi noti öryggisbelti eða annan öryggis- eða verndarbúnað. Farþegar bera almennt sjálfir ábyrgð á hegðan sinni og eru ekki efni til að skylda ökumenn sérstaklega til að hafa gát

á því hvort farþegar noti þennan búnað. Sérstöðu gætir um þá sem eigi hafa náð 15 ára aldri en eigi verður komið fram ábyrgð á hendur þeim. Er því lagt til að tekið verði upp ákvæði um að ökumaður skuli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðeigandi öryggis- og verndarbúnað. Er það í samræmi við norrænar reglur.

Ákvæði um undanþágu frá notkun öryggisbeltis eru í 2. mgr. og 4.–6. mgr. 71. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. er almenn undanþága. Hin ákvæðin varða tiltekna einstaklinga eða sérstakan akstur. Er lagt til að þau ákvæði verði einfölduð og að dómsmálaráðherra geti sett reglur um það efni. Er þá við það miðað að þær undanþágur verði í samræmi við núgildandi reglur nr. 105 16. febrúar 1988 sem settar eru skv. 4. og 6. mgr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að undanþága, sem nú er í 5. mgr. og varðar leigubifreiðastjóra, verði þrengd og takmörkuð við leiguakstur með farþega, svo og að undanþága er varðar farþega í aftursæti leigubifreiðar falli niður.

Um 19. gr.

Ákvæði um notkun hlífðarhjálms við akstur bifhjóls (þar með eru talin létt bifhjól) hefur verið í gildi frá 1977. Er lagt til að ákvæði þessi taki einnig til aksturs torfærutækja. Torfærutæki eru samkvæmt skilgreiningu 2. gr. umferðarlaga annars vegar beltabifhjól (vélsleðar/snjósleðar) og hins vegar létt ökutæki á hjólum (einkum þrí- og fjórhjól) sem aðallega eru ætluð til aksturs utan vega. Ökutæki þessi, sem flest eru hraðskreið, eru einkum notuð utan vega og þá við erfið skilyrði. Hafa alvarleg höfuðslys hlotist af akstri þessara ökutækja en þeir sem á þessum ökutækjum sitja eru að jafnaði óvarðir. Skylda til að nota hlífðarhjálm við akstur beltabifhjóla var lögfest í Finnlandi á síðasta ári. Með sama hætti og við 71. gr. er lagt til að í 1. mgr. komi fram að notkunarskyldan sé bundin við ökutæki á ferð og að undanþága í 3. mgr. um kyrrstæð ökutæki falli þá niður.

Ákvæði 4. mgr. er nýtt en var í upphaflegu lagaákvæði 1977 og í fyrstu gerðum að frumvarpi til nýrra umferðarlaga. Heimild til undanþágu frá reglum um notkun hlífðarhjálms er annars staðar á Norðurlöndum og þykir rétt að gera ráð fyrir heimild til að setja slíkar reglur hér. Er um að ræða svipaðar ástæður og voru í gildi fram til 1988 og varða undanþágu frá notkun öryggisbeltis af heilsufars- og læknisfræðilegum ástæðum. Auk þess er miðað við að settar kunni að verða reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms við sérstakan akstur, svo og vegna sérstakrar gerðar ökutækis. Á það einkum við um torfærutæki.

Í samræmi við ákvæði 18. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um skyldu ökumanns bifreiðar til að sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað, er lagt til að skylda ökumanns á bifhjóli eða torfærutæki takmarkist við sama aldurshóp.

Um 20. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga ber skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur fyrir tjóni. Rétt þykir að ábyrgðarregla umferðarlaganna nái einnig til umráðamanns ökutækis, svo sem er m.a. um þann sem hefur umráð ökutækis samkvæmt eignarleigu- eða afnotasamningi. Skiptir hér máli að skv. 1. mgr. 93. gr. laganna hvílir vátryggingarskylda á eiganda ökutækis eða þeim sem hefur varanleg umráð þess.

Um 22. gr.

Með umferðarlögunum 1987 var sú breyting gerð að kveðið var á um sviptingu ökuréttinda en í eldri lögum var kveðið á um sviptingu ökuleyfis og réttar til að öðlast það. Breyting þessi var eigi skýrð í frumvarpinu þótt telja verði að ætlunin hafi verið að nota hugtakið ökuréttindi með sama hætti og danska hugtakið „förerret". Eru ökumenn í Danmörku sviptir „förerret" hvort sem þeir hafa öðlast ökuleyfi/ökuskírteini eður ei. Hæstiréttur hefur túlkað ákvæði nýju umferðarlaganna þannig að ekki sé með dómi unnt að svipta mann rétti til að öðlast ökuskírteini. Sá sem ekki hefur ökuréttindi en hlýtur refsingu fyrir brot vegna háttsemi sem varðar sviptingu ökuréttinda á þó ekki varinn rétt til þess að fá útgefin ökuréttindi. Lögreglustjóri getur þá synjað hlutaðeigandi um útgáfu ökuskírteinis vegna refsiverðs verknaðar en þá synjun má bera undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Rétt þykir að í umferðarlögin verði á ný tekið ákvæði þess efnis að svipta megi mann rétti til að öðlast ökuskírteini. Aðstæður ökumanns, sem brotið hefur af sér, kunna að vera með ólíkum hætti. Ökumaður hefur aldrei öðlast ökuskírteini; ökuskírteini er úr gildi fallið; ökuskírteini fellur úr gildi eftir að brot er framið; ökumaður hefur verið sviptur ökuréttindum; ökumaður hefur erlent ökuskírteini, sbr. 54. gr. umferðarlaga. Vafi getur verið á því hvort svipta eigi mann ökuskírteini eða rétti til að öðlast það. Ekki verður talin ástæða til að gera greinarmun á þessu tvennu í þessu sambandi. Er þess vegna lagt til að í lögunum verði kveðið á um sviptingu ökuréttar sem feli í sér hvort heldur er sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini eða sviptingu réttar til að öðlast ökuskírteini. Miðað er við að ákvörðun um sviptingu ökuréttar verði tekin í hvert sinn þegar viðurlög eru ákveðin, þ.e. að svipting verði áréttuð ef hún hefur áður verið ákveðin, enda skiptir það máli við beitingu heimildar um endurveitingu ökuréttar skv. 106. gr. laganna. Fram til 1961 voru þeir sem ekki voru taldir hafa óflekkað mannorð vegna brots sviptir kosningarrétti og kjörgengi. Ákvörðun þessa efnis var tekin í dómi hverju sinni, hvort sem hlutaðeigandi hafði náð lögmæltum aldri til að njóta þessara réttinda eða hann hafði áður verið sviptur þeim með dómi.

Auk þessa er lagt til að gerðar verði nokkrar frekari breytingar á 101. gr. umferðarlaganna. Í 1. mgr. er tekið fram að um akstur vélknúins ökutækis skuli hafa verið að ræða. Þá er lagt til að það skilyrði fyrir sviptingu verði fellt niður að það þurfi að vera varhugavert „vegna öryggis umferðarinnar" að hlutaðeigandi hafi ökuréttindi. Þykir rétt að rýmka heimild til sviptingar þannig að hún geti náð til fleiri tilvika, t.d. þegar ökumaður gerist oft sekur um akstur án þess að hafa öðlast ökuskírteini eða verið sviptur ökuréttindum. Loks er lagt til að núverandi 3. mgr. falli niður enda er um það efni fjallað í lögum um meðferð opinberra mála.

Um 23.–27. gr.

Vísað er til athugasemda við 22. gr.

Um 28. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. umferðarlaga ber Umferðarráði árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál. Er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að nægilegt sé að svo verði gert a.m.k. annað hvert ár.

Um 29. og 30. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti.
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til breytinga á umferðarlögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á núgildandi umferðarlögum en við framkvæmd þeirra hafa komið fram atriði er valda því að rétt þykir að breyta nokkrum ákvæðum laganna. Breytingar þessar eru af ýmsum toga og að hluta til tæknilegar en ekki verður séð að þær hafi bein áhrif til breytinga á kostnaði ríkissjóðs. Þó er rétt að benda á að það er álit framkvæmdastjóra Umferðarráðs að nauðsynlegt sé að kynna þessar breytingar fyrir almenningi og áætlar hann kostnað við slíka kynningu um 2 m.kr.

Rétt er að geta þess að í 112. gr. núgildandi laga er kveðið á um að Umferðarráði beri árlega að efna til opinnar ráðstefnu um umferðaröryggismál en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slík ráðstefna verði haldin annað hvert ár. Þessi breyting hefur ekki sparnað í för með sér þar sem ekki hefur náðst að framfylgja ákvæði gildandi laga. Umferðarþing var haldið í fyrsta sinn á árinu 1990 en gert er ráð fyrir að halda næsta þing í mars 1993.

Það er því mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarp þetta að lögum hafi það óverulegar áhrif á kostnað ríkissjóðs.

334. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, og barnalögum, nr. 20/1992.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ágústa Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 73. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, orðast svo:

Foreldri getur fengið greitt meðlag samkvæmt úrskurði eða staðfestum samningi hjá Tryggingastofnun ríkisins, þó innan þeirra marka sem 15. gr. setur um aldur barna.

2. gr.

3. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, orðast svo:

Einnig er Innheimtustofnun heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á kröfum, öðrum en meðlagi með barni, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, svo sem framfærslueyri hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

3. gr.

1. mgr. 25. gr. barnalaga, nr. 20/1992, orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum þeim aðilum, er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa talsverðar umræður átt sér stað um meinta misnotkun á því kerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi til stuðnings einstæðum foreldrum. Síðastliðið sumar skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sérstaka nefnd til að kanna þetta mál og af skýrslu hennar má ráða, þó að það sé hvergi sagt berum orðum, að hún telji að nokkur brögð séu að misnotkun. Eitt af því sem nefndin nefnir til sögunnar í þessu sambandi er fjölgun bótaþega mæðra- og feðralauna um 3,5% milli áranna 1989 og 1990 og um 2,8% milli áranna 1990–1991.

Enginn dómur skal á það lagður hér hvort stuðningskerfi við einstæða foreldra er misnotað en þó kæmi það ekkert á óvart miðað við þann fátæklega stuðning sem barnafjölskyldur almennt njóta, t.d. í formi barnabóta og dagvistunar. Því miður hefur umræðan þó ekki snúist um þetta heldur hefur hún tilhneigingu til að beinast gegn einstæðum foreldrum (les: mæðrum) og margir sjá ofsjónum yfir þeim stuðningi sem þeir njóta af opinberu fé. Þess verður ekki eins vart að þeir hinir sömu beini spjótum sínum að meðlagsgreiðendum sem flestir hverjir, þó að vissulega séu frá því heiðarlegar undantekningar, greiða aðeins lágmarksmeðlag með börnum sínum sem í dag er 7.551 kr. á mánuði.

Þessi umræða er enn dapurlegri fyrir þá sök að allar kannanir sýna að fjölskyldur einstæðra mæðra, en konur eru yfir 90% þeirra sem teljast til einstæðra foreldra, eru almennt mun verr settar bæði fjárhagslega og félagslega en þær fjölskyldur þar sem tvær fyrirvinnur eru á heimili. Markmiðið með opinberu stuðningskerfi við þessar fjölskyldur hefur því alla tíð verið að veita þeim þá „félagslegu og efnahagslegu vernd án tillits til hjúskaparstéttar og fjölskyldutengsla“ sem félagsmálasáttmáli Evrópu kveður á um að mæður og börn skuli njóta samkvæmt því sem ofangreind nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra segir. Það er því eins og hver önnur öfugmæli, og ekki samboðið nefndum, að láta frá sér fara eftirfarandi orð í niðurstöðum skýrslu sinnar: „Það stuðningskerfi, sem hér er nú rekið til stuðnings einstæðum foreldrum og börnum þeirra, er í ósamræmi við þessi markmið [félagsmálasáttmála Evrópu] því það getur mismunað mæðrum og börnum eftir hjúskaparstétt.“

Eins og málum er háttað í dag er alveg undir hælinn lagt hvort tekjuhár meðlagsgreiðandi leggur nokkuð meira af mörkum til framfærslu barna sinna en sá sem litlar tekjur hefur. Þetta varð m.a. einstæðri móður tilefni til að spyrja í blaðagrein í Morgunblaðinu 28. maí sl.: „Getur verið að stefnan sé sú á Íslandi að draga börn einstæðra foreldra í einhvern fátæklingadilk? Mega börn ekki njóta þess ef þau eiga vel stæða foreldra hvort sem er innan hjónabands eða utan? Það ríkir nefnilega heilmikill stéttamunur á Íslandi hvort sem okkur líkar betur eða verr.“

Ástæðan fyrir þessu er þó ekki sú að ekki séu lagaheimildir til að semja eða úrskurða um að meðlag taki mið af efnum og aðstæðum. Í 2. mgr. 10. gr. barnalaga segir: „Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.“ Og í 2. mgr. 11. gr. segir: „Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. . .“ Þarna er með öðrum orðum tryggt ákveðið lágmarksmeðlag en engar takmarkanir settar á aukið meðlag.

Á framkvæmdinni er þó sá hængur að ábyrgð hins opinbera á meðlagsgreiðslum takmarkast við lágmarksmeðlag. Ef meðlagsúrskurður eða staðfestur samningur foreldra

kveður á um hærra meðlag en lágmarksmeðlag verður það foreldrið, sem fer með forsjána, að innheimta það sem umfram er hjá meðlagsgreiðandanum en fær þá upphæð ekki greidda í gegnum Tryggingastofnun ríkisins eins og lágmarksmeðlagið. Samkvæmt lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er henni að vísu heimilt að taka að sér innheimtu aukins meðlags fyrir forsjáraðilann en þá gegn greiðslu. Svo virðist hins vegar sem stofnunin hafi ekki boðið upp á notkun þessa heimildarákvæðis frá því hún tók til starfa.

Þetta fyrirkomulag á greiðslu aukins meðlags er bundið í 25. gr. barnalaga, 73. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Öllum þessum lagagreinum þarf því að breyta til að auðvelda innheimtu aukins meðlags. Er þetta ekki síst mikilvægt nú þar sem við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði 1. júlí sl. varð sú breyting að sýslumenn taka nú til úrskurðar kröfu um viðbótarmeðlag en áður þurfti að vísa slíkum málum til úrskurðar í dómsmálaráðuneytinu.

Þetta einfaldar meðferð úrskurðarmála og er vissulega til bóta að mati flutningsmanna þessarar tillögu en við teljum þó ekki nóg að gert. Ef lagaheimildir um aukið meðlag eiga að koma að fullum notum þarf jafnframt að einfalda innheimtuna og koma henni þannig fyrir að forræðisaðilinn þurfi ekki að standa í stöðugu skæklatogi við meðlagsgreiðandann.

Til að tryggja þetta leggja flutningsmenn fram frumvarp þetta til breytinga á þrennum lögum og eru þau öll samtengd hvað varðar greiðslu meðlags til foreldris. Markmið frumvarpsins er að afnema lagalegar hindranir gegn því að opinberir aðilar hafi milligöngu um greiðslu aukins meðlags.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á 1. mgr. 73. gr. laga um almannatryggingar þannig að greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins á meðlagi til foreldris verði ekki bundin við lágmarksfjárhæð meðlags.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að felld verði niður heimild Innheimtustofnunar sveitarfélaga til að taka gjald fyrir innheimtu þess hluta meðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir. Um innheimtu stofnunarinnar á kröfum vegna meðlags með börnum fer þá að öllu leyti eftir 1. mgr. 3. gr. laganna.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott ákvæði í 1. mgr. 25. gr. barnalaga sem takmarkar skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu framfærslueyris við 18 ára aldur og upphæð sem í dag samsvarar barnalífeyri, 7.551 kr. á mánuði. Um aldurstakmarkið er það að segja að ekki er ástæða til að hafa það þarna inni þar sem skýrt er kveðið á um það í 13. gr. barnalaga að framfærsluskyldu ljúki við 18 ára aldur.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið,
efnahagsskrifstofa:

Minnisblað um tekjudreifingu barnafjölskyldna.[1]
(12. desember 1991.)

Í meðfylgjandi töflu kemur fram áætluð tekjudreifing barnafjölskyldna 1991, meðalfjöldi barna eftir tekjubilum og meðalbætur með hverju barni miðað við verðlag í júlí 1991. Vakin er athygli á ólíkri tekjudreifingu einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar. Fram kemur að tveir þriðju hlutar einstæðra foreldra eru með skattskyldar tekjur undir 100 þús. kr. á mánuði og um 90% með minna en 150 þús. kr. í mánaðartekjur. Dreifing tekna hjá hjónum er hins vegar mun jafnari, þó svo að tæplega helmingur þeirra sé með tekjur á bilinu 150–200 þús. kr. í mánaðartekjur. Þessi ólíka dreifing endurspeglast síðan í skiptingu á barnabótaaukanum, en um 90% einstæðra foreldra fá greiddan barnabótaauka auk almennu bótanna en aðeins um 40% hjóna.

Til upplýsinga má nefna að meðaltekjur einstæðra foreldra eru áætlaðar 90 þús. kr. á mánuði á þessu ári samanborið við 230 þús. kr. meðaltekjur hjá hjónum með börn.

	Fjöldi	Hlutfall af heild (%)	Samsafnað (%)	Meðalfjöldi barna	Meðalbætur á barn[2] (þús. kr.)
I. Einstæðir foreldrar:					
Undir 50. þús. kr.	1.352	18,5	18,5	1,40	160
51–100 þús. kr.	3.451	47,1	65,6	1,39	144
101–150 þús. kr.	1.766	24,1	89,7	1,35	106
151–200 þús. kr.	526	7,2	96,9	1,31	89
201–250 þús. kr.	130	1,8	98,7	1,25	92
251–300 þús. kr.	58	0,8	99,6	1,31	86
300–350 þús. kr.	12	0,2	99,8	1,17	85
350–400 þús. kr.	12	0,1	100,0	1,25	85
Yfir 400 þús. kr.	10	0,1	100,0	1,50	85
Samtals	**7.317**	**100,0**	**–**	**1,37**	**136**
II. Hjón:					
Undir 50 þús. kr.	351	1,2	1,2	1,58	120
51–100 þús. kr.	1.167	4,0	5,2	1,67	109
101–150 þús. kr.	4.409	15,0	20,2	1,85	81
151–200 þús. kr.	6.496	22,2	42,4	1,91	53
201–250 þús. kr.	6.500	22,2	64,6	1,87	47
251–300 þús. kr.	4.466	15,2	79,8	1,87	45
300–350 þús. kr.	2.613	8,9	88,7	1,88	45
350–400 þús. kr.	1.430	4,9	93,6	1,84	45
Yfir 400 þús. kr.	1.879	6,4	100,0	1,86	45
Samtals	**29.311**	**100,0**	**–**	**1,87**	**59**

1) Að baki liggja upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um skattskyldar tekjur barnafjölskyldna á árinu 1990 samkvæmt skattframtölum til núgildandi verðlags.
2) Ársgreiðslur samkvæmt núgildandi lögum.

Fylgiskjal II.

Fjöldi heimila og fjölskyldugerðir árið 1990.

	Fjöldi heimila	%
Hjón án barna	21.373	15,9
Hjón með börnum[1]	23.924	17,8
Eitt barn	8.771	
Tvö börn	9.599	
Þrjú börn	4.605	
Fleiri en þrjú	949	
Í sambúð án barna	2.024	1,5
Í sambúð með börnum[1]	6.647	5,0
Eitt barn	3.372	
Tvö börn	2.349	
Þrjú börn	762	
Fleiri en þrjú	164	
Einstæðar mæður[1]	7.284	5,4
Með eitt barn	5.062	
Með tvö börn	1.685	
Með þrjú börn	444	
Með fleiri en þrjú	93	
Einstæðir feður[1]	553	0,4
Með eitt barn	454	
Með tvö börn	81	
Með þrjú börn	17	
Með fleiri en þrjú	1	
Einhleypar konur án barna[2]	33.125	24,7
Einhleypir karlar án barna[2]	39.390	29,3
Fjöldi heimila alls	**134.320**	**100,0**

Heimild: Yearbook of Nordic Statistics 1992, bls. 178.

1) Með börn undir 16 ára aldri.
2) Í þessum flokki eru einnig foreldrar með uppkomin börn.

335. Frumvarp til sóttvarnalaga. [258. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús, rannsóknastofur og heilbrigðisnefndir, eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn.

Ráðið mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í sóttvarnaráði sitja sjö menn skipaðir af heilbrigðisráðherra. Þar skulu vera starfandi embættislæknir, sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði, auk landlæknis sem jafnframt er formaður ráðsins.

Sóttvarnaráð skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá, sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum, er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

8. gr.

Allir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og ekki hirt um að leita læknis skal hann þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því, sbr. 9. gr.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra setur, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um það hvaða smitsjúkdómar séu skráningarskyldir og um fyrirkomulag tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Skal gætt fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum er lög þessi taka til. Þessar rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisráðherra.

Skylt er hlutaðeigandi aðilum að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar er þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni

sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Getur hann og, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með nauðsynlegum aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti, svo og aðrar ráðstafanir gerðar án samþykkis hlutaðeigandi. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Aðvörun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má áfrýja til ráðherra. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þessa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Þurfi einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsi, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanskilja greiðsluhlutdeild sjúklings þá sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í farsóttareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Um refsingar vegna brota á lögum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og læknalaga, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Lög um eyðing á rottum, nr. 27 12. febrúar 1945.
4. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953.
5. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
6. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
7. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.
(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

1.1 Þarmasmit:
Yersiniosis
Listeriosis
Toxoplasmasýking
Sullaveiki
Tríkínósis

1.2 Öndunarfærasmit:
Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur
Psittacosis
Legionellosis
Rauðir hundar
Mislingar
Hettusótt
Kíghósti
Inflúensa

1.3 Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa
Meðfæddir rauðir hundar

1.4 Samræðissmit:
Condyloma genitalis
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum

1.5 Skordýraborið smit:
Malaría
Rykkjasótt (febris recurrens)
Dílasótt (typhus exanthematicus)

1.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera
Heilabólga af völdum veira
Stífkrampi
Óvenjulegar berklasýkingar
Hjartaþelsbólga

2. Smitsjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og verða tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1 Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis)
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A)
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E)
Kólera
Salmonellusýkingar (þar með talið taugaveiki og taugaveikibróðir)
Kampýlóbaktersýkingar
Blóðkreppusótt (shigellosis)
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería

2.2 Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria)
Meningókokkasjúkdómur
Berklar
Svarti dauði (pestis)

2.3 Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B)
Smitandi lifrarbólga C (hepatítis C)
Önnur smitandi lifrarbólga
HIV (human immunodeficiency virus)

2.4 Samræðissmit:
Klamýdía
Lekandi
Sárasótt
Hepatítis B
HIV (human immunodeficiency virus)

2.5 Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis)
Gulusótt (yellow fever, febris flava)

2.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi
Holdsveiki (lepra)
Hundaæði (rabies)
Miltisbrandur (anthrax)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berkaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnarlögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum.

Farsóttanefnd, sem í eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli G. Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tulinius prófessor, Sigurður B. Þorsteinsson læknir og Margrét Guðnadóttir prófessor, endurskoðaði frumvarpið í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og gerði tillögur um nokkrar breytingar. Var frumvarpið lagt fram á 113. löggjafarþingi í þeim búningi sem farsóttanefnd, að Margréti Guðnadóttur undanskilinni, náði samstöðu um. Frumvarpið var lagt fram að nýju á 115. löggjafarþingi nánast óbreytt frá 113. löggjafarþingi að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins var breytt. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt frá 115. löggjafarþingi að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1994 nái frumvarpið fram að ganga. Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum:

Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum, lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissviði laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Gert er ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur leikur á að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hafi fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar að-

gerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, starfandi embættislækni og sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, auk landlæknis sem jafnframt verður formaður ráðsins.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur, sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur, hefur ekki hirt um að leita læknis, skuli þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem og forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra smitsjúkdóma og einnig skráningar ónæmisaðgerða og mótefnamælinga skráningarskyldra sjúkdóma, bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir, sem ráðherra getur gripið til, eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð, nr. 229/1971, hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling. Rétt þykir að ákvörðunum um aðgerðir, sem teljast nauðsynlegar af þessum ástæðum, sé hægt að áfrýja til ráðherra án þess þó að slík áfrýjun fresti framkvæmd.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar. Samkvæmt heimild 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, má ekki svipta mann frelsi gegn vilja hans nema hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má þó ekki standa lengur en í tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Ef frelsisskerðing á að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim

tilvikum er maður, sem haldinn er smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 17. gr.

Rétt þykir að kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður og að hlutdeild sjúklinga í þeim kostnaði fari eftir almennum reglum um það efni. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga þá sem kallaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitbera.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í öllum gildandi lögum á þessu sviði eru sérstök refsiákvæði sem gilda nema þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum liggi við broti. Rétt þykir hins vegar að vísa um refsingu vegna brota á lögum þessum einvörðungu til ákvæða almennra hegningarlaga og læknalaga.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Rétt er þó að benda á að gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun. Óhætt þykir að fella úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, sem og lög um eyðing á rottum, þar sem í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er að finna ákvæði um hvort tveggja.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um feril þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar- og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna, og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar um heildarfjölda smitaðra eintakinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangrun, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð yfir skráningarskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hér á landi, eins og t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaaðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill og þar sem vitneskja um smitaðan einstakling hefur þýðingu við upprætingu smits, skulu tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar, eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma, þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er.

Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Að lokum eru í fylgiskjalinu þeir sjúkdómar skáletraðir sem Íslendingar eru skuldbundnir til að tilkynna til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það eru nýmæli í sóttvarnalögunum að ráðherra geti fjölgað eða fækkað tilkynningarskyldum sjúkdómum. Lögin sem slík nefna enga ákveðna smitsjúkdóma, þau kveða aðeins á um hvaða almenn skilyrði smitsjúkdómar þurfi að uppfylla til að teljast tilkynningarskyldir. Reynslan sýnir að smitsjúkdómar taka breytingum þannig að ástæða kann að vera til að fella burt tilkynningarskyldu eða nýr skaðvænlegur smitsjúkdómur birtist sem ástæða er til að tilkynna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi þessu eru endurskoðuð og sameinuð í ein lög fleiri eldri lög um sóttvarnir og skyld efni um leið og bætt er við nokkrum nýjungum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráða skuli sérstakan sóttvarnalækni til embættis landlæknis til að sinna sóttvörnum. Það embætti hefur ekki verið til áður. Launakostnaður vegna þessa læknis er talinn nema rúmum 4 m.kr. á ári og er þá miðað við heildarlaunakostnað hliðstæðra embættislækna í þjónustu ríkisins. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir hafi með höndum víðtæka skipulagningu sóttvarna og skráningu smitsjúkdóma. Það starf mun a.m.k. útheimta eitt stöðugildi sem áætlað er að kosti um 1 m.kr. Önnur rekstrargjöld tengd hinu nýja embætti má áætla að nemi 2 m.kr. og er það einnig byggt á hliðstæðri reynslu. Samtals má ætla að embættið muni kosta a.m.k. 7 m.kr. á ári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri nefnd, sóttvarnanefnd, sem í muni sitja sjö menn. Tekur hún við af núverandi farsóttanefnd með jafnmörgum mönnum. Sú nefnd fær um 1 m.kr. á ári í laun og er ekki gert ráð fyrir að sá kostnaður breytist.

Í fjárlögum ársins 1991, lið *08-399 142, Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi,* er veitt 41 m.kr. Af fyrri reynslu má búast við að sú fjárveiting muni hækka með tilkomu nýrra laga. Í þessu frumvarpi er m.a. að finna þau nýmæli (16. gr.) að starfrækja skuli göngudeildir sem veiti meðferð og reki smitleiðir tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Hér verður um sérstakar göngudeildir að ræða sem ekki eðlis verkefnisins vegna er hægt að blanda saman við aðrar göngudeildir. Óvíst er um kostnað af slíkri deild, en ráðuneytið telur að hver slík deild með fimm stöðugildum muni ekki kosta undir 15 m.kr. í árlegum rekstri auk stofnkostnaðar til innréttinga og búnaðar sem telja má að geti numið yfir 30 m.kr.

336. Nefndarálit [228. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 24. nóv. 1992.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.

337. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að sett verði almenn lög um að alþjóðastofnanir skuli njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Með slíku er tryggt að ekki þurfi að setja sérlög um þessi réttindi í hvert skipti sem Ísland gerist aðili að alþjóðastofnun.

Nefndin fékk til viðræðna um frumvarpið Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, og Pétur Gunnar Thorsteinsson sendifulltrúa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting í fyrri málsgrein 1. gr. að í stað orðsins „gildi“ komi orðin: stjórnskipulegt gildi. Með því er ákvæði greinarinnar gert skýrara og tekin af öll tvímæli um að það nái til allra samninga sem fengið hafa þá stjórnskipulegu meðferð sem 21. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 2. gr. að heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna verði á hendi utanríkisráðherra en ekki „hlutaðeigandi ráðherra“ eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Það er skoðun nefndarinnar að ekki sé heppilegt að Alþingi veiti svo almenna heimild til útgáfu reglugerða að allir ráðherrar ríkisstjórnar geti sett reglugerð um framkvæmd einna tiltekinna laga.

Í þriðja lagi er gerð sú orðalagsbreyting á 2. gr. að í stað þess að kveðið sé á um að utanríkisráðherra *geti sett* reglugerð um nánari framkvæmd laganna er ráðherra skyldaður til að *setja* nánari reglur um framkvæmd þeirra. Það er skoðun nefndarinnar að sé ástæða talin til að hafa reglugerðarheimild í lögum sé það í þágu hagsmuna borgaranna, sem og almenns réttaröryggis, að tekin séu af öll tvímæli um skyldu ráðherra í þessu efni.

Í fjórða lagi er lagt til að 3. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ýmislegt í henni varði

frekar almenna lagahreinsun en efni frumvarpsins. Nefndin telur því eðlilegra að ráðuneytið flytji sérstakt lagahreinsunarfrumvarp þar sem tekið verði á þeim atriðum sem eru í 3. gr. frumvarpsins. Í samræmi við þessa breytingu eru orðin „o.fl.“ felld úr heiti frumvarpsins.

Alþingi, 23. nóv. 1992.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.

338. Breytingartillögur [41. mál]

við frv. til l. um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „gildi“ í fyrri málsgrein komi: stjórnskipulegt gildi.
2. 2. gr. orðist svo:
   Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

339. Svar [198. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur um umhverfismál á norðanverðum Vestfjörðum.

Náttúruverndarráð hefur haft eftirlit með Hornstrandafriðlandi frá 1977. Í maí 1989 hóf Hornstrandanefnd að endurskoða auglýsingu og reglur sem gilda í friðlandinu. Drög að nýjum reglum voru kynnt á aðalfundi Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps vorið 1991. Þar voru reglurnar samþykktar með lítils háttar breytingum en hafa ekki verið afgreiddar frá Náttúruverndarráði. Í Hornstrandanefnd tilnefna Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps þrjá menn hvort um sig.

1. Hvernig er háttað eftirliti með friðlandinu á Hornströndum?

Skipulegt eftirlit Náttúruverndarráðs með friðlandinu á Hornströndum fer fram á þann hátt að landvörður fer fótgangandi í tvær eftirlitsferðir, 2–3 vikur hvor ferð, í byrjun júlí og í byrjun ágúst. Á hverju sumri kemur landvörður við á Hesteyri, í Aðalvík, Hornvík og Hrafnsfirði en á öðrumr svæðum eftir því sem við verður komið. Landvörður fylgist með því að reglum svæðisins sé framfylgt, sinnir ýmiss konar tiltekt, setur upp skilti og

vegvísa eftir þörfum, þrífur kamra, flytur þá og lagfærir, viðheldur vörðum og stikar nýjar leiðir, sér um hreinsun í fjörum, á áningastöðum og sorpbrennslu. Hann hefur samband við gesti sem verða á vegi hans og íbúa svæðisins sem dvelja þar hluta sumars.

Þá hefur Landhelgisgæslan eftir föngum fylgst með því að ólöglegar netaveiðar í árósum séu ekki stundaðar. Varðskipsmenn eiga einnig að fylgjast með umferð manna og eftir föngum að aðstoða við að framfylgt sé lögum um náttúruvernd. Einnig hafa einstakir landeigendur sinnt eftirliti enda þarf leyfi þeirra til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Síðastliðið sumar fóru lögreglumenn á vegum embættis sýslumanns á Ísafirði í tvær eftirlitsferðir um friðlandið.

2. *Hve margir sinna því verkefni?*

Einn landvörður hefur sinnt landvörslu og eftirliti fyrir Náttúruverndarráð í friðlandinu sl. fimm ár. Sér til aðstoðar hefur hann ætíð haft sjálfboðaliða sem hann hefur útvegað sjálfur.

3. *Hvað er áætlað að margir ferðamenn ferðist um svæðið árlega og á hvaða árstíma?*

Erfitt er að segja til um fjölda ferðamanna sem fara inn í friðlandið en talið er að Djúpbáturinn flytji um 4.000 ferðamenn, Eyjalín um 2.500 og á eigin vegum sé um 1.000–1.500 manns.

Fullyrða má að flestir þeir er sækja Hornstrandir heim komi þangað í júlí og ágúst. Eins og fram kemur í auglýsingu um friðlandið (Stjtíð. B, nr. 332/1985) þurfa ferðamenn, sem ekki eru landeigendur, að tilkynna um ferðir sínar í friðlandið á tímabilinu 15. apríl til 15. júní. Nokkur undanfarin ár hefur ferðaskrifstofa Dick Phillips tilkynnt um ferð fámenns hóps breskra ferðamanna í maímánuði.

4. *Eru fyrirhugaðar úrbætur í hreinlætisaðstöðu á svæðinu?*

Landvörður hefur m.a. það hlutverk að fylgjast með kömrum í umsjá Náttúruverndarráðs á svæðinu, flytja þá, mála og lagfæra eftir þörfum. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að fjölga kömrum í friðlandinu en þeir eru nú átta. Kamrar á vegum Náttúruverndarráðs eru nú í Furufirði, Hornvík, Látrum í Aðalvík, Sæbóli í Aðalvík (2) Hesteyri, Veiðileysufirði og Hrafnsfirði. Sumarið 1991 voru allir kamrar í friðlandinu yfirfarnir, fúavarðir, lagfærðir og fluttir til ef með þurfti.

Hornstrandanefnd hefur lagt til að fengnum tillögum frá landverði að aðbúnaður á tjaldsvæðinu í Hornvík verði bættur. Algengt er að ferðamenn slái upp tjöldum sínum hvar sem er í friðlandinu.

Tveir sorpbrennsluofnar eru í friðlandinu, á Látrum og í Hornvík. Mikill áhugi er á að fá ferðamenn til þess að taka með sér allt sorp til byggða þar sem aðstaða til sorpeyðingar er betri. Starfsmenn Djúpbátsins hafa verið mjög hjálpsamir og tekið sorp, ef það er í sorppokum, með sér til Ísafjarðar og komið því þar í ruslagám. Samfara átaki um að flytja allt sorp úr friðlandinu hefur landvörður lagt til að brennsluofninn á Látrum, sem er úr lagi genginn, verði fjarlægður.

5. *Hvernig er háttað umferð vélknúinna ökutækja um svæðið? Er slík umferð leyfð, og ef svo er, hvernig er þá leyfisveitingum háttað?*

Eins og fram kemur í áðurnefndri auglýsingu um friðlandið er umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða bönnuð nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Í bréfi dagsettu 27. apríl 1989 sóttu Jósef Markússon og aðrir landeigendur Garða,

Sæbóli við Aðalvík, um leyfi fyrir vélknúnu farartæki, fjórhjóli, til notkunar við birgðaflutninga frá fjöru heim að bæ. Í samráði við Hornstrandanefnd samþykkti Náttúruverndarráð beiðnina.

Halldóra J.G. Sölvadóttir frá Sólvöllum í Aðalvík óskaði eftir leyfi, með bréfi dagsettu 11. júlí 1989, fyrir vélknúnu farartæki, þríhjóli, til birgðaflutninga frá fjöru og heim að Sólvöllum. Beiðni Halldóru var tekin fyrir á næsta fundi Hornstrandarnefndar 4. september 1989, en málið var ekki afgreitt. Að beiðni fulltrúa Landeigendafélagsins var beiðnin tekin upp á fundi nefndarinnar 4. janúar 1991 og samþykktu nefndarmenn fyrir sitt leyti að heimila notkun þríhjólsins. Á hinn bóginn var niðurstaða Náttúruverndarráðs sú að ónauðsynlegt væri að veita leyfi í þessu tilviki þar sem umferð vélknúinna farartækja á vegum og merktum slóðum er heimil samkvæmt auglýsingu nr. 332/1985 um friðlandið.

Það er stefna Náttúruverndarráðs að halda beri umferð vélknúinna farartækja í algjöru lágmarki í friðlandinu og heimila hana aðeins til óhjákvæmilegra flutninga eftir vegum frá fjöru og að húsum.

6. Er lokið við hreinsun á Straumnesfjalli og Rit?

Hreinsun á Straumnesfjalli var lokið sumarið 1991 en hús standa þó enn. Ekki var ráðist í að fjarlægja þau vegna mikils kostnaðar. Landeigendur tóku út verkið og voru þeir sáttir við það.

Á Ritnum (Darranum) standa byggingar fyrrum skiparatsjárstöðvar breska hersins. Þar hefur hreinsun ekki farið fram.

7. Hefur verið gerð áætlun um gerð gönguleiða og göngubrúa í friðlandinu?

Náttúruverndarráð stefnir að því að hefðbundnum gönguleiðum sé haldið við og landvörður sinni því hlutverki, svo sem með því að halda við vörðum og setja upp vegvísa. Þar sem nýjar slóðir hafa myndast hefur verið tekin sú stefna að stika þær leiðir en varða ekki eins og gömlu þjóðleiðirnar á Hornströndum.

Náttúruverndarráð hefur ekki farið út í að byggja brýr yfir ár. Göngubrýr eru án efa til þæginda fyrir ferðamenn en ekki hefur þótt rétt að setja upp göngubrýr yfir ár á gömlum þjóðleiðum þar sem aldrei hafa verið brýr. Smíði varanlegra brúa er mikið mál þar sem erfitt er að koma efni á staðinn og vegna snjóalaga er mikil hætta á að brýr sligist. Náttúruverndarráð hefur látið merkja vöð en þau eru yfirleitt ekki erfið yfirferðar. Í ofsaveðri og mikilli úrkomu geta vöð orðið erfið en því verður að treysta að menn meti aðstæður hverju sinni. Ferðamaðurinn sem sækir Hornstrandir heim vill ferðast á frumstæðan hátt, njóta náttúrunnar og upplifa ævintýri.

Skiltum með leiðbeiningum til ferðafólks um reglur sem gilda í friðlandinu hefur verið komið upp á sex stöðum, þ.e. á Sæbóli, Látrum, Hesteyri, í Hornvík, í Hrafnsfirði og Furufirði.

Umræða fer nú fram milli Náttúruverndarráðs og Skipulags ríkisins um gerð skipulags að öllu friðlandinu.

340. Fyrirspurn [259. mál]

til fjármálaráðherra um fasteignamat.

Frá Þuríði Pálsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um ákvörðun fasteignamats einstakra eigna eða eignarhluta?
2. Við hvað er miðað ef ekki liggja fyrir kaupsamningar um sambærilegar eignir?
3. Hvað getur valdið mismunandi mati á verðmæti sambærilegra fasteigna í sama hverfi, t.d. í Reykjavík?
4. Með hvaða hætti er tekið tillit til aldurs eða ástands einstakra húseigna?

Skriflegt svar óskast.

341. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 64/1958, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún af eigendum hinna útfluttu hrossa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kostnaður við skoðun útflutningshrossa og eftirlit með útflutningnum hefur um nokkurt skeið verið greiddur af eigendum hrossanna þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 64 26. nóvember 1958, með síðari breytingum, um að ríkissjóður greiði þann kostnað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gildandi ákvæði sé breytt til samræmis við þá framkvæmd sem skapast hefur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 64/1958, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að eigendur útfluttra hrossa skuli greiða fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum. Frumvarpið hefur ekki í för með sér breytingar á útgjöldum ríkissjóðs þar sem einungis er verið að leggja til að lögfesta þá framkvæmd sem skapast hefur en eigendur útflutningshrossa hafa greitt þennan kostnað um nokkurt skeið.

342. Frumvarp til laga [261. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986 og lög nr. 25/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í Lundúnum 20. október 1972.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987 og 19. október 1989.

Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögunum orðast d-liður 10. reglu svo:

d. 1. Skip á ekki að sigla um strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir þeirri siglingaleið er við á í aðskilinni siglingaleið sem næst liggur. Þó mega skip, sem eru styttri en 20 metrar, seglskip og skip að fiskveiðum sigla um strandleiðina.

2. Þrátt fyrir 1. gr. þessa liðar má skip sigla um strandleið þegar það er á leið til eða frá höfn, mannvirki eða byggingu á hafi úti, stöð hafnsögumanns eða hvaða öðrum stað sem er innan strandleiðar eða til að forðast yfirvofandi hættu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem gerð var í Lundúnum 20. október 1972. Samþykktin var fullgilt 21. apríl 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1975 og 4/1977.

Með lögum nr. 56/1986 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981. Breytingarnar tóku gildi 1. júní 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1983. Með lögum nr. 25/1990 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta breytingar á alþjóðareglunum sem samþykktar voru í Lundúnum 19. nóvember 1987. Þær öðluðust gildi 19. nóvember 1989.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 7/1975 hafa alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum lagagildi hér á landi.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðareglunum. Á 16. þingi stofnunarinnar voru í ályktun A.678(16) dags. 19. október 1989 gerðar þær breytingar á 10. reglu sem greinir í 2. gr. lagafrumvarps þessa. Þær öðluðust gildi 19. apríl 1991.

Ríkisstjórnin telur rétt að breytingar þessar fái lagagildi hér á landi og fer því þess á leit að Alþingi samþykki frumvarp til laga þar að lútandi.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986 og lög nr. 25/1990.

Í frumvarpi þessu er fjallað um takmörkun á siglingum skipa eftir strandleiðum til að minnka hættu á árekstrum á sjó.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins valdi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

343. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, IP, EH, EKG, JónK, GuðjG, ISG, SigG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE, eins og henni var breytt

með ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, skulu hafa lagagildi hér á landi.

Reglugerðin, eins og hún hefur verið aðlöguð, sbr. 1. mgr., er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. Við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launþega eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

3. Við 3. gr. Í stað orðsins „laganna“ komi: eftirlits skv. 2. gr.

4. Á eftir 4. gr. komi svofellt

Fylgiskjal.

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI

ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA

I. BÁLKUR

Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

— þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða

— þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;

b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;

c) binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði, eða á landsmælikvarða, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda, samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963[1)].

[1)] Stjtíð. EB nr. 159, 2. 11. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR

Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið[1)]; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1)] Reglugerð (EBE) nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði, það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:

a) maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;

b) ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.

2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI

ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR

I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða Fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.

Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.

EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum.

2. Í samvinnu við umsjónarnefndina skal fastanefnd EFTA ákvarða hvernig farið skuli með gögnin sem greint er frá í 1. mgr. og hve oft skuli skipst á upplýsingum. Til að meta ástand á vinnumarkaði skulu EFTA-ríkin nota samræmdar viðmiðanir, sem fastanefnd EFTA setur fram í samræmi við störf umsjónarnefndarinnar samkvæmt d-lið 33. gr., að fengnu áliti ráðgjafarnefndarinnar.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður í samráði við umsjónarnefndina, skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við þá launþega sem hlut eiga að máli.

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda mánaðarlega hið minnsta skýrslu til þjónustuskrif-

stofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA sem sýnir eftir starfsgreinum og svæðum:

a) störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði;

b) starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til hlutaðeigandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa.

2. Skýrslunum sem um getur í 1. mgr. skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal setja upp, í samvinnu við umsjónarnefndina.

16. gr.

1. Tilkynna skal um sérhvert laust starf, sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlunum EFTA-ríkis og ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði en manna má innan EES á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr., þar til bærum vinnumiðlunum EES-ríkis sem hefur gefið til kynna að það hafi mannafla á lausu í sömu starfsgrein í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bókunar 1.

2. Vinnumiðlanirnar skulu senda upplýsingar um gildar umsóknir til vinnumiðlana fyrra EFTA-ríkisins í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bókunar 1. Á 18 daga tímabili frá því að tilkynning hefur borist um laust starf til vinnumiðlana síðara EFTA-ríkisins skulu umsóknirnar lagðar fyrir vinnuveitendur með sama forgangi og innlendir launþegar hafa umfram ríkisborgara frá ríkjum utan EES. Á ofangreindu tímabili skal því aðeins senda tilkynningar um laus störf til ríkja utan EES að EES-ríkið sem í hlut á telji að ekki sé nægilegt vinnuafl að fá innan EES-ríkjanna í viðkomandi störf.

3. Ákvæði 1. mgr. ná ekki til starfa sem hafa verið boðin launþegum frá ríkjum utan EES þegar:

a) slíkt tilboð er gert ákveðnum launþega og er í eðli sínu sérstakt vegna þess að um er að ræða:

   i) sérstakar hæfniskröfur eða trúnaðarstarf eða fyrri starfstengsl;

   ii) fjölskyldutengsl, annaðhvort milli vinnuveitanda og launþegans sem í hlut á, eða milli hins síðarnefnda og launþega sem hefur verið í fastri vinnu við fyrirtækið í eitt ár hið minnsta.

Liðum i) og ii) skal beita í samræmi við ákvæðin sem sett eru í viðaukanum;

b) ráðið er í slík störf úr tiltölulega einsleitum hópi árstíðabundins vinnuafls þar sem að minnsta kosti einum tilteknum aðila hefur verið boðið starf;

c) vinnuveitendur bjóða slík störf launþegum sem búa á svæðum sem liggja sitt hvorum megin við landamæri EES-ríkis og ríkis sem ekki er EES-ríki;

d) vinnuveitendur bjóða skýlaust launþegum frá ríkjum utan EES störf með tilliti til þess að starfsemi fyrirtækisins raskist ekki og vinnumiðlanirnar, sem hafa látið málið til sín taka til að tryggja rétt innlendra launþega eða launþega frá hinum EES-ríkjunum, hafi komist að þeirri niðurstöðu að um réttlætanlegar ástæður sé að ræða.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:

   i) á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

   ii) koma á beinum tengslum við ráðstöfun:

      — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;

      — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;

      — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum sem varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. EFTA-ríkin sem hlut eiga að máli skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir

þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er upp úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega tvisvar á ári:

— árangur aðgerða EES við ráðstöfun lausra starfa;

— hve margir ríkisborgarar ríkja utan EES hafa verið ráðnir;

— fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði og, að svo miklu leyti sem kostur er, tilflutning mannafla innan EES.

2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum EES-ríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

20. gr.

1. Þegar röskun, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði EFTA-ríkis ber því ríki að tilkynna um það til eftirlitsstofnunar EFTA og hinna aðildarríkjanna og veita þeim nánari upplýsingar um málsatvik.

2. EFTA-ríkin og eftirlitsstofnun EFTA skulu grípa til allra tilheyrilegra ráðstafana til að koma slíkum upplýsingum á framfæri innan EES svo að menn sæki ekki um störf á því svæði eða í þeirri atvinnugrein.

3. Með fyrirvara um beitingu sáttmálans og bókana sem honum fylgja geta EFTA-ríkin sem um getur í 1. mgr. farið fram á það við eftirlitsstofnun EFTA að hún lýsi því yfir, til að koma aftur á eðlilegu ástandi á því svæði eða í þeirri atvinnugrein, að starfsemi ráðningarkerfisins sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr. skuli felld niður að hluta eða að öllu leyti.

Ekki seinna en tveimur vikum eftir að slík beiðni berst skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun um niðurfellinguna og hve lengi hún skuli standa. Hvaða EFTA-ríki sem er getur farið fram á það við fastanefnd EFTA, þó aðeins innan tveggja vikna, að það ógildi eða breyti slíkri ákvörðun. Fastanefnd EFTA skal bregðast við beiðni af þessu tagi innan tveggja vikna.

4. Hafi slík niðurfelling orðið skulu vinnumiðlanir annarra EES-ríkja, sem hafa gefið til kynna að þær hafi launþega á sínum snærum, ekki grípa til neinna ráðstafana til að manna laus störf sem tilkynning hefur borist um til þeirra beint frá vinnuveitendum í EES-ríkjunum sem getið er um í 1. mgr.

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

21. gr.

Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla undir framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 13. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

[1)] Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a) samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b) vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;

c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI

NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu, með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;

b) gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;

c) koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d) láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á, að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meirihluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minnihlutans, fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1)]

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;

b) móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;

c) auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;

d) kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR

Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 29. gr. EES-samningsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

— sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar, eða

— samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega, á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema, í samræmi við skilmála sáttmálans, takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum, í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna sem um getur í III. hluta skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, samanber þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

Fyrir hönd ráðsins,
G. SEDATI forseti.

VIÐAUKI

Til skýringar við a-lið 3. mgr. 16. gr.:

1) Með orðunum „sérstakar hæfniskröfur" er átt við æðri eða óvenjulega menntun og hæfi innan verksviðs eða starfsgreinar þar sem sérhæfðrar tækniþekkingar er krafist. Þegar um er að ræða árstíðabundið vinnuafl, sem ráðið er í hópum, skal þessi skilgreining gilda um verkstjóra.

2) Með orðinu „trúnaðarstarf" er átt við starf þar sem venjulega er krafist í gistilandinu sérstaks trúnaðartrausts milli vinnuveitanda og launþega.

3) Með orðunum „fyrri starfstengsl" er átt við það þegar vinnuveitandi óskar eftir að ráða til sín launþega sem hefur áður starfað hjá honum á því yfirráðasvæði aðildarríkis í að minnsta kosti tólf mánuði á síðustu fjórum árum.

4) Með orðinu „fjölskyldutengsl" er átt við tengsl vegna hjúskapar eða skyldleika í fyrsta og annan lið á milli vinnuveitanda og launþega og skyldleika í fyrsta lið á milli tveggja launþega.

344. Lög [20. mál]

um hópuppsagnir.

(Afgreidd frá Alþingi 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 329.

345. Þingsályktun [228. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins.

(Afgreidd frá Alþingi 25. nóv.)

Samhljóða þskj 285.

346. Frumvarp til laga [10. mál]

um húsgöngu- og fjarsölu.

(Eftir 2. umr., 25. nóv.)

1. gr.

Lög þessi eiga við um samninga sem gerðir eru í húsgöngusölu milli seljanda sem lætur í té vöru eða þjónustu og neytanda í söluferð sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar eða í tengslum við sölustarfsemi á heimili neytandans eða annars neytanda eða á vinnustað neytandans og neytandi hefur ekki óskað eftir.

Lögin eiga einnig við um samninga sem gerðir eru um afhendingu vöru eða þjónustu, annarrar en þeirrar sem tengist komu seljanda að beiðni neytandans sjálfs. Það er skilyrði að þegar neytandinn hefur sjálfur óskað eftir komu seljandans hafi honum ekki verið kunnugt um eða getað verið kunnugt um að afhending þeirrar vöru eða þjónustu væri hluti af viðskipta- eða þjónustustarfsemi seljanda.

Lögin eiga við um samninga þar sem neytandinn leggur fram tilboð við svipaðar aðstæður og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þótt neytandinn sé ekki bundinn af því tilboði fyrr en seljandi hefur gengið að því.

Lögin eiga einnig við um tilboð sem neytandinn gerir samningsbundið við svipuð skilyrði og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þegar neytandinn er bundinn af tilboði sínu.

Lögin eiga einnig við um fjarsölu þar sem neytandi gerir samning um kaup á vöru á grundvelli pöntunarlista eða annars konar vörukynningar seljanda án þess að hafa möguleika á að skoða vöruna.

2. gr.

Húsgöngusala merkir farandsölu sem venjulega fer fram með þeim hætti að seljandi kveður óbeðinn dyra hjá neytanda og býður varning eða þjónustu til sölu.

Neytandi merkir í lögum þessum einstakling sem í viðskiptum, sem lög þessi taka til, kemur fram sem kaupandi og í tilgangi sem telja má óskyldan starfi hans.

Seljandi merkir í lögum þessum einstakling eða lögaðila sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni sem verslunarmaður eða hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda.

Fjarsala merkir í lögum þessum sölu sem fer fram milli kaupanda og seljanda án þess að þeir hittist augliti til auglitis. Þetta getur gerst með notkun síma, bréfsíma, sjónvarps, sölulista og heimatölvu.

3. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. Samninga um smíði, sölu og leigu fasteigna eða samninga um önnur réttindi í sambandi við fasteignir.
   Samningar um að látnar skuli í té vörur og þær felldar að fasteignum eða samningar um viðgerðir fasteigna skulu þó falla undir gildissvið laganna.
2. Samninga um reglubundna afhendingu matvöru, drykkjarvöru eða annarrar vöru sem ætluð er til heimilisnota.
3. Vátryggingasamninga.
4. Samninga um verðbréfakaup.
5. Samninga um afhendingu vöru eða þjónustu að því tilskildu að eftirfarandi þrjú skilyrði séu uppfyllt:
   a. Að gengið sé frá samningnum á grundvelli sölubæklings seljanda sem neytandinn hefur fengið tækifæri til að skoða án þess að umboðsmaður seljanda sé viðstaddur.
   b. Að ráðgert sé framhald á sambandi neytanda og umboðsmanns seljanda með tilliti til yfirstandandi viðskipta eða annarra viðskipta síðar.
   c. Að í sölubæklingi og samningi komi skýrt og greinilega fram réttur neytanda til að skila vörunum aftur til þess sem lét hana í té innan tíu daga hið minnsta frá móttöku vörunnar eða að öðrum kosti falla frá samningnum án annarrar skuldbindingar en þeirrar að veita vörunni eðlilega umsjá.
6. Samninga að lægri fjárhæð en 4.500 kr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. er heimilt að undanskilja samninga um afhendingu vöru eða þjónustu sem eru í beinum tengslum við þá vöru og þjónustu sem orðið hafa tilefni til þess að neytandi óskaði sjálfur eftir heimsókn seljanda.

4. gr.

Þegar um er að ræða samninga er falla undir 1. gr. skal seljandi upplýsa neytanda skriflega um rétt hans til þess að segja samningnum upp innan þess frests sem um getur í 5. gr. Jafnframt skal í hinum skriflegu upplýsingum tilkynna nafn og heimilisfang aðila sem unnt er snúa sér til með uppsögn samnings.

Hinar skriflegu upplýsingar seljanda skulu vera dagsettar og hafa að geyma einkenni þess samnings sem gerður er milli seljanda og neytanda. Þær skulu látnar neytanda í té við gerð samningsins þegar um er að ræða tilfelli eins og greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. eða þegar neytandi leggur fram tilboð sitt í tilvikum er greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr.

5. gr.

Neytandi skal hafa rétt til að falla frá samningi við seljanda, er fellur undir lög þessi, með því að tilkynna um það með ábyrgðarbréfi sem sent er innan tíu daga frá því að neytanda berast í hendur upplýsingar um söluskilmála sem um getur í 4. gr.

Með tilkynningunni er neytandi leystur undan öllum skilmálum samningsins sem sagt er upp.

6. gr.

Neytandi getur ekki afsalað sér þeim réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi samkvæmt lögum þessum skal um réttaráhrif þess fara eftir lögum um lausafjárkaup, einkum með tilliti til endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin var í té og skila á móttekinni vöru.

8. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

347. Frumvarp til laga [41. mál]

um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

(Eftir 2. umr., 25. nóv.)

1. gr.

Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslið alþjóðastofnana,
2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,
3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,
4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og
5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

2. gr.

Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

348. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til samkeppnislaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Georg Ólafsson verðlagsstjóri og frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri og Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri. Þá komu Birgir R. Jónsson, Stefán Guðjónsson og Ingólfur Árnason frá Íslenskri verslun, Jóhannes Gunnarsson og Jón Magnússon frá Neytendasamtökunum, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði Íslands, Kristján Jóhannsson frá VSÍ, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Jón Steindór Valdimarsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Tryggvi Pálsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Umsagnir um málið bárust frá eftirtöldum aðilum: Flugleiðum, Kreditkortum hf., BSRB, Íslenskri verslun, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og VSÍ. Loks var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Ferðamálaráði, Þjóðhagsstofnun, Neytendasamtökunum, Lögmannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Verslunarráði Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, Póst- og símamálastofnuninni, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Félagi íslenskra iðnrekenda.

Frumvarpið var rætt ítarlega í nefndinni og eru fjölmargar breytingartillögur lagðar fram af hennar hálfu um þau atriði frumvarpsins sem hún telur að betur megi fara.

Nefndin vill sérstaklega taka fram eftirfarandi um atriði sem talið var rétt að birta í áliti þessu: Annars vegar var rætt um hvort rétt væri að banna leiðbeinandi gjaldskrár eins og mælt er fyrir um í 10. gr. frumvarpsins. Niðurstaða nefndarinnar var sú að láta ákvæðið að hver og einn mundi verðleggja sinn rekstur standa óbreytt en tekið er fram að ekki er ætlunin að banna athuganir á rekstrarkostnaði í einstökum starfsgreinum. Hins vegar var rætt um hvort takmarka ætti svonefnda minniháttarreglu í 1. mgr. 13. gr. við ákveðna markaðshlutdeild eða hlutfall af heildarveltu fyrirtækis. Er það vandkvæðum bundið að svo stöddu en nefndin telur þó eðlilegt að væntanlegt samkeppnisráð setji sér reglur um tiltekin mörk, t.d. gætu þau verið að hámarki 15%.

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. sem draga fram frekari áherslur á markmið frumvarpsins.
2. Lagt er til að 3. mgr. 3. gr. falli niður. Þykir fara betur á því að setja sérstök lög um réttaráhrif og skuldbindingargildi þeirra samninga sem getið er í ákvæðinu, svo og úrskurði stofnana samkvæmt slíkum samningum. Í kjölfar þessa er lögð til viðbót við 2. mgr. greinarinnar.

3. Lagt er til að nýrri orðskýringu verði bætt í fyrri málsgrein 4. gr. þar sem hugtakið *markaðsráðandi staða* er skilgreint. Enn fremur er lögð til orðalagsbreyting í skilgreiningu á hugtakinu *neytandi*. Þá er lagt til að samkeppnisráð skeri úr ágreiningi um hugtök í stað ráðherra.
4. Lagt er til að í 5. gr. verði hlutverk samkeppnisráðs skilgreint nánar en gert er í frumvarpinu.
5. Lögð er til breyting á ákvæði um skipan samkeppnisráðs í 6. gr. en hún hefur sætt nokkurri gagnrýni, m.a. að óeðlilegt sé að Hæstiréttur skipi tvo menn í samkeppnisráð en ráðherra skipi áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sbr. 9. gr. Í ljósi þessa er lagt til að allir ráðsmenn samkeppnisráðs verði skipaðir af ráðherra og skulu þeir hafa sérþekkingu eða reynslu á sviði viðskipta og samkeppnismála. Nefndarmenn áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði aftur á móti skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Lagt er og til að fellt verði niður það ákvæði 6. gr. að ráðherra geti við ríkisstjórnarskipti fellt niður skipan formanns og varamanns hans og skipað nýja menn í þeirra stað. Telur nefndin farsælast að sem mestur stöðugleiki ríki um skipan ráðsins. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæðið reglum um vanhæfi.
6. Lagt er til að 5. mgr. 7. gr. falli brott en henni þykir ofaukið í ljósi þeirrar framkvæmdar sem ríkir um ráðherraskipaðar nefndir.
7. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting við 8. gr. að frestur til staðfestingar bráðabirgðaráðstafana verði styttur en hann þykir óþarflega langur samkvæmt ákvæðinu. Í öðru lagi er lagt til að forstjóri samkeppnisstofnunar verði skipaður til ákveðins tíma og að ráðherra skipi hann að fenginni umsögn samkeppnisráðs.
8. Lögð er til breyting á skipan áfrýjunarnefndar samkeppnismála í 9. gr. og vísast um það til athugasemda í 5. tölul. hér að framan. Þá er lagt til að áfrýjunarnefndin úrskurði um mál innan sex vikna frá áfrýjun.
9. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að seljandi ákveði hámarksverð sem endurseljandi getur notað við verðlagningu á vörum með heimild samkeppnisstofnunar. Þykir nauðsynlegt að bæta þessu ákvæði inn í greinina svo að komið verði í veg fyrir að hámarksverð verði ákveðið til þess að halda verði vöru uppi. Þá er lagt til, til að taka af allan vafa, að kveðið verði á um að ákvörðun um hámarksverð skuli ekki takmarka hæfilegt svigrúm til álagningar á endursölustigi.
10. Lagt er til að samkeppnisráð hafi skv. 13. gr. það verkefni að meta áhrif samkeppnishamlna á þann markað sem um er að ræða í stað samkeppnisstofnunar. Þá er lagt til að frestur samkvæmt síðari málsgrein verði styttur úr þremur mánuðum í tvo.
11. Lagt er til að 14. gr. verði breytt þannig að nýju ákvæði verði bætt við í þeim tilgangi að styrkja samkeppni, einkum þar sem yfirburðaaðstaða er í skjóli ríkisvalds. Þá verði gerð orðalagsbreyting á þeirri málsgrein sem fyrir er.
12. Lagðar eru til breytingar á 15. gr. er varða orðanotkun í greininni. Er lagt til að í stað orðsins „nytjaleyfishafi“ verði notað orðið: rétthafi og í stað orðsins „nytjaleyfisnotandi“ komi orðið: nytjaleyfishafi, en skv. 43. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, er sá sem gerir samninga um nýtingu einkaleyfis síns nefndur einkaleyfishafi og sá sem hann gerir samninga við nefndur nytjaleyfishafi. Þá er lagt til að orðið „vörumerki“ falli niður en undanþága samkvæmt greininni eins og hún er nú getur orðið víðtækari en til var ætlast með því að hún nái einnig til samkeppnishamlna á grundvelli vörumerkis.

13. Lagt er til að við 16. gr. bætist ný málsgrein, en ákvæði fyrri málsliðar hennar miðar að því að undanþágur verði aldrei víðtækari en nauðsynlegt er og getur verið mikilvægt þegar kemur að túlkun á umfangi og lögmæti undanþágu. Þá er lagt til að samkeppnisráð geti veitt frekari skilyrði fyrir undanþágu; ekki verða öll tilvik séð fyrir.
14. Lagt er til að nýr stafliður bætist við 17. gr. þar sem lagt er til að 26. og 27. gr. frumvarpsins falli brott. Enn fremur er lögð til viðbót við 2. mgr. þar sem kveðið er á um að samkeppnisráð grípi einungis til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör þegar ekki er með öðrum hætti hægt að vinna gegn skaðlegum áhrifum á samkeppni.
15. Lagðar eru til breytingar á 18. gr. þannig að ekki verði skylda að tilkynna um samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrir fram. Slík skylda gæti haft í för með sér hemil á endurskipulagningu í viðskiptalífinu. Aftur á móti er lagt til að aðilar geti leitað álits samkeppnisráðs á því hvort fyrirhugaður samruni eða yfirtaka sé lögmæt. Þá er lagt til að samkeppnisráð skuli við mat sitt á því hvort yfirtaka eða samruni sé lögmætur taka tillit til þess hversu samruninn styrki hið sameinaða fyrirtæki í samkeppni við erlend fyrirtæki. Loks er lagt til að frestur til að ógilda yfirtöku eða samruna styttist úr þremur mánuðum í einn.
16. Lögð er til breyting á 19. gr. því eðlilegt er að almenningur fái einnig að vita um hvaða lög og reglur eru talin torvelda frjálsa samkeppni og stríða gegn markmiðum laganna.
17. Lagt er til að í 23. gr. verði kveðið á um að skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða þjónustu sína á Íslandi, skuli vera á íslensku. Þykir rétt að svo verði auk þess sem 22. gr. frumvarpsins mælir fyrir um að auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skuli vera á íslensku.
18. Lagt er til að 26. gr. falli niður. Hún er nánast óframkvæmanleg. Þar að auki er hún ekki í samræmi við nútímaviðskiptahætti og getur gert fyrirtækjum erfitt fyrir. Ef upp koma alvarleg mál af þessu tagi, sem fela í sér óréttmæta viðskiptahætti, geta 20. og 21. gr. frumvarpsins tekið til þeirra.
19. Lagt er til að 27. gr. falli niður og vísast um það til athugasemda í liðnum hér á undan.
20. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting við 36. gr. og í öðru lagi er lagt til að settar verði reglur um öflun þeirra upplýsinga sem í ákvæðinu getur, svo og meðferð og birtingu.
21. Lagt er til að orðalagi síðari málsliðar 37. gr. verði breytt en hann hefur sætt nokkurri gagnrýni.
22. Lagt er til að 40. gr. falli niður en hún þykir óþörf, auk þess að vera of víðtæk.
23. Lögð er sú til breyting á 41. gr. að felldur verði niður áskilnaður um samþykki Alþingis í formi þingsályktunartillögu þegar framlengja þarf verðstöðvun eða aðrar aðgerðir samkvæmt greininni.
24. Lagðar eru til breytingar á 43. gr. en ákvæði hennar þykja of víðtæk í núverandi mynd.
25. Lögð er til breyting á fyrri málsgrein 44. gr. til þess að orðalag verði skýrara.
26. Lagðar eru til breytingar á 46. gr. Sú fyrri er leiðrétting og sú seinni er til þess að taka af allan vafa um hvaða upplýsingar er skylt að gefa.
27. Lagt er til að í 47. gr. verði kveðið fastar að orði um hvaða brot á ákvæðum samkeppnisreglna EES-samningsins varði sektum.

28. Lögð er til leiðrétting við 50. gr. en þar mun eiga að vera tilvísun í 61. gr. EES-samningsins.
29. Lagt er til að 52. gr. verði breytt þannig að þau samningsákvæði, sem brjóta í bága við ákvæði frumvarpsins, verði ógild en önnur samningsákvæði, sem ekki eru háð þeim, haldi gildi sínu. Oft getur verið ósanngjarnt að ógilda samning í heild vegna þess að hluti hans brýtur gegn ákvæðum frumvarpsins.
30. Lagt er til að í 54. gr. verði kveðið á um hámarks- og lágmarksfjárhæðir dagsekta.
31. Lagt er til að stjórnvaldssektir, sem samkeppnisráð getur lagt á fyrirtæki eða samtök þeirra, verði miðaðar við ákveðna fjárhæð, auk hlutfalls af veltu.
32. Lögð er til breyting við 57. gr. sem felur í sér leiðréttingu á pennaglöpum.
33. Lögð er til sú breyting á 60. gr. að tekið verði af skarið og kveðið á um sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga í 4. mgr. í samræmi við athugasemdir við ákvæðið í greinargerð.
34. Lagt er til að nýtt kaflaheiti komi fyrir framan 62. gr.
35. Lagt er til að gildistöku frumvarpsins verði seinkað til 1. mars 1993 en gildi XI. kafla verði þó háð gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
36. Lögð er til viðbót við ákvæði til bráðabirgða og felst m.a. í henni að ákvarðanir verðlagsráðs gildi eftir gildistöku laganna þangað til samkeppnisráð ákveður annað. Helgast þetta af því að samkeppnisráð tekur í raun við af verðlagsráði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum. Steingrímur J. Sigfússon flytur þó breytingartillögu við frumvarpið um takmörkun á eignaraðild í samgöngufyrirtækjum.

Alþingi, 25. nóv. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur H. Garðarsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

349. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:
   a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
   b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
   c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðinum.

2. Við 3. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist: sbr. þó ákvæði XI. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.
   b. 3. mgr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. Á eftir skýringu hugtaksins *fyrirtækjasamstæða* í fyrri málsgrein komi ný orðskýring, svohljóðandi:

      Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
   b. Í stað orðsins „endurgreiðslu“ í skýringu hugtaksins *neytandi* í fyrri málsgrein komi: endurgjaldi.
   c. Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í síðari málsgrein komi: samkeppnisráð.
4. Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir:
   a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
   b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
   c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
   d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.
5. Við 6. gr. Greinin verði svohljóðandi:

   Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins.

   Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn. Látist aðal- eða varamaður í ráðinu eða forfallist varanlega skal skipa nýjan mann til loka skipunartíma ráðsins.

   Nú er aðalmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls sökum tengsla við málsaðila og tekur varamaður þá sæti hans. Sé þess ekki kostur getur ráðherra að ósk formanns samkeppnisráðs skipað mann í ráðið til að taka þátt í umfjöllun þess um málið.
6. Við 7. gr. 5. mgr. falli brott.
7. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „þriggja mánaða“ í 3. málsl. fyrri málsgreinar komi: sex vikna.
   b. Fyrri málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Ráðherra skipar forstjóra Samkeppnisstofnunar til sex ára að fenginni umsögn samkeppnisráðs og stjórnar hann rekstri hennar.
8. Við 9. gr. Greinin verði svohljóðandi:

   Ákvörðunum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar má áfrýja til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurður áfrýjunarnefndar skal liggja fyrir innan sex vikna frá áfrýjun. Áfrýjun frestar ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar.

   Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafn-

framt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

9. Við 11. gr.
   a. Á eftir orðunum „getur seljandi“ í 2. málsl. síðari málsgreinar komi: með heimild Samkeppnisstofnunar.
   b. Á eftir 2. málsl. síðari málsgreinar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Þess skal gætt að ákvörðun um hámarksverð takmarki ekki óhæfilega svigrúm til álagningar á endursölustigi og valdi ekki hærra verði.
10. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: samkeppnisráðs.
   b. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. og 3. málsl. síðari málsgreinar komi: tveggja.
11. Við 14. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.
12. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „nytjaleyfishafi og nytjaleyfisnotandi“ komi: rétthafi og nytjaleyfishafi.
   b. Orðið „vörumerki“ falli brott.
13. Við 16. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu.
14. Við 17. gr.
   a. Við fyrri málsgrein bætist nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: óhæfilegri notkun á kaupbæti.
   b. Við síðari málslið síðari málsgreinar bætist: enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.
15. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

   Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirráðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna. Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis.

   Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

   Aðilar, sem hyggja á samruna eða yfirtöku, geta leitað álits samkeppnisráðs fyr-

ir fram á því hvort samruninn eða yfirtakan brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. Hafi samkeppnisráð ekki svarað slíkri fyrirspurn innan sex vikna frá því að samkeppnisyfirvöldum barst hún verður samruninn eða yfirtakan ekki ógilt nema samkeppnisráð hafi verið leynt upplýsingum sem máli skiptu við mat ráðsins á lögmæti athafnarinnar.

Ákvæði 3. mgr. ná einnig til þess þegar eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn 1. mgr.

16. Við 19. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.
17. Við 23. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða þjónustu sína á íslenskum markaði, t.d. flutnings- og vátryggingaskilmálar, skulu undantekningarlaust vera á íslensku.

18. Við 26. gr. Greinin falli brott.
19. Við 27. gr. Greinin falli brott.
20. Við 36. gr.
    a. Í stað orðanna „skal Samkeppnisstofnun afla“ komi: aflar Samkeppnisstofnun.
    b. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samkeppnisráð skal setja Samkeppnisstofnun verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.
21. Við 37. gr. Síðari málsliður orðist svo: Skal þess gætt að viðskiptahættir séu sambærilegir hér við það sem almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum Íslendinga.
22. Við 40. gr. Greinin falli brott.
23. Við 41. gr. Síðari málsliður síðari málsgreinar falli brott.
24. Við 43. gr. Greinin orðist svo:

Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

25. Við 44. gr. Fyrri málsgrein verði svohljóðandi:

Skylt er þeim sem um er beðinn að veita eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 51. gr.

26. Við 46. gr.
    a. Í stað orðanna „framkvæmdastjórnar EFTA“ komi: framkvæmdastjórnar EB.
    b. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu“ komi: samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
27. Við 47. gr.
    a. 1. mgr. verði svohljóðandi:

Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dóm-

stóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 51. gr. þessara laga.

b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:
Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

28. Við 50. gr. Á eftir orðunum „61. gr.“ í 1. mgr. komi: EES-samningsins.
29. Við 52. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til samkeppnisráðs innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr.
30. Við 54. gr. Við fyrri málsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Dagsektir geta numið frá 50 þúsundum til 500 þúsunda króna á dag.
31. Við 55. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Sektir geta numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna, en þó allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum ef sannanlegur ábati þeirra af broti gegn samkeppnisreglum laga þessara hefur numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna.
32. Við 57. gr. Í stað orðsins „áfrýjun“ í 3. málsl. komi: ákvörðun.
33. Við 60. gr. Á eftir orðunum „Dæma má“ í 4. mgr. komi: sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og.
34. Á undan 62. gr. komi ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: XIV. KAFLI, **Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.**
35. Við 62. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1993“ komi: 1. mars 1993, nema XI. kafli laganna sem öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.
36. Við ákvæði til bráðabirgða bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Ákvæði um tímabundna ráðningu forstjóra Samkeppnisstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um ráðningu þess einstaklings sem skipaður er í starf verðlagsstjóra við gildistöku laga þessara og tekur hann við starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar ef hann svo kýs.
Um leið og lög þessi ganga í gildi hættir störfum það verðlagsráð sem skipað var af viðskiptaráðherra 1. nóvember 1991. Þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þó gilda áfram þar til samkeppnisráð ákveður annað.

350. Svar [201. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið fé var greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 1991? Tilgreint verði hversu mikið var greitt hverju sveitar- eða bæjarfélagi í landinu og hver fjárhæðin var á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi.*
2. *Hvaða skiptiregla lá til grundvallar útgreiðslunni?*

Á árinu 1991 var samtals greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga og aðila á þeirra vegum 1.372.852.126 kr. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þessar greiðslur ásamt skýringum. Í sumum tilvikum standa fleiri en eitt sveitarfélag að rekstri og stofnkostnaði og kemur það þá sérstaklega fram í yfirlitinu.

Varðandi skiptireglu sem liggur til grundvallar greiðslum þessum þá sýnir yfirlitið skiptingu eftir tegundum framlaga en úthlutanirnar eru grundvallaðar í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Reglugerðin var nr. 542/1989 en 14. ágúst 1991 tók gildi nokkuð breytt reglugerð sem er nr. 390/1991.

Fylgiskjal.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1991.

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals	Íb.fj. 1. des. 1990
Reykjanes:									
Grindavík		5.516.663						5.516.663	2172
Keflavík	77.409.675							77.409.675	7525
Njarðvík *1		6.108.460			162.000			6.270.460	2405
Sandgerði			2.000.000	77.247				2.077.247	1253
Garðahreppur		3.272.478	4.000.000					7.272.478	1074
Vatnsleysustr.hr.	3.916.526	2.953.254	3.500.000	638.509				11.008.289	646
Bessastaðahreppur	25.167.320	3.296.854	2.500.000	303.705				31.267.879	1082
Mosfellsbær *2					567.000			567.000	4259
Kjalarneshreppur *3		2.144.080	5.850.000	2.099.103				10.093.183	469
Kjósarhreppur				2.877.077				2.877.077	167
Vesturland:									
Akranes *1	39.653.860				260.000			39.913.860	5230
Ólafsvík		6.175.699		711.107				6.886.806	1216
Hvalfjarðarstrandarhr.			1.000.000					1.000.000	158
Innri-Akraneshreppur		315.440	395.000					710.440	138
Andakílshreppur		571.450	4.920.000					5.491.450	250
Reykholtsdalshr.		605.737	3.500.000					4.105.737	265
Stafholtstungnahr.		448.017						448.017	196
Borgarnes	7.615.875	8.760.758	2.537.000					18.913.633	1725
Hraunhreppur	2.443.540							2.443.540	110
Kolbeinsstaðahr.	1.359.292							1.359.292	126
Miklaholtshreppur	784.725							784.725	112
Staðarsveit *2	1.086.207		3.000.000	1.920.894				6.007.101	97
Neshreppur		2.820.677			206.000			3.026.677	617
Eyrarsveit		3.734.997	1.100.000	1.026.234				5.861.231	817
Helgafellssveit	1.197.598		920.000					2.117.598	90
Stykkishólmur *3	7.725.510	6.140.148	1.230.000	2.625.546	8.000			17.729.204	1209
Skógarstrandarhr.	797.943							797.943	57
Hörðudalshreppur	676.935							676.935	45
Miðdalahreppur	400.700							400.700	100
Haukadalshreppur	238.176							238.176	48
Laxárdalshreppur *4	1.952.506	1.773.781	865.000	1.257.844				5.849.131	386
Hvammshreppur	1.680.952							1.680.952	91
Fellsstrandarhreppur	1.093.142							1.093.142	82
Skarðshreppur	1.035.760							1.035.760	55
Félh. Suður-Dala *5			500.000					500.000	
Grunnskólar:									
Heiðarskóli *6				11.205.313				11.205.313	
Andakílsskóli *7				779.555				779.555	
Kleppjárnsreyk.sk.*8				10.316.925				10.316.925	
Varmalandsskóli *9				20.298.988				20.298.988	
Laugagerðisskóli *10				9.128.221				9.128.221	
Laugaskóli *11			2.033.000	10.414.183				12.447.183	
Tónlistarskólar:									
Tónlsk. Borgarfj.*12					1.761.000			1.761.000	
Tónlsk. Dalasýslu*13					1.405.000			1.405.000	
Vestfirðir									
Bolungarvík		6.028.417	4.385.000	173.908				10.587.325	1187
Reykhólahreppur	7.406.640	822.888	3.000.000	4.026.176	428.000	1.230.600		16.914.304	360
Barðastrandarhreppur				919.461				919.461	150
Rauðasandshreppur	1.485.984			647.297				2.133.281	92
Patrekshreppur		7.054.824	3.400.000					10.454.824	926
Tálknafjarðarhreppur		1.696.064			502.000			2.198.064	371
Bíldudalshreppur		1.700.635	234.000	479.376	150.000	1.410.533		3.974.544	372
Þingeyrarhreppur	3.147.481	2.226.369		544.934	533.000	750.000		7.201.784	487
Mýrahreppur	560.714			479.557				1.040.271	77
Mosvallahreppur *1	1.345.166			1.239.575				2.584.741	71

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals	
Flateyrarhreppur *2	292.644	1.810.354	3.280.000		650.000			6.032.998	396
Suðureyrarhreppur		1.668.634		355.398	631.000		19.954.752	22.609.784	365
Súðavíkurhreppur		523.448	3.100.000	77.408	798.000			4.498.856	229
Ögurhreppur	564.436							564.436	36
Nauteyrarhreppur	119.121							119.121	59
Árneshreppur	1.492.535			1.689.457				3.181.992	121
Kaldrananeshreppur	1.860.170		2.693.700	1.073.193				5.627.063	167
Hólmavíkurhreppur *3	275.500	2.171.510	3.569.000	1.006.265	1.343.000			8.365.275	475
Kirkjubólshreppur				824.339				824.339	57
Fellshreppur	1.174.512							1.174.512	66
Bæjarhreppur				2.156.171	32.000			2.188.171	134
Grunnskólar:									
Reykjanesskóli *4				1.545.285				1.545.285	
Grsk. Broddanesi *5				1.438.772				1.438.772	
Norðurland vestra:									
Sauðárkrókur	8.428.084	6.436.107						14.864.191	2534
Siglufjörður	5.279.835	9.217.841		544.255				15.041.931	1815
Staðarhreppur Hrútf.	407.983			1.666.110				2.074.093	103
Fremri Torfust.hr.	670.800							670.800	78
Ytri-Torfustaðahr.	576.720							576.720	216
Hvammstanganr. *1	1.772.060	5.378.732	6.561.000		1.363.000			15.074.792	706
Kirkjuhvammsnr.	2.624.502							2.624.502	109
Þverárhreppur *2	1.878.214			2.754.806				4.633.020	106
Þorkelshólshreppur	1.409.684							1.409.684	163
Áshreppur	771.672							771.672	111
Sveinsstaðahreppur	453.256							453.256	106
Blönduós *3	2.381.548	5.505.311	460.000		1.061.000			9.407.859	1084
Bólstaðarhlíðarhr.	891.946							891.946	132
Engihlíðarhreppur	790.569							790.569	87
Vindhælishreppur	890.612							890.612	53
Höfðahreppur		2.506.519						2.506.519	658
Skagahreppur	781.568			371.947				1.153.515	64
Skefilsstaðahreppur	346.176			533.952				880.128	48
Skarðshreppur	1.322.960		1.300.000					2.622.960	115
Staðarhreppur Skagaf	941.148			748.287				1.689.435	117
Seyluhreppur	7.582.605	1.394.338						8.976.943	305
Lýtingsstaðahreppur	5.794.905	651.453		4.237.570				10.683.928	285
Akrahreppur*4	5.081.521		3.550.000	2.094.216				10.725.737	271
Rípurhreppur	1.452.206			947.597				2.399.803	94
Viðvíkurhreppur	2.156.310							2.156.310	95
Hólahreppur	984.412							984.412	143
Hofshreppur	7.680.834	1.933.787				1.124.000		10.738.621	423
Fljótahreppur		406.872				500.000		906.872	178
Grunnskólar:									
Laugarbakkaskóli*5			7.390.000	10.483.804				17.873.804	
Húnavallaskóli *6			3.070.000	12.141.010				15.211.010	
Varmahlíðarskóli *7			1.500.000	10.140.101				11.640.101	
Grunnsk. Hólum *8			1.130.000	2.035.267				3.165.267	
Grunnskólinn Hofsós				2.549.856				2.549.856	
Sólgarðaskóli				1.667.712				1.667.712	
Tónlistarskólar:									
Tónlsk. Skagafj. *9					2.765.000			2.765.000	
Norðurland eystra:									
Ólafsfjörður		5.947.158	784.000	105.452				6.836.610	1171
Dalvík *1		7.521.555	5.560.000		812.000			13.893.555	1481
Húsavík	1.651.980	6.357.370						8.009.350	2503
Grímseyjarhreppur				906.888				906.888	121
Svarfaðardalshreppur	4.267.620	617.166		3.659.362				8.544.148	270
Hríseyjarhreppur		1.206.902		185.810	144.000			1.536.712	264
Árskógshreppur		1.682.349	4.000.000	990.915				6.673.264	368
Arnarneshreppur	1.254.752							1.254.752	226
Skriðuhreppur	1.518.550							1.518.550	121

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals	
Öxnadalshreppur	521.785							521.785	55
Eyjafjarðarsveit	28.777.535	4.466.453	5.600.000	7.220.312		1.724.000		47.788.300	977
Svalbarðsstr.hr. *2	1.827.211	1.476.627	2.600.000	742.839				6.646.677	323
Grýtubakkahreppur *	2.803.948	1.915.500	3.315.000	1.109.835				9.144.283	419
Hálshreppur	2.540.118							2.540.118	197
Ljósavatnshreppur	4.487.560	566.878						5.054.438	248
Bárðdælahreppur	2.655.315			1.848.717				4.504.032	153
Skútustaðahreppur		2.354.374	3.700.000	9.613.656	405.000			16.073.030	515
Reykdælahreppur	10.457.568	715.455	2.100.000	988.038	926.000			15.187.061	313
Aðaldælahreppur	7.958.160	768.029						8.726.189	336
Reykjahreppur			352.000					352.000	110
Tjörneshreppur	1.494.246							1.494.246	88
Öxarfjarðarhreppur*3	6.666.555	1.677.777	812.000	5.307.455	710.000	5.391.081		20.564.868	119
Fjallahreppur				335.741				335.741	12
Raufarhafnarhreppur		1.769.209						1.769.209	387
Svalbarðshreppur *4	1.636.630		2.000.000	1.632.884				5.269.514	122
Þórshafnarhreppur*5		1.824.068	1.256.000	1.199.062	590.000			4.869.130	399
Grunnskólar:									
Þelamerkurskóli *6				7.514.174				7.514.174	
Hrafnagilsskóli *7				5.116.266				5.116.266	
Stórutjarnarskóli *8				5.454.855	345.000			5.799.855	
Hafralækjarskóli *9				9.681.932	679.000			10.360.932	
Tónlistarskólar:									
Tónl.sk.Eyjafj.sýslu*10					2.783.000			2.783.000	
Austurland:									
Seyðisfjörður		7.473.847	207.000	484.266				8.165.113	981
Neskaupstaður*1		8.826.781	2.948.000		92.000			11.866.781	1738
Eskifjörður		5.363.107	600.000					5.963.107	1056
Skeggjastaðahreppur			311.000	168.078				479.078	132
Vopnafjarðarhreppur	13.938.708	6.917.689	625.000	3.684.923				25.166.320	908
Hlíðarhreppur *2	1.419.530		1.600.000	2.620.228				5.639.758	98
Jökuldalshreppur	4.071.482		800.000	2.903.956				7.775.438	166
Fljótsdalshreppur *3	2.142.688		3.086.000					5.228.688	118
Fellahreppur	5.122.882	893.748	1.591.000	703.991	196.000			8.507.621	391
Tunguhreppur	1.811.601							1.811.601	99
Hjaltastaðarhreppur	1.994.512							1.994.512	86
Borgarfjarðarhreppur	6.100.716	491.447	170.000	160.296	541.000			7.463.459	215
Skriðdalshreppur	3.065.590							3.065.590	110
Vallahreppur *4	1.082.486		1.800.000	5.951.703	553.000			9.387.189	166
Egilsstaðir	8.255.362	7.399.666	2.391.000	129.768				18.175.796	1457
Eiðahreppur *5	2.173.365	349.727	760.000	3.002.126	216.000			6.501.218	153
Mjóafjarðarhreppur	346.965			105.384				452.349	32
Norðfjarðarhreppur	1.944.121		1.300.000	478.821				3.722.942	85
Reyðarfjarðarhreppur		5.538.722	4.000.000	133.385				9.672.107	727
Fáskrúðsfjarðarhr.	1.888.220			1.516.306				3.404.526	95
Búðahreppur		3.460.701						3.460.701	757
Stöðvarhreppur	3.402.903	1.568.059	3.568.000		673.000			9.211.962	343
Breiðdalshreppur		1.604.632	7.135.000	1.854.677	253.000			10.847.309	351
Beruneshreppur	1.696.841			1.799.573	198.000			3.694.414	79
Búlandshreppur	329.232	2.084.650	2.935.000		883.000			6.231.882	456
Geithellnahreppur	1.309.169			1.002.657				2.311.826	71
Bæjarhreppur	566.457							566.457	51
Nesjahreppur *6	5.996.522	688.026	5.480.000	5.726.713				17.891.261	301
Höfn Hornafirði		8.471.272	4.500.000					12.971.272	1668
Mýrahreppur	1.708.992			444.832				2.153.824	92
Borgarhafnarhreppur	1.998.010			1.074.563				3.072.573	115
Hofshreppur	962.353			282.337				1.244.690	119
Tónlistarskólar:									
Sýslun. A-Skaft. *7					1.144.000			1.144.000	
Suðurland:									
Selfoss * 1	12.183.480			882.488				13.065.968	3915
Skaftárhreppur	16.917.516	1.398.910	300.000	9.872.338	335.000	2.038.000		30.861.764	612
Mýrdalshreppur	10.673.581	2.738.388	1.999.000	3.066.766	550.000			19.027.735	599
A-Eyjafjallahreppur	776.880			1.416.503				2.193.383	195

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfi.svfél.	Samtals	
V-Eyjafjallahreppur	4.240.256	482.304	2.085.000	2.810.681				9.618.241	211
A-Landeyjahreppur*2	2.381.190			1.404.996				3.786.186	210
V-Landeyjahreppur	1.131.252			593.432				1.724.684	186
Fljótshlíðarhreppur	4.158.640	518.877		1.340.585				6.018.102	227
Hvolhreppur	858.990	3.131.546		60.227				4.050.763	685
Rangárvallahreppur	6.423.806	3.410.414	5.322.000	2.812.366				17.968.586	746
Landmannahreppur	1.382.612							1.382.612	134
Holtahreppur	1.264.410							1.264.410	270
Djúpárhreppur			4.000.000	1.360.707				5.360.707	245
Gaulverjabæjarhr.	1.123.762			1.832.218				2.955.980	146
Stokkseyrarhreppur	1.056.555	2.253.799	2.305.000	130.122				5.745.476	493
Eyrarbakkahreppur	1.991.962	2.473.236						4.465.198	541
Sandvíkurhreppur	442.066	258.295	1.127.000					1.827.361	113
Hraungerðishreppur			3.090.000	2.304.257				5.394.257	194
Villingaholtshreppur	3.735.708		4.000.000	3.715.653				11.451.361	193
Skeiðahreppur	831.544			3.036.450				3.867.994	248
Gnúpverjahreppur		347.442		4.621.044				4.968.486	304
Hrunamannahreppur	11.932.776	2.797.819	5.000.000	4.008.889				23.739.484	612
Biskupstungnahr.*3	6.993.357	2.208.083	4.800.000	8.239.993				22.241.433	483
Laugardalshreppur *4		1.083.469		1.029.766				2.113.235	237
Hveragerði *5	17.718.792	8.105.605		2.881.564				28.705.961	1596
Ölfushreppur		7.948.166	2.100.000	58.464				10.106.630	1565
Grunnskólar:									
Gagnfrsk.Hvolsv.*6				4.671.793				4.671.793	
Laugalandsskóli *7			2.500.000	8.592.530				11.092.530	
Ljósafossskóli *8				5.299.409				5.299.409	
Tónlistarskólar:									
Tónlsk. Rangæinga*9					2.151.000			2.151.000	
Tónlsk. Árnessýslu*10					2.264.000			2.264.000	
Sameiningar sv.fél.						4.969.587		4.969.587	
Óhafin framl.31.12.91			38.479.300			15.000.000	14.000.000	67.479.300	
- óhaf.framl. 31.12.90			-43.242.500				-25.000.000	-68.242.500	
Framlög alls	521.380.650	254.927.893	200.223.500	321.159.530	32.068.000	34.137.801	8.954.752	1.372.852.126	

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1991 — skýringar.

Reykjanes:

1. **Njarðvík:**
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hafnahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi.

2. **Mosfellsbær:**
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Kjalarneshreppi.

3. **Kjalarneshreppur:**
   Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

Vesturland:

1. **Akranes:**
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi og Leirár- og Melahreppi.

2. **Staðarsveit:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Staðarsveit og Breiðuvíkurhreppi.

3. **Stykkishólmur:**
   Grunnskólaframlag og tónlistarskólaframlag eru vegna nemenda úr Helgafellssveit.

4. **Laxárdalshreppur:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Miðdalahreppi, Haukadalshreppi og Laxárdalshreppi.

5. **Félagsheimili Suður-Dala:**
   Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur og Haukadalshreppur standa sameiginlega að stofnframkvæmdum við félagsh. Suður-Dala.

6. **Heiðarskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi og Leirár- og Melahreppi.

7. **Andakílsskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Leirár- og Melahreppi, Andakílshreppi og Skorradalshreppi.

8. **Kleppjárnsreykjaskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Andakílshreppi, Skorradalshreppi, Lundarreykjadalshreppi, Reykholtsdalshreppi og Hálsahreppi.

Vesturland frh.:

9. **Varmalandsskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi, Norðurárdalshreppi, Stafholtstungnahreppi, Borgarhreppi, Álftaneshreppi og Hraunhreppi.

10. **Laugagerðisskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kolbeinsstaðahreppi, Eyjarhreppi, Miklaholtshreppi, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppi og Skógarstrandarhreppi

11. **Laugaskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hörðudalshreppi, Miðdalahreppi, Haukadalshreppi, Laxárdalshreppi, Hvammshreppi, Fellsstrandarhreppi, Skarðshreppi og Saurbæjarhreppi.

12. **Tónlistarskóli Borgarfjarðar:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Andakílshreppi, Skorradalshreppi, Lundarreykjadalshreppi, Reykholtsdalshreppi, Hálsahreppi Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi, Norðurárdalshreppi, Stafholtstungnahreppi, Borgarhreppi, Álftaneshreppi og Hraunhreppi.

13. **Tónlistarskóli Dalasýslu:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum sveitarfélögum Dalasýslu og úr Bæjarhreppi.

Vestfirðir:

1. **Mosvallahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi.

2. **Flateyrarhreppur:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi.

3. **Hólmavíkurhreppur:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Kaldrananeshreppi, Hólmavíkurhreppi og Kirkjubólshreppi.

4. **Reykjanesskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi.

5. **Grunnskólinn Broddanesi:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi.

Norðurland vestra:

1. **Hvammstangahreppur:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum sveitarfél. V-Húnavatnssýslu.

2. **Þverárhreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi.

3. **Blönduós:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum hreppum A-Húnavatnssýslu.

4. **Akrahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Staðarhreppi, Lýtingsstaðahreppi og Akrahreppi.

5. **Laugarbakkaskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bæjarhreppi Fremri-Torfustaðahreppi, Ytri-Torfustaðahreppi, Kirkjuhvammshreppi, Þverárhreppi og Þorkelshólshreppi.
Ofantalin sveitarfélög ásamt Staðarhreppi standa að stofnframkvæmdum við skólann.

6. **Húnavallaskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Áshrepps, Sveinsstaðahrepps, Torfalækjarhrepps, Svínavatnshrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr ofantöldum sveitarfélögum.

7. **Varmahlíðarskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Skarðshrepps, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Akrahrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps og Fljótahrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bólstaðarhlíðarhreppi, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi og Fljótahreppi.

8. **Grunnskólinn Hólum:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Viðvíkurhrepps og Hólahrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Viðvíkurhreppi og Hólahreppi.

9. **Tónlistarskóli Skagafjarðar:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi.

Norðurland eystra:

1. **Dalvík:**
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Svarfaðardalshreppi og Árskógshreppi.

2. **Svalbarðsstrandarhreppur:**
   Grunnskólaframlag vegna nemenda úr Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

3. **Öxarfjarðarhreppur:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi.
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi

4. **Svalbarðshreppur:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi og Sauðaneshreppi.

5. **Þórshafnarhreppur:**
   Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps.
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi og Sauðaneshreppi.
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi og Sauðaneshreppi.

6. **Þelamerkurskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Arnarneshreppi, Skriðuhreppi, Öxnadalshreppi og Glæsibæjarhreppi.

7. **Hrafnagilsskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og Gýtubakkahreppi.

8. **Stórutjarnarskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hálshreppi, Ljósavatnshreppi, Bárðdælahreppi og Reykdælahreppi.
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hálshreppi, Ljósavatnshreppi og Bárðdælahreppi.

9. **Hafralækjarskóli:**
   Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ljósavatnshreppi, Reykdælahreppi, Aðaldælahreppi, Reykjahreppi og Tjörneshreppi.
   Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Ljósavatnshreppi, Aðaldælahreppi, Reykjahreppi og Tjörneshreppi.

Norðurland-eystra frh.:

10. Tónlistarskóli Eyjafjarðar:
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Arnarneshreppi, Skriðuhreppi, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

Austurland:

1. Neskaupstaður:
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Norðfjarðarhreppi.

2. Hlíðarhreppur:
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Híðarhrepps og Tunguhrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hlíðarhreppi og Tunguhreppi.

3. Fljótsdalshreppur:
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Fljótsdalshrepps, Skridalshrepps og Vallahrepps.

4. Vallahreppur:
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Fljótsdalshreppi, Skriðdalshreppi og Vallahreppi.
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Fljótsdalshreppi, Skriðdalshreppi og Vallahreppi.

5. Eiðahreppur:
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Hjaltastaðarhrepps og Eiðahrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hjaltastaðarhreppi og Eiðahreppi.
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hjaltastaðarhreppi og Eiðahreppi.

6. Nesjahreppur:
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bæjarhreppi, Nesjahreppi, Mýrahreppi, Borgarhafnarhreppi og Hofshreppi.

7. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu:
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Bæjarhreppi, Nesjahreppi, Mýrahreppi, Borgarhafnarhreppi og Hofshreppi.

Suðurland:

1. Selfoss:
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Sandvíkurhreppi.

2. **Austur-Landeyjahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Landeyjahreppi og Vestur-Landeyjahreppi.

3. **Biskupstungnahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Biskupstungnahreppi og Grímsneshreppi.

4. **Laugardalshreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Laugardalshreppi og Grímsneshreppi.

5. **Hveragerði:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ölfushreppi.

6. **Gagnfræðaskólinn Hvolsvelli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Landeyjahreppi, Vestur-Landeyjahreppi, Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi.

7. **Laugalandsskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps.
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Landmannahreppi, Holtahreppi, Ásahreppi og Djúpárhreppi.

8. **Ljósafossskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Grímsneshreppi, Þingvallahreppi og Grafningshreppi.

9. **Tónlistarskóli Rangæinga:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Eyjafjallahreppi, Vestur-Eyjafjalla-hreppi, Austur-Landeyjahreppi, Vestur-Landeyjahreppi, Fljótshlíðarhreppi, Hvolhreppi, Landmannahreppi, Holtahreppi, Ásahreppi og Djúpárhreppi.

10. **Tónlistarskóli Árnessýslu:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi, Sandvíkurhreppi, Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi, Skeiðahreppi, Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Laugardalshreppi, Grímsneshreppi, Þingvallahreppi og Grafningshreppi.

351. Tillaga til þingsályktunar [262. mál]

um undirbúning vegna hálfrar aldar afmælis lýðveldisins 1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til að gera tillögur um hvernig fagna eigi hálfrar aldar afmæli hins íslenska lýðveldis árið 1994. Skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa til setu í nefndinni.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Sumarið 1994 verða liðin 50 ár frá stofnun íslenska lýðveldisins og er við hæfi að þessara merku tímamóta í sögu þjóðarinnar verði minnst með viðeigandi hætti. Nefndin skal gera tillögur um hvernig fagna eigi þessum tímamótum, auk þess að taka afstöðu til hvernig undirbúningi afmælisins skuli háttað.

352. Frumvarp til laga [263. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Dráttarvextir af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Dráttarvextir af löglegum peningakröfum í erlendum gjaldmiðli skulu ákveðnir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og meðalvaxta viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið gefur færi á að ákveða dráttarvexti lægri en unnt er samkvæmt gildandi lögum. Hlutverk dráttarvaxta er m.a. það að stuðla að því að lánþegar standi skil á endurgreiðslum á réttum tíma. Líklegt þykir að dráttarvextir geti gegnt umræddu hlutverki þótt þeir væru lægri en nú, enda eru útlánsvextir, sem mynda grundvöll dráttarvaxta, mun lægri nú en þeir voru þegar vaxtalög voru sett.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 10. gr. laga nr. 25/1987, vaxtalaga, er kveðið á um útreikning og birtingu Seðlabanka Íslands á dráttarvöxtum af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli. Þar er tekið fram að dráttarvextir af peningakröfum í íslenskum gjaldmiðli skuli vera á bilinu 5–10% umfram ávöxtun nýrra almennra útlána viðskiptabanka og sparisjóða, en það hugtak var nánar skilgreint í athugasemdum með frumvarpi til vaxtalaga. Í þessu frumvarpi er lagt til að hámarkið verði 6% í stað 10% og að lágmarkið verði 2% í stað 5%.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir meðaltöl ávöxtunar nýrra almennra útlána, dráttarvaxta og þess hlutfalls sem lýst er í 10. gr. vaxtalaga. Þar má sjá að Seðlabankinn hefur haldið dráttarvöxtum eins lágum og lögin leyfa nú um nokkurt skeið. Nú í nóvember er meðalávöxtun nýrra almennra útlána 12,6%, umrætt álag 5,24% og dráttarvextir 18,5%.

Nokkur meðaltöl frá gildistöku vaxtalaga.

(Vextir í prósentum á ári.)

	Ávöxtun nýrra almennra útlána [a]	Dráttarvextir [b]	Hlutfall[1] [c]
1987[2]	30,56	40,05	1,0726
1988	35,41	43,90	1,0625
1989	28,08	35,90	1,0613
1990	14,31	22,25	1,0694
1991	18,29	25,00	1,0567
1992[3]	13,73	19,71	1,0525

1) Hlutfallið (b+100)/(a+100).
2) Meðaltöl árið 1987 eru hér miðuð við mánuðina maí til desember, þ.e. frá gildistöku vaxtalaga.
3) Dráttarvextir í desember 1992 eru hér áætlaðir hinir sömu og í nóvember.

Um 2. gr.

Í 11. gr. er fjallað um ákvörðun dráttarvaxta af peningakröfum í erlendum gjaldmiðli á hliðstæðan hátt og gert er í 10. gr. varðandi kröfur í íslenskum gjaldmiðli. Til að áfram verði samræmi á þessu tvennu er hér lagt til að hliðstæð breyting verði á 11. gr. eins og 10. gr.

353. Fyrirspurn [264. mál]

til félagsmálaráðherra um ársreikninga sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða sveitarstjórnir höfðu ekki lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans fyrir árið 1991 fyrir lok júlí sl., sbr. ákvæði 88. gr. sveitarstjórnarlaga?

Skriflegt svar óskast.

354. Fyrirspurn [265. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða sveitarstjórnir luku gerð fjárhagsáætlunar á þessu ári fyrir lok janúarmánaðar?
2. Hvaða sveitarstjórnir sóttu um lengri frest samkvæmt ákvæðum 75. gr. sveitarstjórnarlaga og hvenær luku þær gerð fjárhagsáætlunar?
3. Hvaða sveitarstjórnir gerðu þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins á fyrsta ári yfirstandandi kjörtímabils og hverjar þeirra endurskoðuðu þá áætlun við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 1992?

Skriflegt svar óskast.

355. Fyrirspurn [266. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með sveitarstjórnum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig er hagað eftirliti því sem ráðuneytinu er falið að hafa með sveitarstjórnum skv. 118. gr. sveitarstjórnarlaga?
2. Eru einhverjar þær skyldur sem lagðar eru á sveitarstjórnir samkvæmt sveitarstjórnarlögum eða með öðrum löglegum fyrirmælum undanþegnar eftirlitshlutverki ráðuneytisins og ef svo er hvaða skyldur eru það og hvers vegna?

3. Í hvaða lögum öðrum en sveitarstjórnarlögum eru að mati ráðuneytisins lagðar skyldur á sveitarstjórnir og í hverju eru þær skyldur fólgnar?

Skriflegt svar óskast.

356. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér lögfestingu reglugerðar Evrópubandalagsins um frjálsa flutninga launafólks ásamt þeim breytingum sem leiðir af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fylgiskjölum hans. Þá er með frumvarpinu komið á fót nefnd sem skal vera innlendur eftirlitsaðili með því að ákvæði reglugerðar þessarar séu virt. Á fund nefndarinnar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Gylfi Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá félagsmálaráðuneytinu, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Kristján Jóhannsson frá VSÍ, Hjörtur Eiríksson frá VMSS, Ögmundur Jónasson frá BSRB, Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson, Björn Arnórsson og Eggert Lárusson frá BHMR og Ari Skúlason og Halldór Grönvold frá ASÍ. Nefndin studdist einnig við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá VMSS, Sambandi byggingamanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, BHMR, Jafnréttisráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ASÍ, BSRB, VSÍ, Kennarasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi hefur reglugerð sú sem lögtaka á skv. 1. gr. frumvarpsins verið aðlöguð samkvæmt þeim fylgiskjölum sem vísað er til (V. viðauka, bókun 1 og öðrum ákvæðum EES-samningsins) og er því ekki lengur þörf á að hafa tilvísun til þeirra í greininni. Þó skal tekið fram að ekki er að öllu leyti hægt að aðlaga reglugerðina þar sem endanlegar ákvarðanir um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum liggja ekki fyrir, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Í aðlögun reglugerðarinnar felst að felld hafa verið út þau ákvæði sem ekki skulu gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði og gerðar breytingar á orðalagi hennar. Orðalagsbreytingarnar, sem leiðir af bókun 1, grundvallast á því að verið er að færa reglugerð Evrópubandalagsins inn á svið EES-samningsins. Þessar breytingar fela einkum í sér að orðinu „aðildarríki“ hefur verið breytt í EES-ríki eða EFTA-ríki og orðinu „framkvæmdastjórn“ í fastanefnd EFTA eða eftirlitsstofnun EFTA. Þá hafa síðari breytingar á reglugerðinni verið felldar inn í texta hennar auk þess sem ákvæði hennar eru nú felld inn í sjálfan lagatexta frumvarpsins. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að orðalag og frágangur reglugerðarinnar verði aðgengilegri fyrir almenning.

Þá er lagt til að við 2. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem veitir fulltrúum fleiri heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega en kveðið er á um í frumvarpinu rétt til að taka sæti í nefnd þeirri sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Loks er lögð til breyting á 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér nánari afmörkun þeirrar heimildar sem ráðherra er veitt til reglugerðarsetningar samkvæmt frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins verði frumvarpið um Evrópska efnahagssvæðið að lögum. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma. Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frumvarpið sé óháður því hvaða afstöðu hann muni taka við afgreiðslu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi, 24. nóv. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Einar K. Guðfinnsson.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.		Sigbjörn Gunnarsson.

357. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika Íslendinga á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, einkum þeirra sem eiga lögsögu í Barentshafi, auk annarra ríkja í Rússneska sambandslýðveldinu, Suður-Ameríku, Asíu og Afríku.

Greinargerð.

Mælingar vísindamanna á ástandi fiskstofna í Barentshafi benda til að þorskstofnar í hafinu séu á örri uppleið og gert er ráð fyrir að veiðiheimildir margfaldist á þessum áratug.

Nú þegar hafa bæði Færeyingar og Grænlendingar náð samningum um heimildir til þorskveiða í Barentshafi. Ljóst er af mælingum á ástandi stofna við Ísland að illa horfir um viðgang þorsks í íslenskri fiskveiðilögsögu á allra næstu árum. Með hliðsjón af því er rökrétt að Íslendingar leiti hófanna um heimildir til veiða á þorski í Barentshafi og feti þannig í fótspor granna okkar.

Jafnframt er ljóst að miklir vannýttir fiskstofnar eru fyrir ströndum margra ríkja í Suður-Ameríku, Afríku og Asíu, auk ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Til skamms tíma hefur erlendum þjóðum að langmestu leyti verið meinað að veiða í landhelgi þessara ríkja. Á síðustu árum hafa hins vegar viðhorf til veiða erlendra aðila breyst þar verulega. Ráðamenn þeirra gera sér í vaxandi mæli grein fyrir að með því að heimila erlendum þjóðum veiðar, annaðhvort gegn gjaldi eða gegn því að aflinn verði lagður upp í við-

komandi landi, er verið að flytja inn atvinnu, fjármagn og dýrmæta tækniþekkingu. Sem dæmi um þetta má nefna lönd svo sem Kólumbíu í Suður-Ameríku, Angóla og Namibíu í Afríku, Burma og Óman í Asíu og Kamtsjatka í Rússneska sambandslýðveldinu. Í flestum þessum löndum eru nú útgerðarfyrirtæki frá Norður-Evrópu að leita hófanna með veiðiheimildir.

Hér á landi er þróun í útgerð með þeim hætti að veiðiheimildir safnast á færri skip en áður. Sífellt fleiri skip, sem ekki hafa neinar heimildir til veiða, falla til af þeim sökum. Markaður fyrir þau er nær enginn. Það þjónar því augljóslega hagsmunum íslensku þjóðarinnar ef í öðrum heimsálfum er hægt að finna þeim hlutverk sem skila tekjum heim. Enn fremur er líklegt að í kjölfar sigldi sala á alhliða tækniþekkingu úr íslenskum sjávarútvegi. Þannig væri enn frekar stuðlað að því að nýta innlend tæki og þekkingu til að afla okkur gjaldeyris.

Rétt er að minna á að með þjóðum þriðja heimsins njóta Íslendingar víða mikillar vildar og sjávarútvegur okkar er þar talinn eftirbreytni verður. Að líkindum mundi okkur því ekki ganga verr en öðrum þjóðum að afla þar veiðiheimilda. Jafnframt mundi sala til þjóða þriðja heimsins á þekkingu okkar á veiðum og vinnslu ekki aðeins skapa Íslendingum tekjur heldur líka efla atvinnu með viðkomandi þjóðum, stuðla þar að uppbyggingu innlends sjávarútvegs og þar með efla sjálfshjálp og verðmætasköpun.

358. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við IV. kafla bætist ný grein er verði 17. gr. og orðist svo:
   Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25% í öðrum markaðsráðandi fyrirtækjum sem starfa að samgöngum.
2. Við 62. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Í því skyni að veita hæfilegan aðlögunartíma skulu ákvæði 17. gr. þó ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1995.

359. Frumvarp til laga [268. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ágústa Gísladóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

6. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal ákvarðaður af ráðherra eftir tillögum tryggingaráðs. Tillögu sína skal tryggingaráð byggja á könnun á kostnaði við framfærslu barns að frádregnum bótum til einstæðra foreldra og skal barnalífeyrir aldrei nema lægri upphæð en sem nemur helmingi þess kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 113. og 115. löggjafarþingi lögðu þingkonur Kvennalistans fram frumvarp sem gekk efnislega í sömu átt og þetta frumvarp. Í hvorugt skiptið tókst að afgreiða frumvarpið fyrir þinglok og því er nú gerð enn ein tilraunin.

Sú breyting er hins vegar gerð á frumvarpstextanum að ekki er lengur lagt til að sérstök barnalífeyrisnefnd geri tillögu um árlegan barnalífeyri heldur sé það í verkahring tryggingaráðs. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að tillagan byggi á könnun á raunverulegum kostnaði við framfærslu barns. Það yrði þá í verkahring tryggingaráðs að láta vinna þá könnun. Þessi breyting er m.a. gerð vegna ábendinga sem fram komu í umsögn barnaverndarráðs við frumvarp það sem flutt var á 115. löggjafarþingi.

Þá hefur jafnframt verið felld út setning, sem var í frumvarpinu áður og var tekin beint upp úr almannatryggingalögunum, um að ekki skuli greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris. Þessi breyting á frumvarpinu felur því jafnframt í sér tillögu til breytinga á núgildandi almannatryggingalögum. Eru flutningsmenn frumvarpsins sammála því sem kom fram í umsögn Öryrkjabandalags Íslands að örorkubætur séu til þess ætlaðar að mæta óþægindum og aukakostnaði sem af fötlun hlýst og eigi því ekki að hafa áhrif á aðrar lífeyrisgreiðslur eða bætur.

Ákvörðun barnalífeyris fer enn eftir reglum sem settar voru þegar lög um almannatryggingar tóku gildi fyrir meira en 50 árum. Þessar reglur eru löngu úreltar og meira en tímabært að taka upp aðrar aðferðir við mat á lífeyri, þ.e. taka mið af kostnaði við framfærslu eins og hún er nú á tímum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skv. 2. mgr. 11. gr. barnalaga skal meðlagsgreiðsla taka mið af barnalífeyri og hvorugt er í neinu samræmi við kostnað af framfærslu barns.

Barnalífeyrir, og þar með lágmarksmeðlag, er nú 7.551 kr. á mánuði. Færa má sterk rök fyrir því að foreldri, sem greiðir lágmarksmeðlag með barni sínu — í flestum tilvikum faðir — leggi talsvert minna af mörkum til framfærslu barnsins en það mundi gera ef það væri í sambúð með barninu. Það getur tæpast verið vilji löggjafans að draga með þessum hætti úr framfærsluskyldu við sambúðarslit. Með þessu frumvarpi er lögð á það áhersla að barnalífeyrir og meðlag sé í samræmi við þann kostnað sem fylgir framfærslu barns.

Í fylgiskjali eru birtar niðurstöður könnunar á kostnaði við framfærslu barna árið 1991 sem Félag einstæðra foreldra lét gera. Þar kemur í ljós sá munur sem er á raunverulegum útgjöldum vegna barna og þeim greiðslum er hið opinbera ákvarðar til framfærslu þeirra.

Fylgiskjal.

Unnið upp úr könnun meðal félaga FEF.

Meðaltal 1991	1–5 ára	6–9 ára
1. Greitt fyrir gæslu	115.107	82.544
2. Matar- og hreinlætisvörur	71.330	137.752
3. Fatnaður	115.730	86.536
4. Ferðakostnaður	9.302	6.663
5. Læknis- og lyfjakostnaður	10.550	4.179
6. Tónlistar- og dansskóli og íþróttir	3.111	11.136
7. Skólagjöld, bækur, skólatöskur		4.410
8. Skemmtanir og vasapeningar	4.458	16.564
9. Klipping	2.593	2.152
10. Kerra, vagn, hjól	16.373	2.577
11. Hókus pókus stóll, bílstóll	1.500	
12. Myndataka	1.277	1.545
13. Gleraugu	1.540	1.691
Samtals	**352.871**	**357.749**
Meðlag	89.276	89.276
Mismunur	**263.595**	**268.473**

Innifalið í fatnaði er allur úti- og innifatnaður, bleiur o.þ.h., skór, stígvél, rúmfatnaður, sængur og koddar. Ekki reiknað með: Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, rafmagn, hiti, sími og fjölmiðlar.

Unnið upp úr könnun meðal félaga FEF.

Meðaltal 1991	10–12 ára	13–15 ára
1. Matar- og hreinlætisvörur	169.226	188.731
2. Fatnaður	103.791	119.709
3. Ferðakostnaður	14.850	21.960
4. Læknis- og lyfjakostnaður	11.813	17.539
5. Tónlistar- og dansskóli og íþróttir	28.313	34.962
6. Skólagjöld, bækur, skólatöskur o.fl.	18.836	20.096
7. Skemmtanir og vasapeningar	23.829	43.339
8. Klipping	3.431	3.485
9. Reiðhjól og varahlutir	3.350	4.320
10. Skíðaútbúnaður, skíði, skautar o.þ.h.	6.469	5.230
11. Rúm o.fl., húsgögn í herbergi	2.930	7.436
12. Gleraugu	2.750	3.687
13. Tannrétting	6.935	31.539
Samtals	**396.523**	**502.033**
Meðlag	89.276	89.276
Mismunur	**307.247**	**412.757**

Innifalið í fatnaði er allur úti- og innifatnaður, skór, stígvél, rúmfatnaður, sængur og koddar.
Ath.: Fermingarkostnaður vegna 14 ára barnsins er ekki innifalinn í ofangreindum tölum.
Ekki reiknað með: Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, rafmagn, hiti, sími og fjölmiðlar.

360. Frumvarp til húsaleigulaga. [269. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi, þar á meðal um framleigu húsnæðis.

Lögin gilda bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sé húsnæði bæði leigt til íbúðar og til annarra nota gilda um slíka samninga ákvæði laganna um íbúðarhúsnæði. Ákvæði laganna, sem fjalla samkvæmt orðanna hljóðan um íbúðarhúsnæði, gilda um atvinnuhúsnæði eftir því sem við getur átt og að því leyti sem lögin hafa ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Lögin gilda þótt endurgjaldið skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum, svo sem með vinnuframlagi.

Sé um að ræða samninga sem með öðru fjalla um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi þá gilda lögin um þá að því tilskildu að sá þáttur sé meginatriði þeirra.

Fjalli samningur enn fremur um land sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði skal fara um slíkan samning samkvæmt lögum þessum nema um landbúnaðarafnot sé að ræða.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína.

Þá gilda ákvæði laga þessara ekki um skammtímaleigu á húsnæði, svo sem orlofsheimilum, sumarhúsum, samkomuhúsum, íþróttasölum, herbergjum eða geymsluhúsnæði, þegar leigugjald er miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma.

Loks gilda lög þessi ekki um samninga um afnot húsnæðis sem sérstakar reglur gilda um samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Óheimilt er að semja um að leigjandi íbúðarhúsnæðis taki á sig ríkari skyldur og öðlist minni réttindi en lögin mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstök frávik þess efnis.

Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði eru hins vegar frávíkjanleg og gilda þau því aðeins um slíkt húsnæði að ekki sé á annan veg samið.

Sé íbúðarhúsnæði leigt til ákveðinna hópa, svo sem námsmanna, aldraða eða öryrkja, þar sem sérstakar aðstæður kalla á aðra skipan en lögin mæla fyrir um, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt, vegna sérstaks eðlis eða tilgangs starfseminnar, að víkja frá einstökum ákvæðum laganna með samningi.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI
Leigusamningur.

4. gr.

Leigusamningur um húsnæði skal vera skriflegur.

Húsnæðisstofnun ríkisins lætur gera sérstök eyðublöð, eitt fyrir leigusamning um íbúðarhúsnæði og annað fyrir leigusamning um atvinnuhúsnæði, svo og eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar og sýnishorn af uppsögnum og öðrum tilkynningum, sem samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar. Eyðublöðin skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga eða húsnæðisnefnda, hjá samtökum leigjenda og leigusala, Húsnæðisstofnun ríkisins og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta. Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda eyðublaða og sýnishorna.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta eyðublöð skv. 4. gr., sem samtök leigjenda eða leigusala, sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir sem leigja út húsnæði kunna að láta gera, enda sé staðfesting ráðuneytisins skráð á þau.

6. gr.

Í leigusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitala samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing á hinu leigða.
3. Sá eignarhlutur fjölbýlishúss eða fasteignar sem leigjanda er leigður.
4. Hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn.
5. Fjárhæð húsaleigu, hvort og hvernig hún skuli breytast á leigutímanum.
6. Hvar og hvernig greiða skuli leiguna.
7. Hvort leigjandi skuli setja tryggingu og með hvaða hætti.
8. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu.
9. Forgangsréttur leigjanda skv. X. kafla.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

7. gr.

Nú er leigusala ekki mögulegt að sinna skyldum sínum gagnvart leigjanda, svo sem vegna langvarandi fjarvista eða sjúkleika, og er honum þá skylt að hafa umboðsmann sem leigjandi getur snúið sér til. Skal nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns koma fram í leigusamningi.

8. gr.

Allar breytingar á leigusamningi eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflega og undirritaðar af aðilum samningsins.

Ef annar hvor aðila þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara eða leigusamningi að fá samþykki hins getur hann krafist þess að fá það staðfest skriflega.

9. gr.

Leigusamning má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundinn.

Leigusamningur telst ótímabundinn nema um annað sé ótvírætt samið. Um ótíma-

bundna leigusamninga gilda ákvæði 54. gr. um uppsagnir og uppsagnarfresti.

Sé leigusamningur tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar nema um annað sé samið, sbr. 56. gr.

Um tímabundna og ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði X. kafla um forgangsrétt.

10. gr.

Hafi aðilar vanrækt að gera skriflegan leigusamning teljast þeir hafa gert ótímabundinn leigusamning og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigjandi hafi samþykkt.

11. gr.

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

12. gr.

Réttindi leigjanda, sem byggjast á eða leiðir af ákvæðum laga þessara, eru gild gagnvart sérhverjum án þinglýsingar, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

Um það ella hvaða réttindi leigjanda, hvenær og gagnvart hverjum, eru háð þinglýsingu fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Leigjandi, sem með samningi öðlast víðtækari réttindi en 1. og 2. mgr. mæla fyrir um og vill tryggja þau, getur látið þinglýsa samningnum.

Er leigutíma lýkur skal leigjandi láta aflýsa hinum þinglýsta samningi. Hafi hann ekki látið gera það í síðasta lagi innan viku þar frá skal samningi aflýst að kröfu leigusala.

III. KAFLI
Ástand hins leigða húsnæðis.

13. gr.

Leiguhúsnæði skal, þegar það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir.

Húsnæði, sem leigt er til íbúðar, skal fylgja það fylgifé sem var til staðar við sýningu þess sé eigi sérstaklega um annað samið.

14. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigjandi á þó ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigjanda viðvart um þau.

15. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigusamningur greinir eða leigjandi hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigjandi þá innan eins mánaðar frá

afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Að öðrum kosti telst leigjandi una húsnæðinu.

Leigjandi skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

16. gr.

Geri leigusali ekki innan eins mánaðar ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigjanda heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis byggingarfulltrúa, sbr. XIV. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða frá því hún barst honum og leigjandi ekki neytt réttar síns skv. 1. mgr. er leigjanda heimilt að rifta leigusamningnum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigjanda af húsnæðinu.

Leigjandi á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur byggingarfulltrúi, en rétt er þó aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 83. gr.

IV. KAFLI
Viðhald leiguhúsnæðis.

17. gr.

Leigjanda er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigjanda, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal leigjandi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu svo fljótt sem verða má. Ef leigjandi vanrækir þessar skyldur sínar er leigusala heimilt að láta fara fram viðgerð á kostnað leigjanda. Áður skal þó leigusali veita leigjanda frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni. Áður en leigusali lætur framkvæma viðgerðina skal hann leita álits byggingarfulltrúa og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigjanda í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 2. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án leigulækkunar enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

18. gr.

Leigusali annast viðhald hins leigða, innan húss sem utan, sbr. þó 3. mgr.

Leigusali skal annast viðgerðir á gluggum, raftækjum, hreinlætistækjum og öðru því er fylgir húsnæðinu ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjóna leigjanda eða fólks á hans vegum.

Leigjanda er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

Leigusali skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leiguhæfu ástandi, m.a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi og annað slitlag með hæfilegu millibili, eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali ætíð bera ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

19. gr.

Telji leigjandi viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigjandi skora á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða er leigjanda heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigjanda ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits byggingarfulltrúa á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

20. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigjanda.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulega skertra afnota eða afnotamissis, að mati byggingarfulltrúa, skal leigusali bæta leigjanda það með hlutfallslegum afslætti af leigugjaldi eða á annan þann hátt er aðilar koma sér saman um. Verði aðilar ekki ásáttir um bætur eða afslátt geta þeir leitað álits byggingarfulltrúa, en heimilt er aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 83. gr.

21. gr.

Í leigusamningum um íbúðarhúsnæði er heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast samkvæmt kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigusamningnum til hvaða atriða viðhaldsskylda leigjanda nær.

V. KAFLI
Reksturskostnaður.

22. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigjandi greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þar með talin fasteignaskatt og tryggingaiðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigjandi enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign, svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða framlag til sameiginlegs viðhalds, þar á meðal vegna lyftubúnaðar, svo og kostnað vegna endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

Ef leigjandi óskar þess skal leigusali eða húsfélag láta leigjanda í té sundurliðun á þeim kostnaðarþáttum húsgjalds er leigjandi greiðir.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði sem þær leggja til skal leigjandi greiða það gjald. Leigusali skal greiða fasteignagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigusamningi.

23. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigjandi skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhlut íbúða í samræmi við ákvæði laga um ákvörðun eignarhlutar í fjölbýlishúsum.

24. gr.

Leggi leigusali út rekstursgjöld þau sem leigjandi skal greiða skv. 22. gr. falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu. Leggi leigjandi út rekstursgjöld sem leigusala ber að greiða skal honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

25. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigjanda er leigusala heimilt að hækka umsamda húsaleigu um allt að helmingi þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigjanda í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan, útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

VI. KAFLI
Afnot leiguhúsnæðis.

26. gr.

Óheimilt er leigjanda að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigusamningi. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá sem í húsinu búa eða starfa.

27. gr.

Leigjanda er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða húsnæði eða búnaði þess, nema að fengnu samþykki leigusala og gerðu samkomulagi um skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara að leigutíma loknum. Að öðrum kosti eignast leigusalinn endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans nema hann kjósi þá, eða áður, að krefjast þess að leigjandi komi hinu leigða í upphaflegt horf, sbr. 64. gr.

28. gr.

Leigjandi skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

Leigjandi skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

29. gr.

Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigjandi skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra er afnot hafa af húsinu eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigjanda skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigjanda slíkar reglur.

Leigusala er skylt að hlutast til um að aðrir þeir, sem afnot hafa af húsi því sem hið leigða húsnæði er í, fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigjanda séu tryggðir.

30. gr.

Leigjanda verslunar- eða veitingahúsnæðis er skylt að halda uppi eðlilegum, daglegum rekstri á viðtekinn hátt, nema þegar sérstakar ástæður gera lokun nauðsynlega.

31. gr.

Sé hið leigða í húsi, sem fellur undir ákvæði laga um fjölbýlishús, ná ákvæði þessa kafla, bæði til séreignar sem samningur tekur til og eftir atvikum sameignar bæði utan húss og innan.

VII. KAFLI
Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.

32. gr.

Húsaleigu skal greiða 1. dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga leigu ber upp á almennan frídag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

Húsaleigu og annað endurgjald, sem leigjanda ber að greiða, skal greiða á umsömdum stað, en annars á heimili leigusala, vinnustað hans eða öðrum þeim stað sem hann tiltekur innan lands.

Leigjanda er þó ávallt heimilt að inna greiðslu af hendi í banka eða senda í pósti með sannanlegum hætti. Greiðsla með þeim hætti telst þá greidd á réttum greiðslustað og þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.

Nú hefur leigjandi eigi gert skil á leigunni innan sjö sólarhringa frá gjalddaga og er þá leigusala rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni til greiðsludags.

33. gr.

Semji aðilar leigusamnings um íbúðarhúsnæði um fyrirframgreiðslu á húsaleigu fyrir lengri tíma en þrjá mánuði hvort heldur í upphafi eða síðar á leigutímanum þá hefur það þær afleiðingar að leigjandi öðlast kröfu um leigurétt í þrefaldan þann tíma en hann greiddi fyrir. Gildir þetta jafnt þó samið hafi verið um skemmri leigutíma.

Hafi leigjandi íbúðarhúsnæðis reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. þá er óheimilt að krefja hann jafnframt um húsaleigu fyrir fram fyrir lengri tíma en einn mánuð.

Leigjandi skal setja fram við leigusala skriflega kröfu um ákveðinn eða framlengdan leigutíma á grundvelli 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að greiðslan fór fram. Að öðrum kosti fellur þessi réttur hans niður. Skal hann í bréfi sínu gefa leigusala kost á að endurgreiða fyrirframgreiðslu umfram þriggja mánaða leigu ásamt dráttarvöxtum. Endurgreiði leigusali innan 10 daga frá því að hann fékk kröfuna hefur fyrirframgreiðslan ekki þau réttaráhrif sem greinir í 1. mgr.

34. gr.

Ef leigjandi afhendir leigusala skuldabréf, víxla,-tékka eða annars konar viðskiptabréf til greiðslu á leigu fram í tímann þá telst það vera fyrirframgreiðsla skv. 33. gr. með þeim takmörkunum og lögfylgjum sem þar greinir.

Greiðsla á leigu með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr., telst, nema annað sannist, vera móttekin af leigusala á þeirri forsendu að staðið verði í skilum með greiðslur á réttum gjalddögum. Ef sú forsenda brestur og vanskil verða er leigusala heimilt að beita vanefndarúrræðum gagnvart leigjanda samkvæmt þessum lögum, þar á meðal riftun skv. 1. tölul. 59. gr.

35. gr.

Þegar leigjandi á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu, svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 16. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 19. gr. eða vegna skerðingar á afnotarétti skv. 20. gr., skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki byggingarfulltrúa við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigjandi framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur ef ákvörðun byggingarfulltrúa hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

36. gr.

Aðilum er frjálst að semja um fjárhæð húsaleigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum. Leigufjárhæðin skal þó jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

37. gr.

Áður en afhending hins leigða húsnæðis fer fram er leigusala rétt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessara laga eða almennum reglum.

38. gr.

Trygging skv. 37. gr. getur verið með einhverjum þeim hætti sem hér að neðan eru taldir:

1. Ábyrgðaryfirlýsing banka eða samsvarandi aðila (bankaábyrgð).
2. Sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila, eins eða fleiri.
3. Leigugreiðslu- og viðskilnaðartrygging sem leigjandi kaupir hjá viðurkenndu tryggingafélagi.
4. Tryggingarfé sem leigjandi greiðir til leigusala og hann varðveitir. Leigusali má ekki ráðstafa fénu eða taka af því án samþykkis leigjanda nema genginn sé dómur um bótaskyldu leigjanda. Þó er leigusala jafnan heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til greiðslu á vangoldinni leigu, bæði á leigutímanum og við lok leigutímans. Tryggingarfé í vörslu leigusala skal vera verðtryggt, en ber ekki vexti. Að leigutíma lokn-

um skal leigusali segja til þess svo fljótt sem verða má hvort hann gerir kröfu í tryggingarfé eða hefur uppi áskilnað um það. Ella skal hann skila leigjanda tryggingarfénu ásamt verðbótum án ástæðulauss dráttar. Leigusala er aldrei heimilt að halda tryggingarfénu í sinni vörslu, án þess að gera kröfu í það, lengur en í tvo mánuði frá skilum húsnæðisins, sbr. 1. mgr. 62. gr.

5. Önnur trygging en greinir í 1.–4. tölul. sem leigjandi býður fram og leigusali metur gilda og fullnægjandi.

Fjárhæð eða hámark tryggingar eða ábyrgðar skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. fer eftir samkomulagi aðila, en tryggingarfé skv. 4. tölul. má eigi nema hærri fjárhæð en sem svarar þriggja mánaða húsaleigu.

Leigusali getur valið á milli tryggingarkosta skv. 1. mgr., en leigjanda er þó rétt að hafna því að reiða fram tryggingarfé skv. 4. tölul., enda bjóði hann þá fram í staðinn annars konar tryggingu sem að mati leigusala er fullnægjandi.

Trygging eða ábyrgð skv. 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. fellur niður og úr gildi að liðnum tveimur mánuðum frá skilum húsnæðisins nema leigusali hafi gert kröfu, sem undir hana fellur, innan þess tíma, sbr. 1. mgr. 62. gr. Þegar trygging eða ábyrgð er niðurfallin samkvæmt þessari málsgrein skal leigusali skila í hendur leigjanda viðskiptabréfum eða öðrum skilríkjum sem hann hefur afhent fyrir tryggingunni og leigjandi hefur lögvarða eða sanngjarna ástæðu fyrir að fá aftur.

Þegar trygging er sett skv. 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. skal leigusali gæta þess að því marki, sem eðlilegt og sanngjarnt má telja, að gera ábyrgðar- og tryggingaraðilum viðvart um vanefndir leigjanda og önnur þau atriði sem varðað geta hagsmuni þeirra og ábyrgð.

VIII. KAFLI
Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

39. gr.

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigjanda þannig að hvorki fari í bága við hagsmuni hans né leigjanda til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð. Leigusala er þó aldrei heimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi eða umboðsmaður hans er ekki viðstaddur, nema að fengnu samþykki leigjanda.

Á sex síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt, sbr. 1. mgr., að sýna hið leigða ákveðinn tíma á dag, þó ekki meira en tvær stundir hverju sinni, væntanlegum kaupendum eða leigjendum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með minnst eins sólarhrings fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigusali eða umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur. Aðilum er þó heimilt að semja sín á milli um aðra tilhögun.

IX. KAFLI
Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.

40. gr.

Sala leiguhúsnæðis er ekki háð samþykki leigjanda. Leigusala er því heimilt að framselja eignarrétt sinn yfir hinu leigða húsnæði og þar með réttindi sín og skyldur gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum og leigusamningi.

Við slíkt framsal er hinn upphaflegi leigusali almennt laus mála gagnvart leigjanda og kaupandinn kemur í einu og öllu í hans stað að því leyti.

Sé ekki um annað samið yfirtekur kaupandi miðað við umsaminn afhendingardag öll réttindi og tekur á sig allar skyldur heimildarmanns síns gagnvart leigjanda.

Réttarstaða leigjanda er almennt óbreytt og hin sama þrátt fyrir eigendaskiptin, skyldur hans aukast ekki og réttindi hans minnka ekki.

Þegar eigendaskipti að leiguhúsnæði verða við gjaldþrot leigusala eða nauðungarsölu gilda sérreglur samkvæmt gjaldþrotalögum og lögum um nauðungarsölu sem fela í sér undantekningar frá ofangreindum meginreglum.

41. gr.

Þegar leiguhúsnæði er selt skal upphaflegur leigusali tilkynna leigjanda söluna og eigendaskiptin með sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá því að kaupsamningur var undirritaður.

Í þeirri tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang hins nýja eiganda, við hvaða tíma eigendaskiptin eru miðuð gagnvart leigjanda, hvernig leigugreiðslum skuli háttað og önnur þau atriði og atvik sem nauðsynlegt er að leigjandi fái vitneskju um.

Leigjanda er rétt að greiða leigu og beina öllum erindum, kvörtunum og ákvöðum varðandi hið leigða til upphaflegs leigusala þar til hann hefur fengið tilkynningu um annað skv. 1. og 2. mgr.

42. gr.

Óheimilt er leigjanda að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Það telst ekki framsal á leigurétti eða framleiga þótt leigjandi heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

43. gr.

Nú deyr leigjandi áður en leigutíma er lokið og er þá dánarbúi leigjanda heimilt að segja leigusamningi upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigusamningur hafi verið gerður til lengri tíma. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimamenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningnum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla því gegn.

44. gr.

Nú flytur leigjandi úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigusamningi áfram með sama hætti og segir í 43. gr.

45. gr.

Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum laga um stofnun og slit hjúskapar.

Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigusamning.

Um rétt leigusala til uppsagnar leigusamningi vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 43. gr., eftir því sem við á.

46. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigusamningi.

47. gr.

Nú deyr leigjandi að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi sem þar var stunduð og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigusamnings eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir eftir því sem við á ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigjanda.

48. gr.

Þegar leigjandi er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfa fellur leigusamningur niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi lætur af starfanum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið.

X. KAFLI
Forgangsréttur leigjanda.

49. gr.

Leigjandi íbúðarhúsnæðis skal að umsömdum leigutíma loknum hafa forgangsrétt til leigu þess, svo fremi sem húsnæðið er falt til áframhaldandi leigu í a.m.k. eitt ár.

Forgangsréttur leigjanda gildir ekki:

1. Ef um einstaklingsherbergi er að ræða.
2. Ef hið leigða húsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.
3. Ef íbúð er leigð með húsgögnum að öllu eða verulegu leyti.
4. Ef leigusali tekur húsnæðið til eigin nota.
5. Ef leigusali ráðstafar eða hyggst ráðstafa húsnæðinu til a.m.k. eins árs til skyldmenna í beinni línu, kjörbarna, fósturbarna, systkina, systkinabarna eða tengdaforeldra.
6. Ef leigusali hyggst selja húsnæðið á næstu sex mánuðum eftir leigutímalokin. Sé sala þess fyrirhuguð á þeim tíma eða næstu sex mánuðum þar á eftir er aðilum heimilt, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, að semja um lok leigutíma með ákveðnum skilyrðum og rýmingu þegar húsnæðið verður afhent nýjum eiganda. Hyggist nýr eigandi leigja húsnæðið út áfram skal leigjandi eiga forgangsrétt að því, en með þeim sömu takmörkunum og gilda samkvæmt öðrum töluliðum þessarar málsgreinar.
7. Ef verulegar viðgerðir, endurbætur eða breytingar, sem gera húsnæðið óíbúðarhæft að mati byggingarfulltrúa um a.m.k. tveggja mánaða skeið, eru fyrirhugaðar á næstu sex mánuðum frá leigutímalokum.
8. Ef leigjandi er starfsmaður leigusala og honum hefur verið látið hið leigða húsnæði í té vegna starfsins eða í tengslum við það.
9. Ef leigjandi hefur á leigutímanum gerst sekur um vanefndir eða brot sem varðað gátu riftun.

10. Ef leigjandi hefur á annan hátt vanefnt skyldur sínar á þann veg eða sýnt af sér slíka háttsemi að eðlilegt megi telja að leigusali vilji ekki leigja honum áfram eða að veigamiklar ástæður að öðru leyti mæli gegn forgangsrétti hans.
11. Ef sanngjarnt mat á hagsmunum beggja aðila og aðstæðum öllum mælir gegn forgangsréttinum.

50. gr.

Vilji leigjandi nota sér forgangsrétt skv. 1. mgr. 49. gr. skal hann tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en leigusamningurinn rennur út við lok uppsagnarfrests eða við lok umsamins leigutíma. Að öðrum kosti fellur forgangsréttur hans niður.

Telji leigusali, að leigjandi eigi ekki forgangsrétt af þeim ástæðum, sem greinir í 2. mgr. 49. gr., skal hann innan 14 daga frá því að hann fær tilkynningu skv. 1. mgr. gera leigjanda skriflega og rökstudda grein fyrir sjónarmiðum sínum og því hverjar ástæður standi forgangsréttinum í vegi. Að öðrum kosti telst hann una forgangsréttinum nema atvik og aðstæður séu með þeim hætti að telja verði slíka tilkynningu óþarfa, svo sem ef glöggt koma fram í leigusamningi eða uppsögn ástæður sem útiloka forgangsréttinn.

51. gr.

Þegar samningur er endurnýjaður samkvæmt ákvæðum 49. og 50. gr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Líkur eru fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gilti, sé sanngjörn og verður sá sem vefengir það að sýna fram á annað. Aðrir skilmálar, sem settir eru fyrir endurnýjuðum leigusamningi, skulu og gilda svo fremi sem þeir eru ekki ósanngjarnir eða brjóti í bága við góðar venjur í leiguviðskiptum.

Skilmálar endurnýjaðs leigusamnings skulu að öðru leyti vera hinir sömu og í upphaflegum samningi.

52. gr.

Ef leigusali hefur af ásettu ráði, svo sem með málmyndagerningum eða með sviksamlegum hætti, náð til sín leiguhúsnæði eða orðið til þess að leigjandi glati forgangsrétti sínum þá skal hann bæta leigjanda sannanlegt fjártjón hans.

Bótakröfu skv. 1. mgr. verður leigjandi að setja fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum.

XI. KAFLI
Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.

53. gr.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans.

Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

54. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings skal vera:

1. Einn mánuður af beggja hálfu á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði sem ekki er atvinnuhúsnæði.
2. Sex mánuðir af beggja hálfu á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem

fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Hafi leigjandi haft íbúð á leigu lengur er fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.

3. Sex mánuðir af beggja hálfu á atvinnuhúsnæði fyrstu fimm ár leigutímans, níu mánuðir næstu fimm ár og síðan eitt ár eftir tíu ára leigutíma.

55. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Leigjandi skal hafa lokið rýmingu og frágangi hins leigða eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þar sem lengd uppsagnarfrests skv. 54. gr. ræðst af leigutíma er miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögn er send.

56. gr.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

Tímabundnum leigusamningi verður ekki slitið með uppsögn á umsömdum leigutíma. Þó er heimilt að semja um að segja megi slíkum samningi upp á grundvelli sérstakra forsendna, atvika eða aðstæðna sem þá skulu tilgreind í leigusamningi. Skal slík uppsögn vera skrifleg og rökstudd og skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera a.m.k. þrír mánuðir.

57. gr.

Nú líða tveir mánuðir frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigusamnings, en leigjandi heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigusamningurinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigjandi einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

XII. KAFLI
Riftun leigusamnings.

58. gr.

Leigjanda er heimilt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði skv. 16. gr.
2. Ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigjandi jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum af ástæðum sem ekki verða raktar til leigjanda að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
4. Ef leigusali gerist sekur um ítrekaða, verulega eða sviksamlega vanrækslu á skyldum sínum til að halda húsnæðinu í leiguhæfu ástandi og framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og viðhald fljótt og vel. Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessum tölulið að leigjandi hafi áður skorað á leigusala að bæta úr vanefndum sínum og gefið honum sanngjarnan frest í því skyni.
5. Ef réttur leigjanda er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigjanda af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigusamnings og lét hjá líða að gera leigjanda aðvart.

6. Ef eðlilegum afnotum eða heimilisfriði leigjanda er verulega raskað með ónæði og óþægindum vegna verulegra eða ítrekaðra brota annarra þeirra sem afnot hafa af sama húsi, á umgengnis- eða grenndarreglum, enda hafi leigusali þrátt fyrir áskoranir vanrækt skyldur sínar skv. 4. mgr. 29. gr. eða atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að eðlilegt sé og sanngjarnt að leigjandi megi rifta leigusamningi. Slík atvik geta t.d. bæði varðað eðli brota og ónæðis og eins að frekari brot og óþægindi séu fyrirsjáanleg og líkleg.
7. Ef leigusali brýtur ítrekað eða verulega gegn rétti leigjanda til að hafa umsamin óskoruð umráð og afnot hins leigða, svo sem með því að hindra eða takmarka afnotin eða með óheimilum aðgangi og umgangi um hið leigða eða ef leigusali gerist sekur um refsivert athæfi gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.
8. Ef leigusali vanefnir frekar skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo verulegan eða sviksamlegan hátt að riftun af hálfu leigjanda sé eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigjandi ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigusala eða leigusali hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigjanda til riftunar þá niður.

Um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fer eftir almennum reglum kröfuréttar.

59. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigjandi greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar skv. V. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan sjö sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram að hann muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef leigjanda ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða alveg og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigjandi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigjandi framselur leigurétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. IX. kafla eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigjanda.
5. Ef leigjandi meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 17. gr.
6. Ef leigjandi flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar þess.
7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigjanda vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem leigjandi ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 17. gr.
8. Ef leigjandi vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 29. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
9. Ef leigjandi verslunar- eða veitingahúsnæðis vanrækir, þrátt fyrir aðfinnslur leigusala, skyldu sína til að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri, sbr. 30. gr.

10. Ef leigjandi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigjanda eða leigjandi hefur að fullu bætt úr því er aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður. Þetta gildir þó ekki þegar leigjandi hefur vanefnt skyldur sínar með sviksamlegum hætti eða þegar riftunarástæðan er leiguvanskil, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

60. gr.

Nú er leigusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 59. gr. og skal leigjandi þá bæta leigusala það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigusamningur var tímabundinn skal leigjandi auk þess greiða bætur sem jafngilda leigu til loka leigutímans en ella til þess tíma er honum hefði verið rétt að rýma húsnæðið samkvæmt uppsögn.

Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1 mgr.

XIII. KAFLI
Skil leiguhúsnæðis.

61. gr.

Að leigutíma loknum skal leigjandi skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigjandi óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru leigjanda sannanlega óviðkomandi.

62. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigjanda verður leigusali að lýsa skriflega, eða hafa uppi áskilnað þar að lútandi, innan tveggja mánaða frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan tveggja mánaða frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigjandi hafi haft svik í frammi.

63. gr.

Nú koma leigusali og leigjandi sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal byggingarfulltrúi þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni innan tveggja mánaða frá því að aðila var kunn niðurstaða byggingarfulltrúa.

64. gr.

Leigjanda er heimilt að flytja brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand, sbr. þó 27. gr.

65. gr.

Hafi leigjandi skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

66. gr.

Leigjandi skal, áður en hann flytur úr húsnæðinu, gefa leigusala upp það heimilisfang sem erindi og tilkynningar, er leigusali getur þurft að koma til hans, þar með talin tilkynning skv. 62. gr., má og skal senda til.

XIV. KAFLI
Úttekt leiguhúsnæðis.

67. gr.

Úttektir samkvæmt lögum þessum skal byggingarfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags framkvæma.

Honum ber að annast störf sín við úttektir af kostgæfni og ætíð gæta fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Hann skal og gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjald fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té samkvæmt ákvæðum laga þessara.

68. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða lok leigutíma skulu aðilar leigusamnings staðgreiða að jöfnu kostnað vegna úttektar.

Þegar byggingarfulltrúi er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir skal sá aðili leigusamnings leggja út kostnaðinn sem kvaddi hann til. Að kröfu aðila ákveður byggingarfulltrúi hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu eða að kostnaður skiptist milli aðila teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

69. gr.

Skylt er aðilum leigusamnings að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu þess og skil við lok leigutímans ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir byggingarfulltrúi að viðstöddum leigusala og leigjanda eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem byggingarfulltrúinn leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigjandi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigusamnings og aðila hans.

70. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigusamnings og byggingarfulltrúi undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigjanda við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta byggingarfulltrúa í té afrit af leigusamningi sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

XV. KAFLI
Leigumiðlun.

71. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigusamningi eða annast framleigu eða skipti á leiguhúsnæði. Starfsheiti þess sem rekur leigumiðlun er leigumiðlari.

Félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til leigumiðlara og skal hann greiða fyrir það gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

72. gr.

Hver sá, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi félagsmálaráðherra til að reka leigumiðlun, sbr. 1. mgr. 71. gr.:

1. Á lögheimili á Íslandi.
2. Er lögráða og hefur forræði á búi sínu.
3. Sannar að hann hafi góða þekkingu á húsaleigulöggjöf og annarri löggjöf er máli skiptir og nauðsynlega kunnáttu í bókhaldi samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.
4. Leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem aðilar leigusamnings kunna að verða fyrir af hans völdum sem félagsmálaráðherra ákveður í reglugerð.

Heimilt er að synja manni um leyfi þetta ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hann.

Birta skal auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlunar í Lögbirtingablaði. Á sama hátt skal birta auglýsingu um sviptingu leyfis, sbr. 79. gr.

73. gr.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigjenda, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn leigumiðlara skv. 72. gr.

74. gr.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigusamningur sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur sem þeir taka á sig með undirritun leigusamningsins, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Leigumiðlari skal ætíð vanda til gerðar leigusamnings og gæta þess að þar komi fram allar þær upplýsingar sem máli skipta.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigusamningi sem honum er falið að koma á.

75. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigusamningi. Þóknun skal vera sanngjörn með tilliti til þeirrar vinnu sem hann lætur í té og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigjanda fyrir miðlunina og gerð leigu-

samnings. Þó er leigumiðlara heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun eða kostnað úr hendi leigjanda ef um er að ræða sérstaka þjónustu í hans þágu. Skal um það semja fyrir fram.

76. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigusamningsins sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal vera skriflegt, vottfest og báðum aðilum leigusamnings fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal vera sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans.

77. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

78. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum um bókhald.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það sem honum er falið að leigja út og varðveita eintak af öllum leigusamningum sem hann gerir.

Leigumiðlara er skylt að veita félagsmálaráðuneytinu þær upplýsingar um starfsemi leigumiðlunarinnar sem óskað er eftir hverju sinni.

79. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu getur félagsmálaráðherra svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans. Við sviptingu leyfis skal leigumiðlari hætta leigustarfsemi sinni. Hlutaðeigandi lögreglustjóra ber að veita atbeina sinn við að stöðva starfsemina og innsigla ef þörf krefur.

80. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leigumiðlun, þar á meðal um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leigumiðlunar og ákvæði um gjaldtöku er hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar til leigumiðlara.

XVI. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

81. gr.

Þar sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga eru kosnar skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, skulu þær fylgjast með framkvæmd húsaleigumála samkvæmt lögum þessum og afla upplýsinga um þau mál í hlutaðeigandi sveitarfélagi eftir því sem kostur er. Þeim ber og að veita aðilum leigusamnings, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

XVII. KAFLI
Kærunefnd húsaleigumála.

82. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsaleigumála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn eftir tilnefningu Húseigendafélagsins, annan eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kostnaður af störfum kærunefndar húsaleigumála greiðist úr ríkissjóði.

83. gr.

Telji aðili leigusamnings á rétt sinn hallað við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings er honum heimilt að snúa sér til kærunefndar húsaleigumála og óska eftir að hún taki málið til umfjöllunar. Beiðni þessi skal vera skrifleg og þar koma skýrt fram hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Þegar beiðni hefur borist skal kærunefnd húsaleigumála gefa gagnaðila kost á að tjá sig um ágreiningsefnið. Heimilt er að óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra, er málið snertir, gerist þess þörf.

Telji kærunefnd að ákvæði laga þessara hafi verið brotin skal hún kveða upp rökstuddan úrskurð þess efnis, svo fljótt sem verða má, en í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá því að beiðni barst. Að öðrum kosti vísar kærunefnd málinu frá. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

XVIII. KAFLI
Kynning laganna o.fl.

84. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIX. KAFLI
Gildistaka.

85. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1993. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, skulu endurskoðaðir til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. september 1993.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni til samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi, að teknu tilliti til umsagna sem um það hafa borist.

Hinn 10. september 1990 skipaði félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, nefnd með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökunum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var það m.a. hlutverk hennar að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga er varða tryggingarfé, tilkynningarskyldu, sérákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir og úttektarmenn í samræmi við ákvæði um húsnæðisnefndir í lögum nr. 70/1990, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana til að annast um samskipti leigusala og leigjenda.

Í nefndinni áttu eftirtaldir sæti: Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jón Kjartansson frá Pálmholti, formaður Leigjendasamtakanna, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins og Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Húseigendafélaginu.

Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, var nefndinni til ráðuneytis.

Á fyrsta fundi nefndarinnar 14. september 1990, var Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, kosinn ritari hennar.

Strax í upphafi starfs nefndarinnar var leitað bréflega eftir samstarfi eða samráði við fjölda aðila er á einn eða annan hátt tengjast húsaleigumálum. Þar á meðal voru: Húsaleigunefndir í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, á Akureyri og í Keflavík, stúdentaráð Háskóla Íslands, bæjarfógeti og borgardómari í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Sjálfsbjörg — Landssamband fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Þá var aflað gagna um húsaleigulöggjöf og húsaleigumál, bæði innlendra og einnig frá Norðurlöndum.

Leigumarkaðurinn og þróun húsaleigulöggjafar á Íslandi.

Er ör þéttbýlismyndun hófst hér á landi fyrir um einni öld myndaðist jafnframt ört vaxandi leigumarkaður, einkum í hinum stærri kaupstöðum. Árið 1920 var svo komið að 62,9% íbúða í Reykjavík voru leiguíbúðir, 62,5% íbúða á Ísafirði, 57,3% á Akureyri og 54,8% á Seyðisfirði. Hlutfall leiguíbúða hélst hátt fram að síðari heimstyrjöld. Á styrjaldarárunum hófst hins vegar sá almenni lífskjarabati sem átti eftir að einkenna öll eftirstríðsárin. Hér á landi þróuðust mál með þeim hætti að fyrrnefndur lífskjarabati birtist m.a. í sífellt hærra hlutfalli landsmanna sem bjó í eigin húsnæði. Að sama skapi fór stöðugt minnkandi sá hundraðshluti þjóðarinnar sem bjó í leiguhúsnæði. Síðustu 15–20 ár hafa einungis 15–20% landsmanna verið leigjendur. Rétt er að undirstrika að almennur lífskjarabati hefur í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Sviss, ekki birst öðru fremur í aukinni búsetu fólks í eigin húsnæði þar sem hlutur leiguhúsnæðis hefur í öllum þessum löndum haldist verulegur.

Árið 1917 markar upphaf sérstakrar húsaleigulöggjafar á Íslandi en það ár samþykkti Alþingi í fyrsta skipti lög um húsaleigu.

Heimsstyrjöldinni fyrri fylgdi hvort tveggja í senn: miklir fólksflutningar til bæjanna, sérstaklega Reykjavíkur, og gífurleg verðbólga. Samtímis hækkaði húsaleiga mjög og enn meiri leiguhækkanir voru fyrirsjáanlegar. Þetta varð til þess að þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Knud Zimsen, beitti sér fyrir setningu húsaleigulaga. Þessi fyrstu húsaleigulög giltu einungis í Reykjavík. Þau voru afnumin árið 1926 þar sem þáverandi meiri hluti Alþingis taldi ástand leigumarkaðarins ekki lengur útheimta þau neyðarlagakenndu ákvæði er einkenndu húsaleigulögin frá 1917.

Um þetta leyti, árið 1919, var stofnað Fasteignafélag Reykjavíkur sem var fyrsta hagsmunafélag húseigenda og forveri núverandi Húseigendafélags. Leigjendur voru mun

seinni til að mynda sérstakt félag til að gæta hagsmuna sinna. Leigjendafélag Reykjavíkur var stofnað á fjórða áratuginum, en lét vart að ráði að sér kveða fyrr en á árunum um og eftir 1950. Þessi þráður mun hafa rofnað einhvern tíma á sjötta áratugnum. Núverandi Leigjendasamtök voru svo stofnuð árið 1978.

Frá árinu 1926 og allt fram til ársins 1939, er svonefnd gengislög, þar sem m.a. var að finna ákvæði um húsaleigu, voru sett, giltu engin lagaákvæði hérlendis um húsaleigu. Slík lagasetning birtist raunar lengst af einungis sem neyðarráðstöfun í tengslum við styrjaldarástand sem sést vel af því hve víðtæk lagasetning um húsaleigu og málefni leigumarkaðarins átti sér hér stað á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Nærri lætur að tylft ólíkra laga á þessu sviði hafi verið sett á stríðsárunum 1939–1945. Meginlögin voru lög nr. 39 7. apríl 1943.

Árin 1946–1948 fór fram á vegum stjórnvalda margvíslegt starf til endurskoðunar þágildandi húsaleigulaga, einkum með það fyrir augum að veita tilslakanir frá hinum ströngu ákvæðum styrjaldaráranna. Ekki náðist þó samstaða um slíkt.

Árin 1949–1951 störfuðu svo tvær nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins sem skiluðu af sér frumvörpum til almennra heildarlaga um húsaleiguviðskipti. Bæði þessi stjórnarfrumvörp, sem um margt tóku mið af þágildandi dönskum og norskum húsaleigulögum, döguðu uppi á Alþingi, það fyrra árið 1949 og hið síðara árið 1951. Mun um hafa verið að kenna víðtækri óeiningu um tilgang og gildissvið slíkrar lagasetningar.

Húsaleigulögin frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar féllu endanlega úr gildi árið 1953, nema í Keflavíkurkaupstað, þar sem þau giltu að hluta til áfram. Það var í samræmi við ákvæði frá 1950 sem heimiluðu einstökum bæjar- og sveitarfélögum að láta húsaleigulagaákvæði haldast áfram. Þá giltu lög um hámarkshúsaleigu allt til ársins 1965 er þau voru felld úr gildi samhliða lagasetningu á því ári er markaði upphaf starfsemi Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Frá árinu 1953 til ársins 1979 giltu því engin húsaleigulög hérlendis nema í Keflavík. Mun þetta nánast hafa verið einsdæmi í heiminum, a.m.k. í svonefndum þróuðum löndum. Á þessum árum varð húsnæðiseign alls almennings æ almennari jafnframt því að hlutur leigumarkaðar varð sífellt minni. Uppbygging félagslegs leiguíbúðastofns var hverfandi lítil miðað við flest okkar nágrannalönd.

Þann 28. september 1978 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Magnús H. Magnússon, nefnd er skyldi „semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala húsnæðis". Skipun nefndarinnar var í samræmi við samstarfsyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar þar sem sagði að ríkisstjórnin hygðist gangast fyrir „að sett verði löggjöf um réttindi leigjenda". Vert er að hafa í huga að vorið 1978 höfðu skipulögð hagsmunasamtök leigjenda verið endurvakin með stofnun Leigjendasamtakanna. Samtökin beittu sér strax mjög fyrir setningu laga um samskipti aðila á leigumarkaði. Í nefndinni áttu sæti þeir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Hús- og landeigendasambandi Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, og Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri er jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Georg H. Tryggvason héraðsdómslögmaður var ráðinn ritari nefndarinnar. Nefndin skilaði í byrjun janúar 1979 ítarlegu frumvarpi til laga um húsaleigusamninga til félagsmálaráðherra. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi í maí 1979.

Á þeim rúmu 13 árum sem liðin eru frá setningu gildandi laga um húsaleigusamninga hafa einungis þrívegis verið gerðar á þeim breytingar, raunar aðeins einu sinni breytingar sem hafa umtalsverða efnislega þýðingu. Þær breytingar fólu m.a. í sér að tekin voru af öll tvímæli um að fyrirframgreiðsla húsaleigu til lengri tíma en þriggja mánaða

leiddi ótvírætt til þess að leigjandi öðlaðist rétt á fjórföldum leigutíma.

Meginatriði frumvarps til húsaleigulaga.

Samkvæmt skipunarbréfi sínu var nefndinni falið, eins og fyrr sagði, að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað snertir tryggingarfé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana.

Nefndin hefur endurskoðað fyrrgreinda þætti laganna í ýmsum veigamiklum atriðum og gert tillögur um nýskipan starfsramma húsaleigumiðlana. Einnig leggur hún til í frumvarpi því er hér er lagt fram að gerðar verði breytingar hvað varðar forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla heimilisrétt þeirra og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá leggur nefndin og til þá veigamiklu breytingu að ákvæði gildandi laga um fardaga verði að fullu og öllu felld niður.

Fljótlega eftir að nefndin hófst handa varð ljóst að störf hennar mundu verða mun víðtækari en í upphafi var ráð fyrir gert. Hefur og starfstíminn orðið lengri en menn hugðu er af stað var farið. Nefndin leggur hér fram nýtt frumvarp til heildarlaga í stað frumvarps til breytinga á gildandi lögum.

Frumvarpið byggir þó eigi að síður að stofni til á gildandi lögum. Á því hafa hafa hins vegar verið gerðar þær umfangsmiklu breytingar sem þegar er getið. Þá hefur allri efnisuppröðun verið gerbreytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri og auðskiljanlegri, en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem að líkindum er einna oftast notaður af íslenskum almenningi.

Nefndin leggur til að breyta nafni laganna þannig að í stað heitisins „Lög um húsaleigusamninga“ komi: húsaleigulög, þar sem lögin taka til húsaleiguviðskipta á það breiðum grundvelli að hið eldra heiti þeirra má teljast vera of þröngt. Þá skal það tekið fram að í frumvarpinu er alls staðar kosið að nota orðið leigjandi í stað orðsins „leigutaki“ í gildandi lögum og orðið leigusamningur í stað orðsins „leigumáli“. Ekki er tekið sérstaklega fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir þegar einungis þessum orðum hefur verið breytt frá orðalagi gildandi laga.

Meginbreytingarnar frá eldri löggjöf, sem felast í frumvarpi þessu, má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Forgangsréttur leigjenda er aukinn, en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þótt setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir 13 árum bætti þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkur. Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í nýjum X. kafla laganna og er lagt til að hann taki nú jafnt til allra leigusamninga, jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða, svo fremi húsnæðið sé áfram falt til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frumvarpinu, svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsi eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Þá getur leigjandi aldrei öðlast forgangsréttinn sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann.
2. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði gildandi laga um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila, sem tengjast húsaleigumálum, að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að þörf sé á að binda sértaklega flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga. Núgildandi ákvæði valda oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með og er undir hælinn lagt hvorum aðilanna þetta er til góða, þó svo að til-

gangur löggjafans hafi verið sá að bæta réttarstöðu leigjenda. Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin, jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir.

3. Lagt er til að stofnsett verði sérstök kærunefnd húsaleigumála sem bæði leigjendur og leigusalar geti leitað til vegna ágreinings sem kann að rísa um túlkun leigusamnings eða framkvæmd hans. Nefndinni er samkvæmt frumvarpinu ætlað það hlutverk að skila skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins.
4. Lagt er til að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þessa er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldnast náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum. Þá var með lögum nr. 70/1990 kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna og að þær geti, ef þurfa þykir, skotið málum til kærunefndar húsaleigumála.
5. Lagt er til að byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núverandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slíkt starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk.
6. Ákvæði um húsaleigumiðlanir eru í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félagsmálaráðuneytið verði sá aðili sem veitir leyfi til þess að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.
7. Lagt er til að ákvæði um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanleg og ákvæði frumvarpsins gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin ófrávíkjanlegu ákvæði frumvarpsins eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði, enda standa aðilar þá miklu mun jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla.
8. Leitast er við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga, t.d. hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar. Einnig er lagt til að ákvæði frumvarpsins verði í ríkari mæli frávíkjanleg en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum.
9. Efnisröðun og kaflaskipan frumvarpsins er í grundvallaratriðum breytt frá gildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð, þannig að fyrst sé fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðisins, en atriði eins og uppsögn, riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna.

Flestir kaflar frumvarpsins eiga sér beina samsvörun í núgildandi lögum. Í frumvarpi þessu er að auki að finna þrjá nýja kafla. Fyrst skal getið X. kafla frumvarpsins er ber heitið „Forgangsréttur leigjanda“, en í honum er forgangsréttur leigjenda skilgreindur í fimm nýjum greinum. Forgangsréttarákvæði núgildandi laga er að finna í 8. gr. þeirra. Þá skal einnig nefna að VIII. kafli frumvarpsins er heitir „Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði“ þar sem síðari hluti 47. gr. gildandi laga eru gerð að sérstökum kafla. Loks ber að nefna hinn nýja XVII. kafla, er heitir „Kærunefnd húsaleigumála“, þar sem skipan og verksviði kærunefndar húsaleigumála er lýst í tveimur nýjum greinum. Nefnt skal að í frumvarpinu er lagt til að tveir kaflar gildandi laga falli brott, þ.e. XIV. kaflinn,

„Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o.fl.“ og XVI. kaflinn, „Refsiákvæði“. Að síðustu skal nefnt að í frumvarpi þessu er lagt til að V. kafla núgildandi laga verði skipt upp í tvo kafla, þ.e. VI. kafla, „Afnot leiguhúsnæðis“, og XIII. kafla, „Skil leiguhúsnæðis“.

Athugasemdir við einstakar greinar og einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

I. kafli frumvarpsins nær yfir 1.–3. gr. Kaflinn fjallar um gildissvið laganna o.fl. og svarar til sama kafla og sömu greina í gildandi lögum.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er að meginstofni sama efnis og 1. gr. núgildandi laga en leitast var við að gera það skýrara og ótvíræðara. Þó eru hér nokkrar breytingar og nýmæli sem hér að neðan verður gerð grein fyrir.

Í 1. mgr. er tekið af skarið um að frumvarpið gildi einnig um framleigusamninga. Núgildandi lög hafa verið túlkuð svo en rétt þykir að taka af öll tvímæli í því efni.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eru nýmæli. Tekið er skýrt fram að frumvarpið gildi bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði en í núgildandi lögum er ekki kveðið á um það berum orðum. Rétt er að taka fram að frumvarpið gildir einnig um leigusamninga um húsnæði sem hvorki telst íbúðar- né atvinnuhúsnæði. Í 2. mgr. er ákvæði um að reglur frumvarpsins um íbúðarhúsnæði gildi einnig um svonefnda blandaða leigusamninga, þ.e. þegar sami samningur fjallar bæði um afnot íbúðarhúsnæðis og annars konar húsnæðis. Loks er í 2. mgr. kveðið á um að ákvæði frumvarpsins, sem fjalla samkvæmt hljóðan sinni um íbúðarhúsnæði, gildi um atvinnuhúsnæði, eftir því sem við getur átt, hafi frumvarpið ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Í 4. mgr. er ákvæði um að frumvarpið gildi þótt endurgjald fyrir afnot af húsi eða hluta af húsi skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum og er vinnuframlag nefnt sem dæmi. Þetta ákvæði er nýmæli en felur í sjálfu sér ekki í sér breytingu því núgildandi lög hafa verið túlkuð á þennan veg.

Í 5. mgr. er fjallað um samsetta samninga, þ.e. samninga sem öðrum þræði eru um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi en hafa einnig að geyma samning af öðrum toga, t.d. um leigu á rekstri fyrirtækis, afnot af innréttingum, vélum og tækjum, hagnýtingu viðskiptavildar fyrirtækis o.s.frv. Hér er lögð til sú regla, að samsettur samningur sé metinn heildstætt og ef veigamesta atriði hans er afnot húsnæðis teljist samningur í heild sinni húsaleiga og falli undir frumvarp þetta. Leiði hins vegar slíkt heildstætt mat til þess að veigamesti þátturinn sé annar en húsnæðisafnotin fellur samningurinn ekki undir frumvarpið. Reglum frumvarpsins verður þá ekki beitt nema e.t.v. með lögjöfnun.

Í 8. mgr. er ákvæði sem felur í sér breytingu frá núgildandi lögum. Að vísu er tiltekið í 4. mgr. 1. gr. þeirra að þau gildi ekki um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma. Hér er hins vegar lagt til að undan gildissviði frumvarpsins verði færð skammtímaleiga á húsnæði og eru nokkrar tegundir húsnæðis taldar upp í dæmaskyni, en ekki er þó um tæmandi talningu að ræða. Það er jafnframt skilyrði að leigugjaldið sé miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma. Með skammtímaleigu er átt við leigusamband sem ætlað er að vara í mjög skamman tíma og yfirleitt ekki lengur en nokkra daga eða vikur og alls ekki lengur en tvo til þrjá mánuði. Hér er um undantekningarreglu að tefla sem byggist á því að almenn ákvæði laganna eiga fyrst og fremst við um varanleg leigusambönd til lengri tíma en ekki slíka skammtímaleigu og þykir því rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja hana ákvæðum frumvarpsins. Ákvæði þetta kann að bjóða heim hættu á misnotk-

un þannig að menn freistist til að gera endurnýjaða skammtímasamninga til að komast undan ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. En á móti kemur að þetta ákvæði ber að skýra og túlka mjög þröngt, þannig að ekki þarf mikið til að samningur verði talinn falla undir frumvarpið, t.d. ef hann er endurnýjaður eða framlengdur samanlagt í lengri tíma en talist getur skammtímaleiga.

Ákvæðið í 9. mgr. er nýmæli. Það er þó í samræmi við það sem almennt er talið gilda, þ.e. að sérlög eða sérákvæði laga gangi framar almennum lögum um sama efni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um það að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði eru almennt ófrávíkjanleg hvað varðar réttindi og skyldur leigjanda. Réttindi leigjanda samkvæmt frumvarpinu eru samkvæmt því lágmarksréttindi og skyldur hans hámarksskyldur. Með samningi verður almennt ekki við því hróflað, réttindi hans verða ekki rýrð eða skyldur hans auknar. Hins vegar er heimilt að semja um aukinn rétt og minni skyldur leigjanda en frumvarpið mælir fyrir um. Samkvæmt því má með samningi auka skyldur leigusala og rýra réttindi hans frá því sem frumvarpið segir. Það er meginregla að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði séu ófrávíkjanleg, en frá þeirri meginreglu eru undantekningar sem þá eru tilgreindar í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Það skal tekið fram að frumvarp þetta hefur að geyma fleiri undantekningar að þessu leyti en núgildandi lög og er lagt til að samningsfrelsi aðila verði að verulegu leyti aukið. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. gr. núgildandi laga, en leitast var við að orða ákvæðið skýrar og ótvíræðar. Þó er ein veigamikil breyting gerð, því þetta ákvæði gildir einvörðungu um íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði, en um það er fjallað í 2. mgr.

Í 2. mgr. er ákvæði sem felur í sér mjög þýðingarmikla breytingu frá gildandi rétti. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar og gildi þá og því aðeins um slíkt húsnæði að ekki hafi um annað samist milli aðila. Núgildandi lög gilda fullum fetum um slíkt húsnæði og eru ófrávíkjanleg varðandi það á sama hátt og um íbúðarhúsnæði. Hins vegar eru hin ófrávíkjanlegu ákvæði laganna fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði. Ákvæði frumvarps þessa eru með sama marki brennd og kom til álita að leggja til að lögfest yrðu ítarleg sérákvæði um atvinnuhúsnæði. Lagt er til í frumvarpinu að sett verði nokkur slík ákvæði, en þeim kosti var hafnað að reglubinda samninga um slíkt húsnæði um of með almennum ákvæðum. Slíkir samningar eru í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðnir samningum um íbúðarhúsnæði og affarasælast að samningsfrelsi ríki, enda standa aðilar þar yfirleitt jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Því er lagt til að aðilar hafi óskorað samningsfrelsi, innan venjulegra marka, um það hvernig þeir haga samningum sínum um leigu á atvinnuhúsnæði og ákvæði frumvarpsins koma þá aðeins til álita ef aðilar hafa ekki samið um annað og eftir því sem við getur átt.

Ákvæðið í 3. mgr. er nýmæli. Hér er um að ræða undantekningu frá reglu 1. mgr. og ber því að túlka hana þröngt með hliðsjón af meginreglunni sem þar kemur fram. Rétt þykir, innan þröngra marka, að heimila frávik frá annars ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. Hér er fyrst og fremst horft til þess þegar félög, stofnanir eða sambærilegir aðilar leigja skjólstæðingum sínum íbúðarhúsnæði. Yfirleitt mundi það vera með sérstökum og betri kjörum en almennt gengur og gerist. Þess vegna er eðlilegt að slíkir aðilar geti sett sérstök ákvæði, skilyrði og fyrirvara í leigusamninga umfram það sem almennir leigusalar geta gert. Ekki þykir ástæða til að óttast að það svigrúm og þau frávik, sem hér eru lögð til, hafi í för með sér misnotkun og harðræði fyrir viðkomandi leigjendur.

Leggja ber áherslu á að hér er um þrönga undantekningarheimild að ræða og að leigjendurnir mundu njóta verndar og geta borið fyrir sig ákvæði 11. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 44/1979.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins tekur til 4.–12. gr. og er í þessum kafla fjallað um leigusamninga og gerð þeirra. Kaflinn svarar til II. kafla núgildandi laga „Gerð leigumála", þ.e. 4.–11. gr.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá lögum nr. 44/1979.

Í 2. og 3. mgr. er gert ráð fyrir því Húsnæðisstofnun ríkisins taki við hlutverki félagsmálaráðuneytisins hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga um jafnt íbúðar- sem atvinnuhúsnæði svo og ákvörðun endurgjalds fyrir slík eyðublöð. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að stofnunin láti gera eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar og sýnishorn af uppsögnum og tilkynningum sem lögin mæla fyrir um að skuli vera skrifleg. Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að húsaleigusamningseyðublöð geti einnig legið frammi á skrifstofum húsnæðisnefnda.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 5. gr. gildandi laga nr. 44/1979. Þó er hér að finna viðbótarákvæði um að sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir aðilar, sem leigja út húsnæði, geti einnig gefið út sérstök samningseyðublöð. Sem fyrr þurfa slík eyðublöð þó staðfestingu félagsmálaráðuneytis til þess að vera gild.

Felld eru niður heimildaákvæði eldri laga um að Fasteignamat ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins geti látið gera eyðublöð um húsaleigusamninga. Slíkar heimildir mega nú orðið teljast úreltar hvað varðar Fasteignamat ríkisins. Ákvæðið á hins ekki við gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins sem skv. 4. gr. frumvarpsins er falin útgáfa eyðublaða fyrir húsaleigusamninga.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lýst þeim atriðum sem fram skulu koma í skriflegum leigusamningi. Greinin svarar til 9. gr. laga nr. 44/1979, en er hins vegar mun ítarlegri.

Rétt er að geta þess að 3. tölul. er efnislega samhljóða 49. gr. laga nr. 44/1979. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem eru efnislega samhljóða 3. mgr. 52. gr. gildandi laga. Þessi ákvæði eru þó fyllri en áður og að auki kveðið á um það að nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns leigusala skuli koma fram á leigusamningseyðublaðinu.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lögð til sú breyting frá 6. gr. gildandi laga að ekki verði lengur skylt að skrá allar breytingar á leigusamninginn sjálfan. Tekið er fram að báðum aðilum samn-

ingsins ber að undirrita slíkan viðauka við leigusamning.

Þá er 2. mgr. nýmæli. Þar er að finna almennt ákvæði er tekur til allra þeirra tilvika þegar annar hvor samningsaðila þarf samkvæmt ákvæðum laga eða leigusamningi að fá samþykki hins aðilans. Er þá lagt til að báðir aðilar geti krafist þess að fá það staðfest skriflega.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 7. gr. laga nr. 44/1979 og er hér er að finna nokkrar veigamiklar breytingar.

Lagt er til í nýrri 2. mgr. að skýrt sé tekið fram að samningur teljist ótímabundinn, nema um annað sé ótvírætt samið.

Í 3. mgr. er afnumin skylda leigusala til þess að tilkynna leigjanda með tímabundinn leigusamning að samningurinn verði ekki endurnýjaður. Tilgangur breytingarinnar er að nokkru sá að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Þar sem forgangsréttur leigjenda er styrktur skv. X. kafla frumvarps þessa þykir einnig eðlilegra að það sé leigjandinn sem þurfi að óska sérstaklega eftir áframhaldandi notkun húsnæðisins en að lagt sé á herðar leigusalans að tilkynna sérstaklega að hann telji leigjandann ekki hafa forgangsrétt að hinu leigða.

Þá er einnig lagt til í 3. mgr. að heimilt sé að semja sérstaklega um að tímabundinn leigusamningur geti verið uppsegjanlegur við tilteknar aðstæður. Þá er í 4. mgr. vísað til nýju forgangsréttarákvæðanna í X. kafla frumvarpsins.

Loks er lagt til að tilvísun til ákvæðis um fardaga í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga falli niður. Slíkt er óþarft þar sem í frumvarpi þessu er lagt er til að fardagaákvæði eldri laga verði afnumin. Fardagaákvæðin mega nú teljast úrelt orðin og reynslan hefur sýnt að þau geta verið ósanngjörn gagnvart aðilum, einkum leigusölum. Telja verður eðlilegt að íbúðaskipti á leigumarkaði geti í nútímaþjóðfélagi átt sér stað á hvaða árstíma sem er, svo sem venja er á almennum fasteignamarkaði hérlendis. Fardagaákvæðin munu a.m.k. að hluta til eiga uppruna í fardagaákvæðum ábúðarlaga og árstíðabundnum vistaskiptum og búferlaflutningum hins gamla bændaþjóðfélags.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 10. gr. gildandi laga. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni.

Í 1. mgr. er lagt til að fallið verði frá því að notkun óstaðfests samningseyðublaðs leiði sjálfkrafa til þess að aðilar teljist þá hafa gert ótímabundinn leigusamning sín í millum.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum að því frátöldu að gert er ráð fyrir því að byggingarfulltrúar sveitarfélaganna taki við hlutverki því sem úttektarmenn hafa í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem fjalla um þinglýsingu leigusamninga og hvernig að henni skuli staðið. Hér er um nýmæli að ræða og eru ekki tilsvarandi ákvæði í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er ákvæði sem felur það í sér að leigjandi hefur ætíð, hvort sem leigusamningi er þinglýst eða ekki, þá réttarstöðu sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Þinglýs-

ingar er ekki þörf til að tryggja og vernda þann rétt sem leigjanda er þar fenginn.

Í 2. mgr. er vísað til þinglýsingalaga um það hvenær þinglýsingar leigusamnings er þörf, t.d. varðandi tímalengd, fyrirframgreiðslu o.fl. Þykir rétt m.a. vegna lagasamræmis að efnisreglur þar að lútandi séu í hinum almennu þinglýsingalögum.

Ef leigjandi hefur með samningi öðlast víðtækari rétt en leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. getur hann látið þinglýsa leigusamningi, enda er það honum nauðsynlegt til að tryggja og vernda þann aukna rétt sinn gagnvart fyrst og fremst viðsemjendum og skuldheimtumönnum leigusala.

Í 4. mgr. er fjallað um það hvernig skuli staðið að þinglýsingu og aflýsingu leigusamnings og þarfnast hún ekki sérstakrar skýringar.

Um III. kafla.

III. kafli frumvarpsins nær yfir 13.–16. gr. og lýsir þeim kröfum sem gerðar eru um ástand hins leigða húsnæðis við upphaf leigutíma. Kaflinn svarar til 24.–27. gr., þ.e. fyrri hluta V. kafla, „Afhending og skil leiguhúsnæðis“, í lögum nr. 44/1979.

Um 13. gr.

1. mgr. er samhljóða 24. gr. gildandi laga, en að öðru leyti er grein þessi ný. Í greininni er að finna mun nákvæmari lýsingu en í eldri lögum á því hvaða kröfur skuli gera til íbúðarhúsnæðis sem leigt er út. Að nokkru leyti er höfð hliðsjón af orðalagi á kaupsamningseyðublöðum þeim sem notuð eru í almennum fasteignaviðskiptum. Reynslan frá gildistöku laga nr. 44/1979 er talin hafa sýnt að þörf er á skýrari skilgreiningu á þeim kröfum sem gerðar eru til leiguíbúða.

Um 14. gr.

Þessi grein er samhljóða 25. gr. laga nr. 44/1979.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. laga nr. 44/1979 að öðru leyti en því að frestur leigjanda, sem hann hefur til þess að skýra frá göllum sem hann telur vera á húsnæðinu við upphaf leigutíma, er lengdur úr 14 dögum í einn mánuð.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 27. gr. laga nr. 44/1979. Þó er um að ræða þær breytingar að í 1. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi komi í stað úttektarmanns og að aðilar geti borið álit hans undir kærunefnd húsaleigumála. Einnig er í 2. mgr. styttur frestur leigjanda til þess að rifta leigusamningi, ef leigusali verður ekki við réttmætum kröfum um úrbætur á hinu leigða, úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Talið er að þriggja mánaða frestur leigusala sé í þessu samhengi í lengsta lagi gagnvart leigjanda er bíður eftir að umbætur á hinu leigða verði framkvæmdar.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um viðhald leiguhúsnæðis og tekur til 17.–21. gr. Kaflinn svarar til samnefnds IV. kafla laga nr. 44/1979, 36.–41. gr.

Um 17. gr.

Að undanskildum orðalagsbreytingum í 3. og 4. mgr. er greinin óbreytt frá 36. gr. laga

nr. 44/1979, nema hvað frestur sá, er leigusali skal veita leigjanda til þess að framkvæma úrbætur á tjóni sem kann að hafa orðið á hinu leigða húsnæði, er lengdur úr 21 degi í einn mánuð. Þá er lagt til að fela byggingarfulltrúa hlutverk úttektarmanns í gildandi lögum.

Um 18. gr.

Þessi grein kemur í stað 37. gr. og 38. gr. laga nr. 44/1979. Um er að ræða endurskrift á þessum greinum og nokkra áherslubreytingu frá eldri lögum. Þó er 5. mgr. óbreytt frá 2. mgr. 37. gr.

Í greininni er leitast við að draga skýrar fram höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða. Þá er viðhaldsskylda leigjenda skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala. Skilgreining á viðhaldsskyldu leigjenda er lítið eitt þrengd frá eldri lögum og lagt til að hún nái ekki lengur til viðhalds á rúðum og hreinlætistækjum.

Um 19. gr.

Þessi grein svarar til 39. gr. gildandi laga. Í greininni er einungis að finna þau nýmæli að í 2. mgr. er frestur leigusala til þess að verða við kröfum leigjanda um úrbætur ákveðinn tveir mánuðir, en í gildandi lögum eru engin tímamörk sérstaklega tilgreind og í 3. mgr. er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi taki við hlutverki úttektarmanns.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 40. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til að ef viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala leiðir til verulega skertra afnota eða afnotamissis þá skuli leigusali bæta leigjanda það með hlutfallslegum afslætti af leigugjaldi eða á annan þann hátt er aðilar koma sér saman um. Verði aðilar ekki ásáttir geti þeir leitað álits byggingarfulltrúa, en eigi þó jafnan þann valkost að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála.

Um 21. gr.

Greinin svarar að hluta til 41. gr. gildandi laga. Í henni er lagt til að ætíð sé heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi taki á sig auknar viðhaldsskyldur gegn afslætti á leigugjaldi. Í gildandi lögum er slík heimild bundin við það að samið sé um tveggja ára lágmarkstíma.

Um V. kafla.

Undir V. kafla, er svarar til VII. kafla laga nr. 44/1979 og fjallar um reksturskostnað leiguhúsnæðis, falla 22.– 25. gr. sem svara til 42.–45. gr. gildandi laga, kaflans „Um greiðslu reksturskostnaðar".

Um 22. gr.

Grein þessi er nær óbreytt frá 42. gr. gildandi laga. Þó er þess að geta að í 2. mgr. er tekinn af hugsanlegur vafi um að það er leigusali sem skal greiða kostnað vegna viðhalds lyftubúnaðar í fjölbýlishúsum. Þá er í 3. mgr. lögð til sú nýskipan að leigjandi geti óskað þess að leigusali eða húsfélag í fjölbýlishúsi láti honum í té sundurliðaða greinargerð um einstaka kostnaðarliði þess hluta húsgjalds sem leigjanda ber að greiða.

Þá er í 5. mgr. lagt til að undanþáguákvæði, er heimila aðilum að víkja frá ákvæð-

um greinarinnar, séu gerð almenn í stað þess að taka einungis til atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis sem leigt er til lengri tíma en tveggja ára.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. gildandi laga að því undanskildu að í síðasta málslið er lagt til að vísað sé til laga um ákvörðun eignarhlutar í fjölbýlishúsum í stað ákveðinnar reglugerðar.

Um 24. gr.

Lögð er til sú breyting frá 44. gr. gildandi laga að leggi leigjandi út rekstrargjöld, sem leigusala ber að greiða, skuli honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. gildandi laga að því undanskildu að ekki þykir rétt í 1. mgr. að tala um „lögbundna húsaleigu“ þar sem húsaleiga hér á landi er ekki bundin í lögum.

Um VI. kafla.

Undir VI. kafla falla 26.–31. gr. Kaflinn fjallar um afnot leiguhúsnæðis og svarar hann, að viðbættum tveimur nýjum greinum, til VIII. kafla gildandi laga, „Umgengnisskyldur og réttindi“, þ.e. 46.–50. gr.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er ákvæði sem ekki á sér hliðstæðu eða fyrirmynd í núgildandi lögum. Þar er áréttað að breytingar og endurbætur á hinu leigða séu háðar fyrir fram samþykki leigusala. Sú regla hefur verið talin gilda sem óskráð meginregla en rétt þykir að lögfesta hana. Þá er einnig lagt til að fyrir fram sé samið um hver beri kostnaðinn eða hvernig hann skiptist og hvernig farið sé með breytingarnar og endurbæturnar að leigutíma loknum, þ.e. hvort leigusali eignist þær með eða án endurgjalds eða hvort leigjanda sé heimilt að hafa þær á brott með sér. Sé ekki um þetta samið er lögð til sú regla að leigusali eignist endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans nema hann krefjist þess að leigjandinn fjarlægi þær og komi hinu leigða í upphaflegt horf.

Þetta ákvæði hefur fyrst og fremst þýðingu við leigu á atvinnuhúsnæði þar sem mjög algengt er að leigjandi framkvæmi viðamiklar breytingar og endurbætur á húsnæði vegna þarfa sinna og starfseminnar. Deilumál, sem risið hafa vegna slíkra framkvæmda, sýna að brýnt er að ganga tryggilega frá samningum um slík atriði fyrir fram. Ákvæði þetta byggir á því að hagsmunir leigjanda séu meiri af því að frá slíkum málum sé tryggilega gengið og því er skylda hans í því efni gerð ríkari með því að láta hann bera hallann af því ef samningar um þessi atriði eru vanræktir eða ófullkomnir.

Um 28. gr.

Þessi grein svarar til og er samhljóða tveimur fyrstu málsgreinum 47. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. laga nr. 44/1979.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða nýjung. Í greininni er leigjendum atvinnuhúsnæðis ótvírætt lögð sú skylda á herðar að halda starfsemi sinni opinni.

Um 31. gr.

Þessi grein er svarar til 50. gr. gildandi laga og er efnislega óbreytt að því undanskildu að lagt er til að gildissvið kaflans sé skilgreint með beinni tilvísun til laga um fjölbýlishús.

Um VII. kafla.

Kaflinn fjallar um greiðslu húsaleigu og fyrirkomulag tryggginga í tengslum við leiguhúsnæði. Kaflinn nær til 32.–38. gr. og svarar til 51.–55. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Í 32. gr. frumvarpsins eru engar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Allar málsgreinar hennar eiga sér hliðstæðu í IX. kafla gildandi laga. Í greininni er skipað saman þeim atriðum og reglum sem rétt og eðlilegt þykir að standi saman í einni grein, en eru dreifð í fleiri greinum í ofangreindum kafla gildandi laga. Þá var eining leitast við að lagfæra orðalag á stöku stað og gera einstök atriði skýrari og ótvíræðari en í núgildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem ætlað er að stemma stigu við óhóflegum fyrirframgreiðslum á húsaleigu þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla. Er það gert með því að mæla fyrir um að samningur um fyrirframgreiðslu húsaleigu fyrir lengri tíma en þrjá mánuði, hafi þær afleiðingar eða réttaráhrif að leigjandi öðlist kröfu, að vísu skilyrta, um leigurétt í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir.

Hliðstætt ákvæði er í 51. gr. gildandi laga.

Meginbreytingin er sú að hér er lagt til að slíkar afleiðingar eigi aðeins við samninga um íbúðarhúsnæði en samningsfrelsi gildi óskorað að því leyti um annað húsnæði.

Þótt jafnvægi á leigumarkaðinum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað með rénandi verðbólgu og auknu framboði leiguhúsnæðis og samningsstaða leigjenda því styrkst þykir enn þörf á að vernda leigjendur með því að veita þeim lengri leigurétt eftir því sem þeir greiða meiri fyrirframgreiðslu. Ekki þykir fært að banna fyrirframgreiðslu eða setja henni frekari takmörk. Þannig ákvæði eru mjög tvíeggjuð og ef of langt er gengið er hætt við að slík ákvæði í lögum verði dauður og óvirkur bókstafur leigjendum til lítils skjóls.

Hins vegar er staða samningsaðila allt önnur þegar um annað húsnæði en til íbúðar er að ræða. Þá standa þeir tiltölulega jafnt að vígi og þykir því ekki ástæða til að hafa lengur ákvæði í lögum er stemmi stigu við fyrirframgreiðslu í þeim tilvikum.

Í 1. mgr. er ákvæði um þær lögfylgjur fyrirframgreiðslu sem áður er um rætt. Ekki þótti fært að banna fyrirframgreiðslu eða setja henni takmörk á svipaðan hátt og í 51. gr. núgildandi laga. Þykir vænlegra og raunhæfara að játa samningsfrelsinu í þessu efni og veita leigjanda sérstakan aukinn eða lengri leigurétt á grundvelli fyrirframgreiðslu um-

fram þrjá mánuði, þ.e. í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir.

Ákvæði 2. mgr. kveða á um að óheimilt sé að semja um fyrirframgreiðslu fyrir lengri tíma en einn mánuð ef leigjandi hefur reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 4. mgr. 51. gr. gildandi laga. Er tilgangur þess að hamla gegn því að leigjandi verði í senn bæði krafinn um fyrirframgreiðslu og tryggingarfé og samningurinn verði því úr hófi fjárhagslega íþyngjandi fyrir hann. Öðrum þræði er tilgangur ákvæðisins að stuðla að því að aðilar velji frekar skv. 1. mgr. 38. gr. aðra tryggingarkosti en tryggingarfé.

Samkvæmt 3. mgr. er réttur leigjanda til lengri eða framlengds leigutíma skilyrtur. Í fyrsta lagi þarf hann að setja fram skriflega kröfu innan tveggja mánaða frá því að greiðslan fór fram. Annars fellur rétturinn niður. Í öðru lagi getur leigusali komist hjá framlengingunni ef hann endurgreiðir leigu umfram þrjá mánuði, ásamt dráttarvöxtum frá greiðsludegi til endurgreiðsludags innan þess frests sem tiltekinn er í 3. mgr. Samkvæmt því á leigusali endurgreiðslurétt en hins vegar á leigjandi ekki endurkröfurétt á umsaminni fyrirframgreiðslu umfram þrjá mánuði skv. 1. mgr. Slíkan rétt á leigjandi aftur á móti vegna ofgreiddrar fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandi sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann tíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram fyrir meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði afnuminn og slík framlenging verði háð því að leigjandi krefjist hennar skriflega og leigusali kjósi ekki frekar þann kost að endurgreiða. Þykir þetta fyrirkomulag eðlilegra og sanngjarnara með tilliti til beggja aðila. Þá er lagt til að þessi réttur til framlengingar verði styttur úr fjórföldum þeim tíma, sem leigjandi greiddi fyrir, í þrefaldan.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli og eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum. Hér er tekið á óljósum og umdeildum atriðum.

Í 1. mgr. er fjallað um það þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að tefla í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og að frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Á þá skoðun verður ekki fallist. Viðskiptabréf eru ígildi peninga og almennt framsalshæf og geta gengið kaupum og sölum og þar með geta rofnað tengslin við leiguviðskiptin að baki þeim, leigjandi getur glatað mótbárum og rétti til að halda leigugreiðslum eftir og til að skuldajafna vegna hugsanlegra vanefnda leigusala. Því er slegið föstu hér að sé leiga greidd með þessum hætti teljist það fyrirframgreiðsla í skilningi 33. gr. frumvarpsins.

Sú regla, sem lagt er til að lögfest verði í 2. mgr., er í samræmi við það sem almennt er talið gilda í kröfu- og kauparétti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 35. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 53. gr. núgildandi laga.

Um 36. gr.

Hér er kveðið á um að samningsfrelsi gildi um fjárhæð húsaleigu. Þó er áréttað að það frelsi sé þeim takmörkunum háð að leigan skuli jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Þótt hér sé um nýmæli að ræða þá gilda þessar reglur óskráðar, en rétt þykir að svo mikilvægar grundvallarreglur komi fram berum orðum í lögum.

Hvenær leigufjárhæð telst vera eðlileg og sanngjörn og hvenær ekki hlýtur alltaf að fara mjög eftir staðháttum og atvikum og ástandi á leigumarkaði á hverjum tíma.

Meginviðmiðunin er því markaðsleiga sambærilegs húsnæðis. Af öðrum atriðum, sem hafa ber hliðsjón af, má nefna:

1. Almennan húsnæðiskostnað, þar með talinn vaxtakostnað, skatta og gjöld.
2. Staðsetningu, gerð og ástand leiguhúsnæðis.
3. Endurbætur, breytingar og viðhald sem hvor aðila tekur að sér.
4. Leigutíma og fyrirframgreidda leigu.
5. Aðrar sérstakar samningsskyldur og réttindi sem eðlilegt er að hafi áhrif á leigufjárhæðina.

Um 37. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu leigjanda til að setja leigusala tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningi, ef leigusali krefst þess. Um form tryggingar eru ákvæði í 38. gr. Þessi grein þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 38. gr.

Ákvæði um tryggingarfé eru í 55. gr. núgildandi laga, en þar er hins vegar ekki kveðið á um önnur form tryggingar. Það ákvæði hefur þótt stirt í vöfum og hefur því þetta úrræði verið lítið notað og alls ekki orðið sú réttarbót sem að var stefnt.

Þróunin hefur orðið á þann veg að annars konar tryggingarform en tryggingarfé hafa orðið æ algengari og náð almennri útbreiðslu í leiguviðskiptum. Er því sú leið farin að hverfa frá einskorðun við tryggingarfé og er lagt til að lögfest verði frelsi aðila til að semja um aðra kosti sem venjan hefur að sínu leyti helgað.

Í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru þeir kostir nefndir sem æskilegastir eru taldir og vænst er að algengastir verði þegar fram í sækir. Ekki þótti þó fært að hafa þessa kosti tæmandi talda og er því aðilum, skv. 5. tölul., heimilt að semja um annars konar tryggingu. Gildir því samningsfrelsið að þessu leyti. Nú um stundir er algengt að tryggingar séu í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa skuldabréfa og jafnvel óútfylltra tékka. Þannig tryggingar geta haft í för með sér verulegt óhagræði og óöryggi fyrir leigjanda vegna viðskiptabréfaeðlis slíkra skjala og eru auk þess ekki alls kostar samrýmanlegar ýmsum ákvæðum frumvarpsins er varða gagnkvæmni réttinda og skyldna aðila. Kom því vel til álita að banna þannig tryggingar og einskorða tryggingar við þá tryggingarkosti sem taldir eru upp í 1.–4. tölul. Er þess eindregið vænst að aðilar velji einhvern þeirra enda eiga hagsmunir leigusala að vera nægilega tryggðir með því. Hins vegar þóttu ekki nægilega sterk rök til að takmarka samningsfrelsið og banna tryggingar í formi slíkra viðskiptabréfa sem áður var getið. Slíkar takmarkanir á samningsfrelsinu eru jafnan tvíeggjaðar og illmögulegt að framfylgja þannig banni. Því þykir vænlegra, fremur en að beita banni, að hvetja aðila til að velja fremur aðrar tryggingar þar sem hagsmunum beggja er borgið.

Í 4. tölul. 1. mgr. er fjallað um tryggingarfé og er það hliðstætt 55. gr. núgildandi laga, en þó er lögð til sú meginbreyting að gert er ráð fyrir því að leigusali varðveiti tryggingarfé sjálfur og að það skuli vera vaxtalaust en verðtryggt. Ekki er tiltekið í hvaða formi verðtryggingin skuli vera og er gert ráð fyrir að aðilar geti samið um slíkt. Eðlilegt má telja að annaðhvort sé miðað við lánskjaravísitölu eða byggingarvísitölu. Þessar breytingar eru til einföldunar. Búast má við að aðrir tryggingarkostir verði eftir sem áður frekar fyrir valinu en tryggingarfé. Þeir eru fýsilegri fyrir leigjendur að því leyti að þeir þurfa ekki að þýða bein fjárútlát fyrir þá. Fyrir leigusala ætti einnig að vera æski-

legra að velja aðra kosti en tryggingarfé, því fjárhæð þess má hæst aðeins nema sem svarar þriggja mánaða leigu en fjárhæð annars konar tryggingar er samkomulagsatriði og ekki bundin hámarki, sbr. 2. mgr. Þá takmarkar tryggingarfé einnig þá fyrirframgreiðslu, sem semja má um, við eins mánaðar leigu, sbr. 2. mgr. 33. gr.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir því að leigusali eigi val um það í hvaða formi trygging sé. Er það eðlileg og sanngjörn tilhögun. Það eru hagsmunir hans og verðmæti sem í húfi eru og tryggja á. Valfrelsi leigjanda í þessu efni væri öldungis óraunhæft, því ef leigusali sættir sig ekki við þá tryggingu sem leigjandi velur eða býður þá er honum í sjálfsvald sett að ganga ekki til samninga við hann.

Í 4. mgr. er kveðið á um gildistíma trygginga eða ábyrgða skv. 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. og í 5. mgr. eru ákvæði sem ætlað er að tryggja sanngjarna og eðlilega hagsmuni ábyrgðar- og tryggingaraðila ef vanefndir verða, þannig að þeir geti strax og ástæða og tilefni er til gripið inn í og gert ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til gæslu hagsmuna sinna og til að takmarka tjón sitt. Að öðru leyti þarfnast málsgreinar þessar ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli fjallar um aðgang leigusala að leigðu húsnæði. Hér eru ákvæði síðari hluta 47. gr. laga nr. 44/1979, er fjalla um aðgang leigusala að leigðu húsnæði, gerð að sérstökum kafla.

Um 39. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 3. og 4. mgr. 47. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er að finna það nýmæli að skýrt er nú kveðið á um það að leigusala sé óheimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi er ekki viðstaddur nema að leigjandinn veiti samþykki til þess.

Í 2. mgr. er lagt til að sá tími er leigusali hefur rétt til þess að sýna hið leigða húsnæði væntanlegum leigjendum eða kaupendum sé lengdur úr þremur mánuðum í sex mánuði. Þá er lagt til að leigusala sé skylt að tilkynna slíka heimsókn með eins sólarhrings fyrirvara, en í gildandi lögum er einungis rætt um „hæfilegan fyrirvara“. Loks er er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði þar sem aðilum er heimilað að semja sérstaklega um annað fyrirkomulag hvað þetta varðar.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla, sem nær yfir 40.– 48.gr. (56.–62. gr. laga nr. 44/1979), er fjallað um sölu leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleigu o. fl. Kaflinn svarar að meginhluta til X. kafla gildandi laga, „Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o.fl.“ Kaflinn er óbreyttur frá hliðstæðum kafla í gildandi lögum að því undanskildu að 40. og 41. gr., er fjalla um sölu leiguhúsnæðis, eru nýmæli.

Um 40. gr.

Grein þessi á sér ekki fyrirmynd eða hliðstæðu í núgildandi lögum. Hún hefur að geyma viðurkenndar en óskráðar meginreglur um réttarstöðu aðila leigusamnings og kaupanda leiguhúsnæðis þegar eigendaskipti verða að því. Þessar reglur hafa verið taldar gilda sem ólögfestar meginreglur og sjónarmið í kaupa-, kröfu- og eignarrétti, en rétt þykir og haganlegt til glöggvunar og fyllingar að mæla með því að þær verði lögfestar.

Þessi grein þarfnast ekki frekari skýringa að öðru leyti en því að tekið skal fram að

frá þeirri meginreglu, sem um getur í 4. mgr., geta verið undantekningar þegar leigusamningi hefur ekki verið þinglýst í þeim tilvikum þegar þess var þörf eða það nauðsynlegt samkvæmt ákvæðum 12. gr. frumvarpsins, eða ákvæðum þinglýsingalaga. Þá geta traustfangsreglur og þinglýsingareglur leitt til þess að tiltekin réttindi glatist eða verði að þoka fyrir rétti kaupanda.

Um 41. gr.

Hér er einnig um nýmæli að tefla. Í ákvæðinu er sú skylda lögð á seljanda leiguhúsnæðis, leigusala, að tilkynna leigjanda um söluna og þau atriði varðandi hana sem snerta hann og hans hagsmuni. Ákvæði þetta er sjálfsagt og eðlilegt og til þess fallið að koma í veg fyrir og eyða óvissu sem oft vill verða við eigendaskipti á leiguhúsnæði.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Þessi grein er samhljóða 57. gr. gildandi laga að því frátöldu að ákvæði eldri laga um fardaga hefur verið fellt brott.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 58. gr. laga nr. 44/1979.

Um 45. gr.

Þessi grein er samhljóða 59. gr. gildandi laga. Hér er verið að vísa til 60. gr. laga nr. 60/1972, sbr. 13. gr. laga nr. 29/1992.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. gildandi laga.

Um 47 gr.

Greinin er samhljóða 61. gr. laga nr. 44/1979.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. laga nr. 44/1979.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um forgangsrétt leigjenda íbúðarhúsnæðis til áframhaldandi leigu að leigutímanum loknum. Kaflinn hefur að geyma fjórar greinar, 49.–52. gr.

Í kaflanum eru lagðar til grundvallarbreytingar frá gildandi lögum, en um forgangsrétt leigjenda er fjallað í 8. gr. þeirra. Samkvæmt þeirri grein gildir forgangsréttur leigjenda aðeins að loknum tímabundnum leigusamningi, en hér er lagt til að forgangsréttturinn verði aukinn að því leyti að hann gildi einnig um ótímabundna leigusamninga.

Á því er byggt sem meginreglu að leigjandi skuli eiga forgangsrétt að því íbúðarhúsnæði sem hann hefur haft á leigu ef húsnæðið er á annað borð falt til leigu áfram í a.m.k. eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum getur hins vegar til þess komið að forgangsrétturinn verði virkur þótt húsnæðið sé alls ekki falt til leigu. Það er ekki alls kostar eðlilegt og sanngjarnt í garð leigusala og það er tvíeggjað fyrir leigjanda að öðlast slíkan rétt í

mikilli óþökk leigusala eins og mörg dæmi sanna. Er leitast við að taka í þessu efni sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila. Samkvæmt því eru lagðar til ýmsar undantekningar frá forgangsréttinum sem að sumu leyti eru víðtækari en að öðru leyti þrengri en ákvæði núgildandi laga.

Lagt er til að sú kvöð verði lögð á leigjanda að hann tilkynni leigusala með formlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en samningur rennur út að hann hyggist nota sér forgangsrétt sinn. Að öðrum kosti falli rétturinn niður. Samkvæmt því er rétturinn ekki sjálfgefinn heldur verður leigjandinn að gæta hans og hafa frumkvæðið að því að gera hann virkan. Verður að telja það sanngjarna og eðlilega tilhögun.

Þá eru lögð til ítarlegri og að sumu leyti önnur ákvæði um skilmála framlengds leigusamnings á grundvelli forgangsréttar en þau sem er að finna í 8. gr. núgildandi laga.

Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um bótarétt leigjanda ef leigusali hefur brotið gegn ákvæðum um forgangsrétt hans. Þykir nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði til að tryggja forgangsréttinn og verja hann og skapa varnað gegn því að hann verði hafður af leigjendum með málamyndagerningum eða á annan ólögmætan hátt.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að leigjandi íbúðarhúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess að leigutímanum loknum ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Um skýringar á þessum málsgreinum vísast til þess sem segir hér að framan.

Í 2. mgr. eru talin upp í 11. tölul. þau tilvik þegar og þar sem forgangsrétturinn gildir ekki. Þar sem hér er um undantekningar frá meginreglunni í 1. og 2. mgr. að ræða ber að túlka þessa málsgrein þröngt. Undartekningar þessar eru gerðar til að koma til móts við þá hagsmuni leigusala sem nauðsynlegt, eðlilegt eða sanngjarnt er að virtir séu þegar eignaréttur hans og ráðstöfunarréttur sætir slíkum takmörkunum sem forgangsréttur leigjanda felur í sér. Undantekningar eru það skýrar og ljósar að ekki þykir sérstök þörf eða ástæða til sérstakra skýringa eða umfjöllunar um einstaka töluliði. Þeir skýra sig sjálfir.

Um 50. gr.

Um skýringu á 1. mgr. vísast til þess sem segir hér að ofan í almennum athugasemdum við kaflann.

Í 2. mgr. segir hvernig leigusali skuli bregðast við kröfu leigjanda á grundvelli forgangsréttar skv. 1. mgr. Er það meginregla að hann skuli tilkynna leigjanda það skriflega og með rökstuddum hætti innan 14 daga ef hann telur að forgangsrétturinn sé ekki fyrir hendi. Að öðrum kosti telst hann una forgangsréttinum. Það er þó ekki fortakslaust, því ef atvik og aðstæður eru með þeim hætti að leigjanda megi vera það berlega ljóst að forgangsrétturinn komi ekki til greina, þá er sérstök greinargerð og skrifleg tilkynning að hálfu leigusala talin óþörf. Það mundi t.d. eiga við ef slíkt kemur fram í leigusamningi, er ljóst af atvikum og aðstæðum eða ef greint hefur verið frá slíkum atvikum í skriflegri uppsögn samnings, sbr. 53. gr.

Um 51. gr.

Í grein þessari eru ákvæði er lúta að skilmálum framlengds eða endurnýjaðs leigusamnings á grundvelli forgangsréttar.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga skulu skilmálar framlengds leigusamnings almennt vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi, m.a. um fjárhæð húsaleigu.

Lagt er til að svipaðar reglur gildi áfram, en þó þannig að svigrúm til breytinga og leiðréttinga á leigukjörum verði aukið innan sanngjarnra og eðlilegra marka.

Samkvæmt 1. mgr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Má um það vísa til athugasemda við 36. gr. frumvarpsins. Þannig er báðum aðilum heimilt að krefjast leiðréttingar á leigufjárhæð ef hún er samkvæmt upphaflegum leigusamningi hærri eða lægri en sanngjarnt og eðlilegt má telja við upphaf hins endurnýjaða samnings.

Þó er tekið fram í 1. mgr. að líkur séu fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gilti, sé sanngjörn þannig að sá sem vefengir að svo sé verður að sýna fram á að svo sé ekki.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að aðrir skilmálar, sem leigusali setur, skuli gilda nema þeir séu ósanngjarnir eða andstæðir góðum venjum í leiguviðskiptum. Þessi málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er svo áréttuð sú regla sem gildir skv. 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga að skilmálar skuli annars vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi og þarfnast hún heldur ekki skýringa.

Um 52. gr.

Forgangsréttur sá, sem leigjanda er fenginn samkvæmt frumvarpi þessu, er nokkuð viðkvæmur og berskjaldaður og hætt er við því að hann mundi oftar en ekki reynast meira virði í orði en á borði ef ekki væru gerðar ráðstafanir til að vernda hann og tryggja með einhverjum hætti.

Þótt komið sé til móts við hagsmuni leigusala og þeir ættu að vera vel tryggðir með þeim víðtæku undantekningum frá forgangsréttinum sem lagðar eru til þá kann af ýmsum ástæðum að vera mikil freisting fyrir leigusala að komast fram hjá forgangsrétti leigjanda með málamyndagerningum eða á annan hátt.

Forgangsrétturinn hefur í för með sér takmarkanir á eignarráðum leigusala og ráðstöfunarrétti og er þar af leiðandi mörgum þyrnir í augum. Einnig bjóða undantekningar frá forgangsréttinum í sjálfu sér heim hættunni á málamyndagerningum.

Það þykir því nauðsynlegt að slá skjaldborg um forgangsréttinn og vernda hann gegn því að leigusalar freistist til þess að fara á svig við lögin að því leyti og hafa hann af leigjendum með ólögmætum hætti.

Framangreind sjónarmið og rök búa að baki ákvæðum 52. gr. sem kveða á um rétt leigjanda til skaðabóta úr hendi leigusala ef hann hefur orðið til þess að leigjandi glataði forgangsrétti sínum með þeim hætti sem nánar er lýst í ákvæðinu.

Um fjárhæð bóta fer eftir atvikum og gilda almennar reglur í því efni sem m.a. fela það í sér að leigjandi, sem bóta krefst á þessum grundvelli, verður að sanna og sýna fram á fjártjón sitt. Ljóst er að í mörgum tilvikum mun verða erfitt fyrir leigjanda að sanna tjón sitt og dregur það nokkuð úr virkni og varnaði þessarar bótareglu. Kom til álita að styrkja regluna og auðvelda leigjanda málsókn með því að ákvarða staðlaðar bætur sem leigjandi gæti jafnan krafist án sérstakrar sönnunar. Slíkar bætur heyra til algerra undantekninga í íslenskum rétti og þóttu ekki nægilega ríkar ástæður til að lögfesta þær í þessu tilviki.

Í 2. mgr. er lagt til að í gildi verði fyrningarfrestur á bótakröfu leigjanda. Hann verður að setja kröfu sína fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum. Það þykir nauðsynlegt að tímabinda þennan bótarétt og sex mánuðir eru í senn hæfilegur og nægilegur frestur. Það er í sjálfu sér ekki skilyrði að leigjandi lýsi kröfu

sinni skriflega, en það er þó öruggast þar sem það á að gera með sannanlegum hætti og leigjandinn ber sönnunarbyrðina í því efni. Sex mánaða fyrningarfresturinn gildir ekki ef leigusali hefur beitt svikum. Er það í samræmi við almennar reglur í kröfu- og kauprétti. Í þeim tilvikum mundu gilda almennar reglur um fyrningu.

Um XI. kafla.

XI. kafli, „Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.“, 53.–58. gr., svarar til III. kafla laga nr. 44/1979, 12.–18. gr., „Uppsögn leigumála — leigufardagar“.

Meginbreytingin sem lögð er til í þessum kafla er sú að afnema skuli 15. gr. gildandi laga, þar sem nú er að finna ákvæði um fardaga íbúðarhúsnæðis. Það er álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að meiri þörf sé á að binda flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga vor og haust heldur en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er. Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjanda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þó oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög í óþökk leigusala. Þó eru einnig ýmis dæmi um það að leigjendur séu í krafti fardagaákvæðanna krafðir um leigugreiðslu eftir að þeir hafa flutt úr húsnæðinu. Af þessum sökum er lagt til að fardagaákvæðin verði afnumin, jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir. Þá er einnig á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjenda, sem felst í X. kafla frumvarpsins, mundi draga verulega úr gildi þeirrar leigutímalengingar sem leitt getur af núverandi ákvæðum um leigufardaga.

Loks hefur síðasta grein kaflans, þ.e. 18. gr. laga nr. 44/1979, verið felld niður, þar sem ástæðulaust má telja að tiltaka slíkar heimildir sérstaklega í húsaleigulögum þar sem þær eru fyrir hendi í lögum nr. 90/1989, um aðför, kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Greinin svarar til 13. gr. gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu eru gerðar talsverðar breytingar á þessari grein.

Lagt er til í 2. tölul. að uppsagnarfrestur íbúðarhúsnæðis af beggja hálfu sé ætíð sex mánuðir þar til leigutími hefur náð fimm árum. Eftir það verði uppsagnarfrestur eitt ár af hálfu leigjanda. Lenging uppsagnarfrests af hálfu leigjanda úr þremur mánuðum í sex á fyrsta ári leigutímans þykir sanngjörn með tilliti til afnáms fardagaákvæðis gildandi laga.

Þá er 3. tölul., er fjallar um uppsagnarfrest atvinnuhúsnæðis, verulega breyttur. Lagt er til að hann verði að beggja hálfu sex mánuðir fyrstu fimm ár leigutímans, því næst níu mánuðir næstu fimm ár leigutímans og loks eitt ár eftir tíu ára samfelldan leigutíma atvinnuhúsnæðis.

Um 55. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga.

1. mgr. er breytt að því er tekur til þess að brottnám ákvæða um fardaga gera skiptingu í íbúðarhúsnæði og annað húsnæði óþarfa.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir því að þegar lengd uppsagnarfrests skv. 13. gr. ræðst af

leigutíma sé miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögnin er send leigjanda.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um lok tímabundins leigusamnings og er hér um að ræða veigamiklar breytingar frá 16. gr. gildandi laga. Þannig er tiltekið í 1. mgr. að tímabundnum leigusamningi ljúki án sérstakrar tilkynningar og því öll ákvæði gildandi laga um gagnkvæma tilkynningarskyldu aðila afnumin.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim nýja möguleika að aðili geti hvor um sig sagt upp tímabundnum leigusamningi vegna mjög sérstakra ástæðna, eins og t.d. brottflutnings annars aðilans eða andláts hans.

Um 57. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema að sá eins mánaðar frestur, sem nú greinir í lögum, er lengdur í tvo mánuði.

Um XII. kafla.

Undir XII. kafla falla 58.–60. gr. Í kaflanum er að finna ákvæði um riftun leigusamnings. Kaflinn svarar til IV. kafla, „Riftun leigumála“, í gildandi lögum, þ.e. 19.–22. gr. Þess skal getið að síðasta grein kaflans, þ.e. 23. gr. laga nr. 44/1979, hefur verið felld niður, sbr. 73. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 58. gr.

Í þessari grein er að finna verulegar viðbætur miðað við 19. gr. gildandi laga.

Í 2. tölul. 1. mgr. breytist orðalagið „ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins“ í: ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Þykir þetta orðalag heppilegra.

Þá er 4. tölul. nýmæli. Þar er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti haft í för með sér riftun af hálfu leigjanda.

5. tölul. er samhljóða 4. tölul. gildandi laga.

Lagt er til að nýr 6. tölul. bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjanda ef heimilisfriður hans raskast verulega af völdum annarra aðila er afnot hafa af sama húsi.

Í nýjum 7. tölul. er lagt til að leigjandi hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða eða ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildarleysi, ellegar gerist sekur um refsivert athæfi eða persónulega meingerð gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.

8. tölul., sem einnig er nýmæli, tekur á almennan hátt til hugsanlegra vanefnda á leigusamningi af hálfu leigusala. Þessi töluliður er hliðstæða 9. tölul. 20. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er að finna þá nýjung að gert ráð fyrir því að réttur leigjenda til riftunar leigusamnings vegna vanefnda leigusala falli niður tveimur mánuðum eftir að leigjandanum varð kunnugt um slíkar vanefndir leigusala.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um það nýmæli að um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fari eftir almennum reglum kröfuréttar.

Um 59. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar þessarar greinar eru mikið til samhljóða 20. gr. gildandi laga. Þó er um að ræða breytingu í 1. mgr. þar sem síðari hluti þeirrar málsgreinar hefur verið felldur niður.

Þá er því atriði bætt við 4. tölul. 2. mgr. að framsal leiguréttar geti haft í för með sér riftunarheimild af hálfu leigusala á sama hátt og misnotkun leigjanda á framleiguheimild sinni. Þá er lagt til að við bætist nýr tölul., 9. tölul., þess efnis að það varði riftun ef leigjandi atvinnuhúsnæðis vanrækir að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri. Við þetta flyst fyrri 9. tölul. til og verður 10. tölul.

3. mgr. svarar til 22. gr. gildandi laga og er óbreytt frá henni að því undanskildu að frestur sá, sem þar er greindur, er lengdur úr einum mánuði í tvo mánuði.

Um 60. gr.

Hér er einungis um þá breytingu að ræða frá 21. gr. gildandi laga að greiðsluskylda leigjanda, sem búið hefur við ótímabundinn samning, miðast nú við lok leigutímans samkvæmt uppsagnarfresti í stað viðmiðunar við fardaga í gildandi lögum.

Um XIII. kafla.

Þessi kafli, er fjallar um skil leiguhúsnæðis, nær til 61.–66. gr. Kaflinn svarar til hluta V. kafla gildandi laga, „Afhending og skil leiguhúsnæðis“, þ.e. 28.–31. gr., svo og 35. gr. Lagt er til að 32. gr. gildandi laga falli niður og greinar er svara til 33. og 34. gr. flytjist í næsta kafla, XIV. kafla, „Úttekt leiguhúsnæðis“.

Um 61. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 62. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga að því undanskildu að frestir þeir til 14 daga, sem tilgreindir eru í 1. mgr. og sömuleiðis í 2. mgr., eru í báðum tilvikum lengdir í tvo mánuði.

Um 63. gr.

Greinin er óbreytt frá 35. gr. gildandi laga nema að lagt er til að orðið byggingarfulltrúi komi í stað orðsins „úttektarmaður“ og hinn tilgreindi eins mánaðar frestur lengist í tveggja mánaða frest.

Um 64. gr.

Greinin er nær samhljóða 30. gr. gildandi laga, einungis hefur bæst við tilvísun í 27. gr. sem er ný grein er tekur til sama efnisatriðis.

Um 65. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 66. gr.

Þessi grein er ný. Hér er lagt til að leigjanda sé gert skylt, áður en hann flytur úr húsnæðinu, að gefa leigusala upp heimilisfang þar sem koma má tilkynningum til leigjanda.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli, „Úttekt leiguhúsnæðið“, sem nær yfir 67.–70. gr., svarar til XI. kafla gildandi laga, „Úttektarmenn“, 63.–67. gr., svo og 33. og 34. gr. gildandi laga.

Um 67. gr.

Í greininni, er kemur í stað 63., 64. og 66. gr. gildandi laga, er skilgreint hlutverk byggingarfulltrúa við úttekt leiguhúsnæðis. Reynsla er talin hafa sýnt að ákvæði gildandi laga um úttektarmenn hafi aldrei náð að gegna að fullu því hlutverki sem þeim er ætlað í lögunum. Talið er vænlegra að aðilar, sem nú þegar eru til staðar í öllum sveitarfélögum, þ.e. byggingarfulltrúarnir, taki að sér störf við úttektir á leiguhúsnæði. Þá er sveitarstjórn heimilað að taka gjald fyrir þessa þjónustu byggingarfulltrúa.

Um 68. gr.

Greinin er óbreytt frá 67. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“, kemur: byggingarfulltrúi.

Um 69. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“ kemur: byggingarfulltrúi.

Um 70. gr.

Greinin er óbreytt frá 34. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“ kemur: byggingarfulltrúi.

Um XV. kafla.

Þessi kafli fjallar um leigumiðlun. Kaflinn tekur til 71.–80. gr. sem svara til 68.–75. gr. gildandi laga og sama kafla. Kaflinn er að allmiklu leyti endurskoðaður og ákvæði fyllri en áður.

Um 71. gr.

Sú breyting er lögð til í þessari grein frumvarpsins að félagsmálaráðherra veiti leyfi til leigumiðlunar í stað lögreglustjóra í núgildandi lögum. Talið er eðlilegra að hafa þennan hátt á, m.a. með hliðsjón af því að þessi málaflokkur heyrir undir valdsvið félagsmálaráðuneytis, sbr. staflið B í 4. tölul. reglugerðar nr. 96/1969.

Um 72. gr.

Í þessari grein er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um 3. og 4. tölul. 1. mgr., þar á meðal um form og fjárhæð tryggingar, en í því sambandi ber að hafa í huga eðli og umfang starfa leigumiðlara.

Þá er lagt til að félagsmálaráðuneytið birti auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlara svo og sviptingu leyfis, m.a. til þess að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Um 73. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði sem er að finna í 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að löggiltir fasteignasalar og lögmenn þurfi að setja sérstaka tryggingu.

Um 74. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum núgildandi 77. gr., en hnykkt er á því að leigumiðlari skuli ætíð vanda sem best gerð leigusamnings, enda ber hann ábyrgð á því að leigusamningur sé gerður í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 75. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að heimta þóknun úr hendi leigusala fyrir gerð leigusamnings, en hins vegar óheimilt að krefjast þóknunar úr hendi leigjanda. Ákvæði sem þetta er að finna í núgildandi lagaákvæðum.

Um 76. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum um sama efni. Vakin er þó athygli á því að í 80. gr. frumvarpsins er lagt til að félagsmálaráðuneytið setji reglugerð sem m.a. hafi að geyma leiðbeiningarreglur um hvernig gjaldtöku leigumiðlara skuli hagað.

Þá er gerð sú eðlilega krafa að umboð til handa leigumiðlara skuli vera undirritað af vottum, en ákvæði um slíkt er ekki í núgildandi ákvæði.

Um 77. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lagaákvæði.

Um 78. gr.

Í 3. mgr. þessarar greinar er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um að leigumiðlara sé skylt að veita félagsmálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína ef þess gerist þörf. Þessu ákvæði er m.a. ætlað að tryggja að unnt verði fyrir félagsmálaráðuneytið að fylgjast með því að starfsemi leigumiðlara fari fram lögum samkvæmt.

Um 79. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til sú breyting að í stað lögreglustjóra, eins og nú háttar til, þá verði það í verkahring félagsmálaráðherra að svipta leigumiðlara útgefnu leyfisbréfi ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi. Þegar svipting hefur átt sér stað ber leigumiðlara að hætta starfsemi sinni sem slíkur. Sinni hann því ekki ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að ljá atbeina sinn og stöðva starfsemina og innsigla hana láti leigumiðlari ekki af starfanum.

Um 80. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð sem feli í sér nánari ákvæði um leigumiðlun og þá sérstaklega hvað varðar ákvæði 3. og 4. tölul. 72. gr. og enn fremur ákvæði 74. og 75. gr. frumvarpsins.

Um XVI. kafla.

Þessi kafli, „Húsnæðisnefndir“, svarar til XIII. kafla, 76. gr., gildandi laga, „Húsaleigunefndir“.

Um 81. gr.

Lagt er til húsnæðisnefndir sveitarfélaganna taki við hlutverki því sem húsaleigunefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum, en einnig er í XVIII. kafla frumvarpsins gert er ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsaleigunefndirnar. Reynslan hefur sýnt að ákvæðið um húsaleigunefndir sveitarfélaganna hefur aðeins verið virkt í tiltölulega fáum sveitarfélögum. Þá er á það að líta að með lögum nr. 70/1990 er kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna.

Um XVII. kafla.

Þessi kafli, sem ber yfirskriftina „Kærunefnd húsaleigumála“, er nýmæli. Komið hefur í ljós á undanförnum árum að mikil þörf er fyrir að aðilar leigusamnings geti snúið sér til einhvers óháðs stjórnvalds vegna ágreinings sem rísa kann þeirra í milli vegna ákvæða í leigusamningi. Í þessum kafla er gert ráð fyrir stofnun sérstakrar kærunefndar húsaleigumála sem aðilar leigusamnings geti snúið sér til telji þeir á rétt sinn hallað við gerð leigusamnings eða framkvæmd hans.

Um 82. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um skipun kærunefndar húsaleigumála. Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefndina til þriggja ára í senn og að nefndarmenn séu lögfræðingar. Gert er ráð fyrir að Húseigendafélagið og Leigjendasamtökin tilnefni sinn fulltrúa hvort og að félagsmálaráðherra skipi þann þriðja án tilnefningar, sem jafnframt skuli vera formaður. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að kostnaður af störfum kærunefndarinnar skuli greiðast úr ríkissjóði.

Um 83. gr.

Hér er hlutverki og starfsháttum kærunefndar húsaleigumála lýst.

Í 1. mgr. segir að beiðni til kærunefndar skuli vera skrifleg og þar koma skýrt fram hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Sú óskráða regla hefur verið talin gilda í íslenskum rétti að málsaðili skuli jafnan eiga kost á að láta í ljós álit sitt á efni máls áður en stjórnvald ræður því til lykta ef ákvörðun getur verið íþyngjandi. Því er í 2. mgr. kveðið á um að kærunefnd húsaleigumála skuli gefa gagnaðila kost á að tjá sig um ágreiningsefnið og að heimilt sé að óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar.

Loks eru í 3. mgr. ákvæði um að kærunefndin skuli, telji hún að ákvæði laga hafi verið brotin, kveða upp rökstuddan úrskurð innan tveggja mánaða frá því að beiðni barst, ellegar vísa málinu frá á rökstuddan hátt. Þá er lagt til að úrskurðir nefndarinnar teljist fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar og að aðili verði að leita til dómstóla vilji hann ekki sætta sig við niðurstöður kærunefndar húsaleigumála.

Um XVIII kafla.

Kaflinn, sem inniheldur 84. gr. frumvarpsins, ber yfirskriftina „Kynning laganna o.fl.“

og svarar til samnefnds XVI. kafla, 78. gr., gildandi laga. Hér er að finna ákvæði þess efnis að Húsnæðisstofnun ríkisins skuli annast kynningu á væntanlegum lögum og reglugerðum samkvæmt þeim og að stofnunin skuli fylgjast með þróun og ástandi leigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Loks er í 3. mgr. að finna heimildarákvæði þess efnis að félagsmálaráðherra geti sett sérstaka reglugerð um framkvæmd væntanlegra laga.

Um XIX kafla.

Kaflinn, sem inniheldur lokagrein frumvarpsins, 85. gr., svarar til hliðstæðs XVII. kafla og 80. gr. í gildandi lögum. Hér er lagt til að að ákvæði frumvarpsins taki gildi 1. júní 1993. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku væntanlegra laga svo tími gefist til sem rækilegastrar kynningar þeirra og sem bests undirbúnings þeirra aðila sem sem lögin varða. Þá er lagt til að mælt sé fyrir um það að aðilum beri fyrir 1. september 1993 að endurskoða samninga sína til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til húsaleigulaga.

Verði þetta frumvarp að lögum falla úr gildi lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Þetta er endurflutt frumvarp frá síðasta þingi en með nokkrum breytingum. Það er upphaflega samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 1990 og hafði m.a. það hlutverk að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga er varða tryggingarfé, tilkynningarskyldu, sérákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir og úttektarmenn í samræmi við ákvæði um húsnæðisnefndir í lögum nr. 70/1990, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana til að annast samskipti leigusala og leigjenda.

Helstu breytingar, sem leiðir af lagasetningunni, eru raktar í inngangi að athugasemdum við frumvarpið, en þær breytingar, sem gætu skipt máli í sambandi við kostnað, væru helst þessar:

Kærunefnd húsaleigumála sem aðilar húsaleigusamninga geta snúið sér til finnist þeim á sig hallað við gerð eða framkvæmd leigusamnings. Nefndin er skipuð þremur lögfræðingum. Félagsmálaráðherra skipar hana til þriggja ára í senn og greiðist kostnaður úr ríkissjóði. Ekki er unnt á þessu stigi að segja til um hve mikil verkefni þessarar nefndar kunna að verða og þar með kostnaður við hana, sem gæti ef til vill orðið um 1 m.kr. á ári, en auk fundahalda þarf hún að kanna álit gagnaðila og kveða upp rökstuddan úrskurð.

Umsjón með gerð eyðublaða flyst frá félagsmálaráðuneyti til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er henni heimilt að taka gjald fyrir, sjá 4. gr., og í núgildandi lögum frá 1979, sjá 4. gr., hefur félagsmálaráðuneytið þessa heimild, en mun ekki hafa notað hana. Hér er um smáar fjárhæðir að ræða eða u.þ.b. 100 þús. kr. á ári sem falla niður.

Það er nýmæli í 71. gr. frumvarpsins að félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til

leigumiðlara í stað lögreglustjóra í núgildandi lögum. Leyfishafi greiðir gjald fyrir í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og er það áþekkt ákvæði og er í núgildandi lögum, sjá 69. gr.

361. Lög [10. mál]

um húsgöngu- og fjarsölu.

(Afgreidd frá Alþingi 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 346.

362. Lög [41. mál]

um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

(Afgreidd frá Alþingi 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 347.

363. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um breyt. á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Eirík Guðnason, aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en væntir þess jafnframt að Seðlabanki Íslands taki í kjölfarið nýja ákvörðun um lækkun dráttarvaxta sem taki gildi 1. desember nk. Þá tekur nefndin fram að hún telur mikilvægt að vextir lækki almennt.

Halldór Ásgrímsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. Guðjón Guðmundsson. Guðmundur H. Garðarsson.

Einar K. Guðfinnsson. Sigbjörn Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Bréf Eiríks Guðnasonar til nefndarinnar um ákvörðun um dráttarvexti í desember nk.
(26. nóvember 1992.)

Eins og rætt var á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í morgun hef ég kannað möguleika þess að taka upp ákvörðun um dráttarvexti frá 1. desember nk.

Niðurstaðan er sú að verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum í dag muni Seðlabankinn endurskoða fyrri ákvörðun um dráttarvexti sem gildi taka 1. desember nk. og að þeir verði þá ákveðnir 16–16,5% í stað 18,25% samkvæmt fyrri ákvörðun og í stað 18,5% sem þeir eru nú. Tæknilega mun vera unnt að framkvæma þetta, þó því aðeins að frumvarpið verði að lögum í dag eins og áður sagði.

364. Fyrirspurn [270. mál]

til menntamálaráðherra um flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga.

Frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur.

Hvernig hyggst ráðherra hafa eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga ef sveitarfélögin taka alfarið við rekstri grunnskólans?

365. Fyrirspurn [271. mál]

til menntamálaráðherra um Námsgagnastofnun.

Frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Svavari Gestssyni.

1. Hvaða fagleg rök eru fyrir því að skera framlög til Námsgagnastofnunar niður umfram aðrar stofnanir á næsta ári?
2. Hvernig rökstyður ráðherra þá fullyrðingu sína að Skólavörubúðin sé „bara ritfangaverslun“?
3. Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að lögð verði námsbókagjöld á nemendur í grunnskólum eða að afla tekna vegna námsbókaútgáfu með öðrum hætti?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að „einkavæða“ útgáfu námsbóka handa grunnskólanum?

366. Lög [263. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

(Afgreidd frá Alþingi 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 352.

367. Nefndarálit [190. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árið 1992.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið á fund sinn Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson, forstöðumann tæknisviðs Vegagerðar ríkisins. Nefndin er samþykk þeirri breytingu sem tillagan greinir, en ítrekar það sem fram kemur í greinargerð hennar að þær fjárhæðir, sem þar koma fram, verða teknar inn í skiptitölur milli kjördæma við reglulega endurskoðun vegáætlunar á þessu þingi. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna undirrita nefndarálitið með fyrirvara og vísa til fylgiskjals með álitinu.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Guðjón Guðmundsson.	Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal.

BÓKUN FULLTRÚA STJÓRNARANDSTÖÐUFLOKKANNA

Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem undirrita nefndarálitið með fyrirvara, óska eftir að því fylgi eftirfarandi bókun:

Sérstaklega viljum við mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þess átaks í vegamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Með því að ekkert samráð var haft við nefndina eða þingmenn einstakra kjördæma hefur þinghefð og

vinnuregla um langt skeið verið brotin. Hér eru m.a. á ferðinni breytingar á framkvæmdaröð sem áður hafði verið gert ráð fyrir í vegáætlun.

Jóhann Ársælsson.
Stefán Guðmundsson.
Guðni Ágústsson.
Kristín Einarsdóttir.

368. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Sólveig Pétursdóttir, Þuríður Pálsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins.

Greinargerð.

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar svipaðs efnis og hér er fram lögð. Af hálfu fjármálaráðherra var ekki orðið við þeim tilmælum sem þingsályktunin felur í sér. Á 115. löggjafarþingi var samhljóða þingsályktunartillaga lögð fram af Hrafnkatli E. Jónssyni og Guðmundi Hallvarðssyni. Ekki var mælt með tillögunni og fékk hún þar af leiðandi ekki viðeigandi afgreiðslu.

Þar sem hér er um að ræða mikið mannréttinda- og réttlætismál gagnvart þúsundum aldraðra, sem með ráðdeild og sparsemi hafa á starfsævinni lagt til hliðar mikið fé af takmörkuðum tekjum til að mæta ellinni, er þetta mál endurflutt í trausti þess að eftirlaunafólk fái að njóta þessa sparnaðar, lífeyrisgreiðslnanna, með sama hætti og aðrir sparifjáreigendur.

Í upprunalegri greinargerð þessa máls á 113. löggjafarþingi segir svo:

„Afar brýnt er að afnema það ranglæti sem viðgengst í skattalegri meðferð iðgjalda til lífeyrissjóðanna ásamt því hvernig lífeyrisgreiðslur frá sjóðunum valda lækkun greiðslu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun. Þannig má í raun segja að iðgjald sjóðfélaganna til lífeyrissjóðanna sé skattlagt í þrígang, fyrst iðgjaldið, síðan greiðslur frá sjóðunum og hvernig þær valda skerðingu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun sem auðvitað er líka skattlagning.

Í flestum löndum Evrópubandalagsins eru iðgjöld, bæði launþega og atvinnurekenda, skattfrjáls, en lífeyrir frá lífeyrissjóðum í þessum löndum er aftur á móti skattskyldur eins og hér á landi. Nú kann einhver að halda því fram að 4% iðgjald sjóðfélagans sé innifalið í persónuafslættinum í staðgreiðslunni. Um það má deila. En nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli þannig að launþeginn sjái greinilega að iðgjald hans til lífeyrissjóðs sé ekki skattstofn.

Margoft hefur komið fram hversu mikið ranglæti felst í því að þeim einstaklingum,

sem innt hafa af hendi greiðslur til lífeyrissjóðanna, skuli refsað þegar að töku ellilífeyris kemur með því að greiðslur frá sjóðunum valdi lækkun á greiðslum Tryggingastofnunar. Í kjarasamningunum í febrúar 1990 var samið um að greiðslur frá lífeyrissjóðum valdi minni lækkun á tekjutryggingu en aðrar tekjur. Frá því þetta var ákveðið hefur aftur sigið á ógæfuhliðina svo að ekki verður lengur við unað.

Í eftirfarandi greinargerð Jónasar Bjarnasonar verkfræðings um ofangreint efni, sem hann tók saman fyrir Landssamband lífeyrissjóða, má sjá að jaðarskattur einstaklings, sem býr einn, getur orðið 76% á tilteknu tekjubili, þ.e. af hverjum 1.000 kr. sem ellilífeyrir hans frá lífeyrissjóði hækkar um heldur hann einungis eftir 239 kr.

Ofangreint ástand þessara mála er Alþingi og ríkisstjórn til hreinnar skammar. Því er mikilvægt að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd þegar á þessu þingi þannig að fjármálaráðherra fari ekki í grafgötur um vilja Alþingis og leggi þegar fram lagafrumvörp til lausnar málinu.“

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar, sem lögð var fram á 115. löggjafarþingi, eru framangreind sjónarmið áréttuð með svohljóðandi hætti:

„Þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyissjóð (4%) og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun launþegahluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslunum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóði.“

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 651 bls. 3482–3490 í A-deild Alþt. 1990–91.

369. Frumvarp til hjúskaparlaga. [273. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Efnissvið laganna og almenn ákvæði.

A. Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu. Þau taka ekki til óvígðrar sambúðar.

B. Jafnstaða hjóna.

2. gr.

Hjón eru í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Þeim ber að sýna hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu.

Hjón eiga í sameiningu að annast uppeldi barna sinna, sjá þeim farborða og hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimili og á annan hátt.

C. Verkefnaskipting og upplýsingar um efnahag.

3. gr.

Hjón skulu skipta milli sín verkefnum á heimili eftir föngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu fjölskyldu.

Hjónum er skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

D. Forræði eigna og skuldaábyrgð.

4. gr.

Hvort hjóna ræður yfir eign sinni og svarar til skulda sinna eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

E. Lok hjúskapar.

5. gr.

Hjúskap lýkur við andlát maka, vegna ógildingar hjúskapar eða lögskilnaðar.

F. Fjárskipti vegna fjárslita milli hjóna.

6. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng eða skilja lögskilnaði eða annað þeirra andast. Skal skírri hjúskapareign hvors um sig þá skipt til helminga, svo sem nánar segir í lögum þessum. Hjón geta samið um fjárskipti sín vegna skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar, en ella getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.

Um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar segir í 30. gr. og um fjárskipti vegna fjárslita án hjúskaparloka í XIII. kafla.

II. KAFLI
Hjónavígsluskilyrði.

A. Aldur hjónaefna.

7. gr.

Karl og kona mega stofna til hjúskapar þegar þau hafa náð 18 ára aldri. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur veitt yngra fólki leyfi til að ganga í hjúskap.

B. Hjónaefni er lögræðissvipt.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og getur hann þá eigi stofnað til hjúskapar án samþykkis lögráðamanns síns. Bera má synjun um samþykki undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem leyft getur hjónavígsluna ef ekki þykir gild ástæða til synjunar.

C. Skyldleiki hjónaefna.

9. gr.

Hvorki má vígja skyldmenni í beinan legg né systkin.

D. Ættleiðing.

10. gr.

Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki giftast hvort öðru nema ættleiðing sé niður felld.

E. Tvíkvæni.

11. gr.

Eigi má vígja mann sem er í hjúskap.

F. Fjárskipti milli hjónaefnis og fyrri maka.

12. gr.

Nú hefur hjónaefni verið í hjúskap og má þá eigi vígja það nema opinber skipti séu hafin eða einkaskiptum lokið vegna fjárskipta hjónaefnis og fyrri maka. Þetta gildir þó ekki ef fullkomin séreignaskipan hefur verið á fjármálum hjóna. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur leyst undan þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

III. KAFLI
Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

A. Að hverju könnun lúti.

13. gr.

Áður en hjónavígsla fer fram skulu hjónaefni leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því sem segir í II. kafla og að lög tálmi ekki ráðahagnum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum, þar á meðal um þau skilríki sem krefja skal hjónaefni um við gæslu þessara skilyrða, svo sem fæðingarvottorð og gögn um lok fyrra hjúskapar.

Hjónaefni skulu lýsa því í skriflegri yfirlýsingu að viðlögðum drengskap að þau viti ekki um tálma á fyrirhuguðum hjúskap sínum. Vígslumaður krefur hjónaefni til tryggingar um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna er báðir ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur leyft ef alveg sérstaklega stendur á að vikið sé frá þessu, þar á meðal að aðeins einn svaramaður undirriti vottorð.

B. Hverjir annast könnun.
Synjun um útgáfu könnunarvottorðs.

14. gr.

Löggildir hjónavígslumenn skv. IV. kafla laga þessara annast könnun á hjónavígsluskilyrðum. Fer hún fram í lögsagnarumdæmi þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi og fer könnun þá fram í umdæmi þar sem annað þeirra dvelst.

Nú synjar vígslumaður um útgáfu könnunarvottorðs og getur hvort hjónaefni um sig þá skotið úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 132. gr. Ef ráðuneytið felst á sjónarmið aðila fellir það synjun vígslumanns úr gildi og er hjónavígsla þá heimil á grundvelli úrlausnar þess.

C. Könnunarvottorð er forsenda hjónavígslu.
Heimild til að víkja frá því ef hjónaefni er alvarlega sjúkt.

15. gr.

Hjónavígsla má ekki fara fram nema fyrir liggi vottorð löggilds vígslumanns um að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Vottorð þetta má þó ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt.

Nú er annað hjónaefna eða bæði alvarlega sjúk og má hjónavígsla þá fara fram þótt sérstök könnun hjónavígsluskilyrða hafi ekki átt sér stað.

Nú er vígslumanni kunnugt um hjúskapartálma og má hann þá eigi vígja hjónaefni þótt fullgildu könnunarvottorði skv. 1. mgr. sé til að dreifa.

IV. KAFLI
Hjónavígsla.

A. Vígslumenn.

1. Almennt.

16. gr.

Stofna má til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.

2. Prestar og forstöðumenn trúfélaga.

17. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu, svo og prestar og forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga sem fengið hafa löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess.

Prestar þeir, er greinir í lögum nr. 62/1990, eru löggildir vígslumenn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum biskups, hvort aðrir prestar, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, séu löggildir vígslumenn.

Þjóðkirkjupresti, sem látið hefur af prestsembætti, er rétt að gefa saman hjón, að fenginni heimild tiltekins prests þjóðkirkju er kannað hefur hjónavígsluskilyrði og tekist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

3. Borgaralegir vígslumenn.

18. gr.

Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

4. Hjónavígsluheimild starfsmanna íslenskra sendiráða.

19. gr.

Utanríkisráðuneytið getur, að höfðu samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenskum sendiráðum, er hafa diplómatíska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um vígsluheimild ræðismanna Íslands erlendis með sama fyrirvara.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslu skv. 1. mgr., svo og skv. 4. mgr. 17. gr.

5. Heimild erlendra vígslumanna til að framkvæma hjónavígslu hér á landi.

20. gr.

Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki að prestar frá viðkomandi ríki eða útsendir ræðismenn þess hér á landi, er hafa diplómatíska stöðu, geti framkvæmt hjónavígslu hér á landi, enda sé a.m.k. annað hjónaefna ríkisborgari þess ríkis.

6. Hæfi vígslumanns.

21. gr.

Skyldleiki (kjörsifjar) eða tengdir vígslumanns við hjónaefni gera hann ekki vanhæfan til að framkvæma könnun á hjónavígsluskilyrðum eða til að gefa saman hjón.

B. Réttur til hjónavígslu og skylda prests til að framkvæma hjónavígslu.

22. gr.

Hjónaefni eiga rétt á að stofna til hjúskapar fyrir borgaralegum vígslumanni hvort sem þau eiga kröfu á kirkjulegri hjónavígslu eða ekki.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum biskups, sett reglur um hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslu og nánari reglur um hvenær þeim sé þetta heimilt.

C. Hvar hjónavígsla fari fram.

23. gr.

Borgaraleg hjónavígsla fer fram á skrifstofu vígslumanns nema vígslumaður og hjónaefni verði á annað sátt.

Kirkjuleg hjónavígsla fer fram í kirkju nema vígslumaður og hjónaefni samþykki annað.

D. Hjónavígsluathöfnin.

24. gr.

Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna.

Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig hvort þau vilji stofna til hjúskaparins og lýsir þau hjón er þau hafa játað því.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd borgaralegrar og kirkjulegrar hjónavígslu að höfðu samráði við biskup Íslands og utanríkisráðuneytið.

E. Gildi hjónavígsluathafnar.

25. gr.

Hjónavígsla er gild ef lögmætur vígslumaður hefur framkvæmt hana, enda hafi hann gætt þeirra reglna sem greinir í 2. mgr. 24. gr.

Nú er hjónavígsla eigi gild skv. 1. mgr. og getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið þá lýst hana gilda ef sérstakar ástæður mæla með því. Á þetta einnig við þótt annað hjóna eða bæði séu látin.

F. Færsla embættisbóka o.fl.

26. gr.

Um færslu embættisbóka í sambandi við hjónavígslur og skil á skýrslum um það efni fer eftir þeim lögum og öðrum réttarreglum sem um það efni gilda eða sett kunna að verða. Heimilt er að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð er dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur.

Nú framkvæmir prestur eða starfsmaður skráðs trúfélags hjónavígslu og gilda þá framangreindar reglur um þá hjónavígslu, en heimilt er að öðru leyti að viðhafa þá helgisiði er reglur eða venjur trúfélags segja til um.

V. KAFLI
Ógilding hjúskapar.

A. Hvenær hjúskapur verði ógiltur.

27. gr.

Nú brýtur hjúskapur í bága við ákvæði 9. eða 11. gr. og skal þá ógilda hann með dómi, sbr. 116. gr. Ef hjúskapur gengur í berhögg við ákvæði 11. gr. er ekki unnt að ógilda hann ef fyrra hjúskap er lokið áður en mál er höfðað.

28. gr.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjúskapar síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær þegar vígsla fór fram eða að öðru leyti svo ástatt um það að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim sem það hafði bundist hjúskaparorði eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því að villa vísvitandi á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu er mundu hafa fælt hitt frá hjúskapnum ef vitað hefði.
4. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að ástandi því lauk sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu skv. 2. eða 3. lið eða frá því að nauðung létti skv. 4. lið. Hvernig sem á stendur verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru þrjú ár frá hjónavígslu.

B. Réttaráhrif ógildingar.

29. gr.

Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaður nema lög greini annað.

C. Fjárskipti vegna ógildingar.

30. gr.

Við skipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti úr hjúskapareign sem svarar til þess er það átti er til hjúskapar var stofnað og til þess sem síðar hefur bæst því vegna gjafar eða arfs og enn fremur virði þess sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar sinnar. Nú hrökkva eigur hjóna ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig og ber þá að lækka þær að tiltölu. Nú hefur annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar og er þá sú gjöf afturtæk.

D. Andlát maka áður en hjúskapur, sem ógildanlegur er, hefur verið ógiltur.

31. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband, sem ógildanlegt er skv. 27. gr., sætir ógildingu og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Sama rétt á það hjóna sem gat höfðað mál skv. 28. gr. þegar hitt hjóna andast áður en ógilding hefur átt sér stað, enda séu málshöfðunarfrestir ekki liðnir. Nú er ógildingarmál höfðað og maki andast eftir það og er þá erfingum hans heimilt að krefjast þess að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Kröfu skv. 1. og 2. mgr. ber að hafa uppi innan sex mánaða frá andláti.

32. gr.

Nú andast það hjóna sem stofnað hefur til hjúskapar andstætt ákvæði 11. gr. áður en hjúskapur sætir ógildingu og skal þá líta svo á að réttur gagnvart þriðja manni til bóta, lífeyris og eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna er lifir er ætlað, beri eftirlifandi maka úr þeim hjúskap sem tvíkvænishjúskapur braut í bága við nema annað sé ljóst af atvikum.

VI. KAFLI
Hjónaskilnaðir.

A. Skilnaður að borði og sæng.

1. Samkomulag hjóna um að leita skilnaðar að borði og sæng.

33. gr.

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar.

2. Annað hjóna krefst skilnaðar að borði og sæng.

34. gr.

Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng.

3. Réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falla niður.

35. gr.

Réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falla niður ef makar halda áfram sambúð umfram stuttan tíma sem sanngjarnt er að ætla þeim, einkum vegna búferlaflutnings og öflunar nýs húsnæðis. Réttaráhrifin falla einnig niður ef hjón taka síðar upp sambúð nema um sé að ræða skammvinna tilraun til að endurvekja samvistir að nýju.

B. Lögskilnaður.

1. Að undangengnum skilnaði að borði og sæng.

36. gr.

Nú eru hjón á einu máli um að leita lögskilnaðar og er hann þá kræfur er liðnir eru sex mánuðir frá því að leyfi var gefið út til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 35. gr.

Hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að eitt ár er liðið frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 35. gr.

2. Samvistaslit hjóna.

37. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis og getur þá hvort þeirra krafist lögskilnaðar þegar samvistaslit hafa staðið í tvö ár hið skemmsta.

3. Tvíkvæni.

38. gr.

Nú hefur annað hjóna stofnað til hjúskapar andstætt ákvæðum 11. gr. og getur þá hitt krafist lögskilnaðar á hjúskap sínum er tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

4. Hjúskaparbrot.

39. gr.

Nú fremur annað hjóna hjúskaparbrot eða sýnir af sér atferli sem jafna má til þess og getur þá hitt krafist lögskilnaðar nema það hafi samþykkt brotið eða stutt að framgangi þess eða fallið frá því að hafa uppi lögskilnaðarkröfu af þessu tilefni.

Lögskilnaðar verður ekki krafist skv. 1. mgr. vegna háttsemi sem á sér stað eftir skilnað að borði og sæng.

Höfða skal mál eða setja fram kröfu um leyfi til lögskilnaðar innan sex mánaða frá því að maka varð kunnugt um háttsemina og þó eigi síðar en innan tveggja ára frá því að hún átti sér stað.

5. Líkamsárás.

40. gr.

Nú hefur annað hjóna orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti er bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim. Getur þá hitt krafist lögskilnaðar, enda sé verknaður framinn af ásettu ráði og valdi tjóni á líkama eða heilbrigði þess er fyrir verður ef líkamsárás er til að dreifa.

Sama gegnir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um verknað er greinir í 1. mgr.

Höfða skal mál eða setja fram kröfu um leyfi til lögskilnaðar innan sex mánaða frá því að maka varð kunnugt um verknaðinn og þó eigi síðar en innan tveggja ára frá því að hann var framinn.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar.

41. gr.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. og lögskilnaðar skv. 1. mgr. 36. gr. veita sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Skilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum.

Nú synjar sýslumaður um leyfi til skilnaðar og getur aðili þá skotið synjuninni til dómsmálaráðuneytis, sbr. 132. gr. Synjun er ekki því til fyrirstöðu að skilnaðar sé leitað fyrir dómstólum.

D. Sáttaumleitan.

42. gr.

Hjón, sem ákveðið hafa að leita skilnaðar, eiga þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim samkvæmt þessari grein.

Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða barn, annað eða bæði, er þau hafa forsjá fyrir. Þetta á þó ekki við ef hjón krefjast sameiginlega lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sbr. 1. mgr. 36. gr.

Í sáttatilraun felst að kanna skal grundvöll að framhaldi hjúskaparins.

Prestar leita um sættir eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og getur þá sýslumaður eða dómari eftir því hvar mál er til meðferðar leitað um sættir.

Þeir sem leita um sættir samkvæmt þessu ákvæði skulu gæta trúnaðar um einkahagi sem þeir öðlast vitneskju um í sáttastarfi sínu.

Sáttatilraun prests eða löggilts forstöðumanns trúfélags skal að jafnaði hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en mál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir sýslumanni, en í síðasta lagi áður en skilnaður er veittur.

Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Um lögmæt forföll hjóna frá sáttafundi fer skv. 1. mgr. a- til e-liða 97. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Nú eru hjón búsett hvort í sínum landshluta og er þá heimilt að reyna sættir með þeim hvoru í sínu lagi. Nú býr annað hjóna erlendis og þarf þá ekki að reyna sættir að því er það varðar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur ákveðið í reglugerð að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar samkvæmt þessari grein.

E. Skilnaðarkjör.

43. gr.

Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir sýslumanni eða dómara.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 36. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur sett nánari reglur um umleitun skv. 1. mgr.

44. gr.

Forsjá barns og framfærslueyri með því skal skipa við skilnað að borði og sæng og við lögskilnað í samræmi við ákvæði barnalaga, enn fremur framfærslueyri með maka í samræmi við ákvæði VII. kafla. Áður en skilnaður er veittur skal annað tveggja vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita.

Ágreiningur foreldra um forsjá og framfærslueyri kemur ekki í veg fyrir að skilnaður verði veittur að kröfu annars hjóna, að öðrum skilyrðum fullnægðum.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng.

45. gr.

Þeir skilnaðarskilmálar, sem hjón hafa komið sér saman um eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni skilnaðar að borði og sæng, skulu einnig gilda eftir að lögskilnaður er fenginn nema annars hafi verið getið þegar skilnaður að borði og sæng var veittur. Framfærslueyrir með maka eftir lögskilnað kemur þó ekki til greina nema því aðeins að ákvörðun um hann hafi verið tekin skv. 2. mgr. 50. gr.

VII. KAFLI
Ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar.

A. Framfærsluskylda hjóna meðan á hjúskap stendur.

1. Sameiginleg ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu.

46. gr.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar. Til framfærslu telst það sem með sanngirni verður krafist til sameiginlegs heimilishalds og annarra sameiginlegra þarfa, uppeldis og menntunar barna og sérþarfa hvors hjóna. Um framfærsluskyldu gagnvart börnum gilda að öðru leyti ákvæði barnalaga.

Framlag annars maka til sérþarfa hins verður hjúskapareign viðtakanda nema sérstök heimild sé til að telja það séreign.

2. Framfærsluframlög.

47. gr.

Framfærsluframlög hjóna eru fólgin í peningagreiðslum, vinnu á heimili eða öðrum stuðningi við fjölskyldu. Framlög skiptast milli hjóna eftir getu þeirra og aðstæðum.

Nú nægja fjárframlög þau, sem annað hjóna á að inna af hendi skv. 1. mgr., ekki til að fullnægja sérþörfum þess og barna eða þörfum heimilisins og á viðkomandi þá kröfu á að hitt láti honum eða henni í té peningafjárhæð sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skipti, miðað við getu og hagi aðila.

3. Vanræksla á framfærsluskyldum.

48. gr.

Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína skv. 46. og 47. gr. og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu fé samkvæmt ákvæðum 47. gr. ef það eftir öllum aðstæðum þykir sanngjarnt.

4. Úrlausn sýslumanns um fjárframlög til framfærslu.

49. gr.

Sýslumaður leysir úr kröfum skv. 48. gr., sbr. 46. og 47. gr., og ákveður fjárframlög með úrskurði. Hann getur, ef annað hjóna krefst þess, breytt úrskurði sínum ef aðstæður hafa breyst að mun eða atvik mæla að öðru leyti með því.

Sýslumaður getur enn fremur, ef annað hjóna krefst þess, breytt samningi hjóna um fjárframlög skv. 46. og 47. gr. ef sá samningur er bersýnilega ósanngjarn eða hagir hjóna breyttir að mun.

Fjárframlög skv. 48. gr. er aðeins hægt að ákveða fyrir síðasta árið áður en krafa var sett fram nema alveg sérstaklega standi á.

B. Lífeyrir með maka eftir skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

1. Framfærsluskylda.

50. gr.

Gagnkvæm framfærsluskylda hjóna helst eftir skilnað að borði og sæng. Við skilnað að borði og sæng skal taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða lífeyri hvort með öðru og um fjárhæð hans.

Eftir að lögskilnaður er veittur verður öðru hjóna ekki gert að greiða lífeyri með hinu nema alveg sérstaklega standi á.

2. Úrlausn um lífeyri.

51. gr.

Nú næst ekki samkomulag um greiðslu lífeyris skv. 50. gr. og leysir þá sýslumaður eða dómstóll úr ágreiningnum. Ef skilnaðarmál er til úrlausnar hjá sýslumanni kveður hann á um skyldu til greiðslu lífeyris, svo og fjárhæð hans. Dómstóll, sem hefur skilnaðarmál til úrlausnar, kveður á um skyldu til greiðslu lífeyris, en fjárhæð hans úrskurðar sýslumaður.

Við úrlausn skv. 1. mgr. skal við það miða hvað ætla megi að krefjandi geti aflað sér sjálfur, svo og við það hvað telja megi hitt hjóna aflögufært um. Þá skal einnig taka tillit til atvika að öðru leyti, þar á meðal hversu lengi hjúskapur hafi staðið og hvort þeim er kröfu hefur uppi sé þörf á menntun eða endurhæfingu.

Skylda til greiðslu lífeyris fellur niður þegar sá sem rétt á til hans giftist að nýju, svo og þegar annað hvort hjónanna andast.

Dómstóll getur að kröfu aðila breytt úrlausn sinni um skyldu til greiðslu lífeyris ef aðstæður hafa breyst að mun eða atvik mæla að öðru leyti með því.

Um breytingu á úrskurði sýslumanns samkvæmt þessari grein fer eftir því sem segir í 1. mgr. 49. gr.

3. Breyting á samningi um lífeyri.

52. gr.

Nú hafa hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans og er þá unnt að breyta samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu.

Dómsmál skal höfða innan eins árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs. Þessir tímafrestir gilda þó ekki ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga.

VIII. KAFLI
Eignir hjóna.

Yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap.

53. gr.

Eignir hjóna skiptast í hjúskapareignir og séreignir sem geta verið samningsbundnar eða lögmæltar.

Hjón geta átt eign í sameign. Enn fremur getur hvort þeirra fyrir sig átt persónubundin réttindi.

A. Hjúskapareign.

54. gr.

Eign maka verður hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars. Á þetta við um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða öðlast síðar og gegnir einu með hverjum hætti eignar er aflað að lögum.

B. Séreign.

55. gr.

Séreign getur myndast með kaupmála hjóna eða hjónaefna, sbr. 74., 75. og 76. gr., eða fyrir ákvörðun gefanda eða arfleiðanda, sbr. 77. gr. Þá getur séreign verið lögmælt, sbr. 94. gr., svo og ákvæði annarra laga þar um.

C. Sameign.

56. gr.

Eignarhlutdeild maka í verðmæti, sem er sameign þeirra, er hjúskapareign eða séreign eftir því hver skipan er á fjármálum þeirra.

D. Persónubundin réttindi.

57. gr.

Reglurnar um hjúskapareignir eiga við um réttindi sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, að svo miklu leyti sem þær koma ekki í bága við sérreglur þær sem um þau réttindi gilda, enda séu þessi réttindi ekki séreign samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagaákvæðum. Um fjárskipti varðandi þessi réttindi segir í 102. gr.

IX. KAFLI
Forræði maka á eign sinni.

A. Almenn ákvæði.

1. Ráðstöfunarréttur.

58. gr.

Maki hefur ráðstöfunarrétt yfir eign sinni og getur gert samninga við aðra um hana nema sérstakar réttarreglur leiði til annars.

2. Ótilhlýðileg meðferð á eignum.

59. gr.

Hvoru hjóna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, þar á meðal eign sem er sameign hjónanna að hún skerðist ekki vegna ótilhlýðilegrar háttsemi þess.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

1. Samþykki til ráðstöfunar fasteignar.

60. gr.

Öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda eða veðsetja fasteign sína, þar á meðal sumarbústað, leigja hana eða byggja, ef hún er ætluð til bústaðar fyrir fjölskylduna eða er notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Sama gegnir um uppsögn leigusamnings um húsnæði sem ætlað er til bústaðar fyrir fjölskylduna eða til nota við atvinnurekstur beggja eða annars, svo og framleigu slíks húsnæðis.

Ákvæði 1. mgr. gilda um afhendingu á hlutabréfum, öðrum eignarskilríkjum eða réttindum sem tengjast þess konar húsnæði.

2. Samþykki til ráðstöfunar á innbúi eða lausafé.

61. gr.

Öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, veðsetja eða leigja innbú á sameiginlegu heimili þeirra eða annað lausafé sem ætlað er til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra.

3. Nánar um samþykki skv. 60. og 61. gr.

62. gr.

Ákvæði 60. og 61. gr. eiga við hvort sem eign er hjúskapareign eða séreign annars hjóna.

Ákvæði 60. og 61. gr. gilda einnig um sameignir hjóna, svo og þótt samningur lúti aðeins að hluta af eign maka.

Ákvæði 60. og 61. gr. gilda einnig þótt hjón hafi slitið samvistir, svo og eftir skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, uns úr því er skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut.

Nú er sá maki, sem samþykkja á löggerning, sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og þarf þá samþykki lögráðamanns.

63. gr.

Nú synjar maki eða lögráðamaður hans um samþykki til löggernings skv. 60. og 61. gr. eða eigi er unnt án verulegs dráttar að afla samþykkis þeirra og getur hinn makinn eða viðsemjandi hans þá krafist þess að sýslumaður samþykki hann. Getur hann veitt samþykki sitt ef hann telur rök mæla með því.

4. Þinglýsing löggerninga skv. 60. gr.

64. gr.

Nú er óskað þinglýsingar á löggerningum er greinir í 60. gr. og skal skjalið þá geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar frá sé í hjúskap og hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna eða sé ætluð til þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur sett nánari reglur um könnun þeirra efna er í 1. mgr. greinir.

5. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr.

65. gr.

Nú hefur annað hjóna gert samning án samþykkis hins þar sem þessa var þörf og getur hitt þá fengið samningnum hrundið með dómi. Þetta á þó ekki við um samninga skv. 61. gr. ef viðsemjandi sýnir fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né átt að vera ljóst þegar samningurinn var gerður að makanum væri samningsgerðin óheimil.

Dómsmál skal höfða innan sex mánaða frá því að það hjóna, sem samþykkja skyldi löggerninginn, fékk vitneskju um hann og í síðasta lagi innan árs frá því að honum var þinglýst eða lausafé afhent.

6. Gjöf til þriðja manns.

66. gr.

Nú hefur maki gefið þriðja manni gjöf úr hjúskapareign sinni sem er úr hófi miðað við efnahag hjóna og telst ekki eðlileg eða sanngjörn eins og á stendur. Getur þá hitt hjóna eða erfingjar þess krafist þess að gjöfinni verði hrundið, enda hafi gjafþega verið ljóst eða mátt vera ljóst að gefanda væri gerningurinn óheimill.

Dómsmál skv. 1. mgr. skal höfða innan árs frá því að hinum makanum eða erfingjum þess maka varð kunnugt um gjöfina og í síðasta lagi innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

X. KAFLI
Skuldaábyrgð hjóna.
Heimild annars hjóna til að skuldbinda hitt.

67. gr.

Hvort hjóna ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíla hvort sem þær hafa stofnast fyrir hjúskapinn eða síðar.

68. gr.

Annað hjóna getur ekki skuldbundið hitt með samningsgerð sinni nema sérstaklega sé heimilað í lögum eða samningi hjóna.

69. gr.

Meðan sambúðin varir er hvoru hjóna heimilt gagnvart þriðja manni að gera á ábyrgð beggja samninga sem venjulegir eru vegna sameiginlegs heimilishalds, svo og vegna þarfa barna og sérþarfa þess maka er stendur að samningi. Þetta gildir einnig um leigu húsnæðis sem ætlað er til sameiginlegs heimilis hjónanna. Slíkir samningar teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna nema atvik segi öðruvísi til.

Ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samningurinn lá utan heimildar maka til samningsgerðar eins og á stóð verður það hjóna, sem eigi samdi, óbundið við samninginn.

70. gr.

Nú getur annað hjóna, meðan sambúðin varir, eigi gætt fjármálefna sinna vegna fjarveru eða veikinda og er hinu þá heimilt, ef þörf krefur vegna framfærslu fjölskyldunnar, að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hönd maka síns svo að skuldbindi hann, þar á meðal að innheimta laun hans eða tekjur af eignum, taka út bankainnstæður hans eða taka við greiðslum úr hendi annarra og kvitta fyrir þær, enda hafi öðrum eigi verið falin þessi umsýsla.

Samningur skuldbindur ekki makann ef viðsemjanda var ljóst eða átti að vera ljóst að eigi var þörf á samningsgerðinni eins og á stóð.

XI. KAFLI
Samningar milli hjóna o.fl.
Reglur um séreignir.
A. Almennt ákvæði.

71. gr.

Hjón geta gert samninga sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um.

Um samninga milli hjóna varðandi framfærslu eru fyrirmæli í VII. kafla og um fjárskipti í XIII. og XIV. kafla.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna.
1. Nauðsyn kaupmála.

72. gr.

Gjafir milli hjónaefna sem gjafþegi á að fá við hjúskaparstofnun og gjafir milli hjóna eru því aðeins gildar að um þær sé gerður kaupmáli.

Þetta á þó ekki við um venjulegar gjafir sem eigi eru úr hófi miðað við efnahag gefanda og eigi heldur gjafir sem fólgnar eru í líftryggingu, lífrentu, lífeyri eða þess konar framfærslutryggingum af hendi annars hjóna til hagsbóta hinu.

Með kaupmála, eða annars konar löggerningi, er eigi hægt að ákveða svo að gilt sé að það sem annað hjóna kann að eignast framvegis verði endurgjaldslaust eign hins. Þetta á þó ekki við um venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna.

2. Aðgangur kröfuhafa að gjöfum milli hjóna.

73. gr.

Nú hefur annað hjóna gefið hinu verðmæti og getur sá er þá átti kröfu á hendur gefanda, sem hann fær ekki fullnustu fyrir, gengið að gjöfinni eða verðmæti hennar nema það sannist að gefandi hafi ótvírætt verið gjaldfær þrátt fyrir gjafagerninginn. Ef endurgjald hefur að einhverju leyti komið fyrir dregst það frá því verðmæti sem unnt er að ganga að. Ef bú þess hjóna, sem gefið hefur hinu verðmæti, er tekið til gjaldþrotaskipta gildir ákvæðið eingöngu að svo miklu leyti sem búið krefst ekki riftunar á gjöf eða afsali.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um gjafir skv. 2. mgr. 72. gr.

C. Séreignir.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

74. gr.

Hjón eða hjónaefni geta ákveðið í kaupmála að tiltekin verðmæti skuli verða séreign annars þeirra. Séreign kemur eigi til skipta við skilnað milli hjóna eða milli annars þeirra og erfingja hins nema sérstakar heimildir leiði til annars.

Séreignarákvæði er hægt að tímabinda, svo og skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja.

Hjón geta enn fremur ákveðið í kaupmála að eign skuli vera séreign meðan bæði eru á lífi, en hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hvoru látnu, ótilgreint eða einskorðað við að annað þeirra, sem nafngreint er, látist.

75. gr.

Verðmæti, sem koma í stað séreignar, verða einnig séreign, svo og arður af þessum verðmætum, nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda.

76. gr.

Ákvæðum kaupmála um séreignir er hægt að breyta eða fella þau niður með nýjum kaupmála.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

77. gr.

Gefandi eða arfleiðandi getur ákveðið að gjöf eða arfur, þar á meðal skylduarfur, skuli vera séreign í hjúskap gjafþega eða erfingja með því efni er greinir í 74. gr. Ákvæði 75. gr. á hér við að sínu leyti. Ákvarðanir um arf skulu vera í erfðaskrá.

Hjón geta ekki breytt þessum ákvörðunum gefanda og arfleiðanda nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum.

D. Afhending á tekjuafgangi.

78. gr.

Annað hjóna getur án kaupmála afhent hinu endurgjaldslaust allt að helmingi af tekjuafgangi sínum umliðið almanaksár, enda sé það gert fyrir lok næsta árs eftir að tekna var

aflað. Afsalið skal vera skriflegt og undirritað af viðkomandi maka í viðurvist tveggja votta svo að gilt verði gagnvart skuldheimtumönnum hans. Í skjalinu skal greina fjárhæð tekjuafgangsins. Enginn vafi má leika á um að það hjóna, er afhendir hinu verðmæti samkvæmt þessu, haldi eftir nægilegum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna.

E. Réttur þess hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, til borgunar fyrir vinnu sína.

79. gr.

Það hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur krafist hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína þótt ekki hafi verið svo um samið ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt að svo sé gert. Krafa fyrnist á einu ári.

XII. KAFLI
Kaupmálar.

A. Form kaupmála.

80. gr.

Kaupmáli skal vera skriflegur. Undirritun hjóna eða hjónaefna skal staðfest af lögbókanda, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúa þeirra eða af tveimur vottum sem skulu vera samtímis viðstaddir og rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann. Í vottorði þeirra skal koma fram að skjalið, sem vottað er, sé kaupmáli. Vottarnir skulu vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum.

B. Hæfi aðila.

81. gr.

Nú er annað hjóna eða hjónaefna ólögráða og skal lögráðamaður þá einnig samþykkja kaupmálann skriflega.

C. Skráning kaupmála.

82. gr.

Kaupmáli er ekki gildur milli hjóna og gagnvart þriðja manni nema hann sé skráður samkvæmt þeim reglum sem í lögum þessum greinir.

83. gr.

Kaupmála skal skrá í kaupmálabók sem sýslumenn halda.

Kaupmála, sem hjónaefni gera, skal skrá í lögsagnarumdæmi þar sem þau eiga lögheimili eða ætla sér að búa. Kaupmála hjóna skal skrá þar í umdæmi sem þau eiga lögheimili. Ef þau eiga ekki lögheimili hér á landi skal skrá kaupmálann í Reykjavík.

Ekki þarf að skrá kaupmála að nýju þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi.

84. gr.

Kaupmála skal afhenda í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti og fer um gerð skjals og efni samkvæmt því er segir í 5. og 6. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, eftir því sem við getur átt.

Kaupmáli, sem afhentur er til skráningar, skal færður í dagbók að undangenginni könnun skjals, sbr. 6. gr. þinglýsingalaga. Að lokinni færslu í dagbók skal árita skjal og endurrit þess eða samrit og greina viðtökudag þess.

85. gr.

Skjal skal fært í kaupmálabók þegar sýslumaður hefur gengið úr skugga um að það sé skráningartækt. Eiga hér við ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978 eftir því sem við á. Greiða skal úr því jafnfljótt og föng eru á hvort skjal verði skráð eða því vísað frá skráningu.

Þegar kaupmáli hefur verið skráður í kaupmálabók skal rita á hann vottorð um innritunina og viðtökudag. Skjal verður ekki afhent þeim er óskar skráningar fyrr en að þessu loknu.

Gildi skráningar telst frá viðtökudegi samkvæmt því er í dagbók greinir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur sett nánari reglur um skráningu kaupmála með reglugerð.

86. gr.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skal haldin allsherjarskrá um kaupmála sem skráðir hafa verið. Sýslumanni ber, þegar eftir að kaupmáli hefur verið skráður, að senda ráðuneytinu tilkynningu um kaupmálann þar sem greina skal nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili og enn fremur viðtökudag kaupmála.

Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaði það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá ráðuneytisins.

87. gr.

Nú varðar kaupmáli fasteign, skip, 5 smálestir eða stærra, eða skráð loftfar og skal sýslumaður þá auk skráningar í kaupmálabók skrá kaupmálann í veðmálaskrá viðkomandi eignar, enda sé eignin skráð í umdæmi hans.

Nú varðar kaupmálinn eign sem skráð er í öðru umdæmi og skal þá jafnframt þinglýsa kaupmálanum í því umdæmi.

D. Breyting og afturköllun á kaupmála.

88. gr.

Við breytingu eða afturköllun á kaupmála skal gæta sömu reglna og að framan greinir.

89. gr.

Þegar hjúskap er lokið getur hvor maki um sig krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók. Hinu sama gegnir um erfingja maka. Krafa er þó ekki tæk fyrr en fjárskiptum er lokið.

E. Upplýsingar um efni kaupmála.

90. gr.

Hver, sem þess óskar, á rétt á upplýsingum úr kaupmálabók um tilvist kaupmála og efni hans.

XIII. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar.

91. gr.

Hvort hjóna um sig getur krafist opinberra skipta vegna fjárslita milli sín og maka síns þótt hjúskapnum hafi ekki verið slitið:

1. Ef hitt rýrir hjúskapareign sína með vangæslu á fjármálum sínum, misbeitingu á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða annarri óhæfilegri háttsemi eða gefur sérstakt tilefni til að óttast að svo verði.
2. Ef bú hins er tekið til gjaldþrotaskipta.

Hjón geta að auki krafist slíkra skipta ef þau eru sammála um það.

92. gr.

Krafa skv. 91. gr. skal vera skrifleg og skal beina henni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hjón eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili nema þau semji um annað. Um meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

93. gr.

Nú er krafa skv. 91. gr. tekin til greina og skiptast þá eigur milli hjóna eftir efnisreglum um skipti við skilnað.

94. gr.

Það sem öðru hjóna hlotnast eftir það tímamark er greinir í 1. mgr. 101. gr. og það fær við skiptin verður séreign þess.

XIV. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.
A. Um skiptahátt o.fl.
1. Fjárskiptasamningur.

95. gr.

Hjón geta ráðið fjárskiptum sínum vegna skilnaðar til lykta með samningi. Fjárskiptasamningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Samning þennan skal staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara. Nú eru hjón eignalaus og skal þá yfirlýsing þeirra þar að lútandi staðfest af þeim eða umboðsmönnum þeirra fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Dómsmál skal höfða innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Tímafrestir þessir eiga þó ekki við ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga.

2. Opinber fjárskipti.

96. gr.

Hafi annað hjóna eða þau bæði sótt um leyfi til skilnaðar eða dómsmál verið höfðað til skilnaðar eða til ógildingar hjúskaparins getur annað þeirra eða þau bæði krafist þess að opinber fjárskipti fari fram milli þeirra samkvæmt ákvæðum þessa kafla og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Efnisreglur um skipti í þessum kafla eiga einnig við um skipti vegna andláts maka nema annað leiði af einstökum ákvæðum.

97. gr.

Krafa um opinber skipti við skilnað skal vera skrifleg og skal beina henni til héraðsdómstóls er greinir í 92. gr. og fer um meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta samkvæmt því er þar segir.

98. gr.

Við opinber skipti er hjónum skylt að skýra frá eignum sínum og skuldum og veita þeim sem annast skipti allar upplýsingar um fjármál sín sem þýðingu geta haft við skiptin.

B. Til hverra eigna og skulda skiptin taki.

1. Eignir.

99. gr.

Skiptin taka til heildareigna hvors hjóna nema samningar um séreignir, reglur um lögmæltar séreignir eða fyrirmæli gefanda eða arfleiðanda leiði til annars, sbr. enn fremur reglur þessa kafla um verðmæti sem undanþegin eru skiptum eða geta verið það að kröfu aðila. Séreign ber þó að draga undir skiptin að svo miklu leyti sem þörf er á til að fullnægja endurgjaldskröfum, sbr. 3. mgr. 107. gr.

2. Skuldir.

100. gr.

Frá eignum maka skulu dregnar skuldir sem hvíla á honum eða hann á að svara til samkvæmt því er segir í 109. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 104. gr. sömu laga.

3. Tímamark við úrlausn um eignir og skuldir.

101. gr.

Við úrlausn um eignir og skuldir skv. 99. og 100. gr. skal, nema sammæli verði um annað, miða við það tímamark er sýslumaður tók fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar, dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar eða héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna skv. XIII. kafla. Eignir, sem maki hefur aflað sér eftir þetta tímamark og tekjur og arður af þeim, koma ekki undir skiptin. Skuldir, er maki hefur bakað sér eftir þennan tíma, koma ekki heldur til greina við skiptin.

Nú stafar skuld, sem fyrr er til orðin en segir í 1. mgr., frá öflun verðmæta sem eigi koma undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra og kemur hún þá ekki til frádráttar við fjárskiptin.

4. Verðmæti sem geta fallið utan skipta.

102. gr.

Maki getur krafist þess að eftirfarandi verðmæti og munir komi ekki undir skiptin hvort sem um er að ræða hjúskapareign hans sjálfs eða hins hjónanna:

1. Munir sem eru því nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni eða hefur eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota þess nema verðgildi munanna sé slíkt að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna. Sama gegnir um muni sem hafa minjagildi fyrir annan maka eða fjölskyldu hans.

2. Réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár sem hefur ekki endurkaupsvirði samkvæmt kröfu annars makans eða þeirra sameiginlega.
3. Önnur verðmæti eða réttindi sem ekki er hægt að afhenda eða eru persónulegs eðlis.
4. Fébætur, almannatryggingabætur eða vátryggingarfé vegna líkams- eða heilsutjóns er leitt hefur til skerðingar á starfsorku til frambúðar eða vegna útgjalda sem tjónið veldur fyrirsjáanlega í framtíðinni. Sama er um bætur vegna þjáninga og annars ófjárhagslegs tjóns.
   Forsendan er þó ávallt sú að þessi verðmæti eða ígildi þeirra séu enn við lýði á því tímamarki er greinir í 1. mgr. 101. gr. og verði sérgreind. Nú stafar það af framlögum hins makans að fé þetta eða ígildi þess er enn fyrir hendi og ber þá að kröfu þess maka að lækka þá fjárhæð sem haldið er utan skipta með hliðsjón af þessu, svo sem sanngjarnt þykir.
5. Munir sem aflað er vegna þarfa barna. Sá maki, sem barn býr hjá, á tilkall til þess að munir þessir komi ekki undir skiptin.

Það hjóna, sem fær verðmæti eða muni utan skipta með þessum hætti, tekur að sér skuldir sem orðið hafa til vegna öflunar þeirra eða hvíla á þeim. Nú þykir ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að verðmætum eða réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. sé haldið utan skipta og er þá heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum.

C. Helmingaskiptareglan og frávik frá henni.

103. gr.

Hvor maki um sig eða dánarbú hans eiga tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins nema annað leiði af ákvæðum laga.

104. gr.

Víkja má frá reglum um helmingaskipti og ákvæðum um skipti á séreign ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Á þetta einkum við þegar tekið er tillit til fjárhags hjónanna og lengdar hjúskapar, svo og ef annað hjóna hefur flutt í búið verulega miklu meira en hitt við hjúskaparstofnun eða hefur síðar erft fé eða fengið það að gjöf frá öðrum en maka sínum.

Frávik frá helmingaskiptum geta enn fremur átt sér stað þegar annað hjóna hefur með vinnu, framlögum til framfærslu fjölskyldunnar eða á annan hátt stuðlað verulega að aukningu á þeirri fjáreign sem falla ætti hinu hjóna í skaut eða hefur átt hlut að því að bæta fjáreign hins að öðru leyti.

Fráviki frá helmingaskiptum samkvæmt þessari grein er einnig hægt að beita til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæla sérstaklega með því, að öðrum skilyrðum fullnægðum.

105. gr.

Nú getur maki ekki innan marka hlutdeildar sinnar í samanlögðum eignum fengið búsgögn og annað lausafé sem er nauðsynlegt til að halda uppi heimili. Er þá heimilt samkvæmt kröfu hans að kveða svo á að hlutdeild hans skuli aukast enda séu ekki horfur á að hann geti á annan hátt aflað sér þessara nauðsynja.

Réttur skv. 1. mgr. víkur þó fyrir rétti hins makans til að fá verðmæti í sinn hlut til greiðslu skuldbindinga sem á honum hvíla og til greina geta komið við skiptin.

D. Úthlutun til greiðslu skuldbindinga.

106. gr.

Við skiptin skal hvoru hjóna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni að það nægi til greiðslu skuldbindinga sem á því hvíldu á þeim tíma sem hér ber við að miða, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga þessara, svo og 109. gr. skiptalaga nr. 20/1991, þar á meðal til greiðslu á hluta hvors um sig í sameiginlegum skuldum ef því er að skipta, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 101. gr.

Skuldir, sem annað hjóna hefur bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð, koma því aðeins til frádráttar skv. 1. mgr. að önnur efni maka hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

E. Endurgjaldskröfur.

107. gr.

Nú hefur maki notað eigur sínar, er koma skyldu til skipta, til þess að auka verðmæti er ekki eiga að hlíta skiptum samkvæmt samningi makanna, ákvörðun gefanda eða arfleiðanda eða samkvæmt lagaákvæðum eða til að afla sér réttinda sem hafa verið þegin undan skiptum skv. 1. og 3. tölul. 102. gr. og getur hinn makinn eða dánarbú hans þá krafist endurgjalds af þessu tilefni. Sama gegnir um réttindi skv. 2. tölul. 102. gr. ef útgjöld til þessa fara út yfir eðlileg og sanngjörn mörk.

Nú hefur annað hjóna rýrt hjúskapareign sína eða sameign hjóna með því að misbeita ráðum yfir hjúskapareigninni eða með öðru óhæfilegu atferli og slíkt hefur leitt til verulegrar skerðingar á fjárhlut þeim sem hitt hjóna á tilkall til og getur þá hitt hjóna eða dánarbú þess krafist endurgjalds af hjúskapareign beggja þegar skipti fara fram.

Krafa skv. 1. og 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að eigur makans, sem krafan beinist gegn, nægi fyrir skuldum sem á honum hvíla. Krefjast má greiðslu úr séreign makans ef hjúskapareign hans hrekkur ekki til.

Endurgjaldskrafa, sem ekki er hægt að jafna við skiptin, verður ekki síðar uppi höfð.

Nú er fallist á endurgjaldskröfu samkvæmt þessari grein og er þá hægt að ákveða að fjárhæð verði greidd með nánar greindum afborgunum.

F. Um útlagningu.

108. gr.

Við opinber skipti vegna fjárslita getur hvort hjóna um sig krafist þess að fá eignarhluta sinn útlagðan sér eftir virðingu.

Nú krefjast hjón þess að fá sama hlutinn og gengur þá það þeirra fyrir sem á hlut að hjúskapareign. Annað hjóna getur þó krafist útlagningar á eign sem hitt á að hjúskapareign í eftirfarandi tilvikum enda megi ætla að það hafi meiri þörf fyrir eignina:

1. Ef um er að ræða fasteign sem ætluð er til íbúðar fyrir það hjóna og börn þess.
2. Sama á við um sumarbústað ef telja verður mikilvægara fyrir það að fá hann í sinn hlut, einkum með tilliti til barna hjóna.
3. Þegar um er að ræða atvinnufyrirtæki sem það hjóna hefur eingöngu eða aðallega rekið.
4. Sama á við um vinnutæki og annað lausafé sem stendur í tengslum við atvinnu ef sanngirni mælir með því með tilliti til áframhaldandi atvinnu viðkomandi.

5. Þegar krafa maka beinist að húsgögnum, búsgögnum eða öðru lausafé sem hefur verið á sameiginlegu heimili hjónanna enda mæli sanngirni með því og það stuðli að því að honum sé unnt að halda uppi heimili.

Um útlagningu að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum skiptalaga.

109. gr.

Heimilt er að úthluta öðru hjóna verðmæti eftir virðingu þótt það fari fram úr eignarhluta þess enda megi ætla að það hafi meiri þörf fyrir verðmætið en hitt hjóna, sbr. ákvæði 108. gr. Þeim er útlagningu fær ber þá að greiða hinu eða erfingjum þess fjárhæð sem fram yfir er rétta tiltölu. Skiptastjóri getur ákveðið þegar sérstaklega stendur á, einkum með hliðsjón af fjárhagsstöðu þess sem útlagningu fær, að fjárhæð þessi sé greidd með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingum sem hann mælir fyrir um og með þeim vaxtakjörum sem hann tiltekur. Um ágreining um þetta fer samkvæmt því er segir í 112. gr. laga nr. 20/1991.

G. Heimild maka til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna.

110. gr.

Maka er heimilt við fjárskipti að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, enda sé eigi ástæða til að óttast að hann geti ekki fullnægt fjárskuldbindingum sem á honum hvíldu þá.

H. Brottfall skilnaðar að borði og sæng.

111. gr.

Nú takast samvistir hjóna að nýju eftir að skilnaður að borði og sæng, er leitt hefur til fjárskipta, er fenginn. Eiga þá ákvæði 1. mgr. 104. gr. við um eigur sem komið hafa í hlut maka við skiptin og hann hefur flutt að nýju í hjúskapinn komi til fjárskipta síðar milli hjónanna eða annars þeirra og erfingja hins.

I. Leiguréttindi.

112. gr.

Nú greinir hjón á við skilnað hvort þeirra skuli halda rétti til leigu íbúðarhúsnæðis og skal þá sýslumaður eða dómari, eftir því hvar skilnaðarmál er til meðferðar, ákveða eftir öllum aðstæðum hvort þeirra haldi áfram leigumálanum og skal einkum taka tillit til þarfa hjóna og barna þeirra.

Fari fram opinber skipti milli hjónanna tekur skiptastjóri ákvörðun um hvort hjóna haldi áfram leigumála eftir sömu reglum og kveðið er á um í 1. mgr.

XV. KAFLI
Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.

A. Hvaða mál teljist hjúskaparmál.

113. gr.

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskapar.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
3. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
4. Mál til úrlausnar um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður.

B. Lögsaga.

114. gr.

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma.
3. Ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í.
4. Ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi.
5. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng enda hafi leyfi verið veitt eða dómur gengið hér á landi.

Mál til ógildingar hjúskapar má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum þessarar greinar.

C. Varnarþing.

115. gr.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi stefnda. Ef stefndi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi skal mál höfða þar sem stefnandi á heimilisvarnarþing. Aðilar geta samið um annað varnarþing en að framan greinir.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli er dóms- og kirkjumálaráðuneytið kveður á um.

D. Aðild.

116. gr.

Annað hjóna og það eitt getur höfðað hjúskaparmál.

Mál til ógildingar á hjúskap skv. 9. og 11. gr. má þó höfða af dóms- og kirkjumálaráðuneyti eða öðru hvoru hjóna. Ef ógilding er reist á ákvæði 11. gr. er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

E. Málsmeðferð.

117. gr.

Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

Ef hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda er dómara heimilt að skipa honum málsvara. Sama á við þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því að honum verði skipaður málsvari. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna málsvara að öllu eða nokkru leyti ef rök mæla með því.

Dómari gætir óhjákvæmilegra lagaskilyrða við úrlausn hjúskaparmáls.

Hjúskap verður ekki slitið með dómsátt.

118. gr.

Dómþing í hjúskaparmálum skulu háð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

F. Nafnleynd o.fl.

119. gr.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í hjúskaparmáli en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls.

G. Andlát aðila.

120. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli og fellur þá málið niður. Á þetta einnig við ef máli er áfrýjað.

H. Frávísun og niðurfelling máls.

121. gr.

Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan mánaðar þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

I. Áfrýjun og endurupptaka máls.

122. gr.

Heimilt er að áfrýja einstökum þáttum dóms.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests nema því aðeins að gagnaðili og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, þegar það á aðild máls, hafi bréflega fallið frá áfrýjun.

Endurupptaka máls er ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests.

XVI. KAFLI

Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

A. Lögsaga.

123. gr.

Stjórnvöld geta leyst úr málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi.
2. Ef aðilar eru íslenskir ríkisborgarar og sá sem krafa beinist gegn samþykkir að málið sæti úrlausn hér á landi.
3. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, enda hafi leyfi til skilnaðar að borði og sæng verið veitt hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum 1. mgr.

B. Úrlausnarumdæmi.

124. gr.

Leysa skal úr máli í því umdæmi þar sem sá sem krafa beinist gegn er búsettur. Ef hann er ekki búsettur hér á landi skal leysa úr máli í því umdæmi þar sem krefjandi er búsettur. Hjón geta samið um annað úrlausnarumdæmi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvarðar úrlausnarumdæmi ef hvorki sá sem krafa beinist gegn né krefjandi eru búsettir hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

C. Leiðbeiningarskylda.

125. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur er málið varðar.

D. Sáttaumleitan.

126. gr.

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann leysir úr ágreiningsmáli.

Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

E. Kröfur aðila og gagnaöflun.

127. gr.

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur.

Ef sá sem kröfu gerði sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og má þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

F. Réttur aðila til að kynna sér gögn máls.

128. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varðar. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

G. Réttur aðila til að tjá sig um mál.

129. gr.

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

H. Form og efni úrskurðar.

130. gr.

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.

I. Tilkynning um úrskurð.

131. gr.

Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

J. Stjórnsýslukæra.

132. gr.

Kæra má úrlausn sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.

Málsaðilum, sem fengið hafa leyfi til lögskilnaðar, er ekki heimilt að ganga í hjúskap að nýju fyrr en eftir lok kærufrests nema þeir hafi fallið bréflega frá kæru.

XVII. KAFLI
Gildistaka, lagaskil og brottfallin lög.

133. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð og önnur fyrirmæli um einstök atriði er varða framkvæmd laganna.

Ráðuneytið skal gera sérstakar ráðstafanir til að kynna almenningi efni laga þessara.

134. gr.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. gilda einnig um hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

135. gr.

Nú var sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir gildistöku laga þessara og skal þá fara um þá kröfu eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess er þó unnt að beita reglum þessara laga.

Um dómsmál til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, sem höfðuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, fer eftir eldri lögum nema bæði hjón óski þess að reglum þessara laga verði beitt, sbr. 2. málsl. 1. mgr.

Nú sætir hjúskapur ógildingu eftir gildistöku þessara laga og fer þá um réttaráhrif þeirrar ógildingar eftir ákvæðum þessara laga. Sama er um réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar.

136. gr.

Nú var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng í gildistíð eldri laga og fer þá um lögskilnað á grundvelli þess leyfis eftir eldri lögum, sbr. þó 41. gr.

137. gr.

Breyting á úrskurði um framfærslueyri, sem gengið hefur fyrir gildistöku þessara laga, hlítir ákvæðum þeirra.

Sama á við um breytingu á samningum um framfærslueyri.

138. gr.

Ákvæði XX. kafla skiptalaga nr. 20/1991 gilda um opinber fjárskipti milli hjóna sem ólokið er við gildistöku laga þessara.

139. gr.

1. Ákvæðum 12. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara.
2. Ákvæðum 20. og 21. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, þar á meðal um samþykki maka.
3. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um tekjur af séreign sem myndast hafa fyrir gildistöku laganna.
4. Ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga og skuldbindingar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.
5. Gildi kaupmála, sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, skal meta samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 20/1923, ásamt breytingalögum. Um réttaráhrif kaupmála fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

140. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lög nr. 17/1973, 64/1979, 132/1989 og 39/1992 er breyta þeim lögum, sbr. enn fremur lög nr. 25/1961. Þá falla úr gildi I.–VII. og IX.–XI. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, svo og lög nr. 10/1962 er breyta þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sifjalaganefnd samdi frumvarp það sem hér er flutt. Í henni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Auður Auðuns, fyrrverandi dómsmálaráðherra, átti sæti í nefndinni uns hún lét af störfum að eigin ósk. Tók hún þátt í mótun frumvarpsins á fyrstu stigum þess.

Ritari nefndarinnar er Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri.

Sifjalaganefnd er ein af fastanefndum dómsmálaráðuneytisins. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með nýjungum í sifjalöggjöf, endurskoða sifjalöggjöfina og taka þátt í norrænu samstarfi á þessum lagavettvangi.

Eftir að sifjalaganefnd lauk frumgerð að frumvarpi til hjúskaparlaga ásamt yfirlitsgreinargerð voru gögn þessi send ellefu aðilum til umsagnar. Bárust umsagnir frá fimm: biskupi Íslands, Jafnréttisráði, Lögmannafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Þá hafa réttarfars- og skiptaákvæði frumvarpsins verið kynnt fulltrúum réttarfarsnefndar sem settu fram ýmsar ábendingar. Enn fremur hefur verið haft samráð við ýmsa embættismenn og lögmenn sem hafa mikla reynslu á því lagasviði sem frumvarpið tekur til, þar á meðal um ákvæði frumvarpsins um kaupmála og fjárskipti. Hafa margar ábendingar verið teknar til greina við endanlega mótun frumvarpsins og greinargerðar með því.

I.
Yfirlit yfir gildandi hjúskaparrétt.

Allt frá þriðja áratug þessarar aldar hafa gilt hér á landi mismunandi lög um tvo meginþætti hjúskaparréttarins. Annars vegar eru lög nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskap-

ar, er lög nr. 60/1972 leystu af hólmi. Hins vegar eru lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Þau fjalla um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna að einkarétti og um framfærsluskyldu gagnvart fjölskyldunni og um eignamynstrið í hjúskapnum. Enn fremur um skuldaábyrgð hjóna og fjárhagslega stöðu þeirra og um fjárslit, einkum við lok hjúskapar. Með lögum nr. 10/1962 var 29. gr. laga nr. 20/1923 breytt og lögfest ný gerð kaupmála þess efnis að um séreign geti farið sem um hjúskapareign eftir lát annars hjóna, þar á meðal að eignin geti gengið inn í óskipt bú eða komið til skipta samkvæmt helmingaskiptareglu ef maki situr ekki í óskiptu búi. Með erfðalögum, nr. 8/1962, voru reglurnar í VIII. kafla laga nr. 20/1923 fluttar í erfðalög, II. kafla, og sættu þá gagngerðri endurskoðun efnislega.

Lög nr. 60/1972 hafa ekki tekið miklum breytingum. Aldursmark í 2. gr. var lækkað úr 20 árum í 18 ár með lögum nr. 64/1979 og 1. mgr. 44. gr. varðandi sættir í skilnaðarmálum var breytt með lögum nr. 132/1989.

Í skiptalögum nr. 20/1991 er fjallað m.a. um opinber skipti vegna fjárslita milli hjóna. Sifjalaganefnd telur að efnisreglur um skipti þessi eigi að vera í hjúskaparlögum. Vegna hinna nýju laga varð nefndin að breyta upphaflegu frumvarpi sínu og hefur verið leitast við að samræma efni frumvarpsins skiptalögunum. Þetta verður nánar rætt í athugasemdum við XIV. kafla frumvarpsins.

II.
Almennar athugasemdir varðandi endurskoðun laga nr. 20/1923 og laga nr. 60/1972.

Sifjalaganefnd leggur til með frumvarpi þessu að þessir tveir lagabálkar verið felldir í einn. Með því móti fæst gleggri yfirsýn yfir löggjöf á þessu sviði og frá lagatæknilegu sjónarmiði er ýmislegt unnið við þetta, t.d. er óheppilegt að ákvæði um fjárskipti vegna skilnaða séu sumpart í lögum nr. 60/1972, VI. kafla, og sumpart og raunar þó aðallega í lögum nr. 20/1923, VII. kafla. Þá hefur nefndin í tillögum sínum leitast við að samræma efni þessara tveggja lagabálka.

Nefndin hefur reynt að kanna framkvæmd þessara laga hér á landi og taka á þeim atriðum sem reynslan bendir til að breyta þurfi eða setja fyllri ákvæði um, þar á meðal í því skyni að samræma lagaframkvæmd.

Til grundvallar frumvarpinu í heild sinni liggja enn fremur niðurstöður í norrænu löggjafarsamstarfi sem nánar verður gerð grein fyrir hér síðar og svo norrænu lögin sem sett hafa verið síðustu árin.

Í norræna samstarfinu hafa menn verið á einu máli um að hrófla ekki við meginþáttunum í norrænu lögunum bæði um stofnun og slit hjúskapar og um fjármál hjóna. Lögð hefur verið áhersla á það grunnsjónarmið sem setur mjög mark sitt á norrænan sifjarétt að hjúskapur sé frjálst samkomulag karls og konu um þetta mikilvæga lífssamband. Eigi því annars vegar að greiða fyrir því að menn geti stofnað til hjúskapar með því að fella úr gildi ýmsa hjónavígslutálma og hins vegar að veita hjónum kost á að slíta hjúskap sínum ef samkomulag stendur til þess eða annað telur sig ekki geta haldið áfram sambúð. Þau lagasjónarmið hljóta að leiða til einföldunar bæði á hjónavígslu- og skilnaðarskilyrðum. Eftir sem áður er talið rétt að sporna við hjúskaparslitum sem ráðin eru í bráðræði og að viðhafa sáttastarfsemi, einkum með þeim hætti að þjóðfélagið veiti mönnum kost á að njóta sáttatilraunar. Þegar ósjálfráða börnum er til að dreifa sem hjón hafa forsjá fyrir þykir tillitið til barna leiða til þess að mæla fyrir um skyldubundnar sættir, sbr. 42. gr. frumvarpsins og norsku hjúskaparlögin frá 1991.

Um fjármál hjóna hefur verið byggt á eignamynstri norrænu laganna. Það einkennist m.a. af rúmri heimild hvors maka um sig til forræðis á hjúskapareign sinni. Enn fremur á skiptri skuldaábyrgð og helmingaskiptareglunni ef hjúskap lýkur eða fjárslit verða ella. Þróun síðustu ára felur hins vegar í sér að þörf er talin á auknum heimildum til að víkja frá helmingaskiptareglunni ef hún leiðir til ósanngjarnra málaloka, auk þess sem rök þykja standa til þess að halda ýmsum verðmætum utan skipta í rýmra mæli en hingað til hefur verið heimilt. Framfærslureglur eru ekki mikið breyttar en heimild til að ákveða maka lífeyri eftir lögskilnað hefur víða verið þrengd, með hliðsjón af því grunnsjónarmiði að hjúskapur eigi ekki að vera framfærslustofnun út yfir endimörk sín.

Í hjúskaparlöggjöf norrænu þjóðanna hafa verið reglur um alþjóðlegan einkamálarétt á þessu sviði. Slík ákvæði eru fá í íslenskum hjúskaparlögum. Er vafalaust þörf á lögskráningu reglna hér á landi og felur frumvarpið í sér fyllri reglur um þetta efni en lög nr. 60/1972, sbr. 114. og 123. gr. þess. Bent er á að í gildi eru samningar milli Norðurlandanna um þessi efni, sbr. lög nr. 29/1931, 62/1954, 98/1969 og 95/1973.

Sérstök athygli er vakin á því að þar sem greinir í frumvarpinu að sýslumaður leysi úr ágreiningsmáli eða komi með öðrum hætti að afgreiðslu máls samkvæmt frumvarpinu er einnig átt við löglærða fulltrúa sýslumanns þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

Óvígð sambúð, sem svo er nefnd, hefur farið í vöxt síðustu áratugi. Stefnumið síðustu ára hefur ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum, einkum ef aðilar eiga barn saman. Skyldur hafa þó ekki verið tengdar óvígðri sambúð með hliðstæðum hætti og við hjúskap. Sem dæmi má nefna skattalöggjöf, samábyrgð á opinberum gjöldum, framfærsluskyldur og atriði eins og að heimild til setu í óskiptu búi fellur niður ef langlífari maki gengur í hjúskap, en ekki ef hann stofnar til óvígðrar sambúðar. Hitt er það að sambúðarfólk nýtur ekki ýmissa réttinda, svo sem erfðaréttar og hlutdeildar eftir helmingaskiptareglu við fjárskipti. Vissulega kemur til greina að lögfesta grundvallarreglur um ýmis atriði varðandi óvígða sambúð. Sifjalaganefnd hefur þó ekki talið rétt að leggja til að reglur um óvígða sambúð verði hluti hjúskaparlöggjafarinnar og er það í samræmi við niðurstöður í norræna löggjafarsamstarfinu.

III.

Norrænt samstarf um endurskoðun hjúskaparlaga.

Norrænt samstarf á þessu sviði hefur staðið um alllanga hríð. Endurskoðunarstarf það, sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu, hófst raunar á sjötta áratugnum. Í upphafi var einkum fengist við löggjöf um stofnun og slit hjúskapar. Leiddi það samstarf til breyttrar löggjafar um það efni hvarvetna á Norðurlöndum, sbr. hér á landi lög nr. 60/1972. Svíar settu lög um þetta lagasvið árið 1973 og tóku þeir nokkuð aðra stefnu en hinar þjóðirnar, einkum að því er varðar hjónaskilnaði. Eftir það hefur samstarfið verið mestmegnis bundið við löggjöf um réttindi og skyldur hjóna, einkum um fjármál og framfærslu. Þá hafa nefndirnar rætt allmikið hugmyndir að reglum um óvígða sambúð og hafa Svíar sett löggjöf um nokkra þætti þess máls.

Norræna samstarfið um hjúskaparlöggjöf hefur verið mjög gagnlegt. Um tíma voru horfur á að í einstökum atriðum yrði talsvert mikill munur á fyrirhugaðri löggjöf. Eftir víðtækar umræður og athuganir á nýjum grundvelli varðandi löggjöf um fjármál hjóna, einkum með hliðsjón af nýlegri hjúskaparlöggjöf víða um lönd urðu samstarfsnefndirnar sammála um að rétt væri að byggja norræna löggjöf um það efni á sömu meginstoðum og nú er. Sú löggjöf markast af jafnrétti karls og konu í hjúskap, jafnstöðu þeirra og

samstöðu sem foreldra að því er varðar forsjá barna og forsjárskyldur og um framfærslu. Enn fremur er byggt á efnahagslegu sjálfstæði hjóna, sbr. varðandi forræði eigna og skuldaábyrgð og samningsfrelsi þeirra, m.a. sín á milli, og enn á sameiginlegri ábyrgð þeirra á heimili og fjölskyldu, sbr. framfærslureglur.

Að því er varðar stofnun og slit hjúskapar er ætlandi að löggjöf á Norðurlöndum verði mjög lík. Er það vissulega af margvíslegum ástæðum keppikefli. Þetta á nær óskorað við um reglur um *stofnun* hjúskapar. Um *lok* hjúskapar verða reglurnar hins vegar nokkuð breytilegar þótt fremur sé í orði en á borði. Reglur um *ógildingu* hjúskapar hafa verið afnumdar með nýjum lögum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en þær eru óbreyttar í dönsku hjúskaparlögunum og er gert ráð fyrir því í fumvarpi þessu að svo verði einnig hér á landi.

Um *skilnaði* er þess að geta að Finnar og Svíar hafa horfið frá skilnaði að borði og sæng í hefðbundnum skilningi þess hugtaks. Í löggjöf þeirra er lögfest ein skilnaðargerð, lögskilnaður, og þó með tvenns konar tilbrigðum, þ.e. 1) lögskilnaður með reynslutíma í sex mánuði eða eitt ár eftir að leyfi er veitt til skilnaðar og svo 2) lögskilnaður umsvifalaust án slíks reynslutíma. Í reyndinni verður ekki mikill munur á þessum reglum og hinum eldri, sbr. þó að hjón geta haldið áfram samvistum þótt leyfi til skilnaðar með reynslutíma sé veitt, en samkvæmt dönsku, norsku og íslensku reglunum valda samvistir því yfirleitt að leyfi til skilnaðar að borði og sæng fellur niður, sbr. 35. gr. þessa frumvarps þar sem þó er lagt til að frjálslegri regla í þessu efni verði lögfest en er nú, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972.

Þegar til loka hjúskapar kemur er almennt byggt á helmingaskiptareglunni, en samningsfrelsið milli hjóna leiðir til þess að þau geta skipað málum sínum annan veg að vissu marki, þ.e. með kaupmála. Fráviksreglur frá helmingaskiptum hafa svo verið lögmælt ar í nokkrum mæli. Efnislega er svigrúmið til að víkja frá helmingaskiptareglunni svipað. Leiðirnar að því sameiginlega marki að skapa sveigjanlegt fyrirkomulag, sem veiti kost á að taka tillit til sanngirni og haga aðila við úrlausn hvers einstaks máls, eru þó mismunandi að nokkru. Hér er þess m.a. að geta að í Danmörku, Noregi og hér á landi (breytist 1. júlí 1992) starfa sérstakir dómstólar, skiptaréttir, sem fjalla um fjárskiptin ef óskað er, en slíkum dómstólum er ekki til að dreifa í Finnlandi og Svíþjóð. Vegna þessa mismunar er nokkuð erfitt að samræma norræna löggjöf um þetta efni. Frá sjónarmiði norræns lagasamstarfs og þeirra veigamiklu stefnumiða, sem búa þar að baki, má vel una við þær niðurstöður er samstarfsnefndirnar hafa komist að. Löggjafarþingin norrænu hafa tekið tillögum nefndanna vel og er mikilvægt að samræmi verði hér í sem ríkustum mæli.

Sænsk heildarlöggjöf um hjúskap var lögfest 1987 og norsk vorið 1991 og veigamiklar breytingar voru gerðar á finnsku hjúskaparlöggjöfinni 1987 og hinni dönsku 1989. Mikil gróska hefur verið hin síðari ár í nýmælum á sviði hjúskaparréttar á Norðurlöndum. Á þetta einnig við um önnur Evrópulönd sem mörg hver hafa gerbreytt löggjöf sinni síðustu árin. Er hér um straumhvörf að ræða í þróun sifjalaga þótt það verði ekki rakið hér.

IV.
Helstu nýmæli frumvarpsins og yfirlit yfir efni þess.

I. KAFLI
Efnissvið laganna og almenn ákvæði.

Þessi ákvæði sníða frumvarpinu efnisstakk og gegna almennu leiðsöguhlutverki. Benda má sérstaklega á jafnréttisákvæði 2. gr. og ákvæði 3. gr. um verkaskiptingu innan fjöl-

skyldu og skyldu maka til að veita hinum upplýsingar um efnahag sinn.

Í kaflanum eru ákvæði hliðstæð 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923.

II. KAFLI
Hjónavígsluskilyrði.

Kaflinn er hliðstæður I. kafla laga nr. 60/1972, en til muna styttri svo að ekki sé vitnað til enn eldri laga. Vakin er athygli á eftirfarandi atriðum:

A. Undanþága frá aldursskilyrði.

Lagt er til að afnuminn verði áskilnaður um samþykki foreldra (lögráðamanns) sem skilyrði fyrir því að aldursleyfi verði veitt, sbr. 7. gr. frumvarpsins, enda fágætt að foreldrar taki af skarið í því efni. Aldursleyfi eru nú mjög fátíð.

B. Hjónavígsla geðveikra manna og þroskaheftra, sbr. 5. gr. laga nr. 60/1972.

Lagt er til að þessi hjúskapartálmi verði felldur niður svo sem gert hefur verið í nýjustu norrænu hjúskaparlögunum. Mikilvægt er að andlega fatlaðir menn njóti þeirra mannréttinda að geta stofnað til fjölskyldubanda.

C. Undanþægt bann við hjúskap tengdra manna, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1972.

Lagt er til í frumvarpinu að bann gegn vígslu tengdra manna verði fellt með öllu niður og því 8. gr. í heild sinni. Þykir réttmætt að fylgja hér fordæmi norrænu laganna, enda er bann þetta ófullkomið úrræði til að ná því takmarki sem að baki ákvæðinu býr.

D. Skiptaskilyrði 10. gr. laga nr. 60/1972.

Í norræna sifjalagasamstarfinu naut sú skoðun byrjar að afnema bæri lagaákvæði er vörðuðu skipti sem vígsluskilyrði. Varhugavert hefur þó þótt að afnema það hér á landi og vísast til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins.

E. Hjúskapur hálfsystkina.

Sænsku lögin frá 1987 heimila að leyfa hjúskap milli þessara aðila. Dönsku lögin frá 1989 halda hins vegar óbreyttu hjúskaparbanni þegar svo stendur á. Norsku lögin nýju heimila að staðfesta megi hjúskap milli hálfsystkina ef þeim hefur verið ókunnugt um frændsemi er hjónavígsla fór fram. Slík tilvik eru vafalaust fágæt hérlendis í þessu fámennisþjóðfélagi. Þykir ekki ástæða til að setja ákvæði um þetta í frumvarpið.

III. KAFLI
Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Kaflinn er hliðstæður II. kafla laga nr. 60/1972, en hefur að geyma nokkuð fyllri reglur um þetta efni en hann þótt hann feli ekki í sér umtalsverðar breytingar á núgildandi reglum sem þykja hafa gefið góða raun.

IV. KAFLI
Hjónavígsla.

Þessi kafli er hliðstæður III. kafla laga nr. 60/1972.

A. Vígsluheimild presta, sbr. 17. gr.

Í 17. gr. segir að þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem greinir í lögum nr. 62/1990 um

starfsmenn þjóðkirkjunnar o.fl., séu löggildir hjónavígslumenn, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið skuli að fengnum tillögum biskups ákveða hvort aðrir prestvígðir menn, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, hafi heimild til hjónavígslu. Er örðugt að setja ákvæði er taki yfir alla þá starfsmenn sem hér geta komið til greina, t.d. presta sem ráðnir eru til þjónustu af stofnunum eða félagssamtökum. Þykir því heppilegt að láta það velta á ákvörðun ráðuneytis á grundvelli tillagna biskups hvernig ráða skuli því máli til lykta.

Í 3. mgr. 17. gr. er kveðið á um vígsluheimild þjóðkirkjupresta sem látið hafa af embætti. Mælt er fyrir um að þeir skuli hafa samþykki prests sem hjónavígsluheimild hafi og að sá prestur kanni hjónavígsluskilyrði og takist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi. Þessi tilhögun þykir tryggilegri en núgildandi skipan, en með þessu er vígsluheimild presta þessara ekki skert verulega.

B. Borgaralegir vígslumenn, sbr. 18. gr.

Til samræmis við lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum um borgaralega vígslumenn. Lagt er til að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmi borgaralega hjónavígslu.

C. Tengsl vígslumanns við hjónaefni, sbr. 21. gr.

Vakin er athygli á nýmæli í 21. gr. um að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi til að kanna hjónavígsluskilyrði eða gefa saman hjón. Er það í samræmi við venjur sem rétt þykir að lögskrá, en þær reglur víkja frá reglum stjórnarfarsréttar um sérstakt hæfi stjórnvalda.

D. Staðfesting á hjónavígslu sem eigi er gild, sbr. 25. gr.

Í niðurlagi 25. gr. frumvarpsins er nýmæli þess efnis að staðfesta megi hjónavígslu sem eigi hefur verið gild þótt annað hjóna eða bæði séu látin. Getur það skipt sköpum um skipti milli þeirra.

V. KAFLI
Ógilding hjúskapar.

Hann er hliðstæður IV. kafla laga nr. 60/1972.

Ógilding hjúskapar er næsta fágæt hvarvetna á Norðurlöndum. Í finnsku, sænsku og norsku hjúskaparlögunum er þetta úrræði fellt úr gildi. Í stað þess er þeim maka, sem misgert er við, heimilað að krefjast lögskilnaðar umsvifalaust. Gilda almennar lögskilnaðarreglur um málið, þar á meðal um fjárskipti. Heimildir til frávika frá helmingaskiptareglu þykja svo víðtækar að ekki sé þörf á sérreglu um fjárskiptin. Kunnugt er að Danir hafa ekki hugsað sér að afnema reglur um ógildingu hjúskapar, a.m.k. var það ekki gert með lagabreytingu 1989. Um rökstuðning vísast til umsagnar um V. kafla hér síðar.

VI. KAFLI
Hjónaskilnaðir.

Hann er hliðstæður V. kafla laga nr. 60/1972.

Reglur hafa verið gerðar einfaldari og hjónaskilnaðarástæðum hefur fækkað, sbr. að ákvæði 32., 36., 37., 41. og 42. gr. laga nr. 60/1972 eru ekki í frumvarpinu.

A. Skilnaður að borði og sæng, sbr. 33.–35. gr.

Ákvæði frumvarpsins byggjast á því að skilnaði að borði og sæng sé haldið sem sér-

stakri skilnaðargerð og gegnir hinu sama í dönskum og norskum rétti. Finnsku og sænsku lögin nýju nota þetta hugtak hins vegar ekki. Er þar talað um skilnað með eða án umhugsunartíma sem oft er þá svipaður að tímalengd og við skilnað að borði og sæng í hinum löndunum. Sá grundvallarmunur er m.a. á að eftir finnskum og sænskum rétti er þess ekki krafist að hjónin rjúfi samvistir, en ella falli niður réttaráhrif skilnaðarins.

Skilyrði til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. og 34. gr. frumvarpsins eru óbrotnari en ákvæði 31. og 32. gr. laga nr. 60/1972.

Nýmæli er í 35. gr. um áhrif þess að samvistir hjóna haldist eftir að skilnaður að borði og sæng er fenginn eða hjón taki aftur upp samvistir. Er þar dregið úr kröfunni um samvistaslit og verður þessi skilnaðargerð þá sveigjanlegri og sáttavænlegri.

B. Lögskilnaður, sbr. 36.–40. gr.

1. Lágmarkstími, sem líða þarf, frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og til þess að lögskilnaður er kræfur á grundvelli hans er ávallt eitt ár skv. 34. gr. laga nr. 60/1972. Í 36. gr. frumvarpsins er lagt til að tíminn verði styttur í sex mánuði ef hjón eru á einu máli um að óska lögskilnaðar, en ella verði hann eitt ár. Þykir sex mánaða frestur fullnægjandi þegar samkomulag er milli hjóna um að leita lögskilnaðar.
2. Í 37. gr. er frestur styttur úr þremur árum skv. 35. gr. laga nr. 60/1972 í tvö ár í samræmi við niðurstöður í norræna löggjafarsamstarfinu.
3. Samkvæmt 39. gr. er hjúskaparbroti haldið sem lögskilnaðarástæðu andstætt því sem er í finnskum, norskum og sænskum rétti. Sú breyting er orðuð í 39. gr. að hjúskaparbrot, eftir að skilnaður að borði og sæng er fenginn, geti ekki verið grundvöllur að lögskilnaði. Samkvæmt lögum nr. 60/1972 helst trúnaðarskylda einnig á þessu tímabili.
4. Orðalagi 40. gr. frumvarpsins um ofbeldisverk annars maka gagnvart hinu eða börnum er breytt nokkuð.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar, sbr. 41. gr.

Ákvæðum þar að lútandi hefur verið breytt til samræmis við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Ef hjón eru sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng leysir sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans úr kröfu og veitir leyfi, sbr. 1. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Sama á við ef hjón leita sameiginlega lögskilnaðar eftir lok sex mánaða frests skv. 1. mgr. 36. gr. Í öðrum tilvikum er hægt að leita skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum. Dómsmálaráðuneytið er eingöngu málskotsstig í þessu sambandi. Er það grundvallarbreyting frá lögum nr. 60/1972.

D. Sáttaumleitan, sbr. 42. gr.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 60/1972, sbr. lög nr. 132/1989, eru sættir vegna skilnaða skyldubundnar. Skulu þær hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en skilnaðar er leitað. Á Norðurlöndum hefur ákvæðum um sættir verið breytt svo að hjónum er ekki skylt að leita sátta, en hins vegar veittur kostur á sáttum, t.d. í sérstökum stofnunum um fjölskylduráðgjöf. Hér á landi eru mjög skiptar skoðanir um gildi sátta í þessu sambandi. Sifjalaganefnd hefur á grundvelli kannana sinna og athugana á gildi sátta komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu rök til að halda í það fyrirkomulag að sáttir séu skyldubundnar nema þegar hjón hafa forsjá fyrir ósjálfráða börnum. Þessa millileið hafa Norðmenn einnig valið. Sifjalaganefnd leggur áherslu á að hjón eigi samt sem áður ávallt kost á

sáttameðferð og er ákvæði 42. gr. orðað með það stefnumið í huga. Í lok greinarinnar eru fyrirmæli um að unnt sé að kveða svo á að sættir í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sátta af hendi annarra þeirra sáttasemjara sem greindir eru í ákvæðinu, þ.e. prests og forstöðumanns safnaða og sýslumanns eða dómara. Eiga hjón því nokkurra kosta völ um sáttasemjara samkvæmt ákvæðinu. Hér er sérstök ástæða til að benda á fjölskylduráðgjöf þjóðkirkjunnar. Í þessu sambandi skal vakin athygli á 59. og 68. gr. frumvarps til barnalaga og V. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samkvæmt 42. gr. er eigi skylt að viðhafa sáttatilraun ef hjón óska bæði eftir lögskilnaði á grundvelli skilnaðar að borði og sæng og er það nýmæli.

E. Umleitun um skilnaðarkjör, sbr. 43. gr.

Ákvæðin um þetta efni eru að mestu óbreytt frá því sem er í 45. gr. laga nr. 60/1972. Þó segir í frumvarpinu að umleitunar sé ekki þörf ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 36. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum. Er þetta í samræmi við 42. gr. frumvarpsins.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng, sbr. 45. gr.

Samkvæmt henni skulu sömu skilnaðarskilmálar gilda við lögskilnað og við skilnað að borði og sæng nema annars hafi verið getið þegar skilnaður að borði og sæng var veittur.

Ákvæði um skipan forsjár barna og umgengnisrétt þykja eiga betur heima í barnalögum en hjúskaparlögum. Er þeim skipað í frumvarpi til barnalaga sem flutt var á Alþingi haustið 1991.

VII. KAFLI
Ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar.

Kaflinn er hliðstæður 3.–11. gr. laga nr. 20/1923 og 49.–52. gr. og að nokkru 54. og 60. gr. laga nr. 60/1972. Í kaflanum eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna bæði meðan á hjúskap stendur, sbr. A, og um lífeyri með maka eftir skilnað, sbr. B. Ekki kveður mikið að nýmælum í kaflanum, en ákvæðin eru einfaldari í sniðum en hliðstæð ákvæði laga nr. 60/1972 og 20/1923.

VIII. KAFLI
Eignir hjóna.
Yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap.

Hliðstæð ákvæði er að finna í III. kafla laga nr. 20/1923. Ákvæðum kaflans, sem fela í sér nokkur nýmæli, er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap og hafa leiðsögugildi.

Í 53. gr. er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt og til leiðsögu, þ.e. greindar eru þær eignadeildir sem til greina geta komið. Þetta er nýmæli.

Í 54. gr. er hugtakið hjúskapareign skilgreint. Horfið er frá hugtakinu hjúskaparrétti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923, enda hefur það ekki verulegt sjálfstætt gildi.

Í 55. gr. er það einnig greint til yfirlits hvernig séreign geti myndast, en hliðstætt ákvæði er ekki í lögum nr. 20/1923.

Í 56. gr. er vikið að því að sameign geti myndast í hjúskap, sbr. og 53. gr., og kveðið er á um að eignarhlutdeild maka í sameign geti ýmist verið hjúskapareign eða séreign eftir því hver skipan er á fjármálum hjóna. Hér er lagt til að fræðiskýring verði lög-

fest og er greinin nýmæli að því er lögskráningu varðar.

57. gr. samsvarar 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923 og felur ekki í sér nýmæli.

IX. KAFLI
Forræði maka á eign sinni.

A. Almenn ákvæði, sbr. 58.–59. gr.

58. gr. samsvarar 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923. 59. gr. er hliðstæð 19. gr. laga nr. 20/1923 og felur fyrst og fremst í sér stefnumið og undirstöðu í regluheildinni um fjármál hjóna.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

1. 60. gr. um fasteignir.

Hún samsvarar 20. gr. laga nr. 20/1923. Veitir 60. gr. fjölskyldu, er býr á fasteign, ríkari vernd gegn ráðstöfunum þess sem eignina á en 20. gr.

a. 60. gr. reisir skorður við ráðstöfun maka hvort sem fasteignin er hjúskapareign hans eða *séreign*, enda er verndarþörfin jafnrík í báðum tilvikum. Ætlunin er að bújarðir falli undir 60. gr., en hins vegar ekki óbyggðar lóðir, sbr. hér enn fremur skýringarákvæði 62. gr.
b. Það er nýmæli að áskilið er að samþykki maka sé *skriflegt* svo sem það er tíðast í reynd.
c. Þá er það nýmæli að kveðið er á um samþykki ef annar maki, sem er leigutaki íbúðar þar sem fjölskyldan býr, vill *segja upp leigusamningi*. Ákvæðið á einnig við um framleigu á slíku húsnæði eða hluta þess. Þetta ákvæði tekur einnig til leigusamninga um atvinnuhúsnæði annars hjóna eða beggja.
d. Í 2. mgr. 60. gr. er mælt fyrir um samþykki ef maki vill afhenda hlutabréf eða önnur eignarskilríki sem tengjast slíku húsnæði. Ákvæðið er einskorðað við afhendingu og tekur ekki til veðsetningar á bréfum þessum.

Verðmæti, er koma í stað fasteignar, t.d. eignarnámsbætur, lúta ekki reglu 60. gr.

2. 61. gr. um lausafé.

Hún samsvarar 21. gr. laga nr. 20/1923.

Nýmæli eru þessi:

a. Ákvæðið á við þótt eign sé *séreign* þess er ráðstafa vill innbúi o.fl.
b. Greinin áskilur að samþykki skuli vera *skriflegt*.
c. Ákvæðið tekur til þess er *leigja* á verðmæti er fellur undir greinina.

3. 62. gr.

a. 1. mgr. er *skýringarákvæði* við 60. og 61. gr. og er hún nýmæli. Þar segir að greinar þessar eigi einnig við ef eign, sem er í sameign hjóna, er ráðstafað, þ.e. M ráðstafar hluta sínum í eign sem er sameign þeirra M og K. Vera má þó að sameignarreglur leiði til þess í einstaka tilviki að bæði hjónin þurfi beinlínis að standa að samningsgerðinni.
b. Þá segir í 1. mgr., að ákvæðin eigi við ef aðeins *hluta* af eign sé ráðstafað eða hann bundinn öðrum kvöðum. Er einkum átt við fasteign. Hér er lögskráð ótvíræð fræðiskýring sem staðfest hefur verið af dómstólum. Ákvæðin gilda einnig ef *hluti lóðar* eða lands undir fasteign, sem fjölskyldan býr á, er seld eða bundin eignarkvöðum. Vísað er til skýringa fræðirita um það.

c. 2. mgr. 62. gr. er einnig nýmæli sem reist er á almennum lagarökum og stutt sanngirnisrökum.

4. 63. gr.

Hún er hliðstæð 22. gr. laga nr. 20/1923. Það er nýmæli að viðsemjandi maka getur skotið synjun um að veita samþykki til sýslumanns. Eru haldgóð rök fyrir því.

5. 64. gr.

1. mgr. felur í sér nýmæli er varðar *þinglýsingu* á skjali um fasteign sem 60. gr. tekur til. Á skjal að geyma yfirlýsingu um hvort útgefandi sé í hjúskap og um það hvort fjölskyldan búi á eigninni. Er þetta hugsað sem öryggisákvæði.

6. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr., sbr. 65. gr.

Í 65. gr. er það mikilvæga nýmæli að unnt sé að ógilda samning er 60. gr. tekur til vegna skorts á samþykki þótt viðsemjandi sé grandlaus um að þörf hafi verið á samþykki eins og á stóð. Í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923 er grandsemi hins vegar forsenda fyrir ógildingu samnings. Varðandi samninga skv. 61. gr. er regla 65. gr. frumvarpsins svipuð og í lögum nr. 20/1923.

7. Gjöf til þriðja manns, sbr. 66. gr.

Greinin fjallar um *riftun á gjöf* maka til þriðja manns ef gjöf er úr hófi miðað við efnahag hjóna. Skilyrði riftunar er að viðtakandi sé grandsamur. Greinin er nýmæli.

X. KAFLI
Skuldaábyrgð hjóna.
Heimild annars hjóna til að skuldbinda hitt.

Að nokkru hliðstæður IV. kafla laga nr. 20/1923. Hér er safnað saman í einn kafla dreifðum ákvæðum í lögum nr. 20/1923. Meginreglurnar eru óbreyttar. 67. gr. fer með grunnregluna, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923. 68. gr. áréttar hana og er hún nýmæli til frekari skýringar.

69. gr. samsvarar 12. gr. laga nr. 20/1923. Lagt er til að afnumið verði sérákvæðið í 12. gr. um samninga vegna sérþarfa húsfreyju og jafnt látið yfir bæði hjón ganga hvað þetta varðar. Í greininni segir að heimild til samningsgerðar annars hjóna taki einnig til leigu húsnæðis vegna sameiginlegs heimilis hjóna, en hins vegar ekki atvinnuhúsnæðis.

70. gr. er hliðstæð 14. gr. laga nr. 20/1923 en nokkru þrengri. Sérregla 26. gr. laga nr. 20/1923 um fyrningu á kröfu á hendur húsfreyju vegna samnings skv. 12. gr. þeirra laga er ekki í frumvarpinu. Hún samrýmist ekki jafnréttisviðhorfum nútímans.

XI. KAFLI
Samningar milli hjóna o.fl.
Reglur um séreignir.

Í kaflanum er safnað ákvæðum um samninga hjóna í milli, þar á meðal um séreignir samkvæmt kaupmála. Samhengisins vegna eru hér raunar einnig reglur um aðrar séreignir, svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Þessi ákvæði eru á víð og dreif í lögum nr. 20/1923, sbr. m.a. ákvæði V. kafla þeirra, en heppilegra er til yfirlits að fella þau saman í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli.

A. Almennt ákvæði, sbr. 71. gr.

Þar segir almennt að hjón geti samið sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Þetta er lögfesting á meginreglu sem nú gildir, en er nýmæli sem lögskráð regla.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna, sbr. 72. og 73. gr.

Í 3. mgr. 72. gr. er nýmæli er heimilar að gera kaupmála með því efni að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna, sem aflað er eftir gerð kaupmála, verði séreign. Þetta er frávik frá þeirri meginreglu að ekki sé unnt að gera óöfluð verðmæti að séreign með kaupmála.

C. Séreignir, sbr. 74.–77. gr.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

Í 2. mgr. 74. gr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að unnt sé að tímabinda kaupmála, t.d. til 10 ára, og skilyrða þá með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignist sameiginlegan skylduerfingja.

Í 3. mgr. 74. gr. eru nokkur nýmæli í sambandi við kaupmálagerð þá er greinir í lögum nr. 10/1962. Er lagt til að hægt sé að kveða svo á að um séreign samkvæmt kaupmála fari sem um hjúskapareign að öðru hvoru hjóna látnu.

Í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923 segir að arður af séreign skuli teljast hjúskapareign nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Alloft eru ákvæði í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá þar sem mælt er svo fyrir að arður af séreign verði einnig séreign. Í 75. gr. er lagt til að síðastgreind tilhögun verði lögfest sem aðalregla, þ.e. að arður (tekjur) af séreign verði einnig séreign nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda. Hliðstætt ákvæði er í sænsku lögunum nýju og hinum finnsku og norsku og verður væntanlega lögfest hvarvetna á Norðurlöndum.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

Í 77. gr., er samsvarar 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, er í fyrsta lagi það nýmæli að gefandi eða arfleiðandi geti mælt svo fyrir að gjöf eða arfur verði séreign með því efni er greinir í 74. gr., þar á meðal geti hann bundið séreignina við ævi annars eða tímabundið hana og skilyrt. Samkvæmt 75. gr. verður arður af slíkri séreign einnig séreign nema annars sé getið. Enn er það nýmæli í 2. mgr. 77. gr. að hjónum sé fyrirmunað að breyta ákvæðum gefanda eða arfleiðanda um séreign nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum. Leysir þetta skýringarákvæði úr óvissu.

D. Aðrir samningar milli hjóna, sbr. 78. og 79. gr.

Um aðra samninga hjóna eru ákvæði í 31.–35. gr. laga nr. 20/1923. Eru 31., 33. og 34. gr. teknar upp lítt breyttar í 73., 78. og 79. gr. frumvarpsins nema ákvæði 32. gr. sem ekki þótti ástæða til að hafa í frumvarpi þessu.

XII. KAFLI
Kaupmálar.

Í þessum kafla er skipað samfellt ákvæðum um kaupmála, hæfi til kaupmálagerðar, form þeirra og reglum um skráningu. Ákvæði um þetta efni eru nokkuð dreifð í lögum nr. 20/1923, en er aðallega að finna í V. og IX. kafla þeirra.

Í kaflanum eru ýmis nýmæli:

Um *form* kaupmála er það nýmæli í 80. gr. að undirritun hjóna eða hjónaefna skuli staðfesta af lögbókanda eða lögmanni eða fulltrúa hans eða af tveimur vottum sem skulu vera *samtímis* viðstaddir og skal koma fram í vottorði þeirra að um kaupmála sé að ræða. Vottarnir eiga að vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum.

Í 82. gr. frumvarpsins er tekið fram að skráning kaupmála sé forsenda fyrir réttaráhrifum hans, bæði gagnvart þriðja manni og á milli hjóna.

Reglur um skráningu kaupmála eru svipaðar núgildandi reglum, en þær eru m.a. færðar til samræmis við þinglýsingalög, nr. 39/1978. Vakin er athygli á 87. gr. er varðar þinglýsingu á ákvæði kaupmála um fasteign, skip stærra en 5 smálestir og skrásett loftför. Greinin er nýmæli sem lögskráð regla. Í 89. gr. er það nýmæli að hvort hjóna getur krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók þegar hjúskap er lokið, en þó ekki fyrr en fjárskipti hafa farið fram. Erfingi getur einnig krafist þessa.

XIII. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar.

Í VI. kafla laga nr. 20/1923 eru ákvæði um skipti til fjárslita milli hjóna án þess að til skilnaðar komi. Þessum ákvæðum hefur ekki verið mikið beitt hér á landi. Í umræðum í norræna löggjafarsamstarfinu hafa skoðanir verið skiptar um hvort halda eigi þessum reglum. Sifjalaganefnd hefur hallast að því að svo verði, m.a. vegna þess að þær eru taldar hafa nokkurt varnaðargildi. Ákvæðin eru lítt breytt frá ákvæðum VI. kafla laga nr. 20/1923. Tengsl þessa kafla við ákvæði skiptalaga nr. 20/1991 hafa verið athuguð sérstaklega.

XIV. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.

Efnisreglur um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita eiga að mati sifjalaganefndar heima í hjúskaparlögum. Hefur það verið mótuð löggjafarstefna, sbr. VII. kafla laga nr. 20/1923 og VI. kafla laga nr. 60/1972. Skiptar skoðanir eru hins vegar um það hvort formreglum eða verklagsreglum um framkvæmd skipta eigi að öðru leyti að skipa í skiptalög eða hjúskaparlög og er það mál leyst með mismunandi hætti í norrænum lögum. Hér er þess að gæta að greinimark milli efnisreglna og formreglna er hvergi nærri hnitmiðað.

Norræna löggjafarsamstarfið um endurskoðun hjúskaparlaga tók m.a. til skiptareglna, fyrst og fremst efnislegra skiptareglna. Var það haft í huga við samningu frumvarpsins að tekið væri tillit til þeirra meginniðurstaðna sem fengust í því samstarfi, svo og þeirra nýju norrænu laga sem sett hafa verið með hliðsjón af því. Þetta á t.d. við um það tímamark er miða skal eignir og skuldir hjóna við, sbr. 101. gr., um verðmæti sem maki getur krafist að haldið sé utan skipta, sbr. 102 gr., um frávik frá helmingaskiptareglu við slit hjúskapar, sbr. 104 gr., um endurgjaldskröfur, sbr. 107. gr., og um efnisviðmiðun varðandi útlagningu verðmæta, sbr. 108. og 109. gr. Einkum eru það norsku lögin sem höfð eru til fyrirmyndar við mótun ákvæðanna. Enn fremur var leitast við að kanna og færa sér í nyt reynslu af framkvæmd þessara mála hér á landi og naut sifjalaganefnd ráðgjafar reyndra skiptaráðenda við mótun ákvæðanna.

Í skiptalögum nr. 20/1991 eru nokkur ákvæði er fela í sér efnislegar skiptareglur. Við samningu kaflans hefur verið tekið mið af þeim svo langt sem þau ná í þessu efni og leitast við að laga reglur frumvarpsins að þeim lögum. Hafa ákvæði kaflans verið stíl-

uð með það í huga að tengja saman skiptalög og þá regluheild er XIV. kafli frumvarpsins geymir. Er þar mjög vísað til einstakra ákvæða skiptalaga nr. 20/1991.

Hér á eftir verður athygli beint að fáeinum atriðum í XIV. kafla:

a. Um greinimarkið, sem miða ber við eignir og skuldir, er nýmæli í 101. gr. Í frumvarpinu segir að leggja skuli til grundvallar það tímamark er héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti án hjúskaparslita eða sýslumaður umsókn um leyfi til skilnaðar eða dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 104. gr. skiptalaga.
b. Í 102. gr. frumvarpsins segir um verðmæti sem maki getur krafist að komi ekki til skipta. Eru þær reglur að nokkru í samræmi við lagaframkvæmd, en jafnframt gætir þar nýmæla. Greinin er í samræmi við hliðstætt ákvæði í norskum lögum.
c. Í 104. gr. er meginreglan um frávik frá helmingaskiptareglunni. Sú regla er nú í 57. gr. laga nr. 60/1972. Hún hefur þótt gegna góðu hlutverki, en þótt fela í sér of þrönga heimild til frávika. Í norræna löggjafarsamstarfinu var rætt rækilega um efni slíkrar reglu og er tekið tillit til þeirra umræðna við mótun 104. gr. og þá ekki síst höfð hliðsjón af dómum og annarri lagaframkvæmd varðandi 57. gr. laga nr. 60/1972 og reynslu sem af henni hefur fengist.
d. Ákvæði 105. gr. fela í sér rýmri reglur en nú um að gerlegt sé að taka tillit til persónulegra þarfa við uppgjör bús.
e. Ákvæði 107. gr. um endurgjaldskröfur er í stórum dráttum í samræmi við ákvæði laga nr. 20/1923, 51.–54. gr.
f. Ákvæðin um útlagningu verðmæta veita aukið svigrúm til að taka tillit til sérþarfa maka og barna, sbr. 108. og 109. gr. Benda má sérstaklega á 1., 2. og 5. tölul. 108. gr.
g. Ákvæði 111. gr. er nýmæli.

XV. KAFLI
Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.

Í þessum kafla eru endurskoðuð ákvæði VII. kafla laga nr. 60/1972. Ýmsu er breytt hér í efnisskipan og uppbyggingu kaflans, ákvæði einfölduð og nokkur felld niður. Mjög er hér tekið tillit til nýrra laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

a. Lögsögureglur skv. 114. gr. eru nokkru víðtækari en skv. 66. gr. laga nr. 60/1972.
b. Samkvæmt 117. gr. frumvarpsins sæta hjúskaparmál að meginstefnu til meðferð einkamála. Í kaflanum er mælt fyrir um nokkur frávik frá því sem nauðsynleg eru vegna séreðlis þessara mála.
c. Í 122. gr. eru sérákvæði um áfrýjun sem þörf er á.

XVI. KAFLI
Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

Þessi kafli er nýr að stofni til. Hann er hliðstæður IX. kafla í frumvarpi til barnalaga.

XVII. KAFLI
Gildistaka, lagaskil og brottfallin lög.

Lagt er til að lögin, ef samþykkt verða, gildi einnig að meginstefnu til um þau hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna. Nokkur frávik eru þó frá því um tiltekna gerninga.

Í 133. gr. er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1993.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru almenns eðlis, en fjalla um ólíkt efni. Einum þræði marka þau lögunum efnissvið, sbr. 1. gr. Öðrum þræði eru þar ákvæði um jafnstöðu hjóna og verkefni innan fjölskyldu, sbr. 2. og 3. gr. Þá eru þar ákvæði sem gegna almennu leiðsöguhlutverki og eru ætluð til yfirlits, einkum um fjármálaskipunina, sbr. 4.–6. gr. Þau ákvæði fá svo síðar fyllra inntak í einstökum greinum frumvarpsins. Ákvæði 2. gr. svara til 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923, en ákvæði 2. mgr. 3. gr. til 11. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr. eiga ekki beina samsvörun í lögunum eins og þau eru nú, en 6. gr. frumvarpsins svarar til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Um 1. gr.

Hér er það afmarkað til hverra lögin taki ef samþykkt verða. Eru þau einskorðuð við hjón í skilningi sifjaréttarins, þ.e. við karl og konu sem gefin hafa verið saman í hjúskap svo að lágmarksskilyrðum um gildi hjónavígslu sé fullnægt, sbr. 24. og 25. gr. þessa frumvarps. Ná þau ekki til óvígðrar sambúðar. Lög gera að vísu hlut sambúðarkonu og sambúðarmanns hinn sama og hjóna í mörgum samböndum og er það m.a. rakið í riti Guðrúnar Erlendsdóttur: Óvígð sambúð 1988. Í norrænum lögum og lagafrumvörpum er hvarvetna hafnað þeirri hugmynd að fjalla samfellt og í sama lagabálki um þessi tvenn sambúðarform og hinu sama gegnir yfirleitt um evrópska sifjalöggjöf. Þykir fara betur á því að löggjöf um óvígða sambúð taki mið af hverju einstöku lagasambandi. Sérstök ástæða er til að kanna hvort ekki sé réttmætt að setja lagaákvæði um sameiginlegan bústað sambúðarfólks og búslóð á sameiginlegu heimili, m.a. þannig að reistar verði skorður við að annað þeirra ráðstafi slíkum verðmætum án þess að samþykki hins komi til. Um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð hafa gengið allmargir stefnumarkandi dómar í Hæstarétti hin síðari ár. Er þörf á því að kannað verði hvort ekki sé ástæða til að setja efnislegar lagareglur um þennan mikilvæga þátt með hliðsjón af dómunum til fyllingar ákvæðum skiptalaga nr. 20/1991 sem hafa að geyma verklagsreglur um skipti við slit óvígðar sambúðar, sbr. XIV. kafla þeirra. Þá þarf frekari athugun á ákvæðum ýmissa laga þar sem til greina kemur að gera hlut óvígðrar sambúðar hinn sama eða svipaðan og hjúskapar, bæði að því er réttindi og skyldur varðar.

Í 1. gr. er fólgið að hjúskapur getur aðeins myndast milli karls og konu. Frumvarpið tekur því ekki til heita samkynja manna um sambúð. Um það hafa nýlega verið sett lög í Danmörku, sbr. lög nr. 372/1989.

Um 2. gr.

Í upphafi 2. gr. er almennt ákvæði um jafnstöðu hjóna. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað hlutverk á sviði sifjaréttar og einkaréttar almennt. Ákvæðið ætti einnig að hafa gildi á öðrum lagasviðum, m.a. sem lögskýringarregla.

Í 2. gr. segir að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum. Ef þetta ákvæði verður samþykkt er afnuminn sá munur er kann að vera í sifjalögum að því er varðar lagastöðu karls og konu í hjúskap. Nefna má sem dæmi 12., 26. og 27. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 20/1923, en hliðstæð ákvæði eru ekki tekin í þetta frumvarp.

Lagastaða hvors hjóna um sig gagnvart börnum á einnig að vera hin sama. Segir nánar um það í barnalögum, nr. 9/1981, og í frumvarpi til barnalaga. Hér er m.a. átt við stöðu hjóna sem forsjáraðila og lögráðenda með réttindum og skyldum því samfara. Sérstök ákvæði í öðrum lögum geta þó kveðið á um annað, sbr. t.d. um ríkisfang, lögheim-

ili, kenningarnafn og forsjá eftir hjúskaparslit og ganga þau framar hinu almenna ákvæði 2. gr.

Ákvæði 2. gr. sver sig að öðru leyti í ætt við 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923. Það er þó víðtækara þar sem hér er kveðið svo á að hjón skuli í sameiningu annast uppeldi og velferð barna sinna.

Í 2. gr. segir að vinna á heimili feli í sér framlög til *framfærslu* fjölskyldunnar og er þetta áréttað í 47. gr. frumvarpsins. Í þessu felst að t.d. húsmóðir, sem vinnur á heimili en ekki utan þess, er ekki fremur framfærð af eiginmanni sínum, en hann af henni. Hugtakið framfærandi verður að skýrgreina í samræmi við þessi viðhorf. En hér er meira í efni. Það hjóna, sem vinnur aðallega eða eingöngu á heimili, leggur grundvöll að því að hitt geti aflað sér tekna utan heimilis. Hið síðarnefnda hefur jafnaðarlega fjárráðin og þau verðmæti, sem það aflar í skjóli þeirra, verða hjúskapareign þess. Hlutdeild hins heimavinnandi í eigninni verður ekki virk að ráði fyrr en við hjúskaparslit. Þetta er ágalli við norræna eignamynstrið og afleiðing þess er þá einnig sú að við fjárskipti við hjúskaparslit hefur sá maki, sem á verðmætið að hjúskapareign, forgangsrétt til þess að fá það í sinn hlut við útlagningu. Heimavinnandi makinn leggur með vinnu sinni á heimili til veigamikinn skerf til heimilis og fjölskyldunnar. Stuðlar hann með því að öflun tekna og spörun útgjalda o.fl. Er réttmætt að telja, a.m.k. hvað snertir eignir eins og íbúðarhúsnæði og innbú á heimili, að það hjóna komi til greina við útlagningu þeirra verðmæta miðað við mat á þörfum hvors um sig á verðmæti. Þetta hefur orðið niðurstaða í dómum Hæstaréttar Noregs í svonefndum húsmæðradómum allt frá 1975. Er frumvarp þetta miðað við að hliðstæð niðurstaða geti orðið hér á landi. Um þessi verðmæti gilda sérstakar reglur um samþykki vegna ráðstöfunargerninga, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 20/1923, sbr. og 60.–63. gr. frumvarpsins. Bent er hér á 108.–109. gr. frumvarpsins er geyma sérreglur um útlagningu verðmæta með hliðsjón af þörfum hvors maka um sig.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um að hjón skuli skipta verkefnum á heimili milli sín, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar, sbr. og 2. mgr. 2. gr. Þetta ákvæði er vissulega almenns eðlis, enda ógerlegt að setja hnitmiðaðar reglur um verkaskiptingu, m.a. vegna þess hve misjafnlega hagar til. Ákvæðið á bæði að gegna leiðsöguhlutverki og eins markar það almenna stefnu er gildi ætti að hafa. Þróunin er vafalaust sú að bæði hjón taki nú aukinn þátt í heimilisstörfum og er þessu ákvæði ætlað að stuðla enn frekar að þeirri mikilvægu þróun.

Skipting útgjalda vegna heimilisrekstrar hlýtur að fara eftir getu hjóna og aðstæðum, sbr. 1. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins, en réttmætt þykir að kveða á um þessa almennu stefnu í 3. gr. Heimilisrekstur er víðtækara orð en framfærsluframlög, sbr. VII. kafla, og nær það m.a. yfir margvísleg útgjöld vegna húsnæðis fjölskyldu, þar á meðal húsaleigu, afborganir af lánum af íbúðarhúsnæði, útgjöld vegna rafmagns, hitunar, síma, útvarps og sjónvarps, búsgagna og húsgagna. Ákvæðið tekur ekki sérstaklega til skatta, en gert er ráð fyrir því að greiðsla á sköttum, þar sem hjón eru samsköttuð, falli undir ákvæðið.

Í 2. mgr. 3. gr. er ákvæði sem svipar til 11. gr. laga nr. 20/1923. Hún er þó víðtækari en 11. gr. þar sem hér er lagt til að hjónum sé almennt skylt að gefa hvort öðru upplýsingar um afkomu sína, þ.e. um tekjur, eignir og skuldir og horfur á næstunni. Helgast þetta af samstöðu hjónanna, sameiginlegri ábyrgð þeirra og trúnaði sem ríkir á milli þeirra. Ákvæði 11. gr. laga nr. 20/1923 einskorðar upplýsingaskylduna við það er taka

þarf ákvörðun um framfærsluskyldu hjónanna. Maka getur verið þörf á upplýsingum um þetta endranær og er ákvæðið við þetta miðað. Hitt er ljóst að afkoma og efnahagur geta verið torvirt, sérstaklega hjá þeim er stunda atvinnurekstur og verður að túlka ákvæðið með þetta í huga.

Samkvæmt 114. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, bera hjón óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir. Það þeirra sem innir af hendi greiðslu getur krafið hitt um þann hluta skatts sem koma skyldi í þess hlut miðað við tekjur og eignir hvors hjóna. Um skattskyldu og framtöl hjóna eru ákvæði í 5. gr., 63.–65. gr. og IX. kafla laganna. Í 1. mgr. 91. gr. þeirra er mælt svo fyrir að skattskyldur aðili skuli afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skattframtal „í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður". Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að bæði hjón undirriti framtal, sbr. þó undantekningu í lok 1. mgr. 64. gr. um skattframtal hjóna sem slíta hjúskap eða samvistum á því ári sem tekna er aflað eða eignir miðast við. Í framkvæmd munu skattyfirvöld yfirleitt láta afskiptalaust þótt aðeins annað hjóna undirriti skattframtal og þá fyrir hönd beggja. Það hjóna, sem ekki undirritar skattframtal, á skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kröfu á því að hitt láti því í té þær upplýsingar er framtalið geymir. Ef það hjóna, sem eitt hefur undirritað framtalið, virðir þessa kröfu að vettugi er hér á því byggt að hitt hjóna eigi tilkall til þess að fá ljósrit af skattframtali hjá skattstjóra eða upplýsingar um efni þess. Í norsku hjúskaparlögunum frá 1991 er kveðið svo á að maki geti krafist þess að fá að kynna sér skattframtal hins hjá skattstjóra eftir atvikum með því að fá ljósrit af því ef svo ber undir. Ekki þykir brýn þörf á slíku ákvæði hér þar eð upplýsingar um þetta munu kræfar hjá skattyfirvöldum samkvæmt almennum, óskráðum reglum um aðgang aðila að opinberum gögnum hjá stjórnsýslunni.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði er til yfirlits og leiðsögu um hið almenna fjárskipulag í hjúskapnum samkvæmt frumvarpi þessu. Hér er mörkuð sú meginstefna að hjón hafi forræði eigna sinna og beri ábyrgð á eigin skuldum, en ekki skuldum hins. Um þetta tvennt eru svo rækileg ákvæði í frumvarpinu, sbr. VIII. og IX. kafla um eignir hjóna, forræði þeirra og takmarkanir á því og X. kafla um skuldaábyrgð hjóna og frávik frá almennu reglunni um skipta skuldaábyrgð.

Um 5. gr.

Hún fjallar samfellt um það hvernig hjúskap geti lokið, þ.e. fyrir ógildingu hans, lögskilnað og andlát maka. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á ákvæði 20. gr. laga nr. 44/1981, um horfna menn. Það tekur til þess er annað hjóna hefur horfið og dómur gengur um það að makinn teljist vera látinn. Heimilar sú dómsúrlausn hinu hjóna að ganga í hjúskap. Ef það hefur gengið í hjúskap að nýju og makinn, sem úrskurðaður var látinn, kemur fram kveður 20. gr. svo á að þetta haggi ekki gildi síðara hjúskaparins.

Í 2. mgr. 96. gr. frumvarpsins segir að efnisreglur um fjárskipti skv. XIV. kafla frumvarpsins eigi einnig við þegar búi er skipt eftir lát annars hjóna til ákvörðunar um eignarhlut hvors um sig nema annað leiði af einstökum ákvæðum. Skipti eftir látinn mann hlíta einnig reglum skiptalaga og erfðalaga.

Hjúskap lýkur ekki þótt leyfi sé veitt til skilnaðar að borði og sæng og því síður þótt fjárskipti fari fram skv. XIII. kafla frumvarpsins án skilnaðar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er mörkuð sú mikilvæga meginregla að við skilnað og andlát skuli haga fjárskiptum svo að skírri hjúskapareign hvors um sig verði skipt til helminga. Um þetta segir nánar í XIV. kafla frumvarpsins, þar á meðal hvaða verðmæti geti verið undanþegin skiptum og svo um frávik frá helmingaskiptum („skáskipti").

6. gr. kveður á um ákvörðun á eignarhluta, en við andlát er það hann sem kemur til arfskipta eftir hinn látna. Ef það hjóna, er lengur lifir, fær leyfi til setu í óskiptu búi kemur ekki að svo stöddu til ákvörðunar á eignarhluta og erfðahluta.

Í 6. gr. segir enn fremur að hjón geti samið um fjárskipti sín vegna skilnaðar, sbr. og 95. gr., en einnig getur hvort þeirra krafist þess að opinber skipti fari fram, sbr. 96. gr.

Um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar eru sérreglur í 30. og 31. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

A. Almennar athugasemdir um hjónavígsluskilyrði og hjónavígslur.

Þessi kafli fjallar um hjónavígsluskilyrði og er ætlað að leysa ákvæði I. kafla laga nr. 60/1972 af hólmi.

Þróun sifjalaga víða um lönd hefur falið í sér að mjög hefur dregið úr hjúskapartálmum fyrri tíðar. Allmargir þeirra hafa verið með öllu felldir úr lögum eða t.d. gerðir undanþægir í stað þess að vera afdráttarlausir. Sumpart hefur og verið felld úr lögum heimild til að ógilda hjúskap þótt hjúskapur gangi í berhögg við tiltekinn hjúskapartálma.

Með lögum nr. 60/1972 voru róttækar breytingar gerðar á þessu sviði. Afnumin voru ákvæði er létu sjúkdóma, aðra en geðveiki, sbr. og vitsmunaskerðingu, tálma hjúskap og afnumið var undanþægt bann við hjúskap manns og afkomanda bróður eða systur. Enn fremur var afnumið undanþægt bann við hjúskap áður giftra kvenna tiltekinn tíma frá hjúskaparlokum. Bann við vígslu tengdra manna í beinan legg var gert undanþægt og hið sama var um bann við vígslu geðveikra manna og þeirra er var vitsmuna vant.

Þá er þess að geta að ákvæði um hjónavígslualdur karla hafa tekið stakkaskiptum smám saman. Í lögum nr. 39/1921 voru aldursmörkin 18 ár fyrir konur, en 21 ár fyrir karla, en höfðu verið allt frá siðaskiptum til gildistöku þeirra laga 16 og 20 ár. Hjónavígslualdur karla lækkaði í 20 ár með lögum nr. 77/1967. Með 1. gr. laga nr. 60/1972 voru lögfest sömu aldursmörk fyrir bæði kynin, 18 ár.

Í norræna lagasamstarfinu hafa ákvæði um hjónavígsluskilyrði sætt rækilegri athugun. Það eru vissulega mikilvæg mannréttindi að menn geti stofnað til fjölskyldu og að lög girði ekki fyrir að menn geti bundist hjúskap nema brýnir þjóðfélagshagsmunir bjóði annað. Vísa má hér til 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þess er og að gæta að oft hafa lögmæltir hjúskapartálmar takmarkað gildi þar eð þeir taka ekki fyrir óvígða sambúð. Ýmsir hjónavígslutálmar eru arfleifð fyrri tíma þegar siðferðisskoðanir manna voru annars konar en nú er. Í frumvarpi þessu er lagt til að enn verði hjónavígslutálmum fækkað allverulega og 2., 4., 5. og 8. gr. laga nr. 60/1972 verði felldar niður, sbr. athugasemdir hér að neðan. Er hér m.a. tekið mið af niðurstöðum í norræna lagasamstarfinu, svo og finnsku og sænsku lögunum frá 1987, dönsku lögunum frá 1989 og hinum norsku frá 1991. Er mikilvægt að norræn lögeining verði á þessu sviði í öllum meginatriðum og er stefnt að því með ákvæðum frumvarps þessa að svo verði að því er íslenskan sifjarétt varðar.

Skal nú farið nokkrum orðum um hvaða rök leiði nánar til afnáms þeirra ákvæða laga nr. 60/1972 sem lagt er til að felld verði úr gildi.

Um 2. gr. laga nr. 60/1972.

Þar er áskilið samþykki foreldra eða lögráðamanns ef hjónaefni er yngra en 18 ára og sækir um leyfi dómsmálaráðuneytis til að stofna til hjúskapar. Í 7. gr. frumvarpsins er haldið heimild ráðuneytisins til að veita hjónaefni, sem ekki er orðið 18 ára, leyfi til hjónavígslu en ekki er gert ráð fyrir að leita skuli samþykkis foreldra. Er gert ráð fyrir að mat ráðuneytisins ráði því gagngert hvort svonefnt aldursleyfi verði veitt. Þykja ekki rök til þess í nútímaþjóðfélagi að foreldrar geti með afstöðu sinni girt fyrir að slík leyfi verði veitt, enda ugglaust mjög fágætt að foreldrar synji um samþykki. Benda má auk þess á að óeðlilegt er að sjálfráða ungmenni þurfi á samþykki að halda í þessu efni. Ráðuneytið getur allt að einu óskað umsagnar foreldra eða forsjármanna, sbr. athugasemdir við 7. og 8. gr.

Um 4. gr. laga nr. 60/1972.

Fellur niður samhliða afnámi 2. gr. laga nr. 60/1972.

Um 5. gr. laga nr. 60/1972.

Í finnsku og sænsku lögunum frá 1987 er afnumið bann við hjónavígslu geðveikra manna og þroskaheftra. Hið sama á við um dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991. Hér er lagt til að þetta verði einnig niðurstaðan hér á landi með afnámi 5. gr. laga nr. 60/1972. Í því efni ber að hafa í huga hve rík mannréttindi það eru að geta stofnað til fjölskyldu og þar á meðal til hjúskapar. Mikilvægt er að andlega fatlaðir menn njóti þessara mannréttinda. Hjúskaparbann kemur ekki í veg fyrir að þeir gangi í óvígða sambúð eða eignist börn, en áður fyrr þótti bannið m.a. styðjast við viðleitni þjóðfélagsins til að sporna við barneignum slíkra manna þar eð hætta þótti á óheppilegum kynfylgjum. Viðhorf í því efni hafa tekið miklum stakkaskiptum. Hér er þess einnig að geta að hugtök þau, er 5. gr. greinir, eru vandskýrð. Í lagaframkvæmd mun hjónavígslubann þetta ekki hafa haft mikið gildi þar sem tilhneiging hefur verið til að fella undir hugtökin þau tilvik ein þar sem sjúkdómur eða andleg fötlun hefur verið á mjög háu stigi. Ef frumvarpið verður samþykkt verður Norðurlandalöggjöfin samræmd um þetta atriði og er sá árangur vissulega mikils virði.

Um 8. gr. laga nr. 60/1972.

Í þessari grein er lagt undanþægt bann við hjónavígslu manna sem tengdir eru í beinan legg, einkum stjúpforeldris og stjúpbarns. Hliðstætt hjónavígslubann er afnumið í finnsku og sænsku lögunum frá 1987 og í hinum norsku frá 1991. Ákvæði 8. gr. er sögulega bundið og grundvallaðist í upphafi einkum á siðsemiskennd almennings. Síðar hefur það einkum verið stutt þeim rökum að það feli í sér vernd fyrir stjúpbarn gegn ásælni stjúpforeldris. Hjúskaparbann sýnist þó vera ófullkomið úrræði í því skyni. Sýnist varla vera brýn þörf á að halda banni þessu til streitu og síst þegar svo stendur á að kynforeldri (fyrri maki) er látið. Er réttmætt að fylgja hér fordæmi norræns réttar.

B. Hjónavígslur í tölfræðilegu ljósi.

1. Fjöldi hjónavígslna.

Hjónavígslum hefur fækkað síðustu ár, einkum frá 1985. Þær urðu flestar 1974, tæplega 1900, en 1154 árið 1990. Þær reyndust um 39% færri á árabilinu 1986–1990 en 1974. Varð fækkunin þó enn meiri um skeið í Danmörku og Svíþjóð, en fjöldi þeirra hefur vaxið þar að nýju. Hér á eftir fer skrá um hjónavígslur hér á landi hin síðari ár og hlutfall þeirra, miðað við 1000 íbúa.

Ár	Meðalt. tölur	Hlutf.tölur á 1.000 íbúa	Kirkjulegar vígslur %	Borgaralegar vígslur %
1961–65	1.458	7,9		
1966–70	1.650	8,2	94,2	5,8
1971–75	1.730	8,2	89,7	11,3
1976–80	1.511	6,7	84,8	15,2
1982	1.303	5,6		
1983	1.396	5,9		
1984	1.413	5,9		
1985	1.252	5,2		
1986	1.229	5,1	85,4	14,6
1987	1.160	4,7	86,2	13,8
1988	1.294	5,2	86,7	13,3
1989	1.176	4,7	86,5	13,5
1990	1.154	4,5	88,0	12,0

Kirkjulegar hjónavígslur hafa ávallt verið miklu tíðari en borgaralegar hjónavígslur hér á landi og munu þær hlutfallslega tíðari hér en annars staðar á Norðurlöndum. Borgaralegar hjónavígslur voru tiltölulega tíðastar hér árabilið 1936–1940, 21,2%. Sjöunda áratuginn námu kirkjulegar hjónavígslur u.þ.b. 95%, en á áttunda áratugnum lækkaði þetta hlutfall niður í rösk 87% og er síðustu ár 85–88%.

Nú er svo komið að hjónavígslur eru fátíðari hér hlutfallslega en í nokkru öðru norrænu landi (1989) og e.t.v. er óvígð sambúð enn tíðari hér en í hinum norrænu löndunum. Tölurnar eru þessar 1989: Danmörk 6,25, Finnland 5,05, Ísland 4,7, Noregur 4,91 og Svíþjóð 5,24 (1988).

2. Aldur hjónaefna við fyrsta hjónaband.

Árin 1966–1970 var meðalaldur kvenna 22,9 ár en karla 25,0 ár þegar til fyrsta hjónabands var stofnað hér á landi. Á árabilinu 1981–1985 var hann kominn upp í 24,2 og 26,3, en 1989 var hann 26,1 og 28,1. Þetta er umtalsverð breyting sem einnig kemur fram annars staðar á Norðurlöndum. Skiptir hér miklu máli að fólk hefur mjög oft og oftast verið í óvígðri sambúð áður en til fyrsta hjúskapar er stofnað.

Verður nú vikið að 7.–12. gr. frumvarpsins:

Um 7. gr.

Hún er efnislega óbreytt 1. gr. laga nr. 60/1972 um hjónavígslualdur og heimild ráðuneytisins til að leyfa yngra fólki að ganga í hjúskap.

Hjónavígslualdur annars staðar á Norðurlöndum er hinn sami og hér eftir að lögum var breytt í Finnlandi. Utan Norðurlanda er 18 ára aldur fyrir bæði kyn alltíður, sbr. t.d. vestur-þýskan rétt, rússneskan rétt og rétt margra ríkja í austurhluta álfunnar. 16 ára aldur fyrir bæði kyn er lögfestur í Bretlandi, Skotlandi, Írlandi, Portúgal og á Spáni. Hvarvetna

í Evrópu eru nú afnumin hin fornu aldursmörk kanónísks réttar, 12 ár um konur og 14 ár um karla sem tekin voru í Common Law bresks réttar og síðar í löggjöf ýmissa ríkja í Bandaríkjunum.

Aldursleyfi hér á landi voru alltíð allt fram til 1972, en á síðustu árum eru þau fátíð. Á árabilinu 1981–1986 voru alls veitt 39 aldursleyfi, 33 konum og 6 körlum, en ekkert leyfi var veitt árið 1987. Á sl. fjórum árum hafa að meðaltali verið veitt þrjú leyfi á ári. Fágætt er að synjað sé um leyfi, sbr. þó t.d. eina umsókn árið 1986.

Þótt frumvarpið geri ráð fyrir að samþykkis foreldra sé ekki þörf þegar aldursleyfi er veitt er við það miðað að ráðuneytið mundi jafnaðarlega leita umsagnar foreldra eða lögráðamanns hjónaefnis. Umsögnin væri þó ekki bindandi.

Sums staðar í löndum er greindur lágmarksaldur í sambandi við aldursleyfisveitingu. Ekki er gert ráð fyrir slíku í 7. gr. frekar en í fyrri lögum um efnið. Naumast yrði yngra fólki en 16 ára veitt aldursleyfi. Við mat á umsókn geta ýmis atriði komið til skoðunar, t.d. að stúlka sé vanfær eða aðilar hyggi á dvöl í útlöndum.

Þótt hjónavígsla fari fram andstætt banni 7. gr. er ekki unnt að ógilda hjúskap nema um barnahjónaband væri að ræða, en slíku þarf ekki að gera skóna hér á landi.

Um 8. gr.

1. málsl. er sama efnis og 3. gr. laga nr. 60/1972.

2. málsl. er sama efnis að sínu leyti og 4. gr. sömu laga, en einskorðaður við synjun lögráðamanns. Samþykki þarf enda þótt maður sé eingöngu sviptur sjálfræði eða fjárræði.

Um 9. gr.

Hún er sama efnis og 6. gr. laga nr. 60/1972. Sænsku lögin frá 1987 heimila hálfsystkinum að giftast að fengnu leyfi, en haldið er afdráttarlausu banni við hjónavígslu alsystkina. Í norsku lögunum er gert ráð fyrir að hjúskap hálfsystkina megi lýsa gildan, en einnig megi veita slíkum aðilum heimild til að eigast. Í dönsku lögunum frá 1989 og hinum finnsku frá 1987 er ekki haggað við banni gegn vígslu hálfsystkina.

Sifjalaganefnd telur ekki rök standa til þess að breyta efni 6. gr. laga nr. 60/1972. Tilvikin, sem hér eru höfð í huga, eru ugglaust mjög fágæt. Vafalítið mundi hjúskapur hálfsystkina víða um lönd vera talinn brjóta gegn meginreglum laga og siðferðisviðhorfum (ordre public) og því ekki verða viðurkenndur þar. Sýnist yfirleitt ekki vera þörf á reglum, er að þessu lúta, hér á landi.

Um ógildingu hjúskapar, sem gengur í berhögg við þetta ákvæði, er mælt í 27. gr. frumvarpsins.

9. gr. á við um ættingja kjörbarns er þar greinir, t.d. kynforeldra og kynsystkin þrátt fyrir ættleiðinguna.

Um 10. gr.

Hún fjallar um bann gegn hjónavígslu kjörforeldris og kjörbarns nema ættleiðing hafi áður verið niður felld. Hún er sama efnis og 7. gr. laga nr. 60/1972. Í sænsku lögunum er þetta bann fellt niður, en samkvæmt finnsku lögunum er það undanþægt. Í norsku lögunum er hér vísað til ættleiðingarlaga og felst í því hjúskaparbann. Réttmætt þykir að halda ákvæði 7. gr. laga nr. 60/1972 óbreyttu. Í finnsku, norsku og sænsku ættleiðingarlögunum hefur nú verið numin úr gildi heimild til að fella niður ættleiðingu, en sú heimild er hins vegar í III. kafla laga nr. 15/1978 og sama er í Danmörku. Ef heimild til

niðurfellingar ættleiðingar verður numin úr gildi hér á landi þarf að endurskoða þetta ákvæði.

Hjónavígslubannið tekur ekki til kjörsystkina.

Um 11. gr.

Bannið við tvíkvæni eða tvíveri er tekið óbreytt úr 9. gr. laga nr. 60/1972.

Í 5. gr. frumvarpsins er greint með hverjum hætti hjúskap geti lokið. Úrlausn dómstóls samkvæmt lögum nr. 44/1981 um að maður skuli talinn látinn skapar fullnægjandi grundvöll fyrir hinn makann til að ganga að nýju í hjúskap. Gæta ber þó ákvæða 13. gr. laganna um áfrýjunarleika dóms. Að sínu leyti ber að gæta 122. gr. frumvarpsins, ef lögfest verður, um áfrýjunarleika ógildingar- og lögskilnaðardóma.

Ef lögskilnaður er fenginn erlendis, utan Norðurlanda, kann að vera örðugt fyrir vígslumann að meta gögn um hann. Getur þá verið nauðsynlegt fyrir hann að leita álits dómsmálaráðuneytis um málið er aflar gagna ef þörf krefur. Um úrlausnir um lögskilnaði og ógildingu hjúskapar á Norðurlöndum vísast til laga nr. 29/1931, 7.–10. gr., sbr. lög nr. 62/1954, 98/1969 og 95/1973.

Um ógildingu tvíkvænishjúskapar vísast til 27. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Hún er óbreytt 10. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið varðar þá sem hafa verið í hjúskap. Felur það í sér bann við því að þeir stofni til hjúskapar að nýju nema skiptum sé lokið vegna fyrra hjúskaparins eða opinber skipti séu hafin. Ákvæðið á ekki við ef hjón hafa búið við fullkomið séreignafyrirkomulag. Bannið er undanþægt.

Í norræna löggjafarsamstarfinu naut sú skoðun byrjar að afnema skyldi ákvæði er að þessu laut. Hvorki finnsku né sænsku lögin hafa slíkt bann að geyma. Það var ekki afnumið í dönsku lögunum við endurskoðunina 1989 og er í 8. gr. norsku hjúskaparlaganna frá 1991.

Ákvæðið er á því reist að mikilvægt sé að draga úr eignaflækjum milli fyrri hjúskapar og hins síðari og skapa eftir föngum skýr skil milli eignaheilda hjúskapanna. Alkunna er að oft vill það lenda í undandrætti fyrir mönnum hér á landi að ganga frá skiptum, þar á meðal dánarbúskiptum eða koma þeim málum í lögmælt horf. Hefur ákvæði sem þetta skapað aðhald og styðst það álit við mat reyndra skiptaráðenda. Meðal annars að ráði þeirra og lögmanna, sem mikla reynslu hafa af þessum málum, er lagt til að ákvæði þetta verði áfram í hjúskaparlögum. Hér eru ekki síst hafðir í huga hagsmunir ófjárráða barna. Þess er vissulega að geta að bann þetta er ófullkomin vörn þar sem það girðir ekki fyrir að aðili stofni til óvígðrar sambúðar og verður eignaflækjum þá sjaldnast afstýrt.

Svo er kveðið á um í greininni að einkaskiptum skuli lokið, en samkvæmt norsku lögunum er nægilegt að einkaskipti séu hafin. Markvísara þykir að áskilja að einkaskiptum sé lokið.

Bannið er undanþægt, m.a. í því tilviki er sýnt þykir að engar eignir séu fyrir hendi. Einkaskipti kunna einnig að vera komin á lokastig og óyggjandi hverjar eignir og skuldir séu. Þá má vera að í hlut eigi fólk sem búsett er erlendis.

Um III. kafla.

Ákvæði 13.–15. gr. um könnun hjónavígsluskilyrða eru tekin efnislega úr II. kafla laga nr. 60/1972, en nokkrum atriðum er breytt eða við aukið. Sú tilhögun, sem á komst hér á landi með þeim lögum, hefur reynst vel og skiptir miklu í því sambandi að reglugerð

um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 155/1973 var sett skömmu eftir að lögin tóku gildi.

Um 13. gr.

Hún er hliðstæð 11. gr. laga nr. 60/1972.

Þess ber að gæta að ákvæði um líkamlega sjúkdóma sem hjúskapartálma hafa þegar verið numin úr lögum og er lagt til í frumvarpinu að ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1972 verði einnig fellt niður. Ef svo verður er ekki heimilt að áskilja í stjórnvaldsreglum að hjónaefni leggi fram læknisvottorð um heilbrigði, sbr. hins vegar 2. málsl. 11. gr. laga nr. 60/1972.

Í 3. mgr. segir að hjónaefni skuli lýsa því í skriflegri yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, að þau viti ekki um lagatálma á fyrirhuguðum hjúskap. Í 11. gr. laga nr. 60/1972 er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið geti mælt fyrir um slíka yfirlýsingu. Eðlilegra þykir að um hana sé beint ákvæði í sjálfum lagatextanum.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðuneytinu heimilað að leyfa frávik frá kröfu um tvo svaramenn „ef alveg sérstaklega stendur á". Hliðstætt ákvæði er ekki í 12. gr. laga nr. 60/1972. Heimild til fráviks er nánast bundin við erlenda menn þar sem ekki er ávallt völ á mönnum er hafi þá þekkingu á högum hjónaefna að þeir geti ábyrgst að engir meinbugir séu að lögum á fyrirhuguðum hjúskap.

Könnun skv. III. kafla verður ekki framkvæmd nema að ósk beggja hjónaefna.

Þess mun dæmi að hjónaefni hafi beitt fyrir sig fæðingarvottorði annars manns og verið vígt í hjúskap á grundvelli slíks misferlis. Vegna atviks sem þessa er ástæða til að taka fram að vígslumaður á að ganga úr skugga um að hjónaefni sé sá eða sú er hann eða hún kveðst vera og sanna á sér deili með opinberum skilríkjum sem geyma mynd af viðkomanda, t.d. með vegabréfi eða ökuskírteini ef vígslumaður þekkir ekki hjónaefni.

Um 14. gr.

Hún er sama efnis og 12. gr. laga nr. 60/1972, en nokkru víðtækari. Ákvæði um svaramenn og vottorð þeirra er þó í 13. gr. frumvarpsins.

Um 1. mgr. skal bent á að könnun hjónavígsluskilyrða erlendis hjá presti, sbr. 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins, eða starfsmanni í utanríkisþjónustu, sbr. 21. gr. frumvarpsins, er við það miðuð að a.m.k. annað hjónaefna dveljist á umdæmissvæði viðkomandi starfsmanns. Í 2. mgr. er nýmæli er heimilar hjónaefni að skjóta synjun vígslumanns um útgáfu könnunarvottorðs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ef ráðuneytið fellir synjun úr gildi er hjónavígsla heimil á grundvelli úrlausnarinnar. Ráðuneytið lætur því ekki við það eitt sitja að fella synjun úr gildi heldur gengur það einnig úr skugga um að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt.

Um 15. gr.

Hún er efnislega óbreytt 13. gr. laga nr. 60/1972.

Vígslumanni ber að ganga eftir læknisvottorði við mat á því hvort vikið verði frá könnun skv. 2. mgr. ef föng eru á því.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjónavígslu, borgaralega og kirkjulega, hverjir framkvæma hana og hvar og hverjum sé kræf borgaraleg hjónavígsla. Ákvæði kaflans samsvara III. kafla laga nr. 60/1972, en nokkrar breytingar eru lagðar til. 15. gr. laga nr. 60/1972 er felld niður þar sem það þykir vera undir ákvörðun hvers trúfélags komið

hverjum sé kræf hjónavígsla innan þess. Ákvæði um vígsluheimild fyrrverandi þjóðkirkjupresta, sbr. 17. gr., er nokkuð breytt og 21. gr. er ný að stofni til. 18. gr. um borgaralega vígslumenn er stíluð til samræmis við lög nr. 92/1989. Í 2. mgr. 25. gr. er heimilað að lýsa hjónavígslu, sem eigi er gild, gilda eftir lát annars hjóna.

Um 16. gr.

Hún er efnislega óbreytt 14. gr. laga nr. 60/1972.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. segir almennt að prestar þjóðkirkjunnar annist kirkjulega hjónavígslu. Nánari skilgreining á þessum hjónavígslumönnum er í 2. mgr. Þar segir að prestar þeir, er greinir í lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, séu löggildir vígslumenn. Þeir prestar, sem um er að ræða, eru sóknarprestar og aðstoðarprestar, sbr. 3. gr. laganna, en um hina síðarnefndu segir að þeir starfi „undir stjórn sóknarprests og samkvæmt erindisbréfi er biskup setur". Samkvæmt því framkvæmir aðstoðarprestur hjónavígslu eftir fyrirmælum sóknarprests. Löggildir vígslumenn eru enn fremur sérþjónustuprestar, sbr. II. kafla laga nr. 62/1990 og Þingvallaprestur, sbr. 7. gr. laganna. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir um aðra þjóðkirkjupresta en þá sem greinir í lögum nr. 62/1990 að dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveði að fengnum tillögum biskups hvort þeir hafi heimild til hjónavígslu. Á þetta einkum við um presta sem ráðnir eru af stofnunum eða félagasamtökum.

Um presta og forstöðumenn annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar og vígsluheimild þeirra segir í 1. mgr. 17. gr. Veltur vígsluheimild þeirra á því hvort þeir hafi fengið viðurkenningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess að framkvæma embættisverk innan skráðs trúfélags, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1975. Þeir þurfa að fullnægja skilyrðum 17. og 18. gr. þeirra laga. Hugtökin prestar og forstöðumenn geta náð yfir aðra starfsmenn trúfélags svo framarlega sem skráning trúfélags heimilar þeim að framkvæma embættisverk. Löggilding er almenn fyrir hvern starfsmann og þarf ekki á löggildingu að halda í hvert einstakt skipti sem vígsla fer fram.

Í 3. mgr. 17. gr. er lagt til að nokkur breyting verði gerð á reglum um heimild þjóðkirkjupresta, er látið hafa af störfum, til að vígja hjón. Eðlilegt þykir að einskorða heimildina við þá sem látið hafa af embætti að eigin ósk eða samkvæmt ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna. Í annan stað er brotið upp á því að það sé ávallt starfandi prestur sem framkvæmi könnun á hjónavígsluskilyrðum og jafnframt takist sá prestur á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi. Eru þessi ákvæði tryggilegri en þau er nú gilda.

4. mgr. 17. gr. samsvarar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Undanfari löggildingar er samningur við ríki sem presti er ætlað starfa í. Þessara presta er getið í 10. gr. laga nr. 62/1990. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins gilda ákvæði laga þessara, ef samþykkt verða, um könnun þessara starfsmanna á hjónavígsluskilyrðum og um hjónavígsluna.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um það hverjir framkvæmi borgaralega hjónavígslu og er miðað við skipan laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er taka gildi 1. júlí 1992. Bent er á að í 133. gr. frumvarps þessa er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1992.

Um 19. gr.

1. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Tekið er fram að vígsluheimild sé bundin við þá ræðismenn Íslands erlendis sem hafa diplómatíska stöðu. Könnun hjónavígsluskilyrða getur farið fram af hálfu vígslumanna í utanríkisþjónustunni er greinin tekur til þótt annar vígslumaður gefi saman hjónin.

2. mgr. er skýringarákvæði.

Um 20. gr.

Hún samsvarar 4. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Tekið er fram að vígsluheimild þeirra erlendu manna, er þar greinir, sé bundin við að a.m.k. annað hjónaefna sé íslenskur ríkisborgari.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli. Segir þar að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi til að kanna hjónavígsluskilyrði eða gefa saman hjón. Er það í samræmi við venjur sem rétt þykir að lögskrá þar sem þær víkja frá almennum reglum stjórnarfarsréttar um hæfi stjórnvalds.

Um 22. gr.

1. mgr. er sama efnis og 17. gr. laga nr. 60/1972.

2. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 60/1972. Byggt er á því að unnt sé samkvæmt almennum stjórnsýslureglum að skjóta synjun prests á að framkvæma hjónavígslu til úrlausnar ráðuneytisins sem mundi samkvæmt venju leita álits biskups um málið. Reglur þær, sem vísað er til í greininni, eiga vitaskuld eingöngu við um þjóðkirkjupresta.

Um 23. gr.

Hún er sama efnis og 20. gr. laga nr. 60/1972.

Um 24. gr.

Greinin er sama efnis og 21. gr. laga nr. 60/1972.

Í 3. mgr. er lögð til sú breyting að dóms- og kirkjumálaráðuneytið setji reglur þær er þar greinir, að höfðu samráði við biskup, svo og við utanríkisráðuneytið. Sektaákvæðið, sem 3. mgr. 21. gr. geymir, er ekki tekið með í frumvarpinu, enda naumast þörf á því, sbr. almennar reglur um skyldur starfsmanna í opinberri sýslu.

Um 25. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 60/1972.

Í niðurlagi 2. mgr. er það nýmæli að unnt sé að lýsa gallaða hjónavígslu gilda þótt annað hjóna eða bæði séu látin. Getur sanngirni mælt með því. Hér er einkum stuðst við norsku hjúskaparlögin sem fyrirmynd.

Um 26. gr.

Hún er sama efnis og 23. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæði er varðar gjald fyrir hjónavígslu er þó ekki tekið með hér. Um gjald fyrir borgaralega hjónavígslu segir í 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ógildingu hjúskapar. Eru þau í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 60/1972.

Ógilding hjúskapar er í reynd nálega óþekkt hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Hún er hins vegar alltíð í sumum löndum, einkum þar sem áhrif kaþólsku kirkjunnar eru rík og örðugleikum er bundið að fá lögskilnað.

Vegna þess hve ógilding er fátíð hafa reglur um hana verið afnumdar í finnskum, sænskum og norskum hjúskaparlögum. Danska sifjalaganefndin taldi hins vegar réttmætt að halda þessum reglum í hjúskaparlögum.

Samkvæmt finnsku, sænsku og norsku lögunum verða ógildingarástæður þær, sem nú eru lögmæltar, eftirleiðis lögskilnaðarástæður. Verður hjúskap því lokið með lögskilnaði ef slíkar ástæður eiga við, þ.e. hjúskapur brýtur gegn banni við vígslu skyldra manna og banni við tvíkvæni eða tvíveri. Samkvæmt finnsku og sænsku lögunum er hægt að fá lögskilnað umsvifalaust, þ.e. án reynslutímabils, ef ástæður þessar eiga við. Eftir norsku lögunum er lögskilnaður kræfur þegar svo stendur á án þess að á undan fari skilnaður að borði og sæng. Reglur um fjárskipti við skilnað gilda um lögskilnaði á þessum grundvelli og eru sérreglur um fjárskipti við ógildingu hjúskapar afnumdar. Heimild til að víkja frá helmingaskiptareglunni er svo víðtæk að talið er að hægt sé að komast að sömu niðurstöðu og með greindum sérreglum. Reglur um bætur vegna ógildingaratvika eru afnumdar með finnsku, sænsku og norsku lögunum.

Um það, hvort afnema eigi ógildingarreglur hér á landi, skal þetta tekið fram:

1. Þótt ógildingarmál séu nálega óþekkt hér á landi er ætlandi að reglurnar hafi varnaðargildi í einhverjum mæli og þær árétta í hugum manna hve mikilvæg sum hjónavígsluskilyrðin eru.
2. Ef ógildingarreglur eru afnumdar er það undir þeim komið sem misgert er við hvort hjúskapurinn verði felldur úr gildi með lögskilnaði, andstætt því sem nú er um hinar meiri háttar ógildingarástæður. Kynni þá t.d. svo að fara að manni yrði refsað fyrir tvíkvæni eða sifjaspell, en hjúskapur héldi allt að einu gildi. Víða um lönd mundi það þykja óeðlilegt svo að ekki sé fastar að orði kveðið.
3. Ekki er sýnilegt af finnsku og sænsku lögunum að aðili geti krafist loka hjúskapar síns ef ástæður þær eru fyrir hendi sem sambærilegar eru við 25. gr. laga nr. 60/1972.
4. Benda má einnig á að fjárskiptareglur um ógildingu hjúskapar, sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 og 30. gr. frumvarpsins, eru afdráttarlausar. Ættu þær að vera þeim hagstæðari sem misgert er við en lögskilnaðarreglur þótt þetta fari þó eftir atvikum.

Ákvæði V. kafla eru að mestu hin sömu og í IV. kafla laga nr. 60/1972. Ákvæði 28. gr. þeirra laga um bætur eru ekki í frumvarpinu, en bótaskylda kann í einstöku tilviki að vera fyrir hendi samkvæmt almennum bótareglum. Ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 60/1972 um höfðun ógildingarmáls hefur verið flutt í 116. gr. frumvarpsins í réttarfarskaflanum þar sem eðlilegra þykir að skipa því.

Í 38. gr. frumvarpsins er tvíkvæni (tvíveri) greint meðal lögskilnaðarástæðna og getur maki, sem misgert er við, farið þá leið að krefjast lögskilnaðar eins og verið hefur.

Um VI. kafla.

Almennar athugasemdir.

A. Efni VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um hjónaskilnaði, þ.e. forsendur skilnaða og úrlausnir um skilnaði og aðdraganda að þeim úrlausnum.

Kaflinn fjallar ekki nema að nokkru leyti um réttaráhrif skilnaðar. Um það efni er tilvísunarákvæði í 44. gr. þar sem vikið er að því hvar í lögum sé kveðið á um skipan forsjár yfir börnum vegna skilnaða, svo og skipan framfærslumála og um fjárskipti. Um önnur réttaráhrif skilnaða, þ.e. utan vettvangs sifjaréttar, eru svo sérákvæði víða í löggjöf, sbr. t.d. 26. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, ákvæði í lífeyrislögum, sbr. t.d. 14. gr. laga nr. 29/1963, ásamt breytingalögum, 15. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, ásamt breytingalögum, 2. og 4. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, 5. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, sbr. 4. gr. laga nr. 49/1982, svo og t.d. vanhæfisreglur samkvæmt réttarfarslögum og reglum um stjórnsýslu. Þykir ógerlegt að kveða á um þessi sundurleitu réttaráhrif í hjúskaparlögum.

B. Tölfræðilegar upplýsingar.

1. Lögskilnaðir og tíðni þeirra.

Skilnaðir hafa farið mjög í vöxt á þessari öld og allmikið síðustu áratugina. Fjöldi lögskilnaða hefur þrefaldast frá 1961, en tvöfaldast miðað við íbúatölu. Á árabilinu 1966–1970 komu 5,8 lögskilnaðir á hver þúsund hjónabönd og reyndust lögskilnaðir þá 219 árlega að jafnaði. Árið 1990 er þessi tala 10,2 og fjöldi lögskilnaða 479 (527 árið 1985). Á hinn veg er þess að geta að hlutfall skilnaða, miðað við hvert þúsund hjónabanda, hefur ekki breyst mikið síðasta áratuginn.

Árið 1990 urðu 38% hjúskaparslita vegna andláts mannsins, 20% vegna andláts konunnar og 42% vegna lögskilnaðar. Í grannlöndunum eru hjónaskilnaðir hlutfallslega tíðastir í Danmörku, þá í Svíþjóð, Íslandi, Finnlandi og Noregi. Tölfræðigögn frá löndum utan Norðurlanda sýna að lögskilnaðir eru víða tíðari en hér á landi.

2. Fjöldi barna í hjónaböndum er lýkur með lögskilnaði.

Árið 1984 og 1990 voru hundraðstölur um fjölda barna í hjónaböndum sem lauk með skilnaði svo sem hér segir:

	1984 %	1985 %
Barnlaus hjón	37	35,2
Hjón með 1 barn	34	35
Hjón með 2 börn	22	22
Hjón með 3 börn	6	7
Hjón með 4 börn, eða fleiri	1	0,8

Á áratugnum 1961–1970 voru börn skilinna foreldra talin alls um 2.877, en 5.252 á árabilinu 1981–1990.

Lögskilnaðir snerta mjög börn og voru þau t.d. 479 árið 1990.

3. Forsjá barna við skilnað.

Forsjá barna við skilnað var skipað svo sem hér segir í hundraðstölum nokkur síðustu ár:

	1976–80	1990
Hjá móður	88,8	88,8
Hjá föður	4,5	11,2
Hjá öðrum	6,7	

Forsjá barna hefur samkvæmt þessu verið falin móður í rösklega 88% tilvika. Faðir fær forsjá barns nokkru oftar en áður var. Á árabilinu 1961–1968 voru hundraðstölurnar 93,8 og 6,4. Taka ber fram að langoftast er þessu máli skipað með samkomulagi hjóna.

4. Formlegar lögskilnaðarástæður.

Hér á eftir er greint milli lögskilnaða á grundvelli undanfarins skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar sem á sér annan grundvöll (hundraðstölur).

	1965	1971	1981	1990
Undanfarandi skilnaður að borði og sæng (34. gr. laga nr. 60/1972)	(78,11)	78,4	66,9	80
Lögskilnaður samkvæmt öðrum lagaheimildum	21,9	21,6	33,1	20

Í reynd eru það einkum tvær lögskilnaðarástæður sem byggt er á svo að nokkru nemi, þ.e. skilnaður að borði og sæng og hjúskaparbrot. Hefur það orðið tíðara en áður að lögskilnaður sé reistur á síðargreindu ástæðunni. Þetta hefur þó breyst allra síðustu ár.

5. Meðallengd hjúskapar er lýkur með lögskilnaði.

Samkvæmt tölfræðigögnum var meðallengd hjúskapar er lauk með lögskilnaði 1981–1985 10,9 ár, tíðasta lengd 5 ár, 1986–1990 var meðallengd 12,8 ár og tíðasta lengd 5 ár.

C. Skilnaðarforsendur.

Með setningu hjúskaparlaga á Norðurlöndum á öðrum og þriðja áratug þessarar aldar, sbr. lög nr. 39/1921 hér á landi, var norræn skilnaðarlöggjöf samræmd í ríkum mæli, sbr. þó t.d. úrlausnarvald um skilnaði (hlutur dómstóla er mismikill) og sbr. einnig að skilnaður að borði og sæng var ekki lögleiddur í Finnlandi fyrr en 1948. Þessi norrænu lög byggðu á þremur grunnsjónarmiðum varðandi skilnaðarástæður, þ.e. sakarreglu, samkomulagsreglu og reglu um hjúskaparhrun. Var mikilvægt að þessar reglur voru festar í lögum og eigi látnar velta á venjum. Við endurskoðun norrænu löggjafarinnar á sjötta og sjöunda áratug þessarar aldar var í flestum löndunum ekki hvikað frá þessum reglum, sbr. hér á landi lög nr. 60/1972. Hin síðustu ár hafa viðhorfin breyst nokkuð og skal vikið stuttlega að því:

1. Úr sakarreglunni hefur mjög dregið víða um lönd, bæði sem skilnaðarástæðu og sem áhrifaþætti við skipan mála er tengjast skilnaði, sbr. einkum varðandi forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Byggjast hin breyttu viðhorf m.a. á því að örðugt er að meta „sök“ aðila. Einnig að mikilvægt er að draga úr deilum við skilnað og að löggjöf

stuðli að því að slit þessara persónutengsla verði jafnmanneskjuleg og frekast eru föng á. Sakarbundnar skilnaðarástæður kynda undir ýmis andfélagsleg viðbrögð er einkennast af áburði um vammir og skammir og hefndarhug.
Ekki orkar tvímælis að ganga þarf lengra í því en nú er að draga úr sakarreglunni svo sem síðar verður greint.

2. Samkomulag hjóna er vafalaust farsælasti grundvöllurinn bæði að því er skilnaðinn sjálfan varðar og svo um þau margvíslegu málefni sem ráða þarf til lykta í kjölfar hans. Íslensk skilnaðarlöggjöf er á því reist að samkomulag hjóna um skilnað geti leitt til skilnaðar að borði og sæng, en verði í fyrstu atrennu ekki grundvöllur að lögskilnaði. Löggjöfin hvetur til þess að mjög sé leitað eftir samkomulagi hjóna um skipan mála við skilnað, um forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Sáttafyrirkomulagið er úrræði til að hvetja hjón til að hugsa vel ráð sitt og rasa ekki um ráð fram, sbr. 44. gr. laga nr. 60/1972, sbr. lög nr. 132/1989. Umleitun yfirvalds um skilnaðarkjör og reglur um að samkomulag um þau verði staðfest fyrir því, sbr. 43. gr., stuðla að því að tryggilegar sé búið um þau mál en ella væri og draga úr hættu á að gengið sé ósanngjarnlega á hlut annars maka.
Samkomulagsregluna má augsýnilega rýmka til muna frá því sem er í núgildandi lögum, einkum þannig að samkomulag hjóna geti beinlínis verið lögskilnaðargrundvöllur. Verður vikið nánar að því þegar að því kemur að skýra sænsku reglurnar frá 1973 (nú 1987) og þær finnsku frá 1987.
3. Á síðustu áratugum á sú skoðun sér víða talsmenn að lagaforsenda skilnaða eigi að vera sú að grundvöllur sé hruninn undan hjúskap. Er skilnaðarlöggjöf víða um lönd reist á þessu í auknum mæli, sbr. t.d. í Bretlandi, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Vestur-Þýskalandi, ríkjum í austurhluta Evrópu o.fl. Tekur lagareglan þá sums staðar gagngert mið af því að grundvöllur sé hruninn og hlýtur sú regla þó að vera ærið matskennd. Í öðrum löndum er þetta greinimark notað sem undirstöðuregla, en jafnframt þarf að sýna fram á nánar tilgreind lögmælt atriði sem gefi hjúskaparhrun til kynna, svo sem löng samvistaslit, geðveiki annars hjóna, hjúskaparbrot, fangavist o.fl., sbr. t.d. breskan rétt. Í þessu efni skiptir vitaskuld miklu hvernig sönnunarviðhorfin eru, þ.e. hvort miðað sé við mat aðila sjálfra eða annars aðilans og hversu ríkar kröfur séu gerðar til sönnunar.
4. Upp á síðkastið hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á það grundvallarsjónarmið að hjúskapur sé sambúðarsamband karls og konu er byggist á samkomulagi þeirra. Þjóðfélagið hafi að vísu hagsmuni af því að tengslin verði sem varanlegust og að heimili og fjölskyldur sundrist ekki. Hins vegar sé á það að líta að þegar hjón séu ekki lengur samhuga um að halda áfram hjúskap sé ekki réttmætt að þjóðfélagið haldi til streitu kröfum sínum um samvistir hjóna, slíkt sé oft til ófarnaðar. Almenningsvaldi beri vissulega að gæta hags barna hjóna, en sú hagsmunagæsla geti naumast gengið lengra en að mæla fyrir um sáttafyrirkomulag og eftir atvikum tiltekið reynslutímabil frá því að leyst er úr frumkröfu um skilnað uns lögskilnaður fæst. Þetta meginviðhorf er ljóslega í andstöðu við sakarregluna og einnig við samkomulagsregluna að vissu marki. Nefna mætti það viljakenningu eða viljareglu.

D. Ný skilnaðarlöggjöf í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Noregi.

1. Sænsk lög frá 1973 og 1987.

Með lögum frá 1973 voru gerðar allgagngerar breytingar á sænskri skilnaðarlöggjöf. Síðan hafa Svíar sett sér heildarlög um hjúskap (14. maí 1987, gildistaka 1. janúar 1988), en þau breyta ekki efnislega ákvæðum laganna frá 1973.

Sænsku skilnaðarlögin fela í sér að hafnað er bæði sakarsjónarmiðum og sjónarmiðum um hjúskaparhrun sem grunnviðhorfi. Í stað þess er það viðhorf ríkjandi að viljaafstaða hvors hjóna um sig eigi að ráða framhaldi hjúskapar.

Löggjöfin er reist á því grunnsjónarmiði að hjúskapur sé frá öndverðu frjálst sambúðarsamband karls og konu. Því beri að virða vilja hvors maka um sig til þess að rjúfa þetta samband. Í því skyni að koma í veg fyrir skilnaði, sem ráðnir eru í bráðræði, hefur þó verið lögmæltur sérstakur umhugsunar- eða biðtími sem ávallt er sex mánuðir. Hann á við 1) þegar foreldri hefur forsjá barns undir 16 ára aldri, 2) þegar bæði hjón óska eftir umhugsunar- eða biðtíma og 3) þegar hjón eru ekki samhuga um skilnað. Endranær getur lögskilnaður átt sér stað án biðtíma.

Skilnaðarákvæði eru mjög einföld í sniðum og afnumin eru allmörg skilnaðarskilyrði eða skilnaðaratvik, svo sem hjúskaparbrot, geðveiki, refsivist annars maka o.fl. Skilnaður að borði og sæng sem réttarúrræði er afnuminn. Ekki er gerð krafa til þess að hjón búi ekki saman á umhugsunartímanum (betänketid).

Rökin fyrir því að afnema skilnað að borði og sæng sem réttarúrræði eru þessi: 1) Fresturinn, eitt ár, þykir of langur. 2) Sú tilhögun að stemma stigu við sambúð það tímabil, sem skilnaður að borði og sæng stendur, er talinn til þess fallinn að vinna gegn sáttum milli hjóna. 3) Það að skilnaður að borði og sæng rýfur fjárhagslega samstöðu hjóna áréttar að til fulls skilnaðar muni draga.

Maki verður að krefjast lögskilnaðar innan árs frá því að biðtími hófst ella brestur grundvöll undir lögskilnað.

Samkvæmt þessu er meginskilnaðarforsendan sú að hjón séu samhuga um skilnað eða annað óski skilnaðar. Fæst þá fullnaðarskilnaður ýmist án umhugsunartíma eða ekki svo sem rakið hefur verið. Til viðbótar þessu eru greind tvö tilvik þar sem unnt er að fá fullnaðarskilnað án biðtíma, þ.e. ef hjón hafa ekki búið saman í a.m.k. tvö ár eða ef um tvíkvæni er að ræða. Reglur um ógildingu hjúskapar eru með öllu afnumdar í lögum þessum svo sem áður greinir.

Ákvæði, sem taka mið af sök hjóna á skilnaði, t.d. varðandi forsjá og framfærslu milli maka, hafa verið afnumin. Framfærsluskylda hjóna helst meðan á biðtíma stendur. Eftir endanlegan skilnað er unnt að skylda annað hjóna til að styðja hitt fjárhagslega, sérstaklega vegna menntunar og endurþjálfunar o.fl., miðað við mat á þörfum aðila og aðstæðum.

2. Finnsk lög frá 1987.

Í Finnlandi gengu í gildi ný lög um skilnaði 16. apríl 1987. Í megindráttum fylgja þau sænsku lögunum. Samkvæmt því eiga makar rétt á lögskilnaði eftir sex mánaða biðtíma. Sá grundvallarmunur er milli sænsku og finnsku reglnanna að samkvæmt hinum fyrrnefndu geta hjón alloft fengið lögskilnað ef þau eru sammála um það án þess að hlíta sex mánaða biðtímanum, en samkvæmt finnsku reglunum verða þau ávallt að hlíta honum. Trúnaðarskylda hvílir ekki á hjónum á biðtímanum fremur en samkvæmt sænsku reglunum. Sérgreindu lögskilnaðarástæðurnar eru flestar afnumdar, en þó er ákvæðum um tveggja ára samvistaslit, tvíkvæni og um það er hjúskapur er stofnaður í andstöðu við

skyldleikatálmann viðhaldið. Ógildingarreglurnar eru afnumdar eins og í Svíþjóð.

3. Norsk lög frá 1991.

Samkvæmt lögunum á skilnaður að borði og sæng að vera áfram við lýði, en reglunum er breytt svo að hvor maki um sig getur einhliða krafist slíks skilnaðar. Krafan um virk samvistaslit er áfram í gildi, en trúnaðarskyldan afnumin á þessu tímabili. Eitt ár verður að líða frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur uns lögskilnaður er kræfur. Flestar af hinum sérgreindu lögskilnaðarástæðum eru felldar niður samkvæmt lögunum, en þó er haldið ákvæði um heimild til lögskilnaðar eftir tveggja ára samvistaslit, vegna ofbeldis sem annað sýnir af sér og bitnar á hinu eða börnum á heimilinu, tvíkvænis og ef hjúskapur er stofnaður andstætt skyldleikatálmum. Heimild til ógildingar hjúskapar er afnumin.

4. Dönsk lög frá 1989.

Lögin eru mjög svipuð norsku lögunum frá 1991. Samkvæmt þeim er lögskilnaður þó kræfur í fyrsta lagi sex mánuðum eftir að leyfi er gefið út til skilnaðar að borði og sæng ef makar eru á einu máli um að skilja, en ella eftir eitt ár. Krafan um samvistaslit er áfram í gildi en með nokkru mildara orðalagi í samræmi við frjálslega lagaframkvæmd. Ýmsar sérgreindar lögskilnaðarástæður eru felldar úr gildi, en þó er lögskilnaður áfram heimill eftir tveggja ára samvistaslit þegar hjúskapur er stofnaður andstætt frændsemistálma, svo og vegna ofbeldis er maki beitir hitt eða börnin. Þá er gert ráð fyrir að hjúskaparbrot verði áfram lögskilnaðarástæða, þó þannig að ef slíkt atferli á sér stað eftir að leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng þá er það ekki grundvöllur lögskilnaðar. Það ákvæði er afnumið að unnt sé, þegar svona stendur á, að veita skilnað að borði og sæng og hafna lögskilnaðarkröfu ef tillitið til barna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því.

E. Er réttmætt að taka upp finnsk-sænsku tilhögunina í stað skilnaðar að borði og sæng?

1. Við fyrstu sýn virðist ekki vera mikill munur á finnsku og sænsku tilhöguninni og þeirri íslensku, enda í báðum tilvikum um reynsluúrræði að ræða. Munurinn er þó nokkur: a. Krafist er samvistaslita samkvæmt íslenskum rétti eftir að leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng, andstætt því sem er við finnsk-sænsku lausnina. b. Hjón verða að ganga eftir lögskilnaði samkvæmt síðastgreindri tilhögun innan eins árs frá því að upprunalegur skilnaður var veittur. c. Krafa um að skipa skuli forsjármálum, framfærslumálum og fjárskiptamálum horfir annan veg við en samkvæmt íslenskum rétti.
2. Fyrir þann fjölda hjóna, sem slitið hafa samvistum áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og leita síðan lögskilnaðar einu ári síðar eða svo, er það verulegur kostur að forsjármálum, framfærslumálum og fjárskiptum sé ráðið til lykta þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng, enda er oftast svo um samið að sama skipan gildi eftir lögskilnað, að undantekinni framfærslu með maka, sbr. og hér 45. gr. frumvarpsins. Sama gegnir um þann hóp hjóna sem leitar ekki lögskilnaðar síðar þótt samvistaslit haldist.
3. Fyrir þau hjón, sem samvistum eru þegar leyfi til skilnaðar að borði og sæng er gefið út, kann að virðast hart aðgöngu að slíkt leyfi leiði beinlínis til þess að þau hætti sambúð. Þess er þó að geta að eðlilegt er að túlka ákvæði, er að þessu lúta, tiltölu-

lega frjálslega og t.d. ætla öðru hjóna nokkurn tíma til að afla íbúðar og flytja af heimilinu, sbr. hér 35. gr. frumvarpsins. Með þeim kröfum um samvistaslit og skipan ýmissa mála, sem að framan greinir, er fenginn grundvöllur fyrir hjónin til að meta hvernig skilnaðurinn muni verka í raun og veru; þau fá þá nokkra innsýn í það sem í vændum er ef lögskilnaðar verður leitað. Skilnaður án samvistaslita er á hinn veg með nokkrum óraunveruleikablæ.

4. Það er mikill kostur við íslenska skipulagið að hjónin geta leitað lögskilnaðar án þess að þurfa að hlíta tímatakmörkunum fyrir utan ákvæðið um lágmarkstíma frá því að þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Það er enn fremur kostur að þau geta hafið samvistir á ný og með því fellt niður leyfi til skilnaðar að borði og sæng með allsendis óformlegum hætti. Er kunnugt um að slíkt gerist hér í reynd í nokkrum mæli.
5. Skilnaður að borði og sæng á sér aldalanga hefð hér á landi. Ef ný skipan um þetta reynslutímabil væri lögleidd tæki vafalítið alllangan tíma að kynna almenningi hana. Ekki er kunnugt um að gildandi fyrirkomulag hafi sætt verulegri gagnrýni. Er þetta hvoru tveggja því til framdráttar að eigi verði horfið frá þessu rótgróna skilnaðarúrræði. Hér kemur það enn til að bæði Danir og Norðmenn ætla að halda þessu úrræði. Þótt nokkuð mismunandi leiðir séu valdar í annars vegar vestnorrænum og hins vegar austnorrænum rétti hvað þetta snertir ætti það ekki að koma að sök þar sem markmiðið er sameiginlegt með þessum tveimur úrræðum.
   Með skírskotun til þessa er sú stefna valin í frumvarpinu að halda skilnaði að borði og sæng sem skilnaðargerð svo sem verið hefur.

F. Heimild til að krefjast skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, sbr. 3. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1972.

Lagarökin, sem búa að baki þessum ákvæðum, voru þau að draga úr lögskilnaði sem ráðinn er í bráðræði.

Telja verður ákvæðin þarflaus eins og frumvarpið er úr garði gerð gert þar sem maki á samkvæmt því jafnan þess kost að takmarka skilnaðarkröfu sína við skilnað að borði og sæng, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Með hliðsjón af ofangreindu og í samræmi við niðurstöðu norrænu samstarfsnefndanna er lagt til að ákvæðin verði afnumin.

G. Á samkomulag hjóna um skilnað að vera grundvöllur lögskilnaðar?

Um þetta efni hafa miklar umræður vaknað síðustu árin. Þegar aukin áhersla er lögð á hjúskapinn sem frjálst sambúðarsamband karls og konu er rökrétt að álykta að þau geti slitið þessu sambandi með samkomulagi sínu og raunar eigi annað hjóna að geta krafist þess einhliða, en þó þurfi staðfestingar af hálfu almenningsvalds. Í norræna lagasamstarfinu hafa menn verið á einu máli um að samkomulag hjóna um skilnað ætti að vera skilnaðarástæða. Skoðanir hafa verið skiptar um það eitt hvort samkomulag geti verið grundvöllur að lögskilnaði umsvifalaust eða aðeins að skilnaði að borði og sæng, svo sem nú er hér á landi og í Danmörku og Noregi.

Í sænsku löggjöfinni er það sett fram sem meginregla að samkomulag hjóna sé grundvöllur að lögskilnaði án reynslutímabils. Frá þessu er þó undantekning ef hjón eiga barn undir 16 ára aldri, þar á meðal stjúpbarn. Þá verður lögskilnaður ekki veittur umsvifalaust heldur skilnaður til reynslu. Í ljós er leitt að þessu er svo farið um a.m.k. 60% hjóna sem óska eftir skilnaði. Undantekningarreglan ber því meginregluna ofurliði í lagaframkvæmd.

Samkvæmt finnsku lögunum frá 1987 verður lögskilnaður án sex mánaða reynslutíma ekki veittur hjónum þótt þau beiðist hans sameiginlega. Skiptir ekki máli hvort hjón eigi börn undir 16 ára aldri eða ekki.

Dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991 byggjast á óbreyttum lagaákvæðum í þessu efni, þ.e. að samkomulag hjóna verði aðeins grundvöllur skilnaðar að borði og sæng en ekki lögskilnaðar.

Í þessu frumvarpi er lögð til óbreytt skipan um þetta atriði. Byggist það m.a. á því að samkomulag hjóna verður oft að virða með nokkurri varúð. Að baki kann að leynast þrýstingur annars makans gagnvart hinu. Samkomulagið getur verið liður í að ná fram fjárskiptum eða ákveðinni niðurstöðu varðandi forsjá barna og að því kann að vera hrapað í því mikla tilfinningaróti sem hér ríkir oft og einatt. Sérstök ástæða er til að velja þá leið sem er varfærnislegri þegar hjónabönd hafa staðið alllengi og börnum er til að dreifa. Hér er þess einnig að gæta að lagt er til í frumvarpinu að unnt sé að krefjast lögskilnaðar sex til tólf mánuðum eftir að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Er það því ekki langur tími sem þreyja þarf.

H. Hjúskaparbrot sem skilnaðarástæða.

Umræða um hvort viðhalda eigi hjúskaparbroti sem lögskilnaðarástæðu í norrænni skilnaðarlöggjöf hefur verið ofarlega á baugi á síðustu árum. Víðast hvar á Norðurlöndum, þar á meðal hér á landi, fer í vöxt að lögskilnaðar sé leitað með vísan til meints hjúskaparbrots. Hér á landi má ætla að 20–25% lögskilnaða sé veittur á grundvelli ákvæðisins um hjúskaparbrot.

Sérákvæði um hjúskaparbrot hafa nú verið afnumin í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi.

Í dönsku lögunum frá 1989 (1991) er hjúskaparbrot lögskilnaðarástæða svo sem verið hefur.

Vissulega má segja að það skjóti nokkuð skökku við að halda í hjúskaparbrot sem sérgreinda lögskilnaðarástæðu í ljósi þess að sakarreglunni er almennt hafnað í skilnaðarréttinum. Þá má einnig benda á að skv. 34. gr. frumvarpsins getur maki ávallt krafist skilnaðar að borði og sæng án þess að tilgreina þurfi sérgreinda ástæðu. Til viðbótar þessu kemur svo að þrjú Norðurlandanna hafa afnumið þessa lögskilnaðarástæðu. Á móti þessu kemur að ætla má að hér á landi sé það nokkuð almenn afstaða hjá almenningi að hjúskaparbrot sé svo alvarlegt brot á hjúskaparskyldum að hinum aðilanum eigi að vera kræfur lögskilnaður og ekki aðeins skilnaður að borði og sæng. Þá ber einnig að geta þess að ákvæði 39. gr. laga nr. 60/1972 er allmikið beitt í lagaframkvæmdinni.

Við samningu frumvarpsins hafa orðið þau málalok að greina hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu.

I. Aðrar sérgreindar skilnaðarástæður.

1. Lágmarkstími frá skilnaði að borði og sæng til lögskilnaðar.

Sá tími er nú eitt ár, sbr. 34. gr. laga nr. 60/1972. Í 36. gr. frumvarpsins er lagt til að greint verði milli þess svo sem var í lögum nr. 39/1921 hvort hjón séu sammála um að leita lögskilnaðar eða ekki. Ef þau eru á einu máli um það er lögskilnaður kræfur sex mánuðum eftir að skilnaður að borði og sæng var veittur, en ella eftir eitt ár. Skilnaður að borði og sæng getur ekki gegnt hlutverki sínu sem reynslu- og sáttaúrræði nema hann taki yfir nokkurt tímabil. Aðilar þurfa tíma til að hugsa ráð sitt og hyggja að ýmsu. Ef samkomulag er milli þeirra um að leita lögskilnaðar eftir hálft ár sýnist rök skorta til þess að girða fyrir að krafa þeirra verði tekin til greina. Hér er lagt til að sama skipan verði

tekin upp og samkvæmt dönsku lögunum frá 1989. Finnsku og sænsku lögin kveða svo á að reynslutímabilið sé sex mánuðir. Norsku lögin frá 1991 miða við eitt ár.

2. Ákvæði 35. og 36. gr. laga nr. 60/1972 um samvistaslit sem lögskilnaðarástæðu.

Þeim er steypt saman í eitt ákvæði, sbr. 37. gr. frumvarpsins, í samræmi við það að leitast hefur verið við að einfalda skilnaðarákvæðin.

3. Geðveiki sem lögskilnaðarástæða, sbr. 42. gr. laga nr. 60/1972.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 42. gr. laga nr. 60/1972 um geðveiki sem sérgreinda lögskilnaðarástæðu verði afnumið. Dönsku, finnsku, norsku og sænsku lögin hafa afnumið hliðstæð ákvæði, enda er sú niðurstaða í samræmi við mat norrænu samstarfsnefndanna.

4. Hvarf maka, sbr. 37. gr. laga nr. 60/1972.

Ekki þykir ástæða til að halda í þetta ákvæði, enda er því ekki beitt í lagaframkvæmd og óraunhæft að jafnaði fyrir hinn makann að leita lögskilnaðar þegar maki hefur horfið. Er nærlægara að maki leiti dómsúrskurðar um að makinn sé talinn látinn, sbr. lög nr. 44/1981.

5. Tvíkvæni (tvíveri), sbr. 38. gr. laga nr. 60/1972.

Rétt hefur þótt að halda þessu ákvæði efnislega, sbr. 38. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um ógildingu hjúskapar, þegar svona stendur á, dugir að vísu oftast, en hugsanlegt er þó að sú leið reynist torveld og annað hitt að aðili kann fremur að óska eftir því að hjúskap verði lokið með lögskilnaði, m.a. vegna þess að dómstólaleiðin er jafnaðarlega seinfarnari en öflun leyfis til lögskilnaðar.

6. Fangavist annars maka, sbr. 41. gr. laga nr. 60/1972.

Ekki þykja nægileg rök til að halda þessu ákvæði í lögum og er það lítt notað í framkvæmd. Endurhæfing fanga er mikilvægt sakfræðilegt markmið. Er þetta ákvæði í vissri andstöðu við þá yfirlýstu lagastefnu. Skilnaður að borði og sæng er þá æskilegri lausn ef hugur hins makans stendur til hjúskaparslita.

Athugasemdir um einstök ákvæði VI. kafla.

A. Skilnaður að borði og sæng.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. laga nr. 60/1972. Hér er gert ráð fyrir að samkomulag hjóna um skilnað dugi sem grundvöllur að leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Samkvæmt 44. gr. frumvarpsins þarf annaðhvort að vera samkomulag um fjárskiptin eða fyrir liggi að opinber skipti séu hafin vegna fjárskipta.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli og felur í sér að annað hjóna getur einhliða krafist skilnaðar að borði og sæng. Verður gildi 33. gr. frumvarpsins vissulega takmarkað þegar greinar þessar eru bornar saman, en 33. gr. höfðar til þess að hjón leitist við að ráða máli til lykta með samkomulagi.

Úrlausnaraðili hlýtur að verða að una mati maka sjálfs á því hvort hann telji sig geta haldið áfram sambúðinni, enda er utanaðkomandi torvelt að virða það mál.

Greinin á sér nokkra samvörun í 32. gr. laga nr. 60/1972, en er til muna einfaldari og ekki er að finna í henni þau sakaratriði sem eru í 32. gr.

Um 35. gr.

Í 33. gr. laga nr. 60/1972 segir að þegar samvistir takist milli hjóna sem skilin eru að borði og sæng falli niður réttaráhrif skilnaðarleyfisins. Þetta á einnig við ef samvistir hafa aldrei rofnað. Lögskýring á orðalaginu að „samvistir takist" hefur valdið nokkrum erfiðleikum. Má um það vísa til hæstaréttardóms 1979, bls. 1369, er felur í sér býsna strangar kröfur til samvistaslita. Réttmætt þykir að kveða nánar á um þetta atriði í lagatextanum sjálfum og draga úr kröfunni um samvistaslit. Er þá annars vegar tekið mið af því að maki þurfi tíma til að afla sér húsnæðis og heimilisaðstöðu vegna flutnings af heimilinu og hins vegar þykir eiga að búa svo um hnúta að hjón hafi tök á að reyna sættir með því að endurvekja samvistir um skamma hríð án þess að réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falli niður. Býr sanngirni hér að baki og viðleitni til að efla sáttahlutverk skilnaðar að borði og sæng. Vissulega er orðalag hér teygjanlegt, en það veitir grundvöll til frjálslegrar túlkunar. Hér er brotið upp á því að vísireglur verði lögfestar, en ógerningur er samkvæmt eðli máls að beita greinimarki sem hnitmiðað sé.

B. Lögskilnaður.

Um 36. gr.

Greinin er hliðstæð 34. gr. laga nr. 60/1972, sbr. áður 62. gr. laga nr. 39/1921. Í greininni er kveðið á um lágmarkstíma er líða verður frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og fram til þess að lögskilnaður er kræfur. Í ákvæðinu er greint milli þess hvort hjón séu á einu máli um að leita lögskilnaðar eða ekki. Í fyrra tilvikinu er frestur sex mánuðir, en eitt ár í hinu síðarnefnda. Samkvæmt 34. gr. laga nr. 60/1972 er frestur ávallt eitt ár.

Um 37. gr.

Greinin er hliðstæð 35. gr. laga nr. 60/1972, en fresturinn er styttur úr þremur árum í tvö ár. Ákvæði 36. gr. laga nr. 60/1972 þykir óþarft við hlið 37. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 38. gr. laga nr. 60/1972 og er vikið að henni hér áður.

Um 39. gr.

Í þessari grein er ákvæði um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu og vísast um það til almennra athugasemda við þennan kafla frumvarpsins.

1. og 3. mgr. samsvara 1. og 3. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1972. Hins vegar hefur 2. mgr. 39. gr. laganna verið felld niður svo sem áður greinir. 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins felur í sér það nýmæli að verknaður, sem á sér stað eftir skilnað að borði og sæng, verði ekki grundvöllur að lögskilnaði. Eftir núgildandi lögum hvílir trúnaðarskylda áfram á hjónum eftir skilnað að borði og sæng, en í norræna löggjafarsamstarfinu voru menn á einu máli um að afnema hana, sbr. dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991.

Í 3. mgr. er notað orðalagið að krafa sé „sett fram" í stað þess að í lögum nr. 60/1972 er sambærilegt orðalag að afhenda umsókn. Þykir hið breytta orðalag markvísara, sbr. einnig um þetta 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr.

Þessi grein er hliðstæð 40. gr. laga nr. 60/1972, en er allmiklu víðtækari. Ákvæðið mælir fyrir um lögskilnaðarástæðu sem miðast við að annar maki beitir hitt ofbeldi eða gerist sekt um ósæmilegt afgerli af kynferðistoga gagnvart börnum sem búa hjá hjónunum. Atferlið, sem greinin tekur til, getur falið í sér líkamsárás, sbr. XXIII. kafla almennra hegningarlaga eða verið kynferðisbrot skv. XXII. kafla sömu laga. Þetta atferli er oft ofbeldiskennt, en einnig sumpart ósæmileg kynferðishegðun án þess að beitt sé ofbeldi. Í upphaflegri gerð frumvarpsins var þessum verknaðartilvikum lýst samfellt með almennu orðalagi án sundurgreiningar. Við endurskoðun greinarinnar hefur sifjalaganefnd talið gleggra að greina sérstaklega hvort tilvik um sig, líkamsárás og kynferðisbrot og þykir það marka betur efnisinntak lögskilnaðarástæðunnar.

1. Um *líkamsárás* er hér miðað við að hún sé allalvarleg, bæði þegar litið er til þess hve hættuleg hún er og hverjar afleiðingar hennar séu, þ.e. að hún valdi tjóni á líkama eða heilbrigði, þar á meðal andlegu heilbrigði árásarþolans. Athuga ber hvort um endurtekið ofbeldisverk sé að ræða. Í 2. mgr. felst að gefa skuli gaum að því hvort atferlið sé fallið til að vekja alvarlegan ótta um ofbeldi að nýju. Þetta á m.a. við ef um tilraunaverknað er að tefla. Í þessu sambandi skiptir máli að kanna feril árásarmannsins og andlega hagi hans.

Minni háttar líkamsmeiðingar falla utan marka ákvæðisins. Er þessu einnig svo farið í dönsku og norsku hjúskaparlögunum sem falla hér í sama farveg. Styðst þetta við niðurstöður í norræna samstarfinu um samræmingu hjúskaparlöggjafar. Um líkamsárásir sem grundvöll að lögskilnaði hafa dönsk og norsk lög samstöðu við 40. gr. frumvarpsins. Hins vegar er kynferðisbrotum bætt við með brýnu orðalagi í 40. gr. frumvarpsins, en þeirra er ekki getið í dönsku og norsku lögunum. Til þess er stofnað með 40. gr. að lögskilnaðarástæða þessi verði rýmri en samkvæmt dönsku og norsku lögunum a.m.k. eftir orðanna hljóðan.

Greinin er einskorðuð við líkamsárás sem framin er af ásetningi. Gáleysisverknaður fellur utan vébanda hennar, svo sem gáleysisleg stjórn ökutækja, gáleysisleg meðferð eldfimra efna eða leiktækja er leiða til tjóns á líkama eða heilsu.

2. *Kynferðisbrot* eru nefnd í 40. gr. og er hér miðað við afmörkun þeirra brota í XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40/1992. Til þessara brota teljast nauðgun og önnur kynferðismök sem greinir á XXII. kafla svo og kynferðisleg áreitni við barn. Þá falla sifjaspell undir hugtakið kynferðisbrot. Kynferðisleg áreitni við barn eða ungmenni var um margt nýmæli sem sérstakt brot samkvæmt lögum nr. 40/1992. Er það atferli sem aukinn gaumur hefur verið gefinn að á síðustu árum. Þykir réttmætt að geta þessa sérstaklega í 40. gr. Vafalaust getur vaknað vafi um afmörkun þess hugtaks. Bíður það stjórnvalda og dómstóla að marka skil í því efni í úrlausnum sínum. Ekki þarf að sýna sérstaklega fram á að barni hafi stafað heilsutjón eða velferðar af verknaði. Þau kynferðisbrot ein, sem framin eru af ásetningi, falla undir greinina.
3. *Tilraun* til verknaðar getur fallið undir greinina, svo sem tilraun til manndráps, líkamsárásar eða nauðgunar. Hlutdeild í verknaði gæti einnig komið til álita ef sérstaklega stendur á.
4. Ekki er það skilyrði fyrir því að ákvæðinu verði beitt að maður hljóti *refsidóm* fyrir verknaðinn og hægt er að beita því þótt viðkomandi sé ósakhæfur.
5. Um atlögu að börnum er tekið fram í greininni að hér sé átt við börn sem búi hjá hjónum. Brot gagnvart öðrum börnum á ekki undir greinina. Hér getur ýmist verið

um að ræða sameiginleg börn þeirra, þar á meðal kjörbörn, eða ekki, svo sem stjúpbörn, enn fremur fósturbörn þeirra eða börn sem búa þar ella. Með barni er hér átt við barn allt til 16 ára aldurs.

6. Verknaður verður vitaskuld að vera sannaður svo að ákvæðinu verði beitt. Sönnunarbyrði hvílir almennt á þeim er krefst lögskilnaðar.
7. Ákvæði 40. gr. frumvarpsins er svo sem áður greinir a.m.k. samkvæmt orðanna hljóðan til muna víðtækara en sambærileg ákvæði dönsku og norsku laganna þar sem kynferðisbrotum er bætt hér við. Er ætlandi að þetta horfi til aukinnar verndar innan fjölskyldu, þ.e. fyrir maka og börn, og búa réttlætissjónarmið hér að baki.
8. Frestir skv. 3. mgr. 40. gr. til málshöfðunar eða til að krefjast lögskilnaðar hjá stjórnvaldi eru styttir frá því sem er í lögum nr. 60/1972, 40. gr., og er það í samræmi við niðurstöður í norræna löggjafarsamstarfinu.
9. Bent er á að skilnaður að borði og sæng er auðfenginn skv. 34. gr. frumvarpsins ef að lögum verður, sbr. nú lög nr. 39/1992, 2. gr., án þess að sérstök ástæða sé tilgreind og þá því fremur ef annað hjóna hefur haft í frammi atferli sem rúmast innan 40. gr. frumvarpsins. Í slíku tilviki er því tveggja kosta völ fyrir þann maka sem krafist getur skilnaðar.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um hverjir leysi úr kröfu um skilnað að borði og sæng og lögskilnað. Er greininni ætlað að leysa 43. gr. laga nr. 60/1972 af hólmi.

Ákvæðið byggist á þeirri grunnreglu að í flestum tilvikum eigi að vera unnt að leita skilnaðar hvort sem er hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Er það sama meginregla og skv. 43. gr. laga nr. 60/1972. Með greininni er þó stofnað til allmikilla breytinga á úrlausnarvaldi stjórnvalda. Er úrlausnarvald sýslumanna aukið til muna, en gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið verði málskotsstig um úrlausnir sýslumanns.

1. Sýslumenn og þeir einir veita leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. frumvarpsins, svo og til lögskilnaðar skv. 1. mgr. 36. gr., þ.e. þegar hjón eru sammála um að leita skilnaðar. Hér er af eðlisástæðum ekki gert ráð fyrir málskoti til dómsmálaráðuneytis og ekki þykja rök til þess að dómstóll fjalli um mál þegar svona stendur á.
2. Skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum en 33. gr. og 1. mgr. 36. gr. má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en endranær leysir dómstóll úr kröfu aðila um skilnað. Ef hjón greinir á um hvort grundvöllur lögskilnaðar sé til staðar, t.d. skv. 36. gr., sbr. 35. gr., eða skv. 39. gr. frumvarpsins, en óska þó eftir að sýslumaður leysi úr máli, getur sýslumaður beint því til þess hjóna er skilnaðar æskir að það hlutist til um öflun sönnunargagna skv. XII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, áður en hann tekur afstöðu til þess hvort skilnaður skuli veittur.
3. Synjun sýslumanns á úrlausn skv. 2. mgr. 41. gr. getur aðili skotið til ráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfs um synjunina, sbr. og 132. gr. frumvarpsins. Synjun sýslumanns gæti einkum átt sér stað þegar hann teldi vandkvæði á sönnunarfærslu. Þótt dómsmálaráðuneytið felli synjun sýslumanns úr gildi gefur það ekki út skilnaðarleyfi heldur leggur fyrir sýslumann að taka málið til nýrrar meðferðar.
4. Synjun stjórnvalds um útgáfu leyfis er ekki því til fyrirstöðu að unnt sé að leggja

skilnaðarkröfu fyrir dómstóla. Þetta ákvæði á bæði við um skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

Víða um lönd er úrlausn skilnaðarmála hjá dómstólum einum. Ekki hafa þótt rök til þess að fara þá leið þegar hjón eru sammála um skilnað eða um að leita hans hjá stjórnvaldi. Er á það að líta að stjórnvaldsleiðin er að jafnaði greiðfærari og ódýrari fyrir aðila, auk þess sem hún styðst við langa hefð hér á landi. Ekki verður séð að þessi skipan sé andstæð þjóðréttarsamningnum er Ísland hefur bundist frekar en t.d. norska tilhögunin.

Í frumvarpi til barnalaga er sýslumönnum ætlaður aukinn hlutur í úrlausnum sifjaréttarmála. Er vafalaust hagræði að því fyrir fólk, er býr utan höfuðborgarsvæðis, að geta leitað til sýslumanns með þessi mál. Auk þess sem það horfir til réttaröryggis að hægt sé að skjóta málum til ráðuneytis. Á það sama við um skilnaðarmál. Þekking sýslumanna á högum fólks í umdæmi þeirra getur hér komið að liði.

D. Sættir milli hjóna.

Um 42. gr.

Greinin mælir fyrir um sættir milli hjóna vegna fyrirhugaðs skilnaðar. Er henni ætlað að koma í stað 44. gr. laga nr. 60/1972 svo sem henni var breytt með lögum nr. 132/1989.

1. Það hefur lengi verið regla íslenskrar skilnaðarlöggjafar að skylt sé að reyna sættir með hjónum áður en skilnaður er veittur. Lengstum hafa prestar annast um sættir, en samkvæmt lögum nr. 39/1921 skyldu ýmist prestar eða sáttanefndir leita sátta milli hjóna, sbr. síðar 44. gr. laga nr. 60/1972. Gilti sú regla allt til þess að lög nr. 28/1981, um breyting á lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, afnámu sáttanefndir. Hjúskaparlögum var ekki breytt þá og fjölluðu prestar eða forstöðumenn trúfélaga einir um sættir.

   Með lögum nr. 132/1989 var bætt úr þessum annmarka. Var þar kveðið svo á að hjón, sem væru utan trúfélaga eða þar sem hvort heyrir til sínu trúfélagi, gætu leitað til yfirvalds um sættir.
2. Með sáttum er hjónum, sem hyggja á skilnað, búinn vettvangur til að ræða mál sín við hlutlausan aðila er kannar með viðræðum við aðila hvort grundvöllur sé „að framhaldi hjúskaparins". Þessu úrræði er ætlað að draga úr því að hrapað sé að skilnaðinum, en sáttasemjara ber að höfða til ábyrgðarkenndar hjóna ekki síst gagnvart ungum börnum þeirra.
3. Um gildi sáttaumleitana vegna skilnaða eru vafalaust skiptar skoðanir. Í strjálbýli, þar sem prestar þekkja vel til haga fólks, verða umleitanir prests, ef að líkum lætur, vænlegri en í þéttbýli þar sem persónuleg kynni eru oft minni. Sáttastarfið er því miður oft of seint á ferð ef svo má að orði komast. Sátta er oftast ekki leitað fyrr en djúpstæður ágreiningur hefur myndast milli hjóna.

   Ráðgjöf reynds prests eða forstöðumanns trúfélags getur ótvírætt verið til mikilla bóta. Á það er þó einnig að líta að mikil þörf er á fjölskylduráðgjöf sem veitt sé í sérstökum stofnunum er hafi sérmenntuðum starfsmönnum á að skipa, svo sem lögfræðingum, prestum, sálfræðingum, uppeldisfræðingum, félagsráðgjöfum o.fl. Brýn þörf er einnig á stóraukinni fræðslu um fjölskyldumál, þar á meðal í skólum. Ætti íslensku þjóðfélagi að vera umhugað um úrræði er horfa til fjölskylduverndar og eflingar fjölskyldutengsla. Vantar hér á landi bagalega almenna stefnumörkun í fjölskyldupólitík.

4. Í norræna hjúskaparlagasamstarfinu hefur verið um það rætt hvort réttmætt sé að halda í skyldubundnar sáttir. Enn fremur hafa farið fram víðtækar umræður um hvernig haga eigi sáttastarfinu. Þeim skoðunum hefur vaxið fylgi að rök standi ekki til þess að viðhalda skyldubundnum sáttum, heldur beri að veita hjónum kost á að leitað verði um sættir með þeim ef hugur þeirra stendur til þess. Einnig hefur það verið rætt að mikil þörf sé á að koma upp fjölskylduráðgjöf sem hjón eigi greiðan aðgang að með vandamál sín.
5. Samkvæmt finnsku og sænsku lögunum frá 1987 og hinum dönsku frá 1989 er horfið frá skyldubundinni sáttatilhögun. Er reglunum breytt í það horf að sáttastarfsemi af hálfu þjóðfélags sé úrræði sem hjón eigi kost á, en þeim sé ekki skylt að nýta sér það.
6. Í 42. gr. frumvarpsins er ekki gengið jafnlangt í að afnema skyldubundna sáttastarfsemi eins og í ofangreindum lögum. Hefur sú leið verið valin að greina milli þess hvort hjón eigi börn undir 16 ára aldri eða ekki. Tillitið til barnanna vegur þungt og þykir réttmætt að halda reglunni um skyldubundnar sáttir þegar þau eiga hlut að máli. Er auðsætt að sérstaklega rík ástæða er til þess fyrir hjón að ræða við sáttasemjara þegar þau eiga börn og þjóðfélagshagsmunir bjóða að þá sé stuðlað að sáttatilraunum. Hér er valin leið sem er svipuð norsku lögunum frá 1991 og naut mikils fylgis í norska Stórþinginu.

   Í frumvarpinu er lagt til að sættir verði ekki eingöngu skyldubundnar þegar hjón eiga sameiginleg börn, heldur einnig ef stjúpbarni er til að dreifa, enda fari stjúpforeldri með forsjá barns. Við þessar aðstæður mælir tillitið til barns með því að sátta verði leitað með hjónum svo sem er þegar þau eiga barn saman.

   Sú undantekning er frá ákvæðinu um skyldubundnar sættir að þær eiga ekki við þegar hjón, sem skilin eru að borði og sæng, eru sammála um að leita lögskilnaðar.

Samkvæmt ofangreindu er það skoðun sifjalaganefndar að ekki séu rök til þess að skylda hjón til að gangast undir sáttaumleitan ef þau eiga ekki ósjálfráða börn, en lögð er áhersla á að hjón eigi þess ávallt kost. Virðist ólíkt sáttavænlegra að hjón óski sjálf þvingunarlaust eftir slíku en að þau séu skylduð til þess. Þeir er annast sáttir fá þá meira ráðrúm til að einbeita sér að því sáttastarfi þar sem frekar er að vænta árangurs.

Bent er á að biskup Íslands og Prestafélag Íslands hafa í umsögnum sínum um frumvarpið varað við því að hvikað verði frá reglunni um skyldubundnar sættir og bent á að hjónum sé einnig þörf á sáttum þótt þau eigi ekki ósjálfráða börn. Aðrir umsagnaraðilar hafa ekki gert athugasemd við þetta ákvæði.

Sáttatilraun prests eða löggilts forstöðumanns skal hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en skilnaðarmál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað fyrir sýslumanni. Samkvæmt eðli máls á þessi frestur ekki við ef sýslumaður eða dómari leitar um sættir samkvæmt ákvæðinu.

Í 7. mgr. 42. gr. er ákvæði sem samsvarar 2. mgr., sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið byggist á þeirri reglu að hjón skuli sækja sáttafund persónulega. Dugir því ekki að fulltrúi maka, t.d. lögmaður, sæki sáttafund. Enn fremur er byggt á því að bæði hjón sæki sáttafund saman. Frá því víkur þó ef erfiðleikar eru á slíku vegna þess að hjón búa fjarri hvort öðru og dugir þá að leitað sé um sættir með hvoru um sig. Ekki þykir raunhæft að setja fram afdráttarlausa reglu um fjarlægð milli heimila hjóna svo sem er í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Er þetta atriði háð mati sáttasemjara og síðar þess er leysir úr kröfu um skilnað og fer eftir aðstæðum, svo sem samgöngum og högum maka. Ekki þykir gerlegt að beita sektaviðurlögum þótt maki sinni ekki kvaðningu þeg-

ar sátt er skyldubundin, sbr. hins vegar 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ef maki er búsettur erlendis þarf ekki að reyna sátt að því er hann varðar.

Í 8. mgr. er kveðið á um að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar þeirra sáttamanna sem kveðið er á um í 4. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að hjón geti þá valið milli þess að leita til stofnunar eða sáttamanna skv. 4. mgr.

E. Skilnaðarkjör.

Um 43. gr.

Greinin kemur í stað 45. gr. laga nr. 60/1972.

Umleitun um skilnaðarkjör fyrir sýslumanni eða dómara gegnir verulegu hlutverki. Í fyrsta lagi því hlutverki að reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skilnaðarkjör þar sem það er ekki fyrir hendi, en einnig til að staðreyna að raunverulegt samkomulag sé milli hjóna um þau og til að athuga hvort hallað sé á ósanngjarnan hátt á annað hjóna með slíku samkomulagi eða a.m.k. að vekja athygli á því ef slíku er til að dreifa. Ekki sýnist þörf á slíkri umleitun ef hún hefur verið framkvæmd við skilnað að borði og sæng og er kveðið á um að sú skipan skuli einnig gilda eftir lögskilnað, sbr. 2. mgr.

Á því er byggt að lögmaður geti komið fyrir sýslumann eða dómara og undirritað þau skjöl sem hér er um að ræða fyrir hönd hjóna, enda hafi hann sérstakt umboð til þess.

Athygli er vakin á því að skv. 107. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er hægt að vísa sáttaumleitunum í dómsmáli til sýslumanns og ætti það einnig við í hjúskaparmálum sem rekin eru fyrir dómi.

Samningur hjóna um skilnaðarkjör verður ekki endanlega skuldbindandi fyrr en hann hefur verið staðfestur fyrir sýslumanni eða dómara, sbr. hrd. 1987, bls. 724.

Um 44. gr.

Hér segir um atriði sem skipa þarf við skilnað, þ.e. um forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Er vísað til viðeigandi ákvæða í lögum um þetta efni, en greinin hefur að öðru leyti ekki sjálfstætt réttarheimildagildi.

Langan tíma getur tekið að leysa úr deilu foreldra um forsjá barna. Ekki þykir ástæða til að fresta úrlausn um skilnaðarkröfu þótt foreldrar deili um forsjá. Ákvæðið byggist að sjálfsögðu á því að ágreiningur um forsjá sé til meðferðar hjá lögmæltum yfirvöldum í samræmi við ákvæði barnalaga. Sama á við þegar foreldrar deila um framfærslueyri.

Gert er ráð fyrir að sérstök krafa verði að koma fram hjá öðrum aðila eða báðum um að skilnaður verði veittur áður en leyst verði úr ágreiningi um forsjá eða framfærslueyri.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng.

Um 45. gr.

Greinin er sama efnis og 46. gr. laga nr. 60/1972. Áréttað er að til þess að heimilt sé við lögskilnað að víkja frá skilnaðarskilmálum sem ákveðnir hafa verið við skilnað að borði og sæng þurfi fyrirvari þar að lútandi að hafa komið fram við skilnað að borði og sæng að jafnaði í skilnaðarsamningi hjóna eða verið bókaður í hjónaskilnaðarbók af sýslumanni eða löglærðum fulltrúa hans að ósk beggja hjóna, sbr. þó um framfærslueyri með maka í 50. gr. frumvarpsins.

Þetta ákvæði stendur ekki í vegi fyrir því að unnt sé við lögskilnað að krefjast breytinga á forsjá barns og meðlagi með því samkvæmt almennum ákvæðum barnalaga vegna

breyttra aðstæðna og haga og þarfa barns, sbr. 1. mgr. 35. gr. frumvarps til barnalaga.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu, þ.e. um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og ábyrgð þeirra í þessu efni gagnvart börnum sem á heimili eru. Ákvæðin um framfærsluskyldu í opinberum rétti eru í framfærslulögum, nr. 80/1947.

Einkaréttarákvæðin um framfærsluskyldu og viðmiðun um efnisleg framlög til framfærslu eru alldreifð í gildandi lögum. Um framfærsluskyldu hjóna í virkum hjúskap eru ákvæði í I. kafla laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Ákvæðin um framfærslu eftir skilnað eru í V. kafla laga nr. 60/1972, einkum í 49. og 50. gr. Ákvæðin um framfærslu barna eru í IV. kafla barnalaga, nr. 9/1981.

Í þessum kafla frumvarpsins eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna bæði meðan hjúskapur varir og eftir skilnað hjóna. Almenna ákvæðið í 46. gr., sbr. 47. gr. frumvarpsins, tekur til framfærsluskyldu gagnvart fjölskyldu í heild sinni, þar á meðal gagnvart börnum. Geyma þau ákvæði frumreglur um framfærsluskyldu og framfærsluframlög. Að öðru leyti fjalla ákvæðin um framfærsluskyldu hjóna sín á milli því að framfærsluákvæði barnalaga eru ekki felld inn í þennan kafla, heldur er lagt til að þau haldist í barnalögum, sbr. og III. kafla frumvarps til barnalaga. Stafar það af því að í barnalögum er fjallað samfellt um framfærslureglur varðandi öll börn. Er óheppilegt að rjúfa þá regluheild.

Á síðustu árum hefur allmikil umræða orðið um það annars staðar á Norðurlöndum hvort ástæða sé til að halda í gagnkvæma framfærsluskyldu að lögum milli hjóna. Þeir sem vilja rjúfa þessi tengsl setja á oddinn að hjúskapur eigi ekki að vera framfærslustofnun og alls ekki út yfir endimörk sín, þ.e. eftir lögskilnað. Hið síðastnefnda hefur verið meginregla íslenskra sifjalaga allt frá setningu laga nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar. Hafa íslensk lög haft í því efni nokkra sérstöðu meðal annarra norrænna laga. Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. 50. gr. að þessari reglu verði áfram haldið. Í norræna löggjafarsamstarfinu hefur sú skoðun að fella niður gagnkvæma framfærslu hjóna ekki notið byrjar. Lögð er áhersla á samábyrgð hjóna á afkomu fjölskyldunnar og samheldni innan hennar. Er eðlilegt út frá því grundvallarsjónarmiði að hvort hjóna um sig leggi það af mörkum til heimilisrekstrar og útgjalda hvors um sig sem hæfilegt megi telja, þar á meðal í formi vinnuframlaga á heimili. Frá lagatæknilegu sjónarmiði er örðugt að hverfa frá hugtakinu framfærsla sem merkir skyldu til framlaga. Hvorugt hjóna er þó framfærandi eða framfært öðru fremur og ætti að hverfa frá því orðalagi. Eins og í fyrri lögum er sérstök áhersla lögð á það að vinna á heimili sé ekki síður gilt framlag til framfærslu en peningagreiðsla, sbr. 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins.

Ekki gætir mikilla efnislegra nýmæla í þessum kafla frumvarpsins umfram hina nýju efnisskipan sem rætt er um hér að framan, en ákvæðin eru um margt nokkru einfaldari í sniðum en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum.

A. Framfærsluskylda hjóna meðan á hjúskap stendur.

Um 46. gr.

1. mgr. samsvarar 2. gr. laga nr. 20/1923. Hún geymir ákvæði um framfærslu og afkomu fjölskyldunnar. Sanngirnismælikvarða á að leggja á framlög hvors um sig í þessu efni.

2. mgr. er sama efnis og 4. gr. laga nr. 20/1923. Segir þar fullum fetum að framlag

annars hjóna til sérþarfa hins verði hjúskapareign viðtakanda sem skuldheimtumenn greiðanda geta þá ekki gengið að. Hins vegar verður þetta fé eða ígildi þess ekki séreign viðtakanda nema sérstök heimild sé til þess, þ.e. kaupmáli. Er það tekið fram vegna ummæla í greinargerð fyrir frumvarpi til laga nr. 20/1923.

Um 47. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málsl. 2. gr. laga nr. 20/1923, en er nokkru víðtækari að efni til.

Í 2. mgr. er ákvæði er samsvarar 3. gr. laga nr. 20/1923 og að meginefni sams konar og það ákvæði.

Um 48. gr.

Þessi grein fjallar um vanrækslu á skyldum skv. 46. og 47. gr. og hvernig brugðist skuli við því.

Greinin er sama efnis og 5. gr. laga nr. 20/1923. Við úrlausn um framlög skal beita reglum 47. gr.

Rétt er að árétta að barnalög gilda almennt um framfærsluskyldu foreldra gagnvart börnum, en með hliðsjón af því að örðugt getur reynst að aðgreina sérstaklega vanrækslu á framfærsluskyldum gagnvart börnum við mat á vanrækslu á framfærsluskyldu skv. 46. og 47. gr. fela ákvæðin í sér heimild til að kveða jafnframt á um framlög til framfærslu þeirra. Sjálfsagt verður þó þessari heimild ekki mikið beitt í framkvæmd þar sem úrskurðarhafi skv. 48. gr. á ekki aðgang að Tryggingastofnun um greiðslur eins og um úrskurði um meðlög með börnum á grundvelli barnalaga.

Um 49. gr.

Hér segir um úrskurði um framfærslueyri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Greinin fjallar um sama efni og 9. og 10. gr. laga nr. 20/1923.

Framlög skv. 49. gr. ákveða stjórnvöld, sýslumenn, sbr. 1. mgr., en dóms- og kirkjumálaráðuneytið ef úrlausn sýslumanns er skotið þangað, sbr. 132. gr. frumvarpsins. Dómstólum er ekki ætlað að leysa úr þessum málum og er það í samræmi við gildandi lög.

2. mgr. er sama efnis og 10. gr. laga nr. 20/1923. Samkvæmt ákvæðinu hefur sýslumaður heimild til að breyta samningi hjóna. Þetta er undantekning frá þeirri meginreglu að eingöngu sé heimilt að gera breytingar á samningi með dómi, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Styðst sú undantekning við það að ekki er við neinar formreglur að styðjast varðandi samninga hjóna um þessi efni og þau njóta ekki leiðsagnar um gerð þeirra andstætt því sem er við skilnað, sbr. 52. gr.

Í 4. mgr. segir að aðeins sé hægt að ákveða framfærslueyri skv. 48. gr. fyrir síðasta árið áður en krafa er sett fram. Þykir réttmætt að setja hér tímaskorður, enda er ástæða til að stuðla að því að slíkar kröfur komi tímanlega fram, sbr. hér til hliðsjónar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 20/1923.

B. Lífeyrir með maka eftir skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

Um 50. gr.

Greinin er sama efnis og 49. gr. laga nr. 60/1972. Í upphafi segir þó að gagnkvæm framfærsluskylda haldist eftir skilnað að borði og sæng. Er lagt til að þar sé lögfest ótvíræð fræðiskýring.

Orðalagi er nokkuð hnikað til varðandi heimild til að úrskurða lífeyri eftir lögskilnað til áréttingar á því að það skuli vera í algerum undantekningartilvikum sem lífeyrir sé úrskurðaður eftir lögskilnað.

Um 51. gr.

1. og 2. mgr. eru hliðstæðar 1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972. Úrskurði sýslumanns skv. 1. mgr. verður skotið til dóms- og kirkjumálaráðuneytis samkvæmt meginreglunni um málskot til æðra stjórnvalds, sbr. 132. gr. frumvarpsins.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972. Um það hefur verið allmikið rætt í sifjalaganefnd og í norrænu samstarfsnefndunum hvort kveða ætti enn fremur svo á hér að skylda til greiðslu framfærslueyris falli niður ef sá sem á rétt til hans stofnar til óvígðrar sambúðar, þ.e. að leggja hér að jöfnu hjúskaparstofnun og stofnun óvígðrar sambúðar. Ótvírætt er að ákvæði 3. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972 verður ekki túlkað svo, enda ekki um að ræða framfærsluskyldu milli aðila í óvígðri sambúð eins og er milli hjóna. Eðlilegt þykir að þetta atriði verði tekið til gagngerðar athugunar þegar fjallað verður um heildarlagasetningu um óvígða sambúð. Að svo stöddu þykir ráðlegt að láta við óbreytta skipan sitja.

Þótt hjúskapur falli niður raknar réttur til framfærslueyris eftir fyrri hjúskap ekki við; hann er fallinn brott endanlega.

Sýslumaður getur breytt úrlausn sinni um fjárhæð framfærslueyris ef skilyrðum 1. mgr. 49. gr. er fullnægt þótt til grundvallar henni liggi dómur um framfærsluskyldu.

Um 52. gr.

Greinin er sama efnis og 51. og 54. gr. laga nr. 60/1972.

Á það hefur reynt í dómi hvernig meta eigi samkomulag hjóna um forsjá barna sem staðfest er fyrir valdsmanni ef dómsmálaráðuneyti tekur ákvæði í skilnaðarbréf um skipan máls í samræmi við það sem aðilar hafa orðið ásáttir um, sbr. hrd. 1976, bls. 656. Þetta gæti einnig gerst að því er framfærslueyri varðar. Þegar skýr gögn liggja fyrir um það að ákvörðun sýslumanns sé beinlínis reist á því sem hjón hafa orðið ásátt um virðist eiga að meta það svo að samningsreglan eigi við að því er breytingu varðar þótt ákvæði sé tekið upp í skilnaðarbréf um þetta efni.

Um eignaskipulag hjúskaparlaga og viðhorf við endurskoðun þess, sbr. VIII.–XII. kafla.

Í VIII.–XII. köflum frumvarpsins er fjallað um eignaskipulagið í hjúskap, eignamynstrið, einstakar eignadeildir, skuldaábyrgð og samninga hjóna. Eru þetta mikilvægir þættir í hjúskaparlögum. Er virða skal hvernig skipa skuli þessum málum þykir nauðsynlegt að gera stutta grein fyrir eignaskipulagi laga nr. 20/1923 (skammstöfuð hjrl.) svo og lítillega erlendra laga. Með þessa greinargerð að bakhjarli verða svo settar fram athugasemdir um hverju ráðlegt þyki að breyta í núgildandi reglum og verður þá jöfnum höndum vikið að ýmsum álitamálum og niðurstöðum í hinni norrænu löggjafarsamvinnu síðustu ára um þessi efni.

A. Nokkur meginatriði í lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Lögin um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, eru eftirtekja þeirrar norrænu samvinnu á sviði sifjalaga sem hófst árið 1909. Með norræna lagasamstarfinu var í ríkum mæli komið á lögeiningu á þessu veigamikla lagasviði um Norðurlönd öll. Samningar

milli Norðurlandanna um framkvæmd einstakra þátta í þessari löggjöf hafa og stuðlað að greiðri framkvæmd laganna í skiptum þeirra í milli.

Norrænu lögin um réttindi og skyldur hjóna, er einkum varða fjárhagsmálefni hjóna, vöktu mikla athygli víða um lönd. Þau höfðu það megintakmark að stuðla að jafnstöðu karls og konu innan hjúskapar og gagnvart börnum, svo og að lagalegu sjálfstæði hvors maka um sig.

1. Mikilvægt var að samkvæmt lögum nr. 20/1923 skyldi forræði eigna hvors um sig vera í höndum þess hjóna er aflaði verðmætis. Fólst í því gagnger breyting frá fyrri tíðar lögum er ætluðu bóndanum forræði allra eigna hjóna er töldust til fjárfélags þeirra sem svo var nefnt, sbr. lög nr. 3/1900 hér á landi. Jafnframt var í hjrl. mælt fyrir um *skipta skuldaábyrgð* þótt nokkur dæmi séu um samábyrgð, en samkvæmt fyrri tíðar lögum svaraði fjárfélagið í heild sinni til skulda hjóna að meginstefnu til. Hlutur eiginkonu var næsta ófrjáls og áhættusamur eftir lögunum frá 1900.
2. Þá skipti það miklu að lögin frá 1923 leggja að jöfnu, a.m.k. að því er framfærsluframlög varðar, *hlut þess* sem heima vinnur og hlut hins er leggur fram peninga til heimilishaldsins. Með þessu var til þess stofnað að veita framlagi þess er bundinn er við heimilisstörf, oftast húsfreyju, verðskuldaða viðurkenningu.
3. Þótt meginreglan sé sú að hvort hjóna um sig hafi forræði hjúskapareigna sinna samkvæmt lögum nr. 20/1923 þá eru *reistar skorður* við því í einstaka tilviki, sbr. 20. og 21. gr. og raunar 19. gr. laganna, einkum með þeim hætti að áskilið er samþykki hins makans ef ætlunin er að afhenda, veðsetja eða leigja fasteign sem er í hjúskapareign og fjölskyldan býr á eða notuð er við atvinnurekstur hins hjóna. Sama er um afhendingu og veðsetningu lausafjármuna sem teljast til sameiginlegra búsmuna. Öryggisloki er svo í 22. gr. er tekur mið af því ef neitað er að ófyrirsynju um samþykki. Allt eru þetta ákvæði í þágu fjölskylduverndar.
4. Lögin nr. 20/1923 kveða svo á að *séreignir* geti myndast í hjúskap bæði á þá lund að hjónum sé heimilt að lýsa tiltekin verðmæti séreign með kaupmála og einnig geta gefendur og arfleiðendur mælt svo fyrir að gjöf eða arfur verði séreign, sbr. 23. gr. laganna. Þá eru þess dæmi að séreign sé lögmælt til hlítar, sbr. 18. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, 30. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, 6. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, sbr. og 44. gr. hjrl. Með lögum nr. 10/1962 var hjónum heimilað að stofna til nýrrar gerðar af kaupmálum þar sem unnt var að kveða svo á að verðmæti skyldi verða séreign í lifanda lífi hjóna, en hlíta reglum um hjúskapareignir eftir lát annars þeirra.
5. Lög nr. 20/1923 byggjast á því að við *skipti* eftir lok hjúskapar (og raunar við skilnað að borði og sæng) skuli skírri hjúskapareign hvors maka um sig skipt til helminga, sbr. 2. mgr. 18. gr., en sá maki, sem séreign á, taki séreignarverðmæti að óskiptu, sbr. þó kaupmálagerð þá sem heimiluð var með lögum nr. 10/1962. Frávik eru samt frá þessari reglu, sbr. einkum 51.–55. gr. laganna um endurgjaldskröfur annars hjóna, m.a. vegna þess að hitt hefur rýrt hjúskapareign sína með óhæfilegri háttsemi. Með VI. kafla laga nr. 60/1972 eru veittar frekari heimildir til að víkja frá helmingaskiptareglum, sbr. m.a. 57. gr., um það er helmingaskipti þykja bersýnilega ósanngjörn, „einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu“. Á þetta ákvæði hefur reynt í þó nokkrum dómum Hæstaréttar og úrskurðum skiptaréttar sem mælt hafa fyrir um „skáskipti“. Þá eru ýmis ákvæði í lögum nr. 20/1923, VI. kafla laga nr. 60/1972 og skiptalögum sem veita maka forgangsrétt til nauðsynlegra muna innan þeirra marka

sem hann á tilkall til eða jafnvel þótt verðmæti þeirra fari fram úr því sem hann á tilkall til. Er maka veittur réttur til að krefjast útlagningar sér til handa á einstökum munum eftir virðingu. Ástæða er einnig til að benda á ákvæði 60. gr. laga nr. 60/1972 um rétt til leiguíbúðar og er heimilt að ákveða eftir öllum aðstæðum hvort hjónanna haldi áfram leigumálanum og ber að taka tillit til þarfa hjóna og barna sem hvort þeirra um sig hefur forsjá fyrir.

6. Frá hinni sérstæðu og skiptu *fjárábyrgð* hvors maka um sig, sbr. IV. kafla laga nr. 20/1923, eru nokkrar undantekningar, sbr. m.a. 12. gr. um samábyrgð hjóna á samningum sem annað þeirra gerir vegna heimilisþarfa eða þarfa barna, svo og um samninga sem húsfreyjan gerir vegna sérþarfa sinna, en eigi gagnkvæmt og felst í því misrétti sem sjálfsagt er að leiðrétta. Þá veita lögin öðru hjóna heimild til að stofna til samninga á ábyrgð hins í einstaka tilviki, sbr. 14. gr. Hér má einnig benda á það er hjón eiga verðmæti í sameign eða vinna saman skaðaverk, sbr. og t.d. um sameiginlega ábyrgð þeirra á opinberum gjöldum sínum.
7. Lög nr. 20/1923 byggjast á því að hjúskapurinn leggi ekki höft á hjón til þess að gera samninga sín á milli eða við aðra menn. Um fyrra atriðið er þess þó gæta að áskilið er að hjón geri kaupmála um gjafir *sín á milli* eða gjafir gefnar í tilefni af hjúskaparstofnun, enda sé um meiri gjafaverðmæti að ræða en venjulegar tækifærisgjafir, sbr. 30. gr., sbr. og ákvæði 32. og 33. gr. er hnykkja á þessu fyrirkomulagi. Stafa þessi ákvæði af því að hætta er á málamyndagerningum og að vegið sé gegn hagsmunum skuldheimtumanna með óheftri heimild til gjafagerninga. Athyglisvert er í þessu sambandi ákvæði 31. gr. er heimilar maka, sem haft hefur tekjuafgang á umliðnu almanaksári, að afhenda hinu endurgjaldslaust helming af tekjuafgangi án þess að til þess þurfi kaupmála, enda sé það gert fyrir lok næsta árs. Mun þessa ákvæðis þó lítt hafa gætt í lagaframkvæmd.
8. Þegar hvort hjóna um sig hefur forræði á eign sinni og þar á meðal rétt til að stofna til fjárskuldbindinga getur verið hætta á því að *annað misfari með heimildir sínar*, hinu hjóna og fjölskyldunni í heild sinni til tjóns. Ýmis ákvæði eru í lögunum sem eiga rót að rekja til tillits til þessa. Hér má m.a. benda á almenna ákvæðið í 19. gr. sem býður hvoru hjóna um sig að fara svo með hjúskapareign sína að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess. Enn má benda á endurgjaldskröfur, sbr. 51.–54. gr., er áður var getið, og svo á ákvæði í VI. kafla hjrl. um slit á fjárfélagi, án þess þó að til skilnaðar komi. Raunar má einnig minna á reglurnar í I. kafla er varða m.a. úrræði til þess að ákvarða framfærsluframlög ef misbrestur verður í því efni af hendi annars hjóna.

Lög nr. 20/1923 eru reist á ákveðnu eignamynstri. Meginreglan er sú að verðmæti, sem maki á við stofnun hjúskapar og eignast síðar, *verður hjúskapareign* hans.

Hins vegar veita lögin hjónum svigrúm til að velja sér annað eignamynstur að nokkru eða öllu með því að lýsa nokkrar eða allar eignir *séreignir*. Til þess er áskilinn kaupmáli sem skal vera skriflegur og skráður í kaupmálabók, sbr. 37. og 38. gr. Í 29. gr. laganna, sbr. lög nr. 10/1962, er það þó bundið hvers konar séreignaskipan hjónum er völ á. Þótt tilhögunin um hjúskapareignir sé frávíkjanleg eru samkvæmt þessu reistar skorður í lögunum við því hvert séreignamynstrið geti orðið og er tæmandi talning á því efni í þeim lagaákvæðum sem greind voru. Þrátt fyrir þetta er hjónum samt veitt nokkuð víðtækt færi á að skipa fjármálum sínum eftir því sem þau telja sér henta. Rétt er að benda

á að réttindi þau, sem 2. mgr. 17. gr. hjrl. víkur að, hafa nokkra sérstöðu. Þá nefna lögin ekki sérstaklega þann möguleika að hjón eigi verðmæti í sameign, en á slíkt getur vitaskuld reynt.

B. Fáein atriði um löggjöf um fjármál hjóna utan Norðurlanda.

Lögum um fjármál hjóna er fyrir komið með margvíslegum hætti ef litið er til sifjalaga utan Norðurlanda. Oft er þar greint milli þrenns konar meginkerfa. Í fyrsta lagi að eignir hjóna verði sameign þeirra, í öðru lagi að lögmælt sé algert séreignaskipulag og í þriðja lagi svonefnt „blandað kerfi". Dæmi um hið síðastnefnda er að forræðisreglur séu svipaðar og í löndum sem byggja á séreignakerfi, en beitt sé helmingaskiptum að meginstefnu við fjárskipti við lok hjúskapar sem er meginatriði í sameignarkerfi og jafnframt kann hjónum að vera heimilað að lýsa einstök verðmæti séreignir með kaupmála. Er sýnilegt að norræna sifjalagamynstrið fellur í þennan síðastgreinda flokk. Innan allra þessara kerfa geta verið margvísleg tilbrigði. Til dæmis kunna að vera mismunandi reglur um forræði og skuldaábyrgð í lögum sem reist eru á sameignarskipulagi að meginstefnu. Í lögum, sem byggjast á séreignaskipulagi, geta t.d. einnig verið sérstakar reglur er takmarka forræði á einstökum eignum, sérstaklega fasteign sem er bústaður fjölskyldu, svo og innanstokksmunum. Við þá skipan tengjast oft víðtækar reglur um framfærslueyri sem öðru hjóna er skylt að leggja hinu til eftir skilnað, jafnvel ævilangt. Í lagakerfi, sem svipar til norræna skipulagsins, geta líka verið mismunandi tilbrigði, t.d. varðandi svigrúm hjóna til samninga sín á milli og um val á einstökum flokkum séreigna. Ástæða er til að nefna að í lögum um fjármál hjóna, sem Vestur-Þjóðverjar settu árið 1957 og byggjast í veigamiklum greinum á norræna kerfinu, er sá meginmunur á að þau verðmæti, sem hjón flytja í búið í upphafi, eru ekki andlag helmingaskiptareglunnar við slit hjúskapar, sbr. einnig spænska og franska kerfið. Það er því aðeins hin skíra eignaaukning meðan á hjúskap stendur er skiptist, a.m.k. að meginstefnu til (aukningarreglur svonefndar).

Benda má á að mörg lönd, sem búa við breska lagahefð, reisa hjúskaparlöggjöf sína á séreignakerfi með víðtækum reglum um framfærslueyri til þess maka sem hlýtur minni hlut við fjárskiptin. Þetta á við um mörg, en alls ekki öll, ríki Bandaríkjanna. Flest ríki í austurhluta Evrópu hafa hins vegar byggt löggjöf sína á sameignarskipulagi.

C. Endurskoðun norrænu laganna um fjármál hjóna og umræður er að því lúta.

1. Endurskoðun norrænna laga um fjármál hjóna hefur staðið síðan á sjötta áratugnum, en síðustu fundir voru haldnir 1987. Norrænu sifjalaganefndirnar hafa lagt þar fram hugmyndir að breytingum og víðtækar umræður hafa farið fram um það efni. Reglur um fjármál fólks í óvígðri sambúð hafa einnig verið til meðferðar svo sem áður greinir. Um óvígða sambúð má einkum benda á sænsk lög frá 1980 er varða fyrst og fremst húsnæði sambúðarfólks.
   Norðurlandaráð hefur sett fram óskir um að þess verði freistað eftir föngum að ná samstöðu meðal Norðurlandaþjóða um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á *hjúskaparlöggjöf.*
2. Norrænu sifjalaganefndirnar hafa verið á einu máli um að ekki sé tímabært að hvika frá þeim *megingrundvelli* sem núgildandi lög um fjármál hjóna eru reist á. Sá kostur var tekinn til gagngerðrar umræðu að hverfa að algeru *séreignaskipulagi*, sérstaklega með hliðsjón af því að nú aflar meiri hluti giftra kvenna sér peningatekna með vinnu utan heimilis. Á slíkri tilhögun eru þó auðsæir ágallar þar eð hætt er við

að sá aðilinn, sem minni eignir á, fari út úr hjúskap með skarðan fjárhlut. Við þessu mætti að vísu sjá með víðtækum reglum um framfærslueyri til þessa maka eftir lok hjúskapar. Slíkt fyrirkomulag er þó annmarkakennt og er það andstætt hugmyndum þorra manna á Norðurlöndum um að hjúskapur verði framfærslustofnun út yfir endimörk sín. Í norrænu sifjalaganefndunum var einnig gefinn gaumur að aukningarreglu vestur-þýskra hjúskaparlaga, sbr. og t.d. franskan og spænskan rétt. Það fyrirkomulag var ekki talið heppilegt á Norðurlöndum, m.a. með hliðsjón af því að hjónaefni hafi naumast slíka hirðu á fjármálum sínum þegar til hjúskapar er stofnað að þau semji skrár um eigur sínar. Getur slíkt fyrirkomulag haft í för með sér margvíslegar sönnunarflækjur og mundi væntanlega verða torvelt í framkvæmd.
Ekki hefur verið verulegur áhugi á *sameignarskipulagi*, en þó hefur verið lögð áhersla á að vissulega geti sameign myndast með hjónum innan hins norræna lagakerfis og hlutdeild hjóna hvors um sig í henni kann þá t.d. að verða hjúskapareign þess. Lögin sjálf víkja ekki að slíku, en málið er leyst sumpart á grundvelli lagaákvæða um fjármál hjóna og sumpart með hliðsjón af almennum reglum um sameignir, en þær eru raunar ekki skráðar hér á landi, andstætt því sem er t.d. í Noregi. Eru athyglisverðir dómar norskra dómstóla um að heimavinnandi húsfreyja geti með starfi sínu á heimili eignast verðmæti að sameign með bónda sínum án þess að peningaframlag komi til af hennar hendi þar sem starf hennar á heimili leggi grundvöll að því að bóndinn geti stundað tekjugæf störf. Á þetta ekki síst við um rétt til útlagningar verðmæta við skipti vegna skilnaðar og andláts.

D. Nánar um atriði sem upp hafa komið við endurskoðun laganna.

1. Lögin um fjármál hjóna hafa nú gilt í nálega 70 ár lítið breytt og hafa því staðist vel tímans tönn. Þeir sem stóðu að samningu laganna voru vissulega framsýnir menn. Þeir sáu fyrir að sá tími nálgaðist að giftar konur mundu leita í auknum mæli út á hinn almenna vinnumarkað, m.a. vegna þess að þeirra biðu meiri menntunarkostir en áður og ýmiss konar starfsþjálfun. Segja má að helsti galli við norrænu hjúskaparlöggjöfina hafi frá upphafi verið sá að konum var lögmæltur forræðisréttur yfir hjúskapareign sinni, en ekki var í mörgum tilvikum um nein veruleg verðmæti að ræða sem konan átti að hjúskapareign. Lögin stuðluðu lítt að því að hjúskapareign gæti myndast hjá því hjóna sem vann ekki tekjugæf störf, sbr. þó 31. gr. laga nr. 20/1923, en hennar gætir mjög lítið í lagaframkvæmd. Uppi hafa að vísu verið hugmyndir um að skipta ætti tekjum hjóna í tvennt jafnskjótt og þeirra væri aflað, en slíkt er þó miklum örðugleikum bundið. Þá hafa verið settar fram skoðanir um að heimavinnandi aðilinn ætti að fá laun frá ríkinu, t.d. gegnum almannatryggingar, fyrir starf sitt á heimili. Með því væri í reynd fólgin viðurkenning á hinum mikilvægu störfum á heimili og þá fyrst yrði aðila veitt völ tveggja aðgengilegra kosta, heimavinnu eða útivinnu. Inn í þessa umræðu kemur einnig til skoðunar hvernig haga eigi sköttum hjóna. Athyglisvert er að nú þegar meiri hluti giftra kvenna vinnur tekjugæf störf utan heimilis eiga lögin um fjármál hjóna raunverulega betur við en áður var því að með vinnutekjum hvors hjóna um sig skapast einmitt grundvöllur að hjúskapareignum hvors um sig. Hitt er það að tekjur útivinnandi kvenna eru oft miklu lægri en karlmanna.
2. Vissulega hefur þjóðfélagið tekið miklum félagslegum breytingum sl. 70 ár er gefa verður gaum að við endurskoðun laga um fjármál hjóna. Þegar lögin voru sett var miklu fátíðara en nú að giftar konur ynnu utan heimilis. Heimilin bjuggu þá meir að

sínu, heimilið var framleiðslustofnun og þjónustustofnun í mun ríkara mæli en nú er. Fjölskyldur voru barnfleiri en nú. Uppeldi barna fór og meira fram á heimilunum. Verkefni og viðfangsefni heimilanna eru því ekki þau sömu og áður. Hér verður einnig að hafa í huga að skilnaðir eru miklu tíðari en var þegar lögin um fjármál hjóna voru sett. Hefur athygli manna því beinst í auknum mæli að þeim ákvæðum laganna er varða fjárskipti við skilnaði. Í reynd er velsæld meiri en áður og hjón eiga meiri eignir.

3. Viðhorf um félagsleg málefni hafa tekið stakkaskiptum síðustu áratugina. Jafnréttisskoðunum hefur aukist fylgi og því viðhorfi að hjúskapurinn eigi ekki að vera framfærslustofnun eins og oft er tekið til orða, heldur frjálst samband karls og konu þeim til lífsfyllingar og þroska. Sjálfstæði hvors hjóna um sig gagnvart hinu er grein af þessum meiði. Hvorugt á að vera hinu háð. Umræður um jafnstöðu hjóna hafa sett mikið mark á endurskoðun laga um fjármál hjóna upp á síðkastið. Er þess að geta að jafnréttissjónarmið eru vissulega grunntónn laga nr. 20/1923 þótt frá því víki, sbr. t.d. 12. gr. laganna. Sifjalaganefnd hefur gefið tilliti til jafnstöðu maka mikinn gaum við endurskoðun laganna. Nefndin telur að því stefnumiði að hjón njóti sem mest sjálfstæðis í fjármálum sínum og þó með samábyrgð sé að höfuðstefnu vel borgið með núverandi skipulagi. Vissulega má segja að við algert séreignaskipulag njóti tillit til sjálfstæðis hvors maka um sig sín betur, en á því skipulagi er sú brotalöm sem áður greinir og felst í því að það hjóna, sem síður á þess kost að bæta eign sína meðan hjúskapur varir, stendur oft höllum fæti við slit slíks hjúskapar. Í því sambandi er sifjalaganefnd eindregið þeirrar skoðunar að ekki sé réttmætt að taka upp víðtækari reglur en nú eru í hjúskaparlögum um framfærslueyri til handa maka eftir lögskilnað.
4. Almennt fjármálaskipulag hlýtur að taka mið af þeim skoðunum sem uppi eru meðal almennings um skipan þessara mála og af því hvaða skipulag muni henta best þörfum þorra hjóna. Vissulega væri æskilegt að stofna til víðtækrar félagslegrar könnunar á því hvernig viðhorf almennings séu til þessara mála og m.a. að leggja fyrir menn ýmsa kosti um breytta skipan þeirra. Á þessu stigi er ekki völ á slíkri rannsókn.
5. Við endurskoðun hjúskaparlöggjafar ber vitaskuld að hafa í huga stóraukið samfélagslegt liðsinni við fjölskyldur, einkum með almannatryggingalöggjöf og öðrum úrræðum velferðarþjóðfélagsins.

Um VIII. kafla.

Ákvæðum þessa kafla er ætlað að að veita yfirlit yfir hið almenna skipulag á fjármálum hjóna og tengsl hinna einstöku eignadeilda.

Um 53. gr.

Í þessari grein er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt, þ.e. greindar eru til yfirlits þær eignadeildir sem til greina koma. Hér er ekki um efnisleg nýmæli að ræða, en heppilegt þykir að hefja þennan kafla um fjármál hjóna með slíku yfirliti um eignadeildirnar sem gegnir eins konar kynningarhlutverki. Hugtökin, sem hér ræðir um, eru ekki skýrgreind, en efni þeirra er lýst í greinunum næst á eftir, sbr. 54. gr. um hjúskapareignir, 55. gr. um séreignir, 56. gr. um sameignir og 57. gr. um réttindi með persónulegu ívafi. Nánari ákvæði eru í IX. og XI. kafla.

Um 54. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 17. gr. hjrl. Eignir eru hjúskapareignir nema heimildir séu til annars. Sá er heldur því fram að tiltekið verðmæti sé ekki hjúskapareign hefur sönnunarbyrði fyrir því. Hugtakið hjúskaparréttur, sem vikið er að í 1. mgr. 17. gr., er ekki notað í frumvarpinu þar eð það hefur ekki verulegt sjálfstætt gildi.

Um 55. gr.

Í þessu ákvæði er greint samfellt hvernig séreign geti myndast, þ.e. a) með kaupmála, b) fyrir ákvæði gefanda eða arfleiðanda og c) með því að lög mæli svo að tiltekið verðmæti sé séreign. Um a vísast til XI. og XII. kafla frumvarpsins og um b og c til 77. gr. og 94. gr. frumvarpsins og til einstakra lagaákvæða.

Um 56. gr.

Þetta ákvæði er að formi til nýmæli, en með því er lagt til að örugg fræðiskýring verði lögfest. Sameignir geta vissulega myndast í hjúskap svo sem vegna framlaga beggja hjóna til kaupa á fasteign eða vegna þess að þau erfa sameiginlega tiltekna eign eða er gefin hún sameiginlega. Í lagaframkvæmd getur raunar verið örðugt að skera úr hvort t.d. brúðkaupsgjöf verði hjúskapareign annars eða sameign beggja. Ef eign er sameign hjóna verður eignarhlutdeild hvors um sig hjúskapareign nema sérstök heimild sé til að telja hana séreign. Einstakar réttarreglur um sérstakar sameignir geta átt hér við, en virða verður það mál með varúð því að í þessu efni ganga reglur hjúskaparlaga fyrir hinum almennu reglum, sbr. um slit á sameign og ráðstöfun á eignarhluta. Arður af sameign yrði þá einnig jafnaðarlega hjúskapareign í réttu hlutfalli við eignarhlutdeild og ber þá hjónum með hliðstæðum hætti að svara til skatta og skyldna og útgjalda vegna viðhalds o.fl.

Um 57. gr.

Þessi grein samsvarar 2. mgr. 17. gr. hjrl. Persónuleg réttindi eða réttindi með persónulegu ívafi verða svo sem áður almennt hjúskapareign viðkomandi rétthafa, en þó svo að gæta verður hér sérreglna um hver einstök réttindi og ganga þau fyrir hinum almennu reglum hjúskaparlaga um hjúskapareignir. Höfundalög, nr. 73/1972, 30. gr., mæla t.d. svo fyrir að réttur til hugverka skuli vera séreign höfundar og verði því ekki raskað með kaupmála. Auk höfundaréttinda falla undir þessa grein ýmis framfærslu- og lífeyrisréttindi og t.d. bótaréttindi vegna miska eða þjáninga eða vegna skertrar starfsorku til frambúðar. Vísast um þetta til 102. gr. frumvarpsins sem geymir skiptareglu er varðar þessi réttindi.

Réttindi þau, sem greinin tekur til, eru sérstaks eðlis þar sem persónuþáttur þeirra er mjög ríkur. Um sum þeirra er fjallað í löggjöf, en önnur eru ólögmælt. Um lífeyrisréttindi, sem stafa frá starfi í þágu annarra en opinberra aðila, er þess að geta að tilhögun þeirra er næsta margbreytileg og verður að virða þau eftir þeim ákvæðum sem samningar um þau mæla fyrir um. Í fræðiritum um sifjarétt og skaðabótarétt er mikið fjallað um þessi réttindi og annars staðar á Norðurlöndum hafa allmargir dómar gengið um þessi réttindi og stöðu þeirra í sambandi hjóna sín á milli, einkum við slit hjúskapar.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forræði maka á eign sinni bæði almennt og svo um þær skorður sem ráðstöfunarheimild eru settar. Meginreglurnar eru hinar sömu og í lögum nr. 20/1923, en ýmsu er þó öðruvísi skipað svo sem gerð verður grein fyrir hér síðar.

Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess í hverjum mæli reglur þessa kafla séu frávíkjanlegar. Byggt er á því að hjón geti ekki samið sig undan þeim, t.d. svo að fasteign verði að vísu hjúskapareign, en þeim maka, sem eignina á, sé heimilt að selja hana án samþykkis hins þótt fjölskyldan búi á eigninni, sbr. 60. gr. Hitt er það að samþykki er hægt að veita fyrir fram. Telja verður enn fremur að gefanda eða arfleiðanda sé eigi heimilt að kveða svo á að gjöf eða arfur hlíti ekki ákvæðum þessa kafla um takmarkanir á forræði fyrir eign. Gefandi eða arfleiðandi geta mælt svo fyrir, sbr. 77. gr., að gjöf eða arfur verði séreign viðtakanda, en t.d. ekki að gjöf eða arfur verði hjúskapareign M er ekki hlíti ákvæðum um samþykki K vegna sölu eða veðsetningar.

A. Almenn ákvæði.

Um 58. gr.

Í 1. mgr. 58. gr. er meginreglan um forræði maka á eignum sínum og heimild hans til samningsgerðar almennt, sbr. hins vegar 68. gr. um samninga annars hjóna sem er ætlað að skuldbinda hitt. Í hjúskapnum á að ríkja frjálsræði til *forráða eigna* og til *samningsgerðar*. Það er eitt af meginauðkennum á norrænu hjúskaparlöggjöfinni að búa maka efnahagslegt sjálfstæði eftir föngum og veita honum m.a. svigrúm til umsvifa í atvinnurekstri og til að verja eignum sínum til að ná þeim markmiðum sem honum eru hugleikin, að aðgættum skyldum hans við fjölskyldu. Annar þátturinn og raunar grein á sama meiði er svo hin *sjálfstæða skuldaábyrgð*. Hvort hjóna ber ábyrgð á sínum skuldum hvort sem þær stafa frá löggerningum, bótaskyldu atferli o.fl. Segir um það í X. kafla frumvarpsins, sbr. 67. og 68. gr.

58. gr. á við um samninga annars maka við þriðja mann, en um samningsgerð hjóna sín á milli eru fyrirmæli í 71. gr. frumvarpsins. Vissulega geta hjón staðið sameiginlega að samningsgerð við þriðja mann og verða þá skuldbundin vegna þessa skv. 58. gr.

Um 59. gr.

Ákvæðið svarar til 19. gr. hjrl. og svo að sínu leyti ákvæða I. og VII. kafla frumvarpsins.

Það er almenns eðlis, en þó stefnumarkandi. Það geymir undirstöðureglu er taka má mið af þegar meta skal hvort eign sé skert svo að fjárslitakrafa verði uppi höfð eða endurgjaldskrafa við skipti.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

Almennar athugasemdir um 60. og 61. gr.

Þessar greinar samsvara 20. og 21. gr. hjrl. 60. gr. frumvarpsins reisir skorður við forræði maka á fasteign eða réttindum yfir fasteign ef fjölskyldan býr á henni eða hún er ætluð til þeirra nota eða til atvinnurekstrar annars eða beggja. 61. gr. frumvarpsins varðar hins vegar innbú á sameiginlegu heimili og muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota eða til sameiginlegs atvinnurekstrar. Takmarkanir skv. 60. gr. eru fólgnar í því að áskilja skriflegt samþykki þess maka sem ekki á eignina ef ætlunin er að afhenda hana, leigja, byggja eða veðsetja. Í 61. gr. eru svipaðar takmarkanir á ráðstöfun varðandi innbú o.fl.

Víða um lönd eru sérstakar reglur settar um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem fjölskyldan býr, þar á meðal um leigusamninga í þágu fjölskyldu er býr í leiguhúsnæði. Sums staðar er svo fyrir mælt að þessi verðmæti og innbú séu sameign hjóna og verða bæði hjón þá að standa að öllum samningum um þau. Í norrænum rétti er hins vegar farin sú leið að áskilja samþykki þess maka, sem ekki á eignina, til ýmissa löggerninga um

hana. Slík úrræði eiga rót að rekja til þess hversu nauðsynlegt er að vernda fjölskylduna og stuðla að samráðum hjóna um íbúðarhúsnæði og innanstokksmuni á heimili sem eru grundvallarmál hjá hverri fjölskyldu. Nefna mætti að meðal þeirra hugmynda, sem uppi hafa verið, er að sporna við því í lögum að þessi verðmæti verði gerð að séreign maka, en það skiptir verulegu máli eftir hjrl. eins og þau eru nú vegna þess að takmarkanirnar eru bundnar við verðmæti sem eru hjúskapareignir og taka ekki til séreigna. Í 60. og 61. gr. frumvarpsins er lagt til svo sem síðar greinir að áskilnaður um samþykki maka taki einnig til verðmæta sem eru séreign.

Um 60. gr.

Þessi grein er hliðstæð 20. gr. hjrl.

Í henni eru ýmis nýmæli:

1. Ákvæði 20. gr. hjrl. er einskorðað við fasteign sem er hjúskapareign annars hjóna, en 60. gr. tekur einnig til fasteignar sem er séreign. Að baki ákvæðinu býr það sjónarmið að vernda fjölskylduna. Henni er það vitaskuld mikið hagsmunamál að samráð séu höfð um ráðstöfun á fasteign sem ætluð er til búsetu fyrir hana eða er notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Það verndarsjónarmið á einnig við þótt fasteignin sé séreign annars hjóna. Styðst þessi breyting við traust lagarök og er ekki fólgin í henni óviðhlítandi skerðing á séreignareglum. Greinin spornar ekki við því að skuldheimtumenn þess hjóna, sem fasteignin tilheyrir, leiti fullnustu í henni og t.d. að hún sé seld á nauðungaruppboði. Hún girðir ekki heldur fyrir að eignarnám verði gert í eigninni eða réttindi yfir henni verði hefðuð.
   Hafa ber í huga að hugsanlegt er að hjónin séu sameigendur fasteignar eða fasteignaréttinda. Þarf þá atbeini þeirra beggja beinlínis til að koma þannig að bæði verði samningsaðilar ef ráðstafa á eigninni. Það hjóna, er samþykkir löggerning skv. 60. gr., verður hins vegar ekki aðili hans og ber ekki ábyrgð á efnd hans.
2. Í greininni er mælt svo fyrir að samþykki skuli vera skriflegt. Er munnlegt samþykki því ekki fullnægjandi. Samþykki er oftast skriflegt nú, en þess er ekki lagaþörf svo sem 20. gr. er úr garði gerð, sbr. þó að samþykkið þarf að vera skriflegt ef þinglýsa á löggerningi. Ekki þarf samþykkið að vera ritað á skjal sem löggerningur er ritaður á þótt slíkt sé tíðast. Sá sem samþykkir þarf að fá fræðslu um efni samnings og m.a. um samningskjör. Er það forsenda fyrir því að honum sé kleift að meta hvort samþykki verði veitt. Heppilegast er að samþykki sé ritað á skjalið því að þá fer sjaldnast á milli mála að sá er samþykkir hafi átt kost á að kynna sér efni löggerningsins. Endranær gæti þetta atriði valdið ágreiningi. Ekki er áskilið að samþykki sé ritað við votta, en heppilegt er að svo verði gert.
3. Í 60. gr. er mælt fyrir um samþykki maka til að segja upp húsaleigusamningi þar sem fjölskyldan býr eða er notað við atvinnurekstur beggja hjóna eða annars. Lagt er til í 60. gr. að framleiga verði einnig háð samþykki hins makans. Með henni getur verið þrengt að fjölskyldunni og henni bökuð óþægindi, auk þess sem það skiptir hana máli hver framleigutakinn er. Í 20. gr. hjrl. er ekki vikið að uppsögn húsaleigusamninga.
4. Þá kveður 60. gr. enn fremur á um samþykki vegna afhendingar á *hlutabréfum* eða öðrum *eignarskilríkjum* sem tengjast húsnæði þar sem fjölskyldan býr eða er ætlað til þeirra nota. Hugsanlegt er að hlutafélag sé um eignarhald að íbúð og felur afhending hlutabréfa þá í sér að eign hverfi úr eignarráðum afsalanda að nokkru eða öllu. Er eðlilegt að áskilja samþykki um slíka afhendingu. Um önnur eignarskilríki

kann að gegna svipuðu máli, sbr. t.d. kaupleigusamninga. Þótt eignin sé sameign maka og þriðja manns er þörf á samþykki hins makans ef sá maki, sem á eignina með öðrum, vill afhenda, veðsetja eða leigja eignarhluta sinn. Er þessa getið sérstaklega í 1. mgr. 62. gr.

5. 60. gr. kveður svo á að samþykkis sé þörf ef fasteign er notuð við atvinnurekstur beggja eða hins makans. Er það sama regla og í 20. gr. hjrl.
6. 60. gr. tekur m.a. til sumarbústaðar sem ætlaður er fyrir fjölskyldu þótt hún búi þar um takmarkaðan tíma ár hvert. Ef ytri ummerki sýna að fjölskylda sé afhuga því að nota bústaðinn í þessu skyni er hugsanlegt að hann falli utan marka 60. gr. Húsnæði til annarra frístundaiðkana, svo sem veiðiskáli, fellur ekki undir 60. gr. Ætlunin er að bújarðir falli undir greinina, en hins vegar ekki óbyggðar lóðir.

60. gr. á við þótt það sé aðeins hluti fasteignar sem ráðstafa á eða binda með löggerningi. Er það áréttað í 1. mgr. 62. gr. M á t.d. hæð í húsi þar sem fjölskyldan býr, en einnig rishæð í sama húsi. Afhending, veðsetning og leiga á rishæðinni er þá einnig háð samþykki, sbr. hrd. 1952, bls. 629.

Það er ekki eingöngu húsnæðið sem slíkt er fellur undir 60. gr., heldur einnig landið er því fylgir. Ef ætlunin er að selja eða veðsetja (leigja) hluta af slíku landi eða lóð er samþykkis almennt þörf.

Bent er á að um hlutabréf og eignarskilríki er aðeins vikið að samþykki við *afhendingu* þessara skilríkja, sbr. hins vegar um fasteignir, þar sem kveðið er á um afhendingu, veðsetningu, leigu og byggingu jarðar. Þykir ekki ástæða til að láta ákvæðið taka til annars en afhendingar þessara skilríkja. Að því er fasteignir varðar geta eignarhöft önnur en þau, sem nefnd eru sérstaklega, eftir atvikum fallið hér undir, t.d. samningur um malartöku, vatnstöku eða umferðarrétt um fasteign.

Fébætur, eignarnámsbætur eða tryggingarfé, er stafar frá eða tengist fasteign, falla ekki undir 60. gr. að því er ráðstöfunargerninga varðar.

Um 61. gr.

Hún samsvarar 21. gr. hjrl.

Hér eru ýmis nýmæli:

1. Í 61. gr. er sleppt sérákvæði 21. gr. um ófjárráða aðila, sbr. almenna ákvæðið í 3. mgr. 62. gr.
2. Greinin mælir svo fyrir að samþykki skuli vera *skriflegt*, sbr. athugasemdir við 60. gr.
3. Þá er sú meginbreyting fólgin í 61. gr. að ákvæðið á jafnt við hvort sem verðmæti er í hjúskapareign eða *séreign* þess maka er að ráðstöfun stendur. Á 61. gr. samstöðu með 60. gr. að þessu leyti svo sem áður greinir.
4. Þá er því bætt við í 61. gr. að þörf sé á samþykki ef *leigja* á innbú. Hér er notað orðið innbú í stað búsgagna. Er með því átt við innanstokksmuni á heimili: húsgögn, heimilistæki, málverk og bækur, svo og tæki til matseldar, potta og pönnur, borðbúnað o.fl.
5. Því er enn bætt við að munir til persónulegra nota fyrir maka eða börn þeirra falli hér undir, þar á meðal vinnutæki sem M á en K notar og enn fremur víkur 61. gr. að munum til sameiginlegs atvinnurekstrar hjóna.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. mgr. er áður getið, en hún felur í sér skýringu á efni 60. og 61. gr. Er hún nýmæli.

Í 2. mgr. er einnig nýmæli er tekur af vafa og geymir einnig skýringu á 60. og 61. gr. Samkvæmt því eiga ákvæðin um samþykki við allt til þess að úr því verður skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut við fjárskipti. Er hér nánast lagt til að fræðiskýring verði lögfest. Leiða almenn lagarök og sanngirnissjónarmið til þessara málaloka.

3. mgr. er sambærileg við 3. og 4. málsl. 1. mgr. 20. gr. hjrl. Er hér fjallað um það er annað hjóna (M) er svipt lögræði, sjálfræði eða fjárræði eða hvort tveggja og hinn makinn (K) vill t.d. selja fasteign er fjölskyldan býr á. Sé K lögráðamaður M þarf að skipa sérstakan lögráðamann til að taka afstöðu til málsins. Leiða almennar réttarreglur til þeirrar niðurstöðu, sbr. til hliðsjónar 28. gr. laga nr. 68/1984.

Um 63. gr.

Hún er sambærileg við 22. gr. hjrl. Samkvæmt því er unnt að skjóta synjun maka eða lögráðamanns hans um samþykki til sýslumanns. Hér er þess sérstaklega getið að bæði makinn er stendur að löggerningnum og viðsemjandi hans geta skotið málinu til sýslumanns. Talið hefur verið að hinn síðarnefndi eigi ekki aðild skv. 22. gr. hjrl. Rétt þykir að veita honum hana, enda getur hann átt mikilla hagsmuna að gæta og sá maki, er samið hefur, kann að sjá eftir samningsgerð og getur þá losnað undan skyldum sínum með því að telja hinn á að synja um samþykki. Sýslumaður metur þetta mál eftir öllum aðstæðum. Getur hann veitt samþykki ef hann telur rök mæla með því, þar á meðal ef hann telur að synjun sé reist á ómálefnalegum sjónarmiðum. Ákvæðið á einnig við ef ekki hefur verið hægt án verulegs dráttar að afla samþykkis maka eða lögráðamanns.

Um 64. gr.

Greinin fer með nýmæli og ætti að geta komið að verulegu haldi fyrir þann sem fjallar um þinglýsingu á löggerningum er greinir í 60. gr. Rétt þykir að skipa þessu ákvæði hér þótt e.t.v. eigi það betur heima í þinglýsingalögum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að nánari reglur um könnun þeirra efna, er í 1. mgr. greinir, verði settar í reglugerð þar sem það þykir eðlilegra en að þeim sé skipað í lög.

C. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr.

Um 65. gr.

Hér er samfellt kveðið á um hugræn skilyrði fyrir því að samningi, er gengur í berhögg við 60. og 61. gr., sbr. 62. gr., verði hrundið. Eru hliðstæð ákvæði í 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. hjrl. Hér er sá meginmunur á að lagt er til að samning, er 60. gr. tekur til, sé unnt að ógilda vegna skorts á samþykki þótt viðsemjandi sé grandlaus um að þörf hafi verið á samþykki eins og á stóð. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. er hins vegar grandsemi forsenda fyrir ógildingu samnings. Ástæða þykir til að auka vernd til handa fjölskyldu með þessum hætti að fyrirmynd finnsku, norsku og sænsku laganna. Viðsemjanda er að jafnaði ekki torvelt að ganga úr skugga um hvort fasteign falli undir 60. gr., en viðbáru hans um grandleysi kann að vera örðugt að hnekkja.

Um samninga skv. 61. gr. verður reglan svipuð og áður og verður samningi hrundið

nema viðsemjandi sýni fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né átt að vera ljóst að makanum væri samningsgerðin óheimil. Sönnunarbyrði er hér lögð á viðsemjandann, enda er ærin ástæða fyrir hann að ganga úr skugga um hvort um verðmæti sé að ræða sem 61. gr. tekur til.

Málshöfðunarfrestur er greindur í einu lagi í 2. mgr. og efnislega á sama hátt og í 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. hjrl. Viðsemjandi hefur e.t.v. flutt inn í húsnæði í skjóli samnings við maka er hrundið hefur verið. Kann þess þá að verða krafist að hann verði borinn út úr því. Mæla sænsku hjúskaparlögin þá svo fyrir að rétt sé að ætla honum frest til flutnings eftir því sem sanngjarnt þykir. Er hér einnig byggt á að slíks verði gætt þótt ekki þyki ástæða til að greina það sérstaklega í 2. mgr.

D. Gjöf til þriðja manns.

Um 66. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli.

Greinin fjallar um riftun á gjöf maka til þriðja manns.

Riftun er við það miðuð að gjöf sé úr hófi miðað við efnahag maka og teljist ekki eðlileg eða sanngjörn eins og á stendur. Gjöf verður þó ekki hrundið nema gjafþega hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að gefanda væri gerningurinn óheimill. Sönnunarbyrðin um grandsemi hvílir á þeim er hrinda vill gerningnum. Gæta verður þess að þótt gerningur sé örlætisgerningur á ytra borði má vera að hér sé í raun og veru um endurgjald að ræða, t.d. fyrir þjónustu.

Í 2. mgr. er greindur frestur til málshöfðunar er miðast annars vegar við það er hinum makanum varð kunnugt um gjöfina og hins vegar við afhendingu gjafarinnar hvað sem vitneskju makans líður.

Óhófleg gjöf getur leitt til endurgjaldskrafna skv. 52. gr. hjrl., sbr. og 107. gr. frumvarpsins, en reynslan hefur sýnt að þörf er á beinni heimild til að hrinda gjöfinni. Til samanburðar má hér benda á 2. mgr. 15. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, varðandi verðmæti sem maki, er situr í óskiptu búi, gefur þriðja manni.

Um X. kafla.

Hér er safnað í einn kafla ákvæðum er varða skuldaábyrgð hjóna. Ákvæði um þetta eru nokkuð dreifð í hjrl., en haganlegra er að skipa þeim samfellt í sama kafla. 67. gr. svarar til 25. gr. hjrl., 68. gr. er nýmæli til frekari skýringar, 69. gr. er sama efnis og 12. gr. hrjl. og 70. gr. er hliðstæð 14. gr. sömu laga. Tekið skal fram að 13. og 15. gr. hjrl. eru ekki í frumvarpinu. Sérreglur um að kröfur á hendur húsfreyju fyrnist á skemmri tíma en á hendur bónda, sbr. 26. gr. hjrl., eru ekki í frumvarpinu og sama er um sérreglu 27. gr. hjrl. um kröfur á hendur eiginkonu. Mæla jafnréttissjónarmið gegn slíkum sérreglum. Þetta á að sínu leyti einnig við um 12. gr. hjrl. er geymir einum þræði sérreglu til handa húsfreyju um samningsgerð vegna sérþarfa sinna. Er lagt til í 69. gr. að sú sérstaða verði úr lögum numin.

Um 67. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. hjrl. og geymir meginregluna um skuldaábyrgð hjóna sem er skipt eins og verið hefur.

Um 68. gr.

Þessi grein er nýmæli og nánast til fyllingar á efni 67. gr. Hér segir að maki beri ekki

ábyrgð á skuldbindingum hins makans nema sérstök heimild sé til þess. Skiptir ekki máli hver lagagrundvöllur fjárskuldbindingar er, svo sem samningsgerð, skaðaverk, meðlagsskylda eða önnur réttaratvik er stofnað geta til fjárskuldbindinga. Um skatta gilda sérstakar lagareglur um samábyrgð. Heimild til samábyrgðar verður að vera ótvíræð samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Skuldbinding getur m.a. átt stoð í umboði er annar maki gefur hinum til samningsgerðar fyrir sig.

Um 69. gr.

Greinin svarar til 12. gr. hjrl. Samkvæmt þeirri grein er heimildin bundin við að samningsgerð sé nauðsynleg. Hér er miðað við það greinimark að hún sé *venjuleg* og þykir það orðalag hæfa betur. Allt um það verður aðstaðan að vera sú að örðugt sé að ná til hins makans án bagalegrar biðar. Lagt er til að afnumin verði sérregla um sérþarfir húsfreyju, sbr. hér áður. Þá segir sérstaklega að heimildin taki einnig til leigu húsnæðis vegna sameiginlegs heimilis hjóna. Samningur um leigu á atvinnuhúsnæði fellur hins vegar utan vébanda greinarinnar.

Um þessa samninga gildir sú regla að þeir teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna nema atvik segi öðruvísi til, þar á meðal að það hjóna, er semur, geti þess svo að sannað verði að samningur eigi ekki að binda hitt. Sérþarfir, sem fullnægja á með samningi, geta og verið þess eðlis að líta beri svo á að samningur bindi aðeins þann er semur.

Samningur verður að vera gildur fyrir þann er semur svo að skuldbundið geti hitt hjóna, sbr. t.d. að sá er semur sé sviptur fjárræði.

Ákvæðið heimilar ekki öðrum maka að hinu fornspurðu að ráða starfsfólk á heimili, nema til einstakra verkefna, svo sem ræstinga. Vistun barns á leikskóla er orðin svo venjulegur gerningur að miðað er við að hann rúmist innan 69. gr. Sama er um kaup á námsgögnum barna.

Í 2. mgr. er tekið fram að ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samningur lægi utan heimildar maka til samningsgerðar verði það hjóna er ekki semur óbundið af samningnum. Samningurinn getur hins vegar bundið þann maka er samdi.

Ekki þykir þörf á 13. gr. laga nr. 20/1923 og er hliðstætt ákvæði ekki í frumvarpinu.

Um 70. gr.

Hún er sama efnis og 14. gr. hjrl., en þó nokkru þrengri. Heimildin til samningsgerðar er bundin við að nauðsyn beri til vegna framfærslu fjölskyldunnar að stofna til fjárskuldbindinga svo að skuldbindi hinn makann. Samkvæmt 14. gr. hjrl. er maka heimilt að selja eða veðsetja eignir hins, fasteign þó ekki nema með samþykki valdsmanns. Í 70. gr. frumvarpsins er þessu sleppt. Þykir ekki þörf á að ganga svo langt og ber m.a. að hafa í huga að félagsleg þjónusta er nú miklu víðtækari en var þegar þetta ákvæði var lögfest 1923 og auðveldara að ná til manna þótt í fjarska séu og bera undir þá fyrirhugaðar ráðstafanir.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 20/1923 er ekki tekið með í frumvarpið. Er það í samræmi við niðurstöður á fundum samvinnunefndanna norrænu. Það gengur lengra en þörf krefur varðandi samningsgerð makans sem ekki á eignina.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er safnað ákvæðum um samninga hjóna í milli, þar á meðal um séreignir. Samhengis vegna eru hér raunar einnig reglur um aðrar séreignir, svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Þessi ákvæði eru á víð og dreif í hjrl. og er heppilegra til yfirlits að fella þau saman í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli:

1. Í 71. gr. segir almennt að hjón geti samið sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Þetta er lögfesting á meginreglu er nú gildir.
2. Í 3. mgr. 72. gr. er nýmæli er heimilar að gera kaupmála með því efni að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna, sem aflað er eftir gerð kaupmála, verði séreign. Þetta er frávik frá þeirri meginreglu að ekki sé unnt að gera óöfluð verðmæti að séreign með kaupmála.
3. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að unnt sé að tímabinda kaupmála, t.d. til 10 ára, svo og skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignist sameiginlegan skylduerfingja. Í 3. mgr. 74. gr. eru nokkur nýmæli í sambandi við kaupmálagerð sem eru þó að mestu í samræmi við lög nr. 10/1962 um breytingu á 29. gr. laga nr. 20/1923.
4. Í 2. mgr. 23. gr. hjrl. segir að tekjur af séreign skuli teljast hjúskapareign nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Oft eru ákvæði í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá þar sem mælt er svo fyrir að arður af séreign verði einnig séreign. Í 75. gr. er lagt til að síðastgreinda tilhögunin verði lögfest sem aðalregla, þ.e. að arður (tekjur) af séreign verði einnig séreign nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda. Hliðstætt ákvæði er í sænsku og norsku lögunum nýju og verður væntanlega lögfest hvarvetna á Norðurlöndum.
5. Í 1. mgr. 77. gr., er samsvarar 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. hjrl., er í fyrsta lagi það nýmæli að gefandi eða arfleiðandi geti mælt svo fyrir að gjöf eða arður verði séreign með því efni er greinir í 74. og 75. gr., þar á meðal geti hann bundið séreignina við ævi annars eða tímabundið hana og skilyrt, sbr. 74. gr. Enn er það nýmæli í 2. mgr. að hjónum er fyrirmunað að breyta ákvörðun gefanda eða arfleiðanda um séreign nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum. Er þar lagt til að lögskráð verði regla sem nú er talin gilda.
6. Um aðra samninga hjóna eru ákvæði í 31.–35. gr. hjrl. Eru 31. gr. og 34. gr. teknar upp í 78. og 79. gr. frumvarpsins, en 33. gr. í 73. gr. Ákvæði 33. og 35. gr. hjrl. þótti ekki ástæða til að taka upp í frumvarpið.

Um einstakar greinar skulu að öðru leyti settar fram nokkrar athugasemdir.

A. Almenn ákvæði.

Um 71. gr.

Greinin geymir almennt ákvæði, eins konar formála að XI. kafla.

Með 1. mgr. er gert ráð fyrir að lögfest verði grundvallarregla í fjármálamynstrinu sem talin hefur verið gilda þótt ólögfest hafi verið.

Í 2. mgr. er vísað til ákvæða í frumvarpinu er varða samningsgerð hjóna. Gegnir ákvæðið eingöngu almennu leiðsöguhlutverki.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna.

Um 72. gr.

Þessi grein er hliðstæð 30. gr. hjrl.

Rétt er að árétta að enda þótt kaupmáli sé gerður um gjöf er ekki þar með sagt að hún verði séreign, heldur fer það eftir nánari ákvæðum kaupmálans.

Nýmæli er í 3. mgr. Þar er lagt til að hjón geti gert kaupmála þess efnis að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili þeirra geti orðið séreign þótt aflað sé eftir að kaupmáli er gerður. Er það frávik frá meginreglu 1. málsl. 3. mgr. Slíkir kaupmálar eru tíðkaðir, en hafa ekki gildi nema aðilar fallist á að þeim verði beitt. Er brýn þörf á að lögfesta slíka heimild er styðst við haldgóð rök.

Um 73. gr.

Hún er sama efnis og 33. gr. hjrl. Bætt er þó við 1. mgr. ákvæði um það er bú gefanda er tekið til gjaldþrotaskipta. Er það nánast skýringarákvæði.

C. Séreignir.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

Um 74. gr.

1. mgr. svarar til upphafs 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Bætt er hér við ákvæði til skýringar og leiðsagnar um lagaáhrif séreignar við skilnað og andlát maka.

Í 2. mgr. er nýmæli er heimilar að tímabinda kaupmála, svo og að skilyrða hann þannig að hann gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja. Í síðara tilviki eru aðstæður breyttar frá því að kaupmáli var gerður og því eðlilegt að heimilt sé að binda kaupmála skilyrðum er að þessu lúta. Almennt er hins vegar ekki hægt að skilyrða kaupmála.

3. mgr. á um margt sammerkt við 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Þó er sú regla greind hér að séreign geti hlítt reglum um hjúskapareignir að öðru hvoru látnu, ótilgreint eða *tilgreint* (nýmæli auðk. hér). Er mikilvægt að taka af skarið um hvort slíkt sé heimilt, en á því hefur leikið vafi. Eignin verður þá talin hjúskapareign við skipti.

Um 75. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr. hjrl. Arður (tekjur) af séreign á að verða hjúskapareign skv. 2. mgr. 23. gr. hjrl. nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Oft er þess getið í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá að arður af séreign eigi einnig að verða séreign og liggur nærri að telja að þessu sé svo skipað ef menn yfirleitt koma auga á vandamálið. Þykir rétt að lögfesta þetta sem aðalreglu. Verður arður (tekjur) þá séreign samkvæmt frumvarpinu nema annars sé getið í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá. Þessi breyting hefur þegar verið gerð í sænsku og norsku lögunum og verður væntanlega lögfest á næstunni hvarvetna á Norðurlöndum.

Um 76. gr.

Greinin samsvarar þætti úr 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Breyta má ákvæðum kaupmála eða fella þau niður með nýjum kaupmála, en breytingar fá ekki staðist ella, sbr. þó tímabundna kaupmála. Ef kaupmáli er fallinn úr gildi verður séreign hjúskapareign nema ný ákvæði séu sett er mæli fyrir um séreign. Heimilt er m.a. að fella niður eða breyta ákvæðum í kaupmála er greinir í 3. mgr. 72. og 75. gr. Gæta verður 2. mgr. 77. gr. ef fyrirhuguð er breyting á ákvæðum gjafagernings eða arfleiðsluskrár.

Um breytingu á kaupmála vísast einnig til 88. gr. frumvarpsins.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

Um 77. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. hjrl. um ákvarðanir gefanda og arfleiðanda um að gjöf eða arfur skuli verða séreign viðtakanda í hjúskap. Hér er lögð til sú breyting að gefandi eða arfleiðandi geti tekið í gjafagerningi eða erfðaskrá þau ákvæði um séreignir er greinir í 74. og 75. gr. Áskilið er sem fyrr að ákvörðun arfleiðanda sé í erfðaskrá er hlíti form- og efnisreglum erfðalaga. Ekki er mælt fyrir um að gjafagerningur skuli vera skriflegur og er þó langtryggilegast að svo sé, enda almennt tíðkað. Hér er ekki haggað við eldri reglum um formleysi gjafar.

Samkvæmt 2. mgr. er hjónum fyrirmunað að breyta ákvæðum gefanda eða arfleiðanda nema slíkt fái stoð í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af gerningi. Á þetta t.d. við um skilyrði og tímafresti, svo og t.d. um arð af séreign, svo að ekki sé talað um að fella niður það ákvæði að verðmæti skuli yfirleitt vera séreign. Hér er lagt til að fræðiskýring verði lögfest sem mikilvægt er að lögskráð verði. Orðið „ótvírætt" í lok greinarinnar felur í sér að ríka kröfu verður að gera varðandi viljaafstöðu gefanda eða arfleiðanda.

D. Afhending á tekjuafgangi.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. hjrl., en hér er þó lagt til að skjal, sem mælir fyrir um afsal það er greinir í ákvæðinu, verði formbundið, þ.e. gert við *votta*. Þykir það tryggilegra, einkum vegna hættunnar á undanskoti fjár þegar skuldheimtumenn ganga að maka. Verðmæti, sem afhent er samkvæmt þessu, verður hjúskapareign viðtakanda nema sérstakar heimildir séu til annars.

E. Réttur þess hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, til borgunar fyrir vinnu sína.

Um 79. gr.

Greinin er sama efnis og 34. gr. hjrl.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er skipað samfellt ákvæðum um kaupmála, form þeirra og skráningu, hæfi til kaupmálagerðar og upplýsingar úr kaupmálabók um efni þeirra.

Fjöldi kaupmála.

Kaupmálar eru alltíðir hér á landi svo sem ráða má af eftirfarandi skrá um kaupmála á árabilinu 1980–1990. Tala þeirra er borin saman við hjónavígslur og þannig fundin hundraðstala, en grundvöllur þessa samanburðar er þó ekki einhlítur.

Kaupmálar tilkynntir til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1980–1990.

	Kaupmálar	Hjónavígslur	Hundraðstala
1980	177	1.306	13,5
1981	159	1.357	11,7
1982	129	1.303	12,0
1983	178	1.396	12,4
1984	176	1.413	12,4
1985	170	1.252	13,5
1986	165	1.229	13,4
1987	216	1.160	18,6
1988	236	1.294	18,2
1989	312	1.176	26,5
1990	239	1.154	20,7
Samtals, kaupmálar	**2.157**		

Af skránni má ráða að færst hefur í vöxt hin síðustu ár að stofna til kaupmála og er þá miðað við fjölda hjónavígslna. Valda því m.a. áhættusamur atvinnurekstur og aukin tíðni hjónaskilnaða.

Ákvæði um kaupmála eru nokkuð dreifð í hjrl., sbr. 37. og 38. gr. og svo IX. kafla. Er þeim safnað hér í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli:

A. Form kaupmála.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um form kaupmála og er hliðstæð 37. gr. hjrl. Hér kveður allmikið að nýmælum. Í hjrl. er ekki mælt fyrir um neins konar vottfestingu á kaupmála. Þessa ætti þó að vera þörf bæði vegna þess að hann er oft veigamikill löggerningur og formið hvetur hér sem endranær til þess að menn vandi löggerning sinn. Þá stuðlar formið að því að sönnun fáist fyrir því að hjón hafi undirritað kaupmála af fúsum vilja og hvenær undirritun hafi farið fram. Það er út af fyrir sig ekki meðal formkrafna að löggerningur sé nefndur kaupmáli eða að það orð komi fyrir í texta gerningsins, en vottar eiga þó að ganga úr skugga um að skjalið geymi kaupmála að efni til og votta um það. Tíðast er nafnið kaupmáli greint í skjalinu, en endranær veitir efni skjalsins óræka vísbendingu um að kaupmála sé fyrir að fara. Ekki eru hér bein fyrirmæli um vanhæfi votta vegna tengsla við hjónin, en þeir eiga að vera staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum og lögráða.

B. Hæfi aðila.

Um 81. gr.

Greinin kveður á um hæfi til kaupmálagerðar og er sama efnis og 37. gr. hjrl. að því er lögræði varðar. Hér er miðað við að maður sé sviptur *lögræði, sjálfræði* eða *fjárræði*, því að hann verður út af fyrir sig lögráða við hjúskaparstofnun ef ólögráða er vegna æsku, sbr. 2. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Gert er ráð fyrir að samþykki lögráðamanns sé ritað á kaupmálann. Það er þó ekki algert gildisskilyrði. Áritun, sem væri rituð á annað skjal, en ætti ótvírætt við kaupmálann, gæti komið hér að haldi.

C. Skráning kaupmála.

Í 82.–89. gr. er mælt fyrir um skráningu kaupmála.

Um 82. gr.

Í 82. gr. er þess getið skýrlega að skráning kaupmála sé forsenda fyrir gildi hans, þ.e. fyrir því að hann hafi réttaráhrif, bæði gagnvart þriðja manni og milli hjóna. Að því er síðarnefnda atriðið varðar er vikið frá almennum reglum um þinglýsingar.

Um 83.–86. gr.

Hér er lagt til að haldið sé því fyrirkomulagi í megindráttum sem lögfest var með IX. kafla hjrl., þ.e. færslu fyrst í dagbók en síðar í kaupmálabók. Reglurnar í frumvarpinu eru lagaðar eftir megintilhögun þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Gildi skráningar telst frá viðtökudegi samkvæmt því er í dagbók greinir, sbr. 3. mgr. 85. gr., er endurtekur 80. gr. hjrl. og er þó forsendan að skjalið reynist tækt til skráningar.

Um 83. gr.

Greinin er hliðstæð 82. gr. hjrl. að efni til og fjallar um það hvar kaupmáli skuli skráður. Lagt er til að afnumin verði sú regla að miða skuli við varnarþing bóndans. Kaupmála hjónaefna skal skrá þar í umdæmi sem þau eiga lögheimili eða hyggjast búa, en kaupmála hjóna þar sem þau eiga lögheimili. Ef þau eiga ekki lögheimili hér á landi er rétt að skrá kaupmálann í Reykjavík ef yfirleitt er unnt að skrá hann hér á landi.

3. mgr. er endurtekning á lokamálslið 82. gr. hjrl.

Um 84.–85. gr.

Þær mæla fyrir um skráningu í dagbók, sbr. 84. gr., og í kaupmálabók, sbr. 85. gr.

Í 84. gr. er kveðið á um gerð kaupmála sem afhentur er til skráningar. Skjal á að vera úr garði gert í samræmi við 5. og 6. gr. þinglýsingalaga. Ef kaupmáli er ritaður á erlendu máli má áskilja að viðhlítandi þýðing fylgi skjalinu, sbr. 2. mgr. 5. gr. þinglýsingalaga.

Kaupmáli er skráður í kaupmálabók eftir að kannað er hvort hann sé tækur til þeirrar skráningar. Rita skal síðan á kaupmálann um viðtökudag hans og telst gildi skráningar frá þeim degi, sbr. 3. mgr. 85. gr.

Synjun um skráningu á kaupmála er heimilt að skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, sbr. 132. gr. frumvarpsins.

Reglur 85. gr. um skráningu í kaupmálabók víkja ekki frá núverandi framkvæmd hennar.

Um 86. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um allsherjarskrá um kaupmála er haldin skal í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, svo og um auglýsingar um kaupmála í Lögbirtingablaði. Greinin er hliðstæð 83. gr. hjrl., en efni hennar er lítilega breytt og einfaldað.

Um 87. gr.

Þessi grein er nýmæli þar sem lagt er til að reglur, sem nú er farið eftir víða um landið, verði lögskráðar. Í greininni er fjallað um kaupmála sem varða fasteignir, skip stærri en 5 smálestir og skráð loftför. Eftir að kaupmáli er skráður í kaupmálabók er lagt til að sýslumaður skrái þegar í stað efni kaupmála í veðmálabók viðkomandi eignar. Nokkur

vafi hefur leikið á því hver framkvæmd slíkra mála eigi að vera og ber nauðsyn til að taka hér af skarið. Er ætlandi að ákvæði þetta horfi til réttaröryggis. Þegar sýslumaður skráir efni kaupmála í veðmálabók samkvæmt þessu er ekki tekið sérstakt þinglýsingargjald. Ef eign er í öðru umdæmi þá ber sýslumanni, sem skráir kaupmála, að senda gögn til sýslumanns sem í hlut á og ber þá að þinglýsa efni kaupmála þar. Þá mun verða tekið þinglýsingargjald. Af eðlisástæðum ber að hraða þessum afgreiðslum eftir því sem frekast eru föng á.

Aðgæta ber þörf á skráningu kaupmála á fyrirtækjaskrá og áritun á verðbréf ef því er að skipta, en um það verður rétthafi sjálfur að annast.

Um 88. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, en hér er gert ráð fyrir að regla, sem í gildi er, verði lögskráð varðandi breytingu á kaupmála og afturköllun hans.

Um 89. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þegar hjúskap er lokið og fjárskipti um garð gengin vegna skilnaðar geta hjón haft réttmætra hagsmuna að gæta af því að kaupmáli verði afskráður. Getur hinu sama gegnt um erfingja látins maka. Það er efni þessa ákvæðis að mæla fyrir um rétt þessara aðila til að krefjast afskráningar kaupmála sem þá hefur gegnt hlutverki sínu.

Um 90. gr.

Hér er lagt til að hver, sem þess óskar, eigi rétt á að fá upplýsingar úr kaupmálabók um tilvist kaupmála og efni. Er það í samræmi við framkvæmd. Felur það í sér nokkrar breytingar á 2. mgr. 83. gr. hjrl.

Um XIII. kafla.

Í VI. kafla hjrl. eru ákvæði um slit á fjárfélagi án þess að til skilnaðar komi, bæði samkvæmt einhliða kröfu annars hjóna vegna vangæslu hins á fjármálum sínum og einnig geta hjón verið sammála um að krefjast slita á fjárfélagi. Þessum ákvæðum hefur lítið verið beitt hér á landi. Í umræðum í norræna löggjafarsamstarfinu hafa skoðanir verið skiptar um hvort halda eigi þessum reglum. Sifjalaganefnd hefur hallast að því, að höfðu samráði við reynda lögmenn, m.a. vegna þess að þær eru taldar hafa nokkurt varnaðargildi. Ákvæðin eru lítt breytt frá því sem þau eru í VI. kafla hjrl.

Í XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991 eru ákvæði um sama efni og greinir í þessum kafla. Eru ákvæði frumvarpsins löguð að ákvæðum laga nr. 20/1991. Vísast til athugasemda við næsta kafla varðandi rök fyrir því að halda þessum ákvæðum í hjúskaparlögum.

Um 91. gr.

Hér er fjallað um sama efni og í 39. og 40. gr. hjrl. og 99. gr. laga nr. 20/1991. Hliðsjón skal m.a. af því höfð ef annað hjóna veldur hættu á að fjölskyldan missi af sameiginlegu heimili vegna háttsemi þess eða grundvöllur fyrir atvinnurekstri þess skerðist.

Um 92. gr.

Hún kemur í stað 41.–42. gr. hjrl. en er nokkru einfaldari í sniðum. Greinin er í samræmi við 101. gr. laga nr. 20/1991. Úrskurð héraðsdómara um kröfu um fjárskipti má kæra til Hæstaréttar skv. 133. gr. laga nr. 20/1991.

Um 93. gr.

Greinin er að nokkru um sama efni og 43. gr. hjrl., en einfaldari til muna. Í greininni er mælt fyrir um að beita skuli efnisreglum um fjárskipti við skilnað er skipti fara fram samkvæmt þessum kafla. Um stöðu maka meðan á skiptum stendur fer eftir sömu reglum og um skipti vegna skilnaðar.

Um 94. gr.

Hér er lögmælt séreign sem ekki er háð kaupmála. Greinin er hliðstæð 44. gr. hjrl. Tímamark 1. mgr. 101. gr. er það sama og í 1. mgr. 104. gr. skiptalaga. Athyglisvert er að séreignafyrirkomulagið hefst þegar krafa um fjárskipti hefur verið sett fram, en ekki er miðað við það er þeim sé lokið.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skiptareglur. Þær reglur eru tvenns konar, annars vegar efnislegar skiptareglur og hins vegar form- eða verklagsreglur um framkvæmd skipta. Almennt er talið að efnisreglur um skipti eigi undir hjúskaparlöggjöf en um staðsetningu reglna þessara að öðru leyti er stefna norrænu laganna nokkuð mismunandi. Sums staðar eru þær í hjúskaparlögum að verulegu leyti en annars staðar í skiptalögum. Í norræna löggjafarsamstarfinu voru þessar reglur, einkum efnisreglurnar, ræddar allrækilega. Í fyrstu drögum að frumvarpi til hjúskaparlaga byggði sifjalaganefnd á því að hjúskaparlög tækju til skiptareglna í svipuðum mæli og verið hefur og voru ákvæði þeirra draga stíluð á þeim grundvelli. Með XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991 voru hins vegar sett allvíðtæk ákvæði um skipti vegna hjónaskilnaða, ógildingar hjúskapar og slita á fjárfélagi án hjónaskilnaðar, þar á meðal nokkrar efnisreglur. Sifjalaganefnd endurskoðaði því fyrra frumvarp sitt með hliðsjón af ákvæðum hinna nýju skiptalaga og hefur reynt að samrýma og samlaga það þeim. Hefur verið gengið út frá því að skiptalögin gildi í heild sinni um skipti, auk þeirra ákvæða sem þetta frumvarp hefur að geyma. Hjúskaparlög varða almenning mjög miklu og með hliðsjón af því hefur sifjalaganefnd talið rétt að í lögunum sé gefið aðgengilegt yfirlit yfir fjárskipti hjóna, þar á meðal skiptaferlið, jafnmikilvægur þáttur og þau eru í fjármálaskipan hjóna. Er það gert með því að vísa til viðkomandi ákvæða skiptalaga, en einnig með því að taka upp í frumvarpið ákvæði sem skiptalög geyma reglur um. Með öðrum hætti næst ekki það leiðsöguhlutverk sem hjúskaparlögum er ætlað að gegna fyrir þá er við lögin eiga að búa. Að öðru leyti hefur í frumvarpinu verið lögð áhersla á efnisreglur um skipti. Tekið skal fram að ekki er að öllu leyti auðvelt að greina á milli efnis- og formreglna um skipti og skiptar skoðanir geta verið um greinimarkið.

Ákvæði XIV. kafla má flokka svo sem hér segir:

a. *Ákvæði um skiptahætti*, þ.e. annars vegar skipti er hjón framkvæma sín á milli með *skiptasamningi* og hins vegar *opinber skipti*, sbr. *95. og 96. gr.* frumvarpsins.
b. Reglur um *kröfugerð og hvert beina skuli kröfu* um skipti, sbr. *97. gr.*
c. Reglur um *upplýsingaskyldu* aðila, sbr. *98. gr.*

d. Reglur um það *til hverra eigna og skulda skiptin taki*, þar á meðal reglur um að séreignir skuli vera utan skipta að meginstefnu til og við hvaða *tímamark* skuli miða eigna- og skuldatal, sbr. *99.–101. gr.*
e. Mikilvægt er að afmarka *hvort einstök réttindi séu utan skipta* að einhverju leyti og er það gert í *102. gr.*
f. *Helmingaskiptareglan*, sbr. *103. gr.* frumvarpsins, er rótgróin regla í norrænum hjúskaparrétti. Með 57. gr. laga nr. 60/1972 er heimilað að víkja frá þeirri reglu ef sérstaklega stendur á. Á síðustu árum hafa þær skoðanir notið byrjar að slíkar *fráviksheimildir*, svonefndar „skáskiptareglur“, eigi að rýmka og er það gert í þessu frumvarpi, sbr. einkum *104. gr.* og enn fremur að nokkru *105. og 109. gr.*
g. Reglur um *endurgjaldskröfur*, sbr. *107. gr.* frumvarpsins. Þær eru hliðstæðar 51.–54. gr. hjrl.
h. *Úthlutunarreglur* eru í *106. gr.* og *útlagningarreglur* í *108. og 109. gr.*
i. Í *110. gr.* er almenn regla um heimildir hjóna til að gefa eftir af eignarhluta sínum.
j. Þá er skýringarákvæði í *111. gr. sem tengist fjárskiptum vegna skilnaðar að borði og sæng* og loks er regla er varðar *leiguréttindi húsnæðis í 112. gr.*, sbr. 60. gr. laga nr. 60/1972.

Hér á eftir fara athugasemdir um einstakar greinar þessa kafla. Í umsögnum um þær verður vísað hér til samsvarandi ákvæða í VII. kafla laga nr. 20/1923 þótt ýmis þeirra séu afnumin með skiptalögum nr. 20/1991 sem raunar taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Er þetta gert samhengisins vegna.

Um 95. gr.

Rétt þykir að hefja kaflann á ákvæði um fjárskiptasamning, enda æskilegt að hjón ráði skiptum til lykta með samningi. Greinin er að nokkru sambærileg við 54. gr. laga nr. 60/1972. Hér er það nýmæli að lögfest er að slíkur samningur skuli vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Hann skal enn fremur staðfestur fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmál er til meðferðar, sbr. einnig 43. gr. frumvarpsins, sbr. hrd. 1987, bls. 724. Hér er tekin upp sams konar regla og í 54. gr. laga 60/1972 um að unnt sé að ógilda samning ef hann hefur verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er hann var gerður. Hér er því bætt við að unnt sé að ógilda hann að öllu eða nokkru. Ef hjón eru eignalaus kemur yfirlýsing þeirra um það efni í stað fjárskiptasamnings og skulu þau eða umboðsmenn þeirra staðfesta yfirlýsinguna fyrir sýslumanni eða dómara.

Þar sem rætt er um umboð í 1. mgr. er á því byggt að lögmaður, sem undirritar fjárskiptasamning vegna annars hjóna, hafi sérstakt umboð þess til umsýslunnar, sbr. hrd. 1976, bls. 984.

Sá sem heldur því fram að samningur sé „bersýnilega ósanngjarn“ á sönnunarbyrðina þar um. Getur sönnun orðið torveld svo sem ráða má af dómum, sbr. t.d. hrd. 1983, bls. 89, 1984, bls. 133, og 1985, bls. 832, sbr. þó hrd. 1988, bls. 474. Grundvöllur getur brostið undan fjárskiptasamningi, svo sem fyrir það að skilnaður að borði og sæng falli niður eða lögskilnaður er felldur úr gildi, sbr. hrd. 1979, bls. 1369.

Í 2. mgr. eru skorður reistar við því hvenær mál út af ógildingu samnings verði höfðað og er þar endurtekin regla 2. og 3. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, þar á meðal um upphaf frests, sbr. hrd. 1984, bls. 1085. Er réttmætt að stuðla að því að hafist verði fljótlega handa um málarekstur út af þessu. Þó þykir varhugavert að hafa þröngan frest ef málssókn er reist á almennum reglum fjármunaréttar um ógildingu samnings, sbr. hrd.

1984, bls. 1085. Frestur hefur stundum verið liðinn þegar mál var höfðað, sbr. hrd. 1975, bls. 283.

Um 96. gr.

1. mgr. er til leiðsögu um að aðilar geti krafist opinberra fjárskipta vegna skilnaðar og ógildingar hjúskapar, sbr. hér 98. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Tekið skal fram að tilvísun til skiptalaga í lok 1. mgr. felur m.a. í sér að lokaákvæði 1. mgr. 98. gr. skiptalaga eigi hér við.

Í 2. mgr. segir að efnisreglur um skipti í þessum kafla eigi einnig við þegar skipti eiga sér stað vegna andláts maka. Þar ber einnig að beita ákvæðum skiptalaga, sbr. einkum III. kafla þeirra.

Um 97. gr.

Hér er vísað til 92. gr. varðandi það til hvaða héraðsdómstóls eigi að beina kröfu. Er þar miðað við umdæmi þar sem hjón eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili nema samið sé um annað, sbr. einnig 101. gr. skiptalaga þar sem mælt er fyrir um kröfugerð og gögn er henni fylgi. Um skipun skiptastjóra segir í 102. gr. skiptalaga.

Um 98. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu hjóna við skiptin. Miklu varðar fyrir skiptastjóra að fá ekki aðeins upplýsingar um eignir og skuldir hjóna, heldur einnig aðrar upplýsingar um fjármál þeirra. Mikilvægt er að halda hjúskapareignum aðskildum, svo og séreignum, og að það komi fram þegar við uppskrift hvort ágreiningur sé í því efni. Sama er um sérskuldir svo og samskuldir.

Um 99. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um það til hverra eigna skiptin taki.

Þar er sú meginregla mörkuð að skiptin nái ekki til séreigna hvort sem þær stafa frá kaupmála hjóna, fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda eða leiði af beinum lagaákvæðum er kveði svo á að tiltekin verðmæti skuli vera séreignir, sbr. þó 2. málsl. 99. gr. sem felur í sér sérreglu. Er hún í samræmi við gildandi rétt, sbr. 2. mgr. 52. gr. hjrl. sem heimilar að draga séreign undir skiptin til að fullnægja endurgjaldskröfu. Þetta er sérregla hjúskaparlaga er gengur framar hinum almennu ákvæðum skiptalaga. Til viðbótar er svo ákvæði 102. gr. frumvarpsins. Ákvæðið gegnir fyrst og fremst leiðsöguhlutverki. Efnislega felast ekki nýmæli í greininni.

Um 100. gr.

Í greininni er greint frá þeirri meginreglu að skuldir hvors hjóna um sig skuli dregnar frá eignum þess við fjárskiptin, enda er það skír eign sem til skipta kemur, sbr. 103. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti vísar ákvæðið til viðeigandi ákvæða skiptalaga varðandi nánari útfærslu þessarar reglu.

Um 101. gr.

Í 1. mgr. er tekin afstaða til þess mikilvæga máls við hvaða tímamark skuli miða eignir og skuldir er til skipta koma. Er hér miðað við sama tímamark og í 1. mgr. 104. gr. skiptalaga. Í því felst breyting frá gildandi lögum sem miða við lok fjárfélagsins, þ.e. við útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar eða uppsögu dóms á frumdómstigi ef máli er áfrýjað

og dómur staðfestur, sbr. 48. gr. hjrl. og 2. mgr. 65. gr. skiptalaganna dönsku. Við slit á fjárfélagi án skilnaðar ber þó að miða við það er krafa um fjárslit var sett fram. Þetta greinimark við skilnað að borði og sæng og lögskilnað er jafnaðarlega skýrt. Hins vegar er það því verði keypt að maki getur misfarið með eign hinum og fjölskyldunni til tjóns, bæði svo að hann fargi eignum eða stofni til óhæfilegra fjárskuldbindinga. Hafa menn því leitað eftir annarri viðmiðun sem fram kemur í greininni.

2. mgr. varðar skuldir er stafa frá öflun verðmæta sem eigi koma undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra. Segir í ákvæðinu að þessar skuldir komi ekki til frádráttar við fjárskiptin. Eru auðsæ rök til þessa. Arður af slíkum eignum kemur ekki heldur undir skiptin.

Um 102. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verðmæti sem maki, rétthafi, getur krafist að komi ekki til skipta, þ.e. að hann taki að óskiptu. Ákvæði þetta er í heild sinni sniðið eftir norsku hjúskaparlögunum frá 1991 og öðrum norrænum lögum og með hliðsjón af umræðum í norrænu samstarfsnefndunum um hjúskaparlög. Þá er einnig höfð í huga lagaframkvæmd hér á landi. Um þetta efni er að nokkru mælt í 2. mgr. 104. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Ákvæði 102. gr. frumvarpsins er um margt fyllri en 104. gr., en í samræmi við það ákvæði svo langt sem það nær. Krafa getur lotið að eigin hjúskapareign maka eða húskapareign hins, sbr. upphaf 102. gr.

Í 1. tölul. er fjallað um muni sem eingöngu eða aðallega eru ætlaðir til persónulegra nota maka og muni sem hafa minjagildi. Mæla rök með því að þeim sé haldið utan skipta að kröfu aðila, sbr. hér 50. gr. hjrl. Ákvæðið tekur einnig til muna sem maka eru nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni, sbr. hér 2. mgr. 104. gr. skiptalaga.

Í 2. tölul. er tekið á vandasömu máli þar sem eru réttindi maka í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár. Aðstaðan við líftryggingu sem slíka er þó almennt ljós og veltur á því hvort tilnefning á rétthafa er afturtæk eða ekki, sbr. einkum 108. gr. laga nr. 20/1954. Um stöðuna við skilnað kunna að vera ákvæði í lögum um opinbera lífeyrissjóði, sbr. tilvísunarákvæði 56. gr. laga nr. 60/1972, en um einkalífeyrissjóði eru oft ákvæði í samþykktum þeirra eða í samningum um frjálsa líftryggingu o.fl. Ákvæði 2. tölul. er almenns eðlis og er ljóst að sérlög ganga hér fyrir. Ekki eru bein ákvæði í gildandi hjúskaparlögum um þessi réttindi að því er skiptin varðar, en sú lausn, sem hér er lögð til, hefur stoð í grunnreglu 2. mgr. 17. gr. hjrl., að því er talið hefur verið, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. er markar þessum réttindum ýmsum sérstöðu, sbr. hér 57. gr. og 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Bent er á að ákvæðið um að réttindi verði utan skipta er einskorðað við það að þau hafi ekki endurkaupsverð samkvæmt kröfu annars hjóna eða þeirra sameiginlega. Tryggingaréttindi þessi eru með margvíslegu móti. Hér geta vaknað flókin álitaefni sem leysa verður í lagaframkvæmd og lítt gerlegt er að setja nákvæm lagaákvæði um. Ákvæði 2. tölul. felur í sér stefnumið við úrlausn þessara mála, en er eins og fyrr segir almenns eðlis.

Um 3. tölul. vísast til 57. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 17. gr. hjrl. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem ætla má að nú sé farið eftir hér á landi.

Um 4. tölul. Þar er kveðið á um fébætur sem annað hjóna hlýtur vegna líkams- eða heilsutjóns er leitt hefur til skerðingar á starfsorku til frambúðar. Ekki er eðlilegt að hitt hljóti hlutdeild í því fé ef til skilnaðar kemur. Sama er um bætur vegna þjáninga og annars ófjárhagslegs tjóns. Þær fégreiðslur eru bundnar við persónu rétthafans og mæla rök

með því að hann geti tekið fé þetta að óskiptu.

Forsenda fyrir því að verðmæti þessi verði tekin að óskiptu er sú að unnt sé að sérgreina þau á því tímamarki er eignatal ber við að miða, sbr. 1. mgr. 101. gr. Um þetta má vitna til hrd. 1970, bls. 897. Þessu er ljóslega fullnægt ef bótaféð er óhreyft á sparisjóðsbók, en ákvæðið tekur einnig til ígildis bóta svo sem þegar féð er fest í verðbréfum eða fasteign er keypt fyrir það, atvinnufyrirtæki o.s.frv., enda verði kröfu um sérgreiningu fullnægt. Ef það stafar af framlögum hins makans M að þetta fé er enn við lýði er mælt fyrir um það í ákvæðinu að lækka megi fjárverðmæti sem K getur krafist að óskiptu, enda þyki það sanngjarnt, sbr. og lokaákvæði greinarinnar. Hér mætti t.d. benda á að M hafi kostað heimilisreksturinn um langt árabil að öllu verulegu og með því gert K kleift að ganga ekki á verðmæti sem greinir í þessum tölulið. Bætur fyrir missi framfæranda falla undir ákvæði 4. tölul.

Sifjalaganefnd hefur átt þess kost að kynna sér frumvarp til skaðabótalaga sem samið hefur verið. Er ekki sýnilegt að ákvæði 4. tölul. stangist á við hliðstætt ákvæði í greindu frumvarpi.

Um 5. tölul. Hér segir um verðmæti sem aflað hefur verið vegna þarfa barna. Það hjóna, sem barn býr hjá, getur krafist þess að þessum verðmætum sé haldið utan skipta. Er ákvæðið hliðstætt 2. mgr. 104. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Vakin er þó athygli á því að í skiptalögunum er miðað við að það hjóna, sem fer með forsjá ófjárráða barns, geti sett fram kröfu. Ætla má að hjón fari oft sameiginlega með forsjá barns á því tímamarki sem hér um ræðir og þykir því heppilegra að miða við hjá hvoru hjóna barn búi. Ekki þótti ástæða til að gera fyrirvara um verðgildi munanna, sbr. hins vegar 2. mgr. 104. gr. skiptalaga. Gengur þetta ákvæði frumvarpsins framar ákvæði skiptalaga hvað þetta snertir.

Ekki er fyrir það að synja að ósanngjarnt kunni að reynast í einstaka tilviki að halda réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. utan skipta að öllu leyti. Hugsanlegt er að endurgjaldskrafa komi hér til greina, sbr. athugasemd í hrd. 1970, bls. 670. Slík mál hafa þó verið torsótt fyrir norrænum dómstólum og er því gert ráð fyrir því í lokaákvæði greinarinnar að unnt sé að bæta hinu hjóna með fjárgreiðslum við skiptin ef ósanngjarnt þykir að réttindi þessi verði í heild sinni utan skipta.

Að lokum skal bent á að ákvæði 102. gr. skerða ekki heimildir skv. 3. mgr. 104. gr. skiptalaga.

Um 103. gr.

Greinin mælir fyrir um helmingaskiptareglu við fjárskipti, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 109. gr. skiptalaga.

Helmingaskiptareglan við fjárskipti vegna skilnaðar á sér aldahefð í norrænum rétti. 2. mgr. 18. gr. hjrl., er mælir fyrir um þetta efni, var staðfesting á fyrri reglum. Hún byggist á því að í hjúskap ríki efnahagsleg samstaða og hefur það markmið að veita hvorum maka um sig hlutdeild í eignum hins og stuðla þannig að jafnstöðu þeirra við hjúskaparlok. Þessi regla tekur bæði til eignamyndunar eftir að hjúskapur er stofnaður og einnig til hlutdeildar í eignum sem hjón fluttu með sér í búið. Eftir rétti sumra ríkja nær helmingaskiptareglan ekki til síðargreindu verðmætanna, sbr. t.d. þýskan hjúskaparrétt eftir 1957, svo og franskan, grískan og spænskan rétt. Reglan tekur m.a. tillit til þess að hjón hafi mismikil tök á að afla sér tekna og eigna. Einkum verður staða heimavinnandi maka oft lakari en hins, auk þess sem tekjur hjóna geta verið næsta misháar. Helmingaskiptareglunni er ætlað að draga úr þessum mismun í reynd. Búa sanngirnissjónarmið þar

að baki og ræður m.a. tillit til afkomu maka eftir skilnað efni þessarar reglu. Hjónin og fjölskyldan í heild sinni hafa notið þessara eigna og hefur þá sjaldnast verið greint milli verðmæta sem hvort um sig á að hjúskapareign. Má raunar segja að í virkum hjúskap líti hjón oft á t.d. íbúð, húsgögn og bifreið nánast sem sameign sína. Er oft torvelt að greina á milli hjúskapareigna þar sem bæði hafa innt af hendi framlög, t.d. til íbúðarbygginga eða íbúðarkaupa, kaupa á húsgögnum o.fl. Helmingaskiptareglan kemur frá þessu sjónarmiði að haldi sem úrræði til að skapa hjónum fjárhagslega jafnstöðu við hjúskaparlok. Ef þessari reglu væri ekki fyrir að fara mundu sanngirnisrök bjóða að lögfestar yrðu víðtækar reglur um framfærslueyri til þess maka er stendur verr að vígi fjárhagslega eftir skilnað, sbr. t.d. breskan og bandarískan rétt. Á Norðurlöndum hefur verið tekin eindregin afstaða gegn því fyrirkomulagi sem er gallað úrræði frá félagslegu og persónulegu sjónarmiði og mjög erfitt í framkvæmd.

Um 104. gr.

Þótt helmingaskiptareglan sé meginregla í íslenskum hjúskaparrétti voru nokkur frávik frá henni frá upphafi, sbr. séreignir, persónuleg réttindi, endurgjaldsreglur o.fl.

Við endurskoðun norrænu hjúskaparlaganna á sjöunda áratugnum, sbr. lög nr. 60/1972 hér á landi, var það ríkjandi viðhorf að heimila ætti víðtækari frávik frá helmingaskiptareglunni en áður voru í lögum. Einkum var bent á að oft geti verið ósanngjarnt að beita henni ef hjúskapur hefur staðið skamman tíma og ekki leitt til fjárhagslegrar samstöðu að marki. Þegar svo standi á sé réttmætt að heimila hvorum maka um sig að taka að óskiptu þær eigur sem hann flutti í búið eða eftir atvikum verðígildi þeirra. Var þessi tilhögun lögfest með 57. gr. laga nr. 60/1972. Voru þá öðrum þræði hafðar í huga reglur um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar.

Regla 57. gr. laga nr. 60/1972 hefur gegnt góðu og gildu hlutverki svo langt sem hún nær. Allnokkrir hæstaréttardómar hafa gengið um hana, ýmist svo að hafnað hefur verið kröfu um „skáskipti“ eða hún tekin til greina, a.m.k. að nokkru. Þá er einnig kunnugt um úrskurði í skiptaréttum sem gengið hafa án þess að til áfrýjunar hafi komið.

Í norrænu samstarfi síðasta áratugar um endurskoðun hjúskaparlaga voru menn á einu máli um að rýmka þyrfti heimild til frávika frá helmingaskiptareglu. Einkum hafa umræður hnigið að því að ekki sé fullnægjandi að takmarka fráviksheimild svo að binda hana við eigur er makar hafa flutt í bú svo sem gert er í 57. gr. Ýmsar aðrar eignadeildir komi einnig til greina, þar á meðal verðmæti er maki hefur hlotið að gjöf eða arfi án þess þó að þær séu séreignir samkvæmt fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda, svo og t.d. þegar maki flytur verðmæti úr séreign sinni í hjúskapareign.

Norrænu lögin eru nokkuð ólík hvað snertir framsetningu reglna þessara. Efnislegur munur verður þó ekki mikill í lagaframkvæmd að því er ætla verður.

Skal nú farið nokkrum orðum um efni 104. gr.:

1. Í 104. gr. er valin sú leið að greina það sem frumforsendu og allsherjarforsendu fyrir fráviki frá helmingaskiptareglu að skiptin yrðu bersýnilega ósanngjörn að öðrum kosti fyrir annað hjóna. Þykir eðlilegt að reglan, sem er raunar svonefnd vísiregla, hefjist á þessu greinimarki. Síðan eru sérgreind tilvik sem einkum ber að taka tillit til þegar sanngirnismælikvarði er á lagður, en þau eru ekki tæmandi talin í greininni.
2. Taka á tillit til fjárhags hjóna og lengdar hjúskapar. Þessu er lýst svo í 57. gr. laga nr. 60/1972 að hafa skuli hliðsjón af því að hjúskapur hafi staðið skamma stund og ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Orðalag 1. mgr. 104. gr. er almenn-

ara, en hér er átt við svipuð tilvik og þau er greinir í 57. gr. Skammvinnur hjúskapur leiðir sjaldnast til þeirrar fjárhagslegu og félagslegu samstöðu sem er grundvöllur helmingaskiptareglunnar. Hér ber jafnvel að hafa í huga hugsanlegt misferli í sambandi við hjúskaparstofnun þar sem annar aðili stofnar til hjúskaparins nánast í því skyni að komast yfir eignir í skjóli skjótfengins skilnaðar og helmingaskiptareglu.

3. Einnig ber að hafa hliðsjón af því að annað hjóna kann að hafa flutt í búið við hjúskaparstofnun verðmæti sem eru verulega miklu meiri en þau er frá hinu stafa. Þessi þáttur er einnig greindur í 57. gr. laga nr. 60/1972. Ekki er þetta einskorðað við að hjúskapur hafi verið skammvinnur, en mundi einkum eiga við þegar svo hagar til.
4. Þá er það greint að annað hjóna hafi eftir hjúskaparstofnun erft fé eða fengið gjöf frá öðrum en maka sínum. Hér er við það átt að arfur eða gjöf sé ekki séreign, sbr. 77. gr. frumvarpsins. Ýmsir hafa raunar talið að erfðafé eða gjafafé, er greinin tekur til, ætti að vera utan skipta. Ekki hefur þótt rétt að ganga svo langt því að hér getur staðið mjög misjafnlega á. Þykir heppilegra að láta sanngirnissjónarmið ráða.
5. Loks víkur 104. gr. að því að annað hjóna hafi með vinnu, framlögum til framfærslu fjölskyldu eða á annan hátt stuðlað verulega að aukningu fjáreignar sem falla ætti hinu hjóna í skaut eða átt hlut að því að bæta fjáreign hins að öðru leyti. Hér er m.a. höfð í huga vinna maka á heimili og þann grundvöll sem með því fæst til þess að hinn makinn geti aflað sér tekna og eigna. Hlut þess maka ber einnig að virða þegar til útlagningar verðmæta kemur.
6. Í 3. mgr. 104. gr. er tekið fram að frávik frá helmingaskiptareglu skv. 1. og 2. mgr. verði einnig beitt til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæla sérstaklega með því. Hér verður að leggja til grundvallar þær lagaforsendur sem fólgnar eru í 1. og 2. mgr. Mælir sanngirni með þessari reglu sem ekki er greind í 57. gr. laga nr. 60/1972.

   Ákvæði 104. gr. fela í sér til muna rýmri frávik frá helmingaskiptareglu en þær er greinir í 57. gr., en bent skal á að þetta eru heimildareglur.

   Reglur um endurgjaldskröfur gilda sjálfstætt við hlið heimilda skv. 104. gr., sbr. hér 107. gr. frumvarpsins.

Um 105. gr.

Hún samsvarar 58. gr. laga nr. 60/1972. Því er hér bætt við að réttur þessi víki fyrir rétti hins makans til að fá verðmæti í sinn hlut til greiðslu skuldbindinga sem á honum hvíla.

Um 106. gr.

Hún samsvarar 48. gr. hjrl. og fjallar að nokkru um sama efni og 109. gr. skiptalaga nr. 20/1991.

Um 107. gr.

Hér eru fyrirmæli um endurgjaldskröfur, sbr. 51.–54. gr., sbr. 55. gr. laga nr. 20/1923. Þær greinar eru ekki afnumdar með skiptalögum nr. 20/1991. Er til endurgjaldskrafna vísað í 2. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 109. gr. þeirra laga.

1. mgr. varðar sama efni og greinir í 53. gr. laga nr. 20/1923. Sérregla er hér um fé sem gengur til þess að afla lífeyrisréttinda, sbr. 2. tölul. 102. gr.

2. mgr. svarar til 52. gr. laga nr. 20/1923.

1. málsl. 3. mgr. er nánast skýringarákvæði. Í 2. málsl. segir að krefjast megi greiðslu

úr séreign makans ef hjúskapareign hrekkur ekki til, sbr. 2. mgr. 52. gr. hjrl.

4. mgr. er sama efnis og 55. gr. laga nr. 20/1923.

5. mgr. er nýmæli og kveður á um greiðslu endurgjaldskrafna. Er unnt að mæla svo fyrir að greiðsla sé innt af hendi með afborgunum.

Ákvæði 54. gr. laga nr. 20/1923 er ekki tekið með í 107. gr. Þegar svo stendur á sem þar greinir á maki sem notar séreignarfé til þess að auka verðgildi hjúskapareignar eftir atvikum kröfu á hitt hjóna er jafna ber við skiptin ef krafist verður.

Um 108. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um útlagningu verðmæta, þ.e. eftir að úthlutun fer fram til greiðslu skulda, sbr. 106. gr.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir að við opinber skipti vegna skilnaðar geti hvort hjóna um sig krafist þess að fá hlut sinn útlagðan eftir virðingu. Er það í samræmi við gildandi rétt.

Í 2. mgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga að það hjóna, sem á verðmæti að hjúskapareign, geti krafist þess að fá það í sinn hlut, enda rúmist það innan fjármarka eignarhluta hans.

Frá meginreglu upphafsákvæðis 2. mgr. eru að öðru leyti frávik skv. 1.–5. tölul. Samkvæmt þeim er heimilt í ákveðnum tilvikum að leggja verðmæti út til þess hjóna sem ekki á mun að hjúskapareign. Sanngirnisrök þóttu mæla með slíkri reglu, auk þess sem hún er í samræmi við niðurstöður í norræna lagasamstarfinu. Samkvæmt 110. gr. skiptalaga getur annað hjóna hins vegar ekki krafist útlagningar úr hjúskapareign hins nema samkomulag verði um það. Ákvæði 108. gr. frumvarpsins hefur því að geyma sérreglu sem gengur framar 110. gr. skiptalaga hvað þetta snertir. Ákvæðið stangast að öðru leyti ekki á við skiptalög, en kveður á um fyllri reglur en ákvæði 110. gr. skiptalaga og gengur sem sérákvæði framar því.

108. gr. getur líka átt við þegar hjón eiga eign í sameign enda þótt ekki sé vikið sérstaklega að sameignum í ákvæðinu. 3. mgr. 110. gr. skiptalaga fjallar um rétt aðila til að krefjast útlagningar úr sameign. Samkvæmt henni skal það hjóna ganga fyrir sem ætla má að hafi meiri þörf fyrir eignina en ella skal varpa hlukesti um í hvors hlut hún komi ef ekki verða sammæli um annað. Forsendan fyrir beitingu 1.–5. tölul. er þörf maka fyrir eign og stangast ákvæðið því ekki á við 110. gr. skiptalaga, en felur vissulega í sér fyllri reglur um þessi tilvik og gengur sem sérákvæði framar því.

1. og 2. tölul. varða íbúðarhúsnæði fjölskyldu og sumarbústað. Ef ágreiningur verður ber að taka tillit til þess við útlagningu hvorum maka sé meiri þörf á húsnæðinu í því skyni að halda uppi heimili og varðandi sumarbústaði ræður sérstaklega tillitið til barna hjóna.

Í 3. og 4. tölul. er kveðið á um atvinnufyrirtæki og vinnutæki og annað lausafé er tengist atvinnu. Þar er viðmiðunin hvort hjóna hafi rekið fyrirtækið (3. tölul.) og tillitið til áframhaldandi atvinnu og til sanngirni (4. tölul.).

Í 5. tölul., sem varðar kröfu til útlagningar húsgagna, búsgagna og annars lausafjár á sameiginlegu heimili, er einnig boðið að taka tillit til þess að krefjanda sé unnt að halda uppi heimili.

Um 109. gr.

Greinin heimilar að leggja maka út verðmæti þótt það fari fram úr eignarhluta hans, enda mæli sanngirni með því. Í 105. gr. er einnig ákvæði um heimild til aukningar á

eignarhluta en það ákvæði er bundið við tiltekin verðmæti, búsgögn og annað lausafé á sameiginlegu heimili. 109. gr. er ekki einskorðuð við nein sérstök verðmæti að því er andlag varðar. Þá er sá munur á ákvæðunum að skv. 109. gr. ber maka að greiða fjárhæð sem samsvarar því er verðmætið fer fram úr réttri tiltölu, en það á ekki við skv. 105. gr. Ákveða má þegar sérstaklega stendur á að fjárhæð verði greidd með afborgunum. Að öðrum kosti yrði þeim maka, sem í hlut á, oft ofviða að standa undir greiðslunni. Hér ber að hafa í huga aðstæður allar, en einkum fjárhagsstöðu og afkomu þess er greiða skal og fjölskylduhagi og framfærslubyrði hans.

Svo sem áður er greint nýtur eftirlifandi maki við skipti dánarbúa ýmissa sérréttinda samkvæmt skiptalögum nr. 20/1991, sbr. einkum III. kafla.

Um 110. gr.

Í greininni er fjallað um heimild annars hjóna til að gefa hinu við fjárskiptin eftir af eignarhluta sínum.

Samkvæmt 60. gr. laga nr. 20/1923 geta skuldheimtumenn hins fyrrnefnda gengið að hinu síðarnefnda um fjárhæð sem eftirgjöf nemur ef það er eigi alveg vafalaust að maki hafi þá átt nægilega fjármuni til þess að fullnægja skuldheimtumönnum sínum. Þetta ákvæði er ekki tekið í frumvarpið, en í 3. mgr. 132. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er riftunarregla er varðar þann fjárhlut er maki hefur hlotið við fjárskipti umfram rétta tiltölu.

Um 111. gr.

Ákvæðið horfir til skýringar þegar svo er að fjárskipti hafa farið fram vegna skilnaðar að borði og sæng og samvistir takast að nýju. Segir í ákvæðinu að verðmæti, sem hvort hjóna um sig hefur fengið í sinn hlut við fjárskiptin og það flytur með sér er samvistir takast að nýju, falli undir ákvæði 1. mgr. 104. gr. Hér er í raun átt við 2. málsl. 1. mgr. Skilyrðum 1. málsl. 1. mgr. þarf að vera fullnægt. Ákvæðinu er ætlað að taka af tvímæli.

Um 112. gr.

Ef hjón hafa haft íbúðarhúsnæði á leigu mundu þau að jafnaði sjálf ákveða hvort þeirra taki við íbúðinni er hjúskap lýkur. Ef ágreiningur verður í þessu efni ber samkvæmt greininni að leysa málið með tilliti til þarfa hjóna og barna. Ákvæðið er hliðstætt 60. gr. laga nr. 60/1972.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjúskaparmál svo sem þau eru skýrgreind í 113. gr. frumvarpsins. Er þeim ætlað að leysa af hólmi VII. kafla laga nr. 60/1972. Gert er ráð fyrir að meðferð þessara mála lúti í öllum meginatriðum almennri meðferð einkamála samkvæmt lögum nr. 91/1991 með nokkrum frávikum sem greind eru í kaflanum.

Í hjúskaparmálum þarf oft að taka á fleiri atriðum en skilnaðarkröfunni sjálfri. Eitt og sama dómsmálið getur verið höfðað með kröfu um skilnað vegna ágreinings um forsjá barna og vegna skyldu til greiðslu lífeyris með maka. Er unnt að sækja þessa þrjá þætti í sama dómsmálinu, en vegna séreðlis hvers þeirra gilda nokkuð ólík réttarfarsleg sjónarmið um þá, einkum hvað varðar forræði aðila á máli. Verður að meta þetta á grundvelli efnislegra lagareglna á þessu sviði.

Varðandi forsjárþáttinn þarf að taka tillit til hagsmuna þriðja aðila, þ.e. barnsins, sem

þarfnast sérstakrar verndar. Með tilliti til hagsmuna þess er talið nauðsynlegt að skerða forræði aðila á máli frá því sem tíðkast almennt í einkamálaréttarfari. Í VIII. kafla frumvarps til barnalaga, sem flutt hefur verið á Alþingi, eru sérákvæði um réttarfar í dómsmálum um forsjá barna. Í 3. mgr. 56. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að reglur hjúskaparlaga um lögsögu og varnarþing gildi sé krafa um forsjá þáttur í hjúskaparmáli, en sérákvæði barnalagafrumvarpsins eigi að öðru leyti við um forsjárþáttinn. Þetta á t.d. við um 62. gr. þess þar sem segir að dómari sé ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila, en hliðstætt ákvæði er ekki í þessu frumvarpi. Rétt er að vekja á því athygli að skv. 44. gr. þessa frumvarps þarf ágreiningur um forsjá barna ekki að standa í vegi fyrir því að skilnaður verði veittur áður en leyst hefur verið úr forsjárdeilu, enda komi fram krafa þar að lútandi.

Við úrlausn um skilnaðarkröfuna sjálfa gilda nokkur önnur sjónarmið en við úrlausn um forsjá barna. Þá er um tvo jafnsetta einstaklinga að ræða og því eðlilegt að aðilar hafi ríkara forræði á máli. Hins vegar koma hér til þau þjóðfélagslegu sjónarmið að styrkja eigi hjónabandið og ófrávíkjanlegar lagareglur um skilnaði sem settar hafa verið í því skyni, svo sem ákvæðin um lágmarksfrest frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og uns lögskilnaður er kræfur, sbr. 36. gr. frumvarpsins, eða um tímalengd samvistaslita, sbr. 37. gr. Einnig reglur þar sem skilnaðarforsendum er lýst með ákveðnu efnisinntaki, sbr. 39. gr. um hjúskaparbrot og 40. gr. um líkamsárás. Í þessum tilvikum verður að ganga úr skugga um að lagaskilyrðum sé fullnægt og skerða verður forræði aðila á máli með hliðsjón af því. Hér dugir ekki að stefndi samþykki skilnaðarkröfu stefnanda sem reist er t.d. á skemmri samvistaslitum en tveimur árum eða á líkamsárás sem ekki er jafnalvarleg og lýst er í 40. gr. Af þessum ástæðum hefur verið talin þörf á nokkrum sérákvæðum um meðferð þessara mála, sbr. 117. gr. frumvarpsins. Frávikin eru þó færri en um forsjármál samkvæmt barnalagafrumvarpi.

Rétt er að benda á það að stefndi í hjúskaparmáli getur auðvitað sett fram gagnkröfu og krafist skilnaðar á öðrum grundvelli en stefnandi, t.d. skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar vegna hjúskaparbrots.

Þau sjónarmið, sem rakin hafa verið hér að ofan um skilnaðarkröfuna og forsjárþáttinn í hjúskaparmáli, eiga ekki við um eigna- og framfærslumál hjóna. Við meðferð þessara þátta eru ekki sömu rök til að skerða forræði aðila og frávik frá almennri meðferð einkamála verða færri. Verður að líta svo á að aðilar geti gert sátt um þessi mál, sbr. 43. og 95. gr. Ber ekki að túlka 4. mgr. 117. gr. frumvarpsins svo að ekki sé heimilt að gera sátt um slíka afmarkaða þætti sem ófrávíkjanlegar lagareglur gilda ekki um.

Um hjúskaparmál gilda sömu sjónarmið og um forsjármál varðandi nauðsyn þess að dómþing séu lokuð og gætt sé nafnleyndar við birtingu dóms, sbr. 118. og 119. gr.

Um 113. gr.

Hún er sama efnis og 61. gr. laga nr. 60/1972, en 4. tölul. er nýmæli sem mælir fyrir um að komi til dómsmáls um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður fari um það mál sem hjúskaparmál.

Um 114. gr.

Lögsögureglur samkvæmt þessu ákvæði eru mótaðar með hliðsjón af dönskum og norskum lögum. Þær fela í sér nokkra rýmkun á reglum 66. gr. laga nr. 60/1972. Lagt er til í 2. mgr. að mál til ógildingar hjúskapar megi höfða hér á landi ef hjónavígsla hefur farið hér fram.

Lögsögureglur 114. gr. eru í samræmi við lögsögureglur 1. mgr. 56. gr. frumvarps til barnalaga að svo miklu leyti sem þessi tvenns konar mál eru sambærileg af eðlisástæðum. Í 1. mgr. 56. gr. segir að þegar krafa um forsjá barns sé þáttur í hjúskaparmáli gildi þær reglur um lögsögu og varnarþing sem greinir í lögum um hjúskaparmál.

Um 115. gr.

Henni er ætlað að koma í stað 67. gr. laga nr. 60/1972 um varnarþing, sjá til samanburðar 57. gr. frumvarps til barnalaga, svo og 3. mgr. 56. gr. er greinir í umsögn um 114. gr. Aðilar geta samið um varnarþing, sbr. og 3. tölul. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Um 116. gr.

Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög.

Um 1. mgr. vísast til 65. og 79. gr. laga nr. 60/1972 og um 2. mgr. til 24. gr. þeirra laga.

Í frumvarpinu er ekki ákvæði hliðstætt 68. gr. laga nr. 60/1972 um að dómsmálaráðuneytið geti látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla megi að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið. Var ekki talin þörf á slíku ákvæði. Þessi mál sæta ekki lengur meðferð opinberra mála og ráðuneytið getur tekið ákvörðun um frestun enda þótt lagaákvæði kveði ekki á um það.

Um 117. gr.

Í 1. mgr. er sú meginregla að hjúskaparmál sæti meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991. Er það í samræmi við 3. mgr. 68. gr. laga nr. 60/1972. Þetta á einnig við um mál til ógildingar hjúskapar, sbr. 2. mgr. 116. gr. frumvarpsins.

Í 2. og 4. mgr. 117. gr. og greinunum þar á eftir er síðan mælt fyrir um nokkur frávik frá meginreglu 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til að dómara sé heimilt að skipa stefnda málsvara þegar svo stendur á að ekki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda. Enn fremur þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækja þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því. Brýn nauðsyn getur borið til þessa úrræðis sem ætlað er m.a. að tryggja að mál, sem höfða má hér á landi skv. 113. gr., geti sætt meðferð hér og að skilnaðardómar sem kveðnir eru upp hér á landi gegn mönnum, sem eru búsettir erlendis, verði viðurkenndir utan Íslands. Þetta er þrengri regla en ákvæði 70. gr. laga nr. 60/1972. Málsvari skal tala máli hins stefnda og gæta hagsmuna hans, en hefur ekki heimild til að skuldbinda hann fyrir dómi. Ekki er þess krafist að málsvari skuli vera lögmaður, kæmi t.d. til greina að ættingi eða vinur hins stefnda yrði skipaður málsvari. Eðlilegt er að líta svo á að málsvari verði að fullnægja almennum hæfisskilyrðum lögræðislaga, sbr. 29. gr. laga nr. 68/1984. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna málsvara greiðist í fyrstu úr ríkissjóði, en dómari geti kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði hann að öllu eða nokkru leyti.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við XV. kafla takmarka ófrávíkjanlegar lagareglur forræði aðila á hjúskaparmáli. Ákvæði 3. mgr. áréttar þetta og vísar til þess að við úrlausn skilnaðarmála beri dómara „ex officio“ að gæta þess að ófrávíkjanlegum lagareglum sé fullnægt. Þannig eiga aðilar ekki að geta vikið sér undan ófrávíkjanlegum lagareglum, t.d. fengið lögskilnað með því að játa á sig hjúskaparbrot sem ekki hefur verið framið.

Í 4. mgr. segir að hjúskap verði ekki slitið með dómsátt aðila. Þessi regla er í samræmi við danska, norska og sænska lagaframkvæmd. Hún helgast af þeim opinberu hagsmunum og einkahagsmunum sem eru af því að niðurstaða byggist á réttum forsendum og þeim víðtæku réttaráhrifum sem skilnaður hefur í för með sér. Hefur verið talið nauðsynlegt að lyktir máls séu með formlegri hætti en dómsátt. Hér þarf einnig að hafa í huga gildi íslenskra skilnaðardóma gagnvart rétti annarra ríkja. Ákvæðið girðir ekki fyrir að dómari staðfesti samkomulag aðila um einstaka þætti sem snerta hvorki ófrávíkjanlegar lagareglur né hagsmuni barns, sbr. hér að ofan.

Um 118. gr.

Dómsmál þessi eru mjög persónuleg og viðkvæm og þykir réttmætt að kveða svo á að þinghöld skuli fara fram fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki aðila, sbr. hér 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 63. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 119. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um nafnleynd vegna þessara mála, bæði að því er varðar frásögn um það er gerist í slíkum málum, nema dómari leyfi, og svo þegar dómur er birtur, þar á meðal gefinn út að tilhlutan dóms svo sem er um dómasöfn Hæstaréttar. Stafa þessi ákvæði af því hve persónuleg og viðkvæm þessi mál eru að jafnaði, sbr. hér 2. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 64. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 120. gr.

Þetta ákvæði varðar andlát málsaðila og áhrif þess á höfðun eða áfrýjun hjúskaparmáls.

Ákvæði 1. mgr. má leiða af 1. mgr. 116. gr.

2. mgr. kveður svo á að mál falli niður ef annað hjóna andast áður en dómur gengur í máli sem höfðað hefur verið. Á þetta einnig við um áfrýjun. Héraðsdómur verður því ekki endurskoðaður í æðra rétti. Við málalok í héraði verður að sitja.

Um 121. gr.

Aðalgildi þessarar greinar er að kveðið er svo á að unnt sé að höfða mál að nýju innan mánaðar frá því að máli er vísað frá dómi eða fellt niður án kröfu sækjanda þótt málshöfðunarfrestir séu liðnir. Þess eru allmörg dæmi í frumvarpinu að settir séu tímafrestir til málshöfðunar, sbr. t.d. 3. mgr. 39. gr., 2. mgr. 40. gr., 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 65. gr.

Um 122. gr.

Í 1. mgr. segir að heimilt sé að áfrýja einstökum þáttum dómsmáls. Dómurinn kveður t.d. á um lögskilnað aðila, forsjá barna þeirra og skyldur til greiðslu lífeyris með maka. Vera má að báðir aðilar uni úrlausn dómara um lögskilnað, en annað eða bæði vilja áfrýja þættinum um forsjá og jafnvel skyldu til greiðslu lífeyris. Er lagt til að tekið sé af skarið um að slíkt sé heimilt. Réttaráhrif þeirra þátta, sem ekki er áfrýjað, haldast óbreytt. Sérreglur eru í lögum um málskot í sambandi við málskostnað og tekur ákvæðið ekki til þess þáttar.

Í 2. mgr. segir að hvorugur málsaðili megi ganga í hjúskap innan loka áfrýjunarfrests nema aðilar, þar á meðal dóms- og kirkjumálaráðuneytið þegar það á aðild máls, hafi fallið bréflega frá áfrýjun. Ákvæðið er sama efnis og 3. mgr. 78. gr. laga nr. 60/1972.

Um áfrýjunarleika dómsathafnar er vakin athygli á 13. gr. laga nr. 44/1981 varðandi úrskurð um að horfinn maður skuli talinn látinn.

Í 3. mgr. segir að endurupptaka máls sé ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests. Af því leiðir að ákvæði einkamálalaga um endurupptöku eiga ekki við um þessi mál eftir lok áfrýjunarfrests. Stafar þetta ákvæði af hinum víðtæku réttaráhrifum dóms í hjúskaparmáli. Ef mál er dæmt að nýju eftir það tímamark sem nefnt er í greininni mundi það leiða til mikilla raunhæfra erfiðleika þar sem aðilar hafa treyst dómsniðurstöðunni og hagað sér samkvæmt því, t.d. gifst að nýju og hagað margvíslegum fjármálaráðstöfunum með hliðsjón af þeim málalokum. Þykir þetta sjónarmið svo mikilvægt að önnur hljóti að þoka.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögunum. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem mótast hafa í lagaframkvæmd, einkum við meðferð dómsmálaráðuneytisins á hjúskaparmálum. Horfir slík lögskráning til réttaröryggis. Er hennar og sérstök þörf nú þegar margvíslegar úrlausnir flytjast frá dómsmálaráðuneyti til sýslumanna. Tekið skal fram að reglur þessar gilda einnig um meðferð mála hjá dómsmálaráðuneyti þegar mál koma til kasta þess. Við mótun ákvæða þessa kafla hefur verið höfð hliðsjón af frumvörpum til stjórnsýslulaga, almennum viðhorfum í stjórnsýslurétti og sifjarétti og álitsgerðum umboðsmanns Alþingis.

Ákvæði þessa kafla eru í megindráttum eftir því sem við getur átt, sama eða svipaðs efnis og ákvæði IX. kafla frumvarps til barnalaga. Þykir mega vísa til greinargerðar um þann kafla og einstakra greina hans. Verður hér aðeins getið fáeinna atriða.

Um 123. gr.

Lögsögureglurnar eru nokkru þrengri en hliðstæðar reglur 114. gr. um lögsögu dómstóla. Verður hér að fara að með nokkurri gát. Meðal annars er þess að gæta að víða erlendis eru skilnaðarmál og ágreiningsmál, er tengjast þeim, alfarið háð úrlausn dómstóla.

Um 124. gr.

Þetta ákvæði svarar til 115. gr. um varnarþing í dómsmálum.

Um 125. gr.

Greinin er sama efnis og 67. gr. frumvarps til barnalaga og varðar leiðbeiningarskyldu sýslumanna.

Um 126. gr.

Þessi grein varðar sáttaumleitun sýslumanns og er í megindráttum sama efnis og 1. mgr. 68. gr. frumvarps til barnalaga, sbr. og 43. gr. þessa frumvarps.

Um 127. gr.

Greinin fjallar um kröfur aðila og gagnaöflun og er sama efnis og 69. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 128. gr.

Greinin fjallar um rétt aðila til að kynna sér gögn máls. Er hún sama efnis og 1. mgr. 70. gr. frumvarps til barnalaga. 2. mgr. þeirrar greinar er ekki í 128. gr., en þar er heimilað að takmarka aðgang að gögnum vegna hagsmuna barns. Hér horfir mál öðruvísi við.

Um 129. gr.

Greinin er hliðstæð 71. gr. frumvarps til barnalaga og varðar rétt aðila til að tjá sig um mál.

Um 130. gr.

Greinin mælir fyrir um úrskurð stjórnvalds sem skal m.a. vera skriflegur og geyma lýsingu á úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, greiningu á kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta. Ákvæðið er sama efnis og 72. gr. frumvarps til barnalaga og er vísað um rökstuðning fyrir ákvæðinu til athugasemda um þá grein. Horfa þeir hættir, sem greinin kveður á um, til réttaröryggis og verða nauðsynleg undirstaða að mati aðila á því hvort úrlausn verði skotið til æðra stjórnvalds. Benda ber á að afgreiðslur mála samkvæmt þessu frumvarpi eru oft og einatt ekki í formi úrskurða, heldur t.d. leyfisbréfa sem nokkuð önnur sjónarmið eiga við um. Í sambandi við leyfisbréf reynir helst á úrskurði ef synjað er um útgáfu leyfis.

Um 131. gr.

Greinin er hliðstæð 73. gr. frumvarps til barnalaga og varðar tilkynningu um úrskurð.

Um 132. gr.

Greinin fjallar um stjórnsýslukæru, sbr. 74. gr. frumvarps til barnalaga. Tekur ákvæðið til allra úrlausna sýslumanna á þessu sviði. Stundum er þess getið í frumvarpinu um einstaka úrlausnir að þær séu kæranlegar, en frá því má ekki gagnálykta svo að úrlausnir séu því aðeins kæranlegar að þessa sé getið í lögunum. Kærufrestur er tveir mánuðir miðað við dagsetningu úrlausnar. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslumaður ákveði annað af sjálfsdáðum eða að kröfu aðila. Að því er leyfi til skilnaðar varðar þykja rök standa til þess að kæra fresti réttaráhrifunum þannig að maki geti ekki gengið í hjúskap að nýju að svo stöddu. Ef aðilar hafa lýst því bréflega að þeir muni ekki kæra stendur þetta ákvæði þó ekki í vegi fyrir því að til hjúskapar verði stofnað. Endranær verður að þreyja uns tveggja mánaða fresti lýkur, þ.e. allt til þess að sýnt er hvort úrlausn verði kærð.

Um XVII. kafla.

Hér er fjallað um gildistöku laganna, lög er falla brott og tengsl laganna við eldri lög um sama efni o.fl.

Um 133. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 1993.

Í einstökum greinum frumvarpsins er vikið að útgáfu reglna og reglugerða, sbr. t.d. 13. gr., 19. gr., 22. gr., 24. gr., 26. gr., 42. gr., 43. gr., 64. gr. og 85. gr. Í 2. mgr. 133. gr. er síðan greind almenn heimild til útgáfu reglugerða.

Lögð er áhersla á nauðsynina sem til þess ber að kynna almenningi efni laganna, sbr. 3. mgr.

Um 134.–139. gr.

Meginreglan er sú samkvæmt frumvarpinu að beita skuli lögunum frá gildistöku þeirra. Einnig hvað snertir hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku þeirra. Stundum er þetta áréttað sérstaklega, sbr. 134. gr., 3. mgr. 135. gr. og 137. gr.

Lögin eiga við um fjármál hjóna sem gengið hafa í hjónaband fyrir gildistöku laganna. Þessu var andstætt farið um lög nr. 20/1923 og gilti sú skipan allt til 1961. Þótt hjónavígsluskilyrði hafi verið könnuð fyrir gildistöku laganna hlítir hjónavígsla, sem fram fer eftir gildistöku laganna, ákvæðum þeirra o.s.frv.

Um nokkur atriði segir í frumvarpinu að þau fari eftir eldri lögum. Í 1. mgr. 135. gr. segir að krafa um skilnað að borði og sæng og lögskilnað, sem sett er fram fyrir gildistöku laganna, hlíti ákvæðum eldri laga. Ef bæði hjón óska þess er þó unnt að beita reglum þessara laga um slíka kröfu. Hins vegar segir svo í 3. mgr. að um réttaráhrif ógildingar hjúskapar og skilnaðar fari eftir þessum lögum þegar svo stendur á sem í 1. og 2. mgr. segir. Í 1. mgr. 136. gr. er vikið að leyfi til skilnaðar að borði og sæng sem veitt er fyrir gildistöku laganna. Í 138. gr. er kveðið á um að lagaskilareglur skiptalaga gildi um opinber fjárskipti milli hjóna sem ólokið er við gildistöku laganna. Í 139. gr. eru nokkur tilvik greind þar sem beita á eldri lögum. Það á einkum við um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, sbr. samning skv. 12. gr. hjrl. (1. tölul.), eða skv. 20. og 21. gr. (2. tölul.) og sama er um 26. og 27. gr. hjrl. er tengjast samningum (4. tölul.). Tekjur af séreign, sem myndast hefur fyrir gildistöku laganna, eiga að hlíta ákvæðum 2. mgr. 23. gr. hjrl., en tekjur, er síðar falla til, þessum lögum. Um kaupmála, sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, segir í 5. tölul. að um gildi þeirra fari skv. hjrl., en um réttaráhrif eftir gildistöku laganna á að beita lögum þessum.

Stundum er ákvæði valkvætt þannig að aðilum er kostur að óska þess að þessum lögum verði beitt, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 135. gr.

Um 140. gr.

Þar er kveðið á um lög sem lagt er til að felld verði brott. Bent skal á að með skiptalögum nr. 20/1991 eru felld niður nokkur ákvæði laga nr. 20/1923 með gildistöku 1. júlí 1992. Hér er þó sá kostur valinn að fella lög nr. 20/1923 samfellt úr gildi nema VIII. kafla sem afnuminn var með erfðalögum, nr. 8/1962.

370. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingu á Montreal-bókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er gerð var í Lundúnum 29. júní 1990, sbr. Vínarsamning frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ísland gerðist árið 1989 aðili að Vínarsamningi frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins og að bókun við samninginn frá 16. september 1987, Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989. Alþingi hafði með ályktun 18. maí 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og bókunina.

Á öðrum fundi aðila að Montreal-bókuninni í Lundúnum 29. júní 1990 var samþykkt breyting á bókuninni. Breytingin öðlaðist gildi 10. ágúst 1992 en gildistaka hennar gagn-

vart einstökum aðilum er háð staðfestingu þeirra. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu breytingarinnar af Íslands hálfu. Hún er birt sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Helstu atriði breytingarinnar eru þessi:

1. Klórflúorkolefnum á bannlista bókunarinnar er fjölgað (flokkur I, viðauki B) og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun og framleiðslu þeirra um 20% fyrir 1993 og 85% fyrir 1997, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2000.
2. Koltetraklóríð er bætt við listann (flokkur II, viðauki B) og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun og framleiðslu þess um 85% fyrir 1995, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2000.
3. Efninu 1,1,1-tríklóretan er bætt við bannlistann (flokkur III, viðauki B) og ákvæði sett sem miða að því að minnka notkun og framleiðslu þess um 30% fyrir 1995 og 70% fyrir árið 2000, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2005.
4. Bætt hefur verið við bókunina lista yfir ótímasett bannefni (viðauki C), þ.e. efni sem ákveðið hefur verið að banna án þess þó að tímamörk séu tilgreind.
5. Stofnaður er nýr sjóður til að aðstoða þróunarlönd við að fullnægja þeim ráðstöfunum sem felast í bókuninni. Framlög til sjóðsins verða greidd af aðilum, á grundvelli framlagastiga Sameinuðu þjóðanna, öðrum en þeim þróunarlöndum sem heimilað er að seinka framkvæmdum sem tilgreindar eru í bókuninni.
6. Ákvæði um miðlun tækni eru gerð ákveðnari.

Á Lundúnafundinum voru einnig samþykktar lagfæringar á ákvæðum Montreal-bókunarinnar. Lagfæringar þessar öðluðust gildi 7. mars 1991 í samræmi við 2. gr. bókunarinnar. Þær eru birtar sem fylgiskjal 2 með þingsályktunartillögu þessari. Samkvæmt þeim eru hert ákvæði um notkun og framleiðslu þeirra klórflúorkolefna og halona sem nú eru á bannlista bókunarinnar:

1. Minnka skal notkun og framleiðslu klórflúorkolefna í flokki I í viðauka A um 50% fyrir 1995 og 85% fyrir 1997, miðað við notkun og framleiðslu árið 1986, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2000. Fyrri ákvæði bókunarinnar kváðu á um að minnka skyldi notkun og framleiðslu þessara klórflúorkolefna um 20% fyrir 1. júlí 1993 og 50% fyrir 1. júlí 1998, miðað við notkun og framleiðslu árið 1986.
2. Minnka skal notkun og framleiðslu halona í flokki II í viðauka A um 50% fyrir 1995, miðað við notkun og framleiðslu árið 1986, og hætta notkun og framleiðslu alfarið fyrir árið 2000. Fyrri ákvæði bókunarinnar kváðu á um að þrjátíu og sex mánuðum eftir að bókunin tæki gildi skyldi notkun og framleiðsla aðila ekki fara fram úr notkun og framleiðslu þeirra árið 1986.

Á þriðja fundi aðila að Montreal-bókuninni í Nairobi 19.–21. júní 1991 var samþykktur nýr viðauki, viðauki D, við bókunina. Viðaukinn er skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni sem tilgreind eru í viðauka A við bókunina og var samþykktur skv. 3. tölul. 4. gr. hennar. Viðaukinn öðlaðist gildi 27. maí 1992. Hann er birtur sem fylgiskjal 3 með þingsályktunartillögu þessari.

Ísland hefur fylgt áætlunum þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í að minnka notkun ósoneyðandi efna og haft hefur verið náið samráð við önnur Norðurlönd. Unnið hefur verið samkvæmt ofangreindum markmiðum, sem samþykkt voru á fundi aðila í Lundúnum árið 1990, þannig að staðfesting þeirra breytinga á Montreal-bókuninni, sem hér er lýst, mun ekki hafa breytingu í för með sér í framkvæmd þessara mála hérlendis. Árið

1991 hafði notkun klórflúorkolefna minnkað um 50% og halona um 68%, miðað við notkun árið 1986. Notkun koltetraklóríðs og 1,1,1-tríklóretans er hverfandi hér á landi.

[Breyting á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, lagfæringar á þeirri bókun og enn fremur viðauki D, skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni sem tilgreind eru í viðauka A, samþykkt skv. 3. tölul. 4. gr., voru birt (á íslensku og ensku) í þingskjalinu sem fskj. 1, 2 og 3. Gögn þessi verða enn fremur prentuð í C-deild Stjórnartíðinda.]

371. Svar [202. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fjölda leiðbeinenda í grunnskólum.

Hvert er hlutfall kennara og leiðbeinenda við grunnskóla í einstökum fræðsluumdæmum?

	Fjöldi	Stöðugildi	%
Reykjavík:			
Grunnskólakennarar	951	845,66	98,16
Leiðbeinendur	26	15,83	1,84
Reykjanesumdæmi:			
Grunnskólakennarar	713	624,88	91,78
Leiðbeinendur	73	55,95	8,22
Vesturlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	196	164,12	84,99
Leiðbeinendur	43	28,98	15,01
Vestfjarðaumdæmi:			
Grunnskólakennarar	94	81,7	60,59
Leiðbeinendur	74	53,1	39,41
Norðurlandsumdæmi vestra:			
Grunnskólakennarar	115	98,42	70,69
Leiðbeinendur	64	40,81	29,31
Norðurlandsumdæmi eystra:			
Grunnskólakennarar	321	250,93	82,60
Leiðbeinendur	92	52,85	17,40
Austurlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	176	135,38	76,55
Leiðbeinendur	65	41,48	23,45
Suðurlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	292	215,93	85,67
Leiðbeinendur	67	36,11	14,33
Landið allt:			
Grunnskólakennarar	2.858	2.417,02	88,11
Leiðbeinendur	504	326,11	11,89

372. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Við afgreiðslu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið hefur utanríkismálanefnd klofnað í afstöðu sinni til málsins. Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Birni Bjarnasyni, Árna R. Árnasyni, Geir H. Haarde, Rannveigu Guðmundsdóttur og Tómasi Inga Olrich, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að 4. gr. frumvarpsins falli brott og flytur meiri hluti nefndarinnar tillögu um þá breytingu á sérstöku þingskjali. Aðrir nefndarmenn skila sérálitum. Í því áliti, sem hér er birt, gerir meiri hlutinn grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið og afstöðu sinni til þess.

I. Meðferð málsins í nefndinni.

Í samræmi við ákvæði þingskapa um að utanríkismálanefnd skuli vera ríkisstjórn til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál hefur nefndin fylgst náið með samningaviðræðum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) alveg frá því að könnunarviðræður hófust um málið í apríl 1989 og þar til formlegum samningaviðræðum lauk með undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í Óportó í Portúgal 2. maí 1992. Á þeim tíma og þar til nefndin afgreiddi málið frá sér á fundi sínum 30. nóvember kom Evrópska efnahagssvæðið til umfjöllunar á 82 fundum nefndarinnar og þar af á 25 fundum frá undirritun samningsins. Óhætt er að fullyrða að ekkert mál hafi fengið eins nákvæma og viðamikla umfjöllun á vegum nefndarinnar. Til samanburðar má geta þess að aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) 1970 var aðeins rædd á tveimur fundum nefndarinnar. Í fylgiskjali I er birt skrá um þá fundi nefndarinnar þar sem fjallað var um Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu sambandi má einnig minna á að málefni Evrópska efnahagssvæðisins kom til umfjöllunar í Evrópustefnunefnd Alþingis sem kosin var í maí 1988 og starfaði fram á vor 1990. Um störf Evrópustefnunefndar vísast til skýrslu nefndarinnar sem kom út í maí 1990.

Við umfjöllun sína um Evrópska efnahagssvæðið hefur nefndin kallað á sinn fund fjölda embættismanna og fulltrúa hagsmunasamtaka sem og fræðimenn sem hafa upplýst nefndina um ýmsa þætti málsins og svarað spurningum nefndarmanna. Þá hafa forsætis-, utanríkis-, sjávarútvegs-, viðskipta- og landbúnaðarráðherra komið á fund nefndarinnar á ýmsum stigum málsins. Nefndin hefur einnig tvívegis fundað með þingmönnum á þingi Evrópubandalagsins (EB) þar sem m.a. hefur verið fjallað um málefni Evrópska efnahagssvæðisins og var fyrri fundurinn í Brussel í febrúar 1991 og sá síðari í Reykjavík í ágúst 1992. Í fylgiskjali I eru tilgreind nöfn þeirra ráðherra, embættismanna, fulltrúa hagsmunasamtaka og fræðimanna sem komu á fund nefndarinnar vegna málsins. Þessu til viðbótar hafa nefndinni borist skriflegar umsagnir 35 aðila um málið og er í fylgiskjali II birtur listi yfir þessa aðila.

Á þeim tíma sem málefni Evrópska efnahagssvæðisins hafa verið til umfjöllunar í nefndinni hefur hún notið mikillar og góðrar aðstoðar utanríkisráðuneytisins og hafa embættismenn ráðuneytisins gert sitt ýtrasta til að afla þeirra upplýsinga sem nefndarmenn hafa óskað og svara þeim spurningum sem fram hafa komið á fundum nefndarinnar um málið. Í þessu sambandi hefur mikill fjöldi minnisblaða, greinargerða og ann-

arra gagna verið lagður fram af utanríkisráðuneytinu í nefndinni. Þá hafa nefndarmenn geta stuðst við skýrslur og greinargerðir sem íslensk stjórnvöld hafa gefið út og varða ýmsa þætti Evrópska efnahagssvæðisins auk þess sem nefndarmenn hafa getað haft til hliðsjónar nýleg rit íslenskra fræðimanna um Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið. Í fylgiskjali III er birt yfirlit yfir þessi rit og ýmis önnur útgefin gögn er varða EB og EES.

Það væri of langt mál að tilgreina alla þá aðila sem lagt hafa nefndinni lið í vinnu hennar. Meiri hluti nefndarinnar vill þó láta í ljós sérstakar þakkir til Þorsteins Ingólfssonar, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hannesar Hafsteins, sendiherra og aðalsamningamanns Íslands í viðræðum við EB, Gunnars Snorra Gunnarssonar, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Péturs Gunnars Thorsteinssonar sendifulltrúa og Lilju Ólafsdóttur sendiráðunautar. Þá vill meiri hluti nefndarinnar einnig færa öllum öðrum sem á ýmsum stigum málsins aðstoðuðu nefndina og veittu henni upplýsingar þakkir fyrir þeirra aðstoð.

Þegar litið er á einstaka þætti samningsins og álitamál sem komið hafa upp við umfjöllun nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið er óhætt að fullyrða að þau atriði, sem mestan tíma hafa tekið í starfi nefndarinnar, varði ýmsa þætti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála og spurninguna um hvort EES-samningurinn brjóti gegn íslensku stjórnarskránni. Að þessum atriðum og fleirum verður vikið nánar í nefndarálitinu.

II. Samstarf Íslands við önnur Evrópuríki.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) gerist Ísland aðili að sameiginlegum markaði 19 landa þar sem um 380 milljónir manna búa. Samkvæmt samningnum, sem stofnar þetta mikla markaðssvæði, skapast þar frelsi til vöruflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga auk þess sem um verður að ræða frjálsa för fólks einkum í atvinnuskyni. Settar eru sameiginlegar reglur um það hvernig einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér þetta frelsi. Komið er á fót sameiginlegum stofnunum til að tryggja öllum jafnan rétt á grundvelli EES-reglnanna og í því efni er þess sérstaklega gætt að engum sé mismunað vegna þjóðernis.

Ákvörðun um aðild Íslands að þessu víðtæka samstarfi er eðlilegt framhald á þeirri stefnu sem ríkisstjórnir hér hafa fylgt undanfarna áratugi án tillits til þess hvaða flokkar hafa átt ráðherra í þeim. Verður sú þróun öll rakin í þessum kafla álitsins. Slíkt sögulegt yfirlit auðveldar hverjum og einum að glöggva sig á stöðu þessa máls í stærra samhengi og í ljósi þróunar íslenskra utanríkismála undanfarna áratugi.

*

Þáttaskil urðu í sögu Evrópu undir lok níunda áratugarins við upplausn samstarfs þeirra ríkja sem lutu stjórn kommúnista. Fyrir þessi tímamót höfðu aðildarríki Fríverslunarsamstaka Evrópu tekið stefnuna á nánara samstarf við EB-ríkin með því að mynda Evrópska efnahagssvæðið. Nú vilja ríkin í Mið- og Austur-Evrópu einnig tengjast EB með einum eða öðrum hætti. Er ljóst af málflutningi forustumanna þessara ríkja að þeir átta sig á því hve nauðsynlegt er að efla samstarf milli þjóða og ríkja í því skyni að tryggja frið og uppræta tortryggni, ríg og drottnunarhneigð sem er undirrót spennu og blóðugra átaka.

*

Ísland hefur tengst efnahagssamstarfi Vestur-Evrópuríkja og einnig tekið þátt í öryggissamstarfi þeirra og ríkjanna í Norður-Ameríku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Samhliða því sem Vestur-Evrópuríkin efldu öryggi sitt með Atlantshafssamstarfinu hófu þau efnahagssamstarf sín á milli og treystu þannig forsendur friðsamlegrar samvinnu sinnar. Stofnuðu nokkur þeirra Kola- og stálbandalagið 1951 en það leiddi til þess að Efnahagsbandalagi Evrópu (EBE) var komið á fót á grundvelli Rómarsáttmálans á árinu 1957. Stofnríki EBE voru sex (Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Sambandslýðveldið Þýskaland). Önnur Vestur-Evrópuríki (Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð), sem vildu nýta kosti fríverslunar en ekki axla jafnmiklar stjórnmálalegar og stjórnskipulegar skuldbindingar og EBE-ríkin gerðu með Rómarsáttmálanum, stofnuðu Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) árið 1960. Frá upphafi EFTA hefur verið ljóst að mörg aðildarríki þess hafa litið á þátttöku sína í því sem áfanga á leiðinni til nánara samstarfs við ríkin sem settu samstarfi sínu ramma með Rómarsáttmálanum. Strax í upphafi sjöunda áratugarins hófust umræður um aðild ýmissa EFTA-ríkja að EBE. Þá var einnig rætt um að íslenska ríkið slægist í þann hóp. Undir lok sjöunda áratugarins varð Efnahagsbandalag Evrópu hluti af því sem síðan hefur á íslensku verið nefnt Evrópubandalagið (EB).

*

Eins og áður sagði bjuggu Íslendingar sig undir að ná tengslum við stækkað Efnahagsbandalag á árunum 1961 til 1963. Þegar ljóst varð að bandalagið yrði ekki stækkað sneru íslensk stjórnvöld sér að athugunum á þátttöku í EFTA. Á árunum 1962 til 1966 voru miklir uppgangstímar í íslenskum efnahagsmálum. Olli þetta því að Íslendingar urðu lítið varir við það óhagræði í viðskiptamálum sem það hafði í för með sér að standa utan EFTA eða EB. Upp úr 1967 fór að halla undan fæti í atvinnu- og viðskipatmálum þjóðarinnar og haustið 1968 samþykkti Alþingi ályktun sem heimilaði ríkisstjórninni að sækja um aðild að EFTA. Hófust samningaviðræður um aðild Íslands að EFTA í janúar 1969 og við það tækifæri flutti dr. Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi viðskiptaráðherra, ræðu þar sem hann sagði m.a.:

„Ef viðskiptatengsl minnka minnka smám saman menningartengsl og stjórnmálatengsl. Það er eindregin skoðun mín og íslensku ríkisstjórnarinnar að í raun og veru séu efnahagsvandamálin, sem leysa þarf í sambandi við aðild Íslands að EFTA, smávægileg í sambandi við vandamálin á sviði stjórnmála og varnarmála sem hætt er við að smám saman komi upp ef efnahagsvandamálin verða látin óleyst og Ísland verður áfram utan viðskiptasamvinnu við Vestur-Evrópu. Ef Íslendingar eiga að vera traustir meðlimir þeirrar þjóðafjölskyldu, sem nú hefur náið samstarf á fjölmörgum sviðum, og það vill yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga af alhug vera, þá verða þeir einnig að eiga þess kost að vera meðlimir þeirrar viðskiptafjölskyldu sem þeir með eðlilegustum hætti eiga heima í. Í raun og veru er hér ekki aðeins — og kannski ekki einu sinni fyrst og fremst — um viðskiptamál og efnahagsmál að ræða, hér er spurning um vináttu og samstarf, vaxandi kynni og vaxandi samstarf eða minnkandi kynni og minnkandi samstarf."

Ísland varð aðili að EFTA 1. mars 1970. Finnland gerðist fullgildur aðili að EFTA 1986, en hafði átt aukaaðild síðan 1961, og Liechtenstein bættist í EFTA-hópinn 1991. 1. janúar 1973 yfirgáfu Bretland og Danmörk EFTA með aðild að EB og þá gekk Írland einnig í EB. Árið 1981 varð Grikkland aðili að EB. Portúgal fór úr EFTA í EB 1986 en þá gerðist Spánn einnig aðili EB.

*

Þegar aðild Íslands að EFTA var til afgreiðslu á Alþingi snerist Alþýðubandalagið gegn henni en þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Þessir flokkar settust í ríkisstjórn 1971 og það kom síðan í hlut hennar að ljúka fríverslunarsamningi Íslands við Evrópubandalagið með undirritun sumarið 1972, en hann tók gildi eftir samþykki Alþingis á árinu 1973. Í umræðum um samninginn á þingi bentu forustumenn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem stóðu að EFTA-aðildinni, á þá staðreynd að fríverslunarsamningurinn við EB væri útfærsla á fríversluninni innan EFTA á EB-markaðinn. Væri athyglisvert á hve skömmum tíma alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hefðu áttað sig á gildi fríverslunar Vestur-Evrópuþjóðanna fyrir Íslendinga og þeirri staðreynd að þar væri meira í húfi en aðeins efnahags- og viðskiptahagsmunir. Varð einhugur á Alþingi um stuðning Íslands við fríverslunarsamninginn við EB. Í viðræðunum um hann komu samningamenn EB fyrst fram með þá kröfu að fyrir tollívilnanir fyrir fiskafurðir á EB-markaði skyldu Íslendingar veita veiðiheimildir fyrir EB-skip í íslenskri fiskveiðilögsögu — en þeirri kröfu hafa Íslendingar ávallt hafnað.

Á árunum 1972–1973 sömdu öll EFTA-ríkin, en þó hvert fyrir sig, við Evrópubandalagið um fríverslun. Hún náði fyrst og fremst til iðnaðarvara, en Ísland samdi jafnframt við EB um tollívilnanir fyrir mikinn hluta af þeim fiski og fiskafurðum sem þá voru seldar til bandalagsins. Tengdust þessir tvíhliða samningar EFTA-ríkja við EB aðild Breta, Dana og Íra að EB.

Fram til ársins 1984 var samvinna EFTA-ríkjanna við EB að mestu á tvíhliða grundvelli. Á því ári efndu EFTA og EB hins vegar til sameiginlegs ráðherrafundar í Lúxemborg og þar var samþykkt að efla samstarf aðildarríkjanna á sviðum sem tengdust veruviðskiptum og einnig að því er varðar rannsóknir og þróunarstarf, mennta- og menningarmál og umhverfismál. Er vísað til nánari samvinnu EFTA-ríkja við EB á þessum málasviðum í samningnum um EES.

*

Á vettvangi Evrópubandalagsins var tekin ákvörðun um það á árinu 1985 að koma á raunverulegum innri markaði bandalagsins frá og með 1. janúar 1993. Vegna þessarar ákvörðunar var nauðsynlegt að endurmeta samstarfshætti EB og EFTA. Gerði Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB, tillögur í því efni í ársbyrjun 1989, en þá hafði Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, boðað til leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Ósló í mars 1989. Á þeim fundi var ákveðið að EFTA-ríkin skyldu ganga til viðræðna við EB á grundvelli þeirrar tillögu Delors að samstarf EFTA og EB yrði víðtækara en áður og kerfisbundnara bæði að því er varðaði töku sameiginlegra ákvarðana og eftirlit með því að þeim væri framfylgt. Þar með var lagður grunnur að samningaviðræðunum sem leiddu til þess að 2. maí 1992 var samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði (EES) undirritaður í Óportó í Portúgal. Aðild að samningnum eiga EFTA-ríkin sjö, EB-ríkin 12, Efnahagsbandalag Evrópu og Kola- og stálbandalag Evrópu. Jafnframt rituðu utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna undir samning EFTA um að setja eftirlitsstofnun og dómstól á laggirnar auk samnings um fastanefnd EFTA, en heimild til að fullgilda þá samninga er jafnframt veitt með þessu frumvarpi.

Þegar þátttaka í EES var rædd á Alþingi haustið 1989 héldu þingmenn Sjálfstæðisflokksins þeirri skoðun fram að skynsamlegt væri að reyna til þrautar að halda fast í tví-

hliða viðræður einstakra EFTA-ríkja við EB. Töldu þeir að með því yrðu hagsmunir Íslands betur tryggðir en ella. Jafnframt vildu sjálfstæðismenn að Alþingi samþykkti sérstakt umboð til handa utanríkisráðherra í viðræðunum við EB. Hvorug tillagan náði fram að ganga. Tóku þáverandi stjórnarflokkar, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, ákvörðun um að ríkisstjórnin hefði umboðið til samningsgerðar alfarið í sínum höndum og að haft yrði samflot með öðrum EFTA-ríkjum í viðræðunum. Fyrir þingkosningar 1991 lýsti Sjálfstæðisflokkurinn yfir stuðningi við aðild Íslands að EES, enda var þá vafalaust ljóst að ekki gæti orðið um tvíhliða viðræður að ræða.

*

Fyrsti fundur aðalsamninganefndar EFTA og EB var 20. júní 1990. Frá upphafi byggðust samningaviðræðurnar á viðeigandi greinum Rómarsáttmálans og réttargjörningum EB. Fyrir kosningar til Alþingis í apríl 1991 lýsti utanríkisráðherra yfir því að samið hefði verið um 98% þeirra úrlausnarefna sem voru á borði samningamannanna. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem var mynduð eftir kosningarnar, veitti Jóni Baldvini Hannibalssyni utanríkisráðherra umboð til að halda áfram við að ná lokaniðurstöðu í samningaviðræðunum um EES.

Áður en hinar formlegu samningaviðræður EB og EFTA hófust var ljóst að eitt EFTA-ríki, Austurríki, vildi gerast aðili að Evrópubandalaginu. Breytti það engu um aðild Austurríkismanna að viðræðunum. Meðal annars með vísan til hinna gífurlegu breytinga í Evrópu eftir upplausn Sovétríkjanna og hrun kommúnismans tóku þing Svía og Finna ákvörðun um að sækja um aðild að EB. Ríkisstjórnir Sviss og Liechtenstein hafa siglt í kjölfarið. Norska Stórþingið hefur samþykkt heimild til ríkisstjórnarinnar til að sækja um aðild að EB. Framkvæmdastjórn EB og einstök aðildarríki hafa fagnað þessum umsóknum. Stefnt er að því að flýta samningaviðræðum við umsóknarríkin.

*

Á fundi í Maastricht í Hollandi í desember 1991 náðu leiðtogar EB-ríkjanna samkomulagi um skjal sem síðan hefur verið kennt við hina hollensku borg. Með samkomulaginu er stefnt að enn nánari samvinnu EB-ríkjanna í stjórnmálum, utanríkismálum og efnahagsmálum. Enn er óljóst um örlög Maastricht-samkomulagsins. Vandræði við að hrinda því í framkvæmd og óvissa um fjárlög EB til næstu fimm ára kunna að tefja fyrir viðræðum og samningum við þau ríki sem hafa sótt um aðild að EB.

Aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Í stefnuræðu sinni, sem flutt var 12. október sl., sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra m.a.:

„Mál standa nú þannig í Vestur-Evrópu, þrátt fyrir sviptingar á síðustu vikum, að flest bendir til að öll önnur ríki en Ísland verði sameinuð í einu Evrópubandalagi innan 10 ára. Ísland hefur ekki valið þann kost. Sú afstaða okkar hefur valdið nokkurri undrun í röðum frænda- og vinaþjóða en hún á sér margar og eðlilegar skýringar. Þeirra er ekki að leita í því að Íslendingar vilji ekki eiga góð og náin samskipti við nágranna sína í Evrópu. Ég held að Íslendingar eigi um það nánast eina sál að vilja hvergi fremur eiga náin skipti en við þær þjóðir sem líkastar eru okkur að uppruna, menningu og stjórnmálaskipan. En við sjáum fjölmarga annmarka á því fyrir litla þjóð að ganga inn í Evrópubandalagið og vega þeir miklu þyngra en sá ávinningur sem aðild kynni að fylgja."

Spurt hefur verið hvað verði um EES-samband Íslands við Evrópubandalagið ef önn-

ur EFTA-ríki fara í EB. Hannes Hafstein, sendiherra og aðalsamningamaður Íslands í EES-viðræðunum, hefur fjallað um aðild EFTA-ríkja að EB og framtíð EES í greinargerð til utanríkismálanefndar. Þar segir m.a.:

„Ef og þegar önnur EFTA-ríki gerast aðilar að Evrópubandalaginu ganga þau líka inn í alla þessa samvinnu. Engin ástæða er til að ætla að neinum af efnisþáttum samningsins verði sagt upp gagnvart Íslandi af þeirri ástæðu að önnur EFTA-ríki gangi í EB.

Á hinn bóginn er ljóst að stofnanaþættir samningsins verða að koma til endurskoðunar og einföldunar. Allir sem komið hafa að þessari samningsgerð gera sér grein fyrir þessu. Engin ástæða er til að ætla að Íslendingum mundi henta verr sú einföldun sem þá yrði gerð á stofnanaþættinum, né að hagsmunum þeirra yrði þar verr borgið. Það kemur í ljós þegar þar að kemur. Þá verður samningurinn líka í reynd sá tvíhliða samningur sem sumir virðast óska eftir.

Hitt er líka ljóst að með inngöngu annarra EFTA-ríkja í Evrópubandalagið líður EFTA undir lok og þar með hverfur sá samsráðsvettvangur og sá samningsstyrkur sem við höfum haft með aðild okkar að EFTA. Jafnframt munu veigamiklir þættir norrænnar samvinnu breytast og flytjast að verulegu leyti inn á vettvang Evrópubandalagsins eða tengjast honum mjög náið."

Forsætisráðherra hefur lýst yfir vilja ríkisstjórnarinnar til að kanna með bréfi og formlega hjá framkvæmdastjórn EB hver staða Íslands yrði á grundvelli EES kæmi til þess að önnur EES-ríki gengju í EB.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að EES-samningurinn riftir ekki tvíhliða samningum EFTA-ríkja við EB. Framkvæmd þessara samninga er hins vegar frestað, að svo miklu leyti sem efni þeirra skarast við efni EES-samningsins á meðan hann er í gildi. Falli EES-samningurinn úr gildi án þess að nokkuð komi í stað hans hlýtur fyrri tvíhliða samningur EFTA-ríkis við EB fullt gildi. Þannig mundi Ísland geta lagt fríverslunarsamninginn frá 1973 til grundvallar í tvíhliða samskiptum sínum við EB.

*

Fyrirsjáanlegar eru ýmsar breytingar á samstarfi Norðurlandanna á vettvangi ríkisstjórna og þjóðþinga í kjölfar samningsins um EES. Sagt hefur verið að EES-samningurinn sé mikilvægasti Norðurlandasamningur sem gerður hefur verið um áratugaskeið. Með honum verða loks „Norðurlönd einn heimamarkaður", svo sem löngum hefur verið stefnt að á vettvangi Norðurlandaráðs, og helstu markmið „NORDEK" frá því um 1970 verða komin í höfn. Með EES-samningnum flytjast norræn samstarfsmálefni á sviði efnahagsmála, viðskipta og annarra viðfangsefna, sem undir samninginn heyra, yfir á hinn stærri EES-vettvang. Breytingarnar á samstarfi Norðurlandanna miða ekki síst að því að nýta til fulls þá möguleika sem þar verður að finna. EES-samstarfið er til þess fallið að styrkja norræna samvinnu ef rétt er á málum haldið. Stæðu Íslendingar utan við EES væru þeir jafnframt að einangra sig frá stórum og mikilvægum þáttum í norrænu samstarfi. Slíkt er að sjálfsögðu mjög varasamt.

*

Þátttaka í EES-samstarfinu setur íslenska ríkinu engar kvaðir í samningum við ríki eða stofnanir sem ekki eiga aðild að EES-samningnum. Íslendingar geta eins og áður samið um viðskipti við Bandaríkjamenn, Japani eða aðrar mikilvægar viðskiptaþjóðir sínar.

Samningurinn kann í raun að kalla á fjárfestingu hér á landi frá ríkjum sem ekki eiga aðild að EES. Má í því sambandi nefna að í umræðum um álver hér í eigu bandaríska fyrirtækisins Kaiser hefur því sjónarmiði verði hreyft að ákvörðun um að ráðast í álframkvæmdir hér ráðist m.a. af því að fyrirtækið hafi áhuga á aðgangi að EES-markaðinum. Með EES-samstarfinu er ekki á nokkurn hátt dregið úr möguleikum Íslendinga til viðskipta- eða fjárfestinga utan EES-svæðisins.

*

Í áratugi hafa stjórnmálaflokkarnir deilt um þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi. Strax á fyrstu árum lýðveldisins settu deilurnar um ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóðarinnar og varnir sterkan svip á stjórnmálabaráttuna. Mótuðust þessi hörðu átök að verulegu leyti af þeirri staðreynd að þá voru talsmenn kommúnisma og náinna tengsla við Sovétríkin háværir í íslenskum stjórnmálum. Sem betur fer hafnaði þjóðin leiðsögn þessara manna í utanríkismálum og við ákvarðanir um samstarf við aðra. Í þessu ljósi er athyglisvert en kemur ekki á óvart að Alþýðubandalagið hefur snúist gegn aðild Íslands að EES. Má segja að eina undantekningin varðandi slíka neikvæða stefnumótun flokksins í utanríkismálum sé þegar fríverslunarsamningurinn við EB var gerður 1972 og samþykktur á Alþingi 1973. Þá sat fulltrúi Alþýðubandalagsins á stóli viðskiptaráðherra.

Þeir sem eru andvígir þátttöku Íslands í EES benda ekki á neinn annan skynsamlegan kost til að tryggja aðild Íslands að samstarfi þeirra þjóða í Evrópu sem hafa staðið Íslendingum næst. Samstaðan um afgreiðslu fríverslunarsamningsins við EB á Alþingi 1973 var á þeim tíma túlkuð á þann veg í þingumræðum að þeir sem skömmu fyrr voru andstæðir aðild að EFTA eða vildu ekki veita henni lið sitt hefðu áttað sig á almennu gildi þess að Íslendingar gerðu viðskiptasamninga við ríki Vestur-Evrópu til að einangrast ekki frá þjóðunum þar. Því miður virðist þessi samstaða ætla að rofna á Alþingi nú þegar EES-samningurinn er borinn undir það til lögfestingar. Má þó minna á að allir flokkar á Alþingi nema Samtök um kvennalista hafa með einum eða öðrum hætti borið ábyrgð á því að EES-samningurinn var gerður með þátttöku Íslendinga.

Þegar staða Íslands gagnvart Evrópuríkjunum er metin á hið sama við um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og um aðild að EFTA og gerð fríverslunarsamningsins við EB. Í engu þessara tilvika ganga Íslendingar undir skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum sem eru svo íþyngjandi að þær geri að engu hinn mikla og almenna ávinning er auknu samstarfi fylgir.

Að því er varðar veigamikla stjórnmálahagsmuni, aldalöng menningartengsl og meginstefnu Íslands í utanríkismálum eru kostir aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu augljósir. Á þetta er nauðsynlegt að leggja megináherslu um leið og staðfest er að efnahagslegur og viðskiptalegur ávinningur af aðild Íslands að EES er augljós og óumdeildur.

III. Efni samningsins.

Meginmarkmið EES-samningsins er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði.

Til að ná þessum markmiðum byggir samningurinn á hinu svokallaða fjórþætta frelsi sem felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og

frjálsa fjármagnsflutninga. Jafnframt er ætlunin að tryggja að markmið samningsins náist með því að koma á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum.

Auk meginmarkmiða samningsins gerir hann einnig ráð fyrir nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar, félagsmála og neytendamála.

Í meginatriðum er ætlunin að ná fram markmiðum samningsins um hið fjórþætta frelsi með eftirfarandi aðgerðum:

Í fyrsta lagi verður á sviði vöruviðskipta kveðið á um að tollar og magntakmarkanir séu ekki leyfð á þeim vörum sem undir samninginn falla og fjáröflunargjöld ýmiss konar megi ekki leggjast af meiri þunga á innfluttar vörur en innlendar.

Í öðru lagi eru frjálsir fólksflutningar gerðir að veruleika með því að komið er á sameiginlegum vinnumarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Ríkisborgurum hvers aðildarríkis verður þannig heimilt að fara til annarra aðildrríkja í atvinnuleit og dvelja þar í allt að þrjá mánuði á meðan á leit stendur og hafi þeir fengið starf innan þess tíma er veitt dvalarleyfi til fimm ára í senn og endurnýjað sjálfkrafa. Þá skal einstaklingum frjálst að setja á stofn sjálfstæða starfsemi í öðru ríki með því að próf þeirra, sem jafngilda prófum innlendra borgara, séu viðurkennd.

Í þriðja lagi munu á EES-svæðinu gilda frjáls þjónustuviðskipti. Ríkisvaldið tekur þannig á sig þá kvöð að leggja ekki hömlur á þjónustuviðskipti á grundvelli ríkisfangs eða búsetu þess sem þjónustuna selur, enda sé viðkomandi frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Loks verður með frjálsum fjármagnsflutningum komið í veg fyrir hindranir á fjármagnshreyfingum yfir landamæri aðildarríkjanna. Sú meginregla mun gilda að engar hömlur skuli lagðar á gjaldeyrisyfirfærslur og að engar hömlur megi leggja á fjárfestingar einstaklinga eða fyrirtækja þannig að mismunað sé eftir þjóðerni. Frelsi þetta mun þó engu breyta um skattaeftirlit eða innheimtu opinberra gjalda.

Í samningnum eru reglur sem sem varða vörur og þjónustu og eiga að tryggja samkeppni á því sviði og útiloka hringamyndun og misbeitingu markaðsyfirráða. Auk þess takmarkar samningurinn ríkisstyrki sem skekkja samkeppni og setur reglur um starfsemi ríkiseinkasölufyrirtækja.

IV. Efni frumvarpsins.

Með lögfestingu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið er í senn veitt heimild til að fullgilda samninginn og kveðið á um að meginmál hans hafi lagagildi þegar samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt fær bókun 1 með samningnum lagagildi. Í þessari bókun eru settar almennar reglur um það hvernig laga skuli gerðir Evrópubandalagsins að EES-samningnum. Er skynsamlegt að velja fremur slíka altæka aðlögun gerðanna en þann kost að umskrifa allar gerðirnar og laga þær þannig að stjórnskipun EES-samningsins. Frumvarpið gerir auk þess ráð fyrir að lögfestir séu þeir liðir úr tveimur viðaukum við samninginn þar sem Íslandi er heimilað að setja höft á eignarhald útlendinga í fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Ákvæði fyrri viðaukans (9. tölul. VIII. viðauka), sem hér um ræðir, hljóða svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 31.–35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.“

Ákvæði síðari viðaukans (g-liðar 1. tölul. XII. viðauka) hljóða svo:

„Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi, á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara, sem eru ekki með lögheimili á Íslandi, í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki, sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi, til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum."

Umræður fóru fram í utanríkismálanefnd um það hvað fælist í hugtakinu „fiskvinnsla" og fékk nefndin eftirfarandi greinargerð um það efni frá utanríkisráðuneytinu:

„Í 2. tölul. 4. gr. núgildandi laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, er að finna eftirfarandi skilgreiningu á vinnslu sjávarafurða: „... með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu."

Í VIII. viðauka EES-samningsins eru sérstök ákvæði um staðfesturétt. Í 9. tölul. við þann viðauka segir að Íslandi sé heimilt að beita áfram höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem ekki hafa lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og vinnslu sjávarafurða. Sams konar undanþágu er að finna í g-lið XII. viðauka EES-samningsins sem fjallar um hreyfingar fjármagns milli landa. Í samningaviðræðunum voru gildandi lög á Íslandi lögð fram til frekari skilgreiningar. Telst því skilgreiningin hér að ofan á vinnslu sjávarafurða gilda sem skilgreining fyrir sama hugtak í EES-samningnum."

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði nýlega fram á Alþingi frumvarp til laga (255. mál, þskj. 322) sem tryggir að samræmi sé milli gildandi íslenskra laga og þess ákvæðis í g-lið 1. tölul. XII. viðauka þar sem rætt er um fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara, sem eru ekki með lögheimili á Íslandi, í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu.

Auk þess að heimila fullgildingu 129 greina meginmáls EES-samningsins veitir þetta frumvarp ríkisstjórninni heimild til að fullgilda 49 bókanir við samninginn og 22 viðauka, ásamt gerðum sem í viðaukunum er getið. Samningnum fylgja 71 yfirlýsing og fjöldi samþykkta. Í viðaukunum er vísað til þeirra 1.400 réttargjörninga EB sem lagðir voru til grundvallar EES-samningnum allt frá upphafi hans, en þeir eru í lagafrumvarpinu og samningnum nefndir „gerðir" og er þar einkum um að ræða reglugerðir og tilskipanir EB sem snerta EES. Í utanríkismálanefnd var rætt um orðið „gerð" í þessari sérstöku lagamerkingu og komu ekki fram tillögur um aðra betri þýðingu á EB-hugtakinu „act" sem nær yfir alla réttargjörninga Evrópubandalagsins.

EES-samningurinn er milli 19 ríkja EFTA og EB, auk tveggja stofnana þess bandalags, sem fyrr segir. Samhliða því sem heimild er veitt til að fullgilda hann veitir þetta lagafrumvarp ríkisstjórninni heimild til að fullgilda tvo samninga milli EFTA-ríkjanna sjö um a) stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og b) um fastanefnd EFTA.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna skynsamlega og nauðsynlega reglu varðandi lögskýringu og takmörkun á skýringarreglu greinarinnar. Af ákvæðum 3. gr. ræðst að engar kvaðir eru lagðar á Alþingi varðandi framtíðarlagasetningu vegna EES.

EES-samningurinn nær til reglna um innri markað EB sem samkomulag hafði orðið um fyrir 1. ágúst 1991. Eftir þann dag hafa fjölmargar EB-gerðir komið til sögunnar. Á fundi utanríkismálanefndar 23. nóvember sl. var lagt fram ritið „Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins" sem er ítarleg skýrsla um þær EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn. Um gildi þeirra á EES-svæðinu verður samið á EES-vettvangi eftir að samningurinn kemur til framkvæmda eða eins og segir í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um þetta efni á þskj. 300:

„Undanfarna mánuði hafa sérfræðingar EB og EFTA farið yfir helstu gerðir sem samþykktar hafa verið innan EB eftir 1. ágúst 1991 til þess að kanna hvort þær hafi áhrif á Evrópska efnahagssvæðið og hvort ástæða sé til þess að fella þær inn í EES-samninginn. Starf sérfræðinganna miðast við það að flýta fyrir því að sameiginlega nefndin geti tekið um það ákvörðun hvaða gerðum skuli bæta inn í viðauka EES-samningsins eftir gildistöku hans. Sú ákvörðun yrði síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar eða synjunar. Það er matsatriði hverju sinni hvort EB-gerð snertir EES-samninginn eða ekki og sjálfstæð ákvörðun hvort fella eigi hana inn í samninginn eða ekki. Samningaviðræður um það munu fara fram í sameiginlegu nefndinni . . .

Samtals eru þær gerðir, sem samþykktar hafa verið innan EB frá 1. ágúst 1991 til þessa dags og sérfræðingum sýnist snerta EES-samninginn, um 176 talsins. Í flestum tilfellum er um að ræða tæknilegar breytingar á fyrri textum. Ísland er undanþegið 27 þeirra, þ.e. þeim er varða heilbrigðiseftirlit dýra . . ."

Er lögð rík áhersla á að Alþingi fylgist náið með framvindu þessara mála þannig að sem best verði staðið að aðlögun gerðanna að íslenskum lögum og að undirbúningi undir lögfestingu á þeim gerðum sem þarf að lögfesta hér. Með því að samþykkja EES-samninginn verða Íslendingar þátttakendur í nýju ferli í samstarfi Evrópuríkja.

Í því skyni að tryggja sem best eftirlit Alþingis og aðhald er gerð tillaga um að 4. gr. frumvarpsins sé felld á brott. Í þeirri grein felst heimild til að setja reglugerð „ef sérstök nauðsyn krefur". Þótt þetta ákvæði sé hugsað sem varaheimild þykir varhugavert, a.m.k. á þessu stigi, að Alþingi veiti ráðherrum jafnalmenna heimild til útgáfu reglugerða þegar gengið er til samstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu.

Alþingi á að hafa sem besta aðstöðu til að fylgjast með hverju skrefi á hinu nýja EES-ferli. Er nauðsynlegt að hugað verði sérstaklega að því hvernig Alþingi ætlar að sinna slíku eftirliti og haga meðferð EES-mála. Í þessu sambandi er mikilvægt að minnast þess að í EES-samningnum er ákvæði um sameiginlega EES-þingmannanefnd til að stuðla að auknum skilningi milli EB og EFTA-ríkjanna á EES-samningssviðinu.

Minnt er á að nú þegar hafa verið flutt 46 frumvörp til laga á Alþingi í því skyni að aðlaga íslenska löggjöf að þátttöku í EES. Eins og málum er nú háttað er ráðgert að flytja alls 65 frumvörp til laga vegna EES og er listi yfir þau birtur sem fylgiskjal IV með nefndarálitinu.

Ríkisstjórnin hefur látið vinna útdrátt á íslensku úr öllum dómum EB-dómstólsins sem lagðir voru til grundvallar við gerð EES-samningsins og getið er í fylgiskjölum hans. Er þetta gert að ósk þingmanna sem m.a. hefur komið fram í utanríkismálanefnd.

V. Þjóðhagsleg áhrif EES-samningsins.

Árið 1991 var fob-verðmæti útflutnings Íslands ríflega 91,5 milljarðar króna. Af því var flutt til EES-landa fyrir rúmlega 68 milljarða króna en það samsvarar tæplega 75% af útflutningi þess árs. Til samanburðar var fob-verðmæti útflutnings okkar til Bandaríkjanna 12,6% og til Japans 7,9% á sama ári. Ef litið er á innflutning árið 1991 eru tölurnar þessar: Innflutningur til Íslands var ríflega 101,5 milljarðar króna á cif-verði. Af því komu tæp 70% frá EES-löndum, rúm 10% frá Bandaríkjunum og 7,4% frá Japan. Þessar tölur segja í raun allt sem segja þarf um mikilvægi EES-markaðarins fyrir inn- og útflutning Íslendinga. Engum sem vill efla hag íslenska þjóðarbúsins getur til hugar komið að leiðin til þess sé að reka viðskiptafleyg á milli EES-markaðarins og Íslands. Með aðild að EES eru tryggð hindrunarlaus viðskipti á þeim sviðum sem falla undir EES-samninginn.

Sá mikilvægi munur er á EES-samningnum og fríverslunarsamningi Íslands við EB frá 1972 að með EES-samningnum fá helstu útflutningsafurðir Íslendinga, sjávarafurðir, í fyrsta sinn sambærileg kjör á við þau sem iðnvarningur hefur notið um áratugi. Áralangri baráttu gegn saltfiskstollum er lokið með sigri. Allir tollar falla niður strax í upphafi á mikilvægustu sjávarafurðavöruflokkum, en aðrir tollar munu síðan lækka í áföngum um 70%. Niðurfelling tolla hefur af samtökum sjávarútvegsins sjálfs verið metin á 2 milljarða króna á ári. Þegar EES-samningurinn verður að fullu kominn til framkvæmda 1997 tryggir hann íslenskum sjávarútvegi lækkun tolla sem svarar til um 96% sé miðað við gildandi tollskrár EB og núverandi útflutningsmagn. Þetta takmark hefur náðst án þess að fallist hafi verið á kröfur sem samningamenn EB hafa haft uppi í tvo áratugi, um að aðgangur að íslenskri fiskveiðilögsögu kæmi í stað tollaívilnana.

*

Um almenn þjóðhagsleg áhrif EES-samningsins er vísað til þess sem segir í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1993. Þar segir um Evrópska efnahagssvæðið:

„Á næsta ári kemur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið til framkvæmda og um leið verður komið á innri markaði Evrópubandalagsins. EES-samningurinn boðar einhverjar víðtækustu breytingar í íslenskum þjóðarbúskap sem ráðist hefur verið í hér á landi. Efnahagsáhrif samnings og efnahagssamrunans í Evrópu hafa verið metin af ýmsum innlendum sem erlendum hagstofnunum. Hér verða dregnar saman helstu niðurstöður.

Áhrifa samningsins um EES á ýmsa þætti íslensks efnahagslífs mun gæta þegar á næsta ári. Þar ber hæst niðurfellingu tolla á ýmsum sjávarafurðum. Afnám tollanna mun bæta samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart vinnslu í EB-ríkjunum. Miðað við núverandi samsetningu sjávarvöruútflutnings verða 93% útflutnings til Evrópuríkjanna tollfrjáls. Mestu munar þar um afnám tolla á saltfiski, en tollatekjur EB af útfluttum saltfiski frá Íslandi nema 1 milljarði króna. Útflutt flök til EB hafa borið 18% toll, en með EES-samningnum verður útflutningur þeirra tollfrjáls. Með niðurfellingu tolla eykst því hagkvæmni í útflutningi flakaðs fisks í samanburði við útflutning óunnins fisks sem styrkir innlenda fiskvinnslu.

Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu mun færa íslenskum fyrirtækjum ný sóknarfæri og stuðlar að því að búa þeim sama rekstrarumhverfi og samkeppnisaðilum. Ávinningurinn felst ekki síður í tækifærum til nýsköpunar, m.a. með samstarfi við önnur fyrirtæki á efnahagssvæðinu. Þegar til lengri tíma er litið mun ávinningurinn af EES

fyrir íslenskt þjóðarbú fyrst og fremst felast í þessum þáttum sem þó er erfitt er að meta til fjár. Þessi tækifæri eru mikilvægur þáttur í þeirri stefnu að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki nýti þá möguleika sem í samningnum felast svo sem kostur er. Til þess að undirbúa jarðveginn hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja 100 millj. kr. í sérstakt markaðsátak á EES-svæðinu. Þetta átak verður undirbúið og að því staðið í nánu samstarfi við samtök atvinnulífsins og einstök fyrirtæki.

Fyrir utan afnám tolla skiptir mestu fyrir íslenskt þjóðarbú aukin samkeppni í hvers konar þjónustuviðskiptum. Þessi áhrif munu koma fram á nokkrum árum. Samkeppnin mun óhjákvæmilega leiða til lækkunar þjónustugjalda peningastofnana og tryggingafélaga og lækkunar vaxta. Viðskiptakjör Íslendinga munu batna því verðlag innfluttrar vöru frá efnahagssvæðinu gæti lækkað um allt að 3%. Athuganir sýna að þjónustugjöld gætu lækkað um 10–15% og vextir um tæpt prósentustig. Áhrif þessara þátta á helstu hagstærðir hafa verið metin af Þjóðhagsstofnun.

* *Landsframleiðsla.* Athuganir Þjóðhagsstofnunar sýna að þegar til lengdar lætur eru bein áhrif af EES-samningum sem svarar allt að 1,5% á landsframleiðslu.
* *Verðlag.* Vísitala framfærslukostnaðar gæti lækkað sem nemur allt að 1,7%.
* *Vextir.* Aukin samkeppni og greiðari aðgangur að erlendum fjármagnsmörkuðum gætu leitt til lækkunar raunvaxta um 0,7%.
* *Vinnumarkaður.* Áhrif samningsins á vinnuaflseftirspurn eru lítil vegna þeirrar hagræðingar og framleiðsluaukningar sem aukin samkeppni mun kalla á.
* *Kaupmáttur launa* gæti aukist um 2–3%.

EES-samningurinn hefur ekki aðeins áhrif á leikreglur atvinnulífsins heldur ekki síður á leikreglur efnahagsstjórnar á sviði atvinnumála og ríkisfjár- og peningamála. Aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum samfara fastgengisstefnu og frjálsum fjármagnsflutningum leiðir óhjákvæmilega til aukins vægis ríkisfjármála í hagstjórn. Enn fremur má ætla að samrunaferlið í Evrópu muni kalla á samræmingu skattamála meðal ríkja álfunnar, ekki síst hvað varðar skattlagningu fyrirtækja. Á tekjuhlið fjárlaga kallar samstarf við Evrópuríkin á lækkun skatta á neysluvörur. Tekjur ríkissjóðs munu aukast vegna meiri hagvaxtar. Á gjaldahlið eru ýmsir liðir sem lækka. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs eru því án efa jákvæð.

Aðild Íslands að EES mun leiða til aukins aðhalds og aga í efnahagsstjórn. Aðild að EES mun einnig auka tiltrú erlendra fjárfesta og lánveitenda á íslenskt efnahagslíf sem gæti treyst stöðu Íslands á erlendum lánamörkuðum."

Við þetta er að bæta að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun svarar hin árlega aukning landsframleiðslu, sem nefnd er hér að ofan, til allt að sex milljörðum króna miðað við landsframleiðsluna eins og hún er núna.

*

Um áhrif EES-samningsins á fjármál ríkisins er vísað til skýrslu frá fjármálaráðuneytinu sem var gefin út í apríl 1991, en ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins staðfesti nýlega gildi hennar við núverandi aðstæður á fundi utanríkismálanefndar. Þar segir m.a.:

„*Ríkisútgjöld lækka.* Þegar á heildina er litið gæti aðlögun að evrópska markaðnum dregið úr útgjöldum ríkissjóðs, enda þótt kostnaður aukist á ýmsum sviðum. Heildaráhrifin gætu legið á bilinu 1–2,5 milljarðar króna. Þessi áhrif eru þó afar óviss. Sparn-

aðurinn kemur einkum fram í auknu aðhaldi að ríkisstyrkjum til atvinnuvega, einkum ívilnunum á sviði skattamála og lánafyrirgreiðslu. Aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og meiri hagkvæmni í búrekstri gæti einnig skilað sér í lægra búvöruverði og þannig dregið úr þörf fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þá er líklegt að vextir lækki þegar fram í sækir vegna áhrifa innri markaðarins. Opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins mun hafa sömu áhrif.

Agaðri hagstjórn — auknar kröfur til ríkisfjármála. Aukið efnahagssamstarf við Evrópuríkin þrengir svigrúmið til sjálfstæðrar gengisstefnu. Jafnframt takmarkar aukið frelsi fjármagnsflutninga milli landa hagstjórnarmöguleika á sviði peningamála. Við þessar aðstæður eru meiri kröfur gerðar til ríkisfjármálanna sem hagstjórnartækis til að bregðast við sveiflum í þjóðarbúskapnum en nú er. Þar skiptir ekki síst máli að stefnan í ríkisfjármálum sé trúverðug og í samræmi við stefnuna í gengis- og peningamálum. Skattkerfið þarf að vera sveigjanlegt til þess að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu. Jafnframt þarf að ná betri tökum á útgjaldahlið ríkissjóðs og hverfa frá varanlegum hallarekstri. Hér hlýtur að koma til álita að takmarka yfirdráttarheimildir ríkissjóðs í Seðlabanka líkt og tíðkast víða í Evrópu. Með því gæti skapast nauðsynlegt aðhald að útgjaldaákvörðunum stjórnvalda og um leið forsendur fyrir meira jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Nauðsyn jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Það er brýnt að efnahagslegur ávinningur af aðlögun að evrópska markaðnum verði nýttur til þess að treysta stöðu ríkisfjármála þannig að þau geti sinnt því lykilhlutverki sem þeim er ætlað í hagstjórn. Styrk staða ríkisfjármála skapar skilyrði til betra jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Þannig verður lagður grundvöllur að bættum lífskjörum í landinu, en það hlýtur í senn að vera hið eiginlega markmið og endanlegur mælikvarði á nauðsyn aðlögunar Íslands að evrópska markaðnum."

VI. Stjórnarskráin og EES-samningurinn.

Í mars 1991 lagði utanríkisráðherra skýrslu fyrir Alþingi þar sem greint var frá stöðu EES-samningaviðræðnanna í sama mund og gengið var til þingkosninga hér. Í skýrslu utanríkisráðherra sagði að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefði látið kanna hvort einhver ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnarskrána. Niðurstaðan hefði orðið sú að óþarft væri að breyta stjórnarskránni vegna EES. Þessi niðurstaða kemur heim og saman við það sem fram hefur komið í umræðum innan utanríkismálanefndar um þetta mál. Síðast gerðist það á fundi, sem nefndin efndi til 6. nóvember 1992, að aðalsamningamaður Íslands í EES-viðræðunum, Hannes Hafstein sendiherra, ítrekaði að það grundvallarsjónarmið hefði legið fyrir af hálfu allra samningsaðila að þannig skyldi gengið til verks að hvorki þyrfti að breyta stjórnarskrám einstakra þátttökuríkja né Rómarsáttmálanum vegna aðildar að EES-samningnum.

Þótt þannig hefði verið staðið að verki frá upphafi samningaviðræðna og þrátt fyrir athuganir á stjórnarskrárþætti málsins, sem gerðar voru í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hafa deilur um þennan þátt málsins sett töluverðan svip á stjórnmálaumræður undanfarna mánuði. Hér er annars vegar um lögfræðilegt álitaefni að ræða og hins vegar stjórnmálalegt úrlausnarefni.

Það er ekkert nýmæli að deilur vakni um það á lögfræðilegum vettvangi hvort ákvarðanir Alþingis brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Á liðnu sumri kom t.d. út rit eftir Sigurð Líndal, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hann rökstyður þá skoðun sína að Alþingi hafi afsalað sér meira valdi en samræmist stjórnarskránni við setn-

ingu löggjafar um framleiðslustjórn í landbúnaði. Þeir sem vilja fá skorið úr slíkum lögfræðilegum álitaefnum geta leitað til dómstólanna. Hæstiréttur hefur síðasta orðið um það hvort íslensk lög eru í samræmi við stjórnarskrána eða ekki. Ekki er haggað við þessu valdi með aðild að EES-samningnum.

Hér á landi starfar ekki stjórnlagadómstóll eins og víða annars staðar. Til slíkra dómstóla er unnt að skjóta álitaefnum varðandi stjórnskipulega stöðu mála á meðan þau eru til meðferðar á löggjafarþingum. Hér er það alfarið á valdi Alþingis að ákveða við hina þinglegu meðferð hvort frumvörp til laga eða efni alþjóðasamninga samræmist stjórnarskránni eða ekki. Hæstiréttur Íslands hefur síðan úrslitavald til að dæma um það hvort íslensk lög eða samningar við erlend ríki brjóti í bága við stjórnarskrána. Hvað sem þessum stjórnskipunarreglum líður kunna umræðurnar um stjórnarskrána og EES-samninginn, stjórnarskrána og landbúnaðarlöggjöfina eða hvað annað álitamál á þessu sviði sem rís að kveikja tillögur um íslenskan stjórnlagadómstól. Þar er þó ekki um viðfangsefni utanríkismálanefndar að ræða.

Vegna umræðna um stjórnarskrárþátt þessa máls skipaði utanríkisráðherra 14. apríl 1992 Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómara og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, Gunnar G. Schram, prófessor í stjórnskipunarrétti, Stefán Má Stefánsson, prófessor í réttarfari og Evrópurétti, og Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, í nefnd til að meta hvort EES-samningurinn, ásamt fylgisamningum, bryti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Álit þessarar nefndar er dagsett 6. júlí 1992. Í stuttu máli komust nefndarmenn að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn bryti ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög.

Fyrir utan þetta nefndarálit hafa utanríkismálanefnd borist skriflegar greinargerðir um stjórnarskrána og EES frá Davíð Þór Björgvinssyni, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Hannesi Hafstein sendiherra, Guðmundi Alfreðssyni lögfræðingi og Birni Þ. Guðmundssyni, prófessor í stjórnarfarsrétti. Auk funda með þessum lögfræðingum, hverjum um sig, efndi utanríkismálanefnd 6. nóvember sl. til fundar með þeim Þór Vilhjálmssyni, Hannesi Hafstein, Guðmundi Alfreðssyni og Birni Þ. Guðmundssyni þar sem þeir skýrðu sjónarmið sín, svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna og skiptust á skoðunum. Með þingmönnum í utanríkismálanefnd sátu þingmenn í stjórnarskrárnefnd Alþingis þennan fund.

Fyrir utanríkismálanefnd hafa verið lögð eftirfarandi meginsjónarmið varðandi lögfræðileg álitaefni sem snerta þennan þátt:

1. Með EES-samningnum er lagður grunnur að nýjum leikreglum í samskiptum þátttökuríkjanna á þeim sviðum sem samningurinn spannar. Einnig er komið á fót eftirlits- og dómstólakerfi til að fylgjast með því að allir þátttakendur í samstarfinu fari eftir þessum leikreglum. Með þessum hætti er skapað nýtt réttarsvið. Aðild að þessu samstarfi getur ekki falið í sér neitt afsal á íslensku ríkisvaldi af því að ákvörðunarvaldið, sem stofnunum EFTA eða EB er veitt með EES-samningnum, tilheyrir ekki íslenska ríkisvaldinu.
2. Framkvæmdarvald og dómsvald verða á tilteknum sviðum í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóls EFTA og við sérstakar aðstæður, sem varða bæði EFTA-ríki og ríkin í Evrópubandalaginu, í höndum stofnana EB. Á þetta aðeins við um samkeppni í viðskiptum milli samningsaðila, þ.e. milliríkjaviðskipti. Bent er á að það sé íslensk réttarregla að við sérstakar aðstæður beri að beita erlendum réttarreglum hér á landi; dæmi eru til þess að ákvarðanir erlendra stjórnvalda gildi hér og að þær séu aðfararhæfar; dæmi eru til þess að erlenda dóma megi framkvæma hér; vald það, sem alþjóðastofnunum er ætlað með EES-samningnum, er vel afmarkað, það gild-

ir á takmörkuðu sviði og er ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila. Með vísan til þessa er talið að aðild að EES-samningnum brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.

3. Með EES-samningnum er stofnunum EFTA og EB falið svo mikið framkvæmdarvald og dómsvald að það samræmist ekki 2. gr. stjórnarskárinnar að framselja það úr landi.

Þegar þessi mál hafa verið til umræðu í utanríkismálanefnd hafa talsmenn þess að um brot á íslensku stjórnarskránni sé að ræða m.a. rökstutt mál sitt með því að vísa til umræðna á Norðurlöndum og stjórnarskrárákvæða í Danmörku og Noregi þar sem þjóðþingum er heimilað að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessar breytingar á stjórnarskrám Dana og Norðmanna eiga einkum rætur að rekja til umræðna í þessum löndum um aðild að Evrópubandalaginu. Enginn ágreiningur er um að aðild Íslands að EB mundi krefjast stjórnarskrárbreytingar. Hins vegar eiga umræður um það mál ekkert erindi þegar rætt er um aðild Íslands að EES. Breyting á stjórnarskránni í þá átt að heimila framsal á íslensku ríkisvaldi til alþjóðastofnana er sjálfstætt athugunarefni sem hefur verið til meðferðar á Alþingi undanfarið vegna tillagna þingmanna Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Samtaka um kvennalista í þá veru.

Umræður um stjórnarskrána og EES í utanríkismálanefnd hafa einnig snúist um fullveldið og hvað í því felst. Minnt er á að árið 1918 varð Ísland lýst frjálst og fullvalda ríki, en þó fóru Danir áfram með utanríkismál landsins. Í sambandslögunum var einnig ákvæði um að Hæstiréttur Danmerkur hefði á hendi æðsta dómsvald í íslenskum málum „þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu". Svo sem kunnugt er var Hæstiréttur Íslands stofnaður árið 1920. Hér eru þessi dæmi nefnd til að minna á að skýring á fullveldishugtakinu er ekki algild heldur háð mati á hverjum tíma. Að sjálfsögðu er vald íslenskra stjórnvalda í utanríkismálum eða Hæstaréttar í engu skert með aðild að EES. Þessi dæmi minna einnig á að þeir eru á hálum ís sem telja sér fært að lýsa aðild að EES stjórnarskrárbrot vegna þess að „stjórnarskrárgjafinn" hafi ekki séð aðildina fyrir þegar texti stjórnarskrárinnar var saminn!

Til glöggvunar á hinum ólíku viðhorfum, sem verið hafa uppi varðandi skilgreiningu á fullveldishugtakinu, er ekki nóg að líta til lögfræðilegra þátta. Þar koma söguleg, heimspekileg og stjórnmálafræðileg viðhorf einnig til álita. Má því til staðfestingar t.d. benda á greinar eftir Atla Harðarson heimspeking sem birtust í Lesbók Morgunblaðsins 24. og 31. október sl. undir fyrirsögninni „Hvers virði er fullveldi?" Þar sagði höfundurinn m.a.:

„Á 18. öld og þeirri 19. urðu ýmsar breytingar á evrópskum stjórnmálum. Fólk missti trúna á kaupauðgisstefnu og sólkonunga. Í staðinn komu frjálshyggja og þjóðernisstefna sem boðaði að hver þjóð og menningarheild ætti að mynda eitt ríki.

Þessar nýju stefnur tóku fullveldishugmyndina upp á sína arma. Hún var að vísu hálfutangátta við meginstrauma frjálshyggjunnar og kom þjóðfrelsishreyfingum yfirleitt að litlu gagni því hún gerir nánast ráð fyrir því að samfélag hafi annaðhvort fullt vald yfir eigin málum eða ekkert — útilokar þann milliveg sem ef til vill hefði verið heppilegastur fyrir margar fámennar þjóðir.

Konungseinveldi og kaupauðgisstefna eru svo úreltar stefnar sem nokkrar stjórnmálastefnur geta verið. En hvað með fullveldið? Er það ekki úrelt líka? Er ekki augljóslega þörf á alþjóðlegri yfirstjórn t.d. yfir umhverfismálum og eftirliti með vígbúnaði? Er lengur hægt að gera greinarmun á innanríkismálum og alþjóðamálum þegar iðnaður í einu ríki veldur súru regni í því næsta?"

Þegar gengið er til alþjóðasamstarfs eins og EES-samstarfsins er mikilvægt að allir

sitji við sama borð og geti gengið að því sem vísu að jafnræðis sé gætt. Reglur og stofnanir, sem tryggja slíkt jafnræði, þjóna ekki síst hagsmunum hinna smærri þjóða í samstarfinu. Sagan geymir óteljandi dæmi um að stórveldi telja sig geta boðið smærri ríkjum birginn með ofurefli. Með sameiginlegum reglum um rétt hvers og eins og eftirlits- og dómstólakerfi til að framfylgja reglunum er tryggt að stórir og smáir hafi sömu réttarstöðu. Öll viðleitni í alþjóðlegu samstarfi hefur síðustu áratugi miðað að því að útiloka með samningum og framkvæmd þeirra að hinir sterku og stóru í samfélagi þjóðanna geti sett hinum minni afarkosti eða hrifsað verðmæti þeirra til sín með því að neyta aflsmunar. Er það almennt talið til marks um að ríki hafi náð góðum árangri í samstarfi sín á milli ef þau sættast á friðsamlega úrlausn deilumála þar sem beiting valds eða hótun um valdbeitingu er útilokuð.

Þegar Alþingi tekur afstöðu til EES-samningsins er nauðsynlegt að hafa öll sjónarmið varðandi stjórnarskrárþátt málsins í huga. Á vettvangi utanríkismálanefndar hefur mikil vinna verið innt af hendi til að draga sem best fram meginatriði þessa þáttar. Umræður hafa einnig verið miklar um þetta atriði á almennum vettvangi. Þær halda áfram, hver svo sem niðurstaða Alþingis verður um EES-samninginn. Lögfræðileg sjónarmið hljóta einkum að vega þungt í mati Alþingis á þessum þætti. Með vísan til þeirra hefur meiri hluti utanríkismálanefndar komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskána. Við þetta mat verður ekki heldur horft fram hjá þeim sjónarmiðum öðrum sem nefnd voru hér að framan, auk hins almenna gildis sem aðild Íslands að EES hefur fyrir þróun íslensks þjóðfélags og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Í stuttu máli er hér komist að þeirri niðurstöðu að samþykki Alþingis á EES-samningnum brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.

VII. Álit umsagnaraðila.

Í júní sl. sendi utanríkismálanefnd samninginn um Evrópska efnahagssvæðið til umsagnar 66 aðila. Eins og tilgreint er í fylgiskjali II bárust nefndinni 35 skriflegar umsagnir stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka um samninginn. Ástæða þess að ekki bárust svör frá öllum aðilum má einkum rekja til þess að á þessum tíma voru margir enn ekki búnir að kynna sér samninginn til hlítar og því ekki reiðubúnir að tjá sig um hann.

Þegar þær 35 umsagnir, sem nefndinni bárust, eru skoðaðar er athyglisvert að aðeins einn umsagnaraðili (BHMR) treystir sér ekki til að mæla með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Greinilegur stuðningur við samninginn almennt kemur hins vegar fram hjá mörgum aðilum, ekki síst úr íslensku atvinnulífi, eins og t.d. frá Félagi Íslenskra iðnrekenda, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Verslunarráði og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá lýsa aðilar eins og t.d. Félag rækju- og hörpudisksframleiðenda, Rannsóknaráð ríkisins og flugráð yfir stuðningi við þá þætti samningsins er þá varða og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælir með samþykkt hans. Aðrir umsagnaraðilar, t.d. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, vísa til þess að samtök þeirra hafi enn ekki tekið afstöðu til samningsins.

Rétt þykir að vekja hér athygli á umsögn Neytendasamtakanna en þar segir að þau telji að „hvað varðar íslenska neytendur og þá sérstaklega neytendalöggjöf sé samningurinn í öllum meginatriðum til bóta". Í þessu sambandi má einnig vísa til umsagnar samtakanna Íslenskrar verslunar sem eru samtök Bílgreinasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands. Í umsögn sinni árétta samtökin nauðsyn þess að starfsskilyrði fyrirtækja verði sem líkust á EES-svæðinu svo að tryggt verði að verslunin flytjist ekki úr landi, en um leið er m.a. bent á eftirfarandi atriði:

„Það er skoðun samtakanna að aukið samstarf við þau réttarríki, sem mynda hið Evrópska efnahagssvæði, muni færa einstaklingum og lögaðilum aukna réttarvernd, ekki síst þar sem samningurinn mun öðlast lagagildi hér á landi ...

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér opnun íslensks efnahagskerfis fyrir erlendri samkeppni og erlendum samskiptum. Verslun á Íslandi er e.t.v. eina atvinnugreinin í landinu sem býr við fulla samkeppni og nýtur engra styrkja af neinu tagi. Aukin samkeppni í verslun mun því ekki valda miklum viðbrigðum innan greinarinnar."

Áhersla á mikilvægi EES-samningsins fyrir íslenskt efnahagslíf kemur einnig fram í umsögn Félags íslenskra iðnrekenda. Þar segir m.a.:

„EES-samningurinn er nauðsynlegt og eðlilegt framhald á aðild Íslands að EFTA og fríverslunarsamningnum við Evrópubandalagið. Þá var það aðeins iðnaðurinn sem fór inn í hinn harða heim fríverslunarinnar en nú bætast fleiri greinar í hópinn. Það leiðir til þess að iðnaðurinn mun eiga kost á ódýrari aðföngum og þjónustu til rekstrarins.

Tæknilegum viðskiptahindrunum verður rutt úr vegi og sameiginlegt eftirlits- og úrskurðarvald verður með framkvæmd samningsins og sameiginlegum samkeppnisreglum. Þessi atriði eru mjög mikilvæg íslenskum fyrirtækjum. Það veldur þó vissum vonbrigðum að ekki skyldi takast að einfalda reglur um uppruna og sönnun hans meira en raun ber vitni.

Ákvæði samningsins um frjálst flæði varnings, þjónustu, fjármagns og vinnuafls eru mjög mikilvæg enda tryggja þau að greinar, sem hafa verið að meira eða minna leyti verndaðar fyrir erlendri samkeppni, verða nú að laga sig að breyttum aðstæðum. Samningurinn um EES mun án nokkurs vafa gera Ísland fýsilegri kost en áður í augum erlendra fjárfesta, en Íslendingum er nauðsynlegt að fá erlent áhættufé í auknum mæli til landsins.

Samningurinn gefur Íslendingum færi á að taka þátt í mótun þeirra leikreglna sem gilda um starfsemi atvinnulífsins í Evrópu. FÍI leggur áherslu á að íslensk stjórnvöld nýti sér þessa möguleika þar sem það á við og hafi formlegt samráð við FÍI og önnur hagsmunasamtök um það starf. Hér má einnig benda á mikilvægi ráðgjafarnefndar EFTA og ráðgjafarnefndar EES þar sem aðilar vinnumarkaðarins geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. FÍI hvetur íslensk stjórnvöld til þess að tryggja þátttöku Íslands á þessum vettvangi með fullnægjandi fjárhagslegum stuðningi."

Í þeim umsögnum, sem nefndinni hafa borist frá aðilum atvinnulífsins, hefur mjög verið hvatt til þess að samhliða aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu tryggi stjórnvöld atvinnulífinu svipuð starfsskilyrði og eru í öðrum ríkjum á EES-svæðinu. Meiri hluti nefndarinnar telur að hluti af þeim efnahagsaðgerðum, sem ríkisstjórnin tilkynnti 23. nóvember, hafi verið mikilvægur liður í því að koma til móts við þessar óskir. Til upplýsingar er hér birtur sá hluti greinargerðar með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að þessu lýtur:

„Veigamikill þáttur í þeim aðgerðum, sem hér er fjallað um, er afnám aðstöðugjaldsins. Eftir því sem alþjóðaviðskipti verða frjálsari og samkeppni harðnar verður mikilvægara að skapa íslensku atvinnulífi sambærileg skattakjör og helstu keppinautum. Þess vegna er orðið brýnt að afnema aðstöðugjaldið. Með þessari aðgerð og fyrirhugaðri lækkun tekjuskatts félaga úr 45% í 33% má telja að skattlagning atvinnurekstrar á Íslandi sé með því hóflegasta sem þekkist í nálægum löndum. Þetta styrkir mjög stöðu íslensks atvinnulífs í samkeppni á EES-markaði auk þess sem þetta hefur áhrif á áhuga erlendra fyrirtækja á að fjárfesta á Íslandi."

Til viðbótar þeim umsögnum, sem nefndinni hafa borist, þykir meiri hluta nefndarinnar rétt að vekja athygli á því að síðustu daga hafa Alþingi borist ályktanir frá sveitar-

félögum þar sem lýst er yfir stuðningi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þessar ályktanir eru frá Vestmannaeyjabæ, Grindavíkurbæ, Njarðvíkurbæ og Keflavíkurbæ.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi umsögnum, sem og viðræðum við þá fjölmörgu aðila sem komið hafa á fund nefndarinnar, er það mat meiri hluta utanríkismálanefndar að samningurinn um Evrópska efnahaghssvæðið njóti víðtæks stuðnings í þjóðfélaginu.

VIII. Sjávarútvegur og landbúnaður.

Með aðild að EES gerist Ísland hvorki þátttakandi í sameiginlegri landbúnaðarstefnu EB né sameiginlegri sjávarútvegsstefnu. Báðum þessum málaflokkum var í meginatriðum haldið utan við hina eiginlegu samningsgerð um EES, en vissir þættir þeirra eru þó hluti samningsins til að greiða fyrir viðskiptum með sjávarafurðir og landbúnaðarvörur. Um landbúnaðarvörur er það að nefna að með EES-samningnum er fylgisamningur um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem var undirritaður á sama tíma í Óportó 2. maí 1992. Hann tekur gildi um leið og EES-samningurinn samkvæmt bókun 42 við þann samning. Um sjávarafurðir er sérstaklega fjallað í bókun 9 við samninginn og þar m.a. kveðið á um tollalækkanir á innflutningi sjávarafurða til Evrópubandalagsins. Þessu til viðbótar skal minnt á að á sama tíma og EES-samningurinn var undirritaður var gerður samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sjávarútvegsmál. Samkomulag náðist um einstök útfærsluatriði samningsins á fundi 27. nóvember sl., m.a. varðandi framkvæmd ákvæða hans um gagnkvæm skipti veiðiheimilda. Sá samningur tengist ekki EES-samningnum nema með óbeinum hætti og á eftir að koma fyrir Alþingi sem sérstakt þingmál og verður því ekki fjallað um hann í þessu nefndaráliti.

Þrátt fyrir að landbúnaðar- og sjávarútvegsmál vegi ekki þungt í EES-samningnum hafa umræður um landbúnaðarvörur og sjávarafurðir tekið verulegan hluta af þeim tíma sem utanríkismálanefnd hefur varið í umfjöllun um EES-samninginn og er það skiljanlegt í ljósi mikilvægis þessara þátta fyrir íslenskt atvinnulíf.

Umfjöllun utanríkismálanefndar um landbúnaðarvörur hefur í meginatriðum verið tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur umfjöllun nefndarinnar snúist um draga fram nákvæmlega hvaða landbúnaðarafurðir það eru sem falla undir samninginn og er því heimilt að flytja til landsins. Í öðru lagi hefur hún snúist um rétt og möguleika íslenskra stjórnvalda til að leggja á verðjöfnunargjöld við innflutning á tilteknum afurðum sem unnar eru úr landbúnaðarvörum. Varðandi fyrra atriðið má einkum benda á eftirfarandi niðurstöður úr EES-samningaviðræðunum:

a. Á grundvelli heilbrigðisástæðna geta stjórnvöld áfram bannað innflutning á kjöti, mjólk, kartöflum o.fl.
b. Íslensk stjórnvöld fengu tilteknar undanþágur frá ákvæðum í bókun 3 við samninginn og geta bannað innflutning á rjómaís og viðbiti eins og Smjörva og Léttu og laggóðu.
c. Sá tími, þegar frjáls innflutningur verður leyfður á vissum tegundum grænmetis, þ.e. tómötum, gúrkum, salati og papriku, hefur verið styttur verulega í samráði við garðyrkjubændur og verður frá 1. nóvember til 15. mars.
d. Aðeins er heimilaður innflutningur á fimm blómategundum (nellikur, protea, anthurium, ornithogallum og strelizia) á tímabilinu 1. desember til 30. apríl.

Undanfarið hafa staðið yfir samningaviðræður milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa EB um framkvæmd bókunar 3 við EES-samninginn. Þessum viðræðum er ekki lokið og

líklegt er að framkvæmd bókunar 3 frestist a.m.k. til 1. júlí 1993.

Við umfjöllun landbúnaðarmála í tengslum við bókun 3 hefur utanríkismálanefnd notið góðs af hinni nákvæmu athugun landbúnaðarnefndar Alþingis á því máli. Um leið og meiri hluti utanríkismálanefndar þakkar landbúnaðarnefnd framlag hennar vill hann vekja athygli á að með starfi nefndarinnar hefur verið gefið gott fordæmi um það hvernig þingnefndir geta kynnt sér til hlítar einstaka þætti EES-samstarfsins og framkvæmd þess. Með þessu nefndaráliti er birt sem fylgiskjal V bréf formanns landbúnaðarnefndar til utanríkismálanefndar um athugun málsins. Þá er að finna í fylgiskjali VI spurningar sem landbúnaðarnefnd beindi til nokkurra ráðuneyta um málið og svör þeirra. Í fylgiskjali VII er svo birt bréf landbúnaðarnefndar til Tryggva Gunnarssonar hrl. og í fylgiskjali VIII eru birtir kaflar úr álitsgerð sem Tryggvi Gunnarsson gaf landbúnaðarnefnd.

Umfjöllun nefndarinnar um sjávarafurðir hefur einkum varðað tollaívilnanir á mörkuðum Evrópubandalagsins. Til glöggvunar um það efni þykir meira hluta nefndarinnar rétt að birta sem fylgiskjal IX minnisblað sem Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, skrifaði 22. október 1991 þegar fyrir lá samkomulag EFTA og EB um EES-samninginn. Í því minnisblaði er einnig tekið á öðrum þáttum er varða sjávarútvegsþátt samningsins, þ.e. fjárfestingum og gagnkvæmum veiðiheimildum eins og þau mál stóðu þá. Eftir undirritun EES-samningsins í Óportó lék nokkur vafi á hvort söltuð síldarflök og hörpudiskur nytu tollfrelsis á mörkuðum Evrópubandalagsins. Í því máli liggur fyrir sú niðurstaða að tollar munu falla niður á söltuðum síldarflökum að því undanskildu að ekki hefur að fullu fengist niðurstaða varðandi edikverkaða síld og skýrist það mál ekki fyrr en EB hefur lokið endurskoðun sinni á aukefnaskrá bandalagsins. Til frekari skýringar er í fylgiskjali X birt minnisblað aðalsamningamanns Íslands í EB-viðræðunum um síldarflök í EES-samningi. Um hörpudiskinn er það að segja að hann mun njóta tollfríðinda.

Rétt þykir að vekja hér sérstaklega athygli á ritinu Sjávarútvegsmál sem utanríkisráðuneytið gaf út í nóvember 1992. Um er að ræða 61 blaðsíðu yfirlitsrit til kynningar á þeim áhrifum sem EES-samningurinn hefur á sjávarútvegsmál.

IX. EES-samningurinn og íslensk löggjöf.

Eins og fram hefur komið hér að framan hafa fjölmörg frumvörp til laga verið lögð fram á Alþingi í tengslum við EES-samninginn. Öll nema tvö eru til meðferðar í öðrum þingnefndum en utanríkismálanefnd.

Í utanríkismálanefnd hefur sérstaklega verið rætt um þær forvarnir eða „girðingar" sem talið hefur verið nauðsynlegt að lögfesta á ýmsum sviðum til að útiloka óæskileg áhrif af EES-samningnum. Ríkisstjórnin hefur boðað að lögð verði fram frumvörp til laga í því skyni að tryggja slíkar forvarnir. Kynnti utanríkisráðherra utanríkismálanefnd til dæmis drög að frumvarpi til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl., þar sem settar eru skorður við jarðakaupum og hefur það frumvarp nú verið lagt fyrir Alþingi á þskj. 315.

Hér er ekki tilefni til að taka afstöðu til einstakra lagafrumvarpa í tengslum við EES-samninginn. Á hinn bóginn skal sú almenna skoðun látin í ljós að við slíka lagasetningu skuli þess gætt að veita ekki almennar heimildir um gildistöku EB-gerða sem ekki hafa verið grandskoðaðar af Alþingi. Í því skyni að ná sem víðtækastri stjórnmálasamstöðu um þátttökuna í EES kann að vera skynsamlegt að hafa svokallaðar girðingar frekar hærri en lægri því að það er alfarið á valdi Alþingis að lækka þær þegar reynsla hefur fengist af EES-samstarfinu.

Innan utanríkismálanefndar var einnig rætt um formið á frumvörpum sem flutt hafa verið vegna EES. Var spurt hvort algengt væri að lögfesta texta sem fylgiskjöl með lagafrumvörpum. Tók skrifstofa Alþingis saman lista yfir lög þar sem þessari tæknilegu aðferð er beitt og er hann birtur í fylgiskjali XI með þessu nefndaráliti.

X. Kostnaður vegna EES-þátttöku.

Nokkur umræða hefur orðið um kostnað íslenska ríkisins af þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Meiri hluta utanríkismálanefndar þykir því rétt að birta hér efni minnisblaðs sem utanríkisráðherra lagði fram á fundi nefndarinnar 9. nóvember sl. um áhrif EES á stjórnsýslu og fjárlög. Minnisblaðið er svohljóðandi:

1. Stofnanir EFTA.

Áætlaður heildarkostnaður:		*Hlutur Íslands samkvæmt fjárlagafrv.:*
EFTA-skrifstofa	53 millj. SFR	30,0 millj. kr.
Eftirlitsstofnun EFTA	27 millj. SFR	15,0 millj. kr.
Dómstóll EFTA	11 millj. SFR	5,0 millj. kr.
Alls	**91 millj. SFR**	**50,0 millj. kr.**

Hlutur Íslands verður 1,20% eða 1,092 millj. SFR, þ.e. *ISK 47,8 millj.* (gengi 43,7678).

Þessar áætlunartölur eru ekki endanlegar. Viðræðum er ekki lokið um fjárframlög til þessara stofnana.

Rétt er að benda á að núverandi hlutur Íslands var ákveðinn með ráðherrasamþykkt á Reykjavíkurfundinum í maí sl. Hann var áður 1,72%.

2. Íslensk stjórnsýsla.

Um þennan þátt vísast til þess sem segir í EES-frumvarpinu. Í fjárlagafrumvarpi 1993 er gert ráð fyrir að 40 millj. kr. skiptist milli ráðuneyta stjórnarráðsins vegna aukakostnaðar sem leiðir af EES. Fjármálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið eru þegar komin með fulltrúa við sendiráðið í Brussel. Ákveðið er að einn bætist við frá menntamálaráðuneytinu og líklega annar frá viðskiptaráðuneytinu ef af EES-samningnum verður.

3. Þróunarsjóður EFTA.

Áætlað heildarframlag EFTA-þjóðanna er 125 millj. ECU. Hlutur Íslands reiknast 0,70% eða 875.000 ECU, þ.e. *ISK 65,3 millj.* (gengi 74,6246). Áætlun um heildarframlag hefur því breyst frá því EES-frumvarpið kom út, en í frumvarpi til fjárlaga 1993 er hlutur Íslands áætlaður 60 millj. kr.

4. Verkefni á vegum EB.

Allar áætlunartölur um þennan þátt eru mjög óvissar og breytingum háðar. Eins og staðan er í dag er heildarframlag EFTA-þjóðanna nú áætlað 99 millj. ECU, þar af 75 millj. í rannsóknir og þróun sem Íslandi er ekki skylt að taka þátt í á árinu 1993. Samningsbundinn hlutur Íslands 1993 reiknast 0,71% af 24 millj. ECU eða 170 þús. ECU, þ.e. *ISK 12,7 millj.* (gengi 74,6246). Hins vegar sækist Ísland eftir aðild að ýmsum verkefnanna á sviði rannsókna og þróunar. Gangi það eftir, sem ætla verður, hefur framlag Ís-

lands verið áætlað *38,6 millj. ISK*. Vænta má að fjárhæðin eigi eftir að breytast síðar þegar endanlegar ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar liggja fyrir um þátttöku EFTA í einstökum verkefnum og stjórnunarkostnaði.

5. Tryggingagreiðslur.

Um þennan þátt vísast til kostnaðarmats fjármálaráðuneytisins vegna frumvarps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um almannatryggingar sem er væntanlegt á næstunni.

...

XI. Ályktunarorð.

Að lokinni gaumgæfilegri athugun á EES-samningnum og þeim skyldum og réttindum, sem honum fylgja fyrir Íslendinga, er það eindregin niðurstaða meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis að það sé íslenskum hagsmunum ótvírætt til framdráttar að Ísland gerist aðili að samningnum.

Í 4. gr. frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið á þskj. 1 er almennt ákvæði um útgáfu reglugerða. Lagt er til að þessi grein verði felld úr frumvarpinu.

Meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með áðurgreindri breytingu.

Alþingi, 30. nóv. 1992.

Björn Bjarnason, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Geir H. Haarde.

Árni R. Árnason. Tómas Ingi Olrich.

Fylgiskjal I.

Fundir utanríkismálanefndar Alþingis þar sem fjallað var um EES.[1]
(Þar með taldar umræður um undirbúning að EES-viðræðum.)

Fundir á undirbúningsstigi EES-viðræðna:

710. fundur — 25. apríl 1989	Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Baldvin Hannibalson utanríkisráðherra, Helgi Ágústsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
716. fundur — 20. júlí 1989	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Valgeir Ársælsson sendiherra, Lilja Viðarsdóttir sendráðsritari, Helgi Ágústsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.

[1]Við hvern fund er getið þeirra gesta sem sátu fundinn.

717. fundur — 30. ágúst 1989	Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gréta Gunnarsdóttir sendiráðsritari.
718. fundur — 19. september 1989	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Lilja Viðarsdóttir sendiráðunautur.
720. fundur — 28. október 1989	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Sverrir H. Gunnlaugsson sendiherra, Helgi Ágústsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
723. fundur — 27. nóvember 1989	Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
724. fundur — 29. nóvember 1989	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
725. fundur — 22. janúar 1990	Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra, Lilja Viðarsdóttir sendiráðunautur.
727. fundur — 5. febrúar 1989	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein sendiherra, Sveinn Björnsson, starfandi ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
729. fundur — 12. mars 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Sveinn Björnsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
732. fundur — 23. apríl 1990	Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
733. fundur — 27. apríl 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
736. fundur — 11. júní 1990	Jón Sigurðsson, starfandi utanríkisráðherra.

Fundir eftir að formlegar samningaviðræður voru hafnar um EES:

737. fundur — 2. júlí 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
738. fundur — 30. júlí 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.

739. fundur — 27. september 1990	Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
742. fundur — 29. október 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
743. fundur — 23. nóvember 1990	Jón Sigurðsson, starfandi utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
744. fundur — 10. desember 1990	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
752. fundur — 28. janúar 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
758. fundur — 15. febrúar 1991	Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
759. fundur — 21. febrúar 1991	Enrique Baron Crespo, forseti Evrópuþingsins, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel.
760. fundur — 21. febrúar 1991	Nefndarmenn úr nefnd Evrópuþingsins sem fjallar um tengsl við Norðurlönd, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel.
761. fundur — 21. febrúar 1991	Þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna á Evrópuþinginu, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel, Jóhann Benediktsson frá utanríkisráðuneyti.
762. fundur — 21. febrúar 1991	Þingmenn Evrópska þjóðarflokksins á Evrópuþinginu, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel, Jóhann Benediktsson frá utanríkisráðuneyti.
763. fundur — 21. febrúar 1991	Fulltrúar þingflokks frjálslyndra og lýðræðissina á Evrópuþinginu, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel.
764. fundur — 22. febrúar 1991	Fulltrúar Evrópudómstólsins, Gunnar Snorri Gunnarsson, sendifulltrúi í Brussel.
765. fundur — 5. mars 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
767. fundur — 21. maí 1991	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
768. fundur — 21. maí 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.

769. fundur —27. maí 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
770. fundur — 30. maí 1991	Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur, Stefán Már Stefánsson lagaprófessor, Gunnar G. Schram lagaprófessor, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
771. fundur — 31. maí 1991	Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
772. fundur — 11. júní 1991	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
773. fundur — 20. júní 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Sveinn Björnsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
774. fundur — 21. júní 1991	Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Halldór Blöndal landbúnaðarráðherra, Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, Jakob Jakobsson fiskifræðingur, Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, Sveinn Björnsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
776. fundur — 30. júlí 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Gunnar Gunnarsson, sendifulltrúi í utanríkisráðuneytinu, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.

777. fundur — 12. ágúst 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Þórólfur Sveinsson, varaformaður Stéttarsambands bænda, Magnús Sigurðsson, varaformaður Búnaðarfélags Íslands, Hermann Sigurjónsson, í stjórn Búnaðarfélags Íslands, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda, Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur Stéttarsambands bænda, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
778. fundur — 12. ágúst 1991	Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
783. fundur — 14. október 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu.
785. fundur — 21. október 1991	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
786. fundur — 22. október 1991	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
787. fundur — 22. október 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Hannes Hafstein, aðalsamningamaður Íslands, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
788. fundur — 23. október 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.

789. fundur — 4. nóvember 1991	Björn Friðfinnson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis og formaður samningahóps ríkisstjórnarinnar um fjármagns- og þjónustuviðskipti, Erlendur Lárusson, í samningahópnum, Kjartan Gunnarsson, í samningahópnum, Tryggvi Axelsson, í samningahópnum, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
791. fundur — 18. nóvember 1991	Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis og formaður samningahóps ríkisstjórnarinnar um atvinnu- og búseturéttindi, Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
792. fundur — 25. nóvember 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti og formaður samningahóps ríkisstjórnar um jaðarmálefni, Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, Kristinn Helgason, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þórmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
793. fundur — 28. nóvember 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.

794. fundur — 2. desember 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Magnús Gunnarsson, formaður Samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
795. fundur — 9. desember 1991	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
797. fundur — 16. desember 1991	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
800. fundur — 27. janúar 1992	Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
801. fundur — 10. febrúar 1992	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
802. fundur — 14. febrúar 1992	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
803. fundur — 17. febrúar 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
804. fundur — 24. febrúar 1992	Hannes Hafstein aðalsamningamaður, Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
809. fundur — 13. apríl 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Pálsson sendiherra, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.

Fundir eftir að EES-samningurinn var undirritaður:

810. fundur — 4. maí 1992	Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytis, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
813. fundur — 26. maí 1992	Hannes Hafstein sendiherra, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
814. fundur — 3. júní 1992	Sigurður Líndal lagaprófessor, Sigurður Helgason lögfræðingur, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
815. fundur — 10. júní 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
816. fundur — 19. júní 1992	Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytis, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
817. fundur — 7. júlí 1992	Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur, Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, Davíð Þór Björgvinsson, dósent við Lagadeild HÍ, Jón Sigurðsson, starfandi utanríkisráðherra, Gunnar G. Schram lagaprófessor, Stefán Már Stefánsson lagaprófessor, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
818. fundur — 8. júlí 1992	Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis, Harald Aspelund sendiráðsritari, Heimir Steinsson, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Kristján Þorbergsson hrl., Jónas R. Jónsson dagskrárstjóri, Þorbjörn Broddason, formaður útvarpsréttarnefndar, Þórunn Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, Árni Páll Árnason frá utanríkisráðuneyti, Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, Þorvarður Jónsson, framkvæmdastjóri fjarskiptasviðs Pósts og síma,

Sigvaldi Hrafn Jósafatsson, forstöðumaður í sérverkefnum hjá Samskipum hf.,
Pétur J. Eiríksson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Flugleiða,
Leifur Magnússon, formaður flugráðs,
Gunnar Helgi Hálfdanarson, formaður samtaka verðbréfafyrirtækja,
Guðmundur Hauksson, varaformaður samtaka verðbréfafyrirtækja,
Helgi Sigurðsson lögfræðingur,
Erlendur Lárusson, forstöðumaður Tryggingaeftirlits ríkisins,
Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri Tryggingaeftirlits ríkisins,
Þórður Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabankans,
Sigurjón Gunnarsson, varaformaður Sambands íslenskra bankamanna,
Baldur Óskarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra bankamanna,
Ólafur B. Thors, formaður Sambands íslenskra tryggingafélaga,
Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga.

819. fundur — 9. júlí 1992

Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis,
Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti,
Guðmundur Rúnar Guðmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti,
Áslaug Guðmundsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti,
Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðju ríkisins,
Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR,
Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands,
Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins,
Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar,
Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar,
Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins,
Georg Ólafsson verðlagsstjóri,
Birgir L. Jónsson, formaður Félags stórkaupmanna,

Stefán Guðjónsson, framkvæmdastjóri Félags stórkaupmanna,
Bjarni Finnsson, formaður Kaupmannasamtakanna,
Magnús Finnsson, varaframkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna,
Kjartan Ólafsson, formaður Sambands garðyrkjubænda,
Brynja Hjálmtýsdóttir, starfsmaður Sambands garðyrkjubænda,
Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytis,
Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytis,
Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda,
Jón Steindór Valdimarsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda,
Garðar Sverrisson, formaður Sölusamtaka lagmetis,
Jón Gíslason, formaður Matvælafræðingafélags Íslands.

820. fundur — 11. ágúst 1992

Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis,
Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti,
Lilja Ólafsdóttir, sendiráðunautur í utanríkisráðuneyti,
Georg Ólafsson verðlagsstjóri,
Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda,
Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur Stéttarsambands bænda,
Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneyti,
Jakob Ármannsson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis,
Gunnar Sigurðsson frá félagsmálaráðuneyti,
Hörður Lárusson frá menntamálaráðuneyti,
Þórarinn V. Þórarinson, framkvæmdastjóri VSÍ,
Hrafnhildur Stefánsdóttir frá VSÍ,
Kristján Jóhannsson frá VSÍ,
Ásmundur Stefánsson, formaður ASÍ,
Ari Skúlason frá ASÍ,
Örn Friðriksson frá ASÍ,
Birgir Björn Sigurjónsson frá BHMR,
Ásta Möller frá BHMR,
Eggert Lárusson frá BHMR,

	Svanhildur Kaaber frá Kennarasambandi Íslands, Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.
821. fundur — 24. ágúst 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
822. fundur — 28. ágúst 1992	Björn Þ. Guðmundsson lagaprófessor, Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
823. fundur — 7. september 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
824. fundur — 14. september 1992	Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
825. fundur — 21. september 1992	Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
826. fundur — 9. október 1992	Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
827. fundur — 12. október 1992	Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
828. fundur — 19. október 1992	Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
829. fundur — 26. október 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Pétur Gunnar Thorsteinsson sendifulltrúi, Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra.
830. fundur — 2. nóvember 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Pétur Gunnar Thorsteinsson sendifulltrúi, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Magnús Pétursson frá fjármálaráðuneyti,

	Bolli Þór Bollason frá fjármálaráðuneyti, Sigurður Guðmundsson frá Byggðastofnun, Helgi Bernódusson, forstöðumaður þingmálaskrifstofu Alþingis.
831. fundur — 6. nóvember 1992	Björn Þ. Guðmundsson lagaprófessor, Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, Hannes Hafstein sendiherra, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi.
832. fundur — 9. nóvember 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Benedikt Jónsson sendifulltrúi.
833. fundur — 16. nóvember 1992	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Pétur G. Thorsteinsson sendifulltrúi, Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneyti, Árni Kolbeinsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneyti.
834. fundur — 19. nóvember 1992	Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra.
835. fundur — 23. nóvember 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti.
836. fundur — 24. nóvember 1992	Þorsteinn Ingólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis, Gunnar Snorri Gunnarsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneyti, Magnús Gunnarsson, forstjóri SÍF, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, Benedikt Valsson, hagfræðingur FFSÍ.

Samtölur:

Fjöldi funda á undirbúningsstigi EES-viðræðna:	13
Fjöldi funda eftir að formlegar samningaviðræður voru hafnar	44
Fjöldi funda eftir að EES-samningurinn var undirritaður	25
Samtals fjöldi funda þar sem rætt var um EES	**82**

Fundinn 6. nóvember 1992, sem var eins konar málþing með lögfræðingum er samið höfðu skriflegar greinargerðir um stjórnarskrána og EES, sátu einnig þingmenn úr stjórnarskrárnefnd þingsins.

Fundurinn 24. nóvember 1992, þar sem rætt var sérstaklega um sjávarútvegssamning EB og Íslands, var sameiginlegur með sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Til viðbótar þessum fundum var rætt um EES og þróun mála í Evrópu á fundi utanríkismálanefndar með sendinefnd EB-þingsins 31. ágúst 1992.

Fylgiskjal II.

Aðilar sem sent hafa umsagnir um EES-samninginn til utanríkismálanefndar.

Í júní 1992 sendi utanríkismálanefnd EES-samninginn 66 aðilum til umsagnar. Svör bárust frá 35 aðilum og eru þeir eftirfarandi, í stafrófsröð:

Alþýðusamband Íslands.
Atvinnuleysistryggingasjóður.
Bandalag háskólamanna.
Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.
Bandalag íslenskra listamanna.
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.
Búnaðarfélag Íslands.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda.
Félag íslenskra iðnrekenda.
Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda.
Flugráð.
Hollustuvernd ríkisins.
Íslensk verslun.
Íslenskar sjávarafurðir.
Jafnréttisráð.
Lögmannafélag Íslands.
Meistara- og verktakasamband byggingamanna.
Neytendasamtökin.
Póst- og símamálastofnunin.
Rannsóknaráð ríkisins.
Ríkismat sjávarafurða.
Ríkisútvarpið.
Samband íslenskra kaupskipaútgerða.
Samband íslenskra tryggingafélaga.
Samband íslenskra viðskiptabanka.
Seðlabanki Íslands, bankaeftirlit.
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
Staðlaráð Íslands.
Stéttarsamband bænda.
Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.
Verðlagsstofnun.
Verslunarráð Íslands.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Öryrkjabandalag Íslands.

Fylgiskjal III.

Útgefin gögn er varða Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið.
(Skráin miðast við gögn á bókasafni Alþingis.)

Rit útgefin af Alþingi.

Skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis, mars 1992.

Skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis um stöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið, mars 1991.

Skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið, október 1990.

Áfangaskýrsla Evrópustefnunefndar Alþingis, VII. rit, maí 1990.

Skýrsla umhverfisráðherra um lagasetningu vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði og áhrif hans á umhverfismál. (Lögð fram á 115. löggjafarþingi, 1992.)

Ísland og Evrópa I.–VII. rit. Evrópustefnunefnd, Alþingi, 1990.

Rit útgefin af ýmsum aðilum.

Evrópuréttur. Réttarreglur og stofnanir Evrópubandalagsins.
Stefán Már Stefánsson. Iðunn, 1991.

Evrópubandalagið.
Gunnar G. Schram. Háskólaútgáfan, 1990.

Evrópustefnan. Aðlögun Íslands að þróun Evrópubandalagsins.
Gunnar Helgi Kristinsson. Öryggismálanefnd.

Evrópska efnahagssvæðið, meginatriði og skýringar.
Gunnar G. Schram. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 1992.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi.
Álitsgerð samin að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra. Reykjavík, júní 1992.

Evrópa 1992 og ríkisfjármálin.
Fjármálaráðuneytið, apríl 1991.

Erlent vinnuafl og frjáls atvinnu- og búseturéttur útlendinga.
Könnun unnin á vegum félagsmálaráðuneytisins og Alþýðusambands Íslands, janúar 1992.

Skýrsla um Evrópska efnahagssvæðið og umhverfismálin.
Umhverfisráðuneytið, Kristinn Sv. Helgason og Dr. Gunnar Steinn Jónsson, nóvember 1991.

EES-samningurinn og umhverfisvernd.
Umhverfisráðuneytið, 1992.

EES-samningurinn og ferðamál.
Spurningar og svör er varða ferðamálaiðnaðinn á Íslandi og þá sem við hann starfa. Davíð Stefánsson, samgönguráðuneytið, 1992.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði.
Stutt samantekt um helstu áhrif á íslensk iðnfyrirtæki. Félag íslenskra iðnrekenda, maí 1992.

EES og íslenskur vinnumarkaður.
ASÍ og BSRB, nóvember 1991.

Ísland og alþjóðasamstarf í menntamálum.
Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið, desember 1991.
Fjárfestingarreglur. Ísland, EES og EB.
Stefán Már Stefánsson. Félag Íslenskra iðnrekenda, 1992.
Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið.
Þjóðhagsstofnun, Reykjavík, september 1991.
Ísland og Evrópubandalagið.
Gunnar Helgi Kristinsson. Öryggismálanefnd, 1987.
Framsal ríkisvalds til Evrópubandalagsins.
Gunnar G. Schram. Háskólaútgáfan, 1990.
Evrópumarkaðshyggjan. Hagsmunir og valkostir Íslands.
Hannes Jónsson. Félagsmálastofnunin, 1990.
Hvað um þig? Íslensk iðnfyrirtæki og innri markaður EB 1992.
Iðntæknistofnun Íslands, júní 1990.
Ísland og Evrópubandalagið 1986. Stækkun EB og áhrif þess á útflutningsviðskipti Íslands frá 1961.
ICC, Landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins, 1987.
Hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins.
Ketill Sigurjónsson. Háskólaútgáfan, 1992.
Evrópsk samvinna og íslensk fyrirtæki.
Kristján Jóhannsson og Jón Steindór Valdimarsson. VSÍ, FÍI, 1989.
Samtök launafólks og Evrópubandalagið. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar til félagsmála í EB.
ASÍ, BSRB, 1989.
Íslenskur sjávarútvegur og Evrópubandalagið.
Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi 1989.
Evrópska efnahagssvæðið og byggðaþróun.
Byggðastofnun, desember 1990.
Sjávarútvegsreglur Evrópubandalagsins.
Stefán Már Stefánsson. Félag íslenskra iðnrekenda, september 1991.
Evrópubandalagið. Stofnanir og ákvarðanataka.
Þorsteinn Magnússon. Öryggismálanefnd, 1989.
Fjárfestingarreglur. Ísland, EES og EB.
Stefán Már Stefánsson. Félag íslenskra iðnrekenda, 1992.
Hjáríki. Staða Íslands samkvæmt samningsuppkastinu um EES.
Björn S. Stefánsson. 1992.
Greinargerð um ECU-tengingu íslensku krónunnar.
Seðlabanki Íslands, september 1991.

Rit gefin út af utanríkisráðuneytinu.

EES-upplýsingablöð utanríkisráðuneytisins (dreift ókeypis):

I. Vöruviðskipti.
- I.1 Ríkisstyrkir,
- I.2 Tollar, tollafgreiðsla og upprunareglur,
- I.3 Tæknilegar viðskiptahindranir,
- I.4 Samkeppnisreglur,
- I.5 Landbúnaður,
- I.6 Orkumál,
- I.7 Sjávarútvegsmál,
- I.7.i Tollar á útfluttar sjávarafurðir,
- I.8 Lyfjamál,
- I.9 Matvæli,
- I.10 Opinber innkaup og útboð,
- I.11 Hugverkaréttindi.

II. Þjónustu- og fjármagnsviðskipti.
- II.1 Fjármálaþjónusta,
- II.2 Flugmál,
- II.3 Skipaflutningar,
- II.4 Fjarskiptaþjónusta, útvarp og sjónvarp,
- II.5 Fjármagnshreyfingar,
- II.6 Vátryggingar.

III. Fólksflutningar.
- III.1 Atvinna og búseta,
- III.2 Almannatryggingar,
- III.3 Starfsréttindi,

IV. Jaðarmálefni.
- IV.1 Menntamál,
- IV.2 Umhverfismál,
- IV.3 Félagsmál,
- IV.4 Lítil og meðalstór fyrirtæki,
- IV.5 Neytendamál,
- IV.6 Rannsóknir og þróun,
- IV.7 Vinnuvernd,
- IV.8 Félagaréttur.

V.1. Stofnanir EES.

V.2. Yfirlit yfir lagabreytingar.

VI.1 Sögulegt yfirlit EFTA og EB.

Bæklingar sem utanríkisráðuneytið dreifir ókeypis:

Sjávarútvegsmál — EES-samningurinn, október 1992, 61 bls.
Samningurinn um EES (meginmál).
Ísland og EES (sent á hvert heimili).
The EEA Agreement (EFTA).
EES-samningurinn (EFTA).
EES og flugmál, samgönguráðuneytið, júlí 1992.
Framsaga utanríkisráðherra fyrir frumvarpi til laga um EES, 20. ágúst 1992.
Stjórnarskráin og EES-samningurinn.
Álit nefndar á vegum utanríkisráðuneytisins á því hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt fylgisamningum, brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Utanríkisráðuneytið, viðskiptaskrifstofa, ágúst 1992.

Önnur rit utanríkisráðuneytisins:

Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins sem lagðar eru til grundvallar í samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði.
Utanríkisráðuneytið viðskiptaskrifstofa, október 1990.
Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins: EB-gerðir sem til greina kemur að bætist við EES-samninginn.
Utanríkisráðuneytið, viðskiptaskrifstofa, nóvember 1992.

Fylgiskjal IV.

Fylgifrumvörp EES-samningsins.

I. EES-frumvörp sem lögð hafa verið fram á 116. þingi (25. nóvember 1992).

Dómsmálaráðuneyti:
1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Félagsmálaráðuneyti:
1. Frumvarp til laga um hópuppsagnir.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.
3. Frumvarp til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins.
4. Frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Fjármálaráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.
2. Frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 87/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.
3. Frumvarp til laga um vörugjald á ökutæki og eldsneyti.
4. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigði- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Iðnaðarráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.
3. Frumvarp til laga um staðla.
4. Frumvarp til laga um hönnunarvernd.

Landbúnaðarráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.
2. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.*
3. Frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, o.fl.*

Menntamálaráðuneyti:

Frumvarp til laga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

Samgönguráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984.

Sjávarútvegsráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, með síðari breytingum.
2. Frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.
3. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.
4. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

Umhverfisráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.
2. Frumvarp til laga um umhverfismat.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Utanríkisráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana o.fl.

Viðskiptaráðuneyti:

1. Frumvarp til laga um gjaldeyrismál.
2. Frumvarp til laga um innflutning.
3. Frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu.
4. Frumvarp til samkeppnislaga.
5. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru.
6. Frumvarp til laga um húsgöngu- og fjarsölu.
7. Frumvarp til laga um verðbréfasjóði.
8. Frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.
9. Frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands.
10. Frumvarp til laga um neytendalán.
11. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.
12. Frumvarp til laga um umboðssöluviðskipti.
13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.
14. Frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti.
15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé.*
16. Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.*

II. EES-frumvörp sem eftir er að leggja fyrir Alþingi (25. nóvember 1992).

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (umhverfisráðuneyti).
2. Frumvarp til laga um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um félagslegt öryggi (utanríkisráðuneyti — heilbrigðisráðuneyti).
3. Frumvarp til laga um eignarrétt að auðlindum í jörðu (iðnaðarráðuneyti).
4. Frumvarp til laga um virkjanarétt fallvatna (iðnaðarráðuneyti).
5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (landbúnaðarráðuneyti).
6. Frumvarp til laga um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði (viðskiptaráðuneyti).*
7. Frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög og um breytingu á lögum um Samábyrgð Íslands að fiskiskipum (heilbrigðisráðuneyti).

8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 68/1985, útvarpslögum (menntamálaráðuneyti).
9. Frumvarp til laga um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera (umhverfisráðuneyti).*
10. Frumvarp til laga um almannatryggingar (heilbrigðisráðuneyti).
11. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi (heilbrigðisráðuneyti).
12. Frumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum (heilbrigðisráðuneyti).
13. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum (dómsmálaráðuneyti).
14. Frumvarp til laga um fólks- og vöruflutninga á landi (samgönguráðuneyti).
15. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1982, um flutningasamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi (samgönguráðuneyti).
16. Frumvarp til laga um stærri hlutafélög (viðskiptaráðuneyti).*
17. Frumvarp til laga um smærri hlutafélög (viðskiptaráðuneyti).*
18. Frumvarp til laga um samvinnufélög (viðskiptaráðuneyti).*
19. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1968, um bókhald (fjármálaráðuneyti).*

* Aðlögunartími er til 1. janúar 1995.

Fylgiskjal V.

Bréf formanns landbúnaðarnefndar til utanríkismálanefndar.

(24. nóvember 1992.)

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur haft til ítarlegrar umfjöllunar málefni landbúnaðarins að því er varðar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, einkum þó ákvæði bókunar 3 við samninginn sem geymir ákvæði um fríverslun um landbúnaðarafurðir. Þar sem ýmis atriði bókunarinnar þóttu óljós fékk nefndin á fund sinn fulltrúa frá landbúnaðarráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu til umfjöllunar um málið. Fyrstu viðræður við þá fulltrúa leiddu ekki til nægilega skýrrar niðurstöðu að mati nefndarinnar og voru því með bréfi dags. 18. september 1992 lagðar fram skriflegar spurningar til framangreindra ráðuneyta. Með því að svör þau, er nefndinni bárust, dags. 2. október 1992 og 8. október 1992, þóttu enn ekki leiða í ljós hver réttur Íslands samkvæmt bókuninni í rauninni væri var með bréfi dags. 30. október 1992 leitað til Tryggva Gunnarssonar hrl. um lagalega túlkun þessa efnis. Með bréfi dags. 16. nóvember 1992 barst landbúnaðarnefnd sameiginleg álitsgerð undirrituð af fulltrúum fjögurra ráðuneyta, utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Lokaumfjöllun nefndarinnar um þetta mál fór fram 24. nóvember 1992 og lagði þá Tryggvi Gunnarsson fram álitsgerð um fyrrgreindan þátt samningsins. Þessi gögn eru hér með send háttvirtri utanríkismálanefnd.

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson,
formaður landbúnaðarnefndar.

Fylgiskjal VI.

Greinargerð utanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna og landbúnaðarráðuneytis um spurningar landbúnaðarnefndar um bókun 3 við EES-samninginn.[1]

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur beint ýmsum spurningum til ráðuneytanna varðandi bókun 3 við EES-samninginn. Samningaviðræðum um þá bókun er ekki lokið, en ýmislegt hefur skýrst á undanförnum vikum. Öll ofangreind ráðuneyti hafa komið að þessum samningum. Samningaviðræður um 2.–7. viðbæti hófust á þessu ári og hafa fulltrúar allra ráðuneyta tekið þátt í því starfi frá því í september sl. Að neðan eru sameiginleg svör þeirra við spurningum nefndarinnar.

1.1. Hvenær má búast við að náð verði samkomulagi um innihald 2.–7. viðbætis?

Samningum um 2.–7. viðbæti átti að vera lokið fyrir júlíbyrjun en þeir hafa dregist á langinn. Nú er stefnt að samkomulagi fyrir nk. áramót. Á meðan ekki næst samkomulag um bókun 3 í EES-samningnum gildir bókun 2 í fríverslunarsamningnum milli Íslands og EB. Ráðgert er að bókun 3 taki gildi 1. júlí 1993 ef samkomulag næst.

1.2. Hvert má ætla að verði innihald þeirra (t.d. hvaða hráefni munu falla undir verðjöfnun og hverjar verðviðmiðanir verða)?

Í 2. viðbæti verður skrá yfir hráefni sem falla undir verðjöfnun. Nokkur þróun hefur orðið í samningagerðinni undanfarið og er ásættanlegt samkomulag um flest atriði fyrir Ísland. Að því er varðar hráefni, sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir Ísland, hefur verið samþykkt að egg, kjöt og mjólkurafurðir, þar á meðal mjólkurfita, verði á listanum. Enn er ágreiningur um lágmarkskjötinnihald vöru til þess að verðjafna megi (tekist er á um 1–10%) og ekki er enn frágengið á hvaða hátt verður unnt að fá viðurkenningu á tvenns konar verði á mjólkurfitu (auk eggjahvítu) sem Ísland hefur gert kröfu um.

[1]Fylgiskjöl, sem vísað er til í greinargerðinni, eru ekki birt hér.

Hráefnalistinn í 2. viðbæti eins og hann nú stendur fylgir (fskj. 1).

Í 6. viðbæti verður listi yfir hráefni sem tilkynnt verður verð á. Í 7. viðbæti verða stuðlar til þess að reikna út verð á þeim hráefnum sem ekki eru talin í 6. viðbæti. Þótt endanleg niðurstaða verði sú að eitthvert hráefni verði ekki á listanum í 6. viðbæti kemur það ekki í veg fyrir að unnt verði að leggja verðjöfnunargjald á það ef hráefnið verður á lista í 7. viðbæti.

Um viðmiðunarverð segir í 6. gr. bókunar 3: „Tilkynnt [hráefnisverð] skal endurspegla raunverulegt verðlag á yfirráðasvæði samningsaðila. Þetta skal vera það verð sem vinnsluiðnaður greiðir yfirleitt á heildsölu- eða framleiðslustigi. Ef hráefni úr landbúnaði er fáanlegt til vinnsluiðnaðar, eða einhverrar greinar hans, á lægra verði en á innanlandsmarkaði skal laga tilkynninguna til samræmis við það."

Samkvæmt þessari grein verður almenna reglan sú að raunveruleg hráefnisverð verða tilkynnt EES-nefndinni og hún staðfestir þau. Eins og samningar standa nú er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar raunveruleg hráefnisverð eru ekki fáanleg megi nota svonefnd stofnanaverð.[1]

Nánar er fjallað um samningsstöðuna í meðfylgjandi frásögn af sérfræðingafundi um verðjöfnunarkerfi 9.–10. nóvember sl. (fskj. 2) og í símbréfi frá sendiráðinu í Brussel nr. 608F, dags. 12. nóvember 1992 (fskj. 3).

1.3. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til að tryggja hagsmuni Íslands í samningum um 2.–7. viðbæti?

Ríkisstjórninni ber að gæta hagsmuna allra viðkomandi aðila í þessu sambandi, svo sem neytenda, ríkissjóðs, iðnaðarins og landbúnaðarins. Til þess að tryggja þessa hagsmuni hafa sérfræðingar utanríkisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna, landbúnaðarráðuneytisins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins sótt sérfræðingafundi þar sem fjallað er um 2.–7. viðbæti. Þessir fulltrúar hafa haft samráð við hagsmunaaðila utan stjórnkerfisins eins og kostur er.

2. Nær verðjöfnun á hráefni samkvæmt samningnum einvörðungu til framleiðslukostnaðar hjá bændum eða kemur hlutur vinnslustöðva einnig til verðjöfnunar?

Hlutur vinnslustöðva kemur einnig til verðjöfnunar á þeim hráefnum sem verða á listanum í 2. viðbæti. Um þetta er fjallað í 6. gr. bókunar 3. Sjá svar við spurningu 1.2.

3.1. Textinn skýrir ekki rétt til verðjöfnunargjalda gagnvart þeim vörum sem innflutningsbann hefur hvílt á fyrir samningsgerðina og er því umdeildur.

Íslensk stjórnvöld eru sammála um túlkun textans og framkvæmd samningsins. EB hefur ekki mótmælt þeirri túlkun að Ísland geti ýmist haldið núgildandi innflutningsbönnum eða lagt full verðjöfnunargjöld á allar vörur sem innflutningsbann hefur hvílt á eins og nánar er útskýrt í svari við næstu spurningu.

---

[1]Um stofnanaverð sjá 4. gr. í drögum að 6. viðbæti við bókun 3, sem fylgja bréfi sendiráðsins í Brussel nr. 608F, 12. nóvember 1992.

Þessi skilningur varðandi beitingu jöfnunargjalda var staðfestur á ríkisstjórnarfundi 11. ágúst 1992. Landbúnaðarráðherra gaf út sérstaka yfirlýsingu f.h. ríkisstjórnarinnar um framkvæmdina (sjá fskj. 4). Sjá enn fremur frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992, bls. 86–87. Einnig vísast í minnisblað samningamanna um fund með framkvæmdastjórn EB 4. desember 1991 (fskj. 5).

3.2. Nauðsynlegt er að skýrt verði nákvæmlega hvaða verndar þessar vörur eigi að njóta.

Einu vörurnar sem EES-samningurinn opnar fyrir innflutning á umfram það sem gildir í dag eru eftirtaldar vörur. Á þær má leggja óheft verðjöfnunargjöld:

0403.10 Jógúrt, bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói.
0403.90 Vissar sýrðar mjólkurafurðir bragðbættar með ávöxtum, hnetum eða kakói.
1517.10 Smjörlíki sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga.
1517.90 Aðrar olíublöndur sem innihalda meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga.

Enn fremur er heimilt að leggja óheft verðjöfnunargjöld á vörur í eftirgreindum tollflokkum sem *ekki* hefur verið innflutningsbann á, þ.e. á allar þær vörutegundir í töflu 1 í bókun 3 sem skipta Ísland einhverju máli. Þær eru:

1806 Súkkulaði o.fl.
1901 Maltkjarni o.fl.
1902 Pasta o.fl.
1905 Brauð o.fl.
2007 Sulta o.fl.
2103 Sósur o.fl.
2104 Súpur o.fl.

3.3. Nauðsynlegt er að skýrt verði . . . hvar í samningsgerðinni sé að finna ákvæði er tryggi hagsmuni Íslands í þessum efnum.

Réttur Íslands til þess að beita óheftum verðjöfnunargjöldum á ofangreinda vöruflokka kemur fram í 1. mgr. 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3. Hún hljóðar svo:

„Að því er Ísland varðar skal það hámark verðjöfnunarfjárhæða, sem lagðar eru á við innflutning og gert er ráð fyrir í 9. gr. bókunarinnar, ekki gilda um Ísland vegna vara í ST-nr. 0403, 1517, 1806, 1901, 1902, 1905, 2007, 2103, 2104."

9. gr. bókunar 3 hljóðar svo:

„Hámark verðjöfnunarfjárhæða.

Samningsaðili skal ekki leggja á framleiðsluvöru frá öðrum samningsaðila breytilegt verðjöfnunargjald sem er hærra en sá tollur eða fastagjald sem hann lagði á viðkomandi vöru samningsaðilans 1. janúar 1992. Þetta hámark á einnig við hafi tolli eða fastagjaldi verið stýrt með tollkvóta en ekki hafi viðkomandi vara heyrt undir verðjöfnunaraðgerðir 1. janúar 1992, auk tollsins eða fastagjaldsins."

Því hefur verið haldið fram að ekki sé heimilt að banna innflutning á rjómaís með kakóinnihaldi vegna ákvæða bókunar 2 við fríverslunarsamninginn frá 1972, 120. gr.[1] EES-samningsins og 11. gr. bókunar 3. Þetta er á misskilningi byggt. Ívitnaðar greinar (120. gr. og 11. gr.) eru almenn ákvæði, en 1. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3, sbr. 13. gr. bókunar 3, er sérákvæði. 13. gr. bókunar 3 hljóðar svo:

„Í 4.–6. gr. 1. viðbætis er fjallað um sérstakt fyrirkomulag vegna Austurríkis, Finnlands, Íslands og Noregs."

Samkvæmt almennum túlkunarreglum ganga sérreglurnar fyrir hinum almennu ef þær stangast á. Samkvæmt 13. gr. gildir slík sérregla um fyrirkomulag vegna Íslands og ganga ákvæði hennar því fyrir.

3.a.1. Tekur takmörkunarákvæði 2. mgr.[2] 2. tölul. 5. gr., sem er undanþága Íslands frá ákvæðum 9. gr., til þeirra vara sem falla undir þau tollnúmer sem eru tilgreind í 1. mgr. töluliðarins?

Nei. Íslensk stjórnvöld eru sammála um að svo sé ekki og telja reyndar engan vafa leika á því þótt orðalag ákvæðisins hefði mátt vera skýrara. Sjá svar við spurningu 3.2.

3.a.2. Sé svo ekki, hvert er samhengi þessara tveggja málsgreina?

Síðari málsgreinin tekur til allra tollnúmera í töflu 1 við bókun 3 nema tollnúmera í fyrri málsgreininni (og tollnúmera í 1. tölul.). Sjá svar við spurningu 3.2.

3.b.1. Taka takmörkunarákvæði 2. mgr. [2. tölul. 5. gr.] í texta undanþágunnar frá 9. gr. til annarra tollnúmera en eru talin upp í 1. mgr. og þá til hverra?

Já. Sjá svar við spurningu 3.2.

3.b.2. Sé svo ekki, við hvað á þá texti 2. mgr. 2. tölul.?

Á ekki við. Sjá svar við spurningu 3.2.

3.c. Hvaða áhrif hafa ákvæði um takmarkanir á töku verðjöfnunargjalda, sem felast í 9. gr. [bókunar 3] og 5. gr. [1. viðauka], á möguleika Íslands til að beita fullum verðjöfnunargjöldum skv. 2.[3], 6.[4] og 8.[5] gr. í bókun 3?

---

[1]Greinin hljóðar svo:

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41, 43 og 44 skulu ákvæði samningsins ganga framar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

[2]Málsgreinin hljóðar svo:

Upphæð aðflutningsgjalda, sem lögð eru á við landamærin, skal þó aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á við innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.

[3]Almenn meginregla um verðjöfnun.

[4]Viðmiðunarverð.

[5]Mismunur á viðmiðunarverði.

Ákvæði 9. gr. bókunar 3 og 2. mgr. 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3 takmarka möguleika Íslands til að beita fullum verðjöfnunargjöldum þannig að þau gjöld mega ekki vera hærri á þeim vörum sem taldar eru upp í töflu 1 en aðflutningsgjöld[1] voru á þeim árið 1991, að undanskildum þeim vörum sem taldar eru upp í 1. mgr. 2. tölul. 5. gr. (og 1. tölul. 5. gr. 1. viðbætis). Hámark verðjöfnunargjalda á þessum vörum verður:

Vöruflokkur	Vöruheiti	Hámark (%)
0710.40	Sykurmaís (maískorn)	30,00
0711.90	Sykurmaís (maískorn)	30,00
1302.20	Pektínefni, pektínöt og peköt	0,00
1702.50	Kemískt hreinn ávaxtasykur (frúktósi)	0,00
1704	Sætindi án kakóinnihalds	36,25
1903.0001	Tapíókamjöl o.s.frv., 5 kg umbúðir eða minni	100,00
1903.0009	Tapíókamjöl — stærri umbúðir	50,00
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum	20,00
2001.90	Sykurmaís	0,00
2004.10	Kartöflumjöl	120,00
2004.90	Sykurmaís	0,00
2005.20	Kartöflumjöl	100,00
2005.80	Sykurmaís	0,00
2008.11	Hnetusmjör	5,00
2008.92	Blöndur að meginstofni úr korni	0,00
2008.99	Maís	0,00
2101.10, 20 og 30	Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, te o.s.frv.	5,00
2102.10 og 20	Ger	0,00
2102.30	Bökunarduft	5,00
2106.1000	Próteinseyði og textúruð próteinefni	0,00
2106.9011	Ávaxtasafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri	31,25
2106.9019	Ávaxtasafi, ógerjaður og ósykraður í öðrum umbúðum	36,25
2106.9021	Áfengislaus efni til framleiðslu á drykkjarvörum	31,25
2106.9029	Önnur efni til framleiðslu á drykkjarvörum	36,25
2106.9031, 9039	Búðingsduft	5,00
2106.9041	Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó	36,25
2106.9042	Ávaxtasúpur og grautar	5,00
2106.9049	Annað	0,00
2203.0001	Öl með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli.	36,25

[1]Með aðflutningsgjöldum er átt við tolla, vörugjöld, jöfnunargjöld, verðjöfnunargjöld og sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

Taka má tillit til niðurgreiðslna innan lands þegar hámark verðjöfnunargjalds er reiknað skv. 2. gr. bókunar 3. Ekki hefur þótt ástæða til að niðurgreiða vörurnar í neðangreindri töflu.

2203.0009	Annað	0,00
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum o.s.frv.	0,00
2206.50 og 90	Gin og genever og líkjörar o.s.frv.	0,00
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksýru	0,00
2095.43 og 44	Mannitól og sorbítól	0,00
3505	Dextín, önnur umbreytt sterkja og þess háttar	0,00
3809.10	Áferðar- og íburðarefni o.s.frv.	0,00
3823.60	Sorbítól	0,00

Hefðu niðurgreiðslur tíðkast á þessum vörum á árinu 1991 mætti við afnám þeirra eða lækkun hækka verðjöfnun sem því nemur.

3.d.1. Eftir hverju fer það hámark verðjöfnunarfjárhæða sem er ákveðið með takmörkunum skv. 9. gr. eða eftir 5. gr. 1. viðbætis?

Hámark verðjöfnunarfjárhæða er samanlögð aðflutningsgjöld (og niðurgreiðslur) á árinu 1991 sem fyrr segir.

Rétt er að benda á að með tilkomu bókunar 3 verður verð á landbúnaðarvörum erlendis miðað við lægsta EES-verð en ekki heimsmarkaðsverð eins og verið hefur. Þetta gerir það að verkum að verðjöfnunargjöld á innfluttum vörum frá EES-ríkjum lækka sem þessu nemur, í sumum tilfellum allt að 60–70%. Um þetta er fjallað í 8. gr. bókunar 3 sem hljóðar svo: „Verðjöfnunarfjárhæð hvers hráefnis skal ekki vera hærri en sem nemur muninum á innlendu viðmiðunarverði og lægsta viðmiðunarverði hjá nokkrum samningsaðila."

Verðjöfnunargjald á unnar landbúnaðarafurðir reiknast því sem mismunur landbúnaðarhráefnisverðs að teknu tilliti til magns hráefnis í viðkomandi afurð.

Þá er enn fremur rétt að fram komi að ekki er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald geti orðið hærra en sem nemur hámarki gjalda sem Ísland hefur skuldbundið sig til að nota samkvæmt ákvæðum í gildandi GATT-samningi.

3.d.2. Er það bundið í krónutölu eða sem hlutfall af verði?

Sem hlutfall af verði, þ.e. þeirri prósentutölu aðflutningsgjalda sem lagðist á tollverð þessara vara á árinu 1991.

3.d.3. Verða þau jöfnunargjöld verðtryggð sem ákvarðast af hámarki sem tiltekin krónutala?

Engin jöfnunargjöld takmarkast af krónutölu. Sjá næsta svar á undan við spurningu 3.d.2 og heildarlista í svari við spurningu 3.c.

4.a. Hindrar undanþáguákvæði 5. gr. bókunar 3 innflutning á ís til manneldis eða verður hann heimill með tilvísun til bókunar 2?

Undanþáguákvæði 1. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3 hindrar innflutning á ís til manneldis. Hægt er að beita innflutningsbanni með vísun í það ákvæði eins og fyrr segir.

4.b.1. Hvernig ber að túlka 9. gr. bókunar 3 og 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3?
Túlkun þessara ákvæða hefur verið lýst hér að ofan.

4.b.2. Hver má ætla að lagalegur réttur Íslands sé ef til ágreinings kemur um skilning aðila á tilgreindum ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?
Eftirfarandi möguleikar eru fyrir hendi samkvæmt EES-samningnum:

1. EB getur tekið málið upp í sameiginlegu EES-nefndinni, skv. 111. gr. EES-samningsins. Ef ekki næst samkomulag þar getur
2. EB, fræðilega séð, tekið málið upp í EES-ráðinu skv. 89. gr. EES-samningsins. Ef ekki næst samkomulag, hvorki í EES-nefndinni eða EES-ráðinu, hefur EB engin önnur úrræði samkvæmt samningnum en að
3. beina málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA. Sama á við um EFTA-ríkin og einkaaðila, en Eftirlitsstofnunin ræður því hvort hún tekur málið upp. Ef samkomulag næst ekki getur stofnunin borið málið undir EFTA-dómstólinn. Niðurstaða hans yrði bindandi fyrir Ísland.
4. EFTA-ríki getur borið málið upp í fastanefnd EFTA. Ef ekki næst samkomulag þar getur
5. EFTA-ríki borið þetta mál upp við EFTA-dómstólinn, þótt ólíklegt sé að sú leið verði farin. Niðurstaða hans yrði bindandi fyrir Ísland.
6. Einkaaðili á Íslandi gæti höfðað mál fyrir íslenskum dómstólum. Dómstólunum ber hins vegar að fara að íslenskum lögum, en bókun 3 verður ekki lögfest. Stefnandi yrði því að byggja á meginmáli EES-samningsins, t.d. 8. gr. samningsins og 3. gr. EES-frumvarpsins, ef samþykkt verður, sem kveður á um að skýra beri lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Dómstólar geta hins vegar ekki dæmt gegn skýrum vilja löggjafans.

Reykjavík, 16. nóv. 1992.

Fyrir utanríkisráðuneytið,
Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fyrir fjármálaráðuneytið,
Indriði H. Þorlákssson.

Fyrir iðnaðarráðuneytið,
Baldur Pétursson.

Fyrir landbúnaðarráðuneytið,
Guðmundur Sigþórsson.

Fylgiskjal VII.

Bréf formanns landbúnaðarnefndar til Tryggva Gunnarssonar hrl.
(30. október 1992.)

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur að undanförnu fjallað um bókun 3 með samningi um Evrópska efnahagssvæðið en þar er að finna ákvæði um fríverslun með landbúnaðarafurðir.

Þar sem ýmis atriði bókunarinnar eru óljós leitaði landbúnaðarnefnd Alþingis álits utanríkisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins um þau atriði með beiðni um nánari skýringar. Svör ráðuneytanna reyndust ekki fullnægjandi og er því spurst fyrir um eftirfarandi atriði:

a. Vörur sem eru undanþegnar samningnum.

Í núgildandi fríverslunarsamningi milli Íslands og EB er kveðið á um fríverslun með rjómaís og annan ís til manneldis (S.T. nr. 2105). Í 11. gr. bókunar 3 segir að ákvæði bókunar 2 haldi gildi hvað varðar þær vörur er bókun 3 nær ekki til.

Með því að rjómaís og annar ís með kakóinnihaldi fellur undir ákvæði bókunar 2 í núgildandi fríverslunarsamningi er óskað álits yðar á hvort undanþáguákvæði 5. gr. bókunar 3 hindri innflutning á ís til manneldis eða hvort innflutningur verður heimill með tilvísan til bókunar 2.

b. Vörur sem eru undanþegnar 9. gr. bókunar 3.

Í 9. gr. bókunar 3 er tekið fram að jöfnunargjald megi ekki fara fram úr því hámarki tolla og fastagjalds sem lagt var á 1. janúar 1992 milli landanna. Í 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis eru tilgreindir 9 tollflokkar sem skulu vera undanþegnir ákvæðum þessarar greinar. Samkvæmt skýringum utanríkisráðuneytisins er Íslandi heimilt að leggja á tilteknar vörur í þessum tollflokkum full verðjöfnunargjöld þrátt fyrir að undir þessum tölulið sé jafnframt tekið fram að upphæð aðflutningsgjalda, sem lögð eru á við landamærin, skuli þó aldrei vera hærri en það sem Íslands leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.

Spurt er: Hvernig ber að túlka þennan texta og hver má ætla að lagalegur réttur Íslands sé ef til ágreinings kemur um skilning aðila á tilgreindum ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson,
formaður landbúnaðarnefndar Alþingis.

Fylgiskjal VIII.

Kaflar úr álitsgerð Tryggva Gunnarssonar hrl. til landbúnaðarnefndar Alþingis um túlkun á tilteknum ákvæðum bókunar 3 með EES-samningnum.[1]

(23. nóvember 1992.)

Í samræmi við reglu 120. gr. EES-samningsins er það niðurstaða mín miðað við fyrir-

[1]Sjá fylgiskjal VII.

liggjandi gögn og upplýsingar að 1. tölul. 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3 í EES-samningnum gangi framar ákvæðum bókunar 2 í fríverslunarsamningi Íslands og EB varðandi rjómaís með kakóinnihaldi. Samkvæmt þessu fær Ísland rýmri heimild með tilkomu EES-samningsins til að setja innflutningstakmarkanir á rjómaís og annan ís til manneldis sem inniheldur kakó en Ísland hefur nú samkvæmt fríverslunarsamningi Íslands og EB.

Eins og tekið er fram í lokamálslið 1. tölul. 5. gr. viðbætisins er þetta þó bráðabirgðafyrirkomulag sem samningsaðilunum ber að taka til endurskoðunar fyrir árslok 1998.

Þótt með þessu sé verið að þrengja viðskiptafrelsi í samskiptum þessara aðila frá því sem ýtrasta túlkun á gildandi fríverslunarsamningi milli aðilanna ætti að leiða til og slík niðurstaða sé almennt í mótsögn við meginmarkmið EES-samningsins um aukið frelsi á þessu sviði girðir það ekki fyrir að samningsaðilar komi sér saman um einstakar undantekningar í því efni. Það getur hins vegar leitt til þess að ágreiningur rísi um túlkun á slíkum ákvæðum og ef þau skýra sig ekki sjálf verður sá sem heldur fram þrengingu á fyrra viðskiptafrelsi að sýna fram á að slíka reglu sé að finna í samningum aðila. Þá kunna lýsingar aðila og gögn um tilurð ákvæða í samningum þeirra að skipta máli sem og venjur við skýringar á slíkum milliríkjasamningum og framsetning hliðstæðra ákvæða í þeim samningi sem um er deilt. Á móti kemur síðan að með umræddri undanþágu í EES-samningnum er Ísland að fá staðfestingu á framkvæmd sem viðgengist hefur og EB hefur ekki andmælt.

*

Þegar höfð er hliðsjón af markmiði þessa undanþáguákvæðis, eins og því er lýst af hálfu Íslands, verður ekki annað séð en það hefði þjónað litlum sem engum tilgangi ef eingöngu átti að miða við gjöld á árinu 1991 í stað 1. janúar 1992 varðandi umrædda níu vöruflokka. Munurinn var í raun aðeins jöfnunargjald upp á eitt prósentustig í hluta af þessum vöruflokkum. Það er almennt ekki trúverðugt að sá litli munur hafi orðið tilefni undanþáguákvæðis af þessu tagi. Með bókun 3 er m.a. verið að kveða á um fríverslun með ákveðna vöruflokka sem höfðu verið háðir innflutningstakmörkunum hér á landi. Sett er sú almenna regla að hámark verðjöfnunargjalda skuli miðast við álagða tolla og fastagjald á tilteknum tímapunkti. Án sérstaks fyrirvara af hálfu Íslands eða almenns ákvæðis í samningnum um sérstaka viðmiðun, þegar innflutningsbann hefur verið í gildi, hefði þetta leitt til þess að ekki var heimilt að leggja verðjöfnunargjald á vörur sem háðar voru innflutningsleyfi en áttu að bera 0% gjöld ef leyfi hefði fengist.

Þegar allt það sem rakið hefur verið hér að framan er virt er það niðurstaða mín að komi til ágreinings um túlkun umræddra ákvæðis séu líkur á að Ísland geti fært fram nægjanleg rök til þess að túlkun byggð á lögskýringarsjónarmiðinu eðli máls gangi framar beinu orðalagi við túlkun á lokamálslið 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3. Í samræmi við þessa niðurstöðu tekur sú viðmiðun aðflutningsgjalda, sem fram kemur í lokamálsliðnum, ekki til hámarks verðjöfnunarfjárhæða á þeim sérgreindu níu vöruflokkum sem um er fjallað í 2. tölul. Lokamálsliðurinn á hins vegar við aðrar vörur sem tilgreindar eru í töflu I og eru undir verðjöfnunarkerfinu.

Hvað varðar ákvörðun verðjöfnunarfjárhæða, sem lagðar eru á við innflutning á vörum í hinum níu sérgreindu vöruflokkum samkvæmt 2. tölul 5. gr. 1. viðbætis, gilda ákvæði bókunar 3 að undanskildri 9. gr. Það er markmið þessarar verðjöfnunar að mæta þeim mismun, sem er á kostnaði við þau hráefni úr landbúnaði sem notuð eru í umræddar vörur, í samningsríkjunum. Verðjöfnunargjöldin eru því lögð á til að gera innlenda

framleiðendur jafnsetta gagnvart innflutningi á sömu vöru frá hinum samningsríkjunum. Þó að formlega sé ekki í samningnum kveðið á um hámark verðjöfnunarfjárhæða á þeim níu vöruflokkum, sem tilgreindir eru í 2. tölul. 5. gr. 1. viðbætis, verður að telja að í því efni sé Ísland bundið við að ákveða ekki hærri verðjöfnunargjöld en færa má málefnaleg rök fyrir að þörf sé á til að mæta mismun á kostnaði við umrædda hráefnisþætti hér innan lands og í hinni innfluttu vöru frá EES-ríkjunum. Þarna er því ekki um að ræða heimild til að nota verðjöfnunargjöldin sem „tolla" umfram það sem nauðsynlegt er til að jafna samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar.

Það skal að síðustu tekið fram að þau atriði EES-samningsins, sem hér er fjallað um, eru ekki jafn glögg og greinileg og þörf hefði verið á til að taka af allan vafa um túlkun þeirra. Undirritaður hefur ekki haft aðstöðu til að kynna sér nema að takmörkuðu leyti gögn og vinnuskjöl um tilurð 5. gr. 1. viðbætis við bókun 3. Þá hef ég ekki kynnt mér hvaða afstöðu EB eða þeir sem stóðu að samningum um þetta atriði af þeirra hálfu hafa til túlkunar á þessum ákvæðum. Niðurstöður mínar eru því byggðar á þeim gögnum sem ég hef haft aðgang að, og ný gögn og skýringar kunna því hugsanlega að leiða til annarrar niðurstöðu. Sérstaklega á þetta við varðandi svör við síðari spurningunni.

Fylgiskjal IX.

Sjávarútvegsráðuneyti:

MINNISATRIÐI

Áhrif samnings um Evrópska efnahagssvæðið á íslenskan sjávarútveg.

(22. október 1991.)

1. Markaðsaðgangur.

Íslendingar hafa notið tollfríðinda við innflutning á sjávarafurðum til Evrópubandalagsins á grundvelli bókunar 6 í fríverslunarsamningi milli Íslands og EB frá 1972. Á grundvelli bókunar 6 hafa nálægt 60% af sjávarvöruútflutningi okkar til bandalagsins notið tollfrelsis. Á undanförnum árum hefur mikilvægi Evrópubandalagsmarkaðarins farið vaxandi en jafnframt hefur gildi bókunar 6 rýrnað vegna breyttra aðstæðna við stækkun bandalagsins og framfara í flutningstækni. Á árinu 1990 voru greiddar um 2.100 m.kr. í tolla vegna innflutnings íslenskra sjávarafurða til Evrópubandalagsins. Samkvæmt samningunum um Evrópskt efnahagssvæði verður veruleg breyting á þessu. Langstærstur hluti tolla af sjávarafurðum fellur niður, tæp 76% núverandi tollgreiðslna falla niður strax við gildistöku samningsins 1. janúar 1993 en þegar tollalækkanir verða komnar að fullu til framkvæmda 1. janúar 1997 verða tæplega 90% af núverandi tollgreiðslum niður fallnar (hvort tveggja miðað við samsetningu útflutnings 1990, sjá meðfylgjandi töflu). Samkvæmt því lækka árlegar tollgreiðslur um tæpar 1.900 m.kr. eftir að samningurinn hefur komið að fullu til framkvæmda. Ekki varðar minna að niðurfelling tolla ætti að geta skapað nýja möguleika til vöruþróunar og markaðssóknar á ýmsum sviðum þar sem tollmúrar hafa hingað til verið þrándur í götu þróunar.

Af mörgum mikilvægum afurðum eru tollar felldir niður með öllu strax frá gildis-

töku samningsins 1. janúar 1993. Ber þar fyrst og fremst að nefna *saltaðan þorsk og öll söltuð flök* en tollar af þessum vörum voru tæplega 1 milljarður vegna útflutnings á árinu 1990 eða tæp 50% af heildartollgreiðslum vegna útflutnings okkar til EB á því ári. Þá falla niður tollar af *ferskum þorski, ýsu og ufsaflökum* en tollgreiðslur af þessum afurðum voru um 250 m.kr. á árinu 1990 eða tæp 12% af heildartollgreiðslum okkar. Hér er þó meira um vert að með niðurfellingu þess 18% tolls, sem á þessar vörur hefur verið lagður, opnast nýir og mikilvægir möguleikar til verkunar og útflutnings á ferskum unnum sjávarafurðum sem skila háu verði. Sömu áhrif hefur niðurfelling tolls á *söltuð síldarflök*. Hár tollur hefur hingað til að mestu komið í veg fyrir útflutning á þennan markað en vegna sviptinga í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu er brýnt að afla nýrra markaða fyrir saltsíldariðnaðinn. Þá falla frá 1. janúar 1993 niður tollar af *skreið* (þurrkuðum þorski) en af þeim útflutningi voru greiddar um 70 m.kr. í toll á árinu 1990. Að auki fellur strax niður tollur af ferskri og frosinni lúðu og grálúðu og flökum af þessum tegundum samtals um 85 m.kr. Þá fellur niður tollur af ferskum og heilfrystum þorski, ýsu og ufsa.

Af öllum öðrum sjávarafurðum en þeim sem tollar verða felldir niður af að fullu og þeim sem fjallað er um í næstu málsgrein lækka tollar í árlegum áföngum um 70% á fimm árum talið frá og með 1. janúar 1993. Að aðlögunartímabilinu loknu verða því einungis eftir 30% af núverandi tollum á þessum vöruflokkum. Eins og áður sagði leiðir þessi lækkun til að núverandi tollagreiðslur lækka um 14% til viðbótar þeirri 76% lækkun sem verður 1. janúar 1993. Frá ársbyrjun 1997 verða tollar af sjávarafurðum, innfluttum til bandalagsins því aðeins um 10% af núverandi tollum.

Örfáar sjávarafurðir njóta engra tollalækkana samkvæmt samningnum. Eru það tegundir sem Efnahagsbandalagið telur sérstaklega viðkvæmar en þeirri afstöðu varð ekki haggað í samningaviðræðum við bandalagið varðandi þessar tegundir. Það sem Íslendinga skiptir máli í þessu efni er humar, síld, önnur en söltuð síldarflök, og lax. Þegar á heildina er litið er mikilvægi þessara tegunda í útflutningi á markað Evrópubandalagsríkjanna þó svo hverfandi að tollar á þeim ráða ekki úrslitum þegar gildi samningsins í heild er metið. Tölurnar tala þar sínu máli. Eftir að samningurinn verður að fullu kominn til framkvæmda verða niður fallnir um 90% af heildartollum sem nú eru greiddir af sjávarafurðum okkar við útflutning til bandalagsins. Ákvæði bókunar 6 munu halda gildi sínu og samanlagt munu þessir samningar tryggja okkur niðurfellingu á 95–96% af sjávarafurðatollum EB.

2. Fjárfestingar.

Samkvæmt samningnum geta Íslendingar haldið núverandi ákvæðum varðandi fjárfestingar og eignarhald erlendra aðila í sjávarútvegi. Samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri frá 1990 mega íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar eru sett sömu skilyrði fyrir því að aðili megi eiga og reka fyrirtæki á Íslandi til vinnslu sjávarafurða.

3. Gagnkvæmar veiðiheimildir.

Í tengslum við samningana um Evrópskt efnahagssvæði verður gerður tvíhliða samningur milli Íslands og Evrópubandalagsins um samstarf á sviði sjávarútvegsmála. Flest efnisákvæði slíks samnings liggja fyrir en endanlega verður gengið frá samningnum síðar, líklega ekki fyrr en á næsta ári. Þar verður kveðið á um vísindasamstarf, nýtingu sam-

eiginlegra stofna (kolmunna) og skipti á gagnkvæmum jafngildum veiðiheimildum. Er gert ráð fyrir að árlega verði gert sérstakt samkomulag á grundvelli slíks rammasamnings. Við það er miðað að Efnahagsbandalagsþjóðir fái heimild til veiða á 3.000 karfaígildistonnum við Ísland en í staðinn fái íslensk skip heimild til að veiða u.þ.b. 30.000 tonn af þeim hluta loðnukvótans sem Evrópubandalagið hefur samið um að fá frá Grænlendingum. Af hálfu Íslands hefur verið lagt til að 70% af veiðiheimildum bandalagsríkjanna verði langhali en 30% karfi. Eftir er að ganga endanlega frá samningum að þessu leyti en bandalagið hefur látið í ljós ósk um að veiða einungis karfa. Þar sem vitneskja um útbreiðslu og afrakstursgetu langhalastofnsins er af skornum skammti er ljóst að auka þarf rannsóknir verulega á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að einstök skip Efnahagsbandalagsríkjanna sæki fyrir fram um leyfi til þessara veiða og að slíkt leyfi verði aðeins veitt takmörkuðum fjölda skipa. Skipin yrðu bundin við fyrir fram ákveðin takmörkuð veiðisvæði og veiði yrði aðeins heimil á tilteknum tíma ársins (síðari hluta árs). Um veiðarnar gilda almennar íslenskar reglur varðandi möskvastærð, lokun veiðisvæða o.s.frv. Skipunum verður gert að tilkynna sig til Landhelgisgæslu er þau sigla inn í íslenska lögsögu og yfirgefa hana. Gert er ráð fyrir að um borð í skipunum verði að jafnaði íslenskur veiðieftirlitsmaður á kostnað útgerðar skipsins. Leyfi mun ekki verða veitt til skipa er vinna aflann um borð. Veiðar íslenskra skipa á loðnu, sem í þeirra hlut fellur, munu fara eftir íslenskum reglum og ákvæðum þríhliða samnings milli Íslands, Grænlands og Noregs um loðnuveiðar. Samkvæmt núgildandi ákvæðum gætu íslensk skip veitt þennan loðnukvóta hvort sem væri í íslenskri lögsögu eða lögsögu við Grænland eða Jan Mayen.

Fylgiskjal X.

Hannes Hafstein:

Greinargerð um söltuð síldarflök í EES-samningi.[1]

(20. febrúar 1992.)

Tollflokkur CN 0305 30 90 fellur undir töflu II í viðauka 2 við bókun 9 með samningi um EES og verður þar með tollfrjáls við gildistöku samningsins. Undir þennan tollflokk falla m.a. söltuð síldarflök og er það atriði staðfest af hálfu Evrópubandalagsins, sbr. hjálagt bréf sjávarútvegsdeildar EB, dags. 14. nóvember 1991 (fskj. 1).

Nákvæm skilgreining á því hvað falli undir einstök tollskrárnúmer er viðtækara mál en svo að um það sé yfirleitt samið í viðskiptasamningum milli einstakra ríkja eða ríkjasamtaka. Tollasamvinnuráðið (Customs Cooperation Council) er sá alþjóðavettvangur þar sem sú vinna er framkvæmd og hafa verið gefnar út víðtækar skilgreiningar og leiðbeiningar um tollaflokkanir á vegum ráðsins.

Nokkrar vísbendingar um flokkun einstakra tegunda saltsíldarflaka með aukefnum er að finna í útgefnum leiðbeiningum Tollasamvinnuráðsins (fskj. 2), „Harmonized Com-

[1]Fylgiskjöl, sem vísað er til í greinargerðinni, eru ekki birt hér.

modity Description and Coding System, Explanatory Notes". Í skýringum við kafla 03.05. segir m.a.: „The salt used in the preparation of fish, salted or in brine, may contain added sodium nitrite or sodium nitrat. Small quantity of sugar may be used in the preparation of salted fish without affecting the classification of the fish in this heading." Síðar í skýringum Tollasamvinnuráðsins stendur:

„The heading does not cover:

(a) Cooked fish (subject to the above provisions regarding smoked fish) and fish prepared in any other way, for example preserved in oil or *vinegar* or in a marinade, and caviar substitutes (heading 16.04)."

Síldarútvegsnefnd, sem flokkar söltuð síldarflök eftir mismunandi framleiðsluaðgerðum, vill að eftirtalin flök, við innflutning til EB-ríkja, flokkist undir tollflokk CN 0305 30 90 og njóti þannig tollfrelsis.

1. Saltflök				
— léttsöltuð	saltinnihald	7–10%		
— millisöltuð	"	10–13%		
— harðsöltuð	"	13–16%		
2. Sykurflök	"	10–13%	sykurinnihald	1–3,5%
3. Kryddflök	"	10–13%	"	1–3,5%
4. Edikflök	"	4–8%	edikinnihald	0,5–2,5%

Í byrjun desember 1991 leitaði sendiráðið í Brussel eftir áliti skrifstofu Tollasamvinnuráðsins á tollskrárflokkun saltsíldarflaka samkvæmt framangreindri lýsingu Síldarútvegsnefndar og fylgir það álit, dags. 12. desember 1991, hér með (fskj. 3). Samkvæmt því telur skrifstofa ráðsins rétt að flokka saltflökin, sykurflökin og kryddflökin undir 0305 (og þar með yrðu þau tollfrjáls í EES). Á hinn bóginn telur skrifstofan rétt, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að flokka edikflök undir tollskrárflokk 16.04. Sá tollflokkur er utan EES-samnings að því er síld varðar, en hins vegar njóta íslensk edikflök þá tollívilnunar við innflutning til EB á grundvelli bókunar nr. 6, þ.e. 10% í stað 20%, en sú bókun gildir áfram jafnhliða EES-samningi.

Í samningaviðræðunum um EES afhenti aðalsamningamaður Íslands aðalsamningamanni EB drög að bréfi, sem hann lagði ríka áherslu á að fá frá bandalaginu, til staðfestingar á því að aðilar væru sammála um að túlka bæri tollflokk nr. 0305 30 90 í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði svo að allar framangreindar tegundir saltsíldarflaka féllu þar undir.

Í framhaldi af viðræðum og könnun á þessu máli innan framkvæmdastjórnar EB voru svör samningamanna EB þau að hér virtist ekki um raunverulegt vandamál að ræða og að tollyfirvöld í aðildarríkjum EB virtust ekki túlka þessi mál á andstæðan hátt við álit síldarútvegsnefndar. Endurskoðun væri í gangi á nákvæmari tollfokkun einstakra vörutegunda með tilliti til notkunar aukefna. Þar eð þessi væri staða mála væri það eindregið ráð samningamanna EB að um málið yrði ekki fjallað að sinni og að þeirra álit væri að tilraun til breytinga á þessu stigi gæti haft óheppileg áhrif á endurskoðun varðandi aukefni. Varð málinu ekki frekar þokað.

Samkvæmt framansögðu virðist nokkuð ljóst að fyrstu þrír flokkarnir á lista síldarútvegsnefndar eiga að falla undir 0305 og njóta tollfrelsis. Sama gildir ekki um fjórða flokkinn, ediksöltuð flök, en þar gæti oltið nokkuð á skilgreiningu ediksins sem notað er, þ.e. hvort um er að ræða landbúnaðarvöruna edik (vinegar) eða kemískt framleidda

sýru. Síðari möguleikinn yki líkurnar á flokkun í 0305. Þetta atriði þarf nánari athugunar við en formleg niðurstaða fæst væntanlega ekki fyrr en endurskoðun á aukefnaskrá EB hefur verið lokið.

Fylgiskjal XI.

Skrá yfir gildandi lög í lagasafni þar sem fylgiskjal er lögfest.[1]

4/1926	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.
29/1931	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.
30/1932	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.
21/1934	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.
108/1935	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.
13/1948	Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
41/1949	Lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.
110/1951	Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.
72/1953	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.
18/1954	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.
62/1954	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.
52/1960	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

[1] Að jafnaði ekki lög sem vísa eingöngu í viðauka. Sjá þó tollalög.

102/1961 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

93/1962 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

74/1966 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

10/1968 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

98/1969 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

9/1970 Lög um Iðnþróunarsjóð.

16/1971 Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

80/1972 Lög um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

54/1973 Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

95/1973 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

7/1975 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

26/1976 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

42/1976 Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

18/1977 Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

4/1978 Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

44/1978 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

14/1979 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

48/1979 Lög um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

57/1979 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.
94/1980 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.
66/1981 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.
68/1981 Lög um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.
104/1984 Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.
111/1985 Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.
32/1986 Lög um varnir gegn mengun sjávar.
55/1987 Tollalög.
55/1989 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana.
46/1990 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

Skrá yfir gildandi lög í lagasafni þar sem vísað er til meðfylgjandi fylgiskjals og aðalefni laganna er ekki heimild fyrir ríkisstjórn.

9/1970 Lög um Iðnþróunarsjóð.
54/1973 Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.
18/1977 Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
57/1979 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.
32/1986 Lög um varnir gegn mengun sjávar.
55/1987 Tollalög. (Tollskrá er viðauki við lögin.)

373. Svar [245. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um stjórnarnefndir vinnumiðlunar.

1. *Í hvaða sveitarfélögum, fjölmennari en 500 manns, hefur verið skipuð stjórnarnefnd vinnumiðlunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 18/1985 og hvenær var það gert?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru hafa 56 sveitarfélög af 73, sem mánaðarlega senda vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins upplýsingar um skráð atvinnuleysi, ýmist skipað sérstakar stjórnir vinnumiðlunar eða falið öðrum aðilum verkefni, þ.e. atvinnumálanefndum eða félagsmálaráði.

2. *Í hvaða sveitarfélögum, fjölmennari en 500 manns, hefur ekki verið skipuð stjórnarnefnd vinnumiðlunar?*

Ekki kunnugt um nein sveitarfélög í hópi framangreindra 73. sveitarfélaga, sbr. svar við 1. spurningu.

3. *Hvernig hefur eftirliti ráðuneytisins verið háttað með framkvæmd laganna?*

Að því er varðar stjórnir vinnumiðlunar er öllum sveitarfélögum skrifað að afstöðnum almennum sveitarstjórnarkosningum og vakin athygli þeirra á ákvæðum 9. gr. laga nr. 18/1985. Þetta var síðast gert með bréfi dags. 14. nóvember 1990. Hefur síðan verið ítrekað með auglýsingu í Sveitarstjórnarmálum.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þau 56 sveitarfélög sem um getur í svari við 1. spurningu:

Tilhögun á stjórn vinnumiðlunar 1992.[1]

Höfuðborgarsvæðið:	
Reykjavíkurborg	Atvinnumálanefnd
Kópavogur	Félagsmálaráð
Seltjarnarnes	Félagsmálaráð
Garðabær	Félagsmálaráð
Hafnarfjörður	Stjórnarnefnd vinnumiðlunar
Mosfellsbær	Atvinnumálanefnd
Bessastaðahreppur	Hreppsnefnd
Kjalarneshreppur	Oddviti
Kjósarhreppur	Oddviti
Á höfuðborgarsvæðinu er starfandi sameiginleg atvinnumálanefnd.	
Suðurnes:	
Keflavík	Félagsmálaráð
Grindavík	Atvinnumálanefnd
Njarðvík	Stjórnarnefnd vinnumiðlunar
Sandgerði	Félagsmálaráð
Gerðahreppur	Vinnumiðlunarnefnd
Vatnsleysustrandarhreppur	Stjórn vinnumiðlunar
Sameiginleg atvinnumálanefnd er fyrir svæðið.	
Vestfirðir:	
Ísafjörður	Félagsmálaráð
Bolungarvík	Stjórn vinnumiðlunar
Patreksfjörður	Félagsmálaráð
Bíldudalur	Atvinnumálanefnd
Suðureyri	Atvinnumálanefnd

[1]Samkvæmt upplýsingum sveitarstjórna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Norðurland vestra:	
Siglufjörður	Atvinnumálanefnd
Sauðárkrókur	Félagsmálaráð
Hvammstangi	Stjórn vinnumiðlunar
Blönduós	Stjórn vinnumiðlunar
Skagaströnd	Atvinnumálanefnd
Norðurland eystra:	
Akureyri	Vinnumiðlunarnefnd
Húsavík	Bæjarráð/Verkalýðsfélag
Ólafsfjörður	Stjórn vinnumiðlunar
Dalvík	Stjórn vinnumiðlunar
Raufarhöfn	Atvinnumálanefnd
Þórshöfn	Atvinnumálanefnd
Austurland:	
Seyðisfjörður	Atvinnumálanefnd
Neskaupstaður	Stjórn vinnumiðlunar
Vopnafjörður	Atvinnumálanefnd
Egilsstaðir	Atvinnumálanefnd
Reyðarfjörður	Atvinnumálanefnd
Fáskrúðsfjörður	Atvinnumálanefnd
Stöðvarfjörður	Atvinnumálanefnd
Breiðdalsvík	Atvinnumálanefnd
Djúpivogur	Atvinnumálanefnd
Höfn Hornarfirði	Atvinnumálanefnd
Suðurland:	
Vestmannaeyjar	Vinnumiðlunarnefnd
Selfoss	Félagsmálaráð
Hvolsvöllur	Atvinnumálanefnd
Hella	Atvinnumálanefnd
Stokkseyri	Stjórn vinnumiðlunar
Eyrarbakki	Stjórn vinnumiðlunar
Hveragerði	Atvinnumálanefnd
Þorlákshöfn	Atvinnumálanefnd
Vesturland:	
Akranes	Framkvæmdanefnd atvinnumála
Ólafsvík	Stjórn vinnumiðlunar
Borgarnes	Atvinnumálanefnd
Hellissandur/Rif	Atvinnumálanefnd
Grundarfjörður	Atvinnumálanefnd
Stykkishólmur	Stjórn vinnumiðlunar
Dalasýsla	Atvinnumálanefnd

Þær sveitarstjórnir, sem falið hafa félagsmálaráðum að fara með vinnumiðlun, byggja það á 2. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun, og 55. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ýmis sveitarfélög, sem falið hafa atvinnumálanefndum að fara með stjórn vinnumiðlunar, hafa þann hátt á að til viðbótar þeim fulltrúum sem sveitarstjórn kýs í atvinnumálanefndina er stéttarfélagi og atvinnurekendum á staðnum gefin kostur á að tilnefna fulltrúa í nefndina. Þetta er þó ekki algild regla, en þá er kosningu jafnan hagað svo að launþegar og atvinnurekendur eigi sæti í hinni kjörnu nefnd.

Þessi framkvæmd, þ.e. að fela atvinnumálanefndum að fara með stjórn vinnumiðlunar, verður að teljast næsta eðlileg þar sem verkefni hvorrar nefndar um sig skarast verulega. Með bréfi ráðuneytisins dags. 2. apríl 1986 var mælt með umræddri tilhögun í samráði við þáverandi ráðgjafarnefnd.

374. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (BBj, RG, GHH, ÁRÁ, TIO).

4. gr. falli brott.

375. Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd:

1. samning í formi erindaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem gerður var í Óportó 2. maí 1992;
2. samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samninga þeirra milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins sem gerðir voru í Óportó 2. maí 1992 og í Brussel 27. nóvember 1992. Samningarnir eru birtir sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari. Einnig eru hér birtar sem fylgiskjal niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, sem lauk í Brussel 27. nóvember 1992, um tilhögun veiða á árinu 1993.

Samkomulagið við EB er skv. framansögðu þrískipt: Í fyrsta lagi erindaskiptin frá 2. maí sem eru ákvarðandi um öll atriði sem þar eru tilgreind, í öðru lagi rammasamningurinn þar sem endurtekin eru sum atriðin úr erindaskiptunum en öðrum þáttum bætt við eins og rakið verður hér á eftir og svo í þriðja lagi árlega samkomulagið þar sem einnig eru endurteknir þættir úr erindaskiptunum en einkum bætt við nánari ákvæðum um framkvæmd á skiptum umræddra veiðiheimilda loðnu og karfa og eftirlit með veiðunum.

1. Um samning í formi erindaskipta, dags. 2. maí 1992.

Samningaviðræður Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um samstarfssamning um sjávarútvegsmál hófust eftir lausn landhelgisdeilnanna við Bretland og Þýskaland og gildistöku bókunar nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB árið 1976. Þær stóðu yfir með hléum fram til 1981. Þá lágu fyrir drög að rammasamningi sem voru viðunandi að dómi beggja samninganefnda en upp úr samningum slitnaði vegna ágreinings um skiptingarhlutföll sameiginlegra fiskistofna í lögsögu Íslands og Grænlands sem þá var innan EB.

Þríhliða viðræður um loðnustofninn milli Íslands, Noregs og EB fóru fram árin 1982-1983 en samningar tókust ekki heldur. Grænland fór út úr bandalaginu 1985 en umræður um gerð sjávarútvegssamnings Íslands og EB héldu áfram öðru hverju allt til ársins 1990.

Þegar samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið voru komnar vel á veg á árinu 1991 var ákveðið að hefja að nýju viðræður um rammasamning um sjávarútvegsmál og umhverfi hafsins. Vegna annarra fundarhalda í tengslum við EES-samningana vannst samningamönnum bandalagsins ekki tími til að halda formlega fundi um rammasamninginn þar sem fulltrúar allra aðildarríkja EB væru boðaðir, eins og tilskilið er um gerð slíkra samninga í reglum bandalagsins. Sá kostur var því valinn að framkvæmdastjórn EB og fulltrúar Íslands skyldu freista þess að ná samkomulagi sín á milli um helstu atriði sem skyldu vera í rammasamningi og í árlegum framkvæmdasamningi á grundvelli rammasamningsins. Útlínur þess samnings voru lagðar á ráðherrafundum EB og EFTA í október 1991 og um ýmis nánari atriði var síðan samið við bandalagið á næstu mánuðum. Endanleg gerð lá fyrir þegar samningaviðræðum lauk 14. febrúar 1992 og var hún árituð af samningamönnum 14. apríl 1992.

Í tengslum við ráðherrafund EFTA og EB í Óportó 2. maí 1992 þar sem EES-samningurinn var undirritaður var framangreindur samningur síðan einnig undirritaður og er hann ákvarðandi um öll þau atriði sem þar eru tilgreind þegar gengið er formlega frá rammasamningi og árlegum framkvæmdasamningum.

Í samningnum frá 2. maí eru helstu efnisatriði eftirfarandi:

Gagnkvæm skipti á fiskveiðiheimildum. Bandalagið fær veiðiheimildir á tilgreindum svæðum í efnahagslögsögu Íslands fyrir 3.000 tonna karfaígildi gegn veiðiheimildum fyrir Ísland á 30.000 tonnum af loðnu sem bandalagið hefur keypt af Grænlandi með samningi þessara aðila um fiskveiðimál.

Á árinu 1993 skulu aflaheimildir bandalagsins gilda fyrir beinar karfaveiðar en allur aukaafli er innifalinn í tölunni 3.000 tonn af karfaígildum og enginn þorskur verður leyfður í aukaafla. Eftir 1993 geta aðilar komið sér saman um að breyta samsetningu tegunda í þessum 3.000 karfaígildum í ljósi frekari rannsókna á langhalastofnunum við Ísland. Eru úthlutuð svæði m.a. ákvörðuð með þetta í huga.

Í samningnum frá 2. maí 1992 er ennfremur ákveðið að frekari samningaviðræður um rammasamninginn skuli byggðar á framangreindum drögum að slíkum samningi frá 1981 og að kveðið skuli á um skilmála fyrir nýtingu fiskveiðiheimildanna. Meðal skilmálanna skyldi vera að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðileyfa til togara, annarra en verksmiðjutogara, á tímabilinu júlí-desember, koma og brottför úr fiskveiðilögsögu tilkynnt og að allir sömu skilmálar varðandi fiskverndarmál gildi og um innlend fiskiskip, m.a. að krefjast megi að skip skuli hafa um borð eftirlitsmann á eiginn kostnað þegar það er innan fiskveiðilögsögunnar.

2. Samningurinn um fiskveiðimál og lífríki hafsins (rammasamningurinn), sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992:

Í samskiptum Evrópubandalagsins við ríki utan þess hefur það tíðkast um langt árabil að gera rammasamninga um einstaka málaflokka til að skapa bandalaginu lagalegan grundvöll fyrir samstarfið og fylla síðan inn efnisatriðin með reglulegu, t.d. árlegu, samráði. Þessi tilhögun er m.a. gerð af hagkvæmnisástæðum og nær til ýmissa sviða. Þar má m.a. nefna rammasamninga um vísinda- og tæknisamstarf og hefur Ísland þegar gert slíkan samning við bandalagið. Rammasamningar á sviði sjávarútvegs eru ein tegund þessa og hefur Evrópubandalagið gert slíka samninga við fjölda ríkja. Textar þessara rammasamninga eru að mestu í stöðluðu formi, þótt einstökum atriðum sé svo bætt við eða þeim breytt eitthvað. Svo er einnig um þann rammasamning sem nú liggur fyrir milli Íslands og EB.

Samningurinn er að mestu í stöðluðu formi en þó eru nokkur frávik og ákvæðin um lífríki hafsins eru sérstök fyrir þennan samning.

Þegar gengið var frá erindaskiptunum 2. maí í Óportó var samkomulag um að drög aðila að rammasamningi frá 1981 skyldu notuð sem grunnur að nýjum rammasamningi. Þetta var síðan gert en nokkrum atriðum þurfti þó að breyta vegna þess að síðar hafði verið gengið frá hafréttarsáttmálanum og Grænland hafði farið úr EB, auk þess sem Ísland vildi leggja meiri áherslu á samstarf um lífríki hafsins.

Rammasamningur Íslands og EB á fyrst og fremst við um sameiginlega stofna og þar á meðal hagkvæma nýtingu þeirra með skiptum á veiðiheimildum. Svo dæmi sé tekið er kolmunninn flökkustofn sem fer um lögsögu aðila á mismunandi tímum árs. Til þess að unnt sé að stunda hagkvæmar veiðar á sérbúnum skipum er æskilegt að geta fylgt stofninum eftir úr einni lögsögu í aðra og gæti þá samstarfið t.d. falist í því að veita hvor öðrum veiðiheimildir úr sama stofni þann tíma sem hann er í lögsögu hlutaðeigandi aðila eða annar aðilinn stundi kolmunnaveiðar en hinn fái veiðiheimildir úr öðrum stofnum.

Sé skipst á veiðiheimildum úr stofnum sem ekki eru sameiginlegir, eins og gert er í erindaskiptunum frá 2. maí 1992, gilda síðan ákvæði rammasamningsins eins og við á, m.a. um tilhögun við úthlutun leyfa, skyldu til að virða verndarráðstafanir o.s.frv.

Hér á eftir verður rakið efni upphafsorða og einstakra greina rammasamningsins:

Um upphafsorð.

Vikið er að nánu sambandi samningsaðila, áhuga beggja á að stuðla að hagkvæmri nýtingu auðæfa hafsins, verndun lífríkis hafsins, vísað í hafréttarsáttmálann sem báðir aðilar hafa undirritað, vísað í 200 mílna lögsögu aðila, vísað í að hluti sjávarauðlinda aðila séu sameiginlegir eða skyldir stofnar sem báðir hafi áhuga á að nýta og varðveita og vísað m.a. til samvinnu innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar.

Um það sem að framan er rakið er rétt að víkja hér að einu atriði, þ.e. sameiginlegum eða skyldum stofnum. Fyrir liggur að kolmunnastofninn er sameiginlegur Íslandi, EB og fleiri ríkjum. Aðrir stofnar eru ekki sannanlega sameiginlegir eins og mál standa en með hliðsjón af óvissu um dreifingu ýmissa lítt þekktra fiskistofna þótti rétt að hafa tilvísunina í fleirtölu.

Í upphafsorðunum er síðan vísað til samnings aðila í formi erindaskipta sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992, viðurkennt er mikilvægi fiskveiða fyrir Ísland (en sambærilegt orðalag er ekki að finna í öðrum rammasamningum EB) og loks sagt að aðilar vilji setja almenna skilmála varðandi þau fiskveiðimál sem eru gagnkvæm hagsmunamál þeirra.

Um 1. gr.

Fjallar um þá stofna sem eru sameiginlegir Íslandi, EB og fleirum. Eins og áður sagði er hér fyrst og fremst átt við kolmunnastofninn en fleiri stofnar vannýttra tegunda kunna að falla hér undir þegar frekari rannsóknir hafa farið fram. Samvinna skal höfð um þessa stofna, verndun og nýtingu þeirra, ákvörðun hámarksafla og úthlutun veiðiheimilda.

Um 2. gr.

Fjallar um vísindarannsóknir, einkum á sameiginlegum stofnum.

Um 3. gr.

Kveður á um samvinnu varðandi lífríki hafsins þar sem við á.

Um 4. gr.

Segir að aðilar skuli árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum og leyfisveitingar. Samkvæmt upphafsorðum samningsins og efni 1. - 3. gr. á þessi grein við um sameiginlega stofna en því til viðbótar koma síðan undir þessa grein og aðrar viðeigandi greinar samningsins þau 3.000 tonn af karfaígildum og 30 þúsund tonn af loðnu sem samið var um í erindaskiptunum og falla utan hugtaksins sameiginlegir stofnar. M.a. kemur aukning langhala í karfaígildakvótanum til umræðu í þessum árlegu viðræðum.

Um 5. gr.

Fjallar almennt um tilhögun leyfisveitinga.

Um 6. gr.

Fjallar um verndunaraðgerðir og eftirlit með að reglum um þær sé fylgt.

Um 7. gr.

Kveður á um samráð um góða framkvæmd samningsins og skýrslugjöf um afla.

Um 8. gr.

Segir að ekkert í þessum samningi hafi áhrif á afstöðu aðila til málefna sem falla undir hafréttarsáttmálann. Þar gæti m.a. verið um að ræða víðáttu lögsögu og önnur skyld atriði.

Um 9. gr.

Fjallar um aðra samninga og segir í reynd að þessi rammasamningur hafi engin áhrif á tvíhliða samning Íslands og Belgíu um fiskveiðar.

Um 10. gr.

Segir á hvaða landsvæðum samningurinn gildi.

Um 11. gr.

Fjallar um gildistökudag samningsins.

Um 12. gr.

Fjallar í 1. tölul. um gildistíma rammasamningsins sem slíks og í 2. tölul. um gerð annars svipaðs samnings í hans stað ef þessi samningur er ekki framlengdur. Væri sá samningur þá til þess að gefa bandalaginu nauðsynlegan lagalegan ramma til að framkvæma ákvæði erindaskiptanna frá 2. maí 1992 og er að sjálfsögðu háður því að erindaskiptin sjálf verði þá enn í gildi þegar þar að kemur.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Samningur í formi erindaskipta milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands um fiskveiðimál, dags. 2. maí 1992.

Fylgiskjal 2: Samningur um fiskveiðimál og lífríki hafsins, eins og hann var endanlega frágenginn af hálfu samninganefndanna 27. nóvember 1992.

Fylgiskjal 3: Niðurstöður viðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tilhögun veiða og eftirlit á árinu 1993, dags. 27. nóvember 1992.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

Í FORMI BRÉFASKIPTA MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

A. Bréf frá Íslandi

Undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gefið Íslandi og bandalaginu tækifæri til að kanna viðeigandi leiðir til að styrkja samvinnu sín í milli á sviði sjávarútvegs.

Í þessu samhengi hafa aðilar ákveðið að gera með sér samning um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins.

Á grundvelli þess samnings mun Ísland úthluta bandalaginu aflaheimildum í efnahagslögsögu Íslands sem nemur 3.000 tonnum af karfaígildum. Þær verða á árinu 1993 kvóti til veiða á karfa, þar með talinn meðafli (enginn þorskur í meðafla) í skiptum fyrir 30.000 tonna kvóta af loðnu frá bandalaginu sem það fær úthlutað á grundvelli samnings við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar. Breyta má með samkomulagi samsetningu þessa kvóta á næstu árum á eftir í ljósi frekari vísindarannsókna á langahalastofnunum.

Sá kvóti sem bandalaginu verður úthlutað skal veiddur á svæðum í efnahagslögsögu Íslands sem eru afmörkuð með beinum línum sem eru dregnar milli eftirfarandi hnita:

I. SV

1.	63 ° 12 ' N	23 ° 05 ' V	SV að 62 ° 00 ' N
			26 ° 00 ' V
2.	62 ° 58 ' N	22 ° 25 ' V	
3.	63 ° 06 ' N	21 ° 30 ' V	
4.	63 ° 03 ' N	21 ° 00 ' V	
	Þaðan 180 ° SV		

II. SA

1.	63 ° 10 ' N	17 ° 00 ' V	Þaðan 180 °
2.	63 ° 36 ' N	14 ° 30 ' V	
3.	63 ° 53 ' N	13 ° 30 ' V	
4.	63 ° 50 ' N	13 ° 10 ' V	
5.	63 ° 40 ' N	13 ° 10 ' V	
6.	62 ° 58 ' N	11 ° 15 ' V	

Reynist svæðin sem afmörkuð eru í I og II ekki fullnægjandi til hagkvæmra veiða samkvæmt framansögðu skulu aðilar koma sér saman um nauðsynlegar lagfæringar á þessum svæðum.

Kvóta Íslands má veiða hvort heldur er innan fiskveiðilögsögu Grænlands eða í efnahagslögsögu Íslands.

Til þess að hvor aðili geti úthlutað hinum aflaheimildir í fiskveiðilögsögu sinni skal ljúka gerð sjávarútvegssamningsins milli Íslands og bandalagsins eins fljótt og auðið er og talsvert fyrir 31. desember 1992. Sá samningur skal einnig hafa að geyma ákvæði um þau skilyrði sem eiga að gilda um nýtingu aflaheimildanna. Meðal þeirra yrðu að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðiheimilda til togara, annarra en verksmiðjutogara, fyrir tiltekið tímabil ársins (júlí–desember), tilkynnt yrði um komu í og brottför úr fiskveiðilögsögu hins aðilans, farið yrði eftir öllum fiskverndunarreglum sem gilda um skip hins aðilans, þar með talin yrði skuldbindingin um að hafa eftirlitsmann um borð á kostnað skipsins meðan það er innan fiskveiðilögsögu hins aðilans ef þess er krafist af þeim aðila.

Ég legg til að frekari samningaviðræður fari fram á grundvelli samningsdraga sem aðilar hafa þegar gert.

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að Efnahagsbandalag Evrópu samþykki þær skuldbindingar sem birtar eru hér að framan.

Virðingarfyllst,

f.h. ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

B. Bréf frá bandalaginu

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf yðar:

„Undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gefið Íslandi og bandalaginu tækifæri til að kanna viðeigandi leiðir til að styrkja samvinnu sín í milli á sviði sjávarútvegs.

Í þessu samhengi hafa aðilar ákveðið að gera með sér samning um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins.

Á grundvelli þess samnings mun Ísland úthluta bandalaginu aflaheimildum í efnahagslögsögu Íslands sem nemur 3.000 tonnum af karfaígildum. Þær verða á árinu 1993 kvóti til veiða á karfa, þar með talinn meðafli (enginn þorskur í meðafla) í skiptum fyrir 30.000 tonna kvóta af loðnu frá bandalaginu sem það fær úthlutað á grundvelli samnings við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar. Breyta má með samkomulagi samsetningu þessa kvóta á næstu árum á eftir í ljósi frekari vísindarannsókna á langahalastofnunum.

Sá kvóti sem bandalaginu verður úthlutað skal veiddur á svæðum í efnahagslögsögu Íslands sem eru afmörkuð með beinum línum sem eru dregnar milli eftirfarandi hnita:

I. SV

1.	63 ° 12 ' N	23 ° 05 ' V	SV að 62 ° 00 ' N
			26 ° 00 ' V
2.	62 ° 58 ' N	22 ° 25 ' V	
3.	63 ° 06 ' N	21 ° 30 ' V	
4.	63 ° 03 ' N	21 ° 00 ' V	
	Þaðan 180 ° SV		

II. SA

1.	63 ° 10 ' N	17 ° 00 ' V	Þaðan 180 °
2.	63 ° 36 ' N	14 ° 30 ' V	
3.	63 ° 53 ' N	13 ° 30 ' V	
4.	63 ° 50 ' N	13 ° 10 ' V	
5.	63 ° 40 ' N	13 ° 10 ' V	
6.	62 ° 58 ' N	11 ° 15 ' V	

Reynist svæðin sem afmörkuð eru í I og II ekki fullnægjandi til hagkvæmra veiða samkvæmt framansögðu skulu aðilar koma sér saman um nauðsynlegar lagfæringar á þessum svæðum.

Kvóta Íslands má veiða hvort heldur er innan fiskveiðilögsögu Grænlands eða í efnahagslögsögu Íslands.

Til þess að hvor aðili geti úthlutað hinum aflaheimildir í fiskveiðilögsögu sinni skal ljúka gerð sjávarútvegssamningsins milli Íslands og bandalagsins eins fljótt og auðið er og talsvert fyrir 31. desember 1992. Sá samningur skal einnig hafa að geyma ákvæði um þau skilyrði sem eiga að gilda um nýtingu aflaheimildanna. Meðal þeirra yrðu að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðiheimilda til togara, annarra en verksmiðjutogara, fyrir tiltekið tímabil ársins (júlí–desember), tilkynnt yrði um komu í og brottför úr fiskveiðilögsögu hins aðilans, farið yrði eftir öllum fiskverndunarreglum sem gilda um skip hins aðilans, þar með talin yrði skuldbindingin um að hafa eftirlitsmann um borð á kostnað skipsins meðan það er innan fiskveiðilögsögu hins aðilans ef þess er krafist af þeim aðila.

Ég legg til að frekari samningaviðræður fari fram á grundvelli samningsdraga sem aðilar hafa þegar gert (Viðauki).

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að Efnahagsbandalag Evrópu samþykki þær skuldbindingar sem birtar eru hér að framan."

Hér með staðfesti ég að Efnahagsbandalag Evrópu hefur samþykkt efni bréfs yðar.

Virðingarfyllst,

f.h. ráðs
Evrópubandalaganna

AGREEMENT IN THE FORM OF AN EXCHANGE OF LETTERS BETWEEN THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY AND THE REPUBLIC OF ICELAND CONCERNING FISHERIES

Sir,

The signature of the Agreement on the European Economic Area has given Iceland and the Community the opportunity to examine appropriate means to reinforce their cooperation in the fisheries sector.

In this connection they have decided to conclude an Agreement on Fisheries and the Marine Environment.

Under this Agreement Iceland will allocate to the Community fishing possibilities in the Icelandic Economic Zone corresponding to 3.000 t redfish equivalents. This will in 1993 consist of a quota for a directed fishery for redfish and of by-catches (no cod allowed) in exchange of a quota of 30.000 t of capelin from the Community to be allocated under its Agreement on Fisheries with the Government of Denmark and the local Government of Greenland. The composition of the quota in subsequent years may be altered by agreement in the light of further scientific reserach into the grenadier stocks.

The quota allocated to the Community shall be fished in areas of the Icelandic Economic Zone defined by straight lines connecting the following coordinates:

I. SW

1.	63°12'N	23°05'W	SW to 62°00'N 26°00'W
2.	62°58'N	22°25'W	
3.	63°06'N	21°30'W	
4.	63°03'N	21°00'W	
	From there 180° SW		

II. SE

1.	63°10'N	17°00'W	from there 180°
2.	63°36'N	14°30'W	
3.	63°53'N	13°30'W	
4.	63°50'N	13°10'W	
5.	63°40'N	13°10'W	
6.	62°58'N	11°15'W	

If the areas delimitated in I and II prove not to be adequate for economical fishing activities as foreseen above the Parties shall agree on necessary adjustments of these areas.

The quota allocated to Iceland may be fished within the Greenland fisheries zone or in the Icelandic Economic Zone.

In order for either Party to allocate to the other Party fishing possibilities in its fishery zone the Fisheries Agreement between Iceland and the Community shall be concluded as soon as possible and well before 31 December 1992. The Agreement shall also contain provisions regarding the conditions under which the fishing possibilities may be utilized. These would include the issuing of a limited number of fishing permits to trawlers, other than factory trawlers, for a defined period of the year (July-December), notification on arrival in and departure from the fisheries zone of the other Party, observation of all conservation measures applicable to vessels of the other Party, including the obligation, when required by the Party in which zone the fishing takes place, to have an inspector on board at the vessels expense while within the fisheries zone of the other Party.

I propose that further negotiations be based on the draft which has already been established between the Parties (Annex).

I should be grateful if you would confirm the agreement of the European Community to the undertaking set out above.

Accept, Sir, the assurances of my highest consideration.

On behalf of the Republic of Iceland

Sir,

I have the honour to acknowledge receipt of your letter of today's date with the following contents:

"The signature of the Agreement on the European Economic Area has given Iceland and the Community the opportunity to examine appropriate means to reinforce their cooperation in the fisheries sector.

In this connection they have decided to conclude an Agreement on Fisheries and the Marine Environment.

Under this Agreement Iceland will allocate to the Community fishing possibilities in the Icelandic Economic Zone corresponding to 3.000 t redfish equivalents. This will in 1993 consist of a quota for a directed fishery for redfish and of by-catches (no cod allowed) in exchange of a quota of 30.000 t of capelin from the Community to be allocated under its Agreement on Fisheries with the Government of Denmark and the local Government of Greenland. The composition of the quota in subsequent years may be altered by agreement in the light of further scientific reserach into the grenadier stocks.

The quota allocated to the Community shall be fished in areas of the Icelandic Economic Zone defined by straight lines connecting the following coordinates:

I. SW

1.	63°12'N	23°05'W	SW to 62°00'N 26°00'W
2.	62°58'N	22°25'W	
3.	63°06'N	21°30'W	
4.	63°03'N	21°00'W	
	From there 180° SW		

II. SE

1.	63°10'N	17°00'W	from there 180°
2.	63°36'N	14°30'W	
3.	63°53'N	13°30'W	
4.	63°50'N	13°10'W	
5.	63°40'N	13°10'W	
6.	62°58'N	11°15'W	

If the areas delimitated in I and II prove not to be adequate for economical fishing activities as foreseen above the Parties shall agree on necessary adjustments of these areas.

The quota allocated to Iceland may be fished within the Greenland fisheries zone or in the Icelandic Economic Zone.

In order for either Party to allocate to the other Party fishing possibilities in its fishery zone the Fisheries Agreement between Iceland and the Community shall be concluded as soon as possible and well before 31 December 1992. The Agreement shall also contain provisions regarding the conditions under which the fishing possibilities may be utilized. These would include the issuing of a limited number of fishing permits to trawlers, other than factory trawlers, for a defined period of the year (July-December), notification on arrival in and departure from the fisheries zone of the other Party, observation of all conservation measures applicable to vessels of the other Party, including the obligation, when required by the Party in which zone the fishing takes place, to have an inspector on board at the vessels expense while within the fisheries zone of the other Party.

I propose that further negotiations be based on the draft which has already been established between the Parties (Annex).

I should be grateful if you would confirm the agreement of the European Community to the undertaking set out above.

Accept, Sir, the assurances of my highest consideration.

On behalf of the Republic of Iceland"

I have the honour to inform you that the European Community is in agreement with the contents of your letter.

Please accept, Sir, the assurance of my highest consideration.

On behalf of the European Community

Fylgiskjal 2.

SAMNINGUR
um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu

Lýðveldið Ísland (sem nefnist hér eftir „Ísland") annars vegar, og
Efnahagsbandalag Evrópu (sem nefnist hér eftir „bandalagið") hins vegar;

vísa til hinna nánu samskipta Íslands og bandalagsins sem hafa verið treyst enn frekar með gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði;

hafa í huga sameiginlega ósk sína um verndun og skynsamlega nýtingu fiskveiðiauðlinda í fiskveiðilögsögum sínum og þörf fyrir verndun lífríkis hafsins í því samhengi;

hafa hliðsjón af ákvæðum Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem báðir aðilar hafa undirritað;

hafa hliðsjón af því að Ísland hefur markað sér efnahagslögsögu sem nær 200 sjómílur út frá strönd landsins þar sem Ísland hefur óskoraðan rétt til að rannsaka, nýta, vernda og stjórna lífríkinu, og að bandalagið hefur samþykkt að fiskveiðilögsaga aðildarríkja þess (sem nefnist hér eftir „fiskveiðilögsaga bandalagsins") skuli vera 200 sjómílur og fiskveiði innan þeirra marka vera í samræmi við sameiginlega stefnu bandalagsins í sjávarútvegsmálum;

hafa í huga þá staðreynd að fiskveiðiauðlindir á þessum svæðum eru að hluta til af sameiginlegum stofnum eða náskyldum stofnum er fara út fyrir mörk fiskveiðilögsagna og þar sem báðir aðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, og að árangursrík verndun og skynsamleg stjórnun þessara stofna næst einungis með samvinnu milli hlutaðeigandi aðila; með tilliti til þess að Fiskveiðinefnd Norðaustur-Atlantshafs var komið á fót til að efla verndun og stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskveiðiauðlinda í Norður-Atlantshafi með alþjóðasamvinnu og samráðum varðandi þessar auðlindir;

með hliðsjón af samningi í formi erindaskipta milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem var undirritaður 2. maí 1992 og einkum ákvæðis um að gera samning um fiskveiðimál samkvæmt efni erindaskiptanna;

viðurkenna grundvallarþýðingu sjávarútvegs fyrir Ísland, þar eð hann er undirstöðuatvinnuvegur landsins;

vilja setja skilmála og skilyrði varðandi þau fiskveiðimál sem eru gagnkvæm hagsmunamál þeirra:

HAFA SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Aðilar skulu hafa með sér samvinnu, eftir því sem við á, til að tryggja verndun og skynsamlega nýtingu fiskistofna sem ganga um fiskveiðilögsögur þeirra beggja og aðliggjandi svæði.

Aðilar skulu, annaðhvort beint eða í gegnum þar til bær svæðissamtök, leitast við að ná samningum við þriðju aðila um ráðstafanir varðandi verndun og skynsamlega nýtingu þessara stofna, þ.á.m. um leyfðan heildarafla og úthlutun veiðiheimilda.

2. Þegar leyfður heildarafli er ákveðinn úr stofnum sem um getur í 1. mgr. skulu aðilar taka tillit til bestu vísindalegra gagna sem fáanleg eru, tengsla stofna, starfsemi alþjóðlegra stofnana á þessu sviði og annarra atriða er máli skipta.

2. gr.

Aðilar skulu einnig auðvelda nauðsynlegar vísindarannsóknir, einkum á stofnum sem halda sig innan fiskveiðilögsagna beggja aðila og á aðliggjandi svæðum.

3. gr.

Að því er varðar verndun og skynsamlega nýtingu fiskveiðiauðlinda sjávar, skulu aðilar eiga samráð sín á milli eða innan viðeigandi svæðasamtaka eða alþjóðasamtaka, um málefni er tengjast lífríki hafsins.

4. gr.

1. Aðilar skulu árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum til hvors aðila með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi í samskiptum sínum á sviði fiskveiða.

2. Hvor aðili skal veita fiskiskipum hins aðgang til að veiða upp í heimildir sem úthlutað kann að verða í þeim viðræðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Hvor aðili getur farið fram á það að veiðar fiskiskipa hins aðilans innan fiskveiðilögsögu hans verði háðar leyfum. Aðilar skulu með samningaviðræðum ákveða fjölda þeirra leyfa sem úthlutað verður og skulu þau vera í eðlilegu hlutfalli við þær veiðiheimildir sem úthlutað verður. Þar til bært stjórnvald hvors aðila skal, eftir því sem við á, tilkynna hinum aðilanum nafn, skráningarnúmer og önnur einkenni fiskiskips sem fær heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu hins aðilans. Hinn aðilinn skal því næst gefa út slík leyfi innan samþykktra marka.

6. gr.

1. Hvor aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fiskiskip hans fari að sérhverjum þeim verndarráðstöfunum sem aðilar að þessum samningi hafa komið sér saman um.

2. Fiskiskip annars aðilans skulu þegar þau eru við veiðar í fiskveiðilögsögu hins aðilans hlíta ráðstöfunum um verndun og stjórnun, öðrum skilmálum og skilyrðum og öllum reglum og reglugerðum um fiskveiðar á því svæði. Hvor aðili getur krafist þess að hafa eigin eftirlitsmann um borð í fiskiskipi, á kostnað skipsins, meðan það er innan fiskveiðilögsögu hans.

3. Hvor aðili skal gefa hinum aðilanum upplýsingar með hæfilegum fyrirvara þegar gerðar eru nýjar ráðstafanir eða ný skilyrði sett um fiskveiðar á svæði innan fiskveiðilögsögu hans.

4. Ráðstafanir til stjórnunar fiskveiðum sem hvor aðili gerir til verndunar skulu grundvallast á hlutlægum og vísindalegum forsendum og þær skulu hvorki mismuna hinum aðilanum í reynd né að lögum.

5. Hvor aðili getur gert þær ráðstafanir innan fiskveiðilögsögu sinnar, í samræmi við alþjóðalög, sem nauðsyn krefur, til að tryggja að skip hins aðilans fari að ákvæðum þessa samnings.

7. gr.

1. Aðilarnir skulu hafa samráð um atriði er varða beitingu og góða framkvæmd þessa samnings.

2. Hvor aðili skal senda hinum aðilanum skýrslur um afla skipa sinna úr stofnum sem um getur í 1. og 4. gr á þeim fresti sem ákveðið verður í samráðsviðræðunum.

8. gr.

Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á eða binda afstöðu samningsaðila að því er varðar nokkurt það málefni er heyrir undir Hafréttarsáttmálann.

9. gr.

Þessi samningur hefur ekki áhrif á réttindi eða skyldur er felast í gildandi samningum um fiskveiði milli Íslands og aðildarríkis bandalagsins.

10. gr.

Þessi samningur gildir annars vegar á landsvæði lýðveldisins Íslands og hins vegar á þeim landsvæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu tekur til, með skilmálum sem mælt er fyrir um í þeim sáttmála.

11. gr.

Þessi samningur öðlast gildi þann dag sem aðilar tilkynna hvor öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

12. gr.

1. Þessi samningur skal í fyrstu gilda í tíu ár frá gildistökudegi hans. Ef hvorugur aðili hefur sagt samningnum upp með tilkynningu um uppsögn að minnsta kosti níu mánuðum áður en sá tími rennur út skal hann gilda áfram í sex ár í senn upp frá því, að því tilskildu að tilkynning um uppsögn hafi ekki borist að minnsta kosti níu mánuðum áður en hvert slíkt tímabil rennur út.

2. Ef samningnum er sagt upp í samræmi við ákvæði fyrri málsgreinar skulu aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll að framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptunum um fiskveiðimál sem voru undirrituð í Óportó 2. maí 1992.

Fyrir hönd
lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd
Efnahagsbandalags Evrópu

Niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu

Brussel, 27. nóvember 1992

==========

1 Samninganefnd Íslands undir formennsku Hannesar Hafstein, sendiherra, og samninganefnd Evrópubandalagsins undir formennsku Henrik Schmiegelow héldu fund í Brussel 27. nóvember 1992 um gagnkvæm samskipti í fiskveiðimálum.

2. Formenn samninganefndanna árituðu meðfylgjandi samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Brussel, 27. nóvember 1992

Hannes Hafstein (sign)
HANNES HAFSTEIN
Formaður samninganefndar
Íslands

Henrik Schmiegelow (sign)
HENRIK SCHMIEGELOW
Formaður samninganefndar
Evrópubandalagsins

AGREEMENT ON FISHERIES AND THE MARINE ENVIRONMENT
BETWEEN
THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY AND THE REPUBLIC OF ICELAND

The European Economic Community (hereinafter referred to as "the Community") on the one part, and

The Republic of Iceland (hereinafter referred to as "Iceland") on the other part,

RECALLING the close relations between the Community and Iceland, which have been further strengthened by the conclusion of the Agreement on the European Economic Area;

CONSIDERING their common desire to ensure the conservation and rational management of the fishery resources of the waters within their respective fisheries jurisdiction, and their common awareness of the need in this context to protect the marine environment;

HAVING REGARD to the provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of which both Parties are signatories;

HAVING REGARD to the fact that Iceland has established an economic zone extending up to 200 nautical miles from its coast within which Iceland exercices sovereign rights for the purpose of exploring, exploiting, conserving and managing the living ressources thereof and that the Community has agreed that the limits of the fishery zones of its Member States (hereinafter referred to as the area of fisheries jurisdiction of the Community) shall extend up to 200 nautical miles, fishing within these limits being subject to the common fisheries policy of the Community;

TAKING INTO ACCOUNT the fact that a part of the fishery resources of these areas consist of common stocks or highly interrelated stocks that extend beyound their respective fisheries zones and in which both Parties have a mutual interest, and that effective conservation and rational management of these stocks can only be achieved through cooperation between the Parties concerned; taking into account also that the North East Atlantic Fisheries Commission has been established to promote the conservation and optimal utilisation of the fisheries resources in the North Atlantic Area through international cooperation and consultation with respect to these resources;

CONSIDERING the Agreement in the form of an exchange of letters between the European Economic Community and the Republic of Iceland concerning fisheries, signed 2 May 1992, and in particular the provision to conclude a Fisheries Agreement under the terms set out therein;

RECOGNISING the vital importance for Iceland of fisheries which constitute their essential economic activity;

DESIRING to establish the terms and conditions pertaining to fisheries of mutual interest to the Parties;

HAVE AGREED AS FOLLOWS :

Article 1

1. The Parties shall cooperate, as appropriate, to ensure the conservation and rational management of the fish stocks occuring within the areas of fisheries jurisdiction of both Parties and in adjacent areas.
   The Parties shall seek either directly or through appropriate regional bodies to reach agreement with third Parties on measures for the conservation and rational utilisation of these stocks, including the total allowable catch and the allocation thereof.

2. In determining the total allowable catch for the stocks referred to in paragraph 1, the Parties shall take into account the best scientific advice available to them, the interdependence of stocks, the work of appropriate international organisations and other relevant factors.

Article 2

The Parties shall also facilitate the necessary scientific research, in particular with regard to stocks occuring within the areas of fisheries jurisdiction of both Parties and in adjacent areas.

Article 3

In the context of the conservation and rational management of the fisheries resources of the sea, the Parties shall consult, bilaterally or in the appropriate regional or international fora, on matters pertaining to the marine environment.

Article 4

1. The Parties shall consult annually on the allocations of fishing possibilities for each Party with a view to obtaining a mutually satisfactory balance in their relations in the fisheries field.

2. Each Party shall grant access to fishing vessels of the other Party to fish the allocations which may result from the consultations referred to in paragraph 1 of this article.

Article 5

Each Party may require that fishing in its area of fisheries jurisdiction by fishing vessels of the other Party shall be subject to licence. The limits within which licences shall be issued shall be determined in consultations between the Parties and shall adequately reflect the quotas allocated. The competent authority of each Party shall, as appropriate, communicate in due time to the other Party the name, registration number, and other relevant particulars of the fishing vessels which shall be eligible to fish within the area of fisheries jurisdiction of the other Party. The second Party shall thereupon issue such licences within the agreed limits.

Article 6

1. Each Party shall take appropriate measures with a view to ensuring compliance by its vessels with any conservation measure agreed between the Parties pursuant to this Agreement.

2. Fishing vessels of one Party shall, when fishing within the area of fisheries jurisdiction of the other Party, comply with the conservation and control measures, other terms and conditions and all rules and regulations governing fishing activities in that area. Each Party may require that an inspector from that Party be on board a fishing vessel, at the vessel's expense, while it is within its fisheries jurisdiction.

3. Each Party shall give appropriate notice to the other Party of any new measures or conditions governing fishing activities in the area under its fishery jurisdiction.

4. The measures to regulate fisheries taken by each Party for the purpose of conservation shall be based on objective and scientific criteria and shall not discriminate in fact or in law against the other Party.

5. Each Party may take within its area of fisheries jurisdiction such measures, in conformity with international law, as may be necessary to ensure compliance with the provisions of this Agreement by vessels of the other Party.

Article 7

1. The Parties shall consult on questions relating to the implementation and proper functioning of this Agreement.

2. Each Party shall supply to the other Party statistics concerning the catches by its vessels of the stocks referred to in Articles 1 and 4 at the intervals to be determined in consultations.

Article 8

Nothing contained in this Agreement shall affect or prejudice in any manner the views of either Contracting Party with respect to any question relating to the Law of the Sea.

Article 9

This Agreement shall not affect rights and obligations under any existing agreement on fisheries between a Member State of the Community and Iceland.

Article 10

This Agreement shall apply, on the one hand, to the territories in which the Treaty establishing the European Economic Community is applied, under the conditions laid down in that Treaty, and, on the other hand, to the territory of the Republic of Iceland.

Article 11

This Agreement shall enter into force on the date on which the Parties notify each other of the completion of the procedures necessary for this purpose.

Article 12

1. This Agreement shall remain in force for an initial period of ten years after the date of its entry into force. In the event of the Agreement not being terminated by either Party through notice of termination given at least nine month before the expiry of that period, it shall remain in force for additional periods of six years duration thereafter, provided that notice of termination has not been given at least nine months before the expiry of any such period.

2. Where the Agreement is terminated in accordance with the terms of the previous paragraph, the Parties shall enter into negociations for a further agreement to give effect to the Agreement contained in the Exchange of Letters concerning fisheries signed on 2 May 1992.

For the European Economic Community

For the Republic of Iceland

AGREED RECORDS OF CONCLUSIONS OF FISHERIES CONSULTATIONS
BETWEEN THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY
AND THE REPUBLIC OF ICELAND

BRUSSELS, 27 NOVEMBER 1992

---

1. A Community delegation headed by Mr. Henrik Schmiegelow and an Icelandic delegation headed by Ambassador Hannes Hafstein met in Brussels on 27 November 1992 for consultations on mutual fisheries relations.

2. The Heads of Delegations initialled the attached Agreement on Fisheries and the Marine Environment between the European Economic Community and the Republic of Iceland.

Brussels, 27 November 1992

HENRIK SCHMIEGELOW
Head of Community
Delegation

HANNES HAFSTEIN
Head of Icelandic
Delegation

Fylgiskjal 3.

Niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu

Brussel, 27. nóvember 1992

==========

1 Samninganefnd Íslands undir formennsku Hannesar Hafstein, sendiherra, og samninganefnd Evrópubandalagsins undir formennsku Henrik Schmiegelow héldu fund í Brussel 27. nóvember 1992 um gagnkvæm samskipti í fiskveiðimálum árið 1993.

2. Eins og kveðið er á um í samningnum um fiskveiðimál, í formi erindaskipta, sem undirritaður var 2. maí 1992, milli lýðveldisins Íslands og Evrópubandalagsins, samþykktu samninganefndirnar að leggja til við þar til bær yfirvöld það fyrirkomulag í fiskveiðimálum fyrir árið 1993, sem er að finna í viðauka A.

3. Samninganefndirnar samþykktu að ef samningsaðili hefði í hyggju að setja nýjar reglur sem gilda um fiskiskip hins aðilans, eða breyta þeim sem fyrir eru, skuli hann tilkynna það með minnst tveggja vikna fyrirvara. Samráð skal haft ef annar aðilinn óskar þess. Varðandi reglur og þær ráðstafanir sem gerðar eru eftir úthlutun árlegra aflaheimilda, skal hafa hliðsjón af nauðsyn þess að skerða ekki möguleika fiskiskipa hins aðilans til að nýta þær aflaheimildir sem þeim var úthlutað.

4. Samninganefndirnar samþykktu að leyfisveitingar og framkvæmd samningsins skuli vera eins og getið er um í viðauka B.

Brussel, 27. nóvember 1992

Hannes Hafstein (sign)
HANNES HAFSTEIN
Formaður samninganefndar
Íslands

Henrik Schmiegelow (sign)
HENRIK SCHMIEGELOW
Formaður samninganefndar
Evrópubandalagsins

Viðauki A
Aflaheimildir

1. Samningsaðilar skulu úthluta hinum aðilanum aflaheimildum, sem getið er hér á eftir, á hinum afmörkuðu veiðisvæðum.

1.1. Aflaheimildir fiskiskipa Evrópubandalagsins í efnahagslögsögu Íslands.

Aflaheimild sem nemur 3.000 tonnum af karfa, meðafli þar með talinn (enginn þorskur leyfður) og sem veiða skal á tímabilinu frá júlí til desember á þeim svæðum sem afmörkuð eru í samningnum í formi erindaskipta sem undirritaður var 2. maí 1992.

1.2. Aflaheimildir íslenskra fiskiskipa úr aflaheimildum sem úthlutað er til Evrópubandalagsins á grundvelli samnings þess við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar.

Aflaheimild sem nemur 30.000 tonnum af loðnu, til veiða mánuðina janúar til apríl.

2. Um öll mál er tengjast framkvæmd þessa samkomulags - þ.á.m. ef ófyrirséðar aðstæður koma upp - skulu aðilar hafa samráð sín á milli, ef annar hvor þeirra óskar eftir því.

Ef svo ber undir að lækka verður aflaheimild annars samningsaðilans, vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna, skulu samningsaðilar tafarlaust ræðast við í þeim tilgangi að koma aftur á jafnvægi.

3. Ísland skal leggja til tölfræðilegar upplýsingar um veiðar skipa Evrópubandalagsins. Upplýsingar um hvern mánuð skulu berast Evrópubandalaginu eigi síðar en síðasta dag næsta mánaðar.

Stjórnvöld aðildarríkja Evrópubandalagsins munu veita íslenskum stjórnvöldum upplýsingar um það magn sem landað er af fiski sem veiddur er við Ísland af skipum Evrópubandalagsins. Þessar upplýsingar munu verða sendar áður en fjórtán dagar eru liðnir frá löndun.

Viðauki B
Fyrirkomulag leyfisveitinga og framkvæmd samnings

1. Fiskveiðar Efnahagsbandalags Evrópu innan efnahagslögsögu Íslands.

1.1 Útgefin leyfi skulu aldrei verða fleiri en 18 og togarar við veiðar í efnahagslögsögu Íslands skulu aldrei vera fleiri en 5 samtímis, þar af aldrei fleiri en 3 á hvoru svæðinu. Verksmiðjutogurum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð, teljast ekki verksmiðjuskip.

1.2 Evrópubandalagið skal leggja fram fyrir 31. mars ár hvert, skrá yfir fiskiskip sem óskað kann að verða tímabundinna veiðileyfa fyrir í samræmi við úthlutun aflaheimilda á Íslandsmiðum.

Vegna leyfisumsóknar fyrir hvert skip skal fylgja útfyllt eyðublað. Eyðublað er að finna í viðbæti 1.

Íslensk yfirvöld skulu gefa út leyfin áður en 30 dagar eru liðnir frá móttöku skrárinnar.

Óska má eftir breytingum á skránni hvenær sem er og skulu óskirnar teknar til athugunar svo fljótt sem auðið er.

Leyfi má afturkalla ef þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum er ekki fullnægt.

Ísland skal tilkynna bandalaginu nöfn og einkenni skipa sem fá ekki leyfi til að veiða í íslenskri lögsögu vegna brota á íslenskum reglum.

1.3 Landhelgisgæslu Íslands skal tilkynnt um komu og brottför skipa úr efnahagslögsögu Íslands. Við brottför skal veita upplýsingar um áætlað aflamagn. Veita skal Landhelgisgæslunni upplýsingar um staðsetningu skipa hvenær sem þess er óskað.

Opinber samskipti þessara skipa við önnur skip í námunda við þau eða við Landhelgisgæsluna skulu fara fram á ensku. Nema öðruvísi sé um samið skal hið sama gilda um samskipti eftirlitsmanns við skipstjóra eða fulltrúa hans.

1.4 Ísland má krefjast þess að eftirlitsmaður verði ávallt um borð í togara innan efnahagslögsögu Íslands. Skip frá Evrópubandalaginu má óska eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn, eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2. Skipið skal koma ósk um eftirlitsmann til íslenskra yfirvalda eigi síðar en með sjö daga fyrirvara. Eftirlitsmaður skal hafa þeim skyldum að gegna að fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Ef einhver þorskur veiðist, eða meðafli annar en langhali verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, getur eftirlitsmaðurinn krafist þess að veitt verði annarsstaðar á hinu afmarkaða svæði. Eftirlitsmaðurinn skal veita yfirvöldum sínum upplýsingar um veiðarnar. Upplýsa skal Evrópubandalagið þegar megin hluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfður heildarafli hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.

Eftirlitsmaðurinn skal ekki búa við lakari skilyrði um borð en yfirmenn skipsins. Hann skal hafa alla þá aðstöðu sem hann þarf til að sinna sínum skyldum, þ.m.t. óhindraðan aðgang að fjarskiptatækjum til embættiserinda og öllum athafnasvæðum og skjölum um borð. Eftirfarandi kostnaður vegna eftirlitsmannsins skal greiddur af skipinu: Ferðakostnaður til og frá þeirri höfn þar sem eftirlitsmaðurinn kemur um borð eða fer frá borði, uppihald og launakostnaður sem nemur 140 ECU hvern dag sem eftirlitsmaðurinn er um borð auk tveggja daga til ferðalaga. Krefjast má bankaábyrgðar eða fyrirframgreiðslu.

1.5 Ef skip er með afla um borð þegar það kemur inn í efnahagslögsögu Íslands, skal honum landað á Íslandi og hann vigtaður í samræmi við íslenskar reglur, áður en veiðar hefjast í íslenskri lögsögu.

Íslensk stjórnvöld geta ákveðið að veita undanþágu varðandi tegundir sem ekki koma fyrir sem aukaafli við karfaveiðar á þeim veiðisvæðum sem afmörkuð hafa verið innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Þegar skip yfirgefur efnahagslögsögu Íslands, eftir að hafa stundað þar veiðar og áður en það hefur veiðar á öðrum miðum, skal það annað hvort landa aflanum á Íslandi og vigta hann í samræmi við íslenskar reglur, eða á fiskmörkuðum sem hafa verið viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum (sjá viðbæti 3)

2. Veiðar Íslands á loðnu sem hefur verið úthlutað Evrópubandalaginu í fiskveiðilögsögu Grænlands.

Ísland mun fara að öllum viðeigandi ákvæðum grænlensku fiskveiðilögjafarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið Viðbætir 1

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ

SKIP

Tegund skips: ..... Skrásetningarnr: .....

Nafn skips: ..... Fyrra nafn skips: .....

Smíðastaður skips og smíðaár: .....

Haffærnisskírteini - útgáfustaður og dagur: .....

Lengd: ..... Mesta breidd:..... Lestarrými:.....

Brúttótonn: ..... Nettótonn:.....

Byggingarefni: .....

Gerð aðalvélar: Tegund: ..... Vélarafl: .....

Skrúfa: Föst ☐ Breytileg ☐ Skrúfuhringur ☐

Ganghraði: .....

Kallmerki: ..... Kalltíðni: .....

Dýptarmælar, siglinga- og fjarskiptatæki: Radar ☐ Fisksjá ☐ Höfuðlínu-mælir ☐

VHF ☐ SSB ☐ Gervihnattar-staðsetning ☐

Annað .....

Fjöldi í áhöfn: .....

Nafn skipstjóra: .....

Meðferð afla: Lagður á ís ☐ Lagður á ís og kældur ☐

Kassar/kör ☐ Kældur í sjó ☐

Heildarkæligeta: .....

Geymslurými: .....

Frystigeta: Já ☐ Nei ☐

Sjávarútvegsráðuneytið

Áætlaður löndunarstaður: .....

Tegund vörpu: .....

Lengd vörpu: ..... Höfuðlína: .....

Möskvastærð í poka: .....

Möskvastærð í vængjum: .....

Toghraði: .....

Eigandi skipsins

Nafn fyrirtækis: .....

Skráningarnúmer: .....

Heimilisfang: .....

LISTI YFIR HAFNIR FYRIR EFTIRLITSMENN TIL AÐ FARA UM BORÐ EÐA FRÁ BORÐI

ÍSLAND:	
BRESKA SAMVELDIÐ:	HULL ULLAPOOL ABERDEEN
DANMÖRK:	SKAGEN HIRTSHALS HANSTHOLM
ÞÝSKALAND:	CUXHAVEN BREMERHAVEN ROSTOCK
BELGÍA:	ZEEBRUGGE
FRAKKLAND:	BOULOGNE
NOREGUR:	BERGEN STAVANGER
FÆREYJAR:	THORSHAVN
PORTÚGAL:	AVEIRO VIANA DO CASTELO
HOLLAND:	SCHEVENINGEN VLISSINGEN IJMUIDEN

Viðbætir 3

UPPBOÐSMARKAÐIR FYRIR FISK SEM ERU VIÐURKENNDIR AF SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTINU TIL ÞESS AÐ VIGTA AFLA Á ÁRINU 1992

Belgía:	NV Zeebrugse Visveiling, Vismijnstraat 12 Zeebrugge
Danmörk:	Skagen Fiskeauktion, Auktionsvej 10, 9990 Skagen, Hirtshals Fiskeauktion, Havnegade 28, 9850 Hirtshals, Hanstholms Fiskeauktion, Havnen, 7730 Hanstholm,
England:	Grimsby Fishmarket, Hull Fishmarket,
Frakkland:	Agency Services Uni Péche and Gelner, Boulogne,
Þýskaland:	Fischmarket 2190 in Cuxhaven, F.B.E.B. Breme, Lengstr. 2850, Bremerhaven,

AGREED RECORDS OF CONCLUSIONS OF FISHERIES CONSULTATIONS
BETWEEN THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY
AND THE REPUBLIC OF ICELAND

BRUSSELS, 27 NOVEMBER 1992

1. A Community delegation headed by Mr. Henrik Schmiegelow and an Icelandic delegation headed by Ambassador Hannes Hafstein met in Brussels on 27 November 1992 for consultations on mutual fisheries relations in 1993.

2. In conformity with the Agreement on fisheries, in the form of an Exchange of Letters, signed on 2 May 1992, between the European Economic Community and the Republic of Iceland, the delegations agreed to recommend to their respective authorities the fisheries arrangements for 1993 outlined in the attached Annex A.

3. The delegations agreed that a Party intending to introduce or to amend the fisheries regulations applicable to vessels of the other Party shall inform the latter of such intentions with at least two weeks notice. Consultations shall be held if so requested by either Party. Such regulations, and any measures taken subsequently to the annual fixing of fishing possibilities, shall take into account the need not to jeopardize the possibilities for fishing allowed to fishing vessels of the other Party.

4. The delegations agreed that the licencing and enforcement systems in force shall be in accordance with Annex B.

Brussels, 27 November 1992

HENRIK SCHMIEGELOW
Head of Community
Delegation

HANNES HAFSTEIN
Head of Icelandic
Delegation

ANNEX A

QUOTAS

1. Each Party shall allocate the catch quotas indicated hereunder for the other in the indicated fishery zone.

1.1. Quotas for Community vessels fishing in the Icelandic Economic Zone.

A quota of 3.000 tonnes for a directed fishery of redfish, including by-catches (no cod) to be fished between July and December in the areas defined in the Agreement in the form of an Exchange of Letters signed on 2 May 1992.

1.2. Quotas for Icelandic vessels to be fished from the Community quota allocated under its Agreement on Fisheries with the Government of Denmark and the local Government of Greenland.

A quota of 30.000 tonnes of capelin to be fished between January and April.

2. Consultations shall take place at the request of either Party on matters - including unforeseen circumstances - pertaining to the implementation of the arrangement set out herewith.

In the event that one of the quotas agreed between the Parties has to be reduced for unforeseen biological reasons, the Parties shall immediately consult each other with a view to reestablishing the balance.

3. Iceland shall supply catch statistics concerning Community vessels. Communication of these statistics shall take place at the latest on the last day of each month for the preceding month.

The Member States authorities will submit to the Icelandic authorities the quantities landed in their ports by Community vessels of species caught in Icelandic waters. This data will be transmitted within 14 days after the landing took place.

ANNEX B
LICENSING AND ENFORCEMENT SYSTEMS

1. EEC fishing in Icelandic waters

1.1. The total number of licences issued shall not exceed 18 and the maximum number of trawlers in the Icelandic Economic Zone at any given time shall not exceed 5 in all or 3 in any of the two allocated areas. Licences shall not be issued to factory trawlers. Vessels where only gutting and freezing operations are carried out on board will not be considered as factory vessels.

1.2. The Community shall notify each year before March 31, according to the fishing possibilities allowed, a base list of fishing vessels for which periodic licences may be requested.
For each vessel a licence application form as at Appendix 1 shall be attached.
The Icelandic authorities shall issue the licences to the Community within a period of 30 days of reception of the base list.
Requests for amendments to the base list may be made at any time and shall be processed expeditiously.
Licences may be withdrawn in the event of any failure to meet the obligations laid down in the Agreement.
Iceland shall submit to the Community the names and characteristics of those vessels which will not be authorized to fish in the Icelandic Zone as a consequence of an infringement of its rules.

1.3. The entry into and departure from the Icelandic Economic Zone shall be notified to the Icelandic Coast Guard as well as the estimated catch at departure. The position of the ship within the Icelandic Economic Zone shall be reported whenever so requested by the Coast Guard.

Official Communication between the vessels and other vessels in the neighbourhood or with the Coast Guard shall take place in English. Unless otherwise agreed the same shall apply to communications between the inspector and the captain of the vessel or his representative.

1.4. Iceland may require an inspector to be on board at any time while a trawler is present in the Icelandic Economic Zone. A Community vessel may request the Icelandic inspector to embark or to disembark in the port of departure or any of the ports listed in Appendix 2. The vessels shall submit its request for an inspector to embark to the Icelandic authorities not later than 7 days in advance. The duties of the inspector shall be to monitor the trawlers fishing activities and to ensure compliance with all Icelandic fishery laws and regulations applicable to these activities. If there are by-catches of cod or if by-catches of other species than grenadier exceed 10% of the catch in each haul the inspector can order the fishing to be redirected within the designated area. He shall inform his authorities about the catch taken. The Community shall be informed when the total allowable catch is about to be reached. When the total quota has been exhausted, the Icelandic authorities will stop the fishery.

The inspector shall be accorded conditions not less favourable than those enjoyed by officers of the vessel and every facility needed to carry out his duties, including free access to telecommunications equipment for official use, and all premises and documents of the ship. The following costs of the inspector shall be born by the vessel: travel costs to and from the ports of embarkment and disembarkment, as well as upkeep and a per diem allowance of 140 ECUs whilst on board the vessel, plus two travel days. A bank guarantee or advance payment may be required.

1.5. Vessels entering the Icelandic Zone with fish on board shall land the catch in Iceland and weigh it according to Icelandic regulations before starting their fishing activity within the Icelandic EEZ.

The Icelandic authorities can make exceptions regarding species which do not appear as a by-catch in a directed redfish fishery in the designated areas of the Icelandic EEZ.

Vessels leaving the Icelandic Economic Zone after having fished there and before starting fishing activities elsewhere shall either land their catches in Iceland and weigh them there according to Icelandic regulations or at fish auction markets which have, at any given time, received the approval of Icelandic authorities for weigh-in (see Appendix 3).

2. Iceland fishing a Community allocation of Capelin in Greenland waters.

Iceland will comply with all the relevant provisions of the Greenland fishery legislation.

APPENDIX 1

Sjávarútvegsráðuneytið

APPLICATION FORM

VESSEL

Type of vessel:..... Registration No: .....

New name:..... Former name: .....

Date and place of construction:.....

Date and place of certification of seaworthiness:.....

Length:..... Beam:..... Hold:.....

Gross tonnage:..... Net tonnage:.....

Type of building materials:.....

Make of main engine: Type:..... Rating:.....

Propeller:..... Fixed ☐ Variable ☐ Ducted ☐

Transit speed:.....

Call sign:..... Call frequency:.....

List of sounding, navigating and transmission instruments:

Radar ☐ Sonar ☐ Netsonde ☐

VHF ☐ SSB ☐ Netsonde satellite navigation ☐ Other.....

No of seamen:.....

Name of captain:.....

Packed in ice ☐ Ice and refrigeration ☐

Box ☐ Refrigerated sea water ☐

Total refrigerating power:.....

Sjávarútvegsráðuneytið

Hold capacity:.....

Freezing capacity Yes☐ No☐

Estimated landing place:.....

Type of trawl:.....

Length of trawl:..... Headline:.....

Mesh size in the body:.....

Mesh size in the wings:.....

Speed of trawling:.....

OWNER OF THE VESSEL

Name of firm:.....

Trade register No:.....

Address:.....

Appendix 2

LIST OF PORTS TO EMBARK OR DISEMBARK INSPECTORS

ICELAND:	
UNITED KINGDOM:	HULL ULLAPOOL ABERDEEN
DENMARK:	SKAGEN HIRTSHALS HANSTHOLM
GERMANY:	CUXHAVEN BREMERHAVEN ROSTOCK
BELGIUM:	ZEEBRUGGE
FRANCE:	BOULOGNE
NORWAY:	BERGEN STAVANGER
FAROE ISLANDS:	THORSHAVN
PORTUGAL:	AVEIRO VIANA DO CASTELO
NETHERLANDS:	SCHEVENINGEN VLISSINGEN IJMUIDEN

APPENDIX 3

FISH AUCTION MARKETS WHICH HAVE RECEIVED THE APPROVAL OF THE MINISTRY OF FISHERIES TO WEIGH-IN CATCHES IN THE YEAR 1992

Belgium:	NV Zeebrugse Visveiling, Vismijnstraat 12 Zeebrugge
Denmark:	Skagen Fiskeauktion, Auktionsvej 10, 9990 Skagen, Hirtshals Fiskeauktion, Havnegade 28, 9850 Hirtshals, Hansthoms Fiskeauktion, Havnen, 7730 Hanstholm,
England:	Grimsby Fishmarket, Hull Fishmarket,
France:	Agency Services Uni Péche and Gelner, Boulogne,
Germany:	Fischmarket 2190 in Cuxhaven, F.B.E.B. Breme, Lengstr. 2850, Bremerhaven,

376. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur í raun að meira eða minna leyti haft samning um hið Evrópska efnahagssvæði til meðferðar allt frá því umræður um hann hófust vorið 1989. Sérstaklega hefur nefndin fjallað ítarlega um málið á sumarfundum og sl. mánuði eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Um störf nefndarinnar að öðru leyti er vísað til ítarlegs yfirlits sem fylgir áliti meiri hlutans.

Fyrsti minni hluti hefur engar athugasemdir að gera við meðferð málsins, hvorki í núverandi utanríkismálanefnd eða þeirri fyrri.

Á nefndarfundi komu þeir gestir sem óskað var eftir og þær upplýsingar fengust sem beðið var um. Hitt er svo annað mál að enn eru ýmis atriði þessa viðamikla samnings óljós. Sjávarútvegssamningur við Evrópubandalagið liggur enn ekki fyrir. Óljóst er hvort heimilt verður að leggja jöfnunargjald á ýmsar innfluttar landbúnaðarafurðir og réttindi erlendra iðnaðarmanna hér á landi eru enn ófrágengin, svo að nokkur atriði séu nefnd.

Vafalaust er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði sá viðamesti sem Íslendingar hafa gert og mikilvægur að sama skapi. Hann getur einnig orðið mjög örlagaríkur fyrir íslensku þjóðina, því er nauðsynlegt að meta þennan samning mjög vandlega en það verður að gera frá þremur hliðum.

Í fyrsta lagi verður að meta efnahagsleg áhrif samningsins.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, eins og unnt er, hver framtíð Íslands verður í slíku samstarfi.

Í þriðja lagi verður að skoða af fullri einurð hvort hin íslenska stjórnarskrá heimilar að gera umræddan samning og hlýtur það að teljast forsenda þess að umræddur samningur verði gerður. Undirritaðir telja því rétt að skoða í upphafi stjórnskipulega hlið málsins.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað mjög ítarlega um stjórnskipulega hlið samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Á síðasta sumri fékk nefndin á sína fundi ýmsa lögfræðinga sem sérfróðir eru um íslensku stjórnarskrána. Ítarleg skrifleg álit fengust einnig. Þessari yfirferð yfir stjórnarskrárþátt málsins lauk með málþingi sem utanríkismálanefnd hélt ásamt stjórnarskrárnefnd að ósk Steingríms Hermannssonar. Þar voru mættir Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Hannes Hafstein ráðuneytisstjóri, dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og prófessor Björn Þ. Guðmundsson. Einnig hafa verið skoðuð álit erlendra sérfræðinga, einkum danska prófessorsins Max Sørensens.

2. gr. stjórnarskrárinnar skiptir ríkisvaldinu á milli forseta og Alþingis, framkvæmdarvalds og dómsvalds. Að sjálfsögðu er hér aðeins um innlenda valdhafa að ræða. Hvergi í stjórnarskránni er gefið til kynna, hvað þá sagt skýrum orðum, að heimilt sé að framselja vald til erlends aðila.

Hins vegar verður ekki um það deilt að gert er ráð fyrir að framselja vald til eftirlitsstofnunar EFTA og til EFTA-dómstólsins í tengslum við samkeppnisreglur samningsins. Að þessari niðurstöðu komast m.a. þeir fjórir lögfræðingar sem sátu í nefnd þeirri sem utanríkisráðherra skipaði og Björn Þór Guðmundsson og Guðmundur Alfreðsson. Aftur á móti eru lögfræðingarnir ósammála um það hvort um framsal valds er að ræða í öðrum atriðum samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með því að samkeppnisreglur séu haldnar. Ef stofnunin telur þær brotnar getur stofnunin m.a. ákveðið fésektir. Niðurstöðum verður ekki áfrýjað til innlends dómstóls, heldur aðeins til EFTA-dómstólsins. Fésektirnar eru aðfararhæfar án þess að innlendur dómstóll fái um þær fjallað.

Nefnd sú, sem utanríkisráðherra skipaði, kemst að þeirri niðurstöðu að umrætt framsal á valdi sé það vel afmarkað, takmarkað og ekki íþyngandi fyrir íslenska aðila að það megi teljast heimilt. Björn Þór Guðmundsson og Guðmundur Alfreðsson vekja hins vegar athygli á því að stjórnarskráin heimilar hvergi framsal á valdi, jafnvel þótt takmarkað sé, og því beri að telja slíkt framsal óheimilt. Í ítarlegu riti kemst prófessor Max Sørensen að þeirri niðurstöðu að áður en sérstök heimild kom í dönsku stjórnarskrána hafi hvers konar framsal á valdi til erlendrar stofnunar verið óheimilt. Hann telur það grundvallaratriði að handhafar valdsins hafi orðið að vera danskir. Eins og kunnugt er rekur íslenska stjórnarskráin uppruna sinn til þeirrar dönsku.

Rétt er að vekja athygli á því að öll önnur ríki Norðurlanda hafa á síðustu áratugum sett sérstakt ákvæði í sínar stjórnarskrár sem heimilar takmarkað framsal á valdi. Í greinargerðum með þessum breytingum kemur fram að þetta hafa löndin talið nauðsynlegt vegna vaxandi alþjóðlegs samstarfs.

Einnig má nefna að bæði Norðmenn og Finnar, og reyndar einnig Austurríkismenn, töldu óhjákvæmilegt að fjalla um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði á grundvelli þeirrar greinar í stjórnarskrám sínum sem heimilar takmarkað framsal á valdi, enda sé það samþykkt með auknum meiri hluta á þingi.

Á nýloknu flokksþingi framsóknarmanna var ályktað:

„[Flokksþingið telur] vafasamt að það standist hina íslensku stjórnarskrá að framselja til eftirlitsstofnunar og dómstóls EFTA vald eins og gert er ráð fyrir í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Flokksþingið ber virðingu fyrir íslensku stjórnarskránni og telur að túlka beri allan vafa henni í hag. Flokksþingið telur því nauðsynlegt að breyting fari fram á íslensku stjórnarskránni áður en unnt verði að samþykkja aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði.“

Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að íslenska stjórnarskráin heimili ekki samþykkt þess samnings um hið Evrópska efnahagssvæði sem hér liggur fyrir.

Um efnishlið samningsins og framtíð Íslands í slíku samstarfi mætti hafa langt mál. Í samningnum eru bæði ákvæði sem eru jákvæð fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf og önnur sem teljast verða vafasöm eða neikvæð. Framtíð Íslands í hinu Evrópska efnahagssvæði mundi hins vegar ráðast mjög af því hve sterkt íslenskt atvinnulíf er í stórauknu erlendu samstarfi. Veikburða atvinnuvegir munu illa standast slíka samkeppni eða ásókn erlends fjármagns. Því miður eru íslensk fyrirtæki afar veikburða nú. Ef svo verður áfram getur samningurinn orðið stórhættulegur íslensku fullveldi.

Fyrsti minni hluti sér hins vegar ekki ástæðu til að rekja efnisatriði samningsins nánar því eins og fyrr segir er það forsenda fyrir gerð þessa samnings að hann standist stjórnarskrána. Það gerir hann ekki að mati 1. minni hluta og þegar af þeirri ástæðu geta undirritaðir ekki stutt þátttöku Íslendinga í hinu Evrópska efnahagssvæði.

Alþingi, 30. nóv. 1992.

Steingrímur Hermannsson, frsm. Páll Pétursson.

377. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um gagnkvæma viðurkenningu á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

Við 2. gr. Í stað orðsins „jafnsetta“ komi: jafngilda.

Greinargerð.

Þegar menntamálanefnd afgreiddi frumvarpið frá sér til 2. umr. fórst fyrir að gera tillögu um breytingu á 2. gr. þess í samræmi við breytingartillögur nefndarinnar við 1. gr. Með breytingartillögu þessari er tryggt að samræmi sé í orðalagi 1. og 2. gr. um það atriði sem um er að ræða.

378. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um vog, mál og faggildingu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneytinu Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing. Umsagnir bárust frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Fiskistofu, Samtökum fiskvinnslustöðva, Neytendasamtökunum, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Löggildingarstofunni, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Verslunarráði Íslands og Hollustuvernd ríkisins.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar við frumvarpið:

1. Lögð er til breyting á 11. gr. þannig að stofnanir og fyrirtæki séu faggilt af Löggildingarstofu eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sé faggildingar krafist samkvæmt íslenskum reglum eða reglum sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá vantaði í ákvæðið orðið „eftirlit“ og er lagt til að því verði bætt við.

2. Lagt er til að síðari málsgrein 14. gr. falli brott, en hún þykir óþörf. Ráðherra hefur samkvæmt almennum reglum og framkvæmd þær heimildir sem ákvæðið mælir fyrir um. Tekið er fram að með þessu er ekki verið að banna skiptingu Löggildingarstofu í deildir.
3. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að Löggildingarstofunni verði skylt, en ekki aðeins heimilt, að fela öðrum aðila verkefni sín með samningi svo fremi ákveðin skilyrði leyfi það.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessu breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Guðmundur H. Garðarsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

379. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um vog, mál og faggildingu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 11. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Nú er gerð krafa um faggildingu stofnana og fyrirtækja, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða eftirlit eða votta að vara, ferli eða þjónusta, svo og hæfni og þekking starfsmanna, uppfylli lögbundnar kröfur og skal þá slíkri kröfu fullnægt af Löggildingarstofunni eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Við 14. gr. Síðari málsgrein falli brott.
3. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Lögggildingarstofan skal, þar sem aðstæður mæla með, með samningi fela aðilum, sem þess óska og hafa sérþekkingu og nauðsynlega hæfni, að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

380. Svar [148. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um aðbúnað um borð í veiðiskipum.

1. *Í hve mörgum tilvikum hefur Siglingamálastofnun ríkisins veitt umsögn um hvort reglum um aðbúnað um borð í veiðiskipum, sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla, sé fullnægt og þá vegna hvaða skipa?*

Þann 28. október 1992 hafði 41 skip, sem talin eru upp á meðfylgjandi lista, verið tekin út til vinnslu afla um borð. Á sumum skipanna er einungis um flatningu til saltfiskvinnslu að ræða.

2. *Hefur Siglingamálastofnun haft afskipti af skipum sem frysta aflann um borð af þeirri ástæðu að ekki hafi verið fyrir hendi sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn?*

Siglingamálastofnun ríkisins hefur ekki haft afskipti af því að hvílur vanti fyrir áhafnir skipa. Úttekt á skipi og vinnslubúnaði er framkvæmd samkvæmt reglum um vistarverur áhafnar, nr. 50/1979, og um vinnuöryggi á fiskiskipum, nr. 413/1988.

Fjöldi hvíla ásamt öryggisbúnaði skipa er bundinn ákveðnum fjölda á hverju skipi. Þar ber skipstjóri ásamt útgerð ábyrgð á að eftir sé farið.

Fylgiskjal.

Eftirtalin skip eru búin til vinnslu afurða:

Skip	Sk.nr.	Skip	Sk.nr.
Beitir	226	Haraldur Kr.	1868
Mánaberg	1270	Skúmur	1872
Vestmannaey	1273	Ýmir	1860
Sólbakur	1276	Helga II	1903
Sléttbakur	1351	Bliki	1942
Venus	1308	Hrafn Sveinbjarnarson	1972
Snorri Sturluson	1328	Snæfugl	1976
Örfirisey	2170	Júlíus Geirmundsson	1977
Freri	1345	Andey	1980
Akureyrin	1369	Hópsnes	2031
Víðir	1376	Höfrungur III	1902
Margrét	1484	Bylgjan	2025
Hjalteyrin	1514	Þórunn Sveinsdóttir	2020
Oddeyrin	1757	Ásgeir Frímanns	2123
Siglfirðingur	1407	Barðinn	1536
Sigurbjörg	1530	Lísa María	2168
Örvar	1598	Gnúpur	1363
Stakfell	1609	Sig. Þorleifsson	1028
Hólmadrangur	1634	Snarfari	963
Sjóli	1833	Tjaldur	2158
		Sigurfari	1916

381. Svar [150. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um lyfjakistur um borð í skipum.

1. *Hvernig er reglum um lyfjakistur um borð í skipum háttað með tilliti til deyfilyfja?*

Reglugerð um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum er frá 29. mars 1989.

Í skipum 130 brl. og stærri eru róandi lyf og verkjastillandi lyf eftirlitsskyld, bæði sem stungulyf og í föstu formi sem ætluð eru til notkunar í samráði við lækni ef slys verður.

Í skipum minni en 130 brl. eru ekki róandi lyf. Nýlega hefur verið ákveðið í samráði við landlækni og Lyfjaeftirlit ríkisins að leyfa skipstjórum á skipum undir 130 brl. sem þess óska að hafa róandi og verkjastillandi lyf, petidín-stungulyf, í skipum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er það gert í samræmi við 10. gr. reglna frá 29. mars 1989. Þessi lyf eru ekki geymd í björgunarbátum.

2. *Hyggst samgönguráðherra láta fara fram endurskoðun á reglugerð um lyfjakistur um borð í skipum?*

Ég tel að með þeirri ráðstöfun sem greint er frá í svari við fyrri spurningu sé bætt úr framkvæmd reglugerðar um lyf og að ekki sé frekari aðgerða þörf. Lyfjakistur íslenskra skipa uppfylla kröfur á grundvelli EES-samningsins.

Aðeins er um að ræða örfá tilvik þar sem til greina hefði komið að nota róandi lyf vegna slysa í minni skipum, innan við eitt tilvik á ári, enda eru þessi skip almennt nærri landi og stutt til hafnar.

Fram til 1984 voru róandi lyf í gúmmíbátum skipa. Þess voru þó engin dæmi að þau væru notuð vegna slysa. Á sama tíma voru þess fjölmörg dæmi á hverju ári að brotist væri inn í skipin og gúmmíbátar skornir í sundur og fleiri spjöll unnin við leit að lyfjum. Í nokkrum tilvikum varð áhöfn skips ekki vör við skemmdarverk á björgunartækjum fyrr en komið var á haf út.

382. Svar [149. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um reglugerð um vistarverur áhafna og farþega skipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra setja vinnuhóp til að endurskoða reglugerð um vistarverur áhafna og farþega skipa?

Reglur um vistarverur áhafna flutninga- og farþegaskipa eru frá árinu 1979. Nú hefur verið ákveðið að endurskoða reglurnar og mun Siglingamálastofnun ríkisins hefja þá endurskoðun í byrjun næsta árs.

Reglurnar um vistarverur áhafna fiskiskipa eru einnig frá 1979. Endurskoðun þeirra er hafin og verða drög að nýjum reglum væntanlega send hagsmunaaðilum til umsagnar nú um áramótin. Þessar reglur eru m.a. endurskoðaðar með tilliti til breyttra aðstæðna

um borð í veiðiskipum, reglna frá sjávarútvegsráðuneytinu samkvæmt ákvæðum laga nr. 54 frá 16. maí 1992, um fullvinnslu afla um borð í veiðiskipum, og reglna á grundvelli EES-samningsins.

383. Svar [58. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um útboð á vegum samgönguráðuneytisins á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð í vöru, þjónustu og framkvæmdir voru á vegum ráðuneytisins og stofnana, sem undir það heyra, á árinu 1991 til og með 31. ágúst 1992?*
2. *Hvaða útboð voru þetta?*
3. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði tekið?*
4. *Í hve mörgum og hvaða tilvikum var lægsta tilboði ekki tekið? Hvaða rökstuddu ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun?*

Þegar boðnar eru út hafnarframkvæmdir er það á valdi hafnarstjórnar að ákveða hvaða tilboði er tekið. Hafnarstjórnir hafa samkvæmt hafnalögum frumkvæði að framkvæmdum í og við hafnir. Þegar ekki er tekið lægsta tilboði vegna þess að hafnarstjórn ákveður að taka boði frá heimamanni er ríkisframlag engu að síður miðað við lægsta tilboð.

Hvað varðar Flugmálastjórn er um það að ræða að gerðir eru beinir samningar við heimamenn um snjómokstur ef talið er að ekki yrði neinn ávinningur af útboði. Fyrr á þessu ári var einnig samið um jarðvegsjöfnun við Patreksfjarðarflugvöll án undangengins útboðs. Sá er samið var við var talinn sá eini sem hafði fullnægjandi tæki til verksins.

Fylgiskjal.

Útboð á vegum Póst- og símamálastofnunar á tímabilinu 1. janúar 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Útboðsverk	Tilboði tekið
Tölvuvætt afgreiðslukerfi fyrir Póst og símstöðvar	lægsta
Póstflutningar á leiðinni Akureyri - Reykjavík	sjötta lægsta tilboði tekið eftir fjárhags-, gæða- og rekstrarlega könnun
Þjónustuhús í Stykkishólmi	lægsta
Lóðarfrágangur í Stykkishólmi	lægsta
Tækjahús í Suðurholti í Hafnarfirði	lægsta
Milliveggir fyrir fjarskiptaeftirlit að Malarhöfða 2	lægsta
Málun fyrir fjarskiptaeftirlit að Malarhöfða 2	lægsta
Dúkalögn fyrir fjarskiptaeftirlit að Malarhöfða 2	lægsta
Jarðvinna v/ viðbyggingar í Hafnarfirði	lægsta
Undirstöður v/ viðbyggingar í Hafnarfirði	lægsta
Jarðvinna v/ viðbyggingar í Hafnarfirði	lægsta
Fullnaðarfrágangur v/ viðbyggingar í Hafnarfirði	lægsta tilboð dregið til baka, næstlægsta hæpið m/v tíma- og fjárhag og þ
Smíði afgreiðsluborða	lægsta
Breyting afgreiðsluborða á Akranesi	lægsta
Endurnýjun á þaki í Grindavík	lægsta
Jarðvinna og undirbygging jarðstöðvar í Hornafirði	lægsta
Fullnaðarfrágangur jarðstöðvar í Hornafirði	lægsta
Þakviðgerðir á Raufarhöfn	lægsta
Endurnýjun glugga á Raufarhöfn	lægsta
Breyting á afgreiðsluborðum á Húsavík	lægsta
Viðgerðir á utanhúsklæðningu landssímahússins	lægsta
Breytingar á jarðhæð póst-og símahúss í Mosfellsb.	lægsta
Málun innanhúss í Varmahlíð	lægsta
Sprunguviðgerðir og málun á Eskifirði	lægsta
Sprunguviðgerðir og málun á Stöðvarfirði	lægsta
Sprunguviðgerðir og málun á Breiðdalsvík	lægsta
Sprunguviðgerðir og málun á Reyðarfirði	lægsta
Símalagnir, Hvaleyrarholt hf. fjórði áfangi	lægsta
Símalagnir í Borgarholti I fimmti áfangi	lægsta
Símalagnir í vestursvæði Mosfelsbæjar 1. áfangi	lægsta
Símalagnir í Borgarholti I sjötti áfangi	lægsta
Símalagnir í Mosahlíð hf. fyrsti áfangi	lægsta
Vogarkerfi vegna póstmiðstöðvar	lægsta
Hug- og vélbúnaður í póstmiðstöð	lægsta
Prentun ýmissa eyðublaða	lægsta
Útboð í stafrænar símstöðvar í Reykjavík	lægsta
Útboð í rafgeyma fyrir sjálfvirkar stöðvar	lægsta
Útboð í efni og búnað fyrir háhraðanet	lægsta
Útboð á símastrengjum	lægsta
Ljósleiðaralögn Reyðarfjörður - Höfn	lægsta
Ljósleiðarlögn Vík - Höfn	lægsta
Ljósleiðaralögn Búðardalur - Bolafjall	lægsta
Útboð á plaströrum	lægsta
Ljósleiðaralögn Grindavík - Þorlákshöfn	lægsta
Ljósleiðaralögn Akranes - Reykjavík	lægsta
Sæljósleiðarastrengur og lagning hans	lægsta

Útboðsverk	Tilboði tekið
Varajarðstöð f/ útlandasambönd á Höfn	lægsta
Jarðstöð fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli	lægsta
Jarðstöð fyrir ICAO- sambönd til Grænlands	lægsta tilboði ekki tekið því ekki var líklegt að bjóðandi gæti staðið tíma
Jarðstöð fyrir ICAO- sambönd til Færeyja	lægsta
Útboð á fjölsímaútbúnaði	lægsta
Útboð á fjölsímaútbúnaði	lægsta

Útboð á vegum Flugmálastjórnar á tímabilinu 1. janúar 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Útboðsverk	Tilboði tekið
Fjarskiptastjórnkerfi fyrir flugstjórnarmiðstöð	lægsta
Vararafstöð fyrir flugstjórnarmiðstöð	lægsta
Malbikun Egilsstaðarflugvallar	lægsta
Tækjageymsla á Hornafirði	lægsta
Brautir á Borgarfirði Eystri	lægsta
Klæðning á Rifi	lægsta
Grunnur flugstjórnarmiðstöðvar	lægsta
Tækjageymsla á Sauðárkróki	lægsta
Flugstöð á Hólmavík	lægsta
Ný flugstjórnarmiðstöð	lægsta
Pípulögn flugstjórnarmiðstöðvar	lægsta
Málning flugstjórnarmiðstöðvar	lægsta
Fyrsti áfangi loftræstingar í flugstjórnarmiðstöð	lægsta
Raftöflur í flugstjórnarmiðstöð	lægsta

Útboð á vegum Hafnamálastofnunar á tímabilinu 1. janúar 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Útboðsverk	Tilboði tekið
Sjóvörn á Patreksfirði	lægsta
Sjóvarnir á Stokkseyri/Eyrarbakka	lægsta
Dýpkun á Hvammstanga	lægsta
Sjóvörn á Höfn	lægsta
Foltbryggja á Patreksfirði	lægsta
Brimvörn í Höfnum	lægsta
Landveggur/akkerisplan á Siglufirði	lægsta
Grjótvörn á Skagaströnd	næstlægsta sem var frá heimamanni
Fura fyrir lager Hafnamálastofnunar	lægsta
Þekja á Ísafirði	lægsta
Brimvarnagarður á Bolungarvík	lægsta
Sjóvörn í Selvogi	lægsta
Rafmagn á Tálknafirði	lægsta
Dýpkun á Dalvík	lægsta
Þekja á Súðavík	lægsta
Akkerisplötur á Reyðarfirði	lægsta
Steyptur kantur á Siglufirði	lægsta
Dýpkun í Hafnarfirði	lægsta
Stálþilsefni fyrir Grenivík	lægsta
Stálþilsefni fyrir Siglufjörð	lægsta
Stálþilsefni fyrir Reyðarfjörð	lægsta
Harðviður fyrir Drangsnes	lægsta
Fura fyrir Akureyri	lægsta
Þekja Þingeyri	lægsta
Ljósa- og vatnshús á Dalvík	lægsta
Dýpkun í Grindavík	lægsta
Dýpkun í Keflavík/Njarðvík	lægsta
Stálþilsefni fyrir Ísafjörð	lægsta
Stálþilsefni fyrir Skagaströnd	lægsta
Sjóvörn fyrir Akranes	lægsta
Ferjulægi í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum	lægsta
Smábátahöfn í Keflavík	lægsta
Vogarhús á Reyðarfirði	næstlægsta sem var frá heimamanni
Stálþilsefni fyrir Akureyri	lægsta
Stálþilsefni fyrir Húsavík	lægsta
Stálþilsefni fyrir Patreksfjörð	lægsta
Sjóvarnir á Reykjanesi	lægsta
Sjóvarnir í Ólafsvík	lægsta
Dýpkun á Ísafirði	lægsta
Kantur og þekja á Skagaströnd	næstlægsta sem var frá heimamanni
Stálþil og dýpkun á Húsavík	lægsta
Flotbryggjur á Flateyri	lægsta
Akkerisplötur á Patreksfirði	lægsta
Harðviður fyrir Ólafsvík	lægsta
Harðviður fyrir Bakkafjörð	lægsta
Harðviður fyrir lager Hafnamálastofnunar	lægsta

Útboðsverk	Tilboði tekið
Dýpkun í Vogum	næstlægsta, lægstbjóðandi vanhæfur
Vogarhús á Vopnafirði	lægsta
Kaflagnir á Hofsósi	lægsta
Stálþilsefni fyrir Hafnarfjörð	lægsta
Dýpkun og fleira í Vestmannaeyjum	næstlægsta, lægstbjóðandi vanhæfur
Steyptur kantur í Vestmannaeyjum	Næstlægsta sem var frá heimamanni
Þekja á Stöðvarfirði	lægsta

Útboð á vegum Vegagerðarinnar á tímabilinu 1. janúar 1991 til og með 31. ágúst 1992.

Útboðsverk	Tilboði tekið
Vegamálun í Suðurlandsumdæmi	lægsta
Biskupstungnabraut Brúará - Reykjavegur	lægsta
Landgræðsla á Suðurlandi	lægsta
Rangárvallavegur, Suðurlandsv.-Þingskálavegur	lægsta
Suðurlandsvegur, Vorsabær - Seljaland	lægsta tilboði ekki tekið eftir mat á tækjum og reynslu miðað við umfang
Klæðningar á Suðurlandi	lægsta
Kjalvegur um Gullfoss	lægsta
Snjómokstur í Suðurlandsumdæmi leiðir 1-7 "91-94	lægsta
Þingvallavegur Álftavatn-Búrfellsvegur	lægsta
Laugarvatnsvegur Snorrastaðir-Laugardalsh.	lægsta
Klæðningar á Suðurlandi	lægsta
Berglosun Fótarholtsnáma	lægsta
Grafningsvegur neðri Biskupstungnabr.-Hlíð	lægsta
Skálholtsvegur Skeiðarvegur-Helgastaðir	lægsta
Boðin út klæðning	lægsta
Biskupstungnabraut Daltún-Einholtsvegur	lægsta
Skeiða- og Hrunamannavegir Brúarhlöð-Einholtsv.	lægsta
Vegamálun 91, Reykjanesumdæmi	lægsta
Vegmerking 1991 - mössun	lægsta
Nesvegur Grindavík-Staður	lægsta
Landgræðsla 91 Reykjanes	lægsta
Yfirlagnir 1991 klæðning	lægsta
Yfirlagnir 1991 malbik	lægsta
Yfirlagnir 1991 malbikun Reykjanesbraut	lægsta
Arnarnesvegur Bæjarhraun-Reykjanesbraut	lægsta
Reykjanesbraut frág. axla í Kópavogi og Garðabæ	lægsta
Mölburður í Reykjanesumdæmi	lægsta
Snjómokstur og hálkuvörn í Gullbringusýslu	lægsta
Snjómokstur og hálkuvörn í Kjósarsýslu	lægsta
Vegmerking 1992 mössun	lægsta
Yfirlagnir og malbikun	lægsta
Yfirlagnir 1992 og klæðning	lægsta tilboði ekki tekið því bjóðandi féll frá tilboð sínu
Víknavegur um Fitjar, seinni áfngi.	lægsta
Hafnarfjarðarvegur Engidalur-Flatahraun	lægsta
Bláfjallavegur um Sandskeið	lægsta
Yfirlagnir 1992 Malbikun Reykjanesbraut	lægsta
Krýsuvíkurvegur Bleiksmýri-Krýsuvíkurhraun	lægsta
Landgræðsla "91-"92	lægsta
Klæðningar á Vesturlandi	lægsta
Efnisvinnsla "91-"92	lægsta
Gatnagerð á Varmalandi	lægsta
Hvítárvallavegur Vesturl.v.-Grjóteyri "91	lægsta
Kaldakvísl og Stóra Fura	lægsta
Ólafsvíkurvegur Fíflholt-Hítará 91	lægsta
Klæðningar á Vesturlandi "92	lægsta
Borgarfjarðarbraut Deildart.-Þverá	lægsta

Útboðsverk	Tilboði tekið
Ólafsvíkurv. um Hólsland og Kolviðanesvegur "92	lægsta
Ólafsvíkurvegur um Mýrar Urriðaá og Hestlækur	lægsta
Ísafjörður 1991	lægsta
Breiðadals og Botnheiðargöng	lægsta
Borðeyri 1991	lægsta
Landgræðsla á Vestfjörðum 1991	Lægsta tilboði ekki tekið vegna skorts á reynslu bjóðanda
Hrófberg 1991	lægsta
Bitrufjörður 1991	lægsta
Undirstöður 1991	lægsta
Hálfdán 1991	lægsta
Vængir á Seljalandsá	lægsta
Málning á Dagv.dal	lægsta
Stoðir fyrir grjótnet	lægsta
Geiradalur	lægsta
Kollafjörður	lægsta
Vatnsfjörður	lægsta
Lýsing Óshlíðar	lægsta
Langidalur	lægsta
Geitará	lægsta
Kaldbaksvík	lægsta
Fellabök	lægsta
Hálfdán	lægsta tilboði ekki tekið vegna skorts á tækjum og reynslu
Svarthamrar	lægsta
Eyrarhlíð 1992	lægsta
Norðurlandsvegur Giljareitur-Grjótá	lægsta
Strákagöng viðgerðir 1991	lægsta
Landgræðsla á Norðurlandi Vestra 91-92	lægsta
Skagafjarðarvegur 1991	lægsta
Vatnsnesvegur 1991	lægsta
Efnisvinnsla Norðurlandi Vestra og Strandasýslu	lægsta
Klæðningar Norðurlandi Vestra 1991	lægsta
Skagavegur styrking	lægsta
Siglufjarðarvegur malarslitlag 1991	lægsta
Siglufjarðarvegur rásir 91	lægsta
Snjómokstur á Norðurlandi Vestra	Lægsta tilboði ekki tekið eftir mat á reynslu og tæknilegt mat
Hegranesvegur styrking 1991	lægsta
Siglufjarðarvegur 1992	lægsta
Hegranesvegur 1992	lægsta
Strákagöng vegskáli	Lægsta tilboði ekki tekið því bjóðandi féll frá tilboð
Klæðingar Norðurlandi Vestra 1992	lægsta
Efnisvinnsla á Norðurlandi Vestra og Vestfjörðum	lægsta
Auðkúluvegur	lægsta
Malarslitlög á Norðurlandi Vestra 1992	lægsta
Vatnsskarð og Skagafjarðarvegur frágangur fláa 199	lægsta
Öxnadalsheiði 1992	lægsta
Grenivíkurvegur Gljúfurá-Grenivík	lægsta

Útboðsverk	Tilboði tekið
Norðurlandsvegur Þverá-Engimýri	Lægsta tilboði ekki tekið því bjóðandi féll frá tilboði
Landgræðsla Norðurlandi Eystra 1991	lægsta
Kísilvegur á Mývatnssveit	lægsta
Norðurlandsvegur í Bjarnarflagi	lægsta
Snjómokstur við Húsavík	lægsta
Snjómokstur við Kópasker	lægsta
Snjómokstur við Þórshöfn	lægsta
Sjómokstur Fnjóskadalsv.-Kross	lægsta
Snjómokstur við Akureyri	lægsta
Norðurlandsvegur Engimýrir-Varmavatnshólar	Lægsta tilboði ekki tekið vegna fjárhagsstöðu og fyrri reynslu
Eyjafjarðarbraut Eystri um Þverá	lægsta
Svarfaðardalsvegur Holtsá-Húsabakki	lægsta
Norðurlandsvegur Vogar-Geiteyjarströnd	lægsta
Suðurlandsvegur um Skútustaði	lægsta
Landgræðsla 1991-1992	Lægsta tilboði ekki tekið vegna aðstæðna
Norðausturvegur Skeggjastaðir-Hafnará	lægsta
Hlíðarvegur Hellisá-Fjallsh.	Lægsta tilboði ekki tekið vegna fjárhagsstöðu og fyrri reynslu
Austurlandsvegur um Teigará	lægsta
Upphéraðsvegur Hafursá-Freysh.	lægsta
Efnisvinnsla á Austurlandi	lægsta
Austulandsvegur Mánagarður-Myllulækur	Lægsta tilboði ekki tekið því bjóðandi féll frá tilboði
Snjómokstur á Héraði	lægsta
Snjómokstur í Vopna- og Bakkafirði	lægsta
Snjómokstur við Höfn	lægsta
Snjómokstur á Austurlands og Suðurfjarðavegum	lægsta
Varnargarður við Jökulsá	lægsta
Efnisflutningar	lægsta
Suðurfjarðarvegur um Eyrará	lægsta
Austurlandsvegur Dimmidalur-Skóghlíð	Lægsta tilboði ekki tekið vegna fjárhagsstöðu og fyrri reynslu
Norðurfjarðarvegur Oddsdalur-Norðurfjarðará	lægsta
Útboð á stálbitum	Lægsta tilboði ekki tekið vegna óaðgengilegra fyrirvara bjóðanda
Gegndreypt timbur	Lægsta tilboði ekki tekið v/ gæða, afgreiðslutíma og afgreiðsluskilmála
Boðið út Amín	lægsta
Vegmálning	Lægsta tilboði ekki tekið því tilboðið uppfyllti ekki útboðsskilmála
Vegleiðarar	lægsta
Vegvísun framleiðsla upferðarskilta 1991	lægsta
Ræsi	lægsta
Gaddavír	Lægsta tilboði ekki tekið því tilboðið uppfyllti ekki útboðsskilmála
Girðingarnet lykkja	lægsta
Stagvír girðingarlykkjur	Lægsta tilboði ekki tekið því bjóðandi féll frá tilboði
Staurar	lægsta
Umferðarmerki	lægsta
Rykbindiefni	lægsta
Salt	lægsta
Stálbitar	lægsta

Útboðsverk	Tilboði tekið
Stál í Laxá	lægsta
Gegndreypt timbur	lægsta
Ræsi	lægsta tilboði ekki tekið því öll tilboð þóttu óhagstæð
Spennivír	lægsta tilboði ekki tekið því tilboð uppfylltu ekki kröfur útboðsgagna
Stungubiksgeymar 5 stk.	lægsta
Skálræsi	Lægsta tilboði ekki tekið því það uppfyllti ekki skilmála útboðsgagna
Stálræsi fyrir Suðurland	lægsta
Gaddavír	lægsta
Girðingarnet lykkja	lægsta
Staurar	Lægsta tilboði ekki tekið. Hagstæðara frávikstilboði tekið
stagvír og lykkjur	lægsta
Ræsarör	lægsta
Vegmálning	lægsta
Glerperlur	lægsta
Amín	lægsta
Rykbindiefni	lægsta
Símstöð	Önnur stöð hentaði betur en sú sem lægstbjóðandi bauð
Vegleiðarar	lægsta
Vegleiðararstólpar	lægsta
Timbur	Nei, eftir athugun á flutnings og aðflutingsgjöldum var innlendu tilb. tekið
Mótatimbur	lægsta
Tjörukerrur 5 stk.	lægsta
Salt	lægsta
Umferðarmerki	lægsta
Vegmerkingarmassi	Lægsta tilboði ekki tekið því afgreiðsluskilmálar voru ófullnægjandi
Ræsi	lægsta
Bílkranar	Lægsta tilboði ekki tekið því frávikstilboð var hagstæðara
Vegheflar	Lægsta tilboði ekki tekið eftir tæknilega úttekt

384. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast stjórn og framkvæmd opinberra afskipta af húsnæðismálum samkvæmt lögum þessum. Húsnæðisstofnun skal vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðuneytið og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun skal koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu stofnunarinnar. Stofnunin skal leitast við að veita landsmönnum sömu þjónustu óháð búsetu.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um það í lögum þessum. Heimilt er að sameina yfirstjórn, rekstur og starfsmannahald tveggja eða fleiri sviða, deilda og sjóða sem kveðið er á um í lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna, *húsnæðismálastjórn*, orðast svo:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Skipunartími formanns og varaformanns skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina, sbr. 7. gr.

4. gr.

5. gr. laganna, *hlutverk húsnæðismálastjórnar*, orðast svo:

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
2. Að gera tillögur til félagsmálaráðherra að fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess.

3. Að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar. Áður en lánveiting á sér stað skal leitað staðfestingar félagsmálaráðherra á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka.
4. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana eða henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar, til sex ára í senn og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk til hennar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi stofnunarinnar og á því að þessir þættir séu innan þess ramma sem fjárlög setja.

Framkvæmdastjóri vinnur tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri situr fundi húsnæðismálastjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákvarða með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

7. gr.

4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að stofnunin semji við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána.

9. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Við Byggingarsjóð ríkisins er heimilt að starfrækja sérstaka húsbréfadeild. Um hlutverk hennar fer eins og greinir í lögum þessum.

10. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að Húsnæðisstofnun semji við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. b- og c-liðum þessarar greinar og hafa með höndum samskipti skuldara fasteignabréfa við húsbréfadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. a-lið megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

13. gr.

3. málsl. 9. mgr. 54. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

4. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo:

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, 73. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila.

16. gr.

VII. kafli laganna, **Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar**, fellur brott.

17. gr.

VIII. kafli laganna, **Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga**, fellur brott.

18. gr.

B-liður 105. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um starfstíma framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins á ekki við um þann sem gegnir störfum við gildistöku laga þessara.

II.

Ráðherra er heimilt að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

III.

Um útgreiðslur á innstæðum á skyldusparnaðarreikningum gilda eftirfarandi reglur:

a. Innstæður, sem eru 30.000 kr. eða lægri, skulu greiddar eigendum án umsóknar innan sex mánaða frá gildistöku laganna.
b. Eigandi innstæðu, sem nemur hærri fjárhæð en 30.000 kr., á kost á að fá innstæðu sína greidda þegar hann hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefur barn á framfæri. Sama á við um 75% öryrkja samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins. Sá sem stundað hefur nám í sex mánuði samfellt samkvæmt vottorði skóla á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

   Húsnæðisstofnun skal kynna réttindi samkvæmt þessum lið sérstaklega.
c. Aðrar innstæður en þær sem fram koma í a- og b-liðum skulu greiddar eigendum 1. janúar árið 2000.
d. Ákvæði laga um skyldusparnað, sbr. VIII. kafla laga nr. 86/1988, með síðari breytingum, um skattalega stöðu innstæðna, vaxtaákvarðanir, vísitöluútreikning og innheimtu skulu, eftir því sem við á, gilda til 1. janúar 2000.
e. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

IV.

Ný húsnæðismálastjórn, sbr. 4. gr. laganna, skal kosin strax eftir gildistöku laganna og skal hún sitja til næstu alþingiskosninga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta má greina í þrjá höfuðþætti:

I. Stjórnsýsluþáttur frumvarpsins; stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar, ábyrgð félagsmálaráðherra á málaflokknum og stjórnsýsluleg tengsl þessara aðila.
II. Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar verði lögð niður.
III. Brottfall skyldusparnaðar.

I. Stjórnsýsluþáttur frumvarpsins.

Sú hlið frumvarpsins sem snýr að stjórnsýsluþættinum á sér nokkurn aðdraganda. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir um óljósa stjórnsýslustöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins og óglögg valdmörk milli húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra. Á árinu 1988 var þriggja manna starfshópi, skipuðum Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Halldóri Árnasyni, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, og Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni falið að koma með tillögur að breyttu fyrirkomulagi. Komu þau með tillögu að frumvarpi í mars 1989 sem hér er að hluta til byggt á.

Félagsmálaráðuneytið og Húsnæðisstofnun höfðu um nokkurt skeið verið ósammála um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stofnunin fékk Lagastofnun Háskóla Íslands til að fjalla um stöðu sína og skilaði Lagastofnun álitsgerð um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins í ágúst 1987. Félagsmálaráðuneytið fól Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni 7. mars 1988 að gera lögfræðilega athugun á stöðu, valdsviði og ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins og tengslum stofnunarinnar og stjórnar hennar við félagsmálaráðuneytið.

Niðurstöður beggja skýrslnanna sýndu fram á að sjálfstæði Húsnæðisstofnunar væri verulegt eða mjög mikið og það væri í raun einungis með setningu laga og reglugerða sem áhrif ráðherra kæmu fram. Húsnæðismálastjórn hefði hins vegar nær algjört forræði

í málefnum stofnunarinnar og varðandi útlán að undanskildum vaxtaákvörðunum.

Ríkisendurskoðun framkvæmdi á árinu 1987 endurskoðun á reikningsskilum þeirra sjóða sem Húsnæðisstofnun hefur umsýslu með, en það eru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Í skýrslu um endurskoðunina dags. 22. júlí 1988 kemur m.a. fram að vafi virðist leika á því hver sé stjórnsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar ríkisins og lögð áhersla á að niðurstaða þurfi að fást um það hver hafi vald til að gera hvað og hver beri ábyrgðina.

Félagsmálaráðuneytið sendi niðurstöður Lagastofnunar og Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns til Ríkisendurskoðunarí október 1988 og var óskað eftir áliti á niðurstöðum og að hún kæmi með tillögur um æskilega skipan á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Í bréfi Ríkisendurskoðunar til félagsmálaráðherra dags. 3. nóvember 1988 segir m.a.:

„Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að sú skipan, sem nú gildir, er óæskileg þar sem ekki er í framkvæmd nógu tryggt að saman fari á einni hendi vald og ábyrgð sem er skilyrði fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Því telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að settar séu skýrari reglur sem eyði þeim vafaatriðum sem upp koma er [sic] varðandi yfirstjórn þessa málaflokks".

Enn fremur segir í bréfi Ríkisendurskoðunar:

„Ef litið er til þeirra laga, sem Alþingi setur Húsnæðisstofnun ríkisins, ákvarða þau mjög ítarlega starfssvið stofnunarinnar. Með því má ætla að Alþingi hafi gefið framkvæmdarvaldinu fyrirmæli um, á hvern hátt starfsháttum stofnunarinnar skuli háttað. Þannig verður ekki séð að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi umtalsvert sjálfsforræði á þessum málaflokki og því séu hennar verk fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis."

Að lokum segir í greindu bréfi Ríkisendurskoðunar:

„Með vísan til þess sem að framan greinir er ekki séð að mikilvægir framkvæmdarþættir í störfum Húsnæðisstofnunar ríkisins séu þess eðlis, að stjórnskipan stofnunarinnar geti ekki fallið beint undir framkvæmdarvaldið og telur Ríkisendurskoðun þá skipan ákjósanlega. Með þeirri skipan yrði ábyrgð á einni hendi. Áhrif Alþingis mundu ekki í reynd skerðast frá því sem verið hefur nema hvað varðar íhlutun á framkvæmdarþáttum."

Í ágúst 1992 skilaði Hagsýsla ríkisins, að beiðni félagsmálaráðherra, greinargerð um möguleika á aukinni hagkvæmni í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hagsýslan tók einnig til athugunar áðurnefnd drög að frumvarpi um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar. Lagði Hagsýslan til nokkrar breytingar á frumvarpsdrögunum sem hnigu í þá átt að heimildir ráðherra til að ákveða skipulag Húsnæðisstofnunar yrðu víkkaðar frá því sem fram kom í frumvarpsdrögunum. Var höfð hliðsjón af þeim tillögum við endanlega gerð þessa frumvarps.

Með lagafrumvarpi þessu eru gerðar tillögur um breytingu á kosningu og skipun húsnæðismálastjórnar og fjölda stjórnarmanna. Þá eru og gerðar tillögur um lagabreytingar sem kveða nánar á um hlutverk ráðherra og húsnæðismálastjórnar og verkaskiptingu á sviði húsnæðismála. Einnig er lagt til að meiri kröfur verði gerðar til fjárhagsáætlana Húsnæðisstofnunar ríkisins og að þær verði lagðar fyrir ráðherra til samþykktar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn fækki úr tíu í fimm. Lagt er til að Alþingi kjósi þá alla og formaður verði skipaður af ráðherra úr þeirra hópi og hafi sama starfstíma og ráðherra. Samkvæmt þessari breytingu er horfið frá þeirri skipan að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eigi sérstaka fulltrúa í húsnæðismálastjórn.

Þá er í frumvarpinu kveðið afdráttarlaust á um það að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála. Hlutverk Húsnæðisstofnunar er skilgreint nánar og fellt brott að stofnunin skuli hafa frumkvæði að stefnumörkun í húsnæðismálum. Lagt er til að fjallað verði um innra skipulag Húsnæðisstofnunar í reglugerð en ekki í lögum eins og nú er. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra skipi framkvæmdastjóra, en æviráðning verði afnumin, þó ekki afturvirkt. Einnig er hlutverk húsnæðismálastjórnar skilgreint á nýjan hátt og nánari reglur settar um gerð fjárhagsáætlunar, þar á meðal um meginsjónarmið varðandi lánaúthlutanir.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara forseti og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvaldið og skv. 13. gr. felur forsetinn ráðherrum framkvæmdarvald sitt. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Í 27. gr. segir að um framkvæmd laga fari að landslögum. Um ábyrgð ráðherra er fjallað í lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Samkvæmt stjórnarráðslögunum nr. 73/1969 fara ráðherrar með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, en það greinist í ráðuneyti sem talin eru upp í lögunum. Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Í 9. gr. stjórnarráðslaganna segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Í 4. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem sett er með heimild í stjórnarráðslögunum nr. 73/1969, er lýst þeim málum sem félagsmálaráðuneytið fer með. Einn af þremur aðalflokkum málefna, sem undir það ráðuneyti heyra, er nefndur „íbúðarhúsnæði“. Sá málaflokkur er nánar skilgreindur með því að nefna m.a. Húsnæðisstofnun ríkisins, framkvæmdanefndir byggingaáætlana, Byggingarsjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, verkamannabústaði, Byggingarsjóð verkamanna, byggingarsamvinnufélög, byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga o.s.frv. Samkvæmt þessu er augljóst að húsnæðismál er einn gildasti málaflokkurinn sem félagsmálaráðuneytið fer með.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um það að ráðherra beri „ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum“. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur verið talið að Alþingi sé heimilt að fela stjórnvöldum óháðum ráðherra meðferð stjórnvalds og samkvæmt viðteknum fræðikenningum ber ráðherra ekki ábyrgð á meðferð þess stjórnvalds sem tekið er undan forræði hans með lögum.

Samkvæmt núgildandi ákvæði í 4. gr. laga nr. 86/1988 skipa húsnæðismálastjórn tíu menn. Þar af eru sjö kjörnir af sameinuðu Alþingi og tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi hinna kjörnu eða tilnefndu stjórnarmanna.

Lagt er til að á þessari skipan verði gerð sú breyting að Alþingi kjósi alla stjórnarmenn, fimm talsins. Ráðherra skipar formann og varaformann úr þeirra hópi og fylgir skipan þeirra embættistíma ráðherra.

Með breytingartillögum þessum er leitast við að ná þeim markmiðum að gera stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skilvirkari, koma í veg fyrir hagsmunaárekstur í meðferð stjórnvaldsins. Þá er leitast við að auka tengsl húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra með því að skipunartími formannsins skuli vera starfstími ráðherra. Nýjum ráð-

herra er með þessum hætti gert kleift að skipa nýjan formann húsnæðismálastjórnar í upphafi starfstíma síns.

Vart verður um það deilt að í raun bera umræður á Alþingi það með sér að þingmenn telja félagsmálaráðherra bera ábyrgð á framkvæmd húsnæðismálastefnunnar á hverjum tíma. Þeir ráðherrar, sem með húsnæðismál hafa farið, hafa sætt gagnrýni fyrir framkvæmdir á þessu sviði sem umdeilanlegt er hvort voru innan valdmarka ráðherra. Hér er því lagt til að valdmörk ráðherra og húsnæðismálastjórnar verði skýrari en verið hefur og lögð á það áhersla að rétt sé að valdið sé hjá þeim sem ábyrgðina bera.

II. Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar.

Lengi hefur verið í umræðu að tími sérstakrar tæknideildar í Húsnæðisstofnun hafi runnið sitt skeið. Í þessum efnum hafa átt sér stað miklar breytingar á undanförnum árum. Er nú kostur á fjölbreyttri þjónustu á vegum arkitekta- og verkfræðistofa og því talið ónauðsynlegt að sams konar þjónusta sé rekin á vegum ríkisins. Jafnframt hefur verið bent á hversu óeðlilegt sé að tæknideild hanni íbúðir annars vegar og hafi síðan eftirlit með því sama verki hins vegar.

Í bréfi félagsmálaráðherra til Hagsýslu ríkisins dags. 9. júlí 1992 þar sem óskað var eftir því að gerð yrði úttekt á hagkvæmni í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins var óskað sérstaklega eftir því að kannaðir væru möguleikar á því að draga úr starfi tæknideildar einkum hvað snertir vinnu við hönnun.

Í greinargerð Hagsýslu ríkisins frá ágúst 1992 til félagsmálaráðherra er því lýst hvernig verkefni tæknideildar skiptist í tvennt: hönnunardeild og tækniþjónustu. Um hönnunardeildina segir svo:

„Á árinu 1991 voru unnin í deildinni um 8 ársstörf auk 5.300 yfirvinnutíma. Samkvæmt drögum að rekstrarreikningi 1991 var rekstrarkostnaður deildarinnar 37,1 m.kr. Þar af nam launakostnaður 18,9 m.kr. og greiðslur til verktaka 10,3 m.kr. Tekjur deildarinnar voru 29 m.kr. þar af 5,6 m.kr. vegna þjónustu við byggingarsjóðina og aðrar deildir Húsnæðisstofnunar. Rekstrarhalli var 8,1 m.kr.

Verkefni hönnunardeildar eru einkum þau að hanna íbúðarhúsnæði og selja teikningar til húsnæðisnefnda, annarra aðila sem standa að félagslegum íbúðarbyggingum og á almennum markaði. Deildinni er ætlað að afla tekna til eigin rekstrar. Á síðasta ári var tap á deildinni og er útlit fyrir að það haldi áfram á þessu ári. Þetta gerist þrátt fyrir að deildinni sé ekki ætlað að greiða hluta af kostnaði við yfirstjórn stofnunarinnar og ýmsan annan sameiginlegan kostnað. Miðað við hlutfallsleg umsvif deildarinnar af heildarumsvifum stofnunarinnar væri ekki óeðlilegt að meta þennan kostnað á u.þ.b. 8 m.kr. Því er raunverulegur halli af rekstri deildarinnar verulegur.

Það er að mörgu leyti í andstöðu við almenn sjónarmið um hlutverk ríkisstofnana að Húsnæðisstofnun reki arkitekta- og verkfræðistofu. Nú eru aðrir tímar en þegar starfsemin var sett á laggirnar, mikið framboð er á þekkingu og þjónustu og samkeppni sífellt að aukast. Tæknideildin hefur eftirlit með byggingum félagslegs húsnæðis, þar á meðal hönnun þess. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að hönnunardeildin geti haft aðgang að verkum annarra hönnuða. Þá hefur einnig verið bent á að það sé ákveðinn árekstur fólginn í því að tæknideild hafi eftirlit með byggingu húsa sem deildin hannar sjálf."

Þá segir um tækniþjónustu í greinargerð Hagsýslunnar:

„Á árinu 1991 voru unnin í deildinni tæp níu ársstörf auk 8.400 yfirvinnutíma. Samkvæmt drögum að rekstrarreikningi 1991 var rekstrarkostnaður deildarinnar 33,1 m.kr. Þar af nam launakostnaður 23 m.kr. og greiðslur til verktaka 2,7 m.kr. Tekjur deildarinnar

voru 40,8 m.kr. þar af 15,7 m.kr. vegna þjónustu við byggingarsjóðina og aðrar deildir Húsnæðisstofnunar. Auk þess voru 6 m.kr. vegna sölu á þjónustu til hönnunardeildar. Hagnaður af rekstri tækniþjónustu var 7,7 m.kr. Á sama hátt og hönnunardeild þarf tækniþjónusta ekki að greiða ýmsan kostnað við yfirstjórn stofnunarinnar. Þennan kostnað má meta til tæplega 9 m.kr. Ef þessi tala er tekin með í reikninginn er ljóst að tækniþjónustan er rekin með halla. Við það bætist að Húsnæðisstofnun getur í raun ákveðið hversu miklar tekjur deildin fær frá byggingarsjóðunum og þeim sem standa fyrir byggingu félagslegs húsnæðis.

Hlutverk tækniþjónustu er fyrst og fremst að hafa eftirlit með framkvæmdum þeirra sem standa fyrir byggingu félagslegs húsnæðis. Gerðar eru ákveðnar kröfur um hámarks- og lágmarkskostnað húsnæðis og einnig verða efnisval og byggingaraðferðir að standast vissar gæðakröfur. Þá er fylgst með því að greiðslur til byggingaraðila séu í samræmi við framvindu framkvæmdarinnar. Auk þessa veitir tækniþjónusta framkvæmdaraðilum þjónustu, t.d. umsjón með útboðum.

Það er ljóst að eftirlit Húsnæðisstofnunar er nauðsynlegt á meðan lánveitingum og ábyrgðarskiptingu er háttað eins og nú er. Húsnæðisstofnun veitir niðurgreidd lán og þarf að geta fylgst með því að þau séu notuð eins og reglur segja til um. Hins vegar er það spurning hvernig eftirlitinu er háttað og hversu nákvæmt það á að vera.

Með stofnun húsnæðisnefnda sveitarfélaga er stefnt að því að ábyrgð á félagslegu húsnæði færist í auknum mæli til þeirra enda er mestur hluti félagslegs húsnæðis byggður í tiltölulega fáum og stórum sveitarfélögum. Húsnæðisnefndir á þeim stöðum ættu að vera í stakk búnar til að axla aukna ábyrgð. Við þetta bætist að sú stefna hefur verið mótuð að auka kaup á félagslegu húsnæði í stað þess að byggja nýtt. Þetta á sérstaklega við á stöðum þar sem framboð á notuðu húsnæði er meira en eftirspurn og markaðsverð lágt. Því er full ástæða til að huga að því hvort ekki sé mögulegt að draga úr miðstýringu í eftirliti og einfalda það."

Hagsýsla ríkisins leggur síðan fram eftirfarandi tillögur:

Í fyrsta lagi að starfsemi hönnunardeildar verði seld.

Í öðru lagi að eftirlit tækniþjónustu verði einfaldað og starfsemin dregin saman.

Er nú unnið að því að hugmyndir þessar nái fram að ganga. Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 (A- og B-hluta) er gert ráð fyrir því að starfsemi hönnunardeildar verði hætt og eigur hennar seldar. Í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpi þessu er lagt til að ráðherra verði heimilt að selja eigur hönnunardeildar. Tækniþjónusta Húsnæðisstofnunar vegna félagslegra íbúða verði dregin saman eins og kostur er, en sú þjónusta sem eftir stendur krefst ekki sérstakrar deildar, enda er það í samræmi við efni frumvarpsins að deildaskipting Húsnæðisstofnunar verði ekki lögbundin, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir tækniþjónustu Húsnæðisstofnunar í 7. gr. laganna, en óþarft þykir að tilgreina þá þjónustu sérstaklega fremur en ýmsa aðra þjónustu sem Húsnæðisstofnun er ætlað að veita.

III. Skyldusparnaður.

Um nokkurt skeið hefur fyrirkomulag skyldusparnaðar verið til umræðu, hvort tími þessa sparnaðarforms sé liðinn. Að beiðni félagsmálaráðherra var Hagsýslu ríkisins falið að gera úttekt á rekstri innlánsdeildar Húsnæðisstofnunar, þeirrar deildar sem fer með skyldusparnaðinn.

Í greinargerð Hagsýslu ríkisins til félagsmálaráðherra frá því í ágúst 1992 er lagt til að endurmetið sé með hliðsjón af breyttum tímum hvort þörf fyrir skyldusparnað sé enn fyrir hendi.

Mörg rök styðja þá niðurstöðu að tími skyldusparnaðar sé liðinn.

Þegar skyldusparnaður var lögfestur í lögum um Húsnæðisstofnun nr. 42/1957 var honum ætlað að vera bæði til hagsbóta fyrir unga fólkið, svo og tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins. Samkvæmt lögunum frá 1957 áttu skyldusparendur forgang til lána og rétt á hærra láni en aðrir. Smám saman var dregið úr þessum „forréttindum" uns þau hurfu með öllu úr lögum á árinu 1980, sbr. lög nr. 51/1980. Næstu tímamót í lögum, sem draga mjög úr gildi skyldusparnaðarins, var þegar húsbréfakerfið tók að fullu við af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins með lögum nr. 47/1991. Húsbréfakerfið felur í sér verulega breytingu á fjármögnun húsnæðislána. Í stað framlaga úr ríkissjóði, skyldusparnaðar ungmenna og sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða til að fjármagna almenn húsnæðislán, eru húsbréfin seld á markaði, notuð sem greiðsla í fasteignaviðskiptum eða geymd sem sparnaður. Lánsfjármögnun byggist nú á skuldabréfaviðskiptum, húsbréfaviðskiptum, en ekki á beinum lánum. Mikilvægi skyldusparnaðar fyrir húsnæðiskerfið fer því síminnkandi. Við þetta bætist að talið er að verulega skorti á að skyldusparnaður sé innheimtur af öllum sem hann eiga að greiða.

Auk framangreindra atriða hafa þjóðfélagsaðstæður allar breyst mikið frá því sem var þegar skyldusparnaður var lögfestur árið 1957. Má hér nefna að unga fólkið, fólk á skyldusparnaðaraldri 16–26 ára, stundar nú skólanám í ríkara mæli en áður þekktist og því ekki raunhæft að ætla því að leggja til hliðar peninga á því æviskeiði. Þetta leiðir til þess að samkvæmt undanþáguákvæðum í lögum á skólafólk rétt á því að fá skyldusparnað sinn útgreiddan sem hefur í för með sér mikinn kostnað og er ávinningur Byggingarsjóðs ríkisins því lítill. Jafnframt bjóðast nú ungum sem öldnum margvísleg sparnaðartækifæri og fjölbreytt sparnaðarform. Mikilvægi skyldusparnaðar fer því síminnkandi. Auk þess þykir sá hugsunarháttur, sem býr að baki skyldusparnaðinum, hafa gengið sér til húðar og bent á að eðlilegra væri að leggja unga fólkinu þær lífsreglur að sparnaður sé sjálfsagður og eðlilegur þáttur í nútíma lífsmáta í stað þess að þvinga þann sparnað fram með lögum.

Með því að hætta skyldusparnaði má draga úr kostnaði hjá Húsnæðisstofnun og veðdeild vegna umsýslu, tölvukerfa og starfsmannahalds. Hagsýslan metur það svo að hjá þeim megi ætla að a.m. k. 15 ársstörf liggi í umsýslu skyldusparnaðar með tilheyrandi rekstrarkostnaði og ærnum tölvukostnaði. Jafnframt megi ætla að kostnaður vegna skyldusparnaðarins nemi a.m. k. 50 m.kr. hjá Húsnæðisstofnun og Veðdeild og jafnvel mun hærri upphæð. Er þá ótalinn sá kostnaður sem atvinnulífið verður fyrir vegna skila, bókhalds og skrifstofuhalds sem þetta kerfi krefst, ásamt kostnaði sparenda vegna margvíslegs umstangs við eftirlit og undanþágur. Þegar allur kostnaður, beinn og óbeinn, er talinn er ljóst að skyldusparnaður er ákaflega dýr aðferð til að afla Húsnæðisstofnun lánsfjár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til, með hliðsjón af 4. gr. staflið B í auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að þess sé getið að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála. Í tilvitnuðu ákvæði segir að félagsmálaráðuneytið fari með mál, sem varða íbúðarhúsnæði, þar á meðal Húsnæðisstofnun ríkisins. Hús-

næðisstofnun ríkisins er aðeins einn þáttur af mörgum á sviði íbúðarhúsnæðis, enda er í áðurgreindri reglugerð um Stjórnarráð Íslands getið um framkvæmdanefndir byggingaáætlana, Byggingarsjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, vísitölulán veðdeildar Landsbanka Íslands, launaskatt og sparnað til íbúðabygginga í þéttbýli, Byggingarsjóð aldraðs fólks, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, verkamannabústaði, byggingarsjóð og byggingarfélög verkamanna, byggingarsamvinnufélög, byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands og elliheimila og sambýli í fjölbýlishúsum. Heiti laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum, er að því leyti villandi að í lögunum er fjallað um flesta þætti íbúðarhúsnæðismála.

Lagt er til að Húsnæðisstofnun ríkisins sé skilgreind sem „ríkisstofnun" en ekki „sjálfstæð ríkisstofnun" eins og nú er gert. Ekki er ljóst hvað átt er við með því í núgildandi lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, enda er það ekki sérstaklega skilgreint. Hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins er skilgreint í lögum og að auki kveða lögin á um að félagsmálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ef Húsnæðisstofnun ríkisins er borin saman við aðrar lánastofnanir, t.d. við ríkisbankana, þá hafa þeir mjög sjálfstæða stöðu gagnvart ríkisvaldinu. Bankarnir ákveða sjálfir vexti og mun á innláns- og útlánsvöxtum og er ætlað að standa alfarið undir eigin lánastarfsemi. Slíkt gildir að sjálfsögðu ekki um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt 16. og 54. gr. laganna (verður 52. gr.) tekur ríkisstjórn Íslands ákvörðun um vexti af lánum stofnunarinnar. Húsnæðisstofnun er aflað fjár til lánveitinga með beinum fjárveitingum samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum en að auki eru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kaup á skuldabréfum á grundvelli lagaákvæða. Með þessum hætti er húsnæðiskerfið fjármagnað að verulegum hluta.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um skilgreiningu á hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins. Gerð er tillaga um að fella niður ákvæði í gildandi lögum um að stofnunin skuli hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Í raun kemur öll forusta um stefnumótun annars vegar frá félagsmálaráðherra og ríkisstjórn og hins vegar frá Alþingi. Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins veita Húsnæðisstofnun ekkert svigrúm til slíkrar stefnumótunar. Tekið er sérstaklega fram að Húsnæðisstofnun skuli vera félagsmálaráðuneyti og öðrum stjórnvöldum til ráðuneytis í húsnæðismálum. Jafnframt er tekið fram að Húsnæðisstofnun fari með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála. Hér er m.a. átt við að ráðherra húsnæðismála geti falið stofnuninni ýmsa upplýsingaþjónustu við almenning er snertir húsnæðismál eftir öðrum lögum en lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo sem lögum um húsaleigu og lögum um fjölbýlishús.

Í 4. mgr. er lögð áhersla á skyldu Húsnæðisstofnunar um dreifingu upplýsinga um hlutverk og störf stofnunarinnar og rétt fólks samkvæmt lögunum. Húsnæðismálin eru tvímælalaust meðal mikilvægustu málefna hverrar fjölskyldu og brýn nauðsyn að komið sé á framfæri við almenning öllum upplýsingum sem verða mega fólki til hjálpar við lausn þeirra mála.

Um 2. gr.

Ekki þykir heppilegt að fastsetja með lögum skipulag Húsnæðisstofnunar. Lagt er til að það sé á valdi ráðherra að ákveða með reglugerð um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins, en Húsnæðisstofnun starfi sem ein heild með þeim frávikum sem leiði af lögunum. Þau frávik, sem einkum eru höfð í huga, leiðir af lögum nr. 76/1989 og fjalla um „sérstaka húsbréfadeild". Með því að deildaskipting verði ólögbundin verður stjórnunin

öll sveigjanlegri, möguleiki á að ná meiri hagkvæmni í rekstri miðað við aðstæður hverju sinni. Hér er enda um að ræða þróun í stjórnsýslu sem er í samræmi við kröfu nútímans um innra fyrirkomulag ríkisstofnana.

Í greininni felst að ráðherra er með ótvíræðum hætti veitt heimild til að sameina yfirstjórn, rekstur og starfsmannahald núverandi deilda, t.d. byggingarsjóðanna og húsbréfadeildar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að Alþingi kjósi fimm menn í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum, en félagsmálaráðherra skipi formann og miðist skipunartími hans við starfstíma ráðherra.

Málum er nú svo háttað að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skipa tíu menn, sjö kosnir af sameinuðu Alþingi, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Stjórn þessi er óvenjulega fjölmenn og hefur hún gripið til þess ráðs að skipta með sér störfum við úrlausn sérstakra verkefna. Hagkvæmara þykir að hafa færri stjórnarmenn, enda breytir það ekki áhrifum Alþingis á stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Samkvæmt tillögunum kýs Alþingi fimm í stað sjö af tíu nú. Rétt þykir að skipunartími formanns sé bundinn starfstíma félagsmálaráðherra hverju sinni og tryggja þannig virkara stjórnvaldssamband milli félagsmálaráðherra og húsnæðismálastjórnar.

Alþýðusamband Íslands fékk rétt til tilnefningar í húsnæðismálastjórn árið 1980, en Vinnuveitendasamband Íslands árið 1986, en þá höfðu fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja tekið þátt í samningu frumvarps um þessi mál sem varð að lögum árið 1986.

Réttur Alþýðusambands Íslands til tilnefningar í húsnæðismálastjórn var m.a. studdur þeim rökum að rétt væri að verkalýðshreyfingin tæki þátt í umfjöllun um félagslegt húsnæði sem skipti fólk í hreyfingunni miklu máli og að útlán sjóðanna voru að verulegu leyti fjármögnuð með kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum. Árið 1986 var m.a. gerð sú breyting á lögunum að komið var á tengingu kaupa lífeyrissjóðanna á skuldabréfum og lánsrétti sjóðsfélaga. Á árinu 1986 kom fram þingmannafrumvarp um að veita VSÍ rétt á að skipa einn mann í stjórn stofnunarinnar. Aðalrökin fyrir rétti Vinnuveitendasambands Íslands til tilnefningar virðast hafa verið þau að Alþýðusamband Íslands ætti þar tvo fulltrúa og húsnæðismál vörðuðu aðila vinnumarkaðarins verulega. Eftir að almenna lánakerfi Byggingarsjóðs ríkisins var numið úr gildi með lögum nr. 47/1991 er meginþungi þeirrar röksemdar, að verkalýðshreyfingin skuli eiga fulltrúa í húsnæðismálastjórn vegna tengsla hennar við fjármögnun kerfisins í gegnum lífeyrissjóðina, fallin brott.

Til að vald og ábyrgð sé á einni hendi í húsnæðismálum er nauðsynlegt að breyta samsetningu húsnæðismálastjórnar. Húsnæðismálastjórn á að þjóna landsmönnum öllum og því eðlilegt að hún sé kjörin af Alþingi eingöngu. Hér yrði því komið á sama fyrirkomulagi og í tryggingaráði. Ekki þykir ástæða til að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands eigi sæti í húsnæðismálastjórn fremur en í tryggingaráði. Húsnæðismálastjórn á að tryggja framkvæmd stefnumörkunar stjórnvalda hverju sinni í húsnæðismálum.

Vextir á skuldabréfum sem Húsnæðisstofnun ríkisins kaupir af lífeyrissjóðunum hafa áhrif á vexti í landinu. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa hagsmuna að gæta af því að lífeyrissjóðirnir fái sem besta ávöxtun af skuldabréfum sem

þeir kaupa af Húsnæðisstofnun ríkisins. Hagsmunir Húsnæðisstofnunar ríkisins kunna hins vegar að vera aðrir og getur það leitt til hagsmunaáreksturs.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að réttur greindra aðila til tilnefningar í húsnæðismálastjórn verði felldur niður. Jafnframt er höfð hliðsjón af því að önnur samtök launafólks eiga ekki rétt til tilnefningar samkvæmt lögunum og má sem dæmi nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Tekið skal fram að ákvæðið um þingkjörna endurskoðendur húsnæðismálastjórnar var fellt niður með 3. tölul. 13. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

Um 4. gr.

Gerð er tillaga um að brott falli 1. tölul. 5. gr. laganna, þar sem segir að það sé hlutverk húsnæðismálastjórnar að marka meginstefnu í málum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Hafa rökin fyrir þessu þegar komið fram hér að framan.

Lagt er til að nánari reglur verði settar um fjárhagsáætlun. Lagt er til að áætlun reksturskostnaðar verði sundurliðuð og í fjárhagsáætlun komi fram fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka og meginsjónarmið um ráðstöfun þess, að svo miklu leyti sem skiptingin er ekki ákveðin í lögunum eða í reglugerðum með heimild í lögunum. Með þessu er reynt að tryggja að ráðherra fái betri upplýsingar um líklegan reksturskostnað stofnunarinnar og meðferð þess fjármagns sem til útlána kemur. Þá er og með tillögunni reynt að tryggja að ekki liggi aðeins fyrir fyrirhuguð skipting milli lánaflokka samkvæmt lögunum, heldur einnig þau sjónarmið sem húsnæðismálastjórn leggur til grundvallar úthlutun lána innan einstakra lánaflokka, að svo miklu leyti sem slíkt er ekki þegar ákveðið í lögum eða reglugerðum. Með þessum hætti er til muna treyst sambandið milli húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra og jafnframt tryggt að ráðherra geti sinnt þeirri yfirstjórn sem honum er lögð á herðar í lögunum og í stjórnarráðslögunum.

Um 5. gr.

Lagt er til að framvegis verði framkvæmdastjóri skipaður til sex ára í senn, en í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ákvæðið eigi ekki við um þann sem gegnir starfinu við gildistöku laga þessara og félagsmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar. Þá er lagt til að framkvæmdastjóri ráði starfsfólk stofnunarinnar. Slíkt breytir þó ekki skipun núverandi skrifstofustjóra. Þessi breyting er til samræmis við nýmæli seinni ára í sambærilegri löggjöf.

Hlutverk framkvæmdastjóra er hér skilgreint, svo og ábyrgð hans. Í greininni felst að framkvæmdastjóri lýtur boðvaldi ráðherra. Ekki þykir rétt að húsnæðismálastjórn fjalli um ráðningar starfsfólks þar sem slíkt gerir skiptingu ábyrgðar óljósa og dregur úr beinni ábyrgð framkvæmdastjóra gagnvart ráðherra.

Um 6. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 7. gr. laganna falli brott og er það til samræmis við 2. gr. frumvarpsins. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 2. gr.

Efni 2. mgr. 7. gr. laganna fellur um sig sjálft, sbr. 16. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að tæknideild verði lögð niður.

Að öðru leyti eru einu nýmælin í þessari grein þau að heimild til töku gjalds vegna vanskilainnheimtu verði lögfest. Samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis er Húsnæðisstofnun ríkisins heimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að taka hóflegt gjald vegna van-

skilainnheimtu út frá því sjónarmiði að stofnunin verði skaðlaus, svonefndu „skaðleysissjónarmiði“. Hefur svo verið gert samkvæmt sérstakri gjaldskrá Húsnæðisstofnunar. Engu að síður þykir rétt og sjálfsagt að lögfesta slíka gjaldtökuheimild. Hins vegar telur umboðsmaður að Húsnæðisstofnun sé óheimilt að jafna niður á skuldara sérstökum kostnaði, sem rakinn verður til vanskila í einstökum tilvikum, án sérstakrar lagaheimildar. Því er lagt til að heimild til slíks jöfnunargjalds verði lögfest sérstaklega, en með því verður það jafnræði tryggt að skuldarar greiði sama gjald hvar sem er á landinu.

Um önnur atriði felur greinin í sér óbreytta tilhögun, en skýrar þykir að lagastoð um gjaldtöku komi fram á einum stað í lögunum, en ekki á víð og dreif, svo sem í 23., 54. og 56. gr. Í greininni felst því engan veginn að verið sé að auka við gjaldtökuheimild Húsnæðisstofnunar. Enda þótt lagt sé til að tæknideild verði lögð niður er Húsnæðisstofnun að sjálfsögðu heimilt að veita tæknilega þjónustu og því nauðsynlegt að tryggt sé að sá kostnaður verði borinn af þeim sem þjónustunnar njóta.

Um 7. gr.

Þar sem lagt er til í frumvarpi þessu að VIII. kafli laganna um skyldusparnað falli brott er ákvæði 4. tölul. 9. gr. fallið um sig sjálft.

Um 8. gr.

Þessi grein mundi bjóða upp á aukið svigrúm þannig að opnaður verði möguleiki til þess að vinna þau verk annars staðar sem nú eru unnin í Húsnæðisstofnun ríkisins ef það þykir hagfelldara. Jafnframt yrði tekið fram í reglugerð hvaða verkefni er um að ræða og hvernig greiðslu fyrir þau yrði háttað. Með þessu móti er unnt að flytja verkefni frá Húsnæðisstofnun sem hagkvæmt kann að vera, svo sem af landfræðilegum ástæðum, að vinna annars staðar.

Um 9. og 10. gr.

Breytingar þessar hafa þann tilgang að auka sveigjanleika í skipulagi Húsnæðisstofnunar. Ekki er lengur kveðið á um að húsbréfadeild skuli hafa sérstakan forstöðumann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið skipulag deildarinnar og stöðu hennar innan stofnunarinnar og vísast um þetta efni til 2. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Grein þessi er óþörf, enda ekki verið framkvæmd með þeim hætti sem þar segir.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að ráðherra verði veittar heimildir til að taka ákvarðanir um það með setningu reglugerðar að verkefni í húsbréfakerfinu verði færð frá Húsnæðisstofnun.

Gerður er greinarmunur á mati á veðhæfni fasteignar skv. a-lið annars vegar og mati á greiðslugetu skv. b-lið og mati á verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa skv. c-lið hins vegar. Mat á veðhæfni á ekki heima hjá viðskiptabönkum og fjármálastofnunum, en fela má það sérstökum trúnaðarmönnum.

Um 13. gr.

Hér vísast til 6. gr. frumvarpsins um breytingu á 7. gr. laganna. Rétt þykir að heimild til lántökugjalds komi fram á einum stað í lögunum.

Um 14. gr.

Sérstakt ákvæði um að Húsnæðisstofnun sé skylt að veita framkvæmdaraðilum félagslegra íbúða ráðgjöf um fjárhagsleg og tæknileg atriði er ekki lengur nauðsynlegt. Hér kemur til að í þessu frumvarpi er lagt til að tæknideild Húsnæðisstofnunar verði lögð niður. Nái sú breyting fram að ganga er Húsnæðisstofnun ekki lengur skylt að veita tæknilega aðstoð. Henni er það að sjálfsögðu heimilt. Sé slík aðstoð veitt skal það gert samkvæmt sérstöku gjaldi sem ákveðið skal í reglugerð, sbr. 7. gr. laganna eins og lagt er til að hún hljóði samkvæmt frumvarpi þessu, sbr. 6. gr. þess.

Um 15. gr.

Lagabreyting þessi er til samræmingar vegna breytinga sem áður hefur verið gerð á lögunum. Vísun í 12. gr. laganna á ekki lengur við eftir að almenna lánakerfi Byggingarsjóðs ríkisins var lagt niður með lögum nr. 47/1991.

Um 16. gr.

Þessi breyting leiðir af 2. gr., breyttu innra skipulagi stofnunarinnar, þ.e. ekki er lengur kveðið á um deildaskiptingu í lögum og kaflinn um tækni- og þjónustudeild fellur brott. Ráðherra setur um þetta reglugerð. Þetta á að tryggja meiri sveigjanleika í starfi Húsnæðisstofnunar. Þannig á að vera unnt með tiltölulega stuttum fyrirvara að gera þær breytingar sem t.d. breytt fyrirkomulag útlána hefur í för með sér. Föst skipan einstakra deilda, lögum samkvæmt, hefur komið í veg fyrir að nauðsynlegur flutningur milli deilda ætti sér stað í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til Húsnæðisstofnunar um þjónustu. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er um tækni- og þjónustudeild í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 17. gr.

Um brottfall skyldusparnaðar vísast til þess sem reifað er um skyldusparnað í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 18. gr.

Lagabreyting þessi er til samræmingar vegna breytingar sem áður hefur verið gerð á lögunum. Vísun í lán skv. 11. gr. laganna, um lán Byggingarsjóðs ríkisins sem ein fjármögnun byggingarsamvinnufélaga, á ekki lengur við eftir að þeirri grein var breytt með lögum nr. 47/1991 þegar almenna lánakerfi Byggingarsjóðs ríkisins var numið úr gildi.

Um 19. gr.

Breyting þessi er til samræmingar vegna breytingar sem áður hefur verið gerð á lögunum. Með lögum nr. 47/1991 var 29. gr. laganna um framkvæmdalán felld úr gildi. Vísun til þeirrar greinar, um að stuðningur Húsnæðisstofnunar við byggingarsamvinnufélög eigi að hluta til sér stað með veitingu framkvæmdalána, á því ekki lengur við.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Rétt þykir að veita ráðherra heimild til þess að selja eigur hönnunardeildar.

Ákvæði þessa efnis er ekki að finna í 6. gr. fjárlaga ársins 1993 og því nauðsynlegt að lögfesta það hér. Hins vegar er gert ráð fyrir því í athugasemdum fjárlaganna (A- og B-hluta) að eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar verði seldar.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Nauðsynlegt er að setja skýrar reglur um meðferð þeirra innstæðna sem til eru þegar VIII. kafli laganna er úr gildi felldur. Reglurnar hafa þau markmið að einfalda umsýslu, tryggja sem jafnast útstreymi innstæðna þannig að fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins raskist sem minnst, svo og að sanngirni sé gætt gagnvart eigendum skyldusparnaðarins, eftir því sem unnt er.

A-liður hefur þann tilgang að fækka innstæðum og einfalda umsýslu. Lagt er til að innstæður 30.000 kr., eða lægri, verði greiddar eigendum innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Í b-lið felst að ótvíræðar endurgreiðsluheimildir laganna gildi óbreyttar áfram. Matskenndar endurgreiðsluheimildir, sem sumar hverjar hafa kallað á flókið mat og mikla vinnu, eru hins vegar felldar niður.

Hugsunin að baki c-liðar er sú að fella núverandi skyldusparnaðarkerfi úr gildi þegar innstæður munu ekki lengur hafa þýðingu fyrir fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins.

Samkvæmt d-lið er gert ráð fyrir því að reglur laganna um skattalega stöðu innstæðna, vaxtaákvarðanir, vísitöluútreikningur og innheimtur gildi þar til skyldusparnaðarkerfið hefur endanlega verið lagt niður.

Við áætlun um útstreymi af skyldusparnaðarreikningum voru notaðar eftirtaldar forsendur:

1. Gert er ráð fyrir að heimilaðar verði endurgreiðslur vegna aldurs, öflunar húsnæðis, framfærslu barns, örorku og andláts.
2. Greitt verði út af öllum reikningum sem hafa innstæðu 30 þús. kr. eða lægri.
3. Staða á skyldusparnaðarreikningum verði 4.000 m.kr. í árslok 1993.
4. Hlutfallsleg úttekt verði hin sama og á árinu 1991.
5. Dreifing úttekta milli aldurshópa vegna aldurs, húsnæðis og framfærslu barna verði hin sama og á árinu 1991.
6. Úttektir vegna náms verði aðeins árið 1993.
7. Ekki er tekið tillit til vaxta eða verðbóta.

Áætlað útstreymi.

Ár	**m.kr.**
1993	1.400
1994	600
1995	500
1996	500
1997	400
1998	300
1999	100
2000	200
Samtals	4.000

Tekið skal fram að áætlunin er bundin talsverðri óvissu. Þannig má reikna með að útstreymið árið 1993 verði á bilinu 1.200–1.600 m.kr. og 500–700 m.kr. á árinu 1994. Þegar útstreymið er metið verður einnig að taka tillit til þess að ekki er óvarlegt að áætla útstreymið fyrir árið 1993 allt að 500 m.kr., að óbreyttum reglum. Umframútstreymið vegna þess að skyldusparnaði er hætt er því 700–1.100 m.kr.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frumvarpið greinist í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi stjórnsýsluþátt, sem er um stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins og ábyrgð félagsmálaráðherra á málaflokknum og stjórnsýsluleg tengsl þessara aðila, þar með talið að hætt verður að binda skipulag stofnunarinnar í lög. Í öðru lagi brottfall skyldusparnaðar. Röksemdin fyrir báðum þessum breytingum eru breyttir þjóðfélagshættir og á það einkum við um afnám skyldusparnaðarins eins og rakið er í athugasemdum við frumvarpið.

Markmið breytinga á yfirstjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins er að gera stjórn stofnunarinnar skilvirkari og koma í veg fyrir hagsmunaárekstur í meðferð stjórnvaldsins, en á undanförnum árum hafa komið fram mismunandi skoðanir á stöðu húsnæðismálastjórnar sem yfirstjórnar stofnunarinnar gagnvart félagsmálaráðherra. Hér eru tekin af öll tvímæli í því efni og skýrt ákveðið að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála og innra skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar með talin deildaskipting, skuli ákveðið af ráðherra í reglugerð en ekki í lögum eins og nú er. Einn liður í þessu er að fella úr lögum ákvæði um tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Niðurfelling ákvæða laga um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga er í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður og minnkandi gildi þessa sparnaðarforms eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Sparnað vegna þessarar breytingar má ætla á næsta ári um 35 m.kr. að teknu tilliti til biðlauna sem greiða þarf til þess hluta starfsliðs sem ráðið er hjá Húsnæðisstofnun ríkisins við framkvæmd skyldusparnaðarins. Útgjöld vegna þessa lækka enn frekar þegar fram líður með minnkandi umsvifum og birtist m.a. í lækkandi verktaka- og tölvukostnaði. Gert er ráð fyrir að staða á skyldusparnaðarreikningum verði 4.000 m.kr. í árslok 1992 sem greiðist út á árunum 1993–2000, mest 1993 eða um 1.400 m.kr. Þetta er þó bundið talsverðri óvissu.

Í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1993 er fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins lækkuð um 114 m.kr. frá fjárlögum 1992 og til þess að mæta þeirri lækkun, án þess að skerða getu sjóðsins til útlána, er boðað þetta frumvarp. Auk niðurfell-

ingar á skyldusparnaði er m.a. ráðgert að leggja niður hönnunardeild stofnunarinnar. Ætla má að lækkun útgjalda (nettó) af þeirri breytingu muni nema um 10 m.kr. á næsta ári en síðan hækka í um 20 m.kr. eftir að greiðslum biðlauna er lokið. Það er mat fjármálaráðuneytisins að þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér, verði það að lögum, veiti félagsmálaráðherra og stjórnendum stofnunarinnar nægjanlegt svigrúm til að ná markmiðum fjárlagafrumvarpsins. Hvort þetta gengur eftir fer hins vegar eftir því hvernig til tekst um framkvæmd sparnaðarins.

385. Frumvarp til laga [277. mál]

um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Þvottahús Ríkisspítalanna hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Þvottahús Ríkisspítalanna, þ.e. þvottahúsið sjálft ásamt öllu fylgifé þess, til hins nýja hlutafélags.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir þvottahússins. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að reka þvottahús sem skiptist a.m.k. í þvottadeild og saumastofu í samræmi við samþykktir félagsins.

Þvottadeild skal sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra þá aðila sem um slíka þjónustu semja við félagið. Saumastofa skal sjá um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum og hjá öðrum þeim aðilum sem um þá þjónustu semja við félagið. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

Ríkisspítalar eru eigendur allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með eignarhlut Ríkisspítala í félaginu. Honum er heimilt að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

6. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti greiðir félagið opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þvottahús Ríkisspítalanna hf. yfirtekur eignir og rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þvottahús Ríkisspítalanna hefur verið starfrækt um árabil. Þvottahúsið skiptist í þvottadeild og saumastofu. Þvottadeildin annast þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítalana, Borgarspítalann og fleiri stofnanir. Árið 1990 voru 1.225 tonn af þvotti þvegin í þvottahúsinu og tekjur liðlega 111 m.kr.

Þvottahús Ríkisspítalanna er til húsa að Tunguhálsi 2, Reykjavík. Hluti hússins var byggður 1967 og er hann notaður af þvottahúsinu. Stærð húshlutans er 2.162 mh2. Brunabótamat húshlutans er 165 m.kr., fasteignamat er 48,6 m.kr. og áætlað söluverð 88 m.kr. Yngri hluti hússins var byggður 1975 og er hann að mestu notaður af birgðastöð og sótthreinsunardeild. Stærð yngri hlutans er 1.505 mh2. Brunabótamat þess húshluta er 105 m.kr., fasteignamat 50,5 m.kr. Ekki liggur fyrir mat á tækjum þvottahússins. Sum eru ný en önnur allt að 25 ára gömul. Lauslega má áætla að verð tækja sé um 100 m.kr.

Ákveðið hefur verið að breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag með það fyrir augum að efla starfsemi þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag um rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til Þvottahús Ríkisspítalanna, þ.e. þvottahúsið sjálft ásamt öllu fylgifé þess.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, enda lúta Ríkisspítalar yfirstjórn hans. Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir Þvottahússins. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur og gert ráð fyrir að Þvottahúsið skiptist a.m.k. í tvær deildir eins og nú er, þ.e. þvottadeild og saumastofu. Gert er ráð fyrir að þvottadeild sjái um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala og aðra aðila sem við

er samið. Saumastofa sjái um viðgerð, merkingu og endurnýjun á líni sem notað er á Ríkisspítölum og hjá öðrum sem semja um þessa þjónustu við félagið. Þá er gert ráð fyrir að nánar megi kveða á um hlutverk félagsins í samþykktum þess og að samþykktum megi breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að Ríkisspítalar skuli eiga öll hlutabréf félagsins við stofnun þess. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga sem gera ráð fyrir a.m.k. tveimur eigendum hlutafjár í hlutafélagi, sbr. og 5. gr. frumvarpsins. Heilbrigðisráðherra skal fara með eignarhlut Ríkisspítalanna í félaginu og er honum heimilað að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra. Gert er ráð fyrir að yrðu hlutabréf seld í félaginu mundu tekjur af slíkri sölu renna beint til Ríkisspítalanna.

Um 4. gr.

Greininni er ætlað að tryggja fastráðnum starfsmönnum Þvottahúss Ríkisspítalanna rétt til sömu starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu áður hjá Þvottahúsinu. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 þykja því ekki eiga við. Sambærileg ákvæði um réttindi starfsmanna hafa áður verið sett í lög er ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög, sbr. t.d. lög nr. 45/1989, um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg.

Í október 1992 starfa 55 manns hjá Þvottahúsi og saumadeild Ríkisspítalanna. Í 32,3 stöðugildum eru 41 einstaklingur í Verkakvennafélaginu Sókn og í 14 stöðugildum eru 14 einstaklingar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir starfsmenn Þvottahúss Ríkisspítalanna, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, munu halda þeim réttindum sínum við þá formbreytingu í rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Þar sem Ríkisspítalar verða í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið. Hér er og gert ráð fyrir að stofnfund skuli halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og þar skuli leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hlutabréf, sem gefin eru út við stofnun félagsins, skuli undanþegin stimpilgjöldum. Að öðru leyti verður hlutafélagið skattskylt eftir almennum reglum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Þvottahús Ríkisspítalanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna er heiti Þvottahús Ríkisspítalanna hf. og leggi til þess allar eigur samnefndrar stofnunar. Tilgangur félagsins skal vera að reka þvottahús sem m.a. skal sjá um þvott á öllu líni fyrir Ríkisspítala.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna framkvæmdar frumvarpsins sé fyrst og fremst vegna breytinga á reikningshaldi fyrirtækisins til þess forms sem telst góð reikningsskilavenja í einkageiranum, verðmat og almenn úttekt á starfsemi fyrirtækisins. Kostnaður við þetta er á bilinu 0,5–1 m.kr.

Athygli er vakin á þeim ákvæðum frumvarpsins sem bindur nafn félagsins við opinbera stofnun um ókomna tíð og að Þvottahúsið skuli annast þvotta fyrir Ríkisspítalana. Ef ástæða þykir til að hafa þessi ákvæði þá er rétt að takmarka þau við tiltekinn tíma.

Að mati fjármálaráðuneytisins er engin ástæða til að veita félaginu undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda. Stimpilgjöld reiknast sem 1/2% af nafnverði hlutabréfa.

386. Svar [165. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um framkvæmd ýmissa ákvæða sjómannalaga.

1. *Hver er réttarstaða íslenskra sjómanna sem ráðnir eru á erlend kaupskip í leigu hjá íslenskum kaupskipaútgerðum, sbr. 1. gr. sjómannalaga?*

Sjómannalögin, nr. 35/1985, gilda um alla sjómenn á íslenskum skipum en íslensk eru skip sem eru skráð á Íslandi. Þau eru annaðhvort í eigu Íslendinga eða útlendinga samkvæmt sérstöku leyfi samgönguráðherra.

Skipverjar á erlendum kaupskipum, sem skráð eru erlendis, falla því ekki undir ákvæði sjómannalaga.

2. *Hefur samgönguráðuneytið sett nánari reglur um form ráðningarsamnings milli útgerðarmanns og skipverja, sbr. 6. gr. laganna? Ef svo er ekki, telur ráðherra ekki ástæðu til að reglur um form og efni ráðningarsamninga verði settar?*

Samgönguráðuneytið hefur ekki sett reglur um form og efni ráðningarsamninga við skipverja eins og heimild er til í 2. mgr. 6. gr. sjómannalaga. Kjör skipverja eru ráðin með kjarasamningum milli samtaka útgerðar og skipverja og telur ráðuneytið enga ástæðu til að hafa afskipti af málinu nema hugsanlega ef aðilar krefjast þess.

3. Hefur samgönguráðherra sett reglur um læknisskoðun skipverja skv. 3. mgr. 8. gr. sjómannalaga?

Já. Reglugerð um sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna og undirmanna á kaupskipum, nr. 379/1991.

387. Lög [4. mál]

um staðla.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 4.

388. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um stuðning við réttindabaráttu Eystrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi.

Flm.: Björn Bjarnason, Árni R. Árnason, Árni Johnsen, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Karl Steinar Guðnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Sturla Böðvarsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því innan þeirra alþjóðasamtaka þar sem Ísland er aðili að Eystrasaltsríkjunum verði ekki settir óeðlilegir kostir vegna stefnu þeirra gagnvart ríkisborgararétti þess fólks sem fluttist og flutt var til landanna í skjóli sovésks hernáms.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í því skyni að Alþingi taki afstöðu til málefnis sem er til umræðu víða þar sem íslenska ríkið á fulltrúa hvort heldur þeir eru á vegum framkvæmdarvaldsins eða löggjafarvaldsins. Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að fram fari opinberar umræður um málið hér og ætti tillagan að gefa tilefni til þeirra, auk þess sem í henni felst stefnumótun. Flutningsmenn vilja árétta að ekki ber á nokkurn hátt að skoða tillöguna sem vantraust á þá stefnu sem íslenska ríkisstjórnin hefur fylgt í þessu máli.

Vandinn, sem Eystrasaltsríkin eiga við að glíma varðandi ríkisborgararétt, á einkum rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að Sovétstjórnin, ekki síst í tíð Stalíns, flutti hundruð þúsunda Rússa til landanna. Er vandinn mestur í Eistlandi og Lettlandi. Markmið Sovétstjórnarinnar var að grafa undan menningu og þjóðerni Eistlendinga og Letta. Var það von valdhafanna í Moskvu að þeim tækist með þessum hætti að innlima Eystrasaltsríkin varanlega inn í Sovétríkin. Við upplausn Sovétríkjanna kom í ljós að íbúar Eystrasaltsríkjanna höfðu ekki látið bugast andspænis hinni sovésku ógn. Þau hafa nú öðlast sjálfstæði og sækja fram til fullrar viðurkenningar í alþjóðasamstarfi.

Eystrasaltsríkin verða ekki fullgildir þátttakendur í samstarfi Evrópuríkja, t.d. innan vébanda Evrópuráðsins, nema þau fullnægi ströngum kröfum um virðingu fyrir mann- og borgararéttindum. Þar kemur m.a. til álita hvaða reglur gilda um rétt Rússa í Eistlandi og

Lettlandi til að öðlast ríkisborgararétt í þessum löndum. Er því ekki að leyna að ýmsir hafa sakað stjórnvöld í Eistlandi og Lettlandi um að beita Rússa harðræði í þessu efni.

Ef litið er sérstaklega til Eistlands gilda þær reglur að allir sem eiga fasta búsetu þar njóta sömu réttinda að öllu leyti nema varðandi kosningarétt til þings; þess réttar njóta aðeins eistneskir ríkisborgarar. Vegna þingkosninga í Eistlandi 20. september sl. vaknaði sú spurning hvort þær væru lýðræðislegar þar sem um 600.000 Rússar í landinu höfðu ekki rétt til að taka þátt í þeim.

Allir útlendingar og þar á meðal Rússar geta sótt um ríkisborgararétt í Eistlandi og má geta þess að fyrir 1. júní 1992 höfðu 5.000 manns sótt um eistneskan ríkisborgararétt, þar af helmingur Rússar. Umsækjendur verða að uppfylla þau skilyrði að hafa í tvö ár átt fasta búsetu í Eistlandi, þ.e. frá sjálfstæðisyfirlýsingunni í mars 1990. Þá verða þeir að gangast undir tungumálapróf sem sýnir að þeir hafi 1.500 eistnesk orð á valdi sínu. Glæpamenn og eiturlyfjaneytendur eru ekki gjaldgengir, tvöfaldur ríkisborgararéttur er bannaður og umsækjandi verður að lýsa yfir hollustu við Eistland. Ríkisborgararétturinn verður virkur einu ári eftir að umsókn er lögð fram.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að þessi skilyrði, sem sett eru fyrir því að innfluttir Rússar í Eistlandi fái þar ríkisborgararétt, séu ekki óeðlileg. Séu þau ekki talin fullnægja kröfum, sem gerð eru til ríkja, svo sem vegna þátttöku í Evrópuráðinu, er verið að setja Eystrasaltsríkjunum óeðlilega kosti. Í Lettlandi er verið að semja reglur sem hafa að geyma sömu meginákvæði og reglur Eistlendinga. Um Litáen gildir nokkru öðru máli þar sem hlutfallslega fáir innflytjendur búa þar.

Ástæða er að undirstrika mikilvægi þess að Eystrasaltsríkin fái tóm til að leysa sinn innri vanda á grundvelli eigin laga og í sátt við útlendinga sem vilja vera um kyrrt í löndunum og gerast þar ríkisborgarar.

389. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur. Þá komu Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Jóhann Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Jóhann Þorvarðarson, hagfræðingur Verslunarráðs Íslands, Rúnar B. Jóhannsson, formaður Félags löggiltra endurskoðenda, og loks frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja Gunnar Helgi Hálfdanarson formaður, Guðmundur Hauksson varaformaður og Helgi Sigurðsson hdl. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Árna Vilhjálmssyni, Neytendasamtökunum, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verðbréfaþingi Íslands. Enn fremur var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands og Neytendasamtökunum.

Frumvarp þetta er eitt af þremur frumvörpum sem nefndin hefur fjallað um á sviði verðbréfaviðskipta á þessu löggjafarþingi, hin tvö eru frumvarp til laga um verðbréfasjóði og frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands. Mál þessi eru í mörgum atriðum samofin og hafa jafnan verið rædd í nefndinni í tengslum hvert við annað.

Hvað snertir þetta frumvarp leggur nefndin til að á því verði gerðar svofelldar breytingar:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. að síðari hluti skilgreiningar hugtaksins „verðbréf" í 1. tölul. verði lagfærður.
2. Lagt er til að 5. gr. verði breytt þannig að skipulegur verðbréfamarkaður, annar en opinber verðbréfamarkaður, sé sá sem er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Með þessari breytingu er verið að fella niður ákvæði um „viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki".
3. Lögð er til sú breyting á 10. gr. að verðbréfafyrirtækjum verði einungis skylt að nota orðið „verðbréfafyrirtæki" til nánari skýringar á starfsemi sinni þegar því verður við komið.
4. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að enginn vafi leiki á því að verðbréfafyrirtækjum skuli heimilt að sjá um almenn sem lokuð útboð. Þá er lagt til að auk þess að sjá um fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila geti verðbréfafyrirtæki innt af hendi fjármálaþjónustu tengda verðbréfaviðskiptum. Loks komi fram í frumvarpinu með skýrum hætti að verðbréfafyrirtækjum er heimilt að kaupa og selja verðbréf fyrir eigin reikning.
5. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að síðari málsgrein falli brott, enda er hún óþörf í ljósi ákvæða frumvarps til samkeppnislaga sem er til umfjöllunar á þessu löggjafarþingi og nefndin hefur fjallað um.
6. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að 3. mgr. falli brott. Þar segir að verðbréf sem boðin eru til sölu í almennu útboði skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Með því er verið að skerða verulega það valfrelsi sem útgefendur hafa nú, auk þess sem heppilegra er að skráning verðbréfa á opinberum verðbréfamarkaði aukist samkvæmt þróun en ekki lögboði.
7. Lagt er til að 18. gr. verði breytt en núverandi ákvæði hennar þykir ekki í samræmi við eðlilegt fyrirkomulag þeirra viðskipta sem þar er fjallað um.
8. Lagt er til að 19. gr. verði breytt þannig að verðbréfafyrirtæki verði heimilt að veita viðskiptaaðila lán og ganga í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta. Um þessa starfsemi skulu verðbréfafyrirtækin setja sér verklagsreglur sem staðfestar verði af bankaeftirlitinu. Tekið skal fram að litið er á þessa þjónustu sem hliðarstarfsemi en ekki afgerandi þátt í störfum verðbréfafyrirtækis.
9. Lögð er til breyting á orðalagi kaflafyrirsagnar VI. kafla.
10. Lagt er til að 22. gr. verði breytt og vísast um það til athugasemda með 5. gr. hér að framan.
11. Lagt er til að 29. gr. verði breytt þannig að sú upplýsingaskylda, sem lögð er á endurskoðendur samkvæmt fyrri málslið 3. mgr., falli niður en hún þykir ekki samræmast hlutverki og skyldum endurskoðenda en þeir hafa m.a. ríkri trúnaðar- og þagnarskyldu að gegna. Aftur á móti er lagt til að viðbót komi við síðari málslið 3. mgr. þar sem komi fram að hafi endurskoðandi ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækis hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína við bankaeftirlitið skuli hann gera því viðvart.

12. Lagt er til að 38. gr. falli brott en hún þykir fela í sér óeðlilegt framsal á heimildum ráðherra til bankaeftirlitsins.
13. Lagt er til að 41. gr. verði breytt en heppilegra þykir að frumvarpið taki gildi 1. júlí nk.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Halldór Ásgrímsson.	Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

390. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. B-liður 1. tölul. orðist svo: Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki“ í fyrri málslið komi: viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „skylt og einum heimilt“ komi: einum heimilt og rétt eftir því sem við verður komið.
4. Við 11. gr.
   a. 2. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Því er jafnframt heimilt að annast útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og tengda fjármálaþjónustu, þó ekki innlána- og útlánastarfsemi.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
      Verðbréfafyrirtæki er jafnframt heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
   c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: 1. og 2. mgr.
5. Við 14. gr. Síðari málsgrein falli brott.
6. Við 17. gr. 3. mgr. falli brott.
7. Við 18. gr. Greinin verði svohljóðandi:
   Verðbréfafyrirtæki skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriða:
   1. Að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt.
   2. Að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum.
   3. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.

4. Að stjórn verðbréfafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Verðbréfafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

8. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Verðbréfafyrirtæki getur veitt viðskiptaaðila lán og gengið í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta, sem því er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum, eftir eigin verklagsreglum sem bankaeftirlitið staðfestir.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum, sbr. 11. gr., þó ekki fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

9. Í stað orðsins „Misnotkun“ í kaflafyrirsögn VI. kafla komi: Meðferð.
10. Við 22. gr. Í stað orðanna „hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: er viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
11. Við 29. gr. 3. mgr. verði svohljóðandi:

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða atriði sem geta veikt fjárhagsstöðu fyrirtækisins skal endurskoðandi þegar gera stjórn fyrirtækisins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækis hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

12. Við 38. gr. Greinin falli brott.
13. Við 41. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

391. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um verðbréfasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur. Þá komu Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Jóhann Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Jóhann Þorvarðarson, hagfræðingur Verslunarráðs Íslands, Rúnar B. Jóhannsson, formaður Félags löggiltra endurskoðenda, og loks frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja Gunnar Helgi Hálfdanarson formaður, Guðmundur Hauksson varaformaður og Helgi Sigurðsson hdl. Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Lögmannafélagi Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda. Enn fremur var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands og Neytendasamtökunum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar við frumvarpið:

1. Lögð er til sú breyting á 3. gr. að verðbréfasjóðir noti orðið „verðbréfasjóður“ til nánari skýringar á starfsemi sinni verði því við komið.

2. Lagt er til að 14. gr. verði breytt en þar er gert ráð fyrir að varðveisla verðbréfa skuli falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Sú staða getur komið upp að verðbréfasjóður fjárfesti að miklu eða öllu leyti í erlendum verðbréfum og þá er óhjákvæmilegt annað en að vörslufyrirtækið sé erlent og er því lögð til viðbót við ákvæðið.
3. Lagt er til að 16. gr. verði breytt þannig að síðari málsgrein falli brott en þar segir að hlutdeildarskírteini skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Heppilegra þykir að skráning þessara skírteina aukist samkvæmt þróun en ekki lögboði.
4. Lögð er til orðalagsbreyting á 17. gr.
5. Lagt er til að 20. gr. verði breytt þannig að skipulegur verðbréfamarkaður, annar en opinber verðbréfamarkaður, sé sá sem er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Er með þessari breytingu verið að fella niður ákvæði um „viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki".
6. Lögð er til breyting á 23. gr. þannig að heimilt sé að kveða á um rýmri mörk en 5% þegar um er að ræða fjárfestingar verðbréfasjóða í eignum sjóðsins. Annað hefði í för með sér of mikla röskun þar sem þegar eru starfandi hér sjóðir með þessu sniði.
7. Lögð er til sú breyting á 25. gr. að orðalag ákvæðisins gefi til kynna að meginreglan sé sú að frestur til að færa fjárfestingar verðbréfasjóða í lögmætt horf sé sex mánuðir. Jafnframt verði hnykkt á því að það verði augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina þegar bankaeftirlitið mælir fyrir um lengri frest.
8. Lagt er til að 28. gr. verði breytt en núverandi ákvæði hennar þykja ekki í samræmi við eðlilegt fyrirkomulag þeirra viðskipta sem þar er fjallað um.
9. Lagt er til að 31. gr. verði breytt þannig að sú upplýsingaskylda sem lögð er á endurskoðendur samkvæmt síðari málslið 3. mgr. falli niður en hún þykir ekki samræmast hlutverki og skyldum endurskoðenda en þeir hafa m.a. ríkri trúnaðar- og þagnarskyldu að gegna. Aftur á móti er lögð til viðbót við fyrri málslið 3. mgr. þar sem fram komi að hafi endurskoðandi ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækis hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína við bankaeftirlitið skuli hann gera því viðvart.
10. Lagt er til að 40. gr. falli brott en hún þykir fela í sér óeðlilegt framsal á heimildum ráðherra til bankaeftirlitsins.
11. Lagt er til að 43. gr. verði breytt en heppilegra þykir að frumvarpið taki gildi 1. júlí nk.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Halldór Ásgrímsson.	Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

392. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um verðbréfasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „skylt og einum heimilt“ í 2. mgr. komi: einum heimilt og rétt eftir því sem við verður komið.
2. Við 14. gr. Við 1. málsl. bætist: eða lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki.
3. Við 16. gr. Síðari málsgrein falli brott.
4. Við 17. gr. 1. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Í hlutdeildarskírteini skal m.a. getið eftirtalinna atriða:.
5. Við 20. gr. Í stað orðanna „hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
6. Við 23. gr. Við 1. mgr. bætist: Þó er bankaeftirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um rýmri mörk, enda sé óheimilt að setja hlutdeildarskírteini í hlutaðeigandi sjóði á markað utan Íslands.
7. Við 25. gr.
   a. Á eftir orðinu „hámarki“ í fyrri málslið komi: jafnan.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Bankaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.
8. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Um viðskipti eigenda, stjórnenda og starfsmanna verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags svo og maka þeirra skal gæta eftirtalinna atriða:
   1. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.
   2. Að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

   Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.
9. Við 31. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstrarins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur sjóðsins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.
10. Við 40. gr. Greinin falli brott.
11. Við 43. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

393. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um Verðbréfaþing Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur. Þá komu Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Jóhann Albertsson, deildarstjóri í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Jóhann Þorvarðarson, hagfræðingur Verslunarráðs Íslands, Rúnar B. Jóhannsson, formaður Félags löggiltra endurskoðenda, og loks frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja Gunnar Helgi Hálfdanarson formaður, Guðmundur Hauksson varaformaður og Helgi Sigurðsson hdl. Umsagnir bárust frá Verðbréfaþingi Íslands, Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Lögmannafélagi Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda. Enn fremur var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands og Neytendasamtökunum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar við frumvarpið:

1. Lagt er til að 1. gr. verði breytt þannig að einkaréttur Verðbréfaþings Íslands til verðbréfaþingsstarfsemi verði afmarkaður betur með nánari skilgreiningu á starfseminni.
2. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að hlutverk Verðbréfaþingsins verði þar tæmandi upp talið.
3. Lögð er til lagfæring á 3. gr.
4. Lagt er til að 8. gr. verði breytt. Í fyrsta lagi verði heimild verðbréfamiðlara til að gerast þingaðilar samkvæmt greininni felld brott, en ákvæðið í núverandi mynd þykir vera of víðtækt. Enn fremur er lagt til að 2. mgr. falli niður og í stað hennar komi nýr töluliður í 1. mgr. er kveði á um að verðbréfafyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins geti orðið þingaðilar séu þau með leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyri undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar. Loks er lagt til að 3. mgr. falli brott enda er kveðið á um starfsemi Seðlabankans í lögum um hann.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt og frestur skv. 3. tölul. styttur en hann þykir of langur í ljósi gildandi reglna um Verðbréfaþingið. Verður meginreglan sú að frestur verði tveir mánuðir; skal þingaðila tilkynnt um ákvörðun stjórnar, að jafnaði eftir tvo mánuði frá því að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar verður þó að liggja fyrir innan sex mánaða.
6. Lagt er til að 12. gr. verði breytt. Annars vegar verði ákvæði um niðurfellingu verðbréfa af skrá Verðbréfaþingsins sambærileg við núgildandi reglur þess en ákvæði frumvarpsins hafa sætt nokkurri gagnrýni. Hins vegar er lagt til að kveðið verði fastar að orði um samráð ráðherra við stjórn Verðbréfaþingsins þegar hann tekur ákvörðun um tímabundna stöðvun viðskipta á þinginu.

7. Lögð er til sú breyting á 15. gr. að þingaðili þurfi ekki að fá formlega staðfestingu kaupenda og seljenda á að þeir sætti sig við að hann eigi viðskipti með skráð verðbréf án þess að bjóða þau fram í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins. Þykir ákvæðið þungt í vöfum auk þess að valda auknum kostnaði. Nægilegt er að viðkomandi séu fræddir um þetta og að viðskiptin séu skráð.
8. Lagðar eru til þær breytingar á 18. gr. að annars vegar falli út heimild bankaeftirlitsins til þess að ganga beint að gögnum og upplýsingum um starfsemi útgefenda skráðra verðbréfa. Nægilegt þykir að bankaeftirlitið hafi aðgang að gögnum um þessa aðila hjá Verðbréfaþinginu sjálfu.
9. Lagt er til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt. Þykir eðlilegra að frumvarpið öðlist gildi 1. júlí nk.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Halldór Ásgrímsson.	Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

394. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um Verðbréfaþing Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Verðbréfaþing Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur einkarétt á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi hér á landi. Önnur starfsemi er Verðbréfaþinginu óheimil, sbr. þó ákvæði 20. gr.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Með verðbréfaþingsstarfsemi er átt við að á reglubundinn hátt séu leidd saman sölu- og kauptilboð í verðbréf til opinberra viðskipta og verðskráningar. Verðbréfin skulu vera úr tilteknum flokkum sem stjórn Verðbréfaþings hefur með formlegum hætt tekið á sérstaka skrá þar sem útgefendur skuldbinda sig meðal annars til að sinna tiltekinni upplýsingaskyldu.
2. Við 2. gr. Orðin „m.a.“ í 1. málsl. falli brott.
3. Við 3. gr. Orðin „ár hvert“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.

4. Við 8. gr.
   a. Orðin „Verðbréfamiðlarar og“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: Verðbréfafyrirtæki sem starfa í ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar.
   c. 2. og 3. mgr. falli brott.
5. Við 11. gr. 3. tölul. fyrri málsgreinar orðist svo: að þingaðila sé tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.
6. Við 12. gr.
   a. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Skal stjórn þingsins verða við því að undangenginni athugun á forsendum fyrir slíkri ósk.
   b. 3. mgr. falli brott.
   c. Síðari málsliður 4. mgr. orðist svo: Hann skal hafa samráð við stjórn þingsins sé þess nokkur kostur áður en slík ákvörðun er tekin.
7. Við 15. gr. Orðin „og þeir staðfesti með formlegum hætti að þeir sætti sig við það“ í fyrri málslið falli brott.
8. Við 18. gr. Í stað orðanna „þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa“ 2. málsl. 1. mgr. komi: og þingaðila.
9. Við 25. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

395. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

2. og 3. málsl. síðari málsgreinar 11. gr. falli brott.

396. Frumvarp til laga [279. mál]

um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, RG, SP, IBA, SAÞ).

1. gr.

4. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra og felur í sér 4.000 millj. kr. hækkun heimildar húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1992. Samkvæmt nýrri áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins þarf húsbréfadeildin viðbótarheimild að fjárhæð 1.000 millj. kr. á þessu ári til að útgáfa húsbréfa stöðvist ekki en hvað varðar framkvæmdina er æskilegt að nýr flokkur húsbréfa sé ekki minni en 4.000 millj. kr. Gildar skýringar verða að teljast fyrir hendi á vanáætlun yfirstandandi árs, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Einnig er lítil reynsla komin á húsbréfakerfið.

Um leið og útgáfa húsbréfa 1992 hefur orðið meiri en áætlun gerði ráð fyrir er útgáfa húsbréfa á næsta ári áætluð minni en við framlagningu lánsfjárlagafrumvarps 1993. Þannig er í raun aðeins gert ráð fyrir tilfærslu milli ára eða með öðrum orðum að heildarútgáfan á þessu ári geti orðið um 13 milljarðar króna en að hámarki 11 milljarðar króna á því næsta.

Vegna hækkunar heimildar húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins um 4.000 millj. kr., sem lögð er til í frumvarpinu, verði gerð samsvarandi breyting til lækkunar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Fylgiskjal.

Húsnæðisstofnun ríkisins,
húsbréfadeild:

Útgáfa húsbréfa.

1. Mismunur á áætlun um útgáfu húsbréfa í byrjun ársins 1992 og í nóvember 1992.

Í upphafi ársins 1992 var gert ráð fyrir því að húsbréfaflokkur að nafnverði 12 milljarðar króna mundi nægja til þess að afgreiða allar þær beiðnir sem bærust á árinu 1992. Samkvæmt rauntölum fyrir fyrstu tíu mánuði ársins og áætlun fyrir síðustu tvo mánuðina lítur hins vegar út fyrir að þörfin sé fyrir tæplega 13 milljarða króna á árinu 1992.

Ástæður þess að fyrirsjáanleg útgáfa húsbréfa fari umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í upphafi ársins eru nokkrar. Fyrst má þar telja að afgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika, sem voru afgangur frá árinu 1991, fóru í tæpar 448 milljónir króna, en reiknað var með að 300 milljónir króna mundu duga. Í öðru lagi var ákveðið á árinu að afgreiða biðröðina frá Byggingarsjóði ríkisins í húsbréfakerfinu og lítur nú út fyrir að það þýði útgáfu upp á um 366 milljónir króna á þessu ári, en ekki hafði verið gert ráð fyrir neinum afgreiðslum vegna þessa í byrjun ársins. Geta ber þess að þegar til stóð að taka þessar afgreiðslur inn í húsbréfakerfið voru aðstæður í húsbréfakerfinu þær að um 46% samdráttur var í afgreiðslum til notaðra íbúða og um 16% samdráttur í afgreiðslum til nýbygginga miðað við sama tíma árið áður, þannig að á þeim tíma leit út fyrir verulegan samdrátt frá fyrra ári og að flokkur upp á 12 milljarða króna mundi duga vel á árinu. Það sem síðar hefur gerst er að samdráttur í notuðum íbúðum er nú einungis um 6% sem er í takt við spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1992, en hins vegar hefur aukning orðið í af-

greiðslum vegna nýbygginga þannig að í ár stefnir í að afgreiðslur vegna nýbygginganna verði um 3,9 milljarðar króna í stað 3,2 milljarða króna ef samsvarandi samdráttur hefði orðið jafnmikill í nýbyggingum og notuðum íbúðum. Samkvæmt könnun virðist svo sem biðtíminn frá því að lóðum er úthlutað og þar til íbúðir eru komnar í lánshæft ástand sé lengri en reiknað hafði verið með um síðustu áramót. Þannig endurspegla afgreiðslur vegna nýbygginga nú í ár ekki núverandi efnahagsástand, heldur það efnahagsástand sem var á árinu 1990 eða fyrripart ársins 1991.

Munurinn á áætlun um útgáfu húsbréfa í byrjun árs og í dag er því sem hér segir (í millj. kr.):

Vegna greiðsluerfiðleikalána	148
Vegna yfirfærslu biðraðar BR í húsbréfakerfið	366
Vegna nýbygginga	698
Samtals	**1.212**

2. *Áætlun fyrir árið 1993.*

Gerð hefur verið áætlun fyrir útgáfu húsbréfa á árinu 1993. Í þessari áætlun var gert ráð fyrir að um 950 milljónir króna þyrfti vegna beiðna frá árinu 1992 eða sem svarar því sem núverandi áætlun fyrir árið 1992 fer umfram þá 12 milljarða króna sem reiknað var með að gefa út á árinu 1992. Auk þess er gert ráð fyrir að samdráttur verði 9% í notuðum íbúðum frá fyrra ári sem er í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar. Varðandi nýbyggingarnar er gert ráð fyrir að þær efnahagsaðstæður, sem ríkt hafa á árinu 1991 og 1992, mundu koma fram á árinu 1993, þannig að draga mundi úr þeim afgreiðslum um sem nemur 15% á árinu 1993 miðað við árið 1992. Auk þess er gert ráð fyrir að afgreiddar verði um 100 umsóknir vegna endurbóta.

Samkvæmt þessu gæti útgáfa húsbréfa eða umsóknir um skuldabréfaskipti numið um 11 milljörðum króna á árinu 1993. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir útgáfu húsbréfa undanfarin ár ásamt áætlun ársins 1993 (í millj. kr.):

	1991	1992	1993
Nýjar íbúðir	3.607,8	4.020,5	3.547,2
Notaðar íbúðir	9.340,9	8.290,4	7.774,4
Greiðsluerfiðleikar	2.556,4	447,6	0,0
Yfirfærsla	0,0	366,1	0,0
Endurbætur	0,0	118,7	139,7

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir þeim samdrætti sem Þjóðhagsstofnun hefur gert ráð fyrir á næsta ári á fasteignamarkaðnum, auk þess sem gert er ráð fyrir að sá samdráttur, sem Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir á árinu 1992 en kom ekki fram í nýbyggingum, komi auk þess fram í afgreiðslum vegna nýbygginga. Jafnframt er líklegt að þær skattahækkanir, sem boðaðar hafa verið á næsta ári, auk breytinga á vaxtabótum, geti orðið til að draga frekar úr útgáfu húsbréfa.

Rétt er í þessu sambandi að geta þess að á fyrstu mánuðum ársins 1992 varð vart mikils samdráttar í húsbréfakerfinu, eða fram að því að kjarasamningar voru undirritaðir á vormánuðum, en greinilega varð vart við uppsveiflu eftir að þeir voru gerðir sem náði hámarki í september og október sl. en virðist nú vera í rénun.

397. Fyrirspurn [280. mál]

til iðnaðarráðherra um breytingar á Rafmagnseftirliti ríkisins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Áformar ráðherra að breyta lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, svo og starfsemi stofnunarinnar?
2. Ef svo er, í hverju eru þær breytingar í aðalatriðum fólgnar?
3. Á hvern hátt snerta áformaðar breytingar störf og stöður starfsmanna Rafmagnseftirlits ríkisins í Reykjavík og annars staðar á landinu?
4. Hefur ráðherra haft samráð við starfsmenn Rafmagnseftirlitsins og aðra hlutaðeigandi um ráðgerðar breytingar og hvernig hefur því verið háttað?

Skriflegt svar óskast.

398. Fyrirspurn [281. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við löggæslu á skemmtunum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvers vegna eru skemmtanaleyfi í 11 lögregluumdæmum af 27 ekki bundin því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað, sbr. svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn um löggæslu á skemmtunum á þskj. 132?

399. Fyrirspurn [282. mál]

til félagsmálaráðherra um samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða sveitarstjórnir settu nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélags eða endurskoðuðu eldri samþykktir innan eins árs frá gildistöku 120. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986?
2. Hvaða sveitarstjórnir hafa ekki enn uppfyllt ákvæði 120. gr. sveitarstjórnarlaganna?
3. Hvaða sveitarstjórnir hafa sett sér fundarsköp samkvæmt ákvæðum 49. gr. sveitarstjórnarlaga og hvenær voru þau staðfest?

Skriflegt svar óskast.

400. Frumvarp til laga [7. mál]

um vog, mál og faggildingu.

(Eftir 2. umr., 3. des.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um vog og mál, faggildingu og löggildingu mælitækja og vigtarmanna innan íslenskrar efnahagslögsögu.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Eftirlit merkir athugun á vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða verksmiðju til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur eða almennar kröfur og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

Kvörðun merkir röð aðgerða sem staðfesta við tilgreindar aðstæður sambandið milli gilda sem mælitæki eða mælibúnaður sýnir eða gilda sem áþreifanlegur mælikvarði táknar og tilsvarandi þekktra gilda þess sem mælt er.

Landsmæligrunnur merkir opinbera viðmiðun allra annarra mæligrunna í landinu.

Löggilding merkir aðgerð til að tryggja og staðfesta að mælitæki og vigtarmenn fullnægi í einu og öllu kröfum laga og reglugerða.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferils eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Tilnefndur aðili merkir prófunarstofu, vottunarstofu eða eftirlitsaðila sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins (EB) og samkomulagi aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi frá 15. júní 1988 (Tampere-samkomulaginu).

Vottun merkir aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

II. KAFLI
Mælieiningar og landsmæligrunnar.

3. gr.

Á Íslandi skal nota alþjóðlega einingakerfið sem skilgreint er af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað að notaðar séu mælieiningar utan alþjóðlega einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega einingakerfinu.

Mælieiningar samkvæmt þessari grein nefnast lögformlegar mælieiningar.

4. gr.

Í landinu skulu vera til nauðsynlegir landsmæligrunnar. Þeir skulu eiga ætt sína að rekja til alþjóðlegra frummæligrunna eins og þeir eru skilgreindir af Alþjóðastofnuninni fyrir vog og mál. Landsmæligrunnarnir skulu vera grundvöllur allra annarra mæligrunna hér á landi og kvörðunarvottorða.

III. KAFLI
Löggilding mælitækja.

5. gr.

Skylt er að löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um reglubundna endurlöggildingu mælitækja. Í þeim er m.a. heimilt að undanþiggja tilteknar gerðir mælitækja ýtrustu kröfum um löggildingarhæfni. Slík mælitæki skulu þó háð eftirliti Löggildingarstofunnar.

Löggildingarstofan sker úr um hvort mælitæki séu löggildingarskyld. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofan kvað upp úrskurð sinn.

6. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu ávallt uppfylla þær mælitæknilegu kröfur sem til þeirra eru gerðar. Tækjunum skal þannig fyrir komið að hvorki umhverfi þeirra, uppsetning né aðbúnaður hindri notkun, prófun eða stillingu tækjanna. Sé þess ekki gætt má banna notkun þeirra.

7. gr.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram og hönd selur hendi og í því sambandi notuð löggildingar- eða eftirlitsskyld mælitæki skal þannig um búið að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust.

8. gr.

Löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki skulu vera staðsett með þeim hætti og vera í slíku ástandi að viðskiptavinurinn geti borið traust til þeirra niðurstaðna sem tækin sýna. Merkingar og ástand mælitækja og aukabúnaðar þeirra skulu ávallt vera í fullkomnu lagi.

9. gr.

Aukabúnaður, sem tengdur er löggildingarskyldu mælitæki, skal sýna sömu mæliniðurstöðu og tækið sjálft.

Tenging hvers kyns aukabúnaðar við löggildingarskylt mælitæki, sem dregið getur úr nákvæmni þess eða búnaðarins sjálfs, er með öllu óheimil.

10. gr.

Eigendum eða vörslumönnum löggildingar- og eftirlitsskyldra mælitækja ber að sjá til þess að tækin sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nú uppfyllir löggildingar- eða eftirlitsskylt mælitæki ekki þær kröfur sem til þess eru gerðar og skal notkun þess þá bönnuð. Heimilt er Löggildingarstofunni að loka með innsigli löggildingar- eða eftirlitsskyldum mælitækjum sem notkun hefur verið bönnuð á og hafa á brott með sér slík tæki eða hluta úr þeim ef vafi leikur á að settum reglum sé fullnægt.

Óheimilt er að nota löggildingar- og eftirlitsskyld mælitæki nema þau beri gilt auðkenni þar að lútandi.

IV. KAFLI
Faggilding.

11. gr.

Löggildingarstofan annast faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Allir, sem þess óska, skulu geta látið faggilda starfsemi sína, enda uppfylli þeir þær kröfur sem settar eru, sbr. 12. gr.

Nú er gerð krafa um faggildingu stofnana og fyrirtækja, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða eftirlit eða votta að vara, ferli eða þjónusta, svo og hæfni og þekking starfsmanna, uppfylli lögbundnar kröfur og skal þá slíkri kröfu fullnægt af Löggildingarstofunni eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur í reglugerð heimilað að faggilding frá stofnunum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi hér á landi.

Löggildingarstofan metur tilnefnda aðila, sbr. 2. gr.

Löggildingarstofan annast hér á landi málefni sem lúta að alþjóðlegum verklagsreglum á prófunarstofum í efnafræði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð forsendur faggildingar skv. 11. gr. enda séu þær í samræmi við hliðstæðar forsendur í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerðinni skal telja upp þá staðla sem byggt skal á og birta meginreglur og sérreglur um faggildingu, vottun, prófun og eftirlit, svo og reglur um brottfall faggildingar á slíkri starfsemi.

13. gr.

Nú synjar Löggildingarstofan umsókn um faggildingu og skal synjunin þá rökstudd skriflega. Synjun má skjóta til sérstakrar úrskurðarnefndar. Hún skal skipuð einum fulltrúa hvors málsaðila og fulltrúa ráðuneytisins sem jafnframt er oddamaður.

V. KAFLI
Löggildingarstofan.

14. gr.

Löggildingarstofan er sjálfstæð ríkisstofnun er lýtur yfirstjórn viðskiptaráðuneytis.

15. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar er að:

1. löggilda mælitæki, hafa eftirlit með mælitækjum, löggilda vigtarmenn og sjá að öðru leyti um að lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt,
2. annast öflun, varðveislu og viðhald landsmæligrunna,
3. annast kvörðun mæligrunna og mælitækja og útgáfu vottorða þar að lútandi,
4. stunda faggildingu,
5. veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um faggildingu og mælifræðileg málefni og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á þeim sviðum,
6. vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni og á sviði faggildingar,
7. hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði og faggildingar.

Ráðherra getur enn fremur falið Löggildingarstofunni að sjá um kennslu vigtarmanna og annast rannsóknir á sviði mælifræði.

16. gr.

Ráðherra getur að tillögu Löggildingarstofunnar og að höfðu samráði við samtök atvinnulífsins, eftirlitsstofnanir og samtök neytenda ákveðið að komið skuli á fót eftirliti með mælitækjum á sviðum sem ekki falla undir 5. gr. þar sem þess er talin þörf vegna einstakra atvinnugreina eða hagsmuna neytenda, svo og vegna aðstæðna er varða umhverfisvernd og heilbrigði eða öryggi almennings.

17. gr.

Löggildingarstofan skal, þar sem aðstæður mæla með, með samningi fela aðilum, sem þess óska og hafa sérþekkingu og nauðsynlega hæfni, að leysa verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Löggildingarstofan innheimtir gjöld fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur stofnunarinnar standi undir útgjöldum hennar.

Þess skal ávallt gætt að tekjum Löggildingarstofunnar af löggildingu mælitækja og annarri lögbundinni starfsemi sé ekki varið til að standa straum af kostnaði við þjónustu sem öðrum aðilum er einnig heimilt að veita.

VI. KAFLI
Löggiltir vigtarmenn.

19. gr.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Löggildingarstofunnar sem gefur út skírteini þeim til handa. Ráðherra setur þeim erindisbréf.

Löggiltir vigtarmenn geta menn orðið uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. eru búsettir hér á landi,
2. eru fullra tuttugu ára,
3. eru sjálfráða og fjárráða,
4. hafa sótt námskeið og staðist prófkröfur í námskeiðslok.

Í reglugerð skal kveðið á um prófkröfur skv. 4. tölul. 1. mgr.

Synja má manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding vigtarmanns gildir í allt að fimm ár en heimilt er að ákveða styttri gildistíma í einstökum tilfellum samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Heimilt er að binda löggildingu vigtarmanns við tiltekinn eða tiltekna vinnustaði. Enn fremur má undanþiggja ákveðna vinnustaði. Löggildingarstofan getur kveðið á um að störf hjá tilteknum vinnuveitendum séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna.

20. gr.

Vottorð löggilts vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Ráðherra getur í reglugerð tilgreint að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

22. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög:

Lög nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 33 16. nóvember 1907, um metramæli og vog.

Tilskipun nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld.

Lög nr. 60 3. nóvember 1915, um löggilta vigtarmenn.

Lög nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Lög nr. 21 22. mars 1949, um sölu á steinolíu, hráolíu, bensíni og smurningsolíu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skulu löggildingar, sem veittar hafa verið vigtarmönnum af lögreglustjórum skv. 1. gr. laga nr. 60/1915, halda gildi sínu uns þeim er breytt eða þær eru afturkallaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó ekki lengur en til 1. janúar 1998.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. öðlast ákvæði 2. mgr. 11. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996.

401. Frumvarp til samkeppnislaga. [9. mál]

(Eftir 2. umr., 3. des.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðinum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði XI. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Orðskýringar.
4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Sölustig framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.

Þjónusta er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Vara er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þar með talin skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.

Verð er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.

Virk yfirráð eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins,
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker samkeppnisráð úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.
5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir:

a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.

6. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins.

Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn. Látist aðal- eða varamaður í ráðinu eða forfallist varanlega skal skipa nýjan mann til loka skipunartíma ráðsins.

Nú er aðalmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls sökum tengsla við málsaðila og tekur varamaður þá sæti hans. Sé þess ekki kostur getur ráðherra að ósk formanns samkeppnisráðs skipað mann í ráðið til að taka þátt í umfjöllun þess um málið.

7. gr.

Samkeppnisráði til ráðgjafar er fastanefnd skipuð þremur mönnum.

Nefnist hún auglýsinganefnd og skal fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og þær brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. laga þessara.

Nefndin skal skipuð af ráðherra og skal formaður og varamaður hans vera úr hópi aðal- og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að máli, þar með talin samtök neytenda. Skipunartími nefndarmanna fellur niður um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur.

Ráðherra setur nánari starfsreglur fyrir nefndina og gerir hún tillögur um afgreiðslu mála til samkeppnisráðs.

8. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.

Ráðherra skipar forstjóra Samkeppnisstofnunar til sex ára að fenginni umsögn samkeppnisráðs og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri eða staðgengill hans sitja fundi samkeppnisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Ákvörðunum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar má áfrýja til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurður áfrýjunarnefndar skal liggja fyrir innan sex vikna frá áfrýjun. Áfrýjun frestar ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

IV. KAFLI
Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti eða álagningu,
b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,
c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð.

11. gr.

Óheimilt er að ákveða eða semja um eða á annan hátt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi. Bannið nær einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslætti og álagningu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur seljandi gefið upp leiðbeinandi endursöluverð, enda láti hann koma skýrt fram í tilkynningum sínum að verðið sé leiðbeinandi. Jafnframt getur seljandi með heimild Samkeppnisstofnunar ákveðið hámarksverð sem endurseljandi getur notað við verðlagningu á vörum, enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum seljanda að um hámarksverð sé að ræða. Þess skal gætt að ákvörðun um hámarksverð takmarki ekki óhæfilega svigrúm til álagningar á endursölustigi og valdi ekki hærra verði. Seljanda ber að tilkynna endurseljanda í hverju tilviki að honum sé frjálst að selja vöruna á verði sem sé lægra en hámarksverðið.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.–19. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10., 11. og 12. gr. geta fyrirtæki gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati samkeppnisráðs aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða. Ákvæð-

in eru heldur ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein.

Óski fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eftir því að fá skýra afstöðu Samkeppnisstofnunar til þess hvort samningar eða samvinna þeirra falli undir ákvæði 1. mgr. geta þau sent tilkynningu þar að lútandi til stofnunarinnar. Geri stofnunin ekki athugasemd við tilkynninguna innan tveggja mánaða frá móttöku hennar telst samkomulagið falla undir 1. mgr. Gildir það í þrjú ár frá því að tveggja mánaða fresturinn er liðinn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. geta móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki í sömu grein eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt af því leiði takmörkun samkeppni.

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

15. gr.

Bannákvæði skv. a- og b-liðum 1. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. sömu greinar, tekur ekki til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur sem rétthafi og nytjaleyfishafi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi eða mynstur á sviði iðnaðar.

16. gr.

Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá bannákvæðunum í 10., 11. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,
b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,
c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu.

V. KAFLI
Eftirlit með samkeppnishömlum.

17. gr.

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,
c. óhæfilegri notkun á kaupbæti.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör

einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

18. gr.

Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirráðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna. Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis.

Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

Aðilar, sem hyggja á samruna eða yfirtöku, geta leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort samruninn eða yfirtakan brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. Hafi samkeppnisráð ekki svarað slíkri fyrirspurn innan sex vikna frá því að samkeppnisyfirvöldum barst hún verður samruninn eða yfirtakan ekki ógilt nema samkeppnisráð hafi verið leynt upplýsingum sem máli skiptu við mat ráðsins á lögmæti athafnarinnar.

Ákvæði 3. mgr. ná einnig til þess þegar eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn 1. mgr.

19. gr.

Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

VI. KAFLI
Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

20. gr.

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

21. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

22. gr.

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

23. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

Skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða þjónustu sína á íslenskum markaði, t.d. flutnings- og vátryggingaskilmálar, skulu undantekningarlaust vera á íslensku.

24. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

25. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

26. gr.

Í atvinnustarfsemi er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars aðila eða þann sem kemur fram á hans vegum með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt sem greinir í 1. mgr. og eiga þá ákvæði 1. mgr. við ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

27. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

28. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

29. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið, íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskota til þeirra á annan hátt.

30. gr.

Samkeppnisráð getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum svo og almennar reglur um beitingu 20.–23. gr. Samkeppnisstofnun skal eftir því sem kostur er ráðgast við hluteigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

VII. KAFLI
Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

31. gr.

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Samkeppnisstofnun getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

32. gr.

Samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

33. gr.

Við framkvæmd þessara laga getur Samkeppnisstofnun birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

34. gr.

Í því skyni að stuðla að og efla virka samkeppni aflar Samkeppnisstofnun upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður, eftir því sem ástæða þykir til. Samkeppnisráð skal setja Samkeppnisstofnun verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

VIII. KAFLI
Eftirlit með greiðslukortastarfsemi.

35. gr.

Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð skulu hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Skal þess gætt að viðskiptahættir séu sambærilegir hér við það sem almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum Íslendinga.

36. gr.

Útgefendur greiðslukorta skulu tilkynna slíka útgáfu til Samkeppnisstofnunar og heldur hún skrá yfir þá. Sama gildir um umboðsmenn erlendra greiðslukortafyrirtækja sem reka greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta hér á landi.

37. gr.

Kortaútgefendum er skylt að veita Samkeppnisstofnun upplýsingar um viðskiptaskilmála sína gagnvart korthöfum og greiðsluviðtakendum. Skulu kortaútgefendur birta gjaldskrár sínar opinberlega ef Samkeppnisstofnun krefst þess.

Telji samkeppnisráð að viðskiptaskilmálar kortaútgefenda feli í sér óréttmæt skilyrði sem aðeins taki mið af eigin hagsmunum eða komi illa niður á hagsmunum korthafa eða greiðsluviðtakenda og séu ekki í samræmi við ákvæði 35. gr. getur það lagt bann við slíkum skilmálum og lagt fyrir kortaútgefanda að breyta viðskiptaháttum sínum.

IX. KAFLI
Verðstöðvun.

38. gr.

Ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, styrjaldarástands eða óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum, getur ríkisstjórnin ákveðið verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagn-

ingu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör. Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun skulu annast eftirlit með framkvæmd slíkra ákvarðana.

Aðgerðir skv. 1. mgr. geta staðið allt að þrjá mánuði.

X. KAFLI
Upplýsingaskylda.

39. gr.

Samkeppnisstofnun getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Samkeppnisstofnun getur einnig lagt skyldu á þá aðila, sem um getur í 1. mgr., að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

40. gr.

Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

XI. KAFLI
Um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

41. gr.

Skylt er þeim sem um er beðinn að veita eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 48. gr.

Samkeppnisstofnun getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 1. mgr. og getur hún sett skilafrest í því sambandi.

42. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum á sama hátt og Samkeppnisstofnun enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

Fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppnisstofnun framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppnis-

stofnunar og framkvæmdastjórnar EB þegar eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi.

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA og Samkeppnisstofnunar þess efnis að vettvangsrannsókn skuli fara fram má fullnægja með aðfarargerð.

43. gr.

Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

44. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 48. gr. þessara laga.

Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Sömu aðilar geta einnig lagt á févíti til að tryggja að farið verði eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samkeppnisreglnanna, sbr. ákvæði 1. mgr.

Ákvarðanir um sektir og févíti samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.

45. gr.

Ákvæði í 1.–3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn um samkeppni varðandi verslun með kol og stál skulu hafa lagagildi hér á landi.

46. gr.

Hafi ríkisaðstoð, sem 61. gr. EES-samningsins tekur til, verið tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA geta íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárhagsstuðning fyrr en eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Sama gildir um fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem fallið getur undir 61. gr. samningsins.

47. gr.

Sveitarfélag, sem hyggst veita fyrirtæki aðstoð af því tagi sem um getur í 61. gr. EES-samningsins, skal tilkynna Samkeppnisstofnun um hina fyrirhuguðu aðstoð.

Telji eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita, brjóti gegn 61. gr. EES-samningsins skal Samkeppnisstofnun tilkynna það sveitarstjórn. Samkeppnisráð getur fylgt eftir framkvæmd slíks úrskurðar með álagningu févítis, sbr. 3. mgr. 44. gr.

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skapar það sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

48. gr.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn samkeppnisráðs að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Ráðherra er einnig heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

XII. KAFLI
Almenn ákvæði.

49. gr.

Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.

Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til samkeppnisráðs innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr.

50. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Enginn má af hálfu stjórnvalda taka þátt í úrlausn máls er lög þessi ná til ef hann hefur þar persónulegra hagsmuna að gæta. Viðkomandi stjórnvald sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma í því sambandi.

XIII. KAFLI
Viðurlög.

51. gr.

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 20., 21. og 22. gr. laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 50 þúsundum til 500 þúsunda króna á dag.

Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

52. gr.

Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal tekið tillit til þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið og þess ávinnings sem þær hafa haft í för með sér. Sektir geta numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna, en þó allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum ef sannanlegur ábati þeirra af broti gegn samkeppnisreglum laga þessara hefur numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna.

Ákvörðun samkeppnisráðs um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

53. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur samkeppnisráð ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

54. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

55. gr.

Ákvörðun samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

56. gr.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

57. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er ris vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

58. gr.

Ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sbr. 39., 40. og 41. gr., eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 18. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

XIV. KAFLI

Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1993, nema XI. kafli laganna sem öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal gefa starfsmönnum Verðlagsstofnunar kost á sambærilegu starfi hjá Samkeppnisstofnun og skal 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við í því tilviki.

Ákvæði um tímabundna ráðningu forstjóra Samkeppnisstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um ráðningu þess einstaklings sem skipaður er í starf verðlagsstjóra við gildistöku laga þessara og tekur hann við starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar ef hann svo kýs.

Um leið og lög þessi ganga í gildi hættir störfum það verðlagsráð sem skipað var af viðskiptaráðherra 1. nóvember 1991. Þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þó gilda áfram þar til samkeppnisráð ákveður annað.

402. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 19. október sl. Nefndin hefur lokið umfjöllun um það og mælir meiri hlutinn með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndin kannaði hvern lið frumvarpsins til hlítar og fékk skýringar fjármálaráðuneytis og fagráðuneyta á óskum um viðbótargreiðsluheimildir frá fjárlögum þessa árs. Að lokinni athugun nefndarinnar á frumvarpinu og að fengnum skýringum fagráðuneyta, sem bera ábyrgð á útgjöldum viðfangsefna, og álits fjármálaráðuneytisins féllst meiri hluti nefndarinnar á flestar tillögur ráðuneytanna um auknar greiðsluheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Þær breytingartillögur, sem meiri hlutinn gerir við frumvarpið, eru flestar minni háttar. Samtals nema tillögur um viðbótargreiðsluheimildir við 2. umr. 335.600 þús. kr. Skýringar á einstökum breytingartillögum verða gefnar í framsögu.

Alþingi, 3. des. 1992.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.

403. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, EKG, GunnS, ÁJ, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
101 Yfirstjórn	4.500
2. Við 3. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. Liðurinn orðist svo:	
a. 158 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu, UNTAG	14.800
b. 159 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, í Angóla og El Salvador	5.800
3. Við 3. gr. Nýr liður:	
04-201 Búnaðarfélag Íslands.	
101 Búnaðarfélag Íslands	24.100
4. Við 3. gr. Nýr liður:	
04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög.	
620 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	19.000
5. Við 3. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins. 120 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „530.000“ kemur	639.000
6. Við 3. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.	
Fyrir „65.000“ kemur	191.000
7. Við 3. gr. 08-372 101 Borgarspítalinn.	
Fyrir „25.000“ kemur	86.000
8. Við 3. gr. Nýr liður:	
08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.	
101 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	11.000
9. Við 3. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. 101 Rekstur.	
Fyrir „365.100“ kemur	535.100
10. Við 3. gr. Nýir liðir:	
10-211 Vegagerð ríkisins.	
510 Viðhald vega	– 50.000
610 Nýframkvæmdir	50.000

11. Við 3. gr. 10-333 Hafnamál. Nýir liðir:

630 Hafnamannvirki	– 7.000
640 Sjóvarnargarðar	7.000

404. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem miðar annars vegar að því að tryggja aðgang almennings að gögnum og upplýsingum um umhverfismál og hins vegar að kveða á um upplýsingamiðlun stjórnvalda varðandi þennan málaflokk. Á fund nefndarinnar komu frá umhverfisráðuneytinu Aðalheiður Jóhannsdóttir lögfræðingur og Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóri. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Vegagerð ríkisins, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Vísindaráði, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Landvernd, Siglingamálastofnun ríkisins, Skipulagi ríkisins, Landvarðafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Landgræðslu ríkisins, Lífi og landi, Landsvirkjun, Stéttarsambandi bænda, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál betur en nú er raunin. Frumvarpið á þó ekki að breyta núgildandi venjum um að upplýsingar séu gefnar um ýmis mál sem beðið er um munnlega af almenningi og fjölmiðlum.

Á undanförnum árum hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Lengi hefur verið starfandi nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem hefur m.a. það hlutverk að semja slíkt frumvarp, en sú nefnd hefur ekki lokið störfum. Þrátt fyrir að verið sé að vinna að almennum lögum um þetta efni telur nefndin rétt að nú verði sett í lög ákvæði um aðgang að upplýsingum og upplýsingmiðlun um umhverfismál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar, sem nefndin gerir tillögur um, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að síðari málsgrein 1. gr., þar sem hugtakið „stjórnvald“ er skilgreint falli brott og vísast um það til breytingartillögunnar í 2. tölul.
2. Breyting sú, sem lögð er til á fyrri málsgrein 2. gr., felur í sér rýmkun á gildissviði hugtaksins „stjórnvald“ þannig að ljóst verði að ekkert stjórnvald verður undanskilið hvað varðar aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál. Nauðsyn þykir bera til að frumvarpið taki til fleiri aðila en þeirra sem hafa að lögum vald til að kveða á um réttindi eða skyldur manna á sviði umhverfismála, svo sem rannsóknastofnana sem vinna að gagnaöflun og úrvinnslu gagna en hafa ekki vald til að taka stjórnsýsluákvarðanir. Breytingartillagan við síðari málsgrein 2. gr. byggist á því að ætla má af upptalningu ákvæðisins að það taki ekki til ýmissa upplýsinga, svo sem

um hið byggða umhverfi. Er því lögð til sú breyting til rýmkunar ákvæðinu að í stað upptalningar á vatni, lofti, jarðvegi, dýralífi, gróðri, landi og náttúruminjum verði notuð hugtökin „umhverfi“ og „náttúruauðlindir“ sem taka einnig til fyrrgreindra atriða. Þá er felld brott upptalning á formi upplýsinga enda illmögulegt að telja slíkt upp á tæmandi hátt með tilliti til tæknivæðingar nútímans.

3. Breytingin á 3. gr. felur í sér að í stað þess að hugtakið „aðili“ sé skilgreint og notað í frumvarpinu verði 1.–3. mgr. felldar saman í eina málsgrein auk þess sem áréttað er að sá sem óskar upplýsinga skuli beina skriflegri beiðni sinni til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslu sinni. Þá er fellt brott það skilyrði 2. mgr. greinarinnar fyrir veitingu upplýsinga að þær hafi orðið tiltækar eftir að lög þessi taka gildi. Þess í stað er lagt til að stjórnvaldi verði veitt heimild til að synja um slíkar upplýsingar í undantekningarákvæði 4. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að ný grein, er verði 4. gr., bætist við frumvarpið í stað samþykkisreglna þeirra sem koma fram í e- og g-liðum 4. gr. frumvarpsins. Stjórnvald skal ætíð leita álits viðkomandi þegar um er að ræða mál er varða mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja eða einkahagi manna.
5. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 4. gr.:
   a. Upphafsorðum fyrri málsgreinar verði breytt til áréttingar því að um er að ræða undantekningarákvæði frá meginreglunni um upplýsingaskyldu stjórnvalda og að þessum heimildum til að synja um upplýsingar skuli aðeins beitt þegar sérstaklega stendur á.
   b. Í a-lið fyrri málsgreinar falli orðin „og varnarmál“ brott þar sem varnarmál hljóta að falla undir hugtakið „öryggi ríkisins“.
   c. C- og f-liðir fyrri málsgreinar verði felldir saman vegna tengsla þeirra atriða er þar heyra undir.
   d. D-liður fyrri málsgreinar falli brott, enda standa ekki rök til þess að hindra upplýsingar á þessum grundvelli.
   e. Orðin „nema með samþykki viðkomandi“ í e-lið fyrri málsgreinar falli brott en þess í stað bætist við ný grein, sbr. 4. tölul. breytingartillagnanna.
   f. F-liður fyrri málsgreinar falli brott í samræmi við breytingartillöguna í c-lið.
   g. Orðin „nema sá samþykki sem í hlut á“ í g-lið fyrri málsgreinar falli brott, en þess í stað bætist við ný grein, sbr. 4. tölul. breytingartillagnanna.
   h. Í stað síðari málsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar. Þannig er í samræmi við athugasemdir í 3. tölul. lagt til að stjórnvald hafi aðeins heimild til að synja um upplýsingar sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara. Í nýrri 3. mgr. er síðan lögð til sú breyting að stjórnvaldi skuli í öllum tilvikum skylt að rökstyðja synjun um upplýsingar.
6. Í breytingum þeim, sem lagðar eru til við 5. gr., felst í fyrsta lagi að fyrri og síðari málsgreinar greinarinnar verði að einni málsgrein. Þá er lagt til að málskotsfrestur lengist í sex vikur þar sem sá frestur, sem settur er fram í frumvarpinu, þykir veita málsaðila of lítið ráðrúm. Jafnframt er lagt til að í stað þess að miða upphaf málskotsfrests aðila við þau tímamörk, er honum varð kunnugt um synjun, verði miðað við tilkynningu, en slík viðmiðun auðveldar sönnun um upphaf frests. Loks er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem ráðherra er gert skylt að gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum að áður en ákvörðun er tekin í viðkomandi máli.
7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 6. gr. sem fjallar um heimild stjórnvalds til gjald-

töku fyrir upplýsingar. Með þessum breytingum ætti að vera tryggt að gjaldtaka, sem aðeins skal beita hóflega og í undantekningartilvikum, fæli fólk ekki frá að leita sér upplýsinga. Þá er lagt til að stjórnvald skuli gera þeim er upplýsinga óskar fyrir fram grein fyrir því gjaldi sem hann getur komið til með að þurfa að greiða.

8. Við 7. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar sem ættu að gera ákvæðið skýrara og ekki eins víðtækt og áður án þess að um beinar efnisbreytingar sé að ræða.
9. Við fyrri málsgrein 8. gr. er lagt til að skýrsla um ástand og þróun umhverfismála verði birt á árs fresti. Auk þess er lagt til að á brott falli orð þau er kveða á um að skýrsla þessi skuli birt í fyrsta skipti þremur árum eftir gildistöku frumvarpsins. Helgast þessar tillögur m.a. af því að árleg skýrslugerð þykir vera markvissari og fremur í tengslum við atriði eins og fjárlagagerð en skýrslur sem einvörðungu eru gefnar út á margra ára fresti. Á grundvelli þessara breytingartillagna þykir eðlilegt að slík skýrsla verði í fyrsta skipti birt á árinu 1994. Breytingin á 2. mgr. byggist á því að eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu er stjórnvöldum nánast í sjálfsvald sett hvort þau gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála. Með því að fella brott orðin „og ástæða er til hverju sinni“ er matssvið stjórnvalda um þetta efni þrengt. Sú skylda mun hvíla á stjórnvöldum að láta af hendi úrskurði á sviði umhverfismála verði þess óskað og sama mun gilda um ákvarðanir varði þær almannahagsmuni. Umhverfisnefnd Alþingis telur eðlilegt að fylgst sé með framkvæmd frumvarps þessa, ef að lögum verður, á þann hátt að nefndin fái afrit af úrskurðum ráðherra skv. 5. gr. frumvarpsins (er verður 6. gr.). Mun nefndin á grundvelli þessa ákvæðis óska eftir að fá slíka úrskurði eftir gildistöku frumvarpsins.
10. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1993 þar sem full þörf þykir vera á lagasetningu þessari, óháð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
11. Lagt er til að yfirskrift frumvarpsins breytist og heiti þess verði: Frumvarp til laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Árni M. Mathiesen og Lára M. Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Jón Helgason.
Hjörleifur Guttormsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Árni R. Árnason.
	Kristín Einarsdóttir.	

405. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar sem varða umhverfi og náttúruauðlindir. Enn fremur er átt við upplýsingar um starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á fyrrgreind atriði.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Einstaklingur eða lögaðili sem óskar upplýsinga um umhverfismál skal senda skriflega beiðni til viðkomandi stjórnvalds þar sem greint skal með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er og annað er máli skiptir.

Stjórnvald, sem í hlut á, skal afgreiða beiðni innan fjögurra vikna frá móttökudegi.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:

Áður en veittar eru upplýsingar samkvæmt lögum þessum er varða mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja eða sem varða einkahagi manna skal leita álits viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings.

5. Við 4. gr. (er verður 5. gr.). Greinin orðist svo:

Grundvallarmarkmið laga þessara, sbr. 1. gr., er að tryggja rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál en þó er heimilt að synja beiðni um slíkar upplýsingar, að öllu leyti eða hluta, ef rökstudd ástæða er til að ætla að upplýsingagjöfin geti haft skaðleg áhrif á:

a. öryggi ríkisins,
b. alþjóðasamskipti,
c. mál sem eru í rannsókn eða á undirbúningsstigi,
d. mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja, að meðtöldum hugverkarétti,
e. einkahagi manna,
f. umhverfisvernd.

Heimilt er að synja beiðni um upplýsingar sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Skylt er stjórnvaldi að rökstyðja synjun skv. 1. og 2. mgr.

6. Við 5. gr. (er verður 6. gr.). Greinin orðist svo:

Heimilt er að kæra ákvörðun um synjun á aðgangi að upplýsingum til hlutaðeigandi ráðherra innan sex vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt ákvörðunin.

Áður en ráðherra úrskurðar skv. 1. mgr. skal gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum að.

7. Við 6. gr. (er verður 7. gr.). Greinin orðist svo:

Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi en talið er rétt að afla og láta í té og er þá stjórnvaldi, sem í hlut á, heimilt að taka sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir slíka þjónustu.

Stjórnvald skal gera þeim er upplýsinga óskar grein fyrir því gjaldi sem viðkomandi getur þurft að greiða.

8. Við 7. gr. (er verður 8. gr.). Greinin orðist svo:

Stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skulu halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um umhverfismál og umhverfisvernd og tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar almenningi.

9. Við 8. gr. (er verður 9. gr.).

a. Fyrri málsgrein orðist svo:

Umhverfisráðherra skal árlega birta opinberlega skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi.

b. Orðin „og ástæða er til hverju sinni“ í síðari málsgrein falli brott.

10. Við 10. gr. (er verður 11. gr.). Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

11. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

406. Frumvarp til laga [283. mál]

um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi, að því er Ísland varðar, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku samningsins falla úr gildi lög nr. 66/1981 og nr. 53/1956, sbr lög nr. 21/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar til fullgildingar samnings Norðurlanda um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Samningurinn kemur í stað Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981, en sá samningur hefur verið endurskoðaður með tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992.

Með lögum nr. 66 18. maí 1981 var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að staðfesta núgildandi samning frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi og jafnframt var kveðið svo á í lögunum að ákvæði samningsins skyldu hafa lagagildi hér á landi. Þessum samningi hefur tvisvar verið breytt vegna breytinga á almannatryggingalöggjöf aðildarríkjanna, sbr. auglýsingu nr. 19 4. desember 1984 og auglýsingu nr. 2 2. febrúar 1990. Breytingarnar komu til framkvæmda með heimild í 78. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 um gerð samninga við erlend ríki. Sú heimild þykir ekki nægilega víðtæk til þess að hrinda samningnum um almannatryggingar frá 15. júní 1992 í framkvæmd og er því þetta frumvarp flutt.

Gert er ráð fyrir að Norðurlandasamningur um atvinnuleysisbætur frá 12. nóvember 1985, sbr. auglýsingu nr. 20 21. september 1987, falli niður við gildistöku þessa nýja samnings.

Fyrir nokkrum árum var að frumkvæði félagsmálanefndar Norðurlanda hafist handa um endurskoðun á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi. Fulltrúar frá hlutaðeigandi ráðuneytum tóku þátt í þeirri vinnu. Af hálfu Íslands tóku fulltrúar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins þátt í því starfi.

Þegar samningaviðræður Evrópubandalagsins og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu um Evrópska efnahagssvæðið hófust árið 1989 kom í ljós að ef af þeim samningi yrði þyrfti að gera verulegar breytingar á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi. Endurskoðunarvinnan, sem þá var hafin, beið því þróunar samningaviðræðnanna um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar sýnt þótti að samningar mundu nást var aftur hafist handa um endurskoðun Norðurlandasamningsins í ársbyrjun 1991 og lauk þeirri vinnu síðari hluta þess árs. Af Íslands hálfu tóku fulltrúar sömu aðila og áður þátt í þeirri vinnu.

Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið munu reglur þess samnings um almannatryggingar gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi. Gildissvið þessa nýja Norðurlandasamnings um almannatryggingar er því allmiklu þrengra en gildissvið eldri samningsins. Meðal annars af þessum sökum hefur heiti hans verið breytt í Norðurlandasamning um almannatryggingar í stað félagslegs öryggis. Nýi samningurinn nær fyrst og fremst til þeirra einstaklinga sem falla ekki undir almannatryggingareglur hins Evrópska efnahagssvæðis, þ.e. þeirra norrænu ríkisborgara sem ekki eru í starfi, t.d. námsmenn, svo og þeirra sem starfa á Norðurlöndum en eru ríkisborgarar í landi utan EES-svæðisins.

Nýi samningurinn hefur enn fremur að geyma nokkur ákvæði um reglur á almannatryggingasviðinu sem ganga lengra en reglur EES. Að því er þessar reglur varðar þá ná ákvæði samningsins til allra, en ekki einvörðungu til þeirra sem reglur EES ná ekki til. Samningurinn vísar um margt til reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar. Verður þetta án efa til mikils hagræðis fyrir stofnanir almannatrygginga á Norðurlöndum sem annast þurfa framkvæmd þessa nýja Norðurlandasamnings og almannatryggingareglna EES-samningsins.

Ein helsta breytingin, sem leiðir af þessum nýja samningi, er sú að hingað til hefur búsetulandið greitt bætur almannatrygginga sem bótaþegi á rétt á að liðnum biðtíma. Hér eftir mun bótaþegi fá bætur sínar frá þeim löndum sem hann hefur áunnið sér réttindi í. Í samningnum er þó tryggt að þessi breyting á ekki að hafa í för með sér lækkun bóta til einstaklinga sem þegar njóta bótagreiðslna á grundvelli samningsins, sbr. 27. gr.

Eldri samningurinn hafði að geyma nokkur ákvæði um félagslega aðstoð. Samkvæmt gildistökuákvæði samningsins í 30. gr. gilda þessi ákvæði áfram um sinn. En á vegum félagsmálanefndar Norðurlanda vinnur nefnd að því að semja nýjan Norðurlandasamning um félagslega aðstoð. Fulltrúi Íslands í þeirri nefnd kemur frá félagsmálaráðuneytinu. Um leið og nýr Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð gengur í gildi munu ákvæði samningsins frá 1981 um þetta efni vera felld úr gildi.

Í fskj. I er íslenskur texti samningsins. Hann er jafngildur á öllum tungumálum Norðurlanda.

Í fskj. II er umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði að fullgilda Norðurlandasamninginn um almannatryggingar sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að samningurinn öðlist lagagildi þegar hann hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu og er kominn í gildi. Samkvæmt 28. gr. samningsins gengur samningurinn í gildi um leið og EES-samningurinn sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1991, enda hafi allir aðilar gert viðvart um að þeir hafi samþykkt Norðurlandasamninginn. Við gildistöku samningsins falla úr gildi Norðurlandasamningarnir um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981 og um atvinnuleysisbætur frá 12. nóvember 1985.

Um 3. gr.

Hér segir að lög þessi öðlist þegar gildi, en að lög nr. 66/1981 og nr. 53/1956, sbr. lög nr. 21/1962, falli úr gildi við gildistöku samningsins.

Samkvæmt 30. gr. samningsins frá 1992 skulu ákvæði samningsins frá 1981, sem varða félagslega aðstoð, halda gildi sínu um sinn. Þrátt fyrir niðurfellingu laga nr. 66/1981 halda þau ákvæði áfram að hafa lagagildi vegna 2. gr. frumvarpsins.

Þeir sem byggja rétt á eldri samningum halda þeim rétti eftir nánari ákvæðum samningsins frá 1992.

Með gildistöku Norðurlandasamningsins um félagslegt öryggi frá 1981 var litið svo á að lög nr. 53/1956, sbr. 21/1962, féllu úr gildi. Það var hins vegar ekki berlega tekið fram í lögunum og er lagt til að hér með verði bætt úr því.

Fylgiskjal I.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1981 um félagslegt öryggi sem kom í stað upprunalegs samnings frá 1955, hafi átt mikilvægan þátt í að tryggja norrænum ríkisborgurum, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi, sama félagslegt öryggi og ríkisborgurum landsins,

sem gera sér ljóst að samkvæmt EES-samningnum verði það reglur þess samnings um almannatryggingar sem munu gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi,

sem álíta að þörf sé á norrænum reglum um almannatryggingar fyrir þá einstaklinga sem falla ekki undir reglur EES, þ.e. afmarkaðan hóp norrænna ríkisborgara og ríkisborgara frá þriðja landi,

sem álíta að jafnframt sé þörf á því að halda í gildi tilteknum norrænum reglum um almannatryggingar sem viðbót við reglur EES um almannatryggingar,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar svohljóðandi:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.
1. gr.

Í samningi þessum merkja orðin:

a. *norrænt land*
sérhvert samningsríkjanna,

b. *norrænn ríkisborgari*
ríkisborgara norræns lands,

c. *löggjöf*
lög, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvarðanir um þær greinar félagslegs öryggis sem um ræðir í 1. mgr. 2. gr., þó ekki að því leyti sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,

d. *þar til bært stjórnvald*
í Danmörku:
1. félagsmálaráðherrann,
2. atvinnumálaráðherrann,
3. heilbrigðismálaráðherrann,
í Finnlandi:
félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
á Íslandi:
1. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrann,
2. félagsmálaráðherrann,
3. fjármálaráðherrann,
í Noregi:
1. félagsmálaráðuneytið,
2. atvinnu- og stjórnsýslumálaráðuneytið,
3. barna- og fjölskyldumálaráðuneytið,
í Svíþjóð:
ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið)
eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld kveða á um,

e. *stofnun*
stjórnvald eða stofnun sem veitir bætur,

f. *aðstoð*
annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,

g. *grunnlífeyrir*
almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

h. *viðbótarlífeyrir*
almennan lífeyri sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

i. *búseta*
að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars,

j. *EES-samningurinn*
samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992,
k. *EES-land*
land sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði nær til,
l. *reglugerðin*
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn,
m. *framkvæmdareglugerðin*
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn.

2. gr.

1. Samningur þessi tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem á hverjum tíma gildir um eftirtaldar greinar félagslegs öryggis:
a. bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,
b. bætur vegna örorku, elli eða dauða,
c. bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
d. bætur vegna atvinnuleysis,
e. almennar bætur í peningum til barna.

2. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert Norðurlandanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf um þær greinar félagslegs öryggis sem getið er um í 1. mgr. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

3. gr.

1. Samningurinn tekur til eftirfarandi einstaklinga svo framarlega sem þeir falla ekki undir reglugerðina:
a. norrænna ríkisborgara,
b. flóttamanna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna og bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,
c. ríkisfangslausra manna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,
d. annarra einstaklinga sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,
e. einstaklinga sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra einstaklinga sem nefndir eru í stafliðum a til d.

2. Að svo miklu leyti sem það leiðir af ákvæðum samningsins skal hann enn fremur gilda um einstaklinga sem reglugerðin tekur til.

4. gr.

Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 11.–13. gr.

5. gr.

Nú ber samkvæmt löggjöf norræns lands að lækka bætur ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að lækka bæturnar ef þær lenda með samsvarandi bótum sem greiddar eru samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

II. HLUTI
Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.

6. gr.

Sá sem búsettur er í norrænu landi fellur undir löggjöf búsetulandsins, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessa hluta.

7. gr.

1. Ákvæði II. bálks reglugerðarinnar og III. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda á sama hátt um þá sem starfa í öðru norrænu landi en búsetulandinu eða sem starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum eða um starfslið í ferðum hjá fyrirtæki sem annast flutninga í lofti eða á landi eða þá sem vinnuveitandi í einu norrænu landi sendir tímabundið til starfa í öðru norrænu landi.

2. Það skal einnig talið starf í norrænu landi þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

3. Ákvæði 2. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

8. gr.

Að því er varðar tiltekna hópa manna eða einstaklinga geta þar til bær stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa gert samning um undantekningar frá ákvæðum þessa hluta.

III. HLUTI
Sérstök ákvæði um bótarétt.
I. kafli.
Aðstoð og dagpeningar vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga.

9. gr.

Ákvæði 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1. og 2. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda um einstaklinga sem flytjast frá einu norrænu landi til annars eða eru búsettir í norrænu landi og eiga þar rétt á aðstoð og við dvöl í öðru norrænu landi þarfnast sjúkrahjálpar, eða sem vinna í öðru norrænu landi en því sem þeir eiga búsetu í, og um aðstandendur þessara einstaklinga.

10. gr.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar, en fær sjúkrahjálp meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að viðkomandi vegna sjúkdómsins verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

2. Ákvæði 1. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þar þá meðferð sem nauðsynleg er vegna ástands hans.

2. kafli.
Bætur vegna örorku, elli og dauða.
Grunnlífeyrir.

11. gr.

1. Ríkisborgari í norrænu landi á rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi hafi hann öðlast rétt til lífeyris í því land á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu.

2. Tímabil, sem viðkomandi hefur fengið lífeyri fyrir frá öðru EES-landi, skal ekki telja með við ákvörðun um það hvort búsetuskilyrðum skv. 1. mgr. er fullnægt.

3. Skilyrði 1. mgr. telst ekki fullnægt með því að taka til greina búsetu- og tryggingatímabil í öðrum löndum. Ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar skal að öðru leyti beitt við útreikning á grunnlífeyri samkvæmt þessari grein gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

12. gr.

Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í EES-landi á hann rétt til þess grunnlífeyris sem hann hefur áunnið sér rétt til í norrænu landi.

13. gr.

1. Sé fyrir hendi, við útreikning grunnlífeyris, réttur til þess að fá meðtalin framtíðarbúsetutímabil eftir lífeyrisatburð í fleiri en einu norrænu landi og skal þá í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta framtíðarbúsetutímabilsins. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegs búsetutíma sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegs búsetutíma í viðkomandi landi og samanlagðs raunverulegs búsetutíma í löndunum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

Viðbótarlífeyrir.

14. gr.

Þegar ákveðinn er réttur til viðbótarlífeyris skal beita ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

15. gr.

1. Hafi skilyrðum fyrir því, að viðbótarlífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra tryggingatímabila sem til hefðu komið hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta ætlaðra tryggingatímabila. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegra tryggingatímabila sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tryggingatímabila í viðkomandi landi og samanlagðra raunverulegra tryggingatímabila í löndunum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. kafli.
Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

16. gr.

Við ákvörðun bótaréttar vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og við útreikning þessara bóta skal beita ákvæðum 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 4. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa.

4. kafli.
Bætur vegna atvinnuleysis.

17. gr.

1. Við samlagningu trygginga- eða starfstímabila, ákvörðun bótaréttar og útreikning bóta vegna atvinnuleysis skal beita ákvæðum 6. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 6. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa. Ákvæðum 69. og 70. gr. reglugerðarinnar skal þó ekki beitt eftir ákvæðum þessarar málsgreinar.

2. Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis eða hafi tekið við atvinnuleysisbótum í því norræna landi þar sem kröfur um bætur eru settar fram. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða greiðslur vegna atvinnuleysis mótteknar innan fimm ára frá þeim degi sem skráning vegna atvinnuleitar hjá opinberri atvinnumiðlun átti sér stað eða til vara frá félagaskráningu í viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um þá sem falla undir reglugerðina.

IV. HLUTI
Önnur ákvæði.

18. gr.

Þar til bær stjórnvöld skulu í samvinnu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

19. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af þar til bæru stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

20. gr.

Ákvæðum 86. gr. reglugerðarinnar skal beitt að því er varðar erindi ýmiss konar, yfirlýsingar, kærur eða áfrýjanir sem berast stjórnvaldi í öðru norrænu landi en því sem þar til bært stjórnvald er í.

21. gr.

Ákvæðum 111. gr. framkvæmdareglugerðarinnar skal beitt milli norrænna landa við endurheimtu óréttmætra greiðslna og við endurkröfu á veittri aðstoð.

22. gr.

Samningur þessi veitir þeim sem ekki hafa búsetu í EES-landi ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris. Samningurinn veitir heldur ekki rétt til þess að ávinna sér réttindi utan EES-landanna.

23. gr.

1. Nema um annað sé samið milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.

2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi hjá þar til bærri stofnun samkvæmt staflið c í 1. mgr. 22. gr. og staflið c í 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að ferðast til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem nauðsyn ber til vegna ástands hans.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda bæði um bætur til þeirra sem falla undir reglugerðina og bætur til þeirra sem falla undir samning þennan, en ekki reglugerðina.

24. gr.

1. Samningur þessi tekur ekki til bóta og iðgjalda vegna tímans fyrir gildistöku hans.

2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt samningi þessum skal einnig taka tillit til trygginga-, starfs- og búsetutímabila fyrir gildistöku samningsins.

25. gr.

Samningur þessi skal ekki hafa í för með sér lækkun bóta sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

26. gr.

1. Nú hefur einstaklingur áunnið sér rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi vegna búsetu í landinu á tímabili fyrir gildistöku samnings þessa, en hefur á sama tíma áunnið sér rétt til viðbótarlífeyris í öðru norrænu landi, og skal þá reikna grunnlífeyri fyrir þennan tíma frá síðarnefnda landinu einu saman eins og hann hefði verið búsettur þar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

27. gr.

1. Grunnlífeyri til handa norrænum ríkisborgara, sem greiddur hefur verið samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi eða samkvæmt löggjöf eins eða fleiri norrænna landa fram að gildistöku samnings þessa, skal endurreikna samkvæmt reglum reglugerðarinnar eða samningsins að beiðni hlutaðeiganda eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalds þess er greiða á lífeyrinn.

2. Hafi hlutaðeigandi beðið um að lífeyririnn yrði endurreiknaður innan tveggja ára frá gildistöku samningsins skal greiða endurreiknaðan lífeyri frá og með gildistöku samningsins. Þetta á einnig við þegar lífeyrisstjórnvald innan sama frests hefur tilkynnt lífeyrisstjórnvaldi í öðru norrænu landi um ákvörðun sína um að endurreikna lífeyrinn.

3. Ákvarða skal lífeyrinn samkvæmt reglum þeim sem gilda frá því að samningurinn tekur gildi út frá aldri hlutaðeiganda og búsetutíma þegar lífeyrisatburðurinn gerðist.

4. Sé samanlagður grunnlífeyrir lægri eftir endurreikning skv. 1. mgr. en grunnlífeyrir sá, sem hlutaðeigandi ætti rétt á frá sama tíma samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, skal greiða viðbót við lífeyrinn sem svarar til mismunar endurreiknaðs grunnlífeyris og grunnlífeyris samkvæmt þeim reglum sem áður giltu. Viðbótina skal endurskoða ár hvert miðað við 1. janúar út frá lífeyrisfjárhæðum þeim sem þá eru í gildi og skulu upphæðir vera óbreyttar allt árið. Það land,

sem greiddi grunnlífeyri samkvæmt eldri reglum, skal greiða viðbótina.

5. Varðandi einstakling, sem flutt hefur frá einu norrænu landi til annars við gildistöku samningsins og þiggur eftir það grunnlífeyri frá landinu sem flutt var frá samkvæmt ákvæðum 20. gr. Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, þá má ekki greiða viðbótina lengur en fram til þess tíma sem rétti til grunnlífeyris frá landinu sem flutt var frá er lokið skv. 3. mgr. nefndrar greinar.

6. Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

28. gr.

1. Samningurinn gengur í gildi sama dag og EES-samningurinn gengur í gildi hjá norrænu löndunum með því skilyrði að allir aðilar hafi gert danska utanríkisráðuneytinu viðvart um að þeir hafi samþykkt samninginn.

2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og landstjórn Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

3. Danska utanríkisráðuneytið lætur aðra aðila og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vita um viðtöku tilkynninga þessara og hvenær samningurinn tekur gildi.

29. gr.

1. Einn aðili getur sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins sem gerir öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp haldast réttindi sem fengist hafa samkvæmt honum.

30. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 5. mars 1981 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi með síðari breytingum. Á sama tíma fellur úr gildi samningur frá 12. nóvember 1985 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur. Ákvæðin um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags í samningi frá 5. mars 1981 gilda þó áfram.

31. gr.

Frumtexta samnings þessa skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 15. júní 1992 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Með frumvarpinu er leitað heimildar til að fullgilda samning Norðurlanda um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Samningurinn kemur í stað samnings um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981, en sá samningur var endurskoðaður vegna samnings um EES.

Norðurlandasamningi um almannatryggingar er ætlað að ná til atriða sem EES-reglurnar ná ekki yfir. Samningur um EES nær yfir vinnandi fólk, Norðurlandasamningurinn nær hins vegar yfir aðra, svo sem námsmenn, heimavinnandi fólk o.fl. Nýi samningurinn hefur einnig að geyma ákvæði sem ganga lengra en reglur EES. Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar er þrengri en eldri samningur á milli Norðurlanda um félagslega aðstoð og mun að öllum líkindum hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Ein helsta breytingin, sem af samningnum leiðir, er að í stað þess að búsetulandið greiði bætur almannatrygginga mun bótaþegi fá bætur frá því landi sem hann ávann sér réttindin í.

Hugsanlegt er að einhver kostnaðarauki verði þar sem Norðurlandasamningurinn vísar í EES-reglur og einnig gæti kostnaður hækkað vegna endurmats á lífeyrisréttindum.

407. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 setti ríkisstjórnin sér það mark að ríkissjóðshallinn yrði ekki meiri en 4,1 milljarður kr. Stjórnarandstaðan taldi þetta með öllu óraunhæft og benti á að þetta markmið næðist ekki með þeim sparnaðartillögum sem ríkisstjórnin boðaði.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir fyrstu níu mánuði ársins kemur fram að stefnt var að því að lækka rekstrarútgjöld ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra um 5,5 milljarða kr. Einnig segir í skýrslunni að lauslegt mat á þeim sparnaði, sem náðst hefur á fyrstu níu mánuðum ársins 1992, bendi til að útgjöld á A-hluta ríkissjóðs hafi dregist saman um 1,9 milljarða kr. Enn fremur segir þar að sá sparnaður sé að mestu tilkominn vegna lækkunar vaxtagjalda upp á 950 millj. kr., svo og minni stofnkostnaðar og eignakaupa sem nemur 900 millj. kr. Þetta sýnir að lítill sparnaður hefur náðst í launum og almennum rekstri.

Fjárlagafrumvarpið, sem nú er til afgreiðslu, staðfestir að aðvaranir minni hlutans áttu við rök að styðjast. Frumvarpið gerir ráð fyrir að halli ríkissjóðs verði 9,1 milljarður kr. á árinu 1992 og sú tala hækkar enn samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans sem gera ráð fyrir 335 millj. kr. viðbótarútgjöldum. Eins og mál standa nú er áætlaður halli ríkissjóðs upp á 9,4 millj. kr. Því er ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar.

Í erindi heilbrigðisráðuneytisins til fjárlaganefndar kemur m.a. fram að lyfjakostnaður muni fara 400 millj. kr. fram úr fjárlögum þessa árs. Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að þessi umframkostnaður verði allt að 300 millj. kr. og komi til frádráttar heimildum næsta árs. Því mótmælir ráðuneytið í bréfi sínu og telur það með öllu óraunhæft. Þrátt fyrir þessi mótmæli leggur meiri hluti fjárlaganefndar til í breytingartillögum sínum að aðeins 200 millj. kr. af þessari umframfjárþörf verði teknar inn í fjáraukalagafrumvarpið.

Í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að tekjur af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs að upphæð 525 millj. kr. standi undir rekstri Hafrannsóknastofnunar. Fram kemur í athugasemdum fjáraukalagafrumvarpsins að óvissa ríki um að hve miklu leyti tekjur af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs koma til með að skila sér í ríkissjóð á þessu ári. Þegar er ljóst að ekki mun skila sér nema lítill hluti þessarar upphæðar. Sala veiðiheimilda á sl. hausti gaf 25–30 millj. kr. og útboð sem opnað var 1. desember sl. fól í sér tilboð upp á 102 millj. kr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar sem nemur 83 millj. kr. vegna lækkunar á markaðsverði. Því er ljóst að alger óvissa ríkir um sértekjur til Hafrannsóknastofnunar sem eru yfir 300 millj. kr.

Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru hækkuð í frumvarpinu um 28 millj. kr. til að gera upp skuld við Hríseyjarhrepp vegna Eyjafjarðarferja. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins, sem framvegis á að hafa umsjón með þessum rekstri, vantar enn tugi milljóna króna til að ná endum saman í þessum rekstri á yfirstandandi ári.

Nefndinni barst beiðni um fjárveitingu til þess að gera upp ógreidda styrki samkvæmt jarðræktarlögum frá árinu 1991 að upphæð um 19 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er ekki heldur gert ráð fyrir greiðslu þessarar skuldar. Meiri hlutinn gerir ekki tillögu um að sinna þessari beiðni. Málið er því skilið eftir í algjörri óvissu.

Hér er þó ekki allt upp talið og nægir að nefna vanda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Útgjöld hans aukast með hverjum deginum sem líður með vaxandi atvinnuleysi. Því er alls óvíst hvort sú viðbótarfjárveiting til sjóðsins, sem fjáraukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir, nægir.

Af framansögðu er ljóst að hér er verið að slá vandanum á frest og koma sér hjá því að sýna útkomu ársins 1992 eins og hún er í raun.

Ljóst er að tekjuáætlun fjárlaga hefur ekki staðist og munar þar 2,4 milljörðum kr. samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu. Ein meginástæðan fyrir því er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og aðgerðarleysi í atvinnumálum. Samdrátturinn í þjóðfélaginu hefur leitt til minni veltu og minnkandi innflutnings sem leiðir til minni tekna af aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti. Á sama hátt hefur orðið tekjumissir vegna minnkandi atvinnu og vaxandi atvinnuleysis.

Að lokum má geta þess að í fjárlögum ársins 1992 var gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna og ríkisfyrirtækja upp á rúmlega 1 milljarð kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka þessa upphæð um 500 millj. kr. vegna þess að salan hefur brugðist. Enn er þó algjör óvissa um hvort tekst að ná þeim 500 millj. kr. tekjum sem eftir standa. Því er ljóst að enn er verið að slá vandanum á frest og koma sér hjá því að sýna raunverulega útkomu ársins 1992.

Þótt minni hlutinn geti fallist á að einstakar tillögur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, séu til bóta vill hann ekki bera ábyrgð á frumvarpinu sem heild og situr því hjá við lokaafgreiðslu þess.

Alþingi, 4. des. 1992.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Jón Kristjánsson. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Guðrún Helgadóttir. Anna Kristín Sigurðardóttir.

408. Svar [266. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um eftirlit með sveitarstjórnum.

1. *Hvernig er hagað eftirliti því sem ráðuneytinu er falið að hafa með sveitarstjórnum skv. 118. gr. sveitarstjórnarlaga?*

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir að rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipað með lögum og í 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um þennan sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga en þar segir m.a. að sveitarfélög stýri sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Á grundvelli 76. gr. stjórnarskrárinnar er félagsmálaráðuneytinu falið í 1. mgr. 118. gr. sveitarstjórnarlaga að hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Þetta eftirlit félagsmálaráðuneytisins er m.a. fólgið í úrskurðarvaldi í ágreiningsmálum sem upp koma við framkvæmd sveitarstjórnarmála, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestingu á samþykktum sveitarfélaga um stjórn og fundarsköp, sbr. 7. og 49. gr. sömu laga, eftirliti með fjárhagsstöðu/afkomu sveitarfélaga á grundvelli ársreikninga þeirra, sbr. 88. gr. sömu laga, svo og fjármálum almennt þegar sveitarfélag kemst í alvarlega fjárþröng, sbr. 90. gr. sömu laga. Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið má vera ljóst að löggjafinn ætlast ekki til að félagsmálaráðuneytið hafi afskipti af einstökum málefnum sveitarfélaga nema til þess gefist sérstakt tilefni. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi að kæra berist ráðuneytinu þess efnis að sveitarstjórn hafi ekki farið löglega að við ákvörðunartöku á sveitarstjórnarfundi eða að sveitarstjórn óski staðfestingar á samþykkt sinni um stjórn og fundarsköp.

2. *Eru einhverjar þær skyldur sem lagðar eru á sveitarstjórnir samkvæmt sveitarstjórnarlögum eða með öðrum löglegum fyrirmælum undanþegnar eftirlitshlutverki ráðuneytisins og ef svo er hvaða skyldur eru það og hvers vegna?*

Eins og þegar hefur komið fram er meginreglan skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar sú að sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð en jafnframt er gert ráð fyrir að stjórnsýsla sveitarfélaganna sé innan almenns lagaramma og að ríkisvaldið hafi eftirlit með henni. Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, fer félagsmálaráðuneytið með þetta eftirlit, sbr. og 1. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í samræmi við stjórnarskrárákvæðið hefur löggjafinn ákveðið hvaða málefni skuli heyra undir sveitarfélög. Sú regla verður leidd af stjórnarskrárákvæðinu að sveitarstjórnir skuli sjálfar taka

ákvarðanir um þau málefni sem þeim eru falin í lögum og að ríkisvaldið geti ekki hróflað við efni slíkra ákvarðana nema til þess sé skýr lagaheimild. Gildir þetta jafnt um þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin samkvæmt sveitarstjórnarlögum sem og þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin samkvæmt öðrum lögum.

Um skyldur sveitarfélaga er að finna fyrirmæli í fjölda laga og heyra þau lög undir valdsvið hinna ýmsu ráðuneyta. Í þeim tilvikum er litið svo á að eftirlitshlutverkið sé fyrst og fremst í höndum hlutaðeigandi ráðuneytis. Virði sveitarstjórn hins vegar að vettugi fyrirmæli frá ráðuneyti um að sinna tilteknum lagaskyldum gæti komið til kasta félagsmálaráðuneytisins, verði eftir því leitað, á grundvelli 118. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 76. gr. stjórnarskrárinnar.

3. *Í hvaða lögum öðrum en sveitarstjórnarlögum eru að mati ráðuneytisins lagðar skyldur á sveitarstjórnir og í hverju eru þær skyldur fólgnar?*

Í 6. gr. sveitarstjórnarlaga segir að sveitarfélögum sé skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Í 6. mgr. 6. gr. þeirra laga er gerð grein fyrir helstu verkefnum sveitarfélaga sem þeim eru falin samkvæmt öðrum lögum en sveitarstjórnarlögum. Upptalningin nær til 13 málaflokka og er hún þó ekki tæmandi.

Þessir málaflokkar eru: félagsmál, atvinnumál, menntamál, húsnæðismál, skipulags- og byggingarmál, almannavarnir og öryggismál, hreinlætismál, heilsugæsla, menningarmál, íþróttir og útivera, landbúnaðarmál, byggingar og viðhald mannvirkja, og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

Undir félagsmál falla m.a., framfærslumál, aðstoð við aldraða og fatlaða, barnaverndarmál, varnir gegn notkun vímugjafa, rekstur dagvista fyrir börn, rekstur dvalarheimila aldraðra, rekstur heimilishjálpar. Um skyldur sveitarfélaga varðandi þennan málaflokk er fjallað í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, áfengislögum, nr. 82/1969, og lögum um leikskóla, nr. 48/1991.

Undir atvinnumál falla m.a. atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun. Um skyldur sveitarfélaga í þeim efnum er fjallað í lögum um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Undir menntamál falla m.a. bygging og rekstur skóla og tónlistarfræðsla. Um skyldur sveitarfélaga í þeim efnum er fjallað í lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, og lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, sbr. lög nr. 87/1989.

Undir húsnæðismál fellur m.a. bygging verkamannabústaða, bygging leiguíbúða sveitarfélaga og útrýming heilsuspillandi húsnæðis. Um skyldur sveitarfélaga í þeim efnum er fjallað í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Undir skipulags- og byggingarmál fellur m.a. gerð aðal- og svæðaskipulags, framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit. Um þessar skyldur sveitarfélaga er fjallað í skipulagslögum, nr. 19/1964, og í byggingarlögum, nr. 54/1978.

Undir almannavarnir og öryggismál falla m.a. eldvarnir og eldvarnaeftirlit, staðbundnar almannavarnir og varnir gegn slysum. Um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum er fjallað í lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, og t.d. lögum um varnir gegn snjóflóðum, nr. 28/1985, svo og í umferðarlögum, nr. 50/1987.

Undir hreinlætismál falla m.a. sorphreinsun og sorpeyðing, holræsalagnir og skolpeyðing, heilbrigðiseftirlit og meindýraeyðing. Um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum er m.a. fjallað í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923.

Undir heilsugæslu falla heilsugæslustöðvar og sjúkrastofnanir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Undir menningarmál fellur m.a. rekstur bókasafna og annarra safna og rekstur félagsheimila. Um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum má finna ákvæði í lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, þjóðminjalögum, nr. 88/1989, og lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum.

Undir íþróttir og útivera falla m.a. bygging og rekstur íþróttavalla og íþróttahúsa, rekstur fólkvanga og annarra útivistarsvæða. Um skyldur sveitarfélaga er m.a. fjallað í íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum, og lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

Undir landbúnaðarmál fellur m.a. forðagæsla, eyðing refa, minka og vargfugls, svo og fjallskilamál. Um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum er að finna ákvæði í lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með síðari breytingum, lögum um eyðingu svartbaks, nr. 50/1965, með síðari breytingum, og lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Undir bygging og viðhald mannvirkja fellur m.a. lagning gatna/gangstétta, uppbygging og rekstur veitukerfis vatnsveitu og hafnir. Um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum er m.a. að finna ákvæði í lögum um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, og hafnalögum, nr. 69/1984.

Undir ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort falla t.d. ákvæði laga um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972.

Eins og þessi upptalning ber með sér er ógerningur í svari við fyrirspurn á Alþingi að gera í smáatriðum grein fyrir hinum margvíslegu skyldum sveitarfélaga. Af þeim sökum er látið nægja að vísa í heild sinni til laga sem kveða á um skyldur þessar. Ástæða er til að geta þess hér að á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið gefin út lögbók sveitarstjórna 1992 þar sem safnað hefur verið saman gildandi lögum er varða sveitarfélögin almennt, en tilgangurinn með þessari útgáfu er einmitt sá að auðvelda sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga leit að þeim lögum sem þeir þurfa oftast á að halda í störfum sínum.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir þær nefndir sem sveitarstjórnum ber að kjósa lögum samkvæmt. Í því sambandi er rétt að geta þess að ekki hvíla ætíð sömu skyldur á bæjarstjórn annars vegar og hreppsnefnd hins vegar. Enn fremur getur það ráðist af aðstæðum í sveitarfélaginu hvort skylt er að kjósa í nefnd eða ekki, t.d. hvort framhaldsskóli er í sveitarfélaginu eða hver er fjöldi íbúa í sveitarfélagi.

Fylgiskjal.

Sveitarstjórn er skylt að kjósa í eftirtaldar nefndir:

1. *Byggðarráð.* Þrír, fimm aðalfulltrúar í sveitarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn(ir) við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. (Bæjarstjórn.)
   (Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn). (Bæjarstjórn.)
   (Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn). (Bæjarstjórn.)
   Undirkjörstjórn við alþingiskosningar. Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. (Hreppsnefnd.)

---

1. *Almannavarnanefnd.* Einn, tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985. (Miðast við íbúafjölda.)
2. *Áfengisvarnanefnd* (sé verkefni hennar ekki falið félagsmálanefnd/ráði). Tveir, sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga, nr. 82/1969.
3. *Barnaverndarnefnd* (sé verkefni hennar ekki falið félagsmálanefnd/ráði). Þrír, fimm (sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966.
4. *Byggingarnefnd.* Þrír, fimm (sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga, nr. 54/1978.
5. *Félagsmálanefnd/ráð.* Þrír (fimm, sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
   (Heimilt er að fela félagsmálanefnd/ráði verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 53/1966, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991. Sjá einnig ákvæði 7. gr., 55. gr. og 56. gr. laga nr. 40/1991.)
6. *Gróðurverndarnefnd* (sé verkefni hennar ekki falið umhverfismálaráði). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988. (Bæjarstjórn.)
7. *Hafnarstjórn.* Þrír, fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga, nr. 69/1984.
8. *Heilbrigðisnefnd.* (Kosning fulltrúa í nefndina fer skv. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.)
9. *Húsaleigunefnd* (sé verkefni hennar ekki falið félagsmálanefnd/ráði). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. (Bæjarstjórn.)

10. *Jafnréttisnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991. (Miðast við íbúafjölda.)
11. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í kjörstjórn (yfirkjörstjórn) skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
(Hverfiskjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir.) (Bæjarstjórn.)
(Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bæ/kaupstað. Heimilt að kjósa síðar.) (Bæjarstjórn.)
12. *Leikskólanefnd* (sé verkefni hennar ekki falið félagsmálanefnd/ráði) ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 48/1991, um leikskóla.
13. *Náttúruverndarnefnd* (sé verkefni hennar ekki falið umhverfismálaráði). Þrír (fimm eða sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988. (Bæjarstjórn.)
14. *Skólanefnd grunnskóla.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991, um grunnskóla.
15. *Skólanefnd framhaldsskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 72/1989. (Tilnefning.)
16. *Skólanefnd tónlistarskóla* (hafi skólanefnd grunnskóla ekki verið falið verkefni hennar) ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
17. *Stjórn sparisjóðs.* Einn, tveir, þrír (fimm) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 34/1989.
18. *Stjórn bókasafns.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn, og reglugerð nr. 138/1978.
19. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn, tveir eða þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. (Tilnefning.)
20. *Stjórn sjúkrahúss.* Einn, tveir eða þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. (Tilnefning.)
21. *Stjórn veitustofnana* /stjórn hitaveitu /stjórn rafveitu /stjórn vatnsveitu. ... aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, og reglugerðum settum á grundvelli þessara laga.
22. *Húsnæðisnefnd.* Þrír, fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991. (Miðast við íbúafjölda.)
23. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír (fimm) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.
24. *Umferðarnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. (Miðast við íbúafjölda.)
25. *Einn búfjáreftirlitsmaður* eða fleiri og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
26. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands, sbr. 12. og 13. gr. laga nr. 108/1988. (Bæjarstjórn.)
27. *Öldrunarnefnd.* Þrír, fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra.
28. *Einn úttektarmaður* og tveir til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976. (Tilnefning.)

409. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um umboðssöluviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra, Jón Ögmund Þormóðsson skrifstofustjóra og Þórunni Erhardsdóttur deildarstjóra. Þá bárust umsagnir frá Íslenskri verslun, Lögmannafélagi Íslands, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar við frumvarpið:

1. Lagt er til að 1. gr. verði breytt þannig að ákvæði frumvarpsins gildi um viðskipti í umboðssölu sem eiga sér stað á milli Íslands og annarra ríkja. Þá er lögð til breytt orðanotkun í síðari málslið fyrri málsgreinar og hafi umboðssölumaður ótímabundna heimild til að semja um kaup og sölu á vörum og þjónustu í stað varanlegar heimildar. Enn fremur er lagt til að orðið „skiptastjóri“ verði notað í síðari málsgrein og er það í samræmi við ákvæði gildandi laga.
2. Lögð er til breyting á uppsetningu 10. gr. til þess að gera hana skýrari.
3. Lögð er til lagfæring á 11. gr. en þar mun hafa orðið misritun.
4. Lagt er til breytt orðalag á 13. gr. sem þykir gera ákvæðið bæði einfaldara og skýrara.
5. Lögð er til lagfæring á 16. gr. en þar hafði fallið niður tilvísun í 15. gr.
6. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að skilgreining hugtaksins „fjárhagstjón“ í 4. mgr. verði rýmkuð.
7. Lagt er til að orðalag 2. mgr. 18. gr. verði gert skýrara.
8. Lögð er til lagfæring á 19. gr. en þar mun hafa orðið misritun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Halldór Ásgrímsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sigríður A. Þórðardóttir.

410. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um umboðssöluviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrri málsgrein orðist svo:
      Lög þessi gilda um viðskipti í umboðssölu sem eiga sér stað milli Íslands og

annarra ríkja. Í lögunum merkir *umboðssölumaður* sjálfstætt starfandi millilið sem hefur ótímabundna heimild til að semja um kaup eða sölu á vörum og þjónustu sem veitt er í því sambandi fyrir hönd annars aðila — *umbjóðanda* — samkvæmt samningi þeirra í milli.

b. Í stað orðanna „Skiptaráðandi og bústjóri“ í síðari málslið síðari málsgreinar komi: Skiptastjóri.

2. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Krafa um umboðslaun er gjaldkræf þegar:
   a. umbjóðandi hefur gengið frá viðskiptum,
   b. umbjóðandi ætti að hafa gengið frá viðskiptum í samræmi við samkomulag við þriðja aðila,
   c. þriðji aðili hefur þegar gengið frá viðskiptunum.
3. Við 11. gr. Í stað orðsins „umboðsmaður“ í 2. mgr. komi: umboðssölumaður.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Umboðssölusamningar skulu vera skriflegir.
5. Við 16. gr. Á eftir orðunum „2. mgr.“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: 15. gr.
6. Við 17. gr.
   a. Á eftir orðunum „skilningi eru“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: einkum.
   b. Í stað orðanna „telst umboðsmaður verða fyrir fjárhagstjóni þegar hann“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: þegar umboðssölumaður.
7. Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Umboðssölumaður á ekki rétt til greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur sjálfur sagt samningnum upp. Þetta á þó ekki við ef ástæður uppsagnarinnar má rekja til umbjóðanda eða þess að umboðssölumaðurinn getur ekki haldið áfram starfi sínu vegna aldurs eða sjúkleika.
8. Við 19. gr. Í stað orðsins „umboðsmaður“ komi: umboðssölumaður.

411. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur fjallað um könnunarviðræður og formlegar samningaviðræður EFTA og EB um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis á alls 82 fundum en þar af hafa 54 verið á þessu kjörtímabili. Hefur nefndin fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem eru sérfróðir um einstaka samningssvið sem fjallað var um í viðræðunum og vísast í því sambandi, og að öðru leyti varðandi meðferð málsins í nefndinni, til nefndarálits meiri hluta utanríkismálanefndar.

Umfjöllun um EES-samninginn og mál honum tengd hefur verið bæði umfangsmikil og einstaklega fróðleg og telur undirrituð það mikil forréttindi að hafa átt þess kost að koma þar nærri. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum á fundum utanríkismálanefndar, bæði starfsmönnum utanríkisráðuneytisins og annarra ráðuneyta sem og öðrum sem voru til kallaðir til að aðstoða nefndina og veita henni upplýsingar.

SAMNINGAFERLIÐ

Aðdragandi og undirbúningur.

Með afgreiðslu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið lýkur vinnu við þann áfanga í samrunaþróun Evrópu sem staðið hefur því sem næst óslitið frá því í desember 1988 þegar leiðtogafundur Evrópubandalagsríkja á Rhodos lýsti yfir vilja til nánara samstarfs við EFTA-ríkin. Þessar hugmyndir voru svo nánar útfærðar í janúar 1989 af Jacques Delors, forseta framkvæmdastjórnar EB, í ræðu sem hann hélt á þingi EB í Strassborg. Taldi hann að um tvær leiðir væri að ræða, annars vegar að þróa áfram hefðbundna samskiptahætti, þ.e. í formi tvíhliða samninga, og hins vegar að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður, m.a. með sameiginlegum ákvörðunum á ýmsum sviðum og sameiginlegum stofnunum.

Á leiðtogafundi EFTA, sem haldinn var í Ósló 14.–15. mars 1989, var síðari leiðin valin og í yfirlýsingu fundarins, sem Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, stóð að fyrir Íslands hönd, segir m.a.: „Við lýsum ánægju okkar með framlag Evrópubandalagsins til meiri samræmingar með því að koma á einum innri markaði árið 1992.“ Og síðar: „Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við útilokum ekki neinn valkost í framtíðarviðræðum okkar við EB.“

Lítil sem engin umræða fór fram á Alþingi til undirbúnings Óslóarfundinum og var engin afstaða tekin til þess hvaða leið væri heppilegust í samskiptum Íslands og EB. Þessi skortur á samráði við þingið var gerður að umtalsefni í umræðu utan dagskrár 9. mars sem fór fram að frumkvæði Kristínar Einarsdóttur, fulltrúa Kvennalistans í utanríkismálanefnd.

Í kjölfar yfirlýsingar Óslóarfundarins, nánar tiltekið í apríl 1989, var stofnuð stjórnarnefnd háttsettra embættismanna til að kanna möguleika á samkomulagi milli EFTA og EB um óhindruð vöruviðskipti, fjármagnsflutninga, þjónustuviðskipti og atvinnu- og búseturétt. Þessum viðræðum lauk 20. október sama ár með því að nefndin skilaði sameiginlegum niðurstöðum og er m.a. greint frá þeim í skýrslu utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, til Alþingis í nóvember 1989. Niðurstöður stjórnarnefndar EFTA og EB eru birtar í fskj. I.

Talsverðar umræður urðu um þessar könnunarviðræður á Alþingi og lögðu þingmenn Kvennalista og Sjálfstæðisflokks, sem þá voru í stjórnarandstöðu, á það áherslu að Alþingi tæki formlega afstöðu í málinu áður en lengra yrði haldið í samningaviðræðum. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að fara ekki þá leið að leita eftir umboði Alþingis heldur fékk utanríkisráðherra 29. nóvember 1989 umboð ríkisstjórnarinnar til að „taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram“.

Á þessum tíma stóðu einnig deilur um það á Alþingi hvort og þá hvernig Íslendingar ættu að taka upp tvíhliða viðræður við EB um sérhagsmunamál sín, þ.e. um tollalækkanir á sjávarafurðum á markaði EB umfram það sem kveðið er á um í bókun 6 í fríverslunarsamningnum við EB frá 1972. Til að taka af öll tvímæli lögðu nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokks og Kvennalista fram tillögu til þingsályktunar um „að fela forsætisráðherra og utanríkisráðherra að undirbúa nú þegar í samráði við utanríkismála-

nefnd beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972". Texti þingsályktunartillögunnar er birtur í fskj. II.

Á grundvelli fyrrnefndra könnunarviðræðna í stjórnarnefnd EB og EFTA var ákveðið á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna og EB í Brussel 19. desember 1989 að koma hið fyrsta á formlegum samningaviðræðum um víðtæka samvinnu milli þessara aðila. Fyrsti fundur aðalsamninganefndar EB og EFTA var svo haldinn 20. júní 1990 en áður hafði ráðherraráð Evrópubandalagsins samþykkt samningsumboð framkvæmdastjórnarinnar.

Á þessum tíma lá fyrir að markmið EFTA-ríkjanna með samningaviðræðunum var að tryggja aðild þeirra að innri markaði EB þegar hann yrði að veruleika 1. janúar 1993. Grundvöllur viðræðnanna var allt frá upphafi þær samþykktir EB sem vörðuðu hið svonefnda fjórfrelsi og mörkuðu rammann um hinn innri markað. Markmið samningaviðræðnanna eru birt í fskj. III.

Samningaviðræður.

Á fyrstu mánuðum samningaviðræðnanna mótuðust allir helstu efnisþættir samningsins og lágu þeir fyrir á sameiginlegum fundi ráðherra EFTA-ríkjanna, Evrópubandalagsríkja og fulltrúa í framkvæmdastjórn EB í Brussel 19. desember 1990.

Eftir stóðu þó ýmis veigamikil ágreiningsmál, eða eins og segir í skýrslu utanríkisráðherra frá október 1990: „Fjöldamörg vafaatriði hafa verið skýrð og ýmsir upphaflegir fyrirvarar EFTA hafa verið dregnir til baka í ljósi þeirra viðræðna. Eftir standa allt að einu sjávarútvegsmálin, eins og vikið var að áðan, og veigamiklir og umfangsmiklir fyrirvarar EFTA-ríkjanna, eins eða fleiri, við ýmsa þætti EB-samþykktanna. Einnig standa eftir stærstu atriðin á sviði stofnanalegra mála, þ.e. þátttaka EFTA í nefndum sem annast daglegan rekstur ýmissa efnisþátta EB-samþykktanna, ákvarðanamótun og ákvarðanataka um breytingar á og viðbætur við samning eftir að hann hefur tekið gildi, samkeppnisreglur, almennt eftirlit með því að samningi sé framfylgt og úrskurðaraðili eða dómstóll."

Í skýrslu utanríkisráðherra segir jafnframt að pólitískur vilji virðist vera fyrir hendi hjá öllum samningsaðilum til að koma á víðtækum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í umræðum á Alþingi um skýrsluna 29. október sagði utanríkisráðherra að eftir stæðu þrjú meginmál sem finna þyrfti pólitíska lausn á. „Að því er EFTA varðar er það spurningin um fækkun undanþágna. Að því er Evrópubandalagið varðar eru það tillögur af hálfu Evrópubandalagsins um stjórnun Evrópska efnahagssvæðisins og í þriðja lagi er það staða sjávarútvegs í þessum samningum. Þetta eru þau þrjú mál sem báðir aðilar hafa skilgreint sem höfuðvandamálin sem þurfi að leysa áður en við getum slegið því föstu að leiðin sé greið til loka."

Næsta árið var tekist á um þessi mál á fundum samninganefnda EFTA-ríkjanna og EB en í október 1991 töldu samningamenn sig komna að niðurstöðu varðandi helstu deilumálin. Sú niðurstaða hélt þó ekki nema skamma hríð því dómstóll Evrópubandalagsins í Lúxemborg sendi frá sér álitsgerð í desember þar sem hann mótmælti hvernig dómsvaldinu væri fyrir komið í samningnum og taldi það stríða gegn sjálfstæði EB-dómstólsins. Á þessu fékkst lausn í febrúar 1992 og var samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið svo undirritaður af utanríkisráðherrum aðildarríkjanna í Óportó í maí 1992. Fjögurra ára samfelldum samningaviðræðum og skæklatogi við EB var þar með lokið.

Fyrirvarar.

Ríkisstjórnin og samningamenn Íslendinga lögðu upp í viðræðurnar um samstarf EB

og EFTA með kröfuna um fríverslun með fisk sem sína meginkröfu. Að auki gerðu þeir margháttaða fyrirvara, svo sem varðandi frelsi á sviði fjármagnsflutninga og á sviði þjónustu og fólksflutninga. Í umræðum á Alþingi í nóvember 1989 kom m.a. fram í ræðum ráðherra að þessir fyrirvarar næðu til peningakerfisins, verðbréfamarkaða, fjárfestinga í sjávarútvegi og orkulindum, vátrygginga, röskunar á vinnumarkaði o.fl.

En hvernig var kröfunni og fyrirvörunum til skila haldið? Segja má að það hafi legið fyrir allt frá upphafi að EB-ríkin mundu ekki fallast á fríverslun með fisk og eins og fram kemur hér að ofan og sagt er frá í skýrslu utanríkisráðherra frá því í október 1990 töldu EFTA-ríkin nauðsynlegt að fækka fyrirvörunum ef samningar ættu að nást. Eftir það virðast fyrirvararnir í aðalatriðum hafa verið tveir hvað Ísland varðar. Annars vegar að takmarka fjárfestingar erlendra aðila, tengdar náttúruauðlindum, og hins vegar að koma inn varnaglaákvæði varðandi frjálsan atvinnurétt. Í samningnum sjálfum er þessum fyrirvörum haldið til haga með þeim hætti að Íslendingar munu eftir sem áður viðhalda hömlum á fjárfestingum erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þeir fá aðlögun að skammtímahreyfingum fjármagns til 1. janúar 1995 og að beinum fjárfestingum erlendra aðila innan lands til 1. janúar 1996. Þá er í samningnum öryggisákvæði sem ríkisstjórn Íslands hefur lýst yfir að hún muni beita ef framkvæmd samningsins leiðir til alvarlegrar röskunar á vinnumarkaði eða fasteignamarkaði.

Krafan um fríverslun með fisk breyttist í kröfu um frjálsan markaðsaðgang með fisk en hin almenna niðurstaða varð að tollar á sjávarafurðum lækka um 70% og á lækkunin að koma til framkvæmda á næstu fjórum árum. Auk þess falla algerlega niður tollar á ákveðnum sjávarafurðum, svo sem ferskum flökum frá næstu áramótum. Jafnframt voru lögð drög að tvíhliða samningi milli EB og Íslands um gagnkvæm skipti á fiskveiðiheimildum.

Af þessu má ljóst vera að Íslendingar hafa gefið mikið eftir í samningaviðræðunum og sannarlega ekki fengið „allt fyrir ekki neitt“. Eftir stendur að meta hvort jafnvægi sé milli fórna og ávinnings, hvort samningsniðurstaðan sé viðunandi og í þágu íslenskra hagsmuna í bráð og lengd.

Afstaða Kvennalistans.

Eins og áður hefur komið fram mótaðist þegar á undirbúningsstigi viðræðnanna sú stefna í Kvennalistanum að það þjónaði betur hagsmunum Íslendinga að ganga til tvíhliða viðræðna við EB en gerast aðilar að innri markaði bandalagsins. Þessi stefna kom betur fram síðar í áliti Kristínar Einarsdóttur, fulltrúa Kvennalistans í svonefndri Evrópustefnunefnd Alþingis, í áfangaskýrslu nefndarinnar til Alþingis, en þar segir m.a.: „Þar eð ljóst er að hagsmunir Íslands verða ekki tryggðir með samfloti við önnur EFTA-ríki er farsælla fyrir okkur að ganga til samninga við EB á okkar eigin forsendum.“ Álit Kristínar Einarsdóttur er birt í fskj. IV.

Gagnrýni Kvennalistans á aðildina að innri markaði EB byggðist ekki síst á því að til grundvallar innri markaði EB liggja hugmyndir um aukna neyslu, eyðslu og þar af leiðandi veltu og hagvöxt sem eru í hrópandi mótsögn við gildismat Kvennalistans og þá áherslu sem hann leggur á varðveislu auðlinda og umhverfis. Þá hefur Kvennalistinn ætíð varað við því að framsal á valdi til stofnana EES gæti dregið úr möguleikum kvenna til að hafa áhrif á og móta samfélag sitt. Þessi skoðun var m.a. sett fram í stefnuskrá Kvennalistans fyrir Alþingiskosningarnar 1991 og samþykkt landsfundar Kvennalistans árið 1991. Vísast í þessu sambandi til fskj. V og VI.

Hinu hefur aldrei verið neitað af hálfu Kvennalistans að ákveðin aðlögun að EB er

nauðsynleg þó að ekki væri vegna annars en þess að um 67% af vöruútflutningi okkar fer á þann markað. Þá fer ekki hjá því að svo öflugt bandalag sem EB er hafi mótandi áhrif á viðskipti og stjórnmál í sínum heimshluta. En eins og komið hefur fram hér á undan var Kvennalistinn þeirrar skoðunar að tvíhliða samningaviðræður milli Íslands og EB um endurbætur á fríverslunarsamningnum frá 1972 þjónuðu betur íslenskum hagsmunum en samflot með öðrum EFTA-ríkjum um myndun Evrópsks efnahagssvæðis.

Það er engu að síður staðreynd að bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn hafa fylgt þeirri stefnu að semja á grundvelli hins svonefnda fjórfrelsis um aðild að innri markaði EB og samninganiðurstaða er fengin. Það sem nú liggur fyrir er að vega og meta gallana og kostina sem í samningnum felast auk áhættunnar og möguleikanna sem bæði geta fylgt aðild að EES sem og því að standa algerlega utan við samrunaferlið í Evrópu. Hér á eftir verður leitast við að leggja slíkt mat á málið.

SAMNINGANIÐURSTAÐA

Vöruviðskipti og samkeppnisreglur (8.–27. gr. og 53.–65. gr.).

Vegna EFTA-samningsins og fríverslunarsamningsins við EB frá 1972 hefur verið meira frjálsræði á sviði vöruviðskipta en annarra viðskipta milli Íslands og aðildarríkja EES. Engu að síður verða töluverðar breytingar á þessu sviði sem m.a. felast í mun ákveðnari reglum um samkeppni, eftirlit, staðla, viðurkenningu, prófanir og gæði vöru. Þessar reglur verða sameiginlegar á öllu svæðinu og þar af leiðandi draga þær úr hvers kyns viðskiptahindrunum og einfalda inn- og útflutning á vörum. Þetta gæti orðið til að auka verslun innan lands og lækka vöruverð til neytenda. Hertar samkeppnisreglur, aukið eftirlit og auknar kröfur um vörumerkingar koma líka neytendum til góða þó að segja megi að slíku væri hægt að koma á óháð EES-samningnum.

Samningurinn tryggir hindrunarlausan aðgang íslenskrar iðnframleiðslu að sameiginlegum markaði EB og EFTA, en ýmis rök eru fyrir því að án hans hefði hún átt undir högg að sækja. Þannig er það viðurkennd staðreynd að markmiðið með innri markaði EB var m.a. að auka viðskipti milli þeirra landa sem eiga aðild að honum á kostnað þeirra sem utan hans standa.

Hinum sameiginlegu reglum um vöruviðskipti fylgja þó ekki bara kostir heldur líka ákveðnir gallar. Þannig má nefna að ríkisstyrkir til atvinnuvega og fyrirtækja, sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu þeirra, eru formlega séð bannaðir. Frá þessu eru að vísu ýmsar undanþágur en þær þarf að samþykkja í eftirlitsstofnun EFTA. Þetta gæti haft einhver áhrif á byggðastyrki og óbeina styrki sem sveitarfélög veita einstökum atvinnufyrirtækjum. Þá er ljóst að fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðja ríkisins, sem hefur einkarétt á framleiðslu og dreifingu áburðar, fá ekki staðist gagnvart EES-reglum. Opna verður fyrir frjálsan innflutning á áburði sem gæti kippt rekstrargrundvellinum undan Áburðarverksmiðjunni en þar starfa nú um 130 manns.

Á matvælasviðinu er EB með mjög umfangsmikla löggjöf sem Íslendingar verða að taka upp sem hluta af EES-reglum. Mun hún vera frekar til bóta fyrir neytendur ef á heildina er litið en þó virðist sem EB leyfi meiri notkun aukefna í matvælum en EFTA-ríkin. Íslendingar gætu að vísu gert strangari kröfur til eigin framleiðslu og framleiðslu ríkja utan EES en yrðu eftir sem áður að heimila innflutning á vörum með þeim aukefnum sem EB viðurkennir.

Íslendingar flytja inn talsvert mikið af vörum frá Bandaríkjunum og geta í lögum eða

reglugerðum gert undanþágur fyrir þessar vörur þó að þær standist ekki kröfur EB ef þær fara ekki lengra en til Íslands. Það gæti þó verið flókið mál og skapað óánægju hjá fyrirtækjum innan EES.

Ákvæði samningsins um almenn útboð á markaði EES á opinberum framkvæmdum og innkaupum sem fara yfir tiltekna lágmarksupphæð vefjast ekki fyrir íslenskum verktökum ef marka má ummæli þeirra. Vísa þeir í því sambandi til þeirrar fjarlægðarverndar sem íslenskur markaður nýtur, en hinu virðast þeir stundum gleyma að fjarlægðin er líka hindrun fyrir okkur Íslendinga. Fjarlægðin gerir okkur erfiðara um vik að nýta þá möguleika sem felast í þeim stóra markaði sem EES óneitanlega er.

Landbúnaður og sjávarútvegur.

Undir vöruviðskiptin heyra tvær bókanir sem varða annars vegar viðskipti með landbúnaðarvörur, bókun 3, og hins vegar viðskipti með sjávarafurðir, bókun 9.

Í bókun 3 er að finna upptalningu á þeim landbúnaðarvörum sem samningurinn tekur til, almenn ákvæði um verðjöfnun vegna mismikils kostnaðar einstakra landa við þau landbúnaðarhráefni sem notuð eru við vöruframleiðsluna og þær undanþágur sem einstaka EFTA-ríki fá frá ákvæðum bókunarinnar, bæði hvað varðar vörutegundir og álagningu verðjöfnunargjalds. Bókuninni eiga að fylgja sjö svonefndir viðbætar þar sem einstök ákvæði hennar eru nánar útfærð, svo sem hvaða hráefni falla undir verðjöfnun og hvaða hráefnisverð er miðað við í verðjöfnun. Enn hefur ekki verið gengið frá þessum viðbætum af samningamönnum EB og EFTA og ljóst er að talsverður ágreiningur er um útfærslu bókunarinnar. Bókun 3 mun því ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. júlí 1993.

Niðurstaðan getur haft talsverða þýðingu fyrir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem framleiða vörur úr landbúnaðarhráefni. Skipist mál á versta veg getur hún versnað til muna og þar með staða íslensks landbúnaðar. Telja samtök bænda að allt að 10% mjólkurmarkaðarins kynnu að tapast sem og hluti markaðarins fyrir tilbúna rétti, svo sem pitsur. Það er því mjög mikilvægt að samningamenn Íslands haldi fast á málum og íslensk stjórnvöld beiti þeim meðölum sem þeim eru tiltæk náist ekki viðunandi samningsniðurstaða.

Í bókun 9 er tiltekið með hvaða hætti EB skuli lækka innflutningstolla á tilteknum sjávarafurðum. Jafnframt er staðfest að ef lægri tollar gilda fyrir tilteknar vörur á grundvelli tvíhliða samninga milli EB og einstakra EFTA-ríkja gildi þeir sem grunntollar. Bókun 6 með fríverslunarsamningi EB og Íslands frá 1972 stendur því óhögguð ef Íslendingar vilja síðar meir segja upp EES-samningnum sem og líka fríverslunarsamningurinn sjálfur, sbr. 120. gr. í EES-samningnum.

Sú tollalækkun, sem fékkst með bókun 9, er tvímælalaust mjög mikilvæg og reikna má með að þegar hún er komin að fullu til framkvæmda nemi hún um 1,5–1,8 milljörðum kr. miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Það orkar hins vegar mjög tvímælis að reikna alla tollalækkunina íslenskum útflytjendum til tekna þar sem kostnaður vegna tolla skiptist með ýmsum hætti milli seljenda og kaupenda. Það er alls ekki sjálfgefið að tollalækkunin muni leiða til þess að íslenskir útflytjendur fái hærra verð fyrir framleiðslu sína. Hún gæti fullt eins orðið neytendum í Evrópu til hagsbóta.

Þá er ástæða til að hafa í huga að ekki fékkst fram tollalækkun fyrir ýmsar mikilvægar sjávarafurðir, svo sem ediksverkaða síld og niðurlagða. Má á það benda að gangi Svíar og Finnar í EB versnar staðan enn frekar þar sem þessar þjóðir hafa keypt talsvert mikið af síld af Íslendingum en engir tollar hafa verið á þeim útflutningi samkvæmt EFTA-samningi.

Þrátt fyrir þetta er bókun 9 mjög mikilvæg fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Mikilvægið felst ekki síst í auknum möguleikum til að flytja verðmætari vöru en áður á markaði EB og koma henni beint og milliliðalaust til neytenda. Þar vegur þyngst að 18% tollur á ferskum flökum fellur niður. Í þessu sambandi er hins vegar ástæða til að óttast íslenskan gullgrafaramóral og að allir ætli að rjúka til og verða ríkir á slíkum útflutningi. Það er sem hægast hægt að klúðra góðum tækifærum sem gefast með ónógum undirbúningi og vanþekkingu.

Bókun 9 nær til allra EFTA-ríkjanna og bætir þar með stöðu norskra sjávarútvegsfyrirtækja á markaði EB ekki síður en íslenskra. Þetta gæti haft einhver áhrif á samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna gagnvart þeim norsku. Þannig fellur nú niður tollur á frystum flökum sem hingað til hefur lagst á norskan fisk við útflutning til EB en ekki íslenskan. Hitt er ljóst að hafni Íslendingar samningnum nú, þegar fyrir liggur að norska þingið hefur samþykkt hann, hlýtur samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna að versna enn frekar.

Óaðskiljanlegur hluti EES-samningsins er tvíhliða rammasamningur milli Íslands og EB um fiskveiðimál og skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Slík samningsgerð hefur verið á döfinni allt frá því bókun 6 með fríverslunarsamningi EB og Íslands frá 1972 tók gildi. Samningar hafa þó alltaf strandað á óbilgjörnum kröfum EB um fiskveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Þau gagnkvæmu skipti á veiðiheimildum, sem staðfest voru í Óportó í maí sl., hafa í för með sér að skipum frá EB verður heimilt að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Í því felst vissulega fórn af hálfu Íslendinga en á hitt ber að líta að um gagnkvæmar veiðiheimildir er að ræða á takmörkuðum afla. Í þessu sambandi skiptir þó verulegu máli að gagnkvæmnin sé annað og meira en orðin tóm, að það jafnvægi milli réttinda og skyldna, sem svo oft var ítrekað í samningaviðræðunum, nái til beggja aðila. Því miður virðist niðurstaðan vera sú að heimildir EB í formi 3 þús. karfaígildistonna standi þó svo að Íslendingum takist ekki á vertíðinni á undan að ná í þau 30 þús. tonn af loðnu sem komu í þeirra hlut. Þá hafa íslensk stjórnvöld gengist undir það að semja um breytingar á mörkum þeirra svæða sem EB má veiða innan nái skip þeirra ekki sínum hlut af karfanum. Engar sambærilegar kvaðir, t.d. í formi annarra fisktegunda en loðnu, hvíla á EB. Þannig felst gagnkvæmnin í fiskveiðisamningnum ekki í jafngildum afla upp úr sjó. Þetta styrkir rök þeirra sem segja að Íslendingar fái í sinn hlut „pappírsfisk" en EB raunverulegan fisk en þessi skoðun kemur m.a. fram í grein í Félagstíðindum SFR sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, skrifar. Kafli úr þessari grein er birtur í fskj. VII.

Fjármagns- og þjónustuviðskipti (36.–52. gr.).

Með samningum um frjálst flæði fjármagns og þjónustu verða umtalsverðar breytingar á ýmsum sviðum íslensks samfélags, svo sem í bankamálum, tryggingarmálum, fjarskiptum, fjölmiðlun, samgöngumálum og síðast en ekki síst varðandi heimildir erlendra aðila til að fjárfesta hér á landi og Íslendinga erlendis.

Margar þessara breytinga eru í sjálfu sér óháðar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og má í því sambandi nefna fjölmiðlun og fjarskipti. Þannig liggur það í eðli tímanna að mikið sjónvarpsefni mun flæða milli landa í gegnum gervihnetti eða kapalkerfi og erfitt verður að verjast því nema með jákvæðum hætti, þ.e. með því að efla innlenda

kvikmynda- og dagskrárgerð og styðja við bakið á íslenskri menningarstarfsemi. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að skattleggja bókaútgáfu í landinu vekja þó engar sérstakar vonir um að á því sé nægilegur skilningur.

Almennt er talið að þær leikreglur, sem EB hefur sett upp í fjarskiptum, muni gilda um alla Evrópu hvort sem ríki eru aðilar að EB eða ekki. Þetta breytir hins vegar ekki því að íslenskum stjórnvöldum er eftir sem áður heimilt að viðhalda óbreyttu rekstrarformi á RÚV og innheimta afnotagjöld með sama hætti og nú tíðkast. Vilji menn breyta þessu er það sjálfstæð pólitísk ákvörðun og óháð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt mati yfirmanna Pósts og síma hefur aðild að EES ekki heldur áhrif á einkarétt ríkisins til að starfrækja grunnfjarskiptakerfi landsins og talsímaþjónustu. Öðru máli gegni um ýmsa aðra fjarskipta- og virðisaukaþjónustu og er talið líklegt að opnað verði fyrir samkeppni í þeim greinum. Þá segja þeir að Pósti og síma hafi tekist að halda innanlandsgjöldum í lágmarki, m.a. á kostnað millilandasímtala, en vegna aukinnar samkeppni á alþjóðamarkaði óttast þeir um áframhaldandi möguleika til slíks. Í umsögn sinni leggja þeir áherslu á að Pósti og síma verði gert kleift að keppa við væntanlega samkeppnisaðila á jafnréttisgrundvelli en stofnunin verði „ekki skattlögð með þeim hætti sem nú er gert".

Samningurinn opnar þann möguleika að erlendar bankastofnanir, verðbréfafyrirtæki og tryggingafélög hasli sér völl á íslenskum markaði, ýmist með því að koma hér upp útibúum eða með því að kaupa sig inn í íslenska banka og fyrirtæki. Á ákveðnum sviðum náðist þó fram aðlögun til 1. janúar 1995. Hefur því verið haldið fram að þetta gæti leitt til aukinnar samkeppni og þar af leiðandi lægri vaxta og lægri iðgjalda.

Þessum breytingum á íslenskum fjármagns- og þjónustumarkaði fylgja vissulega ákveðnar hættur en þó kannski ekki þær sem mest hefur verið gert úr, þ.e. að erlendir aðilar eignist að stórum hluta íslensk fyrirtæki. Það er mun ríkari ástæða til að óttast fjárstreymi út úr landinu en inn í það. Þannig er t.d. hugsanlegt að erlendir bankar og verðbréfafyrirtæki reyni að fleyta rjómann ofan af og laða til sín stærstu viðskiptavinina, svo sem lífeyrissjóðina, en láti þjónustu við almenna viðskiptavini og smærri fjármagnseigendur sitja á hakanum. Við þessu þurfa íslenskir aðilar m.a. að bregðast með aukinni hagræðingu, sérhæfingu og samvinnu.

Eins og fyrr er sagt nær frelsi útlendinga til fjárfestinga á Íslandi ekki til fyrirtækja á sviði útgerðar og fiskvinnslu. Þetta á að tryggja að erlendir aðilar geti ekki náð yfirráðum yfir auðlindum hafsins eftir þeim leiðum. Bannið við fjárfestingu í fiskvinnslunni nær hins vegar einvörðungu til frumvinnslunnar, þ.e. að verja fiskinn skemmdum, en ekki til fullvinnslu hans í neytendaumbúðir. Í álitsgerð um EES-samninginn og fasteignir á Íslandi, sem Ólafur W. Stefánsson o.fl. sömdu að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðherra og landbúnaðarráðherra, segir m.a. um þetta atriði: „Ýmis álitamál geta komið upp við skýringu á þessari undanþágu. Það er EFTA-dómstóllinn sem á lokaorð um það hversu langt þessi ákvæði ná." (Bls. 111.)

Sams konar fjárfestingarfyrirvari náðist því miður ekki fram varðandi virkjun vatnsorku og jarðhita og má draga í efa að íslensk stjórnvöld hafi haldið nógu fast á þeim málum í samningaviðræðunum. Slíkur fyrirvari hefði óneitanlega skapað ákveðið öryggisnet hvort sem stjórnvöld hefðu síðar kosið að nýta hann til fulls eða ekki. Samningarnir breyta þó ekki því að Íslendingar geta eftir sem áður bundið virkjanaréttinn við opinbera aðila en verði orkufyrirtækin einkavædd öðlast allir einstaklingar og fyrirtæki á Evrópsku efnahagssvæði sama rétt til að eignast hlutdeild í þeim. Með réttinum til að fjár-

festa í landi öðlast erlendir aðilar sama möguleika og Íslendingar til að eignast vatns- og jarðhitaréttindi. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gefur því sérstakt tilefni til þess að tekið sé á því löngu tímabæra máli að gera þessar mikilvægu auðlindir okkar að þjóðareign rétt eins og fiskinn í sjónum. Frumvörp í þá veru hafa verið boðuð en ekki enn litið dagsins ljós og er því ástæða til gjalda varhug við stöðunni í þessum málum.

Fjárfesting í landi.

Eins og málum er háttað í EB í dag fylgir frelsinu til fjármagnsflutninga ekki sjálfkrafa réttur til að fjárfesta í fasteignum og landi hvar sem er á svæðinu. Sá réttur fylgir aftur á móti óhjákvæmilega atvinnu- og búseturétti einstaklinga og stofnsetningarrétti fyrirtækja. Þetta þýðir með öðrum orðum að vilji erlendir aðilar kaupa jarðnæði hér á landi, t.d. til að setja upp ferðaþjónustu eða hefja landbúnað, er þeim það heimilt á sömu forsendum og Íslendingum eftir 1. janúar 1996 en Íslendingar fengu aðlögun til þess tíma vegna fjárfestinga í fasteignum.

Eignarrétti útlendinga á jarðnæði fylgir þá sami réttur til hagnýtingar og ráðstöfunar á hlunnindum, svo sem veiðiréttindum, vatnsréttindum og jarðhita, og innlendir aðilar njóta, eins og áður hefur komið fram. Rétt til kaupa á sumarbústað eða landi til frístundaiðkunar verður hægt að binda við tiltekna búsetu á Íslandi og má í því sambandi vísa til þeirra reglna sem gilda í Danmörku og m.a. er getið um á bls. 13 og 47 í álitsgerð Ólafs W. Stefánssonar o.fl.

Ljóst er að réttur erlendra aðila til jarðakaupa hér á landi veldur mörgum Íslendingum miklum áhyggjum. Þær áhyggjur sitja djúpt í þjóðarsálinni sem eðlilegt er, enda hefur land alltaf verið ein af mikilvægustu auðlindum jarðar og eignarhald á landi verið rótgróið tákn um sjálfstæði einstaklinga og þjóða.

Mánuðum saman hafa íslensk stjórnvöld talað um að hægt sé að setja skorður við eignaraðild útlendinga með sérstökum ákvæðum í jarða- og ábúðarlögum. Mikilvægt er að menn átti sig á þeim möguleikum áður en EES-samningurinn verður staðfestur en jafnframt er ástæða til að vara við því að svo langt verði gengið í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir eignaraðild útlendinga að það skerði verulega rétt Íslendinga sjálfra í eigin landi og þrengi alla möguleika til að eiga eðlileg viðskipti með fasteignir og jarðnæði. Það frumvarp til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, virðist ganga um of í þá átt.

Þó að rétturinn til kaupa á fasteign eða landi sé ekki ótakmarkaður samkvæmt EES-samningnum er engu að síður rétt að benda á að réttarreglur EB eru í sífelldri þróun og viðleitnin gengur frekar í þá átt að rýmka heimildir en þrengja. Í Maastricht-samningnum er gengið enn lengra en áður í þá átt að aflétta öllum hömlum af frjálsum fjármagnsflutningum en í því sambandi verður líka að hafa í huga að samningurinn byggir á þeirri hugmynd að ríkisborgarar einstakra landa verði jafnframt „borgarar Evrópu". Það er síðari tíma mál sem taka verður afstöðu til ef tilskipanir um aukið frjálsræði í fjármagnsflutningum koma til kasta sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Atvinnu- og búseturéttur (28.–35. gr.).

Með EES-samningnum öðlast launafólk í aðildarríkjunum rétt til atvinnu hvar sem er á svæðinu og órjúfanlega tengdur honum er rétturinn til búsetu. Þetta mun hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á íslenskum vinnumarkaði sem hefur hingað til verið mjög erfiður innkomu fyrir alla aðra en Norðurlandabúa. Þessi opnun er þó án efa meiri í orði en á borði, enda sýnir reynsla aðildarríkja EB að lítil brögð eru að því að fólk flytji sig milli landa í atvinnuleit vegna fjölskyldutengsla og skuldbindinga í sínu heimalandi.

Engu að síður verða íslensk stjórnvöld að búa sig undir það að hér setjist að fleiri erlendar fjölskyldur en hingað til og þeim verður að veita nauðsynlegan stuðning til að aðlagast íslensku samfélagi. Reynslan af þeim takmarkaða stuðningi sem útlendingar hér á landi njóta, t.d. börn og heimavinnandi eiginkonur erlendra manna, gefur ekki tilefni til bjartsýni hvað þetta varðar. Þetta er hins vegar sjálfstætt pólitískt úrlausnarefni og í sjálfu sér óháð EES-samningnum.

Samningurinn, og þær tilskipanir sem honum tengjast og varða atvinnu- og búseturétt, felur í raun í sér réttarbót fyrir það launafólk sem flytur sig á milli landa. Þannig eiga áunnin félagsleg réttindi, svo sem réttur til atvinnuleysisbóta, lífeyrisgreiðslna, almannatrygginga og fæðingarorlofs, ekki að falla niður við flutninga þó að hinu sé ekki að leyna að talsverð skriffinnska gæti orðið því samfara að sækja sinn rétt. Þá eiga útlendingar hér á landi og Íslendingar erlendis rétt á nákvæmlega sömu þjónustu af hálfu samfélagsins og ríkisborgarar viðkomandi lands.

Tvær hliðar eru hins vegar á þessum peningi og hin snýr að kaupi og kjörum og stöðu stéttarfélaga. Sú hætta er alltaf fyrir hendi þegar nýir hópar bætast á vinnumarkað, sbr. konur á síðustu öld, eða aðrar breytingar verða á vinnumarkaði að það hafi áhrif á launakjör til lækkunar. Tilskipanir EES eiga að veita vörn gegn því að taxtakaup sé undirboðið, en vandinn, sem við er að etja á Íslandi, er hins vegar sérstakur að því leyti að launataxtar segja harla lítið um greidd laun og ná fyrst og fremst til kvenna og opinberra starfsmanna. Í ákveðnum greinum er það því í raun undirboð að taka laun samkvæmt töxtum. Frumvörp um vinnumarkaðsmál, sem félagsmálanefnd hefur afgreitt frá sér, eiga að veita nokkra vörn gegn þessu verði þau að lögum. Þess ber þó að geta að nefndir til að gæta launajafnréttis hafa hingað til reynst konum haldlitlar og er tæpast ástæða til að ætla að þær reynist útlendingum betur. Það sem ræður væntanlega úrslitum í þessu máli er styrkur og vilji verkalýðshreyfingarinnar til að knýja fram launataxta sem taka mið af greiddum launum.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið virðist ekki breyta þeim forgangsrétti til vinnu sem kjarasamningar tryggja félagsmönnum á félagssvæði tiltekinna verkalýðsfélaga. Hins vegar má segja að slíkur staðbundinn forgangur gangi gegn anda samningsins vegna þess að hann getur strangt til tekið verið veruleg hindrun í vegi útlendinga sem hingað koma til að leita sér að vinnu. Það má líka almennt draga í efa að hann fái staðist í nútímasamfélagi. Hitt skiptir mun meira máli fyrir stöðu verkalýðshreyfingarinnar að tryggja almennan forgang félaga í stéttarfélögum til vinnu, þ.e. tryggja félagsbundinn forgang þó að staðbundinn forgangur hverfi. Í því sambandi er mikilvægt að ekki verði hróflað við þeim skilningi á félagafrelsi sem ríkjandi hefur verið hér á landi um langt árabil. Í því getur falist mikilvæg vörn fyrir íslenskt launafólk á þeim breytingatímum sem nú eru fram undan og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir pólitískar tilraunir til að veikja hana.

Á þetta er lögð áhersla hér þar sem kveðið er á um rétt fólks til þess að standa utan stéttarfélaga í hinni félagslegu áætlun EB. Það er hins vegar vert að hafa í huga að samkvæmt Maastricht-samkomulaginu er Bretland ekki bundið af þeirri áætlun, hvorki til góðs né ills, og því ríkir ekki einsleitni innan EB í þessum málum og þar af leiðandi er tæplega ástæða til að gera hana að heilögum bókstaf innan EES. Engu að síður er ástæða til að hafa í huga að almennt gegnir hin félagslega áætlun því þýðingarmikla hlutverki að koma ákveðnum böndum á þann óhefta markaðsbúskap sem fylgir innri markaði EB.

Það gildir á sviði atvinnu- og búseturéttar eins og á fleiri sviðum að EB-rétturinn er í stöðugri þróun og á vettvangi EB fara nú fram umræður um nýja tilskipun um vinnu

handan landamæra sem gæti haft í för með sér undirboð á launakjörum. ASÍ leggur mikla áherslu á að íslensk stjórnvöld beiti neitunarvaldi komi tilskipunin, í sinni upprunalegu mynd, til kasta sameiginlegu EES-nefndarinnar. Undir það sjónarmið er tekið.

Mjög margir hafa látið í ljós áhyggjur vegna þeirrar opnunar á íslenskum vinnumarkaði sem fylgir EES-samningnum og óttast mikið aðstreymi fólks í atvinnuleit til landsins. Ekki er hægt að afskrifa þann ótta sem algerlega ástæðulausan en það er skoðun framsögumanns að í þessu máli, eins og varðandi fjármagnið, sé meiri ástæða til að hafa áhyggjur af útstreymi en innstreymi. Ef ekki er búið betur en gert hefur verið að félagsþjónustu, menntun, rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífi er fyllilega raunhæft að óttast atgervisflótta úr landi. Viðbrögðin við því mega þó ekki vera þau að loka að sér heldur þarf gagngera uppstokkun á ýmsum sviðum íslensks samfélags.

Mál utan ramma fjórfrelsisins (66.–88. gr.).

Utan ramma fjórfrelsisins falla málaflokkar eins og umhverfismál, menntamál, félagsmál, vinnuvernd, neytendamál og rannsóknir og þróun. Um þennan þátt EES-samningsins hefur einna minnst verið fjallað í utanríkismálanefnd enda er hann ekki mjög umdeildur. Því miður er íslenskur réttur í umhverfismálum, vinnuvernd og neytendamálum svo vanþróaður að talsverður ávinningur er af þeim tilskipunum EB sem teknar verða upp innan EES. Þessum umbótum gætu Íslendingar auðvitað sem best komið í kring upp á eigin spýtur óháð samningnum. Hitt er jafnvíst að samningurinn knýr okkur til aðgerða sem ella hefðu kannski dregist á langinn.

Ef EES verður að veruleika þarf að setja mun ítarlegri lög og reglur á sviði neytendaverndar en nú tíðkast hér á landi, m.a. um hættulegar vörur, villandi auglýsingar, neytendalán og verðmerkingar. Í umhverfismálum verða Íslendingar að setja ítarlegri reglur en nú gilda, t.d. varðandi hreinsun skolps, verndun neysluvatns og varnir gegn loftmengun og annarri mengun. Þetta mun án efa hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir einhver sveitarfélög en á hinn bóginn er löngu tímabært að ganga þannig frá skolp-, sorp- og neysluvatnsmálum í landinu að viðunandi sé. Verði kostnaðurinn sem því er samhliða einhverjum sveitarfélögum ofviða verður ríkisvaldið einfaldlega að koma inn í myndina.

Löggjöf hér á landi um heilbrigði og hollustuhætti á vinnustöðum er einnig af mjög skornum skammti. Um þann þátt samningsins segir í greinargerð frá miðstjórn ASÍ frá því í júní sl.: „EES-samningurinn skyldar aðilana til samvinnu um að bæta vinnuumhverfið. ASÍ telur slíkt mjög mikilvægt. Að þessu leyti er um nýjungar að ræða í alþjóðlegu samhengi. Það verður að nýta þessa samvinnumöguleika vel þannig að reglur og staðlar um vinnuumhverfi batni í Evrópu.“ Og síðar: „ASÍ telur mikilvægt að Íslendingar geta haldið uppi strangari reglum um vinnuumhverfi en gerist innan EB og bannað innflutning á vörum sem innihalda hættuleg efni, t.d. asbest.“

Reglurnar um vinnuumhverfi eru með öðrum orðum lágmarksreglur, en það eru ákveðin teikn á lofti um að eftir 1995 verði reynt að samræma þær sem mest þannig að lágmarksreglur verði í raun hámarksreglur. Um þetta segir ASÍ: „Við álítum það mikilvægt að íslensk yfirvöld hafa tryggt sér rétt til þess að halda uppi og vinna að strangari kröfum eftir 1995 ef við teljum samvinnuna við önnur Evrópuríki ekki fullnægjandi.“

Í tengslum við þetta er ástæða til að hafa í huga að það getur verið opið fyrir túlkun hvort reglur teljast til vinnuverndar eða tæknilegra viðskiptahindrana. Það sama á við í umhverfismálum og það kemur m.a. fram í svari umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn undirritaðrar um þetta efni á fundi utanríkismálanefndar. Í bréfinu segir að það sé „nokk-

ur fjöldi EB-reglna sem telja má til umhverfismála en eru í samningnum flokkaðar undir tæknilegar viðskiptahindranir. Meginreglan er sú að EFTA-ríkjunum leyfist ekki að viðhafa strangari kröfur varðandi framkvæmd þessara reglna enda mundi það geta haft áhrif á hið svonefnda fjórþætta frelsi. Þessum reglum er ætlað að samræma kröfur á samningssvæðinu og því gætu mismunandi kröfur verið túlkaðar sem viðskiptahindrun.“ Á lista yfir tilskipanir, sem snerta umhverfismál en falla undir reglur um frjálsa vöruflutninga, er m.a. að finna tilskipanir sem varða loftmengun, efni sem eyða ósonlaginu, varning sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni o.fl. Listinn er birtur í fskj. VIII.

Í inngangi að EES-samningnum er lögð áhersla á það að samningsaðilar hafi einsett sér „að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða“. Þetta eru vissulega fögur orð en það verður að segjast eins og er að þess verður ekki vart að þau endurspeglist í einstökum greinum samningsins þar sem þeim er vikið til hliðar vegna þeirra viðskiptahagsmuna sem eru hreyfiafl samningsins. Engu að síður er full ástæða til að halda á lofti þeirri kröfu að samningsaðilar og stofnanir þeirra túlki samninginn með tilliti til þessara inngangsorða. Þau eru auðvitað í lög sett eins og annað í meginmáli samningsins.

Menntamál eru almennt ekki á samningssviði EB, heldur eru þau mál hvers þjóðríkis fyrir sig. Bandalagið gengst engu að síður fyrir ýmsum samstarfsverkefnum á sviði menntamála og heldur uppi öflugu rannsókna- og þróunarstarfi. Íslendingar eru þegar aðilar að tveimur mikilvægum áætlunum sem byggja á nemendaskiptum, annars vegar COMETT-áætluninni um samvinnu háskóla, framhaldsskóla og atvinnulífs á sviði tækniþjálfunar og hins vegar ERASMUS-áætluninni um nemenda- og kennaraskipti. Það sem fyrst og fremst breytist með EES-samningnum er að Ísland, sem og önnur EFTA-ríki, mun geta haft áhrif á mótun samstarfsins og alla ákvarðanatöku en þarf ekki lengur að kaupa sig inn í einstök verkefni með sérstökum samningum við EB.

Enginn vafi er á því að Íslendingar hafa hingað til fengið meira út úr aðildinni að áætlunum EB en þeir hafa lagt til þeirra. Kemur það líklega heim og saman við reynslu Íslendinga af öðrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Engu að síður kostar það bæði fé og vinnu að taka þátt í slíkum verkefnum og það lýsir ótrúlegri skammsýni íslenskra stjórnvalda að búa svo illa að menntakerfinu að það sé tæpast í stakk búið til að sinna því aukna alþjóðastarfi sem fylgir EES-samningnum. Þannig segir í greinargerð frá Háskóla Íslands dags. 8. september 1992: „[Dregið hefur verið] úr aðstoð við stúdenta og kennara sem eiga í samskiptum við erlenda skóla og tæpt er að okkur takist að sinna þeim skyldum sem við höfum tekið á okkur með samstarfssamningum við aðra háskóla. Svo gæti farið að skila þyrfti aftur styrkfé frá Evrópubandalagi þar sem mannafla skortir til að sinna umsóknum.“

Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fylgir full aðild EFTA-ríkjanna að rammaáætlun EB á sviði rannsókna og þróunarverkefna. Íslendingar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki nýta sér þennan rétt fyrr en 1. janúar 1994 vegna ónógs undirbúnings. Þessi þáttur EES-samningsins gæti reynst Íslendingum mjög mikilvægur ef vel er á málum haldið. Eins og fram kemur í nýlegri skýrslu frá OECD hafa íslensk stjórnvöld haldið þróunarstarfi á sviði vísinda og tækni í fjársvelti og hjá stjórnendum fyrirtækja virðist lítill skilningur vera á mikilvægi fjárfestingar í slíku starfi. Á þetta án efa stóran þátt í þeim samdrætti sem orðið hefur í iðnaðarframleiðslu í landinu.

Það sem mun ráða örlögum þjóða og fyrirtækja í framtíðinni er hvort þau hafa yfir

að ráða öflugri tækni og vel menntuðu fólki. Ef Íslendingar ætla ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum verður að gera gangskör í því að efla hvers kyns rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði verk- og hugvísinda. Aðildin að rammaáætlun EB gæti verið okkur lyftistöng á þeim sviðum ef íslensk stjórnvöld skynja sinn vitjunartíma og leggja það til hennar sem þarf.

STOFNANIR EES OG STJÓRNARSKRÁIN (89.–114. GR.)

Álitsgerðir lögfræðinga.

Hinn svokallaði stofnanaþáttur EES-samningsins hlýtur að vega mjög þungt í allri umfjöllun um samninginn. Með stofnunum EES er samstarfi EFTA-ríkjanna og EB markaður formlegur rammi og af honum ræðst hvar og hvernig ákvarðanir eru teknar, eftirliti hagað og deilumál leyst. Slíkt er ævinlega vandmeðfarið vegna þess að um leið og þjóðríkin bindast samtökum um umfangsmikið samstarf skerða þau að vissu marki sjálfstæði sitt og svigrúm til athafna. Hjá þessu verður tæpast komist en það hefur engu að síður verið stefna íslenskra stjórnvalda fram að þessu að standa vörð um fullveldisrétt íslensku þjóðarinnar og framselja ekki ríkisvald í alþjóðlegum samningum. Það er hins vegar ástæða til að draga í efa að við þetta hafi verið staðið þegar herstöðvarsamningurinn var gerður við Bandaríkjamenn árið 1952 og þeim fengin yfirráð yfir vörnum landsins og afmörkuðum landsvæðum á Íslandi.

Þegar stofnanaþáttur EES-samningsins er skoðaður vaknar óneitanlega sú spurning hvort í honum felist eitthvert framsal á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi eða dómsvaldi. Slíkt framsal kann að vera nauðsynlegt eða réttlætanlegt til að uppfylla markmið samningsins, en ef svo er verður að tryggja að það gangi ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Utanríkismálanefnd hefur farið mjög vel í gegnum þennan þátt málsins og fengið upp í hendurnar fimm lögfræðilegar álitsgerðir sem orðið hafa til hver með sínum hætti.

Í fyrsta lagi skipaði utanríkisráðherra 14. apríl sl. fjóra nafntogaða lögfræðinga í nefnd sem, eins og segir í erindisbréfi nefndarinnar, er ætlað „að leggja mat á það hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt fylgisamningum, brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög“. Með þessari nefndarskipan gekk ráðherra gegn þeirri hugmynd stjórnarandstöðunnar, sem þegar var komin fram í þingsályktunartillögu frá Hjörleifi Guttormssyni o.fl., að óvilhallir aðilar yrðu fengnir til að tilnefna fulltrúa í slíka nefnd.

Lögfræðingarnir í nefnd utanríkisráðherra voru þeir Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram lagaprófessor, Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. Fram hefur komið að a.m.k. tveir þeirra voru íslenskum stjórnvöldum til ráðuneytis meðan á samningagerðinni stóð og við frágang staðfestingarfrumvarpsins. Þetta hlýtur óneitanlega að veikja álitsgerð nefndarinnar þar sem lögfræðingarnir eru með vissum hætti að leggja mat á eigin verk.

Í öðru lagi gekkst þáverandi formaður utanríkismálanefndar, Eyjólfur Konráð Jónsson, fyrir því að fá Guðmund Alfreðsson, doktor í þjóðarétti, á fund nefndarinnar í sumar sem leið og í kjölfar þess skilaði hann utanríkismálanefnd skriflegri álitsgerð 16. ágúst sl.

Í þriðja lagi fékk nefndin álitsgerð frá Davíð Þór Björgvinssyni dósent sem byggist á erindi sem hann flutti á fundi á vegum Lögfræðingafélagsins og Ríkisútvarpsins 20. júní sl.

Í fjórða lagi sendi Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í stjórnlagafræði, utanríkismálanefnd að eigin frumkvæði skriflega álitsgerð um stjórnarskrána og EES-samninginn 22. júlí sl.

Í fimmta lagi sendi utanríkisráðherra nefndinni greinargerð frá Hannesi Hafstein, aðalsamningamanni Íslands, frá í september sl.

Niðurstaða nefndar utanríkisráðherra er í stuttu máli sú að EES-samningurinn og fylgisamningar hans um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn, sem og sú lagasetning sem af þessum samningum leiðir, brjóti ekki í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Davíð Þór Björgvinsson og Hannes Hafstein eru sömu skoðunar. Guðmundur Alfreðsson lýsti því aftur á móti strax í júní sem sinni skoðun að samningurinn stæðist ekki gagnvart stjórnarskránni og þessi skoðun er ítrekuð í álitsgerð hans. Í sinni álitsgerð lýsti Björn Þ. Guðmundsson því að hann teldi vafa leika á að framsal samkvæmt samningnum á framkvæmdar- og dómsvaldi stæðist gagnvart 2. gr. stjórnarskrárinnar. Á fundi með utanríkismálanefnd 6. nóvember sl. sagðist hann svo ekki lengur vera í vafa. Hann gæti nú fullyrt að stjórnarskráin heimilaði ekki það valdaframsal sem í samningnum fælist. Hún heimilaði almennt ekki framsal á ríkisvaldi sem gæti bundið íslenska borgara og fyrirtæki.

Löggjafarvald.

Lögfræðingarnir nálgast stjórnarskrána á nokkuð mismunandi hátt og greinir m.a. á um hvernig túlka beri fullveldishugtakið í stjórnarskránni. Guðmundur Alfreðsson telur að í samningnum felist efnislegt framsal á löggjafarvaldi frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins og fjölþjóðlegra stofnana. Björn Þ. Guðmundsson hefur lýst svipaðri skoðun. Þessa skoðun byggja þeir á því að Alþingi geti aðeins samþykkt eða synjað EES-reglum þegar þær koma til kasta þess en ekki breytt þeim. Þá sé réttur þingmanna til frumkvæðis að nýjum lögum á samningssviði EES skertur. Guðmundur segir engu að síður í sinni álitsgerð að það sé „matsatriði og [geti] horft til beggja átta, hvort þetta fyrirkomulag brýtur í bága við stjórnarskrána". (Bls. 5.)

Lögfræðinganefnd utanríkisráðherra leggur aftur á móti áherslu á að þarna sé um hefðbundinn þjóðréttarsamning að ræða og þar af leiðandi fari setning nýrra EES-reglna ekki eftir reglum landsréttar hvers ríkis. Og í nefndarálitinu segir að þarna eigi „því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna. Um breytingar á ákvæðum samningsins fer formlega á sama hátt og um breytingar á öðrum þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að." (Bls. 12.)

Samkvæmt samningnum á samráð um nýjar eða breyttar EES-reglur fyrst og fremst að fara fram á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og fulltrúa framkvæmdarvaldsins í aðildarríkjum EFTA hins vegar. Komist þessir aðilar að sameiginlegri niðurstöðu á Alþingi ekki nema tveggja kosta völ — samþykki eða synjun. Það er því mjög mikilvægt að Alþingi sé inni í samráðsferlinu allt frá upphafi og fái nákvæmlega sömu upplýsingar og ráðuneytin um hugmyndir sem uppi eru um breytta löggjöf á samningssviðinu. Þá er mikilvægt að ráðherrar og aðrir fulltrúar framkvæmdarvaldsins hafi fullt samráð við Alþingi þegar samið er um slíkar breytingar í sameiginlegu EES-nefndinni. Aðrar EFTA-þjóðir, svo sem Finnar og Austurrík-

ismenn, ætla — að danskri fyrirmynd — að koma sér upp sérstakri þingnefnd til að fylgjast með framkvæmd EES-samningsins og er brýnt að Alþingi taki á þessum málum verði samningurinn að veruleika.

Í bókun 35 með samningnum er kveðið á um að ef komi til „árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga [skuldbindi] EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum". Samkvæmt orðanna hljóðan felur þetta í sér að EFTA-ríkin gangast inn á að binda í lög að þjóðréttarreglur EES-samningsins geti millilíðalaust vikið landslögum til hliðar. Sú skuldbinding, sem í þessu felst, hefur vafist fyrir þingmönnum annars staðar á Norðurlöndum enda er hún orðuð með mjög afgerandi hætti í staðfestingarfrumvörpum Svía og Norðmanna. Vísast í því sambandi til fskj. IX og X. Í íslenska frumvarpinu hefur hún aftur á móti fengið yfirbragð lögskýringarreglu og því hlýtur sú spurning að vakna hvort íslensk stjórnvöld séu með þeim hætti að sniðganga þjóðréttarskuldbindingu sem í raun þurfi stjórnarskrárbreytingu til að uppfylla.

Framkvæmdarvald og dómsvald.

Það sem lögfræðingana greinir þó einna helst á um er hvort eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum sé fengið í hendur framkvæmdarvald og dómsvald sem með réttu ætti að vera í höndum íslenskra yfirvalda. Rökstuðningur nefndar utanríkisráðherra er ekki alveg afdráttarlaus hvað þetta varðar og þannig segir m.a. í álitsgerð hennar: „Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér *verulegt* valdframsal sem talið verði *íþyngjandi í ríkum mæli*. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti." (Bls. 24 — leturbreyting undirritaðrar.) Þá fallast lögfræðingarnir á að færa megi rök gegn ýmsu í þeirra álitsgerð en segja jafnframt: „[Við] teljum þó að niðurstöður okkar orki ekki tvímælis í þeim mæli að tilefni sé til að draga þá ályktun að samningarnir í heild leiði til þess að breyta þurfi stjórnarskránni, ef þeir taka gildi." (Bls. 29.) Um framkvæmd samkeppnisreglnanna segja þeir: „Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú í breytingar á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið til að gera þær." (Bls. 29.)

Um þennan þátt segir Guðmundur Alfreðsson m.a.: „Eftirlitsstofnun EFTA yrði sjálfstæð stofnun og eftirlitsmennirnir, þar með talinn íslenski eftirlitsmaðurinn, mættu ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þarna yrði sem sagt um yfirþjóðlegan framkvæmdarvaldsaðila að ræða sem á að geta tekið ákvarðanir sem mundu verða bindandi á Íslandi og koma beint til fullnustu innan lands án þess að íslensk stjórnvöld eða dómstólar gætu sagt nokkuð um efnishliðina." (Bls. 9.) Og síðar segir hann: „Það er mín niðurstaða um framkvæmdarvaldsþátt EES-samningsins að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðist skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar sem felur tilteknum íslenskum aðilum þetta vald." (Bls. 11.)

Í niðurstöðum sínum segir Björn Þ. Guðmundsson m.a.: „Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt." (Bls. 15.) Um framsal á framkvæmdarvaldi segir hann: „Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til út-

landa.“ (Bls. 16.) Og um framsal á dómsvaldi: „Bæði ég og fjórmenninganefndin hafa komist að þeirri niðurstöðu að með EES-samningnum sé dómsvald framselt að hluta til dómstóla EFTA og EB. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið nauðsynlegt að víkja nánar að inntaki 60. gr. stjórnarskrárinnar vegna hinna bindandi réttaráhrifa ákvarðana þessara dómstóla.“

Í málflutningi sínum hefur Björn Þ. Guðmundsson lagt áherslu á skyldleika íslensku, dönsku og norsku stjórnarskránna og bent á að vegna aukinna alþjóðatengsla hafi bæði Danir og Norðmenn bætt ákvæðum inn í sínar stjórnarskrár á sjöunda áratugnum sem heimili afmarkað framsal á fullveldi með samþykki aukins meiri hluta á þjóðþingunum. Um er að ræða 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar og 93. gr. þeirrar norsku. Björn bendir á að þessi breyting hafi ekki verið gerð á íslensku stjórnarskránni og meðan umræðan í Noregi og Danmörku snúist um það hversu mikið framsal á ríkisvaldi sé heimilt hljóti hún hér á landi að snúast um það hvort framsal sé yfirleitt heimilt. Það er hans skoðun að íslenska stjórnarskráin heimili það ekki.

Í greinargerðinni með norska frumvarpinu til staðfestingar á EES-samningnum er sérstaklega fjallað um stjórnarskrárþátt málsins. Þar eru tekin af öll tvímæli um að meðhöndla verði samninginn á norska Stórþinginu í samræmi við 93. gr. stjórnarskrárinnar. Í greinargerðinni kemur fram að það sem ráði úrslitum séu ákvæði EES-samningsins um framkvæmd samkeppnisreglnanna og EFTA-samningurinn um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn. Þessa skoðun er víða að finna í greinargerðinni en í fskj. XI er látið nægja að tilfæra tvö dæmi.

Þau rök hafa heyrst í umræðunni um EES-samninginn að þegar einstök ríki, fyrirtæki og einstaklingar nýti sér rétt sem ávinnist fyrir tilstilli milliríkjasamninga sé ekki óeðlilegt að þeir gangist um leið undir einhvers konar milliríkjalög og dómstóla. Þessir aðilar séu að fá nýjan rétt og eigi þar af leiðandi að taka á sig nýjar skyldur. Þá séu slík lög og dómstólar mjög mikilvæg tæki til að hafa eftirlit með og koma lögum yfir fjölþjóðafyrirtæki sem hafi veruleg áhrif á öll viðskipti og tilheyri í raun engu einu þjóðríki öðru fremur. Undir þetta sjónarmið er hægt að taka en um leið er ástæða til að vara við því sjónarmiði að tilgangurinn helgi meðalið. Þeir sem fara með tiltekið þjóðfélagsvald, í þessu tilviki íslensk stjórnvöld, geta ekki leyft sér að taka afdrifaríkar ákvarðanir vitandi vits um að vafi leikur á því að þær standist gagnvart lögunum. Slíkum vafa verður að eyða sé þess nokkur kostur.

Í ljósi þeirrar umræðu um stjórnarskrárþátt EES-samningsins, sem hér hefur verið rakin, telur undirrituð það orka verulega tvímælis, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að ákvæði EES-samningsins um eftirlit og dómstól standist gagnvart íslensku stjórnarskránni. Ríkisstjórnin og Alþingi hafa það á valdi sínu að eyða þeim vafa.

NIÐURSTÖÐUR

Staða Íslands í Evrópu.

Eins og fram hefur komið hér á undan var það á sínum tíma skoðun Kvennalistans að leið tvíhliða viðræðna við EB hentaði íslenskum hagsmunum betur en leið Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi afstaða hefur ekki breyst eftir að niðurstaða fékkst í samningaviðræðurnar og tækifæri gafst til að vega og meta þá kosti og galla EES-samningsins sem hér hafa m.a. verið gerðir að umfjöllunarefni. Ítrekaði Kvennalistinn andstöðu sína við samninginn á landsfundi á Laugarvatni 30. október til 1. nóvember sl. og er ályktun fundarins birt í fskj. XII.

Það sem vegur þyngst í gagnrýni kvennalistakvenna þegar EB og EES er annars vegar er sú hugmyndafræði neyslu og sóunar sem innri markaðurinn byggist á, skortur á lýðræði og samþjöppun valds í stofnunum þessara bandalaga og síðast en ekki síst það karlveldi sem þar ræður ríkjum. Kvennalistakonur greinir hins vegar á um hvernig við þessu eigi að bregðast.

Sóunarhugmyndafræði, skortur á lýðræði og karlveldi einskorðast ekki við EB og EES, heldur er þarna um alþjóðleg fyrirbæri að ræða sem virða engin landamæri. Baráttan gegn þeim er því ekki bundin við þjóðríkin og það þarf öflugt alþjóðlegt samstarf til að vinda ofan af hugmyndum hins vestræna hagkerfis um endalausan vöxt og tryggja gæði mannlífs og náttúru til frambúðar.

Afstaða til aðildarinnar að EES mótast auðvitað af fjölmörgum þáttum og vegna þess mikla valds sem endurspeglast í EB er mjög eðlilegt að einstaklingar og hópar, sem hafa lítil völd í samfélaginu, svo sem konur og láglaunafólk, óttist hvers kyns tengsl við bandalagið. Hið svokallaða fjórfrelsi nýtist þessu fólki heldur ekki með beinum hætti þar sem það ræður hvorki yfir fjármagni né fyrirtækjum. Þar við bætist svo að konur eru almennt ekki mikið á faraldsfæti á vinnumarkaði vegna stöðu sinnar í fjölskyldunni og þar af leiðandi hefur afnám landamæra á vinnumarkaði ekki sömu þýðingu fyrir þær og karla. Hins vegar er mjög hæpið að staða og kjör kvenna, láglaunafólks og síðast en ekki síst íslensku þjóðarinnar séu betur tryggð ef Ísland stendur algerlega utan við samrunaþróunina í Evrópu. Staðan er einfaldlega sú að samhliða tæknibyltingu og breyttum framleiðsluháttum hafa átt sér stað gagngerar breytingar á skipulagi efnahags- og markaðsmála í heiminum. Þessari þróun verður ekki snúið við og hún lætur engan ósnortinn. En það er hægt að hafa áhrif á hana og reyna að beina henni inn á brautir sem eru manneskjunni vinsamlegri.

Á undanförnum öldum hefur þjóðarhugtakið tekið ýmsum breytingum. Hugmyndin um þjóðina, í þeirri landfræðilegu merkingu sem við leggjum í hugtakið í dag, sem uppsprettu valds og þjóðríkið sem allt að því náttúrulegt og eilíft fyrirbæri er ekki ýkja gömul. Þetta er í raun 19. aldar hugmynd sem endurspeglar þær hræringar sem þá áttu sér stað í Evrópu. Á þeim tíma var þjóðríkið víðast hvar hagkvæmt og eðlilegt skipulag. Það myndaði einn markað sem var sjálfum sér nógur um flesta hluti. Þjóðríkið sem fullvalda ríki gat haft yfirsýn og eftirlit með athöfnum manna innan sinna landamæra, sett um þær lög og fellt dóma. Í Evrópu hafði það líka því mikilvæga hlutverki að gegna að tryggja öryggi og velferð þegnanna. Er óhætt að fullyrða að þjóðríki, sem byggir á lýðræði og þar sem valdsvið stofnana er skýrt og vel afmarkað, hefur reynst öðrum stjórnkerfum betur og þar af leiðandi er full ástæða fyrir þjóðir að fara varlega í að takmarka fullveldi sitt.

Það er engu að síður staðreynd að þær breytingar, sem orðið hafa á markaðskerfinu á þessari öld, hafa haft veruleg áhrif á þetta stjórnkerfi og ekkert ríki er lengur sjálfstætt

á sama hátt og í upphafi aldarinnar. Sífellt meiri samskipti eiga sér stað þvert á öll landamæri og til að koma í veg fyrir að einstök ríki og fjölþjóðafyrirtæki deili og drottni í krafti yfirburðarstöðu hafa menn reynt að koma lögum yfir þessi samskipti. Eigi það að vera hægt verður varla hjá því komist að einstök ríki setji fullveldi sínu vissar skorður.

Samrunaþróunin í Evrópu verður líka með eða án okkar. Við verðum hins vegar að svara því hvort við viljum og treystum okkur til að standa utan við hana. Ýmsir hafa haldið því fram að óvissan, sem fylgir EES, sé svo mikil að það sé ekki hægt að verja stuðning við samninginn. En hvaða vissa fylgir því að taka ekki þátt í EES? Í raun má segja að með því sé tekin meiri áhætta því þá erum við Íslendingar að vissu leyti ein á báti og verðum að þróa tengsl okkar við EB og aðildarríki þess upp á eigin spýtur. Staðan í heiminum er einfaldlega sú um þessar mundir að það gefst engin vissa fyrir neinu. Þjóð eins og Íslendingar, sem á jafnmikið undir milliríkjaviðskiptum og raun ber vitni, getur ekki ein og sér búið sér til skjól fyrir þeim vindum sem blása í alþjóðaviðskiptum né heldur viðhaft aðrar leikreglur en þar gilda.

Það fer ekki hjá því að Íslendingar verða að aðlaga sig þeim reglum sem munu gilda á Evrópsku efnahagssvæði hvort sem þeir gerast þátttakendur í því eða ekki. 75% af vöruútflutningi okkar fara til ríkja EES og við þurfum að tryggja stöðu okkar á þeim markaði um leið og við leitum að nýjum. Með aðildinni að EES erum við að lýsa því yfir að hér á landi ríki sama viðskiptaumhverfi og annars staðar í Evrópu sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum í öðrum ríkjum að eiga viðskipti við okkur.

Eftir stendur sú staðreynd að valdið á samningssviði EES, þ.e. í öllu sem varðar fjórfrelsið, verður fjarlægara okkur en áður var. Við höfum ekki sömu tök og áður á því að sníða ný lög að okkar sérþörfum og hagsmunum. Vandamálið, sem við Íslendingar, ef við gerumst aðilar að EES, verðum að glíma við, rétt eins og aðrar þjóðir, er þá að reyna að draga úr reglugerðarveldi EB/EES á sviðum sem best eru komin í höndum þjóðríkja eða sveitarstjórna. Í þeirri baráttu getum við átt samleið með því fólki í Evrópu sem í sumar sem leið tók sér fimmta frelsið, þ.e. frelsið til að hafa áhrif á þróun EB.

Á næstu missirum og árum ræðst hvernig innbyrðis tengslum Evrópuríkja verður háttað og þegar um þau mál verður samið verður samningaborðið EB og EES. Það skiptir verulegu máli að við sitjum við það borð ef við viljum tryggja stöðu okkar í Evrópu. Að því leytinu til snýst EES ekki aðeins um viðskipti heldur líka pólitík, enda verður þetta tvennt aldrei alveg aðskilið.

Öll EFTA-ríkin nema Ísland hafa sótt um aðild að EB eða hyggjast gera það. Það er hins vegar nokkuð ljóst að ef EB þróast ekki í átt til lýðræðislegra og lausbeislaðra bandalags fæst aðild að því tæpast samþykkt annars staðar á Norðurlöndum, að Danmörku meðtalinni. Þá verður tengslum þessara ríkja við EB ráðið á vettvangi EFTA og EES. Það skiptir máli að við séum aðilar að því samráði. Ef EB þróast aftur á móti þannig að almenningur í þessum ríkjum telji það viðunandi eigum við tveggja kosta völ. Um er að ræða tvíhliða samning um fjórfrelsið, að frátöldum stofnanaþætti samningsins um EES, eða að leggja inn umsókn um aðild og sjá hverju hún mundi skila. Í þessu sambandi verðum við að hafa í huga að EB er síbreytileg skepna og því erfitt að taka afstöðu til þess í eitt skipti fyrir öll nema maður sé í grundvallaratriðum á móti viðskiptabandalögum eða hvers konar framsali á fullveldi.

Ýmsir telja sig sjá teikn á lofti um að EB sé deyjandi bandalag og það taki því ekki að tengjast einhverju sem sé dauðanum merkt. En hvernig mun EB deyja og dettur einhverjum í hug að þegar og ef það deyr verði allt eins og áður var? Og ef við Íslendingar tengdumst því ekki á nokkurn máta mundi okkar litli heimur standa kyrr meðan allt hitt

fyrir utan væri í mikilli sveiflu? Meðan EB lifir mun það hafa áhrif á þróun mála hér eins og annars staðar í Evrópu, en ef það deyr mun dauði þess þá hafa áhrif hér sem annars staðar?

Lokaorð.

Flestir munu sammála um að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er einn mikilvægasti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa gert. Hann mun hafa áhrif á flest svið íslensks samfélags og snerta daglegt líf alls almennings, enda fylgja honum talsverðar breytingar á íslenskri löggjöf. Þessi áhrif einskorðast þó ekki við aðild Íslands að EES, heldur mundi þeirra einnig gæta verulega þó að Ísland kysi að standa utan þess. Það er því mikilvægt að lesa ekki meira út úr samningnum en í honum felst og skilja á milli almennra þróunareinkenna og beinna afleiðinga af samningnum.

Þetta hefur ekki síst þýðingu vegna þeirrar tilhneigingar, sem nú gætir bæði hér á landi og víðar í Evrópu, til að draga úr skattlagningu fyrirtækja á kostnað velferðarþjónustunnar. Það er ástæðulaust að gefa stjórnvöldum tækifæri til að þvo hendur sínar af vondum stjórnarathöfnum sem eru á þeirra eigin ábyrgð.

Þó að áhrifin af samningnum séu vissulega víðtæk er það engu að síður skoðun undirritaðrar að mönnum hætti bæði til að gera of mikið úr kostum hans og göllum. Í honum felst hvorki það hjálpræði í efnahags- og atvinnumálum sem margir stjórnmálamenn virðast hafa beðið eftir árum saman, né heldur hefur hann í för með sér endalok sjálfstæðs og fullvalda ríkis á Íslandi. Hann er einfaldlega liður í þróun og það ræðst hér innan lands hvort okkur Íslendingum tekst að nýta hana samfélagi okkar til hagsbóta eða hvort við látum ógæfu okkar verða allt að vopni.

Það er skoðun undirritaðrar að miðað við þá stöðu, sem nú er uppi í samskiptum þjóða á sviði efnahags- og stjórnmála, sé eðlilegt að Ísland reyni að tryggja hagsmuni sína með samningi um aðild að Evrópsku efnahagssvæði. Það er svo aftur sjálfstætt álitaefni hvort náðst hafi besta mögulega samningsniðurstaða fyrir Íslendinga og hvort nógu vel hafi verið staðið að undirbúningi aðildarinnar að Evrópsku efnahagssvæði. Undirbúningurinn hefur mjög mikið að segja um hvernig til tekst í upphafi og það er ástæða til að óttast að bæði fyrirtæki og einstaklingar ætli sér að höndla gull og græna skóga á nýjum og stórum markaði í Evrópu. Vegna vanþekkingar hrasi þeir um gallana og nái ekki að nýta sér kostina.

Umræða í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn hefði án efa skilað miklum fróðleik til þjóðarinnar og gert hana betur í stakk búna til að takast á við þá ögrun sem í samningnum felst. Hins vegar skorti stjórnarmeirihlutann á þingi því miður þá lýðræðisvitund sem þarf til að treysta þjóðinni til að velja sér framtíð.

Þótt frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið sé nú afgreitt frá utanríkismálanefnd er enn margt óljóst. Enn er vafi á því að frumvarpið standist gagnvart stjórnarskrá og ekki er komið endanlegt lagaform á ýmsar tilskipanir EB sem munu hafa veruleg áhrif hér á landi. Við þessar aðstæður hljóta ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna að bera alla pólitíska ábyrgð á málinu. Treystir undirrituð sér ekki til að leggja til

við þingið að það samþykki frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið þó að hún sé efnislega sammála aðildinni á þeim forsendum sem hér hafa verið reifaðar. Aðrar þingkonur Kvennalistans telja aftur á móti að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópska efnahagssvæðisins og munu því greiða atkvæði gegn samningnum. Þær munu gera grein fyrir afstöðu sinni í umræðum um málið.

Alþingi, 4. des. 1992.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu utanríkisráðherra um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 167, kafla III, bls. 970–972 í A-deild Alþt. 1989–90.

Fylgiskjal II.

Tillaga til þingsályktunar um samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristín Einarsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 233 bls. 1262 í A-deild Alþt. 1989–90.

Fylgiskjal III.

Úr skýrslu utanríkisráðherra um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 39, kafla D (Markmið samningaviðræðna), bls. 726–727 í A-deild Alþt. 1990–91.

Fylgiskjal IV.

Úr skýrslu nefndar um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 1148, Álit Kristínar Einarsdóttur, bls. 4886–4890 í A-deild Alþt. 1989–90.

Fylgiskjal V.

Alþjóðaviðskipti og Evrópubandalagið.

(Úr stefnuskrá Samtaka um kvennalista árið 1991.)

Íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir. Frjáls vöruviðskipti eru þjóðinni hagkvæm og mikilvægt að geta stundað tollfrjálsa verslun með útflutningsafurðir.

Stór hluti gjaldeyristeknanna er fyrir sjávarafurðir. Sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar veldur því að afar óskynsamlegt er að binda þjóðina einum markaði eða efnahagssvæðum sem þrengt gætu svigrúm hennar í utanríkisviðskiptum. Þvert á móti þjónar það hagsmunum okkar að vera óháð út á við og leita sem bestra samskipta með beinum samningum við einstök ríki og markaðsheildir. Þannig styrkjum við stöðu okkar út á við og treystum efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Við höfum góða vöru að bjóða og ef rétt verður á málum haldið höfum við sterka samningsstöðu.

Samskipti Íslands við Evrópubandalagið hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Þau eru þjóðinni mikilvæg og því þurfa Íslendingar að ná hagstæðum viðskiptasamningum við bandalagið. EB flytur iðnaðarvörur tollfrjálst til Íslands og það er eðlileg krafa að bandalagið veiti okkur tollfrjálsan aðgang að mörkuðum sínum með fiskafurðir. En þó viðskiptahagsmunir vegi þungt þá er hitt ekki síður mikilvægt að efla samskipti á öðrum sviðum, þar á meðal í rannsóknum, umhverfismálum og menningar- og menntamálum.

Lönd innan Evrópubandalagsins gangast undir yfirþjóðlega stjórn sem er æðri þeirra landslögum. Með aðild að Evrópubandalaginu yrðu efnahagsleg og pólitísk áhrif Íslendinga hverfandi og möguleikar almennings til áhrifa á samfélag sitt yrðu takmarkaðir. Því þjónar aðild að Evrópubandalaginu ekki hagsmunum Íslendinga.

Í Evrópu eru konur í meiri hluta þeirra sem gagnrýna Evrópubandalagið. Þær segja hagsmuni fjármagnsins ráða för en mannlegum þörfum vikið til hliðar. Evrópubandalagið í núverandi mynd er miðstýrt og ólýðræðislegt. Þar ráða embættismenn og stórfyrirtæki mestu en kjörnir fulltrúar og þjóðþing landanna eru áhrifalítil. Í miðstýrðum stjórnkerfum vegur hlutur kvenna enn minna en annars staðar og er mjög fátítt að konur gegni valdamiklum embættum innan EB. Á sama tíma og ríki Austur-Evrópu eru að hverfa frá miðstýringu og stórveldapólitík er verið að byggja upp nýjan miðstýringarrisa í Evrópu í þágu stórfyrirtækjanna.

Aðildarríki Evrópubandalagsins hafa sameiginlega fiskveiðistefnu sem hvílir á þeim grunni að fiskimið þessara ríkja séu sameiginleg og aðgangur að þeim sé öllum heimill. Stjórn fiskveiðanna er því ekki lengur í höndum einstakra ríkja. Íslendingar eiga ásamt öðrum EFTA-ríkjum í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um svonefnt Evr-

ópskt efnahagssvæði (EES). Það sem um er að ræða er nokkurs konar aukaaðild að Evrópubandalaginu sem felur í sér aukið frelsi í viðskiptum án þess að mikilvægustu hagsmunir þjóðarinnar séu tryggðir en þeir eru yfirráð yfir auðlindum okkar. Farsælla væri að leita beinna tvíhliða samninga við Evrópubandalagið.

Við leggjum áherslu á gott samstarf við aðrar þjóðir um leið og við viljum tryggja efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar. Aðeins þannig getum við nýtt þá miklu möguleika sem land okkar býr yfir.

Fylgiskjal VI.

Ályktun á landsfundi Kvennalistans 1991.

Landsfundur Kvennalistans, haldinn á Seltjarnarnesi 15.–17. nóvember 1991, samþykkir eftirfarandi ályktun:

Nú er komið að lokaþætti samninga EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Samningamenn hafa komist að niðurstöðu en þjóðþing landanna, þar á meðal Alþingi, eiga alveg eftir að fjalla um málið, samþykkja samninginn eða hafna honum.

Áður en til endanlegrar afgreiðslu kemur á Alþingi þarf að liggja fyrir hvaða breytingar þarf að gera á gildandi lögum til að fullnægja ákvæðum samningsins ef hann verður samþykktur. Einnig er nauðsynlegt að þjóðin fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós í almennri atkvæðagreiðslu í kjölfar víðtækrar fræðslu á því hvað það hefur í för með sér að Ísland gerist aðili að EES.

Aðild að EES felur í sér að allir þegnar Vestur-Evrópu fá óskoraðan rétt til jafns við okkur til atvinnu og að setja hér á fót og kaupa fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífs, nema hvað reyna á að halda fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða utan við seilingu þeirra.

Auðlindir landsmanna, aðrar en þær sem er að finna í hafinu, eru á þessu veisluborði fjármagnsins. Þetta á m.a. við um landið sjálft og hlunnindi þess og jafnvel orkulindirnar gætu áður en langt um líður fallið undir fjórfrelsið svonefnda.

Íslendingar þyrftu að gera lög og reglur sem varða innri markað Evrópubandalagsins að sínum, jafnframt því sem þróun löggjafar á þessu sviði færi úr höndum Íslendinga þar sem EFTA-ríkin verða nauðug viljug að taka við nýmælum frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Eitt það alvarlegasta við ráðgerðan samning er það mikla afsal sjálfsákvörðunarréttar sem í honum felst. Verði hann samþykktur færum við dómsvald á mikilvægum sviðum til fjölþjóðlegs dómstóls, framkvæmdarvaldið á samningssviðinu fer til yfirþjóðlegs aðila og með yfirtöku á nær tveimur þriðju hlutum af lögum og reglum EB væri þrengt með afdrifaríkum hætti að sjálfu löggjafarvaldinu.

Með því að gerast aðilar að EES vaxa stórum líkurnar á að Ísland gerist aðili að sjálfu Evrópubandalaginu áður en langt um líður. Miklar líkur eru á að flestar EFTA-þjóðir gangi í EB fyrir aldamót. Nú er reynt að hræða almenning til fylgis við aðild að EES með fullyrðingum um að þjóðin einangrist ella. Sömu rök munu fyrr en seinna verða höfð uppi til að rökstyðja aðild Íslands að EB eftir því sem þeim EFTA-ríkjum fjölgar sem sækja um aðild að bandalaginu.

Íslendingar hafa mikla möguleika sem sjálfstæð og fullvalda þjóð ef rétt er á málum haldið. Við eigum verðmætar auðlindir í hafinu umhverfis landið. Við höfum ekki verið í neinum vandræðum hingað til að selja fiskinn okkar og það er ekkert sem bendir til annars en að eftirspurn vaxi í framtíðinni. Evrópumarkaðurinn verður okkur mikilvægur áfram og við þurfum ekki að gerast aðilar að EES eða EB til að geta selt fisk inn á markaði EB.

Í þessu máli megum við ekki hugsa í árum eða láta hugmyndir um skammtímaávinninga ráða niðurstöðu. Við eigum að setja okkur í spor þeirra Íslendinga sem unnu að því á síðustu öld að endurheimta sjálfsstjórn í landinu eftir aldalanga áþján. Í máli sem varða grundvallaratriði í stöðu þjóðanna um langa framtíð má ekki rasa um ráð fram. Það hefur því miður verið gert en ekki er um seinan að spyrna við fótum og reyna að ná áttum.

Fylgiskjal VII.

Jakob Jakobsson:

Fiskveiðiheimildir.

(Úr Félagstíðindum SFR, 5. tbl., 34. árg., maí 1992.)

Aðalatriði þessa máls er e.t.v. það að á svæðum milli Íslands, Austur-Grænlands og Jan Mayen er aðeins einn veiðanlegur loðnustofn. Þessi loðna kemur venjulega að suður- og vesturströnd Íslands og hrygnir þar í mars eða byrjun apríl. Eftir hrygninguna klekjast seiðin út og berast með straumi vestur og norður fyrir land og eru að langmestu leyti innan íslenskrar lögsögu fyrsta ár sitt. Á öðru ári dreifist loðnan yfir stærra svæði og er nokkur hluti hennar þá oft innan grænlenskrar lögsögu. Á þriðja aldursári fer loðnan að verða kynþroska og veiðanleg. Þá kemur stundum fyrir, eins og t.d. á níunda áratugnum, að nokkur hluti þessa aldursflokks gekk alla leið norður undir Jan Mayen um hásumarið en sneri til Íslands aftur þegar leið á haustið og hélt svo austur með Norðurlandi og suður fyrir land þriggja ára gömul þar sem hún hrygnir og drepst að lokinni hrygningu. Um 30% hvers árgangs verður þó ekki kynþroska fyrr en fjögurra ára og dvelur því ári lengur á uppeldisstöðvunum milli Íslands og Grænlands en hér hefur verið lýst að framan. Aðalatriði þess sem ég er að reyna að koma hér til skila er sú staðreynd að veiðiheimildir þær sem Grænlendingar selja Evrópubandalaginu eru engin viðbót við þá loðnu sem er á Íslands-, Grænlands- og Jan Mayen-svæðinu. Þetta er hluti af því sem við viljum kalla íslenska loðnustofninn.

Athugum nú hvernig veiðarnar hafa gengið á undanförum vertíðum. Á meðfylgjandi töflu sést að veiðar Íslendinga eru alltaf langmestar og oftast á bilinu ½–1 milljón tonna á ári. Næstar koma veiðar Norðmanna sem hafa verið allt upp í 240 þús. tonna vertíðina 1985–1986. Þá hafa Færeyingar veitt allt upp í 97 þús. tonn fyrir tveimur árum en oftast hafa þeir veitt 20–60 þús. tonn á ári. Þá koma veiðar annarra þjóða, þ.e. Evrópubandalagsins. Á töflunni sést að vertíðina 1980–1981 veiddu þeir 17 þús. tonn, 1981–1982 21 þús. tonn og á tímabilinu 1984–1987 veiddu þeir 5–16 þús. tonn á ári. Undanfarnar fimm vertíðir hafa þeir ekkert veitt, þ.e. Evrópubandalagið hefur ekki nýtt

sér þær veiðiheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum. Þetta er engin tilviljun vegna þess að fullorðin, veiðanleg loðna finnst sjaldan nema blönduð smáloðnu í grænlenskri lögsögu. Sá litli afli sem skip Evrópubandalagsins náðu fyrr á árum fékkst raunar á umdeildu svæði milli Austur-Grænlands og Jan Mayen. Til þess að geta nýtt sér veiðiheimildir Grænlendinga nokkrar undanfarnar vertíðir hefði Evrópubandalagið þurft að fá heimild til að veiða þann kvóta í íslenskri lögsögu.

Skipting loðnuaflans á vertíðunum frá 1976 er sumarveiðar hófust (þús. tonn).

Vertíð	Ísland	Noregur	Færeyjar	Aðrir	Samtals
1976–77	664	–	*24	–	688
1977–78	728	–	*36	–	764
1978–79	1019	154	22	–	1195
1979–80	834	124	22	–	980
1980–81	523	119	24	17	683
1981–82	498	91	16	21	626
1982–83	–	–	–	–	–
1983–84	573	–	–	–	573
1984–85	774	104	10	9	897
1985–86	987	243	66	16	1312
1986–87	1053	210	65	5	1333
1987–88	912	139	65	–	1116
1988–89	920	68	49	–	1037
1989–90	666	115	97	–	808
1990–91	286	22	6	–	314
1991–92	635	47	–	–	682

* Við suðurströndina á vetrarvertíð.

Athugum nú hvaða áhrif það hefur á veiðar Íslendinga að Evrópubandalagið hefur ekki nýtt sér þær veiðiheimildir sem það hefur keypt af Grænlendingum. Endanlegur kvóti Íslendinga er venjulega byggður á mælingum á loðnustofninum sem fram fara í janúar- eða febrúarmánuði eftir að loðnan er gengin austur fyrir land. Ef einhver þjóð nýtir ekki sínar veiðiheimildir fyrr á vertíðinni gefur það auga leið að Hafrannsóknastofnun mælir loðnustofninn því stærri sem óveiddum veiðiheimildum nemur. Þessi viðbót rennur beint inn í endanlegan kvóta Íslendinga, enda segir í þeim samningi sem gilt hefur sl. þrjú ár milli Íslands, Noregs og Grænlands að Íslendingar skuli leitast við að notfæra sér þær veiðiheimildir sem ekki hafa verið nýttar fyrr á veiðitímanum. Það er af þessum sökum að 30.000 tonnin, sem Evrópubandalagið kaupir af Grænlendingum og hefur ekki nýtt sér en ætlar nú að framselja Íslendingum, eru engin viðbót við okkar veiðiheimildir miðað við það sem skeð hefur á undanförnum fimm vertíðum. Það skal þó fúslega tekið fram að veiðiheimildir við Grænland gætu hugsanlega verið til bóta ef útbreiðsla og göngur loðnunnar breyttust frá því sem verið hefur undanfarin 10–15 ár.

Fylgiskjal VIII.

Úr skýrslu Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra um lagasetningu vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið og áhrif hans á umhverfismál.

Um samhljóða fylgiskjal vísast til þskj. 1023, kafla G, bls. 5992–5993 í A-deild Alþt. 1991–92.

Fylgiskjal IX.

Úr þýðingu á norsku stjórnarfrumvarpi um framkvæmd á meginhluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið (EES) í norskum rétti.

2. gr.

Ákvæði í lögum, sem þjóna þeim tilgangi að fullnægja skuldbindingum Noregs samkvæmt samningnum, skulu við ágreining ganga fyrir öðrum ákvæðum sem segja fyrir um sömu atriði. Samsvarandi gildir ef reglugerðir, sem þjóna þeim tilgangi að fullnægja skuldbindingum Noregs samkvæmt samningnum, ganga í berhögg við aðrar reglugerðir eða stangast á við síðari lög.

3. gr.

1. og 2. gr. eru ekki því til fyrirstöðu að öðrum lögum og reglugerðum verði beitt að því leyti sem sérstakar bráðabirgðareglur eða aðrar sérlausnir í samningnum að öðru leyti gefa tilefni til þess.

4. gr.

Ákvarðanir um fjárskuldbindingar eins og getið er í 110. gr. samningsins, sem stofnanir Evrópubandalagsins beina til fyrirtækja í Noregi, skulu ekki vera aðfararhæfar í Noregi.

5. gr.

Án hindrunar vegna lögboðinnar þagnarskyldu geta norsk stjórnvöld veitt eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum þær upplýsingar sem eftirlitsstofnunin og dómstóllinn geta krafist samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið og samningi EFTA-ríkjanna um að koma á fót eftirlitsstofnun og dómstól.

6. gr.

Lög þessi ná ekki til Svalbarða.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Noreg varðar.

Fylgiskjal X.

Úr þýðingu á sænsku stjórnarfrumvarpi um Evrópska efnahagssvæðið.

5. gr.

Fyrirmælum í lögum þessum eða í öðrum lögum, sem gefin eru út til þess að standa við skuldbindingar Svíþjóðar samkvæmt EES-samningnum, skal beita hvað svo sem að öðru leyti er kveðið á um í lögum. Samsvarandi gildir um ákvæði í öðrum réttarreglum en lögum.

Fylgiskjal XI.

Þýddir kaflar úr greinargerð með norska stjórnarfrumvarpinu til staðfestingar á EES-samningnum.

Úr kafla 8.10.1.

Niðurstaða þessarar umfjöllunar er sú að Stórþingið verður að veita heimild til staðfestingar á EES-samningnum og EFTA-samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn samkvæmt málsmeðferð 93. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. með ¾ hlutum greiddra atkvæða í atkvæðagreiðslu sem að minnsta kosti ⅔ hlutar þingmanna taka þátt í. Ástæðan fyrir því er skipulagið við framkvæmd samkeppnisreglnanna í EES-samningnum og í EFTA-samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Að öðru leyti eru ekki í EES-samningnum eða áðurnefndum EFTA-samningi atriði sem gera það nauðsynlegt að beita 93. gr. Það er fyrst og fremst EFTA-samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn sem veldur því að beita þarf 93. gr., sjá sérstaklega 19. gr., og bókun 4 í þeim samningi. Gagnvart sjálfum EES-samningnum kemur 93. gr. aðeins inn í sambandi við þær reglur sem gera ráð fyrir að eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn hafi vald til þess að taka ákvarðanir sem taka beint gildi í Noregi. Hér er sérstaklega vísað til 110. gr. EES-samningsins og til bókunar 21 í samningnum.

Úr kafla 8.10.7.3.3.

Umsögn lagadeildar dómsmálaráðuneytisins í þskj. 3 (1961–62), sem er ítrekuð í kafla 8.10.7.3.2, hlýtur eðli sínu samkvæmt að vera allmikilvæg rök fyrir því að álíta nauðsynlegt að beita 93. gr. stjórnarskrárinnar þegar Stórþingið á að veita heimild til að gera EES-samninginn og EFTA-samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Umsögn lagadeildarinnar átti, eins og kemur fram í áðurnefndum kafla, þátt í að mynda grundvöllinn að mati Stórþingsins á því hvort þörf væri á nýrri 93. gr. í stjórnarskránni.

Skilyrðislaust afgerandi í sjálfu sér getur þetta samt ekki verið. En ríkisstjórnin getur ekki séð það öðruvísi, einnig eins og staðan er í dag, en að lagadeildin bendi á mikilvægt atriði í sambandi við 93. gr. stjórnarskrárinnar þegar tekið er fram að framkvæmdaskipulagið vegna samkeppnisreglnanna í EB feli í sér einhliða afsal á valdi af hálfu norskra ríkisstofnana til handa alþjóðastofnun en ekki gagnkvæmt skipulag lögsagnar milli hliðstæðra ríkja.

Það getur ekki ráðið úrslitum sem gagnrök í þessu sambandi að þeir málaflokkar, sem héðan af á að fjalla um á alþjóðavettvangi, eru að litlu leyti fallnir til umfjöllunar hjá þjóðinni og hefur í framkvæmd e.t.v. í litlum mæli verið fjallað um þá af verðlags- og samkeppnisstofnunum þjóðarinnar. Tilgangurinn með 93. gr. stjórnarskrárinnar hlýtur einmitt að vera sá að opna fyrir alþjóðasamstarf á þeim sviðum sem hinu hefðbundna þjóðarríki er ekki gerlegt að meðhöndla á áhrifaríkan hátt.

Fylgiskjal XII.

Ályktun landsfundar Kvennalistans 1992 um afstöðuna til EES.

Innan Kvennalistans hefur frá upphafi verið sívakandi umræða um stöðu Íslands í heimi þjóðanna. Við kvennalistakonur hljótum að spyrja hvaða þróun verði líklegust til að bæta stöðu kvenna, hvernig lýðræði verði best tryggt, hvaða leiðir eigi að feta og hvers konar samfélagsþróun muni stuðla að jafnvægi manns og náttúru. Það er ljóst að þessum spurningum og öðrum svara konur innan Kvennalistans á fleiri en einn veg þótt endanlegt markmið sé hið sama, að bæta stöðu kvenna.

Á síðustu missirum hafa margar spurningar vaknað um samstarf við þjóðir Evrópu og þá ekki síst sú spurning hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið á tímum mikilla breytinga. Umræður hafa leitt í ljós að innan Kvennalistans ríkir ekki einhugur um það með hvaða hætti staða Íslands verði best tryggð miðað við þá kosti sem nú eru uppi. Í stefnuskrá Kvennalistans er ítrekuð nauðsyn þess fyrir kvenfrelsisafl að hlusta eftir mismunandi röddum kvenna og taka mið af fjölbreytileika þeirra í allri stefnumörkun. Landsfundur Kvennalistans viðurkennir að skoðanir varðandi afstöðu samtakanna til EES og EB eru skiptar. Landsfundur Kvennalistans telur þau skoðanaskipti sem orðið hafa ekki gefa tilefni til að breyta yfirlýstri stefnu varðandi aðildina að EES og EB.

Kvennalistakonur tóku þá afstöðu fyrir síðustu kosningar að þær vildu móta framtíð Íslendinga utan hins Evrópska efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins. Landsfundur Kvennalistans 1992 áréttar þá yfirlýstu stefnu samtakanna. Landsfundurinn minnir á að ákvarðanir hans eru stefnumarkandi fyrir starfsemi hans innan þings sem utan en leggur áherslu á að samtökin gera ekki þá kröfu til Kvennalistakvenna að þær greiði atkvæði gegn eigin sannfæringu.

Kvennalistinn telur eðlilegt og skylt að leggja samninginn um EES í dóm þjóðarinnar til synjunar eða samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Samningurinn um EES er eitt stærsta utanríkismál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir á lýðveldistímanum og það er réttur þjóðarinnar að velja sér framíð og örlög. Landsfundur Kvennalistans 1992 skorar á alþingismenn að samþykkja framkomna þingsályktunartillögu um að bera aðildina að EES undir þjóðaratkvæði. Þá leggur landsfundurinn áherslu á að Alþingi eyði öllum vafa um að samningurinn standist gagnvart íslensku stjórnarskránni.

412. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri. Stuðst var við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Neytendasamtökunum, ASÍ og VSÍ. Þá var leitað eftir umsögn iðnaðarnefndar um 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, og gerði iðnaðarnefnd ekki athugasemdir við ákvæðið.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu. Annars vegar að felldar verði brott tilvitnanir í tilskipanir Evrópubandalagsins og hins vegar er lagt til að í stað orðsins „svæðisríki“ verði notað „aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins“.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þeim sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Sólveig Pétursdóttir.

Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara. Sigríður A. Þórðardóttir.

413. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, RG, SP, IBA, SAÞ).

1. Við 1. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins vera undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.
   b. Í stað orðanna „svæðisríkja en Íslands“ í 3. efnismgr. komi: aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Við 2. gr. 3. efnismálsl. orðist svo: Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins vera undanþegnir skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

414. Frumvarp til laga [284. mál]

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

I.
Niðurfelling aðstöðugjalds á árinu 1993.

Innheimta á aðstöðugjaldi skv. V. kafla, sem lagt er á gjaldárið 1993 vegna rekstrar á árinu 1992, skal falla niður. Ákvæði V. kafla skulu að öðru leyti gilda um framtal, álagningu og aðra meðferð gjalds þessa.

Ákvörðun sveitarstjórnar, sbr. 39. gr. og 36. gr. um gjaldstig og gjaldflokka, sem gilti á gjaldárinu 1992 vegna rekstrar ársins 1991, skal í einu og öllu gilda óbreytt við álagningu skv. 1. mgr.

Í stað aðstöðugjalds gjaldársins 1993 skulu sveitarfélög fá sérstakt framlag úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs skal vera fjárhæð sem svarar til 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldárið 1993 sem hefði fallið til hvers sveitarfélags ef ekki hefði komið til niðurfelling gjaldsins.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skal sveitarfélögum greitt með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 vegna rekstrar á árinu 1991 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 3. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánuðina febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 3. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Leiði breytingar skattstjóra, við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni, til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 4. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag. Félagsmálaráðherra skal í samráði við fjármálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig staðið skuli að þeirri ákvörðun.

II.
Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða I skulu 120 milljónir króna af framlagi ríkissjóðs renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skal þeim varið til greiðslu jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr. Fjárhæð þessa skal draga frá óskiptu framlagi ríkissjóðs til sveitarfélaganna í ágústmánuði 1993 og greiða þegar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

III.
Önnur lagaákvæði um aðstöðugjaldsstofn.

Framkvæmd á ákvæðum laga um kirkjugarðs-, útflutningsráðs-, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, svo og öðrum reglum er kveða á um að aðstöðugjaldsstofn sé að einu og öðru leyti grundvöllur gjaldaútreiknings og þess háttar, sbr. t.d. ákvæði um landsútsvar, skal, þrátt fyrir niðurfellingu á innheimtu aðstöðugjalds, standa óhögguð gjaldárið 1993.

IV.
Skerðing á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. skal á árinu 1993 skerðast um 110 milljónir króna. Upphæð þessi skal koma til lækkunar á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga skv. c-lið 12. gr.

V.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta álagðs aðstöðugjalds verði felld niður á árinu 1993 og í kjölfar þess verði sveitarfélögunum bætt upp tekjutapið til bráðabirgða á því ári með hlutdeild í tekjuskatti ríkisins árið 1993. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember sl. um aðgerðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna við auknu atvinnuleysi. Reiknað er með að niðurfelling aðstöðugjaldsins verði til frambúðar og að á árinu 1993 verði lög um tekjustofna sveitarfélaga endurskoðuð með það að markmiði að finna sveitarfélögunum nýjan tekjustofn í stað aðstöðugjaldsins. Þetta er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, en í samkomulagi þessu var einnig gert ráð fyrir sérstöku framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tekið yrði af óskiptu framlagi ríkissjóðs til sveitarfélaganna vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins.

Um bráðabirgðaákvæði I.

Í þessu bráðabirgðaákvæði er lagt til að á árinu 1993 verði aðstöðugjald lagt á með sama hætti og verið hefur og í fullu samræmi við ákvæði V. kafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórnir skulu þó ekki taka nýjar ákvarðanir um gjaldstig og gjaldflokka aðstöðugjaldsins heldur skal gilda óbreytt ákvörðun sveitarstjórna um þetta efni frá árinu 1992. Aftur á móti er lagt til að innheimta gjaldsins falli niður og til að bæta sveitarfélögunum upp það tekjutap er lagt til að þau fái hlutdeild í tekjuskatti ríkisins sem nemi 80% af álögðu aðstöðugjaldi samkvæmt aðstöðugjaldsstofni í öllum sveitarfélögunum miðað við árið 1992, með þeim breytingum til hækkunar og lækkunar sem gerðar verða við yfirferð framtala og úrskurð á kærum. Framlagið verði greitt sveitarfélögunum með samtals 10 greiðslum fyrsta dag mánuðina febrúar til júní og ágúst til desember 1993.

Lagt er til að félagsmálaráðherra setji í samráði við fjármálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð þar sem kveðið er á um hvernig standa skuli að ákvörðunum og framkvæmd á breytingum þeim er yfirferð framtala og úrskurður á kærum kann að leiða af sér.

Þar sem lagt er til að atvinnurekstrinn greiði ekki aðstöðugjald árið 1993 vegna rekstrar ársins 1992 leiðir af sjálfu sér að aðstöðugjaldið verður ekki fært til gjalda sem rekstrarkostnaður aðila, en í þessu sambandi er rétt að geta þess að fyrirhugað er að fjármálaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, m.a. hvað þetta atriði varðar.

Um bráðabirgðaákvæði II.

Í bráðabirgðaákvæðinu er lagt til að varið verði 120 milljónum króna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af óskiptu framlagi ríkissjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði I. Framlagi þessu verði einungis varið til jöfnunarframlaga skv. 14. gr. og það verði greitt sjóðnum í ágústmánuði en reiknað er með að greiðsla jöfnunarframlaga til sveitarfélaganna hefjist í september.

Um bráðabirgðaákvæði III.

Hér er kveðið á um að framkvæmd á ákvæðum laga og reglna, sem kveða á um að aðstöðugjaldsstofn sé að einu eða öllu leyti grundvöllur gjaldaútreiknings og þess háttar, skuli standa óhögguð á árinu 1993. Einnig er undirstrikað að öll núgildandi lagaákvæði um landsútsvör skulu standa óhögguð 1993.

Um bráðabirgðaákvæði IV.

Í tengslum við niðurskurð ríkisútgjalda er hér lagt til að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist á árinu 1993 um 110 milljónir króna. Lagt er til að þetta leiði til lækkunar á framlagi sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga en hafi ekki áhrif á önnur framlög sjóðsins. Lánasjóður sveitarfélaga er mjög öflugur sjóður með mikið eigið fé. Þrátt fyrir þessa skerðingu á árinu 1993 á hann því að geta haldið uppi eðlilegri útlánastarfsemi með sama hætti og verið hefur.

Um bráðabirgðaákvæði V.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

415. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, og um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 15. gr. laganna (sem var 14. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 135.600 kr.

2. gr.

16. gr. laganna (sem var 15. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa tvö börn sín eða fleiri undir 18 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með tveimur börnum	36.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	93.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 52. gr. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. falla niður orðin „og stjórnun aflvéla og ökutækja“.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.

4. gr.

C-liður 1. mgr. 29. gr. fellur niður.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 59/1978, hljóðar svo:

Launþegar skv. c-lið 30. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 43. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992:

1. B-liður 1. mgr. orðast svo:
   b. Samkvæmt tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þó sjúklingur hafi ekki tilvísun.
2. C-liður 1. mgr. orðast svo:
   c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

7. gr.

44. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfrækt-

ar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónstu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

8. gr.

48. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

9. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í Þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í Þjóðskrá.

10. gr.

71. gr. laganna fellur niður.

II. KAFLI
Um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

11. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Samábyrgðin hf. — vátryggingafélag.

Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þ.e. félagið sjálft ásamt öllum eignum þess og skuldbindingum, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

12. gr.

Hlutverk Samábyrgðarinnar hf. skal vera starfsemi á vátryggingarsviði. Félagið annast einnig skylda starfsemi samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess og í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi og hlutafélagalaga.

13. gr.

Fastráðnir starfsmenn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum skulu hafa rétt til starfa hjá Samábyrgðinni hf. og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum, á því ekki við um þá starfsmenn.

14. gr.

Stofnfund Samábyrgðarinnar hf. skal halda eigi síðar en 1. maí 1993. Þar skal leggja fram til samþykktar stofnsamning og félagssamþykktir hins nýja félags. Fyrir þann tíma skal stofnaðili félagsins, að frumkvæði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, vinna að því að afla félaginu starfsleyfis sem vátryggingafélagi og undirbúa flutning vátryggingarstofna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til Samábyrgðarinnar hf. í samræmi við lög um vátryggingarstarfsemi. Samábyrgðin hf. yfirtekur réttindi og skyldur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum samkvæmt reikningsskilum sem miðast við 1. janúar 1993.

Við yfirfærslu vátryggingarstofnanna gangast vátryggingartakar undir sambærilega vátryggingarskilmála hjá Samábyrgðinni hf. og þeir höfðu áður. Uppsagnarréttur myndast ekki við flutning vátryggingarstofnanna.

15. gr.

Selji ríkissjóður hlutabréf sín í Samábyrgðinni hf., að hluta til eða öllu leyti, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

16. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með eignarhluta ríkisins í Samábyrgðinni hf.

17. gr.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

III. KAFLI
Gildistökuákvæði.

18. gr.

Ákvæði I. kafla öðlast gildi 1. janúar 1993. Önnur ákvæði öðlast þegar gildi. Hinn 1. maí 1993 falla úr gildi lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingum, enda hafi Samábyrgðin hf. þá yfirtekið vátryggingarstofna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Þó skal 17. gr. laga nr. 37/1978 falla úr gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir 1993 og ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Þessar breytingar koma fram í I. kafla þessa frumvarps. Þá hefur verið ákveðið að breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag. Hlutabréf í hinu nýja félagi verða í eigu ríkissjóðs en gert er ráð fyrir að ríkissjóður selji bréfin strax á árinu 1993. Nauðsynleg lagaákvæði vegna þessa eru í II. kafla þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákveðið hefur verið að lækka mæðra- og feðralaun í þeim mæli að þau falli niður með fyrsta barni og lækki samsvarandi með tveimur börnum og fleiri. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að tekjutengja greiðslu mæðra- og feðralauna með tveimur börnum eða fleirum. Til mótvægis hækkar barnalífeyrir og meðlag. Hækkunin er nokkru minni en lækkun mæðra- og feðralaunanna þar sem þau eru skattlögð en meðlög og barnalífeyrir ekki. Jafnframt verður biðtími sá, sem einstæðir foreldrar hafa eftir að sambúð hefur verið tilkynnt, styttur úr tveimur árum í eitt. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 15. og 16. gr. laga um almannatryggingar vegna þessa.

Um 3.–5. gr. og 10. gr.

Unnið hefur verið að því að einkavæða slysatryggingar almannatrygginga. Ákveðið hefur verið að stíga fyrsta skrefið í þessa átt með því að fella niður slysatryggingu ökumanns úr ákvæðum laga um almannatryggingar.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 27., 29. og 36. gr. almannatryggingalaga sem fjalla um slysatrygginu ökumanns, auk þess sem 71. gr. laganna er felld niður.

Um 6. gr.

Ákveðið hefur verið að sjúkratryggingar greiði ekki fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir nema sjúklingur hafi tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni. Þetta þýðir að meginreglan verður sú að ef sjúklingur fer til sérfræðings án milligöngu heimilislæknis eða heilsugæslulæknis þá verður sjúklingurinn að greiða sjálfur reikning sérfræðingsins. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið undanþágur frá tilvísanaskyldunni.

Ákveðið hefur verið að draga enn úr lyfjakostnaði. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu á greiðslu sjúkratryggingar fyrir lyf að einungis lífsnauðsynleg lyf verði ókeypis. Vegna allra annarra lyfja þurfi sjúklingar að greiða hlutdeild í kostnaði í samræmi við reglur sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er og gert ráð fyrir að skilja á milli skráningar lyfja og greiðsluþátttöku ríkisins þannig að í hvert sinn sem nýtt lyf er skráð hér á landi þurfi að ákveða sérstaklega hvort og þá með hvaða hætti sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu kostnaðar vegna viðkomandi lyfs.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á b- og c-liðum 43. gr. almannatryggingalaga vegna þessa.

Um 7. gr.

Ákveðið hefur verið að breyta greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra í tannlæknakostnaði. Þannig mun greiðsluþátttakan vegna tannlækninga, þar á meðal tannverndar, verða 25%. Tannréttingar eru þó aldrei greiddar nema í þeim tilvikum að hún falli undir 39. gr. almannatryggingalaga. Þá er og breytt greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækningum aldraðra og öryrkja og hún bundin við að viðkomandi njóti tekjutryggingar, óskertrar eða skertrar.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 44. gr. laga um almannatryggingar vegna þessa.

Um 8. gr.

Skýrari ákvæði eru hér sett í 48. gr. laga um almannatryggingar um heimild sjúkratryggingadeildar til að gera samninga um einstaka þætti þeirrar þjónustu sem henni ber að veita, þar á meðal með útboði.

Um 9. gr.

Eðlilegt er talið að stytta biðtíma þann sem sambýlisfólk hefur til að öðlast rétt sem hjón úr tveimur árum í eitt. Af þessu leiðir að þegar sambúð hefur varað í eitt ár eignast viðkomandi sama rétt til almannatrygginga og hjón og missir að sama skapi rétt sem fylgja einstæðum foreldrum. Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 52. gr. laga um almannatryggingar vegna þessa.

Um II. kafla.

Vegna EES-samningsins þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 37/1978, með síðari breytingu. Fella þarf niður einkarétt Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á því að endurtryggja fyrir bátaábyrgðarfélögin, sbr. 2. gr. laganna. Sömuleiðis þarf að fella niður skattaívilnanir sem Samábyrgðin hefur notið en hún hefur verið undanþegin tekjuskatti og eignarskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, sbr. 17. gr.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna þessa jafnframt því sem ákveðið hefur verið að breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag.

Skiptar skoðanir eru á því hver eigi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Lögmaður Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður tók saman lögfræðilegt álit um þetta efni. Um Samábyrgðina segir lögmaðurinn svo í álitinu:

„. . . Samábyrgðin er einfaldlega stofnun sem starfar eftir gildandi lögum á hverjum tíma. Afstaða ríkisvaldsins til félagsins ræðst af lagafyrirmælunum. Þar er ekki um að

ræða eignarrétt í þeim skilningi sem það hugtak hefur venjulega. Þannig getur ríkisvaldið t.d. ekki gert með félagið neinar þær ráðstafanir sem hefðbundinn eignarréttur venjulega heimilar eiganda eignar. Sama er að segja um bátaábyrgðarfélögin. Afstaða þeirra til Samábyrgðarinnar er ekki eignarréttur í lögfræðilegum skilningi. Hún ræðst einfaldlega af gildandi lagafyrirmælum á hverjum tíma.

Af þessu leiðir að Alþingi getur gert hverjar þær ráðstafanir með Samábyrgðina og eignir hennar sem það kýs. Við þær ráðstafanir verður aðeins að gæta að því að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila sem eiga gild fjárhagsleg réttindi á hendur Samábyrgðinni samkvæmt samningum við hana eða á öðrum grundvelli. Að því athuguðu sýnist löggjafinn geta t.d. lagt félagið niður og látið eignir þess renna í ríkissjóð, ákveðið að breyta félaginu í hlutafélag þannig að ríkissjóður fái allt hlutaféð eða þannig að hlutafénu sé deilt út til bátaábyrgðarfélaganna og annarra viðskiptamanna félagsins eftir gefnum reglum."

Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir því að í upphafi verði öll hlutabréf í Samábyrgðinni hf. — vátryggingafélagi í eigu ríkissjóðs. Áætlað er að ríkissjóður selji þessi hlutabréf strax á árinu 1993.

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að breyta Samábyrgð Íslands á fiskiskipum í hlutafélag.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem heiti Samábyrgðin hf. — vátryggingafélag. Til þessa hlutafélags renni eignir Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Greinin gerir ráð fyrir því að við stofnun sé allt hlutafé í félaginu í eigu ríkissjóðs.

Um 12. gr.

Hlutverk hins nýja félags yrði starfsemi á vátryggingarsviði og önnur starfsemi samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess og í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi. Áréttað er að hér er um almennt vátryggingafélag á hlutafélagaformi að ræða sem lýtur þess vegna bæði lögum um vátryggingarstarfsemi og hlutafélagalögum.

Skattfríðindi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum munu falla niður 1. janúar 1993, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Hið nýja félag mun því greiða opinber gjöld með sama hætti og önnur vátryggingahlutafélög.

Um 13. gr.

Eins og tíðkast með ríkisfyrirtæki, sem breytt er í hlutafélög, er hér gert ráð fyrir að fastráðnir starfsmenn Samábyrgðarinnar hafi rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 eiga því ekki við. Þeir starfsmenn Samábyrgðarinnar, sem greitt hafa í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga rétt á því áfram.

Um 14. gr.

Rétt þykir að setja tímamörk um það hvenær halda skuli stofnfund hins nýja félags. Nauðsynlegt er að halda hann eins fljótt og mögulegt er eftir að tekin hefur verið ákvörðun um stofnun félagsins, en það er talið vera 1. maí 1993 miðað við að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi í desember 1992. Slitaverðmæti byggir á ársreikningum fyrir árið 1992. Í ársbyrjun þarf að setja á fót undirbúningshóp til þess að undirbúa stofnun félagsins og afla því starfsleyfis í samræmi við lög um vátryggingarstarfsemi. Í því sambandi má nefna að semja þarf samþykktir fyrir félagið og vátryggingarskilmála og út-

búa iðgjaldagrundvöll. Yfirtaka er látin miðast við 1. janúar 1993, þ.e. frá þeim tíma sem mat á slitaverðmæti félaganna miðast við. Við þann tíma miðast einnig afnám skattafríðinda hins nýja félags.

Við yfirfærslu vátryggingarstofnanna gangast vátryggingartakar undir sambærilega vátryggingarskilmála hjá hinu nýja félagi og þeir höfðu áður. Þessir vátryggingarskilmálar verða með venjulegum uppsagnarákvæðum, t.d. eins mánaðar uppsagnarfrestur fyrir lok samningstímabils, en uppsagnarréttur myndast ekki við flutninginn sjálfan. Þetta er áréttað í 2. mgr. 15. gr.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ríkissjóður leiti samþykkis Alþingis fyrir sölu hlutabréfa sinna í hinu nýja félagi.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fari með eignarhluta ríkisins í félaginu.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að II. kafli laganna öðlist þegar gildi. Hinn 1. maí 1993 falla úr gildi lögin um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Niðurfelling þessara laga er þó skilyrt því að hið nýja hlutafélag hafi verið stofnað og yfirtekið starfsemi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Skattfríðindin falla þó niður miðað við 1. janúar 1993.

Gert er ráð fyrir að I. kafli laganna öðlist gildi 1. janúar 1993.

416. Lög [7. mál]

um vog, mál og faggildingu.

(Afgreidd frá Alþingi 4. des.)

Samhljóða þskj. 400.

417. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 2. tölul. komi: 10.
b. 4. tölul. stafliðarins falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 8. tölul. komi: 10.
b. 11. tölul. greinarinnar fellur niður.

3. gr.

54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna falla brott.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „32,8“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 34,3.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. A-liðar koma tveir nýir málsliðir er orðist svo: Barnabætur skulu árlega vera 6.220 kr. með fyrsta barni en 19.295 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 20.240 kr. hærri en fyrrgreindar fjárhæðir.
b. 1. og 2. málsl. 2. mgr. A-liðar orðast svo: Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 46.710 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabætur vera 49.660 kr. en þó 69.900 kr. sé það yngra en sjö ára.
c. 2. mgr. B-liðar orðast svo:
   Barnabótaauki skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa stafliðar. Óskertur barnabótaauki skal vera 99.000 kr. vegna barns á framfæri hjóna en 114.000 kr. vegna barns á framfæri einstæðs foreldris.
d. Í stað fjárhæðanna „1.098.000“ og „732.000“ í 3. mgr. B-liðar koma: 1.043.000 og 695.000.
e. Í stað orðsins „vaxtagjöldum“ í 1. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 90% vaxtagjalda.
f. Í stað orðsins „tvöfalt“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 80%.
g. Í stað fjárhæðanna „438.000“, „575.000“ og „712.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar koma: 394.000, 518.000 og 641.000.

6. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

Tekjuskattur lögaðila skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

7. gr.

2. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

8. gr.

89. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Fjármálaráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. fellur niður.
c. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 102. gr. A.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.
f. Í stað orðsins „sakadóms“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: héraðsdóms.

10. gr.

5. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

11. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. er orðast svo:

Hafi ríkisskattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

12. gr.

102. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skatteftirlits og skatteftirlit á landinu öllu. Skatteftirlitið nær til eftirlits samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir ríkisskattstjóra samkvæmt þessari grein gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 102. gr. A laganna og, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins, skattrannsóknir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði eða eftir kæru hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn samkvæmt þessari grein hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

14. gr.

a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 104., 105. og 108. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 115. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

15. gr.

1. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

16. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1993, ákvörðun bóta á því ári og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 2. gr., 3. gr., c- og d-liða 5. gr. og 6. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og ákvörðun barnabótaauka á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. gr. laga þessara má á árunum 1993–1996 draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga nr. 75/1981, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á þeim árum samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum og ekki hærra hlutfall af því fé sem varið er til fjárfestingarinnar en hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árinu 1993 skal hann eigi vera hærri en 80% fjárhæðarinnar.
b. Vegna fjárfestingar á árinu 1994 skal hann eigi vera hærri en 60% fjárhæðarinnar.
c. Vegna fjárfestingar á árinu 1995 skal hann eigi vera hærri en 40% fjárhæðarinnar.
d. Vegna fjárfestingar á árinu 1996 skal hann eigi vera hærri en 20% fjárhæðarinnar.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu árum en þó ekki lengur en til loka ársins 1996. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. tvö ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði bráðabirgðaákvæðis þessa skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á.

Hámarksfjárhæðir skv. 2. málsl. 1. mgr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

Þann 1. janúar 1997 falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1997 skulu menn njóta frádráttar frá tekjum vegna fjárfestinga á árinu 1996.

II.
Fjárfestingarsjóður.

Ákvæði 54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna skulu gilda m.a. um bindingu, ráðstöfun og viðurlög uns fjárfestingarsjóður hefur að fullu verið nýttur.

III.
Tekjuskattur lögaðila.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 vera 38% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

IV.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal á árinu 1994 og 1995 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.400.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 4.800.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.400.000 kr. reiknast þeim hvor sinn hluti hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.400.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur skal lagður á í fyrra skiptið álagningarárið 1994 vegna tekna ársins 1993 og í síðara skiptið álagningarárið 1995 vegna tekna ársins 1994.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

V.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1994 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1993. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1993 vegna tekna á árinu 1992 sem er umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1995 skal

fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1994. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1994 vegna tekna á árinu 1993 umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, skal mismunurinn taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

VI.

Um sérstakan tekjuskatt, sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði IV og V, skulu ákvæði VIII.–XIV. kafla laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

VII.

Um ráðstöfun tekjuskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 109. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal af innheimtum tekjuskatti ársins 1993 renna til sveitarfélaga fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skal sveitarfélögum greitt með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 1. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánaðanna febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 1. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Nánar skal kveðið á um fyrirframgreiðslu þessa og uppgjör með reglugerð.

Leiði breytingar skattstjóra við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 4. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag.

VIII.

Málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Meðferð þeirra mála, sem nú eru til rannsóknar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og er ólokið 1. janúar 1993, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins annast.

IX.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 skal aðstöðugjald, álagt á árinu 1993 vegna rekstrar á árinu 1992 en er fellt niður við innheimtu, ekki færast til gjalda sem rekstrarkostnaður.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. greinarinnar fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 2. mgr. greinarinnar kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
d. Í stað orðanna „Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri“ í upphafi 3. mgr. greinarinnar kemur: Skattyfirvöld.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar kemur: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

19. gr.

26. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

20. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

21. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 1. júlí 1993.

22. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi 1. janúar 1993.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „er nemur fjórðungi árlegs innleggs“ kemur: skv. 2. mgr.
b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er hljóðar svo:

Skattafsláttur skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Á árinu 1994 skal skattafslátturinn vera 20% af innleggi á tekjuárinu 1993.
2. Á árinu 1995 skal skattafslátturinn vera 15% af innleggi á tekjuárinu 1994.
3. Á árinu 1996 skal skattafslátturinn vera 10% af innleggi á tekjuárinu 1995.
4. Á árinu 1997 skal skattafslátturinn vera 5% af innleggi á tekjuárinu 1996.
5. Eftir árslok 1996 skapa innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga ekki rétt til skattafsláttar samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar skulu ekki gilda þótt maður, sem stofnað hefur húsnæðissparnaðarreikning fyrir 1. janúar 1993, geri ekki skil á öllu umsömdu innleggi sem leggja bar inn eftir þann tíma.

25. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga á árinu 1993 og eigna í lok þess árs.

Frá 1. janúar 1997 falla brott lög nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1997 skulu menn njóta skattafsláttar vegna innleggs á árinu 1996.

V. KAFLI
Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

26. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1993 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

27. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

28. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1992 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

29. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1992.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

30. gr.

Með skattframtali 1993 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1992. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 29. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 27. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1993 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

31. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 28. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

32. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

33. gr.

Skatt samkvæmt þessum kafla má draga frá tekjum rekstrarársins 1992 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

34. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd kafla þessa með reglugerð.

35. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1993.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

36. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir:

1. Fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.
3. Ferðaþjónustu, nánar tiltekið hótelgisting, ferðaskrifstofur, veitingarekstur, fólksflutningar og útleiga bifreiða. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um gjaldskyldu samkvæmt þessum tölulið og skiptingu gjaldsins í sérstakt og almennt gjald samkvæmt þessari grein hjá þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur bæði undir almennan og sérstakan gjaldflokk.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð umfram 6% af launum.
b. 2. málsl. 3. tölul. orðast svo: Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.

38. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1993 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1994. Ákvæði 36. gr. kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
b. 8. tölul. orðast svo: Fasteignaleiga. Útleiga tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta er þó skattskyld. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
c. 13. tölul. fellur brott.

40. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum nr. 75/1981,

um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
b. Síðari málsliður 7. tölul. orðast svo: Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
c. 9. tölul. fellur brott.
d. 10. tölul. fellur brott.
e. 11. tölul. fellur brott.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.
b. Við 3. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
c. Við 1. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
d. Við fyrri málslið 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
e. Við síðari málslið 2. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.

43. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:

1. Fólksflutningar, að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
2. Útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
3. Milliganga um ferðaþjónustu.
4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
6. Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

44. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum er skylt, eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð, að auðkenna ökutæki sín þegar virðisaukaskattur af öflun þeirra eða leigu telst til innskatts.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Við 5. málsl. 1. mgr. bætist: eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.

46. gr.

8. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

47. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 28. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

48. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð veitt undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
d. 4. mgr. orðast svo:

Skattyfirvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 5. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 1. og 2. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

52. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% virðisaukaskatts.

53. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærri fjárhæð en 11% af útreiknuðu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

54. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 47. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

55. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993. Þó skulu eftirfarandi greinar taka gildi sem hér segir:

a. 39. gr. og 1., 2. og 3. tölul. 43. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994.
b. c- og d-liðir 41. gr. og 4., 5. og 6. tölul. 43. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. júlí 1993.

56. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 55. gr. laga þessara er þeim aðilum, sem leigja út hótel- og gistiherbergi, heimilt að skrá sig frjálsri skráningu frá 1. janúar 1993 til og með 31. des. 1993.

Aðilar, sem skráðir eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

II.

Þeir sem verða skráningarskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1993.

III.

Þeim aðilum, sem notið hafa innskattsfrádráttar við öflun og rekstur bifreiðar fyrir 1. janúar 1993, er skylt að auðkenna bifreiðar sínar með sérstökum skráningarmerkjum fyrir 1. júlí 1993.

IV.

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, sbr. 55. gr. laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku skv. 55. gr. laga þessara eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sem 1. mgr. þessa ákvæðis tekur til, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld fyrir gildistöku laga þessara, þó ekki ef sannað er að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

57. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að sambærileg norræn menningarverðlaun falli undir 1. mgr.

58. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og skulu koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á gildandi skattalögum. Þessar breytingar tengjast með einum eða öðrum hætti efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru á Alþingi 23. nóvember sl.

Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir meginþáttum efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar, einkum þeim sem snúa að ríkisfjármálum. Síðan er umfjöllun um einstaka þætti og birtar töflur sem sýna helstu áhrif þeirra. Loks er gerð grein fyrir efnisatriðum einstakra greina frumvarpsins.

1. Efnahagsaðgerðirnar.

Meginmarkmið efnahagsaðgerðanna er að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, einkum gagnvart vaxandi erlendri samkeppni, og hamla gegn auknu atvinnuleysi. Með aðgerðunum er stefnt að því að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta og arðbærri fjárfestingu og leggja þannig grunn að auknum hagvexti á næstu árum. Forsenda árangurs í þessum efnum er að dregið verði úr hallarekstri ríkissjóðs og lánsfjárþörf annarra opinberra aðila.

Veigamikill þáttur í efnahagsaðgerðunum er niðurfelling aðstöðugjalds. Eftir því sem alþjóðaviðskipti verða frjálsari og samkeppni meiri verður mikilvægara að skapa íslensku atvinnulífi sambærileg starfsskilyrði og í öðrum löndum. Í fjárlagafrumvarpi voru jafn-

framt kynnt áform ríkisstjórnarinnar um að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila úr 45% í 33%. Með þessum aðgerðum og gengislækkuninni styrkist samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verulega.

Afnám aðstöðugjalds hefur mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og kallar á heildarendurskoðun á tekjustofnum þeirra. Nauðsynlegt er að undirbúa þá endurskoðun vandlega. Á næsta ári verða sveitarfélögum tryggðar svipaðar tekjur og þau hefðu haft af álagningu aðstöðugjalds, með beinum greiðslum úr ríkissjóði.

Á næsta ári er einnig gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi úr ríkissjóði til viðhaldsverkefna. Það kemur til viðbótar fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 2 milljörðum króna til opinberra framkvæmda og er þannig liður í að treysta atvinnu.

Efnahagsaðgerðirnar krefjast sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum enda mikilvægt að þær verði ekki til þess að veikja stöðu ríkissjóðs þar sem slíkt vinnur gegn meginmarkmiðum aðgerðanna um að treysta atvinnulífið, m.a. með lækkun vaxta. Helstu þættir aðgerðanna eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuskattshlutfall einstaklinga hækki úr 32,8% í 34,3%. Að meðtöldu útsvari sveitarfélaga hækkar innheimtuhlutfall í staðgreiðslu úr 39,85% í 41,35%. Næstu tvö ár verður auk þess lagður á sérstakur 5% hátekjuskattur utan staðgreiðslu. Enn fremur er áformað að lækka útgjöld ríkissjóðs vegna barnabóta um 500 m.kr. á næsta ári. Þá verður dregið úr kostnaði vegna vaxtabóta. Reglur um reiknuð laun einstaklinga í atvinnurekstri verða endurskoðaðar. Loks er stefnt að sérstöku átaki í skatteftirliti.

Í öðru lagi verður undanþágum frá virðisaukaskatti fækkað og starfsemin felld inn í nýtt og lægra skattþrep, 14%. Þessi breyting var boðuð í fjárlagafrumvarpi samhliða lækkun á almenna skatthlutfallinu. Hér verður hins vegar sú breyting á að almenna skatthlutfallið helst óbreytt til þess að standa straum af auknum útgjöldum ríkissjóðs. Í tengslum við álagningu virðisaukaskatts á ferðaþjónustu verður tryggingagjald á þá starfsemi lækkað úr 6% í 2,5%.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sérstakri hækkun bensíngjalds um 1,50 kr. til að afla viðbótartekna í ríkissjóð.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að grípa til enn frekari sparnaðar- og aðhaldsaðgerða en fólust í fjárlagafrumvarpi til þess að treysta stöðu ríkissjóðs.

Efnahagsleg áhrif aðgerðanna koma fram í minni viðskiptahalla gagnvart útlöndum og þar með dregur úr erlendri skuldasöfnun. Þegar á heildina er litið hafa þessar sérstöku ríkisfjármálaaðgerðir lítil áhrif á verðlag. Á móti verðhækkunaráhrifum vegna fækkunar undanþága í virðisaukaskatti og hækkunar bensíngjalds vegur niðurfelling aðstöðugjalds og lækkun tryggingagjalds í ferðaþjónustu. Næstu mánuði má þó búast við heldur meiri verðbólgu en verið hefur að undanförnu meðan áhrif gengisfellingarinnar eru að ganga yfir. Á síðari hluta ársins dregur aftur úr verðbólgunni. Af þessum ástæðum verður meðalhækkun verðlags á næsta ári ívið meiri en á þessu ári, eða um 3½–4%.

2. Tekjuskattur einstaklinga og lögaðila o.fl.

Tekjuskattur einstaklinga. Gert er ráð fyrir ýmsum breytingum á tekjuskatti einstaklinga. Tekjuskattshlutfallið hækkar úr 32,8% í 34,3%; næstu tvö ár verður lagður á sérstakur 5% hátekjuskattur á tekjur einstaklinga umfram 2.400.000 krónur á ári og árstekjur hjóna umfram 4.800.000 krónur, barnabætur verða lækkaðar, dregið verður úr greiðslu vaxtabóta og reglur um reiknað endurgjald einstaklinga í atvinnurekstri verða endurskoðaðar. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að endurskoða á næsta ári gildandi lagaákvæði um barnabætur og vaxtabætur.

Áætlað er að hækkun skatthlutfalls og álagning hátekjuskatts skili 3.150 m.kr. í ríkissjóð á næsta ári. Þetta jafngildir um 1,4% hækkun á skattbyrði einstaklinga, þ.e. í hlutfalli við tekjur. Að teknu tilliti til lækkunar barnabóta um 500 m.kr. er hækkunin tæplega 1,6%.

Áhrif þessara breytinga koma misþungt niður, mest hjá þeim sem lenda í hátekjuskatti, en minnst hjá hinum tekjulægstu. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að tæplega þriðjungur einstæðra foreldra og 15% hjóna eru undir skattleysismörkum og verða því ekki fyrir skattahækkun.

Barnabætur. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta lækki um 500 m.kr. á næsta ári eða um rúmlega 10%. Heildargreiðslur barnabóta á yfirstandandi ári eru um 4,4 milljarðar króna. Þar af eru um 2 milljarðar króna í formi barnabótaauka sem er tekjutengdur.

Til þess að draga úr áhrifum á hina tekjulægstu er breytingin þannig gerð að almennar barnabætur, sem eru ekki tekjutengdar, eru lækkaðar um 30%. Um það bil þriðjungur þessarar fjárhæðar er síðan færður yfir í tekjutengda hluta kerfisins, þ.e. barnabótaaukann. Með þessari breytingu er vægi barnabótaaukans orðið tvöfalt meira en það var árið 1991 og meiri hluti barnabótagreiðslna orðinn tekjutengdur.

Í meðfylgjandi töflum eru sýnd dæmi um áhrif breytinga á tekjuskatti og barnabótum á skattbyrði einstaklinga. Annars vegar er tekið dæmi af einstæðu foreldri með eitt barn; hins vegar af meðalfjölskyldu, þ.e. hjónum með tvö börn. Áhrifin á tekjulægstu fjölskyldurnar eru hlutfallslega minnst. Þannig hækka heildargreiðslur barnabóta einstæðra foreldra með eitt barn og allt að 150.000 króna mánaðartekjur, þrátt fyrir lækkun á almennu barnabótunum.

Heildaráhrif hækkunar tekjuskatts og lækkunar barnabóta á skattbyrði eru sem fyrr segir metin um 1,6% af tekjum heimilanna. Aftasti dálkurinn í töflunni sýnir hvernig þessi áhrif koma fram í einstökum tekjuhópum. Þar kemur glöggt í ljós að áhrifin eru minnst í lægstu tekjuhópunum, en fara vaxandi eftir því sem tekjurnar hækka.

Áhrif breytinga á tekjuskatti og barnabótum á skattbyrði.

Mánaðartölur, krónur	Tekjuskatts-áhrif	Breyting barnabóta	Heildarbreyting	
I. Einstæðir foreldrar - eitt barn				
60.000	-798	248	-550	-0,9%
90.000, meðaltekjur	**-1.350**	**178**	**-1.172**	**-1,3%**
100.000	-1.500	178	-1.322	-1,3%
150.000	-2.250	178	-2.072	-1,4%
200.000	-3.000	-1.668	-4.668	-2,3%
II. Hjón með tvö börn, annað yngra en sjö ára				
100.000	0	-610	-610	-0,6%
150.000	-2.250	-610	-2.860	-1,9%
200.000	-3.000	-765	-3.765	-1,9%
235.000, meðaltekjur	**-3.525**	**-1.634**	**-5.159**	**-2,2%**
250.000	-3.750	-1.634	-5.384	-2,2%
300.000	-4.500	-1.634	-6.134	-2,0%
400.000	-6.000	-1.634	-7.634	-1,9%
450.000	-9.250	-1.634	-10.884	-2,4%
500.000	-12.500	-1.634	-14.134	-2,8%

Vaxtabætur. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 eru heildargreiðslur vaxtabóta og húsnæðisbóta áætlaðar um 3,1 milljarður króna á næsta ári. Þar af eru vaxtabætur tæplega 2,6 milljarðar króna, en húsnæðisbætur tæplega 600 m.kr.

Í reynd má segja að stuðningur ríkisins við íbúðaeigendur sé þríþættur, þ.e. í formi niðurgreiddra vaxta í félagslega húsnæðiskerfinu, ríkisábyrgða í húsbréfakerfinu og niðurgreiðslna á vöxtum í vaxtabótakerfinu. Á undanförnum árum hefur stuðningur ríkisins við íbúðaeigendur í formi skattafsláttar aukist verulega, eða um 65% að raungildi frá árinu 1988. Hér gætir að nokkru vaxandi skuldsetningar heimilanna. Margt bendir til að vaxtabótakerfið hvetji til lántöku miðað við gildandi reglur. Skattyfirvöldum er einnig ókleift að greina á milli skulda sem sannanlega er stofnað til vegna öflunar húsnæðis og skulda af öðrum ástæðum. Þá hefur óeðlileg uppsöfnun verðbóta einnig skekkt myndina.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að draga úr greiðslu vaxtabóta hafa ýmsar útfærslur verið skoðaðar, m.a. hækkun tekjuskerðingar, lækkun hámarksgreiðslna vaxtabóta, skerðing framtalinna vaxtagjalda og aukin eignaskerðing. Hér er sú leið valin að skerða framtalin vaxtagjöld um 10%. Auk þess eru eignarmörkin lækkuð um 20%. Þessi breyting er talin spara ríkissjóði um 400 m.kr. og er gert ráð fyrir að hún komi til framkvæmda við álagningu 1994.

Tekjuskattur lögaðila. Fyrirtæki hér á landi sæta að mörgu leyti lakari skattmeðferð en fyrirtæki í öðrum löndum. Þannig er tekjuskattshlutfall fyrirtækja hér á landi býsna hátt miðað við mörg lönd Evrópu og sama gildir um eignarskatta. Auk þess hefur uppsöfnun aðstöðugjalds í rekstri mikil áhrif á kostnað fyrirtækja og þar með á innlent verðlag. Loks má minna á að gjaldið leggst misþungt á einstakar atvinnugreinar.

Skatthlutföll segja ekki alla söguna um endanlega skattbyrði. Nýleg athugun á vegum OECD[1] — þar sem leitast er við að meta heildarskattbyrði fyrirtækja — leiðir hins vegar í ljós að hið skattalega umhverfi hér á landi er óhagstætt nýjum fyrirtækjum og fjárfestingum. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hefur versnað enn frekar upp á síðkastið þar sem þróunin erlendis hefur verið í gagnstæða átt, þ.e. skatthlutföll hafa farið lækkandi. Innlendir aðilar hafa því leitað til erlendra fyrirtækja í vaxandi mæli.

Víða erlendis hafa stjórnvöld brugðist við aukinni erlendri samkeppni í fyrirtækjarekstri með því að lækka skatthlutföll verulega. Í Noregi var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður í einu skrefi úr 51% í 28% á þessu ári; í Svíþjóð var tekjuskatturinn lækkaður úr 57% í 30% í fyrra (og fyrir liggja tillögur um lækkun í 25% á næsta ári) og í Finnlandi lækkar tekjuskatturinn úr 40% í 25% í upphafi næsta árs.

Tekjuskattshlutfall lögaðila í aðildarríkjum OECD 1992/93.

	Skatthlutfall %
Þýskaland	57
Tyrkland	49
Ítalía	48
ÍSLAND	**45**
Japan*	50
Grikkland	40/46
Kanada*	36/42
Portúgal	40
Írland	10/40
Ástralía	39
Austurríki	39
Belgía*	39
Lúxemborg	39
Bandaríkin*	38
Sviss	13/38
Holland	35
Spánn*	35
Frakkland	34
Nýja Sjáland	33
Bretland*	33
Danmörk	34
Svíþjóð	30
Noregur	28
Finnland*	25

* Lægri skattur er lagður á smáfyrirtæki í þessum ríkjum.

Á undanförnum árum hafa orðið áherslubreytingar í hagstjórn víða um lönd. Stjórnvöld hafa smám saman dregið sig út úr því forustuhlutverki í efnahagslífinu sem þau hafa verið í allt frá kreppuárunum. Þess í stað hafa þau lagt meiri áherslu á að skapa atvinnulífinu eðlilegan starfsgrundvöll og búa þannig í haginn fyrir hagvöxt og ný störf. Liður

[1] Taxing Profits in a Global Economy; OECD París 1991.

í þessu hefur verið að draga úr ríkisábyrgðum, styrkjum og ýmiss konar fyrirgreiðslu við atvinnulífið og selja ríkisfyrirtæki. Samhliða þessu hafa verið gerðar auknar kröfur til fyrirtækja um að standa á eigin fótum.

Lykilatriði í þessari þróun hefur verið lækkun skatthlutfalla, enda er talið að það geti haft úrslitaáhrif á það hvort ráðist er í nýjar fjárfestingar eða ekki. Jafnframt hafa ýmsar frádráttarheimildir verið takmarkaðar eða alveg felldar niður, einkum heimildir til að leggja hluta af hagnaði í sérstaka fjárfestingarsjóði. Rökin eru annars vegar þau að það sé óeðlilegt að skattareglur stjórni því í hvað hagnaði fyrirtækja er varið. Hins vegar er talið að skattkerfi með rúmum frádráttarheimildum mismuni gömlum og nýjum fyrirtækjum, hinum síðarnefndu í óhag, sem aftur geti staðið í vegi fyrir nýsköpun í atvinnulífinu.

Þrátt fyrir að þessara áherslubreytinga hafi vissulega gætt hér á landi eru breytingarnar skemmra á veg komnar en í flestum öðrum Evrópulöndum. Skattakjör íslenskra fyrirtækja eru því lakari en í mörgum helstu samkeppnislöndunum.

Samanburður á skattlagningu fyrirtækja hér á landi og erlendis vekur reyndar upp ýmsar spurningar. Við fyrstu sýn virðist skattbyrði íslenskra fyrirtækja, mæld sem hlutfall skatta af landsframleiðslu, léttari en í mörgum öðrum ríkjum, eða um 6% samanborið við 9% að meðaltali í OECD-ríkjunum. Vægi tekjuskatta fyrirtækja virðist einnig minna hér en annars staðar. Við þennan samanburð þarf hins vegar að hafa margra fyrirvara. Að teknu tilliti til þeirra verður niðurstaðan sú að skattbyrði fyrirtækja hér á landi sé síst léttari en í öðrum OECD-ríkjum:

Í fyrsta lagi eru framlög fyrirtækja til lífeyrissjóðakerfisins hér á landi utan við skattkerfið. Það á raunar við um sjö önnur OECD-lönd, þ.e. Danmörku, Finnland, Noreg, Þýskaland, Bretland, Holland og Sviss. Hin OECD-ríkin fjármagna lífeyrissjóðakerfið með álagningu tryggingagjalda, einkum á atvinnurekendur. Þetta skýrir um það bil þriðjunginn af mismuninum.

Í öðru lagi er skattskyldusviðið hér á landi nokkru þrengra en víða erlendis. Þetta stafar m.a. af því að hér hafa ýmsar opinberar fjármálastofnanir, orkufyrirtæki og sjóðir, t.d. fjárfestingarlánasjóðir, verið undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti. Víða erlendis eru þessar stofnanir hins vegar í einkaeign og skattlagðar líkt og hver önnur fyrirtæki.

Í þriðja lagi hefur atvinnuleysi verið mun meira erlendis en hér á landi. Þetta hefur kallað á háar fjárhæðir til greiðslu atvinnuleysisbóta sem þarf að fjármagna með hærri sköttum. Þessi fjármögnun hefur víðast hvar verið í formi tryggingagjalda, bæði á einstaklinga og fyrirtæki.

Í fjórða lagi hafa reglur íslenskra skattalaga um nýtingu rekstrartapa fyrri ára til lækkunar á tekjuskatti verið afar rúmar. Þessum reglum hefur nú verið breytt. Fyrirtæki sem hafa mikið uppsafnað tap frá fyrri árum geta þó áfram nýtt sér þessa heimild til að lækka tekjuskattinn næstu fimm ár.

Þessi atriði skýra að verulegu leyti þann mun sem fram kemur í opinberum skýrslum um skattbyrði hér á landi og víða erlendis. Til viðbótar má nefna að margt bendir til þess að afkoma íslenskra fyrirtækja sé almennt lakari en í nágrannalöndunum sem leiðir til lægri skattgreiðslna en ella væri. Reyndar er einnig rétt að hafa í huga að meðaltöl geta verið misvísandi. Þannig er skattbyrði fyrirtækja í Danmörku mun minni en hér á landi, eða innan við 4% í hlutfalli við landsframleiðslu, enda eru þau með sterka samkeppnisstöðu gagnvart erlendum fyrirtækjum. Þetta atriði þarf að hafa í huga við samanburð á skattlagningu fyrirtækja hér á landi og annars staðar.

Í þessu frumvarpi eru tillögur um breytingar á tekjuskatti lögaðila sem miða að því að samræma skattakjör íslenskra fyrirtækja því sem tíðkast í helstu viðskiptalöndunum. Breytingarnar eru þríþættar:

a. Tekjuskattshlutfall hlutafélaga lækkar úr 45% í 33%. Í fjárlagafrumvarpinu var miðað við að þessi breyting kæmi til framkvæmda í einum áfanga um næstu áramót. Hækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga skapar hins vegar ákveðin vandamál í skattlagningu félaga þar sem við það yrði talsverður munur á skattlagningu lögaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélaga, annars vegar og einstaklingsrekstrar hins vegar. Þess vegna er lagt til að lækkun tekjuskatts komi til framkvæmda í tveimur áföngum þannig að á næsta ári lækki hlutfallið úr 45% í 38% og árið 1994 í 33%. Jafnframt er gerður munur á skattlagningu sameignarfélaga og hlutafélaga þannig að skatthlutfall sameignarfélaga lækkar í 41% á næsta ári. Með þessu gefst færi á að endurskoða gildandi lög um skattmeðferð einstakra félagaforma.

Lækkun tekjuskatts fyrirtækja verður mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf hér á landi. Þetta á við um fyrirtæki sem þegar eru í rekstri, enda bætir hún fjárhagsstöðu þeirra og auðveldar þeim að færa út kvíarnar, auk þess sem lækkunin örvar ótvírætt nýja fjárfestingu í atvinnulífinu, hvort sem er hjá innlendum eða erlendum aðilum. Um það bil þriðjungur lögaðila í landinu, eða 3.300 fyrirtæki, greiðir tekjuskatt. Af þessu má ráða að lækkun tekjuskatts kemur til með að hafa víðtæk áhrif á allan atvinnurekstur.

b. Heimild til að leggja 10% af hagnaði í fjárfestingarsjóði fellur niður. Jafnhliða lækkun skatthlutfalla hafa heimildir fyrirtækja til sjóðsmyndunar víðast hvar verið felldar niður. Almennt er viðurkennt að þessar heimildir séu fyrst og fremst notaðar í skattalegu tilliti, þ.e. til þess að lækka eða fresta skattlagningu og leiðir það jafnvel til þess að fyrirtæki ráðast í fjárfestingar án tillits til arðsemi. Því er eðlilegra að fella þessa heimild niður og lækka skatthlutfallið. Gert er ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda við álagningu 1993.

c. Frádráttur úthlutaðs arðs lækkar úr 15% í 10% af nafnverði hlutafjár. Skattaleg meðferð arðs er nokkuð margbreytileg samkvæmt gildandi skattalögum. Þannig er fyrirtækjum heimilt að draga allt að 15% af nafnvirði hlutafjár frá tekjum áður en til skattlagningar kemur. Hlutfallið var reyndar hækkað úr 10% fyrir nokkrum árum til þess að greiða fyrir uppbyggingu hlutafjáreignar í fyrirtækjum. Hluti útborgaðs arðs fer til annarra fyrirtækja og kemur þar til skattlagningar eins og almennar rekstrartekjur. Í þessu felst því engin sérstök ívilnun þar sem á móti arðsfrádrætti hjá einu fyrirtæki stendur skattlagning arðs hjá öðru.

Það sem skiptir mestu máli er skattlagning þess arðs sem fer til einstaklinga. Móttekinn arður hjá einstaklingum er skattfrjáls upp að tilteknu marki sem nemur 126.000 krónum við álagningu 1992. Allur arður umfram þá fjárhæð er að fullu skattlagður hjá viðkomandi einstaklingi. Samkvæmt skattframtölum ársins 1992 nam greiddur arður til einstaklinga 880 m.kr. Af því kom tæplega helmingur til tekjuskattlagningar, eða 415 m.kr. Tekjuskattur af þessum arðgreiðslum nam 165 m.kr. Til viðbótar kemur eignarskattlagning hlutafjár, en hlutabréfaeign einstaklinga umfram 1.200.000 krónur er eignarskattskyld. Talið er að eignarskattur á hlutabréf hafi numið um 100 m.kr. við síðustu álagningu.

Miðað við núgildandi reglur felst tiltekin ívilnun í tekjuskattlagningu arðs hjá einstaklingum. Eignarskattlagning hlutafjár dregur hins vegar verulega úr þessari ívilnun enda er þar um ákveðna tvísköttun að ræða. Þótt nokkur rök hnígi að því að draga úr þessari ívilnun hjá einstaklingum er nauðsynlegt að skoða allar breytingar á þessu sviði

í tengslum við hugsanlegar breytingar á skattlagningu eigna og/eða eignatekna.

Að svo stöddu er því lagt til að breytingar á skattmeðferð arðs takmarkist við það að lækka arðsfrádráttinn í 10% eins og áður gilti. Gert er ráð fyrir að þetta komi til framkvæmda við álagningu 1993. Hliðstæð breyting verður á skattlagningu arðs hjá einstaklingum.

Þá má nefna að heimildir einstaklinga til skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa verða þrengdar í áföngum. Þessar heimildir voru upphaflega settar inn í skattalögin til þess að örva hlutabréfakaup. Verulegur árangur hefur náðst í þeim efnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr þessari ívilnun í áföngum á fimm árum.

Svipaðar breytingar verða á heimildum sem verið hafa í lögum til að draga innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá tekjuskatti. Þróunin í húsnæðislánakerfinu undanfarin ár hefur dregið úr gildi þessa fyrirkomulags sem sérstakrar sparnaðarráðstöfunar vegna íbúðarkaupa. Jafnframt eru þessir reikningar í vaxandi mæli notaðir sem almennt sparnaðarform sem óeðlilegt er að ívilna með þessum hætti.

Lækkun skatthlutfalls lögaðila mun óhjákvæmilega hafa nokkur áhrif á tekjur ríkissjóðs. Á móti vegur niðurfelling fjárfestingarsjóðsframlags og lækkun á arðsfrádrætti. Á næsta ári er áætlað að samanlagt leiði þessar breytingar til 100–200 m.kr. lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

Um skattrannsóknarstjóra ríkisins. Áður en fjallað er sérstaklega um tillögur um breytingu á fyrirkomulagi skatteftirlits og skattrannsókna er rétt að rifja í stórum dráttum upp nokkra þætti í sögu og þróun þessara mála og þá sérstaklega hlutverk ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra í því sambandi.

Með lögum nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, var landinu skipt í níu skattumdæmi með skattstjóra fyrir hverju umdæmi. Samtímis voru aflagðar undir- og yfirskattanefndir og stöður skattstjóra í kaupstöðum landsins. Samhliða þessu var stofnað embætti ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóra var falið víðtækt eftirlits-, leiðbeiningar- og rannsóknarvald í skattamálum.

Næstu breytingar á skipulagi skattamála verða með stofnun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra árið 1964 og stöðu skattrannsóknarstjóra árið 1965. Á þessum árum eru rannsóknarheimildir ríkisskattstjóra rýmkaðar og því talið nauðsynlegt að stofna sérstaka deild til þess að hafa eftirlit og rannsóknir með höndum og veita aðhald um rétt framtöl. Forstöðumaður deildarinnar var skattrannsóknarstjóri sem skyldi stýra rannsóknastarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, var sjálfstæði skattrannsóknarstjóra varðandi rannsóknir aukið verulega og verksvið hans nánara skilgreint en í fyrri lögum og aukin áhersla lögð á skatteftirlitshlutverk hans og á það verkefni að fylgjast með og samhæfa skatteftirlitsstörf skattstjóranna. Kveðið var á um að skattrannsóknarstjóri stýrði starfsemi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og að hann væri háður beinu eftirliti fjármálaráðherra.

Við breytingarnar 1978, sem tóku gildi 1. janúar 1979, var mynduð sú lagalega umgjörð sem gildir um skipulag skatteftirlits og -rannsókna í dag. Lagalega og framkvæmdalega hefur skattendurskoðun og -eftirlit að sjálfsögðu alltaf verið í höndum skattstjóra og á undan þeim skattanefnda hverjum í sínu umdæmi. Skatteftirlit og skattrannsóknir á landsvísu fluttust til ríkisskattstjóra 1962 og síðan til skattrannsóknarstjóra að hluta til árið 1965 og að öllu með breytingunni 1979. Samkvæmt 102. gr. gildandi tekjuskattslaga nr. 75/1981 skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðun skatta þegar að-

gerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til þess, nema hann feli hana skattstjóra. Hugmyndin með þessu fyrirkomulagi er sú að sjálfstæði skattrannsókna sé tryggt undir stjórn skattrannsóknarstjóra og úrskurðir vegna rannsókna hans séu á hendi ríkisskattstjóra. Fullyrða má að óvíða í stjórnsýslunni sé í lögum greint skýrar á milli eftirlits- og rannsóknarvalds annars vegar og úrskurðarvalds hins vegar.

Samkvæmt 101. gr. laga nr. 75/1981 er ríkisskattstjóra ætlað að hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum og setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Í 102. gr. sl. er skattrannsóknarstjóra hins vegar falið að fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau og leiðbeina þeim um eftirlitsaðgerðir. Í framkvæmd hafa myndast ýmsar óskrifaðar reglur um hlutverkaskiptingu milli ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra og hefur ekki komið til árekstra þeirra í milli vegna þessa. Allt að einu er það ljóst að samkvæmt lögum eru skipulags- og samræmingarheimildir um eftirlitsstörf skattstjóra á hendi tveggja aðila, þ.e. ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Með vaxandi áherslum á skatteftirlit og kröfum um árangur verður nauðsynlegt að skýrar línur verði dregnar í þessum efnum.

Að því er skattrannsóknir varðar hefur, eins og að framan er rakið, verið reynt að tryggja aðskilnað úrskurðarvalds og rannsóknarvalds í skattamálum. Með því að gera stöðu skattrannsóknarstjóra sjálfstæða við breytinguna árið 1979 var, eins og áður er rakið, álitið nægjanlega tryggt að rannsóknarvald teldist á hans hendi en úrskurðarvald á hendi ríkisskattstjóra. Á síðustu árum hafa hins vegar kröfurnar um fullkominn aðskilnað úrskurðarvalds og framkvæmdarvalds aukist mjög eins og sýnir sig í lögfestingu aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds sem gildi tók 1. júlí sl. Sú staðreynd að skattrannsóknarstjóri stýrir deild, sem heitir rannsóknardeild ríkisskattstjóra, hefur m.a. valdið því að í huga almennings er ekki greint nægjanlega á milli ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Þá gefur athugasemd í nýlegum dómi Hæstaréttar um að rannsóknardeild ríkisskattstjóra og embætti ríkisskattstjóra séu ein og sama ríkisstofnunin tilefni til að ætla að aðskilnaður milli ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra sé ekki talinn nægjanlega mikill. Af þessum sökum er nauðsynlegt að settar verði skýrari reglur um þennan aðskilnað.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér á undan um fyrirkomulag skatteftirlits og skattrannsókna verður ekki komist hjá því að breyta ýmsum ákvæðum skattalaga um verkskipulag og verkstjórn í skatteftirliti og fyrirkomulag skattrannsókna.

Með skatteftirliti hefur verið átt við þann hluta skattendurskoðunar eftir að álagning hefur farið fram og fer fram utan skattstofu, í starfsstöð eða skrifstofu skattaðilans. Skatteftirlitið hefur þannig verið hluti hinnar almennu skattendurskoðunar sem fer fram án þess að fyrir liggi nokkur ákveðinn grunur um skattsvik. Þýðing skatteftirlits hefur vaxið mjög með upptöku staðgreiðslukerfis skatta 1988 og virðisaukaskatts 1990, þar sem við er komið eftirliti um leið og skýrsla gjaldanda berst skattyfirvöldum, mánaðarlega er varðar staðgreiðslu (og tryggingagjald) og á tveggja mánaða fresti er varðar virðisaukaskatt. Tilgangur með skatteftirliti hefur fyrst og fremst verið sá að veita almennt aðhald og hafa varnaðaráhrif en einnig að skapa grundvöll fyrir gjaldahækkunum í einstökum málum. Með skattrannsóknum er annars vegar verið að skapa grundvöll fyrir gjaldahækkun með því að afla sönnunargagna í skattsvikamálum og hins vegar að undirbúa refsimeðferð sem getur verið annaðhvort sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd eða opinber refsimeðferð hjá dómstólum eftir rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á refsiþættinum.

Á þeim árum, sem liðin eru frá því að núverandi skipulagi í skatteftirliti var komið á,

hefur orðið tæknibylting í upplýsinga- og tölvumálum. Þá hefur upptaka staðgreiðslu frá 1. janúar 1988 og virðisaukaskatts frá 1. janúar 1990 gjörbreytt upplýsingastreymi til skattyfirvalda. Afstaða manna til skatteftirlits og fyrirkomulags þess hefur því breyst verulega.

Þar má nefna auknar áherslur og kröfur til aðila sem veita upplýsingar um greiðslur til gjaldenda, viðskipti þeirra og inneignir og hugmyndir manna og áætlanir um að byggja álagningu einstaklinga alfarið á þessum upplýsingum. Þessi þróun og breyttar áherslur valda því að æ erfiðara verður að aðgreina skatteftirlit frá upplýsingaöflun og álagningu. Þessar staðreyndir mæla sterklega með því að álagning og skatteftirlit verði á sömu hendi.

Þá verður að telja óheppilegt að skattakerfið sé, auk eftirlits frá fjármálaráðuneytinu, háð eftirliti og verkstjórn frá tveimur aðilum og vænlegra til árangurs að allt eftirlit sé á einni hendi og á ábyrgð og undir stjórn eins aðila.

Þá má búast við því að auknar kröfur til skatteftirlits og aukið framlag til þeirra mála valdi því að fleiri skattsvikamálum verði vísað frá skattstjórum og ríkisskattstjóra til skattrannsóknarstjóra sem kallar á aukna einbeitingu þess embættis að slíkum málum og aukna samvinnu við rannsóknarlögreglu og ákæruvald.

Að þessum ástæðum virtum er heppilegast að skatteftirlitshlutverk það sem skattrannsóknarstjóra er ætlað í lögum sé flutt frá honum til ríkisskattstjóra ásamt þeim verkefnum sem lúta að eftirliti með skatteftirlitsstörfum skattstjóra. Tillögur um það eru gerðar í frumvarpi þessu.

Nái þessar tillögur fram að ganga verður skatteftirlit í höndum skattstjóra undir verkstjórn og eftirliti ríkisskattstjóra. Almennt bókhaldseftirlit og framkvæmd bókhaldslaga verður enn fremur í höndum ríkisskattstjóra. Settar verða nánari reglur um störf skattstjóra og ríkisskattstjóra en ekki er talið heppilegt að binda slíkar reglur í lögum.

Þá er gerð tillaga um það að rannsóknardeild ríkisskattstjóra verði lögð niður en í stað hennar sett á fót ný, sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag. Hið nýja embætti, skattrannsóknarstjóri ríkisins, fari samkvæmt þessu með rannsóknir út af brotum á skattalögum en um skatteftirlit fari eins og að framan er lýst. Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd skattrannsókna. Samhliða þessum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt varðandi skattrannsóknarstjóra eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um yfirskattanefnd til að samræmi sé í þessum lögum.

3. Breytingar á virðisaukaskatti.

Yfirlit. Helstu breytingar á virðisaukaskatti sem felast í þessu frumvarpi eru annars vegar fækkun undanþága frá skatti og hins vegar að taka upp sérstakt 14% skattþrep. Hér er að verulegu leyti fylgt þeirri stefnu sem fólst í fjárlagafrumvarpinu, þó með þeirri breytingu að nú er gert ráð fyrir að almenna skatthlutfallið verði óbreytt til þess að standa straum af auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna greiðslna til sveitarfélaga, framlaga til framkvæmda o.fl.

Núgildandi kerfi. Verulegar breytingar hafa orðið á íslenska virðisaukaskattskerfinu frá því sem stefnt var að í upphafi. Upphaflegu hugmyndirnar voru að taka upp almennan skatt í einu þrepi með sem fæstum undanþágum. Með þessu móti var talið unnt að lækka skatthlutfallið frá því sem gilti í söluskattskerfinu. Þegar skatturinn var lagður á í ársbyrjun 1990 höfðu þessar hugmyndir tekið verulegum breytingum sem fólu í sér fráhvarf frá því sem gildir í flestum nágrannalöndunum að þrennu leyti:

Í fyrsta lagi er skatthlutfallið hér á landi mun hærra en upphaflega var áformað, eða 24,5%, en það er næsthæsta hlutfall í Evrópu, á eftir Danmörku og Svíþjóð þar sem það er 25%.

Í öðru lagi eru undanþágur hér á landi víðtækari og skattstofninn því rýrari en að var stefnt. Þannig eru bækur, blöð, húshitun, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, menningarstarfsemi, tómstundaiðkun, hótelgisting, vinna við íbúðarhúsnæði og fólksflutningar undanþegin skatti hér á landi, en skattlögð víða annars staðar. Þetta leiðir til þess að hér á landi eru aðeins tveir þriðju hlutar af útgjöldum heimilanna með virðisaukaskatti, en hlutfallið er mun hærra í flestum ríkjum Evrópubandalagsins.

Í þriðja lagi jafngildir mikill fjöldi undanþága innan kerfisins fráhvarfi frá upphaflegri stefnu að hafa aðeins eitt skatthlutfall. Í reynd má segja að skatthlutföllin í dag séu tvö, þ.e. 0% og 24,5%.

Öll þessi atriði vinna gegn upphaflegum markmiðum enda almennt viðurkennt að hátt skatthlutfall, mikill fjöldi undanþága og víðtækar endurgreiðslur dragi úr skilvirkni skattsins, torveldi skatteftirlit og stuðli að undanskotum. Jafnframt er það viðhorf enn í fullu gildi að frá sjónarhóli skatteftirlits og skilvirkni er heppilegast að hafa einungis eitt skattþrep líkt og var í upphaflegu tillögunum.

Álagning virðisaukaskatts í nokkrum ríkjum Evrópu.

	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð	Belgía	Holland	Frakkland	Bretland	Þýskaland	Tillaga EB
Skatthlutfall, %:										
Almennt	24,5	25	20	25	19	18,5	18,6	17,5	14	15
Lægra þrep	(14)	-	-	18	1/6/17	6	2,5	0	5/7/11	5
Skattskyldusvið:										
Matvæli	L/H	H	H	L	L	L	L	L	L	L
Vinna iðn.manna	E	H	H	H	L	H	H	H	H	H
Húshitun	0	H	H	H	H	H	H	L	H	L
Afnotagjöld	0	H	H	H	.	.	.	.	.	L
Bækur	0	H	0	H	L	L	L	L	L	L
Tímarit	0	0/H	0	0/H	0	L	L	L	L	L
Dagblöð	0	0	0	0	0	L	L	L	L	L
Leikhús o.fl. ...	U	U/H	U	U/H	L	H	L/H	H	L	L
Fólksflutningar .	U	U	U	L	L	L	L	L/H	L	L
Hótelgisting ...	U	H	U	L	L	L	L/H	H	H	L
Happdrætti	U	U	U	U	.	.	.	.	.	U
Tryggingaiðgjöld	U	U	U	U	U	U	U	U	U	U
Fjármálaþjónusta	U	U	U	U	U	U	U	U	U	U

H = Almennt hlutfall.
L = Lægra hlutfall.
E = Endurgreiðslur á virðisaukaskatti.
U = Greinar sem liggja alfarið utan virðisaukaskattskerfisins.
0 = Greinar sem eru í núllskatti, þ.e. fá endurgreiddan innskatt.

Rétt er að vekja athygli á því að í núgildandi kerfi eru tvenns konar undanþágur. Annars vegar eru atvinnugreinar sem liggja alveg utan kerfisins (menningarstarfsemi, hótelgisting o.fl.). Þessar greinar eru ekki skattskyldar og njóta ekki frádráttar vegna virðisaukaskatts (innskatts) sem þær greiða af rekstrinum. Hins vegar eru greinar sem í senn eru skattfrjálsar og njóta jafnframt frádráttar vegna innskatts (hitaveitur, blöð, útvarp). Þessar greinar eru þess vegna í reynd í núllskatti í dag. Afnám undanþága kemur því mismikið við starfsemi þessara atvinnugreina.

Þá er rétt að hafa í huga að í gildandi kerfi er víða blandaður rekstur, þar sem hluti af starfsemi einstakra fyrirtækja er skattskyldur, en annað ekki. Dæmi eru flugfélög, en þar eru vöruflutningar skattskyldir, en fólksflutningar ekki. Annað dæmi eru hótel þar sem veitingastarfsemi er skattskyld, en gisting ekki. Við ríkjandi aðstæður getur verið erfitt að skilja á milli þessara þátta sem torveldar skatteftirlit.

Tillaga um breytingar. Af þessu má ráða að gild rök eru fyrir því að fækka verulega undanþágum. Þar með koma fleiri aðilar til skattlagningar en áður sem aftur getur stuðlað að betri skilum á öðrum sviðum, t.d. í tekjuskatti. Einnig aukast möguleikar á eftirliti með innskattsfrádrætti í blönduðum rekstri. Helstu breytingar, sem felast í frumvarpinu, eru eftirfarandi:

— Undanþágur virðisaukaskatts af bókum, blöðum, tímaritum, húshitun og afnotagjöldum útvarps og sjónvarps falla niður. Þessar greinar hafa hingað til ekki innheimt virðisaukaskatt af seldri þjónustu, en hafa engu að síður fengið endurgreiddan innskatt af aðföngum.
— Greinar sem hingað til hafa legið utan virðisaukaskattskerfisins, svo sem hótel- og gistihúsarekstur og fólksflutningar, fara í 14% þrepið. Með þessari breytingu fá þessar greinar endurgreiddan innskatt sem þær fá ekki í dag.
— Vinna iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði verður áfram skattskyld, en endurgreiðslur virðisaukaskatts miðuð við 60% af skattgreiðslu.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar breytingar komi til framkvæmda í áföngum. Með þessu er tekið tillit til athugasemda við fyrri hugmyndir þar sem miðað var við gildistöku um áramótin. Þetta á sérstaklega við um ferðaþjónustu, en einnig að nokkru við um bækur, tímarit og fjölmiðla.

1. Fyrsti áfanginn kemur til framkvæmda 1. janúar 1993 og tekur til sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa. Til þess að draga úr áhrifum virðisaukaskatts á húshitunarkostnað verður hluti skattsins endurgreiddur þannig að skatturinn fari aldrei fram úr tilteknu hámarki sem tekur mið af meðaleiningarverði í húshitun á landinu öllu.

Einnig er lagt til að endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði verði lækkaðar úr 100% í 60% frá næstu áramótum.

2. Annar áfangi kemur til framkvæmda 1. júlí 1993. Þá er gert ráð fyrir að afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva verði skattskyld með 14% virðisaukaskatti. Frá sama tíma verði sala tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða svo og sala bóka á íslenskri tungu felld undir 14% virðisaukaskatt. Með þessu eru útvarps-og sjónvarpsstöðvar jafnsettar gagnvart öðrum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum.

3. Þriðji áfangi kemur til framkvæmda 1. janúar 1994. Þá verður 14% virðisaukaskattur lagður á ferðaþjónustu, þ.e. hótelgistingu og fólksflutninga. Með þessari tímasetningu er

ferðaþjónustu gefinn nokkur aðlögunartími. Jafnframt er einstökum fyrirtækjum í þessum greinum gefinn kostur á að koma fyrr inn í kerfið ef þau óska sérstaklega eftir því, t.d. í því skyni að fá endurgreiddan innskatt vegna fjárfestingar o.fl.

Til þess að draga úr áhrifum þessarar skattlagningar á ferðaþjónustu hefur jafnframt verið ákveðið að lækka tryggingagjald af ferðaþjónustu úr 6% í 2,5% frá sama tíma. Með þessu er verulega dregið úr áhrifum álagningar virðisaukaskattsins.

Áfram verða ýmsar greinar undanþegnar skattlagningu, svo sem íþrótta- og menningarstarfsemi, heilbrigðisþjónusta, ýmis félagsleg þjónusta, skólar, fjármálaþjónusta, getraunastarfsemi og vátryggingarstarfsemi.

Þær tillögur, sem hér eru lagðar fram, eru að þrennu leyti frábrugðnar þeim hugmyndum sem kynntar voru með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skattlagning afnotagjalda útvarps- og sjónvarpsstöðva komi til framkvæmda um mitt ár, á sama tíma og hjá öðrum fjölmiðlum, í stað áramótanna. Í öðru lagi hefur gildistaka skatts á ferðaþjónustu verið færð frá september 1993 til áramótanna 1993/1994. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir nokkru hærri fjárhæð til jöfnunar húshitunarkostnaðar en fyrr var reiknað með.

Álagning virðisaukaskatts í aðildarríkjum OECD í ársbyrjun 1992.

Skatthlutföll, %	Lægri hlutföll[1)]	Almennt hlutfall	Hærri hlutföll
Austurríki	10	20	32
Belgía	1/6/17	19	25/33
Kanada	-	7	-
Bretland	0	17,5	-
Frakkland[2)]	2,1/5,5	18,6	22
Þýskaland[3)]	5/7/11	14	-
Grikkland	4/8	18	36
Írland	0/2,3/10	23	-
Ítalía	0/4/9	19	38
Japan	-	3	-
Lúxemborg	3/6	12	-
Holland	0/6	18,5	-
Nýja-Sjáland	-	12,5	-
Portúgal	0/8	17	30
Spánn	6	12	33
Tyrkland	1/3/8	12	15/50/60/100
Ísland	**(0)**	**24,5**	**-**
Danmörk	-	25	-
Finnland	-	22	-
Noregur	-	20	-
Svíþjóð[4)]	18	25	-

1) Hér eru ýmis minni háttar frávik og því ekki um fullkomið yfirlit að ræða.
2) Stefnt er að niðurfellingu hærra þrepsins í ársbyrjun 1993.
3) Í ársbyrjun 1993 er stefnt að hækkun almenna hlutfallsins úr 14% í að minnsta kosti 15%.
4) Frá og með áramótum 1992 eru matvæli skattlögð í lægra þrepi í Svíþjóð svo og þjónusta veitingahúsa, fólksflutningar og hótelgisting. Frá næstu áramótum hækkar þrepið í 21%.

Allt þetta veldur því að innheimta tekna á næsta ári, og á árinu 1994, verður minni en áður var áætlað, þ.e. tekjurnar skila sér einfaldlega síðar í ríkissjóð. Þannig er nú talið að innheimtar tekjur á næsta ári vegna breikkunar virðisaukaskatts verði nálægt 1.400 m.kr. í stað 1.800 m.kr. samkvæmt fyrri áætlunum.

Með þeim breytingum, sem felast í þessu frumvarpi, er stigið veigamikið skref í átt til þess sem upphaflega var áformað með því að undanþágum verður fækkað verulega. Það hefði verið æskilegast að skattleggja allar vörur og þjónustu í einu og sama þrepinu og ná skatthlutfallinu niður í 20%. Ekki var talið fært að stíga svo stórt skref. Vegna þeirra breytinga, sem felast í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar, er heldur ekki unnt að ná fram lækkun á almenna skatthlutfallinu að þessu sinni.

4. Tryggingagjald.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Tryggingagjald er lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki er 2,5% af gjaldstofni og í sérstökum gjaldflokki eru atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar, iðnað og landbúnað. Í almennum gjaldflokki er gjaldið 6%. Í almennum gjaldflokki eru allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar, þar á meðal ferðaþjónusta. Hér er lagt til að tiltekin ferðaþjónusta verði felld undir sérstaka gjaldflokkinn. Með ferðaþjónustu í þessu sambandi er átt við hótel og gistiþjónustu, þjónustu ferðaskrifstofa, veitingastarfsemi og fólksflutninga, þar með taldar bílaleigur. Hins vegar mun önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu áfram falla í almenna gjaldflokkinn.

Í öðru lagi er lagt til að skattstofn tryggingagjalds verði breikkaður með því að gera greiðslur vinnuveitenda í lífeyrissjóði umfram 6% af launum tryggingagjaldsskyldar og í þriðja lagi að greiðslur ökutækjastyrkja séu einnig gjaldskyldar.

5. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 82/1991. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 440 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að tekjur af skattinum verði um 435 millj. kr. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna verði að mestu efnislega samhljóða lögum nr. 82/1991. Eina efnisbreytingin í frumvarpinu er sú að opinberir fjárfestingarlánasjóðir eru gerðir skattskyldir í samræmi við breytingar þær sem gerðar voru fyrr á árinu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

6. Húsnæðissparnaðarreikningar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga. Breytingar þær, sem lagðar eru til, fela það í sér að skattafsláttur samkvæmt lögunum verði lækkaður í þrepum og síðan afnuminn á árinu 1997 og falla lögin úr gildi frá árslokum. Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, er þó í engu breytt þeim samningi sem innlánsstofnun og viðkomandi aðili hafa gert sín á milli.

7. Yfirskattanefnd.

Er yfirskattanefnd tók við störfum 1. júlí sl. biðu 1154 mál afgreiðslu frá tíð ríkisskattanefndar. Til þessa dags hefur nefndin kveðið upp úrskurði í 495 málum. Nokkur mál hafa verið afturkölluð eða lokið með öðrum hætti. Til áramóta er áætlað að úrskurðað verði í um 200 þessara mála til viðbótar. Samkvæmt þessu má ætla að tæplega 450 mál standi eftir óafgreidd um áramót.

Á fyrstu mánuðum ársins 1992 koma til úrskurðar þær kærur sem undanfarnar vikur hafa verið að berast vegna álagningar 1993. Til þessa dags hafa borist 418 kærur til yfirskattanefndar. Reikna má með að annar eins fjöldi kæra muni berast fram til áramóta. Nefndinni eru ætlaðir þrír mánuðir til að hafa lagt úrskurð á kærur eftir að henni hefur borist umsögn ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992. Leitast verður við að standa við þetta frestákvæði, en augljóst er að ekki verður á sama tíma unnt að vinna að fullum krafti við eldri málin.

Yfirskattanefndarmenn voru fyrst skipaðir til starfa sinna í júlíbyrjun í sumar. Þrír nefndarmanna, sem gegna nefndarstörfum í fullu starfi, þurftu eðlilega nokkurn tíma til að losa sig frá fyrri störfum. Þá tók undirbúningur og skipulagsvinna allnokkurn tíma á fyrstu starfsvikum nefndarinnar. Loks verður að hafa í huga að afgreiðsla mála hjá fjölskipuðu stjórnvaldi og úrskurðaraðila af því tagi sem yfirskattanefnd er má ekki verða til þess að ekki sé vandað til niðurstöðu af fremsta megni. Að þessu athuguðu er ljóst að störf nefndarinnar hafa verið mjög skilvirk það sem af er starfstíma hennar.

Í þessu ákvæði er lagt til að frestur sá, sem nefndin hafði til að ljúka afgreiðslu á málum frá tíð ríkisskattanefndar, verði lengdur úr 6 mánuðum í 12 mánuði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði eru lagðar til breytingar á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að heimild manna til að draga fenginn arð frá tekjum verði skert þannig að eftir breytingu megi draga fenginn arð að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar, en hlutfallið er 15% í gildandi lögum.

Hins vegar er lagt til að 4. tölul. B-liðar verði felldur niður, en sá töluliður fjallar um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þetta ákvæði er þó ekki fellt niður í einu skrefi, heldur gildir það í reynd áfram, sbr. bráðabirgðaákvæði I með frumvarpi þessu. Vísast til athugasemda við það, en að öðru leyti til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til tvær breytingar á 31. gr. Annars vegar eru heimildir til að draga frá tekjum félaga útborgaðan arð skertar með sambærilegum hætti og lagt er til í 1. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er felldur út 11. tölul. greinarinnar varðandi frádrátt frá tekjum vegna tillaga í fjárfestingarsjóð. Um skýringu á því vísast til athugasemdar við 3. gr. og við bráðabirgðaákvæði II í kafla þessum.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði eru ákvæði laganna um fjárfestingarsjóð felld úr gildi. Fjárfestingarsjóðir eru þó ekki leystir upp, heldur er kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði II að umrædd ákvæði gildi áfram að því er varðar m.a. bindingu, ráðstöfun og viðurlög eða þar til fjárfestingarsjóðurinn hefur að fullu verið nýttur.

Niðurfelling á ákvæðunum um fjárfestingarsjóð er gerð í samhengi við lækkun á tekjuskattshlutfalli lögaðila úr 45% í 33% og er þannig mætt að hluta til þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna þeirrar breytingar. Um frekari skýringar vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er tekjuskattshlutfall manna hækkað úr 32,8% í 34,3%. Um forsendur þessarar breytingar vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Í grein þessari er í stafliðum a–d breytt fjárhæðum barnabóta og barnabótaauka. Allir flokkar barnabóta eru lækkaðir um 30%. Á móti lækkun barnabóta er barnabótaaukinn hækkaður. Hækkunin er mismikil eftir því hvort um er að ræða hjón eða einstætt foreldri til þess að mæta lækkun barnabótanna þannig að ekki verði veruleg breyting á heildarbótum til tekjulágra fjölskyldna. Þá eru þau tekjumörk, sem ráða því hvar skerðing barnabóta hefst, lækkuð um 5%.

Í stafliðum e–g er fjárhæðum vaxtabótakerfisins breytt. Breytingin felur í sér að þau vaxtagjöld, sem mynda bótastofn, eru lækkuð um 10% og sama gildir um hámark þeirra. Auk þess eru eignarmörk lækkuð um 20%.

Um forsendur og áhrif þessara breytinga vísast til almennra athugasemda.

Um 6. gr.

Í þessu ákvæði er lækkað tekjuskattshlutfall lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna úr 45% í 33%. Lækkun þessi er þó gerð í áföngum þar sem gert er ráð fyrir að hlutfallið við álagningu 1993 vegna tekjuársins 1992 lækki í 38%, sbr. bráðabirgðaákvæði III í kafla þessum. Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um lögaðila sem skattskyldir eru skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. Tekjuskattshlutfall þessara aðila er lækkað úr 45% í 41%. Ekki þykir ráðlegt að færa tekjuskattshlutfall þessara aðila meira niður, þar sem það kynni að valda því að mikill fjöldi þeirra einstaklinga, sem eru í atvinnurekstri, mundu sjá sér hag í því að stofna sameignarfélag um rekstur sinn til að komast hjá skattlagningu. Þessu ákvæði er ætlað að hamla gegn miklum tilfærslum á milli atvinnurekstrarforma.

Um 7. gr.

Ákvæði um skipun skattrannsóknarstjóra ríkisins, sem nú eru í 88. gr. laganna, og hæfi eru flutt yfir í sérstaka grein, sbr. 8. gr. þessa frumvarps.

Um 8. gr.

Í samræmi við tillögur þessa frumvarps um að rannsóknardeild ríkisskattstjóra verði lögð niður og sett á fót nýtt embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins þykir rétt að ákvæði um skipun skattrannsóknarstjóra og hæfi séu sett í sérstaka grein og er það gert hér.

Um 9. gr.

Í a-lið greinarinnar eru gerðar nauðsynlegar breytingar til þess að tryggja upplýsingaheimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna rannsókna. Í b-lið greinarinnar er gerð nauðsynleg orðalagsbreyting á 2. mgr. 94. gr. vegna þess að skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur ekki lengur skatteftirlit með höndum. Rannsóknarheimildir skattrannsóknar-

stjóra ríkisins eru hins vegar óbreyttar frá því sem var hjá skattrannsóknarstjóra samkvæmt greininni. Í b- og c-liðum greinarinnar eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna breytts fyrirkomulags skatteftirlits og skattrannsókna.

Um 10. gr.

Samkvæmt gildandi lögum getur skattrannsóknarstjóri falið skattstjóra skattrannsókn í einstökum málum sem til hans hefur verið vísað. Þar sem markmið þessa frumvarps er að skilja að rannsóknar- og úrskurðarvald þykir ekki rétt að skattrannsóknarstjóri ríkisins geti falið skattstjóra skattrannsókn í máli sem skattstjórinn á síðan ef til vill eftir að úrskurða í.

Þá gera gildandi lög ráð fyrir því að einungis *verulegum* skattsvikum sé vísað til skattrannsóknarstjóra. Þetta skilyrði þykir hafa dregið úr því að skattsvikamál bærust frá skattstjórum til skattrannsóknarstjóra. Oft getur eins reynst nauðsynlegt að skattsvikamál berist til skattrannsóknarstjóra án þess að þau teljist *veruleg* ef þau eru framin af fullum ásetningi og þykja geta varðað miklu um framkvæmd almennt. Að öðru leyti þykir eðlilegt að um það verði settar reglur í framkvæmd um það hvenær ber að vísa máli til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Um 11. gr.

Rétt þykir að sama skylda hvíli á ríkisskattstjóra og skattstjóra að vísa skattsvikamálum til skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. athugasemdir við 4. gr. þessa frumvarps.

Um 12. gr.

Svo sem rakið er í almennum athugasemdum hefur skattendurskoðun og -eftirlit að sjálfsögðu alltaf verið meðal verkefna skattstjóra. Rétt þykir vegna aukinnar áherslu á þeirra hlutverk að taka það sérstaklega fram að þeir fari með skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Þá er hlutverki ríkisskattstjóra í skatteftirliti lýst í greininni en það er að mestu það sama og skattrannsóknarstjóra er ætlað í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að ríkisskattstjóri annist endurákvörðun þegar aðgerðir hans gefa tilefni til þess, nema hann feli hana skattstjóra. Þegar eftirlitsaðgerðir skattstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar er það skattstjóri sem annast endurákvörðunina. Þetta þykir svo sjálfsagt mál, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, að ekki þykir þörf á að taka það fram sérstaklega í þessari grein.

Um 13. gr.

Ákvæðin um rannsóknir skattrannsóknarstjóra ríkisins eru að mestu þau sömu og gilda um skattrannsóknarstjóra í gildandi lögum, nema skattrannsóknarstjóri ríkisins getur ekki falið skattstjóra rannsókn í einstöku máli, sbr. það sem segir í athugasemdum um 4. gr. Þá getur ríkisskattstjóri ekki krafið skattrannsóknarstjóra ríkisins um rannsókn máls. Þessar breytingar helgast að sjálfsögðu af þeim aðskilnaði rannsóknar og úrskurða sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Vegna þessa aðskilnaðar þykir nauðsynlegt í 3. mgr. greinarinnar að tryggja skattrannsóknarstjóra ríkisins fullan aðgang að öllum framtölum og skýrslum og áskilja honum rétt til að krefjast allra upplýsinga frá skattstjórum og ríkisskattstjóra.

Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar getur skattrannsóknarstjóri ríkisins leitað aðstoðar lögreglu ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum með undanskoti gagna.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér orðalagsbreytingar vegna hinnar nýju stofnunar skattrannsóknarstjóra og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 15. gr.

Rétt þykir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd í tengslum við aðskilnað ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra mála.

Um 16. gr.

Gildistökuákvæðið felur í sér þá aðalreglu að breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt koma til framkvæmda við álagningu 1994 vegna tekna og eigna á árinu 1993 og staðgreiðslu skatta á því ári. Frávik frá þessu eru að þau atriði, sem varða tekjuskatt lögaðila, ganga í gildi við álagningu skatta 1993. Sama gildir um ákvörðun barnabóta og barnabótaauka.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði eru 9 bráðabirgðaákvæði og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Um bráðabirgðaákvæði I.

Samkvæmt 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins er felldur úr gildi 4. tölul. B-liðar 30. gr. laganna, þar sem kveðið var á um að heimilt væri að draga frá tekjum fé sem varið var til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri, sbr. lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Með þessu ákvæði er regla 4. tölul. B-liðar 30. gr. framlengd, en þó með þeim hætti að fjárhæðir sem heimilt er að draga frá eru lækkaðar í áföngum. Þannig lækkar fjárhæðin vegna fjárfestingar á árunum 1993, 1994, 1995 og 1996. Eftir árslok 1996 er síðan eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum fé sem varið hefur verið til fjárfestingar af þessu tagi.

Samkvæmt 2. mgr. 4. tölul. B-liðar 30. gr. var heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum fjárhæðir umfram frádráttarmörk. Þessi millifærsluheimild er framlengd í 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis, þó þannig að ekki er hægt að millifæra lengur en til loka 1996. Það er því síðast við álagningu á árinu 1997 sem hægt að nýta sér þessa frádráttarheimild.

Í 4. mgr. er sérstaklega kveðið á um að þetta bráðabirgðaákvæði eigi við um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á. Þetta ákvæði er sett ex tuto og til að taka af allan vafa. En skv. 124. gr. laganna skulu ákvæði þeirra um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf að gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fella niður 4. tölul. B-liðar 30. gr. er hér sérstaklega kveðið á um að þetta bráðabirgðaákvæði nái einnig til samvinnuhlutabréfa.

Um bráðabirgðaákvæði II.

Í þessu ákvæði er kveðið á um það að reglur ákvæða 54. gr.,55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B skuli gilda áfram, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frumvarpsins, að því er varðar bindingu, ráðstöfun og viðurlög.

Um bráðabirgðaákvæði III.

Ákvæðið felur í sér að skatthlutfall hlutafélaga og hliðstæðra lögaðila verður 38%

við álagningu á árinu 1993 en lækka 1994 í 33% samkvæmt almennum ákvæðum frumvarpsins.

Um bráðabirgðaákvæði IV.

Samkvæmt þessu ákvæði skal lagður sérstakur 5% skattur á tekjur manna umfram ákveðin mörk. Þegar um er að ræða hjón sem bæði hafa tekjur sem lenda í sérstökum skatti er gert ráð fyrir að skattinum verði skipt hlutfallslega í samræmi við tekjur þeirra umfram þau mörk sem ákveðin eru í ákvæðinu.

Um bráðabirgðaákvæði V og VI.

Ákvæði þessi fjalla um fyrirframgreiðslu skatts, sem lagður verður á samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV.

Um bráðabirgðaákvæði VII.

Hér er að finna ákvæði um að sveitarfélög skulu fá hlutdeild í þeim tekjuskatti sem innheimtist á árinu 1993 og hvernig staðið verður að skilum á henni. Með ákvæðum þessum er verið að tryggja sveitarfélögum tekjur í stað niðurfellingar á innheimtu aðstöðugjalds en um það er fjallað í frumvarpi til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Um bráðabirgðaákvæði VIII.

Vísað er til almennra athugasemda um þetta atriði.

Um 18. og 19. gr.

Í þessum greinum er verið að gera breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem leiðir af því að embætti skattrannsóknarstjóra er gert að sjálfstæðu embætti skv. I. kafla frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í þessari grein er verið að gera breytingu á lögum um yfirskattanefnd sem leiðir af því að embætti skattrannsóknarstjóra er gert að sjálfstæðu embætti skv. I. kafla.

Um 21. gr.

Ákvæðið felur í sér að frestur til að ljúka afgreiðslu eldri mála er framlengdur. Vísað er til almennra athugasemda um skýringar.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga. Breytingar þær, sem lagðar eru til, fela það í sér að skattafsláttur samkvæmt lögunum verði lækkaður í þrepum og síðan afnuminn á árinu 1997 og falla lögin úr gildi frá árslokum. Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, er þó í engu breytt þeim samningi sem innlánsstofnun og viðkomandi aðili hafa gert sín í milli.

Í þessari grein er kveðið á um það að skattafsláttur samkvæmt lögum þessum lækki í þrepum þannig að hann leggist af eftir árið 1997.

Um 24. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um það að enda þótt maður sem stofnað hefur húsnæðissparnaðarreikning fyrir gildistöku laga þessara geri ekki skil á lágmarksinnleggi eftir þann tíma verði hann ekki látinn sæta viðurlögum sem lögin gera ráð fyrir. Þetta byggir á því að með þessu frumvarpi er verið að afnema skattafslátt sem fylgt hefur húsnæðissparnaðarreikningum. Reikningar þessir hafa yfirleitt verið stofnaðir í þeim tilgangi að fá skattafsláttinn. Nú þegar verið er að skerða hann og síðan afnema er kominn verulegur forsendubrestur og væri þá bersýnilega ósanngjarnt að ætla mönnum að sæta viðurlögum ef þeir halda ekki áfram að leggja inn á reikninginn. Því eru viðurlögin tekin úr sambandi að þessu leyti.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26.–35. gr.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 82/1991. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 440 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 er reiknað með 435 millj. kr. tekjum. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laganna verði að mestu efnislega samhljóða lögum nr. 82/1991. Eina efnisbreytingin í frumvarpinu er sú að opinberir fjárfestingarlánasjóðir eru gerðir skattskyldir í samræmi við breytingar þær sem gerðar voru fyrr á árinu á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Um 36. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um heimild til handa ráðherra að ákveða með reglugerð að tiltekin ferðaþjónusta falli í hinn sérstaka gjaldflokk. Er gert ráð fyrir að nánar verði skilgreint hvað falli undir hugtakið ferðaþjónustu. Ákveðnir tæknilegir örðugleikar eru fólgnir í afmörkun hugtaksins, einkum í ljósi þess að ekki er óalgengt að um sé að ræða blandaðan rekstur. Þykir heppilegra að kveða á um slíka afmörkun í reglugerð.

Um 37. gr.

Í þessu ákvæði eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna, þar sem gjaldstofn er skilgreindur.

Annars vegar er lagt til að framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð launþega falli undir gjaldstofninn, að því marki sem það er umfram 6%. Byggist þetta á því að form launa hefur í seinni tíð breyst í sumum starfsstéttum í þá átt að framlag þetta sé hækkað. Líta verður á þetta aukna framlag sem ígildi launa sem varið er til kaupa á viðbótarréttindum. Á það ekki hvað síst við þegar unnt er að leggja það til séreignasjóða sem í eðli sínu eru hliðstæðir sparireikningum.

Hins vegar er um að ræða breytingu þar sem lagt er til að 2. málsl. 3. tölul. 7. gr. verði breytt. Með því mun gjaldstofn tryggingagjalds einnig ná til greiðslna til starfsmanna fyrir afnot af bifreiðum þeirra. Í framkvæmd hefur mjög aukist greiðslur af þessu

tagi til starfsmanna, enda hefur launagreiðandi haft beina hagsmuni af því þar sem greiðslurnar hafa ekki fallið undir tryggingagjaldsstofninn eins og vera mundi ef samsvarandi launagreiðsla er innt af hendi.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að fækka undanþágum frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 2. gr. laganna um virðisaukaskatt, að skattskylda nái til allrar vinnu og þjónustu.

Í a-lið greinarinnar er undanþága vegna fólksflutninga felld niður að frátöldum fólksflutningum með leigubifreiðum. Um skilgreiningu á hugtakinu leigubifreið er vísað til laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

Í b-lið greinarinnar er afnumin undanþága frá skattskyldu vegna útleigu hótel- og gistiherbergja ásamt annarri gistiþjónustu. Kveðið er nánar á um skattskyldu vegna útleigu hótel- og gistiherbergja ásamt annarrar gistiþjónustu í 43. gr. sem er breyting á 14. gr. laganna um virðisaukaskatt. Vísast til athugasemda við þá grein. Útleiga veitinga- og samkomuhúsnæðis er skattskyld samkvæmt núgildandi lögum en ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að það taki aðeins til skammtímaleigu (aðstöðusölu) á sal eða öðru húsnæði, þ.e. útleigu vegna tiltekins viðburðar eða samkomu. Vegna þessa er ákvæðinu breytt á þann veg að tekið er af skarið varðandi það að skattskyldan nái einungis til útleigu á framangreindu húsnæði þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar en ákvæði tekur hins vegar ekki til eiginlegra húsaleigusamninga um atvinnuhúsnæði, þ.e. samninga sem falla undir húsaleigusamningalög nr. 44/1979, þótt viðkomandi húsnæði sé ætlað til veitinga- eða samkomuhalds.

Loks er í c-lið afnumin undanþága frá skattskyldu vegna þjónustu ferðaskrifstofa. Kveðið er nánar á um skattskyldu þessarar þjónustu í 43. gr. sem er breyting á 14. gr. laganna um virðisaukaskatt. Vísast til athugasemda við þá grein.

Um 40. gr.

Með þessari breytingu er gert skýrara orðalag 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna um virðisaukaskatt þar sem kveðið er á um skattskyldu samvinnufélaga svo og annarra félaga og stofnana. Hér er ekki um neina efnislega breytingu að ræða heldur er verið að skýra betur út staðfesta framkvæmd á ákvæðinu og eiga þar við sömu sjónarmið og um skattskyldu opinberra aðila, þ.e. að skapa ekki óeðlilega samkeppnisaðstöðu fyrir þessa aðila þegar þeir selja sams konar eða sömu vöru eða þjónustu og atvinnufyrirtæki.

Um 41. gr.

Með 41. gr. frumvarpsins eru felldir brott úr lögunum þrír töluliðir 12. gr. laganna um virðisaukaskatt er kveður á um undanþágu frá skattskyldri veltu. Auk þess er sett inn skýrara orðalag í 6. tölul. og 7. tölul. 12. gr. laganna um virðisaukaskatt.

Í a- og b-liðum er undanþága vegna sölu skipa gerð skýrari. Með breytingunni er kveðið á um að skip sem eru styttri en 6 metrar geti ekki fallið undir undanþáguna. Í greinargerð með frumvarpi til laga um virðisaukaskatt er tilgangur ákvæðisins skýrður með hliðsjón af þeim reglum sem giltu í tíð söluskattslaga. Þar segir m.a.: „Hliðstætt undanþáguákvæði er í gildandi söluskattslöggjöf og hefur upptaka virðisaukaskattsins því

enga breytingu í för með sér að þessu leyti.“ Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 432/1986 um söluskatt af bátum sagði að bátar sem eru 6 metrar að lengd eða stærri skyldu vera undanþegnir söluskatti að uppfylltum frekari skilyrðum. Með hliðsjón af framangreindu er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur er ákvæðið gert skýrara.

Í c-lið er undanþága frá skattskyldri veltu felld niður vegna sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða sbr. 9. tölul. 12. gr.

d-liður nemur brott undanþágu vegna sölu bóka á íslenskri tungu.

e-liður fellir brott undanþágu vegna sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

Um 42. gr.

Ákvæði 13. gr. laganna um virðisaukaskatt um útgáfu reiknings vegna afhendingar vöru eða þjónustu er gert skýrara með þessari grein. Jafnframt er gerð nauðsynleg breyting á henni vegna upptöku 14% skatthlutfalls.

Um 43. gr.

Í 43. gr. felst það nýmæli að tekið er upp 14% þrep í virðisaukaskatti. Vara og þjónusta sem gerð er skattskyld skv. 39. og 41. gr. frumvarpsins fellur undir þetta nýja skattþrep.

Í 1. tölul. er fjallað um fólksflutninga að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða.

Í 2. tölul. er fjallað um útleigu hótel- og gistiherbergja og aðra gistiþjónustu. Með annarri gistiþjónustu er m.a. átt við útleigu tjaldstæða og sölu á gistingu hjá ferðaþjónustu bænda.

Í 3. tölul. er kveðið á um að milliganga um ferðaþjónustu sé skattskyld. Þótt þjónusta ferðaskrifstofa hafi verið túlkuð á þann veg að einungis sé átt við milligöngu um ferðaþjónustu þykir rétt að kveða fastar að orði og taka skýrt fram að ákvæðið eigi einungis við um milligöngu um ferðaþjónustu en ekki aðra starfsemi sem ferðaskrifstofur kunna að hafa með höndum.

Í 4. tölul. er fjallað um afnotagjöld útvarpsstöðva.

Í 5. tölul. felur í sér ráðagerð um það að fella niður undanþágu á virðisaukaskatti vegna sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.

Í 6. tölul. er kveðið á um niðurfellingu á undanþágu á virðisaukaskatti vegna sölu bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.

Loks er í 7. tölul. fjallað um sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

Um 44. gr.

Sett er inn ný málsgrein til að tryggja að fyrir hendi sé óyggjandi heimild fyrir fjármálaráðherra til að auðkenna þau ökutæki sérstaklega sem veita rétt til að telja virðisaukaskatt af öflun eða leigu til innskatts.

Um 45. gr.

Breytingar á þessari grein eru tæknilegs eðlis og varða formskilyrði vegna útfyllingar reikninga, sbr. 20. gr. laganna um virðisaukaskatt. Orðalagi um aðgreiningu skattskyldrar og óskattskyldrar sölu er breytt þannig að ekki er lengur gerð krafa um aðskilda reikninga. Hins vegar verður samkvæmt þessari grein að aðgreina sölu eftir skattskyldu og skatthlutfalli á hverjum reikningi. Hins vegar eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna upptöku á 14% skatthlutfalli.

Um 46., 47., 49., 50., 51. og 54. gr.

Þessar greinar kveða á um breytingar á skipulagi í skattkerfinu og er vísað til umfjöllunar í I. kafla um þau efni.

Um 48. gr.

Í þessari grein felst heimild til handa fjármálaráðherra til að setja reglugerð um undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni. Á þetta ákvæði fyrst og fremst við um innflutning á ýmsum skýrslum og ritum sem erlendar stofnanir senda endurgjaldslaust til hliðstæðra stofnana hér á landi. Hingað til hafa engar heimildir verið í lögum til að fella niður virðisaukaskatt í þessum tilfellum.

Um 52. gr.

52. gr. frumvarpsins felur í sér breytingu á 42. gr. laganna um virðisaukaskatt. Byggjendum íbúðarhúsnæðis skal endurgreitt 60% virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað og eigendum íbúðarhúsnæðis skal endurgreitt 60% af vinnu manna við endurbætur og viðhald þess í stað fullrar endurgreiðslu áður.

Um 53. gr.

Þessi grein kveður á um endurgreiðslur á hluta virðisaukaskatts vegna sölu á orku til húshitunar.

Um 55. gr.

Þessi grein kveður á um gildistöku einstakra ákvæða laganna á mismunandi tímapunktum. Almennt taka lögin gildi 1. janúar 1993 og tekur það til afnáms undanþágu frá skattskyldri veltu hvað varðar sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til húshitunar. Frá þessu eru tvær undantekningar. Annars vegar verður velta tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða og sala bóka á íslenskri tungu svo og afnotagjöld útvarpsstöðva gerð skattskyld frá og með 1. júlí 1993. Hins vegar verður vinna og þjónusta við fólksflutninga, aðra en með leigubifreiðum, við leigu hótel- og gistiherbergja og milliganga um ferðaþjónustu skattskyld frá og með 1. janúar 1994.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að norræn menningarverðlaun njóti skattfrelsis með sama hætti og bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

418. Frumvarp til laga [287. mál]

um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laganna er:

a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.

2. gr.

Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Búfé: Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Dýr: Öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.

Dýrasjúkdómur: Smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örvera eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur, eitranir og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru til afþreyingar.

Smitsjúkdómur: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.

Sóttvarnarsvæði: Landsvæði sem afmarkast af varnarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

III. KAFLI
Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.

5. gr.

Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða smitsjúkdóm, sem tilgreindur er í viðauka 1 með lögum þessum eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það yfirdýralækni. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm sem tilgreindur er í viðauka 2 skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

6. gr.

Öllum þeim, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum yfirdýralæknis um skráningu dýrasjúkdóma og gera þær ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdómum sem hann mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma sem tilgreindir eru í viðauka 1 eða ef þeirra verður vart og nýja, nú óþekkta sjúkdóma hér á landi, þar með talin ákvæði um sóttvörn og samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rannsóknir, aflífun í rannsóknarskyni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahræja.

IV. KAFLI
Varnaraðgerðir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum yfir-

dýralæknis fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1 og 2 og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. sjúkdómsmeðferð,
   c. ónæmisaðgerðir,
   d. merkingar og einangrun,
   e. eftirlit,
   f. förgun og eyðingu.
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
   a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
   b. gerilsneyðingu, sótthreinsun og dauðhreinsun,
   c. eyðingu.
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
   a. hreinsun og sótthreinsun,
   b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. hreinsun, sótthreinsun og eyðingu fatnaðar.

V. KAFLI
Fyrirbyggjandi aðgerðir.

9. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hætta búin að mati yfirdýralæknis.

10. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, ósútuð skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur sem unnar eru úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla, blóð og blóðvatn, ósoðna mjólk og egg.
b. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu eða flutninga á dýrum og dýraafurðum.
c. Hvers konar notaðan veiðibúnað til stangaveiði.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem taldar eru upp í a-lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem pökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt pökkunarefni hafi ekki smithættu í för með sér. Innflutningsbann þeirra vörutegunda, sem taldar eru upp í b- og c-liðum 1. mgr., kemur ekki til framkvæmda ef varan sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með.

11. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli sóttvarnarsvæða telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda stórfelldu tjóni á dýrum.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður að fengum tillögum dýrasjúkdómanefndar hvaða varnarlínum skuli haldið við. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að setja upp nýjar varnarlínur þar sem nauðsyn krefur. Girðingarstæði skulu valin þar sem best skilyrði eru frá náttúrunnar hendi og valdi sem minnstum spjöllum og jarðraski. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að landi sínu sé slíkt nauðsynlegt, enda skal þá leitast við að bæta það með tilsvarandi landi í skiptum ef unnt er. Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir missi landsnytja skulu bætur metnar af dómkvöddum matsmönnum. Bætur þær, sem ákveðnar eru, greiðast af þeim er landið fá og miðast við notagildi þess.

Landbúnaðarráðherra ákveður með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum dýrasjúkdómanefndar.

13. gr.

Hræ dýra, sláturúrgang og sláturafurðir, sem ekki eru nýttar eða eru óhæfar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sama gildir um annan úrgang frá dýrum. Afurðir þessar er enn fremur óheimilt að nota sem dýrafóður nema samkvæmt sérstöku leyfi yfirdýralæknis og viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Þeir sem meðhöndla, geyma eða flytja hræ og sláturúrgang til eyðingar eða dauðhreinsunar eða ætla að nýta það til fóðurgerðar skulu afla sér heimildar yfirdýralæknis áður en starfsemin hefst.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða sem ætlaðar eru til fóðurs eða fóðurgerðar. Þar skal kveðið á um leyfi til fóðurgerðar, sbr. 13. gr., starfrækslu fóðurstöðva og hvaða skilyrðum þær þurfa að fullnægja, sýnatöku og eftirlit með slíkri starfsemi til að koma í veg fyrir smithættu.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísa sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt að setja reglur um heilbrigðiskröfur þeirra dýra sem notuð eru sem fósturmæður.

VI. KAFLI
Kostnaður og bætur.

16. gr.

Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis skal greiddur úr ríkissjóði.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1 með lögum þessum, svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af landbúnaðarráðherra. Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.

18. gr.

Kostnaður vegna einangrunar og rannsókna á öðrum sjúkdómum en taldir eru upp í viðauka 1 greiðist af eigendum dýranna að hluta eða öllu leyti samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

19. gr.

Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóði. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn dýrasjúkdómanefndar.

20. gr.

Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra að tillögum yfirdýralæknis, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum.

Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.

21. gr.

Réttur til bóta samkvæmt lögum þessum glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi dýra hefur ekki farið eftir ákvæðum þessara laga eða reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sama gildir ef eigandi hefur orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita með tilliti til aðstæðna að haldið var sjúkdómi sem lög þessi taka til eða valdið því með ásetningi eða vanrækslu að dýr hans smitaðist.

Bætur greiðast ekki ef dýr, sem flutt hafa verið til landsins, hafa sýkst af sjúkdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá innflutningi þeirra.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr, eða afurðir þeirra, eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara.

23. gr.

Skylt er að viðhalda varnarlínum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati dýrasjúkdómanefndar.

Því aðeins er landbúnaðarráðherra heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum dýrasjúkdómanefndar. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.

24. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að fyrirskipa á kostnað eigenda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt. Þá getur hann bannað hvers konar litarmerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.

25. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Sleppi sauðfé yfir varnarlínur skal því slátrað. Merkja skal líffæri úr fénu og senda án tafar til rannsóknar. Eigandi skal fá bætur samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis fyrir sauðfé sem slátrað er enda hafi líffæri verið send til rannsóknar. Nautgripi og geitur má því aðeins flytja yfir varnarlínur til lífs að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Yfirdýralæknir getur leyft flutning á tilrauna- og kynbótagripum yfir varnarlínur.

26. gr.

Hlíti eigandi eða umráðaaðili dýra ekki ákvörðun landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum er viðkomandi lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd á fyrirmælum ráðherra. Óheimilt er að farga dýrum eða taka þau frá aðila eða neyta annarra þeirra úrræða sem lög þessi kveða á um og valdið geta eiganda þeirra umtalsverðum kostnaði nema yfirdýralæknir hafi samþykkt slíkar aðgerðir. Gefa skal eiganda og umráðaaðila kost á að tjá sig um slíkar aðgerðir áður en til þeirra er gripið.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna dýrasjúkdómanefnd til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor, en yfirdýralæknir skal vera formaður nefndarinnar.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er landbúnaðarráðherra heimilt að skipa þriggja manna svæðisnefnd er verði yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins.

28. gr.

Stöðu framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Við gildistöku þeirra falla brott eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög nr. 3 14. febrúar 1902, um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.
b. Lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi.
c. Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og 24. gr. laga nr. 75/1982 og 1. gr. laga nr. 16/1952, um breyting á þeim lögum.
d. Lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 12/1967 og 25. gr. laga nr. 75/1982, um breyting á þeim lögum.
e. Lög nr. 22 10. maí 1977, um sauðfjárbaðanir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 11/1928, með síðari breytingum, lögum nr. 23/1956, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/1977, um sauðfjárbaðanir, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Viðauki 1.

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Miltisbrandur	— Anthrax
Gin- og klaufaveiki	— Foot and Mouth Disease
Smitandi fósturlát	— Brucellosis
Hundaæði	— Rabies
Sníf	— Glanders
Blátunga	— Bluetongue
Dúrín	— Dourine
Riða/Smit. heilahrörnun	— Scrapie/Bovine spongif. encephalop. (BSE)
Smit. kverka- og barkabólga	— Infectious laryngotracheitis (ILT)
Newcastle-veiki	— Newcastle disease
Kjúklingasótt	— Pullorum disease (Salmonella pullorum)
Hænsnatyfus	— Fowl typhoid (Salmonella gallinarum)
Munnblöðrubólga	— Vesicular stomatitis
Aujezsky's-veiki	— Aujezsky's disease (Pseudorabies)
Smitandi maga- og garnabólga	— Transmiss. gastroenteritis (Swine) (TGE)
Fjárbólusótt	— Sheep pox
Fjárkláði	— Scabies, Sheep scab (Psoroptic mange)
Hrossakláði	— Mange in horses (Sarcoptes mange)
Svínapest	— Hog cholera, Classical swine fever
Afríkönsk svínapest	— African swine fever
Sæljóna- og svínafár	— Vesicular Exanthema of Swine (VES)
Blöðruþot í svínum	— Swine vesicular disease (SVD)
Mæði (Þurramæði)	— Maedi
Lömunarveiki í svínum	— Porcine Enteroviral Encephalomyelitis, Teschen disease (Talfan disease)
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Hringskyrfi	— Ringworm (Herpes tonsurans)
Kverkeitlabólga	— Strangles
Illkynjuð brjósthimnubólga	— Contagious bovine pleuropneumonia
Nautapest	— Rinderpest
Hænsnapest	— Fowl plague (Influenza)
Afríkönsk hrossapest	— Afrikansk hestepest
Húðþrimlaveiki	— Lumpy skin disease
Rift Valley veiki	— Rift Valley fever
Berklar	— Tuberculosis (M.bov, M.tub)

Viðauki 2.

SKRÁNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

DÝR ALMENNT:	
Chlamydia-sýkingar	— Chlamydiosis (Psittacosis, Ornithosis)
Bólusótt	— Pox disease
Gulusótt	— Leptospirosis (m.a. Weils gula)
Clostridia-sýkingar	— Clostridiosis
Pestbjúgur	— Blackleg (Miltbr.emfysem)
Salmonellasýking	— Salmonellosis
Hvanneyrarveiki	— Listeriosis
Tríkínusýki	— Trikinosis
Sullaveiki (ígulbandormur)	— Hydatidosis (Echinococcus granulosus)
HROSS:	
Smitandi legbólga	— Contagious equine metritis (CEM)
Hestainflúensa	— Equine influenza
Smitandi háls- og lungnakvef	— Rhinopneumonitis/virusabort
Smitandi blóðleysi	— Equine inf. anemia, Swamp fever (EIA)
NAUTGRIPIR:	
Smitandi kverka- og barkabólga	— IBR/IPV
Smitandi slímhúðarpest	— Mucosal disease/Bovin viral diarrhea (MD/BVD)
Smitandi hvítblæði	— Enzootic leucosis
Illkynjuð slímhúðarbólga	— Malignant catarrhal fever
Veiruskita	— Viral Diarrhea
SAUÐFÉ:	
Lungnapest, lungnadrep	— Pasteurellosis
Garnaveiki	— Johne's disease, Paratuberculosis
Kýlapest	— Actinobacillosis
Tannlos	— Broken mouth
Smitandi fósturlát	— Vibriosis (Camphylobacter foetus)
Fótakláði	— Foot mange, leg mange
Bítlaveiki	— Hairy shaker disease, Border disease (BD)
Fótrot	— Foot rot
Smitandi munnangur	— Orf, Contagious Echtyma (CE)
Færilús	— Sheep tick (Melophagus ovinus)

SVÍN:	
Svínainflúensa	— Swine influenza, Hog flu
Garnadrep	— Necrotic enteritis (Clostr. perfr. type C)
Svínakregða	— Mycoplasmal Pneumonia, Endemic pneum. (EP)
Illvíg brjósth./lungnabólga	— Pleuropneumonia (Haemophilus pleuropn.)
Snúðtrýni	— Atrophic rhinitis swine
Rauðsýki	— Erysipelas
Svínakláði	— Sarcoptes mange
Júgurbólga/legbólga	— Metritis-mastitis-syndrome, Agalactia (MMA)
Svínadysentería	— Swine dysentery (T. hyodys.)
Bláeyra	— Porcine respiratory and reproductive syndrome
ALIFUGLAR:	
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Fuglaberklar	— Avian tuberculosis
Smitandi berkjubólga	— Infectious bronchitis (IB)
Hænsnalömun (Mareks-veiki)	— Marek's disease
Hvítblæði (Leukosis)	— Leucosis
Gumboro-veiki	— Gumboro disease
HUNDAR, KETTIR, LOÐDÝR:	
Veiruskita	— Virus Enteritis (mink)
Maurakláði	— Scabies
Hundafár	— Canine distemper, Hardpad disease
Smitandi lifrarbólga	— HCC
Refavanki (Nósematósa)	— Nosematosis
Plasmacytósa	— Plasmacytosis
Hérasótt	— Rabbit Fever (Tularemia)
ALIFISKAR:	
Kýlaveiki	— Furunculosis (A. salmonicida)
Sárasýking	— Ulcer disease (H. piscium)
Rauðmunnaveiki	— Yersiniosis (Y. ruck)
Nýrnaveiki	— Bacterial kidney disease (R. salm)
Vibríu-veiki	— Vibriosis (V. ang)
IPN-veiki	— Inf. pancreatic necrosis
IHN-veiki	— Infectious haematopoietic necrosis
VHS-veiki	— Viral haemorrh. septicaemia, Egtvedtsyge
Hvirfilveiki	— Myxobolus cerebralis
Roðflyðrusýki	— Gyrodactylus salaris

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim var lagt fram á 115. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er endurflutt að teknu tilliti til ábend-

inga frá umsagnaraðilum. Á liðnu vori bárust landbúnaðarnefnd Alþingis umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og Búnaðarþingi, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Páli A. Pálssyni, fyrrverandi yfirdýralækni, og Dýralæknafélagi Íslands. Margar ábendingar og athugasemdir framangreindra aðila þóttu réttmætar og hefur frumvarpinu verið breytt til samræmis við þær ábendingar. Leitað var samráðs við alþingismennina Egil Jónsson, formann landbúnaðarnefndar Alþingis, og Guðna Ágústsson.

17. janúar 1990 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem fengið var það hlutverk að yfirfara íslensk lagaákvæði sem varða búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og semja eitt lagafrumvarp um þetta efni að teknu tilliti til breyttra aðstæðna frá gildistöku laganna. Voru sérstaklega tilgreind í því sambandi lög nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, lög nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lög nr. 25/1923, um berklaveiki í nautpeningi, og lög nr. 22/1977, um sauðfjárbaðanir.

Nefndina skipuðu: Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Guðmundur Jónsson bóndi, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda.

Nefndin kynnti sér gildandi íslensk lög og lagaákvæði um búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt aflaði nefndin sér upplýsinga um og kynnti sér sambærilega löggjöf sem gildir í Danmörku (Lov om husdyrsygdomme nr. 814 21. desember 1988), Finnlandi (Lag om djursjukdomar 18. janúar 1980), Noregi (Lov om tiltak mot dyresjukdommer (husdyrloven) frá 8. júní 1962, breyt. 8. mars 1963) og Svíþjóð (Epizootillag 29. maí 1980). Varð nefndin sammála um að rétt væri að leiða í lög almenn ákvæði (rammalög) um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem næðu ekki einvörðungu til búfjársjúkdóma (húsdýrasjúkdóma) heldur einnig til sjúkdóma í gæludýrum og villtum dýrum.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er byggt á tillögum ofangreindrar nefndar. Því er skipt í átta kafla. Frumvarpinu fylgja tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru taldir upp svonefndir hættulegir smitsjúkdómar dýra sem eru fortakslaust tilkynningarskyldir skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í viðauka 2 eru hins vegar taldir upp aðrir dýrasjúkdómar sem ekki eru tilkynningarskyldir heldur ber dýralækni að hlutast til um að fram fari frekari rannsókn verði þeirra vart (skráningarskylda). Þá fylgir frumvarpi þessu samantekt Páls A. Pálssonar, fskj. I, fyrrverandi yfirdýralæknis, um búfjársjúkdóma, innflutning dýra og búfjárafurða. Á fskj. II með frumvarpinu er að finna umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Núgildandi íslensk lagaákvæði um sjúkdóma dýra og varnir gegn þeim takmarkast nær einvörðungu við sauðfjársjúkdóma eða voru sett með það að markmiði að útrýma sauðfjársjúkdómum (þurramæði, garnaveiki, kýlapest og síðar riðuveiki) eða nautgripasjúkdómum (berklaveiki). Með tilliti til þess að gildandi lög á þessu sviði eru takmörkuð, m.a. vegna aldurs þeirra og í ljósi breyttra aðstæðna, þykja næg rök standa til þess að sett verði almenn lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eins og hér er lagt til. Helstu efnisatriði gildandi laga eru:

Lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi.

Samkvæmt 1. gr. laganna er eigendum eða umráðamönnum nautgripa skylt að tilkynna dýralækni hið fyrsta öll sjúkdómseinkenni í nautpeningi er grun vekja um berklaveiki samkvæmt leiðarvísi er landbúnaðarráðuneytið lætur semja og úbúa. Dýralæknir sér þá um að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið. Kostnaður af slíkri rann-

sókn greiðist úr ríkissjóði, sbr. 2. gr., ef sjúkdómurinn reynist vera berklaveiki. Að öðrum kosti greiðist hann að hálfu úr ríkissjóði á móti eiganda.

Reynist nautgripur berklaveikur skal dýralæknir strax tilkynna það landbúnaðarráðuneytinu og er ráðuneytinu heimilt með ráðum dýralæknis að fyrirskipa niðurskurð á sjúkum gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Ávallt skal fyrirskipa niðurskurð ef gripir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Í 4. gr. laganna er kveðið á um bætur vegna niðurskurðar sem fyrirskipaður er. Ber ríkissjóði að greiða eiganda skaðabætur sem svarar ⅓ af andvirði kjötskrokksins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Eiganda eru frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. Sótthreinsunarlyf og umsjón með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en eiganda er skylt að leggja til endurgjaldslaust alla þá hjálp er með þarf við rannsókn og niðurskurð gripa.

Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, með síðari breytingum.

Allt frá árinu 1926 hafa lög lagt bann við innflutningi ýmissa vörutegunda. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1928 er bannað að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Heimilt er landbúnaðarráðuneytinu að víkja frá banni þessu, enda séu hverju sinni settar reglur, sem eru öruggar, til varnar því að alidýrasjúkdómar berist til landsins með innfluttum dýrum, sbr. nú lög nr. 54/1990, um innflutning dýra. Í 2. gr. laganna er jafnframt bannaður innflutningur ýmissa vörutegunda. Í sumum tilvikum hafa lögin að geyma fortakslaust bann við innflutningi, en ýmsar vörutegundir er þó heimilt að flytja til landsins samkvæmt sérstöku leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt skv. 3. gr. að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum er hætta telst á að sóttnæmi geti borist með. Brot gegn innflutningsbanni varðar sektum og jafnframt að dýr eða vara verði hugsanlega ónýtt.

Samkvæmt lögunum er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu gin- og klaufaveiki berist hún eða annar hættulegur alidýrasjúkdómur til landsins. Lögin heimila þannig mjög víðtækar ráðstafanir sem unnt er að grípa til til að hefta útbreiðslu veikinnar. Með reglugerð er ráðherra unnt að setja fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á um að slíkur sjúkdómur hafi komið upp, enn fremur bætur úr ríkissjóði fyrir gripi sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsikostnaðar, svo og önnur þau atriði er þurfa þykir.

Lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum.

Lög þessi má rekja allt aftur til ársins 1937 er sett voru sérstök lög um varnir gegn útbreiðslu borgfirsku sauðfjárveikinnar, lög nr. 12 12. maí 1937, sem höfðu að geyma víðtæk ákvæði með það að markmiði að hefta útbreiðslu mæðiveikinnar. Of langt mál yrði að rekja sögulegan aðdraganda laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Samkvæmt 1. gr. laganna ná þau til þurramæði og garnaveiki, svo og riðuveiki og kýlapestar samkvæmt sérstakri ákvörðun ráðherra. Markmið framkvæmda þeirra, sem lögin fjalla um, er að hindra útbreiðslu ofannefndra sjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra, sbr. 2. gr. Fimm manna framkvæmdanefnd, sauðfjársjúkdómanefnd, hefur á hendi stjórn þeirra mála sem lögin taka til, svo og fram-

kvæmdastjóri sem sér um dagleg störf og framkvæmdir í umboði nefndarinnar. Í III. kafla laganna er fjallað um sauðfjárvarnasvæði og varnir. Eru ákvæði laganna um varnarlínur og girðingar mikið til óbreytt frá eldri löggjöf (6.–11. gr.). Samkvæmt 12. gr. er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að fyrirskipa á kostnað eiganda sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum þar sem nauðsynlegt þykir. Þá getur nefndin bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

Óheimilt er skv. 13. gr. að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Kynbótafé má þó flytja yfir varnarlínur með sérstöku leyfi sauðfjársjúkdómanefndar og samþykki yfirdýralæknis. Sleppi kindur yfir varnarlínur skal þeim slátrað. Fáist vissa eða sterkur grunur um að einhver fjársótt hafi borist yfir varnarlínu skal framkvæmdastjóri í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar sem nefndin telur tryggilegastar og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust og auk þess kindum sem líkur eru til að hafi smitast við hýsingu með veiku fé, við samrekstur og í réttum skv. 17. gr. Samkvæmt 18. gr. varðar það fjáreiganda sektum að leyna veiki í fé sínu og fangelsisvist verði það til þess að veikin berist í ósýkt fé annarra. Í IV. kafla laganna, 24.–29. gr., er fjallað um fjárskiptafélög. V. kafli laganna hefur að geyma ítarleg ákvæði um fjárskipti (30.–36. gr.). Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta er fjallað í VI. kafla laganna. Miðast framlag ríkisins við fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattframtal hjá fjáreigendum sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast. Samkvæmt 38. gr. greiðir ríkissjóður fjáreigendum afurðatjónsbætur sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum sem fjáreigendur fá það haust sem bætur eru greiddar. Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Samkvæmt 42. gr. getur landbúnaðarráðherra fyrirskipað niðurskurð á sýktu eða grunuðu svæði að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar telji nefndin það nauðsynlegt til að útrýma sauðfjársjúkdómi. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Greiðast bætur fjáreigendum samkvæmt ákvæðum laganna. Verði krafist mats vegna niðurskurðarins eftir gildandi lögum um eignarnám er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu. 44. gr. fjallar um heimild landbúnaðarráðherra að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar til að gera hverja þá ráðstöfun er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, t.d. varnarbólusetningu, heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýniskorna. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. hefur sauðfjársjúkdómanefnd heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum eða fella þær niður ef réttarrannsókn sannar að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli nefndarinnar.

Lög um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977.

Samkvæmt 1. gr. er eigendum og umráðaaðilum sauðfjár og geita skylt að láta fara fram böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum. Skylt er að eiga eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innan húss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski. Böðun skal skv. 2. gr. fara fram annan hvern vetur milli 1. nóvember og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr

en fé er komið á hús nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki. Um undanþágu frá böðunarskyldu 1. gr. er fjallað í 3. gr. laganna og er hún háð meðmælum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis. Fjárkláða í kind eða grun um hann ber skv. 5. gr. að tilkynna án tafar héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra. Skylt er að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eiganda uns dýralæknir hefur úrskurðað hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. getur ráðherra fyrirskipað tvíböðun í fjárskiptahólfi þrátt fyrir að böðunarskyldu hafi verið fullnægt, enda verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ. Héraðsdýralæknar eru eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum þar sem þeir eru búsettir að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit að dómi ráðherra. Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra sérstaka eftirlitsmenn með böðunum, einn í hverju sýslufélagi eða hluta úr sýslufélagi eða bæjarfélagi. Skipuleggja eftirlitsmenn böðunina og undirbúa hana. Þeir útnefna baðstjóra skv. 7. gr. í samráði við hreppsnefndir. Baðstjórum er skylt að skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði og vera viðstaddir böðun. Þeir sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því að þeir sem að böðun starfa fylgi settum reglum og fylgist vel með því hvort óþrifa verði vart í fénu. Tegund baðlyfs skal ákveðin af ráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Eins og áður er fram komið felur frumvarpið í sér almenn ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Frumvarpið tekur til allra sjúkdóma í dýrum og með því er öllum ákvæðum um varnir og útrýmingu sjúkdóma skipað í einn lagabálk. Með þessu fyrirkomulagi er ekki að neinu leyti slakað á kröfum gildandi laga í þeirri baráttu sem nú á sér stað við útrýmingu smitsjúkdóma.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á stjórn sjúkdómavarna. Skipan þeirra mála er færð til embættis yfirdýralæknis sem er til þess fallið að hafa í för með sér markvissari og betri nýtingu á starfskröftum við sjúkdómavarnir, en það eykur hagkvæmni og dregur úr útgjöldum ríkissjóðs við framkvæmd laga um dýrasjúkdóma.

Fyrirsjáanlegt er að samgangur við útlönd fer vaxandi og því er árangursríkara að tengja saman upplýsingar um sjúkdómsástand í ýmsum viðskiptalöndum og varnir gegn sjúkdómum hérlendis. Samfara hugsanlegum innflutningi landbúnaðarvara verður að gera víðtækar og kostnaðarsamar rannsóknir á útbreiðslu sjúkdóma, þekktra og óþekktra, til að fyrir liggi bestu fáanlegu upplýsingar ef til slíks innflutnings kemur. Það skýrir m.a. mikilvægi þess að stjórn dýrasjúkdómamála sé samræmd og á einni hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst þríþættum megintilgangi laganna. Í fyrsta lagi að stuðla að góðu heilsufari dýra og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins, í öðru lagi að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra og í þriðja lagi að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar. Benda má einkum á ákvæði III.–V. kafla laganna og þau úrræði sem þar eru gefin og eru til stuðnings tilgangi laganna. Greinin er mun ítarlegri en sambærilegt ákvæði laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissviði laganna lýst, en þeim er ætlað að ná til allra sjúkdóma í dýr-

um, bæði hryggdýrum og hryggleysingjum, húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum. Hér er um veigamikla breytingu frá gildandi löggjöf að ræða sem takmarkast að mestu leyti við sauðfjársjúkdóma.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að yfirdýralæknir sé ráðherra til ráðuneytis varðandi alla dýrasjúkdóma og framkvæmd laganna. Er það sambærilegt fyrirkomulag og gildir um búfjársjúkdóma skv. 2. mgr. 3. gr. laga um dýralækna, nr. 77/1981, með síðari breytingum. Eins og rakið er í almennum athugasemdum við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir sambærilegri framkvæmdanefnd og kveðið er á um í 4. gr. laga nr. 23/1956 varðandi sauðfjársjúkdóma, enda eðlilegt að yfirdýralæknir hafi með höndum framkvæmd og samræmingu í baráttu við og útrýmingu á öllum sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum hér á landi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin leggur þá skyldu á alla sem hafa ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi að tilkynna það dýralækni eða lögreglu. Jafnframt er kveðið á um mismunandi úrræði sem dýralækni ber að framkvæma eftir því hvort um er að ræða sjúkdóm sem talinn er í viðauka 1 eða viðauka 2. Í viðauka 1 eru dýrasjúkdómar sem eru hættulegir mönnum og dýrum og geta með útbreiðslu sinni valdið eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni. Um þá ber dýralækni tafarlaust skylda til að tilkynna yfirdýralækni, jafnframt því að grípa án tafar til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu sjúkdómsins eða til útrýmingar sjúkdóminum. Er þá m.a. unnt að grípa til afhendingarbanns eða banna afhendingu á afurðum viðkomandi dýrs sem getur reynst nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Ákvæði svipaðs efnis er í 7. gr. laga um dýralækna, nr. 77/1981, sem þó takmarkast eingöngu við búfé.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um skyldu allra dýralækna sem starfa að dýralækningum til að fylgja fyrirmælum yfirdýralæknis um skráningu allra dýrasjúkdóma og fylgja fyrirmælum um ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdóma og er nýmæli. Hún tekur til allra héraðsdýralækna og sjálfstætt starfandi dýralækna sem er nauðsynlegt vegna síaukinnar hættu á að smitsjúkdómar berist til landsins vegna aukinna samgangna og hugsanlegs innflutnings á landbúnaðarafurðum í framtíðinni.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að setja með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegar varúðarráðstafanir verði vart við hættulega smitsjúkdóma í dýrum eða ef upp kemur grunur um þá. Jafnframt hefur greinin að geyma heimild til að setja sérstakar reglur um aðgerðir til útrýmingar nýjum hættulegum smitsjúkdómum sem kunna að berast til landsins. Mikilvægt er að lögin hafi að geyma tiltölulega rúma reglugerðarheimild að þessu leyti og eru ekki tæmandi talin þau atriði sem unnt er að kveða á um í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna yfirgripsmikila upptalningu á ráðstöfunum sem ráðherra get-

ur kveðið á um í því skyni að hindra útbreiðslu eða útrýma dýrasjúkdómum og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þeirra. Rétt þykir að heimildir af því tagi, sem hér um ræðir, séu hjá ráðherra. Nýmæli er að varnaraðgerðir, sem greinin fjallar um, geti náð til eiganda eða umráðaaðila dýra, en slíkt getur verið þýðingarmikið varðandi margar tegundir smitsjúkdóma.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Að efni til er greinin svipuð ákvæðum 2. og 3. gr. laga nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Í heild er fjölgað þeim vörutegundum sem óheimilt er að flytja til landsins og við bætast gróðurmold og rotmassi blandað alidýraáburði, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla, blóð og blóðvatn (a-liður), notaður reiðfatnaður, notuð reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu eða flutninga á dýrum og dýraafurðum, svo og notaður veiðibúnaður til stangaveiði (b- og c-liðir). 1. málsl. 2. mgr. um undanþágu frá innflutningsbanni a-liðar 1. mgr. er nýmæli. 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 11/1928.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 2. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 23/1956 sem gilda um sauðfjárvarnasvæði.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og hefur að geyma þýðingarmikil ákvæði sem ætlað er að fyrirbyggja hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sífellt erfiðara reynist að finna staði til að koma fyrir úrgangi eða hræjum. Því er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitefnis.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að ráðherra setji með reglugerð ákvæði um meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða til fóðurgerðar og um sýnatöku og eftirlit. Nærtækt dæmi um útbreiðslu smitefnis í fóðri úr dýraafurðum er sjúkdómurinn heilahrörnun í nautgripum (BSE) í Bretlandi þar sem skorti á nauðsynlega hitameðferð við fóðurgerðina. Ítarlegar leiðbeinandi reglur á þessu sviði eru til þess fallnar að draga úr smithættu.

Um 15. gr.

Í þessari grein er nýmæli um heimild til að setja reglur um fósturflutninga og heilbrigðiskröfur fósturmæðra. Gildandi reglugerð á þessu sviði er reglugerð um búfjársæðingar nr. 226 13. ágúst 1969.

Um 16. gr.

Greinin kveður á um skyldu ríkissjóðs til að greiða þóknun og ferðakostnað þeirra

aðila sem vinna að framkvæmd laganna eftir fyrirmælum yfirdýralæknis. Um getur verið að ræða dýralækni og aðra aðila sem taka að sér sérstök og afmörkuð verkefni samkvæmt fyrirsögn yfirdýralæknis.

Um 17. og 18. gr.

Kostnaður við einangrun, rannsóknir, sótthreinsun og því um líkt greiðist af ríkissjóði þegar um er að ræða búfé og sjúkdóma sem taldir eru upp í viðauka 1 með lögunum. Kostnaður við einangrun og rannsóknir á öðrum sjúkdómum getur að hluta eða öllu leyti fallið á eiganda viðkomandi dýrs samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra. Í 17. gr. er mikilvægt nýmæli um skyldu eigenda búfjár til að leggja endurgjaldslaust fram aðstoð og ófaglega vinnu við hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 23/1956, með síðari breytingum.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt búfjáreigenda til bóta úr ríkissjóði fyrir búfé sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra. Takmarkast bótaskylda ríkissjóðs við búfé og falla því gæludýr og önnur dýr sem ekki eru haldin eða alin til nytja utan skyldu ríkissjóðs til greiðslu bóta. Samkvæmt 2. mgr. er aðalreglan sú að bótum ríkissjóðs er ætlað að svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu búfjárins. Undantekning frá þessari meginreglu er í 3. mgr. að nýtanlegar afurðir búfjár koma til frádráttar heildarbótum eiganda. Þá geta bætur fyrir kynbótagripi skv. 2. mgr. verið hærri en sannanlegt verðmæti afurða þeirra.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um takmörkun á bótarétti eigenda dýra að hluta eða öllu leyti við þær aðstæður ef sannast að eigandi fer ekki eftir ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Greinin tekur einnig til þeirra tilvika ef eigandi verður sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita að var haldið sjúkdómi. Eðlilegt þykir að eigendur verði að bera tjón sitt sjálfir að hluta eða öllu leyti við þær aðstæður sem greininni er ætlað að ná yfir.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um skyldu til að veita yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra aðgang að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr eða afurðir þeirra eru og upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og rannsókna. Eftirlits- og rannsóknaraðilum sem greinin nær til er nauðsyn á að hafa greiðan aðgang að öllum þeim stöðum þar sem dýr eða afurðir þeirra eru og jafnframt getur verið brýnt að fá án tafar allar upplýsingar sem máli geta skipt í tengslum við eftirlit eða rannsóknir á sjúkdómum og er greininni ætlað að ná yfir slík tilfelli.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 23/1956. Ákvörðunarvald um niðurlagningu varnarlínu er hjá landbúnaðarráðherra í stað sauðfjársjúkdómanefndar áður.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um heimild yfirdýralæknis til að fyrirskipa sérstakar merkingar á búfé þegar nauðsyn krefur og að banna hvers konar litarmerkingar á búfé á ákveðnum svæðum. Greinin er svipuð að efni til og 12. gr. laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, en sú grein hefur að geyma heimild fyrir sauðfjársjúkdómanefnd til að fyrirskipa eða banna slíkar merkingar á sauðfé og nautgripum. Eigendum búfjár er ætlað að bera allan kostnað af merkingum.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 23/1956 og þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin er nýmæli. Í gildandi lög skortir sambærileg úrræði sem nauðsynleg eru til að framfylgja ákvörðun ráðherra á grundvelli laganna. Förgun dýra eða umráðataka þeirra er háð sérstöku samþykki yfirdýralæknis og verður ekki framkvæmd án þess að sjónarmið eiganda og umráðamanns liggi fyrir.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipun þriggja manna dýrasjúkdómanefndar samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Gert er ráð fyrir að yfirdýralæknir sé formaður nefndarinnar sem er í samræmi við það markmið laganna að samræma og færa á eina hendi stjórn sjúkdómamála dýra.

2. mgr. gerir ráð fyrir heimild landbúnaðarráðherra til að skipa þriggja manna svæðisnefnd sem ætlað er að vera yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd varnaraðgerða og útrýmingu alvarlegra smitsjúkdóma sem upp kunna að koma í dýrum. Eðli málsins samkvæmt er hér um tímabundna nefnd að ræða sem skipuð yrði vegna ákveðins sjúkdóms sem við er að glíma á ákveðnu svæði/svæðum. Þær aðstæður geta skapast að yfirdýralækni sé nauðsyn á að hafa sér til aðstoðar nefnd manna sem staðkunnugir eru og geta verið til aðstoðar við framkvæmdir sem gera þarf til útrýmingar smitsjúkdómi.

Um 28. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skipar landbúnaðarráðherra framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar. Í samræmi við þá breytingu, sem frumvarpið felur í sér á yfirstjórn dýrasjúkdóma og lýst er í almennum athugasemdum, er eðlilegt að staða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar færist við gildistöku laganna til landbúnaðarráðuneytisins, enda má gera ráð fyrir að verkefni ráðuneytisins aukist að einhverju marki við þá breytingu.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin hefur að geyma hliðstæðan refsiramma og gildandi lög kveða á um.

Um 31. gr.

Í greininni eru talin upp þau lög og lagaákvæði sem felld eru brott við gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirsjáanlegt er að töluverða vinnu þarf að leggja í að endurskoða þær reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið með stoð í gildandi lögum. Því er gert ráð fyrir að reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lögin. Hér er einkum um að ræða reglugerð nr. 556/1982 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum og reglugerð nr. 290/1978 um sauðfjárbaðanir.

Fylgiskjal I.

Páll A. Pálsson,
fyrrv. yfirdýralæknir:

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR, INNFLUTNINGUR DÝRA OG BÚFJÁRAFURÐA

I.

Vegna afskekktrar legu Íslands norður í höfum hafa þeir smitsjúkdómar húsdýra, sem alvarlegastir eru, aldrei borist til landsins, þó hafa nokkrir smitsjúkdómar húsdýra, sem hingað hafa borist, valdið gífurlegu tjóni beint og óbeint svo sem alkunna er.

Þrátt fyrir strjálbýli hér á landi eru búskaparhættir þannig að mjög hefur reynst erfitt og kostnaðarsamt að hindra útbreiðslu smitandi húsdýrasjúkdóma sem hér hafa náð fótfestu.

Húsdýr (kindur, hross og nautgripir) eru hér yfirleitt látin eftirlitslítil í sumarhögum og fara vítt um bæði á afréttum og í heimahögum. Tilhögun afréttamála og fjallskila, sem hér er lögbundin, er vel til þess fallin að stuðla að dreifingu smitsjúkdóma í sauðfé og hrossum.

Flutningur og umferð með hross milli héraða og landshluta er með ólíkindum mikil að ekki sé talað um sífelld kaup og sölu hrossa, hestamót, eftirlitslausan flutning á graðhestum og hryssum landshorna á milli. Hesthúsaþorp hafa risið þangað sem hundruð hrossa eru flutt á hverju hausti hvaðanæva eftirlitslaust og geymd vetrarlangt. Ef upp kæmi einhver þeirra smitandi hrossasjúkdóma sem landlægir eru í grannlöndum okkar má telja nokkuð víst að útbreiðsla þeirra yrði ör við þessar aðstæður og afleiðingar skelfilegar. Löng húsvist búfjár hér á landi, oft við mikil þrengsli og lélegan aðbúnað og stundum takmarkað einhæft fóður, veitir smitsjúkdómum góð skilyrði til að ná öruggri fótfestu og útbreiðslu verði þeirra ekki vart þegar í stað sem telja verður frekar ósennilegt.

Aldalöng nánast algjör einangrun húsdýra hér á landi hefur gert það að verkum að sumir sjúkdómar, sem erlendis eru landlægir og taldir fremur meinlausir, geta, þegar þeir sýkja íslensk dýr, orðið að alvarlegum farsóttum. Þetta hefur bændum og ráðamönnum þjóðarinnar lengi verið ljóst og því viljað nýta afskekkta legu landsins til að vernda húsdýr landsmanna gegn því að hingað bærust smitandi sjúkdómar með lagasetningum og reglum sem lögðu bann við því að flutt væru til landsins dýr eða vörur sem smithætta gæti stafað af. Því miður hafa bönn þessi ekki alltaf komið að tilætluðu haldi og liggja til þess ýmsar ástæður. Þegar undanþágur hafa verið veittar hefur þekking manna á eðli sumra smitsjúkdóma verið ofmetin, látið hefur verið undan ásókn um innflutning og þeirri gróðavon sem menn töldu tengda honum og sú staðreynd að innflutningi lifandi

dýra fylgir ávallt nokkur áhætta, hvernig sem um hnúta er búið, ekki verið viðurkennd.

II.

Í tímans rás hafa ýmis lög og reglur verið sett bæði til að girða fyrir að sjúkdómar bærust til landsins og til þess að hamla útbreiðslu sjúkdóma sem hingað bærust eða hér hafa náð fótfestu.

Með lögum 17. mars 1882 var fyrst lagt bann við því að flytja til Íslands útlent kvikfé en sérstaka undanþágu mátti þó gera með stjórnarleyfi gegn varúðarreglum og tryggingum. Þegar lög þessi voru sett var enn tekist á um aðgerðir gegn fjárkláðanum seinni sem svo hefur verið nefndur og hingað barst 1855, en sá sjúkdómur olli geysitjóni og heiftugum deilum um áratuga skeið. Enn hefur ekki tekist að uppræta fjárkláða að fullu þótt mikilli vinnu og fjármunum hafi verið til kostað.

Á síðari hluta nítjándu aldar hófst innflutningur á ósútuðum húðum til landsins. Voru þær einkum notaðar til skógerðar. Með þeim barst þráfaldlega miltisbruni til landsins sem víða fékk nafnið „skinnapest“. Olli veiki þessi verulegu tjóni á einstökum bæjum og þar sem hræ af miltisbrunasjúklingum voru grafin var veikin síðar að stinga sér niður aftur og aftur allt fram á þennan dag, því gró miltisbrunasýkla lifa áratugum saman. Þess vegna voru sett lög um hömlur og bann við innflutningi á ósútuðum húðum og skinnum með lögum frá 11. desember 1891 og 14. febrúar 1902. Tók þá fyrir miltisbrunasmit af þessum völdum.

Lögum frá 1882 um bann við innflutningi á útlendu kvikfé var dálítið breytt með lögum 10. nóvember 1905 og lögum 9. júlí 1909 og alidýrategundum fjölgað sem bannað var að flytja inn svo að ekki mátti flytja inn nautgripi, sauðfé, hesta, svín, geitur eða hunda.

Með lögum 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o.fl. eru fyllri ákvæði, bannað að flytja til landsins spendýr og tilteknar vörur sem smithætta gat stafað af. Í öllum þessum lögum var gert ráð fyrir að veita mætti undanþágu frá banninu að uppfylltum vissum öryggisatriðum. Vegna ótta við gin- og klaufaveiki, sem þá geysaði í flestum löndum Evrópu, voru enn sett lög 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Hafa þau að geyma enn ítarlegri ákvæði en lögin frá 1926 sem jafnframt voru felld úr gildi. Mikil áhersla er lögð á að banna ýmsar vörutegundir sem smithætta gæti stafað af. Þegar sérstakt hættuástand skapast í viðskiptalöndum okkar varðandi smitsjúkdóma heimila lögin sérstakar varúðarráðstafanir og hefur þeirri heimild stöku sinnum verið beitt. Lög þessi eru góðu heilli enn í gildi. Almennt er viðurkennt eins og mörg dæmi sanna að kjötvörur ýmiss konar hafa borið smit milli landa jafnvel milli heimsálfa. Má heita að fréttir af slíkum slysum berist árlega erlendis frá og hafa slík slys valdið gífurlegu tjóni beint og óbeint, t.d. þegar um er að ræða gin- og klaufaveiki, svínapest og hænsnapest. Vegna áðurnefndra laga frá 1928 þurfti sérstök lög (14. júní 1929) til að heimila stjórnvöldum innflutning og ræktun sauðnauta fyrst frá Austur-Grænlandi og ári síðar frá Noregi. Öll hin innfluttu sauðnaut drápust á fyrsta og öðru ári eftir komuna til Íslands.

Þann 8. september 1931 voru sett lög um heimild fyrir ríkisstjórn að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta og 19. júní 1933 lög um heimild fyrir ríkisstjórn að flytja inn nautgripi af bresku holdakyni. Í skjóli þessara laga var flutt inn sauðfé frá Skotlandi 1932 og árið eftir karakúlfé frá Þýskalandi.

Árið 1933 voru flutt inn holdanaut frá Bretlandi. Þau reyndust hafa húðsjúkdóm, hringskyrfi, er smitaði íslenska nautgripi sem með þeim voru í Þerney þar sem þeir voru geymdir og einnig fólk sem hirti gripina. Framangreind lög, sem heimiluðu innflutning-

inn, voru samþykkt á alvarlegum krepputíma í þeirri von og trú að innflutningur erlendra búfjárkynja gæti styrkt fjárhagsafkomu landsmanna ekki síst bænda. Allt fór það þó öðruvísi en menn höfðu vonað. Með karakúlfénu bárust sjúkdómar sem urðu að farsóttum, garnaveiki, votamæði, þurramæði og sennilega kýlapest, með nautgripunum hringskyrfi svo þeir voru felldir og ýmsir ókostir skoska fjárins við íslenska staðhætti komu í ljós en með því höfðu menn ekki reiknað.

Í stað þess að efla afkomu og atvinnuhætti ollu sjúkdómar þeir, sem bárust til landsins með þessum innflutningi, geysitjóni beint og óbeint og eru sumir þeirra nú orðnir landlægir og vonlítið að uppræta þá eins og þekking manna nær nú.

Loðdýr, einkum minkar og silfurrefir, voru fluttir inn í byrjun fjórða áratugar aldarinnar. Bundu ýmsir vonir við þann innflutning og var farið heldur óvarlega með þessi dýr svo þau sluppu úr vörslu og minkur lagði smátt og smátt undir sig allt landið með þeim afleiðingum sem óþarft er að rekja.

Sauðfjárrækt og sauðfé var flutt inn með sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra árið 1947. Svo illa tókst til að kindur þessar sýndu einkenni smitsjúkdóms, sem hér er óþekktur, strax og kaupin voru gerð. Var fénu því öllu lógað fáum dögum eftir komuna til landsins.

Eftir hinar sífelldu hrakfarir, óhöpp og geysilega tjón, sem fylgdu í kjölfar innflutnings eins og hér er rakið, voru sett mjög ströng lög um innflutning lifandi dýra, lög nr. 15/1948. Ákvæði þeirra voru tekin upp í lög nr. 74 28. apríl 1962. Í þeim lögum er þó heimild til að flytja inn nautasæði til notkunar í sóttvarnastöð ríkisins. Var sú heimild notuð og hefur sú tilhögun reynst óhappalaus eftir því sem best er vitað fram til þessa.

Mest var þó tjónið sem fylgdi innflutningi sauðfjár. Þegar ljóst varð hve alvarlegir sjúkdómar höfðu borist til landsins með innflutningi karakúlfjárins 1933 varð ljóst að opinberra aðgerða var þörf til að takast á við þessi nýju vandamál sem raunar urðu fljótt svo stórfelld að þau vörðuðu þjóðina alla beint eða óbeint. Fyrstu lögin sem sett voru varðandi þessar fjárpestir voru bráðabirgðalög 21. desember 1936 „Um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki". 12. maí 1937 voru síðan staðfest lög „Um varnir gegn útbreiðslu borgfirsku sauðfjárveikinnar" og næstu árin voru sett fleiri lög eftir því sem vandinn óx og viðhorfin breyttust.

Þann 9. júlí 1941 voru sett lög „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykktar um fjárskipti" og fyrri lög um þessi mál felld úr gildi. Enn voru staðfest lög 9. maí 1947 „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra" og eldri lög jafnframt felld úr gildi, en mörg ákvæði þeirra felld inn í hin nýju lög.

Loks voru staðfest lög 10. mars 1956 „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra". Þau lög eru enn í gildi með viðaukalögum 28. mars 1967: „Um viðauka við breytingar á lögum nr. 23 10. mars 1956".

Með stoð í þeim lögum, sem að framan eru talin, voru gefnar út ýmsar reglugerðir, tilkynningar og fyrirmæli varðandi nauðsynlegar aðgerðir gegn þessum sjúkdómum sem lögin náðu til.

Með þeim viðauka, sem lögfestur var 28. mars 1967, var fellt inn ákvæði um riðuveiki og kýlapest og einnig var hægt að beita lögunum er aðrir áður óþekktir sjúkdómar kæmu upp og yllu stórfelldu tjóni. Hafa ákvæði þessi m.a. verið notuð til að útrýma hringskyrfi í búfé og til að hamla útbreiðslu riðuveiki. Löggjöfin um varnir og útrýmingu karakúlpestanna er á margan hátt hin merkasta þar sem framkvæmd þeirra treysti og byggðist fyrst og fremst á þegnskap og samvinnu sauðfjáreigenda við nauðsynlegar,

erfiðar, vandasamar og víðtækar framkvæmdir. Vandséð er hvort tekist hefði með öðrum hætti að ná tilætluðum árangri.

III.

Í tímans rás hafa nokkrir alvarlegir smitsjúkdómar dýra borist til landsins þrátt fyrir að reynt hafi verið að girða fyrir það með varúðarráðstöfunum og bönnum ýmiss konar. Til fróðleiks skulu tilgreind nokkur dæmi um það.

Ekki eru tiltækar heimildir um innflutning dýra til landsins áður en lög um bann við innflutningi kvikfjár voru sett fyrir rúmri öld síðan. Oftast voru það einstaklingar sem stóðu að slíkum innflutningi og oftast var um að ræða einstök eða fá dýr hvort sem um var að ræða kindur, kálfa, svín, hunda eða ketti. Eftirlit með slíkum innflutningi var ekki fyrirskipað eða framkvæmt.

Upp úr miðri átjándu öld var á vegum stjórnvalda efnt til innflutnings á sauðfé til landsins í þeim tilgangi að bæta ullargæði. Svo illa tókst til að 1762 barst með þessu fé fjárkláði að talið er sem geisaði sem faraldur um mikinn hluta landsins. Sauðfjáreign landsmanna var þá talin 360 þúsund. Með skipulögðum fjárskiptum, sem tók til allra héraða að kalla vestan Jökulsár á Sólheimasandi og Skjálfandafljóts, er talið að kláðanum hafi verið útrýmt. Af völdum þessa faraldurs fórst eða var skorið niður um 280 þúsund fjár. Aftur barst fjárkláði til landsins árið 1856 með enskum kindum sem prestur á Suðurlandi flutti inn. Olli sá faraldur heiftugum deilum áratugum saman. Enn hefur fjárkláða ekki verið útrýmt að fullu.

Riðuveiki í sauðfé hefur lengst af verið mest áberandi á Norðurlandi, en breiðst þaðan til annarra landshluta síðustu tvo áratugi. Ýmsir hafa haldið því fram að upphaf riðuveiki megi rekja til kynbótahrúts af ensku kyni sem fluttur var til Skagafjarðar 1878. Riðuveiki er nú sá sauðfjársjúkdómur sem mestu tjóni veldur og erfiðast er við að eiga, enda staðið af sér fjárskipti sums staðar.

Kýlapest í sauðfé barst til landsins með innfluttu fé á fjórða áratugnum og varð fyrst vart í Þingeyjarsýslu. Þessa sjúkdóms verður nú víða vart.

Hundafár eða hundapest barst hvað eftir annað til landsins með útlendum hundum og geisaði hér sem banvænn faraldur svo heilir landshlutar urðu hundlausir að kalla. Síðasti faraldur af þessu tagi barst með smygluðum hundi til landsins árið 1966.

Illkynjuð klaufaveiki í sauðfé barst til landsins árið 1947 með skoskum hrútum sem ætlaðir voru til sauðfjársæðinga. Þeim var öllum slátrað meðan þeir voru enn í sóttkví.

Svínapest og blöðrubot eru veirusjúkdómar sem hingað bárust með matarleifum frá hernum. Hvoru tveggja sjúkdómur olli miklu tjóni á svínabúum suðvestanlands.

Miltisbruni barst þráfaldlega til landsins með innflutningi á ósútuðum nautshúðum uns innflutningur var bannaður með sérstökum lögum 1902.

Berklaveiki hefur lítið orðið vart í dýrum hér á landi ef frá eru talir fuglaberklar sem fundist hafa bæði í alifuglum og æðarfugli og ekki ósjaldan í svínum.

Nautaberklar hafa sennilega borist hingað með útlendum berklaveikum fjósamanni sem hirti kýr á skólabúinu á Hólum í Hjaltadal 1958. Allir nautgripir staðarins voru loks felldir og höfðu þá allir smitast. Talið var að tvö ungmenni á staðunum hefðu smitast sennilega af ógerilsneyddri mjólk.

Hringskyrfi barst til landsins með breskum holdanautum og voru þau felld. Síðan hefur þessi sjúkdómur, sem er smitnæmur húðsjúkdómur sem sveppir valda, tvisvar borist til landsins með útlendingum sem sinntu hér fjósverkum. Í fyrra sinnið barst sjúkdómurinn til Eyjafjarðar 1966, dreifðist á 12 bæi, þar sem nær allir nautgripir smituðust auk

þess sem veikin barst í fólk, sauðfé og hross. Aftur barst sjúkdómurinn 1987 með útlendri stúlku í nautgripi á bæ undir Vestur-Eyjafjöllum. Heimilisfólk smitaðist og með kálfum í sumarhögum dreifðist sjúkdómurinn á þrjá aðra bæi. Aðgerðir til að uppræta sjúkdóminn ollu bændum miklum óþægindum og niðurskurður á sauðfé og hrossum olli verulegum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Þegar loðdýrarækt hófst á nýjan leik hér á landi um 1970 voru fluttir inn minkar, refir og kanínur í allstórum stíl. Enda þótt reynt væri að sneiða við innkaup dýranna hjá stöðum þar sem kunnugt var um sjúkdóma fór ekki hjá því að hingað bærust með þessum innflutningi smitsjúkdómar eins og t.d. plasmacytosis sem veldur verulegu tjóni í minkabúum. Smitandi sjúkdómar í öndunarfærum kanína ollu líka tjóni í sumum búum. Er þetta enn ein sönnun þess að ógerlegt er með öllu að girða fyrir sjúkdóma þegar um er að ræða innflutning á lifandi dýrum þó fyllstu varúðar sé gætt.

Vegna reynslu erlendis, þar sem smitsjúkdómar í vatnafiskum hafa borist með hrognum og seiðum, voru hömlur settar á innflutning vatnafiska og hrogna úr þeim, sbr. lög nr. 76 25. júní 1970. Ekki er vitað til þess að með þeim litla innflutningi á hrognum, sem heimilaður hefur verið, hafi borist sjúkdómar.

Alkunnugt er að með innflutningi á hráum sláturafurðum hafa sjúkdómar borist milli landa, t.d. gin- og klaufaveiki, svínapest, Newcastle-veiki í hænsnum, nautariða o.s.frv.

Af þessum sökum hefur um allangt skeið verið bannað að flytja inn fóðurvörur sem í hefur verið blandað mjöli unnu úr slátur- eða mjólkurafurðum.

Eigi að síður hafa fundist hér í fóðurvörum salmonella-sýklar bæði í pokuðu fóðri og fóðri sem flutt er laust og getur því auðveldlega mengast, t.d. af músum og rottum. Nú munu salmonella-sýkingar af ýmsu tagi orðnar landlægar hér á landi og verður seint útrýmt.

Ýmis lög og reglur hefur þurft að setja til að hamla útbreiðslu smitsjúkdóma húsdýra umfram það sem hér hefur verið rakið, varnaraðgerðir verið fyrirskipaðar eða menn hvattir til að beita þeim. Er sú starfsemi stöðugt í gangi um allt land að kalla.

Eins og ljóst má vera af því lauslega yfirliti, sem hér er rakið, hefur innflutningur lifandi dýra eða búfjárafurða til landsins í för með sér hættu á því að með honum berist smitsjúkdómar hvernig sem um hnútana er búið. Því verður aldrei of varlega farið í þeim efnum. Gildandi lagareglur um smitsjúkdóma dýra hér á landi og hömlur gegn innflutningi dýra og afurða þeirra eru því seint of strangar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ein heildarlöggjöf um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim taki við af fimm eldri lögum á þessu sviði sem flest miðast við ákveðna búfjársjúkdóma. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs í þessum málaflokki er greiðslur til bænda vegna förgunar á búfé. Landbúnaðarráðuneytið hefur lýst því yfir að það muni haga reglugerðarákvæðum um framkvæmd 20. gr. frumvarpsins þannig að hugsanleg bótaskylda ríkissjóðs vegna þess aukist ekki frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sauðfjársjúkdómanefnd verði lögð niður en kostnaður við hana hefur numið um 0,4 millj. kr. á ári hverju. Á móti kemur að í 27. gr. er kveðið á um dýrasjúkdómanefnd og svæðisnefnd. Kostnaður vegna þessara nefnda er áætlaður óverulegur enda er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklu starfi. Á það sérstaklega við um svæðisnefndina en hún verður ekki skipuð nema upp komi alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum. Þá mun starfsmaður sauðfjárveikivarna færast til landbúnaðarráðuneytis. Gera má ráð fyrir að þessi skipan muni koma til með að auka hagkvæmni í rekstri og draga úr útgjöldum þegar til langs tíma er litið.

Loks skal það áréttað að ákvæði 17. gr. frumvarpsins um greiðslu kostnaðar, sem leiðir af einangrun dýra, á ekki við um einangrun gæludýra sem leyfður er innflutningur á samkvæmt heimild í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

419. Fyrirspurn [288. mál]

til fjármálaráðherra um fækkun stöðugilda hjá ríkinu.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða skýringar eru á því að stöðugildum hjá ríkinu hefur fækkað um 200 frá áramótum og fram til septemberloka 1992 ef marka má niðurstöður Ríkisendurskoðunar?
2. Hvar hefur þessi fækkun á stöðugildum átt sér stað hjá ríkisstofnunum?
3. Hvaða stöður er um að ræða?

420. Fyrirspurn [289. mál]

til menntamálaráðherra um menntamálaráð.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvenær er þess að vænta að boðað frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957, verði lagt fram?
2. Telur ráðherra þær ákvarðanir forsvaranlegar sem meiri hluti menntamálaráðs hefur tekið um að leggja alla starfsemi Menningarsjóðs niður án þess að heimild sé til þess í lögum?
3. Á hvaða lagalegum grunni hefur meiri hluti menntamálaráðs tekið þá ákvörðun að leggja Bókaútgáfu Menningarsjóðs niður?

421. Þingsályktun [190. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árið 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 7. des.)

Samhljóða þskj. 220.

422. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

Alþingi ályktar skv. III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1993–1996 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

		1993	1994	1995	1996
1.1.	Markaðar tekjur:				
	1. Bensíngjald	4 160	4 243	4 328	4 415
	2. Þungaskattur, árgjald	525	536	546	557
	3. Þungaskattur, km-gjald	1 375	1 403	1 431	1 459
	4. Bætt innheimta þungask	0	50	50	50
1.2.	Fært í ríkissjóð	-344	-208	-159	-175
		5 716	6 024	6 196	6 306
1.3.	Framkvæmdaátak v. atvinnumála	1 800	900	450	0
	Samtals	7 516	6 924	6 646	6 306

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1993		1994		1995		1996	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	129		129		129		129	
2. Tæknilegur undirbúningur	98		98		98		98	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	35		35		35		35	
4. Eftirlaunagreiðslur	7		7		7		7	
		269		269		269		269
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Almenn þjónusta								
1. Sameiginlegt	261		265		275		280	
2. Malarvegir	284		290		295		300	
3. vegir með bundnu slitlagi	157		165		169		177	
4. Brýr	28		30		31		33	
		730		750		770		790
2. Vetrarþjónusta		530		580		600		620
3. Viðhald								
1. Endurnýjun bund. slitl	370		440		460		470	
2. Endurnýjun malarslitlaga	180		200		210		210	
3. Styrkingar og endurbætur	230		270		270		280	
4. Viðhald brúa og varnargarða	90		100		100		100	
5. Vegmerkingar og öryggisaðg	90		100		100		100	
6. Vatnaskemmdir	80		90		90		90	
		1 040		1 200		1 230		1 250
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnbrautir								
1. Almenn verkefni og bundin slitl	537		494		510		650	
2. Sérstök verkefni	271		213		220		273	
3. Höfuðborgarsvæðið	413		362		374		461	
4. Stórverkefni	669		705		688		418	
5. Framkvæmdaát. v/atvinnu	1 800		900		450		0	
	3 690		2 674		2 242		1 802	
2. Þjóðbrautir	283		269		287		333	
3. Girðingar og uppgræðsla	25		25		26		26	
		3 998		2 968		2 555		2 161
2.4. Til brúagerða:								
1. Brýr 10 m og lengri	132		135		135		135	
2. Smábrýr	11		15		15		15	
		143		150		150		150
2.5. Til fjallvega o.fl.:								
1. Aðalfjallvegir	21		26		28		28	
2. Aðrir fjallvegir	12		14		15		15	
3. Þjóðgarðavegir o.fl	15		21		23		23	
4. Vegir á Þingvöllum	1		1		0		0	
5. Reiðvegir	7		8		9		9	
		56		70		75		75
2.6. Til sýsluvega:		160		180		180		180
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		232		260		270		280
2.8. Til tilrauna:		28		31		32		32
2.9. Til flóabáta:		330		466		515		499
Samtals		7 516		6 924		6 646		6 306

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að flugstöð.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun og Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórhvol, Púfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Púfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi að Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundastaðarvegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Rafholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.

36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði ofan Keflavíkur um Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Víknavegi norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík um Njarðvík og Keflavík á Reykjanesbraut á austanverðri Miðnesheiði.
47 Flugvallarvegur Keflavík: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur að flugstöð á Keflavíkurflugvelli.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Arnarnesvegi við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt á Hafnarfjarðarveg á Arnarneshæð.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.

415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal,út á Álftanes, um Landakot og Sviðholt og aftur á Álftanesveg gegnt vegamótum Bessastaðavegar.
416 Bessataðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við Trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innra-Hólm að Akranesi.

504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka III.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.

537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðuból um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthás, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.

61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri að Saurbæ.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.

635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstu-Grund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
703 Hálsabæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Torfastöðum.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.

721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík. Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklaholi.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklaholi, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.

768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Litlubrekku.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð. Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.

816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litla-Garði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Ytra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg á Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.

853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
863 Kröfluvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Kröfluvirkjun.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.

919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 Suðurlandsvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur: Stokkseyri - Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur - Skálholtsvegur og
Laugarvatnsvegur - Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut - Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut - Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut - Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Flugvallarvegur Keflavík
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur:
Grindarvíkurvegur - Þórkötlustaðir.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur - Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur - Vesturlandsvegur.
51 Akranesvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur - Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Vesturlandsvegur - Uxahryggjavegur.

54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur - Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur - Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur - Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur - Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur:
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur - Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur - Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.
Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 Fjallabaksleið nyrðri: Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið: Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur: Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur: Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið: Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið: Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið: Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

0.1. HEILDARFJÁRMAGN.

Fjármagn til vegagerðar samkvæmt vegáætlun þessari kemur sem fyrr frá mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar. Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að tekjustofnarnir skili 6060 m.kr. Er þá miðað við 2% hækkun á gjaldskrám í ársbyrjun 1993, sem kemur til vegna þess að kostnaður við ferjur og flóabáta hefur verið færður til Vegagerðarinnar, og 2% magnaukningu milli ára. Miðað er við að sú magnaukning, 2% á ári, haldist út tímabilið. Ekki er gert ráð fyrir aukinni nýtingu tekjustofna á vegáætlunartímabilinu ef frá er talin hækkunin í ársbyrjun 1993. Slaki er nú tæp 6% í bensíngjaldi og rúm 11% í þungaskatti.

Nú er unnið að því að bæta innheimtu þungaskatts og því er reiknað með 50 m.kr. tekjuauka á árunum 1994-1996. Bensíngjald af blýlausu bensíni verður áfram 8,5% lægra en almennt bensíngjald.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1993 á að færa 344 m.kr. af mörkuðum tekjum í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að sú upphæð verði 208 m.kr. á árinu 1994, 159 m.kr. á árinu 1995 og 175 m.kr. á árinu 1996. Við ákvörðun þessara upphæða er höfð hliðsjón af kostnaði við ferjur, sem nú verður greiddur af vegafé og fer vaxandi til ársins 1995 en á síðan að fara lækkandi aftur. Færsla í ríkissjóð er þannig mest, þegar ferjukostnaður er minnstur og á hinn bóginn minnst, þegar ferjukostnaður er mestur.

Ríkisstjórnin ákvað í september 1992 að verja fé til atvinnuaukningar á næstu árum, 2000 m.kr. 1993, 1000 m.kr. 1994 og 500 m.kr. 1995. Af þessu fé er gert ráð fyrir 90% eða 1800 m.kr. til vegamála á árinu 1993 og er sú tala í samræmi við fjárlagafrumvarp. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði áfram 1994 og 1995 og eykst því ráðstöfunarfé um 900 m.kr. 1994 og um 450 m.kr. 1995. Hér er um lánsfé að ræða, sem endurgreiða skal af vegáætlun síðar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um lánstíma eða tilhögun endurgreiðslu.

0.2. VERÐGRUNDVÖLLUR ÁÆTLUNARINNAR.

Allar tölur í þessari áætlun eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1993. Reiknað er með 2% verðhækkun frá meðalverðlagi 1992, og er það í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps. Verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992 varð minni en ráð var fyrir gert við endurskoðun vegáætlunar 1992. Miðað við 2% hækkun verðlags frá 1992 til 1993 verður vísitala vegagerðar 4740 en það er sama vísitala og áætluð var fyrir 1992.

Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1994-1996 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

0.3. TENGSL VEGÁÆTLUNAR OG LANGTÍMAÁÆTLUNAR.

Vegáætlun sú sem hér er lögð fram tekur til áranna 1993-1996. Drög að langtímaáætlun fyrir árin 1991-2002 liggur fyrir. Áætluninni er skipt á þrjú tímabil og er hvert þeirra fjögur ár. Vegáætlunin tekur því til tveggja síðari ára fyrsta tímabils og tveggja fyrstu ára annars tímabils langtímaáætlunarinnar. Áætlað er að langtímaáætlun verði endurskoðuð 1995-1996, á sama tíma og næsta reglulega endurskoðun vegáætlunar fer fram.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1993-1996.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

Vegagerð ríkisins hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekju- stofnum. Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða innheimtu á mörkuðum tekjum á árunum 1993-1996. Allar upphæðir eru í m.kr. á meðalverðlag 1993.

Ár	Bensín-gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Samtals
1993	4 160	1 375	525	6 060
1994	4 243	1 453	536	6 232
1995	4 328	1 481	546	6 355
1996	4 415	1 509	557	6 481

1.1.0. Bifreiðaeign.

Innflutningur á bifreiðum hefur farið hægt vaxandi eftir samdráttinn, sem varð á árunum 1989 og 1990. Á árinu 1991 voru nýskráðar bifreiðar alls 11 943 samanborið við 8 859 árið áður. Bifreiðaeign landsmanna hefur því aukist lítillega milli áranna og í ársbyrjun 1992 áttu landsmenn 136 874 bifreiðir.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm.-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðar alls
1960	14 228	89	325	5 703	20 256
1970	37 304	183	555	5 727	43 586
1980	81 025	357	1 117	7 873	90 015
1985	100 477	415	1 165	11 560	113 202
1986	102 954	426	1 422	12 741	117 117
1987	112 760	462	1 222	11 968	125 950
1988	120 153	488	1 238	11 757	133 148
1989	125 226	499	1 298	12 078	138 602
1990	124 273	490	1 328	12 177	137 778
1991	119 731	468	1 328	13 122	134 181
1992	120 862	466	1 389	14 623	136 874

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Sala á bensíni er aðallega háð fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bifreið. Bensínsala jókst um 3,9% milli áranna 1990 og 1991 og aukningin milli 1991 og 1992 stefnir í 2,5%. Umferðaraukning samkvæmt umferðarspá er áætluð rúm 2% á ári og er gert ráð fyrir að sú aukning skili sér að mestu í aukinni bensínsölu. Þannig er gert ráð fyrir að árleg magnaukning í bensínsölu verði 2%. Gert er ráð fyrir að möguleikar til hækkunar tekjustofna umfram verðlagsbreytingar á tímabilinu verði ekki nýttir.

1.1.2-3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dieselbifreiðum og á hann að samsvara bensíngjaldi hjá bensínbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar er árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dieselbifreiðum, og hins vegar km-gjald, sem greiða skal af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dieselbifreiðir og þeir eigendur smærri dieselbifreiða sem þess óska greiða km-gjaldið.

Gert er ráð fyrir svipaðri magnaukningu í akstri dieselbifreiða og í bensínsölu þ.e. 2%.

Þungaskattskerfið er í endurskoðun bæði álagningar- og innheimtukerfið. Bætt innheimta er talin munu skila 50 m.kr. árlega á árunum 1994-1996.

1.2. ÖNNUR FRAMLÖG

Sem fyrr getur ákvað ríkisstjórnin í september 1992 að verja fé til atvinnuaukningar á næstu árum, 2000 mk.kr. 1993, 1000 m.kr. 1994 og 500 m.kr. 1995. Af þessu fé er miðað við að 90% eða 1800 m.kr. renni til vegamála samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1993. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall gildi einnig fyrir 1994 og 1995.

Hér er um lánsfé að ræða, sem endurgreiða skal af mörkuðum tekjum síðar. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um lánstíma eða tilhögun endurgreiðslu.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1993-1996

2.0 STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 340 um síðustu áramóti í 333 stöðugildum en stöðugildi með starfsnúmer eru 354 þannig að óráðið er í 21 stöðugildi. Ekki er gert ráð fyrir að stöðugildum verði fjölgað á áætlun- artímabilinu, en þörf er fyrir þau stöðugildi, sem fyrir hendi eru.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfstéttum og í umdæmi.

Fastir starfsmenn 31. desember 1991.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals
Skrifstofa, yfirstjórn	21	3	2	4	3	3	3	4	43
Tæknilegur undirbúningur	38	6	5	6	5	4	7	4	75
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB.	13	1					1	1	15
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	2	9	4	9	8	5	13	10	60
Iðnaðarmenn	6	2	6	4	2	3	4	3	31
Vélamenn	4	6	6	14	9	6	11	8	64
Verkamenn	0	5	2	5	4	5	3	0	24
Ráðskonur, matreiðslumenn	4	1		1	1	1	2	2	12
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær, sem ráðist er í, eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en var áður. Undirbúningur verka verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlits með þeim. Lagt er til að fjárveiting til þessa sviðs verði óbreytt frá yfirstandandi ári, 1992, allt áætlunartímabilið. Er ljóst að með því er mjög kreppt að þessum málaflokki.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald, launavinnslu og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð og kostnaðareftirlit og lögfræði og starfsmannadeild en undir hana heyrir, auk lögfræði- og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi. Lagt er til að fjárveiting verði 129 m.kr. á ári.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknarstarfa. Ef unnið er við verk sem hefur fjárveitingu skv. vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu skv. vegáætlun svo og áætlanagerð og ýmsar rannsóknir. Lagt er til að fjárveiting verði 98 m.kr. á ári.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 35 m.kr. á ári.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum þeirra, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1992 nutu alls 23 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa greitt iðgjöld í lífeyrissjóð það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er skipt með sama hætti og fyrst var gert við gerð vegáætlunar 1991. Þeim verkefnum, sem áður féllu undir sumarviðhald, er nú skipt í almenna þjónustu og viðhald.

Meginrökin fyrir breytingunni voru þau, að kröfur umferðarinnar um þjónustu á vegakerfinu fara stöðugt vaxandi, og þarf að marka þeim verkefnum ákveðnari sess í vegáætlun, en verið hefur. Einnig ber að hafa í huga að verkefni, sem snúa að þjónustu við umferðina og rekstri vegakerfisins eiga ekki mikla samleið með viðhaldsverkefnum í framkvæmdalegu tilliti.

2.2.1. Almenn þjónusta

Áætlað hefur verið að fjárþörf til þjónustu vegakerfisins sé um 850 - 900 m.kr.á ári. Lagt er til að fjárveiting verði 730 m.kr. á árinu 1993, 750 m.kr. 1994, 770 m.kr. 1995 og 790 m.kr. á árinu 1996.

Almenn þjónusta afmarkast af þeirri viðhalds og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem inna þarf af hendi til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónstu, til þjónustu malarvega, til þjónustu vega með bundið slitlag og til þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Lagt er til að fjárveiting 1993 verði 261 m.kr. og verði varið til þess að greiða lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og leiðurum, hreinsun vegsvæða og áningastaða meðfram vegum, upplýsingarmiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 265 m.kr. 1994, 275 m.kr. 1995 og 280 m.kr. 1996.

2.2.1.2. Malarvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 284 m.kr. árið 1993 en helstu kostnaðarliðir eru vegheflun, rykbinding og önnur smærri viðgerðarverkefni á malarvegum og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á malarvegum. Reiknað er með að fjárveiting þessi hækki í 290 m.kr. á árinu 1994, 295 m.kr. 1995 og 300 m.kr. árið 1996.

2.2.1.3. Vegir með bundið slitlag.

Lagt er til að fjárveiting verði 157 m.kr. árið 1993 og verði varið til þess að greiða yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringu á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundin slitlög.

Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 165 m.kr. 1994, 169 m.kr. 1995 og 177 m.kr. á árinu 1996.

Reiknað er með að fjárþörf þjónustu á vegum með bundin slitlög vaxi hraðar en á malarvegum vegna tilkomu nýrra bundinna slitlaga.

2.2.1.4. Brýr.

Lagt er til að fjárveiting verði 28 m.kr. á árinu 1993 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum. Einnig er lagt til að fjárveiting þessi hækki í 30 m.kr. á árinu 1994, 31 m.kr. á árinu 1995 og 33 m.kr. á árinu 1996.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Lagt er til að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 530 m.kr. á árinu 1993.

Búast má við að kostnaður fari síðan vaxandi með aukinni umferð og auknum kröfum vegfarenda.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til eftirlits og upplýsingarþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum svo og viðhald á snjóstikum, merkingum og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi.

Lagt er til að fjárveiting hækki í 580 m.kr. 1994, 600 m.kr. 1995 og síðan 620 m.kr. á árinu 1996.

2.2.3. Viðhald

Viðhald miðar að því að varðveita verðmæti vegarins og notagildi fyrir þá umferð sem um hann fer.

Það tekur m.a. til styrkingar vega og brúa og endurnýjunar slitlaga, bundinna slitlaga og malarslitlaga svo og lagfæringa á hættustöðum og snjóastöðum. Með hliðsjón af núverandi ástandi er ljóst að ekki er unnt að fresta verulegum endurbótum og styrkingum á miklum hluta malarvegakerfisins þar til fé fæst til endurbyggingar. Þessi verkefni verða því að falla undir viðhald.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð 1400 til 1500 m.kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 1040 m.kr. 1993 í 1250 m.kr. 1996 og nái þannig um það bil 80% af áætlaðri þörf.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Þessi þáttur viðhaldsins er mjög þýðingarmikill vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. En frestun á yfirlögn getur á skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Hér þarf því að ná mestum hluta af hinni áætluðu þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 370 m.kr. 1993 og hækki í 470 m.kr. 1996.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Talið er að af þeim vegum sem nú teljast malarvegir hafi aðeins tæpur helmingur raunverulegt malarslitlag. Til þess að halda í horfinu með endurnýjun þessara 3000 km raunverulegra malarslitlaga hefur verið áætlað að þurfi um 400 m.kr. árlega.

Svo sem kunnugt er, hefur endurnýjun malarslitlaga á undanförnum árum verið langt frá áætlaðri þörf og hvergi nærri mætt óskum vegfarenda.

Hér er lagt til að fjárveiting 1993 verði 180 m.kr. en fari síðan hækkandi í 210 m.kr. 1996. Þessar fjárveitingar eru því langt frá áætlaðri þörf fyrir endurnýjun malarslitlaga á þeim vegum sem nú hafa malarslitlag. Þá er ekki gert ráð fyrir gerð nýrra malarslitlaga.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur.

Á meðan unnið er að uppbyggingu vegakerfisins, kemur stöðugt fram þörf fyrir styrkingar og lagfæringar sem ekki geta beðið þess að fjármagn fáist til endurbyggingar viðkomandi vegarkafla. Oftast má rekja þetta til vaxandi umferðar eða annarra þátta í vaxandi kröfum til veganna. En einnig getur verið um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot í burðarlagi vegarins. Hér er lagt til að þessari þörf sé mætt með hækkandi fjárveitingum frá 230 m.kr. 1993 í 280 m.kr. 1996.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða.

Lagt er til að sameiginleg fjárveiting verði til viðhalds brúa og varnargarða, 90 m.kr. 1993 en hækki síðan í 100 m.kr. 1994-1996.

Þetta er lítillega hærra en varið hefur verið til þessa liðar á undanförnum árum.

Vegna þess hvað endurbyggingu brúa hefur miðað hægt, jafnframt því sem kröfur m.a. til breiddar og öryggis aukast, fer viðhaldsþörfin vaxandi og má gera ráð fyrri að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og verið hefur undanfarin ár.

2.2.3.5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi umferðarinnar. Að undanförnu hefur einkum verið unnið að því að bæta merkingu vegakerfisins og endurbæta einstaka staði sem taldir eru hættulegir. Mikilvægt er að áfram verði skipulega reynt að gera vegakerfið öruggara.

Lagt er til að fjárveiting verði 90 m.kr 1993 og 100 m.kr. seinni ár áætlunartímabilsins.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytilegt. Lagt er til að fjárveiting verði 80 m.kr. 1993 og 90 m.kr. seinni ár áætlunarinnar.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Skipting fjárveitinga milli framkvæmdaliða er í samræmi við tillögu um langtímaáætlun. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá því í september s.l. er bætt við sérstökum lið á stofnbrautum á árunum 1993-1995, framkvæmdaátak vegna atvinnumála.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Skipting fjár á einstaka liði er í samræmi við tillögu um langtímaáætlun í vegagerð. Í gildandi vegáætlun fyrir árin 1993-1994 var gert ráð fyrir lántökum vegna gerðar jarðganga á Vestfjörðum. Horfið hefur verið frá þessu og breytast hlutföll fjárveitinga til framkvæmdaflokka í samræmi við það.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka undir þessum lið verði sem hér segir:

	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1. Almenn verkefni og bundin slitl	537	494	510	650
2. Sérstök verkefni	271	213	220	273
3. Höfuðborgarsvæðið	413	362	374	461
4. Stórverkefni	669	705	688	418
5. Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	1 800	900	450	0

1. Almenn verkefni og bundin slitlög.
   Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum þar með talið bundið slitlag. Fjárveitingar af þessum lið geta einnig gengið til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.

2. Sérstök verkefni.
   Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði við viðkomandi verk, þar með talið brúagerð. Undantekning er í þeim tilfellum þegar fjármagni er veitt af þessum lið til verkefna, sem einnig fá fjárveitingu af liðnum stórverkefni.

3. Höfuðborgarsvæðið.
   Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis greiði kostnað bæði við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og við þjóðvegi í þéttbýli. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og er orðið aðkallandi að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir bæði á þjóðvegum og þjóðvegum í þéttbýli.

4. Stórverkefni.
   Lagt er til að fjárveiting samkvæmt þessum lið skiptist til fjármögnun- ar framkvæmda í jarðgöngum, og til stórbrúa og fjarðarþverana.
   Við afgreiðslu gildandi vegáætlunar var ákveðið að fjárveitingar til einstakra verkefna innan þessa framkvæmdaflokks yrðu utan þess kvóta sem hvert kjördæmi fær úthlutað, enda stærð þessara verkefna slík að þau yrðu vart leyst með því móti. Þó var talið eðlilegt að af kvótanum komi ákveðin fjárveiting á móti. Var við það miðað að mótframlag þetta væri 20% fyrir jarðgöng og 37,5% fyrir stórbrýr og fjarðaþveranir.

Lagt er til að þessum hætti verði framhaldið.
Gert er ráð fyrir að frekari tilhögun fjárveitinga til stórverkefna, svo sem skipting á verkefnaflokka og verkefni í hverjum flokki verði ákveðin við meðferð málsins á þingi.

5. Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.
Ríkisstjórnin ákvað um miðjan september að verja fé til atvinnuaukning- ar á næstu árum, 2000 m.kr. 1993, 1000 m.kr. 1994 og 500 m.kr. 1995. Af þessu fé er miðað við að 90% eða 1800 m.kr. fari til vegamála 1993 og er sú tala í samræmi við frumvarp til fjárlaga. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall haldist og verði 900 m.kr. varið til vegagerðar 1994 og 450 m.kr. 1995.
Gert er ráð fyrir að þessu fjármagni verði skipt á milli framkvæmda- flokka (almenn verkefni, sérstök verkefni, höfuðborgarsvæðið og stór- verkefni) í samræmi við tillögu um langtímaáætlun.
Ákvörðun ríkisstjórnarinnar fylgdi skrá yfir þau verkefni, sem njóta skyldu hins aukna fjármagns. Verður sú skrá lögð fram við meðferð málsins á Alþingi.

2.3.2. Til þjóðbrauta

Lagt er til að fjárveiting til þjóðbrauta 1993 verði 283 m.kr. en hækki í 333 m.kr. síðasta ár tímabilsins.

2.3.3. Til girðinga og uppgræðslu

Áætlað er að í árslok 1992 séu ógreiddar girðingakröfur um 250 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 2500 ha meðfram vegum.
Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefni verði 25 m.kr. árin 1993 og 1994 og 26 m.kr. 1995 og 1996.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 143 m.kr. 1993 og 150 m.kr. árin 1994-1996. Þessu til viðbótar geta komið fjárveitingar til brúagerða af liðunum almenn verkefni og bundin slitlög og sérstök verkefni, auk þeirra fjárveitinga sem koma til stórbrúa.

2.5. TIL FJALLVEGA O.FL.

Verkefni í þessum flokki eru vaxandi, og er lagt til að þau fái nokkra aukningu á vegáætlunartímabilinu.

2.5.1. Til aðalfjallvega

Aðalfjallvegir eru taldir um 800 km. Lagt er til að fjárveiting til þeirra verði 21 m.kr. á árinu 1993, en 26 m.kr. árið 1994, 28 m.kr. 1995 og 28 m.kr. 1996.

2.5.2. Til annarra fjallvega

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 12 m.kr. á árinu 1993, 14 m.kr. árið 1994 og 15 m.kr. 1995-96.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum

Lagt er til að fjárveiting til þesa liðar verði 15 m.kr. á árinu 1993, 21 m.kr. árið 1994, 23 m.kr. 1995 og 1994.

2.5.4. Vegir á Þingvöllum

Lagt er til að fjárveiting verði 1 m.kr. 1993 og 1994. Síðan falli sérstök fjárveiting til þessa liðar niður.

2.5.5. Reiðvegir

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði aukin nokkuð og verði 7 m.kr. árið 1993 en vaxi í 9 m.kr. á árinu 1996.

2.6. TIL SÝSLUVEGA.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnaflokks verði á árinu 1993 svipuð því sem hún var árið áður eða 160 m.kr., en hækki síðan í 180 m.kr. og verði það 1994, 1995 og 1996.

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM.

Lagt er til að fjárveitingin verði 232 m.kr. árið 1993, en hækki í 260 m.kr. 1994, 270 m.kr. 1995 og 280 m.kr. 1996.

Samkvæmt vegalögum er 3/4 hlutum fjárframlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en 1/4 hluta fjárins er ráðstafað af fjárlaganefnd Alþingis samkvæmt 34 gr. vegalaga, upphæðir í m.kr.:

	1993	1994	1995	1996
Heildarframlag	232	260	270	280
¼ hluta skipt af fjárln	58	65	68	70
Til skipta samkv. íbúatölu	174	195	202	210

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1991 var 236.528. Fjárveiting 1992 var alls 234 m.kr. og upphæð á hvern íbúa kr. 741,98.

2.8. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er 1/2% af tekjum vegasjóðs. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.9. TIL FLÓABÁTA

Í júlí 1992 ákvað ríkisstjórnin að stofn- og rekstrarstyrkir til ferja og flóabáta verði greiddir af mörkuðum tekjustofnum til vegamála. Jafnframt hefur Vegagerðinni verið falin umsjón með þessum málefnum. Til að mæta þessum auknu útgjöldum að hluta verður gjaldskrá markaðra tekjustofna hækkuð. Miðað við 2% hækkun í ársbyrjun 1993, sem áður var nefnd, fást um 120 m.kr. í auknar tekjur á því ári.

Kostnaður á árinu 1993 er 330 m.kr. skv. áætlunum fjármálaráðuneytisins. Kostnaður fer síðan vaxandi til 1995. Ástæðan fyrir þeirri hækkun er sú, að afborganir af lánum vegna nýs Herjólfs koma ekki að fullu inn í myndina fyrr en 1995.

Vegagerð ríkisins vinnur nú að úttekt á rekstri flóabáta. Búast má við að úttektin leiði í ljós meiri fjárþörf á árinu 1993 en hér er tilgreint. Verður gerð nánari grein fyrir því við meðferð málsins á Alþingi.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Vegum hefur ekki verið breytt frá fyrri vegáætlun, en um eðlilegar og óhjákvæmilegar breytingar verður fjallað við meðferð málsins á Alþingi.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.-01 eru sýndar í töluformi vegalengdir stofn- brauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1992.

3.2.1. Stofnbrautir.

Í fylgiskjali 2.3.1.-01. eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2.Þjóðbrautir.

Í fylgiskjali 2.3.2.-01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.–01

Sumarviðhald þjóðvega
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1993.

Ár	Viðhalds-kostn.verðl. hvers árs	Vísitala viðhalds-kostn.	Viðhaldsk. verðl. '93 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km. verðl. 1993 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m. km.	Viðhaldsk. pr 100 ekna km verðl.'93 kr.
1980	63,6	228	1 358	8409	162	90 015	472	288
1981	95,7	351	1 326	8411	158	95 606	485	274
1982	180,6	570	1 542	8306	186	100 936	500	308
1983	288,2	1064	1 318	8277	159	100 459	485	272
1984	399,9	1198	1 624	8268	196	108 254	524	310
1985	548,4	1595	1 673	8222	203	113 202	586	285
1986	597,9	1825	1 594	8231	194	117 117	606	263
1987	767,5	2285	1 634	8265	198	125 950	726	225
1988	807,1	2890	1 359	8269	164	133 148	774	176
1989	963,0	3538	1 324	8256	160	138 602	795	167
1990	1222,5	4375	1 359	8254	165	137 778	807	168
1991	1494,2	4673	1 556	8249	189	134 181	889	175

Fskj.2.3.0.–01.

Þjóðvegir 1. janúar 1992.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	559,0	1016,8	14,8	1590,6
Reykjanes	223,1	178,0	76,3*	477,4
Vesturland	579,0	786,4	14,4	1379,8
Vestfirðir	788,3	516,0	14,8	1319,1
Norðurland vestra	401,5	675,2	14,2	1090,9
Norðurland eystra	625,3	568,5	16,0	1209,8
Austurland	911,9	470,2	27,1	1409,2
Samtals	4088,1	4211,1	177,6	8476,8

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Fskj. 2.3.0.-02.

Akfærir þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1992.

Kjördæmi	Stofn brautir km	Þjóð- brautir km	Sýslu- vegir km	Alls	Þjóðvegir í þéttbýli km
Suðurland	559	1014	626	2199	15
Reykjanes	217	178	80	475	68
Vesturland	579	769	455	1803	15
Vestfirðir	788	507	537	1832	15
Norðurland vestra	402	660	454	1516	14
Norðurland eystra	625	569	450	1644	16
Austurland	912	470	515	1897	27
Samtals	4082	4169	3117	11366	170

Ath.: Aðeins eru taldir akfærir vegir. Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær sem eru þjóðvegir í þéttbýli. Lengdir sýsluvega eru frá 1990.

Fskj. 2.3.0.-03.

Bundið slitlag 1. janúar 1993.

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Samtals km
Suðurland	447,4	128,1	575,5
Reykjanes	203,8	50,4	254,2
Vesturland	317,3	29,2	346,5
Vestfirðir	282,9	18,3	301,2
Norðurland vestra	270,0	25,3	295,3
Norðurland eystra	248,0	53,9	301,9
Austurland	398,2	44,3	442,5
Samtals	2167,6	349,5	2517,1

Fskj. 2.3.1.-01.

Stofnbrautir 1. janúar 1992.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		559,0	559,0
Reykjanes	6,0	217,1	223,1
Vesturland		579,0	579,0
Vestfirðir		788,3	788,3
Norðurland vestra		401,5	401,5
Norðurland eystra		625,3	625,3
Austurland		911,9	911,9
Samtals	6,0	4082,1	4088,1

Fskj. 2.3.2.-01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1992.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1014,1	1016,8
Reykjanes		178,0	178,0
Vesturland	17,5	768,9	786,4
Vestfirðir	9,0	507,0	516,0
Norðurland vestra	14,9	660,3	675,2
Norðurland eystra		568,5	568,5
Austurland		470,2	470,2
Samtals	44,1	4167,0	4211,1

Fskj. 2.4.-01.

Aldur brúa 10 m og lengri
(Heimild: Brúaskrá V.r. 1. jan. 1991).

Byggingartími	Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910	0	1	1	2	Mannþröng 400 kg á ferm.
1910–1919	4	1	2	7	Mannþröng 400 kg á ferm.
1920–1929	3	7	1	11	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1930–1939	18	28	6	52	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6 tonn
1940–1949	28	40	5	73	Mannþröng 400 kg á ferm. eða vagn 6–20 tonn
1950–1959	91	85	23	199	Vagn 20–34 tonn
1960–1969	74	60	38	172	Vagn 20–34 tonn
1970–1979	93	25	23	141	Vagn 20–63 tonn
1980–1990	53	27	9	89	Vagn 63 tonn
Aldur óviss	0	2	3	5	
Samtals	364	276	111	751	

Fskj. 2.6.–01.

Sýsluvegir 1. janúar 1990.

	Samkv. a-c lið 19. gr.				Samkv. d-e lið	Sýslu-vegir	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	19.gr. km	alls km	
V.-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			10,8	10,8		10,8	
Kjósarsýsla			68,9	68,9		68,9	
							79,7
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8	74,4	8,7	83,1	
Mýrarsýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæfellsnessýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A.-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,7	62,3	164,0	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla		5,0	160,7	165,7	15,9	181,6	
							454,7
Eyjafjarðarsýsla	0,4	1,7	124,8	126,9	13,1	140,0	
S.-Þingeyjarsýsla		12,7	163,6	176,3	1,8	178,1	
N.-Þingeyjarsýsla	0,8	4,2	127,7	132,7		132,7	
							450,8
N.-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S.-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27,0	89,3	
							515,6

Samtals: 3124,2

Fskj. 2.7.-0.1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1992

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlag km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,7	0,1
Reykjanes	31,1	0,2	31,3	1,8
Reykjavík	35,4	1,8	37,2	6,1
Vesturland	14,4	0,1	14,5	
Vestfirðir	14,8		14,8	
Norðurland vestra	14,2		14,2	
Norðurland eystra	14,7	1,3	16,0	
Austurland	25,9	1,2	27,1	
Samtals	165,0	4,8	169,8	8,0

423. Fyrirspurn [291. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar Belga við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve mörg belgísk skip fengu upphaflega veiðiheimildir við Ísland og hve miklar?
2. Hve mörg skip eru eftir?
3. Hve mikinn afla hafa belgískir togarar veitt við Ísland frá upphafi samningsins?
4. Hve mikinn hluta veiðiheimildar sinnar hafa togararnir veitt síðustu fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

424. Fyrirspurn [292. mál]

til sjávarútvegsráðherra um verndun keilustofnsins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst sjávarútvegsráðuneytið grípa til einhverra ráða í ljósi upplýsinga um vaxandi ofveiði keilustofnsins?

425. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Á Alþingi 7. febrúar 1991 var samþykkt þingsályktun um reiðvegaáætlun sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun."

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda. Umferð ríðandi manna er víða orðin mjög mikil, einkum í nágrenni þéttbýlisstaða. Sambýli umferðar ríðandi manna og aukinnar umferðar bifreiða getur verið örðugt. Nauðsynlegt er að taka meira tillit til hestamennsku í umferðinni en gert hefur verið. Það hlýtur nefnd sú að gera er samgönguráðherra mun skipa á grundvelli áðurnefndrar þingsályktunar. Nefndin hlýtur einnig að taka til athugunar hvernig bæta megi aðstöðu hestamanna við þjóðvegi og haga þannig að öryggi þeirra verði sem mest. Því miður hefur þess ekki nægjanlega verið gætt þegar lagðir hafa verið nýir vegir að tillit sé tekið til öryggis hesta og hestamanna. Má í því sambandi minna á að á mörgum fjölförnum vegum þar sem umferð er mikil og reiðvegir liggja við hlið veganna hafa ekki verið gerð göng undir vegina fyrir hesta og hestamenn heldur hefur umferð þeirra legið yfir veginn og skapað þannig mikla slysahættu. Öryggið þarf að sitja í fyrirrúmi en um leið verður að tryggja vernd þeirra svæða og leiða sem gildi hafa vegna náttúrufegurðar. Umferð ríðandi manna má aldrei spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt. Því er mikilvægt þegar umferð á hestum er metin að höfð verði hliðsjón af hesthúsahverfum, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða, svo og veitinga- og útivistarstaða. Þar fyrir utan má ekki gleymast að fornar reiðleiðir eru hluti af sögu lands og þjóðar. Mikilvægt er því að þær verði friðlýstar og merktar, þannig yrði varðveittur ákveðinn þáttur í menningarsögu landsins. Þegar allt þetta er haft í huga er óhjákvæmilegt að gera sérstaka reiðvegaáætlun þar sem forgangsröðun framkvæmda kemur fram. Gerð reiðvega er yfirleitt ekki dýr en framkvæmd þarf að vera með skipulögðum hætti.

Í maí 1982 var undirritað samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Samkomulag þetta er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Ágreiningur varð fljótlega um túlkun þessa samkomulags sem hefur leitt til þess að gerð og viðhald reiðvega hefur verið bitbein milli samtaka hestamanna, Vegagerðarinnar og sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að við 40. gr. laga nr. 6/1977 bætist ný málsgrein um gerð reiðvega. Samkvæmt henni skal Vegagerð ríkisins sjá um gerð og viðhald reiðvega. Skulu framkvæmdir vera í samræmi við reiðvegaáætlun en hana skal samgönguráðherra láta gera til fjögurra ára í senn. Eðlilegt er að við gerð hennar sé haft samráð við samtök hestamanna og sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu, sbr. og frumvarp um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, eru tekin af öll tvímæli um að Vegagerð ríkisins skuli annast gerð reiðvega, enda er hún best í stakk búin til að taka að sér slíka framkvæmd. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður við reiðvegagerð skuli greiddur af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af innflutningsgjaldi af bensíni, svokölluðu bensíngjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 3/1987.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega.
(7. maí 1982.)

1. gr.

Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar þar sem búast má við mikilli umferð skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

2. gr.

Í hverju umdæmi skal starfa samstarfsnefnd skipuð fulltrúa Vegagerðar ríkisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga.

3. gr.

Samstarfsnefndir skulu fylgjast með áætlun um gerð þjóðvega með bundnu slitlagi og semja álitsgerðir um lausn á umferðarmálum ríðandi manna sem lagðar skulu fyrir hönnunaraðila til athugunar og eftirbreytni með hæfilegum fyrirvara.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum hjá hönnunaraðila um reiðvegi sem áformað er að gera.

Samstarfsnefndir skulu jafnframt, þar sem þörf krefur, gera tillögur um gerð reiðleiða meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum sem þegar hafa verið byggðar.

Þá skal samstarfsnefnd fylgjast með reiðleiðum sem gerðar verða samkvæmt framanskráðu og gera tillögur um viðhald þeirra eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Ágreiningi, sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til vegamálastjóra eða fulltrúa hans og stjórnar Landssambands hestamannafélaga sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

426. Frumvarp til laga [294. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Stefán Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vega- og reiðvegagerðar samkvæmt veg- og reiðvegaáætlunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum. Með því frumvarpi er Vegagerð ríkisins falin gerð reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög til fjögurra ára í senn. Samkvæmt frumvarpinu skal kostnaður við reiðvegagerð greiðast skv. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til reiðvegagerðar.

Í 1. gr. laga nr. 3/1987 er kveðið á um innheimtu sérstaks innflutningsgjalds af bensíni, svokallaðs bensíngjalds, og skal því skv. 2. gr. laganna varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Með frumvarpi þessu eru tekin af öll tvímæli um að tekjum ríkissjóðs af bensíngjaldi skuli einnig varið til reiðvegagerðar samkvæmt reiðvegaáætlun.

Gera má ráð fyrir að um 10.000 manns stundi hestamennsku hér á landi. Við uppbyggingu vega og annarra umferðarmannvirkja hefur þó ekki sem skyldi verið tekið tillit til umferðar ríðandi manna. Hætta á slysum er því oft mikil, jafnt fyrir akandi sem ríðandi. Ekki er því óeðlilegt að tekjum ríkissjóðs af bensíngjaldi sé varið til gerðar reiðvega. Gerð þeirra mundi án efa auka umferðaröryggi til muna og draga þannig mjög úr slysahættu. Ávinningur þjóðfélagsins og ríkissjóðs er því umtalsverður þegar til lengri tíma er litið.

427. Frumvarp til laga [295. mál]

um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI

Brottfall laga um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, o.fl.

1. gr.

Lög um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, með síðari breytingum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Í 4. gr. tilskipunar um húsvitjanir, 27. maí 1746, falla niður orðin „hvort þeir eru hreppstjórar eða virðingarmenn frá þessu embætti“.

3. gr.

Í 17. gr. konungsbréfs (til stiftamtmanns og amtmanns) um fiskiútveg á Íslandi, 28. febrúar 1758, fellur niður orðið „hreppstjórana“.

4. gr.

Í 3. gr. tilskipunar um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, 4. ágúst 1819, falla niður orðin „eða til sveita sóknarpresti eða hreppstjóra, ef skemmra er til þeirra, og skal það gert sumpart til þess, að embættismenn þessir eða sýslunarmenn geti, þangað til læknir kemur, séð um rétta meðferð á hinum sjúka, og sumpart til þess að þeir

geti gert ráðstafanir þær, er þörf er á, ef einhver kynni að hafa til ábyrgðar unnið“.

5. gr.

Í 8. gr. laga um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900, falla niður orðin „svo og að hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er dómsmálaráðherra ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni“.

6. gr.

Á lögum um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, verða svofelldar breytingar:

1. Í stað 5.–7. málsl. 1. mgr. 2. gr. kemur: Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent sýslumanni til þinglýsingar.
2. Í 2. mgr. 6. gr. falla niður orðin „og hreppstjórar“.
3. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. fellur niður.
4. 1. málsl. 3. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi: Nú berast sýslumanni upplýsingar um að misbrestur sé á merkjagerð, merkjaskrá eða að viðhaldi merkja sé fylgt og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á.

7. gr.

Á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málsl. 1. gr. falla niður orðin „hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjóra.
2. 2. málsl. 1. gr. fellur niður.
3. Í 1. málsl. 2. gr. falla niður orðin „Hreppstjóri eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn“, en í stað þeirra kemur: Lögreglustjóri.
4. Í 3. málsl. 2. gr. falla niður orðin „Hreppstjóri eða lögreglustjóri“, en í stað þeirra kemur: Lögreglustjóri.
5. 3. gr. verður svohljóðandi:
   Sá sem annast björgun og aðhlynningu manna, varðveislu skips og björgun góss og varðveislu þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni, sbr. þó 4. og 5. gr. og 1. mgr. 7. gr., skal gæta þess að ekkert það verði gert er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða er strandið varðar.
6. Í 4. gr. falla niður orðin „hlutast hreppstjóri þá ekki“, en í stað þeirra kemur: skal þá ekki hlutast til.
7. Í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. falla niður orðin „og hreppstjórum“.
8. Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: lögreglustjóri.
9. Í 2. málsl. 6. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða“.
10. Í 1. málsl. 8. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða“.
11. Í 2. mgr. 10. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjóri eða sá annar, er með umboð hans.
12. Í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „Hreppstjóri“, en í stað þess kemur: Lögreglustjóri.

13. Í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. falla niður orðin „bæði áður en og eftir að hann fékk fyrirskipanir lögreglustjóra“.
14. Í 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: lögreglustjóra. Í sama málslið falla niður orðin „og hreppstjóri skal annast“.
15. 4. málsl. 1. mgr. 12. gr. fellur niður.
16. 2. mgr. 12. gr. fellur niður.
17. Í 1. málsl. 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: lögreglustjóri.
18. 4. mgr. 12. gr. fellur niður.
19. Í 3. málsl. 14. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
20. Í 16. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
21. Í 1. mgr. 18. gr. falla niður orðin „hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók“.
22. Í 19. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
23. Í 21. gr. falla niður orðin „hreppstjóra og“.
24. Í 3. málsl. 23. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða“. Í sama málslið falla niður orðin „skulu þeir“, en í stað þeirra kemur: skal hann.
25. 4. málsl. 23. gr. fellur niður.
26. Í 2. tölul. 32. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
27. Í 34. gr. falla niður orðin „hreppstjórum og“.

8. gr.

Á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Í 88. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða einn“.
2. Í 1. mgr. 94. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða“.

9. gr.

Á lögum um tékka, nr. 94 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Í 66. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða einn“.
2. Í 1. mgr. 71. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða“.

10. gr.

Í 3. gr. laga um skipting fasteignaveðslána, nr. 39 13. júní 1937, falla niður orðin „og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur“.

11. gr.

Í 16. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, fellur niður orðið „hreppstjóra“.

12. gr.

Á lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, verða svofelldar breytingar:

1. 12. gr. fellur niður.
2. Í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
3. Í 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. fellur niður orðið „Hreppstjóri“, en í stað þess kemur: Sveitarstjórn.

4. Í 4. málsl. 1. mgr. 17. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
5. Í 1. málsl. 2. mgr. 17. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
6. Í 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. fellur tvívegis niður orðið „hreppstjóri“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: sveitarstjórn.
7. Í 6. mgr. 17. gr. falla niður orðin „Sé hreppstjóri eða“ en í stað þeirra kemur: Séu.
8. Í 23. gr. falla niður orðin „Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi“ en í stað þeirra kemur: Skógarverðir skulu.

13. gr.

Á lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 14. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
2. 4. mgr. 14. gr. fellur niður.
3. Í 16. gr. fellur niður orðið „Hreppstjórar“, en í stað þess kemur: Sveitarstjórnir.
4. Í 1. málsl. 20. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
5. Í 3. málsl. 20. gr. fellur niður orðið „Hreppstjóra“, en í stað þess kemur: Sveitarstjórn. Í sama málslið fellur niður orðið „hann“, en í stað þess kemur: hún.
6. Í 4. málsl. 20. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn. Í sama málslið fellur niður orðið „hann“, en í stað þess kemur: hún.
7. Í 1. málsl. 2. mgr. 35. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: héraðsdýralækni.

14. gr.

Á farsóttalögum, nr. 10 19. mars 1958, verða svofelldar breytingar:

1. Í 4. mgr. 2. gr. fellur niður orðið „hreppstjórum“.
2. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.
3. 4. mgr. 8. gr. fellur niður.
4. Í 1. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
5. Í 1. málsl. 12. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
6. Í 2. málsl. 12. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.

15. gr.

Á lögum um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 11. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða“.
2. Í 1. málsl. 16. gr. falla niður orðin „hreppstjóra, en hann“, en í stað þeirra kemur: sveitarstjórn, en hún.
3. Í 2. málsl. 16. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.
4. 5. málsl. 16. gr. fellur niður.

16. gr.

Í 6. mgr. 1. gr. laga um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25 21. apríl 1965, falla niður orðin „eða hreppstjóra“.

17. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, falla niður orðin „hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum“, en í stað þeirra kemur: einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar.

18. gr.

Á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 5. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.
2. Í 2. mgr. 19. gr. falla niður orðin „Enn fremur er þeim heimilt“, en í stað þeirra kemur: Heimilt er.

19. gr.

Á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 11. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn“.
2. Í 3. mgr. 12. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu“, en í stað þeirra kemur: skal.
3. Í 2. mgr. 36. gr. falla niður orðin „eða hreppstjóri“.

20. gr.

Á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, verða svofelldar breytingar:

1. 2. málsl. 39. gr. verður svohljóðandi: Sýslumaður skipar úttektarmenn og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar.
2. Í 1. mgr. 40. gr. falla niður orðin „aðrir en hreppstjóri“.

21. gr.

Á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, verða svofelldar breytingar:

1. Í 16. gr. fellur niður orðið „hreppstjórum“.
2. Í 2. mgr. 29. gr. fellur niður orðið „hreppstjórum“.

22. gr.

Á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 5. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða“.
2. Í 4. mgr. 6. gr. falla niður orðin „hreppstjóra, er hlutast til um í samráði við eftirlitsmann“, en í stað þeirra kemur: héraðsdýralækni er hlutast til um.
3. Í 2. mgr. 7. gr. falla niður orðin „og hreppstjóra“.

23. gr.

Í 87. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, falla niður orðin „Hreppstjóra, sveitarstjóra“, en í stað þeirra kemur: Sveitarstjóra.

24. gr.

Á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, verða svofelldar breytingar:

1. Í 33. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
2. Í 34. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. Í 1. mgr. 59. gr. fellur niður orðið „hreppstjóri“, en í stað þess kemur: sveitarstjórn.

4. Í 4. mgr. 59. gr. fellur niður orðið „hreppstjóra“, en í stað þess kemur: sveitarstjórnar.
5. Í 60. gr. falla niður orðin „skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi“, en í stað þeirra kemur: skal sveitarstjórn birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár.
6. Í 2. mgr. 65. gr. falla niður orðin „Hreppstjórar og markaverðir“, en í stað þeirra kemur: Markaverðir.

25. gr.

Á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:
   Tollstjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan aðsetursstaða sinna og á aðsetursstöðum sínum, ef þess gerist þörf, er tollstjórum heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar.
2. Í 2. mgr. 3. gr. falla niður orðin „Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar“, en í stað þeirra kemur: Lögskráningarfulltrúar.

26. gr.

Á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. 10. gr. verður svohljóðandi:
   Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, er sveitarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa ef sveitarstjórnarmaður krefst þess. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.
2. B-liður 1. mgr. 13. gr. fellur niður.
3. Í 2. mgr. 13. gr. falla niður orðin „en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra“.
4. 1. málsl. 1. mgr. 60. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumaður varðveitir atkvæðakassa úr umdæmi sínu, svo og poka sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um að þeir séu til taks í tæka tíð þar sem þarf að nota þá við kosningar.
5. B-liður 1. mgr. 63. gr. fellur niður.
6. 5. málsl. 2. mgr. 66. gr. verður svohljóðandi:
   Umslagið skal síðan áritað til sýslumannsins í því umdæmi eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá.
7. Í 1. mgr. 71. gr. falla niður orðin „Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti)“, en í stað þeirra kemur: Sýslumenn.
8. Í 2. mgr. 71. gr. falla niður orðin „hreppstjóra eða bæjarfógeta (borgarfógeta) í þeim hreppi eða kaupstað“, en í stað þeirra kemur: sýslumanni í því umdæmi.
9. Í 3. mgr. 71. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða bæjarfógeti (borgarfógeti) síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn“, en í stað þeirra kemur: sýslumaður síðan undirkjörstjórn á aðsetursstað sínum.

27. gr.

Í 6. gr. laga um búfjárhald, nr. 46 25. mars 1991, falla niður orðin „og afhentur hreppstjóra“.

28. gr.

2. mgr. 6. gr. laga um Jarðasjóð, nr. 34 27. maí 1992, fellur niður.

29. gr.

Á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992, verða svofelldar breytingar:

1. Í 14. gr. falla niður orðin „hreppstjóri eða".
2. Í 21. gr. falla niður orðin „fulltrúa hans, sbr. 14. gr., eða hreppstjóra", en í stað þeirra kemur: eða fulltrúa hans, sbr. 14. gr.

II. KAFLI
Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

30. gr.

Á eftir 2. mgr. 115. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að leggja á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs sem má nema allt að 100 kr. og greiðist við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjald þetta er grunngjald og er ráðherra heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við vísitölu framfærslukostnaðar. Grunntaxti er miðaður við 1. september 1992, þ.e. 161,3 stig. Ráðherra setur reglur um innheimtu umferðaröryggisgjalds og um skil þess í ríkissjóð.

III. KAFLI
Fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála.

31. gr.

Á árinu 1993 skal taka af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti samkvæmt lögum um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, sbr. lög nr. 89 29. desember 1987, um breytingu á þeim lögum, til að standa undir kostnaði ríkisins við eftirtalin verkefni á sviði kirkjumála:

1. Viðhald prestssetra.
2. Byggingu prestssetra.
3. Kaup eigna á prestssetursjörðum.
4. Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar.
5. Starfsþjálfun guðfræðikandídata.
6. Kirkjuþing, prestastefnu og kirkjuráð.
7. Ýmis verkefni.
8. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

32. gr.

Meðan ekki liggur fyrir hverjar heildargreiðslur ríkisins skv. 2. gr. verða á árinu skal ríkissjóður halda eftir 20% af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti við mánaðarlega greiðslu gjaldanna til kirkjugarða. Þegar upplýsingar um heildargreiðslur þessar liggja fyrir, og eigi síðar en 15. apríl 1994, skal endurgreiða kirkjugörðum það sem oftekið kann að hafa verið, en ella skal, ef því er að skipta, taka af hlutdeild þeirra á árinu 1994, og eigi síðar en 15. apríl, það sem kann að vera ógreitt. Með heildargreiðslum er átt við greiðslur samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1993.

33. gr.

Á lögum um kirkjugarða verða svofelldar breytingar:

a. 3. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.
b. Við 5. mgr. 27. gr. laganna bætist: Laun umsjónarmanns kirkjugarða, sbr. 4. gr., greiðast úr Kirkjugarðasjóði.

IV. KAFLI
Gildistaka.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um I. kafla.

Í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 1993 hefur verið ákveðið að leggja til að embætti hreppstjóra verði lögð niður. Með þeim hætti er talið að spara megi u.þ.b. 16 millj. kr. Í frumvarpi þessu er lagt til að lög um hreppstjóra, nr. 32. 26. apríl 1965, verði felld úr gildi. Jafnframt er lagt til að í öðrum lögum, þar sem hreppstjórum er falið ákveðið hlutverk, verði ákvæði um þá felld brott. Þar sem talið hefur verið að ákvæði um hreppstjóra séu orðin óþörf er öðrum ekki falið að yfirtaka hlutverk þeirra, en ef talið er nauðsynlegt að fela öðrum hlutverk þeirra eru gerðar tillögur um það í einstökum greinum frumvarpsins, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sjá almennar skýringar hér að framan.

Um 2. gr.

Í 4. gr. tilskipunar um húsvitjanir, 27. maí 1746, eru ákvæði um að m.a. hreppstjórum sé ekki heimilt að víkjast undan því að taka að sér störf meðhjálpara. Samkvæmt greininni er engum sem velst til slíkra starfa heimilt að víkjast undan því og er því lagt til að þetta sérákvæði verði fellt niður.

Um 3. gr.

Í 17. gr. konungsbréfs (til stiftamtm. og amtm.) um fiskiútveg á Íslandi eru ákvæði um að sýslumenn skuli láta hreppstjóra krefja bætur samkvæmt bréfinu ef þær eru ekki afgreiddar góðmótlega. Með því að fella brott orðið „hreppstjórana“ er skylda samkvæmt ákvæðinu hjá sýslumönnum.

Um 4. gr.

Samkvæmt 3. gr. tilskipunar um skyldu manna til að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, 4. ágúst 1819, er skylt að tilkynna lögreglustjórum og til sveita, ef skemmra er til þeirra, sóknarpresti eða hreppstjóra um ráðstafanir sem gerðar eru til að bjarga mönnum sem sýnast dauðir. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að sérákvæði um tilkynningaskyldu til sveita falli niður.

Um 5. gr.

Samkvæmt 8. gr. laga um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12.

janúar 1900, sbr. 2. gr. laga 92/1991, er m.a. heimilt að ákveða í reglugerð að hreppstjórar hafi eftirlit með eignum þeim sem veðsettar eru deildinni. Í greininni er lagt til að þessi heimild falli brott.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um skyldur hreppstjóra samkvæmt lögum um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, falli niður og að hlutverk þeirra samkvæmt lögunum færist alfarið til sýslumanna, en í flestum tilvikum höfðu þeir þessar skyldur ásamt hreppstjórum.

Um 7. gr.

Í lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, eru lögreglustjórum og hreppstjórum falin ýmis verkefni. Í greininni er lagt til að þessi verkefni verði alfarið falin lögreglustjórum.

Um 8. gr.

Í fimmtánda kapítula víxillaga, nr. 93 19. júní 1933, er m.a. hreppstjórum heimilað í undantekningartilvikum að annast um afsögn víxla. Í greininni er lagt til að þessi heimild falli niður.

Um 9. gr.

Í þrettánda kapítula laga um tékka, nr. 94 19. júní 1933, er m.a. hreppstjórum heimilað í undantekningartilvikum að annast um afsögn tékka. Í greininni er lagt til að þessi heimild falli niður.

Um 10. gr.

Í 3. gr. laga um skiptingu fasteignaveðslána, nr. 39 13. júní 1937, er tilvísun til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur, nr. 64/1917, en þau voru felld niður með lögum 85/1938. Þar sem í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lög um hreppstjóra verði felld úr gildi er í grein þessari lagt til að tilvísun til þeirra verði felld niður.

Um 11. gr.

Í 16. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, eru ákvæði um að landeigendum sé í sumum tilvikum frjálst að skipta sjálfir landi. Þegar skiptin eru sérstaklega vandasöm er þeim þó skylt að fá til aðstoðar hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður.

Um 12. gr.

Samkvæmt lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, er hreppstjórum fyrst og fremst ætlað það hlutverk að hafa milligöngu milli umsjónarmanna skógræktarsvæða og fjáreigenda þegar sauðfé eða geitfé kemst inn á skógræktarsvæði sem er girt. Í greininni er lagt til að þetta hlutverk hreppstjóra verði fært til sveitarstjórna.

Um 13. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, er hlutverk hreppstjóra aðallega að sjá um förgun á fé vegna smithættu og taka við tilkynningum og gera ráðstafanir ef grunsamleg veikindi koma upp

í búfé. Í þessari grein er lagt til að þessar skyldur færist til sveitarstjórna.

Um 14. gr.

Samkvæmt farsóttalögum, nr. 10 19. mars 1958, er hlutverk hreppstjóra að aðstoða héraðslækna við framkvæmd farsóttavarna, taka við tilkynningum um smitbera og sem fulltrúar lögreglustjóra að taka þátt í aðgerðum sem ákveðnar eru vegna farsótta. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði um hreppstjóra verði felld brott og er ekki talin þörf á að fela öðrum aðilum það hlutverk sem þeim er ætlað í lögunum.

Um 15. gr.

Samkvæmt lögum um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965, er hlutverk hreppstjóra að taka við tilkynningum um það þegar talið er að landgræðslugirðing haldi ekki sauðfé og að taka við tilkynningum um búfé sem komist hefur inn í girðingar og í undantekningartilvikum að láta lóga skepnum. Í greininni er lagt til að skyldur hreppstjóra færist til sveitarstjórna.

Um 16. gr.

Samkvæmt lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25 21. apríl 1965, annast lögreglustjórar eða hreppstjórar afhendingu skírteinanna. Í greininni er lagt til að ákvæði um hreppstjóra verði fellt niður.

Um 17. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, getur ráðuneytið veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laganna þegar grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri. Í greininni er lagt til að umrædd leyfi verði veitt beint til einstakra handhafa fuglaveiðiréttar.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, skulu lögreglumenn og hreppstjórar í forföllum lögreglustjóra taka áfengisílát og innsigla strandi skip hér við land og hafi áfengi meðferðis eða þvílíkt vogrek berist á land. Í 1. tölul. greinarinnar er lagt til að tilvísun til hreppstjóra í þessu sambandi falli niður.

Í 2. tölul. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu á upphafi 2. mgr. 19. gr. sem er tilkomin vegna þess að með 56. tölul. 194. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, var eldri 2. mgr. felld brott.

Um 19. gr.

Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, skulu eftirlitsmenn með veiði eða hreppstjórar merkja veiðarfæri, safna veiðiskýrslum og senda veiðimálastjóra og sjá til þess að nema farartálma brott ef þörf krefur. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld brott.

Um 20. gr.

Samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, er hreppstjóri annar af tveimur úttektarmönnum. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að sýslumaður skipi báða úttektarmennina.

Um 21. gr.

Samkvæmt jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, er hreppstjórum ásamt fleirum skylt að láta í té upplýsingar um jarðir, ábúð á þeim o.fl. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður.

Um 22. gr.

Samkvæmt lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977, er hreppstjórum ásamt fleirum falið að taka við tilkynningum sé kind kláðasjúk, gera ákveðnar ráðstafanir vegna böðunar á sauðfé o.fl. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður og í einu tilviki verði héraðsdýralækni falið hlutverk hans.

Um 23. gr.

Í 87. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, er fjármálaráðherra heimilt að skipa umboðsmann skattstjóra utan aðseturs hans. Í greininni er tilgreindum aðilum skylt að taka við skipun í þetta starf, þar á meðal hreppstjórum. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður.

Um 24. gr.

Í 33. og 34. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, er hlutverk hreppstjóra að taka við kærum og tilnefna matsmenn. Í greininni er lagt til að þetta hlutverk þeirra verði fært til sýslumanna. Í 59. gr. laganna er hreppstjórum falið að sjá um að lóga ómerkingum og óskilafé og skv. 60. gr. skulu þeir tilkynna í Lögbirtingablaði um förgun óskilafjár. Í greininni er lagt til að þetta hlutverk þeirra verði falið sveitarstjórnum.

Um 25. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, sbr. 92. gr. laga nr. 92/1991, er tollstjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður en tollstjórum verði heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar.

Um 26. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10/1991. Verður nánar gerð grein fyrir einstökum breytingartillögum hér á eftir.

Um 1. tölul. Í 1. mgr. 10. gr. er fjallað um skipun undirkjörstjórna. Þar er m.a. ákveði um að hreppstjórar skuli að jafnaði vera formenn kjörstjórnar eða kjördeildar sem hann er búsettur í. Í þessum tölulið greinarinnar er lagt til að sama regla gildi í öllum sveitarfélögum landsins um skipun undirkjörstjórna.

Um 2. og 3. tölul. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 13. gr. eru hreppstjórar kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Í 2. tölul. greinarinnar er lagt til að þetta ákvæði verði fellt brott. 3. tölul. er breyting sem leiðir af 2. tölul.

Um 4. tölul. Í 1. málsl. 1. mgr. 60. gr. er fjallað um varðveislu atkvæðakassa á milli kosninga. Í ákvæðinu er m.a. hreppstjórum falið þetta hlutverk. Í þessum tölulið er lagt til að sýslumönnum verði falið þetta hlutverk.

Um 5. tölul. Í 1. mgr. 63. gr. er fjallað um það hvar atkvæðagreiðsla utan kjörfundar megi fara fram. Í b-lið er ákvæði um að hún geti farið fram á skrifstofu eða á heim-

ili hreppstjóra. Í þessum tölulið er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður, sbr. 2. tölul. greinarinnar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að skv. a-lið sömu málsgreinar fer atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fram á skrifstofu sýslumanns. Samkvæmt 13. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, skal sýslumaður hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum. Telja verður að útibú frá sýslumannsembættum, sbr. 3. gr. reglugerðar um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna nr. 57/1992 teljist skrifstofa hans í skilningi a-liðar 1. mgr. 63. gr. Aftur á móti telst útibú lögreglu skv. 4. gr. sömu reglugerðar ekki skrifstofa sýslumanns í þessum skilningi.

Um 6. tölul. Samkvæmt 5. málsl. 2. mgr. 66. gr., sbr. 24. gr. laga nr. 10/1991, er heimilt að senda utankjörstaðaatkvæði m.a. til hreppstjóra. Í þessum tölulið er lagt til að það verði sent annaðhvort til sýslumanns eða viðkomandi kjörstjórnar.

Um 7.–9. tölul. Í 1. mgr. 71. gr. er fjallað um skráningu á atkvæðabréfum við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, í 2. mgr. er ákvæði um að þegar greitt er atkvæði þar sem menn eru á kjörskrá skuli þeir skilja atkvæði eftir í atkvæðakassa og í 3. mgr. um skil sýslumanna og hreppstjóra á atkvæðakössum í upphafi kjörfundar. Í þessum tölulið greinarinnar eru lagðar til breytingar í samræmi við það að tilvísun til hreppstjóra verði felld brott. Auk þess eru lagðar til breytingar á embættisheitum í samræmi við það er gert var með 97. gr. laga 92/1991, en láðst hefur að breyta embættisheitum í þessari grein laganna.

Um 27. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um búfjárhald, nr. 46 25. mars 1991, skal sveitarstjórn hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og afhentur hreppstjóra. Í greininni er lagt til að sá hluti hennar, sem fjallar um að hreppstjóra skuli afhentur graðpeningur, falli niður.

Um 28. gr.

Í greininni er lagt til að 2. mgr. 6. gr. laga um Jarðasjóð, nr. 34 27. maí 1992, verði felld niður. Tillaga um að fella þessa málsgrein niður er í samræmi við þá stefnu sem tekin var með lögum um nauðungarsölu, nr. 91/1991, að fella niður öll ákvæði um sérstaka rannsókn o.fl. ef eign er seld nauðungarsölu.

Um 29. gr.

Í tveimur greinum í lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992, eru hreppstjórar nefndir ásamt öðrum og þá sem aðilar sem fara með lögregluvald í ákveðnum tilvikum. Í greininni er lagt til að tilvísun til hreppstjóra verði felld niður.

Um 30. gr.

Markmiðið með því sem lagt er til í þessari grein er að veita Umferðarráði hlutdeild í tekjum af aðalskoðun og skráningu ökutækja. Fjöldi slíkra verka er um 150.000 á ári. Aðalskoðanir eru um 92.000, skráningar eigendaskipta um 50.000 og nýskráningar um 8.000. Gjaldið gæti því skilað Umferðarráði um 15 m.kr.

Flest slys verða fremur rakin til mannlegra mistaka en bilunar í ökutækjum. Ökutækjaskoðun hefur bætt umferðaröryggi að markmiði og má færa fyrir því rök að einhverjum hluta skráningar- og skoðunargjalda sé varið til umferðarfræðslu í sama skyni.

1. maí sl. voru Bifreiðapróf ríkisins sameinuð Umferðarráði, en Bifreiðaprófin höfðu

haft með höndum umsjón og framkvæmd ökuprófa og kennslu til aukinna ökuréttinda frá því að Bifreiðaskoðun Íslands hf. tók við meginhluta verkefna Bifreiðaeftirlits ríkisins í ársbyrjun 1989. Umferðarráð gegndi þegar því hlutverki samkvæmt umferðarlögum að stuðla að öruggari umferð, bættum umferðarháttum og aukinni umferðarmenningu. Sameining þessara þátta er talin munu auka möguleika stofnunarinnar á því að ná árangri í starfi sínu og er mikill áhugi á að efla hana til þess. Hefur stofnunin t.d. í undirbúningi að setja fram heildstæða áætlun um fækkun umferðarslysa, markmið og leiðir. Er vonast eftir að áætlunin sjái dagsins ljós í haust. Nokkur óvissa er um hvernig breytingar á starfsemi Umferðarráðs muni hafa áhrif á ýmsar tekjur stofnunarinnar, en talið er að sértekjur muni lækka nokkuð, eða um 8–9 m.kr. aðallega vegna þess að kennsla vegna ökuprófa leggst af hjá stofnuninni, en sú starfsemi hefur skilað afgangi. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 mun ríkisframlag til stofnunarinnar hækka um u.þ.b. 3 m.kr. í um 22 m.kr. Verði þetta frumvarp að lögum mun Umferðarráð því hafa úr að spila um 10 m.kr. hærri fjárhæð árið 1993 en stofnanirnar tvær hafa á árinu 1992, eða alls tæpar 77 m.kr., ef núverandi áætlun um sértekjur gengur eftir.

Þess má að lokum geta að dómsmálaráðuneytið hefur áhuga á að kanna hvort heppilegt sé að flytja ýmis bílatæknileg mál, sem nú er sinnt í ráðuneytinu, til Umferðarráðs. Hér er t.d. um að ræða ýmsar afgreiðslur og túlkanir á reglum um gerð og búnað ökutækja o.fl. sem heppilegra væri að sinna utan ráðuneytisins sjálfs, en getur illa vistast hjá skoðunarfyrirtækjum í samkeppni.

Um III. kafla.

Með þeim breytingum, sem lagðar eru til í III. kafla, er gert er ráð fyrir að lækka útgjöld á sviði kirkjumála um u.þ.b. 87 m.kr. Er ráðgert að lækka ríkisframlag til kirkjumála með því að mæla fyrir um að kostnaður við tiltekin verkefni skuli greiddur af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti. Sú skipan mála, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að því er það varðar, er bundin við árið 1993. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði kosið að þjóðkirkjan tæki sjálf yfir stjórn þessara verkefna og að varanlegri breyting yrði gerð á fyrirkomulagi tekjustofna, t.d. þannig að Jöfnunarsjóður sókna yrði efldur til að standa straum af kostnaði við þessi verkefni en kirkjugarðsgjald lækkað og sniðið eftir því sem þau verkefni krefjast. Kirkjuráð taldi hins vegar ekki unnt að fjalla um og taka afstöðu til svo stórfelldrar kerfisbreytingar á stuttum tíma og taldi skárri kost að búa óumflýjanlegum tilflutningi kostnaðar það tímabundna form sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þó er gert ráð fyrir að breyting verði á lögum um kirkjugarða, þannig að laun umsjónarmanns kirkjugarða verði eftirleiðis greidd beint úr Kirkjugarðasjóði, en ekki ríkissjóði eins og verið hefur.

Um 31. gr.

Hér er mælt fyrir um að ótiltekinn hluti af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti skuli renna til tilgreindra verkefna á sviði kirkjumála á árinu 1993. Samkvæmt upplýsingum Ríkisbókhalds nam hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti á árinu 1991 264.387.027 kr. eftir 20% skerðingu samkvæmt lánsfjárlögum, nr. 26/1991. Kirkjugarðsgjaldið á einstakling átti að vera 159 kr. á mánuði en með skerðingunni varð það 127,20 kr. á mánuði.

Árið 1992 átti hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti að nema 174,90 kr. á mánuði á hvern einstakling, en samkvæmt lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 1/1992, var gjaldið skert um 20% og nemur því 139,92 kr. á mánuði. Hvorki liggur fyrir í dag hver kirkju-

garðsgjöld verða á árinu 1993 né heldur hverjar greiðslur verða í raun til verkefna sem tiltekin eru í ákvæði þessu, en þær fjárhæðir afmarkast í fjárlögum fyrir árið 1993. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er fyrirhugað að verja til verkefna þessara um 85,1 m.kr. samtals á árinu 1993.

Sökum þessa er ekki unnt að tiltaka nákvæmlega hver skerðingin skal verða svo að unnt sé að ná markmiðum um lækkun ríkisútgjalda. Því er gert ráð fyrir að skerðingin verði ákveðin 20% til bráðabirgða, en að endanlegt uppgjör við kirkjugarða fari fram svo fljótt sem verða má á árinu 1994 þegar endanlegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir. Þá er gert ráð fyrir ef því er að skipta að heimilað verði að taka eftirstöðvar, ef einhverjar verða, af kirkjugarðsgjöldum ársins 1994. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 skiptist fjárhæðin á viðfangsefni þau er tiltekin eru í ákvæði þessu sem hér greinir:

1. Viðhald prestssetra: 44,6 m.kr.
2. Bygging prestssetra: 5 m.kr.
3. Kaup eigna á prestssetursjörðum: 4 m.kr.
4. Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóli Íslands: 15,5 m.kr. (er þá tekið tillit til sértekna).
5. Starfsþjálfun guðfræðikandídata: 2,8 m.kr.
6. Kirkjuþing, prestastefna, kirkjuráð: 5,4 m.kr.
7. Ýmis verkefni 5,6 m.kr.
8. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar: 2,2 m.kr.

Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 85,1 m.kr.

Um 32. gr.

Gert er ráð fyrir að mánaðarlegar greiðslur til kirkjugarða verði skertar um 20% meðan ekki liggur fyrir hver útgjöld verða í raun á árinu. Sú tala byggist á áætlun. Áætlunin byggist á kirkjugarðsgjöldum fyrir árið 1991 og 1992 eins og áður var minnst á. Reiknað er með að meðaltekjuskattsstofn milli tekjuáranna 1991 og 1992 hafi hækkað um 5%, en upplýsingar um þau atriði liggja ekki fyrir í dag. Þá er enn fremur reiknað með að fjöldi manna 16 ára og eldri hér á landi verði um 193.800 1. desember 1992. Er sú spá byggð á upplýsingum Hagstofu Íslands. Þá er gert ráð fyrir að upplýsingar um heildarútgjöld á árinu til verkefna skv. 1. gr. liggi fyrir ekki síðar en 15. janúar 1994. Ber því Ríkisbókhaldi að gera full skil við kirkjugarða innan þriggja mánaða frá þeim tíma. Hafi meira fé verið tekið en þörf krefur skal endurgreiða kirkjugörðum mismuninn eigi síðar en 15. apríl 1994, en ella skal það sem vanta kann á tekið af kirkjugarðsgjöldum innan sama tíma.

Um 33. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að Kirkjugarðasjóður beri launakostnað vegna umsjónarmanns kirkjugarða en ekki ríkissjóður eins og verið hefur. Telja má eðlilegt að Kirkjugarðasjóður standi straum af kostnaði við umsjón kirkjugarða. Reikna má með að launakostnaður geti numið um 2 m.kr. á ári og annar kostnaður um 500.000 kr.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskristofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Frumvarp þetta er í þremur köflum. Fyrsti kafli fjallar um brottfall laga um hreppstjóra og með honum er ætlað að nema úr gildi lög um hreppstjóra og ákvæði í öðrum lögum um skyldur hreppstjóra. Í fjárlögum 1992 er 18,4 m.kr. veitt til hreppstjóra og falla þær fjárveitingar brott í fjárlagafrumvarpi fyrir 1993.

Annar kafli leggur til breytingu á umferðarlögum, þannig að heimilt verði að leggja á sérstakt umferðaröryggisgjald allt að 100 kr. sem greiðist við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis eða skráningu eigendaskipta að ökutæki. Áætlað er að slíkt gjald geti gefið af sér allt að 15 m.kr. á hverju ári og munu þær tekjur renna til Umferðarráðs. Gert er ráð fyrir þessum tekjum hjá Umferðarráði í fjárlagafrumvarpi 1993.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála. Þar er lagt til að tiltekin verkefni á sviði kirkjumála verði kostuð af hlutdeild kirkjugarðanna í tekjuskatti á árinu 1993. Verkefni þessi og fjárveiting til þeirra í fjárlagafrumvarpi 1993 eru sem hér segir (í m.kr.):

Viðhald prestssetra	44,6
Bygging prestssetra	5,0
Kaup eigna á prestssetursjörðum	4,0
Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóla Íslands	15,5
Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2,8
Kirkjuráð, kirkjuþing, prestastefna	5,4
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	2,2
Ýmis verkefni	5,6
Samtals	**85,1**

Þar fyrir utan er gert ráð fyrir að laun umsjónarmanns kirkjugarða greiðist úr Kirkjugarðasjóði, en sá kostnaður er um 2,5 m.kr.

428. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um umboðssöluviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 8. gr. Í stað orðsins „umboðsmaður“ í síðari málslið greinarinnar komi: umboðssölumaður.

Greinargerð.

Þegar efnahags- og viðskiptanefnd afgreiddi frumvarpið frá sér til 2. umr. fórst fyrir að gera tillögu um breytingu á 8. gr. í samræmi við breytingartillögur nefndarinnar við 11., 17., 18. og 19. gr.

429. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar kom Yngvi Örn Kristinsson, stjórnarformaður Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 9. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sigbjörn Gunnarsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

430. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar tillögu til breytinga á lánsfjárlögum fyrir árið 1992. Breytingin, sem lögð er til, er tilkomin vegna þess að útgefnir húsbréfaflokkar eru á þrotum og vantar á markað húsbréf að upphæð sem nemur 1 milljarði króna á þessu ári.

Að sögn formanns stjórnar Húsnæðisstofnunar er talið óhagkvæmt að gefa út húsbréfaflokka sem nema lægri upphæð en 4 milljörðum króna og er því meiningin að 3 milljarðar króna verði fluttir yfir á næsta ár en 1 milljarður króna nýtist á þessu ári.

Undirritaðir nefndarmenn eru samþykkir því að þörf er fyrir þennan húsbréfaflokk en telja rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á þessum hluta lánsfjárlaganna fyrir árið 1992 eins og lögunum í heild og munu því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

431. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og á 115. löggjafarþingi. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir um ríkisborgararétt til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi.

Við afgreiðslu á þessu frumvarpi um veitingu ríkisborgararéttar, sem er væntanlega hið fyrra á þessu löggjafarþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur á þskj. 910. Umsóknir, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, bíða þar til síðara frumvarpið er afgreitt á vorþingi, en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. des. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Helgason.	Ingi Björn Albertsson.
Sigbjörn Gunnarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Tómas Ingi Olrich.	Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

432. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aiyub, Abdul Halim, matreiðslumaður í Kópavogi, f. 17. september 1963 í Ísrael.
2. Altuna, Elba Felicita Núnez, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1949 í Perú.
3. Anbari, Zakaria, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1968 í Marokkó.
4. Bára Borgþórsdóttir, skrifstofustúlka í Hafnarfirði, f. 3. mars 1933 í Hafnarfirði.
5. Benfield, Guðjón Charles, nemi í Reykjavík, f. 16. júlí 1974 í Reykjavík.
6. Biscarra, Francisca, verkakona í Reykjavík, f. 17. september 1952 á Filippseyjum.
7. Calderon, Evelyn Soon, húsmóðir á Flateyri, f. 25. janúar 1967 á Filippseyjum.
8. Caparida, Amelita P., iðnverkakona í Reykjavík, f. 25. febrúar 1969 á Filippseyjum.
9. Casey, Ester Talia, nemi í Reykjavík, f. 25. nóvember 1977 í Reykjavík.
10. Chavaro, John M., netagerðarmeistari í Reykjavík, f. 2. maí 1947 á Indlandi.
11. Christensen, Pia Monrad, háskólanemi í Reykjavík, f. 17. mars 1965 í Danmörku.
12. David, Joshua Reuben, nemi í Garðabæ, f. 24. mars 1977 í Reykjavík.
13. Demarsico, Michelle, skrifstofumaður í Mýrdalshreppi, f. 28. júlí 1965 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

14. Dunkley, Amel Joy, fiskvinnslukona í Bolungarvík, f. 3. maí 1959 á Jamaíku.
15. Dyson, Kathleen Ann, ritari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Englandi.
16. Fairbairn, Hilda, nemi í Kópavogi, f. 29. mars 1973 á Íslandi.
17. Fajardo, Teresita, herbergisþerna í Hveragerði, f. 3. janúar 1951 á Filippseyjum.
18. Freshman, Karl Gunter, matsveinn í Kópavogi, f. 12. mars 1946 í Þýskalandi.
19. Fuglö, Helene, húsmóðir í Garði, f. 12. júlí 1947 í Færeyjum.
20. Galtseva, Galina, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. ágúst 1946 í fyrrum Sovétríkjunum.
21. Godla, Erik Daniel, nemi í Njarðvík, f. 27. ágúst 1976 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Grissom, David Alan, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1964 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Grosman, George Jiri, kennari í Reykjavík, f. 3. mars 1953 í Tékkóslóvakíu.
24. Hanni Haraldsdóttir, starfsmaður að Sólheimum, f. 11. febrúar 1950 í Þýskalandi.
25. Helga Elín Briem, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. september 1957 í Reykjavík.
26. Hillyard, Richard Ivan, fiskvinnslumaður í Keflavík, f. 24. júní í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
27. Hong, Lu, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 7. september 1957 í Kína.
28. Mangubat, Andrelin Valeriano, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1966 á Filippseyjum.
29. María Helena Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. 15. desember 1985 í Reykjavík.
30. Mortensen, Íris María, nemi í Reykjavík, f. 22. október 1979 í Danmörku.
31. Nocon, Emelita Ordonez, húsmóðir í Reykjavík, f. 11. september 1947 á Filippseyjum.
32. Reátegui, Jorge Fernando Villafuerte, leiðsögumaður í Reykjavík, f. 27. júní 1965 í Perú.
33. Rocha, Maria Ramos, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 á Grænhöfðaeyjum.
34. Russo, Rosario, rafvirki í Reykjavík, f. 18. febrúar 1952 á Ítalíu.
35. Saddouq, Said, verkamaður í Reykjavík, f. 15. ágúst 1962 í Marokkó.
36. Seba, Djamel, verkamaður í Reykjavík, f. 22. september 1964 í Alsír.
37. Snarska, Maria, verkakona á Fáskrúðsfirði, f. 19. apríl 1956 í Póllandi.
38. Tittor, Sanun, verkakona í Hafnarfirði, f. 4. febrúar 1956 á Tælandi.
39. Velasco, Marcelina D., yfirþerna í Hafnarfirði, f. 24. febrúar 1955 á Filippseyjum.
40. Wen, Xu, nemi í Kópavogi, f. 19. ágúst 1968 í Kína.
41. West, Samuel Erik, tæknimaður í Reykjavík, f. 2. febrúar 1974 í Noregi.
42. Wiggs, Aritta Kay, skólastjóri á Hellissandi, f. 8. ágúst 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Xiaoyi, Cheng, viðskiptafræðingur í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Kína.
44. Yeoman, John William, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
45. Youyi, Xiang, matvælafræðingur í Reykjavík, f. 28. október 1962 í Kína.
46. Zanoria, Chyris Gay Villaespin, húsmóðir á Ísafirði, f. 20. desember 1967 á Filippseyjum.

433. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1993 er nú komið til 2. umr. Nefndin hefur í umfjöllun sinni um frumvarpið einkum fjallað um útgjaldahlið þess en umfjöllun um tekjuhliðina bíður 3. umr.

Það fór svo nú eins og á síðasta ári að fjárlagafrumvarpið eins og það var lagt fram var ekki marktækt. Þegar fjárlaganefnd hafði haft frumvarpið til umfjöllunar í nær tvo mánuði birti ríkisstjórnin 23. nóvember yfirlýsingu um aðgerðir í efnahagsmálum sem breytti í veigamiklum atriðum forsendum frumvarpsins og gerði m.a. ráð fyrir viðbótarniðurskurði á gjaldahlið sem nemur 1.240 millj. kr. Einnig voru kynntar í yfirlýsingunni veigamiklar skattkerfisbreytingar sem varða tekjuhliðina.

Þegar frumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir að gera breytingar á lögunum um virðisaukaskatt sem fólust í því að draga úr skattfrelsi ýmissa neysluþátta, svo sem húshitunar, bóka, blaða, tímarita, útvarps og sjónvarps, sem nú eru án virðisaukaskatts, draga úr endurgreiðslum virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði og þjónustu sveitarfélaga, svo sem snjómokstri.

Vegna harðrar andstöðu sveitarfélaganna í landinu féll ríkisstjórnin frá því að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu þeirra. Þess í stað var gert samkomulag milli formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, forsætisráðherra og félagsmálaráðherra um að mæla með að sveitarfélögin greiði 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð á móti framlagi til að draga úr atvinnuleysi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember er gert ráð fyrir að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskatt sem leggst á húshitun 1. janúar 1993, bækur, blöð og afnotagjöld fjölmiðla 1. júlí 1993 og ferðaþjónustu 1. janúar 1994.

Þessi vandræðagangur hefur gert fjárlaganefnd erfitt fyrir í störfum sínum. Fylgifrumvörp fjárlaganna, sem varða skattkerfisbreytingarnar og tekjuhliðina, voru ekki lögð fram fyrr en á síðustu stundu. Nefndin hefur því ekki enn fjallað um tekjuhliðina og mun sú umfjöllun bíða 3. umr.

Gjaldahlið.

Ein af meginákerslum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að skera niður ríkisútgjöld. Að hennar dómi á með því að leysa allan vanda, draga úr þenslu á lánamarkaði, lækka vexti og stöðva erlenda skuldasöfnun. Reynslan hefur sýnt að þetta hefur ekki tekist. Halli ríkissjóðs hefur ríflega tvöfaldast á árinu 1992 frá því sem áætlað var í upphafi árs og vextirnir íþyngja enn atvinnulífinu í landinu. Meðan þessu fer fram eru skattaálögur hærri en nokkru sinni fyrr.

Áformaður niðurskurður kemur einkum niður á heilbrigðismálum, mennta- og menningarmálum og landbúnaðarmálum eins og nánar verður vikið að í umfjöllun um einstaka málaflokka.

Um miðjan september sl. lagði ríkisstjórnin fram tillögur um fjárveitingar til atvinnuskapandi aðgerða. Þetta var útgjaldaauki að fjárhæð 2 milljarðar kr. Hér er þó um blekkingu að ræða því að hækkunin nemur aðeins 1 milljarði kr. þegar frá hefur verið dregin lækkun á öðrum fjárfestingarliðum, 1 milljarður kr.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir frá 23. nóvember er gert ráð fyrir að lækka ríkisútgjöld um 1.240 millj. kr. til viðbótar við þann niðurskurð sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Það var ekki fyrr en 5. desember sem fjárlaganefnd bárust fyrstu upplýsingar um skiptingu þessa niðurskurðar sem deilt hafði verið um í stjórnarflokkunum í nær tvær vikur. Niðurstaðan varð að ekki náðist samkomulag um nema 800 millj. kr. af þessari upphæð og enn var vegið í sama knérunn og ákveðið að heilbrigðis- og tryggingamálaþátturinn skyldi sæta 600 millj. kr. niðurskurði, félagsmálaráðuneytið 110 millj. kr. niðurskurði og landbúnaðarráðuneytið skyldi skera niður 100 millj. kr. til viðbótar þeim 3,3 milljörðum sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Fjárlaganefnd hafa ekki enn borist tillögur landbúnaðarráðuneytisins um hvar 50 millj. kr. af þessum 100 millj. kr. verða teknar. 8. desember voru svo enn lagðar fram tillögur sem þýða að ekki náist sá sparnaður í heilbrigðismálum sem að var stefnt.

Í boðuðum aðgerðum 23. nóvember voru áform um að leggja 500 millj. kr. til viðhaldsverkefna í tengslum við aðgerðir til atvinnusköpunar. Nú er útlit fyrir að þetta verði svikið vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna um hvernig staðið skuli að þessum aðgerðum.

Fullyrðingar um að fjárlagafrumvarpið styrki atvinnustarfsemi í landinu og fjölgi arðbærum störfum fá ekki staðist í ljósi þeirra sjónhverfinga sem hafðar eru í frammi um aðgerðir til atvinnusköpunar.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka málaflokka í frumvarpinu.

Heilbrigðis- og tryggingamál.

Á næsta ári verða heilbrigðis- og tryggingamálin harkalegast fyrir barðinu á niðurskurðarhníf ríkisstjórnarinnar eins og verið hefur á yfirstandandi ári. Nú kann hún ekki lengur neina feluleiki, svo sem að boða skipulagsbreytingar í rekstri sjúkrastofnana sem eiga að spara fjármuni án þess að draga úr þjónustu eða kerfisbreytingar í lyfjadreifingu sem leitt geta til samdráttar í lyfjakostnaði landsmanna.

Nú er talað tæpitungulaust um að draga úr þjónustu. Loka skal eftirmeðferðarstöð SÁÁ að Staðarfelli og þjónustudeildum Ríkisspítalanna fyrir áfengissjúka að Gunnarsholti og Vífilsstöðum. Þá er boðaður samdráttur í þjónustu við öldrunar- og endurhæfingarsjúklinga á Kristnesspítala sem nemur 40 millj. kr.

Svokallaður „sparnaður“ í sjúkratryggingum byggist nú fyrst og fremst á því að láta notendur þjónustunnar greiða hærri kostnaðarhlut. Þrátt fyrir áform um að lækka útgjöld sjúkratrygginga vegna lyfja úr 2,4 milljörðum kr. á árinu 1991 í 2,2 milljarða kr. í ár stefna útgjöldin í 2,6 milljarða. Í viðbót við þetta hafa útgjöld einstaklinga aukist um nær 400 millj. kr. vegna hærri greiðsluþátttöku, eða úr 18% í 30% af heildarútgjöldum til lyfjanotkunar.

Af þeim 400 millj. kr., sem útgjöld ríkisins vegna lyfja aukast um í ár, á að vísa helmingi, eða 200 millj. kr., til næsta árs. Þá gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir 100–200 millj. kr. sparnaði í lyfjaútgjöldum.

Hér er þó ekki látið staðar numið því að í nýjustu hugmyndum ríkisstjórnarinnar um niðurskurð ríkisútgjalda er heilbrigðisráðherra ætlað að lækka útgjöld um 650 millj. kr. Þar af hyggst hann ná 200 millj. kr. í útgjöldum vegna lyfja. Ráðgerð lækkun frá útgjöldum í ár nemur því samtals um 600 millj. kr. á næsta ári og sjá allir að það er algjörlega óraunhæft, jafnvel þó að kostnaðarþátttaka sjúklinga verði enn aukin. Þess má geta að frumvarp það sem heilbrigðisráðherra boðaði um skipulagsbreytingar í lyfjamálum hefur ekki litið dagsins ljós. Það breytir litlu þótt orðalagi í almannatryggingalög-

um sé breytt úr „lyfjum sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota“ í „lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota“.

Þá er einnig ráðgert að spara 200 millj. kr. í sérfræðiþjónustu sem hætt er við að lendi að mestu á sjúklingum og að lokum má nefna breytingar á greiðsluþátttöku í tannviðgerðum sem allar munu þýða aukin útgjöld fyrir notendur, samtals um 200 millj. kr.

Hætt er þó við að þessi aukna greiðsluþátttaka dragi verulega úr forvarnaaðgerðum á sviði tannheilsu en breytingarnar gera ráð fyrir að ríkið greiði ekki lengur fyrir forvarnir. Engar tannviðgerðir barna eða eftirlit eru lengur foreldrum að kostnaðarlausu og er full ástæða til að óttast að þetta leiði til lakari tannheilsu. Með þessu er verið að hverfa áratugi aftur í tímann.

Þessar svokölluðu „sparnaðaraðgerðir“ munu því þýða auknar skattaálögur sem nema um 1 milljarði kr. á þá sem nota þurfa heilbrigðisþjónustuna.

Í frumvarpinu er boðaður sparnaður á lífeyristryggingum sem nemur 580 millj. kr. Þar er m.a. gert ráð fyrir breytingum á fæðingarorlofi, mæðra- og feðralaunum, svo og ýmsum félagslegum sérbótum tryggginganna. Auk þess var gert ráð fyrir að eignatekjutengja lífeyrisbæturnar. Ríkisstjórnin virðist nú hafa gefist upp við að skattleggja fjármagnstekjur svo að sá þáttur er þar með út úr myndinni.

Í nýframkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingar er hins vegar gert ráð fyrir verulegum breytingum á barnalífeyri og mæðra- og feðralaunum. Mæðra- og feðralaun eru samkvæmt frumvarpinu skorin niður um 680 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun. Á móti þessu er barnalífeyrir hækkaður um 180 millj. kr. Hér er enn verið að auka álögur á barnafjölskyldur um 500 millj. kr.

Þá er enn gert ráð fyrir að spara 100 millj. kr. með því að færa slysatryggingar til vátryggingafélaganna. Fyrsta skrefið í þá veru er stigið með því að færa slysatryggingar ökumanna frá almannatryggingum. Þessi trygging hefur verið greidd af bifreiðaeigendum að fullu og hafa því almannatryggingar ekki borið neinn kostnað af þessari tryggingu. Við þennan flutning verður því enginn sparnaður.

Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru miðuð við að atvinnuleysi verði 3,5–4% á næsta ári. Fjárþörfin er þó fyrst lækkuð um 300 millj. kr. vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin telur að geti dregið úr atvinnuleysi. Þá er sjóðnum gert að ganga á eigið fé sem nemur 250 millj. kr. og loks er ráðgert að spara 100 millj. kr. með breytingum á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Allt bendir þó til þess að sú endurskoðun muni auka útgjöld sjóðsins en ekki spara fé þar sem fleiri telja sig nú eiga rétt á bótum en áður vegna breytinga á iðgjaldagreiðslum. Þá eru ótalin þau áhrif sem ný ákvæði um greiðslur til atvinnuskapandi verkefna í samningum við sveitarfélögin kunna að hafa á greiðslustreymi úr sjóðnum. Af þessu má sjá að mikil óvissa er ríkjandi um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs og allt bendir til að þar sé þörf á verulega auknum framlögum ef ekki á að ganga enn frekar á eigið fé sjóðsins.

Sjúkrahús í Reykjavík	Reikningur 1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Frumvarp 1993 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús í Reykjavík	2,8	107,0	168,9	58	
Ríkisspítalar	6.462,6	6.038,6	6.182,0	2	-4
Borgarspítali	2.682,8	2.640,9	2.744,0	4	2
Landakot	1.241,8	846,0	915,3	8	-26
Samtals	**10.390,0**	**9.632,5**	**10.010,2**	**4**	**-4**

Samkvæmt meðfylgjandi töflu sem birt er í greinargerð fjárlagafrumvarpsins kemur fram að á árinu 1992 var ráðgert að spara 760 millj. kr. í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það vekur sérstaka athygli að meiri hlut upphæðarinnar, eða 424 millj., átti að spara á Ríkisspítölum en margumrædd og umdeild verkaskipting og breyting á rekstri Borgarspítala og Landakots virðist samkvæmt þessu ekki hafa átt að gefa nema 336 millj. í sparnað.

Fulltrúar minni hlutans í fjárlaganefnd hafa margítrekað gengið eftir því að fá upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um hvernig þessi áform hafa gengið eftir en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðist ráðuneytið ekki hafa þessar upplýsingar eða ekki vilja láta þær af hendi. Mun verða gerð enn ein tilraun til að fá þær fram fyrir 3. umr. fjárlaga. Að öðrum kosti er óhjákvæmilegt að leggja fyrirspurn fyrir ráðherra í þinginu.

Á næsta ári eru fjárveitingar til Borgarspítala og Landakots hækkaðar nokkuð umfram verðlag sem bendir til að ráðgerður sparnaður hafi ekki gengið eftir en Ríkisspítölum er ætlað að búa við óbreyttar fjárveitingar og sama niðurskurð á næsta ári. Þó að lítils háttar lagfæringar séu gerðar á sértekjum og launaútgjöldum Ríkisspítala er sú hækkun tekin til baka með ákvörðunum um að hætta áfengismeðferð að Vífilsstöðum og Gunnarsholti svo sem áður er getið. Minni hlutinn telur að ákvörðun um að selja Þvottahús Ríkisspítalanna sé misráðin og muni leiða til aukinna útgjalda er frá líður. Þá er því mótmælt að söluandvirði Þvottahússins skuli talið til sértekna og ef salan gengur ekki eftir sé spítölunum ætlað að skera niður þjónustu sem því nemur.

Minni hlutinn telur rétt að taka upp skiptingu bráðavakta milli sjúkrahúsanna svo sem getið er um í greinargerð frumvarpsins, en ekkert bólar enn á ákvörðun af hálfu ráðuneytisins í því efni.

Öllum óskum stjórnarnefndar Ríkisspítala um leiðréttingar á fjárveitingum er hafnað. Óskað hefur verið eftir nýju nefndaráliti um málefni Kristnesspítala og umræðu um þau í nefndinni en það hefur ekki fengist. Mun það mál verða tekið upp milli umræðna.

Óskum Borgarspítala um leiðréttingar á launalið og sértekjum er hafnað, svo og öllum tillögum um ný stöðugildi. Sömu sögu er að segja um óskir annarra heilbrigðisstofnana og gildir þá einu hversu vel umsóknir þeirra eru rökstuddar.

Mennta- og menningarmál.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að færa enn fjármagn frá launamönnum til fjármagnseigenda hefur verið ráðist harkalega á allt skólakerfið í landinu, allt frá grunnskóla til háskóla.

Á yfirstandandi fjárlagaári er verulegur niðurskurður til grunnskólans sem m.a. kom fram í styttingu skólatíma og fjölgun í bekkjum. Þessi niðurskurður er staðfestur áfram þrátt fyrir loforð um að hann skyldi aðeins gilda á skólaárinu 1992–1993. Viðmiðunarstundum í 4.–5. bekk er áfram fækkað um eina og í 6.–10. bekk fækkar þeim um tvær. Samtals fækkar viðmiðunarstundum í öllum bekkjum um 4% og því til viðbótar er fjölgað í bekkjum. Með þessu er grunnskólinn settur í mikinn vanda og honum gert erfitt að gegna hlutverki sínu eins og lög gera ráð fyrir. Á sama tíma er óljóst hvernig standa eigi að útgáfu námsgagna þar sem boðaður er verulegur niðurskurður til Námsgagnastofnunar.

Minni hlutinn telur varasamt að þrengja þannig enn að grunnskólanum í íslensku samfélagi þar sem aðstæður barna og fjölskyldna þeirra eru afar bágbornar. Íslendingum hefur lánast verr en öðrum þjóðum að samræma vinnutíma foreldra og skólatíma barna svo að stórir hópar barna í þjóðfélaginu eru án umsjónar drjúgan hluta dagsins. Nýleg skýrsla

um slysatíðni barna á Íslandi sýnir að hún er óhugnanlega miklu hærri en annars staðar á Norðurlöndum. Á sama hátt hefur komið í ljós að sálrænir erfiðleikar barna á Íslandi fara vaxandi.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að skólagjöld verði innheimt af nemendum í framhaldsskólum og a.m.k. 3.000 kr. af skólagjöldum hvers nemanda verði nýttar til almenns rekstrar. Þetta er gert þrátt fyrir að innheimta skólagjalda eigi sér ekki stoð í lögum um framhaldsskóla. Er hér um grundvallarstefnubreytingu að ræða.

Ekki hefur áður verið eins kreppt að Háskóla Íslands eins og nú er gert. Fé til rannsókna hefur stórlega dregist saman, orðið hefur að draga úr kennslu og fella niður námskeið. Stinga þessar aðgerðir í stúf við yfirlýsta stefnu Alþingis að efla vísindi og rannsóknir svo að þjóðin dragist ekki aftur úr nágrannaþjóðum. Þessi samdráttur í Háskóla Íslands kemur sérstaklega illa við nemendur nú þar sem kröfur um námsframvindu hafa verið hertar til muna í sambandi við námslán.

Á sama tíma og nemendum er gert erfiðara að uppfylla kröfur um námsframvindu hafa framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verið skert um 510 millj. kr. Jafnframt hafa lánareglur verið stórhertar og innheimta skólagjalda hafin við Háskóla Íslands. Þetta er gert þó að Ríkisendurskoðun hafi sýnt fram á að eigið fé sjóðsins sé 9 milljarðar kr. umfram skuldir.

Afleiðingar þessara aðgerða eru þegar farnar að koma í ljós. Námsmönnunm á háskólastigi hefur þegar fækkað um 700 eða um 8,6% á aðeins einu ári. Áhyggjuefni er að þeir, sem veikasta þjóðfélagsstöðu hafa, verða fyrstir til að hverfa frá námi. Hlutfall foreldra í hópi námsmanna hefur lækkað um 10% og hlutur einstæðra foreldra um 1%, einkum einstæðra mæðra.

Með þessum aðgerðum er vegið gróflega að þeirri grundvallarstefnu sem stofnun sjóðsins byggðist á en hún var að tryggja öllum Íslendingum jafnan rétt til náms, án tillits til stéttar eða efnahags.

Menningarmál og listir hafa ekki síður orðið fyrir barðinu á niðurskurði ríkisstjórnarinnar. Um mitt næsta ár verður lagður virðisaukaskattur á íslenskar bækur, en síðasta ríkisstjórn hafði aflétt sköttum af bókagerð. Með því tókst að lækka verulega verð á bókum. Hér er stigið skref aftur á bak sem kann að reynast afdrifaríkt fyrir bókritun og bókagerð í landinu.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs, sem um árabil hefur staðið fyrir útgáfu bóka sem bókaútgefendur treystu sér ekki til að gefa út, svo sem orðabóka og fræðirita, hefur verið lögð niður. Uppgefnar ástæður fyrir þessari vanhugsuðu aðgerð reyndust haldlausar þegar í ljós kom að útgáfan átti milljónir í eignum eftir að allar skuldir hennar höfðu verið greiddar. Fyrirhugað mun að fella núgildandi lög um sjóðinn úr gildi en ekkert frumvarp hefur séð dagsins ljós.

Ný þjóðminjalög voru fagnaðarefni og samkvæmt þeim skyldi Húsafriðunarsjóður fá ákveðið framlag á hvern íbúa landsins. Þetta ákvæði er að engu haft og framlag til sjóðsins vart nema til málamynda. Það er alkunna að Íslendingar fara illa að ráði sínu við verndun gamalla húsa og menningarminja og skyldi með nýjum þjóðminjalögum úr bætt og það varið sem eftir er. Ljóst er að með þeim framlögum, sem veitt eru nú, verður ekki af því. Hin nýju lög voru sett til að efla fornminjarannsóknir og minjasöfn. Ekki er að sjá að þessari stefnumörkun verði fylgt.

Framlög til listasjóða, sem nýlega voru í lög leiddir, eru óljós, framlög til einstakra listgreina eru að verulegu leyti lögð í hendur menntamálaráðherra.

Framlög til íþróttamála eru lækkuð þrátt fyrir það mikla æskulýðs- og íþróttastarf sem íþróttahreyfingin skipuleggur.

Landbúnaðarmál.

Þann 11. mars 1991 var undirritaður nýr búvörusamningur sem gerir ráð fyrir að hætt verði að greiða útflutningsuppbætur á næsta ári og teknar verði upp beinar greiðslur til bænda. Lækkun útgjalda af þessum sökum er 2,3 milljarðar kr. Dregið er úr framlögum um 319 millj. kr. vegna mjólkurframleiðslu og 1.675 millj. kr. vegna sauðfjárframleiðslu. Það sem upp á vantar til að staðið sé við búvörusamninginn eru 50 millj. kr. sem taka á úr Framleiðnisjóði, 175 millj. kr. úr Verðmiðlunarsjóði og 80 millj. kr. framlag í Lífeyrissjóð bænda. Þarna er þó ekki látið staðar numið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurskurði í öllum þáttum sem lúta að landbúnaðarmálum og nemur hann um 1 milljarði kr. til viðbótar við það sem áður var talið, þannig að heildarniðurskurður til landbúnaðarmála nemur um 3,3 milljörðum kr. samkvæmt frumvarpinu. Að auki var ákveðinn viðbótarniðurskurður upp á 100 millj. kr. í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum frá 23. nóvember sl.

Landbúnaðarnefnd tók þau ákvæði frumvarpsins, sem vörðuðu landbúnaðarráðuneytið, til sérstakrar skoðunar og skilaði ítarlegu nefndaráliti sem allir nefndarmenn stóðu að, utan fulltrúa Alþýðuflokksins. Ríkisendurskoðun skilaði áliti til landbúnaðarnefndar þar sem niðurstaða nefndarinnar er studd. Álit landbúnaðarnefndar birtist sem fylgiskjal með áliti meiri hluta fjárlaganefndar en sáralítið tillit hefur verið tekið til þess við afgreiðslu málsins. Þar kemur m.a. fram að þrátt fyrir bókun 6 við búvörusamninginn um aukið fjármagn til skógræktar og landgræðslu lækka framlög til þessara málaflokka og framlög til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði lækka frá fyrra ári. Framlög til Búnaðarfélags Íslands og leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði eru skorin niður.

Framlag á fjárlögum til svína-, kjúklinga- og nautakjötsframleiðslu í formi endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir þessar vörur er lækkað samkvæmt frumvarpinu um 200 millj. kr. og rætt hefur verið um 50 millj. kr. til viðbótar í tengslum við aðgerðir frá 23. nóvember. Endanlegar tillögur liggja þó ekki fyrir. Þessi upphæð ætti að koma fram í hærra vöruverði til neytenda. Þó er líklegt að eins og markaðsástand er nú komi þessi upphæð fram að meira eða minna leyti sem kjaraskerðing hjá framleiðendum þessara vörutegunda.

Sjávarútvegsmál.

Niðurskurður í sjávarútvegsmálum er umtalsverður í þessu frumvarpi. Munar þar mest um rannsókna- og eftirlitsþáttinn. Þar er lækkun milli áranna 1991 og 1993 50% þegar á heildina er litið. Mikil lækkun er á lið sem merktur er Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi, en hann lækkar úr 51 millj. kr. í 21 millj. kr. milli ára. T.d. er ekki útlit fyrir að hægt verði að halda áfram þeim tilraunum með þorskklak sem byrjað var á og áttu að standa í nokkur ár. Þá á Hagræðingarsjóður að standa undir rekstri Hafrannsóknastofnunar þótt á yfirstandandi ári hafi þær tekjur brugðist í meginatriðum. Útlit er fyrir að allt að 300 millj. kr. vanti til að áætlanir standist í ár. Í nefndaráliti sjávarútvegsnefndar kemur fram að nefndinni í heild þykir of langt gengið í niðurskurði til rannsókna.

Í nýlegri skýrslu OECD er bent á að Íslendingar veiti allt of lítið fé til grunnrannsókna, tilraunaverkefna og langtímarannsókna sem eru undirstaða framfara í nútímasamfélagi. Til lengri tíma litið getur þessi vanræksla orðið okkur dýrkeypt. Við munum dragast enn frekar aftur úr samkeppnisþjóðum okkar á því sviði.

Niðurskurður til aflanýtingarnefndar er einnig áhyggjuefni þar sem sú nefnd hefur m.a. veitt fé til verkefna sem eiga að stuðla að nýtingu nýrra tegunda sjávarfangs.

Samgöngumál.

Í vegamálum er fyrst skorið niður um 344 millj. kr. og til viðbótar er kostnaður við ferjur og flóabáta færður á Vegagerðina. Sá kostnaður er í fjárlögum 1992 304 millj. kr. Nýleg úttekt Vegagerðar ríkisins á fjármálum ferja og flóabáta bendir til að þær 330 millj. kr., sem ætlaðar eru til þess verkefnis í fjárlagafrumvarpi, dugi ekki. Þar segir að áætlaður rekstur árið 1993 kosti 389 millj. kr. og þá er eftir að gera upp gamlar skuldir að upphæð 94,5 millj. kr. Vegagerðin hefur sett það skilyrði fyrir því að taka við þessum rekstri að dæmið verði gert upp og þeir taki við „hreinu borði". Þarna er fjárvöntun rúmlega 150 millj. kr. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar þar sem enn er óvíst hvað hugsanlegar breytingar á hinu nýja skipi, Herjólfi, muni kosta.

Hið sérstaka framlag til vegamála, 1.800 millj. kr., til að sporna við atvinnuleysi er enn þá ófrágengið dæmi, enda tæplega hægt að tala um að hér sé um viðbótarfjármagn að ræða þegar byrjað er á að skera niður tekjustofninn og síðan bætt við hann, auk þess sem afla á fjárins með lántökum sem lendir á Vegasjóði að greiða á næstu árum, bæði afborganir og vexti.

Í hafnaframkvæmdum er unnið eins og mögulegt er miðað við það fjármagn sem til skiptanna er. Ekki er hægt að segja það sama um framlag til sjóvarnargarða sem er skert um helming frá fjárlögum í ár, en óskað hefur verið eftir styrk til sjóvarnargarða víða um land fyrir alls 130 millj. kr. Því má nærri geta að 25 millj. kr. koma að takmörkuðu gagni.

Ferðamál.

Enn er haldið uppi sama hætti gagnvart Ferðamálaráði og markaður tekjustofn ráðsins skertur svo að það fær aðeins ⅓ af því sem lögboðið er. Framlag til reksturs skrifstofunnar er einnig lækkað og henni ætlað að afla talsverðra sértekna eins og flestum öðrum stofnunum, en yfirleitt kom fram í viðtölum þeirra stofnana, sem gert er að afla aukinna sértekna, við fjárlaganefnd að það væri með öllu óraunhæft. Þessi skerðing fjárveitingar til Ferðamálaráðs er ekki síst alvarleg í ljósi þess að í ferðamálum er helsti vaxtarbroddur nýrrar atvinnustarfsemi. Árið 1991 námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu nær 12,5 milljörðum kr. og það er skoðun Ferðamálaráðs að án mikilla fjárfestinga annarra en í markaðssetningu sé unnt að tvöfalda gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu á næstu átta árum og skapa 2.200 ný ársverk sem tækju við fjórða hverjum nýliða á vinnumarkaði.

Ferðamálaráð hefur mótað stefnu í ferðamálum til aldamóta, sem lofar góðu, en ljóst er að lítið verður úr framkvæmdum ef fjárveiting verður ekki aukin.

Félagsmál.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 var upphaflega gert ráð fyrir að hætta að endurgreiða sveitarfélögum í landinu virðisaukaskatt af sorphreinsun, ræstingu, snjómokstri, björgunarstörfum og sérfræðiþjónustu. Einnig var gert ráð fyrir að hætta að endurgreiða

virðisaukaskatt af aðföngum hitaveitna. Þetta hefði leitt til 600 millj. kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin og gert að engu fyrirheit sem voru gefin um það af stjórnvöldum við fjárlagagerð fyrir árið 1992 að gjaldtakan, sem fylgdi lögregluskattinum, yrði ekki endurtekin. Þessu var harðlega mótmælt af forustumönnum sveitarfélaganna enda voru hér áform um að skattleggja sérstaklega aðstöðumun, svo sem snjómokstur og dýra húshitun.

Ríkisstjórnin var hrakin frá þessum áformum með samkomulagi við forustumenn sveitarfélaganna um að í stað þessarar skattlagningar greiddu sveitarfélögin 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð sem síðan yrði úthlutað til atvinnuskapandi verkefna í sveitarfélögunum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engin útfærsla liggur fyrir á því með hverjum hætti á að standa hér að verki.

Þrátt fyrir það samkomulag, sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga 10. október sl. er framlag til Jöfnunarsjóðs vegna Lánasjóðs sveitarfélaga skorið niður um 110 millj. kr. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif þetta hefur á útlán sjóðsins sem í vaxandi mæli hefur skuldbreytt lánum sveitarfélaga og lánað til framkvæmda í höfnum og til umhverfisverkefna.

Lagt er til að aðstöðugjald verði fellt niður og sveitarfélögunum verði bættur tekjumissirinn til bráðabirgða með beinni greiðslu úr ríkissjóði og framlagi í Jöfnunarsjóð til tekjujöfnunarframlaga að fjárhæð 120 millj. kr. til þess að bæta þeim sveitarfélögum sem hafa innheimtuhlutfall yfir 80%. Ljóst er að það er í algjörri óvissu hvort þessi upphæð, ásamt eftirstöðvum þessa árs, nægir til þess að bæta sveitarfélögunum tekjumissinn af aðstöðugjaldinu. Minni hlutinn lítur svo á að meðan varanlegur tekjustofn er ekki fundinn né þessum málum skipað til frambúðar eigi sveitarfélögin að fá bættan tekjumissinn af aðstöðugjaldinu.

Húsnæðismál.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að sparaðar séu 132 millj. kr. í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins með lækkun útgjalda og hækkun sértekna. Til þess að ná þessu markmiði er ætlunin að leggja niður skyldusparnaðinn, selja hönnunardeild og draga saman umfang annarra þátta. Í bréfi Húsnæðisstofnunar til formanns fjárlaganefndar frá 10. nóvember sl. kemur fram að stofnunin telur ekki raunhæft að ná svo mikilli lækkun í einum áfanga án þess að skerða þjónustu stofnunarinnar.

Umhverfismál.

Þótt umhverfismál séu sífellt að fá meira vægi í allri umræðu þjóðmála um allan heim erum við þar ekki í takt við tímann. Fjárlagafrumvarpið ber það með sér, enda sá ráðherra umhverfismála ástæðu til að koma á fund fjárlaganefndar og benda á nauðsyn þess að auka fé til þessara mála um rúmar 20 millj. kr. Það er m.a. vegna mengunarmælinga í sjó og eins og ráðherra benti réttilega á er okkur mikil nauðsyn á að fylgjast vel með efnainnihaldi sjávar, svo mjög sem við byggjum afkomu okkar á hvers kyns sjávarafurðum. Þá eru sorp- og fráveitumál sveitarfélaga víða í miklum ólestri og flest sveitarfélög hafa óskað eftir aðstoð umhverfisráðuneytis við stefnumörkun í þeim málaflokki.

Náttúruverndarráð hefur í mörg ár verið í fjársvelti og þrátt fyrir nokkra aukningu í frumvarpinu frá fjárlögum í ár er hér um algjöra lágmarksupphæð að ræða. Má minna á mikilvægi náttúruverndar í sambandi við hvers kyns landkynningu og ferðaþjónustu.

Veðurstofunni er gert að afla sértekna af þjónustu við innanlandsflugið. Þar fylgir viss hætta á að flugfélögin reyni að spara þann kostnað með því að leita ekki eins oft til Veðurstofunnar um veðurathuganir. Ekki teljum við það til bóta í landi sem okkar þar sem veðurfar og landfræðilegar aðstæður eru erfiðari en víða annars staðar.

Dómsmál.

Þær hugmyndir voru uppi að leggja einu skipi Landhelgisgæslunnar og ætla þess í stað 10 millj. kr. til Vitastofnunar til þjónustu við vita. Landhelgisgæslan lýsti sig reiðubúna til sparnaðar í rekstri og telur sig geta þjónað vitum landsins og haldið úti því skipi sem áætlað er að leggja með þeim 10 millj. kr. sem hér er um að ræða. Það er því vandséð hvaða tilgangi þessi ráðstöfun þjónar öðrum en að veikja Landhelgisgæsluna. Nú mun þess ekki lengur krafist að skipi verði lagt en fjárveiting ekki hækkuð að sama skapi. Þá má einnig minna á að enn hefur ríkisstjórnin ekki efnt það fyrirheit að standa að þyrlukaupum fyrir Landhelgisgæsluna þrátt fyrir ítrekaðar kröfur þar um.

Í þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um framlög til dóms- og kirkjumála kemur fram að ætlunin er að leggja embætti hreppstjóra niður og skera niður útgjöld þess vegna um á 18,4 millj. kr. Alls óvíst er hvernig þau störf, sem hreppstjórar hafa haft með höndum, t.d. lögskráningar, verða leyst af hendi án mikilla óþæginda fyrir notendur þjónustunnar og ekki verður séð að af þessu hljótist neinn sparnaður því að launa þarf öðrum, jafnvel dýrari starfsmönnum, fyrir að vinna þessi verk.

Lokaorð.

Ljóst er að mikið verk er óunnið til að ljúka fjárlagagerðinni. Samningurinn um EES og afdrif hans geta haft áhrif á efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins og gjaldahlið þess. Þá er fjöldi fylgifrumvarpa óafgreiddur, þar með taldar veigamiklar breytingar á skattalöggjöf. Því mun minni hluti fjárlaganefndar gefa út framhaldsnefndarálit við 3. umr.

Minni hluti nefndarinnar flytur ekki sameiginlegar breytingartillögur við frumvarpið en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. des. 1992.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Guðrún Helgadóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Anna Kristín Sigurðardóttir. Jón Kristjánsson.

434. Lög [279. mál]

um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 396.

435. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-720 180 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt. Fyrir „10.200“ kemur	20.000
2. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður: 120 Fæðingarheimili Reykjavíkur, endurreisn	30.000
3. Við 4. gr. 12-999 Ýmis verkefni. Nýr liður: 140 Lánatryggingarsjóður kvenna, aðild að WWB	2.883

436. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf fjárlaganefndar við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1993 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga 9. október sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga í landinu sem gerði henni grein fyrir erindum sínum. Með lagabreytingum þeim, sem tóku gildi á árinu 1990, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er fækkað verulega þeim verkefnum sem ríkið og sveitarfélög vinna sameiginlega að. Þrátt fyrir það eru ýmis verkefni sameiginleg enn þá. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði eftir með bréfi, dags. 26. október sl., álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga er varða málefnasvið einstakra nefnda.

Nefndirnar hafa skilað áliti sínu og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er annað árið sem þessi skipan er á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárlaganefnd um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Ekki er vafi á því að þessi nýbreytni er til bóta fyrir störf fjárlaganefndar. Eigi að síður er tekið undir þau sjónarmið, sem fram koma í álitsgerðum nokkurra fastanefnda, að nauðsyn beri til að koma fastari skipan á fyrirkomulag þessara mála í framtíðinni í ljósi þeirrar reynslu sem nú er fengin.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 44 bókaða fundi um frumvarpið og átt viðtöl við fjölmarga aðila sem komið hafa á fund hennar. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka. Erindi eru nú nokkru færri en verið hefur á undanförnum árum og beiðnir um viðbótarfjárframlög einnig færri en verið hefur. Af þessu má ráða að undirbúningur fjárlagagerðarinnar sé traustari nú en oft áður. Í því sambandi má ætla að sú breyting, sem varð á undirbúningi fjárlaga af hálfu framkvæmdarvaldsins, að einstök fagráðuneyti komi meira við sögu, sé að skila sér í traustari upplýsingum um raunverulegar fjárþarfir.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust, svo sem skiptingar allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur, sem nefndin hefur sameiginlega unnið að, nema samtals 228,9 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. gera hins vegar ráð fyrir lækkun útgjalda að fjárhæð 250 millj. kr.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf og tillitssemi. Meiri og minni hluti fjárlaganefndar hafa staðið saman að athugun allra erinda en ábyrgð á meginstefnumiðum í frumvarpinu hvílir að sjálfsögðu á stjórnarþingmönnum. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluta, og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umr., bæði smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar. Í því sambandi má nefna Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, veiðistjóra (framlag vegna veiða á refum og minkum), sérstakar greiðslur í landbúnaði, greiðslur vegna búvöruframleiðslu, sjúkrahús í Reykjavík (útdeiling sparnaðar), Ríkisspítalar (Gunnarsholt og Vífilsstaðir) og verðlags- og gengisbreytingar vegna gengisfellingar. Þá er eftir að færa ýmsa liði, einkum rekstrarliði, upp til verðlags vegna þeirra gengisbreytinga sem átt hafa sér stað frá því fjárlagafrumvarpið var lagt fram.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum þeim sem nefndin stendur að í heild svo og þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn flytur á sérstöku þingskjali.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Framlag til Alþingis hækkar alls um 31,3 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Alþingiskostnaður hækkar um 10,5 m.kr. og verður 252,9 m.kr. Viðfangsefni 1.03 Þingmálaskrifstofa hækkar um 8,4 m.kr. og verður 107,7 m.kr., m.a. vegna hækkunar ferðakostnaðar nefnda innan lands og vegna starfsmanns fjárlaganefndar en kostnaður vegna hans var áður greiddur af Ríkisendurskoðun. Viðfangsefni 1.04 Rekstrarskrifstofa hækkar um 7,3 m.kr. og verður 155 m.kr. Viðfangsefni 1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna lækkar um 2,2 m.kr. og verður 25,9 m.kr. vegna lækkunar á ferðakostnaði. Viðfangsefni 1.07 Hús Jóns Sigurðssonar hækkar um 0,4 m.kr. og verður 6,1 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.08 Hið íslenska þjóðvinafélag, 0,5 m.kr. Viðfangsefni 1.10 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækkar um 1,1 m.kr. og verður 25,2 m.kr. Alls hækkar rekstrarkostnaður Alþingis um 26 m.kr. Viðfangsefni 5.20 Fasteignir hækkar um 2,9 m.kr. og verður 8 m.kr. en viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2,4 m.kr. og verður 16 m.kr. Fjárveiting er ætluð til atkvæða-

greiðslukerfis, til kaupa á tækjum og skrifstofubúnaði og vinnu við tölvukerfi, hljóðkerfi o.fl.

610 Umboðsmaður Alþingis: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,9 m.kr. og verður 19,4 m.kr. en þar er um að ræða hækkun annarra rekstrargjalda.

620 Ríkisendurskoðun: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,4 m.kr. og verður 153,7 m.kr. vegna hækkunar launagjalda. Sértekjur lækka um 1,6 m.kr. og verða 2 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

201 Háskóli Íslands: Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar alls um 35,2 m.kr. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2 m.kr. en hækkunin er ætluð til bættrar stjórnunar. Viðfangsefni 1.02 Sameiginleg útgjöld hækkar um 30 m.kr. vegna hækkunar á framlagi í Vinnumatssjóð Félags háskólakennara. Viðfangsefni 1.05 Aðrar sérstofnanir og verkefni hækkar um 3,2 m.kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda, prófessors í fiskifræði og prófessors í heimilislæknisfræði. Töluvert er um innbyrðis breytingar milli viðfangsefna Háskólans en vegna breytinga, sem gerðar voru á fjárlagatillögum skólans við vinnslu fjárlaga, varð misræmi sem að ósk skólans er leiðrétt. Nettóáhrif eru engin. Breytingar á viðfangsefnum skólans vegna þessa eru eftirfarandi: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 5,7 m.kr. Viðfangsefni 1.02 Sameiginleg útgjöld lækkar um 22,1 m.kr. Viðfangsefni 1.03 Rekstur fasteigna lækkar um 9,7 m.kr. Viðfangsefni 1.04 Háskólabókasafn lækkar um 13,4 m.kr. Viðfangsefni 1.05 Aðrar sérstofnanir og verkefni hækkar um 75,5 m.kr. Viðfangsefni 1.06 Kennslu- og vísindadeildir lækkar um 36 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2,5 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma um sömu fjárhæð.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,4 m.kr. vegna kostnaðar við öflun styrkja frá útlöndum og tækniflutnings innan lands. Viðfangsefni 1.03 Rannsóknastofur hækkar um 4 m.kr. vegna rekstrar- og efniskostnaðar á rannsóknastofum að fjárhæð 3,2 m.kr. og vegna hálfrar stöðu sérfræðings við NMR-kjarnarófstækið að fjárhæð 0,8 m.kr.

211 Tækniskóli Íslands: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 9 m.kr. og verður 12 m.kr. Hækkunin er vegna reiknistofu skólans og til ýmissa tækjakaupa.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefni 6.90 Byggingarframkvæmdir hækkar um 5 m.kr. og verður 407 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðum á viðfangsefnum 5.90 Viðhald og 6.90 Byggingarframkvæmdir skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

422 Námsgagnastofnun: Viðfangsefni 1.20 Framleiðsludeild hækkar um 8 m.kr. og verður 141,6 m.kr. en með tilkomu 14% virðisaukaskatts á miðju ári mun stofnunin þurfa að skila skatti af áður óskattlagðri framleiðslu sinni.

506 Vélskóli Íslands: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2 m.kr. og verður 4 m.kr. vegna hönnunar og smíði á kennslukælikerfi.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefni 1.42 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 0,9 m.kr. og verður 6 m.kr.

919 Söfn, ýmis framlög: Teknir eru inn fjórir nýir liðir: 1.10 Listasafn ASÍ 2 m.kr., 1.12

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 4,5 m.kr., 1.30 Sögusafn alþýðu 0,9 m.kr. og 1.31 Kvennasögusafn 1 m.kr. Á móti þessum fjárhæðum lækkar viðfangsefni 1.90 Söfn, ýmis framlög um sömu fjárhæð eða um 8,4 m.kr. Viðfangsefni 6.90 Söfn, stofnkostnaður hækkar um 2 m.kr. og verður 12 m.kr. Hækkunin er ætluð byggðasöfnum.

982 Listir, framlög: Teknir eru inn þrír nýir liðir: 1.22 Starfsemi áhugaleikhópa 14 m.kr., 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 3 m.kr. og 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 12 m.kr. Á móti þessum fjárhæðum lækkar viðfangsefni 1.90 Listir, framlög um sömu fjárhæð eða um 29 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf: Við bætist nýr liður, 1.12 Dönsk-íslensk orðabók, og er framlag 2 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 1.90 Ýmis fræðistörf um sömu fjárhæð.

988 Æskulýðsmál: Teknir eru inn fjórir nýir liðir: 1.10 Æskulýðsráð ríkisins 1,5 m.kr., 1.12 Ungmennafélag Íslands 9,5 m.kr., 1.13 Bandalag íslenskra skáta 5 m.kr., og 1.18 Iðnnemasamband Íslands 3,4 m.kr. Á móti þessum fjárhæðum lækkar viðfangsefni 1.90 Æskulýðsmál um sömu fjárhæð eða um 19,4 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál: Teknir eru inn sex nýir liðir: 1.10 Íþróttasamband Íslands 24 m.kr., 1.11 Ólympíunefnd Íslands 3 m.kr., 1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5 m.kr., 1.14 Íþróttasamband fatlaðra 8,5 m.kr., 1.16 Íþróttafélög, styrkir, 14 m.kr. og 1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,3 m.kr. Á móti þessum fjárhæðum lækkar viðfangsefni 1.90 Ýmis íþróttamál um sömu fjárhæð eða um 52,3 m.kr.

999 Ýmislegt: Teknir eru inn tveir nýir liðir: 1.63 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 3,9 m.kr. og 1.70 Íslenska menntanetið 6 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög um sömu fjárhæð eða um 9,9 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 15,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð. Tekinn er inn nýr liður 1.51 Útflutningsráð Íslands, 2 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3 m.kr. vegna greiðslu uppbóta á lífeyri héraðsráðunauta.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,4 m.kr. og verður 12,4 m.kr.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefni 6.10 Fasteignir hækkar um 1,4 m.kr. en hækkunin er ætluð til afborgana af lánum vegna framkvæmda við Tilraunastöðina á Stóra-Ármóti.

235 Landgræðsla ríkisins: Viðfangsefni 1.90 Fyrirhleðslur hækkar um 4 m.kr. og verður 19 m.kr.

239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði hækkar um 3,4 m.kr. og verður 51 m.kr.

246 Veiðimálastofnun: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,5 m.kr. og verður 63,1 m.kr. vegna veiðieftirlits í sjó með ströndum landsins.
501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðfangsefni 6.02 Tæki og búnaður hækkar um 2 m.kr. og verður 4 m.kr. vegna endurnýjunar og uppbyggingar á samræmdum tölvubúnaði fyrir stofnunina.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.
202 Hafrannsóknastofnun: Viðfangsefni 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 2 m.kr. og verður 218,2 m.kr. vegna ráðstefnu um áhrif umhverfisbreytinga á þorskstofna.
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur hækkar um 1,6 m.kr. og verður 2,8 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.
290 Dómsmál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.14 Óviss útgjöld hækkar um 2,1 m.kr. og verður 3,9 m.kr. vegna biðlauna nokkurra starfsmanna dómsmálastofnana sem lagðar voru niður á þessu ári. Á móti lækkar fjárveiting fjárlagaliðar 390 Ýmis löggæslukostnaður um sömu fjárhæð.
390 Ýmis löggæslukostnaður: Viðfangsefni 1.10 lækkar um 2,1 m.kr. á móti hækkun á fjárlagalið 290 Dómsmál, ýmis kostnaður.
711 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefni 1.10 Prestar og prófastar hækkar um 3 m.kr. og hækka launagjöld sem því nemur. Um er að ræða tvær nýjar stöður, staða farprests annars vegar og staða aðstoðarprests í Vestmannaeyjum hins vegar.
790 Kirkjumál, ýmis kostnaður: Tekinn er inn nýr liður 1.14 Kirkjumiðstöð Austurlands og er framlag 1,4 m.kr. Viðfangsefni 6.12 Hóladómkirkja hækkar um 2 m.kr. og verður 3 m.kr. vegna viðgerðar á þaki. Viðfangsefni 6.13 Snorrastofa hækkar um 1 m.kr. og verður 2 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ: Framlag til heimilisins hækkar um 2 m.kr. og verður 38,2 m.kr.
954 Vinnueftirlit ríkisins: Rekstrarframlag hækkar um 0,5 m.kr. vegna hálfrar stöðu fulltrúa við stofnunina. Á móti hækka sértekjur um 0,2 m.kr.
981 Vinnumál: Tekinn er nýr liður 1.12 Alþýðusamband Íslands 13 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík hækkar um 1 m.kr. og verður 15 m.kr. Viðfangsefni 1.41 Stígamót hækkar um 0,5 m.kr. og verður 6,7 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

271 Tryggingastofnun ríkisins: Til samræmis við frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar o.fl. breytast eftirfarandi viðfangsefni sem hér segir: Viðfangsefni 1.10 Lífeyristryggingar lækkar um 50 m.kr. og verður 15.140 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Sjúkratryggingar lækkar um 250 m.kr. og verður 9.480 m.kr. Viðfangsefni 1.30 Slysatryggingar hækkar um 50 m.kr. og verður 605 m.kr. Alls lækkar framlag til Tryggingastofnunar ríkisins um 250 m.kr.

301 Landlæknir: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 10 m.kr. og verður 43,1 m.kr. og er hækkunin ætluð Krýsuvíkursamtökunum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Tekinn er inn nýr liður 6.10 Fasteign og er framlag 5 m.kr. vegna viðbótarhúsnæðis stofnunarinnar.

340 Málefni fatlaðra: Viðfangsefni 1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík hækkar um 2,4 m.kr. og verður 11 m.kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Teknir eru inn tveir nýir liðir: 6.92 Hlaðgerðarkot, 6 m.kr., og 6.94 Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, 12,5 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Tekinn er inn nýr liður 1.54 Erfðafræðirannsóknir 5 m.kr. og er framlagið ætlað til rannsókna til greiningar á erfðasjúkdómum. Verkefnið er á vegum Landlæknisembættisins. Tekinn er inn nýr liður 1.72 Bláalónsnefnd og er framlag 10 m.kr.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið: Viðfangsefni 1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ hækkar um 15 m.kr. og verður 192,3 m.kr.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Á viðfangsefni 1.10 Almennur rekstur er gerð breyting sem ekki kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar því að hún varðar aðeins tegundasundurliðun. Framlag til samningsbundins ferðakostnaðar lækna 23,4 m.kr. er í frumvarpinu fært sem tilfærslur en gert er ráð fyrir að færa framlagið sem önnur rekstrargjöld. Breytingin er gerð í samráði við Ríkisbókhald og Ríkisendurskoðun.

511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra: Viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Árbæ hækkar um 1,6 m.kr. og verður 34 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Grafarvogi lækkar um 0,2 m.kr. og verður 20,7 m.kr. Breytingarnar eru vegna tilfærslna milli heilsugæslustöðva að beiðni samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík.

512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra: Viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti hækkar um 1 m.kr. og verður 38 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Mjódd lækkar um 2 m.kr. og verður 31 m.kr. Breytingarnar eru vegna tilfærslna milli heilsugæslustöðva að beiðni samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík.

513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi: Viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Fossvogi hækkar um 1,4 m.kr. og verður 25 m.kr. Breytingin er vegna tilfærslna milli heilsugæslustöðva að beiðni samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík.

514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi: Viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Hlíðum hækkar um 2,3 m.kr. og verður 24 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Miðbæ lækkar um 4,1 m.kr. og verður 30 m.kr. Breytingarnar eru vegna tilfærslna milli heilsugæslustöðva að beiðni samstarfsráðs heilsugæslustöðva í Reykjavík.

581 Heilsugæslustöð Suðurnesja: Launagjöld hækka um 1,8 m.kr. vegna stöðu heilsugæslulæknis.

09 Fjármálaráðuneyti

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1,1 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir: Viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga lækkar um 33,1 m.kr. Í frumvarpinu eru ætlaðar 40 m.kr. til þessa kostnaðar. Við það var miðað að fjárveitingunni yrði skipt á einstök ráðuneyti í meðförum Alþingis. Eftir standa 6,9 m.kr. til síðari ráðstöfunar.

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 0,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

190 Ýmis kostnaður ráðuneytis: Viðfangsefni 1.31 Flugbjörgunarsveitir fær nýtt heiti, 1.31 Landsbjörg. Framlag hækkar um 4 m.kr. og verður 6 m.kr.

333 Hafnamál: Viðfangsefni 6.20 Ferjubryggjur hækkar um 2 m.kr. og verður 12 m.kr. Fjárhæðin skiptist á Nauteyri 10 m.kr. og Mjóafjörð 2 m.kr. Viðfangsefni 6.30 Hafnamannvirki lækkar um 27,1 m.kr. og verður 781,9 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök viðfangsefni í sérstöku yfirliti. Tekinn er inn nýr liður 6.39 Hafnamannvirki Sandgerði og er framlag 25,1 m.kr.

651 Ferðamálaráð: Rekstrarframlag hækkar um 5 m.kr. og verður 20,6 m.kr. en hækkunin er ætluð ferðamálasamtökum landshlutanna.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

12 Viðskiptaráðuneyti

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um sömu fjárhæð.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3 m.kr. og verður 53,1 m.kr. Á móti lækkar fjárveiting á fjárlagalið 990 undir fjármálaráðuneyti, viðfangsefni 1.91 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga, um 2 m.kr. Staða húsvarðar, 1 m.kr.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.40 Alþjóðastofnanir hækkar um 1 m.kr. og verður 5,6 m.kr. Hækkun er vegna Montreal-bókunar.

Alþingi, 9. des. 1992.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Gunnlaugur Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 hefur nefndin fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Til útskýringar á helstu þáttum málsins komu á fundi nefndarinnar frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri, Dagný Leifsdóttir deildarstjóri og Ari Edwald, aðstoðarmaður ráðherra. Þá komu til viðræðna við nefndina herra Ólafur Skúlason biskup, Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Böðvar Bragason lögreglustjóri í Reykjavík, Stefán Hirst, skrifstofustjóri lögreglu-

stjóraembættisins í Reykjavík, Þórir Oddsson aðstoðarrannsóknarlögreglustjóri og Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Nefndin ræddi einkum þá þætti frumvarpsins er snúa að Landhelgisgæslunni, lögreglunni og þjóðkirkjunni. Fram kom að nefndarmenn hafa talsverðar áhyggjur af málefnum Landhelgisgæslunnar. Upplýst var þó að verið væri að athuga breytingar á verkefnum sem hún sinnir og til stæði að endurskoða lög um Landhelgisgæsluna. Enn fremur hafa nefndarmenn áhyggjur af málefnum lögreglunnar, áhættuþáttum í störfum hennar og ekki síst fíkniefnalögreglunni. Fram kom að verið er að vinna að endurskipulagningu á fyrirkomulagi þessara mála, m.a. hvað snertir öryggisútbúnað lögreglumanna.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki tillögu til breytinga um þessi atriði en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. nóv. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Sigbjörn Gunnarsson.
Björn Bjarnason.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 hefur nefndin fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Til útskýringar á helstu þáttum málsins komu á fundi nefndarinnar frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri, Dagný Leifsdóttir deildarstjóri og Ari Edwald, aðstoðarmaður ráðherra. Þá komu til viðræðna við nefndina herra Ólafur Skúlason biskup, Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Stefán Hirst, skrifstofustjóri lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, Þórir Oddsson aðstoðarrannsóknarlögreglustjóri, Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, og Guðmundur Árnason, skrifstofustjóri forsætisráðuneytis.

Nefndin hefur ekki farið heildaryfirferð yfir þá kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um fjárveitingar til forsætisráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins heldur kynnt sér að nokkru leyti fáeina þætti þar. Hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, sem komu á fund nefndarinnar, kom fram að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu ætti að leggja niður störf hreppstjóra frá næstu áramótum. Þessi ákvörðun lækkar útgjaldatillögur í fjár-

lagafrumvarpinu um 18 millj. kr. en ekki hefur verið gerð nein athugun á því hver raunverulegur sparnaður verður. Við verkefnum hreppstjóra eiga lögregla, dýralæknar og sveitarstjórnir að taka. Því mun að sjálfsögðu fylgja aukinn kostnaður fyrir lögreglu, bæði vegna vinnu og aksturs, en ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun fjárveitinga til hennar í því skyni. Ekkert kom fram um hver ætti að greiða dýralæknum fyrir þá aukavinnu sem þeir munu þurfa að taka að sér, en áreiðanlega er tímakaup þeirra ekki lægra en hreppstjóra. Ekkert samráð hefur verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna og ekki heldur gert ráð fyrir neinum greiðslum til þeirra af þeim sökum. Það er því augljóst að hér er um mjög flausturslega ákvörðun að ræða sem enginn veit hvaða tilgangi þjónar því að þeir sem til þekkja eru sannfærðir um að miðað við launakjör hreppstjóra muni breytingin ekki leiða til sparnaðar. Ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um hreppstjóra og því liggur ekki fyrir hvort meiri hluti er fyrir því á Alþingi að leggja niður þessi gömlu embætti.

Hjá biskupi Íslands kom fram að 20% skerðing á tekjum kirkjunnar af kirkjugarðsgjaldi heldur áfram á næsta ári þó að kirkjumálaráðherra hefði gefið fyrirheit um það við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 að sú skerðing yrði ekki endurtekin. Í skýringum með frumvarpinu er sagt að sá hluti sem rennur í ríkissjóð standi undir ákveðnum útgjaldaliðum ráðuneytisins. Hins vegar hefur kirkjan fengið nýtt loforð frá dómsmálaráðherra um að síðar verði stefnt að því að einhver verkefna ráðuneytisins verði færð undir stjórn kirkjunnar.

Lögreglan í Reykjavík vinnur að hagræðingu og endurskipulagningu í starfi sínu. Fyrir nokkrum árum var sett upp hverfisstöð í Breiðholti í þeim tilgangi að lögreglan kæmist í nánari tengsl við íbúana með vettvangsgöngu. Reynslan af því hefur orðið mjög góð. Því ætlar lögreglan að hafa sama hátt á í Grafarvogshverfi, en þá þarf hún að fara með staf í hönd að leita eftir því að einhver skjóti þar skjólshúsi yfir hana því engin fjárveiting er til þess á fjárlögum. Að öðru leyti hefur dómsmálaráðuneytið enga stefnu markað um starfsemi lögreglunnar í Reykjavík á sama tíma og yfirvinnuheimildir hennar hafa verið skornar niður um þriðjung á síðustu árum. Enn fremur hafa fjárveitingar til endurnýjunar á bílakosti verið skornar nærri alveg niður þannig að áætlun um endurnýjun bílanna, sem gerð var fyrir nokkrum árum, er runnin út í sandinn. Bættur bíla- og tækjakostur er lífsnauðsyn við sífellt erfiðara verkefni lögreglunnar við að halda uppi lögum og reglum.

Landhelgisgæslunni er ætlað að leggja einu skipa sinna alveg en það hefur þær afleiðingar að þriðju hverja viku verður aðeins eitt varðskip úti á sjó, jafnframt því sem dregið verður út flugi Fokkervélarinnar. Landhelgisgæslan telur mjög æskilegt að fá að gera út og veita þjónustu á þrjú skip, þó að úthaldstíminn minnkaði eitthvað úr þeim 30 mánuðum sem eru á þessu ári, en fleiri yrðu þá til afleysinga svo að úr aukavinnu mundi draga. Vonlaust verður hins vegar að fylgjast með hafsvæðunum innan 200 mílnanna þar sem Íslendingar eiga hvað mestra hagsmuna að gæta hvað þá þeim svæðum utar. Jafnframt má benda á að erfiðara verður fyrir Landhelgisgæsluna að sinna starfi sínu ef Evrópubandalagsflotinn fær veiðiheimildir innan íslensku landhelginnar. Það virðist því ljóst að niðurskurður á fjárveitingum til þessara verkefna er handahófskenndur og sá sparnaður, sem þarna er ætlað að ná, getur valdið þjóðinni óbætanlegu tjóni.

Hjá forstjóra Byggðastofnunar, Guðmundi Malmquist, kom fram að um leið og fjárveiting til Byggðastofnunar í fjárlagafrumvarpi lækkar um 10 millj. kr. frá þessu ári er áætlað að eigin tekjur stofnunarinnar muni lækka úr 230 millj. kr. á þessu ári í 100–130

millj. kr. á næsta ári. Ljóst er því að Byggðastofnun verður miklu þrengri stakkur skorinn á næsta ári og var þó hart gengið fram í því í fjárlögum þessa árs. Þar við bætist að reglugerð núverandi forsætisráðherra bindur mjög hendur stofnunarinnar til stuðnings atvinnulífi svo að ljóst er að hún verður að láta eitthvað af góðum verkefnum sitja á hakanum. Ákvæði reglugerðarinnar um framlög í varasjóð mun einnig stöðva lánveitingar til góðra framkvæmda þegar líður á næsta ár.

Guðmundur Malmquist sagði að Byggðastofnun hefði ekkert fengið af þeim 100 millj. kr. sem bókun með búvörusamningi í mars 1991 kveður á um til atvinnuuppbyggingar í sveitum. Samkvæmt þeirri bókun skal Byggðastofnun fá sömu upphæð á næsta ári, en skrifstofustjóri forsætisráðuneytis gat engar upplýsingar gefið af hverju engin fjárveiting í þetta verkefni er í fjárlagafrumvarpinu.

Þá má benda á að fjárveiting til umboðsmanns Alþingis lækkar um 600 þús.kr. Umboðsmanni hefur tekist á þeim fáu árum, sem hann hefur starfað, að afla þessari stöðu virðingar og viðurkenningar á þörf fyrir hana. Þetta hefur tekist með fámennu starfsliði þar sem kostnaði hefur verið mjög í hóf stillt. Það er því mjög slæmt ef nú verður dregið svo úr fjárveitingum að þessi stofnun yrði að breyta vinnubrögðum sínum sem svo vel hafa reynst.

Minni hluti allsherjarnefndar telur að sá niðurskurður, sem bent hefur verið á hér að framan, þurfi miklu markvissari og vandaðri undirbúning til þess að ná raunhæfum árangri og mun af þeirri ástæðu ekki gera neinar breytingartillögur, enda er yfirlýst af ríkisstjórninni að fjárlagafrumvarpið allt þurfi gagngerðrar endurskoðunar við.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1981, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992. Vegna þessarar umfjöllunar nefndarinnar komu á fund hennar Einar Sverrisson, yfirviðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, og frá félagsmálaráðuneytinu komu Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Gylfi Kristinsson deildarstjóri og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri. Gáfu þau skýringar á þessum kafla frumvarpsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna. Enn fremur komu á fund nefndarinnar frá Húsnæðisstofnun ríkisins Hilmar Þórisson aðstoðarframkvæmdarstjóri, Guðmundur Gunn-

arsson tækniforstjóri og Einar Jónsson hdl., forstöðumaður lögfræðideildar, vegna atriða er varða skyldusparnað, hönnunardeild og Byggingarsjóð verkamanna. Þá gerði Þórður Skúlason, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, nefndinni grein fyrir þeim þætti Atvinnuleysistryggingasjóðs er varðar sveitarfélögin. Loks komu frá Hagsýslu ríkisins Haukur Ingibergsson deildarstjóri og Sigurður Helgi Helgason stjórnsýslufræðingur. Í nefndinni komu upp umræður um hversu takmarkaða möguleika fagnefndir hafa á að fjalla um málasvið fjárlaga á þann hátt sem þörf væri á. Má þar nefna að fagnefndirnar fá nauman tíma til að afla þeirra gagna sem nauðsynleg væru til nægilegrar umfjöllunar um málaflokk þennan. Mjög mikilvægt er að fjárlaganefnd og fagnefndir komi sér saman um hver þáttur fagnefndanna á að verða í fjárlagavinnunni. Meiri hluti félagsmálanefndar gerir ekki athugasemdir á þessu stigi við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem að nefndinni snýr. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að lýsa viðhorfum sínum til einstakra málaflokka á þessu sviði við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.
Eggert Haukdal.
Guðjón Guðmundsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Sigbjörn Gunnarsson.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Undirrituð, sem skipa minni hluta félagmálanefndar, benda á að enn eru fjölmörg atriði óljós varðandi þá hluta fjárlagafrumvarpsins sem varða það málefnasvið er undir nefndina heyrir.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember, um aðgerðir til stuðnings atvinnuvegunum, birtast ný áform um niðurskurð ríkisútgjalda sem ekki hafa verið útfærð og ekki er ljóst hvaða áhrif hafa á gjaldahlið frumvarpsins. Ekki verður séð með hvaða hætti 132 millj. kr. sparnaður í rekstri Húsnæðisstofnunar ríkins muni nást, en mótaðar tillögur þar um hafa ekki borist nefndinni.

Minni hluti félagsmálanefndar telur þannig engar forsendur til að taka afstöðu til frumvarpsins og stendur því ekki að áliti meiri hlutans.

Alþingi, 7. des. 1992.

Ingibjörg Pálmadóttir.
Jón Kristjánsson.
Svavar Gestsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 hefur nefndin fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Á fund nefndarinnar komu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu Edda Hermannsdóttir skrifstofustjóri og Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri og gáfu þær skýringar og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna hvað snerti aðalskrifstofu, eftirlits- og stjórnsýslustofnanir, sjúkrastofnanir og heilsugæslu. Enn fremur kom Þorkell Helgason, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og svaraði fyrirspurnum um tryggingamál.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við málið á þessu stigi en bendir á varðandi fjárlagavinnu fagnefndanna að í fyrsta lagi þurfi að ætla nefndum rýmri tíma til vinnunnar og í öðru lagi þurfi að gera verkaskiptingu fjárlaganefndar og fagnefndanna skýrari. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við málið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. des. 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur á tveimur fundum fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fundi nefndarinnar komu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu Edda Hermannsdóttir skrifstofustjóri, Þorkell Helgason, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri.

Minni hluti nefndarinnar telur sig ekki hafa fengið svör við mörgum mjög mikilvægum spurningum er snerta útfærslu og framkvæmd á áformum um lækkun á útgjöldum á einstökum liðum fjárlagafrumvarpsins sem getið er um í greinargerð þess. Í því sambandi vill minni hlutinn benda á eftirfarandi:

1. Draga á úr sjálfvirkri aukningu útgjalda lífeyristrygginganna. Ekki hafa fengist svör við því hver þessi sjálfvirku útgjöld eru né þá heldur hvernig á að draga úr þeim.
2. Áform eru um að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 580 millj. kr. með sérstökum aðgerðum. Ekki hafa fengist svör við því hvaða aðgerðir þetta séu.
3. Stefnt er að því að eignatengja lífeyrisgreiðslur nái áform um fjármagnstekjuskatt fram að ganga. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi fallið frá því í bili a.m.k. að leggja á fjármagnstekjuskatt.
4. Þá er gert ráð fyrir því að lög um fæðingarorlof, mæðra- og feðralaun, svo og ýmsar félagslegar sérbætur lífeyristrygginga, verði endurskoðuð. Ekki hafa fengist svör við til hvers sú endurskoðun á að leiða.
5. Stefnt er að því að ná sparnaði í lækniskostnaði með tilvísanakerfi og breytingum á greiðsluþátttöku ríkisins. Ekki hafa fengist svör við hvernig framkvæmd tilvísanakerfisins á að vera né hvaða breytingar séu fyrirhugaðar á greiðsluþátttöku ríkisins í lækniskostnaði.
6. Áætlað er að verja 160 millj. kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs stofnana sem til þessa hefur verið greiddur af sjúkratryggingunum. Sérstakt frumvarp hefur verið flutt um þetta. Engin svör hafa fengist um hvernig þessum 160 millj. kr. skuli ráðstafað né til hvaða stofnana.
7. Gert er ráð fyrir að færa slysatryggingarnar að hluta eða öllu leyti til almennra tryggingafélaga á árinu 1993. Með þessu er áformað að ná 100 millj. kr. sparnaði. Ekki hafa fengist svör við því hvernig þessum sparnaði verði náð. Hafa verður í huga að slysatryggingarnar hafa að öllu leyti verið greiddar af atvinnurekendum.
8. Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru stórlega vanmetin því ljóst er að atvinnuleysi á árinu 1993 mun verða mun meira en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Engin svör hafa fengist við því hvernig þau viðbótarútgjöld, sem munu falla á Atvinnuleysistryggingasjóð á árinu 1993, munu verða fjármögnuð.

Síðustu daga hafa fjölmiðlar greint frá því að til standi að lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála enn frekar eða um 650 millj. kr. Heilbrigðis- og trygginganefnd hafa enn engar upplýsingar borist um þetta.

Minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar telur fyrirhugaðan niðurskurð í mála-

flokknum mjög varhugaverðan en í ljósi lítilla upplýsinga telur hann sér ekki fært að gefa faglega umsögn um þann kafla fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1993 sem snýr að nefndinni. Minni hlutinn telur eðlilegt að þegar fyrir liggur útfærsla á framkvæmd á einstökum liðum fjárlagafrumvarpsins fái heilbrigðis- og tryggingnefnd tækifæri til að láta álit sitt í ljós á því við fjárlaganefnd.

Alþingi, 5. des. 1992.

Finnur Ingólfsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Anna Kristín Sigurðardóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa, hefur iðnaðarnefnd fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem snúa að málefnasviði nefndarinnar.

Til fundar við nefndina komu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Kristmundur Halldórsson deildarstjóri frá iðnaðarráðuneytinu. Jafnframt komu til fundar við nefndina Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri, Steinar Friðgeirsson framkvæmdastjóri og Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, frá Rafmagnsveitum ríkisins til viðræðna um hlut þeirra stofnunar í fjárlagafrumvarpinu.

Forsvarsmenn Rafmagsveitna ríkisins upplýstu að ástand dreifikerfis í sveitum fari versnandi og að um 150 millj. kr. þyrfti árlega til að sinna nauðsynlegum endurbótum á því. Í fjárlagafrumvarpi eru hins vegar ekki ætlaðar til þessa verkefnis nema 18,7 millj. kr. Þar af munu fara um það bil 15 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins. Að auki kom fram að Rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið 50 millj. kr. frá öðrum þáttum fyrirtækisins í ár til að verja til styrkingar dreifikerfinu. Talsvert vantar því á að nægu fé sé varið til þeirra bóta sem forráðamenn Rafmagnsveitna ríkisins telja nauðsynlegar. Nefndin telur rétt að benda háttvirtri fjárlaganefnd á þetta atriði sérstaklega.

Nefndarmenn telja óhjákvæmilegt að komið verði nýrri og gleggri skipan á meðferð frumvarps til fjárlaga í fagnefndum. Í iðnaðarnefnd hefur til dæmis komið fram sú hugmynd að fjárlaganefnd og viðkomandi fagnefnd geri í tæka tíð samkomulag um að fagnefndin fjalli um tiltekinn þátt fjárlagafrumvarpsins. Verði þá miðað við að fagnefndin fjalli um öll atriði viðkomandi málaflokks og skili efni í lokaálit fjárlaganefndar. Forsenda þessa er að sjálfsögðu, eins og áður var nefnt, fullt samkomulag við fjárlaganefnd.

Mætti hugsa sér að fagnefndin og fjárlaganefndin gengju frá samkomulagi síðla sumars svo að fagnefndin gæti fyrir upphaf þings hafið umfjöllun um málið. Iðnaðarnefndin leggur áherslu á að fjárlaganefnd, forsætisnefnd og formenn þingflokkanna komi sér saman um fyrirkomulag þessara mála í vetur.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér að sjálfsögðu allan rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1993 kemur til framhaldsumræðu á Alþingi.

Alþingi, 19. nóv. 1992.

Össur Skarphéðinsson, form.
Pálmi Jónsson.
Svavar Gestsson.
Kristín Einarsdóttir.
Finnur Ingólfsson.
Tómas Ingi Olrich.
Guðjón Guðmundsson.
Sigríður Anna Þórðardóttir.
Páll Pétursson.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir breyttum tímum. Framleiðsla sauðfjár- og mjólkurafurða tekur nú mið af samningum við ríkisvaldið þar sem innanlandsmarkaður er lagður til grundvallar, greiðslu útflutningsbóta hefur verið hætt og verð landbúnaðarafurða á að lækka. Samkvæmt framansögðu mun framleiðsluréttur bænda breytast í samræmi við innanlandsmarkað. Nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í framleiðslu hefðbundinna greina, sérstaklega sauðfjárafurða. Sauðfjárbændur standa því frammi fyrir mikilli óvissu um afkomu sína.

Fyrir liggur að Íslendingar kunni í byrjun næsta árs að gerast aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á þeim grundvelli opnast heimildir til innflutnings landbúnaðarafurða. Auknar líkur eru á að samningar náist í GATT-viðræðunum, en þeir samningar mundu leiða af sér enn frekari heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum. Gangi þetta eftir munu áhrifin á íslenskan landbúnað verða umtalsverð.

Á grundvelli þeirrar óvissu sem fram undan er um málefni landbúnaðarins einbeitti nefndin sér að þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem helst tengjast kjörum bændastéttarinnar. Nefndin leggur jafnframt til að viðhöfð sé fyllsta aðgát hvað varðar málefni

stofnana landbúnaðarins, einkum fjárfestingar sem vandséð er að nýtast muni á þeim tímum sem fram undan eru.

Samkvæmt venju leitaði nefndin upplýsinga víða að. Frá landbúnaðarráðuneytinu komu á fund nefndarinnar Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður ráðherra og Jóhann Guðmundsson. Þá komu frá Stéttarsambandi bænda Haukur Halldórsson formaður og Gísli Karlsson. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jón Loftsson skógræktarstjóri, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og eftirtaldir fulltrúar búnaðarsambandanna: Ágúst Sigurðsson frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Bjarni Guðráðsson frá Búnaðarsambandi Borgarfjarðar og Jón Gíslason frá Búnaðarsambandi Austur-Húnavatnssýslu. Nefndinni bárust einnig gögn frá Búnaðarfélagi Íslands, Ríkisendurskoðun, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Þau málefni sem nefndin fjallaði sérstaklega um verða nú rakin lið fyrir lið.

1. Búvörusamningarnir.

Álit ríkislögmanns frá 15. maí 1991, er gefið var að ósk forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, er lagt til grundvallar skuldbindingum ríkissjóðs varðandi samninga ríkisins við bændur. Þar segir m.a. að séu samningar gerðir beri að efna þá án tillits til þess hver sitji í stól landbúnaðarráðherra hverju sinni. Þá segir orðrétt í áliti þessu:

„Framkvæmd samninga, sem forverar hans (landbúnaðarráðherra) í starfi hafa gert með lögformlegum hætti, heyrir undir embættisskyldur hans. Á þessu stigi liggur ekkert það fyrir sem getur leyst hann undan að framkvæma samninginn eftir því sem lög leyfa og leita eftir frekari lagaheimildum til framkvæmdar hans. Á sama hátt hvílir skylda á fjármálaráðherra að leita eftir lagaheimildum til að unnt sé að efna skuldbindingar ríkissjóðs . . .“

Þar sem framkvæmd búvörusamninganna grundvallast á fjárveitingum sem ákveðnar eru á fjárlögum hverju sinni ákvað nefndin að fá álit Ríkisendurskoðunar á því hvort fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1993 væri að þessu leyti í samræmi við búvörusamningana frá 11. mars 1991 og 15. ágúst 1992. Nefndinni barst svar Ríkisendurskoðunar 23. nóvember sl. og birtist það sem fylgiskjal með áliti þessu.

Í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar kemur m.a. fram eftirfarandi:

1. Að til viðbótar 175 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði á árinu 1993 vegna birgðauppgjörs mjólkurafurða verða fengnar að láni 175 millj. kr. úr Verðmiðlunarsjóði og mun ríkissjóður endurgreiða sjóðnum lánið á árinu 1994. Til ráðstöfunar á árinu 1993 verða þannig 350 millj. kr. Til að unnt sé að lána úr Verðmiðlunarsjóði þarf lagabreytingu. Enn fremur þarf að færa alla fjárhæðina, þ.e. 350 millj. kr., til gjalda í fjárlögum næsta árs og vantar því 175. millj. kr. í frumvarpið.
2. Frestað er að greiða 50 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þar til á árinu 1994.
3. Óvíst er með framlög til Jarðasjóðs, en þau ráðast af því hver sala ríkisjarða verður á næsta ári.
4. Byggðastofnun og fjármálaráðuneyti eru ekki sammála um hvort framlag til Byggðastofnunar samkvæmt búvörusamningi sé innan lántökuheimildar stofnunarinnar á næsta ári.
5. Sú aukning á framlögum til landgræðslu og skógræktar, sem boðuð er í bókun 6 með búvörusamningnum frá í mars 1991, kemur ekki fram í fjárlagafrumvarpinu.

Á grundvelli þessa mats Ríkisendurskoðunar, sem fram kemur í framangreindri skýrslu, liggur fyrir að frestað er greiðsluskuldbindingum á um 225 millj. kr. til ársins

1994. Vangreiddar eru 50 millj. kr. til Jarðasjóðs og 100 millj. kr. til Byggðastofnunar. Þá vantar, að mati framleiðsluráðs landbúnaðarins, um 14 millj. kr. upp á vangreiddan vaxta- og geymslukostnað. Til viðbótar þessu vantar framlög til landgræðslustarfa bænda sem getið verður í 4. lið álits þessa.

2. Lífeyrissjóðsgreiðslur.

Sú breyting hefur nú verið gerð að niðurgreiðslum á búvörum hefur verið breytt í beinar greiðslur til sauðfjár- og kúabænda. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu falla því niður greiðslur til lífeyrissjóðs bænda sem áður voru greiddar af fjárveitingu til niðurgreiðslna. Þessar breytingar leiða til þess að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu falla niður lífeyrisskuldbindingar til annarra greina landbúnaðarins.

Heildarlífeyrisgreiðslur voru 432 millj. kr. á árinu 1992 en eru 336,4 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993. Mismunurinn er 95,6 millj. kr. Eins og áður segir stafar þessi mismunur af því að nú greiðir ríkissjóður hlutdeild sína aðeins í beinum greiðslum til bænda, auk lífeyrisgreiðslna til eldri bænda sem eiga lítil eða takmörkuð lífeyrisréttindi. Bændur, sem stunda aðrar búgreinar, fá samkvæmt frumvarpinu ekki greiddar lífeyrisbætur. Ríkisendurskoðun bendir á að eftirleiðis verði Lífeyrissjóður bænda að innheimta mótframlag vegna annarra bænda.

Með því að hér er um að ræða veigamiklar breytingar er nauðsynlegt að fundin verði viðunandi lausn á þessu máli.

3. Búfjárræktar- og jarðræktarlög.

Samkvæmt ákvörðun laga nr. 1, frá 24. janúar 1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, eru heimildir til greiðslu jarðræktarframlaga nú háðar fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni. Þessi ákvörðun hnekkir þó ekki skuldbindingum ríkisins til greiðslu þeirra framlaga sem stofnað var til fyrir gildistöku tilvitnaðra laga. Þess vegna ber að greiða bændum þau jarðræktarframlög sem enn eru ógreidd frá síðasta ári og nemur sú upphæð 19 millj. kr.

Til að uppfylltar verði skyldur samkvæmt búfjárræktarlögum vantar 6 millj. kr. vegna félagslegrar starfsemi. Þá vantar 3 millj. kr. til launagreiðslna héraðsráðunauta.

Ógreiddar lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna búnaðarsambandanna eru að upphæð 14 millj. kr. og í framhaldi af því nema þessar skuldbindingar u.þ.b. 2–3 millj. kr. á ári.

4. Landgræðslan og skógræktin.

Samkvæmt bókun 6 með búvörusamningnum frá í mars 1991 á að verja 2 milljörðum kr. til landgræðslustarfa bænda á samningstímanum. Þessi fyrirheit eru einungis að litlu leyti komin til framkvæmda. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993 er áætlað að verja 20 millj. kr. til landgræðslustarfa bænda. Mikill áhugi er á þessum verkefnum og hefur fyrsta landgræðslufélagið þegar verið stofnað. Víða gætir áhuga á svipaðri félagsstofnun.

Við Markarfljót á sér nú stað mikið landbrot sem getur valdið miklu tjóni á landi og mannvirkjum. Sama er að segja um Jökulsá á Dal. Áframhaldandi landbrot þar mundi spilla samgöngum og auðvelda ánni að brjóta sér farveg þvert í gegnum sveitina. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu lækkar fjárveiting vegna fyrirhleðslna um 10 millj. kr. frá því á árinu 1992 og nemur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 1993 aðeins um 15 millj. kr. Þessi fjárhæð nægir einungis til að mæta brýnustu þörfum við viðhald fyrirhleðslugarða.

Í gildi eru lög um Héraðsskóga. Á grundvelli þeirra laga hafa verið gerðir fram-

kvæmdasamningar við fjölmarga bændur á Fljótsdalshéraði. Til þess að þeir samningar gangi fram með eðlilegum hætti þarf að sjá fyrir því fjármagni sem samningarnir grundvallast á. Að dómi Ríkisendurskoðunar vantar 10 millj. kr. til að fjárveiting sé í samræmi við tilgreinda samninga.

Með þessu áliti landbúnaðarnefndar er vakin athygli á viðskiptum ríkisvaldsins og bænda landsins og þess vænst að fjárlaganefnd Alþingis taki mið af því sem hér kemur fram svo sem frekast er kostur.

Össur Skarphéðinsson var ekki samþykkur afgreiðslu álits þessa.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1992.

Egill Jónsson, form.
Guðni Ágústsson.
Ragnar Arnalds.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Árni R. Árnason.
Eggert Haukdal.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis, hefur menntamálanefnd fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar.

Við umfjöllun nefndarinnar hafa starfsmenn menntamálaráðuneytisins, Árni Gunnarsson, Hákon Torfason, Ólafur Darri Andrason, Þorsteinn Gunnarsson og Örlygur Geirsson, komið á fund og svarað fyrirspurnum nefndarmanna. Frá fjármálaráðuneytinu kom Ásdís Sigurjónsdóttir til viðtals við nefndina og Lárus Jónsson og Guðjón Valdimarsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Jafnframt kom Guðmundur Magnússon þjóðminjavörður og greindi frá stöðu Þjóðminjasafnsins.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað að gera ekki athugasemdir við þennan hluta fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir kjósa, lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 19. nóv. 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Björn Bjarnason.
Tómas Ingi Olrich.
Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hluti menntamálanefndar getur ekki staðið að þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um mennta- og menningarmál. Niðurskurður sá, sem ákveðinn var í bandorminum í fyrra, er staðfestur áfram og að auki fylgir stórfelld lækkun framlaga til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og vaxandi lántökur sjóðsins. Þá virðist gert ráð fyrir sérstakri nýrri atlögu að Námsgagnastofnun.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum þáttum í áliti okkar á þessum kafla fjárlagafrumvarpsins, en tekið skal fram að hér er ekki um að ræða neina tilraun til að gera heildarúttekt á ráðuneytinu sem þó væri full þörf á.

Minni hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að skoða alvarlega níu efnisatriði sem rakin eru í álitinu hér á eftir og eru skáletruð og merkt með I til og með IX.

Háskólarnir.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í framlögum til Háskóla Íslands jafnframt því sem gert er ráð fyrir að Háskólinn veiti í raun aukna þjónustu. Er nú svo komið að nemendur eru sjálfir farnir að borga fyrir dæmatíma í verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans auk skólagjaldanna sem verða lögð á nemendur áfram. Ef svo heldur fram sem horfir er stórfelld hætta á að gæði háskólamenntunar á Íslandi dragist aftur úr sem kemur niður á þeim nemendum sem stunda nám hér og mun síðan hafa í för með sér aukinn fjölda nemenda sem fara til náms erlendis — ef þeir geta það þá af fjárhagslegum ástæðum. Samdrátturinn í Háskóla Íslands er ekki síst bagalegur vegna þess að á sama tíma eru kröfur um námsframvindu hertar geysilega vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og er vandséð hvernig það gengur upp að gera hvort tveggja á sama tíma, að skera niður fjárveitingu til Háskólans og breyta kröfum Lánasjóðsins. Haldi sama stefna áfram

verður óframkvæmanlegt fyrir nemendur að uppfylla þær kröfur um námsframvindu sem Lánasjóðurinn gerir — af því að Háskólinn getur ekki veitt þá kennslu sem Lánasjóðurinn krefst!

Minni hluti menntamálanefndar fer þess á leit við fjárlaganefnd að sérstaklega verði kannað hvort niðurskurðurinn í Háskóla Íslands er í raun framkvæmanlegur (I).

Nokkur hækkun er á framlögum til Háskólans á Akureyri í samræmi við hin nýju lög um skólann. Hins vegar fást ekki svör við því í fjárlagafrumvarpinu hvað gert verður til þess að hefja kennaranám á Akureyri næsta haust. Enn fremur vantar í fjárlagafrumvarpið upplýsingar um hvort skapaðar verða aðstæður til að skólinn fái aðgang að kennsluskipi á ný.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Farskóli Kennaraháskóla Íslands taki til starfa á næsta ári. Það hefur nokkur útgjöld í för með sér. Hins vegar telur minni hlutinn að hér sé um ódýra starfsemi að ræða og að eðlilegt væri að hleypa mun fleirum í þetta nám en nú er gert ráð fyrir. *Því skorar minni hlutinn á fjárlaganefnd að hækka framlagið til Kennaraháskólans þannig að unnt verði að taka inn í fjarnámið fleiri nemendur en gert hefur verið ráð fyrir til þessa (II).*

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna lagði fram í nefndinni upplýsingar sem sanna að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á nýju lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna átti við rök að styðjast:

1. Nemendum fækkar.
2. Lögin koma verst við þá sem búa við veikasta félagslega stöðu.
3. Skuldir sjóðsins fara vaxandi.

Á einu stólparitanna í fskj. I kemur fram að nemendum og þar með lánþegum fjölgaði gífurlega á árunum 1988–1991. Af því stafaði vandi sjóðsins. Á þeim tíma, frá hausti 1988 til vors 1991, fjölgaði lánþegum við Lánasjóðinn um 1.728 alls, úr 6.409 í 8.137, um 27%. Nemendum hér á landi fjölgaði meira eða um tæp 39%. Vandi sjóðsins stafaði því af stökki í fjölda námsmanna.

Þá kemur núverandi ríkisstjórn til skjalanna og gjörbreytir sjóðnum. Rökin voru þau að sjóðurinn stæði illa fjárhagslega. Þau rök voru jafnharðan slegin niður af Ríkisendurskoðun er í ljós kom að eigið fé sjóðsins var 9 milljarðar kr. umfram skuldir. Engu að síður hélt menntamálaráðherra þessu fram og gagnrýndi um leið harðlega lántökur sjóðsins undanfarin ár. Jafnframt var fullyrt að lagabreytingarnar væru til að styrkja sjóðinn fjárhagslega og að þær yrðu ekki til þess að veikja á neinn hátt jöfnunarhlutverk sjóðsins. Nú þegar, eftir aðeins nokkurra mánaða gildistíma nýju laganna, liggja niðurstöðurnar fyrir.

Námsmönnum fækkar.

Í fyrsta lagi kemur það fram í tölum frá framkvæmdastjóra Lánasjóðsins að námsmönnum hefur fækkað verulega eða á einu ári um 700 nemendur (sjá fskj. I). Það er um 8,6% á aðeins einu ári. Og tekið skal fram að þessi tala er áætlun sjóðsstjórnarinnar. Líklegt er að fækkunin verði í raun enn meiri að okkar mati. En látum hér við sitja: Sú fækkun námsmanna sem þeir viðurkenna sjálfir er um 8,6%.

Foreldrum í námi fækkar.

Það er ljóst að foreldrum í hópi námsmanna fækkar. Þannig lækkar hlutfall foreldra

í hópi námsmanna úr 38% í fyrra í 28% í ár og hlutfall einstæðra foreldra verður 7% af heildinni í stað 8% áður (sjá fskj. I). Af þessum tölum má einnig draga þá ályktun að lagabreytingin komi aðallega niður á konum í hópi námsmanna.

Lántökur sjóðsins aukast.

En batnar þá fjárhagur sjóðsins? Það voru aðalrökin fyrir breytingunum sl. vor. Svarið er nei. Fjárhagur sjóðsins versnar af því að framlögin hafa aldrei verið lægri og lántökurnar eru því hærri en nokkru sinni fyrr og að óbreyttu verður sett nýtt skuldamet á hverju ári framvegis. Þetta framgengur einnig af tölum forráðamanna sjóðsins.

Þar sést í fyrsta lagi að lántökur sjóðsins eru á næsta ári áætlaðar 320 millj. kr. hærri en fyrir tveimur árum eða samtals 3.540 millj. kr. Af þeirra eigin tölum (sjá fskj. I) sést líka að ef svo fer fram sem horfir munu lántökur sjóðsins fara vaxandi á næstu árum en ekki minnkandi:

Lántökurnar eru taldar verða 3.540 millj. kr. á næsta ári. Þær eru taldar verða 4.270 millj. kr. árið 1995 og 1996 eru þær taldar verða 4.675 millj. kr. eða nær tvöfalt hærri en að meðaltali í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Niðurstöðurnar eru því þær sem fyrr komu fram: Færri nemendur, einkum færri foreldrar og færri konur í námi, og verri fjárhagsstaða sjóðsins.

Lækkun framlaga til rannsókna.

Minni hluti nefndarinnar fagnar því að tekið hefur verið á fjármálum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands á Keldum, þ.e. ef áætlanir um innheimtu standast. Minni hlutinn hefur ekki fengið fullnægjandi skýringar á þeim verkefnatilflutningi sem á sér stað frá ráðuneytinu til Rannsóknastofnunar uppeldismála og mun leita skýringa á öðrum vettvangi. Minni hlutinn leggur áherslu á að Rannsóknastofnun uppeldismála er mikilvæg stofnun en hún þarf að geta stundað óháðar rannsóknir og hún má ekki um of vera tengd daglegum framkvæmdaverkefnum skólakerfisins.

Framlög til „rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskólans og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, lækka alls um 4% samanborið við fjárlög 1992 en um 40% ef miðað er við reikning 1991. Heildarfjárveiting til rannsóknastofnana lækkar um 40,6 millj. kr. milli ára," segir orðrétt í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu. Á móti þessu vísar ríkisstjórnin á 200 millj. kr. tekjur af sölu ríkisstofnana en þess er hvergi getið í fjárlagagreinargerð menntamálaráðuneytisins! *Minni hlutinn telur eðlilegt að þær 200 millj. kr. sem færðar eru á fjármálaráðuneytið í þessu skyni verði fluttar á menntamálaráðuneytið. Leggur minni hluti menntamálanefndar til að fjárlaganefnd beiti sér fyrir breytingum á þessari færslu fjármuna (III).*

Skólagjöld hækka í framhaldsskólum.

Ekki er auðséð í frumvarpinu hvernig framhaldsskólarnir eru afgreiddir. Þar er gert ráð fyrir nokkurri hækkun sem aðallega skýrist af fjölgun nemenda. Þá er gert ráð fyrir að halda áfram innheimtu skólagjalda upp á 3.000 kr. á nemanda og er það tekið inn í frumvarpið. Vandséð er hvaða lagastoð er fyrir þessum vinnubrögðum af hálfu ríkisstjórnarinnar, en á bak við allar tölur í fjárlögum þarf að vera lagaheimild. Ákvæði framhaldsskólalaga eru skýr í þessum efnum: Þar er ekki gert ráð fyrir heimildum til að innheimta skólagjöld til almennra rekstrarþátta framhaldsskólanna.

Hvetur minni hluti menntamálanefndar fjárlaganefnd til að athuga þessi skólagjöld

í framhaldsskólum sérstaklega og færslu þeirra í fjárlögunum (IV). (Sjá enn fremur fskj. II sem er svar frá menntamálaráðuneytinu við fyrirspurn menntamálanefndar.)

Héraðsskólar lagðir niður.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er starfsemi héraðsskólanna í raun lögð niður án þess að gerð sér grein fyrir því af hálfu ráðuneytisins hvað á að koma í staðinn.

Framlög til Héraðsskólans í Reykholti eru lækkuð þó að þar hafi orðið mikil fjölgun nemenda í haust. Ekkert kemur fram um það hvort ætlun ríkistjórnarinnar er að vinna að því verkefni að Félagsmálaskóli alþýðu verði í Reykholti. Í þessu sambandi má benda á að framhaldsskóli er nú starfræktur að Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu og nauðsynlegt er að finna öðrum héraðsskólum önnur verkefni.

Héraðsskólum á Vestfjörðum er lokað. Þeir voru tveir fyrir tveimur árum, í Reykjanesi og að Núpi. Þar eru á báðum stöðunum mikil og góð en ónotuð mannvirki. Óhjákvæmilegt er að leita skýringar á því af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig ætlunin er að nota þessi mannvirki í framtíðinni.

Framlögin til Eiðaskóla eru lækkuð. Og ekkert fréttist af því heldur að ráðuneytið hafi neina stefnu í málefnum Laugarvatnsskólanna.

Minni hlutinn telur það brýnt að fjárlaganefnd fari betur í saumana á framlögum til héraðsskólanna. Jafnvel þó að starfsemin dragist saman eða leggist niður eru framlögin óeðlilega lág (V).

Grunnskólinn áfram í vanda.

Allir landsmenn eru sammála um að bæta þurfi grunnskólann. Það er ekki gert ráð fyrir neinu slíku í menntastefnu núverandi ríkisstjórnar. Þvert á móti var viðmiðunarstundum í 4.–5. bekk fækkað um eina. Sú skerðing stendur áfram. Viðmiðunarstundum í 6.–10. bekk fækkar um tvær á viku. „Samtals fækkar því viðmiðunarstundum allra árganga úr 299 vikustundum í 287 stundir, þ.e. um 4%," segja höfundar fjárlagafrumvarpsins. „Þessu til viðbótar er gripið til nokkurrar hagræðingar, bæði með því að fjölga í bekkjum og veita færri heimildir til viðbótarkennslu, svo sem til samkennslu," segir enn fremur í greinargerðinni.

Sérstök athygli skal vakin á því að framlög til Heyrnleysingaskólans eru skorin niður um 12,6 millj. kr. án þess að hækka um leið sem þessu nemur framlag til Samkiptamiðstöðvar heyrnarlausra eða til túlkanáms í Háskóla Íslands.

Þá vekur minni hlutinn athygli á því að kannað verði hvort lagaheimildir liggja fyrir til þess að skerða grunnskólann áfram eins og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

Námsgagnastofnun.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skera framlög til Námsgagnastofnunar umfram það sem gerist með aðrar stofnanir. Framlögin verði á næsta ári 25 millj. kr. lægri en þau ættu að vera miðað við framlög þessa árs. Í greinargerð frumvarpsins er ekki að finna neinar tæmandi skýringar á því af hverju Námsgagnastofnun er ætlað að skera meira niður en öðrum. Í greinargerðinni kemur ekki fram að til standi að einkavæða stofnunina eins og heyrst hefur úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins.

Minni hlutinn fer fram á það við fjárlaganefnd að kannað verði hvort unnt sé að reka Námsgagnastofnun á næsta ári með þessum mikla niðurskurði (VI).

Ýmis atriði.

Minni hlutinn fagnar því að haldið er áfram með eldri áætlanir sem ganga út frá því að Þjóðarbókhlaðan verði komin í notkun á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Gert er ráð fyrir að strika Menningarsjóð með öllu út enda þótt enn hafi ekki verið flutt frumvarp um að leggja sjóðinn niður.

Minni hlutinn varar við þeim niðurskurði á fjárveitingu til húsafriðunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir þar sem ekki á einasta að draga úr framlögum til húsafriðunar af hálfu ríkisins, heldur er einnig gert ráð fyrir að Húsafriðunarsjóður borgi rekstur húsafriðunarnefndar. Boðað er lagafrumvarp vegna þessa sem hefur ekki sést enn. Á fundum nefndarinnar kom fram að verulegt fjármagn skortir til þess að halda við þeim húsakosti sem Þjóðminjasafnið á, hvað þá heldur að fjármunir séu til að bæta þessi gömlu hús að marki.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasjóður fái það sem honum ber en hann á að fjármagna alla þátttöku Íslendinga í erlendu kvikmyndasamstarfi þannig að í raun er framlag til Kvikmyndasjóðs skorið verulega niður.

Minni hlutinn fer fram á að fjárlaganefnd kanni sérstaklega hvað má ætla að Kvikmyndasjóður hafi í raun eftir að hann hefur greitt allan kostnað við þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi (VII).

Ríkisútvarpið.

Fjárlagafrumvarpið vekur upp ýmsar athugasemdir vegna Ríkisútvarpsins.

1. Gert er ráð fyrir að afnotagjöld RÚV hækki um 10% frá áramótum. Augljóst er af þeim umræðum sem eiga sér stað þessa dagana um ráðstafanir í ríkisfjármálum að ekki er víst að þessi hækkun náist fram fremur en aðrar hækkanir opinberra stofnana.
2. Talið er koma til álita að endurskoða reglur um niðurfellingu afnotagjalda til tryggingaþega, en ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig það verður gert.
3. Gert er ráð fyrir virðisaukaskatti af afnotagjöldum upp á 120 millj. kr. án þess að frekar sé farið út í þá sálma í frumvarpinu.

Nauðsynlegt er að fara vandlega ofan í fjármál Ríkisútvarpsins áður en fjárlögin verða afgreidd (VIII).

Í frumvarpinu er lauslega fjallað um Sinfóníuhljómsveit Íslands en ekki er gerð grein fyrir þeim vanda sem hún mætir árlega vegna ágreinings um þá greiðslu sem fara á til hljómsveitarinnar frá Menningarsjóði útvarpsstöðva. *Sérstök ástæða er til að skoða Menningarsjóð útvarpsstöðva (IX).*

„Listir, framlög."

Loks ber að gagnrýna að í greinargerð með fjárlagatillögum menntamálaráðuneytisins er ekki gerð grein fyrir fjármunum til listasjóðanna samkvæmt nýjum lögum um þau efni. Fullyrt hefur verið að gert sé ráð fyrir óbreyttum fjárframlögum í því skyni og að

staðið verði við ákvæði laganna um listamannalaun. Æskilegt er að fjárlaganefnd kanni sérstaklega hvort ekki á að færa listasjóðina inn í fjárlagafrumvörp og fjárlög með sjálfstæðum hætti í stað þess að setja þá alla ásamt fleiri þáttum undir einn safnlið, „Listir, framlög", sem ekki er gerð nánari grein fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Svavar Gestsson.
Valgerður Sverrisdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar kom Rúnar Guðjónsson frá fjármálaráðuneytinu og gaf skýringar á þessum kafla frumvarpsins. Enn fremur ræddi nefndin við Hermann Guðjónsson, vita- og hafnamálastjóra, Tómas Sigurðsson frá Vitastofnun, Eyþór Elíasson frá Hafnamálastofnun, Helga Hallgrímsson vegamálastjóra og Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra.

Nefndin telur að ýmsar gagnlegar upplýsingar hafi komið fram í umræðum um þennan málaflokk. Þótt nefndin telji að ýmislegt megi bæta frá því sem fjárlagafrumvarpið greinir eru þær aðstæður nú ráðandi í fjármálum ríkisins að hún gerir ekki athugasemdir eða tillögur um breytingar á því. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó fullan rétt til að lýsa viðhorfum sínum til þessara mála í umræðum um fjárlagafrumvarpið eða í viðræðum við fjárlaganefnd.

Alþingi, 26. nóv. 1992.

Pálmi Jónsson, form.
Sigbjörn Gunnarsson.
Jóhann Ársælsson.
Kristín Einarsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.
Guðni Ágústsson.
Árni M. Mathiesen.
Árni Johnsen.
Stefán Guðmundsson.

Bókun.

Til viðbótar áliti samgöngunefndar Alþingis vilja undirritaðir að eftirfarandi komi fram:

Við teljum mjög óeðlilegt að skerða markaða tekjustofna Vegasjóðs um 694 millj. kr. og færa 330 millj. kr. kostnað vegna ferja og flóabáta frá ríkissjóði yfir á Vegasjóð en taka síðan 1.800 millj. kr. lán til átaks í vegamálum sem Vegasjóður skal endurgreiða með vöxtum á næstu árum. Eðlilegra hefði verið að nýta tekjustofna Vegasjóðs að fullu til vegaframkvæmda og hafa lántökuna í lágmarki.

Þarna er verið að flytja vaxtakostnað af ríkissjóði yfir á Vegasjóð. Þetta mun valda verulegri skerðingu framkvæmdafjár Vegasjóðs á næstu árum.

Sérstaklega viljum við þó mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þess sérstaka átaks í vegamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Með því að ekkert samráð var haft við nefndina eða þingmenn einstakra kjördæma hefur þinghefð og vinnuregla um langt skeið verið brotin. Hér eru á ferðinni breytingar á framkvæmdaröð sem áður hafði verið gert ráð fyrir á vegáætlun.

Jóhann Ársælsson.
Stefán Guðmundsson.
Guðni Ágústsson.
Kristín Einarsdóttir.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 hefur nefndin fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Á fund nefndarinnar komu Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri og Arndís Steinþórsdóttir, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Við umræðu málsins var bent á að víða sé áformað að skera niður fjárframlög til þeirra þátta sem undir sjávarútvegsráðuneytið heyra, sérstaklega á sviði rannsókna, og kom fram hjá einstökum nefndarmönnum að þeir teldu hér of langt gengið.

Nefndin gerir ekki tillögur til breytinga um þetta atriði en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi, 11. nóv. 1992.

Matthías Bjarnason, form.
Össur Skarphéðinsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Stefán Guðmundsson.
Karen Erla Erlingsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.
Jóhann Ársælsson.

Bókun.

Undirritaðir fulltrúar í sjávarútvegsnefnd Alþingis eru sammála öllu því sem fram kemur í áliti meðnefndarmanna, en til viðbótar vilja þeir að eftirfarandi komi fram:

Við getum ekki mælt með því að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs verði fénýttar með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir öðru sinni.

Reynslan af þessu fyrirkomulagi er sú að áætlanir um að nota þessa tekjulind til reksturs Hafrannsóknastofnunar hafa ekki staðist. Á þessu ári hafa sáralitlar tekjur orðið af sölu aflaheimilda og rekstur Hafrannsóknastofnunar hefur verið fjármagnaður beint úr ríkissjóði.

Viðbrögð sjávarútvegsins við áformaðri sölu veiðiheimilda endurspegla hvort tveggja í senn, mikla andstöðu við þessa nýju skattlagningu á sjávarútveginn og afleita rekstrarafkomu. Sala veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs er þegar orðin eitt allsherjarklúður og væri öllum fyrir bestu að viðurkenna aðstæður og falla frá frekari áformum í þessa veru. Svo gæti jafnvel farið að 300–400 millj. kr. fjárvöntun yrði hvort ár, 1992 og 1993. Rétt er að minna á að endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir og ágreiningurinn um sölu aflaheimilda snýst um sjálfan grundvöll fiskveiðistefnunnar.

Jóhann Ársælsson.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar. Á fund nefndarinnar kom Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, og gaf skýringar á þeim liðum frumvarpsins er varða ráðuneytið og stofnanir þess. Enn fremur fékk nefndin á fund sinn frá Náttúruverndarráði, Þórodd F. Þóroddsson framkvæmdastjóra og Arnþór Garðarsson formann auk Páls Bergþórssonar veðurstofustjóra.

Nefndin fjallaði um einstaka þætti þessa hluta frumvarpsins og ítarlega um þá þætti er varða starfsemi, verkefni og fjárveitingar til Veðurstofu Íslands, Náttúruverndarráðs og Ferðamálaráðs. Þá studdist nefndin við skrifleg gögn er henni bárust frá Náttúruverndarráði og Ferðamálaráði Íslands.

Í viðræðum við nefndina greindi Veðurstofustjóri frá lokaáfanga í endurnýjun tölvubúnaðar, en með slíkum búnaði verður m.a. unnt að standa að gerð tölvuspár, auk annars ávinnings. Nefndin vekur á því athygli að til þeirra tækjakaupa þarf að afla fjárlagaheimildar.

Fulltrúar Náttúruverndarráðs vöktu athygli á að fjárveitingar til ráðsins hefðu verið í lágmarki um margra ára skeið. Hefði það ekki síst bitnað á aðgerðum á fjölsóttum stöðum innan friðlýstra svæða og þjóðgarða sem ráðið hefur umsjón með. Upplýstu þeir að ástand viðkvæmra staða færi víða versnandi og að ráðið teldi því ástæðu til að efla eftirlit landvarða, auk þess sem mikið skorti á merkingar, stígagerð, snyrtiaðstöðu og annan viðbúnað fyrir komu ferðamanna. Enn fremur kom fram að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur tilkynnt að drykkjarvatn á tjaldstæði í Vesturdal og í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum sé óhæft til neyslu. Nefndin kynnti sér einnig upplýsingar um fjárframlög Ferðamálaráðs Íslands til framkvæmda á ferðamannastöðum um landið sem að verulegum hluta er varið til sambærilegra aðgerða og Náttúruverndarráð stendur fyrir en á öðrum svæðum en þeim sem Náttúruverndarráð hefur umsjón með.

Vegna þess hve nefndin hafði stuttan tíma til að fjalla um umhverfisþátt fjárlagafrumvarpsins gafst henni ekki svigrúm til að ræða við fulltrúa fleiri stofnana eða fjalla sérstaklega um fleiri málaflokka en hér hefur verið getið um. Er því ekki í áliti þessu tekin afstaða til annarra málefna en fyrr eru greind.

Nefndin gerir ekki breytingartillögur við einstaka liði þess hluta fjárlagafrumvarpsins er hún hefur fjallað um. Eigi að síður telja nefndarmenn óhjákvæmilegt að verja meiri fjármunum á árinu 1993 til fyrrnefndra verkefna á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum.

Skilningur á þýðingu umhverfismála fyrir mannkynið fer vaxandi. Við Íslendingar byggjum lífsafkomu okkar jafnt í nútíð sem framtíð á heilbrigði lífríkis sjávarins. Þá búum við við viðkvæma náttúru af ýmsum orsökum, m.a. vegna ofnýtingar auðlinda.

Umhverfisráðuneytið er yngst ráðuneyta stjórnarráðsins og í því sambandi er ástæða til að huga að uppbyggingu þess svo að það geti sinnt verkefnum sínum sem best í samvinnu við þær stofnanir sem að umhverfismálum starfa.

Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, lýsa nánar viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins og skoða málefni umhverfisráðuneytis í ljósi heildarniðurstöðu fjárlaga. Árni M. Mathiesen og Lára M. Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form.
Tómas Ingi Olrich.
Hjörleifur Guttormsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Kristín Einarsdóttir.
Árni R. Árnason.
Jón Helgason.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 26. október 1992 hefur utanríkismálanefnd fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, og Benedikt Jónsson sendifulltrúa og gerðu þeir grein fyrir utanríkismálakafla frumvarpsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

Sú almenna skoðun kom fram í nefndinni að óæskilegt sé að fella niður embætti fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og fela sendiherra Íslands í Washington að gegna starfi fastafulltrúa samhliða sendiherrastarfi sínu í Bandaríkjunum. Í ljósi vaxandi mikilvægis Sameinuðu þjóðanna í alþjóðamálum telja nefndarmenn mikilvægt að fastafulltrúi Íslands hjá samtökunum hafi aðsetur í New York.

Nefndin fjallaði einnig um ýmis önnur atriði í utanríkismálakafla fjárlagafrumvarpsins, einkum framlög til þróunarmála, Útflutningsráðs og gæslustarfa Sameinuðu þjóðanna og vegna þátttöku Íslands í starfi Evrópuráðsins, sem og hugsanleg framlög til kynningar á Keflavíkurflugvelli sem fríiðnaðarsvæði. Nefndin gerir ekki á þessu stigi tillögur um þessi atriði en hyggst taka sum þeirra til nánari umfjöllunar síðar í ljósi almennrar stefnumótunar á þeim sviðum. Þá áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. nóv. 1992.

Björn Bjarnason, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.
Árni R. Árnason.
Tómas Ingi Olrich.

437. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá fjárlaganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 00-201 Alþingi.	
a.	Við 101 Alþingiskostnaður.	
	Fyrir „242.400“ kemur	252.900
b.	Við 103 Þingmálaskrifstofa.	
	Fyrir „99.300“ kemur	107.700
c.	Við 104 Rekstrarskrifstofa.	
	Fyrir „147.700“ kemur	155.000
d.	Við 105 Alþjóðasamstarf þingmanna.	
	Fyrir „28.100“ kemur	25.900
e.	Við 107 Hús Jóns Sigurðssonar.	
	Fyrir „5.700“ kemur	6.100
f.	Nýr liður:	
	108 Hið íslenska þjóðvinafélag	500
g.	Við 110 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.	
	Fyrir „24.100“ kemur	25.200
h.	Við 520 Fasteignir.	
	Fyrir „5.100“ kemur	8.000
i.	Við 601 Tæki og búnaður.	
	Fyrir „13.600“ kemur	16.000

Þús. kr.

2. Við 4. gr. 00-610 101 Umboðsmaður Alþingis.
   Fyrir „18.500“ kemur 19.400
3. Við 4. gr. 00-620 Ríkisendurskoðun.
   a. Við 101 Almennur rekstur.
      Fyrir „152.300“ kemur 153.700
   b. Við 4 Sértekjur.
      Fyrir „3.600“ kemur 2.000
4. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.
   a. Við 101 Yfirstjórn.
      Fyrir „97.800“ kemur 105.500
   b. Við 102 Sameiginleg útgjöld.
      Fyrir „267.100“ kemur 275.000
   c. Við 103 Rekstur fasteigna.
      Fyrir „187.500“ kemur 177.800
   d. Við 104 Háskólabókasafn.
      Fyrir „76.700“ kemur 63.300
   e. Við 105 Aðrar sérstofnanir og verkefni.
      Fyrir „100.100“ kemur 178.800
   f. Við 106 Kennslu- og vísindadeildir.
      Fyrir „1.032.100“ kemur 996.100
5. Við 4. gr. 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.
   a. Við 101 Almennur rekstur.
      Fyrir „88.100“ kemur 90.600
   b. Við 110 Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
      Fyrir „25.200“ kemur 22.700
6. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans.
   a. Við 101 Yfirstjórn.
      Fyrir „14.500“ kemur 15.900
   b. Við 103 Rannsóknastofur.
      Fyrir „137.200“ kemur 141.200
7. Við 4. gr. 02-211 Tækniskóli Íslands. 601 Tæki og búnaður.
   Fyrir „3.000“ kemur 12.000
8. Við 4. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
   a. Við 690 Byggingarframkvæmdir.
      Fyrir „400.000“ kemur 407.000
   b. Sundurliðun viðfangsefna 590 Viðhald og 690 Byggingarframkvæmdir kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.
Reykjavík:	
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.000
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	7.000
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.000
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	5.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	5.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	10.000	
8. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	55.000	
		101.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	40.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	50.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	5.000	
		129.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	35.000	
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Stykkishólmi	2.000	
		37.000
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
íþróttahús	10.000	
viðhald	8.000	
byggingarframkvæmdir	7.000	
		25.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		34.500
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri, 7. áfangi	45.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík	20.000	
		75.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	4.000	
2. Verkmenntaskólinn í Neskaupstað	17.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	4.500	
		30.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	41.000	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni, viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.000	
		76.000
Héraðsskólar, viðhald		15.500
Óskipt, viðhald		10.200
		533.700

9. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun. 120 Framleiðsludeild.
   Fyrir „133.600“ kemur ... 141.600
10. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 601 Tæki og búnaður.
   Fyrir „2.000“ kemur ... 4.000
11. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. 142 Hlíðardalsskóli.
   Fyrir „5.100“ kemur ... 6.000
12. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög.
   a. Nýir liðir:
      110 Listasafn ASÍ ... 2.000
      112 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 4.500
      130 Sögusafn alþýðu ... 900
      131 Kvennasögusafn ... 1.000
   b. Við 190 Söfn, ýmis framlög.
      Fyrir „23.000“ kemur ... 14.600
   c. Við 690 Söfn, stofnkostnaður.
      Fyrir „10.000“ kemur ... 12.000
13. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
   a. Nýir liðir:
      122 Starfsemi áhugaleikhópa ... 14.000
      123 Bandalag íslenskra leikfélaga ... 3.000
      124 Starfsemi atvinnuleikhópa ... 12.000
   b. Við 190 Listir, framlög.
      Fyrir „72.000“ kemur ... 43.000
14. Við 4. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf.
   a. Nýr liður:
      112 Dönsk-íslensk orðabók ... 2.000
   b. Við 190 Ýmis fræðistörf.
      Fyrir „15.000“ kemur ... 13.000
15. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.
   a. Nýir liðir:
      110 Æskulýðsráð ríkisins ... 1.500
      112 Ungmennafélag Íslands ... 9.500
      113 Bandalag íslenskra skáta ... 5.000
      118 Iðnnemasamband Íslands ... 3.400

	Þús. kr.
b. Við 190 Æskulýðsmál.	
Fyrir „28.000“ kemur	8.600
16. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a. Nýir liðir:	
110 Íþróttasamband Íslands	24.000
111 Ólympíunefnd Íslands	3.000
112 Ólympíunefnd fatlaðra	1.500
114 Íþróttasamband fatlaðra	8.500
116 Íþróttafélög, styrkir	14.000
118 Íþróttamiðstöð Íslands	1.300
b. 190 Ýmis íþróttamál.	
Fyrir „62.000“ kemur	9.700
17. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
a. Nýir liðir:	
163 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	3.900
170 Íslenska menntanetið	6.000
b. Við 190 Ýmis framlög.	
Fyrir „19.600“ kemur	9.700
18. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýr liður:	
151 Útflutningsráð Íslands	2.000
19. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „79.000“ kemur	82.000
20. Við 4. gr. 04-202 Hagþjónusta landbúnaðarins. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „12.000“ kemur	12.400
21. Við 4. gr. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. 610 Fasteignir.	
Fyrir „7.000“ kemur	8.400
22. Við 4. gr. 04-235 Landgræðsla ríkisins. 190 Fyrirhleðslur.	
Fyrir „15.000“ kemur	19.000
23. Við 4. gr. 04-239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. 110 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði.	
Fyrir „47.600“ kemur	51.000
24. Við 4. gr. 04-246 101 Veiðimálastofnun.	
Fyrir „61.600“ kemur	63.100
25. Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. 602 Tæki og búnaður.	
Fyrir „2.000“ kemur	4.000
26. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. 101 Almenn starfsemi.	
Fyrir „216.200“ kemur	218.200
27. Við 4. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. 121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur.	
Fyrir „1.200“ kemur	2.800
28. Við 4. gr. 06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður. 114 Óviss útgjöld.	
Fyrir „1.500“ kemur	3.600
29. Við 4. gr. 06-390 110 Ýmis löggæslukostnaður.	
Fyrir „27.200“ kemur	25.100
30. Við 4. gr. 06-711 Prestaköll og prófastsdæmi. 110 Prestar og prófastar.	
Fyrir „313.100“ kemur	316.100

Þús. kr.

31. Við 4. gr. 06-790 Kirkjumál, ýmis kostnaður.
    a. Nýr liður:
    114 Kirkjumiðstöð Austurlands 1.400
    b. Við 612 Hóladómkirkja.
    Fyrir „1.000“ kemur 3.000
    c. Við 613 Snorrastofa.
    Fyrir „1.000“ kemur 2.000
32. Við 4. gr. 07-719 170 Vistheimilið Tjaldanesi.
    Fyrir „36.200“ kemur 38.200
33. Við 4. gr. 07-954 Vinnueftirlit ríkisins.
    a. 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „149.800“ kemur 150.300
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „29.100“ kemur 29.300
34. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. Nýr liður:
    112 Alþýðusamband Íslands 13.000
35. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
    a. Við 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.
    Fyrir „14.000“ kemur 15.000
    b. Við 141 Stígamót.
    Fyrir „6.200“ kemur 6.700
36. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „33.100“ kemur 43.100
37. Við 4. gr. 08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Nýr liður:
    610 Fasteign 5.000
38. Við 4. gr. 08-340 Málefni fatlaðra. 140 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík.
    Fyrir „8.600“ kemur 11.000
39. Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1. Akranes, sjúkrahús	6.000
2. Akranes, H2	15.500
3. Ólafsvík, H2	1.000
4. Grundarfjörður, H1	13.100
5. Stykkishólmur, H2	8.500
6. Patreksfjörður, H2	5.300
7. Þingeyri, H1	6.000
8. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	35.000
9. Bolungarvík, sjúkrahús	2.600
10. Blönduós, sjúkrahús og H2	13.500
11. Siglufjörður, sjúkrahús	2.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Ólafsfjörður, H1	2.500	
13. Seyðisfjörður, sjúkrahús	1.200	
14. Eskifjörður H2	12.500	
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	11.000	
16. Laugarás, H2	3.000	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.000	
18. Hafnarfjörður, H2	14.400	
19. Kópavogur, H2	8.000	
20. Reykjavík, heilsugæslustöðvar (Árbær)	12.000	
		180.900
b. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Hvammstangi	8.000	
2. Fáskrúðsfjörður	2.500	
3. Höfn í Hornafirði	12.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	15.600	
6. Grindavík	30.000	
		74.100
		255.000

40. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Nýir liðir:
693 Hlaðgerðarkot 6.000
694 Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði 12.500
41. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýir liðir:
154 Erfðafræðirannsóknir 5.000
172 Bláalónsnefnd 10.000
42. Við 4. gr. 08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.
101 Sjúkrastofnanir SÁÁ.
Fyrir „177.300“ kemur 192.300
43. Við 4. gr. 08-511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra.
a. Við 110 Heilsugæslustöðin Árbæ.
Fyrir „32.400“ kemur 34.000
b. Við 120 Heilsugæslustöðin Grafarvogi.
Fyrir „20.900“ kemur 20.700
44. Við 4. gr. 08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra.
a. Við 110 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti.
Fyrir „37.000“ kemur 38.000
b. Við 120 Heilsugæslustöðin Mjódd.
Fyrir „33.000“ kemur 31.000
45. Við 4. gr. 08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi. 110 Heilsugæslustöðin Fossvogi.
Fyrir „23.600“ kemur 25.000

Þús. kr.

46. Við 4. gr. 08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi.
    a. Við 110 Heilsugæslustöðin Hlíðum.
       Fyrir „21.700“ kemur 24.000
    b. Við 120 Heilsugæslustöðin Miðbæ.
       Fyrir „34.100“ kemur 30.000
47. Við 4. gr. 08-581 101 Heilsugæslustöð Suðurnesja.
    Fyrir „98.200“ kemur 100.000
48. Við 4. gr. 10-190 Ýmis kostnaður ráðuneytis. 131 Flugbjörgunarsveitir.
    Liðurinn orðist svo:
    131 Landsbjörg 6.000
49. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.
    a. Við 620 Ferjubryggjur.
       Fyrir „10.000“ kemur 12.000
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ferjubryggjur (10-333 630).		
1. Nauteyrarhreppur	10.000	
2. Mjóifjörður	2.000	
		12.000

50. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.
    a. Við 630 Hafnamannvirki.
       Fyrir „809.000“ kemur 781.900
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnamannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.	
Vesturland:		
1. Akranes	19.600	
2. Rif	9.900	
3. Ólafsvík	3.800	
4. Grundarfjörður	13.300	
5. Stykkishólmur	12.800	
		59.400
Vestfirðir:		
1. Patreksfjörður	9.200	
2. Tálknafjörður	8.500	
3. Bíldudalur	11.600	
4. Þingeyri	900	
5. Bolungarvík	61.900	
6. Ísafjörður	29.200	
7. Súðavík	200	
8. Norðurfjörður	6.800	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Drangsnes	100	
10. Hólmavík	6.600	
11. Ferjubryggja, Nauteyri	10.000	
		145.000
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	600	
2. Blönduós	50.000	
3. Skagaströnd	16.200	
4. Sauðárkrókur	35.600	
5. Haganesvík	500	
6. Siglufjörður	8.100	
		111.000
Norðurland eystra:		
1. Ólafsfjörður	27.500	
2. Dalvík	13.000	
3. Árskógssandur	28.000	
4. Akureyri	21.700	
5. Grenivík	3.000	
6. Grímsey	19.300	
7. Húsavík	61.400	
8. Kópasker	2.200	
9. Raufarhöfn	2.600	
		178.700
Austurland:		
1. Bakkafjörður	3.100	
2. Vopnafjörður	3.200	
3. Borgarfjörður eystri	11.700	
4. Seyðisfjörður	6.800	
5. Neskaupstaður	8.700	
6. Eskifjörður	22.000	
7. Reyðarfjörður	11.400	
8. Fáskrúðsfjörður	1.700	
9. Stöðvarfjörður	5.700	
10. Breiðdalsvík	22.800	
11. Djúpivogur	500	
12. Höfn í Hornafirði	4.700	
		102.300
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	61.000	
2. Þorlákshöfn	16.400	
		77.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	10.800	
2. Sandgerði	46.700	
3. Keflavík-Njarðvík	21.500	
4. Hafnarfjörður	26.500	
		105.500
Óskipt		2.600
		781.900

51. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
639 Hafnamannvirki Sandgerði 25.100

52. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 640 Sjóvarnargarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Akranes	5.000	
2. Höfn	17.500	
3. Mýrdalshreppur	2.000	
		24.500
Óskipt		500
		25.000

53. Við 4. gr. 10-651 101 Ferðamálaráð.
Fyrir „15.600“ kemur 20.600

54. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn (launagjöld).
Fyrir „50.100“ kemur 51.100

55. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. 140 Alþjóðastofnanir.
Fyrir „4.600“ kemur 5.600

438. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, GunnS, ÁJ, ÁMM, EKG).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „232.400“ kemur	234.900
2. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „160.400“ kemur	175.900

3. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „69.600“ kemur 70.100
4. Við 4. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „72.400“ kemur 73.400
5. Við 4. gr. 06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „87.500“ kemur 88.000
6. Við 4. gr. 07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „75.800“ kemur 77.300
7. Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „111.400“ kemur 116.400
8. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.
   a. Við 110 Lífeyristryggingar.
      Fyrir „15.190.000“ kemur 15.140.000
   b. Við 120 Sjúkratryggingar.
      Fyrir „9.730.000“ kemur 9.480.000
   c. Við 130 Slysatryggingar.
      Fyrir „555.000“ kemur 605.000
9. Við 4. gr. 09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
   Fyrir „258.600“ kemur 259.700
10. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir. 191 Kostnaður við framkvæmd EES-samninga.
    Fyrir „40.000“ kemur 6.900
11. Við 4. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „60.500“ kemur 61.000
12. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „42.900“ kemur 43.900
13. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „66.500“ kemur 67.500
14. Við 4. gr. 13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „109.300“ kemur 110.300
15. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn (kostnaður við framkvæmd EES-samninga).
    Fyrir „50.100“ kemur 52.100

439. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Finni Ingólfssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt. Nýr liður:	
191 Félagsstofnun stúdenta, bygging stúdentagarða	10.000

440. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Svavari Gestssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. Nýr liður:	
141 Framhaldsskólar, óskipt, vegna niðurfellingar skólagjalda	49.500

441. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

	Þús. kr.
Við 08-371 Ríkisspítalar. Nýir liðir:	
102 Áfengismeðferð á Vífilsstöðum	40.000
103 Rekstur Kristness	20.000

442. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „142.000“ kemur	146.000

Greinargerð.

Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur staðið fyrir rannsóknum á lífríki sjávar í Eyjafirði. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993 er ekki gert ráð fyrir fé til þessa verkefnis. Tillaga þessi, um 4 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum skólans, er flutt til þess að tryggja framhald þessara rannsókna.

443. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
620 Fjölsóttir ferðamannastaðir	10.000
2. Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð. 110 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.	
Fyrir „27.700“ kemur	33.700

444. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:	
144 Rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks	10.000

Greinargerð.

Í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um eflingu Hafrannsóknastofnunar, þskj. 295, kemur m.a. fram að ráðuneytið hafi beitt sér fyrir að á vegum Hafrannsóknastofnunar yrði hafist handa við auknar rannsóknir á hrygningu og klaki þorsksins. Þar kemur enn fremur fram eftirfarandi:

„Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1993 er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til þessa verkefnis og var beiðnum um það hafnað. Ekki þarf þó að fara mörgum orðum um þjóðhagslegt mikilvægi þess að auka vísindalega þekkingu á því hvaða þættir það eru sem áhrif hafa á hvort klak heppnast. Er talið að að baki minnkandi stærðar þorskstofnsins liggi sú ástæða að klak hafi mistekist undanfarin ár þannig að 7–8 síðustu árgangar þorskstofnsins eru langt undir meðaltali. Ráðuneytið hefur af því vissar áhyggjur að verkefnið falli niður á næsta ári.“

Með vísan til þessa er brýnt að Hafrannsóknastofnun verði gert kleift að sinna þessu verkefni á árinu 1993.

445. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Hjörleifi Guttormssyni, Svavari Gestssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Jóhanni Ársælssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 412 Tekjuskattur. Nýr liður:	
4121 Sérstakur hátekjuskattur	1.600.000
2. Við 3. gr. 412 Tekjuskattur. Nýr liður:	
4122 Skattur á fjármagnstekjur	2.000.000
3. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Nýr liður:	
192 Til atvinnuaukningar	3.000.000

446. Breytingartillaga [96. mál]

við brtt. á þskj. 437 [Fjárlög 1993].

Frá Ragnari Arnalds og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 8. tölul. (02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður).	
a. Við a-lið (690 Byggingarframkvæmdir).	
Fyrir „407.000“ kemur	411.000
b. Við sundurliðun í sérstöku yfirliti, Norðurland vestra, Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bætist:	
Hönnun heimavistar	4.000

447. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni, Hjörleifi Guttormssyni og Önnu Kristínu Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
110 Til rekstrar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs	100.000
2. Við 4. gr. 02-233 601 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „115.000“ kemur	415.000
3. Við 4. gr. 02-430 101 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.	
Fyrir „7.600“ kemur	9.600

Þús. kr.

4. Við 4. gr. 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. 690 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi.
Liðurinn fellur brott.

448. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds og Steingrími J. Sigfússyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. Nýr liður:
106 Farskóli 5.000

449. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

Þús. kr.

Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir
101 Almennur rekstur 100.000

450. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga árið 1993.

Frá Jóhanni Ársælssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins.
a. Við 6.10 Nýframkvæmdir.
Fyrir „2.260.000“ kemur 2.954.000
b. Við 6.11 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.
Fyrir „1.800.000“ kemur 1.106.000

451. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. 121 Sjóvinnslukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur.	
Fyrir „1.200“ kemur	14.000

452. Frumvarp til laga [296. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1993 og ekki á skólaárinu 1993–1994:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1993–1994.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir sama sparnaði í grunnskólum og í fjárlögum 1992, en vegna hans var lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, breytt með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, nr. 1/1992. Þær breytingar, sem gerðar voru og giltu aðeins fyrir árið 1992 og skólaárið 1992–1993, verður því að framlengja vegna sparnaðar þess sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 1993.

Um 1. gr.

a. Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma.
b. Frestað er að lengja kennslutíma nemenda í grunnskóla að því marki sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 46. gr. og verður miðað við þann kennslutíma sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1992 og frumvarpi til fjárlaga 1993. Enn fremur er frestað framkvæmd á 6. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að komið skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla.

Um 2. gr.

Frestað er til loka skólaárs 1993–1994 að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

Frumvarpið gerir ráð fyrir hliðstæðum breytingum eins og kveðið er á um í lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 miðast útgjaldaáætlanir við að ákvæði þessa frumvarps verði að lögum. Þetta hefur því ekki áhrif á áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1993. Ef hins vegar er litið til þess hvað sparast miðað við óbreytt ákvæði grunnskólalaga er eftirfarandi að segja:

Um 1. gr.

a. Ógerlegt er að segja til um hugsanlegan kostnað við málsverði í skólum þar sem ekki hefur verið mörkuð stefna um hvað skólarnir eiga að bjóða upp á í þessum efnum. Þó er ljóst að kostnaður hefði að hluta fallið á sveitarfélög.
b. Gert var ráð fyrir að fjölga vikustundum um 15 alls á þremur árum og má þá telja eðlilegt að fjölga þeim um 5 á ári. Sé tekið mið af því sparar frestun þessa ákvæðis um 45 m.kr. á næsta ári. Ekki er hægt að spá fyrir um hvað frestun á framkvæmd ákvæðis um skólaathvörf sparar.

Um 2. gr.

Erfitt er að áætla sparnað vegna þessa ákvæðis og fer það m.a. eftir hvernig nemendur dreifast á skóla. Gera má ráð fyrir að frestun á því að fækka nemendum í 18 í 1. bekk og í 22 í 3. bekk spari um 55 m.kr.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga, nr. 49/1991, spari ríkissjóði a.m.k. 100 m.kr. á árinu 1993.

453. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	Þús. kr.
195 Skólabúðir í Mývatnssveit	5.000

454. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 04-239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. Nýr liður: 140 Landgræðslu- og skógræktarverkefni samkvæmt bókun búvörusamnings	150.000
2. Við 4. gr. 04-281 6.10 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Fyrir „115.000“ kemur	165.000
3. Við 4. gr. 04-291 1.10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Fyrir „250.000“ kemur	300.000
4. Við 4. gr. 04-410 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. 110 Uppgjör birgða samkvæmt búvörusamningi. Fyrir „175.000“ kemur	350.000
5. Við 4. gr. 04-430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.	
a. 101 Nauta-, svína, hrossa- og alifuglaafurðir. Fyrir „260.000“ kemur	400.000
b. Nýr liður: 120 Lífeyrissjóður bænda	86.000

455. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. 110 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Fyrir „47.600“ kemur	58.000

456. Breytingartillaga [96. mál]

við brtt. á þskj. 437 [Fjárlög 1993].

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 50. tölul. (10-333 Hafnamál).	
a. Við a-lið (630 Hafnamannvirki). Fyrir „781.900“ kemur	787.900

Þús. kr.

b. Við sundurliðun í sérstöku yfirliti, Vestfirðir, bætist:
12 Árneshreppur, hafnaraðstaða smábáta 6.000

457. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Helgasyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Guðna Ágústssyni.

Þús. kr.

1. Við 3. gr. 4719 Sala eigna.
Fyrir „1.500,0“ kemur 1.435,0
2. Við 4. gr. 04-281 6.10 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.
Fyrir „115.000“ kemur 165.000

458. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Helgasyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Guðna Ágústssyni.

Þús. kr.

1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun. Nýr liður:
610 Sérstök verkefni samkvæmt búvörusamningi 100.000
2. Við 4. gr. 04-239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. Nýr liður:
140 Sérstakt framlag til landgræðslu og skógræktar samkvæmt búvörusamningi 165.000
3. Við 4. gr. 04-291 110 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.
Fyrir „250.000“ kemur 300.000

459. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Kristjánssyni, Finni Ingólfssyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Þús. kr.

1. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.
a. Nýr liður:
112 Ungmennafélag Íslands 10.500
b. Við 190 Æskulýðsmál.
Fyrir „28.000“ kemur 18.500

	Þús. kr.
2. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a. Nýr liður:	
110 Íþróttasamband Íslands	26.600
b. 190 Ýmis íþróttamál.	
Fyrir „62.000“ kemur	38.000

460. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Helgasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Nýr liður:	
140 Hreppstjórar	18.400

461. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Við 6. gr. Nýr liður:

4.41 Að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum:
— gamla skólahúsið,
— kennaraíbúðir (tvö hús),
— kyndi- og rafstöðvarhús.

462. Frumvarp til laga [297. mál]

um Skálholtsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Skálholtsskóli er kirkjuleg menningar- og menntastofnun, í eigu þjóðkirkju Íslands og starfar á grunni fornrar skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar.

Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkju Íslands. Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans.

2. gr.

Markmið Skálholtsskóla er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Skólinn skal leitast við að efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar.

3. gr.

Skólinn skal einkum starfa á eftirgreindum sviðum:

a. Guðfræðisviði.
b. Kirkjutónlistarsviði.
c. Fræðslusviði.

Sviðin skulu nánar skilgreind í samþykktum skólans, sbr. 4. gr.

4. gr.

Kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla til fjögurra ára í senn.

Nánari ákvæði um starf og rekstur Skálholtsskóla skulu tilgreind í samþykktum hans sem kirkjuráð setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Skálholtsskóla, nr. 31 12. maí 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára með hliðsjón af endurskoðun samkomulags um rekstur Skálholtsskóla dags. 1. desember 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta og athugasemdir með því er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á grundvelli frumvarps sem nefnd um málefni Skálholtsstaðar hafði samið og að teknu tilliti til breytinga á því sem samþykktar höfðu verið á kirkjuþingi.

Ofangreindri nefnd, sem dóms- og kirkjumálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, skipaði 27. maí 1991 í samráði við biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason, og menntamálaráðherra, Ólaf G. Einarsson, var fengið það verkefni að huga að málefnum Skálholtsstaðar og gera tillögur þar að lútandi. Þar á meðal er starfsemi Skálholtsstaðar og tillögur um framtíðarskólarekstur á staðnum.

Í nefndina voru skipuð Ásdís Sigurjónsdóttir deildarsérfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, sr. Jón Einarsson prófastur, skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs, sr. Jónas Gíslason, vígslubiskup Skálholtsstiftis, skipaður samkvæmt tilnefningu biskups, sr. Sigurður Sigurðarson sóknarprestur, skipaður samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra, og Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritarar nefndarinnar hafa verið Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri og Guðmundur Þór Guðmundsson fulltrúi, bæði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin samdi frumvarp að lögum um Skálholtsskóla, sem var lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi, ásamt greinargerð og samningi um þátttöku ríkisins í kostnaði af rekstri skólans sem var fylgiskjal með frumvarpinu. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á því þingi.

Á 23. kirkjuþingi í október 1992 voru samþykktar ákveðnar breytingar sem miðuðu

að því að stytta frumvarpið og einfalda, þannig að það fæli fremur í sér ramma um starfsemina en kirkjuráð kvæði nánar á um starfshætti skólans í samþykktum sem það setti skólanum. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, tekur tillit til þessara sjónarmiða, þannig að þessi nýja stofnun mun að öllu leyti heyra undir kirkjuna, en þau afskipti, sem tengjast fjárstuðningi ríkisins, verða bundin í þeim samningi um þátttöku í rekstrarkostnaði sem gerður er skv. 1. gr. frumvarpsins. Samningurinn er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Skálholtsskóli hinn nýi tók til starfa árið 1972 undir stjórn sr. Heimis Steinssonar sem var rektor skólans fyrstu tíu árin. Hann og kona hans, frú Dóra Þórhallsdóttir, lögðu grunninn að þessari nýju menntastofnun kirkjunnar. Fyrstu tvö árin fór starfsemi skólans að mestu leyti fram í sumarbúðum þjóðkirkjunnar (Skálholtsbúðum) en frá árinu 1974 hefur skólinn starfað í eigin húsnæði sem tekið var formlega í notkun við hátíðlega vígsluathöfn 6. október það ár.

Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup tók fyrstu skóflustunguna að Skálholtsskóla á vígsludegi Skálholtskirkju 21. júlí árið 1963 og var hann öðrum mönnum fremur í fylkingarbrjósti um byggingu skólans, stofnun hans og starfrækslu. Skólabyggingin var að miklu leyti fjármögnuð fyrir söfnunarfé Skálholtsvina og lýðháskólamanna á Norðurlöndum. Munaði þar mestu um norska Íslandsvininn sr. Harald Hope.

Í lögum um Skálholtsskóla, nr. 31/1977 er kveðið svo á að Skálholtsskóli skuli starfa í „anda norrænna lýðháskóla". Þannig var ákveðið að skólinn skyldi starfa sem lýðháskóli er tæki mið af sambærilegum skólum á Norðurlöndum og hefði svipað námsframboð. Jafnframt er í lögunum lögð rík áhersla á að skólinn skuli vinna „að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar Íslendinga" og starfa á grundvelli kristinnar kirkju. Frá upphafi hefur skólinn verið opinn fyrir helstu straumum í menningarlegum og félagslegum efnum samtíðarinnar og þá ekki síst á vettvangi kirkjunnar. Hefur það m.a. komið fram í hinum fjölmörgu og merku ráðstefnum og námskeiðum sem skólinn hefur staðið fyrir.

Þegar Skálholtsskóli hóf göngu sína fyrir tæpum 20 árum hafði fjölbrautaskólunum enn ekki verið komið á í landinu, en voru í undirbúningi. Ætla má að tilkoma fjölbrautaskólanna og hið mikla námsframboð þeirra hafi stuðlað að því að minni þörf var fyrir starfsemi lýðháskóla en ætlað var þegar hann var stofnaður, svo og það að lýðháskóli brautskráir ekki fólk með nein próf eða réttindi er opna þeim sjálfkrafa dyr að öðrum skólum.

Vegna þessara breyttu viðhorfa og þróunar í skólamálum hefur orðið mikil breyting á rekstri Skálholtsskóla síðustu árin. Skólinn starfar ekki lengur sem héðbundinn lýðháskóli innan þess ramma sem lögin frá 1977 marka honum. Hann hefur meira færst í það form að vera kirkjuleg menningar- og fræðslustofnun. Hefur starfsemin síðustu árin einkum verið í formi ráðstefnuhalds og námskeiða sem hafa verið vel sótt.

Miðað við aðstæður í þjóðfélaginu í dag og ríkjandi skólastefnu virðist rekstur héðbundins lýðháskóla ekki vera raunhæfur kostur. Með tilliti til þess er óhjákvæmilegt að skólanum verði markaður nýr farvegur með nýjum lögum. Með frumvarpi þessu er leitast við að laga starfsemi skólans að þörfum samtíðarinnar og þá einkum að þörfum kirkjunnar. Er lagt til að Skálholtsskóli heyri að öllu leyti undir kirkjuna, en ríkið taki, svo sem að framan greinir, þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi.

Frá árinu 1975 hafa verið haldnir tónleikar í Skálholtskirkju á hverju sumri undir stjórn og handleiðslu Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Hafa þeir vakið verðskuldaða athygli, bæði hérlendis og erlendis, notið mikillar aðsóknar og vaxandi vinsælda og ver-

ið einn helsti vaxtarbroddurinn á Skálholtsstað síðastliðin ár. Hafa áhugamenn um tónlistarstarf í Skálholtskirkju stofnað með sér samtök, *Collegium Musicum*, sem Helga gegnir formennsku fyrir.

Í ljósi þess mikla og góða tónlistarstarfs, sem unnið hefur verið í Skálholti á undanförnum árum og með hliðsjón af þörfum kirkjunnar á sviði tónlistarmála, er lagt til að starfrækt verði sérstakt kirkjutónlistarsvið við skólann.

Einnig er gert ráð fyrir því að við skólann verði starfrækt guðfræðisvið og fræðslusvið svo sem nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum um 3. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð áhersla á að Skálholtsskóli sé fyrst og fremst kirkjuleg menningar- og menntastofnun. Jafnframt er vísað til fornrar skólahefðar í Skálholti og gert ráð fyrir að starfsemi skólans taki áfram nokkurt mið af norrænni lýðháskólahefð þó að ekki verði lengur um hefðbundinn lýðháskóla að ræða.

Þá tekur greinin til þess að skólinn verði ekki lengur sjálfseignarstofnun, heldur heyri hann stjórnunarlega og fjárhagslega undir kirkjuráð og byggt er á að húsnæði skólans verði afhent þjóðkirkjunni, sbr. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað, nr. 32/1963, sbr. og 5. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1977.

Ekki er lagt til að bein ákvæði verði áfram í lögum um skyldur ríkissjóðs til að standa undir rekstrarkostnaði skólans, sbr. 8. gr. laga nr. 31/1977. Hins vegar er í lokamálslið greinarinnar kveðið á um að gerður skuli samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri skólans. Á þessi skipan sér fordæmi í samskiptum og stuðningi ríkisins við suma einka- og sérskóla. Í 7. gr. samningsins er ákvæði um endurskoðun hans.

Með samningunum um rekstur Skálholtsskóla, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, er ríkið skuldbundið til að veita skólanum árlegt framlag sem nemur 4 m.kr. og auk þess allt að 2 m.kr. til viðbótar á móti framlagi annarra. Kirkjuráð skal skipa vígslubiskup Skálholts og þrjá fulltrúa tilgreindra aðila í skólaráð en ræður samsetningu og stærð skólaráðs að öðru leyti. Þá skal kirkjuráð sjá til þess að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu séu látnar í té áætlanir um langtímastefnu skólans og fjárhagsáætlun til samþykktar, auk endurskoðaðra ársreikninga. Vísast að öðru leyti til samningsins um efni hans.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið Skálholtsskóla og lögð áhersla á að hann skuli leitast við að styðja og efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar, svo að hún megi betur þjóna síbreytilegum og vaxandi þörfum kirkjulegs starfs í samfélaginu.

Um 3. gr.

Til að vinna að markmiði sínu skv. 2. gr. starfrækir Skálholtsskóli eftirtalin þrjú svið er grein þessi tekur til:

a. *Guðfræðisvið.* Gert er ráð fyrir að þar geti farið fram endurmenntunarnámskeið fyrir presta og aðra starfsmenn kirkjunnar og einnig hluti af starfsþjálfun guðfræðikandídata, sbr. 16. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990. Enn fremur námskeið á vegum guðfræðideildar Háskóla Íslands og Guðfræðistofnunar, svo og margs konar námsstefnur og ráðstefnur um málefni kristinnar trúar og kirkju.

b. *Kirkjutónlistarsvið.* Undir þetta svið heyra sumartónleikarnir í Skálholtskirkju og ýmiss konar samstarf og tónlistariðkun í tengslum við þá. Enn fremur organista- og kóranámskeið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, tónlistaiðkun og æfingabúðir fyrir kirkjukóra og barnakóra, sumartónbúðir barna og námskeið á vegum Tónskóla þjóðkirkjunnar og guðfræðideildar. Með starfsemi kirkjutónlistarsviðsins skal almennt að því stefnt að það megi fegra og efla tónlistarlíf í íslenskum kirkjum.

c. *Fræðslusvið.* Á þessu sviði er gert ráð fyrir margs konar námskeiðum og fræðslu, m.a. í samvinnu við fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar og fleiri aðila, t.d. námskeiðum í trúfræðslu, kyrrðardagahaldi o.fl. Gert er ráð fyrir að undir þetta svið heyri umfjöllun um þjóðlegan menningararf Íslendinga, bókmenntir, fornar og nýjar, kirkjulist og list yfirleitt frá ýmsum tímum, enn fremur ráðstefnur á sviði þjóðfélags- og menningarmála, félagsmálanámskeið og ráðstefnur á vegum félagsmálasamtaka og einnig starfsemi sem tengist norrænni lýðháskólahefð og norrænu samstarfi á því sviði.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skulu sviðin nánar skilgreind og útfærð í sérstökum samþykktum um skólann er heyra til innri samþykkta um starf hans.

Af ofangreindu má ljóst vera að gert er ráð fyrir að starfsemi skólans verði afar víðfeðm og viðfangsefnin mörg. Starfsemin getur verið breytileg frá ári til árs og hefur skólinn mikið frelsi og svigrúm í þeim efnum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans og gerir ráð fyrir róttækri breytingu frá því sem er í gildandi lögum, enda er sú skipan miðuð við lýðháskólafyrirkomulag. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skólinn heyri að öllu leyti undir kirkjuna. Kirkjuráð skipi skólaráð til fjögurra ára í senn og setji skólanum samþykktir sem kveði nánar á um starf og rekstur skólans.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dóms- og kirkjumálaráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og biskup Íslands f.h. kirkjuráðs vegna þjóðkirkju Íslands, gera með sér svofellt

samkomulag
um rekstur Skálholtsskóla:

1. gr.

Til reksturs Skálholtsskóla rennur árlega framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 4 m.kr. miðað við meðalverðlag ársins 1992 (framfærsluvísitala 161,2, miðað við 100 í maí 1988).

2. gr.

Auk þess framlags, sem um getur í 1. gr., veitir ríkissjóður framlag til Skálholtsskóla sem árlega nemur sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó aldrei hærri fjárhæð en 2 m.kr. á ári miðað við meðalverðlag ársins 1992 (framfærsluvísitala 161,2 miðað við 100 í maí 1988).

3. gr.

Framlagi skv. 1. og 2. gr. skal verja til rekstrar Skálholtsskóla í samræmi við ný lög um Skálholtsskóla en frumvarp til þeirra mun verða lagt fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi.

4. gr.

Í Skálholtsskólaráð, sem kirkjuráð skipar, skal skipa vígslubiskup Skálholts, enda sé hann formaður ráðsins, einn mann samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu hreppsnefndar Biskupstungnahrepps og einn samkvæmt tilnefningu samtaka um tónlistarstarf í Skálholtskirkju.

5. gr.

Kirkjuráð sér til þess að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu séu látnar í té áætlanir um langtímastefnu skólans og fyrirhugaða starfsemi á hverju hinna þriggja sviða hans.

Jafnframt að ráðuneytinu sé fyrir upphaf hvers árs látin í té til samþykktar fjárhagsáætlun fyrir komandi almanaksár.

Enn fremur að ráðuneytið fái í hendur endurskoðaða ársreikninga skólans og önnur þau gögn sem ráðuneytið telur nauðsynleg.

6. gr.

Ríkissjóður er ekki skuldbundinn til fjárframlaga vegna stofnkostnaðar. Ef veittir eru styrkir til stofnkostnaðar eru þeir ákvarðaðir á fjárlögum hverju sinni en skuldbinda ekki ríkissjóð til frekari styrkja.

7. gr.

Samkomulag er um það að menntamálaráðherra og kirkjuráð, sbr. 5. mgr. 8. gr. laga um Skálholtsskóla, nr. 31/1977, afhendi húsnæði skólans í samræmi við lög nr. 32/1963.

8. gr.

Samningur þessi gildir til 31. desember 1995 og skal koma til endurskoðunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1996. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í því skyni nefnd þriggja manna. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs og einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis.

Samningurinn skal einnig koma til endurskoðunar ef einhver samningsaðila telur forsendur fyrir rekstri Skálholtsskóla breyttar og skal þá skipuð nefnd til þess á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr.

9. gr.

Samningur þessi er undirritaður og samþykktur með fyrirvara um lögfestingu frumvarps til nýrra laga um Skálholtsskóla sem getið er í 3. gr.

Reykjavík 1. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson,
dóms- og kirkjumálaráðherra.

Herra Ólafur Skúlason
biskup.

Ólafur G. Einarsson
menntamálaráðherra.

Friðrik Sophusson
fjármálaráðherra.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Skálholtsskóla.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Skálholtsskóli verði stjórnunarlega og fjárhagslega á ábyrgð kirkjuráðs fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, en að gerður verði samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans. Í samningnum, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, er gert ráð fyrir að ríkið greiði 4 m.kr. grunnframlag til reksturs skólans. Að auki veitir ríkissjóður framlag til skólans sem árlega nemur sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó aldrei hærri fjárhæð en 2 m.kr. á ári. Miðað er við meðalverðlag 1992.

Á árinu 1993 verður framlag því 4 m.kr. en þar á eftir, þegar skólinn getur sýnt fram á framlög frá öðrum aðilum en ríkissjóði, verður árlegt framlag 4–6 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á næsta ári þar sem hluti af fjárveitingu þessa árs á viðfangsefni 06–790 610 Skálholtsstaður verður færður yfir á næsta ár.

463. Fyrirspurn [298. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við löggæslu á skemmtunum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Svavari Gestssyni.

1. Hvers vegna er fyrirmælum 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 587/1987 um að sá sem fyrir skemmtun stendur skuli endurgreiða þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja, þar á meðal allan löggæslukostnað ef skemmtun er opin gestum eftir kl. 23.30, ekki framfylgt í 11 lögreglumdæmum, þar á meðal í Reykjavík, heldur einungis í 17 lögreglumdæmum á landsbyggðinni?

2. Hyggst dómsmálaráðherra samræma reglur um kostnað við löggæslu á skemmtunum þannig að sömu reglur gildi um landið allt og ef svo er, hvernig verða þær reglur?
3. Hve mikið af kostnaði við löggæslu í Reykjavík stafar af starfsemi skemmtistaða, þar með talið vínveitingastaða?

464. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „160.400“ kemur	154.400
2. Við 4. gr. 03-102 101 Varnarmálaskrifstofa. Fyrir „40.400“ kemur	20.400
3. Við 4. gr. 09-101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „258.600“ kemur	250.600
4. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneytið. 101 Yfirstjórn. Fyrir „42.900“ kemur	38.900
5. Við 4. gr. 11-199 110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra. Fyrir „8.000“ kemur	4.000

465. Frumvarp til fjárlaga [96. mál]

fyrir árið 1993.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

Samhljóða þskj. 109 með þessum breytingum:

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**104.790,0**
Beinir skattar	19.723,0	
Óbeinir skattar	76.953,0	
Vaxtatekjur	3.905,0	
Aðrar tekjur	4.209,0	
Gjöld		**110.968,9**
Samneysla	45.889,5	
Rekstrargjöld	42.805,6	
Viðhald	3.083,9	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41.682,9	
Vaxtagreiðslur	10.200,0	
Fjárfesting	13.196,5	
Stofnkostnaður	8.242,0	
Fjármagnstilfærslur	4.954,5	
Gjöld umfram tekjur		**6.178,9**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		3.030,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.230,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3.200,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		370,0
Viðskiptareikningar		-100,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**9.478,9**
Afborganir af teknum lánum		6.300,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**15.778,9**
Lántökur		15.800,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**21,1**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1993 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.079,3**
	Embætti forseta Íslands	48,0	
	Alþingi og stofnanir þess	840,3	
	Ríkisstjórn	58,6	
	Annað	127,3	
	Rekstrarhagræðing	5,1	
01	**Forsætisráðuneyti**		**329,0**
	Ráðuneyti	89,0	
	Annað	238,6	
	Rekstrarhagræðing	1,4	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.767,2**
	Ráðuneyti	237,9	
	Háskólar og rannsóknir	2.763,7	
	Framhaldsskólar	4.176,8	
	Héraðsskólar	81,4	
	Grunnskólar og sérskólar	5.110,8	
	Önnur fræðslumál	350,0	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.710,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.243,4	
	Ýmis framlög	1.043,9	
	Rekstrarhagræðing	49,3	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.483,5**
	Ráðuneyti	347,1	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	152,3	
	Sendiráð og fastanefndir	431,0	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	547,5	
	Rekstrarhagræðing	5,6	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**7.492,9**
	Ráðuneyti	64,4	
	Búnaðarmál	1.060,3	
	Skógrækt og landgræðsla	417,8	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.752,0	
	Búnaðarskólar	191,0	
	Rekstrarhagræðing	7,4	
	Flutt		27.151,9

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1993 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3.498,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1.480,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	149,0	
4111	Eignarskattur félaga	915,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	189,0	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	435,0	
4118	Erfðafjárskattur	330,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**15.800,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13.450,0	
4126	Tekjuskattur félaga	2.350,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**425,0**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	425,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.250,0**
4200	Tollar	1.250,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**299,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	4,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	55,0	
42154	Kartöflugjald	145,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	29,0	
4217	Jöfnunartollur	66,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**200,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	200,0	
	Flutt		21.472,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		27.151,9
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**572,2**
	Ráðuneyti	74,4	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	429,5	
	Annað	61,4	
	Rekstrarhagræðing	6,9	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.384,7**
	Ráðuneyti	124,9	
	Dómsmál	591,5	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1.840,5	
	Sýslumenn	2.010,2	
	Fangelsismál	322,1	
	Kirkjumál	469,4	
	Rekstrarhagræðing	26,1	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4.995,4**
	Ráðuneyti	81,2	
	Húsnæðismál	961,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	169,0	
	Málefni barna og ungmenna	185,6	
	Málefni fatlaðra	1.942,1	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.350,0	
	Annað	297,6	
	Rekstrarhagræðing	8,9	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**46.255,2**
	Ráðuneyti	113,2	
	Tryggingamál	27.776,2	
	Sjúkrastofnanir	16.067,6	
	Heilsugæsla	1.583,5	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	272,2	
	Annað	338,4	
	Rekstrarhagræðing	104,1	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15.223,0**
	Ráðuneyti	401,1	
	Skatta- og tollamál	1.366,8	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.506,9	
	Vextir	10.200,0	
	Annað	1.732,4	
	Rekstrarhagræðing	15,8	
	Flutt		99.582,4

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		21.472,0
423	**Vörugjöld**		**11.000,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2.250,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1.270,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.160,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	3.250,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	70,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**41.350,0**
4250	Virðisaukaskattur	41.350,0	
426	**Skattar af orku**		**77,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	77,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.506,5**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6.500,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	6,5	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**91,5**
42801	Skemmtanaskattur	80,0	
42802	Miðagjald	11,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**749,0**
4290	Aukatekjur	740,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9.450,0**
43001	Tryggingagjald	9.450,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5.980,0**
4310	Þinglýsingar	100,0	
4311	Stimpilgjald	2.190,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1.375,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	525,0	
43131	Bifreiðagjald	1.350,0	
43142	Vitagjald	45,0	
43143	Skipaskoðunargjald	60,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	275,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	
	Flutt		96.676,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		99.582,4
10	**Samgönguráðuneyti**		**9.416,1**
	Ráðuneyti	177,3	
	Vegamál	7.516,0	
	Siglingamál	1.102,0	
	Flugmál	522,8	
	Ferðamál	87,6	
	Rekstrarhagræðing	10,4	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.068,7**
	Ráðuneyti	51,4	
	Iðnaðarmál	218,6	
	Orkumál	793,0	
	Rekstrarhagræðing	5,7	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**171,9**
	Ráðuneyti	69,8	
	Viðskiptamál	101,0	
	Rekstrarhagræðing	1,1	
13	**Hagstofa Íslands**		**144,6**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**585,2**
	Ráðuneyti	133,3	
	Náttúruvernd	77,2	
	Skipulagsmál	123,0	
	Rannsóknir o.fl.	247,3	
	Rekstrarhagræðing	4,4	
	Gjöld samtals		110.968,9

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		96.676,0
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1.500,0**
4719	Sala eigna	1.500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3.905,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.730,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2.175,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.309,0**
48201	Afgjöld ríkisjarða	25,0	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	414,0	
48206	Póstur og sími	820,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	400,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	650,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**400,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	300,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		104.790,0
	Gjöld umfram tekjur		6.178,9
	Samtals		110.968,9

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			647 500
1 01	Alþingiskostnaður	252 900	
1 02	Aðalskrifstofa	53 300	
1 03	Þingmálaskrifstofa	107 700	
1 04	Rekstrarskrifstofa	155 000	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	25 900	
1 06	Norðurlandaráð	20 900	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 100	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	25 200	
Viðhaldsverkefni:			8 000
5 20	Fasteignir	8 000	
Stofnkostnaður:			16 000
6 01	Tæki og búnaður	16 000	
	Gjöld samtals		671 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	357 100	
52–58	Önnur gjöld	282 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 300	
5	Gjöld samtals	671 500	
4	Sértekjur	4 800	
	Mismunur		**666 700**
00–610 Umboðsmaður Alþingis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Umboðsmaður Alþingis	19 400	
	Gjöld samtals		19 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 300	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals		**19 400**

00–620 Ríkisendurskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 700
1 01	Ríkisendurskoðun	153 700	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		156 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 200	
52–58	Önnur gjöld	50 000	
5	Gjöld samtals	156 200	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**154 200**

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			234 900
1 01	Yfirstjórn	234 900	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		237 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	118 600	
52–58	Önnur gjöld	119 300	
5	Gjöld samtals		**237 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 804 600
1 01	Yfirstjórn	105 500	
1 02	Sameiginleg útgjöld	275 000	
1 03	Rekstur fasteigna	177 800	
1 04	Háskólabókasafn	63 300	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	178 800	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	996 100	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	8 100	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			180 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	180 000	
	Gjöld samtals		2 044 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 338 200	
52–58	Önnur gjöld	706 400	
5	Gjöld samtals	2 044 600	
4	Sértekjur	490 900	
	Mismunur		**1 553 700**
02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 300
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	90 600	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22 700	
Viðhaldsverkefni:			22 100
5 01	Viðhald húseigna	22 100	
Stofnkostnaður:			7 000
6 03	Fisksjúkdóma- og eðlisfræðirannsóknahús	7 000	
	Gjöld samtals		142 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 900	
52–58	Önnur gjöld	68 500	
5	Gjöld samtals	142 400	
4	Sértekjur	37 400	
	Mismunur		**105 000**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			168 700
1 01	Yfirstjórn	15 900	
1 02	Rekstur fasteigna	11 600	
1 03	Rannsóknastofur	141 200	
	Gjöld samtals		168 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 500	
52–58	Önnur gjöld	57 200	
5	Gjöld samtals	168 700	
4	Sértekjur	48 900	
	Mismunur		**119 800**

02–211 Tækniskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			179 800
1 01	Tækniskóli Íslands	179 800	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteignir	2 100	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		193 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 100	
52–58	Önnur gjöld	59 800	
5	Gjöld samtals	193 900	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**186 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–318	**Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			126 700
5 90	Viðhald[1])	126 700	
Stofnkostnaður:			460 000
6 40	Tæki og búnaður	41 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir[1])	407 000	
	Gjöld samtals		586 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200 700	
52–58	Önnur gjöld	386 000	
5	Gjöld samtals		**586 700**
02–422	**Námsgagnastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			271 700
1 01	Skrifstofa	18 800	
1 10	Skólavörubúð	23 000	
1 11	Afgreiðsludeild	13 100	
1 20	Framleiðsludeild	141 600	
1 30	Fræðslumyndasafn	22 900	
1 40	Kennslumiðstöð	9 500	
1 60	Námsefnisgerð	42 800	
	Gjöld samtals		271 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 600	
52–58	Önnur gjöld	210 100	
5	Gjöld samtals	271 700	
4	Sértekjur	41 400	
	Mismunur		**230 300**

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 500
1 01	Kennsla í dagskóla	33 700	
1 02	Annað en kennsla	11 800	
1 09	Önnur kennsla	1 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		50 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 300	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	50 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**49 500**

02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			191 600
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 500	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 800	
1 29	Kennsla í norsku og sænsku	5 900	
1 30	Safnakennsla	2 900	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	6 800	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 600	
1 34	Þróunarstarf í leikskólum	2 000	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 000	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	6 000	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 400	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 000	
1 50	Námsleyfi	37 400	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12 300	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10 200	
1 82	Þróunarstarf í grunnskólum	9 400	
1 83	Starfsmenntun	20 600	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	6 100	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	7 000	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 800	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 300	
1 90	Grunnskólar, óskipt	32 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	6 000	
	Gjöld samtals		197 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 300	
52–58	Önnur gjöld	21 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 700	
5	Gjöld samtals		**197 600**

02–919 Söfn, ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 500	
1 30	Sögusafn alþýðu	900	
1 31	Kvennasögusafn	1 000	
1 90	Söfn, ýmis framlög	14 600	
Stofnkostnaður:			12 000
6 90	Söfn, stofnkostnaður	12 000	
	Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 000	
5	Gjöld samtals		**35 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–982	**Listir, framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			273 300
1 10	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	100 100	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	10 900	
1 15	Þýðingarsjóður	6 900	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 600	
1 22	Starfsemi áhugaleikhópa	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 000	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	12 000	
1 30	Íslenska óperan	40 500	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15 300	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	8 000	
1 90	Listir, framlög	43 000	
	Gjöld samtals		273 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	273 300	
5	Gjöld samtals		**273 300**
02–983	**Ýmis fræðistörf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 12	Dönsk-íslensk orðabók	2 000	
1 90	Ýmis fræðistörf	13 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 500	
1 12	Ungmennafélag Íslands	9 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 000	
1 18	Iðnnemasamband Íslands	3 400	
1 90	Æskulýðsmál	8 600	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	28 000	
5	Gjöld samtals		**28 000**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 400
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	8 500	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	14 000	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 300	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	6 400	
1 90	Ýmis íþróttamál	9 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 11	Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur	5 000	
	Gjöld samtals		73 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 000	
5	Gjöld samtals		**73 400**

02–999 Ýmislegt	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		19 600
1 63 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	3 900	
1 70 Íslenska menntanetið	6 000	
1 90 Ýmis framlög	9 700	
Gjöld samtals		19 600
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 600	
5 Gjöld samtals		**19 600**

03 Utanríkisráðuneyti

03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		289 100
1 01 Yfirstjórn	175 900	
1 21 Alþjóðaráðstefnur	15 200	
1 30 Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 600	
1 50 Viðskiptaskrifstofa	74 100	
1 51 Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53 Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	15 300	
Stofnkostnaður:		5 500
6 01 Tæki og búnaður	5 500	
Gjöld samtals		294 600
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	96 600	
52–58 Önnur gjöld	190 100	
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 900	
5 Gjöld samtals		**294 600**

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 100
1 01	Yfirstjórn	70 100	
	Gjöld samtals		70 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 000	
52–58	Önnur gjöld	35 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100	
5	Gjöld samtals	70 100	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**64 400**
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 000
1 01	Búnaðarfélag Íslands	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**
04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 400	
	Gjöld samtals		12 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	12 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**11 300**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			142 300
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	142 300	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhaldsfé	4 000	
Stofnkostnaður:			11 400
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 10	Fasteignir	8 400	
	Gjöld samtals		157 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 800	
52–58	Önnur gjöld	48 900	
5	Gjöld samtals	157 700	
4	Sértekjur	27 600	
	Mismunur		**130 100**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 100
1 10	Landgræðsla ríkisins	98 800	
1 20	Sérstök verkefni	81 300	
1 90	Fyrirhleðslur	19 000	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 20	Viðhaldsfé	5 000	
Stofnkostnaður:			13 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
6 20	Fasteignir	8 000	
	Gjöld samtals		217 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 400	
52–58	Önnur gjöld	161 700	
5	Gjöld samtals	217 100	
4	Sértekjur	15 800	
	Mismunur		**201 300**

04–239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 000
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	51 000	
1 20	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 30	Landgræðslusjóður	3 000	
	Gjöld samtals		57 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	51 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**57 000**

04–246 Veiðimálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 100
1 01	Veiðimálastofnun	63 100	
	Gjöld samtals		63 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 800	
52–58	Önnur gjöld	24 300	
5	Gjöld samtals	63 100	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**36 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 300
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	129 300	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Fasteignir og lóðir	6 000	
6 02	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		143 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 200	
52–58	Önnur gjöld	66 300	
5	Gjöld samtals	143 500	
4	Sértekjur	65 200	
	Mismunur		**78 300**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 400
1 01	Yfirstjórn	73 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		74 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 900	
52–58	Önnur gjöld	27 500	
5	Gjöld samtals		**74 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550 900
1 01	Almenn starfsemi	218 200	
1 20	Útibú	17 900	
1 30	Rannsóknarskip	166 100	
1 36	Veiðarfærakostnaður	22 500	
1 39	Annar skiparekstur	44 800	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	14 900	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	66 500	
Viðhaldsverkefni:			31 600
5 31	Viðhald skipa	31 600	
Stofnkostnaður:			39 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	22 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 000	
	Gjöld samtals		621 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	304 600	
52–58	Önnur gjöld	316 900	
5	Gjöld samtals	621 500	
4	Sértekjur	557 900	
	Mismunur		**63 600**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 900
1 20	Eldi sjávardýra	19 000	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur	2 800	
1 31	Stjórn fiskveiða	11 300	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	21 700	
1 40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	2 100	
	Gjöld samtals		56 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	38 200	
5	Gjöld samtals		**56 900**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 000
1 01	Yfirstjórn	88 000	
	Gjöld samtals		88 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 800	
52–58	Önnur gjöld	29 200	
5	Gjöld samtals		**88 000**

06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 500
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	6 900	
1 11	Meðdómsmenn	14 400	
1 12	Setu- og varadómarar	3 300	
1 13	Siglingadómur	1 300	
1 14	Óviss útgjöld	3 600	
	Gjöld samtals		29 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 600	
52–58	Önnur gjöld	6 900	
5	Gjöld samtals		**29 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–390 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 100
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	25 100	
Stofnkostnaður:			40 500
6 10	Endurnýjun ökutækja	40 500	
	Gjöld samtals		65 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 100	
52–58	Önnur gjöld	46 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	65 600	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**59 600**
06–711 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			316 100
1 10	Prestar og prófastar	316 100	
	Gjöld samtals		316 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	252 100	
52–58	Önnur gjöld	64 000	
5	Gjöld samtals		**316 100**
06–790 Kirkjumál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 200	
1 14	Kirkjumiðstöð Austurlands	1 400	
Viðhaldsverkefni:			500
5 11	Viðhald húseigna að Löngumýri	500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			18 000
6 10	Skálholtsstaður	6 000	
6 11	Hallgrímskirkja	7 000	
6 12	Hóladómkirkja	3 000	
6 13	Snorrastofa	2 000	
	Gjöld samtals		23 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 400	
5	Gjöld samtals		**23 400**

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 300
1 01	Yfirstjórn	77 300	
1 90	Sameining sveitarfélaga	4 000	
	Gjöld samtals		81 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 600	
52–58	Önnur gjöld	35 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	200	
5	Gjöld samtals	81 300	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**81 200**
07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 200
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	38 200	
	Gjöld samtals		38 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 600	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals		**38 200**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 300
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	150 300	
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Tæki og búnaður	11 000	
	Gjöld samtals		161 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 300	
52–58	Önnur gjöld	65 000	
5	Gjöld samtals	161 300	
4	Sértekjur	29 300	
	Mismunur		**132 000**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 200
1 10	Félagsdómur	3 500	
1 12	Alþýðusamband Íslands	13 000	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	23 000	
	Gjöld samtals		55 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	51 500	
5	Gjöld samtals		**55 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			198 500
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	11 000	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60 600	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 700	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 700	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	48 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	15 000	
1 41	Stígamót	6 700	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	3 000	
1 51	Ár fjölskyldunnar	3 000	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 500	
1 90	Ýmis framlög	8 200	
	Gjöld samtals		198 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	184 500	
5	Gjöld samtals		**198 500**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 400
1 01	Yfirstjórn	116 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		117 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 600	
52–58	Önnur gjöld	49 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	117 400	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**113 200**

08–271 Tryggingastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 809 500
1 01	Yfirstjórn	584 500	
1 10	Lífeyristryggingar	15 140 000	
1 20	Sjúkratryggingar	9 480 000	
1 30	Slysatryggingar	605 000	
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 01	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	23 000	
	Gjöld samtals		25 834 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	296 600	
52–58	Önnur gjöld	313 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 225 000	
5	Gjöld samtals	25 834 800	
4	Sértekjur	190 600	
	Mismunur		**25 644 200**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 700
1 01	Yfirstjórn	43 100	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		45 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 600	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**45 700**

08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 100
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	90 100	
Stofnkostnaður:			5 000
6 10	Fasteign	5 000	
	Gjöld samtals		95 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	21 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	42 000	
5	Gjöld samtals	95 100	
4	Sértekjur	18 500	
	Mismunur		**76 600**

08–340 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 000
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 100	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	5 400	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 700	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11 000	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 000	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
Stofnkostnaður:			20 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	20 000	
	Gjöld samtals		68 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 000	
5	Gjöld samtals		**68 000**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			27 400
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	27 400	
Stofnkostnaður:			303 700
6 60	Tækjakaup, óskipt	15 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða[1])	255 000	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	15 200	
6 93	Hlaðgerðarkot	6 000	
6 94	Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði	12 500	
	Gjöld samtals		331 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	255 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	33 700	
5	Gjöld samtals		**331 100**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			225 100
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	9 800	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	85 600	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 700	
1 37	Hjartavernd	8 200	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	46 400	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	8 200	
1 54	Erfðafræðirannsóknir	5 000	
1 60	Ljósmæðralaun	800	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 200	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 72	Bláalónsnefnd	10 000	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 200	
	Gjöld samtals		225 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	49 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	167 600	
5	Gjöld samtals	225 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**225 000**

08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 300
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	192 300	
	Gjöld samtals		192 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 500	
52–58	Önnur gjöld	81 800	
5	Gjöld samtals	192 300	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**185 100**

08–511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 700
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	34 000	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	20 700	
	Gjöld samtals		54 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 200	
52–58	Önnur gjöld	20 500	
5	Gjöld samtals	54 700	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**46 400**

08–512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 000
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	38 000	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	31 000	
	Gjöld samtals		69 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 600	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
5	Gjöld samtals	69 000	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**56 600**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 600	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	25 000	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**21 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 000
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	24 000	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	30 000	
	Gjöld samtals		54 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 300	
52–58	Önnur gjöld	8 700	
5	Gjöld samtals	54 000	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**46 400**
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 300	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
5	Gjöld samtals	100 000	
4	Sértekjur	17 400	
	Mismunur		**82 600**

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			259 700
1 01	Yfirstjórn	259 700	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		262 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	171 500	
52–58	Önnur gjöld	91 200	
5	Gjöld samtals	262 700	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**261 100**
09–990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 900
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100 000	
1 90	Markaðsátak í löndum EES	100 000	
1 91	Kostnaður við framkvæmd EES-samninga	6 900	
	Gjöld samtals		206 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**206 900**

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 000
1 01	Yfirstjórn	61 000	
	Gjöld samtals		61 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 300	
52–58	Önnur gjöld	29 700	
5	Gjöld samtals		**61 000**
10–190	**Ýmis kostnaður ráðuneytis**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 300
1 11	Skipulagsnefnd fólksflutninga	3 400	
1 12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	26 400	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	3 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 200	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	31 500	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 200	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	6 000	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO	1 000	
1 31	Landsbjörg	6 000	
1 32	Rannsóknanefnd flugslysa	2 100	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	1 200	
1 34	Flugskóli Íslands	10 000	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Ráðstefna um öryggi fiskiskipa	1 300	
	Gjöld samtals		112 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	39 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	58 900	
5	Gjöld samtals		**112 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 01	Ferðamálaráð	20 600	
Stofnkostnaður:			68 000
6 10	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		88 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals	88 600	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**87 600**

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 900
1 01	Yfirstjórn	43 900	
	Gjöld samtals		43 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 200	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals		**43 900**

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 500
1 01	Yfirstjórn	67 500	
	Gjöld samtals		67 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	32 800	
5	Gjöld samtals	67 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**66 800**

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 500
1 01	Yfirstjórn	110 300	
1 02	Sérstakar kannanir	4 900	
1 03	Manntal 1991	4 300	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		125 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 900	
52–58	Önnur gjöld	57 100	
5	Gjöld samtals	125 000	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**116 800**

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 100
1 01	Yfirstjórn	53 100	
Stofnkostnaður:			2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		55 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 200	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
5	Gjöld samtals		**55 600**
14–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 000
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	2 000	
1 20	Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	3 600	
1 21	Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	2 500	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	2 000	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	5 000	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 500	
1 25	Umhverfismerkingar	2 500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	4 000	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	3 500	
1 28	Átak í sorphirðumálum	10 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 800	
1 30	Alþjóðasamstarf	4 000	
1 32	Byggingastaðlaráð	2 000	
1 33	Mývatnsrannsóknir	4 000	
1 34	Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	3 500	
1 35	Eftirlit með gróðri- og dýralífi á norðlægum slóðum	4 000	
1 37	Gróðurkortagerð	2 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 38	Skráning skipsflaka og gamalla urðunarstaða	1 500	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	5 600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	3 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	64 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	3 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 600	
5	Gjöld samtals		**74 000**

5. gr.

Samhljóða 5. gr. á þskj. 109.

6. gr.

Samhljóða 6. gr. á þskj. 109.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	7.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	5.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	5.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	10.000	
8. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	55.000	
		101.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	40.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	50.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	5.000	
		129.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	35.000	
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Stykkishólmi	2.000	
		37.000
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
íþróttahús	10.000	
viðhald	8.000	
byggingarframkvæmdir	7.000	
		25.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		34.500
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri, 7. áfangi	45.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík	20.000	
		75.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	4.000	
2. Verkmenntaskólinn í Neskaupstað	17.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	4.500	
		30.500
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	41.000	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni, viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.000	
		76.000
Héraðsskólar, viðhald		15.500
Óskipt, viðhald		10.200
		533.700

2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	6.000	
2. Akranes, H2	15.500	
3. Ólafsvík, H2	1.000	
4. Grundarfjörður, H1	13.100	
5. Stykkishólmur, H2	8.500	
6. Patreksfjörður, H2	5.300	
7. Þingeyri, H1	6.000	
8. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	35.000	
9. Bolungarvík, sjúkrahús	2.600	
10. Blönduós, sjúkrahús og H2	13.500	
11. Siglufjörður, sjúkrahús	2.800	
12. Ólafsfjörður, H1	2.500	
13. Seyðisfjörður, sjúkrahús	1.200	
14. Eskifjörður H2	12.500	
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	11.000	
16. Laugarás, H2	3.000	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.000	
18. Hafnarfjörður, H2	14.400	
19. Kópavogur, H2	8.000	
20. Reykjavík, heilsugæslustöðvar (Árbær)	12.000	
		180.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Hvammstangi	8.000	
2. Fáskrúðsfjörður	2.500	
3. Höfn í Hornafirði	12.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	15.600	
6. Grindavík	30.000	
		74.100
		255.000

466. Frumvarp til laga [299. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikið valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði nema kveðið sé á um aðrar viðmiðanir í samningum Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra skv. a-lið 30. gr. eða í reglugerðum við lög þessi.

Greiðslumark lögbýlis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn kindakjöts mælt í tonnum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að verðlagsár fylgi almanaksári.

2. gr.

4. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og einn samkvæmt tilnefningu Landssamtaka sláturleyfishafa í landinu.

3. gr.

1. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd.

4. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

5. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofa landbúnaðarins“ í „Hagþjónusta landbúnaðarins“ og í 4. málsl. 2. mgr. 11. gr. og í 3. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

6. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Frá 1. janúar 1993 er heimilt að innheimta flutningsjöfnunargjald sem getur numið allt að 1% af heildsöluverði allra mjólkurafurða. Tekjum af gjaldi þessu skal varið til að jafna flutningskostnað af mjólk og til að veita rekstrarstyrki til einstakra búa. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og greiðslu flutningsjöfn-

unargjalda. Innheimta í Verðmiðlunarsjóð mjólkur skal frá 1. janúar 1993 miðast við ofangreint flutningsjöfnunargjald og að uppfylla skuldbindingar samkvæmt stafliðum B, C og D í ákvæðum til bráðabirgða.

7. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu verðskerðingargjalds af þeim afurðum sem lög þessi ná til. Það dregst af verði til framleiðenda. Gjald þetta má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal tekjum af því varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan. Innheimta gjaldsins er háð því að aðalfundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr.

8. gr.

21. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af úrvinnslu og heildsölukostnaði afurðastöðva í sama skyni og 20. gr. kveður á um, enda liggi fyrir ósk um gjaldtöku frá landssamtökum viðkomandi afurðastöðva nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr.

9. gr.

1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda eru tryggðar beinar greiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. sept. til 30. nóv.

10. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna breytist dagsetningin „15. október“ í: 25. október.

11. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er Stéttarsambandi bænda, að fengnu samþykki aðalfundar þess, heimilt að semja við afurðastöðvar um umsýsluviðskipti með einstakar afurðir.

12. gr.

4. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda skv. a-lið 30. gr.

13. gr.

Á eftir 5. mgr. 29. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins

getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til. Landbúnaðarráðherra setur reglur um uppgjör og verðskerðingu vegna mjólkur umfram greiðslumark.

14. gr.

6. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20.–21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

15. gr.

2. mgr. a-liðar og b-liður 30. gr. laganna falla brott og breytist stafliðaröð í greininni til samræmis við það.

16. gr.

31. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Við 39. gr. laganna, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætist ný málsgrein er verður 7. mgr., svohljóðandi:

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993–1994 samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993.

18. gr.

Við 41. gr. laganna, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætist ný málsgrein er verður 7. mgr., svohljóðandi:

Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda sé viðkomandi rétthafa tilkynnt um það, gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu og hann hafi staðfest samþykki sitt við þessari ráðstöfun.

19. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. f-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, verða svohljóðandi: Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar, sbr. 20. og 21. gr., hjá framleiðendum kindakjöts og afurðastöðvum við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs.

20. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður X. kafli, með fyrirsögninni:

Um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur 1992–1998, og breytist kafla- og greinatala í lögunum til samræmis við það, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1992. Kaflinn orðast svo:

a. (47. gr.)

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 100 milljónir lítra verðlagsárið 1992–1993, að lokinni aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur að innanlandsmarkaði. Heimilt er að færa niður heildargreiðslumark mjólkur haustið 1993 eða síðar vegna endurkomu fullvirðisréttar sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Um greiðslur fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til samræmis við úthlutað greiðslumark fer eftir samningum skv. a-lið 30. gr.

Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöð undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi ár að teknu tilliti til birgða.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

b. (48. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess eins og hann er að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði haustið 1992.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki. Greiðslumark lögbýlis breytist ekki þótt innlegg þess í afurðastöð fari umfram greiðslumarkið.

Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda sé viðkomandi rétthafa tilkynnt um það, gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu og hann hafi staðfest samþykki sitt við þessari ráðstöfun.

c. (49. gr.)

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Heimilt er þar að kveða á um að sala greiðslumarks, sem framleiðandi hefur leigt Framleiðnisjóði eða öðrum framleiðanda, sé háð því að það hafi verið nýtt til innleggs á lögbýli leigusala í allt að tvö ár fyrir sölu.

Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir aðilaskiptum að greiðslumarki frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið á sama hátt og kveðið er á um í 2. mgr. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

d. (50. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Hún greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra skal að undangengnum samningum við Stéttarsamband bænda setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beinna greiðslna vegna ónýtts greiðslumarks. Heimilt er að ákveða misháar beinar greiðslur eftir árstímum.

e. (51. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir mjólkurafurða í lok verðlagsárs of miklar að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar, sbr. 20. og 21. gr. hjá mjólkurframleiðendum og mjólkursamlögum við innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök mjólkurframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum, sem kunna að eiga umræddar afurðir, skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingar.

Þá er heimilt með samkomulagi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Fjármununum, sem sparast vegna þessa, skal varið til söluátaks á birgðum innan lands.

f. (52. gr.)

Ákvæði 45. gr. um úrskurðarnefnd gildir einnig um ágreining vegna ákvörðunar á greiðslumarki lögbýla samkvæmt þessum kafla.

Allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt/greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu mjólkur, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur.

21. gr.

56. gr. laganna verður svohljóðandi:

Framleiðsluráði landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Í slíku samkomulagi er heimilt að kveða á um verðtilfærslu til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa. Fimmmannanefnd getur gripið inn í verðtilfærslu milli afurða telji hún það nauðsynlegt. Verðtilfærsla má aldrei verða hærri fjárhæð en sem svarar hráefnisverði hverrar afurðar. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

22. gr.

Stafliðir A til K í ákvæðum til bráðabirgða falla brott og í stað þeirra koma:

A.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslur eftir landsvæðum.

B.

Heimilt er að verja á árinu 1993 allt að 250 milljónum króna úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur sem framkvæmd var 1. september 1992 og tók gildi frá og með verðlagsárinu 1992–1993. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar að því marki sem fullvirðisréttur, sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði, er tekinn í notkun á ný verðlagsárið 1992–1993. Greiðsla vegna niðurfærslu skal vera 50 kr. fyrir hvern lítra mjólkur í fullvirðisrétti.

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur skulu greiddar handhafa beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1992–1993 samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. mars 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. mars 1993.

Þá skal Framleiðnisjóður bæta niðurfærslu sem nauðsynleg kann að verða vegna þess greiðslumarks (fullvirðisréttar) sem losnar úr leigu hjá sjóðnum verðlagsárið 1993–1994 eða síðar.

C.

Heimilt er að verja á árunum 1993–1995 allt að 450 milljónum króna úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að styrkja úreldingu mjólkurbúa eða hagræðingu í mjólkuriðnaði samkvæmt sérstökum reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Heimilt er að veita styrki til búháttabreytinga af ofangreindri fjárhæð á búum sem liggja fjarri afurðastöð og til búa þar sem flutningskostnaður vex verulega vegna úreldingar mjólkurbús.

D.

Heimilt er á árinu 1993 að verja allt að 175 milljónum króna úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að standa straum af hluta kostnaðar við niðurgreiðslu á birgðum mjólkurvara sem til staðar verða í árslok 1992.

E.

Fram til 31. ágúst 1993 skal tilkynna viðkomandi búnaðarsambandi ef selja á greiðslumark til framleiðslu mjólkur út af svæði þess. Þá skulu aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu í fjórar vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt skal andvirði greiðslumarksins staðgreitt eða fullnægjandi trygging sett að mati seljanda.

F.

Á verðlagsárinu 1992–1993 skulu beinar greiðslur til framleiðenda mjólkur á lögbýlum miðast við þann hluta greiðslumarks sem ónotaður er 1. janúar 1993.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga þessara um greiðslumark og beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur og sauðfjárafurða á lögbýlum falla úr gildi 31. ágúst 1998 nema samningur hafi verið gerður á grundvelli a-liðar 30. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Hefur verið unnið að gerð þess í landbúnaðarráðuneytinu og haft samráð við Stéttarsamband bænda, en tilgangur frumvarpsins er einkum sá að gera nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda um stjórnun mjólkurframleiðslu. Samningurinn var undirritaður 16. ágúst 1992 og gerður á grundvelli 7. gr. í svokölluðum búvörusamningi sem undirritaður var 11. mars 1991 og a-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 6. gr. laga nr. 5/1992. Gildistími samningsins er 1. september 1992 til 31. ágúst 1998, nema um annað verði samið. Um efni samningsins vísast til fskj. I með frumvarpi þessu.

Af hálfu Stéttarsambands bænda var samningur um stjórn mjólkurframleiðslunnar undirritaður með fyrirvara um samþykki aðalfundar þess, en þar var hann samþykktur 28. ágúst sl. Af hálfu ríkisstjórnar Íslands var samningurinn undirritaður af landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar vegna þessa samnings.

Í athugasemdum með frumvarpi til breytinga á búvörulögum, sem lagt var fram á Alþingi sl. vetur, kom fram að stefnt væri að því að taka búvörulögin til heildarendurskoðunar og leggja fram frumvarp þess efnis haustið 1992. Á því verður hins vegar einhver dráttur, m.a. vegna þess að svokölluð sjömannanefnd hefur ekki skilað lokaskýrslu sinni sem höfð yrði til hliðsjónar við heildarendurskoðun búvörulaga.

Helstu breytingar, sem felast í samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu, eru einkum:

Útflutningsbætur eru felldar niður.

Ein stærsta breytingin er sú að stuðningi ríkissjóðs við útflutning mjólkurvara er hætt frá og með 1. september 1992 vegna afurða sem framleiddar eru eftir þann tíma. Ríkissjóður ábyrgist að birgðir mjólkurvara 1. september 1992 verði ekki umfram ígildi 16 milljóna lítra mjólkur.

Verðábyrgð ríkissjóðs er felld niður.

Horfið er frá verðábyrgð ríkissjóðs á umsömdu ákveðnu magni mjólkur með samningi um stjórnun mjólkurframleiðslunnar sem felur í sér beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur á lögbýlum. Framleiðsla eftir 1. september 1992 er því á ábyrgð framleiðenda og afurðastöðva.

Beinar greiðslur til bænda koma í stað niðurgreiðslna.

Í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi koma nú beinar greiðslur til bænda. Núverandi fyrirkomulag á niðurgreiðslum fellur niður á verði mjólkur sem framleidd er eftir 1. janúar 1993. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á sérstakar niðurgreiðslur fjármálaráðuneytis á hluta virðisaukaskatts. Beinar greiðslur til mjólkurframleiðenda hefjast vegna framleiðslu eftir 1. janúar 1993.

Beinar greiðslur til bænda greiðast út á greiðslumark sem ákveðið verður árlega og byggist á neyslu innlendra mjólkurvara hér á landi. Bændur, sem hafa haft fullvirðisrétt í núverandi kerfi, fá hlutfallslegan rétt miðað við innanlandsneyslu. Réttur þeirra til beinna greiðslna nefnist greiðslumark og er mælt í lítrum mjólkur. Heildargreiðslumark hækkar eða lækkar í samræmi við breytingar á innanlandsneyslu mjólkurvara eftir vissum reglum. Meginatriðið er að heildargreiðslumark er tengt innanlandsmarkaði. Verði framleiðsla mjólkurvara eitthvert ár umfram sölu þannig að birgðir aukast kemur mismunur til lækkunar heildargreiðslumarki næsta árs og öfugt. Bændum verða heimiluð aðilaskipti að greiðslumarki sem ætti að stuðla að hagræðingu í greininni og auðvelda búháttabreytingar. Afurðaverð mjólkur til framleiðenda verður eftir þessar breytingar þeim mun lægra sem beinum greiðslum nemur en þeim er ætlað að svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur.

Ákvörðun afurðaverðs.

Gert er ráð fyrir að byggt verði áfram á núverandi verðlagningarkerfi. Í samningnum er þó gert ráð fyrir að verðlagningarkerfi mjólkurafurða verði endurskoðað fyrir árslok 1994.

Brottfall verðmiðlunar og flutningsjöfnun.

Samkvæmt 19. gr. búvörulaga nr. 46/1985 skal innheimta verðmiðlunargjald af heildsöluverði mjólkur að hámarki 5,5% og er því varið til þess að jafna afkomu mjólkursamlaga og gera kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í dag er verðmiðlunargjald 2,77 kr. á lítra eða 3,91% af óniðurgreiddu heildsöluverði án verðtilfærslu og verðmiðlunargjalda. Þetta samsvarar um það bil 280 milljóna króna innheimtu á ári miðað við 100 milljóna lítra framleiðslu. Um verðmiðlun vísast að öðru leyti í kafla 5 í fskj. II.

Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá innheimtu verðmiðlunargjalda 31. desember 1992, en þó verði gjöldin innheimt lengur að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla skuldbindingar Verðmiðlunarsjóðs um greiðslu allt að 250 milljónum króna fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar og allt að 450 milljónum króna til að styrkja úreldingu mjólkurbúa eða hagræðingu í mjólkuriðnaði.

Þá er gert ráð fyrir að í stað verðmiðlunargjalda komi flutningsjöfnunargjald til að jafna flutningskostnað af mjólk og veita rekstrarstyrki til einstakra búa og geti það numið allt að 1% af heildsöluverði allra mjólkurafurða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerð verði breyting á orðskýringum sem komu inn í lögin með 1. gr. laga nr. 5/1992, en þar voru hugtökin einungis skýrð með tilliti til framleiðslu sauðfjárafurða einna. Bætt hefur verið inn í orðskýringar atriðum sem snerta framleiðslu mjólkur.

Þá er kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti ákveðið að verðlagsár fylgi almanaksári.

Um 2. gr.

Breytingin, sem felst í þessari grein, er sú að í stað félagsráðs Osta- og smjörsölunnar, sem hefur verið lagt niður, skulu Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði tilnefna einn

mann í Framleiðsluráð landbúnaðarins. Jafnframt skulu landssamtök sláturleyfishafa tilnefna einn, en áður skyldu allir sláturleyfishafar í landinu gera það. Við lagasetninguna 1985 voru heildarsamtök þessara aðila ekki til staðar.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um fimm manna framkvæmdanefnd Framleiðsluráðs og jafnmarga til vara. Breytingin felst í að binda ekki þessa tölu.

Um 4. gr.

Með lögum nr. 63/1989 var Búreikningastofa landbúnaðarins lögð niður og við hlutverki hennar tók Hagþjónusta landbúnaðarins.

Um 5. gr.

Sjá 4. gr.

Um 6. gr.

Í áliti sjömannanefndar er lagt til að verðmiðlun milli mjólkurbúa verði afnumin, en einungis heimiluð flutningsjöfnun á mjólk, ýmist að afurðastöð eða frá afurðastöð á markað. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita rekstrarstyrki til einstakra mjólkurbúa sem hagkvæmt þykir eða rétt að starfrækja af landfræðilegum ástæðum en ekki hafa sjálfstæðan rekstrargrundvöll. Heildarinnheimta gjalds í þessu skyni nemi að hámarki 1% af heildsöluverði mjólkurafurða. Grein þessi er í samræmi við ofangreindar tillögur.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við grein 6.2. og bókun IX í samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu. Hér er kveðið á um heimild til landbúnaðarráðherra til að ákveða innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af afurðum sem lögin taka til. Skilyrði fyrir innheimtu gjaldsins er að fyrir liggi ósk þess efnis frá aðalfundi Stéttarsambands bænda. Gert er ráð fyrir að hámark gjaldsins verði 5% af afurðaverði til framleiðenda frá afurðastöð.

Gjaldtaka þessi er hugsuð til að gefa framleiðendum svigrúm til markaðsaðgerða ef þeir telja nauðsyn á, hvort heldur er til sölu innan lands eða á erlendum mörkuðum ef óhjákvæmilegt er. Heimildin hér kemur og í stað hliðstæðrar heimildar í f-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, en þar á hún einungis við kindakjöt og er bundin því að birgðir þess hafi aukist umfram tiltekið magn á liðnu verðlagsári.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða heimild til sams konar gjaldtöku af úrvinnslu- og heildsöluliðum afurðastöðva og 7. gr. gerir ráð fyrir af verði til bænda. Eðlilegt þykir að afurðastöðvarnar deili ábyrgð með bændum þegar um nauðsynlegar markaðsaðgerðir er að ræða. Á sama hátt og í 7. gr. er gert ráð fyrir að samtök afurðastöðva þurfi að leita eftir við ráðherra að heimildinni sé beitt, nema í þeim tilvikum þegar verið er að losa um umframbirgðir síðasta árs.

Um 9. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða á 1. málsl. þessarar greinar. Í staðinn fyrir „tryggt

fullt verð fyrir“ kemur: tryggðar beinar greiðslur fyrir, sem er vegna þess að verðábyrgðin fellur niður, en beinar greiðslur koma í staðinn. Þá er bætt inn um greiðsluskyldu afurðastöðva að skylda þeirra til að greiða fullt verð miðist við afurðir innan greiðslumarks.

Um 10. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir að frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skuli greidd í síðasta lagi 25. október í stað 15. október. Núverandi ákvæði veldur erfiðleikum í framkvæmd, m.a. vegna afgreiðslu afurðalána. Fyrri dagsetningin þykir ekki raunhæf.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þrátt fyrir hina almennu staðgreiðsluskyldu laganna sé Stéttarsambandi bænda heimilt að semja við afurðastöðvar um annan greiðslumáta fyrir tilteknar afurðir. Annað þykir ekki fært þegar verðábyrgð ríkisins fellur niður.

Um 12. gr.

Gildandi lög kveða á um að greiðsluskylda afurðastöðva nái að efri mörkum greiðslumarks sem er í samræmi við ákvæði búvörusamnings frá 11. mars 1991 um kindakjöt. Í samningi um mjólkurframleiðsluna eru öðruvísi ákvæði og því er sú breyting gerð til einföldunar að vísa til ofannefndra samninga varðandi greiðslur fyrir afurðir umfram greiðslumark en innan efri marka þess. Eðlilegt er að unnt sé að breyta slíkum samningsákvæðum án þess að lagabreytingu þurfi til.

Þá er fellt niður úr greininni þar sem segir: „Sama gildir um slátur, gærur og ull vegna þessarar framleiðslu“.

Um 13. gr.

Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði um mjólk og er í 5. mgr. 29. gr. um kindakjöt. Þó er ekki gert ráð fyrir að framleiðandi þurfi sérstaklega að semja fyrir fram um innlegg umfram efri mörk, heldur ráðist greiðslur fyrir slíkt innlegg af lokauppgjöri fyrir landið og hvort það fellur innan eða utan heildargreiðslumarks.

Um 14. gr.

Þessi breyting er gerð til samræmis við 7. og 8. gr. frumvarpsins og felur ekki í sér aðrar efnisbreytingar en þar hafa verið skýrðar.

Um 15. gr.

Hér er numið úr gildi ákvæði um að ríkissjóður skuli greiða framleiðendum mismun á fullu verði og því verði sem fæst við sölu búvara erlendis þar sem samið hefur verið um afnám útflutningsbóta. Þá er b-liður greinarinnar úreltur eftir að samið hefur verið um breytt fyrirkomulag framleiðslustjórnunar og verðábyrgð felld niður.

Um 16. gr.

Með breytingu á lögum nr. 5/1992 var kveðið á um skipan úrskurðarnefndar sem leysir af hólmi nefnd skv. 31. gr. og frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fjalli jafnframt um ágreining varðandi greiðslumark til mjólkurframleiðslu, sbr. f-lið 20. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í viðauka I með búvörusamningi frá 11. mars 1991 er kveðið á um niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að því marki sem kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti nægja ekki til að ná settum markmiðum um aðlögun að innanlandsmarkaði. Gert er ráð fyrir að niðurfærslan verði í tveimur áföngum, þ.e. fyrri niðurfærsla haustið 1991 og seinni niðurfærsla haustið 1992. Kveðið er á um greiðslur fyrir niðurfærslu, þ.e. 450 kr. á kg í þeirri fyrri og 380 kr. í þeirri seinni. Niðurfærslan var mjög mismunandi eftir búmarkssvæðum, á bilinu 1,35–27,9%, einkum vegna þess hve mismikið var selt af fullvirðisréttinum til ríkissjóðs. Greiðslur vegna niðurfærslunnar á að inna af hendi í janúar 1993, sbr. 4. tölul. í viðauka I. Í niðurfærslu fullvirðisréttar felst fyrst og fremst tekjutap og skerðing á afkomumöguleikum framleiðandans, þ.e. ábúandans á lögbýlinu.

Hér er lagt til að bætur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar verði greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993 sem í flestum tilfellum er jafnframt ábúandi og eigandi lögbýlisins og eigandi bústofnsins. Sama gildir þegar lögbýli er í leiguábúð, en hins vegar geta ábúandi og eigandi lögbýlisins komið sér saman um annan greiðsluhátt og tilkynnt landbúnaðarráðuneytinu um það fyrir 31. janúar 1993.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 19. gr.

Sú breyting, sem hér um ræðir, er til samræmis við 7. og 8. gr. frumvarpsins og vísast til skýringa með þeim.

Um 20. gr. a. (47. gr.)

Heildargreiðslumark mjólkur er það magn mjólkur sem beinar greiðslur ríkissjóðs til bænda miðast við. Hér er mælt fyrir um hvernig það er ákveðið og lagt til að það verði 100 milljónir lítra á verðlagsárinu 1992–1993. Það er sala á innanlandsmarkaði sem heildargreiðslumarkið ræðst fyrst og fremst af. Minni sala og auknar birgðir mjólkurvara koma til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs og aukin sala til hækkunar á því. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla, en greiðslumark lögbýla á verðlagsárinu 1992–1993 er ákveðið skv. b-lið 20. gr. frumvarpsins. Miðað er við að sá sem skráður er fyrir greiðslumarki lögbýlis fái beinar greiðslur úr ríkissjóði er nemi 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur.

Um 20. gr. b. (48. gr.)

Heildargreiðslumarkið skiptist í greiðslumark lögbýla. Það er því forsenda fyrir beinum greiðslum ríkissjóðs að framleiðslan fari fram á lögbýlum.

Í greiðslumarki lögbýla felst í raun að lögbýlið öðlast hlutdeild í markaði mjólkurvara innan lands og hlutdeild í fjárframlagi sem ríkissjóður leggur fram til að tryggja framleiðendum að hluta fullt verð fyrir framleiðsluna. Í hugtakinu felst því ekki framleiðsluheimild eða framleiðsluréttur vegna þess að ekkert stendur í vegi fyrir því samkvæmt búvörulögum eftir 1. september 1992 að framleiðendur og/eða afurðastöðvar geri samning um útflutning á framleiðslu sem er umfram greiðslumark lögbýla eða framleiðslu þeirra sem ekki hafa greiðslumark.

Samkvæmt 1. mgr. er við það miðað að greiðslumark verði bundið við lögbýli og telst

því þeim einum til hagnýtingar eða ráðstöfunar sem er eigandi lögbýlis eða hefur heimild hans til að nýta lögbýlið. Miðað er við að leiguliði á lögbýli hafi rétt til að hagnýta sér greiðslumarkið til innleggs og beinna greiðslna. Ef í gildi er ábúðarsamningur um lögbýlið er hvorum um sig, eiganda eða ábúanda, óheimilt á grundvelli hans að ráðstafa greiðslumarki lögbýlisins til annars lögbýlis. Á því er byggt að almenna reglan verði sú að aðeins einn aðili verði skráður handhafi beinna greiðslna á hverju lögbýli.

Að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði breytist greiðslumark lögbýla ár frá ári í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki og með hliðsjón af aðilaskiptum að greiðslumarki.

Um 20. gr. c. (49. gr.)

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 4.2. í samningnum. Hér er kveðið á um að heimilt verði að hafa aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla með þeim skilyrðum sem ráðherra kann að setja í reglugerð. Þau taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir, en það verður að gæta allra formreglna um aðilaskiptin sem lög og reglugerðir kveða á um, svo sem að aflað hafi verið samþykkis allra hlutaðeigandi aðila, eiganda og ábúanda lögbýlisins eftir því sem við á. Ekki er gert ráð fyrir því að heimiluð verði afnot (leiga) á greiðslumarki heldur þurfi þar að vera um að ræða varanlegt framsal. Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 20. gr. d. (50. gr.)

Hér er kveðið á um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur á lögbýlum og er viðmiðun þeirra 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur miðað við greiðslumark lögbýlisins.

Beinum greiðslum er ætlað að koma í stað niðurgreiðslna á mjólkurvörum og er tilgangur þeirra einkum sá að lækka vöruverð til neytenda og að vera nokkurs konar afkomutrygging fyrir mjólkurbændur og tryggja með því búsetu í sveitum landsins.

Beinar greiðslur eru framlag úr ríkissjóði en ekki greiðsla fyrir afurðir og er því miðað við að virðisaukaskattur leggist ekki á þær. Beinar greiðslur skulu nema 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur og koma til lækkunar á afurðaverði til framleiðenda við gerð verðlagsgrundvallar.

Um 20. gr. e. (51. gr.)

Hér vísast til skýringa með 7. og 8. gr. frumvvarpsins.

Um 20. gr. f. (52. gr.)

Hér er kveðið á um að sama úrskurðarnefnd og starfar skv. 45. gr., sbr. g-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, fjalli einnig um ágreining vegna greiðslumarks lögbýlis til framleiðslu mjólkur.

Í 1. mgr. er kveðið á um að allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt/greiðslumark til framleiðslu mjólkur til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu mjólkur, séu háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér. Allir þessir aðilar verða því að lúta þeim breytingum sem felast í niðurfærslu fullvirðisréttar og breytingu á honum í greiðslumark.

Um 21. gr.

Grein þessi er til breytinga á 56. gr. gildandi laga sem kveður á um skyldu Fram-

leiðsluráðs og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að gera með sér verkaskiptasamkomulag.

Breytingin felst í því að afurðastöðvum verði nú frjálst hvort þær skipta með sér verkum við framleiðslu eða starfa algerlega sjálfstætt. Geri þær með sér samkomulag um verkaskiptingu verði jafnframt heimilt að beita verðtilfærslu, að ákveðnu hámarki þó, til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda.

Þessi breyting er í samræmi við álit sjömannanefndar, þar sem áhersla er lögð á að afurðastöðvum skuli vera frjáls aðild að verðtilfærslu. Í ljósi þess að vænta má erlendrar samkeppni við mjólkuriðnaðinn þykir þó eðlilegt að afurðastöðvarnar hafi áfram möguleika á að starfa saman, ef þær svo kjósa, til að styrkja samkeppnisstöðu sína.

Um 22. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum eru nú öll úrelt utan stafliður I, sbr. lög nr. 5/1992, sem hér er tekinn upp sem stafliður A.

Um A.

Þetta ákvæði er það sama og bætt var inn í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 5/1992.

Um B.

Ákvæði þetta er í samræmi við grein 1.5. í viðauka I í samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu og grein 9.2 í áfangaskýrslu sjömannanefndar um mjólkurframleiðslu. Vegna aðlögunar mjólkurframleiðslu að innanlandsmarkaði var fullvirðisréttur allra framleiðenda til framleiðslu mjólkur færður niður um 4,4% haustið 1992. Samanlagt greiðslumark sem heimilt er að nýta til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1992–1993 er 100 milljónir lítra. Auk þess eru um 2,5 milljónir lítra bundnar í leigu hjá Framleiðnisjóði og er gert ráð fyrir að hluti þess réttar komi inn í framleiðslu aftur og á þá að færa niður greiðslumark lögbýla aftur vegna endurkomu slíks réttar ef nauðsynlegt reynist með hliðsjón af innanlandsmarkaði mjólkur.

Í a-lið 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði, þ.e. niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur og í samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 16. ágúst 1992, grein 1.4. í viðauka I, er kveðið á um að bætur vegna niðurfærslu skuli vera 50 kr. á hvern lítra og greiðast 31. mars 1993 úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur. Í niðurfærslu fullvirðisréttar felst fyrst og fremst tekjutap og skerðing á afkomumöguleikum framleiðandans, þ.e. ábúandans á lögbýlinu.

Hér er lagt til að bætur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar haustið 1992 verði greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna á lögbýlinu samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. mars 1993 sem í flestum tilfellum er jafnframt ábúandi og eigandi lögbýlisins og eigandi bústofnsins. Sama gildir þegar lögbýlið er í leiguábúð, en hins vegar geta ábúandi og eigandi lögbýlisins komið sér saman um annan greiðsluhátt og tilkynnt landbúnaðarráðuneytinu um það fyrir 31. mars 1993.

Um C.

Ákvæði þetta er í samræmi við grein 9.3 í áfangaskýrslu sjömannanefndar um mjólkurframleiðslu og bókun I, VII og VIII í samningi um mjólkurframleiðslu.

Um D.

Með því að niðurgreiðslur leggjast af um næstu áramót og við taka beinar greiðslur til bænda verða eftir óniðurgreiddar birgðir sem áætlað er að samsvari 12–14 milljónum lítra mjólkur. Ríkissjóður þarf samkvæmt áætlun að leggja fram u.þ.b. 350 m.kr. til að ljúka niðurgreiðslu birgðanna. Í fjárlagafrumvarpi 1993 er við það miðað að skipta þessum greiðslum á tvö ár og fjármagna helminginn með greiðslu úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur sem gert er ráð fyrir að endurgreiðist á árinu 1994.

Um E.

Ákvæði þetta er í samræmi við grein 4.3. í samningi um mjólkurframleiðsluna frá 16. ágúst 1992.

Um F.

Þetta ákvæði er sett inn til að taka af öll tvímæli um að beinar greiðslur vegna janúar til ágúst 1993 skuli miðast við þann hluta greiðslumarks verðlagsársins 1992–1993 sem óráðstafað er um áramót.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM STJÓRNUN MJÓLKURFRAMLEIÐSLU.

Landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Stéttarsamband bænda gera með sér eftirfarandi samning um mjólkurframleiðslu, sem byggir á búvörusamningi, sem undirritaður var 11. mars 1991 og er nánari útfærsla á 7. gr. hans.

1. gr.

Um hugtök.

1.1. Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er skv. 2. gr. og skiptist í greiðslumark lögbýla.

1.2. Greiðslumark lögbýla er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli, sbr. 3.2. og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

2. gr.

Heildargreiðslumark mjólkur.

2.1. Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu næsta verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöð undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi ár að teknu tilliti til birgða. Miða skal við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða skv. ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins, þannig að birgðir aukist, kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst.

2.2. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár.

2.3. Heildargreiðslumark mjólkur verðlagsárið 1992 - 1993 skal vera 100 milljónir lítra (eitthundrað milljónir lítra).

3. gr.

Greiðslumark lögbýla.

3.1. Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal einn framleiðandi vera skráður fyrir því, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða.

3.2. Greiðslumark hvers lögbýlis verður í upphafi, þ.e. verðlagsárið 1992 - 1993, jafnt fullvirðisrétti þess, eins og hann verður að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði, sbr. viðauka I, að teknu tilliti til keypts og selds fullvirðisréttar. Síðan breytist greiðslumark í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

3.3. Greiðslumark lögbýlis breytist ekki þótt innlegg þess í afurðastöð fari umfram greiðslumarkið.

4. gr.

Skráning og viðskipti með greiðslumark.

4.1. **Skráning.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks og færa jafnóðum þær breytingar sem á því verða. Viðskipti með greiðslumark taka gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir, enda hafi verið gætt tímabundins ákvæðis um forkaupsrétt, sbr. 4.3.

Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár fellur það niður. Óski rétthafi eftir að halda greiðslumarki á jörð sinni án þess að nýta það til framleiðslu getur hann lagt það inn til geymslu út gildistíma samnings þessa. Greiðslumark þetta skal sæta sömu breytingum og annað greiðslumark.

4.2. **Viðskipti.**

Frá 1. september 1992 eru kaup og sala greiðslumarks heimil. Rétthafa greiðslumarks (fullvirðisréttar) sem bundið er í leigusamningum hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu á ný eftir lok leigutíma, enda hafi hann til þess fullgilt starfsleyfi. Sé það gert og framleiðslu haldið úti full tvö ár er heimilt að selja greiðslumarkið að því marki sem það hefur verið nýtt til innleggs. Sömu reglur gilda um fullvirðisrétt/greiðslumark sem bundið er í leigusamningum sem gerðir voru fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988. Þó er þeim sem gert hafa slíka samninga heimilt að breyta þeim í kaupsamninga. Sé ábúandi annar en eigandi þarf samþykki beggja fyrir sölu. Eigendaskipti á greiðslumarki geta aðeins tekið gildi um verðlagsáramót. Þó geta slík skipti vegna verðlagsársins 1992-1993 átt sér stað fram til 1. janúar 1993.

4.3. **Tímabundið ákvæði um forkaupsrétt.**

Eigi að selja greiðslumark út af búnaðarsambandssvæði skal tilkynna það viðkomandi búnaðarsambandi. Skal söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Eiga aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu þá forkaupsrétt að greiðslumarkinu í fjórar vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt skal andvirði greiðslumarksins staðgreitt eða fullnægjandi trygging sett að mati seljanda. Ákvæði þessi gilda á tímabilinu frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

5. gr.

Afurðaverð.

5.1. **Ákvörðun afurðaverðs.**

5.1.1. Verðlagningu skal hagað í samræmi við gildandi ákvæði 7. - 12. gr. laga nr. 46/1985. Ákvæðum um verðlagningu skal þó breytt þannig að heimilt verði að breyta

verðlagstímabilum. Taka skal kerfi verðlagningar mjólkurafurða til endurskoðunar sem lokið skal fyrir árslok 1994.

5.1.2. Á árunum 1992 til 1994 skal færa niður framreiknaðan verðlagsgrundvöll mjólkur sem hér segir: Á árinu 1992 verði gerð 1% framleiðnikrafa sem skal þó ekki leiða til verðlækkunar á árinu 1992. Það sem eftir kann að standa af framleiðnikröfu ársins flytjist til ársins 1993. Árin 1993 og 1994 skal framreiknaður verðlagsgrundvöllur eins og hann var 1. mars 1992 einnig færður niður um 2% hvort ár. Á árunum 1993 og 1994 skal þetta framkvæmt þannig að ekki komi til verðlækkunar vegna framleiðnikrafna fyrr en við síðustu verðlagningu ársins 1993 og þá því aðeins að tilefni sé til að minnsta kosti 0,6% verðlækkunar, ella bætist mismunurinn við framleiðnikröfu ársins 1994. Ekki skal koma til verðhækkana árið 1993 nema tilefnið sé að minnsta kosti 0,6%.

Við framreikning á verðlagsgrundvelli mjólkur skal ekki taka tillit til breytinga á verði eða magni nautgripakjöts. Verði á árunum 1992-1994 veruleg breyting á „sérstökum greiðslum" ríkisins vegna nautgripakjöts sem raskar markaðshlutdeild þess, geta samningsaðilar þó komið sér saman um að nauðsynleg verðlækkun á nautgripakjöti til að mæta þeirri röskun komi til lækkunar á ofangreindum framleiðnikröfum allt að einu prósentustigi.

5.2. **Greiðslur ríkissjóðs.**

5.2.1. Bein greiðsla er greiðsla úr ríkissjóði til framleiðanda, sem skráður er fyrir greiðslumarki og skal svara til 47.1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, að teknu tilliti til framleiðnikröfu sbr. 5.1.2. Landbúnaðarráðherra og Stéttarsamband bænda skulu semja um greiðslutilhögun og fráviksmörk beinna greiðslna fyrir upphaf hvers verðlagsárs.

5.2.2. Beinar greiðslur koma í stað niðurgreiðslna á mjólk og mjólkurafurðum, og skulu niðurgreiðslur falla niður þegar beinar greiðslur hefjast, 1. janúar 1993, sbr. þó 6.1. Þetta á þó ekki við um sérstakar endurgreiðslur fjármálaráðuneytis á hluta virðisaukaskatts. Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega. Á verðlagsárinu 1992-1993 skulu beinar greiðslur miðast við þann hluta greiðslumarks sem ónotaður er 1. janúar 1993.

5.3. **Greiðslur afurðastöðva.**

5.3.1. Greiðslur afurðastöðva til framleiðenda skulu svara til 52.9% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi fyrir innlegg innan greiðslumarks að teknu tilliti til framleiðnikröfu, sbr. 5.1.2. Um greiðslur afurðastöðva til framleiðenda fer eftir gildandi ákvæðum l. nr. 46/1985. Við uppgjör í afurðastöð skal framleiðsla undir þeim mörkum greiðslumarks sem samið er um, skv. fylgiskjali með samningi þessum, njóta forgangs eftir því sem ónotað greiðslumark gefur tilefni til.

5.3.2. Afurðir umfram þau mörk sem samið er um, greiðast samkvæmt sérstöku samkomulagi afurðastöðvar og framleiðanda og skulu markaðsfærðar erlendis. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til.

6. gr.

Sala og birgðahald.

6.1. Ríkissjóður ábyrgist að birgðir mjólkurvara þann 1. september 1992 verði ekki umfram ígildi 16 milljóna lítra mjólkur. Niðurgreiðslur skulu koma á mjólkurvörur sem seldar

verða á tímabilinu frá 1. september 1992 til 31. desember 1992 og birgðir þegar beingreiðslur hefjast þannig að unnt sé að selja þær á sama verði og mjólkurvörur, sem framleiddar eru eftir 1. janúar 1993.

6.2. Verði um óæskilega birgðasöfnun að ræða eða ef markaðsaðstæður krefjast getur landbúnaðarráðherra, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveðið töku verðjöfnunargjalds af afurðaverði til bænda, til að standa straum af kostnaði við sölustarfsemi og afsetningu birgða. Gjald þetta má ekki koma til hækkunar á útsöluverði mjólkurvara.

7. gr.

Endurskoðun samnings.

7.1. Um endurskoðun samnings þessa fer eftir 10. gr. samnings um „Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt", dags. 11. mars 1991.

8. gr.

Framkvæmd.

8.1. Samningur þessi er gerður á grundvelli ákvæða í a - lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 6. gr. laga nr. 5/1992. Hann gildir fyrir verðlagsárin 1. september 1992 til 31. ágúst 1998, nema um annað verði samið.

8.2. Um framkvæmd samnings þessa fer að öðru leyti eftir 11. gr. samnings um „Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt", dags. 11. mars 1991.

Reykjavík, 16. ágúst 1992

F.h. Stéttarsambands bænda	F.h. ríkisstjórnar Íslands
(Með fyrirvara um samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda).	(Með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis).
Haukur Halldórsson, form.	Halldór Blöndal, landbúnaðarráðherra
Arnór Karlsson	
Guðmundur Lárusson	Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra
Guðmundur Þorsteinsson	
Þórólfur Sveinsson	

VIÐAUKI I.

Aðlögun fullvirðisréttar í mjólkurframleiðslu að innanlandsmarkaði.

Aðilar samnings þessa eru sammála um eftirfarandi atriði til að laga núverandi fullvirðisrétt að innanlandsmarkaði.

1. **NIÐURFÆRSLA FULLVIRÐISRÉTTAR.**

1.1. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal gera sérstaka skrá um fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur á lögbýlum, sem birta skal eigi síðar en 15. september 1992. Við gerð þeirrar skrár skal gæta þess að fullvirðisréttur, sem lagður hefur verið inn til leigu hjá búnaðarsambandi eða leigður á milli einstaklinga, sé skráður hjá leigusala.

Um úthlutanir búnaðarsambanda fer eftir fullvirðisréttarskrá verðlagsársins 1991-1992. Þau búnaðarsambönd sem nýttu sér heimild 1. og 2. tl. 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 262/1991 til endurúthlutunar skulu tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um endanlega úthlutun á sínu svæði eigi síðar en 1. september 1992. Miðað skal við að þessi fullvirðisréttur verði skráður á sama lögbýli og hann var skráður verðlagsárið 1991-1992 nema sérstök rök mæli með öðru að mati búnaðarsambands.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. september 1992 um fullvirðisrétt sem tekinn verður í notkun á ný verðlagsárið 1992-1993 að liðnum leigutíma og þá leigusamninga sem breytast munu í kaupsamninga og falla þannig út af sérstakri fullvirðisréttarskrá.

Þau 20% fullvirðisréttar sem haldið var eftir við sölu á milli framleiðenda og skráð voru hjá seljanda, sbr. 2. tl., 1. mgr. 6. gr. rg. nr. 262/1991, falla niður 31. ágúst 1992.

1.2. Þann 1. september 1992 verður heildarfullvirðisréttur að frátöldum þeim fullvirðisrétti sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins færður niður að heildargreiðslumarki mjólkur verðlagsárið 1992 - 1993, þ.e. í 100 milljónir lítra. Fullvirðisréttur/greiðslumark sem áfram verður bundinn í leigusamningum við Framleiðnisjóð skal taka sömu breytingum og annar fullvirðisréttur/greiðslumark.

1.3. Fullvirðisréttur hvers lögbýlis að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta 31. ágúst 1992 verður færður niður um sama hlutfall og heildarfullvirðisréttur.

1.4. Bætur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar, þ.m.t. réttar sem bundinn er í leigu hjá Framleiðnisjóði, skulu vera kr. 50 á hvern lítra og greiðast 31. mars 1993 úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur.

1.5. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal greiða 50 kr/lítra fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar sem nauðsynleg er til að vega upp þann rétt, sem losnar úr leigu hjá sjóðnum 1. september 1992. Samningsaðilar og stjórn Framleiðnisjóðs skulu leita samkomulags um hvernig sjóðurinn mætir frekari skuldbindingum skv. gr. 7.4. í búvörusamningi dags. 11. mars 1991. Þurfi að koma til niðurfærslu á greiðslumarki haustið 1993 eða síðar vegna endurkomu fullvirðisréttar sem bundinn er í leigu hjá Framleiðnisjóði skal sú niðurfærsla bætt á markaðsverði.

Reykjavík, 16. ágúst 1992

F.h. Stéttarsambands bænda

(Með fyrirvara um samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.
Arnór Karlsson
Guðmundur Lárusson
Guðmundur Þorsteinsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

(Með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis).

Halldór Blöndal, landbúnaðarráðherra

Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra

BÓKUN I
Hagræðing á vinnslustigi.

Aðilar eru sammála um að forsenda þeirra hagræðingarkröfu sem mjólkurframleiðendur taka á sig með samningi þessum sé að jafnhliða verði gerður samningur við Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði um hagræðingarmarkmið fyrir mjólkuriðnaðinn. Í samningi þessum skal jafnframt kveðið á um ráðstöfun fjármagns úr verðmiðlunarsjóði til úreldingar mjólkurbúa, til styrkja vegna hagræðingar og önnur þau atriði er varða starfsumhverfi mjólkuriðnaðarins.

BÓKUN II
Lagabreytingar.

Aðilar eru sammála um að leitað sé þeirra lagaheimilda sem samningur þessi útheimtir.

BÓKUN III
Afleysingar.

Aðilar eru sammála um að á árinu 1993 greiði ríkissjóður kr. 10 milljónir, 1994 kr. 12,5 milljónir og 1995 kr. 15 milljónir, til að koma á fót og styrkja afleysingar hjá kúabændum vegna töku orlofs og frídaga. Greiðslurnar taki mið af almennum verðbreytingum í landinu.

BÓKUN IV
Tryggingargjald.

Aðilar eru sammála um að skilgreina beri rétt bænda til atvinnuleysisbóta og launatryggingar vegna gjaldþrota í samræmi við álagt tryggingagjald.

BÓKUN V
Kostnaður.

Aðilar eru sammála um að nauðsynleg útgjöld vegna kynningar og umsjónar með framkvæmd samnings þessa skuli teljast til útgjalda við þá aðlögun að innanlandsmarkaði sem mælt er fyrir um í honum.

BÓKUN VI
Bjargráðasjóður.

Aðilar eru sammála um að óska eftir því að lög nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð verði tekin til endurskoðunar m.a. með það að markmiði að kostnaður við tryggingar í landbúnaði geti lækkað.

BÓKUN VII

Mjólkurframleiðendur á jörðum sem liggja fjarri afurðastöð eða eru úrleiðis skulu eiga kost á framlagi úr verðmiðlunarsjóði vegna úreldingar framleiðsluaðstöðu.

BÓKUN VIII

Heimilt er að veita bændum styrk til úreldingar framleiðsluaðstöðu sé það talin forsenda þess að ná fram hagræðingu í rekstri mjólkurbúa.

BÓKUN IX

Aðilar eru sammála um að leitað verði lagaheimilda til að innheimta gjöld til Búnaðarmálasjóðs, Lífeyrissjóðs bænda og verðjöfnunar skv. gr. 6.2., af beinum greiðslum til framleiðenda.

Reykjavík, 16. ágúst 1992

F.h. Stéttarsambands bænda

(Með fyrirvara um samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.
Arnór Karlsson
Guðmundur Lárusson
Guðmundur Þorsteinsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

(Með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis).

Halldór Blöndal, landbúnaðarráðherra

Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra

Fylgiskjal.

Aðilar eru sammála um að dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skuli vera með eftirfarandi hætti tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1993.

Bein greiðsla er greiðsla úr ríkissjóði til framleiðenda og skal svara til 47.1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli.

A: 20% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 70% greiðslumarks. Greiðslan sé innt af hendi þannig að hinn 1. hvers mánaðar sé greiddur 1/12 hluti, fyrsta greiðsla verði greidd 1. janúar 1993.

B: A.m.k. 23,1% skal greiða eftir framleiðslu. Greiðslan sé innt af hendi þannig að hinn 1. hvers mánaðar sé greitt fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn greitt 1. mars 1993.

C: Allt að 4% skal greiða þannig að þau stuðli að æskilegri dreifingu innleggs hjá hverju mjólkursamlagi. Landbúnaðarráðherra setur reglugerð ár hvert um framkvæmdina að fengnu áliti Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Greiðslan skal innt af hendi þannig að hinn 1. hvers mánaðar skal greitt vegna innleggs næstsíðasta mánaðar. Þessar greiðslur eru ótengdar framleiðslustjórnun, greiðslumarki og fráviksheimildum.

Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð og framleiðslutengdum beingreiðslum (greiðslumark B) að því marki sem ónotað er innan greiðslumarks. Ef framleiðsla innan þessara marka verður minni en það sem ónotað var, skal afganginum skipt hlutfallslega á það magn sem er umfram 104% mörkin.

Fyrir upphaf hvers verðlagsárs skulu samningsaðilar endurskoða þessa greiðslutilhögun og fráviksmörk.

Fylgiskjal II.

Áfangaskýrsla sjömannanefndar um mjólkurframleiðslu.
(Maí 1992.)

1
INNGANGUR

Hinn 14. febrúar 1991 skilaði Sjömannanefnd skýrslu til Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi landbúnaðarráðherra, um framleiðslu sauðfjárafurða. Í skýrslunni er gerð grein fyrir aðdraganda að skipun nefndarinnar, markmiðum og vinnutilhögun. Þar kemur fram að nefndin skipti undirbúningsvinnu á fimm undirhópa auk þess sem hún vann þá skýrslu um sauðfjárrækt sem áður er nefnd.

Eftirfarandi fimm undirnefndir sjömannanefndar hafa verið að störfum:

Undirnefnd um kjarnfóðurgreinar og fóðurvöruiðnað; undirnefnd um mjólkurframleiðslu og -vinnslu; undirnefnd um sláturhús; undirnefnd um garðyrkju; undirnefnd um verðlagsþróun og verðsamanburð.

Í undirnefndinni um mjólkurframleiðslu störfuðu:

Björn Arnórsson, hagfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Guðmundur Lárusson, formaður Landssambands kúabænda, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambands samvinnufélaga, sem var jafnframt formaður hópsins.

Eftir að ný ríkisstjórn tók við í apríl 1991, óskaði Halldór Blöndal, núverandi landbúnaðarráðherra, eftir að Sjömannanefnd héldi áfram störfum. Landbúnaðarráðherra gaf nefndinni rúmt starfssvið sem byggist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda um nauðsyn á hagræðingu í frumvinnslu landbúnaðarafurða, úrvinnslu og verslun.

Hlutverk nefndarinnar er samkvæmt skipunarbréfi:

„... að setja fram tillögur um stefnumörkun er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar, í búrekstri, á vinnslu- og heildsölustigi og í smásöluverslun.“

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir:

Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri og jafnframt formaður nefndarinnar;

Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri S.b./varamenn Þórólfur Sveinsson, varaformaður S.b. og Guðbjörn Árnason, hagfræðingur;

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ/varamaður Ólafur Hjálmarsson, hagfræðingur;

Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ/varamaður Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur;

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB/varamaður Björn Arnórson, hagfræðingur;

Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri VMS/varamaður Árni Benediktsson, stjórnarformaður.

Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, starfaði með nefndinni frá því í maí 1991. Nefndin hafði samráð við fjölda aðila við gerð þessarar skýrslu.

Landbúnaðarráðherra hefur tvisvar átt fund með nefndinni þar sem rætt var um starfssvið hennar og vinnutilhögun. Á þeim fundum var lögð sérstök áhersla á að skýrsla þessi um mjólkurframleiðsluna hefði forgang þannig að ný skipan mála gæti tekið við af núverandi búvörusamningi, sem rennur út 31. ágúst 1992.

Nefndin hefur unnið ítarlega greinargerð sem lýsir framleiðslu, markaðs- og verðþróun mjólkurafurða á síðastliðnum áratug, sem og framleiðslu, verð- og söluþróun nautgripakjöts og stöðu nautgriparæktarinnar í dag. Þá er í skýrslunni leitast við að gera grein fyrir breyttum viðhorfum sem leiða myndu af nýju GATT-

samkomulagi og áhrifum þess á markaðsstöðu innlendra mjólkurafurða. Enmfremur er gerð úttekt á því sjóðakerfi sem tengt er verðmyndun mjólkur og mjólkurafurða, á verðmiðlun til að jafna út rekstrarskilyrði mjólkurbúa og verðtilfærslu sem fer fram milli mjólkurafurða vegna mismunandi arðsemi við framleiðslu og sölu.

Nefndin tók strax þá ákvörðun að ekki yrði unnt að skilja að frumframleiðslu og úrvinnslu mjólkurafurða við þessa tillögugerð, vegna samhengis framleiðslu og verðmyndunar mjólkur hjá bændum og afurðastöðvum.

Samhliða því sem nefndin hefur unnið þessa skýrslu hefur hún unnið að öðrum þeim verkefnum sem nefnd hafa verið. Nefndin áformar að skila skýrslum um þessi mál síðar á þessu ári og ljúka þar með þeim störfum sem henni voru falið fyrir lok þessa árs.

Við lokafrágang skýrslunnar barst Sjömannanefnd yfirlýsing frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sem er birt með þessari skýrslu.

Tillögur nefndarinnar til úrbóta í mjólkurframleiðslu eru settar fram með það að markmiði að gera innlenda búvöruframleiðslu hagkvæmari og draga úr kostnaði sbr. skipunarbréf nefndarinnar. Þau almennu markmið sem sett eru fram í áfangaskýrslu nefndarinnar um sauðfjárrækt, og eiga við um mjólkurframleiðsluna eru ekki endurtekin í þessari skýrslu.

Reykjavík 5. maí 1992

Ásmundur Stefánsson

Hjörtur Eiríksson

Haukur Halldórsson

Þórarinn V. Þórarinsson

Hákon Sigurgrímsson

Ögmundur Jónasson

Guðmundur Sigþórsson, formaður

2

FRAMLEIÐSLA OG MARKAÐUR MJÓLKUR OG MJÓLKURAFURÐA

útflutningi. Margir bændur freistuðust því til að framleiða umfram búmark sitt í von um að aðrir drægju úr framleiðslunni.

Með samþykkt búvörulaganna 1985 var landbúnaðarráðherra heimilað að semja við bændur um verðábyrgð á tilteknu magni mjólkur. Það ár var samið um verðábyrgð ríkisins á 107 milljónum lítra mjólkur og lækkaði verðábyrgðin síðan niður í 105 milljónir á næstu þremur árum. Á sama tíma var um það samið að Framleiðnisjóður tæki úr umferð fullvirðisrétt sem næmi 3 milljónum lítra. Einnig var sá háttur á hafður að

MYND 1



Á mynd 1 er sýnt hvernig framleiðsla og sala mjólkur hefur þróast síðustu 12 ár. Árið 1978 fór mjólkurframleiðsla í hámark þess sem hér hefur orðið eða 120 milljónir lítra. Árið 1980 var komið á stjórnun í mjólkurframleiðslunni með svonefndu búmarkskerfi og lagður skattur á innflutt kjarnfóður.

Við þetta snöggdró úr framleiðslunni og fór hún niður í 102 milljónir lítra árið 1981. Á árunum 1982-1985 slaknaði á framleiðslustjórnuninni og framleiðsla jókst á ný. Búmarkskerfið hafði þann annmarka að bændum voru ekki sett skýr framleiðslumarkmið heldur var gert upp eftir á þegar fyrir lá að hve miklu leyti útflutningsbætur höfðu nægt til að bæta halla af ríkissjóður greiddi bændum leigu fyrir fullvirðisrétt sem þeir nýttu ekki til framleiðslu, í stað þess að rétturinn nýttist öðrum bændum eins og reglurnar gerðu ráð fyrir. Vegna þessara aðgerða dró á ný úr framleiðslunni og var hún tæpar 100 milljónir lítra árið 1989. Í gildandi búvörusamningi milli ríkisins og bænda er kveðið á um að fullvirðisréttur bænda aukist ef neysla mjólkur innanlands fer yfir tiltekin mörk. Vegna þessara ákvæða jókst fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu um 500.000 lítra verðlagsárin 1990/91 og 1991/92. Árin 1990 og 1991 var ekki greitt fyrir ónotaðan rétt og nýttist hann því öðrum framleiðendum til innleggs. Árið 1990 var heimilað að bændur nýttu fyrirfram allt að 15% fullvirðisréttar ársins 1991. Var þetta gert vegna

MYND 2



þess að mjög litlar birgðir mjólkurvara voru í landinu eftir lægðina sem varð 1989 og hætta talin á mjólkurskorti. Af framangreindum ástæðum jókst mjólkurframleiðslan á ný og varð 107 milljónir lítra árið 1990. Hefur þetta valdið auknum útflutningi. Á síðasta ári minnkaði mjólkurframleiðslan á ný.

Mynd 1 sýnir einnig neyslu mjólkur á sama tímabili. Í lok ársins 1980 voru seld 300 tonn af smjöri á útsölu og gætir áhrifa þess í minni sölu árið 1981. Á árunum 1982-1985 dró mjög úr niðurgreiðslum á mjólkurvörur (sjá mynd 5) og leiddi það til minni sölu. Upp úr 1985 voru niðurgreiðslur auknar á ný og hefur heildarsala mjólkur og mjólkurvara verið í jafnvægi frá 1987 sbr. mynd 1.

Mynd 2 sýnir annars vegar fjölda mjólkurinnleggjenda í landinu samkvæmt býlisnúmerum á árunum 1980 til 1991 og hins vegar meðalinnlegg hvers býlis í þúsundum lítra. Á fyrrgreindu tímabili hefur innleggjendum fækkað um 33% eða úr 2.262 í árslok 1980 í 1.509 í árslok 1991. Heildarframleiðsla mjólkur hefur færst á færri býli og meðalframleiðsla hvers býlis því aukist. Aukningin er að meðaltali 48% eða úr rúmlega 47 þúsund lítrum á ári í tæplega 70 þúsund lítra. Í búrekstrarkönnun Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem út kom árið 1989 kemur fram að fækkunin er mest í hópi

MYND 3



minnstu búanna. Á árunum 1984-1989 fækkaði búum með 30 þúsund lítra ársframleiðslu eða minna úr 409 í 282. Áberandi er hve margir smáir framleiðendur hafa hætt á vestanverðu landinu og á Austurlandi. Aftur á móti er meira um að framleiðslu hafi verið hætt á stærri búum á Norðurlandi og Suðurlandi.

2.1 Sala

MYND 4



Þegar litið er á markaðsmál mjólkuriðnaðarins á nýliðnum áratug kemur margt athyglisvert í ljós eins og sést á myndum 3 og 4. Ber þar fyrst að nefna að sala á hefðbundnum mjólkurafurðum eins og nýmjólk og smjöri hefur dregist verulega saman en sala á feitum ostum, rjóma og léttmjólk hefur aukist mikið. Heildarsala á viðbiti hefur haldist nokkuð stöðug.

Innanlandssala og neysla á íbúa er einnig sýnd í töflum 6 til 13 í viðauka. Heildarsala drykkjarvara úr mjólk hefur verið rúmar 50 milljónir lítra á tímabilinu 1980 til 1991.

Ef litið er á drykkjarvörur úr mjólk, nam nýmjólkursalan um 42 milljónum lítra árið 1980 en einungis 26,5 milljónum lítra árið 1991. Á móti kemur sala á um 11,6 milljónum lítra af léttmjólk sem ekki var framleidd 1980 og 1,2 milljónum lítra meiri sölu á undanrennu heldur en 1980. Heildarsölusamdráttur er því um 3 milljónir lítra eða um 6,4%. Neysla drykkjarvara úr mjólk á íbúa var 221,5 lítrar árið 1980 en 197 lítrar árið 1991 og nemur neyslusamdrátturinn í lítrum um 11%.

Ef skoðuð er breyting neyslunnar miðað við fitustaðlaða hrámjólk, sbr. töflu 7 og 9 í viðauka, er um mun meiri neyslusamdrátt að ræða. Þannig nam neysla á íbúa árið 1980 206,5 lítrum en einungis 149,3 lítrum á íbúa árið 1991. Samdrátturinn á þessu tímabili er um 28%.

Sala á viðbiti hefur verið töluvert sveiflukennd og orsakast það einkum af breytilegum niðurgreiðslum og verðtilfærslum á tímabilinu. Eins og mynd 4 ber með sér var mikil sala á smjöri árið 1980 og kom það til vegna aukaniðurgreiðslna sem ætlað var að létta á smjörbirgðum undangenginna ára.

Sala á smjöri hefur dregist verulega saman á tímabilinu en á móti kemur mikil aukning í sölu á öðru viðbiti, Smjörva og "Létt og laggott". Miðað við þyngd er um 13% aukningu að ræða í heildarsölu á mjólkurviðbiti í landinu frá árinu 1982 til ársins 1991 en þegar viðbit samtals er umreiknað yfir í fitustaðlaða hrámjólk er alls 9,4% samdráttur í neyslu.

Sala á ostum hefur aukist stórlega á tímabilinu frá 1980 til 1991. Umreiknað á fitugrunn nam salan 9,2 milljónum lítra árið

1980 en 1991 var salan 17,7 milljónir lítra. Aukningin er um 90%. Ef litið er á sölu á ostum í tonnum, seldust á innanlandsmarkaði árið 1980 1.496 tonn og jókst salan á tímabilinu til 1991 í 2.799 tonn eða um tæplega 87%. Ostaneysla á íbúa jókst á árunum 1980 til 1991 úr 6,6 kg í 10,9 kg. (Sjá töflu 12). Að framansögðu er ljóst að verulegar breytingar hafa orðið á neyslu mjólkur á sl. 10 árum. Heildarneysla á íbúa í lítrum talin hefur minnkað í tæplega 390 lítra árið 1991 eða um 44,9 lítra frá 1982 til 1991 sem er um 1% á ári (sjá töflu 3).

MYND 5



2.2

Verðþróun

Mynd 5 sýnir þróun helstu stærða í verðmyndun nýmjólkur árin 1980 til 1991. Reiknað er á föstu verðlagi miðað við framfærsluvísitölu árið 1991.

Verð á mjólk til bænda hækkaði lítillega frá 1980 til 1982, en þá fengu bændur sem svarar 58,75 kr á lítra að meðaltali. Síðan þá hefur framleiðendaverð farið lækkandi að raunvirði og árið 1991 fengu bændur 51,23 kr á lítra að meðaltali og er það um 12,8% lækkun frá 1980.

Frá 1980 til 1989 hækkuðu vinnslu- og dreifingarkostnaður og sjóðagjöld nýmjólkur um 21,4% umfram almenna verðlagsþróun, en lækkuðu hins vegar á árunum 1990 og 1991, eins og sjá má á mynd 5 og í töflu 15. Á tímabilinu öllu nemur hækkunin 10,5%. Á mynd 6 og í töflum 14 og 15 er nánari sundurliðun á verðmyndun nýmjólkur. Niðurgreiðslur á mjólk hafa sveiflast mjög á tímabilinu eins og mynd 5 ber með sér. Þær voru hæstar árið 1982 eða 31,87 kr á lítra, á föstu verðlagi ársins 1991, en lækkuðu fram til ársins 1985, niður í 6,98 kr á lítra er þær voru lægstar. Á árinu 1988 hækkuðu svo niðurgreiðslur á mjólk verulega, vegna tilkomu söluskatts og síðar virðisaukaskatts árið 1990. Árið 1991 námu

MYND 6



niðurgreiðslur á mjólk 32,17 kr á lítra að meðaltali. Þar er ekki meðtalin endurgreiðsla á virðisaukaskatti, en hún nam að jafnaði árið 1991 kr. 4,37 á lítra á pakkaðri nýmjólk. Þessi endurgreiðsla er um þriðjungur af álögðum virðisaukaskatti.

Mynd 6 sýnir sundurgreiningu á vinnslu- og dreifingakostnaði mjólkur og sjóðagjöldum. Þar sést glöggt að sveiflur hafa verið töluverðar á vinnslu- og dreifingarkostnaði nýmjólkur og hækkaði hann um 14% á árunum 1980-89. Á tímabilinu öllu hækkaði hann hins vegar um tæp 5% umfram almenna verðlagsþróun. Verðmiðlun á hvern lítra hefur þó sveiflast mest og hækkaði frá 1980 til 1989 um 66% en fór svo lækkandi til ársins 1991. Umbúðakostnaður nýmjólkur hækkaði nær stöðugt til ársins 1990 eða um rúm 27% á föstu verðlagi, en síðan þá hefur ekki komið til verðhækkana á umbúðum. Raunverðshækkun á umbúðakostnaði frá 1980 til 1991 er því 19%. Sjá einnig töflu 15.

Frá 1980 til 1991 hefur smásöluverð á mjólk og mjólkurvörum hækkað að raunvirði. Mest hefur hækkunin orðið á rjóma, eða um rúmlega 40%. Megin ástæða þessarar miklu verðhækkunar er að rjómi hefur undanfarin ár hvorki notið niðurgreiðslna né endurgreiðslu söluskatts og síðar virðisaukaskatts úr ríkissjóði eins og aðrar mjólkurvörur. Aðrar mjólkurvörur hafa hækkað minna eins og sést á mynd 7. Frá því kjarasamningarnir voru gerðir í febrúar 1990 hefur orðið raunverðslækkun á mjólk og mjólkurvörum. Sjá töflu 16.

MYND 7



Þróun smásöluverðs á viðbiti hefur verið nokkuð sveiflukennd síðasta áratug eins og sést á mynd 8 og í töflu 17, mælt á föstu verðlagi. Þar réð mestu breytilegar niðurgreiðslur á smjöri. Smjörverð hækkaði mikið frá 1981 til 1985, úr 679 kr/kg í 869 kr/kg, eða um tæp 28% að raunvirði. Frá 1986 til 1991 lækkaði hins vegar smjörið í verði vegna aukinna niðurgreiðslna. Árin 1985-1987 lækkaði verð bæði á smjöri og borðsmjörlíki; smjörið um tæp 45% og borðsmjörlíkið um rúm 16%. Síðan 1987 hefur svo orðið tæplega 30% verðhækkun á jurtasmjörlíki og smjörlíkisviðbiti. Söluskattur og síðar VSK hafa haft veruleg áhrif á verðþróunina. Virðisaukaskattur á smjöri var greiddur niður að hluta en ekki á borðsmjörlíki sem bætti samkeppnisstöðu smjörs verulega. Meðalsmásöluverð 1991 á smjöri var 548 kr/kg og á borðsmjörlíki 230 kr/kg.

MYND 8



3

FRAMLEIÐSLA OG SALA Á NAUTGRIPAKJÖTI

MYND 8



Mynd 8 sýnir framboð og eftirspurn nautgripakjöts á árunum 1980 til 1991. Innvegið nautgripakjöt jókst úr 1.983 tonnum árið 1980 í 3.126 tonn árið 1986, en þá náði framleiðslan hámarki. Síðan þá hefur árleg innvigtun verið rétt yfir 2.900 tonnum. Heildarinnvigtun ársins 1991 nam 2.998 tonnum. Auk þess má ætla að um það bil 300 tonn af nautgripakjöti falli til við heimaslátrun. Sjá töflu 18.

Eins og fram kemur á mynd 8 var sala nautgripakjöts í byrjun áttunda áratugarins nokkru meiri en innvigtunin og gekk því á birgðir. Árið 1983 seldust einungis 2.090 tonn en salan jókst stöðugt til ársins 1988 er hún náði hámarki, 3.372 tonnum.

Síðastliðin þrjú ár hefur sala á nautgripakjöti haldist nokkuð stöðug eða um 2.900 tonn á ári. Neysla nautgripakjöts í byrjun áttunda áratugarins nam 11,9 kg á íbúa og fór lækkandi til ársins 1983, eða niður í 10,1 kg. Neysla á hvern íbúa jókst nokkuð fram til ársins 1988, eða í 14,7 kg. Er þá meðtalin um 300 tonna áætluð heimaslátrun sem jafngildir um 1 kg neyslu á íbúa á ári. Síðan 1988 hefur neyslan minnkað og nam 13,3 kg árið 1991. Sjá einnig töflu 18 í viðauka.

3.1

Verðþróun nautgripakjöts

MYND 10



Þróun á smásöluverði tveggja nautgripakjötsafurða og meðalgrundvallarverði á fyrsta flokki ungneytakjöts, UN1, er lýst á mynd 10 og í töflu 19. Raunverð á nautabuffi hækkaði frá 1980 til 1987 úr 1.683 kr/kg í 1.771 kr/kg eða um rúm 5%. Frá 1981 til ársins 1991 hefur nautabuff lækkað í 1.604 kr/kg eða um rúm 9,4% frá því verðið var hæst. Einnig hækkaði meðalsmásöluverð á nautahakki um 8% milli áranna 1980 og 1981 eða úr 845 kr/kg í 911 kr/kg. Frá árinu 1981 til ársins 1991 lækkaði verðið á nautahakki hins vegar í 713 kr/kg og nemur sú lækkun tæpum 22%.

Meðalgrundvallarverð á UN1 lækkaði að raunvirði um 12,8% á tímabilinu 1980-1991, en það helst í hendur við raunlækkun mjólkurverðs til bænda. Verð á nautgripakjöti tekur sömu breytingum og grundvallarverð mjólkur.

Þær hækkanir sem urðu 1988 til 1990 á nautahakki og -buffi má rekja til skattkerfisbreytinganna, þegar söluskattur og síðar virðisaukaskattur var lagður á matvöru.

4

STAÐAMJÓLKUR-FRAMLEIÐSLUNNAR

4.1 Skipulag framleiðslu og sölu

Skipulag framleiðslu og sölu mjólkurafurða hefur verið í föstum skorðum síðustu 4 - 5 áratugi. Grunnur þessa skipulags var lagður með afurðasölulögunum árið 1934 og lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem sett voru árið 1947. Með þeim lögum var jafnframt ákveðið það verðlagskerfi búvara sem í aðalatriðum gildir enn. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þessari löggjöf á gildistíma hennar. Afdrifaríkasta breytingin er án efa heimild til þess að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, sem lögfest var árið 1960. Þetta ákvæði hafði mjög mikil áhrif á þróun landbúnaðarframleiðslunnar á 7. og 8. áratugnum og voru einn megin hvatinn að þeirri miklu framleiðsluaukningu sem varð á þessu tímabili. Önnur mikilvæg breyting var gerð árið 1979 þegar lögfest voru ákvæði sem heimiluðu aðgerðir til þess að stjórna (draga úr) búvöruframleiðslunni. Jafnframt var sú stefna mörkuð að miða skyldi framleiðslu mjólkur og kindakjöts við innlendan markað og þá erlendu markaði sem gæfu viðunandi verð.

Þessi stefna var síðan áréttuð með búvörulögunum árið 1985. Með þeim lögum var landbúnaðarráðherra heimilað að semja við bændur um tiltekin framleiðslumarkmið í mjólkur- og kindakjötsframleiðslu og á grundvelli slíks heildarsamnings að setja hverjum einstökum bónda tiltekin markmið í framleiðslu. Þessir samningar hafa reynst mikilvægt tæki til að aðlaga framleiðslu þessara búgreina núverandi markaðsþörf. Með búvörulögunum voru heimildir til greiðslu útflutningsbóta skertar og heimiluð fjárhæð lækkuð úr 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar í 5%. Enn eitt skrefið var stigið með undirritun búvörusamnings milli ríkisins og bænda 11. mars 1991 í kjölfar álits Sjömannanefndar. Þar er kveðið á um að útflutningsbætur úr ríkissjóði falli niður frá 1. september 1992 jafnframt því sem felld er niður verðábyrgð ríkisins á föstu umsömdu magni kindakjöts og mjólkur frá sama tíma. Eftir þessa breytingu bera bændur sjálfir og afurðastöðvarnar alla ábyrgð á sölu framleiðslunnar. Þá er í búvörusamningnum gert ráð fyrir því við verðlagningu búvara að heimilt verði að semja um tilteknar fyrirfram ákveðnar hagræðingarkröfur og víkja frá sjálfvirkum framreikningi verðs. Með lögum nr. 5/1992 voru slíkar heimildir lögfestar. Þessi ákvæði gera verðlagskerfið mun sveigjanlegra en áður og skapa möguleika til þess að bregðast við aðstæðum á markaðnum. Þá er kveðið á um endurskoðun á verðlagskerfinu á gildistíma búvörusamnings.

Fyrstgreindir lagabálkar, ásamt tengdri löggjöf, eru undirstaða þeirrar miklu uppbyggingar sem orðið hefur í landbúnaði frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Hafa ber í huga að árið 1934, þegar afurðasölulögin voru sett, ríkti hér skortur á öllum helstu búvörum hluta úr árinu, vöruþróun eins og við þekkjum í dag var tæpast hafin og kjör bænda voru mjög þröng eins og raunar flestra stétta á þeim tíma. Megin annmarki löggjafarinnar var sá að þar var allt fram til ársins 1979 ekki gert ráð fyrir að grípa þyrfti til aðgerða til þess að hamla gegn offramleiðslu. Jafnframt gerðu ákvæðin um útflutningsbætur, ásamt ýmsum fleiri atriðum, svo sem ákvæði um bundna verðlagningu, það að verkum að skilaboð markaðarins náðu að takmörkuðu leyti til bænda. Þessu til viðbótar hafa strangar innflutningshömlur og bann við innflutningi kjöt- og mjólkurvara fram til þessa að mestu varið landbúnaðinn fyrir áhrifum erlendrar samkeppni. Á heildina litið hefur því íslenskur landbúnaður búið í mjög verndaðu umhverfi.

Ljóst er að miklar breytingar eru framundan á rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Fyrir liggur, samkvæmt samkomulagi ríkisvaldsins og Stéttarsambands bænda frá 11. mars 1991, að draga mun verulega úr stuðningi hins opinbera við landbúnaðinn á næstu misserum. Einnig er ljóst, þótt enn liggi ekki fyrir niðurstaða úr yfirstandandi samningalotu innan GATT né þess hver verði afdrif samnings um Evrópskt efnahagssvæði, að landbúnaðurinn mun fá auknum

mæli standa frammi fyrir samkeppni frá innfluttum landbúnaðarvörum innan skamms tíma. Vegna þeirrar víðtæku verndar sem landbúnaðurinn hefur notið er nauðsynlegt að hann fái svigrúm til aðlögunar og mikilvægt að sá tími sem til þess gefst verði nýttur sem best. Mikilvægt er að hér sé öflugur landbúnaður sem geti tekist á við erlenda samkeppni og samkeppni á matvörumarkaðnum almennt. Það kallar meðal annars á aukna hagræðingu og sveigjanlegra verðlagskerfi.

4.2
Breytt viðhorf, GATT-samningarnir

Megin markmið GATT-samninganna er að koma á frjálsari milliríkjaviðskiptum og aukinni sérhæfingu milli þjóða. Aukin viðskipti með búvörur eru til umfjöllunar innan GATT þótt aðeins hluti af fyrirliggjandi samningsdrögum fjalli um þau mál. Augljóst er að á meðan heimurinn býr við óeðlilega verðlagningu, niðurgreiðslur, styrki og útflutningsbætur getur ekki verið um að ræða eðlileg viðskipti með þessar vörur. Í GATT-drögunum er reynt að vinda ofan af þessu kerfi með því að afnema magntakmarkanir og tæknilegar viðskiptahindranir á innflutningi en taka í staðinn upp tollaígildi/jöfnunartolla, ásamt því að lækka útflutningsbætur og innanlandsstuðning. Viðhorfin til þessara mála eru mjög mismunandi innan aðildarlanda GATT, meðal annars vegna mismunandi mikilvægis landbúnaða.

Með hliðsjón af þeim hugmyndum sem settar voru fram í upphafi samningalotunnar af landbúnaðarútflutningsríkjum geta fyrirliggjandi tillögur tæpast talist róttækar. Tillögurnar bera þess merki að þær eru tilraun til þess að sætta ólík sjónarmið og til þess ætlaðar að gefa tíma til aðlögunar að meira frelsi í viðskiptum með búvörur síðar.

Samkvæmt GATT-tillögunum eiga markaðstruflandi innanlandsstuðningur að lækka um 20% á aðlögunartímanum, sem er sex ár, og útflutningsbætur um 36%. Í stað beinna innflutningshafta er lagt til að tekin verði upp svokölluð tollaígildi. Í grundvallaratriðum yrði innflutningur búvara frjáls nema að því leyti sem heilbrigðiskröfur kunna að hindra. Lagt er til að fyrstu 3-5% innflutnings beri lága eða enga tolla en lögð verði tollaígildi á innflutning umfram það. Tollaígildin megi í upphafi vera mismunur á heimsmarkaðsverði og verði innlendrar vöru en lækki síðan um 36% á aðlögunartímanum. Í tillögunum er gert ráð fyrir sérstökum varnarráðstöfunum ef innflutningur vex mikið, eða ef heimsmarkaðsverð lækkar. Einnig er lagt til að heimilt verði að takmarka innflutning vegna heilbrigðiskrafna og taka tillit til fæðuöryggis og umhverfismála.

Samkvæmt tillögunum verður heimilt að styðja landbúnað, eða þá sem starfa í landbúnaðarhéruðum, með svokölluðum grænum greiðslum, sem teljast ekki markaðstruflandi. Ekki er gerð krafa til að þessi stuðningur lækki eins og annar innanlandsstuðningur við landbúnaðinn. Grænar greiðslur mega ekki vera framleiðslutengdar og þær eiga að fylgja ábúanda eða jarðareigenda þótt hann hætti allri framleiðslu. Almennar greiðslur, svo sem vegna samgangna, rannsókna, leiðbeininga og menntunar, falla undir grænar greiðslur. Í þessari umfjöllun er gert ráð fyrir að heimilt verði að framreikna stuðning eftir verðvísitölum frá viðmiðunartímabilinu 1986-1988 til dagsins í dag. Í tillögunum eru ákvæði sem gera ráð fyrir að taka megi tillit til þess ef verðbólga hefur verið óvenju mikil á tímabilinu frá viðmiðunarárunum (excessive rates of inflation). Ekki verður annað séð en að ákvæði þessi geti átt við um Ísland. Tollaígildin mega vera mismunur á cif-verði innfluttu vörunnar og heildsöluverði innanlands. Í þessu getur falist umtalsverð vörn þar sem innflytjandi þarf að bæta heildsöluálagningu sinni við cif-verðið. Einnig er talsverð vörn fólgin í ferskleika og gæðum íslensku vörunnar. Þó er rétt að hafa í huga að tollaígildin eru föst stærð, annað hvort sem krónutala eða hlutfall. Þau gætu því í sumum tilfellum reynst takmörkuð vörn ef verðfall verður á innfluttri vöru og ekki reynist fært að grípa til varnarráðstafana.

Samkeppni við innflutning getur verið landbúnaðinum holl og nauðsynleg. Skort hefur á aðhald í landbúnaðarframleiðslunni á undanförnum áratugum, samkeppni hefur skort og verndarstefna hins opinbera hefur dregið úr nauðsynlegri hagræðingu. Það sem mun skipta íslenskan landbúnað mestu í framtíðinni, er hve

mikið hægt er að lækka framleiðslukostnað innanlands. Mesta samkeppnin erlendis frá verður að líkindum í unnum mjólkurvörum og vörulíki mjólkurafurða. Einnig er rétt að hafa í huga að sífellt er verið að bæta geymsluþol hvers konar mjólkurvara. Samfara því og greiðari flutningum til landsins verður auðveldara að flytja mjólkurvörur, þar á meðal nýmjólk.

Mikilvægt er að hafa í huga að ákvæðin um tollafgildin eru heimildarákvæði. Ef stjórnvöld velja hámarksvernd, er ekki sjáanlegt að GATT-drögin setji meiri pressu á framleiðniaukningu í landbúnaði en orðið hefði hvort sem er á aðlögunartímanum. Nefndin telur hins vegar að ekki sé hægt að ganga að því sem gefnu að stjórnvöld muni nýta heimildir um tollafgildi til fulls. Augljóslega munu neytendur gera kröfur um tollalækkanir þegar mörg hundruð prósent tollar verða á innflutningi.

Í raun er um tvær leiðir að velja ef markaður tapast vegna aukins innflutnings þegar tollafgildin fara að lækka. Unnt er að greiða útflutningsbætur á móti töpuðum markaði, eða hefja sókn til að gera íslenskan landbúnað samkeppnisfæran, fyrst og fremst með aukinni hagræðingu. Leið útflutningsbóta yrði dýr og gæti eytt öllum þeim ávinningi sem stefnt var að í búvörusamningi um sparnað í ríkisútgjöldum, þótt á móti komi tekjur af tollafgildum. Útflutningsbætur sem bændur greiddu myndu valda miklum kostnaði og vinna gegn hagræðingu. Nauðsynlegt er að nýta kraftana til að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf í sveitum og styrkja ákveðna byggðakjarna.

4.3 Verðlagning og framleiðsla

Verð á mjólk og mjólkurafurðum er nú ákveðið samkvæmt ákvæðum í búvörulögum nr. 46/1985. Verð til bænda er ákveðið af Sexmannanefnd. Nefndin skal samkvæmt ákvæðum laganna semja um verðlagsgrundvöll og ákvarða verð þannig að tekjur bænda verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Meta skal vinnutíma í verðlagsgrundvelli "til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði". Verðlagsgrundvöllurinn er byggður á búreikningum. Hann gildir í tvö ár í senn og er framreiknaður samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum. Grundvöllurinn framlengist sjálfkrafa um tvö ár ef honum er ekki sagt upp af samningsaðilum. Með lögum nr. 5, 28. febrúar 1992 er verðlagsnefnd veitt heimild til að víkja frá ákvæðum um framreikning grundvallarins og breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða, sé um það fullt samkomulag í nefndinni. Jafnframt er verðlagsnefnd nú heimilað við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrirfram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins. Þótt ekki hafi fram til þessa verið gert ráð fyrir við samningu verðlagsgrundvallarins að gerð sé fyrirfram ákveðin framleiðnikrafa hefur hann engu að síður sýnt aukningu í framleiðni. Þannig hefur mælst rúmlega 1% árleg raunlækkun á verði mjólkur til bænda sl. 12 ár m.v. framfærsluvísitölu (tafla 14) og sama á við um nautgripakjöt.

Birgðastaða og markaðsástand hafa fram til þessa haft takmörkuð áhrif á verðlagsákvarðanir. Framleiðsla umfram neyslu innanlands hefur verið flutt út og greiddar með henni útflutningsbætur í samræmi við verðábyrgð ríkissjóðs. Þetta á þó ekki við um mjólk sem einstakir bændur framleiða umfram sinn framleiðslurétt. Sú framleiðsla hefur ekki notið útflutningsbóta og verið flutt út á ábyrgð viðkomandi bænda og afurðastöðva. Eftir að framleiðslustjórnunin kom til sögunnar og

framleiðsluréttur bænda í mjólkurframleiðslu dróst saman hefur tekjutap sem af því leiddi ekki verið látið hafa bein áhrif á verðlagningu búvara. Án efa hafa þó orðið óbein áhrif vegna minni hagræðingar.

Athuganir sýna að hægt er að auka framleiðni verulega með betri nýtingu eininga og kynbótum (sjá kafla 6.3). Hvati til slíks hefur verið takmarkaður, því að lítið hefur verið svo á að vandamál landbúnaðarins síðustu áratugi hafi fyrst og fremst verið offramleiðsla.

Bændur innan mjólkursölusvæðis miðla flutningskostnaði sín á milli þannig að kostnaðurinn af því að sækja mjólk um langan veg kemur ekki fram sem skyldi. (sjá þó kafla 5.7). Bóndi sem framleiðir mjólk umfram framleiðslurétt fær lítið sem ekkert fyrir hana. Skattlagning á aðföng, s.s. kjarnfóður, hefur áhrif á það hvernig framleiðslan fer fram og hvetur til heimaöflunar á fóðri. Ekki er ljóst hvaða áhrif GATT-samningurinn mun hafa á kjarnfóðurgjöld og kjarnfóðurverð.

Afurðastöðvar á hverju mjólkursölusvæði eru skyldugar til að taka við mjólk frá bændum á því svæði. Afurðastöðin verður að greiða það verð sem Sexmannanefnd ákveður og er skylt að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Þetta á þó ekki við um framleiðslu umfram fullvirðisrétt. Eftir að ákvæðin um staðgreiðslu afurðaverðs tóku gildi árið 1985 er ekkert beint samband milli útborgunarverðs til bænda og afkomu afurðastöðva. Ríkissjóður hefur veitt afurðastöðvum í mjólkuriðnaði sérstök staðgreiðslulán vegna kvaða búvörulaga um staðgreiðslu til bænda. Framleiðsluráð sér um lánveitingarnar og nema þær 351 milljón krónum árið 1992. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að fenginni tillögu Framleiðsluráðs og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) að verð til framleiðenda sé mismunandi eftir árstíðum án þess að útsöluverð breytist.

Í afurðastöðvarnar er því lagt inn tiltekið magn mjólkur á tilteknu verði. Framleiðsluráði landbúnaðarins og SAM er ætlað að gera samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurafurða með tilliti til heildarafkomu greinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Landbúnaðarráðherra er heimilt, að tillögu Framleiðsluráðs og SAM, að skipta landinu í mjólkursölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum. Þegar skipting landsins hefur verið ákveðin er afurðastöðvum skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan svæðisins. Þar sem mjólkurbú er starfandi (eða samsölustjórn innan sölusvæðis) skal það (hún) annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Skal ætíð vera nóg af þessum vörum á sölusvæðinu, sé þess nokkur kostur. Þótt þessi svæðaskipting hafi ekki verið formleg síðan 1. september 1990 og landið eitt markaðssvæði, hefur í reynd gilt óformlegt samkomulag um svæðaskiptinguna.

Með verðmiðlunargjöldum er afkoma á milli afurðastöðva jöfnuð út og einnig er verðtilfærsla á milli vörutegunda. Sjá kafla 5.

Fimmmannanefnd ákveður heildsöluverð á framleiðsluvörum afurðastöðva. Nefndin skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð frá afurðastöðvum, að gefnu verði til framleiðenda og samkvæmt rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu. Nefndin gerir einnig tillögu um verðmiðlunargjöld að fengnum tillögum Framleiðsluráðs. Fimmmannanefnd er heimilt að undanþiggja ákveðnar vörutegundir verðlagsákvæðum, þegar samkeppni er næg að mati nefndarinnar. Um smásöluverð fer eftir ákvæðum laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en Verðlagsráð ákveður smásöluverðs á ýmsum mjólkurafurðum. Mjólkursamlögum og verslunum er selja mjólk og mjólkurvörur ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má ekki grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara. Óheimilt er að kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt búvörulögum.

4.4
Sjóðagjöld

Sjóðagjöld eru einu nafni nefnd ýmis gjöld sem á grundvelli laga og reglugerða eru tekin af verði framleiðsluvara landbúnaðarins.

Gjöld þessi eru ýmist tekin af framleiðendaverði eða heildsöluverði og teljast ýmist greidd af framleiðendum eða neytendum.

Gjöld sem leggjast á mjólkurframleiðsluna eru eftirfarandi:

Í þessari skýrslu verður einungis fjallað um verðmiðlunargjald og verðtilfærslugjald þar sem þau eru hluti af verðlagskerfi mjólkuriðnaðarins. Sjömannanefnd mun síðar fjalla nánar um önnur þau gjöld sem hér hafa verið talin upp.

1. Gjöld til að standa straum af kostnaði við hagsmunasamtök bænda og sem dragast frá útborguðu verði til þeirra. Þessi gjöld teljast því ekki til framleiðslukostnaðar í verðlagsgrundvelli.

Til Stéttarsambands bænda	0,25%	af framleiðendaverði
Til Landssambands kúabænda	0,075%	af framleiðendaverði
Til Búnaðarfélags Íslands	0,075%	af framleiðendaverði

2. Gjöld til þess að standa undir þjónustu við bændur og kostnaði við stofnanir og teljast til framleiðslukostnaðar.

Til búnaðarsambanda	0,5 %	af framleiðendaverði
Til Framleiðsluráðs landbúnaðarins	0,25%	af heildsöluverði
Til að kosta forfalla- og afleysingaþjónustu fyrir bændur	0,4%	af framleiðendaverði
Til Bjargráðasjóðs v/áfalla-tryggingar í landbúnaði	0,6%	af framleiðendaverði
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem á móti veitir lán á lægri vöxtum í tilteknum lánaflokkum		
a)	2,0%	af heildsöluverði
b)	0,2%	af framleiðendaverði

(b-liður telst ekki til framleiðslukostnaðar í verðlagsgrundvelli)

3. Verðmiðlunargjöld.
   a) Verðmiðlunargjald sem lagt er á heildsöluverð mjólkur og varið er til þess að jafna afkomu mjólkursamlaga að, hámarki 5,5%.

   b) Verðtilfærslugjald sem lagt er á heildsöluverð mjólkur, léttmjólkur og undanrennu og notað er til þess að greiða niður verð á mjólkurfitu.

4. Gjald til þess að standa straum af kostnaði við Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, 10 aurar á lítra innveginnar mjólkur, og Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins, sem er 1% af heildsöluverði nýmjólkur, léttmjólkur og undanrennu..

5. Kjarnfóðurgjald sem lagt er á innflutt kjarnfóður samkvæmt ákvæðum búvörulaga.
   a) Grunngjald 25%, af tollverði að hámarki 4,00 kr/kg sem rennur í ríkissjóð
   b) Sérstakt fóðurgjald, 80% af tollverði, endurgreitt til framleiðenda miðað við framleiðslu innan fullvirðisréttar. Endurgreitt að 75/80 hlutum til framleiðenda.

5 Verðmiðlun og verðtilfærsla

5.1 Tilgangur verðmiðlunar

Núgildandi verðmiðlunarkerfi mjólkur má að stofni til rekja til afurðasölulaganna sem sett voru árið 1934. Með þeim lögum var ákveðið að skipta landinu í sölusvæði mjólkur þannig að mjólkurframleiðendum var óheimilt að selja ferskvörur utan síns svæðis. Innheimt var gjald af sölu nýmjólkur og rjóma og það notað til verðuppbótar á þá mjólk sem fór í vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum innan hvers svæðis. Markmiðið var að allir mjólkurframleiðendur á svæðinu fengju sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þetta er það grundvallarsjónarmið sem verðmiðlunarkerfið byggist á enn þann dag í dag. Einungis á 1. sölusvæði hefur verið mynduð mjólkursamsala fleiri mjólkurbúa. Þessi mjólkurbú eru: Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi; Mjólkurstöðin í Reykjavík, Mjólkurbúið í Borgarnesi og Mjólkurbúið í Búðardal.

Önnur mjólkurbú hafa ekki myndað með sér samsölu og hafa því hvert fyrir sig ákveðið sölusvæði fyrir dagvörur og aðrar vörur sem þau framleiða. Sala á vinnsluvörum búanna utan heimamarkaðar hefur frá árinu 1959 nær eingöngu farið fram fyrir milligöngu Osta- og smjörsölunnar sf.

Ákvæðin frá 1934 um skiptingu landsins í sölusvæði með síðari breytingum voru sett til að koma á skipulagi innan mjólkuriðnaðarins og á sölu á mjólk og mjólkurafurðum. Flutningur mjólkur, rjóma o.fl. vörutegunda sem tengjast dagvöruframleiðslu, fer fram á kerfisbundinn hátt á milli sölusvæða og á vegum viðkomandi mjólkurbúa, eða samsölu þeirra. Með tilkomu Framleiðsluráðslaganna 1947 varð sú breyting að byrjað var að verðmiðla milli mjólkursölusvæða. Því er um tvenns konar verðmiðlun að ræða. Annars vegar verðmiðlun milli mjólkurbúa innan sölusvæðis, sem er í höndum stjórnar hlutaðeigandi samsölu, og hins vegar verðmiðlun milli sölusvæða sem framkvæmd er af Framleiðsluráði. Í ársbyrjun 1967 var sú breyting gerð á innheimtu verðmiðlunargjalds að farið var að innheimta gjald af hverjum mótteknum lítra mjólkur í stað gjalds af hverjum lítra seldrar mjólkur. Afgerandi breyting var og gerð á ákvæðunum um verðmiðlun árið 1976, en þá var heimilað að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar samlaganna.

5.2 Grundvöllur verðmiðlunar

Hlutverk Verðmiðlunarsjóðs hefur tekið nokkrum breytingum í áranna rás. Auk þess að verðjafna milli sölusvæðanna hefur hann að hluta verðjafnað flutning á mjólk frá framleiðendum að mjólkurbúi. Ennfremur hefur hann greitt flutning á mjólk, rjóma og undanrennu á milli mjólkursölusvæða. Framkvæmd verðmiðlunar er nú í stórum dráttum þannig að Framleiðsluráð fær á hverju ári ársreikninga allra mjólkursamlaganna í landinu. Rekstrarkostnaður einstakra samlaga er sundurliðaður í ákveðna rekstrarþætti og kostnaður hvers þáttar reiknaður út á lítra innveginnar mjólkur. Á síðari árum hefur uppgjör mjólkurbúanna verið samræmt og er nú notaður sami bókhaldslykill hjá þeim öllum. Tilgangur með þessum samanburði á rekstrarkostnaði búanna er að finna hvort einhverjir kostnaðarliðir hjá þeim séu óeðlilegir. Reglur verðmiðlunarsjóðs gera ekki ráð fyrir því að samlögunum sé bætt tekjutap vegna lélegs rekstrar né slæmrar nýtingar á hráefni, heldur beri búin sjálf skakkaföll sem tilkomin eru vegna slíks. Við athugun ársreikninga eru afskriftir athugaðar og samræmdar, bæði hvað varðar fasteignir, vélar, tæki og birgðir, svo og verðlagning birgðanna. Að lokinni samræmingu á uppgjöri búanna er verðmiðlun til einstakra búa ákveðin.

5.3

Núverandi fyrirkomulag verðmiðlunar

Eins og fyrr segir byggir núverandi fyrirkomulag verðmiðlunar mjólkur á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985. Í 19. grein laganna er kveðið á um hlutverk verðmiðlunar á búvörum. Þar kemur fram að verðmiðlun skal haga þannig að afurðastöðvum sé kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í því skyni skal innheimt verðmiðlunargjald af þeim búvörum sem Fimmmannanefnd ákveður heildsöluverð á og skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni en það má aldrei vera hærra en 5,5 % af heildsöluverði viðkomandi búvöru.

Afurðastöðvarnar innheimta verðmiðlunargjaldið og er það sem fyrr segir lagt á hvern móttekinn lítra mjólkur. Gjaldið hefur verið nokkuð breytilegt á undanförnum árum (sjá töflu 15). Í dag er verðmiðlunargjald 3,00 kr. pr. ltr. eða 3,79% af heildsöluverði. Þetta samsvarar u.þ.b. 300 milljóna króna innheimtu á ári miðað við 100 milljóna lítra framleiðslu mjólkur.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig, skv. ákvæðum búvörulaga:

a) til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna.

b) til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva.

c) til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna við að koma framleiðslu-vörum sínum á markað.

d) til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum.

5.4

Greiðslur til afurðastöðva úr verðmiðlunarsjóði

Greiðslur úr Verðmiðlunarsjóði til mjólkursamlaga eru reiknaðar eftir reglugerð sem gefin er út af landbúnaðarráðherra. Í þessari reglugerð er kveðið á um að hvaða leyti hugsanlegt rekstrartap mjólkursamlaga skuli bætt. Verðmiðlunarþörf mjólkurbúanna hefur í meginatriðum verið tvenns konar. Annars vegar viðvarandi þörf fyrir greiðslur úr Verðmiðlunarsjóði til reksturs búanna. Hins vegar tímabundnar greiðslur vegna fjárfestinga. Mjólkurbúin sem falla undir fyrrtalda atriðið eru búin með minnsta mjólkurmagnið. Þau hafa jafnframt takmarkaða aðstöðu til að vinna úr þeirri mjólk, sem fellur til umfram þann heimamarkað sem þau hafa. Þetta gildir einkum fyrir mjólkurbúin á Vestfjörðum og á Austurlandi. Þau voru flest stofnuð vegna erfiðra samgangna, einkum að vetrinum. Jafnframt knúði á um stofnun og starfrækslu þessara búa nauðsyn þess að koma á markað til neytenda mjólk og mjólkurvörum, sem fullnægðu kröfum um heilbrigðiseftirlit. Þá getur þörf búanna fyrir greiðslur úr Verðmiðlunarsjóði einnig stafað af þeirri verkaskiptingu, sem ákveðin er á milli þeirra, um framleiðslu á einstökum mjólkurafurðum, svo og verðlagningu á viðkomandi vörum. Verðmiðlunarþörfin er því ekki mælikvarði á það hvernig einstök bú eru rekin. Greiðslur úr verðmiðlunarsjóði eru þannig hluti af verðlagningu á vinnslu- og heildsölukostnaði mjólkuriðnaðarins.

Verulegum hluta af fjármagni Verðmiðlunarsjóðs hefur verið varið til að standa straum af kostnaði vegna nýfjárfestinga og endurnýjunar einstakra mjólkurbúa á undanförnum árum. Ákvörðun um endurbyggingu búanna, stærð þeirra og fyrirkomulag var í flestum tilfellum tekin við allt aðrar aðstæður en nú eru hvað varðar mjólkurmagn og hugmyndir um útflutning á mjólkurvörum fyrir viðunandi verð. Breyttar forsendur eru því að stærstum hluta ástæðan fyrir þörf þessara búa á greiðslum úr Verðmiðlunarsjóði á síðustu árum. Auk þess sem að framan er talið hefur Verðmiðlunarsjóður

það hlutverk að jafna kostnað við flutning á mjólk frá framleiðendum að afurðastöð og greiða fyrir flutningi á mjólk og mjólkurvörum milli sölusvæða. Frá árinu 1986 hefur verðmiðlunarsjóður einnig haft það hlutverk að greiða fyrir hagræðingu í mjólkuriðnaðinum, m.a. með fjármögnun á úreldingu mjólkurbúa (sjá kafla 6.1).

Í töflu 1 kemur fram hver heildarinnheimta verðmiðlunargjalds var á verðlagsárinu 1990/1991 skipt eftir samlögum og greiðslur til samlaga á sama verðlagsári.

5.5
Verðmiðlun kostir-gallar

Eins og fram hefur komið er verðmiðlunin byggð á allt öðrum forsendum en nú ríkja í íslensku þjóðfélagi. Lélegar samgöngur, tiltölulega lítið geymsluþol mjólkur o.fl. gerði á allt aðrar kröfur til fjölda mjólkurbúa en nú. Við þær aðstæður má færa rök að því að verðmiðlunin hafi verið nauðsynleg til að tryggja bændum sama verð fyrir innlagða mjólk, neytendum um land allt sama verð og gera mjólkurbúum mögulegt að skipta með sér verkum. Hún greiddi niður vinnslukostnað búanna, sem bjuggu við lökustu rekstrarskilyrðin vegna staðsetningar (og þar af leiðandi samsetningar vinnslu) og/eða smæðar og gerðu þeim þannig kleift að halda áfram starfsemi sinni.

Til að meta heildaráhrif verðmiðlunar þarf að skoða verðmiðlunarþörf fyrir einstök mjólkursamlög fyrir lengra tímabil.

Á töflu 2 sést hvað einstök samlög hafa greitt til Verðmiðlunarsjóðs á árunum 1981 - 1989 og greiðslur til samlaganna á sama tímabili.

Í töflunni eru innheimta og greiðslur á verðmiðlunarfé ekki sundurgreindar eftir samlögum á 1. sölusvæði (Mjólkursamsalan, Mjólkurbú Flóamanna, Mjólkursamlagið í Borgarnesi og Mjólkursamlagið í Búðardal).

Ástæðan er sú að innan þess svæðis fer fram innbyrðis verðmiðlun áður en krafa er gerð til Verðmiðlunarsjóðs ef þörf er á slíku. Önnur mjólkursamlög gera hvert um sig beina kröfu á Verðmiðlunarsjóð ef þörf er á.

Nýjar aðstæður hafa hins vegar gjörbreytt þörfinni fyrir fjölda mjólkurbúa eins og fyrr segir.

Verðmiðlunin hefur verið hvati til fjárfestingar í mjólkuriðnaði um landið allt. Gildir þar einu hvort um er að ræða lítil bú fjarri stórum mörkuðum eða stór bú í grennd við þéttbýlissvæði. Verðmiðlunin er augljóslega veigamikil orsök fyrir þeirri offjárfestingu, sem er í greininni.

Þá hefur verðmiðlunin einnig verkað letjandi á hagræðingu innan hvers fyrirtækis og gert fyrirtækjum, sem ekki hafa rekstrarskilyrði, mögulegt að halda áfram rekstri.

Verðmiðlun, í þeirri merkingu, sem hún hefur í gildandi búvörulögum, vinnur því gegn þeim markmiðum, sem greinin hlýtur að setja sér, eigi hún að geta tekist á við þá stórauknu samkeppni sem fyrirsjáanleg er bæði gagnvart innlendum og erlendum neysluvörum.

5.6
Verðtilfærsla

Hluti af verðmyndunarkerfi mjólkuriðnaðarins er svokölluð verðtilfærsla sem miðar að því að verðlagning einstakra vara sé í sem bestu samræmi við eftirspurn eftir öllum þeim efnum sem í mjólkinni eru. Verðtilfærslan á sér ekki sérstaka lagastoð og verður ekki annað séð en að litið sé á hana sem mál iðnaðarins. Verðtilfærsla felst annars vegar í því að innheimt er gjald af seldri nýmjólk og nýmjólkurhluta ýmissa sérvara og fénu varið til að lækka verð á smjöri á framleiðslustigi. Einnig er hluta af verðmæti þess rjóma sem tekinn er úr léttmjólk og undanrennu varið í sama tilgangi. Svipað yrði uppi á teningnum ef mjólk yrði stöðluð við ákveðið fituhlutfall. Búast má við að slíkt komi til framkvæmda á næstu árum. Ef mjólkuriðnaðurinn á Íslandi væri rekinn sem ein heild væri verðtilfærslan liður í verðstefnu fyrirtækisins þar sem hver vara væri verðlögð í samræmi við eftirspurn og samkeppni við aðrar vörur. Þar sem iðnaðurinn er hins vegar í mörgum sjálfstæðum

Tafla 17

VERÐMIÐLUNARSJÓÐUR MJÓLKUR 1990
SUNDURLIÐUN Á VERÐMIÐLUNARGJÖLDUM OG FLUTNINGSSTYRK

	Millisvæða flutningastyrkur	Verðmiðlun iðgjald 1990	Verðmiðlun mjólkur v/1990	Flutnings-styrkur
Ms. Reykjavík	1.145.698	15.559.537	0	0
Ms. Borgarnesi	0	35.031.900	0	0
Ms. Búðardal	5.963.145	11.448.280	0	0
Ms. Patreksfirði	1.706.186	3.790.918	13.600.398	2.088.105
Ms. Ísafirði	1.050.032	6.010.363	18.687.181	7.028.246
Ms. Hvammstanga	26.755	9.260.035	0	0
Ms. Blönduósi	1.985.270	14.870.266	0	0
Ms. Sauðárkróki	381.752	31.070.496	0	0
Ms. Akureyri	579.094	75.234.934	0	0
Ms. Húsavík	1.264.348	22.816.985	0	0
Ms. Þórshöfn	232.641	0	0	0
Ms. Vopnafirði	0	2.935.598	5.969.901	556.523
Ms. Egilsstöðum	851.470	10.870.518	442.473	544.943
Ms. Neskaupstað	369.711	2.137.465	6.118.715	845.551
Ms. Höfn	1.051.739	6.726.247	5.011.890	1.073.328
Mb. Flóamanna	0	135.978.951	0	375.000
Ms. Langnesinga	0	0	3.284.821	0
SAMTALS	**16.607.841**	**383.742.493**	**53.115.379**	**12.511.696**

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins

Tafla 2

INNHEIMTA OG GREIÐSLUR Á VERÐMIÐLUNARFÉ 1981-1989.

Framreiknað verðlag til 1990 m.v. lánskjaravísitölu á tímabilinu, 1981=249 stig og 1989=2.896 stig

MJÓLKURBÚ	Innheimt af mjólkursamlagi	Greitt til samlags	Nettó verðmiðlun
Patreksfjörður	18.501.280	153.241.306	133.740.026
Ísafjörður	32.107.426	108.661.502	76.554.076
Akureyri	439.045.763	448.812.725	9.766.962
Þórshöfn	4.714.670	56.292.481	51.577.811
Vopnafjörður	12.595.498	110.299.617	97.704.119
Egilsstaðir	55.836.905	233.886.970	178.050.065
Neskaupstaður	12.627.356	98.333.411	85.706.055
Djúpivogur	7.401.230	37.970.153	30.568.923
Höfn	34.063.051	129.677.150	95.614.099
Blönduós	81.672.700	161.028.172	79.355.472
SAMTALS	698.565.879	1.537.203.487	838.637.608
Hvammstangi	52.988.798	48.203.744	-4.785.054
Sauðárkrókur	170.447.169	67.523.502	-102.923.667
Húsavík	132.180.190	48.782.426	-83.397.764
1. Sölusvæði	1.135.978.124	829.168.735	-306.809.390
SAMTALS	1.491.594.282	993.678.407	-497.915.875
SAMTALS 1981-1989	**2.190.160.161**	**2.530.881.894**	**340.721.733**

Heimild: SAM

einingum hefur verið fært til milli vörutegunda á landsgrundvelli og sér Framleiðsluráð landbúnaðarins um framkvæmdina. Að þessu leyti hefur mjólkuriðnaðurinn starfað eins og um eina samsteypu væri að ræða.

Verðtilfærsla milli nýmjólkur, undanrennu og léttmjólkur annars vegar og smjörs hins vegar nam samtals kr. 280 milljónum á árinu 1990.

5.7
Jöfnun á kostnaði við mjólkurflutninga

Flutningur á mjólk að vinnslustöð er alls staðar á landinu hluti af rekstrarkostnaði bænda. Um er að ræða sameiginlega ábyrgð (útjöfnun) á flutningskostnaði þannig að allir bændur á sama svæði greiða sama gjald á hvern lítra. Á svæðum þar sem flutningskostnaður er umtalsvert umfram landsmeðaltal er heimilt að greiða styrk úr Verðmiðlunarsjóði. Verðlagsárið 1990/1991 greiddi sjóðurinn 12,5 milljónir króna í slíka styrki (sjá töflu 1). Á því verðlagsári var viðmiðunarkostnaðurinn ákveðinn kr. 2,50 á hvern lítra en það er um 18% umfram meðalkostnað.

Annar þáttur mjólkurflutninga er flutningur unninna vara á markað. Hvert mjólkursamlag ber allan kostnað af dreifingu mjólkurvara á sínu svæði. Þegar hins vegar þarf að flytja ákveðnar ferskvörur milli svæða greiðir Verðmiðlunarsjóður styrk til slíkra flutninga samkvæmt ákveðnum reglum. Vegur þar lang þyngst styrkur til flutninga á vörum til Vestfjarða. Til grundvallar þessum styrkjum liggur það sjónarmið að neytendur fái mikilvægustu tegundir mjólkurvara á sama verði alls staðar á landinu.

Þriðji þáttur flutninga er svo tilfærsla á hráefnum; mjólk, rjóma og undanrennu milli samlaga.

Kostnaður Verðmiðlunarsjóðs vegna flutninga á vörum og hráefna til vinnslu nam 16,6 milljónum króna á verðlagsárinu 1990/1991.

6
STAÐA MJÓLKURIÐNAÐARINS

Nú eru starfandi 15 mjólkurbú í landinu. Árið 1955 voru mjólkurbúin 10 talsins en þau urðu flest árið 1967 eða alls 20. Ástæða þeirrar miklu uppbyggingar sem varð á 6. og 7. áratugnum var að víða ríkti á þessum tíma ófremdarástand á þéttbýlisstöðum vegna þess að ekki var á boðstólum gerilsneydd mjólk. Fast var þrýst á það af heilbrigðisyfirvöldum að úr þessu væri bætt með byggingu mjólkurstöðva á stöðum þar sem samgöngur hömluðu því að hægt væri að leysa málið með flutningi gerilsneyddrar mjólkur frá mjólkurstöð. Auk þess ber að geta þess að allt fram til ársins 1960 ríkti árstíðarbundinn mjólkurskortur hér á landi. Til þess að greiða fyrir þessari uppbyggingu var á þessum tíma greitt framlag úr ríkissjóði til nýbygginga mjólkursamlaga og nam það 25% af stofnkostnaði. Rekja má byggingu mjólkurstöðvanna í Grundarfirði, á Patreksfirði, Ólafsfirði, Þórshöfn, Vopnafirði, Norðfirði, Djúpavogi og Hornafirði beint til framangreindra ástæðna. Samdráttur í framleiðslu, bættar samgöngur, aukið geymsluþol mjólkurvara og fullkomnari umbúðatækni hafa smám saman raskað þessu skipulagi mjólkurvinnslunnar. Nú er búið að leggja niður mjólkurbúin á Grundarfirði, Ólafsfirði, Djúpavogi og Þórshöfn. Rekstrarskilyrði þessara samlaga reyndust mjög erfið og byggðist tilvera þeirra að verulegu leyti á framlögum úr Verðmiðlunarsjóði.

Þrátt fyrir það sem að framan segir hefur mjólkursamlögunum ekki fækkað í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum. Mjög mikil umframfjárfesting er í mjólkuriðnaðinum, bæði í húsum og tækjum, og eru rekstrarskilyrði margra samlaganna erfið. Greiðslur úr Verðmiðlunarsjóði til sumra þeirra vegna hallareksturs hafa verið hlutfallslega mjög miklar á síðustu árum (sbr. töflu 2). Hefur sú

trygging sem sjóðurinn veitir vegna hallareksturs dregið úr því að tekið væri á málum mjólkuriðnaðarins í heild. Skipting landsins í sölusvæði, sem raunar er ekki formlega í gildi lengur, og fyrirkomulagið á sölu þeirra vara sem heimilt er að selja utan sölusvæðis ásamt verðtilfærslum gerir það að verkum að í raun starfar mjólkuriðnaðurinn eins og um væri að ræða eitt fyrirtæki í mörgum sjálfstæðum deildum. „Fyrirtækið" hefur þó ekki hagað sér eins og dæmigerður einkasali sem nýtur aðgangsverndar og verðlagsákvæða, því að haldið hefur verið uppi óhagkvæmum rekstrareiningum. Breyttar aðstæður með samkeppni erlendis frá kalla á að *starfsumhverfi iðnaðarins verði breytt.*

6.1

Aðgerðir til hagræðingar á vinnslustigi

Yfirstjórn landbúnaðarmála hefur lengi verið ljóst að taka þyrfti á skipulagsmálum mjólkuriðnaðarins. Árið 1986 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra nefnd, Afurðastöðvanefnd, til þess að gera tillögur um hagræðingu í rekstri mjólkuriðnaðarins. Nefndin skilaði ítarlegu áliti í ágúst 1989 og í kjölfar þess voru mjólkurbúin á Þórshöfn og Djúpavogi lögð niður. Þann 29. janúar 1990 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra enn nefnd til þess að leggja mat á tillögur Afurðastöðvanefndar. Sú nefnd skilaði áliti í mars 1991. Í þessum nefndarálitum kemur fram að verulegir möguleikar séu til þess að ná fram sparnaði og aukinni hagræðingu í rekstri mjólkurbúanna, m.a. með aukinni verkaskiptingu og/eða fækkun eininga.

Í reglugerðum um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa fyrir árin 1988 - 1990 er að finna ýmis atriði sem áttu að hvetja til aðhalds í rekstri þeirra samlaga sem á verðmiðlun þurfa að halda. Ekki hefur tekist að setja almennar reglur um framkvæmd verðmiðlunar sem virkuðu hvetjandi á mjólkuriðnaðinn í heild til að taka upp meiri verkaskiptingu eða sameiningu. Þann 21. apríl 1989 gaf landbúnaðarráðherra út reglur um greiðslur af fé Verðmiðlunarsjóðs mjólkur til að greiða fyrir hagræðingu í mjólkuriðnaði.

Mjög lítil eftirspurn hefur verið eftir því að úrelda samlög. Úrelt hafa verið tvö samlög með 0,6% af heildarinnvigtun (Þórshöfn og Djúpivogur). Í reglum landbúnaðarráðherra eru ákvæði um að ráðherra geti, að undangenginni úttekt á rekstri mjólkurbús með mikla verðmiðlunarþörf, tekið ákvörðun um úreldingu samlags. Á þetta hefur ekki verið látið reyna.

Skiljanlegt er að lítil eftirspurn hafi verið eftir úreldingu þar sem verðmiðlunin hefur gert það að verkum að mögulegt hefur verið að halda áfram rekstri óhagkvæmra eininga.

6.2

Aðgerðir til hagræðingar hjá bændum

Möguleikar til hagræðingar í framleiðslu nautgripafurða felast fyrst og fremst í betri nýtingu bygginga, ræktunar, bústofns og vinnuafls. Fullvirðisréttarkerfið leiddi til óhagræðis í nýtingu þessara þátta þar sem möguleikar á tilfærslu (sölu) fullvirðisréttar milli framleiðenda voru mjög takmarkaðir. Þar sem möguleikar til tekjuöflunar með aukinni framleiðslu voru takmarkaðir leituðust bændur hins vegar við að draga úr breytilegum kostnaði við búreksturinn. Í þessu sambandi er rétt að benda á að niðurstöður búreikninga sýna að mjög mikill breytileiki er í framlegð á kú milli býla. Virðast því enn nokkrir möguleikar á að gera betur í rekstri hjá framleiðendum.

Ein afleiðing þeirrar framleiðslustjórnunar sem gilt hefur í mjólkurframleiðslunni sl. áratug er sú að hlutur stærstu eininganna í heildarframleiðslunni hefur minnkað umtalsvert en hlutur lítilla og meðalstórra búa aukist. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að á þessum tíma hefur mikill fjöldi smárra eininga hætt framleiðslu (sjá mynd 2). Í búrekstrarkönnun sem Framleiðsluráð landbúnaðarins gaf út árið 1989 kemur fram að meðalnýting fjósa er um 80%.

Eftir að frjálsræði í viðskiptum með fullvirðisrétt var aukið á sl. ári hafa skapast skilyrði til þess að bæta nýtingu fjósa hjá þeim bændum sem halda áfram framleiðslu. Viðhald

og endurnýjun fjósbygginga hefur verið í lágmarki undanfarin ár og samkvæmt áburnefndri búrekstrarkönnun er meðalaldur fjósbygginga 26 ár. Gera má ráð fyrir að endurnýjunarþörf fjósbygginga verði umtalsverð á næstu árum.

Verulegir möguleikar felast í að auka afurðasemi þeirra gripa sem notaðir eru í framleiðslunni í dag. Meðalnyt skýrslufærðra kúa er nú tæplega 4.200 lítrar eftir árskúna og hefur aukist verulega síðustu áratugi. Nokkur hluti framleiðenda framleiðir um 30% umfram meðaltal stofnsins. Það bendir til að afkastageta stofnsins sé enn verulega vannýtt. Því er ástæða til að ætla að afurðir aukist áfram með hverju ári vegna þess ræktunarstarfs sem grunnur var lagður að fyrir tveimur áratugum. Í þessu sambandi skiptir máli hvaða viðhorf eru ráðandi um fóðrun gripa til afurða og hvernig verðlagningu á kjarnfóðri er háttað. Vegna álagningar kjarnfóðurgjalda og tilkomu fullvirðisréttar hefur dregið mjög úr notkun kjarnfóðurs í mjólkurframleiðslunni hér á landi síðasta áratuginn. Þrátt fyrir það hefur nyt hækkað vegna aukinna heygæða og hagstæðs veðurfars síðustu ár. Í heild hefur styrkleiki fóðurs þó minnkað og má fullvíst telja að ef notkun kjarnfóðurs yrði aftur aukin í það sem hún var fyrir einum áratug kæmi fram afurðaaukning sem næmi hundruðum lítra á hvern grip.

Vinna er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í mjólkurframleiðslunni. Þar sem viðskipti hafa nú verið leyfð með fullvirðisrétti, er ljóst að skilyrði hafa skapast til betri nýtingar á vinnuafli. Líklegt er að vænta megi hliðstæðrar þróunar hér og hjá mörgum öðrum þjóðum, þ.e. að mestrar hagræðingar sé að vænta með hæfilegri stækkun fjölskyldubúa en ekki með því að færa framleiðsluna á annað tæknistig samfara mikilli stærðaraukningu sem byggði á aðkeyptu vinnuafli.

Auka má hagkvæmni í nautakjötsframleiðslu, ekki síst samfara mjólkurframleiðslu. Nauðsynlegt er að leyfður verði innflutningur nýrra nautgripakynja til að nýta þá hagkvæmni sem felst í eldi hraðvaxnari og afurðameiri stofna sem gefa annars vegar af sér meiri mjólk og hins vegar meira kjöt miðað við tilkostnað.

Nokkur atriði mætti nefna til viðbótar sem leitt geta til hagræðingar í búrekstri. Meiri þátttaka bænda í skipulögðu kynbótastarfi, bætt gróffóðurverkun, bætt nýting núverandi tækni eða minni og ódýrari fjárfesting við framleiðsluna. Markvissari aðgerðir í heilbrigðiseftirliti á búunum og síðast en ekki síst markvissari bústjórn. Þessir þættir eiga það sammerkt að grundvöllur þeirra er öflugt og skilvirkt rannsókna-, leiðbeininga- og fræðslustarf. Því þarf að tryggja að ráðstöfun þess fjármagns sem varið er til rannsókna og leiðbeininga sé í samræmi við þarfir framleiðenda og neytenda.

Þá má nefna þrjú atriði sem geta ráðið miklu um hvernig að framleiðslunni er staðið. Í fyrsta lagi fagþekking og reynsla þeirra sem framleiðsluna stunda. Í annan stað sýnir reynslan að markviss gagnaskráning um búreksturinn er grundvöllur þess að hægt sé að gera áætlanir og veita rekstrarleiðbeiningar. Í þriðja lagi skal nefna frekari kröfur um aðbúnað framleiðslunnar. Mjólkurframleiðendur eru í dag háðir veitingu starfsleyfis sem fyrst og fremst tekur til aðbúnaðar við meðferð mjólkurinnar en unnið er að setningu reglugerðar um aðbúnað gripa, húsagerð o.fl í samræmi við nýsett lög um búfjárhald. Með kröfum af því tagi, sem að ofan eru nefndar má ætla að betur verði tryggt en ella að þeir bændur, sem bera uppi framleiðsluna á hverjum tíma, séu hæfir til að mæta þeim auknu kröfum um hagræðingu sem að er stefnt.

7

STEFNUMÖRKUN Í MÁLEFNUM MJÓLKURFRAMLEIÐSLU

Í samningi um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991 er kveðið á um afnám útflutningsbóta og niðurfellingu á verðábyrgð ríkisins á tilteknu magni afurða. Þetta þýðir að frá 1. september 1992 bera bændur og afurðastöðvar

alla ábyrgð á markaðsfærslu afurðanna. Þá eru í samningnum rammaákvæði sem gilda eiga um mjólkurframleiðsluna á tímabilinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1998. Stefnumótun þessi var í samræmi við hugmyndir Sjömannanefndar sem þó hafði ekki lokið umfjöllun sinni. Meginatriði þessarar stefnumörkunar eru:

- ✓ Mjólkurframleiðslan haldi hliðstæðum heildarstuðningi og verið hefur hlutfallslega, við það verðmæti og magn mjólkurafurða sem selt er á innanlandsmarkaði.
- ✓ Heildarframleiðsluréttur bænda grundvallist á innanlandsmarkaði að teknu tilliti til sveiflna í framleiðslu, neyslu og eðlilegra birgða.
- ✓ Hver framleiðandi fái framleiðslurétt sem sé sama hlutfall af heildarrétti og nú er.
- ✓ Heimiluð verði viðskipti með fullvirðisrétt.

8

STAÐA MJÓLKUR-FRAMLEIÐSLUNNAR samandregið yfirlit

Hér að neðan eru dregnar saman helstu staðreyndir um þróun mjólkurframleiðslu og vinnslu sl. 10 ár og stöðu greinarinnar nú.

Margt bendir til að mjólkurframleiðslan muni standa frammi fyrir aukinni samkeppni mun fyrr en gert var ráð fyrir við undirritun búvörusamnings 11. mars 1991.

Það er skoðun sjömannanefndar að til þess að tryggja áfram sem mesta markaðshlutdeild innlendrar mjólkurframleiðslu þurfi á næstu 6 árum að nást fram hagræðing í greininni sem geri umtalsverða raunlækkun á mjólkurvörum mögulega.

* Mjólkurframleiðendum hefur fækkað og meðalframleiðsla aukist á meðan mjólkurbúum hefur líftíð fækkað.
* Þrátt fyrir umtalsverða raunlækkun á verði mjólkur til bænda hefur dregið úr mjólkurneyslu á mann sem nemur rúmlega 1% á ári sl. áratug.
* Færa þarf fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu niður um 5 milljónir lítra.
* Horfur eru á að innan skamms tíma standi mjólkurframleiðslan frammi fyrir aukinni samkeppni frá innfluttum mjólkurvörum.
* Samkvæmt drögum að GATT-samningi er gert ráð fyrir að sú tollavernd sem mjólkurframleiðslan muni njóta lækki að lágmarki um 15% á 6 árum.
* Samdráttur í framleiðslu, bættar samgöngur, aukið geymsluþol mjólkurvara og fullkomnari umbúðatækni hafa raskað forsendum þess skipulags sem mjólkurvinnslan byggir á.
* Umtalsverð umframfjárfesting er í framleiðsluaðstöðu hjá bændum og í mjólkuriðnaðinum.
* Verðmiðlunarkerfið hefur unnið gegn hagræðingu í mjólkurframleiðslunni.
* Verulegir möguleikar eru til lækkunar framleiðslukostnaðar hjá bændum með betra skipulag í framleiðslu og bættri nýtingu fjárfestinga hjá mjólkurframleiðendum
* Auka má hagkvæmni mjólkurvinnslunnar með fækkun rekstrareininga og/eða aukinni sérhæfingu og samvinnu innan greinarinnar.

Til þess að þetta takist og mjólkurframleiðslan verði fær um að mæta aukinni samkeppni á næstu árum þarf að nýta sem best þann tíma sem gefst til aðlögunar.

Sjömannanefnd er þeirrar skoðunar að farsælast sé og líklegast til árangurs að greinin takist sem mest sjálf á við þetta verkefni fremur en að gefin séu fyrirmæli um einstök hagræðingarverkefni. Hlutverk stjórnvalda sé að setja greininni starfsramma sem geri öllum bændum og afurðastöðvum ljóst hvaða rekstrarforsendur verði fyrir hendi á næstu árum svo að þeir geti tekið ákvörðun um hvort þeir kjósi og með hvaða hætti að starfa áfram í greininni.

9

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

9.1 Markmið

Tillögur þær sem hér fara á eftir miða annars vegar að því að aðlaga mjólkurframleiðsluna innanlandsmarkaði og draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Hins vegar miða þær að því að lækka verð á mjólkurafurðum og mæta þannig kröfum neytenda og styrkja samkeppnisstöðu mjólkurafurða á matvörumarkaðnum. Jafnframt er að því stefnt að bændum gefist eðlilegt svigrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum og að afkomumöguleikar þess fólks, sem vinna mun við þessar greinar, þegar jafnvægi er náð, verði ekki lakari en annarra stétta.

Svo sem lýst er í inngangsköflum skýrslunnar eru á því yfirgnæfandi líkur að á næstu misserum þurfi innlend búvöruframleiðsla að mæta vaxandi samkeppni erlendis frá. Þannig eru horfur á að verslun innan EES með unnar landbúnaðarvörur sem innihalda mjólkurafurðir aukist í allverulegum mæli. Í þessum tillögum er gengið út frá því að innan ESS verði tekin upp jöfnunargjöld fyrir innfluttar landbúnaðarafurðir samfara auknu frelsi í viðskiptum með þær. Einnig eru línur að skýrast í alþjóðlegum samningum um viðskipti með landbúnaðarvörur sem fara fram innan GATT, sem gera ráð fyrir að mjög verulega verði dregið úr möguleikum ríkja til að takmarka innflutning landbúnaðarvara til verndar eigin framleiðslu. Með GATT-samningunum er að því stefnt að lágmarksaðgangur landbúnaðarafurða í millirríkjaviðskiptum verði 5% að loknum 6 ára aðlögunartíma.

Tillögur nefndarinnar taka því einnig mið af þeim breytingum sem kunna að verða í millirríkjaverslun vegna alþjóðlegra samninga.

Nefndin vill stefna að því að innlend búvöruframleiðsla haldi eins mikilli markaðshlutdeild fyrir mjólkurafurðir og unnt er. Eigi það að takast er ljóst að á næstu árum þarf verð afurðanna að lækka umfram lækkun tollverndar samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Tillögurnar eru ennfremur gerðar á grundvelli búvörusamnings milli ríkisvaldsins og bænda, sem undirritaður var 11. mars 1991, um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt.

9.2

Aðlögun framleiðslu að innanlandsmarkaði

Virkur fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu er 104,5 milljónir lítra á verðlagsárinu 1991/92. Auk þess eru 3 milljónir lítra bundnar í leigu hjá Framleiðnisjóði. Reiknað er með að u.þ.b. 0,7 milljón lítrar af þeim rétti losni úr leigu á næstu tveimur haustum. Samkvæmt gr. 7.4 í nýgerðum búvörusamningi ber Framleiðnisjóði að leggja fram fjármagn til að mæta nauðsynlegri aðlögun vegna þess leiguréttar, sem kann að verða tekinn í notkun á ný.

Samkvæmt búvörusamningnum frá 11. mars 1991 skal heildarframleiðsluréttur mjólkur grundvallaður á innanlandsmarkaði og útflutningur mjólkur og allur kostnaður við hann á ábyrgð vinnslustöðva og bænda frá 1. september 1992. Haustið 1992 þarf því að færa virkan fullvirðisrétt úr 104,5 í u.þ.b. 100 milljónir lítra, sem er það magn mjólkur sem nú er áætlað að unnt verði að markaðssetja innanlands. Lagt er

til að fullvirðisréttur allra mjólkurframleiðenda verði færður niður hlutfallslega að þessu marki. Forsenda þeirrar framleiðnikröfur sem sett er fram í kafla 9.3 er að mjólkurframleiðendum verði bætt niðurfærsla á fullvirðisrétti þeirra. Nefndin leggur til að greiddar verði 50 krónur á hvern niðurfærðan lítra, þó ekki umfram 250 milljónir króna alls. Lagt er til að aflað verði lagaheimildar fyrir því að þessar greiðslur komi úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur, enda verði áfram innheimtur hluti verðmiðlunargjalds fram á mitt ár 1994, eða þar til framangreindri fjárhæð er náð. Greiðsla fari fram hinn 31. mars 1993.

9.3

Verð mjólkur og mjólkurafurða

Öll rök hníga að því að stærstu skref sem tekin verða í átt til aukinnar framleiðni í mjólkuriðnaði felist í fækkun mjólkurbúa og aukinni verkaskiptingu þeirra á milli, þannig að þau bú sem eftir standa fái meiri mjólk til úrvinnslu og séu sérhæfðari. Eigi að lækka framleiðslukostnað að marki er mikilvægt að þessi þróun gangi sem hraðast fram svo að iðnaðurinn verði sem fyrst fær um að mæta samkeppni erlendis frá. Sjömannanefnd telur því að veita eigi aðstoð til einstakra búa til að þessi breyting geti gengið hraðar fyrir sig. Nefndin gerir ekki tillögur um úreldingu tiltekinna búa en telur að hvert bú verði að meta þessa kosti fyrir sig út frá væntanlegum rekstrarskilyrðum og hagræðingarkröfum. Nefndin leggur til að aflað verði lagaheimilda svo að unnt sé að veita fé úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur í þessu skyni. Ekki verði ráðstafað meira fé til verkefnisins en verður í sjóðnum í maílok 1992 að teknu tilliti til skuldbindinga vegna verðmiðlunar á árunum 1991 og 1992. Þó verði ekki um að ræða verðmiðlun vegna annarra fjárfestinga en þeirra sem hlotið hafa staðfestingu um stuðning af verðmiðlunarfé fyrir 1. maí 1992. Sérstök verkefnisstjórn sem landbúnaðarráðherra skipar geri tillögur um ráðstöfun fjár samkvæmt framansögðu. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og auk hans tvo fulltrúa eftir tilnefningu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og tvo fulltrúa neytenda eftir sömu reglu og í Fimmmannanefnd. Stjórnin hafi samráð við Stéttarsamband bænda um aðgerðir ef ætla má að þær geti raskað aðstöðu framleiðenda til mjólkurinnleggs. Landbúnaðarráðherra setur stjórninni starfsreglur og tekur endanlega ákvörðun um fjárframlög að fengnum tillögum stjórnarinnar. Starfsreglurnar feli m.a. í sér eftirfarandi:

1. Engar takmarkanir verði á rétti til umsókna um fé til úreldingar. Styrkur til úreldingar verði því aðeins veittur að búið verði úrelt í heild og tryggt að eignin verði ekki tekin aftur í notkun til mjólkurvinnslu.

2. Hafi umsókn um styrk til úreldingar borist fyrir 1. júní 1993 verði greitt allt að 90% af bókfærðu verði fasteigna og véla. Þeim sem sækja um úreldingu eftir þann dag fram til 1. júní 1994 verði greitt allt að 80% af bókfærðu verði fasteigna og véla, að því marki sem fjármunir hrökkva til. Eftir þann tíma verði ekki veittir styrkir til úreldingar.

3. Úrelding fari fram innan níu mánaða frá afgreiðslu umsóknar, nema sérstök rök séu til, ella skoðist umsóknin úr gildi fallin.

4. Heimilað verði endurmat eigna til þess að samræma afskriftir, hafi mismunandi aðferðir verið notaðar við þær.

5. Frá úreldingarfé verði dregið það verð sem fæst við sölu fasteigna og véla hjá viðkomandi búi, enda telji stjórnin að eignin hafi verið seld á eðlilegu verði. Séu eignirnar áfram í eigu rekstraraðila búsins skal miða við matsverð þeirra.

6. Við mat á greiðslum vegna úreldingar verði tekið tillit til þeirra styrkja sem viðkomandi bú kann að hafa hlotið til uppbyggingar og fjárfestingar í vélum.

7. Heimilt verði að veita einstökum búum styrki til hagræðingar við sérhæfingu og verkaskiptingu, mæli sérstök rök með því.

8. Heimilt verði að veita bændum styrk vegna breyttra aðstæðna, sé það talið forsenda þess að ná fram hagræðingu í mjólkurbúarekstrinum.

9. Fjármunum sem eftir kunna að verða í verðmiðlunarsjóði, og ekki verður ráðstafað vegna fyrrnefndra verkefna, verði varið til þess að lækka mjólkurverð til neytenda.

Núverandi verðlagningarkerfi mjólkurafurða verði viðhaldið til ársloka 1994. Verðlagningu skal því fyrst um sinn hagað í samræmi við gildandi ákvæði 7.-12. greinar búvörulaga frá 1985. Þó leggur nefndin til að verðlagsár verði bundið almanaksári og Sexmannanefnd fái heimild til að breyta verðlagstímabilum. Fyrir árslok 1994 verði verðlagskerfið endurmetið með hliðsjón af fenginni reynslu og áhrifum á afkomu bænda og afurðastöðva. Þá verði meginhersla lögð á að verðlagskerfið styrki samkeppnisforsendur mjólkurframleiðslunnar og möguleika á að hámarka hlutdeild innlendrar framleiðslu.

Tekin verði af tvímæli um að umsýslusala sé heimil og settar verði skýrar reglur um slík viðskipti.

Afurðaverð til bænda

Nefndin telur óhjákvæmilegt að gerð sé krafa til bænda um aukna framleiðni. Í fyrsta lagi komi á árinu 1992 til framkvæmda 1% framleiðnikrafa. Í öðru lagi verði á árunum 1993 og 1994 framreiknaður verðlagsgrundvöllur, eins og hann er nú, færður niður um 2,5% hvort ár. Þetta verði framkvæmt þannig að ekki komi til verðhækkunar fyrr en framleiðnikröfu ársins er náð og því aðeins að tilefni sé til að minnsta kosti 0,3% hækkunar. Hækki verðlagsgrundvöllur minna en sem nemur framleiðnikröfu hvors árs skal verð lækkað við síðustu verðákvörðun ársins (hinn 1. desember eða 1. janúar verði verðlagsáramótum breytt) sem því svarar, þó því aðeins að tilefni sé til að minnsta kosti 0,3% lækkunar, ella bætist mismunurinn við framleiðnikröfu næsta árs. Við framreikning á verðlagsgrundvelli mjólkur verði ekki tekið tillit til breytinga á verði eða magni nautgripakjöts.

Nefndin treystir sér ekki til að fastsetja tölur um raunlækkun verðlags mjólkur fyrir lengra tímabil en út árið 1994 en leggur áherslu á að áfram verði stefnt að aukinni framleiðni.

Verð frá afurðastöð

Um ákvörðun afurðaverðs og markaðsmál mjólkuriðnaðarins fari eftir því sem hér segir:

1. Fimmmannanefnd starfi áfram samkvæmt gildandi lögum.

2. Verð á neyslumjólk, nú nýmjólk, léttmjólk og undanrennu, verði það sama um allt land og fari eftir ákvörðunum Fimmmannanefndar. Til að ná því markmiði verði heimilt að leggja á sérstakt flutningsjöfnunargjald, sem verði tekið upp um áramótin 1992/93 enda falli verðmiðlun skv. gildandi lögum þá niður. Þetta gjald verði innheimt af heildsöluverði allra mjólkurafurðir, og verði að hámarki 1% af heildarandvirði mjólkurafurða. Gjaldið gangi til að styrkja flutninga innan svæða og til svæða, telji Fimmmannanefnd það óhjákvæmilegt. Jafnframt er heimilt að styrkja rekstur einstakra lítilla mjólkurbúa, mæli sérstakar aðstæður með því. Flutningsjöfnun frá framleiðanda að afurðastöð skal aldrei vera meiri en nemur áætluðum kostnaði við að flytja neyslumjólk til viðkomandi svæðis. Styrkur til mjólkurbús og flutninga að búi veitist því aðeins að það sé hagkvæmari leið til að þjóna markaði en flytja vöruna að. Sé talin nauðsyn að styrkja rekstur tiltekins mjólkurbús umfram þann stuðning sem þessar reglur gera ráð fyrir telur Sjömannanefnd ekki rétt að mjólkurafurðir verði látnar bera þann kostnað. Fimmmannanefnd gerir tillögur til landbúnaðarráðherra að reglum um innheimtu og ráðstöfun flutningsjöfnunargjalds.

3. Verðlag mjólkurafurða breytist að meðaltali í samræmi við kostnaðarbreytingar og þá hagræðingarkröfu sem gerð er ár hvert. Vinnslu- og heildsölukostnaður mjólkur taki sömu breytingum að raunvirði og verð til bænda til ársloka 1994. Eftir 1. júní 1992 og til loka ársins verði verðmiðlunargjald ákveðið þannig að ekki þurfi að hækka heildsöluverð þó svo að greiðslur til bænda og afurðastöðva hækki. Frá og með 1. júní 1992 gangi 1% af heildsöluverði til verðmiðlunar á árinu (til samræmis við nýjar reglur um flutningsjöfnun). Það sem gengur af verðmiðlunargjaldinu verði varið til uppkaupa á fullvirðisrétti. Um áramótin 1992/93 falli verðmiðlun niður að fullu þegar flutningsjöfnunargjald verður tekið upp. Við verðlagningu á vörum sem greindar eru undir lið 2 sé tekið fullt tillit til hagræðingarkröfunnar árið 1992. Eftir það er á samningstímanum heimilt að víkja frá meðalverðbreytingu mjólkurvara þó þannig að við verðlagningu á neyslumjólk sé alltaf tryggt að minnst 3/4 hlutar hagræðingarkröfu ársins komi fram í verðinu.

4. Landið verði allt eitt sölusvæði og mjólkurbúum í sjálfsvald sett hvort þau starfi sjálfstætt, taki upp samvinnu/verkaskiptingu sín á milli eða

sameinist. Einkaréttur mjólkurbús til að selja dagvörur úr mjólk og skylda þess að sjá um að framboð þeirra sé nægt hverju sinni innan sölusvæðis fellur þar með niður. Komi upp vöntun á dagvörum vegna flutninga geri Fimmmannanefnd tillögur til landbúnaðarráðherra um hvernig úr verði bætt. Verðtilfærsla til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa sé heimild, enda sé það gert samkvæmt samkomulagi á milli afurðastöðva t.d. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þátttaka í slíkri verðtilfærslu sé afurðastöðvum frjáls og geta einstök bú eða samlög dregið sig óhindrað úr slíku samstarfi. Fimmmannanefnd getur gripið inn í verðtilfærslu milli afurða, telji hún það nauðsynlegt. Verðtilfærsla má þó aldrei verða hærri fjárhæð en sem svarar hráefnisverði hverrar afurðar.

5. Verðhlutföll milli fitu og eggjahvítu verði endurskoðuð til þess að draga úr verðtilfærsluþörf frá því sem nú er. Hinn 1. janúar 1993 verði notuð ný verðhlutföll við verðlagningu mjólkurafurða og þeim breytt þaðan í frá til að draga úr þörf fyrir verðtilfærslu eins og unnt er. Við þessa ákvörðun skal þess þó gætt að takmarka breytingu verðlags á neyslumjólk samanber lið 3. Að því skal stefnt að á næstu árum náist samræmi í framleiðslu og neyslu á eggjahvítu og fitu mjólkur, jafnframt því sem heimilt verði að staðla fituinnihald mjólkur.

9.4

Stuðningur við mjólkurframleiðsluna

Niðurgreiðslum á heildsölustigi verði hætt 1. janúar 1993 en í stað þeirra teknar upp beingreiðslur til bænda. Stuðningurinn haldist hlutfallslega sá sami og nú er, miðað við sölu mjólkurafurða innanlands og verð til framleiðenda, sbr. ákvæði 7. gr. búvörusamnings frá 11. mars 1991. Óbreyttar niðurgreiðslur komi á óniðurgreiddar birgðir mjólkurvara, sem til verða hjá afurðastöðvum þegar beingreiðsla til bænda hefst, svo að unnt verði að selja þær á sama verði og aðrar mjólkurvörur framleiddar eftir breytinguna.

9.5

Framleiðslustjórnun

1. Haustið 1992 verði úthlutað framleiðsluréttti - heildargreiðslumarki- fyrir u.þ.b. 100 milljónum lítra mjólkur, sem deilist á framleiðendur í réttu hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra þá. Heildargreiðsluréttur verði eftir það ákveðinn fyrir eitt ár í senn við upphaf árs og miðaður við neyslu innlendra mjólkurvara undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun fyrir komandi ár.

2. Greiðslumark verði bundið við lögbýli og skal við upphaf á nýju tímabili (að loknum gildandi búvörusamningi) reiknað sem hluti lögbýlisins af heildargreiðslumarki.

3. Ytri mörk greiðslumarks verði ákveðin árlega. Í upphafi skal miðað við að bændur haldi óskertri beingreiðslu þó að þeir framleiði aðeins 92% greiðslumarks eða allt að 104%. Heimilt er að ákveða í samningi framleiðanda og afurðastöðvar að innlegg umfram greiðslumark teljist í umsýslusölu. Við uppgjör í afurðastöð njóti framleiðsla undir efri greiðslumarks forgangs.

Hvenær sem er á árinu getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að breyta þessum hlutföllum, hvoru fyrir sig, til að koma á jafnvægi á milli neyslu annars vegar og framleiðslu og birgða hins vegar.

4. Verði samt sem áður um óæskilega birgðasöfnun að ræða getur landbúnaðarráðherra, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveðið töku verðjöfnunargjalds af afurðaverði til bænda til að standa straum af kostnaði við afsetningu birgða. Gjald þetta hafi ekki áhrif á verðlag.

5. Sjömannanefnd leggur til að frá 1. janúar 1993 verði aflétt þeim hömlum sem nú eru á viðskiptum með fullvirðisrétt.

6. Í starfi nefndarinnar hefur verið fjallað ítarlega um ýmsar hugmyndir um sveigjanleika í framleiðslustjórn. Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um breytingar til þess vegar fyrir tímabilið fram til ársloka 1994, umfram það sem lýst er hér að framan. Í ljósi þessa telur nefndin eðlilegt að fyrir þann tíma fari fram ítarleg könnun á áhrifum framleiðslustýringar samkvæmt gildandi búvörusamningi og þá sérstaklega hugað að því að auka sveigjanleika í þessu efni.

Tafla 3: Heildarinnvigtun mjólkur og sala mjólkurafurða árin 1980 til 1991 umreiknuð á fitugrunn í þús. ltr og í ltr. á íbúa

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Heildar innvigtun	107.018	102.959	104.573	106.446	108.457	115.878	109.186	105.882	102.185	99.649	107.011	105.509
Samtals sala:	105.726	96.425	101.695	99.812	98.807	96.275	98.711	102.166	101.465	101.114	101.011	100.532
Neysla alls í lítrum á íbúa	463,4	417,8	434,6	421,1	412,6	398,8	405,9	415,4	406,0	400,1	396,5	389,7

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, Hagstofa Íslands, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 4: Fjöldi mjólkurinnleggjenda per 31.12. ár hvert hjá mjólkursamlögunum árin 1980 til 1991

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	% fækkun
Mjólkursamsalan	89	93	87	83	78	68	71	70	62	62	58	57	-36,0
Mjólkursamlag KB	235	223	208	190	187	186	182	173	166	162	162	159	-32,3
Mjólkursamlag Dalasýslu	108	104	101	90	93	86	75	71	70	66	63	59	-45,4
Mjólkursamlag V. Barðstr	34	32	31	30	28	27	25	25	24	24	21	19	-44,1
Mjólkursamlag Ísfirðinga	69	66	63	59	50	51	54	50	42	41	39	37	-46,4
Mjólkursamlag KVH/KFHB	83	80	72	62	67	65	63	51	51	53	53	51	-38,6
Mjólkursamlag SAH	88	86	82	79	79	80	70	69	68	68	65	66	-25,0
Mjólkursamlag KS	153	153	167	160	164	160	155	140	149	144	131	129	-15,7
Mjólkursamlag KEA	270	258	257	260	261	263	250	240	243	228	226	213	-21,1
Mjólkursamlag KÞ	152	146	137	131	127	127	125	117	113	108	107	103	-32,2
Mjólkursamlag KL	5	4	3	3	3	3	3	3	2	2	0	0	
Mjólkursamlag KVV	15	15	15	15	15	15	15	13	12	12	14	11	-45,0
Mjólkursamlag KHB	100	91	86	89	87	71	61	60	56	54	53	50	-50,0
Mjólkursamlag Kf. Fram	11	11	11	10	10	12	10	11	10	8	8	7	-36,4
Mjólkursamlag KBF	29	27	30	19	22	20	22	18	18	0	0	0	
Mjólkursamlag KASK	48	43	43	40	45	41	44	36	34	47	46	44	-42,9
Mjólkurbú Flóamanna	773	766	753	742	694	698	704	540	530	516	512	504	-34,8
Samtals:	2.262	2.198	2.144	2.062	2.010	1.973	1.929	1.687	1.650	1.595	1.558	1.509	-33,3

Heimild: Osta- og smjörsalan, útreikningar Sjömannanefndar

Meðal innlegg pr. innleggjanda í lítrum	47.311	46.842	48.775	51.623	53.959	58.732	56.602	62.763	61.930	62.476	68.626	69.920	% aukning 47,8

Tafla 5: Heildarinnvigtun mjólkursamlaga frá 1980 til 1991, þús. ltr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	% br.
Mjólkursamsalan	4.595	4.232	4.116	4.016	4.174	4.469	4.244	4.297	4.142	3.805	4.123	4.192	-8,8
Mjólkursamlag KB	9.991	9.030	9.221	9.224	9.589	10.629	10.098	9.879	9.434	8.849	9.375	9.763	-2,3
Mjólkursamlag Dalasýslu	2.873	2.610	2.760	2.792	3.010	3.342	3.351	3.155	3.034	2.877	3.174	3.115	8,4
Mjólkursamlag V. Barðstr	833	786	746	817	810	974	1.081	963	922	851	990	1.029	23,5
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.389	1.369	1.354	1.473	1.493	1.600	1.716	1.646	1.609	1.493	1.565	1.694	22,0
Mjólkursamlag KVH	2.786	2.542	2.483	2.503	2.686	2.918	2.683	2.486	2.463	2.432	2.509	2.551	-8,4
Mjólkursamlag SAH	3.969	3.899	3.937	4.060	4.012	4.236	4.211	4.007	3.821	3.650	4.068	4.062	2,3
Mjólkursamlag KS	7.648	7.450	7.575	8.168	8.574	9.202	8.623	8.423	8.161	7.786	8.311	8.526	11,5
Mjólkursamlag KEA	21.551	21.213	21.353	21.968	22.161	22.432	21.760	21.091	20.276	20.447	21.619	20.464	-5,0
Mjólkursamlag KÞ	6.526	6.484	6.667	6.935	6.629	6.642	6.789	6.124	6.185	6.014	6.354	6.201	-5,0
Mjólkursamlag KL	184	229	245	264	263	257							
Mjólkursamlag KVV	545	557	602	677	646	688	698	624	528	565	755	771	5,8
Mjólkursamlag KHB	2.493	2.424	2.509	2.598	2.664	2.832	2.875	2.781	2.638	2.776	3.027	2.921	17,2
Mjólkursamlag Kf. Fram	701	612	619	574	555	587	642	622	634	601	650	626	-10,7
Mjólkursamlag KBF	299	288	313	355	398	482				0	0	0	
Mjólkursamlag KASK	1.618	1.593	1.652	1.680	1.722	1.801	1.717	1.516	1.538	1.772	1.921	1.865	-2,7
Mjólkurbú Flóamanna	39.017	37.642	38.421	38.342	39.071	42.787	38.698	38.268	36.800	35.731	38.479	37.729	-3,3
Samtals:	107.018	102.959	104.573	106.446	108.457	115.878	109.186	105.882	102.185	99.649	106.920	105.509	-1,43
Hlutfallsleg breyting frá f. ári:	-8,7	-3,8	1,6	1,8	1,9	6,8	-5,8	-3,0	-3,5	-2,5	7,3	-1,3	

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 6: Innanlandssala drykkjarvara úr mjólk árin 1980 til 1991, þús. ltr.

	Nýmjólk	Léttmjólk	Undanrenna	Kókómjólk	G-mjólk	Súrmjólk, AB-mjólk	Jógúrt, Þykkmjólk	Samtals:
1980	42.221	0	2.798	1.124	166	3.094	1.130	50.533
1981	41.353	842	2.431	1.344	234	3.106	1.309	50.619
1982	39.187	3.628	1.793	1.329	266	3.200	1.288	50.691
1983	39.047	3.565	1.773	1.080	289	3.455	1.167	50.376
1984	37.260	4.062	1.851	935	347	3.522	1.441	49.418
1985	35.896	4.942	2.019	1.073	377	3.418	1.474	49.199
1986	34.493	6.251	2.441	1.841	413	3.342	1.644	50.425
1987	32.576	7.341	2.645	2.072	458	3.414	1.778	50.284
1988	30.809	8.206	2.857	1.855	500	3.481	2.055	49.763
1989	30.150	9.082	3.089	1.760	476	3.513	2.204	50.274
1990	28.792	10.036	3.543	1.739	482	3.630	2.429	50.651
1991	26.546	11.561	4.050	1.818	521	3.854	2.478	50.828

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 7: Innanlandssala drykkjarvara úr mjólk umreiknuð á fitugrunn árin 1980 til 1991, þús. ltr.

	Nýmjólk	Léttmjólk	Undanrenna	Kókómjólk	G-mjólk	Súrmjólk, AB-mjólk	Jógúrt, Þykkmjólk	Samtals:
1980	42.433	0	0	518	167	3.110	883	47.110
1981	41.561	339	0	620	235	3.122	1.022	46.899
1982	39.384	1.462	0	613	267	3.216	1.006	45.948
1983	39.243	1.437	0	498	290	3.472	911	45.852
1984	37.447	1.637	0	431	349	3.540	1.125	44.529
1985	36.076	1.992	0	495	379	3.435	1.151	43.528
1986	34.666	2.519	0	849	415	3.359	1.284	43.092
1987	32.740	2.958	0	955	460	3.431	1.389	41.933
1988	30.964	3.307	0	855	503	3.498	1.605	40.732
1989	30.302	3.660	0	811	478	3.531	1.721	40.503
1990	28.937	4.045	0	802	484	3.648	1.897	39.813
1991	26.679	4.659	0	838	524	3.873	1.935	38.509

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 8: Innanlandssala drykkjarvara úr mjólk árin 1980 til 1991, ltr/ íbúa

	Nýmjólk	Léttmjólk	Undanrenna	Kókómjólk	G-mjólk	Súrmjólk, AB-mjólk	Jógúrt, Þykkmjólk	Neysla alls ltr/íbúa
1980	185,0	0,0	12,3	4,9	0,7	13,6	5,0	221,5
1981	179,2	3,6	10,5	5,8	1,0	13,5	5,7	219,3
1982	167,5	15,5	7,7	5,7	1,1	13,7	5,5	216,6
1983	164,7	15,0	7,5	4,6	1,2	14,6	4,9	212,5
1984	155,6	17,0	7,7	3,9	1,4	14,7	6,0	206,3
1985	148,7	20,5	8,4	4,4	1,6	14,2	6,1	203,8
1986	141,8	25,7	10,0	7,6	1,7	13,7	6,8	207,3
1987	132,4	29,8	10,8	8,4	1,9	13,9	7,2	204,4
1988	123,3	32,8	11,4	7,4	2,0	13,9	8,2	199,1
1989	119,3	35,9	12,2	7,0	1,9	13,9	8,7	198,9
1990	113,0	39,4	13,9	6,8	1,9	14,2	9,5	198,8
1991	102,9	44,8	15,7	7,0	2,0	14,9	9,6	197,0

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 9: Innanlandssala drykkjarvara úr mjólk umreiknuð á fitugrunn árin 1980 til 1991, ltr./íbúa

	Nýmjólk	Léttmjólk	Undanrenna	Kókómjólk	G-mjólk	Súrmjólk, AB-mjólk	Jógúrt, Þykkmjólk	Neysla alls ltr/íbúa
1980	186,0	0,0	0,0	2,3	0,7	13,6	3,9	206,5
1981	180,1	1,5	0,0	2,7	1,0	13,5	4,4	203,2
1982	168,3	6,2	0,0	2,6	1,1	13,7	4,3	196,4
1983	165,6	6,1	0,0	2,1	1,2	14,6	3,8	193,4
1984	156,4	6,8	0,0	1,8	1,5	14,8	4,7	185,9
1985	149,4	8,3	0,0	2,0	1,6	14,2	4,8	180,3
1986	142,5	10,4	0,0	3,5	1,7	13,8	5,3	177,2
1987	133,1	12,0	0,0	3,9	1,9	13,9	5,6	170,5
1988	123,9	13,2	0,0	3,4	2,0	14,0	6,4	163,0
1989	119,9	14,5	0,0	3,2	1,9	14,0	6,8	160,3
1990	113,6	15,9	0,0	3,1	1,9	14,3	7,4	156,3
1991	103,4	18,1	0,0	3,2	2,0	15,0	7,5	149,3

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 10: Innanlandssala helstu mjólkurafurða árin 1980 til 1991, þús. kg

	Rjómi	Skyr	Smjör	Smjörvi	L og L	Ostar	Nýmj.duft	Samtals:
1980	1.477	1.595	1.671	0	0	1.496	91	6.330
1981	1.573	1.560	1.099	70	0	1.666	97	6.065
1982	1.620	1.726	1.088	347	0	1.846	112	6.739
1983	1.669	1.797	919	400	0	1.988	123	6.896
1984	1.716	1.599	837	460	0	2.085	130	6.827
1985	1.759	1.545	702	500	0	2.108	133	6.747
1986	1.835	1.467	691	585	0	2.249	145	6.972
1987	1.950	1.444	710	515	318	2.454	159	7.550
1988	1.892	1.442	642	592	360	2.567	149	7.644
1989	1.830	1.545	591	654	373	2.601	135	7.729
1990	1.848	1.452	580	667	405	2.643	146	7.741
1991	1.921	1.457	561	635	429	2.799	209	8.011

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 11: Innanlandssala helstu mjólkurafurða umreiknuð á fitugrunn árin 1980 til 1991, þús. ltr.

	Rjómi	Skyr	Smjör	Smjörvi	L og L	Ostar	Nýmj.duft	Samtals:
1980	12.757	0	36.003	0	0	9.229	627	58.616
1981	12.561	0	23.687	1.198	0	10.417	664	48.527
1982	13.946	0	23.543	5.948	0	11.627	772	55.836
1983	14.035	0	19.803	6.854	0	12.422	848	53.962
1984	14.504	0	18.033	7.895	0	12.950	896	54.278
1985	14.880	0	15.125	8.575	0	13.255	913	52.748
1986	15.517	0	14.903	10.029	0	14.171	999	55.619
1987	16.508	0	15.296	8.838	2.770	15.727	1.092	60.231
1988	16.079	0	13.834	10.154	3.133	16.505	1.027	60.732
1989	15.551	0	12.728	11.218	3.244	16.954	930	60.625
1990	15.714	0	12.474	11.448	3.525	17.163	1.006	61.330
1991	16.283	0	12.084	10.895	3.735	17.662	1.435	62.094

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 12: Innanlandssala helstu mjólkurafurða árin 1980 til 1991, kg/ íbúa

	Rjómi	Skyr	Smjör	Smjörvi	L og L	Ostar	Nýmj.duft	Samtals:
1980	6,5	7,0	7,3	0,0	0,0	6,6	0,4	27,7
1981	6,8	6,8	4,8	0,3	0,0	7,2	0,4	26,3
1982	6,9	7,4	4,6	1,5	0,0	7,9	0,5	28,8
1983	7,0	7,6	3,9	1,7	0,0	8,4	0,5	29,1
1984	7,2	6,7	3,5	1,9	0,0	8,7	0,5	28,5
1985	7,3	6,4	2,9	2,1	0,0	8,7	0,6	27,9
1986	7,5	6,0	2,8	2,4	0,0	9,2	0,6	28,7
1987	7,9	5,9	2,9	2,1	1,3	10,0	0,6	30,7
1988	7,6	5,8	2,6	2,4	1,4	10,3	0,6	30,6
1989	7,2	6,1	2,3	2,6	1,5	10,3	0,5	30,6
1990	7,3	5,7	2,3	2,6	1,6	10,4	0,6	30,4
1991	7,4	5,6	2,2	2,5	1,7	10,9	0,8	31,1

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 13: Innanlandssala helstu mjólkurafurða árin 1980 til 1991 umreiknuð á fitugrunn, ltr./ íbúa

	Rjómi	Skyr	Smjör	Smjörvi	L og L	Ostar	Nýmj.duft	Samtals:
1980	55,9	0,0	157,8	0,0	0,0	40,4	2,7	256,9
1981	54,4	0,0	102,6	5,2	0,0	45,1	2,9	210,3
1982	59,6	0,0	100,6	25,4	0,0	49,7	3,3	238,6
1983	59,2	0,0	83,5	28,9	0,0	52,4	3,6	227,6
1984	60,6	0,0	75,3	33,0	0,0	54,1	3,7	226,6
1985	61,6	0,0	62,7	35,5	0,0	54,9	3,8	218,5
1986	63,8	0,0	61,3	41,2	0,0	58,3	4,1	228,7
1987	67,1	0,0	62,2	35,9	11,3	63,9	4,4	244,9
1988	64,3	0,0	55,4	40,6	12,5	66,1	4,1	243,0
1989	61,5	0,0	50,4	44,4	12,8	67,1	3,7	239,9
1990	61,7	0,0	49,0	44,9	13,8	67,4	3,9	240,7
1991	63,1	0,0	46,8	42,2	14,5	68,5	5,6	240,7

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 14: Verðmyndun nýmjólkur frá árinu 1980 til 1991, kr/ltr.

	Meðal grundv.	Á verðlagi		Óniðurgr.	Á verðlagi		Niðurgr.	Á verðlagi		Kostn.	Á verðlagi	
	verð kr/ltr	1991	1980=100	heildsöluv.	1991	1980=100	kr/ltr.	1991	1980=100	v/nýmj.	1991	1980=100
1980	3,05	58,75	**100,0**	5,12	98,62	**100,0**	1,19	22,92	**100,0**	1,25	24,08	**100,0**
1981	4,67	59,63	**101,5**	7,63	97,42	**98,8**	1,81	23,11	**100,8**	1,91	24,39	**101,3**
1982	7,10	60,03	**102,2**	12,25	103,57	**105,0**	3,77	31,87	**139,1**	3,09	26,12	**108,5**
1983	12,15	55,74	**94,9**	19,05	87,40	**88,6**	4,41	20,23	**88,3**	5,29	24,27	**100,8**
1984	15,44	54,84	**93,3**	25,03	88,90	**90,1**	3,40	12,08	**52,7**	6,77	24,05	**99,9**
1985	20,63	55,35	**94,2**	32,40	86,93	**88,1**	2,60	6,98	**30,4**	8,92	23,93	**99,4**
1986	25,03	55,38	**94,3**	37,68	83,37	**84,5**	4,23	9,36	**40,8**	11,63	25,73	**106,9**
1987	28,87	53,78	**91,5**	45,93	85,56	**86,8**	5,62	10,47	**45,7**	14,40	26,83	**111,4**
1988	34,93	51,87	**88,3**	58,07	86,23	**87,4**	16,17	24,01	**104,8**	19,25	28,58	**118,7**
1989	42,88	52,59	**89,5**	72,39	88,78	**90,0**	23,72	29,09	**126,9**	23,84	29,24	**121,4**
1990	48,62	51,92	**88,4**	75,79	80,94	**82,1**	29,74	31,76	**138,6**	26,47	28,27	**117,4**
1991	51,23	51,23	**87,2**	78,78	78,78	**79,9**	32,17	32,17	**140,4**	26,61	26,61	**110,5**

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 15: Vinnslu- og dreifingarkostnaður, sjóðagjöld, verðmiðlun, verðtilfærsla og þökkunargjald nýmjólkur frá 1980 til 1991, kr/ ltr.

	V. og D. kostn. kr/ltr	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100	Sjóða-gjöld kr/ltr	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100	Verð-miðlun kr/ltr	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100	Umb. kostn. kr/ltr	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100	Verðtil-færsigj. kr/ltr	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100	Heildar kostnaður (án verðtilf.)	*Á verðl. 1991* kr/ltr	1980= 100
1980	0,80	15,41	100,0	0,08	1,54	100,0	0,13	2,50	100,0	0,24	4,62	100,0	0,04	0,77	100,0	1,25	24,08	100,0
1981	1,29	16,47	106,9	0,12	1,53	99,5	0,14	1,79	71,5	0,36	4,60	99,5	0,06	0,77	99,5	1,91	24,39	101,3
1982	2,11	17,84	115,8	0,20	1,69	109,8	0,20	1,69	67,6	0,58	4,90	106,1	0,16	1,35	175,7	3,09	26,12	108,5
1983	3,55	16,29	105,7	0,34	1,56	101,3	0,32	1,47	58,7	1,08	4,95	107,2	0,27	1,24	160,9	5,29	24,27	100,8
1984	4,38	15,56	101,0	0,42	1,49	96,9	0,51	1,81	72,5	1,46	5,19	112,2	0,33	1,17	152,2	6,77	24,05	99,9
1985	5,51	14,78	95,9	0,56	1,50	97,6	0,93	2,50	99,8	1,92	5,15	111,5	0,44	1,18	153,3	8,92	23,93	99,4
1986	7,38	16,33	106,0	0,77	1,70	110,6	1,06	2,35	93,8	2,42	5,35	115,9	0,72	1,59	206,9	11,63	25,73	106,9
1987	8,78	16,36	106,1	0,90	1,68	108,9	2,07	3,86	154,3	2,65	4,94	106,9	0,97	1,81	234,7	14,40	26,83	111,4
1988	11,82	17,55	113,9	1,12	1,66	108,0	2,79	4,14	165,7	3,52	5,23	113,1	1,20	1,78	231,4	19,25	28,58	118,7
1989	14,33	17,57	114,0	1,38	1,69	109,9	3,39	4,16	166,3	4,74	5,81	125,8	1,47	1,80	234,1	23,84	29,24	121,4
1990	15,69	16,76	108,7	1,53	1,63	106,1	3,75	4,00	160,2	5,50	5,87	127,1	1,61	1,72	223,3	26,47	28,27	117,4
1991	16,17	16,17	104,9	1,59	1,59	103,2	3,35	3,35	134,0	5,50	5,50	119,0	1,61	1,61	209,1	26,61	26,61	110,5

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjómannanefndar

Reiknað á föstu verðlagi ársins 1991 miðað við framfærsluvísitölu

Tafla 16: Meðalsmásöluverð á nýmjólk, osti og rjóma árin 1980 til 1991

	Nýmjólk	Á verðlagi		Ostur 26%	Á verðlagi		Rjómi	Á verðlagi	
	kr/ltr	1991	1980=100	kr/kg	1991	1980=100	kr/ltr	1991	1980=100
1980	3,19	61,45	100,0	36,14	696,12	100,0	21,92	422,22	100,0
1981	4,61	58,86	95,8	58,35	744,99	107,0	35,95	459,00	108,7
1982	6,59	55,71	90,7	81,86	692,07	99,4	50,70	428,63	101,5
1983	13,59	62,35	101,5	146,32	671,30	96,4	93,05	426,90	101,1
1984	20,30	72,10	117,3	208,45	740,38	106,4	130,20	462,45	109,5
1985	29,82	80,01	130,2	287,45	771,27	110,8	185,20	496,92	117,7
1986	36,12	79,91	130,0	356,92	789,68	113,4	229,50	507,76	120,3
1987	41,72	77,72	126,5	408,42	760,86	109,3	263,10	490,14	116,1
1988	52,40	77,81	126,6	540,80	803,05	115,4	401,80	596,64	141,3
1989	61,29	75,17	122,3	645,00	791,02	113,6	482,95	592,29	140,3
1990	65,16	69,59	113,2	777,90	830,76	119,3	592,64	632,91	149,9
1991	66,58	66,58	108,3	800,92	800,92	115,1	596,20	596,20	141,2

Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Sjömannanefndar

Reiknað á föstu verðlagi ársins 1991 miðað við framfærsluvísitölu
Meðalsmásöluverð á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Tafla 17: Meðalsmásöluverð á smjöri og jurtasmjörlíki árin 1980 til 1991

	Smjör 1.fl kr/kg	Áverðlagi 1991	1980=100	Smjörlíki kr/kg	Áverðlagi 1991	1980=100
1980	28,73	553,42	100,0	8,43	162,36	100,0
1981	53,18	678,92	122,7	12,00	153,22	94,4
1982	67,20	568,10	102,7	18,90	159,82	98,4
1983	152,72	700,67	126,6	38,54	176,83	108,9
1984	223,32	793,18	143,3	61,74	219,28	135,1
1985	324,18	869,83	157,2	80,00	214,64	132,2
1986	300,11	663,98	120,0	93,69	207,28	127,7
1987	258,69	481,93	87,1	96,42	179,62	110,6
1988	345,95	513,71	92,8	152,26	226,09	139,3
1989	436,01	534,72	96,6	198,67	243,65	150,1
1990	539,13	575,77	104,0	222,60	237,73	146,4
1991	548,22	548,22	99,1	230,09	230,09	141,7

Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 18: Framleiðsla og neysla á nautgripakjöti árin 1980 til 1991

	Innvegið til sl.meðf. í tonnum	Áætluð heimasl. í tonnum	Heildar framleiðsla í tonnum	Selt frá afurðast. í tonnum	Heildar neysla í tonnum	Neysla á íbúa í kílóum
1980	1.983	300	2.283	2.413	2.713	11,9
1981	2.266	300	2.566	2.423	2.723	11,8
1982	2.156	300	2.456	2.390	2.690	11,5
1983	2.495	300	2.795	2.090	2.390	10,1
1984	2.492	300	2.792	2.253	2.553	10,7
1985	2.740	300	3.040	2.592	2.892	12,0
1986	3.126	300	3.426	2.620	2.920	12,0
1987	3.068	300	3.368	3.116	3.416	13,9
1988	2.923	300	3.223	3.372	3.672	14,7
1989	2.888	300	3.188	2.954	3.254	12,9
1990	2.926	300	3.226	2.860	3.160	12,4
1991	2.998	300	3.298	3.123	3.423	13,3

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, útreikningar Sjömannanefndar

Tafla 19: Meðalsmásöluverð á nautagripakjöti og meðalgrundvallarverð á UNI árin 1980 til 1991, kr/ kg

	Nautabuff kr/kg	Á verðlagi 1991	1980=100	Nautahakk kr/kg	Á verðlagi 1991	1980=100	Meðal grundv.verð	Á verðlagi 1991	1980=100
1980	87,40	1683,50	100,0	43,85	844,55	100,0	21,85	420,87	100,0
1981	138,72	1771,13	105,2	71,36	911,12	107,9	34,12	435,63	103,5
1982	201,51	1703,65	101,2	104,31	881,86	104,4	52,02	439,79	104,5
1983	354,75	1627,54	96,7	184,79	847,79	100,4	89,76	411,81	97,8
1984	468,09	1662,58	98,8	222,87	791,61	93,7	114,00	404,91	96,2
1985	572,50	1536,10	91,2	283,90	761,75	90,2	148,58	398,66	94,7
1986	713,62	1578,88	93,8	336,55	744,61	88,2	180,26	398,82	94,8
1987	819,58	1526,84	90,7	347,02	646,48	76,5	207,92	387,34	92,0
1988	1083,09	1608,32	95,5	477,45	708,99	83,9	248,09	368,40	87,5
1989	1312,54	1609,69	95,6	557,19	683,33	80,9	300,60	368,65	87,6
1990	1602,41	1711,31	101,7	695,89	743,18	88,0	348,17	371,83	88,3
1991	1604,39	1604,39	95,3	712,92	712,92	84,4	366,85	366,85	87,2

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins, Hagstofa Íslands, útreikningar Sjömannanefndar

Reiknað á föstu verðlagi ársins 1991 miðað við framfærsluvísitölu
Meðalsmásöluverð á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af undirritun samnings um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 16. ágúst 1992 sem gerður var á grundvelli 7. gr. í svokölluðum búvörusamningi sem undirritaður var 11. mars 1991.

Samningurinn frá 16. ágúst 1992 fjallar um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1998. Útgjöld ríkissjóðs vegna þessa samnings eru með þrennum hætti, þ.e. í fyrsta lagi beinar greiðslur til framleiðenda mjólkur á lögbýlum sem eiga að svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi og hefjast 1. janúar 1993, í öðru lagi niðurgreiðslur á mjólkurvörum sem seldar eru á tímabilinu frá 1. september 1992 til 31. desember 1992 og í þriðja lagi uppgjör vegna birgða 1. janúar 1993. Þá er í bókun III gert ráð fyrir að til að koma á fót og styrkja afleysingar hjá kúabændum vegna töku orlofs og frídaga greiði ríkissjóður 10 milljónir króna árið 1993, 12,5 milljónir króna árið 1994 og 15 milljónir króna árið 1995.

Í viðauka I með samningnum um aðlögun fullvirðisréttar í mjólkurframleiðslu að innanlandsmarkaði er kveðið á um greiðslur bóta úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til að greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar en 1. september 1992 var fullvirðisréttur færður niður um 4,4% til samræmis við umsamið heildargreiðslumark mjólkur verðlagsárið 1992–1993, sbr. B-lið í ákvæðum til bráðabirgða.

Í bókun I með samningnum er vikið að ráðstöfun fjármagns úr Verðmiðlunarsjóði til úreldingar mjólkurbúa og til styrkja vegna hagræðingar. Í bókun VII segir að mjólkurframleiðendur á jörðum, sem liggja fjarri afurðastöð eða jörðum sem eru úrleiðis, skuli eiga kost á framlagi úr Verðmiðlunarsjóði vegna úreldingar framleiðsluaðstöðu, sjá einnig bókun VIII, sbr. C-lið í ákvæðum til bráðabirgða.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna breytinga sem felast í beinum greiðslum ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur á lögbýlum á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 31. ágúst 1998 og jafnframt veita nauðsynlegar lagaheimildir til greiðslna úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til ákveðinna verkefna samkvæmt samningnum. Að öðru leyti verða ákvæði samningsins um niðurgreiðslur mjólkurvara, uppgjör á birgðum mjólkur og greiðslur vegna afleysinga hjá kúabændum borin fyrir Alþingi með frumvarpi til fjárlaga og ráðast af samþykkt þeirra hverju sinni.

Samkvæmt töflu 1 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs í formi beinna greiðslna, niðurgreiðslna og uppgjörs birgða verði á árinu 1993 2.631 þús. kr. og fari síðan lækkandi. Útgjöld vegna beinna greiðslna ráðast annars vegar af því hvert verður heildargreiðslumark mjólkur hvers verðlagsárs og hins vegar af afurðaverði til framleiðenda. Miðað er við að heildargreiðslumark allra verðlagsáranna verði 100 milljónir lítra mjólkur. Þá er gert ráð fyrir að afurðaverð til framleiðenda taki þeim breytingum sem grein 5.1.2. í samningnum kveður á um, þ.e. að afurðaverð verði fært niður um 1% á árinu 1992, 2% á árinu 1993 og 2% á árinu 1994. Niðurgreiðslur falla niður frá og með febrúar 1993 og í staðinn koma beinar greiðslur til framleiðenda á lögbýlum. Í D-lið í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að heimilt verði á árinu 1993 að verja allt að 175 milljónum króna

úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur til greiðslu kostnaðar við niðurgreiðslu á birgðum mjólkurvara. Svokölluð staðgreiðslulán ríkissjóðs vegna mjólkurframleiðslu falla einnig niður og verður fjármögnun afurðastöðva til greiðslu afurðaverðs því að vera með öðrum hætti framvegis.

Með 8. gr. laga nr. 5/1992 um breytingu á búvörulögum nr. 46/1985 var 36. gr. laga nr. 46/1985 felld úr gildi frá og með 1. september 1992, en hún kvað á um greiðslu útflutningsbóta. Útflutningsbætur á mjólkurafurðir féllu því niður frá 1. september 1992.

Áætlun um framlög vegna beinna greiðslna, niðurgreiðslna 1993-1998, verðlag janúar 1991:

	frumvarp 1993	1994	1995	1996	1997	1998
a. Beinar greiðslur til bænda	2.246	2.401	2.401	2.401	2.401	1.601
b. Niðurgreiðslur á mjólkurvörum	200					
c. Uppgjör birgða	175	175				
d. Afleysing kúabænda	10	12,5	15			
Samtals	2.631	2.589	2.416	2.401	2.401	1.601*

* Samningur rennur út 31. ágúst 1998.

467. Frumvarp til laga [300. mál]

um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lög nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, eins og þeim var breytt með lögum nr. 30/1990, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 67 frá 20. maí 1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, var bannað að flytja til Íslands vörur sem upprunnar voru í Suður-Afríku eða Namibíu og flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst mátti vera að endanlegur áfangastaður varanna væri Suður-Afríka eða Namibía. Tilgangurinn með setningu laganna var að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda.

Lögunum var breytt með lögum nr. 30/1990 að því er varðaði viðskipti við Namibíu. Landið hafði öðlast sjálfstæði í mars 1990 og kynþáttaaðskilnaður verið afnuminn. Forsenda fyrir viðskiptabanni gagnvart Namibíu var því brostinn.

Íslensk stjórnvöld hafa ávallt fordæmt kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda og reynt eftir fremsta megni að stuðla að afnámi hennar.

Þróunin í Suður-Afríku hefur verið mjög jákvæð síðastliðin ár í átt til afnáms kynþáttaaðskilnaðar þar sem flest lög, sem fólu í sér kynþáttaaðskilnað, hafa verið numin úr gildi. Hér má nefna að starfsemi stjórnmálahreyfinga, sem berjast fyrir afnámi kynþáttaaðskilnaðar, hefur verið leyfð, neyðarástandslög frá 1986 hafa verið afnumin, kynþáttaaðskilnaður á opinberum stöðum hefur verið bannaður, vegabréfalögin svokölluðu hafa verið felld úr gildi, fólki af ólíkum kynþætti er ekki lengur óheimilt að ganga í hjúskap, lög sem kváðu á um að skrá skyldi alla íbúa samkvæmt kynþætti hafa verið afnumin, lög sem takmörkuðu eignarheimildir blökkumanna á landi hafa verið felld úr gildi og enn fremur lög sem sögðu til um það hvar fólki af tilteknum kynþáttum væri heimilt að búa.

Kynþáttaaðskilnaður hefur þrátt fyrir þessar aðgerðir ekki verið afnuminn að fullu þar sem kosningarréttur landsmanna grundvallast enn á kynþætti. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan verður ekki afnumin að fullu fyrr en núverandi stjórnarskrá hefur verið afnumin og Suður-Afríka fengið nýja stjórnarskrá. Jafnframt er ljóst að nauðsynlegt er að afnema það efnahagslega og félagslega misrétti í Suður-Afríku sem er bein afleiðing kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar.

Samkomulag hefur náðst á milli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og stjórnvalda í Suður-Afríku um hvernig háttað skuli endurkomu flóttamanna og pólitískra útlaga til landsins.

Atburðir síðustu ára sýna að það er tvímælalaust stefna suður-afrískra stjórnvalda að afnema að fullu kynþáttaaðskilnað. Jafnframt er ljóst að eftir þær breytingar, sem hafa átt

sér stað, verður ekki aftur snúið af þeirri braut sem nú liggur til lýðræðislegra stjórnarhátta í Suður-Afríku.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu hvíta minni hlutans í Suður-Afríku, sem fram fór 17. mars 1992, lýsti yfirgnæfandi meiri hluti eða tæp 70% yfir stuðningi við áframhaldandi umbótastefnu F.W. de Klerk, forseta Suður-Afríku. Kosningaþátttaka var mjög mikil eða rúm 85%. Hinir hvítu íbúar Suður-Afríku hafa nú endanlega hafnað kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og de Klerk hefur fengið fullt umboð til þess að halda áfram viðræðum innan CODESA-ráðstefnunnar um nýja stjórnarskrá. Samningaviðræðunum var slitið eftir ofbeldisöldu sem gekk yfir í Boipatong í júní á þessu ári en viðræður hófust hins vegar að nýju 26. september sl.

Rétt þykir því að afnema viðskiptabannið á Suður-Afríku til þess að staðfesta að raunveruleg framþróun í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta og afnáms kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar hafi átt sér stað og veita þar með þeim stjórnmálaöflum stuðning sem vilja að áfram verði haldið á sömu braut og raunverulegu lýðræði komið á í Suður-Afríku.

Hér á eftir fer stutt yfirlit um afstöðu nokkurra landa til viðskiptabanns á Suður-Afríku.

Danmörk og Evrópubandalagið.

Afstaðan til Suður-Afríku hefur oft og ítarlega verið rædd í danska þinginu á undanförnum árum. Töluverður ágreiningur hefur verið um málið milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Stjórnvöld hafa stefnt að því að afnema viðskiptaþvinganirnar í áföngum. Afstaða stjórnarandstöðunnar, sem hefur verið á öndverðum meiði, hefur breyst í ljósi hinnar jákvæðu þróunar í Suður-Afríku og í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu hvíta minni hlutans. Þann 17. mars 1992 ákváðu dönsk stjórnvöld að afnema viðskiptabannið á Suður-Afríku. Þá ákváðu dönsk stjórnvöld í janúar 1992 að hætta að standa í vegi fyrir því að Evrópubandalagið aflétti banni við innflutningi á járni, stáli og gulli frá Suður-Afríku sem sett var á 1986. Ellefu EB-ríki ákváðu í apríl 1991 að aflétta banninu en það kom ekki til framkvæmda vegna andstöðu dönsku stjórnarandstöðunnar. Að öðru leyti hefur Evrópubandalagið afnumið allar viðskiptaþvinganir gagnvart Suður-Afríku nema að því er varðar útflutning á olíu og vopnum og samvinna á sviði kjarnorkumála er bönnuð. Fyrir utan viðskiptahöft öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna gagnvart Suður-Afríku hefur Evrópubandalagið (Danmörk) afnumið viðskiptabann sitt á Suður-Afríku. Enn er þó í gildi ákvörðun EB frá 1985 sem bannar sölu á öllum birgðum til lögreglu- og öryggissveita Suður-Afríku.

Finnland.

Í finnskum stjórnmálum er ekki ágreiningur um afstöðuna gagnvart Suður-Afríku. Finnsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið við Suður-Afríku í júní 1991. Enn er þó í gildi bann við fjárfestingum en stefnt er að því að afnema það fljótlega. Í mars 1992 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp á þingi þess efnis að banni við fjárfestingum í landinu skyldi aflétt. Ágreiningur kom fram á þinginu um málið og afgreiðslu frumvarpsins seinkaði. Er frumvarpið nú til umfjöllunar hjá utanríkismálanefnd þingsins. Ríkisstjórnin stefnir að því að afgreiða frumvarpið í vetur.

Svíþjóð.

Viðskiptabann á Suður-Afríku er enn í fullu gildi í Svíþjóð. Í Svíþjóð hefur enginn ágreiningur verið milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afstöðuna til Suður-Afríku og það

breyttist ekki við síðustu stjórnarskipti. Í júní 1992 voru ríkisstjórninni kynntar niðurstöður þingmannanefndar sænska þingsins er í áttu sæti fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu er sótti Suður-Afríku heim í vor og kynnti sér ástand mála í landinu. Stefna stjórnvalda um að viðhalda viðskipta- og fjárfestingarbanni gagnvart Suður-Afríku er byggð á niðurstöðum þingmannanefndarinnar. Um það bil tvær vikur þarf til að breyta lögunum um viðskiptabann. Líkur eru taldar á að samstaða náist um að afnema viðskiptabannið en öðru máli gegnir um fjárfestingarbannið.

Sviss.

Svissnesk stjórnvöld settu aldrei almennt viðskiptabann á Suður-Afríku. Hámark var þó sett á flæði svissnesks fjármagns til og frá Suður-Afríku, en þær takmarkanir voru afnumdar 10. júlí 1991. Svissnesk stjórnvöld hafa einnig samþykkt vopnasölubann Sameinuðu þjóðanna á Suður-Afríku.

Austurríki.

Almennt viðskiptabann á Suður-Afríku var afnumið á sl. ári. Enn er þó í gildi bann við sölu á austurrískum tölvubúnaði til Suður-Afríku sem nota má til hernaðar. Enn fremur er bannað að selja til Suður-Afríku hvers konar tækni til kjarnorkuframleiðslu.

Kanada.

Víðtækt viðskiptabann gagnvart Suður-Afríku er enn í gildi í Kanada.

Bandaríkin.

Viðskiptabanni á Suður-Afríku var aflétt 10. júlí 1991 en þá höfðu stjórnvöld í Suður-Afríku uppfyllt öll skilyrði sem sett höfðu verið samkvæmt lögum frá 1986 (Comprehensive Anti-Apartheid Act of 1986). Enn eru þó í gildi ákvæði sem takmarka stuðning Bandaríkjanna við lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Suður-Afríku. Öll viðskipti með vopn við Suður-Afríku eru einnig bönnuð í samræmi við vopnasölubann Sameinuðu þjóðanna.

Rússland og hin samveldisríkin.

Sovétríkin og Suður-Afríka slitu öll tengsl milli landanna árið 1954. Stjórnvöld í Moskvu segja að það hafi verið að frumkvæði suður-afrískra stjórnvalda. Eftir það ríkti algert bann við hvers konar samskiptum Sovétríkjanna og Suður-Afríku. Samstarf ríkjanna hefur aukist á þessu ári og Rússland og Suður-Afríka tóku upp stjórnmálasamband 28. febrúar sl. Sendiráð hafa verið opnuð í Moskvu og Pretoríu. Rússar hafa einnig sett á laggirnar skrifstofu aðalræðismanns í Höfðaborg og Suður-Afríkumenn hafa gert það sama í Sankti Pétursborg. Rússar hafa aflétt hömlum sem áður voru á útgáfu vegabréfsáritana fyrir suður-afríska ferðamenn.

Rússar hlíta enn þá ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um bann við sölu á kjarnorkutækni og hergögnum til Suður-Afríku. Að öðru leyti má segja að viðskiptin séu komin í eðlilegan farveg. Suður-afrísk fyrirtæki hafa nú opnað skrifstofu í Moskvu.

De Klerk forseti Suður-Afríku kom í opinbera heimsókn til Moskvu 1. júní sl. og ræddi þá m.a. við Jeltsín forseta og Andrei Kozyrev utanríkisráðherra fór í heimsókn til Suður-Afríku í febrúar á þessu ári. Viðræður standa nú yfir um gerð viðskiptasamnings milli landanna.

Þá hefur Suður-Afríka tekið upp stjórnmálasamband við Úkraínu og opnað sendiráð

í Kíev. Þeir hafa tekið upp stjórnmálasamband við öll hin samveldisríkin að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

Frumvarp þetta, verði það að lögum, mun fella niður bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku. Ekki eru sjáanleg nein kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóð af frumvarpi þessu.

468. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Helgasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-413 Sýslumaðurinn Borgarnesi. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.400
2. Við 4. gr. 06-414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.100
3. Við 4. gr. 06-415 Sýslumaðurinn Búðardal. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	700
4. Við 4. gr. 06-416 Sýslumaðurinn Patreksfirði. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	800
5. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn Ísafirði. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.000
6. Við 4. gr. 06-419 Sýslumaðurinn Hólmavík. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	700
7. Við 4. gr. 06-420 Sýslumaðurinn Blönduósi. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.400
8. Við 4. gr. 06-421 Sýslumaðurinn Sauðárkróki. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.200
9. Við 4. gr. 06-424 Sýslumaðurinn Akureyri. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.100
10. Við 4. gr. 06-425 Sýslumaðurinn Húsavík. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	2.000
11. Við 4. gr. 06-426 Sýslumaðurinn Seyðisfirði. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	900
12. Við 4. gr. 06-428 Sýslumaðurinn Eskifirði. Nýr liður: 130 Hreppstjórar	1.600

	Þús. kr.
13. Við 4. gr. 06-429 Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	600
14. Við 4. gr. 06-430 Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	300
15. Við 4. gr. 06-431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	1.100
16. Við 4. gr. 06-433 Sýslumaðurinn Selfossi. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	1.700
17. Við 4. gr. 06-434 Sýslumaðurinn Keflavík. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	500
18. Við 4. gr. 06-436 Sýslumaðurinn Hafnarfirði. Nýr liður:	
130 Hreppstjórar	300

469. Frumvarp til laga [301. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögð er til sú grundvallarbreyting á núgildandi ákvæðum 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga að meiri hluti þeirra sem afstöðu taka ráði niðurstöðu í almennri atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög. Samkvæmt tillögugreininni hafa þeir kjósendur ekki áhrif á úrslit í atkvæðagreiðslu sem koma ekki á kjörstað. Þeir sem skila auðu eða ógilda atkvæði sitt hafa ekki heldur áhrif á úrslitin að öðru leyti en því að þeir gætu tryggt nægilega þátttöku í atkvæðagreiðslunni með atkvæði sínu.

Ákvæði núgildandi laga eru þannig að meiri hluti kjósenda á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn tillögu um sameiningu til þess að hún teljist felld. Þar með er í raun fyrir fram ákveðið að þeir kjósendur styðji sameiningu sem ekki koma á kjörstað og enn fremur að kjósendur, sem koma og greiða atkvæði en gera ógilt atkvæði sitt eða skila auðu, séu stuðningsmenn fyrirliggjandi tillögu.

Kjósendur, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en skila auðu atkvæði eða ógilda það, láta með því aðra ráða úrslitum, en núgildandi ákvæði 109. gr. virða þá afstöðu að vettugi.

Þessi ákvæði laganna brjóta gegn viðurkenndum sjónarmiðum um lýðræðislega af-

greiðslu máls. Nægir að nefna ákvæði kosningalaga og laga um þingsköp því til stuðnings og enn fremur 51. gr. sveitarstjórnarlaganna sjálfra, en þar er kveðið á um að afl atkvæða ráði úrslitum. Í skýringum með 51. gr. kemur fram að hjáseta í atkvæðagreiðslu telst þátttaka þar sem afstaða er tekin, þ.e. sú afstaða að láta aðra ráða niðurstöðunni.

Almenna reglan er sú að þeir kjósendur einir, sem koma til atkvæðagreiðslu, hafa tekið afstöðu. Hinir, sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafa ekki áhrif á niðurstöðuna þar sem þeir hafa ekki tekið afstöðu. Ákvæði 1. mgr. 109. gr. brjóta þessa meginreglu og í raun gera þeim upp ákveðna afstöðu sem engan þátt tók í atkvæðagreiðslunni. Slík lagasetning er fullkomlega út í hött og engan veginn samboðin lýðræðisríki.

Þessir annmarkar á 1. mgr. 109 gr. eru svo alvarlegir að óhjákvæmilegt er að breyta greininni.

Ákvæði tillögugreinarinnar um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni er hins vegar í fullu samræmi við skilyrði þingskapalaga og 51. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir afgreiðslu máls og þarfnast ekki frekari skýringar.

470. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Öflug alþjóðleg viðskipti eru forsenda framfara í efnahagsmálum og atvinnulífi þjóðarinnar. Íslendingum er brýn nauðsyn að eiga greiðan aðgang að mörkuðum fyrir útflutningsvörur og skapa skilyrði til að njóta vaxandi gjaldeyristekna frá margvíslegum viðskiptum á sviði þjónustu og framleiðslu. Víðtækir alþjóðlegir samningar um niðurfellingu tolla og aukið frjálsræði í efnahagssamskiptum þjóðanna eru meðal mikilvægra skilyrða þess að Íslendingar geti í framtíðinni búið við aukinn hagvöxt og treyst undirstöður efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar.

Aukin alþjóðleg samvinna í viðskiptum og efnahagslífi, félagsmálum, menntun og menningu mun treysta mjög þá jákvæðu þróun sem orðið hefur á undanförnum árum og dregið hefur úr vígbúnaðarkapphlaupinu og eflt frið og öryggi á alþjóðavettvangi. Íslendingar eiga að vera virkir þátttakendur í þessari þróun og ljá því lið að sem flestar hindranir á vegi víðtækrar samvinnu þjóða og einstaklinga verði felldar burt.

Þróunin í Evrópu er okkur sérstaklega mikilvæg. Sögulega, menningarlega og efnahagslega erum við Íslendingar fyrst og fremst Evrópuþjóð. Við hljótum því með margvíslegum hætti að tengjast atburðarásinni í álfunni. Örlög Evrópu verða að verulegu leyti einnig okkar örlög. En við erum ekki aðeins Evrópubúar heldur einnig heimsborgarar. Það er í senn hagsmunamál okkar og skylda að stuðla að víðtækri samvinnu allra þjóðríkja jarðarinnar. Einangrun og forréttindastefna Evrópu á kostnað annarra hluta heimsbyggðarinnar geta aldrei orðið okkar málstaður. Evrópa, sem lokar sig á bak við ytri múra, tolla, hagsmunavernd og margvísleg forréttindi, er á braut sem liggur aftur á bak en ekki til farsællar framtíðar.

Fyrir fáeinum árum trúðu margir á drauminn um Evrópu framtíðarinnar. Evrópska hraðlestin var samlíking sem oft bar á góma á vettvangi þjóðmálanna. Efnahagslegar framfarir, félagslegt öryggi, menning, lýðræði og friður voru einkunnarorð draumsins.

Áttu ekki allir að vera með? Hver vildi einangrast? Ætlum við að standa ein eftir á brautarpallinum þegar lestin brunar áfram, skreytt gunnfánum þessara markmiða?

Á fáeinum missirum hefur draumsýnin vikið fyrir köldum raunveruleikanum og vaxandi erfiðleikum. Daglega berast nýjar fréttir af efnahagslegri og stjórnmálalegri upplausn í álfunni. Hatrömm og miskunnarlaus styrjöld sem gert hefur konur, börn og saklausa borgara að fórnarlömbum hefur geisað í hjarta Evrópu án þess að öflugustu bandalög Evrópuríkja, hvort heldur á sviði hernaðar, öryggismála eða efnahagslegrar samvinnu, hafi komið vörnum við. Ljósvakamiðlarnir flytja vofu nasismans heim í stofu hjá óttaslegnum íbúum álfunnar. Leiðtogar öflugasta ríkis Evrópubandalagsins eru grýttir af æstum lýð öfgamanna sem hrópa slagorð nasistanna og hylla Hitler á þann hátt sem minnir á hrollvekju heimsstyrjaldarinnar. Atvinnuleysi milljónanna vex hröðum skrefum. Nýskipan gengismála, sem skapa átti öryggi og festu, er í algerri upplausn. Víðtækasta samkomulag veraldarinnar um alþjóðleg viðskipti og efnahagslegar framfarir, GATT, hefur hingað til strandað á klofningi innan Evrópubandalagsins.

Andstæðurnar milli umræðunnar um Evrópudrauminn á nýliðnum árum og þess veruleika sem blasir við okkur í dag ættu að vera öllum áminning um hve valt er að treysta fullyrðingum um framtíðarþróun í Evrópu. Á slíkum tímum er mikilvægt fyrir fámenna þjóð að fara varlega, gæta vel að öllum skrefum og huga í senn að eigin hagsmunum og stuðningi við þau markmið sem þjóna efnahagslegum framförum, friði og öryggi í veröldinni allri.

Þrír kostir.

Íslendingar eiga nú um þrjá kosti að velja í samskiptum þjóðarinnar við Evrópubandalagið:

Fyrsti kosturinn er að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Sú leið fæli í sér afsal á forræði yfir fiskimiðunum, dýrmætustu auðlind Íslendinga, og sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar yrðu skert verulega í samræmi við grundvallarsamþykktir og stjórnarskrá Evrópubandalagsins. Þótt ríkisstjórnir í öðrum löndum EFTA, og í þeim hópi eru frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, hafi ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu hefur enginn stjórnmálaflokkur á Alþingi Íslendinga lýst fylgi við slíka stefnu.

Annar kosturinn felst í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Í upphafi var þeim samningi ætlað að vera grundvöllur svonefnds „tveggja stoða viðskiptakerfis“ í Evrópu þar sem annars vegar væru ríki Evrópubandalagsins og hins vegar ríki EFTA. Önnur ríki EFTA hafa nú ákveðið að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé aðeins skammgóður vermir, mjög tímabundið ástand áður en þessi ríki gangi inni í Evrópubandalagið sjálft. Evrópubandalagið hefur fyrir sitt leyti með því að samþykkja aðildarviðræður EFTA-ríkjanna lýst því yfir að það telji hið Evrópska efnahagssvæði eingöngu tímabundið fyrirbrigði. Evrópska efnahagssvæðið getur því ekki orðið varanleg lausn á samskiptum Íslands og Evrópubandalagsins. Bæði félagar Íslands í EFTA og Evrópubandalagið sjálft hafa hafnað hinni upphaflegu grundvallarhugmynd um tveggja stoða viðskiptakerfi í álfunni. Á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Edinborg sem lauk í fyrradag, 12. desember 1992, var ákveðið að hefja í janúar viðræður við Svíþjóð, Austurríki og Finnland um aðild þessara landa að Evrópubandalaginu og láta viðræður við Noreg tengjast þeim viðræðum. Þar eð gildistaka EES-samningsins mun frestast fram eftir árinu 1993 vegna úrslita þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss er ljóst að formlegar viðræður um aðild EFTA- ríkja að Evrópubandalaginu sjálfu munu hefjast áður

en EES-samningurinn tekur gildi. Slík niðurstaða er auðvitað í hreinni mótsögn við hinn upphaflega tilgang EES-samningsins um varanlegt tveggja stoða kerfi í Evrópu.

Þriðji kosturinn er sjálfstæður tvíhliða samningur Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu. Slíkur tvíhliða samningur hlýtur að verða niðurstaðan þegar hin EFTA-ríkin hafa yfirgefið Evrópska efnahagssvæðið. Ef Ísland hafnar aðild að Evrópubandalaginu verður fyrr eða síðar að gera tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins. Þar eð önnur EFTA-ríki hafa nú þegar ákveðið að hefja samningaviðræður við Evrópubandalagið um þá framtíðarskipan sem þessi ríki telji henta sínum hagsmunum, þ.e. aðild að Evrópubandalaginu, og Sviss — efnahagslega sterkasta ríkið í EFTA — hefur hafnað aðild að EES er skynsamlegt fyrir Íslendinga að halda nú þegar inn á þá braut að gera tvíhliða samning Íslands og EB um viðskipti og samvinnu. Evrópska efnahagssvæðið er í raun óskynsamlegur biðleikur ef litið á framtíðarhagsmuni Íslendinga.

Tillaga Alþýðubandalagsins: Tvíhliða samningur Íslands og EB um viðskipti og samvinnu.

Þótt ýmsir efnahagslegir ávinningar geti tengst samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þegar á heildina er litið er það niðurstaða Alþýðubandalagsins eftir vandlega athugun að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði geti ekki þjónað framtíðarhagsmunum Íslendinga enda er niðurstaða samningaferlisins í veigamiklum atriðum í ósamræmi við upphafleg markmið og grundvallarkröfur Íslendinga.

Alþýðubandalagið leggur því til að Íslendingar óski eftir formlegum viðræðum við Evrópubandalagið um að gerður verði sjálfstæður tvíhliða samningur Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti og samvinnu. Eðlilegt er að Evrópubandalagið fallist á að slíkur samningur sé gerður í stað EES-samningsins fyrst Evrópubandalagið hefur nú þegar fallist á að hefja viðræður við önnur EFTA-ríki um annað form samskipta þeirra og Evrópubandalagsríkjanna en EES-samninginn og eiga þær viðræður að hefjast strax í næsta mánuði.

Alþýðubandalagið leggur til að höfuðatriði samnings Íslands og EB um viðskipti og samvinnu verði:

— Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun sex í samningnum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976.
— Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum.
— Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni, auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.
— Í samningi um viðskipti verði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu.

EES-viðræðurnar: Meginkröfur Íslendinga náðu ekki fram.

Þegar niðurstöður viðræðnanna um EES eru lagðar fyrir Alþingi blasir við að þær víkja í veigamiklum atriðum frá þeim meginkröfum sem Íslendingar lögðu fram í upphafi viðræðnanna. Alþýðubandalagið var fylgjandi því að Íslendingar létu reyna á það í samfylgd með öðrum ríkjum EFTA hvort okkur tækist að ná fram innan EES-viðræðnanna þeim meginhagsmunum sem flestir voru sammála um að Íslendingar ættu að setja á oddinn. Það er hins vegar misskilningur, sem því miður kemur fram hjá sumum, að stuðningur við það að í slíkar viðræður sé farið eigi óhjákvæmilega að fela í sér að menn játi niðurstöðu samninganna. Það er hættulegt að setja fram þá kenningu að vilji til samninga eigi ávallt að fela í sér samþykki á niðurstöðum. Íslendingar eiga auðvitað að vera óhræddir við að taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum samningum en við verðum jafnframt að gæta vel að því að meta á sjálfstæðan hátt þá niðurstöðu sem liggur fyrir í lok viðræðna.

Því miður eru niðurstöður EES-samninganna á þann veg að Evrópubandalagið hafnaði ýmsum meginkröfum Íslendinga og nokkur önnur grundvallaratriði eru enn í algjörri óvissu. Skal hér vikið að nokkrum þessara atriða.

1. Í upphafi var því lýst sem megintilgangi samninganna um EES að koma á varanlegu tveggja stoða markaðssvæði í Evrópu. EB-ríkin yrðu innri hringur þessa markaðssvæðis en EFTA-ríkin yrðu ytri hringur. Þessir tveir hringir ættu síðan í varanlegum viðskiptatengslum og byggðust samskipti þeirra á jafnréttisgrundvelli.

   Niðurstaða samninganna varð hins vegar önnur. Hún felur ekki í sér samning milli tveggja jafnréttháttra aðila. EFTA-ríkin eru í reynd að gerast aukaaðilar að nýju stórríki Evrópubandalagsins sem ætlunin er að þróa á grundvelli Maastricht-samningsins. Franz Andriessen, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, hefur réttilega lýst EES-samningnum á þann veg í viðtali við ríkissjónvarpið 22. maí 1992 að EFTA-ríkin séu í reynd að samþykkja að fylgja reglum Evrópubandalagsins án þess að eiga fullgildan þátttökurétt í ákvörðunum um þessar reglur:

   „EFTA-ríkin eru ekki aðilar að klúbbnum. Þess vegna ákveða EFTA-ríkin ekki reglur klúbbsins. Það er á grundvelli þessarar staðreyndar sem við höfum skapað stofnanakerfi. Markmið þess er að veita sem bestan aðgang og áhrif í ákvarðanaferlinu, þó þannig að ákvarðanatakan sjálf er algjörlega í höndum stofnana Evrópubandalagsins, þ.e. hjá ráðherraráði Evrópubandalagsins og Evrópuþinginu. Ég tel að það sé rétt að segja að ef þið eruð tilbúin að vera tengd svo náið stofnanauppbyggingu Evrópubandalagsins — þið eruð tilbúin að láta löggjöf bandalagsins taka gildi hjá ykkur í framtíðinni án þess að þið eigið fulla aðild að ákvörðunartökunni sjálfri — þá geti það verið betra að vera fullgildur meðlimur í klúbbnum. Auðvitað. En það er ákvörðun sem löndin verða að taka sjálf."

   Önnur ríki EFTA hafa í reynd viðurkennt þessa lýsingu Franz Andriessen og ákveðið að sætta sig ekki við niðurstöður EES-samninganna um að lúta í áhrifaleysi ákvarðanatöku Evrópubandalagsins. Þau hafa því sótt um aðild að EB. Þannig hafa þessi EFTA-ríki ákveðið að flytja sig inn í innri hring hins nýja svæðis. Með því að þau yfirgefi EES hverfur ytri hringur EES í reynd því að Ísland getur aldrei eitt haldið uppi öllu stofnanakerfi EES-svæðisins.

   Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra hefur í reynd viðurkennt þessi sjónarmið. Hann sagði í skýrslu sinni til Alþingis í mars 1992:

   „Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú,

sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildaríkjum og 370 millj. íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins með innan við 300 þús. íbúa?"

Félagar Íslands í EFTA hafa nú þegar ákveðið að leggja EFTA niður og Sviss hefur ákveðið að hafna EES. Þar með er EES í reynd orðinn fyrirburi sem lifir aðeins þann tíma sem önnur EFTA-ríki bíða eftir fullri EB-aðild.

2. Í upphafi viðræðnanna um EES var það yfirlýst markmið EFTA-ríkjanna að tryggja yrði fríverslun með fisk og afnám tolla á sjávarafurðum. Niðurstaðan í samningnum er hins vegar sú að Evrópubandalagið hefur algjörlega hafnað grundvallarreglunum um fríverslun með fisk. Íslenskur sjávarútvegur verður áfram að keppa við sjávarútvegsfyrirtæki EB- og EFTA-ríkjanna þar sem gífurlegir ríkisstyrkir og fjárframlög úr sjóðum EB munu skekkja samkeppnisstöðuna Íslandi í óhag. Það óhagræði ríkir í EES-samningnum að ríki EB fá viðurkenningu á frjálsu samkeppniskerfi fyrir allar útflutningsvörur sínar en Íslendingar fá slíka skipan ekki viðurkennda fyrir mikilvægustu útflutningsvörur sínar.

Þegar Evrópubandalagið hafði hafnað kröfunni um fríverslun með fisk var sett fram sú varakrafa af hálfu Íslands að grundvallarreglan um tollfrjáls viðskipti á sjávarafurðum yrði fest í samningnum. Þessu hafnaði Evrópubandalagið einnig. Niðurstaðan er takmarkað afnám tolla á ákveðnum tegundum sjávarafurða. Þótt þær tollalækkanir séu vissulega mikilvægar fyrir ákveðnar greinar sjávarútvegsins á Íslandi breytir það ekki þeirri staðreynd að grundvallarreglan um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir náðist ekki fram í viðræðunum.

3. Það hefur ætíð verið grundvallarafstaða íslenskra stjórnvalda að ekki kæmi til greina að samþykkja veiðiheimildir Evrópubandalagsins í staðinn fyrir tollalækkanir á sjávarafurðum. Engu að síður er ljóst að sá sjávarútvegssamningur, sem er tengdur EES-samningnum, er á þann veg að Evrópubandalagið túlkar hann sem sigur fyrir þá kröfugerð Evrópubandalagsins sem fyrst kom fram 1976, að Evrópubandalagið fengi aðgang að íslenskri landhelgi og léti í staðinn lækka tolla á íslenskum sjávarafurðum. Skip Evrópubandalagsins fá nú rétt til að veiða 3.000 tonn af karfa í íslenskri landhelgi. Í staðinn er Íslendingum vísað á 30.000 tonn af loðnu sem á engan hátt geta talist eins örugg veiði og karfinn og auk þess hafa Íslendingar á undanförnum árum sjálfir veitt þessa loðnu án þess að gjalda fyrir það með veiðiheimildum fyrir EB í íslenskri landhelgi. Bæði rammasamningur Íslands og Evrópubandalagsins um sjávarútvegsmál og hinn sérstaki samningur um veiðar Evrópubandalagsins innan íslenskrar landhelgi eru á þann veg að samningamenn Evrópubandalagsins telja þá í samræmi við þá kröfugerð sem Evrópubandalagið hefur sett fram gagnvart Íslendingum í tæpa tvo áratugi.

Þegar sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra komu í hið fyrra sinn með það sem taldar voru lokaniðurstöður EES-samninganna lýstu þeir því að Evrópubandalagið mundi eingöngu fá rétt til að veiða langhala. Það væri stofn sem Íslendingar hefðu ekki nýtt og væri því ekki í reynd um neina fórn af hálfu Íslendinga að ræða. Nú er hins vegar komið í ljós að þá þegar var aðalsamningamanni Íslands ljóst að Evrópubandalagið mundi ekki láta sér nægja langhala heldur væri það að sækjast eftir karfa en karfinn er einn af hefðbundnum fiskstofnum Íslendinga. Yfirlýsing utanríkisráðherra Íslands og samningamanna Evrópubandalagsins í Óportó og samningurinn sem gerður var í Brussel sýna ótvírætt að fylgifiskur EES-samningsins er

aðgangur Evrópubandalagsins að íslenskri fiskveiðilögsögu. Íslendingar verða nú árlega að eiga í viðræðum við Evrópubandalagið um veiðiheimildir Evrópubandalagsins í íslenskri fiskveiðilögsögu. Bandalagið hefur þannig fengið samningsbundinn rétt til að setja sífellt fram nýjar og nýjar kröfur í sjávarútvegsmálum og fiskveiði gagnvart Íslendingum.

Fiskveiðilögsögu Íslendinga hefur þess vegna ekki verið haldið utan við EES-samninginn eins og gefin voru fyrirheit um í upphafi.

4. Í upphafi viðræðnanna um EES og lengi vel í samningaferlinu sjálfu var því lýst yfir að EES ætti eingöngu að vera viðskiptasamningur. Alls ekki ætti að skerða stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslands né heldur ákvarðanavald Alþingis, ríkisstjórnar eða íslenskra dómstóla. Samningurinn ætti ótvírætt að uppfylla öll ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um fullveldi löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds íslenska lýðveldisins.

Nú liggur á borðinu samningur þar sem Evrópubandalaginu hefur á lokastigi viðræðnanna tekist að ná fram ákvæðum sem tryggja að yfirráð stofnana Evrópubandalagsins eru í reynd það sem ræður för á hinu Evrópska efnahagssvæði. Að sama skapi er ákvörðunarréttur stofnana lýðveldisins skertur á margvíslegan hátt. Slík skerðingarákvæði geta vissulega verið ásættanleg fyrir þau EFTA-ríki sem ætla að ganga inn í EB en þau eru tvímælalaust í mótsögn við yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda í upphafi viðræðna um EES.

Í EES-samningnum eru ákvæði sem segja að þegar reglur hins Evrópska efnahagssvæðis stangast á við lög sem Alþingi Íslendinga hefur sett eða kann að setja í framtíðinni skuli lögum Alþingis vikið til hliðar. Efnisþættir EES, bæði nú þegar og einnig í framtíðinni, hafa því meiri rétt en lög sem þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga kunna að setja.

Ný lagasetning, sem varðar samningssvið EES, fer þannig fram að lögin eru sett hjá EB að undangengnu „samráði“ við EFTA-ríkin sem verða síðan að sætta sig við niðurstöðuna, hver sem hún verður, og festa í lög hjá sér athugasemdalaust ef þau ætla að verða með í þessu samstarfi. Þau hafa vissulega formlegan rétt til þess að hafna nýjum lögum og reglum en slík höfnun mun tvímælalaust vinna gegn meginmarkmiðum EES-samningsins og draga úr þátttöku ríkis í samstarfinu.

EES-samningurinn hefur þegar leitt til alvarlegs ágreinings um það hvort hann feli í sér brot á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það er athyglisvert að ríkisstjórn Íslands er eina ríkisstjórnin innan EFTA sem treystir sér til þess að afgreiða EES-samninginn með einföldum meiri hluta á þjóðþinginu. Í öllum öðrum aðildarríkjum EFTA þarf ýmist að samþykkja EES-samninginn með auknum meiri hluta á þjóðþinginu þar eð um framsal á fullveldi er að ræða eða þá að samningurinn hefur verið lagður fyrir í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu allra íbúa. Ekki er talið framkvæmanlegt að lögfesta hann með einföldum meiri hluta.

Það sýnir einstrengingslega afstöðu og ólýðræðislega að ríkisstjórn Íslands skuli bæði hafa hafnað tillögum um þjóðaratkvæði um EES-samninginn og tillögum um breytingar á íslensku stjórnarskránni til að taka af allan vafa um að samningurinn samrýmist stjórnarskránni. Ísland er eina ríkið í EFTA þar sem ríkisstjórn vogar sér að láta samþykkja samninginn með einföldum meiri hluta á þjóðþinginu.

Í sérstökum kafla þessa nefndarálits er vikið að hinni fjölþættu gagnrýni lögfræðinga á EES-samninginn og röksemdum þeirra fyrir því að hann samrýmist ekki

grundvallarákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins.

5. Í upphafi viðræðnanna var því lýst yfir að tryggja yrði að Íslendingar hefðu með varanlegum hætti algert forræði yfir öllum auðlindum landsins og lykilfyrirtæki efnahagslífsins yrðu áfram í höndum landsmanna. Nú liggur hins vegar á borðinu samningur sem byggir á þeirri grundvallarreglu að einstaklingar og fyrirtæki í öllum ríkjum EB og EFTA hafi sama rétt og Íslendingar til að nýta allar auðlindir Íslands nema fiskimiðin.

   Reglan um jafnan aðgang að auðlindum er eitt af höfuðeinkennum EES-samningsins. Einnig eru í samningnum ákvæði sem fela það í sér að verði lykilfyrirtækjum í íslensku efnahagslífi breytt í hlutafélög — t.d. orkufyrirtækjunum, vatnsveitum, bönkum — geti erlendir aðilar eignast þessi fyrirtæki að öllu leyti. Samkvæmt EES-samningnum er bannað að setja í lög á Íslandi hindranir sem geta komið í veg fyrir að erlendir aðilar eignist meiri hluta í slíkum lykilfyrirtækjum. Í samningnum eru heldur engar varanlegar girðingar sem komið geta í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast auðlindir eða gæði landsins. Allar slíkar girðingar, sem settar yrðu, mundu einnig koma niður á Íslendingum sjálfum.

   Þetta einkenni EES mun rækilega koma í ljós á næstu mánuðum þegar nánari umfjöllun fer fram um frumvörp sem tryggja eiga að útlendingar geti ekki eignast jarðir og önnur gæði lands á Íslandi. Þær girðingar munu einnig útiloka svo stóran hluta íslensku þjóðarinnar frá slíkum réttindum að vafasamt er að þjóðþingið fallist á að takmarka þannig rétt landsmanna sjálfra til þess að koma í veg fyrir þennan alvarlega ágalla EES-samningsins.

6. Í upphafi viðræðnanna um EES bar mjög á þeirri lýsingu á Evrópubandalaginu að þar væri fyrst og fremst á ferðinni viðskiptabandalag sem hagstætt væri fyrir Íslendinga að tengjast með viðskiptasamningi. Með Maastricht-samkomulaginu, sem EB-ríkin gerðu eftir að samningaviðræður um EES hófust, ákváðu EB-ríkin hins vegar að breyta EB úr viðskiptabandalagi í eins konar sambandsríki með sameiginlegri peningastefnu, sameiginlegum seðlabanka, sameiginlegri mynt, sameiginlegri utanríkisstefnu, sameiginlegu hernaðarbandalagi og öðrum aðgerðum sem draga mjög úr sjálfstæði einstakra ríkja en efla að sama skapi miðstjórnarvald embættisjöfranna í Brussel.

   Þessar breytingar hafa kallað á þjóðaratkvæðagreiðslur í einstökum ríkjum í EB og breytingar á stjórnarskrá. Maastricht-samkomulaginu um pólitískan samruna EB-ríkjanna var eins og kunnugt er hafnað í Danmörku og verulegir erfiðleikar eru við að fá það samþykkt í Bretlandi.

   Það breytir ekki þeirri staðreynd að það Evrópubandalag, sem á að vera aðaldrifkraftur ákvarðanatöku og framtíðarþróunar innan EES, er töluvert annarrar gerðar nú en það var í upphafi samningaferilsins. Í stað þess að EES ætti að vera samnefnari fyrir markaðssvæði þar sem ríki EB og EFTA ynnu saman á sviði verslunar og viðskipta er að þróast innan EB flókið stofnanakerfi þar sem hið nýja miðstjórnarvald EB verður í samræmi við Maastricht-sáttmálann. Hluti af þessari þróun er síðan Vestur-Evrópusambandið sem er hið nýja form hernaðarsamvinnu Evrópubandalagsins. Það sýnir stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að vilja í reynd tengja Ísland við hið nýja stofnanakerfi EB á grundvelli Maastricht-sáttmálans, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til við Alþingi að Ísland verði aukaaðili að hernaðarsamvinnu Evrópubandalagsins, Vestur-Evrópusambandinu.

Brot á stjórnarskránni.

Það var yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði ætti á engan hátt að skerða fullveldi Íslendinga né stjórnarskrárbundinn rétt meginstofnana lýðveldisins, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og hliðarsamningar um stofnanir EES og EFTA eru hins vegar á þann veg að með ótvíræðum rökum hefur verið sýnt fram á að þeir brjóti í bága við grundvallarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Jafnvel sú nefnd lögfræðinga, sem utanríkisráðherra setti á fót, komst að þeirri niðurstöðu að í EES-samningnum sé um að ræða valdaframsal frá stofnunum íslenska lýðveldisins til stofnana EES og EFTA. Þessi niðurstaða sérfræðingahóps utanríkisráðherra er í beinni mótsögn við síendurteknar fullyrðingar utanríkisráðherrans sjálfs um að í EES-samningnum felist ekkert valdaframsal. Það er hins vegar niðurstaða sérfræðinga utanríkisráðherrans að þetta valdaframsal sé ekki „verulegt“ og það geti ekki talist „íþyngjandi í ríkum mæli“.

Í sérfræðinganefndinni sem Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra skipaði 14. apríl 1992 sátu Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor og Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. Fram hefur komið að tveir þessara manna, Stefán Már Stefánsson og Ólafur W. Stefánsson, höfðu unnið við að undirbúa frumvarp ríkisstjórnarinnar um EES-samninginn og höfðu tekið þátt í vinnu utanríkisráðuneytisins á margvíslegan hátt við samningsgerðina. Það var staðfest af Hannesi Hafstein sendiherra, aðalsamningamanni Íslands, á fundi utanríkismálanefndar og stjórnarskrárnefndar sem haldinn var í nóvember. Engu að síður komast þessir fjórmenningar utanríkisráðherra að eftirfarandi niðurstöðu:

„Þá er hugsanlegt að reynslan leiði í ljós að það reynist ekki rétt sem við byggjum á um framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, þ.e. að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar, að þær feli ekki í sér verulegt valdframsal og séu ekki íþyngjandi í ríkum mæli. Einnig er hugsanlegt að í samkeppnismálum komi til meiri afskipta en hér er reiknað með. Við teljum ólíklegt að forsendur okkar að þessu leyti reynist rangar. Við teljum jafnframt að engin nauðsyn sé til að ráðast nú til breytinga á stjórnarskránni vegna þessa möguleika. Ef fram kemur síðar að slíkra breytinga sé þörf er Ísland að þjóðarétti skuldbundið að gera þær.“

Niðurstaða fjórmenninganna, sem utanríkisráðherra gerði að trúnaðarmönnum, er sem sagt sú að ekki sé útilokað að samningurinn um EES brjóti gegn íslensku stjórnarskránni. Það er hins vegar skoðun þeirra að þá sé hægt að breyta stjórnarskránni eftir á. Það er óneitanlega dálítið sérkennileg kenning.

Tveir af lærðustu lögfræðingum íslensku þjóðarinnar, dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur og prófessor Björn Þ. Guðmundsson, hafa hins vegar á sjálfstæðan hátt unnið að álitsgerð um það hvort samningurinn um EES standist stjórnarskrá lýðveldisins. Dr. Guðmundur Alfreðsson vann álitsgerð samkvæmt ósk utanríkismálanefndar Alþingis. Prófessor Björn Þ. Guðmundsson tók sjálfstæða ákvörðun um að vinna álitsgerð um þetta atriði og sendi hana utanríkismálanefnd Alþingis.

Hér verður vikið að nokkrum röksemdum úr álitsgerðum þessara lögfræðinga. Athyglisvert er að enginn lögfræðingur hefur treyst sér til þess eftir að álitsgerðir dr. Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar voru birtar að leggja fram ítarlega greinargerð þar sem röksemdir þessara tveggja lögfræðinga eru hraktar. Það vakti einnig athygli mína að Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari átti mjög erfitt með að mótmæla röksemdum Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar á málefnalegan hátt

á sérstöku málþingi sem utanríkismálanefnd Alþingis hélt ásamt stjórnarskrárnefnd. Verður að segjast eins og er að vörn Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara gagnvart málflutningi Björns Þ. Guðmundssonar og Guðmundar Alfreðssonar var á engan hátt í samræmi við það sem telja verður samboðið virtum dómara við Hæstarétt Íslands.

Sú staðreynd blasir því við að enginn úr hópi prófessora í lögfræði við Háskóla Íslands né heldur aðrir sem gegna sérstökum trúnaðarstöðum við dómstóla eða í stétt lögfræðinga á Íslandi hafa á síðustu mánuðum treyst sér til að leggja fram álitsgerðir þar sem röksemdir dr. Guðmundar Alfreðssonar og Björns Þ. Guðmundssonar væru hraktar.

Undirritaður vekur sérstaka athygli á eftirfarandi þáttum í álitsgerð Björns Þ. Guðmundssonar:

1. „Við lögskýringu stjórnarskrárinnar verður að sjálfsögðu að halda sig alfarið við það sem telst gildandi réttur en ekki einhverjar óljósar hugmyndir um að hugsanlega sé stjórnarskrá okkar orðin gamaldags og hana megi skýra samkvæmt einhverjum óskilgreindum nútímaviðhorfum gagnvart landsrétti, Evrópurétti eða þjóðarétti. Slíkar hugleiðingar eiga ekki við nú og allra síst við þetta álitaefni."
2. „Fyrst er rétt að geta þess að eftirlit með framkvæmd EES-samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og dómstóla EB sem fara með eftirlit í aðildarríkjum EB og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins sem fara með eftirlitið í EFTA-ríkjunum. Ef ég held mig einungis við valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA þá hefur hún að mínu viti töluvert víðtækar heimildir til að taka ákvarðanir sem beinast gegn einstaklingum og lögaðilum hér á landi. M.a. hefur eftirlitsnefndin heimild til að ákvarða sektir og févíti sem verða beint aðfararhæfar hér á landi. Þessar ákvarðanir, og raunar margar fleiri, verða ekki bornar undir íslenska dómstóla heldur einungis undir EFTA-dómstólinn til endanlegrar úrlausnar eða þá EB-dómstólinn ef um svokölluð blönduð samkeppnismál er að ræða. Þetta felur með öðrum orðum í sér að ákveðinn hluti íslensks refsivalds er framseldur til þjóðréttarlegra stofnana, þ.e. vald sem nú er í höndum þar til bærra innlendra stofnana, þar á meðal stjórnvalda. Verður að leggja áherslu á að hér er um sjálfa ákvörðunartökuna að ræða sem lýtur beint að einstaklingum og fyrirtækjum hér á landi á bindandi hátt og þeir aðilar geta ekki borið lögmæti ákvarðananna undir íslensk stjórnvöld eða dómstóla. Þetta er í mínum huga aðalatriðið. Þar við bætist að þessar ákvarðanir verða beint aðfararhæfar hér á landi gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

   En hvað felst nánar í þessu? Víkjum fyrst að því hvernig slíkar ákvarðanir eru nú teknar hér á landi og höldum okkur einungis við fésektir sem er ein tegund refsinga eins og áður segir.

   Samkvæmt íslenskum rétti er heimild til að ákvarða mönnum að greiða fésektir í höndum dómstóla fyrst og fremst, en einnig stjórnvalda á vissum sviðum, t.d. sýslumanna og lögreglustjóra. Ef við höldum okkur við stjórnsýsluna þá er þess fyrst að geta að stjórnsýsluhafar inna störf sín af höndum „að viðlagðri ábyrgð". Til þess að mega hafa hana með höndum verða þeir að fullnægja margvíslegum skilyrðum, t.d. um menntun. Ákvarðanataka þeirra er samkvæmt íslenskum lögum bundin af ýmsum form- og efnisreglum. Gerist stjórnsýsluhafarnir sekir um brot í þessum efnum getur það bæði varðað þá ábyrgð svo og hið opinbera. Aðgerðir þeirra geta enn fremur leitt til þess að ákvarðanir þeirra verði metnar ógildar. Til þess að staðreyna það höfum við ýmis réttaröryggistæki sem eru fólgin í því sem ég nefni stjórnsýslueftir-

lit. Þar skiptir mestu máli að telji maður rétt á sér brotinn í stjórnsýslunni getur hann borið fram kvörtun við umboðsmanns Alþingis, hann getur leitað til æðra stjórnvalds og síðast en ekki síst getur hann borið mál sitt undir dómstóla. Með EES-samningnum hefur íslenskur þegn afsalað sér þessu öllu til stofnana EFTA og EB. Þetta skiptir verulegu máli við mat á álitaefninu því að stjórnarskráin er ekki eingöngu til þess að kveða á um stjórnskipun okkar heldur og ekki síður til þess að vernda réttindi þegnanna. Það eru mikilvæg réttindi þegna í sérhverju þjóðfélagi að þeir geti borið mál sitt undir stofnanir í eigin landi sem byggja úrlausnir sínar fyrst og fremst á réttarheimildum sem taldar eru gilda í landinu og eru í samræmi við þær réttarhugmyndir sem þjóðin hefur um sjálfa sig."

3. „Víkjum þá að þriðja atriðinu sem athuga verður í sambandi við valdframsal yfirleitt, þ.e. hverjum valdið er framselt. Hér er um að ræða stofnanir sem komið er á fót með þjóðréttarsamningi. Þeim er ætlað að vera æðstu eftirlitsaðilar með starfsemi sem lýtur alveg sjálfstæðum lögum og reglum (réttarkerfi), settum af þessum stofnunum, og eru því í raun nýtt fyrirbrigði í sögunni. Grunnur þeirra laga og reglna byggist á réttarhefð sem er okkur að ýmsu leyti framandi. Þar við bætist að EES og EB einkennir miðstýring, þ.e. framkvæmdarvaldið ræður þar mestu. Reglurnar varðandi EES eru alveg nýjar og ekkert hefur reynt á þær enn þá. Við erum því að framselja hluta ríkisvalds okkar til þjóðréttarlegs aðila sem engin reynsla er fengin af hvernig starfar. Þetta leiðir til þess að við mat á því hvort ákvæði EES-samningsins brjóti í bága við stjórnarskrá okkar verður að gefa sér forsendur sem framtíðin kann að leiða í ljós að eru ekki réttar af því að engin reynsla er af þeim fengin."
4. „Ef litið er á stjórnarskrárviljann einan, þ.e. það sem vakti fyrir Íslendingum þegar þeir settu sér stjórnarskrá, þykir mér alveg ljóst að hann teldi valdframsalið samkvæmt EES-samningnum óheimilt. Því til stuðnings nægir að nefna þær aðstæður sem Íslendingar bjuggu við þegar stjórnarskráin var sett. Það hefur varla hvarflað að nokkrum Íslendingi þá að við mundum framselja ríkisvald til erlendra aðila eða þjóðréttarlegra stofnana."
5. „Stjórnsýsluhafar í landinu vinna verk sitt að viðlagðri ábyrgð á ákveðnum sviðum sem þeim ber bæði réttur og skylda til að rækja og mega ekki fela það öðrum. Í ráðuneytum viðgengst þó svonefnt innra framsal, þ.e. ráðherra felur öðrum starfsmönnum í ráðuneytinu framkvæmd valds síns. Sú ákvarðanataka er hins vegar ætíð á ábyrgð viðkomandi ráðherra, rétt eins og hann hefði staðið sjálfur að verki. Framsal framkvæmdarvalds samkvæmt stjórnsýslurétti til utanaðkomandi aðila, þegar lögbær aðili er til í landinu á því sviði, er mjög sjaldgæft hér innan lands. Óþekkt er að slíkt framsal eigi sér stað til útlanda."
6. „Með EES-samningnum er íslenskt refsivald framselt að hluta. Slíkt vald er svo mikilsvert að óverjandi er að það verði fengið öðrum en dómstólum og stjórnvöldum þeim sem getur nú í stjórnarskránni nema þá að breyta henni."
7. „Með því framsali ríkisvalds, sem hér er til umræðu, er ekki einasta þjóðréttarlegum stofnunum falið bindandi ákvörðunarvald á tilteknum sviðum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi, heldur afsala sömu aðilar sér þeirri réttarvernd sem þeir njóta samkvæmt íslenskum lögum og m.a. er fólgin í því að mega bera athafnir stjórnvalda undir umboðsmann Alþingis, undir æðra stjórnvald og að lokum dómstóla."
8. „Hér er um að ræða hluta ríkisvalds sem framselt er í hendur fyrirbrigðis sem er nýtt

á alþjóðavettvangi og engin reynsla er fengin af. Stjórnskipun þess byggir á réttarhugmyndum og réttarhefðum sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar þeim forsendum sem stjórnskipun okkar byggist á.“

9. „Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt hjá fjórmenninganefndinni að túlka megi EES-samninginn þannig að dómar EB-dómstólsins séu einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld hér á landi. Þrátt fyrir þá takmörkun sem gerð er í samningnum, þ.e. að dómarnir skipti máli og séu efnislega samhljóða, tel ég miklu líklegra að reynslan muni leiða í ljós að líta beri svo á að hér sé um bindandi fordæmi að ræða, enda segir skýrum stöfum að það beri að fara eftir þeim þegar svo stendur á sem í EES- og ESE-samningunum segir. Þessa skoðun byggi ég ekki síst á víðtækri túlkun EB-dómstólsins sjálfs á hlutverki sínu og valdsviði.“
10. Túlkun 60. gr. stjórnarskrárinnar er mikilsvert og vandasamt fræðilegt úrlausnarefni. Bæði ég og fjórmenninganefndin hafa komist að þeirri niðurstöðu að með EES-samningnum sé dómsvald framselt að hluta til dómstóla EFTA og EB. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið nauðsynlegt að víkja nánar að inntaki 60. gr. stjórnarskrárinnar vegna hinna bindandi réttaráhrifa ákvarðana þessara dómstóla.“

Á málþingi því sem utanríkismálanefnd og stjórnarskrárnefnd efndu til lýsti prófessor Björn Þ. Guðmundsson því yfir að í athugunum, sem hann hefði unnið að í framhaldi af álitsgerð sinni til utanríkismálanefndar, hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að enginn vafi væri á að EES-samningurinn stæðist ekki íslensku stjórnarskrána. Því væri óhjákvæmilegt að breyta stjórnarskrá lýðveldisins ef lögfesta ætti samninginn. Athyglisvert var að Björn Þ. Guðmundsson vísaði í þessum efnum til fjölmargra norrænna sérfræðinga og umræðna sem farið hafa fram á Norðurlöndum um stjórnarskrár og alþjóðasamninga. Einkum var þar um að ræða prófessor Max Sörensen. Íslenska stjórnarskráin og íslenskt réttarfar er eins og kunnugt er hluti af norrænni þróun í stjórnskipunarrétti. Grundvallarhugmyndir Norðurlanda um stjórnarskrá og réttarríki eru einnig grundvallarhugmyndir stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Í álitsgerð sem dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur samdi fyrir utanríkismálanefnd Alþingis koma fram fjölþættar röksemdir fyrir því að samningurinn um EES samrýmist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Dr. Guðmundur Alfreðsson hefur ítrekað sett fram þá skoðun að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni ef lögfesta eigi samninginn. Hér verður vikið að nokkrum þáttum í álitsgerð dr. Guðmundar Alfreðssonar:

1. „Því er líka haldið fram að stjórnarskráin okkar sé gömul eða jafnvel úrelt miðað við þróun mála í nágrannalöndum okkar og að hún taki ekki mið af nútímalegum alþjóðasamskiptum. Þetta kann rétt að vera, en þá á að breyta stjórnarskránni með lögformlegum og löglegum hætti en ekki bara brjóta hana og beygja.“
2. „Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra nefnir í framhaldi (bls. 3) að 40. gr. stjórnarskrárinnar um skattlagningu sé dæmi um það að löng og athugasemdalaus venja hafi helgað framsal löggjafarstarfs til framkvæmdarvaldshafa á skjön við stjórnarskrárákvæði. Það má eflaust nefna fleiri dæmi, t.d. varðandi 28. gr. um útgáfu bráðabirgðalaga. Því hefur verið fleygt, kannski í þessu samhengi, að stjórnarskráin hafi verið brotin áður og það sé hægt að gera það aftur. Í þessu samhengi verður þó að gera skýran greinarmun á eðli og umfangi athafnar eða framsals. Innlendar tilfærslur eru annars eðlis en framsal út úr landinu. Ekkert dæmi hefur verið nefnt, sem snýst um valdaframsal til yfirþjóðlegrar alþjóðastofnunar, hvað þá til stofnunar eins og EB sem við erum ekki aðilar að.“

3. „Niðurstaðan í þessari stjórnarskrárumræðu má ekki ráðast af stjórnmálalegri afstöðu til EES-svæðisins. Jafnvel þótt samningurinn væri í alla staði fullkominn og honum fylgdu bara kostir og engir gallar verður að fara fram fagleg umræða og ákvarðanataka um þetta mál, burtséð frá öllum stjórnmála-, efnahags- og tilfinningasjónarmiðum. Bæði stuðningsmenn og andstæðingar svæðisins hljóta að fylgja stjórnskipunarlega réttri afgreiðslu samningsins af hálfu Alþingis og forseta. Stjórnarskráin er svo mikilvægur hluti af okkar stjórnkerfi að hana má ekki leggja til hliðar vegna stjórnmálaskoðana eða hagsmunaafstöðu. Að sniðganga stjórnarskrána núna getur komið okkur í koll síðar.“
4. „Hvert dæmi eitt og sér, ef rétt reynist, t.d. um afhendingu framkvæmdar- og dómsvalds eða um skerðingu löggjafarvalds, nægir til þess að útheimta stjórnarskrárbreytingu, áður en samningurinn fengi gildi að landsrétti. Það mundi því þurfa að beita 79. gr. stjórnarskrárinnar ef eitt þessara atriða, sem ég fjalla um, brýtur í bága við stjórnarskrána.“
5. „EB mundi að mestu ráða ferðinni um breytingar á eldri textum og tilurð nýrra laga og reglna á EES-svæðinu. Efnislega löggjafarvaldið verður að þessu leyti í höndum stofnana EB. EES-nefndin og EES-ráðið munu samþykkja lög og reglur frá EB til að viðhalda samræmdu lagakerfi. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna fara með tillögu- og samráðsrétt á fyrri stigum máls og fulltrúar EFTA-ríkjanna fara með neitunarvald í áðurnefndum EES-stofnunum. Frá EES berast málin til Alþingis sem samkvæmt samningnum getur samþykkt eða hafnað máli en ekki breytt frumvarpi því að þá næði samræmingin ekki fram að ganga. Eins og sérfræðinganefnd utanríkisráðherra orðar það (bls. 11): „Er slík einhliða breyting því ekki raunhæfur kostur.““
6. „Verkefnaskiptingin eftir þessu fyrirkomulagi raskar þrískiptingu ríkisvaldsins eins og því er lýst í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Undirbúningur og flutningur löggjafarmála flyst frá Alþingi til stofnana EB og EES og til fulltrúa íslenska ríkisins hjá þeim, en þetta var náttúrlega aldrei hugmyndin þegar stjórnarskráin gekk í gildi. Það eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins, ýmist ráðherrar, embættismenn eða sérfræðingar, sem mundu halda uppi samráði við EB og fara með neitunarvaldið hjá EES. Framkvæmdarvaldið fengi því augljóslega aukinn hlut á kostnað löggjafarvaldsins. Þennan framgangsmála staðfestir sérfræðinganefndin með því að segja (bls.11): „Við þetta allt er þörf á samstarfi íslenskra stjórnvalda og Alþingis.““
7. „Enn segir sérfræðinganefnd utanríkisráðherra (bls. 12–13):

   „Setning nýrra EES-reglna fer ekki eftir reglum landsréttar þar sem hér er um að ræða breytingar á þjóðréttarsamningi. Þar eiga því ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til flutnings breytingartillagna . . .“

   Þessi atriði telur nefndin að ráði úrslitum um það að umrædd ákvæði EES-samningsins séu samrýmanleg 2. gr. stjórnarskrárinnar. Röksemdafærsla nefndarmanna fær staðist og niðurstaðan er formlega rétt. Hún er hins vegar efnislega röng því að frumkvæðisréttur þingmanna að lagafrumvörpum og flutningi breytingartillagna skerðist að sjálfsögðu þegar löggjafarstarfið um sjálfar efnisreglurnar, eins og áður segir, er flutt frá Alþingi til alþjóðastofnana.“
8. „Samningurinn rýrir greinilega hefðbundið hlutverk Alþingis. Alþingi mundi fara með formlegt neitunarvald, en efni laganna og orðalag verða ráðin annars staðar. Löggjafarvald er að hluta framselt til alþjóðastofnana og framkvæmdarvaldið fær

stærra hlutverk við ákvörðun efnisreglna, en löggjafinn getur sagt nei í krafti hins formlega neitunarvalds. Breyti hann texta eða setji andstæðar reglur mundi það hafa þjóðréttarlegar afleiðingar vegna viðurlagaákvæða EES-samningsins. Það er ekki hátt risið á svona fyrirkomulagi fyrir þjóðþing í fullvalda ríki, en það er matsatriði og getur horft til beggja átta hvort þetta fyrirkomulag brýtur í bága við stjórnarskrána."

9. „Í inngangsorðum skýrslu sinnar telur sérfræðinganefnd utanríkisráðherra upp svokölluð fordæmi til réttlætingar á valdaframsalinu í EES-samningnum. Varðandi verkaskiptingu, sem hugsanlega samrýmist ekki 2. gr. stjórnarskrárinnar, nefna þeir (bls. 3–4) m.a. skattheimtu ríkisstjórnar eða ráðherra og reglugerðasetningu handhafa framkvæmdarvalds sem ættu að hvíla hjá löggjafanum; vissar stjórnsýsluákvarðanir Alþingis sem ættu að vera hjá framkvæmdarvaldinu; og úrskurði yfirskattanefndar um skattfjárhæðir sem ættu að falla undir dómstóla.

Ekkert þessara dæma er sambærilegt við þá valdatilfærslu sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Þau eru öðruvísi í eðli sínu, enda snúast þau öll um tilflutning á valdi milli innlendra aðila. Jafnvel þótt sum dæmanna bentu til fyrri brota á stjórnarskrá, eins og sérfræðinganefndinýjar að (bls. 3), réttlæta þau ekki önnur brot og allra síst þegar um er að ræða valdaframsal til alþjóðastofnana."

10. „EB-dómarnir varða oft grundvallaratriði og þeir hafa iðulega mótað framþróun EB-réttarins. Þeir eru í raun gildandi réttur hvað varðar túlkun og beitingu efnisreglna EB-samningsins eins og lesa má í nýlegu kennsluriti Stefáns Más Stefánssonar, prófessors um Evrópurétt. Með tilliti til lagasamræmingar á EES-svæðinu hljóta EB-dómarnir því að gegna veigamiklu hlutverki við allan skilning og notkun á þeim ákvæðum EES-samningsins og fylgitexta hans sem byggja á EB-samningnum og afleiddum gerðum.

Það er því rökrétt, eins og skýrt má lesa í enska textanum, að 6. gr. EES-samningsins fjallar um skyldu til að beita EB-dómunum. Þetta viðhorf kemur greinilega fram í áliti EB-dómstólsins um EES-samninginn frá 10. apríl 1992 þar sem valdahlutföllunum og hlutverki EB-dómstólsins á EES-svæðinu er skilmerkilega lýst. Dómarnir eru ekki eingöngu lögskýringar- eða túlkunargögn. Þeir eru nauðsynlegur hluti lagasamræmingarinnar og óumflýjanlegur hluti hins nýja EES-réttar. Þeir geta í reynd haft bein réttaráhrif þar sem eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA eiga að beita þeim í ákvörðunum sem mundu koma til fullnustu á Íslandi.

Viðeigandi dómar EB-dómstólsins, t.d. um samkeppnisreglurnar, eru hins vegar ekki skráðir í EES-samningnum. Það er bara almenn tilvísun til þeirra og þeir ekki tilgreindir þótt það sé að sjálfsögðu vitað hvaða dómar koma við sögu. Að mínu mati er það alvöruspurning hvort Alþingi og forseti lýðveldisins geta samþykkt slíka tilvísun til lagabókstafs, sem á að fá gildi að landsrétti, án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram í frumvarpsformi, á íslensku að sjálfsögðu, og svo birt. Það hlýtur að skerða réttarvitund manna og réttaröryggi ef þetta er allt saman samþykkt óséð og óskoðað, jafnvel þótt dómarnir séu til og liggi frammi í erlendum bókum og þótt sumir þeirra hafi verið reifaðir í íslenskum gögnum. Um réttan framgangsmáta má vitna í ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar, t.d. 26. gr. um lagafrumvörp og 27. gr. um birtingu laga."

11. „Efnisgrein bókunar 35 mundi þrengja mjög að löggjafarvaldinu hvað sem líður áðurnefndum formálsorðum bókunarinnar. Því er lofað með tilvísun í lagasamræmingu á EES-svæðinu að EFTA-ríkin muni tryggja með lögum að EES-reglur gangi fram-

ar öðrum landslögum ef til áreksturs kemur. Samkvæmt stjórnskipunarrétti okkar geta Alþingi og forseti breytt eldri lögum og sett ný lög eins og þeim sýnist. Stjórnarskráin heimilar ekki að lög eða milliríkjasamningar takmarki þennan rétt. Svona samningsloforð um forgang EES-reglna getur haft þýðingu sem almenn stefnuyfirlýsing, en lögfræðilega er það ekki marktækt.“

12. „Miðað við orðalag og tilgang bókunar 35, sem er hluti af milliríkjasamningi, er hér alls ekki um túlkunarreglu að ræða, heldur skyldu eða skuldbindingu. Sem skuldbinding getur hún ekki talist stjórnskipunarlega marktæk eins og áður sagði. 3. gr. lagafrumvarpsins um túlkunarreglu einvörðungu gengur hins vegar skemur en milliríkjasamningurinn og brýtur sennilega ekki í bága við stjórnarskrána, en hún er ekki í samræmi við þjóðréttarskuldbindinguna. Það er hætt við því að í deilumálum mundu dómstólar EES og EB taka mið af þjóðaréttinum.“
13. „Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. gr. segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma þetta vald. Samkvæmt 14. gr. bera ráðherrar ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Það er enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska ráðherra og íslensk stjórnvöld. Það er engin undantekning gerð í þessum greinum um framsal á framkvæmdarvaldi út úr landinu og það hefur aldrei verið gert með þessum hætti þannig að engin eru fordæmin (sjá síðar um svokölluð fordæmi sem sérfræðinganefnd utanríkisráðherra tilnefnir).“
14. „Eftirlitsstofnun EFTA yrði sjálfstæð stofnun og eftirlitsmennirnir, þar með talinn íslenski eftirlitsmaðurinn, mættu ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þarna yrði sem sagt um yfirþjóðlegan framkvæmdarvaldsaðila að ræða sem á að geta tekið ákvarðanir sem mundu verða bindandi á Íslandi og koma beint til fullnustu innan lands án þess að íslensk stjórnvöld eða dómstólar gætu sagt nokkuð um efnishliðina.

    Eftirlitið með samkeppnisreglunum kemur hér sérstaklega til skoðunar því að það er skýrt tekið fram í 110. gr. EES-samningsins að ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA verði aðfararhæfar gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, sbr. og 53. og 54. gr. samningsins. Ákvarðanir gætu varðað brot sem eiga sér stað alfarið innan lands og þær gætu líka haft áhrif á réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja í málum um opinber innkaup og ríkisaðstoð eða ríkisstyrki (sjá skýrslu sérfræðinganefndarinnar, bls. 18–20).

    Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra heldur því fram (bls. 16) að það megi hugsanlega skýra fyrirmæli í 2. gr. stjórnarskrárinnar um framkvæmdarvaldið þannig að það geti verið í höndum alþjóðastofnana á vel afmörkuðum og takmörkuðum sviðum: „Ekki er tekið fram að þetta skuli vera alíslensk stjórnvöld.“ Þessi skoðun þeirra er algjörlega úr lausu lofti gripin og á sér enga stoð í íslenskum stjórnskipunarrétti. Þetta er ævintýramennska í lögfræði og það breytir engu hvort framsalið nær til milliríkjaviðskipta eingöngu eða til annarra málaflokka.

    Það er rétt sem sérfræðinganefndin segir um takmörkun á ábyrgð ráðherra (bls. 6): „Ráðherrar bera aðeins ábyrgð á stjórnarframkvæmdum sem þeir hafa framkvæmt, vitað um eða látið viðgangast.“ Ólafur Jóhannesson túlkar þetta ákvæði svo (bls. 158 í Stjórnskipun Íslands) að „ráðherrar verða eigi gerðir ábyrgir vegna athafna embættis- og sýslunarmanna, sem undir þá heyra, nema eitthvað hafi á skort af hendi ráðherra um val starfsmannanna, eftirlit með þeim eða fyrirmæli til þeirra.

Í 14. gr. stjskr. felst því það eitt að ráðherrar beri ábyrgð á embættisrekstri sínum."

Það má fullyrða að það var aldrei ætlun stjórnarskrárgjafans að sumar stjórnarframkvæmdir mætti flytja út úr landinu og framkvæma ábyrgðarlaust án umsjónar eða eftirlits þeirra stjórnvalda sem upp eru talin í 2. gr. stjórnarskrárinnar."

15. „Í þessu sambandi er vert að hafa í huga lög um ráðherraábyrgð númer 4 frá 1963 og 8. gr. þeirra sem fjallar um stjórnarskrármál. Í d-lið segir að það varði ráðherra ábyrgð „ef hann verður þess valdandi að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins". Um samhljóða ákvæði í eldri lögum segir Ólafur Jóhannesson (Stjórnskipun Íslands, bls. 161) að „brotið er fullframið jafnskjótt sem verk er unnið, t.d. ályktun gerð, án tillits til þess hvort afleiðingin, skerðing á frelsi og sjálfstæði er komin fram".

Ef það kemur í ljós seinna að efasemdir standast og að varnaglar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar um óvissar forsendur (bls. 29 og 32) reynast réttir dugir það ekki samkvæmt ráðherraábyrgðarlögunum að breyta stjórnarskránni seinna í samræmi við hugmyndir nefndarinnar. Brot er fullframið jafnskjótt og verk er unnið, þ.e. þegar EES-samningurinn yrði staðfestur án þess að breyta stjórnarskránni fyrst.

Það er mín niðurstaða um framkvæmdarvaldsþátt EES-samningsins að yfirþjóðlegt framsal af þessu tagi fái ekki staðist skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar sem felur tilteknum íslenskum aðilum þetta vald. Framsalið stangast líka á við 14. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð því að hvorki ráðherrar né önnur innlend stjórnvöld mundu geta borið ábyrgð á ákvörðunum stofnana EFTA og EB þar sem þær heyra alls ekki undir innlenda aðila og enginn slíkur mundi því bera ábyrgð á athöfnunum. Hér vaknar því greinilega spurning um stjórnarskrárbrot."

16. „Loks vitnar sérfræðinganefndin (bls. 23–24) í Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- eða fullnustuhæfi stjórnsýsluathafna og dóma frá þessum löndum. Nánari athugun leiðir í ljós að þarna er tvennt ólíkt á ferðinni. Útlend stjórnvöld eða dómstólar fá samkvæmt Norðurlandasamningunum aldrei lögsögu yfir íslenskum einstaklingum eða fyrirtækjum, nema þeir hafi sjálfir með gerðum sínum komist undir vald erlendrar lögsögu. Það var engin lögsaga flutt út úr landinu því að erlend stjórnvöld og dómstólar höfðu þegar vald til að fara með viðkomandi mál. Við tökum aðeins að okkur fullnustuna á gagnkvæmnisgrundvelli. Á EES-svæðinu mundu hins vegar EFTA-eftirlitsstofnunin og dómstóllinn fá lögsögu, svo og stofnanir EB, án þess að íslenskir aðilar aðhafist nokkuð til að kalla lögsöguna yfir sig. Tilvitnunin í þessa Norðurlandasamninga og samanburðurinn eiga því ekki rétt á sér."

17. „EES-samningurinn leiðir sem sagt til spurninga um hugsanlega skerðingu á samningsgetu íslenska ríkisins við önnur ríki og við alþjóðastofnanir. Skerðingin gæti tekið á sig ýmsar myndir, t.d. varðandi fríverslunarsamninga við ríki eða ríkjahópa utan EES-svæðisins. Að mínu mati vakna í þessu sambandi sams konar vafamál og um margar aðrar hliðar á lögfestingu þessa samnings. Ákvæði í honum, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, stangast á við óbreytt fyrirmæli stjórnarskrárinnar, í þessu tilfelli 21. gr."

18. „Um EFTA-dómstólinn eru ákvæði í 108. og 110. gr. EES-samningsins (svo og í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA). Til hans má skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar. Þar kemur skýrt fram að dómsvald dómstólsins yrði mjög víðtækt um eftirlitið með framkvæmd EES-samningsins og það gæti á ýmsan hátt haft bæði bein og óbein áhrif að landsrétti, t.d. varðandi samkeppnisreglur, ríkis-

styrki og opinber innkaup. Dómarnir yrðu endanlegir gagnvart íslenskum einstaklingum og fyrirtækjum, þeir yrðu aðfararhæfir að landsrétti og þá mætti ekki bera efnislega undir innlenda dómstóla.

EFTA-dómstóllinn er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenskur dómari, sem þar mundi sitja, yrði óháður íslenskri dómskipan. Íslenskir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig hafa verið órétti beitta af eftirlitsstofnuninni, yrðu þá að sækja sín mál fyrir þessum yfirþjóðlega dómstól sem mun væntanlega sitja í Genf eða til Lúxemborgar í þeim tilfellum sem EB-dómstóllinn hefði dómsögu. Landinn gæti ekki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum í málum sem mundu falla undir þessa alþjóðlegu dómstóla.

Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu til dómstóla sem gætu kveðið upp bindandi dóma sem kæmu beint til fullnustu að landsrétti. Engin fordæmi eru til um slíka niðurstöðu. Það verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri 2. gr. stjórnarskrárinnar, með hliðsjón af 60. og 61. gr. hennar. Þetta er að mati höfundar eitt skýrasta dæmið um stjórnarskrárbrot sem mundi leiða af lögfestingu EES-samningsins."

19. „Afmarkað, takmarkað og ekki verulega íþyngjandi valdaframsal.

Millifyrirsögnin er fengin að láni úr skýrslu sérfræðinganefndar utanríkisráðherra þar sem þetta orðalag, bæði í meginmáli og niðurstöðum, er notað hvað eftir annað til lýsingar á leyfilegu framsali löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Útskýringarnar á því hvað sé nógu vel afmarkað og takmarkað og hvað sé ekki um of íþyngjandi eru samt mjög stuttaralegar (t.d. á bls. 13, 24–25 og 31) og þær hljóta að vera byggðar á ónógum gögnum, enda fátt um viðmiðanir. Ég er hræddur um að t.d. fyrirtæki, sem þyrfti að borga tugmilljónir króna í sektir eða févíti samkvæmt ákvörðun í samkeppnismáli, mundi telja hana íþyngjandi. Og nefndin hleypur ansi hratt yfir reglurnar um ríkisstyrki og opinber innkaup, en þetta eru allt hlutir sem geta haft veruleg áhrif á réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja í landinu.

Þótt góðir menn hafi setið í sérfræðinganefndinni geta þeir ekki búið til ný stjórnarskrárákvæði eða lagað til gömul þannig að þau henti niðurstöðunum. Þetta gildir bæði um ofangreinda millifyrirsögn og svo um útvíkkunina á 2. gr. stjórnarskrárinnar þannig að hún nái til yfirþjóðlegra framkvæmdarvaldshafa og dómstóla. Þessar kenningar þeirra eru athyglisverðar, en þær eiga sér engar stoðir í stjórnarskránni sjálfri, í framkvæmd hennar til þessa eða í ritum fræðimanna um íslenskan stjórnskipunarrétt. Það þarf að breyta stjórnarskránni til þess að koma þeim í framkvæmd."

20. „Það er ekki rétt að bera saman EES-samninginn og núgildandi EFTA-samning eða mannréttindasamning Evrópuráðsins þrátt fyrir ákvæði í þessum samningum um lausn deilumála. Niðurstöður stofnana samkvæmt síðarnefndu samningunum varða þjóðréttarlegar skuldbindingar og fá ekki sjálfkrafa gildi að landsrétti. Það er ekki heldur sambærilegt að tala um tilfelli þegar íslenskir dómstólar beita útlendum reglum því að þá eru íslenskir dómstólar að verki og hafa lokaorðið. Hið sama gildir um Norðurlandasamninga um gagnkvæmt aðfarar- og fullnustuhæfi dóma frá þessum löndum (sjá athugasemdir um aðfararhæfar stjórnsýsluathafnir í kaflanum um framkvæmdarvaldið).

Hæstaréttardómur frá 1990 um aðskilnað framkvæmdar- og dómsvalds þar sem vitnað er til mannréttindasamnings Evrópuráðsins leiddi ekki til breytingar á megin-

reglunni um tvö réttarkerfi, landsrétt og þjóðarétt. Lög um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds höfðu verið sett áður en Hæstiréttur kvað upp sinn dóm og þessi lög eru nefnd meðal dómsforsendna. Sérfræðinganefndin staðfestir (bls. 6) með tilvitnun í yngri dóm að íslenskur réttur varðandi réttarheimildirnar hafi ekki breyst. Hvorki íslensk stjórnskipun né þjóðarétturinn gera greinarmun í þessu samhengi á mannréttindasamningum og öðrum milliríkjasamningum, svo sem í viðskiptamálum.“

21. „Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra gerir í inngangsorðum lítið úr ríkis-, fullveldis- og sjálfstæðishugtökunum. Þeir skrifa án þess að færa að því nokkur rök (bls. 2 í skýrslunni): „Gildi ríkishugtaksins í stjórnskipunarrétti er umdeilt“ og „Ekki er þó ástæða til að telja að 1. gr. stjórnarskrárinnar hafi sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess álitaefnis sem okkur er ætlað að fjalla um.“ Í tengslum við þessar staðhæfingar vitna þeir til lýsingar Ólafs Jóhannessonar á hugtakinu (bls. 3 í Stjórnskipun Íslands), en orð hans í tilgreindri tilvitnun og í áframhaldandi bókartexta ganga í þveröfuga átt; þar lýsir hann því hversu þýðingarmikið hugtakið er og getur verið. Bæði sögulega og í nútímanum hljóta 1. og 2. gr. og samspil þeirra að skipta máli; þetta er sjálfur grundvöllur lýðveldisstofnunar og sjálfstæðs ríkis á Íslandi.

Sérfræðinganefndin skrifar einnig (bls. 2): „Ganga verður út frá því að allt það sem kalla má löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald sé í höndum þeirra sem upp eru taldir“ í 2. gr. stjórnarskrárinar. Nefndin heldur áfram:

„Þetta er eðlileg skýring á orðum greinarinnar þegar haft er í huga að orðin eru höfð með greini. Það er einnig eðlileg skýring þegar horft er til venjuhelgaðra hugmynda um þetta atriði.“

Þetta er rétt, en svo segja nefndarmenn (bls. 3), „að sú réttarregla, sem felst í 2. gr., er meginregla sem undantekningar eru frá . . .“ Undantekningarnar byggja þeir á fordæmum og túlkunum sem ég hef hrakið í köflunum að ofan um löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald. Ég held því fram eins og þar er rakið að innlendar valdatilfærslur séu í stjórnskipunarlegum skilningi alls ekki sambærilegar við flutning á því sama valdi út úr landinu og að nefnd fordæmi um samskipti við erlenda aðila séu annars eðlis en gert er ráð fyrir í EES-samningnum.

Fullveldis- og ríkishugtökin eru ekki á undanhaldi í alþjóðasamskiptum vegna þess sem er að gerast í EB og EES. Þjóðarétturinn breytist ekki þótt 12 eða 20 Evrópuríki efli með sér samvinnu og ekki heldur þótt sum þeirra verði til að takmarka eða jafnvel afsala sér fullveldinu í leiðinni. Það sem hefur verið og er að gerast, þar sem áður voru Sovétríkin og Júgóslavía og víðar, er til marks um hefðbundna strauma og bæði Ísland og Danmörk hafa lagt sitt af mörkum til þeirrar þróunar með tímabærum fullveldisviðurkenningum.“

22. „Ég hef lýst þeirri skoðun minni að það er margt í EES-samningnum og fylgiheimildunum um vald EFTA- og EES-stofnana sem ýmist brýtur í bága við eða orkar tvímælis miðað við gildandi stjórnskipunarlög. Hér hlýtur að vakna viðbótarspurning. Getur frjálst og fullvalda ríki, með tilvísun í 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar framselt framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar sem við erum ekki aðilar að? Í kaflanum um löggjafarvald lýsti ég því einnig hve stóran þátt EB mundi fá við mótun og samningu efnisreglna á EES-svæðinu.

Sérfræðinganefnd utanríkisráðherra viðurkennir fullum fetum í skýrslu sinni (t.d. á bls. 15, 21 og 22) að samkvæmt EES-samningnum mundu framkvæmdastjórn og dómstóll EB fá, í vissum málaflokkum, vald til að kveða upp endanlegar ákvarðan-

ir sem yrðu aðfararhæfar á Íslandi. Slík tilfelli hafa verið nefnd í köflunum að ofan um framkvæmdar- og dómsvald.“

23. „Sérfræðinganefndin færir engin rök að þeirri niðurstöðu að það sé í lagi að framselja framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar sem við erum ekki aðilar að. Málafæð dugir ekki sem röksemd, enda er stærðin óþekkt. Í kaflanum um löggjafarvaldið (bls. 10–11) lögðu þeir á það áherslu og töldu til réttlætingaratriða varðandi feril breytinga á viðaukum við EES-samninginn að „stöðug samráð og upplýsingaskipti og þá einnig samningaumleitanir“ fara fram við fulltrúa ríkisins áður en ákvarðanir eru teknar um nýjar reglur.

Það er umdeilt í samtímanum og líka umdeilanlegt hvort og að hve miklu leyti ríki skuli láta hluta af sínu fullveldi í hendur yfir- eða samþjóðlegra stofnana. Þetta er framkvæmt í alvöru í aðeins einni alþjóðastofnun, það er EB, og nú er stefnt að því sama í EES þótt ekki sé það í jafnríkum mæli. Það er samt algjört einsdæmi í stofnanagrein þjóðaréttarins að lagt sé til að ríki skuli framselja yfirþjóðlegt framkvæmdar- og dómsvald til alþjóðastofnunar sem viðkomandi ríki er ekki aðili að. Þetta er kannski ekki meiri háttar álitamál í löndum sem eru að sækja um og búast við aðild í náinni framtíð. Fyrir ríki, sem er ekki að sækja um aðild, hljóta hins vegar fullveldis- og ríkishugtökin og það sem í þeim felst að koma til skoðunar. Engin bein svör fást við þessari spurningu við lestur stjórnarskrárinnar eða í ritum um íslenskan stjórnskipunarrétt vegna þess að engum hefur dottið þessi firra í hug fyrr en nú.“

Í ljósi þessara sterku röksemda ber að gagnrýna það harðlega að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skuli hafa hafnað tillögu þriggja stjórnmálaflokka á Alþingi um að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins yrði breytt svo að hægt væri að tryggja að samningurinn um EES bryti ekki í bága við hana. Allir alþingismenn undirrita eiðstaf um að starfa samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins. *Enginn alþingismaður getur greitt frumvarpi atkvæði ef* hann er sannfærður um að efni þess brjóti grundvallarákvæði stjórnarskrár lýðveldisins. Hvað sem líður afstöðu til fjölmargra efnisþátta EES-samningsins er þess vegna ljóst að á grundvelli samanburðar á efni samningsins og greinum stjórnarskrár lýðveldisins er ekki hægt að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði nema stjórnarskránni sé áður breytt til að heimila slíka lögtöku.

Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur í för með sér mjög víðtækar breytingar á íslenskri löggjöf, efnahagsskipan og réttindum landsmanna og erlendra aðila, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Mjög víðtækur stuðningur hefur myndast í þjóðfélaginu við þá eðlilegu kröfu að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn. Það er í samræmi við það sem gerðist í tveimur öðrum ríkjum EFTA en í hinum EFTA-ríkjunum var krafist aukins meiri hluta á þjóðþingi.

Öll fjölmennustu hagsmunasamtökin í landinu hafa stutt kröfuna um þjóðaratkvæði. Það lætur nærri að samtök rúmlega 100.000 Íslendinga hafi stutt kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn. Þar má nefna Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda, Neytendasamtökin og fjölda annarra samtaka.

Því hefur verið haldið fram af andstæðingum kröfunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu að samningurinn um EES sé svo flókinn að ekki sé hægt að láta greiða um hann atkvæði í

þjóðaratkvæðagreiðslu. Í sjálfu sér er þessi skoðun mjög ólýðræðisleg því að grundvallarregla lýðræðiskerfisins er að hinn almenni kjósandi eigi að hafa sama rétt og hafi sömu hæfileika til að meta þjóðmálin og sá fulltrúi sem hann velur á þjóðþingið. Í lýðræðiskerfi nútímans er ekki gerður greinarmunur á hæfni kjörins fulltrúa og þess sem kýs hann. Þeir sem hafna kröfunni um þjóðaratkvæðagreiðslu á forsendunni um mismunandi hæfni alþingismanna annars vegar og kjósenda hins vegar eru í reynd að afhjúpa að þeir aðhyllast úrvalskenningar um hæfni hinna útvöldu en þær kenningar eru í mótsögn við grundvallarhugmyndir nútímalýðræðis.

Annað atriði, sem styrkir mjög kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu, er að ýmis meginatriði EES-samningsins eru í reynd mjög einföld. Það þarf ekki að lesa lengi til að átta sig á því að hægt er að taka afstöðu til samningsins með því að móta sér skoðun á örfáum grundvallaratriðum. Meðal slíkra grundvallaratriða má nefna að í einni stystu grein samningsins er rúmlega 350 millj. Evrópubúa veittur sami réttur í íslensku efnahagslífi og á íslenskum vinnumarkaði og til þessa hefur verið bundinn við Íslendinga eina.

Allt frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar hefur verið fjölþætt viðleitni í íslenskri löggjöf að tryggja sérstakan rétt íslenskra ríkisborgara. Þessi réttur er nú á flestum sviðum þjóðlífsins færður með einni og hálfri línu í 4. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði yfir á íbúa allra ríkja EB og EFTA. Íslendingar hafa hingað til staðið slíkan vörð um ríkisborgararéttinn að þjóðþingið hefur ekki treyst framkvæmdarvaldinu til að ákveða hvaða einstaklingar fengju íslenskan ríkisborgararétt né heldur setja almennar reglur um það efni heldur er á hverju ári afgreiddur sem lög frá Alþingi nafnalisti yfir þá útlendinga sem veittur er íslenskur ríkisborgararéttur eftir nokkuð langa búsetu í landinu. Með einföldum hætti er í EES-samningnum opnað fyrir að 350 millj. Evrópubúa geti notið á Íslandi flestra réttinda sem hingað til hafa verið bundin við íslenska ríkisborgara eingöngu. Þetta er slíkt grundvallaratriði að mjög eðlilegt er að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um samning sem felur í sér slíkar breytingar.

Það er mjög ámælisvert að þingmenn og forusta Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hafa á Alþingi beitt sér eindregið gegn því að þjóðin fái að segja álit sitt á EES-samningnum í almennri atkvæðagreiðslu. Slíkt veikir mjög málflutning þeirra sem mæla með samningnum og rýrir mjög þá almennu tiltrú sem þarf að vera til jafnvíðtækrar og afdrifaríkrar samþykktar og felst í lögtöku EES-samningsins. Þegar það fer saman að ítarlegar og markvissar röksemdir hafa verið færðar fyrir því að samningurinn brjóti gegn íslensku stjórnarskránni og naumur meiri hluti á Alþingi hafnar því að þjóðin fái að dæma samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu þá er verið að standa að lögtöku víðtækasta alþjóðasamnings sem Íslendingar hafa orðið aðilar að á lýðveldistímanum á þann hátt að engan veginn er verjandi að veita slíkum gerningi liðsinni.

Samþykkt miðstjórnar Alþýðubandalagsins.

Á fundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins 28. júní 1992 var afgreidd sérstök ályktun sem fól í sér afstöðu Alþýðubandalagsins til EES-samningsins. Sú samþykkt var byggð á greinargerð þingflokks og framkvæmdastjórnar og fól í sér meginröksemdir flokksins í málinu. Það er því rétt að birta þessa samþykkt um leið og samningurinn er afgreiddur af fulltrúa Alþýðubandalagsins í utanríkismálanefnd.

Í samþykkt miðstjórnar Alþýðubandalagsins kemur fram sú megintillaga að framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins sé best tryggð með sjálfstæðum samningi Íslands og EB um viðskipti og samvinnu. Samþykkt miðstjórnarinnar er svohljóðandi:

— „Alþýðubandalagið er fylgjandi þróun í átt að opnara hagkerfi á Íslandi og frjálsri skipan verslunar og viðskipta í heiminum svo að þjóðir heims geti notið hagsældar, selt framleiðslu sína á hagkvæmu verði og notið ávaxtanna af skynsamlegri verkaskiptingu. Flokkurinn leggur áherslu á að samkomulag náist innan ramma Almenna samkomulagsins um tolla og viðskipti (GATT) svo komist verði hjá því að veröldin skiptist í andstæðar og harðsvíraðar viðskiptablokkir. Mikilvægt er að tryggja réttláta skipan í samskiptum iðnríkja og þróunarríkja og koma í veg fyrir að hagkerfi veraldarinnar ógni lífríki og umhverfi jarðarinnar.

— Alþýðubandalagið telur aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki þjóna hagsmunum lands og þjóðar. Sérstaða Íslands sem þjóðríkis í miðju Norður-Atlantshafi og forræði Íslendinga á auðlindum lands og sjávar samræmist ekki þátttöku í evrópskri ríkjasamsteypu. Umsókn um aðild að Evrópubandalaginu kemur því ekki til greina. Hagmunir Íslendinga felast fyrst og fremst í víðtækri fríverslun við ríki Evrópubandalagsins og hana þarf að tryggja með frekari samningum við bandalagið.

— Alþýðubandalagið vekur athygli á að niðurstaða EES-viðræðnanna varð allt önnur en að var stefnt í upphafi. Umsókn flestra EFTA-ríkjanna um aðild að Evrópubandalaginu er staðfesting á því að Evrópska efnahagssvæðið verði aðeins við lýði fáein ár ef það kemst þá á um næstu áramót. Önnur EFTA-ríki hafa dregið þá ályktun að full aðild að EB sé óhjákvæmilegt og rökrétt framhald af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. EES-samningurinn dugi ekki einn og sér; hann er í reynd aukaaðild að EB, forspil að fullri EB-aðild.

— Evrópubandalagsríkin munu á næstu mánuðum endurskoða Maastricht-samkomulagið um nánari pólitíska samvinnu og hraða inngöngu EFTA-ríkja sem sótt hafa um aðild, en samningar um EB-aðild EFTA-ríkjanna munu hefjast strax á næstu mánuðum um leið og EES á að taka gildi. Evrópska efnahagssvæðið er engin framtíðarlausn á samskiptum Íslendinga við Evrópubandalagið eins og ráðgert var í upphafi. Það sem nefnt var „Vegabréf inn í 21. öldina“ mun renna út eftir fáein ár.

Þar eð EES-samningurinn er ekki lausn á framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins er rétti tíminn nú til að hefja samninga við EB um varanlegt form þeirra samskipta. Í raun eru valkostirnir um framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins aðeins tveir: Aðild að EB eða sjálfstæður viðskiptasamningur milli Íslands og EB. Alþýðubandalagið hafnar fyrri kostinum, aðild Íslands að EB. Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur er því hin raunhæfa leið og eina úrlausnin sem dugað getur Íslandi í framtíðinni.

— Alþýðubandalagið minnir á að í samningaviðræðum um sjávarútvegsmál neitaði Evrópubandalagið að samþykkja grundvallarkröfur okkar Íslendinga. Fyrri meginkrafa Íslands var að reglur frjálsra vöruviðskipta giltu einnig um sjávarafurðir. Þessu hafnaði EB og heldur því áfram að skekkja samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja með því að beita stórfelldum ríkisstyrkjum til sjávarútvegsfyrirtækja í EB-ríkjunum og til skipasmíða. Síðari meginkrafa Íslands var tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir eins og aðrar vörur. Þessu hafnaði EB líka. Bandalagið áskildi sér rétt til að leggja tolla á aðalútflutningsvörur Íslands til EB þótt aðalútflutningsvörur EB-

ríkjanna til Íslands yrðu tollfrjálsar. Það ríkir því ekki jöfnuður í slíkum samningi.

Það sem náðist voru takmarkaðar tollalækkanir á tilgreindum sjávarafurðum. Þótt þær séu til hagsbóta ber að hafa í huga að í staðinn fær EB að veiða í íslensku landhelginni. Það er misskilningur að um gagnkvæmar veiðiheimildir verði að ræða þar eð Íslendingar hafa veitt þá loðnu á undanförnum árum sem nú á að reikna EB á pappírnum til að réttlæta 3.000 tonna landhelgisveiðar EB á karfa.

Í sjávarútvegssamningi ríkisstjórnarinnar við EB er brotin sú grundvallarregla, sem allar íslenskar ríkisstjórnir hafa fylgt frá tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, að láta ekki veiðiheimildir í landhelgi Íslendinga í staðinn fyrir tollalækkanir.

— Alþýðubandalagið bendir á að leiði veiðar Íslendinga á nýjum tegundum til aukins útflutnings til EB-ríkjanna í staðinn fyrir þorskútflutning verða þær tegundir áfram að þola tollaálögur EB þar eð bandalagið hafnaði grundvallarreglunni um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir. Semja verður sérstaklega um frekari tollaniðurfellingar á nýjum aflategundum. Íslendingar verða því áfram í stanslausu reiptogi við EB um íslenska landhelgi því að EB knúði fram að endursemja verður um sjávarútvegsmálin á hverju ári!

— Alþýðubandalagið telur að komi EES-samningurinn óbreyttur til afgreiðslu á Alþingi í haust sé sjálfsagt og eðlilegt að leggja hann í dóm þjóðarinnar. Samningurinn eins og hann liggur fyrir snertir grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipan, sjálfstæði Íslendinga og sérstöðu. Hann veitir 350 milljónum manna í Evrópu hlutdeild í íslenskum ríkisborgararétti. Hann setur lagasetningarvaldi Alþingis efnislegar skorður. Evrópubandalagið fær eitt allan rétt til að ákveða tillögur um ný lög og reglur á hinu Evrópska efnahagssvæði. Alþingi og íslensk stjórnvöld geta ekki gert efnislegar breytingar við ný lög og reglur, geta bara sagt já eða nei. Þegar réttur til breytinga og frumkvæðis er tekinn frá Alþingi hefur sjálfstætt löggjafarvald verið skert að verulegu leyti. Samningurinn takmarkar einnig sjálfstæði íslenskra dómstóla þar eð úrskurðir EB-dómstólsins fá lagagildi á Íslandi og eftirlitsstofnun og dómstóll EES fá heimildir til að dæma og sekta íslensk fyrirtæki án hlutdeildar íslenskra dómstóla.

— Alþýðubandalagið vekur sérstaka athygli á að meðal virtustu lögfræðinga landsins hefur komið fram sú afstaða að samningurinn um EES brjóti gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands eða afgerandi líkur séu á að hann standist ekki stjórnarskrána. Af þessum ástæðum sé óhjákvæmilegt að breyta stjórnarskránni áður en samningurinn komi til atkvæðagreiðslu á Alþingi. Tryggja verður að ekki sé framið stjórnlagabrot með samþykkt EES-samningsins. Stjórnarskráin er æðri samningnum og því verður að túlka allan vafa stjórnarskránni í hag.

— Alþýðubandalagið telur því nauðsynlegt að bæði fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um efnisatriði EES-samningsins og stjórnarskránni verði breytt með lögformlegum hætti áður en samningurinn yrði endanlega afgreiddur á Alþingi. EES-samningurinn felur í sér svo afgerandi grundvallarbreytingar á stjórnskipun íslenska lýðveldisins að það er siðferðilega útilokað að lögtaka hann á Alþingi án þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnararskrárbreytingar.

— Alþýðubandalagið dregur þá ályktun á grundvelli framangreindra röksemda og efnisatriða að þótt ýmsir efnahagslegir ávinningar geti tengst samningnum þá sé EES-samningurinn þegar á heildina er litið í lokagerð sinni tilraun sem mistókst. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hafna þeirri niðurstöðu EES-samninganna sem nú liggur fyrir. Alþýðubandalagið leggur til að sú niðurstaða verði endurskoðuð þegar í

haust með það að markmiði að gera sjálfstæðan tvíhliða viðskiptasamning milli Íslands og EB. Höfuðatriði hans verði:

* Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun sex í samningnum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976.
* Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum.
* Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði meðal annars byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og almenna samkeppni auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlanda um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.
* Í samningi um viðskipti yrði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu.
* Í tvíhliða samningi verði engin atriði sem brjóti í bága við stjórnarskrá eða taki efnislegt og formlegt löggjafarvald á Íslandi úr höndum Alþingis og þjóðarinnar.

Niðurstöður Alþýðubandalagsins eru.

1. Í stað fyrirliggjandi niðurstöðu EES-samningsins, sem Alþýðubandalagið hafnar, komi sjálfstæður tvíhliða samningur Íslands og EB um viðskipti og samvinnu. Viðræður um slíkan sjálfstæðan viðskiptasamning við EB hefjist strax í haust enda ætla önnur EFTA-ríki að hefja á næstu mánuðum viðræður um fulla aðild að EB.
2. Ef EES-samningurinn kemur engu að síður til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi þá verði áður:
   a. þjóðaratkvæðagreiðsla um efnisatriði samningsins,
   b. stjórnarskránni breytt til að koma í veg fyrir stjórnlagabrot."

Afstaða og afgreiðsla.

Þegar Sviss hefur í þjóðaratkvæðagreiðslu hafnað aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og önnur ríki, sem um árabil hafa myndað EFTA með Íslandi, hafa ákveðið að yfirgefa EES og EFTA og ganga í EB er ljóst að Íslendingar verða nú þegar að huga að varanlegri framtíðarskipan á viðskiptum Íslands og Evrópubandalagsins. Sá grundvöllur, sem lagður var í upphafi viðræðna um EES, tveggja stoða viðskiptakerfi EB og EFTA, er einfaldlega ekki lengur fyrir hendi.

Sú tillaga, sem Alþýðubandalagið setti fram í júní um að hafnar yrðu viðræður við Evrópubandalagið um varanlegan tvíhliða samning Íslands og EB, er enn frekar raunhæf nú í ljósi þeirra atburða sem átt hafa sér stað að undanförnu. Þar að auki er ljóst að frumvarpið, sem nú kemur til afgreiðslu á Alþingi, er í allri gerð sinni miðað við lögfestingu sem engan veginn dugar í óbreyttri mynd. Ráðherrar EFTA hafa þegar ákveðið á fundi í Genf 11. desember að bæta verði sérstökum viðbótarsamningum við þá samninga sem vikið er að í megingrein frumvarpsins. Enginn veit hver afstaða Evrópubandalagsins kann að verða en ráðherrafundur þess um framtíð EES verður 21. desember. Á

árinu 1993 munu síðan fara fram viðræður milli EFTA og EB um hugsanlegar breytingar og gildistaka EES-samningsins er nú í algjörri óvissu.

Frumvarpið, sem utanríkismálanefnd hafði til meðferðar í marga mánuði og nú á að taka til afgreiðslu á Alþingi, er ekki lengur í samræmi við raunveruleikann. Það er því formlega mjög hæpið að fara að taka frumvarpið til afgreiðslu áður en ljóst er hver verður niðurstaðan í viðræðum EFTA og EB um þær breytingar sem þarf að gera á samkomulaginu um EES.

Það er einnig sérkennilegt að ætla að hefja aðra umræðu um frumvarpið á Alþingi tveimur dögum eftir að leiðtogafundur Evrópubandalagsins ákvað að hefja viðræður um aðild EFTA-ríkja að EB í næsta mánuði. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa ákveðið að yfirgefa EES innan fáeinna missira og Sviss, það EFTA-ríki sem býr við öflugasta hagkerfið, hefur hafnað samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skýrara er varla hægt að dæma EES-samninginn úr leik. Að leggja ofurkapp á staðfestingu hans á Alþingi, samnings sem verður á næstu vikum að taka verulegum breytingum til að hann geti jafnvel gengið upp í fáein missiri áður en þorri EFTA-ríkjanna gengur í EB er afstaða sem ekkert á skylt við stjórnmálalegt raunsæi.

Raunhæfasta leið Íslendinga í samskiptum við Evrópubandalagið er að gera nú þegar formlega tillögu um tvíhliða samning Íslands og EB um viðskipti og samvinnu og viðræður um slíkan samning fari fram um leið og hin EFTA-ríkin ganga frá samningum sínum um aðild að EB og ákveðin verður framtíðarskipan tengsla Sviss og EB utan EES. Mikilvægt er að Íslendingar tryggi framtíðarhagsmuni sína í samskiptum við Evrópubandalagið með sjálfstæðum tvíhliða samningi. Frændþjóðir okkar í EFTA hafa kosið að tryggja framtíðarhagsmuni sína með aðild að Evrópubandalaginu og EB hefur samþykkt slíka leið með formlegri ákvörðun um aðildarviðræður í janúar nk. Sviss hefur kosið framtíð utan EES. Evrópska efnahagssvæðið verður því á engan hátt sú varanlega stoð í tvíþættu nýju markaðskerfi Evrópu sem ætlunin var í upphafi þegar Íslendingar ákváðu að taka þátt í viðræðum um EES.

Fyrr er vikið að því að meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna á Alþingi hafi hafnað tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um EES-samninginn og ítarleg rök hafi verið færð fyrir þeirri skoðun að EES-samningurinn standist ekki grundvallarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

Í ljósi þess

— að meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna hefur hafnað tillögum um breytingar á stjórnarskránni til að gera löggildingu EES samrýmanlega íslenskri stjórnskipun,
— að meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna hefur hafnað tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn,
— að meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna hafnar tillögunni um sjálfstæðan tvíhliða samning Íslands og Evrópubandalagsins og vill í staðinn kappkosta að samþykkja frumvarp sem ekki er í samræmi við þann raunveruleika sem nú blasir við,

er rökrétt að leggjast gegn því staðfestingarfrumvarpi um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem er fyrsta mál þessa þings.

Alþingi, 14. des. 1992.

Ólafur Ragnar Grímsson.

471. Frumvarp til laga [302. mál]

um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vernd: að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.

Stýring á stofnum villtra dýra: aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði: landsvæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími: tímabilið 1. maí til 31. júlí.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

II. KAFLI
Markmið og gildissvið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og skipulag á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

III. KAFLI
Umsjón.

3. gr.

Umhverfisráðherra hefur umsjón með öllum málum er varða villt dýr.

Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er villidýranefnd. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúrufræðistofnun Íslands, einum af Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands og einum af veiðistjóraembættinu. Vara-

menn skulu skipaðir með sama hætti. Umhverfisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi fulltrúa frá stofnunum umhverfisráðuneytis.

Tillagna eða umsagnar villidýranefndar skal leitað við setningu allra reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra að fengnum tillögum villidýranefndar. Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Á vegum veiðistjóraembættisins skulu stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst milli þessara stofnana. Einnig skal höfð samvinna um rannsóknir við aðrar stofnanir og einstaklinga eftir því sem þörf krefur.

Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Veiðistjóraembættinu skal heimilt að reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

Veiðistjóraembættið skal vera umhverfisráðuneyti og villidýranefnd til ráðuneytis og gera tillögur um hvaðeina er varðar starfssvið embættisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra.

5. gr.

Ísland er aðili að Alþjóðafuglaverndarráðinu (The International Council for Bird Protection). Í reglugerð skal ákveðið að fulltrúaráð skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana, sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni, komi fram fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu. Umhverfisráðherra ákveður hvaða aðilar eigi rétt á að tilnefna í fulltrúaráðið og setur því starfsreglur.

IV. KAFLI
Friðun, vernd og veiðar.

6. gr.

Villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfatruflun. Við skipulag byggðar og aðra landnýtingu skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971.

7. gr.

Ákvörðun um að aflétta friðun skv. VI. kafla skal fyrst og fremst byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir um friðun, vernd og veiðar villtra dýra, að fengn-

um tillögum villidýranefndar. Reglugerðir skulu m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, aðrar veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, umgengni við hreiður fágætra fugla og annað sem máli skiptir.

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni á árstíma eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru ella friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón að fenginni umsögn villidýranefndar. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, inn- og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skulu einnig vera reglur um ham- og skinnatöku og uppsetningu villtra dýra og kveðið nánar á um starfsemi hamskera.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að láta veiða friðaða sem ófriðaða fugla og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki sín verði því við komið. Villidýranefnd ákveður hvaða tegundir séu undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur ákveðið að stefnt skuli að útrýmingu stofns eða tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji villidýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt.

8. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í íslenskri landhelgi utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða við landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar.

Umhverfisráðherra getur sett reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna, enda fullnægi þeir sambærilegum skilyrðum um kunnáttu í veiðum og meðferð skotvopna og kröfur eru gerðar um hér á landi.

9. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.

3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða því um líkt. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- og skarfsungum og kópum.
4. Net, nema til kópaveiða og háf til lunda-, álku-, stuttnefju- og langvíuveiða. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fisk- eða kópaveiða, má ekki nýta á nokkurn hátt nema að fengnu leyfi umhverfisráðuneytis. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki villidýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Tilbúna ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn, svo og „pumpur“, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

Umhverfisráðherra getur heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

10. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef villidýranefnd mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

V. KAFLI
Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. gr.

Umhverfisráðherra ákveður með reglugerð að allir þeir, sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts, gegn gjaldi sem umhverfisráðherra ákveður. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Þar skal þess einnig getið ef handhafi

veiðikorts hefur leyfi til að nýta hefðbundin hlunnindi á tilteknu svæði eða til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á bújörð. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað. Korthafi skal árlega skila skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið. Gjald þetta skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

VI. KAFLI
Sérákvæði um veiðar.

12. gr.
Refir.

Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfaumgang. Stjórnir sveitarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að refaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu árlega og er þeim einum heimilt að veiða refi á grenjatíma. Skylt er skotmanni að hafa aðstoðarmann við grenjavinnslu. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta sauðfjárbændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem sauðfé eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 3. mgr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

13. gr.
Minkar.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða árlega.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 1. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um framkvæmd endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

Umhverfisráðherra er heimilt að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma að fenginni umsögn villidýranefndar.

14. gr.

Hreindýr.

Telji veiðistjóraembættið að hreindýrastofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum getur umhverfisráðherra sett reglugerð um veiðar á hreindýrum. Í reglugerðinni verði kveðið á um tilhögun og framkvæmd veiðanna og gjald fyrir veiðiheimildir. Skal hluti arðs af hreindýraveiðum renna til rannsókna á hreindýrum en hluti til sveitarfélaga þar sem hreindýr ganga. Ráðherra ákveður árlega fjölda, kyn og aldur þeirra dýra sem fella má úr hverri hjörð í samræmi við tillögur veiðistjóraembættisins.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

15. gr.

Mýs og rottur.

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð sem hlotið hefur samþykki umhverfisráðherra.

16. gr.

Selir og rostungar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðherra stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum.

Skotveiði skal ætíð bönnuð í látrum. Öll skot eru bönnuð nær friðlýstum látrum en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Eigi má án leyfis eiganda láturs leggja net í sjó nær friðlýstu látri samkvæmt lögum þessum en ½ km frá stórstraumsfjörumáli.

17. gr.

Hvítabirnir.

Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af. Sé þess nokkur kostur skal nota til þess riffil af stærðinni cal. 243 eða stærri.

Þegar hvítabjörn hefur verið felldur skv. 2. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar af honum hætta.

Ekki má veiða hvítabirni á hafís eða á sundi.

18. gr.

Fuglar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.

1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, kjói, hrafn.
2. Frá 20. ágúst til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita, skúmur.
3. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
4. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

Óheimilt er að þeyta flautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

VII. KAFLI
Nýting hlunninda.

19. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps og selaláturs samkvæmt lögum þessum.

Í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem kópaveiði og eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka andaregg en við eggjatökuna skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Undanþága þessi tekur ekki til gargandar, skeiðandar, skutulandar, hrafnsandar, straumandar eða gulandar. Þá skal og taka grágæsar- og heiðagæsareggja heimil en þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg. Andaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétthafa sker umhverfisráðuneytið úr þeim ágreiningi.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmætar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt

þeim, sæta refsingu sem fullframið brot eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

21. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

22. gr.

Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá sama tíma eru numin úr gildi:

1. Ákvæði í Jónsbók er fjalla um seli, rostunga og hvítabirni.
2. Ákvæði í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 sem fjalla um veiðar á fuglum og spendýrum öðrum en hvölum.
3. Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925.
4. Lög um útrýmingu sels í Húnaósi, nr. 29/1937.
5. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með áorðnum breytingum.
6. Lög um eyðing á rottum, nr. 27/1945, með áorðnum breytingum.
7. Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með áorðnum breytingum.
8. Lög um eyðingu svartbaks nr. 50/1965, með áorðnum breytingum.
9. Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, með áorðnum breytingum.
10. XII. kafli, um ófriðun sels, í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
11. Ákvæði í öðrum lögum sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú endurflutt með örfáum breytingum sem fæstar eru þó efnislegar.

Með bréfi, dags. 13. september 1990, skipaði umhverfisráðherra þriggja manna nefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra. Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson veiðistjóri, formaður, Sigurður H. Richter dýrafræðingur og Ævar Petersen dýrafræðingur. Ritari nefndarinnar var Arnór Þ. Sigfússon dýrafræðingur.

Í skipunarbréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„Umhverfisráðherra fyrirhugar að samræma löggjöf á þessu sviði og leggja fram frumvarp/frumvörp til laga um stjórn á stofnstærð villtra dýra á 113. löggjafarþingi sem kemur saman 10. október nk. Eðlilegt virðist að í slíkri löggjöf verði fjallað um öll villt dýr saman og ýmis sérlög, svo sem fyrir refi og minka og svartbak, svo dæmi séu tekin, verði felld úr gildi. Einnig þarf að huga að hvernig lög um fuglaveiðar og fuglafrið-

un falla inn í slíka löggjöf. Um er því að ræða að setja rammalög um vernd og eftirlit með villtum dýrum og veiðar þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að með reglugerðum verði settar nánari reglur um einstakar dýrategundir."

Með tilliti til þess að tími var naumur og frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun hafði áður verið samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðuneyti ákvað nefndin að mest væri aðkallandi að semja frumvarp til laga um friðun og veiðar á landspendýrum. Taldi nefndin að síðar væri hægt að laga lög um fuglaveiðar og fuglafriðun að frumvarpi um landspendýr ef tími ynnist til og ráðuneytið teldi það æskilegt. Með samþykki umhverfisráðherra var sú leið valin.

Er nefndin hafði lokið við drög að frumvarpi til laga um landspendýr var ljóst að ekki þyrfti að breyta því í grundvallaratriðum til þess að lög um fuglaveiðar og fuglafriðun gætu rúmast innan sama ramma. Að beiðni umhverfisráðherra var því ráðist í það verk að láta frumvarpsdrögin ná einnig yfir fugla.

Nefndin skrifaði eftir upplýsingum um sambærilega löggjöf í Danmörku (Skov- og Naturstyrelsen, Miljøministeriet), Noregi (Direktoratet for Naturforvaltning) og Svíþjóð (Statens Naturvårdsverk). Svör bárust frá Danmörku og Noregi. Þótt gagnlegt væri fyrir nefndina að hafa lög þessara þjóða til hliðsjónar reyndist ekki unnt að byggja mikið á þeim því að þau eru ekki rammalög, heldur geyma mjög svo ítarleg ákvæði um alla framkvæmd.

Frumvarp, sem byggt var á fyrstu tillögum nefndarinnar um vernd landspendýra, var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91, en kom ekki til meðferðar þingsins.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1991, fór Eiður Guðnason umhverfisráðherra fram á það við nefndina sem unnið hafði að málinu að hún tæki málið að nýju til meðferðar og skilaði „sem fyrst heildarfrumvarpi um verndun landspendýra, fuglaveiðar og fuglafriðun". Á síðari stigum nefndarvinnu voru drögin send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, Fuglafriðunarnefnd, Dýraverndarnefnd ríkisins og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar. Margar gagnlegar ábendingar bárust frá þessum aðilum.

Ráðherra fól Jóni Gunnari Ottóssyni að vera tengiliður milli ráðuneytisins og nefndarinnar og starfaði hann náið með nefndinni á síðari stigum starfsins.

Nefndin hélt alls 30 fundi, þar af 15 eftir endurnýjun umboðs ráðherra. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur. Hvað frumvarpið í heild varðar er fyrst og fremst áberandi breyting á almennri afstöðu til villtra spendýra. Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu að hreindýrum og selum undanskildum. Hér er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, skuli njóta verndar og að veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón.

Í frumvarpinu er mikil áhersla lögð á reglugerðir. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra stofna í vistkerfinu, þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim. Setning rammalaga og reglugerða leyfir meiri sveigjanleika við stýringu einstakra stofna og stjórn veiða en verið hefur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra skuli setja eða geti sett reglugerðir um eftirtalin atriði:

1. Aðild að Alþjóðafuglaverndarráðinu (5. gr.).
2. Friðun, vernd, veiðar og hefðbundnar nytjar villtra spendýra og fugla (7. gr.).

3. Víðtækari friðun fágætra tegunda (7. gr.).
4. Sölu, inn- og útflutning villtra dýra, hluta þeirra, egg og starfsemi hamskera (7. gr.).
5. Veiðar erlendra ferðamanna á Íslandi (8. gr.).
6. Veiðikort, veiðigjald og hæfnispróf veiðimanna (11. gr.).
7. Refaveiðar (12. gr.).
8. Minkaveiðar (13. gr.).
9. Hreindýraveiðar (14. gr.).
10. Selveiðar (16. gr.).
11. Fuglaveiðar (18. gr.).
12. Friðlýsingu æðarvarpa og selalátra (19. gr.).

Sum ofantalinna atriða má sameina við setningu reglugerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gefnar skýringar á nokkrum orðum sem notuð eru í frumvarpinu en mörg þeirra hafa óljósa merkingu í hugum fólks. Ekki á það síst við um orðið vernd sem margir rugla saman við friðun.

Um 2. gr.

Markmið laganna er að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem valdið geta árekstrum við hagsmuni mannsins, sem og nytja af villtum dýrum.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er staðfesting þess að umhverfisráðherra hafi umsjón allra mála er varða villta fugla og spendýr, að hvölum undanskildum. Fyrir stofnun umhverfisráðuneytis var umsjón með málum þessum komið fyrir í þrem ráðuneytum, þ.e. landbúnaðarráðuneyti (refur, minkur, svartbakur), menntamálaráðuneyti (fuglar, hreindýr) og heilbrigðisráðuneyti (rottur, mýs). Segja má að málefni sela hafi verið utan ráðuneyta þótt bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi talið málið sér skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Með færslu þessara málaflokka undir umhverfisráðuneyti má ætla að meira samræmi myndist í afstöðu hins opinbera gagnvart hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Nauðsynlegt er talið að setja ákvæði í frumvarpið um ráðgjafarnefnd fyrir umhverfisráðherra sem ynni að ýmsum málum er tengjast stefnumörkun og stýringu villtra dýrastofna, sérstaklega hvað varðar setningu reglugerða, leyfisveitingar og undanþágur frá lögunum. Svokallaðri villidýranefnd er ætlað að koma í stað fuglafriðunarnefndar sem lögð yrði niður en starfssviðið yrði víðtækara þar eð hún fjallaði bæði um fugla og spendýr. Þar sem ákvarðanir og stefnumið (önnur en þau sem eru skýrgreind í 2. gr. frumvarpsins) eru oft hagsmunalegs fremur en faglegs eðlis er gert ráð fyrir að auk fagmanna fái hagsmunaaðilar fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Skýrt er kveðið á um það í frumvarpinu að ætíð skuli leita tillagna og umsagnar villidýranefndar við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

Villidýranefnd mun taka að sér þau verkefni sem fuglafriðunarnefnd hefur nú að frátalinni beinni þátttöku Íslands í Alþjóðafuglaverndunarráðinu.

Um 4. gr.

Þessi grein kemur í stað þess hluta laga um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, sem fjallar um hlutverk veiðistjóra. Veiðistjóraembættið er fagleg stofnun og því er gert ráð fyrir að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Veiðistjóra er ætlað að annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. VI. kafla frumvarpsins. Veiðistjóraembættið á einnig að stjórna öðrum aðgerðum sem komið geta í stað veiða til þess að forða tjóni.

Áhersla er lögð á að bæta þurfi þekkingu á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra sem tjóni geta valdið, sem og eðli og umfangi tjóns og leiðum til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Þetta verður aðeins gert með auknum rannsóknum. Eðlilegt er að þessi rannsóknastarfsemi sé stunduð af veiðistjóraembættinu í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvægt er að sem styst boðleið sé frá þeim sem rannsóknirnar stunda til þeirra sem nýta niðurstöður þeirra til þess að koma í veg fyrir tjón. Á sama hátt er mikilvægt að boðleiðin sé stutt í hina áttina, þ.e. frá þeim sem skilgreina tjónið til þeirra sem skipuleggja og stunda rannsóknir á tjóni og dýrunum sem valda því. Til þess að ávallt sé leitað til færustu sérfræðinga vegna mismunandi rannsóknarþátta er tekið sérstaklega fram að samvinna skuli höfð við aðrar rannsóknastofnanir og aðra sérfróða aðila eftir því sem þörf krefur og um semst milli þessara aðila. Í gildandi lögum og reglugerðum er engum opinberum aðila ætlað að stunda rannsóknir á tjóni af völdum villtra dýra og hvernig koma megi í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Lögin eiga að bæta úr því.

Mikilvægt er að boðleið sé stutt milli rannsóknaraðila og þeirra sem leiðbeina um veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Af þessum sökum er veiðistjóraembættinu falin umsjón með leiðbeiningum handa þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Við minkaveiðar er fátt mikilvægara en góðir veiðihundar og því er kveðið á um að veiðistjóraembættinu skuli heimilt að reka hundabú eins og það hefur reyndar gert undanfarna áratugi.

Þá er eðlilegt að veiðistjóri sem framkvæmdaraðili sé í nánu sambandi við bæði villidýranefnd og ráðuneyti og því er kveðið á um það í 5. mgr. þessarar greinar.

Fuglamerkingar hafa um áratuga skeið verið ein mikilvægasta aðferðin við rannsóknir á villtum fuglum. Gert er ráð fyrir að þær verði eins og áður í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands einnar.

Um 5. gr.

Með tilliti til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður en í hennar stað komi villidýranefnd með aukin umsvif þykir rétt að kveðið sé á um fulltrúaráð sem komi fram fyrir Íslands hönd gagnvart Alþjóðafuglaverndarráðinu, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 5. maí 1948. Villidýranefnd er ekki talin fullnægja þeim skilyrðum sem gera verður til þeirra fulltrúa sem koma fram fyrir hönd Íslands í Alþjóðafuglaverndarráðinu, heldur þykir rétt að slíkt fulltrúaráð verði skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni.

Um 6. gr.

Hér er sett sú grundvallarregla að öll villt spendýr, önnur en mýs, rottur og minkar, og allir villtir fuglar á Íslandi og innan íslenskrar landhelgi njóti verndar. Þetta á einnig við um þá fugla og spendýr sem hingað kunna að berast af sjálfsdáðum. Um vísvitandi innflutning dýra gilda lög um innflutning dýra, nr. 47/1971.

Önnur grundvallarregla, sem kemur fram í þessari grein, er sú að menn skuli sýna villtum dýrum og lífsvæðum þeirra nærgætni og forðast óþarfatruflanir. Tekið skuli tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra við gerð aðalskipulags, svæðaskipulags og aðra landnýtingu.

Um 7. gr.

Tvennt skal liggja til grundvallar því að heimilt sé að veiða villt dýr. Í fyrsta lagi skal gæta þess að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum að því marki að ekki sé hætta á útrýmingu. Í öðru lagi skal vera gild ástæða til veiðanna, annaðhvort að verið sé að nytja afurðir dýranna eða að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Auk þess getur umhverfisráðherra heimilað takmarkaðar veiðar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis, sbr. 5. og 6. mgr.

Hægt er að setja eina eða fleiri reglugerðir um friðun, vernd eða heimildir til veiða á villtum dýrum. Í VI. kafla eru talin upp öll þau dýr sem heimilt er að aflétta friðun á með reglugerð. Þar skal koma fram til hvaða tegunda reglugerðin nær, á hvaða tímabili, hvar megi veiða þær og hvaða veiðiaðferðum megi beita. Einnig skal í reglugerðum kveðið á um hefðbundnar nytjar, svo sem æðarrækt, kópaveiði, lunda- og fýlaveiðar, eggnytjar á bjargfugli o.s.frv., og eru þær tegundir, sem þetta ákvæði á við, taldar upp í VII. kafla frumvarpsins.

Reglugerðir kveði á um aukna friðun fágætra tegunda, t.d. dvöl manna og myndatökur við hreiður, sbr. gildandi reglugerð nr. 97/1968, skrá yfir fágætar tegundir sem unnt er að vísa til þegar refsing er metin, sbr. 20. gr., skráningu og merkingu á sjaldgæfum dýrum sem eru til uppsett frá því fyrir gildistöku nýrra laga, skylduskil til opinberra náttúrugripasafna á dýrum sem finnast dauð eða ósjálfbjarga og skilgreiningu á hvað teljist opinber náttúrugripasöfn.

Umhverfisráðuneytið hefur samkvæmt grein þessari umsjón með útflutningi á villtum dýrum, enda var útflutningur villtra fugla undir stjórn menntamálaráðuneytis fyrir stofnun umhverfisráðuneytis. Sjálfsagt er að umhverfisráðuneyti hafi einnig umsjón með innflutningi í samráði við landbúnaðarráðuneyti, sbr. lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, ef um er að ræða dýr sem gætu sest hér að eða dýr sem eru í útrýmingarhættu annars staðar í heiminum. Því er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um inn- og útflutning villtra fugla og villtra spendýra eða afurða þeirra, sem og um ham- og skinnatöku og uppsetningu dýra.

Eðlilegt er að í reglugerð verði tiltekið hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem hafa heimild til skinnatöku, hamtöku og uppsetningar villtra dýra. Í reglugerð verði einnig kveðið á um hvaða tegundir má setja upp, skráningu og auðkenningu skinna og hama villtra dýra, hamtöku og uppsetningu fágætra tegunda, skylduskil til safna og annað sem við á.

Mikilvægt er að umhverfisráðherra hafi heimild til þess að veita undanþágu frá friðunarákvæðum vegna vísindalegra rannsókna og þarfnast það ekki frekari skýringa. Þótt vitað sé að dýragarðar eða önnur söfn lifandi dýra hafi í mörgum tilvikum leitt hörmungar yfir þau dýr sem þar dvelja vegur þungt að dýragarðar geta haft mikið fræðslugildi, enda sé framfylgt ströngum reglum um starfsemi þeirra. Þá eru þess og allmörg dæmi erlendis frá að dýragarðar hafi orðið til þess að bjarga tegundum frá útrýmingu.

Vegna eðlis þess starfs við söfnun, skráningu og öflun almennra upplýsinga um dýralíf á Íslandi sem fram fer við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er nauðsynlegt að deildin hafi heimild til þess að veiða fugla, friðaða sem ófriðaða, án sérstakra

heimilda líkt og nú er skv. 2. mgr. 12. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Reynslan sýnir að þær aðstæður koma upp annað slagið að ekki er ráðrúm til að afla slíkra heimilda.

Víða um heim eru þekkt dæmi þess að dýrategundir, sem menn hafa flutt til nýrra heimkynna, hafi valdið miklum usla á náttúrunni þar sem lífríki var ekki lagað að tilvist þeirra. Þrátt fyrir grundvallarsjónarmið frumvarpsins um vernd villtra fugla og villtra spendýra getur sú staða komið upp að rétt þyki að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi, sem ekki teljist til íslenska dýraríkisins, vegna tjóns sem hún valdi á náttúru landsins eða heilsu manna og dýra. Síðasta málsgrein 7. gr. heimilar umhverfisráðherra að taka ákvörðun um að stefnt skuli að útrýmingu tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji villidýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt. Hugsanlegt er t.d. að villiminkur fylli þennan flokk síðar ef tekst að finna aðferð til þess að útrýma honum.

Um 8. gr.

Ekki er talin ástæða til þess að breyta núgildandi reglum um aðgang almennings að veiðilendum eða veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Taka þarf á þeim málum í heild, en til þess að nytjaréttarþátturinn verði ekki til þess að tefja framgang þessa frumvarps eru ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

Í greininni er einnig heimild fyrir umhverfisráðherra að setja reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna. Það hefur færst í vöxt að útlendingar komi til Íslands í því skyni að stunda hér skotveiðar og því er tæplega verjandi annað en að settar verði skýrar reglur í þessum efnum.

Um 9. gr.

Hér eru taldar upp þær veiðiaðferðir sem óheimilar eru og byggist upptalningin að mestu á ákvæðum *Alþjóðasamþykktar um fuglaverndun* (Parísarsáttmálans) sem Íslendingar hafa verið aðilar að síðan árið 1956 og *Samnings Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu* (Bernarsáttmálans). Gert er ráð fyrir að undanþágur megi veita vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda tjóni og er það í samræmi við þessa sáttmála.

Um 10. gr.

Sú grundvallarregla er sett fram í þessari grein að veiðar á villtum fuglum og landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs, sbr. lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Þó má rifta þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef ráðgjafarnefnd ráðherra, villidýranefnd, mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Sú regla skal og gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurðanna eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Það mannúðarsjónarmið skal einnig gilda að veiðimaður geri allt sem í hans valdi standi til þess að aflífa sært dýr, jafnvel þótt hann þurfi að fara af því tilefni inn á landareign þar sem hann hefur ekki heimild til þess að veiða. Til þess að ákvæði þetta verði ekki notað sem skálkaskjól til veiðiþjófnaðar er talið rétt að veiðiréttareigandi verði eigandi bráðarinnar í þeim tilvikum.

Um 11. gr.

Íslendingar eru langt á eftir nágrannaþjóðum hvað varðar eftirlit með stofnum dýra sem veiðar eru stundaðar á. Hér á landi ætti að nægja að nefna dæmi af rjúpunni sem um árabil hefur verið tilefni deilna um áhrif veiða á stofnstærð. Vandinn er m.a. sá að engar upplýsingar eru fyrir hendi um árlega veiði eða fjölda þeirra veiðimanna sem stunda rjúpnaveiðar.

Erlendis er eftirlit m.a. fólgið í því að þeir sem vilja stunda veiðar skuli árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðiskýrslur veita upplýsingar um heildarveiði og breytingar á veiði milli ára. Veiðisjóður yrði notaður til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum og til stýringar stofnum villtra dýra.

Rétt er að minna á að veiðidagbækur eru skylda við alla aðra veiði og ekki að ástæðulausu, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og lög og reglur um fiskveiðar í sjó.

Brýnt er að útgáfu veiðikorta og veiðiskráningu verði komið á hér á landi hið allra fyrsta og því er ákvæði í þessari grein um að umhverfisráðherra skuli gera það. Í reglugerð verði m.a. ákvæði um að veiðigjald geti verið mishátt eftir því hve víðtækt veiðikortið er, t.d. hvaða tegundir veiðimaður hyggst veiða á gildistímabili veiðikorts. Frá fyrra frumvarpi er gerð sú breyting að hægt verði að gefa út takmarkaðri veiðikort til landeigenda sem nýta vilja hlunnindi á eigin landi eða þurfa að verjast tjóni af völdum villtra dýra með veiðum.

Íslendingar hafa einnig dregist aftur úr að því er varðar kröfur til hæfni veiðimanna. Hér á landi hefur löngum verið litið svo á að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi eingöngu lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna, en hæfni veiðimanna er fólgin í fleiri atriðum en því að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin í Reykjavík námskeið að tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins þar sem tilsögn var m.a. veitt í vistfræði og náttúruvernd. Einnig hefur kennsla í meðferð skotvopna verið aukin. Hér hafa verið stigin skref í framfaraátt og námskeið af þessu tagi ber að efla enn frekar. Því er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðherra að gera kröfu um að allir þeir, sem heimild fái til að stunda veiðar, hafi sótt námskeið og lokið prófi er lýtur að þekkingu á villtum dýrum og umhverfi þeirra, sem og í hæfni til veiða.

Um VI. kafla.

Vegna ólíkra lífshátta íslenskra spendýra og mismunandi hagsmuna mannsins gagnvart þeim er nauðsynlegt að hafa sérákvæði um einstakar tegundir. Gert er ráð fyrir að hægt sé að setja reglugerðir fyrir hverja tegund eða eina reglugerð fyrir tvær eða fleiri tegundir, sbr. ákvæði 7. gr. Einnig eru taldar upp þær fuglategundir sem heimilt er að aflétta friðun á.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að eyðileggja greni. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á eyðileggingu grenja sem náttúruspjöll, enda hafa mörg þeirra sennilega verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman. Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greni eru eyðilögð því að þá aukast líkur á að tófan notfæri sér óþekkt greni. Truflun af öllu tagi, sérstaklega með hundum, er einnig á allan hátt óæskileg og

því er bann við truflun á grenjum sérstaklega áréttað hér. Þá er gert ráð fyrir að stjórnir sveitarfélaga haldi skrár um þekkt greni líkt og núgildandi lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, mæla fyrir um.

Samkvæmt 2. mgr. er það grundvallarregla að refir skuli friðaðir á grenjatíma þótt friðun hafi verið aflétt.

Í 3. mgr. er fjallað um þau svæði þar sem hætta á tjóni af völdum refa er slík, að mati umhverfisráðherra, að refaveiðar eru taldar nauðsynlegar. Þar skal grenjavinnsla stunduð á líkan hátt og gert er samkvæmt gildandi lögum og endurgreiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Sums staðar háttar svo til að hægt er að ná sama árangri með miklu minni tilkostnaði með veiðum að vetrarlagi. Þetta á einkum við um heiðalönd og önnur svæði fjarri byggð þar sem refir hafa ekki aðgang að smálömbum og því tiltölulega lítil hætta á að refir bíti. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn og veiðistjóri geti komið sér saman um að innan tiltekinnar fjarlægðar frá byggð verði stunduð grenjaleit og grenjavinnsla en fjær byggð verði skipulagðar vetrarveiðar.

Þá er gert ráð fyrir að aðrir en veiðimenn, sem til þess séu ráðnir, fái ekki að veiða refi á grenjatíma. Ástæðan er m.a. sú að oft hefur orðið mikill kostnaður af því er menn skjóta dýr af grenjum án vitundar grenjaskyttna. Þó telur nefndin nauðsynlegt að sauðfjárbændur og æðarræktendur geti veitt hlauparefi sem þeir telja að stofni sauðfé eða æðarvarpi í hættu.

Um 13. gr.

Ákvæði um minkaveiðar eru að mestu í samræmi við gildandi lög en þó sveigjanlegri. Þannig verður ekki lengur skylt að leita minka um allt land. Með því móti verður væntanlega hægt að beina mestu fjármagni þangað sem tjón af völdum minka er mest.

Ákvæðum um ýmis framkvæmdaratriði er sleppt frá fyrri lögum og gert ráð fyrir að þau verði í reglugerð.

Um 14. gr.

Hreindýr hafa nokkra sérstöðu í lífríki Íslands þar eð í upphafi voru þau gjöf til Íslendinga. Samkvæmt áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands, dags. 12. apríl 1991, sem unnið var að frumkvæði umhverfisráðuneytis, er hreindýrastofninn á Íslandi „ekki háður beinum eignarrétti í einkaréttarlegum skilningi, hvorki ríkisins né annarra". Þá hefur löggjafinn „víðtækar heimildir til að setja reglur um meðferð og nýtingu hreindýrastofnsins, þar á meðal að kveða á um skipulag á veiðum. Réttur, sem sveitarfélög á Austurlandi hafa haft til nýtingar stofnsins í skjóli reglna sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 28/1940, sbr. lög nr. 75/1954, setur löggjafanum ekki skorður í því efni." Loks segir í ályktunum Lagastofnunar að samkvæmt íslenskum rétti verði „bótaskylda ríkisins af völdum hreindýra ekki reist á víðtækari eða strangari bótareglum en leiða má af sakarreglunni".

Sérstakar reglur þurfa að gilda um veiðar og rannsóknir á hreindýrum, sem og um tjón og arð af hreindýrum. Í 1. mgr. er ákvæði þess efnis að arður af hreindýrum renni að hluta til rannsókna á hreindýrunum og hluti til sveitarfélaga. Um er að ræða nýbreytni því samkvæmt þeim reglum, sem gilt hafa undanfarna áratugi og settar hafa verið með stoð í lögum um friðun hreindýra, nr. 28/1940, sbr. lög nr. 75/1954, hefur allur arður af hreindýraveiðum runnið til sveitarfélaga, enda hefur verið litið svo á að um greiðslu skaðabóta vegna ágangs hreindýra hafi verið að ræða.

Í 2. mgr. er nytjaréttur á hreindýrum og eignarréttur lands aðskilinn og er það frávik frá meginreglu þeirri sem gildir um nytjarétt, sbr. 8. gr. Þetta er nauðsynlegt að gera m.a. í ljósi þess að tjón af völdum hreindýra er fyrst og fremst að vetrarlagi, en hreindýrin halda sig oft á öðrum svæðum þá en á haustin þegar æskilegt er að veiða þau.

Um 15. gr.

Veiðar á rottum og músum með gildrum verða öllum heimilar eins og áður, en þó er gert ráð fyrir að villidýranefnd þurfi að samþykkja hvaða gerðir af gildrum sé heimilt að nota, sbr. 9. gr.

Einnig er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd sjái um skipulega fækkun á rottum og músum eins og áður en sú breyting gerð á að umhverfisráðherra verði að samþykkja þau ákvæði heilbrigðisreglugerða er fjalla um notkun eiturs til þeirra verka.

Um 16. gr.

Engin heildarlöggjöf er í gildi um seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Ætlast er til að í reglugerð verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund fyrir sig, að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni í og við laxveiðiár. Um hefðbundna kópaveiði er fjallað í 19. gr.

Sjávarútvegsráðherra er ætlað að hafa umsjón með og stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum. Veiðistjóraembættið annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum annarra villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. VI. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum, þar sem þeir eiga heimkynni, er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir (fyrir hönd Grænlendinga), Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum með hafís til Íslands þótt þeir gangi ekki alltaf á land. Rétt þykir að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís eða á sundi með tilliti til þess að í flestum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir hverfi á braut án þess að valda hættu hér á landi.

Gangi ísbirnir á land gegnir öðru máli. Þá er eðlilegt að heimilt sé að fella þá en áhersla er á það lögð að til veiðanna séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Með tilliti til þess að þær aðstæður geta skapast að umhverfisráðherra telji heppilegra að fanga ísbjörn sem gengið hefur á land og flytja þangað sem mönnum og búfénaði stafar ekki hætta af honum er nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu ákvæði um heimild til slíkra aðgerða.

Ólíkt því sem gilt hefur til þessa er felldur ísbjörn eign þjóðarinnar og skal samkvæmt því færður Náttúrufræðistofnun til rannsóknar, enda beri ríkissjóður kostnað við veiðarnar og flutning dýrsins. Stofnunin getur hins vegar ráðstafað honum að rannsókn lokinni til safns eða skóla í því byggðarlagi þar sem hann veiddist.

Um 18. gr.

Tilgreindar eru þær fuglategundir sem aflétta má friðun á og setja allstranga ramma um þann tíma árs sem umhverfisráðherra er heimilt að aflétta friðun. Rammi þessi er að

mestu sniðinn eftir gildandi lögum um veiðitíma fugla. Gert er ráð fyrir því að um þetta verði sett reglugerð þar sem í ýmsum tilvikum verði leyfður styttri veiðitími en heimilaður er samkvæmt frumvarpinu.

Þá þykir rétt að ítreka að sýnd skuli varúð og nærgætni í grennd við fuglabjörg.

Um 19. gr.

Hlunnindi ýmiss konar hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu Íslendinga og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðiréttthafa til þeirra, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Í fyrra frumvarpi var gert ráð yrir þeirri breytingu frá 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, að bannað væri, án leyfis varpeiganda, að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli en í lögunum er miðað við ¼ km. Í þessu frumvarpi er miðað við 250 m eins og áður. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að láta ákvæði gildandi laga gilda áfram. Þá er ætlunin að í reglugerð verði ákvæði um framkvæmd friðlýsingar og skilgreiningu æðarvarps.

Bætt hefur verið við nýrri málsgrein, 5. mgr., því að í eldra frumvarpinu féllu orðin „og veiði“ fyrir slysni brott úr 1. málsl. 4. mgr. Málsliðurinn átti að orðast svo: „Á takmörkuðum svæðum þar sem kópaveiði og veiði og eggja- og ungataka súlu ...“, enda var ekki ætlunin að sporna gegn veiði svartfugla í Vestmannaeyjum og Grímsey með háf. Hér er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við sem kveði skýrt á um þetta og taki jafnframt mið af því að sumarveiði annarra fullvaxinna fugla, sem taldir eru upp í 4. mgr., er löngu aflögð.

Um töku andar- og gæsareggja gilda þau ákvæði að minnst skuli skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri. Auk skeiðandar, skutulandar og straumandar, sem eru undanskildar þessu ákvæði samkvæmt gildandi lögum, eru samkvæmt frumvarpinu gargönd, hrafnsönd og gulönd einnig undanskildar þessu heimildarákvæði. Þá er heimilt að taka heiðagæsaregg samkvæmt þessari grein, en það er ekki heimilt samkvæmt lögum nr. 33/1966.

Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi andareggjum til annarra hvort sem er með sölu eða gjöfum. Þetta er breyting frá gildandi lögum en til þessa hefur fáeinum aðilum verið heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg.

Gert er ráð fyrir óbreyttum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda, sem og til hefðbundinnar veiði landsels- og útselskópa, en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að dómarar líti til skýrgreininga í reglugerðum á því hvað teljist vera sjaldgæf eða fágæt tegund við ákvörðun refsingar fyrir brot á lögunum, en ákvæðið er nýtt.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Æskilegt er að lögin taki gildi í ársbyrjun 1993. Þannig verður hjá því komist að ný lög taki gildi á helstu veiðitímum fugla eða á grenja- og hreindýraveiðitíma. Um leið gefur sú tímasetning frest til þess að semja og setja reglugerðir í samræmi við lögin.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu felast í að hér er á ferðinni heildarlöggjöf um stýringu á veiðum og eftirliti með villtum spendýrum og fuglum á Íslandi og að þannig falli niður ákvæði fjölmargra laga er varða ofangreint málefni.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins fyrir ríkissjóð eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða breytingar á skuldbindingum um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum, aukin umsvif embættis veiðistjóra vegna aukinna rannsókna á villtum dýrum í samráði og samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnun sjö manna nefndar, villidýranefndar, sem verði umhverfisráðherra til ráðuneytis um málefni er snerta framkvæmd laganna. Hins vegar er um að ræða tekjuöflun með sölu veiðileyfakorta og gjaldtöku fyrir veiðar á hreindýrum.

Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins, sem fjalla um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við veiðar á refum og minkum, breytast þannig frá gildandi lögum að hlutur ríkissjóðs í kostnaðinum lækkar úr 75% í 50%. Þá er gert ráð fyrir meiri stýringu á þessum veiðum í framtíðinni sem gæti leitt til frekari lækkunar á kostnaði. Með lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, voru sambærileg ákvæði sett í gildandi lög um eyðingu refa og minka og hefur það lækkað kostnað ríkissjóðs við veiðarnar úr um 40 m.kr. í um 30 m.kr.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins um auknar rannsóknir á villtum dýrum og fuglum fela í sér að kostnaður við rekstur embættis veiðistjóra mun hækka á næstu árum.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um skipun sjö manna villidýranefndar hefur að líkindum einhvern kostnað í för með sér þótt á móti komi að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins um að allir sem veiðar ætli að stunda þurfi til þess tilskilið leyfi gegn greiðslu fyrir veiðikort felur í sér tekjuöflun. Erfitt er að leggja mat á um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Ef t.d. gert er ráð fyrir að 15.000 manns kaupi kort og að kortið kosti 1.000 kr. verða tekjur 15 m.kr. Á móti hlýst nokkur kostnaður við eftirlit með veiðum og skráningu og úrvinnslu upplýsinga sem skilað er inn vegna kvaða þar að lútandi við endurnýjun veiðikorts. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal verja tekjunum til að standa undir rannsóknum og stýringu á veiðum. Að mati fjármálaráðuneytisins er óráðlegt að marka tekjustofna með þessum hætti, fremur skuli ákvarða í fjárlögum hverju sinni framlag til tiltekinna verkefna.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta má ætla að skuldbindingar ríkissjóðs vegna þessa málaflokks lækki um 10 m.kr. miðað við þá löggjöf sem gilti á árinu 1991. Lækkunin skýrist að mestu af minni kostnaði ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum, en sú lækkun hefur raunar þegar átt sér stað með þeirri breytingu á gildandi lögum um veiðarnar sem gerð var fyrr á þessu ári. Önnur kostnaðaráhrif á ríkissjóð, svo sem auknar rannsóknir á villtum dýrum, yrðu væntanlega jöfnuð út með aukinni tekjuöflun.

472. Tillaga til þingsályktunar [303. mál]

um tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að ná tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, fyrst og fremst á grundvelli viðskiptahluta þess samnings sem fyrir liggur um Evrópskt efnahagssvæði. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að hefja undirbúning að slíkri samningsgerð og fara þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að viðræður hefjist hið fyrsta.

Greinargerð.

Frá því að viðræður hófust um myndun Evrópsks efnahagssvæðis með samningi Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna hafa miklar breytingar átt sér stað. Upphafið má rekja til ræðu formanns framkvæmdastjórnar bandalagsins, Jacques Delors, í janúar 1989. Þar lagði hann þær línur að svæðið byggði á tveimur jafnréttháum stoðum, EB og EFTA. Slíkt jafnrétti hefur ekki náðst og auk þess er ljóst að EFTA-stoðin mun aðeins standa um stuttan tíma. Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Noregur hafa ákveðið að sækja um aðild að bandalaginu og hafa þegar lagt inn beiðni um viðræður. Gert er ráð fyrir að þær viðræður hefjist fljótlega eftir áramótin og þessi ríki verði orðin aðilar að Evrópubandalaginu innan fárra ára. Auk þess hefur Sviss nú ákveðið að taka ekki þátt í EES sem að sjálfsögðu veikir strax EFTA-hlutann og tefur gildistöku samningsins. Þegar flest þeirra EFTA-ríkja, sem eftir standa, hafa sameinast EB verða allar forsendur fyrir EFTA-stoðinni brostnar.

Af því sem nú hefur verið rakið má ljóst vera að afar mikilvægt er að hafa náð tvíhliða samningi við Evrópubandalagið áður en fyrrnefnd EFTA-ríki verða orðin aðilar að EB. Því er eðlilegt að Alþingi marki þá stefnu nú þegar að leitað verði tvíhliða samninga. Gert er ráð fyrir að sá samningur verði fyrst og fremst á grundvelli viðskiptahluta samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er að sjálfsögðu gert með tilliti til þess að stofnanahluti samningsins hlýtur að gjörbreytast eða hverfa. Að vísu virðist nauðsynlegt að gera einnig ýmsar breytingar á viðskiptahluta samningsins, einkum til þess að tryggja betur en gert hefur verið hlut Íslands í viðskiptum við Evrópubandalagið.

Með samþykkt slíkrar stefnumörkunar á Alþingi væri jafnframt vísað frá hugmyndum um aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

473. Frumvarp til laga [304. mál]

um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, eru úr gildi felld. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 98 31. desember 1974 og lög nr. 79 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lok sjöunda áratugarins varð veruleg aukning í loðnuveiðum hér við land. Á þessum árum voru loðnuveiðar þó aðeins stundaðar í takmarkaðan tíma snemma árs, einkum fyrir Suðausturlandi og vestur fyrir land. Jókst fjöldi báta, sem tóku þátt í þessum veiðum, með hverju ári og mátti rekja þá aukningu m.a. til hruns síldveiða í lok þessa áratugar.

Þar sem afkastageta þeirra loðnubræðslna, sem lágu nærri veiðisvæðunum, var mjög takmörkuð sköpuðust oft vandkvæði fyrir loðnuskipin að losna við afla. Engar reglur voru í gildi um löndun afla og leiddi það til þess að kaupendur loðnu gátu í raun sjálfir valið þá báta sem fengu löndun hverju sinni. Vegna þessa kom á loðnuvertíð 1972 til nokkurra árekstra milli eigenda loðnuskipa og sjómanna annars vegar og forsvarsmanna loðnuverksmiðja hins vegar þar sem hinir fyrrnefndu töldu að einstakar loðnuverksmiðjur hygluðu ákveðnum skipum. Að beiðni Landssambands íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd 1. júní 1972 til þess að gera tillögur um fyrirkomulag á löndun á loðnu á vertíðinni.

Nefndin skilaði áliti í september 1972 og lagði til að lagt yrði fram á Alþingi frumvarp til laga um skipulag á löndun loðnu til bræðslu sem nefndin hafði unnið í samvinnu við hagsmunaaðila. Var það gert og í desember 1972 voru á Alþingi samþykkt lög um skipulag á löndun loðnu til bræðslu. Voru lög þessi samþykkt til eins árs og skyldi endurskoða þau að lokinni loðnuvertíð 1973 með tilliti til þeirrar reynslu sem þar fengist.

Veigamesta breytingin, sem fólst í lögum nr. 102 31. desember 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, var að loðnuverksmiðjum var gert skylt að taka við loðnuafla af fiskiskipum í þeirri röð sem skipin komu í löndunarhöfn, enda væru móttökuskilyrði fyrir hendi. Með því móti gátu loðnuverksmiðjur ekki tekið eitt loðnuskip fram fyrir annað. Jafnframt var sett á laggirnar nefnd þriggja manna sem annast skyldi skipulagningu og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu.

Eftir loðnuvertíð 1973 voru lög þessi endurskoðuð með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði á vertíðinni og á Alþingi voru í desember 1973 samþykkt lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu. Var með þeim lögum breytt nokkrum ákvæðum fyrri laga með hliðsjón af fenginni reynslu, auk þess sem kveðið var skýrar á um verk- og valdsvið Loðnunefndar. Skylda loðnuverksmiðja til að taka á móti afla í þeirri röð, sem fiskiskip kæmu til löndunar, stóð óbreytt.

Frá því að lög um skipulag loðnulöndunar tóku gildi 1973 annaðist Loðnunefnd framkvæmd laganna. Var í því skyni starfrækt sérstök skrifstofa sem annaðist daglega stjórn veiðanna, auk þess sem hún safnaði upplýsingum um gang veiðanna. Loðnunefnd gaf auk þess út frá upphafi árlega skýrslu um starfsemi nefndarinnar og gang veiðanna. Starfsemi Loðnunefndar tók hins vegar nokkrum breytingum hin seinni ár og færðist starfsemin úr því að lúta að beinni stjórnun veiða yfir í það að safna upplýsingum um veiðarnar og miðla þeim til þeirra sem þörfnuðust þeirra. Varð Loðnunefnd því í raun þjónustuaðili fyrir útvegsmenn, sjómenn og loðnuverksmiðjur sem leituðu mikið til nefndarinnar. Gerðist þetta einkum eftir að kvótakerfið var tekið upp í loðnuveiðum árið 1980 því við það dró verulega úr þeirri samkeppni sem hafði verið í þessum veiðum.

Lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, eru enn í gildi með þeim breytingum sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 90/1974 og nr. 79/1977. Lög þessi voru talin nauðsyn við þær aðstæður sem ríktu þegar þau voru sett og á grundvelli þeirra var löndun á loðnu stjórnað til hausts 1990.

Sú ákvörðun var tekin á haustmánuðum 1990 að starfrækja ekki Loðnunefnd áfram. Var þessi ákvörðun tekin samkvæmt tillögum sjómanna, útgerðarmanna og kaupenda, en þessir aðilar höfðu staðið undir rekstri Loðnunefndar samkvæmt ákvæðum laganna þar um. Eru aðilar sammála um að breytt skipulag veiða, sem m.a. stafar af kvótakerfinu í loðnuveiðum og nú síðast af frjálsri verðlagningu, hafi dregið mjög úr gildi sérstakrar lagasetningar um löndun loðnu og þeirrar starfsemi sem Loðnunefnd hefur sinnt. Með frjálsri verðlagningu er það samkomulagsatriði milli kaupanda og seljanda hvort afli er tekinn til löndunar og á hvaða verði. Kvótakerfið hefur og vitanlega haft mikil áhrif varðandi veiðarnar og er aðstaðan nú önnur en þegar veiðar voru frjálsar. Auk þess má hér nefna að bætt samskiptatækni hefur dregið úr gildi þeirrar upplýsingasöfnunar sem Loðnunefnd annaðist og hafa kaupendur og seljendur nú beint samband sín á milli.

Lög um skipulag á löndun loðnu voru sett vegna sérstakra aðstæðna sem nú eru gerbreyttar. Þessi lög eru sérstaks eðlis og taka aðeins til löndunar á loðnu. Engin sambærileg lög eru í gildi varðandi löndun á öðrum afla.

Með hliðsjón af því sem hér er rakið er því lagt til að lög um löndun á loðnu til bræðslu verði afnumin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

474. Frumvarp til laga [305. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika.

Með *útvarpi*, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar útsendingu dagskárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga, sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hóp og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðju.

Útvarpsstöð er sá aðili sem leyfi fær til útvarps samkvæmt lögum þessum.

Útvarpsdagskrá í skilningi laga þessara er heildarsamsetning einstakra dagskárliða í útvarpi.

Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi og felur í sér kynningu vöru eða þjónustu.

Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.

Kostun er hvers konar framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi skv. 3.–6. gr. laga þessara og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt. Útvarpsréttarnefnd veitir einnig leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva. Slík leyfi eru einvörðungu háð ákvæðum 5. og 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Póst- og símamálastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir og gefur út leyfisbréf til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað þráðlaust um örbylgju og/eða um þráð.

4. gr.

3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna skiptist í tvo stafliði og orðast svo:

(3. a.)

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þær skulu kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða

kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

Ákvæði lagagreinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

(3. b.)

Útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða.

Telji þessir aðilar að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og þeim er synjað að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

5. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis.

Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða.

Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa svo sem hér segir:

a. Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár, eða sambærilegra dagskrárliða, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma, enda skulu líða a.m.k. 20 mínútur milli auglýsingatíma.
b. Útsendingu kvikmynda, þar með talinna kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.

Óheimilt er að skjóta auglýsingum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn.

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða veitingu þjónustu. Hlutfall auglýsinga innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Auglýsingar á borð við bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu skulu ekki fara fram yfir eina klukkustund á dag, án þess þó að skerða ákvæði þessarar málsgreinar.

Duldar auglýsingar eru bannaðar.

Í auglýsingum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:

Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, þó aldrei frétta eða fréttatengdra þátta, svo framarlega sem kostunaraðili hefur ekki áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar. Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárliði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

Kostaðar sjónvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með nafni og/eða vörumerki kostunaraðila í upphafi og/eða lok dagskrár.

7. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrárefni útvarpsstöðva óbreyttu og óstyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar, sjá þó 2. mgr. 2. gr. Samgönguráðuneytið setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Heimil er öllum móttaka útvarpsdagskrár sem send er um gervitungl og ætluð er almenningi til beinnar móttöku, enda verði henni ekki endurvarpað. Samgönguráðuneytið setur reglur um móttöku frá fjarskiptatunglum.

Um flutning útvarpsefnis um fjarskiptatungl milli fastra stöðva, þegar ekki er um tilbúna dagskrá að ræða sem ætluð er almenningi, gilda eingöngu ákvæði fjarskiptalaga.

Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp um þráð og/eða þráðlaust á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervitungl, er háð samþykki útvarpsstöðvarinnar sem dagskrána sendir og samþykki samgönguráðuneytisins ef um fjarskiptatungl er að ræða.

9. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði 4. gr. a eiga einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins.

10. gr.

Við 15. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og mót-

tökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af menntamálaráðherra 29. apríl 1992 til þess að endurskoða útvarpslög. Í nefndinni sitja þau Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður, Baldvin Jónsson útvarpsstjóri, Guðni Guðmundsson rektor, Hjálmar Jónsson prófastur, Jóhann Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri, Karl Steinar Guðnason alþingismaður og Sólveig Pétursdóttir alþingismaður.

Í frumvarpi þessu er einkum fjallað um þær skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að hinu sameiginlega Evrópska efnahagssvæði (EES) og mun nefndin halda áfram störfum við endurskoðun annarra atriða í gildandi útvarpslöggjöf í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Með vísan til 36. gr. EES-samningsins, sbr. viðauka X, fellst Ísland á að taka inn í sína löggjöf tilskipun ráðsins frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (89/552/EBE). Tilskipun þessi er fylgirit með frumvarpi þessu.

Í tilskipun þessari eru sjónvarpssendingar skilgreindar sem þjónusta í skilningi Rómarsáttmálans og er eitt af meginmarkmiðum hennar þar af leiðandi að afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu. Í tilskipuninni er *í fyrsta lagi* fjallað um leiðir til að greiða fyrir og afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu, *í öðru lagi* settar lágmarksreglur á tilteknum sviðum til þess að tryggja samræmingu á reglum sem gilda um sjónvarpsrekstur og til að tryggja frelsi til sjónvarpssendinga og *í þriðja lagi* er fjallað um leiðir til þess að örva framleiðslu á evrópsku efni, einkum hjá sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum, og auka hlut evrópsks dagskrárefnis í sjónvarpi.

Núgildandi útvarpslög eru frá árinu 1985 og er það mat nefndarinnar að einstök ákvæði ofangreindrar tilskipunar leiði óhjákvæmilega til breytinga á íslenskri útvarpslöggjöf.

Meginreglur tilskipunarinnar eru eftirfarandi:

Aðildarríki samningsins skuldbindur sig til þess að sjá til þess að allar sjónvarpsendingar innan lögsögu þess séu í samræmi við löggjöf þess ríkis, sjá 1. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar.

Aðildarríki EES gangast undir þá skyldu að tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpssendingum frá öðrum ríkjum markaðssvæðisins og jafnframt að setja ekki hömlur á endurútsendingar þeirra innan lögsögu sinnar. Undir vissum kringumstæðum eru slíkar hömlur þó heimilar tímabundið, sbr. 2. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar. Í viðauka X í EES-samningnum er aðildarríkjum heimilað að stöðva útsendingu áfengisauglýsinga í kapalkerfum.

Í þeim tilgangi að efla framleiðslu og dreifingu á evrópskum kvikmyndum og sjónvarpsefni er í tilskipuninni að finna tvenns konar ákvæði:

Í fyrsta lagi segir í 5. gr. að aðildarríki skuli leitast við að ná því marki að hlutfall evrópsks myndefnis sé 50% af heildarútsendingartíma að frátöldum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga og textavarps. Orðalag ákvæðisins gefur kost á ákveðnum sveigjanleika við túlkun þess, en jafnframt má benda á ákvæði 2.

tölul. 9. gr. sem segir að þar sem ekki sé hægt að ná framangreindu hlutfalli megi hlutfall evrópsks dagskrárefnis ekki vera lægra en meðaltalið var fyrir árið 1988 í því aðildarríki sem um ræðir. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórn EB í té skýrslu um framkvæmd greinarinnar hjá einstökum sjónvarpsstöðvum. Ákvæði þetta á ekki við um staðbundnar sjónvarpssendingar sem ekki eru hluti af landsjónvarpskerfi.

Í öðru lagi er ákvæði um það að aðildarríki skuli leitast við að sjá til þess að 10% útsendingartíma sé varið til útsendingar evrópskra verka sem framleidd eru af aðilum utan sjónvarpsstofnunar. Til þess að fyrirbyggja að sjónvarpsstöðvar kaupi einvörðungu ódýrt dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum og dragi þannig úr framleiðslu á dýru dagskrárefni utan stofnana geta aðildarríkin valið að miða fremur við 10% af heildardagskrárgerðarfé.

Með 8. gr. er aðildarríkjum heimilt að setja nákvæmari eða strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár þeirra sjónvarpsstöðva sem þau hafa lögsögu yfir telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar. Ákvæði frumvarpsins um skyldu til þess að þýða erlent efni í sjónvarpi, sjá 2. gr., er sett með hliðsjón af þessu ákvæði tilskipunarinnar. Grein þessi er sett með sérstöku tilliti til lítilla málsvæða.

Í 10.–21. gr. tilskipunarinnar er að finna tiltölulega nákvæm ákvæði um efni og tilhögun auglýsinga í sjónvarpsdagskrám. Að meginstefnu til eiga auglýsingar að vera auðþekkjanlegar sem slíkar og skýrt aðgreindar frá öðru dagskrárefni. Auglýsingar eru einungis heimilaðar í auglýsingatímum á milli dagskrárliða, en þó er heimilt í vissum tilvikum að rjúfa dagskrárlið með auglýsingum. Í 18. gr. eru sett takmörk á hlutfall auglýsingatíma af heildarútsendingartíma.

Hvað varðar efni auglýsinga vísast til 12.–16. gr. Í tilskipuninni eru áfengisauglýsingar ekki bannaðar, en með viðauka X við EES-samninginn er heimilað að trufla eða stöðva áfengisauglýsingar í sjónvarpsdagskrám frá aðildarríkjum í kapalkerfum. Þetta ákvæði á að endurskoða árið 1995.

Í 17. gr. tilskipunarinnar er fjallað um kostun og er megininntak ákvæðisins það að kostun megi ekki hafa áhrif á sjálfstæði sjónvarpsstöðva þannig, t.d. að efnistök beri merki áhrifa frá kostunaraðila. Samkvæmt þessum reglum er óheimilt að kosta fréttir eða fréttatengt efni.

Í V. kafla tilskipunarinnar er ákvæði sem skuldbindur aðildarríki til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að dagskrárefni hafi ekki skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna.

Að síðustu eru í tilskipuninni ákvæði um rétt til andsvara sem miða að því að gefa einstaklingum eða lögaðilum kost á að tryggja lögmæta hagsmuni sína.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til glöggvunar leggur nefndin til að í upphafsákvæði útvarpslaganna sé að finna ákvæði sem hafi að geyma skilgreiningu á helstu hugtökum sem frumvarpið byggir á.

Skilgreining á útvarpi er breytt frá ákvæði 1. gr. núgildandi laga. Hugtakið tekur enn sem fyrr bæði til hljóðvarps og sjónvarps. Lagt er til að útvarp verði skilgreint svo að þar sé átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum um þráð eða þráðlaust. Gildir einu hvort útsendingar eru læstar eða ekki.

Þykir skýrara að leggja áherslu á þann ásetning þess sem útvarpar að ætla útsending-

una almenningi fremur en raunverulegt aðgengi almennings að þessum útsendingum, sbr. að í stað orðalagsins „handa almenningi“ er lagt til að verði „ætlað almenningi“. Getur þetta m.a. haft þýðingu ef til þess kemur að íslenskar sjónvarpsstöðvar sendi dagskrárefni sitt um gervitungl til dreifingar hér á landi eða hér sé upptenging (up-link) í gervitungl án þess að móttaka þess efnis sé möguleg hér á landi. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ljóst að slíkar sendingar falla undir íslenska lögsögu og þeim aðilum, sem stunda slíka starfsemi, er gert skylt að hlíta íslenskum útvarpslögum, sbr. 1. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar.

Orðalagi núgildandi 2. mgr. 1. gr. er einnig breytt til glöggvunar þannig að ljóst sé að ef útsending nær einungis til þröngs hóps og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð falli slíkar útsendingar ekki undir ákvæði laganna. Núgildandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 3. tölul. 5. gr. útvarpslaga stangast á að hluta til. Með breytingu á þessari málsgrein og breytingu á 5. gr. laganna er þetta misræmi lagfært.

Við skilgreiningu á auglýsingu, dulinni auglýsingu og kostun er stuðst við skilgreiningar tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það að útvarpsréttarnefnd fjalli auk annarra leyfisveitinga um veitingu leyfis til starfrækslu útvarps, svokallaðra endurvarpsstöðva, þar sem viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp á heildardagskrám útvarpsstöðva fer fram. Ákvæði um starfsemi slíkra útvarpsstöðva er nýmæli í löggjöf hér á landi. Hér er ekki um eiginlegt útvarp að ræða í þeim skilningi að eigin dagskrárefni leyfishafa, sem skipulagt er og mótað af honum, er dreift til almennings, heldur einvörðungu dreifingu á heildardagskrárefni annarra útvarpsstöðva sem þegar er samansett.

Nefndin taldi koma til álita að starfræksla slíkra útvarpsstöðva (endurvarpsstöðva) væri einvörðungu háð leyfi viðkomandi útvarpsstöðvar og fjarskiptayfirvalda ef þannig stendur á, sbr. 3. mgr. 6. gr. En við nánari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt að sami aðili, útvarpsréttarnefnd, færi með heildarstefnumótun í útvarpsrekstrarmálum og taldi því rétt að áskilja leyfi nefndarinnar fyrir starfrækslu slíkra útvarpsstöðva.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum eru settar takmarkanir á hvaða tíðnisvið megi nota til útvarps. Þessar takmarkanir eru strangari en gilda samkvæmt alþjóðasamþykktum og hafa t.d. komið í veg fyrir að unnt sé að úthluta tíðnum á stuttbylgjusviði. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er felld niður takmörkun á því hvaða senditíðnum Póst- og símamálastofnun úthlutar leyfishöfum og er tilgangur þeirrar breytingar að gera stofnuninni kleift að nýta sem best tíðnisviðið. Er heppilegt að stofnunin hafi meira frjálsræði en nú er í þessum efnum.

Eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðinga á sviði fjarskiptamála er það mat nefndarinnar að þær senditíðnir, sem nú hafa verið nýttar til sjónvarps á metra og desímetrasviðinu, séu takmörkuð gæði og því sé rétt að þessi tíðnisvið verði einvörðungu nýtt til útsendinga á dagskrá íslenskra stöðva sem fengið hafa leyfi til útvarps, en hér er átt við dagskrá útvarpsstöðva sem skipulögð er og mótuð af leyfishöfum sem fengið hafa leyfi til útvarps. Með þessu móti skapast leyfishöfum ákveðinn forgangur að tíðnisviðinu, en nefndin telur það réttmætt til þess að ná menningarlegum markmiðum.

Jafnframt leggur nefndin til að allt endurvarp, bæði innlendra og erlendra sjónvarps-

stöðva, fari fram um þráð eða þráðlaust á örbylgjusviði. Með hliðsjón af því að örbylgjusviðið er ætlað fjarskiptum en ekki útvarpi samkvæmt alþjóðasamþykktum telur nefndin eðlilegt að leyfi samgönguráðuneytisins eða Pósts og síma sé áskilið ef ætlunin er að nýta örbylgjusviðið til útvarpsdreifingar.

Um 4. gr.

Í tilskipun Evrópubandalagsins eru ákvæði, sem eiga efnislega samstöðu með ákvæði 3. tölul. 3. gr. núgildandi laga, þ.e. ákvæði um menningarlegar skyldur og rétt til andsvars. Þar sem um yfirgripsmikið efni er að ræða er hér lagt til að efni núgildandi 3. tölul. 3. gr. verði skipt upp í tvo stafliði sem verði 3. tölul. a og 3. tölul. b.

Um 3. tölul. a.

Hér er kveðið á um menningarlegar skyldur útvarpsstöðva og er lögð ríkari áhersla á að útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps hér á landi, efli íslenska menningu og útvarpi að meginstefnu til á íslensku eða með íslenskri þýðingu.

Jafnframt er lögð áhersla á að innlendar útvarpsstöðvar sinni innlendri dagskrárgerð og að dagskrá þeirra endurspegli evrópskan menningararf.

Er hér lagt til að ákvæði 6. gr. núgildandi reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum varðandi þá skyldu að þýða erlent dagskrárefni, sem sýnt er í sjónvarpi, verði lögfest með nánar tilgreindum undanþágum, þ.e. þegar um erlenda söngtexta er að ræða eða fréttir eða fréttatengt efni sem í sérstökum tilvikum er dreift viðstöðulaust erlendis frá og sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Þegar svo stendur á er gert ráð fyrir að endursögn þular á íslensku fylgi fréttaútsendingunni eftir því sem kostur er.

Þýðingarskyldan nær einvörðungu til dagskrár innlendra sjónvarpsstöðva, þar með talins Ríkisútvarpsins, sbr. samhljóða grein í kafla um Ríkisútvarpið, og er þessi tillaga gerð með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins, þar sem heimilað er að setja strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár þeirra útvarpsstöðva, sem aðildarríki hafa lögsögu yfir, telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar. Þetta ákvæði heimilar ekki að áskilja þýðingarskyldu á dreifingu erlendra sjónvarpssendinga frá aðildarríkjum EES í endurvarpi, sbr. 2. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. og 56. gr. Rómarsáttmálans. Þýðingarskyldan nær því ekki til viðstöðulauss, óstytts og óbreytts endurvarps á dagskrá erlendra sjónvarpsstöðva sem dreift er þráðlaust um örbylgju eða um þráð.

Um 3. tölul. b.

Í tölulið þessum er fjallað um andsvarsrétt þeirra sem telja á sig hallað af útvarpsstöð. Útvarpsréttarnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð í slíkum deilumálum, en almennar reglur gilda um málskot til dómstóla.

Grein um þetta efni er í núgildandi útvarpslögum, en með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, er réttur þessi gerður skýrari í samræmi við ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar.

Um 5. gr.

Grein þessi vísar til 4. gr. gildandi útvarpslaga. Þessi grein frumvarpsins felur í sér þá breytingu frá gildandi lögum að fellt er niður ákvæði um að gjaldskrár fyrir auglýsingar skuli háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Jafnframt er hér lagt til að settar verði ná-

kvæmari reglur um efni og tilhögun auglýsinga. Hvað auglýsingar varðar er efni núgildandi lagaákvæða gert gleggra varðandi þá skyldu að auglýsingar séu afmarkaðar frá öðru dagskrárefni. Réttmætt er skv. 2. mgr. 22. gr. útvarpslaga, þar sem Ríkisútvarpinu er heimilað að fjármagna starfsemi sína með auglýsingum, að sambærileg ákvæði séu sett í reglugerð um tilhögun auglýsinga í Ríkisútvarpinu.

Lagt er til að fortakslaust bann verði sett við duldum auglýsingum, enda verður að gera þá fortakslausu kröfu til útvarpsstöðva að dagskrárgerð sé hagað þannig að neytendum sé ljóst hvenær um auglýsingar sé að ræða og hvenær ekki.

Bann er lagt við beitingu tækni við gerð auglýsinga sem gerir þær til þess fallnar að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

Fortakslaust bann skv. 6. og 7. mgr. þessarar greinar er nýmæli í íslenskri útvarpslöggjöf og er það í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að sett verði skýr skilyrði um kostun í útvarpi og tilhögun hennar. Samkvæmt núgildandi útvarpslögum er heimilt að utanaðkomandi aðilar kosti gerð einstakra dagskrárliða, sbr. ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga og 13. gr. reglugerðar um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði 17. gr. tilskipunarinnar. Í niðurlagsákvæði 1. mgr. þessa frumvarps er lagt til að heimilað verði að setja sérstakar reglur um kostun dagskrárliða sem líknar- eða góðgerðarfélög standi að. Félög af þessu tagi hafa í ríkari mæli sótt til ljósvakafjölmiðla um liðstyrk til fjáröflunar og er því óhjákvæmilegt að efnistök við dagskrárgerðina beri þess merki.

Um 7. gr.

Með þeirri breytingu, sem gerð er á 2. mgr. 1. gr. núgildandi útvarpslaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarps þessa, sem og þeirri rýmkun sem gerð er á heimild til viðstöðulauss endurvarps á óbreyttri og óstyttri heildardagskrá erlendra sjónvarpsstöðva með breytingu á gildissviði þýðingarskyldunnar, er það mat nefndarinnar að ákvæði 3. tölul. 5. gr. núgildandi útvarpslaga sé óþarft. Breytingin á 2. tölul. 5. gr. er gerð í samræmi 3. mgr. 4. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. núgildandi útvarpslaga, en með þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, er leitast við að greina betur á milli mismunandi sendinga um gervihnött.

Um er að ræða þrenns konar tilvik:

1. útvarpssendingar um gervitungl sem gagngert eru ætlaðar almenningi til einkanotkunar;
2. flutning um gervitungl á útvarpsefni milli útvarpsstöðva og ekki eru ætlaðar almenningi fyrr en eftir vinnslu í viðkomandi útvarpsstöð;
3. endurvarp í kapalkerfum eða í loftinu á fullunnum dagskrársendingum útvarpsstöðva um gervitungl.

Um 9. gr.

Með ákvæði þessu er tekið sérstaklega fram að ákvæði útvarpslaga um kostun eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kem-

ur fram að réttmætt sé í ljósi þess að Ríkisútvarpinu er heimilað að afla tekna með auglýsingum, að ákvæði 2.–6. mgr. 4. gr. útvarpslaga, svo breyttum, gildi einnig um Ríkisútvarpið, en ráðherra er heimilt að ákveða slíkt með reglugerð samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Um 10. gr.

Með grein þessari er tekinn af vafi um að þýðingarskyldan á jafnt við um Ríkisútvarpið og stofnanir þess eins og aðrar sjónvarpsstöðvar í landinu.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Í frumvarpi þessu er einkum fjallað um þær skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að EES. Verði frumvarpið að lögum hefur það að mati fjármálaráðuneytis óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs, þó má benda á að verkefni útvarpsréttarnefndar kunna að aukast lítillega þar sem í 2. gr. er kveðið á um að útvarpsréttarnefnd fjalli auk annarra leyfisveitinga um veitingu leyfis til starfrækslu svokallaðra endurvarpsstöðva. Einnig er í 4. gr. kveðið skýrar á um andsvarsrétt þeirra sem telja á sig hallað af útvarpsstöð en útvarpsréttarnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð í slíkum deilumálum. Á móti er í 5. gr. felld niður ákvæði núgildandi laga um að gjaldskrár fyrir auglýsingar sé háð samþykki útvarpsréttarnefndar.

Fylgiskjal II.

17. 10. 89 Stjórnartíðindi EB Nr. L 298/23

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. október 1989

um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur

(89/552/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

í samráði við Evrópuþingið ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal markmiða bandalagsins eins og þau eru sett fram í sáttmálanum er að koma á enn nánari tengslum milli þjóða Evrópu, stuðla að nánari samskiptum milli ríkja er mynda bandalagið, tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir í löndum þeirra með sameiginlegum aðgerðum er miði að því að ryðja úr vegi þeim tálmum er skilja lönd Evrópu, hvetja til stöðugra umbóta á lífskjörum þjóðanna auk þess að varðveita og efla frið og frelsi.

Í sáttmálanum er kveðið á um að komið verði á sameiginlegum markaði með afnámi hindrana á frjálsri þjónustu milli aðildarríkjanna og að kon. Ý verði á fót kerfi er tryggi að samkeppni innan bandalagsins sé ekki raskað.

Útvarps- og sjónvarpssendingar milli landa með margvíslegri tækni eru ein þeirra leiða sem unnt er að fara til að ná markmiðum bandalagsins. Samþykkja ber ráðstafanir til að heimila og tryggja aðlögun innanlandsmarkaðar að sameiginlegum framleiðslu- og dreifingarmarkaði dagskrárefnis og koma á skilyrðum til heiðarlegrar samkeppni án þess að það skerði þá almennu hagsmuni sem sjónvarpsstöðvar eiga að gæta.

Evrópuráðið hefur samþykkt Evrópusamninginn um sjónvarp milli landa.

Sáttmálinn kveður á um að gefnar skuli út tilskipanir til að samræma ákvæði er auðveldi mönnum að hefja sjálfstæða starfsemi.

Við eðlilegar aðstæður fellur sjónvarp undir hugtakið þjónusta í skilningi sáttmálans.

Í sáttmálanum er kveðið á um að öll þjónustustarfsemi sem að jafnaði er veitt gegn endurgjaldi verði gefin frjáls, án þess að menningarlegt eða annað inntak hennar útiloki slíkt og án þess að hömlur séu settar á ríkisborgara aðildarríkja sem staðfestu hafa í öðru aðildarríki en sá aðili sem þjónustan er ætluð.

Beiting þessa réttar að því er varðar sjónvarpssendingar og dreifingu sjónvarps er sérstök staðfesting í lögum bandalagsins á almennri meginreglu, tjáningarfrelsinu, eins og það er sett fram í 1. mgr. 10. gr. samningsins um verndun mannréttinda og grundvallarfrelsis sem aðildarríkin hafa öll staðfest. Vegna þessa verður útgáfa tilskipana um útsendingu og dreifingu sjónvarpsefnis að tryggja frjálsan flutning slíks efnis í ljósi téðrar greinar og einungis með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. mgr. þeirrar greinar og í 1. mgr. 56. gr. sáttmálans.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 179, 17. 7. 1986, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 49, 22. 2. 1988, bls. 53, og Stjtíð. EB nr. C 158, 26. 6. 1989.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 232, 31. 8. 1987, bls. 29.

Misræmis gætir í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum varðandi rekstur sjónvarps og kapalsjónvarps og kann sumt af því að hamla frjálsum flutningi sjónvarpssendinga innan bandalagsins og kann að raska samkeppni innan sameiginlega markaðarins.

Allar slíkar takmarkanir á frelsi til útvarps og sjónvarpssendinga innan bandalagsins ber að afnema samkvæmt sáttmálanum.

Slíku afnámi verður að fylgja samræming þeirra laga er við eiga. Sú samræming verður að miða að því að auðvelda mönnum að stunda þau sérhæfðu störf sem hér um ræðir og almennt að því að auðvelda frjálst flæði upplýsinga og hugmynda innan bandalagsins.

Það er því nauðsynlegt og jafnframt nægilegt að allar útsendingar séu í samræmi við lög þess aðildarríkis er þær koma frá.

Í tilskipun þessari eru settar þær lágmarksreglur sem þarf til að tryggja frelsi til útvarps- og sjónvarpssendinga. Hún hefur því ekki áhrif á ábyrgð aðildarríkjanna og stjórnvalda þeirra að því er varðar skipulag, að meðtöldu afnotagjaldakerfi, rekstrarleyfi, skattlagningu, fjármögnun og efni dagskrár. Sjálfstæð menningarþróun í aðildarríkjunum og fjölbreytni á menningarsviðinu helst þannig óbreytt innan bandalagsins.

Innan sameiginlega markaðarins er nauðsynlegt að í öllum sjónvarpssendingum, sem eiga sér uppruna og ætlaðar eru til viðtöku innan bandalagsins og einkum þeim sem ætlaðar eru til viðtöku í aðildarríki, sé farið að lögum upprunalegs aðildarríkis um útsendingar sem ætlaðar eru almenningi í því aðildarríki svo og ákvæðum þessarar tilskipunar.

Samkvæmt lögum bandalagsins er sú krafa að upprunaaðildarríki sannreyni að útsendingar séu í samræmi við landslög, eins og samræmt er með þessari tilskipun, nægileg til þess að tryggja frjálsan flutning útsendinga án þess að til komi eftirlit á síðara stigi á sömu forsendum í aðildarríkjum þeim sem veita sendingunum viðtöku. Viðtökuríki getur þó í undantekningartilvikum og við sérstök skilyrði tímabundið bannað endurvarp sjónvarpsútsendinga.

Nauðsynlegt er að aðildarríki tryggi að komið verði í veg fyrir nokkrar þær aðgerðir er kynnu að skaða frelsi til flutnings og viðskipta með sjónvarpsefni eða stuðla að því að skapa yfirburðastöðu sem leitt gæti til takmarkana á fjölbreyttu framboði og frelsi sjónvarpaðra upplýsinga og upplýsingageirans í heild sinni.

Tilskipun þessi á aðeins við um reglur um sjónvarpssendingar og skerðir ekki núgildandi eða síðari aðgerðir bandalagsins er miða að samræmingu einkum til að fullnægja lögskipuðum kröfum um verndun notenda og heiðarleika í viðskiptum og samkeppni.

Samræmingar er engu að síður þörf til þess að auðvelda framleiðendum menningarlegs sjónvarpsefnis, hvort heldur einstaklingum eða fyrirtækjum, að hefja og stunda slíka starfsemi.

Lágmarkskröfum varðandi allt sjónvarpsefni sem framleitt er innan bandalagsins á vegum opinberra aðila eða einkaaðila til nota í framleiðslu fyrir evrópska mynd- og hljóðmiðla hefur verið beitt sem tæki til að efla almenna og óháða framleiðslu og dreifingu í ofangreindum atvinnugreinum og eru til viðbótar öðrum aðgerðum, sem tillögur hafa þegar verið eða verða bráðlega gerðar um, til þess að stuðla að sama markmiði.

Það er því nauðsynlegt að efla hæfilega stóra markaði fyrir framleiðslu sjónvarpsefnis í aðildarríkjunum til þess að endurheimta nauðsynlega fjárfestingu, ekki aðeins með því að koma á almennum reglum er veiti aðgöngu að innanlandsmarkaði heldur einnig með því að gera ráð fyrir að evrópskt dagskrárefni sé, með viðeigandi ráðstöfunum, meirihluti sjónvarpsefnis allra aðildarríkjanna, þar sem því verður við komið. Til þess að unnt sé að fylgjast með beitingu þessara reglna og viðleitni til að ná settum markmiðum, skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um hvernig gengur að koma á því hlutfalli evrópskra verka og verka óháðra framleiðenda sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Í útreikningi á slíkum hlutföllum ber að taka til greina sérstöðu Lýðveldisins Grikklands og Lýðveldisins Portúgals. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hinum aðildarríkjunum um skýrslur þessar og láta fylgja, eftir því sem við á, álit þar sem meðal annars er tekið tillit til þeirra framfara sem orðið hafa frá fyrri árum, hlutdeildar frumútsendinga í dagskránni, sérstakra aðstæðna nýrra sjónvarpenda og sérstakra aðstæðna landa með litla framleiðslugetu á sviði mynd- og hljóðmiðlaefnis eða takmarkað málsvæði.

Í þessu skyni skal skilgreina „evrópsk verk" þannig að það skerði ekki getu aðildarríkjanna til að setja fram nákvæmari skilgreiningu að því er varðar sjónvarpendur sem eru innan þeirra lögsögu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og samkvæmt lögum bandalagsins og með tilliti til markmiða þessarar tilskipunar.

Miklu skiptir að leita viðeigandi leiða og aðferða í samræmi við lög bandalagsins til þess að stuðla að því að þessi markmið komi til framkvæmda með það fyrir augum að gera viðeigandi ráðstafanir er hvetji til starfsemi og frekari þróunar á sviði evrópskrar framleiðslu á efni fyrir mynd- og hljóðmiðla og dreifingar þess, einkum í löndum með lága framleiðslugetu eða takmarkað málsvæði.

Beita má stuðningsaðgerðum í löndunum sjálfum til að efla framleiðslu á evrópsku efni, að því marki sem aðgerðirnar samrýmast lögum bandalagsins.

Þar sem slíku verður við komið, yrði skuldbinding um að tiltekinn hluti útsendrar dagskrár skuli vera sjálfstæð framleiðsla, unnin af framleiðendum sem eru óháðir sjónvarpendum, hvatning fyrir ný framleiðslufyrirtæki á sviði sjónvarpsefnis, einkum hvatning til stofnunar lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja. Með þessu skapast ný tækifæri og auknir möguleikar á að koma á framfæri skapandi hæfileikafólki og fjölga störfum til handa þeim sem vinna að menningarmálum. Skilgreining á hugtakinu óháður framleiðandi af hálfu aðildarríkjanna ætti að taka mið af því markmiði, með tilhlýðilegu tilliti til lítilla og meðalstórra framleiðenda, og með því að gera kleift að heimila fjárhagslega þátttöku dótturfyrirtækja í dagskrárgerð sjónvarpsstöðva.

Aðildarríkin verða að gera ráðstafanir til þess að tryggja að tiltekinn tími líði milli þess er verk er fyrst sýnt í kvikmyndahúsi og þar til það er fyrst sýnt í sjónvarpi.

Til þess að skapa aðstæður til að framfylgja virkri aðhlynningarstefnu er veiti tilteknu tungumáli forgang er aðildarríkjum frjálst að setja nákvæmari eða strangari reglur einkum á grundvelli tungumálaviðmiðana, svo fremi reglurnar séu í samræmi við lög bandalagsins og einkum þó að þær gildi ekki um endurvarp sjónvarpssendinga sem eiga uppruna sinn í öðrum aðildarríkjum.

Til þess að tryggja að hagsmuna notenda sem sjónvarpsáhorfenda sé vel og tilhlýðilega gætt er nauðsynlegt að um sjónvarpsauglýsingar gildi tiltekinn fjöldi lágmarksreglna og staðla og að aðildarríkin haldi rétti sínum til að setja nákvæmari eða strangari reglur og, við tilteknar aðstæður, önnur skilyrði um sjónvarpendur sem eru innan þeirra lögsögu.

Að því er varðar útsendingar sem einungis eru ætlaðar innlendu yfirráðsvæði og ekki má veita viðtöku, beint eða óbeint, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum, verður aðildarríki að vera heimilt að setja önnur skilyrði um innskot auglýsinga og aðrar takmarkanir á magni auglýsinga til þess að liðka fyrir slíkum útsendingum en skal þó taka tillit til laga bandalagsins.

Banna ber allar sjónvarpsauglýsingar er halda að fólki vindlingum og öðrum tóbaksvörum, að meðtöldum óbeinum auglýsingum sem nefna ekki tóbaksvöruna á nafn en leitast við að fara í kringum bannið við þessum auglýsingum með því að nota vörumerki, tákn eða önnur sérkenni tóbaksvöru eða fyrirtækja sem kunn eru að því að framleiða einkum eða selja slíka vöru.

Einnig ber að banna allar sjónvarpsauglýsingar á lyfjavörum og lyfjameðferð sem einungis er fáanleg gegn lyfseðli í því aðildarríki sem hefur lögsögu yfir sjónvarpanda þeim er hér um ræðir og koma á ströngum viðmiðunarreglum varðandi auglýsingar um áfengi í sjónvarpi.

Með *tilliti til* þess að kostun er að verða æ ríkari þáttur í fjármögnun dagskrárefnis ætti að setja um slíkt viðeigandi reglur.

Enn fremur er nauðsynlegt að setja reglur um dagskrárefni í sjónvarpi og um sjónvarpsauglýsingar til að vernda líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna og ungmenna.

Þótt sjónvarpendur séu að jafnaði skuldbundnir til að tryggja að rétt sé skýrt frá staðreyndum og atburðum í dagskrá, er engu að síður mikilvægt að þeim sé gert að hlíta tilteknum skuldbindingum að því er varðar rétt til andsvara eða annarra úrræða jafngildra, þannig að hver sá sem telur að brotið hafi verið gegn lögmætum hagsmunum sínum með fullyrðingu sem sett var fram í sjónvarpsdagskrá geti í raun nýtt sér rétt þennan eða úrræði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Skilgreiningar

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „sjónvarp“: upprunaleg útsending um þráð eða þráðlaust, þar með talið um gervitungl, á læstu eða ólæstu sjónvarpsdagskrárefni sem ætlað er almenningi. Það tekur einnig til sendinga á dagskrárefni milli fyrirtækja með það fyrir augum að endurvarpa þeim til almennings. Það tekur ekki til fjarskiptaþjónustu sem lætur í té upplýsingar eða skilaboð að beiðni einstaklings, svo sem fjarafritunar (myndritunar), rafeindagagnabanka eða annarrar þjónustu af svipuðum toga;

b) „sjónvarpsauglýsingar“: hvers konar tilkynningar sem sjónvarpað er gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi, af opinberu fyrirtæki eða einkafyrirtæki í sambandi við verslun, viðskipti, iðn eða atvinnugrein með það fyrir augum að vekja athygli á framboði á vörum og þjónustu, þar með talið fasteignum eða réttindum og skyldum, gegn greiðslu.

Að frátöldum markmiðum 18. gr. tekur þetta ekki til beinna tilboða til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu sem veitt er gegn greiðslu;

c) „dulin auglýsing": það að kynna í máli eða myndum vörur, þjónustu, vörumerki, nafn eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárefni þar sem slík kynning er til þess ætluð af hálfu sjónvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir áhorfendum að því er eðli hennar varðar. Slík kynning telst með ráðum gerð einkum ef greiðsla eða annað endurgjald kemur á móti;

d) „kostun": hvers konar framlög opinbers fyrirtækis eða einkafyrirtækis sem ekki fæst við sjónvarp eða framleiðslu mynd- og hljóðmiðlaefnis, til fjármögnunar á dagskrám sjónvarps með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.

II. KAFLI

Almenn ákvæði

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að allar sjónvarpssendingar sem sendar eru út af hálfu

— sjónvarpenda sem heyra undir lögsögu þess, eða

— sjónvarpenda sem heyra að sönnu ekki undir lögsögu neins aðildarríkis en nota tíðni eða gervitungl sem það lætur í té eða jarðstöð sem þar er staðsett,

fari að þeim lögum er gilda um sjónvarpssendingar ætlaðar almenningi í því aðildarríki.

2. Aðildarríkin skulu tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpssendingum frá öðrum aðildarríkjum og ekki setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir svið þau sem samræmd eru með þessari tilskipun. Aðildarríkin geta tímabundið bannað endurvarp á sjónvarpssendingum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) sjónvarpssending sem kemur frá öðru aðildarríki brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn 22. gr.;

b) á síðastliðnum tólf mánuðum hefur sjónvarpandi brotið gegn sama ákvæði að minnsta kosti tvívegis;

c) hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt sjónvarpanda og framkvæmdastjórninni skriflega um meint brot og um þá ætlan sína að setja hömlur á endurvarp verði um endurtekningu á brotinu að ræða;

d) samráð við ríkið sem sendir út og við framkvæmdastjórnina hafa ekki leitt til vinsamlegs samkomulags innan fimmtán daga frá tilkynningu þeirri sem kveðið er á um í c-lið og framhald er á meintu broti.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að bannið sé í samræmi við lög bandalagsins. Hún getur farið þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það nemi úr gildi hið bráðasta bann sem stríðir gegn lögum bandalagsins. Ákvæði þetta tálmar ekki beitingu neinna aðferða, úrræða eða refsiaðgerða gegn brotum þeirra er hér um ræðir í aðildarríki því sem hefur lögsögu yfir hlutaðeigandi sjónvarpanda.

3. Tilskipun þessi skal ekki gilda um sjónvarpsútsendingar sem ætlaðar eru eingöngu til móttöku í öðrum ríkjum en aðildarríkjunum og ekki nást beint eða óbeint í einu aðildarríki eða fleirum.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum skal eftir sem áður heimilt að krefjast þess af sjónvarpendum sem eru innan lögsögu þeirra að þeir setji nákvæmari eða strangari reglur á þeim sviðum er tilskipun þessi tekur til.

2. Aðildarríki skulu með viðeigandi hætti sjá til þess, innan ramma löggjafar sinnar, að sjónvarpendur sem eru innan lögsögu þeirra fari að ákvæðum tilskipunar þessarar.

III. KAFLI

Aukin dreifing og framleiðsla á dagskrárefni fyrir sjónvarp

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess þar sem því verður við komið og með viðeigandi hætti að sjónvarpendur taki frá fyrir evrópsk verk í skilningi 6. gr. meirihluta útsendingartíma síns, að frátöldum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga og textavarpsþjónustu. Með hliðsjón af ábyrgð sjónvarpenda á sviði upplýsinga, fræðslu, menningarmála og afþreyingar gagnvart áhorfendum sínum, ætti að ná þessu hlutfalli smám saman á grundvelli hæfilegra viðmiðunarreglna.

2. Þar sem ekki er unnt að ná því hlutfalli sem kveðið er á um í 1. mgr., má það þó ekki vera lægra en meðaltalið fyrir árið 1988 í hlutaðeigandi aðildarríki.

Að því er varðar Lýðveldið Grikkland og Lýðveldið Portúgal skal þó setja árið 1990 í stað ársins 1988.

3. Frá og með 3. október 1991 skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um framkvæmd þessarar greinar og 5.gr.

Sú skýrsla á meðal annars að innihalda tölfræðilegar upplýsingar um það hvort náðst hefur hlutfall það sem um getur í þessari grein og í 5. gr. um allt sjónvarpsdagskrárefni sem fellur undir lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkis, og í hverju tilviki ástæðurnar fyrir því að ekki hefur tekist að ná þessu hlutfalli sem og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til úrbóta.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og Evrópuþinginu um skýrslurnar og láta fylgja þeim álit eftir því sem við á. Hún skal tryggja framkvæmd þessarar greinar og 5. gr. í samræmi við ákvæði sáttmálans. Framkvæmdastjórnin getur í áliti sínu meðal annars tekið tillit til þeirra framfara sem orðið hafa í samanburði við fyrri ár, til hlutdeildar frumútsendinga í dagskránni, til sérstakra aðstæðna nýrra sjónvarpenda og sérstakra aðstæðna í löndum með litla framleiðslugetu á sviði mynd- og hljóðmiðlaefnis eða takmarkað málsvæði.

4. Ráðið skal endurskoða framkvæmd þessarar greinar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar er fylgi þeim tillögum um endurskoðun er hún kann að telja við hæfi, ekki síðar en í lok fimmta árs frá því er tilskipun þessi hefur verið samþykkt.

Í því augnamiði skal skýrsla framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli upplýsinga sem aðildarríki láta í té samkvæmt 3. mgr., einkum taka til greina þróun mála á sameiginlega markaðinum og í alþjóðlegu samhengi.

5. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, þar sem því verður við komið og með viðeigandi hætti, að sjónvarpendur taki frá að minnsta kosti 10% af útsendingartíma sínum, að frátöldum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga og textavarpsþjónustu eða, að öðrum kosti, að vali aðildarríkis, að minnsta kosti 10% af heildardagskrárfé, til evrópskra verka sem gerð eru af framleiðendum óháðum sjónvarpendum. Með hliðsjón af ábyrgð sjónvarpenda á sviði upplýsinga, fræðslu, menningar og afþreyingar gagnvart áhorfendum sínum, ætti að ná þessu hlutfalli smám saman með því að ráðstafa nægilega háu hlutfalli fyrir nýleg verk, þ.e. verk sem sýnd eru innan fimm ára frá því að þau eru framleidd.

6. gr.

1. Í skilningi þessa kafla merkja „evrópsk verk" það sem hér segir:

a) verk sem upprunnin eru í aðildarríkjum bandalagsins og að því er varðar sjónvarpendur, sem eru innan lögsögu Sambandslýðveldisins Þýskalands, verk frá þýsku yfirráðasvæði þar sem stjórnskipunarlög þess gilda ekki og uppfylla skilyrði 2. mgr.;

b) verk er koma frá evrópskum ríkjum utan bandalagsins sem eru aðilar að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa í Evrópu og fullnægja skilyrðum 2. mgr.;

c) verk er koma frá öðrum evrópskum ríkjum utan bandalagsins og fullnægja skilyrðum 3. mgr.

2. Verk þau sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. eru verk sem að meginhluta eru gerð með höfundum og launþegum sem búsettir eru í einhverju þeirra ríkja sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. að því tilskildu að þau hlíti einu þriggja eftirfarandi skilyrða:

a) þau séu gerð af einum eða fleiri framleiðendum er hafa staðfestu í einhverju þessara ríkja; eða

b) fylgst sé með framleiðslu verkanna og henni stýrt í raun af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu í einhverju þessara ríkja; eða

c) framlag meðframleiðenda frá einhverju þessara ríkja til heildarútgjalda við sameiginlega framleiðslu verks vegur þyngst og hinu sameiginlega framleiðsluverkefni er ekki stýrt af einum framleiðanda eða fleirum með staðfestu utan þessara ríkja.

3. Þau verk sem um getur í c-lið 1. mgr. eru verk sem gerð eru eingöngu eða í samvinnu við framleiðendur með staðfestu í einu aðildarríki eða fleirum, af framleiðendum með staðfestu í einu utanbandalagsríki eða fleirum, sem bandalagið gerir samninga við í samræmi við það sem kveðið er á um í sáttmálanum, ef verk þessi eru aðallega gerð með höfundum og launþegum sem eru búsettir í einu Evrópuríki eða fleirum.

4. Verk sem eru ekki evrópsk verk í skilningi 1. mgr., en gerð einkum með höfundum og launþegum sem búsettir eru í einhverju aðildarríki, skulu teljast evrópsk verk að því marki er svarar til hlutfalls framlaga meðframleiðenda innan bandalagsins til heildarframleiðslukostnaðar.

7. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sjónvarpendur sem eru innan lögsögu þeirra sjónvarpi ekki kvikmyndaverki fyrr en liðin eru tvö ár frá því að verkið var fyrst sýnt í kvikmyndahúsi í einu aðildarríkja bandalagsins, nema öðruvísi sé um það samið milli rétthafa og sjónvarpanda; sé um að ræða kvikmyndaverk sem sjónvarpandi er meðframleiðandi að skal tímabil þetta vera eitt ár.

8. gr.

Þar sem þau telja það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar, er aðildarríkjunum heimilt, að því marki sem lög bandalagsins leyfa, að því er varðar sumt eða allt dagskrárefni sjónvarpenda sem eru innan lögsögu þeirra, að setja nákvæmari eða strangari reglur, einkum á grundvelli tungumálaviðmiðana.

9. gr.

Kafli þessi tekur ekki til staðbundinna sjónvarpssendinga sem ekki eru hluti af innlendu sjónvarpskerfi.

IV. KAFLI

Sjónvarpsauglýsingar og kostun

10. gr.

1. Sjónvarpsauglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera algerlega aðskildar frá öðrum dagskrárliðum með sjónrænum og/eða hljóðrænum hætti.

2. Einstök auglýsingainnskot skulu vera undantekning.

3. Í auglýsingum má ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

4. Duldar auglýsingar eru bannaðar.

11. gr.

1. Auglýsingum skal skotið inn á milli dagskrárliða. Að uppfylltum skilyrðum 2.–5. mgr. þessarar greinar má einnig skjóta auglýsingum inn í dagskrá þannig að ekki brjóti í bága við samfellda framvindu hennar og gildi, með tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar hennar og eðlis, né skerði rétt rétthafa.

2. Í dagskrárliðum sem settir eru saman úr sjálfstæðum þáttum eða í íþróttadagskrám eða lýsingum atburða eða sýninga sem svipaðar eru að uppbyggingu og á eru gerð hlé, skal auglýsingum aðeins skotið inn milli þátta eða í hléum.

3. Útsendingu mynd- og hljóðmiðlaverka á borð við kvikmyndir í fullri lengd og myndir gerðar fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum, léttum skemmtidagskrám og heimildarmyndum) sem eru lengri en 45 mínútur, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45-mínútna tímaskeið. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef útsendingartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45-mínútna tímaskeið.

4. Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í 2. mgr., eru rofnir með auglýsingum, skulu líða að minnsta kosti 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

5. Ekki má skjóta auglýsingum inn í neina útsendingu á guðsþjónustu. Ekki skal heldur rjúfa með auglýsingum fréttir eða fréttatengdar dagskrár, trúarlegar dagskrár né dagskrár fyrir börn þegar dagskrár þessar eru styttri en 30 mínútur. Séu þær lengri skulu eiga við um þær ákvæði fyrri málsgreina.

12. gr.

Sjónvarpsauglýsingar skulu ekki:

a) skerða virðingu manna fyrir mannlegri reisn;

b) fela í sér neins konar mismunun á grundvelli kynþáttar, kynferðis eða þjóðernis;

c) fela í sér móðgun við trúarskoðanir eða stjórnmálaviðhorf;

d) hvetja til hegðunar sem hættuleg er heilsu manna eða öryggi;

e) hvetja til hegðunar sem er í andstöðu við umhverfisvernd.

13. gr.

Hvers konar sjónvarpsauglýsingar á vindlingum og öðrum tóbaksvörum skulu vera bannaðar.

14. gr.

Bannaðar eru sjónvarpsauglýsingar á lyfjavörum og lyfjameðferð sem einungis er fáanleg gegn lyfseðli í aðildarríki því sem hefur lögsögu yfir sjónvarpanda þeim er um ræðir.

15. gr.

Sjónvarpsauglýsingar um áfengi skulu hlíta eftirfarandi viðmiðunarreglum:

a) þær mega ekki beinast sérstaklega að ólögráða börnum eða ungmennum né sérstaklega sýna þau drekka áfenga drykki;

b) þær mega ekki tengja neyslu áfengis aukinni líkamlegri færni né heldur akstri;

c) þær mega ekki skapa þá ímynd að neysla áfengis eigi þátt í félagslegri eða kynferðislegri velgengni;

d) þær mega ekki halda því fram að áfengi hafi lækningamátt eða að það sé örvandi, sefjandi eða leið til að leysa persónuleg vandamál;

e) þær mega ekki hvetja til óhóflegrar neyslu áfengis eða sýna bindindi eða hófdrykkju í neikvæðu ljósi;

f) þær mega ekki leggja áherslu á hátt áfengismagn drykkjanna sem jákvæðan eiginleika.

16. gr.

Sjónvarpsauglýsingar skulu ekki valda ólögráða börnum og ungmennum siðferðilegum eða líkamlegum skaða og skulu því hlíta eftirfarandi viðmiðunarreglum þeim til verndar:

a) þær skulu ekki beinlínis hvetja ólögráða börn eða ungmenni til að kaupa vöru eða þjónustu með því að nýta sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni;

b) þær skulu ekki beinlínis hvetja ólögráða börn og ungmenni til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vörur þær eða þjónustu sem auglýst er;

c) þær skulu ekki notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem ólögráða börn og ungmenni bera til foreldra, kennara, eða annarra;

d) þær skulu ekki umfram það sem eðlilegt er sýna ólögráða börn og ungmenni í hættu stödd.

17. gr.

1. Kostaðir sjónvarpsdagskrárliðir skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði :

a) kostunaraðili má ekki undir neinum kringumstæðum hafa áhrif á innihald eða tímasetningu kostaðs dagskrárliðar þannig að það raski ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði sjónvarpanda að því er dagskrá varðar;

b) þeir verða að vera ljóslega auðkenndir sem slíkir með nafni og/eða vörumerki kostunaraðila í upphafi og/eða lok dagskrárliðar;

c) þeir mega ekki hvetja til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila eða annars aðila með því til dæmis að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.

2. Sjónvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af einstaklingum eða lögpersónum sem einkum fást við að framleiða eða selja vörur eða láta í té þjónustu sem bannað er að auglýsa samkvæmt 13. eða 14. gr.

3. Ekki má kosta fréttir né fréttatengda þætti.

18. gr.

1. Magn auglýsinga má ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru taldar auglýsingar á borð við bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu, svo fremi að magn auglýsingainnskota fari ekki yfir 15%.

2. Magn auglýsingainnskota á hverri klukkustund má ekki fara yfir 20%.

3. Auglýsingar á borð við bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu skulu ekki fara fram yfir eina klukkustund á dag, samanber þó ákvæði 1. mgr.

19. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að setja þeim sjónvarpendum eru innan lögsögu þeirra strangari reglur en þær sem tilgreindar eru í 18. gr. um dagskrártíma og tilhögun sjónvarps, til þess að laga kröfur um sjónvarpsauglýsingar að hagsmunum almennings með sérlegri hliðsjón af:

a) hlutverki sjónvarps að því er varðar miðlun upplýsinga, fræðslu og afþreyingu;

b) verndun fjölbreytilegra sjónarmiða í upplýsingamiðlun og í fjölmiðlum.

20. gr.

Aðildarríkin geta, að teknu tilliti til laga bandalagsins, sett skilyrði önnur en þau sem kveðið er á um í 2.–5. mgr. 11. gr. og í 18. gr. varðandi útsendingar sem einungis eru ætlaðar yfirráðasvæði ríkisins, og ekki má taka á móti í öðru aðildarríki eða ríkjum, samanber þó 3. gr.

21. gr.

Ef ekki er farið að ákvæðum þessa kafla um sjónvarpsútsendingar skulu aðildarríki sjá til þess, innan ramma löggjafar sinnar, að beitt sé viðeigandi ráðstöfunum til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum þessum.

V. KAFLI

Vernd barna og ungmenna

22. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar sjónvarpenda sem lögsaga þeirra nær yfir innihaldi ekki dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrár sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að í útsendingum felist ekki hvatning til haturs á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis.

VI. KAFLI

Réttur til andsvara

23. gr.

1. Hver einstaklingur eða lögpersóna skal hafa rétt til andsvara eða jafngildra úrræða, án tillits til þjóðernis, hafi lögmætir hagsmunir hans, einkum orðspor og mannorð beðið hnekki af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir

í sjónvarpsdagskrá, samanber þó önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjunum samkvæmt einkamálarétti, stjórnskipunar- eða hegningarlögum.

2. Réttur til andsvara eða jafngild úrræði skulu vera fyrir hendi að því er varðar alla sjónvarpendur sem lögsaga aðildarríkis nær til.

3. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma á rétti til andsvara eða jafngildra úrræða og skulu ákveða tilhögun varðandi beitingu þeirra. Einkum skulu þau tryggja að gefinn sé nægilegur frestur og að tilhögun sé slík að réttinum eða hinum jafngildu úrræðum megi beita á viðeigandi hátt af hálfu einstaklinga eða lögpersóna sem búsettir eru eða hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

4. Tilmæli um að fá að beita þessum rétti til andsvara eða jafngildum úrræðum má hafna ef slíkt andsvar er ekki réttlætanlegt samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í 1. mgr., ef það hefði í för með sér refsivert athæfi, ef það gerði sjónvarpanda ábyrgan eða hefði í för með sér málssókn að einkamálarétti á hendur honum eða bryti í bága við viðurkennt almennt siðgæði.

5. Kveða skal á um með hvaða hætti megi skjóta ágreiningi um beitingu réttar til andsvara eða sambærilegra úrræða til úrskurðar dómsvalda.

VII. KAFLI

Lokaákvæði

24. gr.

Á sviðum þar sem ekki er kveðið á um samræmingu í tilskipun þessari hefur hún engin áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna vegna gildandi samninga um fjarskipti eða útvarp.

25. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 3. október 1991. Þau skulu þegar í stað tilkynna það framkvæmdastjórninni.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

Ekki síðar en við lok fimmta árs eftir þann dag sem tilskipun þessi hefur verið samþykkt og á tveggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu tilskipunar þessarar og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði sjónvarps.

27. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. október 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

R. DUMAS

forseti.

475. Frumvarp til laga [306. mál]

um Menningarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu.

2. gr.

Í stjórn Menningarsjóðs eiga sæti þrír fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar til tveggja ára í senn og skipar hann einn þeirra formann stjórnar. Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Skipunartími stjórnarmanna skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá sitji hann skemur en sem nemur reglulegum skipunartíma stjórnar.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði.

3. gr.

Til Menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.
b. Fjárveiting sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Stjórn Menningarsjóðs hefur með höndum árlega úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Við úthlutun úr Menningarsjóði skal lögð sérstök áhersla á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitir sjóðurinn fjárhagslegan stuðning til annarrar skyldrar starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1993 skulu 15 milljónir króna frá uppgjöri Bókaútgáfu Menningarsjóðs renna til Menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum.

Á árinu 1993 skal a-liður 3. gr. ekki koma til framkvæmda.

Menntamálaráð, sem kosið var af Alþingi samkvæmt lögum nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal leyst frá störfum við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðari hluta ársins 1991 varð ljóst að fjárhagserfiðleikar þeir, sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur átt við að stríða um nokkurt skeið, voru svo alvarlegir að í rekstrarþrot stefndi. Menntamálaráð, sem kjörið var að loknum Alþingiskosningum 1991, hafði gert allt sem í valdi þess stóð til að rétta af fjárhag útgáfunnar en sýnt þótti að á árinu 1992 stefndi í þrot ef ekki yrði gripið til róttækra aðgerða.

19. september 1991 samþykkti menntamálaráð m.a. að óska eftir því við menntamálaráðherra að:

„Lögum um menningarsjóð og menntamálaráð, nr. 50/1957, verði breytt og hlutverk hans skilgreint að nýju.

Þetta er auðvelt að skilgreina með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðrar stofnanir hafa tekið við hlutverkum sem skilgreind eru í fyrrnefndum lögum.

Vegur hér þyngst að losna við útgáfuna í núverandi mynd."

Þessari samþykkt var komið á framfæri við menntamálaráðherra í bréfi Bessíar Jóhannsdóttur formanns menntamálaráðs dags. 19. september 1991.

2. október 1991 ritaði menntamálaráðherra svohljóðandi bréf til formanns menntamálaráðs:

„Menntamálaráðuneytið hefur móttekið bréf yðar dags. 19. september sl. þar sem gerð er grein fyrir samþykkt menntamálaráðs er varðar starfsemi ráðsins.

Ráðuneytið fellst á tillögu ráðsins um að lögum verði breytt og að hlutverk þess verði skilgreint að nýju. Jafnhliða því sem útgáfustarfsemi a.m.k. í núverandi mynd verði lögð niður.

Ráðuneytið hyggst skipa sérstakan starfshóp til að vinna að framgangi þessa máls og fer þess á leit við menntamálaráð að það tilnefni 2 fulltrúa í starfshópinn."

Af hálfu menntamálaráðs voru formaður, Bessí Jóhannsdóttir, og varaformaður, Helga Kristín Möller, tilnefndar í starfshópinn sem ráðherra skipaði 10. október 1991. Frá menntamálaráðuneytinu kom Ólafur Arnarson, aðstoðarmaður ráðherra, sem var formaður hópsins.

Starfshópnum voru falin tvö verkefni:

1. Endurskoða lög nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.
2. Gera verkáætlun varðandi útgáfustarfsemi Menningarsjóðs er miði að því að hún verði lögð niður á árinu 1992 og hefja framkvæmd í samráði við menntamálaráðherra.

Í fjárlögum 1992, sem voru samþykkt á Alþingi 22. desember 1991, er í 6. gr. lið 6.13 heimild til handa fjármálaráðherra „Að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs". Þar kom fram skýr vilji Alþingis til að gera upp Bókaútgáfu Menningarsjóðs og ganga frá eignum og skuldum sjóðsins.

Í ljósi framangreinds vann starfshópurinn verkáætlun þar sem miðað var við að ganga frá eignum og skuldum Menningarsjóðs á árinu 1992. Lokaatriðið í þeirri verkáætlun var að leggja frumvarp fyrir Alþingi sem fæli í sér að Bókaútgáfa Menningarsjóðs yrði lögð niður.

Starfshópurinn hefur unnið að gerð þessa frumvarps. Eftir fráfall Helgu Kristínar Möller tók Hlín Agnarsdóttir sæti hennar í starfshópnum, enda hafði hún tekið við varaformennsku í menntamálaráði.

Ekki skal hér fjölyrt um það hvort nauðsynlegt var að ríkið stæði að útgáfu á menningarbókmenntum á þeim tíma er lög nr. 50/1957 voru samþykkt. Ljóst má vera að engar slíkar forsendur eru fyrir hendi núna. Það sýnir starf sjálfstæðra bókaútgefenda, unnið af metnaði, á undanförnum árum.

Hinu er ekki að leyna að oft og tíðum eru vönduð verk, með menningarlegt gildi, dýr í útgáfu og sölumöguleikar takmarkaðir. Því er nauðsynlegt að ríkið hafi einhver ráð til að styrkja útgáfu slíkra verka. Með þessu frumvarpi er lagt til að ríkisvaldið geti styrkt útgáfu vandaðra verka, án þess að vera beinn aðili að útgáfu þeirra, og að þeir fjármunir sem til slíks eru ætlaðir nýtist sem best í verkefnin sjálf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er hlutverk Menningarsjóðs skilgreint. Sjóðnum er ætlað að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem mega verða til eflingar íslenskri menningu. Markmið eru skýr. Þetta er sjóður sem styrkir útgáfu bóka en stendur ekki sjálfur í bókaútgáfu.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk stjórnar Menningarsjóðs skilgreint. Enn fremur kemur fram hér breyting frá lögum nr. 50/1957. Í stað þess að Alþingi kjósi menntamálaráð er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stjórn Menningarsjóðs. Eðlilegt er að menntamálaráðherra, sem ber stjórnskipulega ábyrgð á störfum stjórnarinnar, skipi hana. Þá er í þessari grein tryggt að stjórn Menningarsjóðs endurspegli á hverjum tíma þær áherslur sem í gildi eru í mennta- og menningarstefnu ríkisstjórnar. Það tryggir ákvæðið um að stjórnarmenn sitji ekki lengur en sá ráðherra sem skipaði þá.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið muni sjá stjórninni fyrir fundaraðstöðu og annarri þeirri þjónustu sem þörf er á til að hún geti gegnt hlutverki sínu.

Um 3. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 50/1957.

Um 4. gr.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að Menningarsjóður styðji listgreinar sem aðrir sjóðir og stofnanir hafa með að gera samkvæmt ýmsum lögum. Meginákersla er á það lögð að sjóðurinn styðji útgáfu bóka án þess þó að stunda sjálfur bókaútgáfu. Þá er veitt svigrúm til stuðnings við aðra menningarstarfsemi líkt og gert er í lögum nr. 50/1957, þó háð reglugerðarákvæðum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að 15 millj. kr. frá uppgjöri á Bókaútgáfu Menningarsjóðs renni til Menningarsjóðs á árinu 1993. Uppgjöri er ekki endanlega lokið en hugsanlegt er að af-

rakstur verði meiri en sem nemur 15 millj. kr., aldrei þó hærri en 18–19 millj. kr. Verði afrakstur meiri en 15 millj. kr. er gert ráð fyrir að mismunur renni í ríkissjóð. Þetta er eðlileg ráðstöfun m.a. með tilliti til þess að ríkissjóður hefur tekið yfir húseign Menningarsjóðs á góðu matsverði. Húsið þarfnast viðhalds sem ríkissjóður verður að kosta.

Með því að lög nr. 50/1957 eru felld úr gildi fellur jafnframt úr gildi skerðingarákvæði í fjárlagafrumvarpi 1993 á mörkuðum tekjustofni Menningarsjóðs. Hér er því gert ráð fyrir að a-liður 3. gr. komi ekki til framkvæmda á árinu 1993. Áhrif þessa eru óbreytt frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum.

Fylgiskjal

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa

Umsögn um frumvarp til laga um menningarsjóð

Með frumvarpi þessu eru núgildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð felld úr gildi en stofnaður nýr menningarsjóður. Meginbreytingin er sú að öllum rekstri á vegum menningarsjóðs og bókaútgáfu verði hætt. Þar með fellur niður kostnaður vegna starfsmannahalds og rekstri honum tengdum, s.s. húsnæðiskostnaður. Kostnaður þessi er áætlaður um 8 m.kr. á þessu ári. Menntamálaráð verður lagt niður en í stað þess kemur þriggja manna stjórn menningarsjóðs. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að kostnaður vegna starfsemi sjóðsins skuli greiðast úr menningarsjóði en ætla má að sá kostnaður verði innan við 0,5 m.kr. á ári. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs en veitir meiri svigrúm innan sjóðsins til styrkveitinga.

Verði frumvarpið að lögum eru helstu kostnaðaráhrif á ríkissjóð þessi:

1. Til sjóðsins rennur gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. lögum um skemmtanaskatt. Þetta er sami tekjustofn og menningarsjóður hefur skv. núgildandi lögum en í fjárlagafrumvarpi 1993 er hins vegar gert ráð fyrir að framlag þetta verði fellt niður og tekjurnar renni í ríkissjóð. Í bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps er sú ráðagerð staðfest og tekur til ársins 1993. Ekki er því gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna þessa ákvæðis frumvarpsins á árinu 1993. Tekjur af umræddu gjaldi eru áætlaðar 12 m.kr. á árinu 1993.
2. Til sjóðsins rennur fjárveiting sem veitt er á fjárlögum hverju sinni. Í bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps er kveðið á um að á árinu 1993 skuli 15 m.kr. frá uppgjöri Bókaútgáfu menningarsjóðs renna til menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum.

Samkvæmt framangreindu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarp þetta að lögum leiði það til 15 m.kr. lægri tekna fyrir ríkissjóð þar sem skil á uppgjöri sjóðsins hefði runnið í ríkissjóð hefðu núgildandi lög verið felld úr gildi og þetta frumvarp ekki komið til. Að auki minnkar áhætta ríkissjóðs þar sem hann ber ekki lengur ábyrgð á skuldbindingum vegna starfsmannahalds.

476. Frumvarp til laga [307. mál]

um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags undir nafninu Íslensk endurtrygging hf. er taki við núverandi rekstri, eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Hlutafé hins nýja félags skal nema 338.353.200 kr. og fá eigendur áhættufjár í Íslenskri endurtryggingu 1 kr. að nafnverði í hlutafé í hinu nýja félagi fyrir hverja 1 kr. sem þeir eiga af áhættufé. Skipti á áhættufjárskírteinum og hlutabréfum hafa ekki í för með sér skattskyldu hjá eigendum þeirra og gilda ákvæði 56. og 57. gr laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, um skiptin eftir því sem við á.

Hlutafélagið tekur við eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar á bókfærðu verði eins og þær verða 1. janúar 1993, en félagið tekur einnig við hvers konar skuldbindingum, réttindum og skyldum Íslenskrar endurtryggingar. Stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal vera bókfært verð þessara eigna við yfirtöku 1. janúar 1993.

Mismunur hinna yfirteknu eigna og skulda skal vera eigið fé hlutafélagsins og skiptist það í hlutafé, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, og áhættusjóð sem yfirfærist óbreyttur, en það sem umfram verður leggst í varasjóð, sbr. 108 gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

3. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í hinu nýja hlutafélagi önnur en forgangsréttur að nýjum hlutum og skulu engar hömlur lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu.

4. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Tilgangur félagsins er að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend vátryggingafélög.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Íslenskrar endurtryggingar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi við yfirtökuna og skal þeim boðin sambærileg staða og þeir gegndu áður.

7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbún-

ing og stofnun hins nýja hlutafélags og fer með hlutabréf ríkisins í því við stofnun þess. Ráðherranum skal heimilt að fela stjórn Íslenskrar endurtryggingar að annast stofnun félagsins, undirritun stofnsamnings þess og samþykkta og fara með stjórn þess til næsta aðalfundar þess. Félagið skal taka til starfa 1. janúar 1993 og fyrsti aðalfundur þess skal haldinn eigi síðar en 28. febrúar 1993.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hinn 31. desember 1992 falla úr gildi 1.–14. gr. og 28. gr. laga nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan stjórnar Íslenskrar endurtryggingar og hefur hún óskað eftir því við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann beiti sér fyrir lögfestingu þess. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal stofna hlutafélagið Íslenska endurtryggingu hf. og skal það taka við rekstri, eignum og skuldum félagsins Íslenskrar endurtryggingar sem nú starfar samkvæmt lögum nr. 43/1947, með síðari breytingum. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að auðvelda ríkisstjórninni að selja eignarhlut ríkisins í félaginu. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ríkisstofnana hefur unnið að því að selja þennan eignarhlut en að mati stjórnar félagsins er slíkt ekki unnt nema að lögum um félagið sé breytt.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir tveimur breytingum á lögum nr. 43/1947. Annars vegar er gert ráð fyrir að felld verði úr gildi ákvæði um skattfrelsi félagsins og hins vegar er gert ráð fyrir að niður falli einkaréttur félagsins á stríðsslysatryggingum.

Með tilliti til þess er að framan greinir telur stjórnin rétt að breyta rekstrarformi félagsins þannig að einstakir eigendur áhættufjár í félaginu eigi auðveldara um vik að ráðstafa eignarhlut sínum í félaginu og gera félagið jafnframt hæfara til þess að starfa í breyttu rekstrarumhverfi.

2. Stutt saga löggjafar um Íslenska endurtryggingu.

Skömmu eftir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar var tekin ákvörðun um að lögbjóða stríðsslysatryggingu íslenskra sjómanna og 27. október 1939 voru gefin út í Sorgenfríhöll bráðabirgðalög um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna. Í 1. gr. þessara laga segir: „Stofna skal vátryggingafélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenskum skipum sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.“ Í 2. gr. var ákveðið að ríkissjóður skyldi ábyrgjast 60% af áhættufé félagsins sem nam 600.000 kr. Eigendur þeirra skipa, sem tryggðu áhafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, skyldu ábyrgjast 10% og 30% af áhættufénu var lagt fram af þeim innlendum vátryggingafélögum sem þátt tóku í tryggingunni. Í 8. gr. laganna var ákveðið að „tekjuafgangi þeim, sem kann að verða þegar eignir og skuldbindingar hafa verið gerðar upp, skal skipt milli þeirra sem lagt hafa fram áhættufé skv. 2. gr., í sömu hlutföllum og áhættufjárframlög þeirra nema.“

Bráðabirgðalögin voru staðfest með lögum nr. 37/1940, með ýmsum breytingum í meðförum Alþingis. Ákvæðið um lok félagsins breyttist nokkuð og nú sagði: „Verði fé-

lagið leyst upp skal skipta nettóeign þeirri sem eftir kann að verða þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp milli þeirra sem lagt hafa fram áhættufé skv. 2. gr. og tryggingartaka.“

Lög nr. 106/1943, um stríðsslysatryggingu íslenskra skipshafna, leystu lögin frá 1940 af hólmi. Þessum lögum var skipt í nokkra kafla. Í þeim fyrsta var fjallað um Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna, í öðrum kafla um stríðstryggingar og sá þriðji um stríðsslysabætur. Í hinum fjórða voru síðan almenn ákvæði. Í 2. gr. laganna er ítrekað það hlutverk að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenskum skipum en í 2. mgr. segir nú: „Þegar stjórn félagsins telur núverandi aðalhlutverki þess lokið skal nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga, er síðar verður nánar kveðið á um í lögum.“ Í 4. gr. er fjallað um fjárhagsgrundvöll félagsins og eru ákvæðin orðin mun ítarlegri og flóknari en áður, enda félagið búið að starfa um nokkurt skeið. Sjálft áhættuféð skal eigi vera minna en 3 millj. kr. og var að hluta til upprunalegt áhættufé en til viðbótar kom varasjóður eins og hann yrði í árslok 1943 svo og nýtt áhættufé frá útgerðarmönnum. Nú er ekkert rætt um slit félagsins og því væntanlega ekki gert ráð fyrir því, enda hafði félagið fengið nýtt hlutverk að loknu þáverandi aðalhlutverki þess. Kemur þetta fram í greinargerð með frumvarpinu. Í 7. gr. laganna var kveðið á um útgáfu viðurkenningar til eigenda áhættufjárins fyrir því í formi skírteina. Um skírteinin giltu þær reglur m.a. að þau voru óuppsegjanleg og þau mátti ekki framselja eða veðsetja nema með samþykki félagsstjórnar og átti hún innlausnarrétt á bréfunum fyrir hönd félagsins fyrir matsverð dómkvaddra manna.

Með lögum nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., var ákveðið að félag er nefnist Íslensk endurtrygging skyldi hafa með höndum þá starfsemi sem lögin kveða á um og nánar er rakið í 2. gr. laganna. Í fyrsta lagi skyldi félagið annast endurtryggingu fyrir íslensk vátryggingafélög, einkum á sviði sjótrygginga. Í öðru lagi skyldi það annast stríðsslysatryggingar íslenskra skipshafna og var útgerðarmönnum gert skylt að kaupa þessar tryggingar hjá félaginu. Í þriðja lagi var því heimilað að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingafélög eftir því sem stjórnin teldi hentugt. Í 3. gr. laganna var kveðið á um áhættufé félagsins og höfðu nú skýrst línur varðandi eignaraðild hinna ýmsu hópa eigenda. Heildarfjárhæð áhættufjárins nam nú 6 millj. kr. en þar af námu ábyrgðir ríkissjóðs og þriggja vátryggingafélaga 1.036.000 kr. Innborgað áhættufé nam 4.964.000 kr. og skiptist það þannig að ríkissjóður átti 1.850.000 kr., vátryggingafélögin þrjú 408.000 kr. og útgerðarmenn 2.706.000 kr. eða tæp 55% af innborguðu áhættufé. Stjórnarskipan var þannig ákveðin að ráðherra tilnefndi tvo menn, vátryggingafélögin einn og útgerðarmenn tvo. Engin ákvæði voru í lögunum um lok félagsins enda óbreyttar forsendur að þessu leyti.

Óverulegar breytingar voru gerðar á lögunum varðandi arð sem heimilt var að greiða á sjöunda áratugnum en á árinu 1977 eru sett lög nr. 29/1977 sem fela í sér sjöföldun á áhættufénu. Það hafði staðið óbreytt frá 1947 að öðru leyti en því að fjögur vátryggingafélög höfðu notfært sér heimild til að leggja áhættufé í félagið í millitíðinni. Jafnframt voru felldar niður áhættufjárábyrgðir. Í þessum lögum var einnig að finna ákvæði er auðveldaði útgáfu jöfnunarbréfa og hefur hún verið notuð alloft síðan.

3. Helstu atriði frumvarpsins og nokkur fjárhagsatriði.

Megintilgangur frumvarpsins er að breyta Íslenskri endurtryggingu í hlutafélag og er miðað við að breytingin eigi sér stað 1. janúar 1993. Er þetta gert með þeim hætti að stofna hlutafélag sem yfirtekur rekstur, eignir og skuldir Íslenskrar endurtryggingar. Gert er ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veg og vanda af framkvæmdinni en heimilt er honum að fela núverandi stjórn að annast þennan þátt. Um áramótin skal gefa út hlutabréf til allra áhættufjáreigenda í félaginu og verður nafnverð bréfa hvers þeirra jafnt nafnverði áhættufjárskírteina þeirra í félaginu. Stjórnarmennirnir verða væntanlega stofnendur hins nýja hlutafélags með undirritun stofnsamnings og samþykkta. Boða skal til aðalfundar hluthafa fyrir lok febrúar 1993 og skal þar kjósa nýja stjórn sem tekur þá við stjórnartaumum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn félagsins hafi rétt til starfa hjá hlutafélaginu en starfsmenn þess eru nú 10.

Á árinu 1992 hefur áhættufé félagsins verið þrefaldað með heimild í lögum og þar sem gert er ráð fyrir að áhættufjáreigendur fái sömu fjárhæð í hlutafé og þeir eiga í áhættufé verður heildarhlutafé hins nýja hlutafélags 338.353.200 kr. Eigið fé félagsins að meðtöldum áhættusjóði nam í árslok 1991 424.933.436 kr. Helstu eigendur áhættufjár í félaginu nú eru eftirtaldir aðilar:

Ríkissjóður	37,20%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	15,47%
Tryggingamiðstöðin hf.	11,14%
Burðarás hf.	7,12%
Samvinnutryggingar gt.	5,06%
Brunabótafélag Íslands	3,94%
Tryggingastofnun ríkisins	2,73%

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er ríkistjórninni gert að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki við rekstri Íslenskrar endurtryggingar, eignum þess og skuldum eins og nánar er ákveðið í öðrum greinum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram að Íslenskri endurtryggingu er í raun breytt í hlutafélag með því að allar eignir og skuldir félagsins eru færðar yfir í nýtt hlutafélag á bókfærðu verði eins og það verður 1. janúar 1993. Stofnverð eða afskriftarverð varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera bókfært verð þessara eigna við yfirtökuna. Ekki er gert ráð fyrir að fram fari sérstakt endurmat eigna vegna yfirfærslunnar heldur verði byggt á efnahagsreikningi félagsins í árslok 1992 sem er hluti ársreiknings þess vegna ársins.

Gegn yfirfærslu eigna og skulda í hið nýja hlutafélag fá áhættufjáreigendur afhent hlutabréf í hinu nýja hlutafélagi þannig að fyrir hverja 1 kr. í áhættufjárskírteinum afhendist 1 kr. að nafnverði í hlutabréfum. Hlutafé hlutafélagsins verður því 338.353.200 kr. Áhættusjóður, sem myndaður er samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi og er hluti eigin fjár, færist í hið nýja hlutafélag óbreyttur, en sá hluti annars eiginfjár eða eigna umfram skuldir, sem umfram verður nafnverð hlutafjárins, rennur í varasjóð á grundvelli 108 gr. laga nr. 32/1981, um hlutafélög.

Samkvæmt 3. gr. laga um félagið frá 1947 er heimilt að auka framlagt áhættufjár með útgáfu jöfnunarskírteina að fengnu samþykki ráðherra og telst sú útgáfa ekki til skattskyldra tekna samkvæmt lögunum. Á árinu 1992 ákvað stjórnin að þrefalda áhættufé félagsins með útgáfu jöfnunarskírteina, en ekki þykir ástæða til frekari útgáfu áður en breytingin á sér stað. Höfð hefur verið hliðsjón af ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjallað er um sameiningu félaga og breytingu á formi þeirra.

Um 3. gr.

Í greininni er ákveðið að félagið skuli vera opið þannig að engar hömlur skuli lagðar á meðferð hlutabréfa og að engin sérréttindi fylgi hlutum í félaginu annar en forgangsréttur að nýjum hlutum.

Um 4. gr.

Lagt er til í greininni að hlutabréf útgefin við stofnun hlutafélagsins verði undanþegin stimpilskyldu.

Um 5. gr.

Megintilgangur félagsins er skilgreindur í greininni, en hann er að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend vátryggingafélög eins og verið hefur. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að félagið annist stríðsslysatryggingar. Á hluthafafundi er unnt að breyta þessum tilgangi.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að þeim starfsmönnum, sem starfa hjá Íslenskri endurtryggingu við breytinguna, verði boðin sambærileg staða í hinu nýja hlutafélagi. Því er ekki reiknað með breytingu á atvinnumöguleikum starfsmanna. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir aðild starfsmanna að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir breytinguna.

Um 7. gr.

Starfsemi félagsins hefur heyrt undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og er gert ráð fyrir því að hann annist undirbúning að stofnun hins nýja hlutafélags eða feli það núverandi stjórn Íslenskrar endurtryggingar. Samkvæmt núgildandi lögum um félagið er stjórn þess tilnefnd til þriggja ára í senn, en hún hefur ákveðið starfstilhögun félagsins samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti falið stjórninni að undirrita stofnsamning og samþykktir og að annast stjórn hins nýja hlutafélags til fyrsta aðalfundar sem haldinn skal eigi síðar en 28. febrúar 1993.

Um 8. gr.

Með lögum þessum eru ákvæði 1.–14. gr. laga nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., felld úr gildi, svo og 28. gr. laganna, en 15.–27. gr. um stríðsslysatryggingar og stríðsslysabætur halda gildi sínu enn um sinn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur Íslenskrar endurtryggingar. Hlutafélagið taki við núverandi rekstri, eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar. Tilgangur félagsins verði að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend vátryggingafélög. Gert er ráð fyrir að kostnaður við stofnun félagsins greiðist af því sjálfu. Kostnaður ríkisins ætti því að vera óverulegur.

Að mati fjármálaráðuneytis er engin ástæða til að veita félaginu undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda. Stimpilgjöld reiknast sem ½% af nafnverði hlutabréfa.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. felur í sér útvíkkun á skattareglum um sameiningu félaga. Ráðuneytið telur að ákvæði er lúta að skattamálum eigi að koma fram í skattalögum. Að öðrum kosti komi ákvæðið fram í ákvæði til bráðabirgða við viðkomandi sérlög þar sem eðli máls samkvæmt hefur ákvæðið einungis tímabundin réttaráhrif.

477. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um hvalveiðar.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna.

Greinargerð.

Hvalveiðar í atvinnuskyni voru stundaðar við strendur Íslands á hverju sumri árin 1948–1985, en þá gekk í gildi tímabundið veiðibann samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins. Næstu fjögur sumur, 1986–1989, voru stundaðar takmarkaðar hvalveiðar í samræmi við fjögurra ára rannsóknaáætlun, en síðan hafa Íslendingar engar hvalveiðar stundað enda bann hvalveiðiráðsins enn í gildi og fátt sem bendir til annars en að svo verði áfram.

Í viðauka við sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins segir:

„Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Stefna og starfshættir hvalveiðiráðsins hafa verið með þeim hætti á undanförnum árum að þessi markmið hafa verið gjörsamlega sniðgengin. Hvalveiðiráðið hefur á undanförnum árum orðið að eins konar hvalfriðunarstofnun.

Fyrr á þessu ári gekk Ísland úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og í framhaldi af því voru stofnuð samtökin Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið (NAMMCO) sem eru svæðisbundin samtök um verndun og stjórnun nýtingar hvala- og selastofna, en að þeim standa auk Íslands Noregur, Færeyjar og Grænland.

Íslendingar eru aðilar að hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í 65. gr. samningsins segir m.a.:

„Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Stofnun NAMMCO var því nauðsynleg til að stjórna skynsamlegri nýtingu hvalastofna í Norður-Atlantshafi.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro sl. sumar, var samþykkt að reglur um sjálfbæra nýtingu skuli gilda bæði um fiskstofna og sjávarspendýr með þeim takmörkunum að ekki verði veitt úr þeim stofnum sem taldir eru í hugsanlegri útrýmingarhættu.

Ástand hvalastofna.

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni 1986–1990. Rannsóknir þessar miðuðust við að efla þekkingu á ástandi og veiðiþoli hvalastofna við Ísland og kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land. Þær fólust m.a. í skipulegri talningu hvala árin 1986, 1987 og 1989. Við talninguna fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknasvæðinu, ekki síst hvalastofna sem nýttir hafa verið hér við land á undanförnum áratugum. Þessar rannsóknir, sem gerðar voru í samstarfi við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf, leiddu m.a. í ljós eftirfarandi niðurstöður:

1. Um 28.000 hrefnur voru á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu.
2. 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland — Ísland — Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðar 50°N.
3. 10.800 sandreyðar voru á leitarsvæði íslensku skipanna.
4. Tæplega 2.000 hnúfubakar voru á íslenska hafsvæðinu.
5. Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra. Eftir talningar 1987 og 1989 telja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar vafalítið að búrhvalir skipti nokkrum þúsundum á íslenska talningarsvæðinu.

Af framansögðu má ljóst vera að mikil hvalamergð er í hafinu við Ísland og hefur þeim vafalaust fjölgað verulega á þeim 3–5 árum sem liðin eru síðan talning fór fram.

Það er því augljóst að Íslendingum er ekki bara óhætt, heldur nauðsynlegt, að hefja hvalveiðar að nýju til að raska ekki frekar en orðið er lífkerfi hafsins. Til langtíma séð hlýtur offjölgun hvala að bitna á fiskstofnum og valda samdrætti í fiskveiðum, en talið er að árleg neysla þeirra nemi meira í tonnum talið en heildarársafli Íslendinga.

Mikilvægi hvalveiða og atvinna af veiðum og vinnslu.

Framleiðsluverðmæti hvalaafurða árin 1980–1985 námu að meðaltali 1.157 millj. kr. á ári, reiknað á verðlagi í nóvember 1991, sjá fskj. I. Þá var hlutfall hvalaafurða á bilinu 1,5–2,5% af útflutningsverðmæti sjávarafurða 1980–1985, sjá fskj. II.

Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar nam aflaverðmæti hrefnuveiðibáta, sem voru níu talsins, á árunum 1980–1985 að meðaltali 124,5 millj. kr. á ári á verðlagi í nóvember 1991.

Síðasta árið, sem hvalveiðar voru stundaðar í atvinnuskyni, árið 1985, störfuðu um 250 manns hjá Hval hf. á hvalvertíðinni. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsmenn í hvalstöðinni í Hvalfirði og starfsmenn frystihúss Hvals hf. í Hafnarfirði. Eru þá ótaldir þeir sem stunduðu veiðar og vinnslu á hrefnu. Alls voru um 150 ársverk við veiðar og vinnslu hvals árið 1985.

Ályktanir.

Mörg stór samtök á vinnumarkaðnum hafa eindregið hvatt til þess að hvalveiðar hefjist á ný. Meðal þeirra sem sendu frá sér ályktanir þar að lútandi haustið 1991 voru: Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Verkamannasamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna og fiskiþing.

Þá ályktaði Alþýðusamband Íslands um hvalveiðar á nýafstöðnu þingi sínu í nóvember 1992, sjá fskj. III.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Hvalaafurðir árin 1975–1989.

		Magn tonn	Framleiðslu-verðmæti kr.	Meðalverð útflutn.	Verðmæti m.v. meðalv. nóv 1991	Framfærslu-vísitala	Verðmæti m.v. framf.v. nóv. 91
1975		6887.3	5.31	0.71	1033.10	1.41	602.68
1976		7617.3	7.46	0.94	1142.60	1.86	641.81
1977		6490.6	9.66	1.45	973.59	2.43	636.15
1978		7501.5	16.22	2.33	1125.23	3.50	741.34
1979		9010.5	32.40	3.91	1351.58	5.09	1018.50
1980		8227.2	48.93	5.98	1234.08	8.07	970.15
1981		8039.2	77.50	9.34	1205.88	12.17	1018.93
1982		6913.7	124.13	16.58	1037.06	18.38	1080.54
1983		5184.4	314.13	50.63	777.66	33.86	1484.38
1984		6071.9	379.77	77.43	910.79	43.74	1389.18
1985		5171.6	363.05	56.53	775.74	57.99	1001.70
1986		3092.9	205.62	65.43	463.94	70.22	468.51
1987	Birðgabreyting	1821.7	86.94	107.69	273.26	83.40	166.79
1988	Birgðabreyting	1605.4	183.89	114.54	240.81	104.60	281.28
1989	Birgðabreyting	1112.0	28.63	118.80	166.80	126.70	36.15
1990					0.00	145.50	0.00
nóv. 1991				150.00	0.00	160.00	0.00

Þjóðhagsstofnun:

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða á verðlagi hvers árs (í millj. kr.).

(13. nóvember 1991.)

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
1. Nýr og ísaður fiskur	16.0	18.1	14.6	19.7	13.4	56.2	116.4	227.6	200.5	390.5	742.7	1147.0	2528.6
2. Frysting	93.8	120.1	176.4	251.7	402.4	665.1	1141.8	1444.2	2004.8	3465.7	7513.3	8948.5	12626.4
a) Botnfiskafli	76.1	98.7	161.5	221.5	355.4	604.2	1001.9	1255.0	1739.0	3031.7	6243.2	7210.9	9978.1
b) Síld				0.6	6.0	9.9	35.5	31.7	47.8	104.3	117.3	77.1	139.3
c) Loðna	6.0	10.6	0.9	5.4	6.1	0.2	26.9	9.9	2.4	8.6		12.8	20.1
d) Humar	4.1	3.8	7.3	10.2	13.7	14.9	18.6	41.8	67.0	117.0	303.1	339.0	381.6
e) Rækja	5.8	6.2	5.0	11.4	14.9	23.2	40.7	74.7	66.8	120.1	517.3	899.6	1718.0
f) Hörpudiskur	1.8	0.8	1.7	2.6	6.3	12.7	18.2	31.1	61.8	84.0	332.4	409.1	389.3
3. Söltun	32.7	68.0	106.4	128.7	134.4	191.0	297.4	605.7	1168.0	1684.1	2149.6	2430.6	3810.2
a) Verkaður saltf.	3.2	9.6	10.2	7.6	8.3	6.7	19.0	19.1	18.5	65.8	82.4	110.7	49.7
b) Óverkaður saltf.	26.4	55.9	88.1	108.1	112.3	170.1	257.3	542.3	1084.4	1582.2	1975.6	2133.7	3543.5
c) Söltuð hrogn	0.7	0.9	2.2	4.3	5.9	5.1	8.3	20.4	28.3	24.7	37.9	56.2	83.5
d) Söltuð grásl. hr.	2.4	1.6	5.9	8.7	7.9	9.1	12.8	23.9	36.8	11.4	53.7	130.0	133.5
4. Hersla	4.6	3.9	8.8	33.8	52.0	10.0	77.1	404.4	955.6	979.8	436.5	524.8	183.0
a) Skreið	4.6	3.9	8.8	33.8	52.0	10.0	77.1	361.9	846.7	869.0	351.4	356.7	164.5
b) Hausar								42.5	108.9	110.8	85.1	168.1	18.5
5 Reyking						0.2	0.1	0.3	0.3	0.5	1.0	0.2	1.4
6. Lifrarbræðsla	1.4	2.5	3.7	4.5	3.1	5.3	9.4	17.3	31.9	40.5	40.5	56.0	39.8
7. Mjöl- og lýsisv.	41.3	45.1	46.2	69.4	189.4	301.8	372.0	503.2	677.8	195.5	879.4	2398.5	3507.2
a) Mjöl	37.1	37.6	34.2	55.0	134.3	208.1	254.9	369.1	469.6	158.4	654.7	1613.2	2170.8
b) Lýsi	4.2	7.5	12.0	14.4	55.1	93.7	117.1	134.1	208.2	37.1	224.7	785.3	1336.4
8. Síldarsöltun			13.0	15.5	25.8	46.6	68.5	151.8	145.2	256.4	485.7	675.6	869.6
9. Hvalvinnsla	2.4	3.2	5.2	7.2	9.4	15.8	32.2	49.6	77.5	124.1	314.1	379.8	363.1
10. Fiskmeltuvinnsla											1.0	1.0	7.8
Sjávarafurðir, samtals	192.2	260.9	374.3	530.5	829.9	1292.0	2114.9	3404.1	5261.6	7137.1	12563.8	16562.0	23937.1
Birgðabreytingar	-3.2	-19.9	-5.5	-2.8	-78.5	54.8	-34.5	-57.5	-146.0	-776.3	103.7	-662.3	1217.7
Útflutningur	189.0	241.0	368.8	527.7	751.4	1346.8	2080.4	3346.6	5115.6	6360.8	12667.5	15899.7	25154.8

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða á verðlagi hvers árs.
Hlutfallsleg skipting eftir vinnslugreinum.
(13. nóvember 1991.)

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
1. Nýr og ísaður fiskur	8.3%	6.9%	3.9%	3.7%	1.6%	4.3%	5.5%	6.7%	3.8%	5.5%	5.9%	6.9%	10.6%
2. Frysting	48.8%	46.0%	47.1%	47.4%	48.5%	51.5%	54.0%	42.4%	38.1%	48.6%	59.8%	54.0%	52.7%
a) Botnfiskafli	39.6%	37.8%	43.1%	41.8%	42.8%	46.8%	47.4%	36.9%	33.4%	42.5%	49.7%	43.5%	41.7%
b) Síld	0.0%	0.0%	0.0%	0.1%	0.7%	0.8%	1.7%	0.9%	0.9%	1.5%	0.9%	0.5%	0.6%
c) Loðna	3.1%	4.1%	0.2%	1.0%	0.7%	0.0%	1.3%	0.3%	0.0%	0.1%	0.0%	0.1%	0.1%
d) Humar	2.1%	1.5%	2.0%	1.9%	1.7%	1.2%	0.9%	1.2%	1.3%	1.6%	2.4%	2.0%	1.6%
e) Rækja	3.0%	2.4%	1.3%	2.1%	1.8%	1.8%	1.9%	2.2%	1.3%	1.7%	4.1%	5.4%	7.2%
f) Hörpudiskur	0.9%	0.3%	0.5%	0.5%	0.8%	1.0%	0.9%	0.9%	1.2%	1.2%	2.6%	2.5%	1.6%
3. Söltun	17.0%	26.1%	28.4%	24.3%	16.2%	14.8%	14.1%	17.8%	22.2%	23.6%	17.1%	14.7%	15.9%
a) Verkaður saltf.	1.7%	3.7%	2.7%	1.4%	1.0%	0.5%	0.9%	0.6%	0.4%	0.9%	0.7%	0.7%	0.2%
b) Óverkaður saltf.	13.7%	21.4%	23.5%	20.4%	13.5%	13.2%	12.2%	15.9%	20.6%	22.2%	15.7%	12.9%	14.8%
c) Söltuð hrogn	0.4%	0.3%	0.6%	0.8%	0.7%	0.4%	0.4%	0.6%	0.5%	0.3%	0.3%	0.3%	0.3%
d) Söltuð grásl. hr.	1.2%	0.6%	1.6%	1.6%	1.0%	0.7%	0.6%	0.7%	0.7%	0.2%	0.4%	0.8%	0.6%
4. Hersla	2.4%	1.5%	2.4%	6.4%	6.3%	0.8%	3.6%	11.9%	18.2%	13.7%	3.5%	3.2%	0.8%
a) Skreið	2.4%	1.5%	2.4%	6.4%	6.3%	0.8%	3.6%	10.6%	16.1%	12.2%	2.8%	2.2%	0.7%
b) Hausar	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	1.2%	2.1%	1.6%	0.7%	1.0%	0.1%
5 Reyking	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
6. Lifrarbræðsla	0.7%	1.0%	1.0%	0.8%	0.4%	0.4%	0.4%	0.5%	0.6%	0.6%	0.3%	0.3%	0.2%
7. Mjöl- og lýsisv.	21.5%	17.3%	12.3%	13.1%	22.8%	23.4%	17.6%	14.8%	12.9%	2.7%	7.0%	14.5%	14.7%
a) Mjöl	19.3%	14.4%	9.1%	10.4%	16.2%	16.1%	12.1%	10.8%	8.9%	2.2%	5.2%	9.7%	9.1%
b) Lýsi	2.2%	2.9%	3.2%	2.7%	6.6%	7.3%	5.5%	3.9%	4.0%	0.5%	1.8%	4.7%	5.6%
8. Síldarsöltun	0.0%	0.0%	3.5%	2.9%	3.1%	3.6%	3.2%	4.5%	2.8%	3.6%	3.9%	4.1%	3.6%
9. Hvalvinnsla	1.2%	1.2%	1.4%	1.4%	1.1%	1.2%	1.5%	1.5%	1.5%	1.7%	2.5%	2.3%	1.5%
10. Fiskmeltuvinnsla	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
Sjávarafurðir, samtals	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%
Birgðabreytingar	-1.7%	-7.6%	-1.5%	-0.5%	-9.5%	4.2%	-1.6%	-1.7%	-2.8%	-10.9%	0.8%	-4.0%	5.1%
Útflutningur	98.3%	92.4%	98.5%	99.5%	90.5%	104.2%	98.4%	98.3%	97.2%	89.1%	100.8%	96.0%	105.1%

Fylgiskjal III.

Ályktun um hvalveiðar, samþykkt á 37. þingi Alþýðusambands Íslands á Akureyri í nóvember 1992.

37. þing ASÍ skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér nú í vetur fyrir því að hafnar verði hvalveiðar og vinnsla á afurðum á Íslandi á næstu vertíð að sumri.

Í hvalstöðinni í Hvalfirði og reyndar víðar, þar sem t.d. hrefnuveiðar hafa verið stundaðar, leynast tugir atvinnutækifæra fyrir íslenskt verkafólk að ógleymdum þeim útflutningstekjum sem þessar afurðir geta skilað til ríkis og sveitarfélaga. Að láta slík tækifæri liggja milli hluta er hreint forkastanlegt og því skorar þingið á alla sem geta beitt sér í málinu að taka undir og knýja það fram.

478. Svar [251. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hermanns Níelssonar um gjaldþrot fyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á árinu 1991 og það sem af er árinu 1992?*
2. *Hvar voru fyrirtækin skráð?*
3. *Hve háar upphæðir var um að ræða í hverju sveitarfélagi og í heild yfir landið í lýstum kröfum?*
4. *Hvernig skiptust lýstar kröfur á milli opinberra sjóða, banka og fyrirtækja, hve mikið tapaðist og hvernig skiptust töpin á milli sveitarfélaga?*

Samtals 540 fyrirtæki voru úrskurðuð gjaldþrota á þessu tímabili og voru þau skráð á eftirfarandi stöðum:

Akranes	3	Húsavík	3
Borgarnes	5	Reykdælahreppur	1
Grundarfjörður	2	Raufarhöfn	2
Stykkishólmur	2	Seyðisfjörður	1
Rif, Neshreppi utan Ennis	1	Fellabær	1
Ólafsvík	3	Neskaupstaður	3
Búðardalur	1	Egilsstaðir	2
Tálknafjörður	2	Eskifjörður	1
Ísafjörður	8	Höfn	1
Bíldudalur	1	Vík	3
Barðastrandarhreppur	1	Vestmannaeyjar	4
Flateyri	1	Hvolhreppur	1
Suðureyri	3	Ásahreppur	1
Nauteyrarhreppur	1	Ölfushreppur	9
Blönduós	1	Selfoss	3
Skagaströnd	1	Hveragerði	2
Hvammstangi	2	Gnúpverjahreppur	1
Sauðárkrókur	2	Laugardalshreppur	1
Hofshreppur	1	Eyrarbakki	1
Siglufjörður	1	Keflavík	12
Ólafsfjörður	2	Sandgerði	3
Akureyri	22	Vogar	5
Dalvík	2	Grindavík	3
Árskógshreppur	1	Garður	3
Presthólahreppur	1	Njarðvík	2
Svalbarðsstrandarhreppur	1	Garðakaupstaður	1
Glæsibæjarhreppur	1	Hafnarfjörður	2
Eyjafjarðarsveit	1	Kópavogur	18
		Reykjavík	321

Ekki voru tiltækar upplýsingar um hvar 56 fyrirtæki eru skráð.

Upplýsingar um lýstar kröfur liggja ekki fyrir enda tíðkast ekki að málaskrár séu svo ítarlegar að rekja megi lýstar kröfur með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

479. Frumvarp til laga [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað síðari málsliðar 2. gr. laganna kemur: Þá er Stofnlánadeild heimilt að fella niður allt að helmingi af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið til hjá deildinni vegna loðdýraræktar. Heimildin nær til afskriftar á lánum og niðurfellingar vaxta eftir nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur að höfðu samráði við stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra og byggist á áliti nefndar sem fjallað hefur um fjárhagsvanda loðdýrabænda. Frumvarpið felur í sér að Stofnlánadeild landbúnaðarins eru veittar heimildir til að fella niður sem svarar helmingi af heildarskuldbindingum loðdýrabænda við Stofnlánadeild.

Búist var við að þessi nýja búgrein gæti að einhverju marki komið í stað þess óhjákvæmilega samdráttar sem orðið hefur í hefðbundnum greinum landbúnaðarins á síðustu árum og þannig treyst búsetu á landsbyggðinni. Verðfall á loðdýraafurðum hefur hins vegar leitt til mikils vanda í þessari grein.

Þá er lög nr. 112/1989 voru sett hafði loðdýrarækt búið við mikinn rekstrarvanda um nokkurt skeið. Í greinargerð með þeim lögum segir að þau miði að aðgerðum í þágu loðdýraræktarinnar sem auðvelda skulu einstökum loðdýrabændum að taka ákvörðun um framtíð búrekstrar síns. Því miður hefur ekki tekist sem skyldi að rétta fjárhagsstöðu loðdýrabænda. Þess er vænst að með frumvarpi þessu sé fundin leið til að treysta grundvöll loðdýraræktarinnar þannig að sú þekking og reynsla sem fengist hefur varðveitist og nýtist þegar betur árar.

480. Nefndarálit [78. mál]

við frv. um breyt. á l. nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem hefur þann megintilgang að fella brott úr gildandi lögum heimild, sem hingað til hefur aldrei verið beitt, til takmörkunar á innflutningi á eftirlitsskyldum vörum til verndunar innlendrar framleiðslu.

Nefndin fékk á fund sinn Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneytinu og Gunnar Sigurðsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins en þeir stóðu meðal annarra að gerð

þessa frumvarps. Í máli þeirra kom m.a. fram að brýn nauðsyn er á heildarendurskoðun þessara laga og er nú starfandi nefnd á vegum landbúnaðarráðherra sem hefur þá endurskoðun með höndum. Nefndinni bárust umsagnir frá yfirdýralækni, Áburðarverksmiðju ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands. Að ósk nefndarinnar tók Gunnar Sigurðsson saman stutta álitsgerð um framkvæmd þessara mála og birtist hún sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali:

Lagðar eru til tvær breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi að landbúnaðarráðherra skuli hafa samráð við sérfróða aðila áður en hann ákveður hvaða upplýsingar skuli fylgja vörum sem lög þessi ná yfir og gefur út reglugerð þar að lútandi. Í öðru lagi er lagt til að við greinina bætist nýr málsliður þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli í reglugerð kveða á um staðla og merkingar. Með þeirri tillögu er leitast við að gera eftirlitið virkara og sjálfstæðara en áður auk þess að tryggja að kaupendur geti treyst því að þær fóðurvörur sem í boði eru henti þeim og aðstæðum hér á landi.

Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 5. gr., er breyti 19. gr. laganna þannig að í stað orðsins „Áburðarverksmiðjan“ komi: seljandi áburðar. Þessi breyting þykir eðlileg með hliðsjón af því að á grundvelli hugsanlegs EES-samstarfs er gert ráð fyrir að einkaleyfi Áburðarverksmiðju ríkisins til framleiðslu og sölu á áburði falli niður.

Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein, er verði 6. gr., til viðbótar við 24. gr. laganna. Samkvæmt lagagreininni á gjaldtaka fyrir eftirlit að miðast við að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði. Í framkvæmd hefur verið um að ræða flatan skatt á þær framkvæmdir sem eftirlitið tekur til. Eðlilegra er að eftirlitsgjald leggist á sérhvern vörusala í samræmi við kostnað þann er af eftirliti hjá honum hlýst. Eftirlitsgjaldið ætti þannig að vera í formi þjónustugjalds þar sem söluaðilar greiði samkvæmt reikningi fyrir eftirlitið í samræmi við umfang eftirlitsstarfsins hjá hverjum og einum. Þannig væri tryggt að þeim sem eru með góða vöru yrði ekki gert að bera kostnað við eftirlit hjá þeim er versla með lakari vöru.

Enn fremur er lagt til að orðalag 5. gr. frumvarpsins breytist og loks að lög þessi öðlist þegar gildi þar sem þau þykja horfa til eðlilegra breytinga án tillits til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds.	Össur Skarphéðinsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Eggert Haukdal.
Árni R. Árnason.		Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins:

Álitsgerð Gunnars Sigurðssonar til landbúnaðarnefndar Alþingis.
(15. desember 1992.)

Tilgangur með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er að sníða af gildandi lögum þá heimild sem nú er til mismununar á íslenskum og innfluttum vörum þeirra vöruflokka sem lögin taka til. Hér eru óverulegar efnisbreytingar á ferð.

Við gerð frumvarpsins varð ljós sú brýna þörf sem er á heildarendurskoðun gildandi laga og reglugerða. Nú nýverið, eftir að frumvarpið var lagt fram, skipaði landbúnaðarráðherra því nefnd til slíkrar heildarendurskoðunar. Í þeirri nefnd eiga sæti Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og undirritaður.

Ljóst er að við gildistöku samningsins um EES breytist það viðskiptaumhverfi sem verið hefur fyrir vöruflokka þá sem lög þessi taka til. Ýmis þau atriði, sem nægjanlegt hefur verið að hafa á samkomulagsgrundvelli eftirlits og viðskiptaaðila, þarf nú að setja í reglugerðir. Sem dæmi um þetta má nefna að sl. áratug hefur samkvæmt ábendingu eftirlitsdeildar verið í gildi hjá Áburðarverksmiðju ríkisins sú framleiðslustefna að aðeins skuli nota sérstaklega hrein hráefni til áburðarframleiðslu. Þetta þýðir að áburður sem nú er framleiddur í Gufunesi er með minna kadmíum (Cd) en víðast hvar er notað annars staðar. Þetta hefur án efa þýtt aðeins dýrari hráefniskaup fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins en það þýðir jafnframt að undanfarin ár hefur áburður framleiddur hér á landi aðeins innihaldið tæpan helming af því kadmíum sem EB er að setja nú sem markmið.

Vegna athugasemda Íslendinga og fleiri við upphaflega skoðun laga í viðauka II., kafla 14 um áburð (bls. 163) hefur EB fallist á sjónarmið sem sett voru fram í þessu tilliti. Við höfum því leyfi til að halda þessari sérstöðu og EB mun aðlaga sig þessum umhverfissjónarmiðum í viðskiptum með áburð.

Erlendis er víða talið erfitt að stunda nútímabúfjárhald nema með stöðugri lyfjanotkun í fóður til að tryggja heilbrigði dýranna og betri afurðasemi. Hér á landi hefur ríkt sú skoðun að lyf skuli aðeins nota í búfjárrækt í sjúkdómstilvikum og þá samkvæmt tilvísun dýralæknis. Ein undantekning hefur verið frá þessu sem er notkun hnislasóttarlyfja í fóðri kjúklinga. Þetta gefur íslenskri búfjárframleiðslu sérstöðu. EB er á næstunni að gefa út staðla fyrir hvað talist getur „lífræn framleiðsla“ í búfjárrækt. Sú stefna sem ríkt hefur hér á landi gerir hugsanlega kleift að markaðsfæra stóran hluta okkar landbúnaðarframleiðslu sem lífræna framleiðslu.

Sérstaða okkar í þessu tilliti hefur einnig verið viðurkennd af hálfu EB. Í samningnum nú eru í gildi ákvæði um að þessar reglur er varða lyfjanotkun í fóður skuli koma til endurskoðunar árið 1995. Sívaxandi skilningur á gildi hreinleika í framleiðslu á landbúnaðarvörum mun gera okkur kleift að tryggja þessum sjónarmiðum brautargengi áfram.

Vegna athugasemda hæstvirtrar landbúnaðarnefndar um samræmingu á kostnaði við framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalda skal tekið fram að skv. 24. gr. gildandi laga skal miða innheimtuna við raunverulegan kostnað við framkvæmd eftirlitsins. Á þessu sviði eins og ýmsum öðrum hefur verið tekið mið af þessum tekjum við gerð fjár-

laga fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Stjórn RALA hefur hins vegar ekki talið fært vegna annarra verkefna að verja eftirlitsgjaldinu eingöngu til eftirlitsstarfa. Þannig hefur starfsemi eftirlitsdeildar verið skorin niður á undanförnum árum og er ófullnægjandi við ríkjandi viðskiptahætti hvað þá ef það viðskiptaumhverfi, sem EES markar, tekur gildi. Við opnun viðskipta eykst, eins og áður segir, þörfin fyrir nánari skilgreiningar og meiri og nákvæmari mælingar.

Heimilt er samkvæmt reglum EB að innheimta eftirlitsgjöld til að standa straum af kostnaði við eftirlit. En tryggja verður að innheimta eftirlitsgjalda sé ekki óbein skattheimta heldur sé féð notað til raunverulegra eftirlitsstarfa.

Mikið verkefni leggst á íslensk stjórnvöld að fylgjast með áframhaldandi lagasetningu EB um þá málaflokka sem hér hefur verið fjallað um. Undirritaður hefur eftir föngum reynt að tryggja sér yfirsýn samhliða núverandi störfum. Þetta atriði eitt og sér kallar á aukna vinnu og árvekni sem síðan getur gefið mikla möguleika.

481. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar eða staðla yfir einstaka vöruflokka sem henti einstökum búfjártegundum.
2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (5. gr.)
      Í stað orðsins „Áburðarverksmiðjan“ í 19. gr. laganna kemur: seljandi áburðar.
   b. (6. gr.)
      Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Við setningu reglugerðar skv. 1. mgr. skal tekið tillit til raunverulegs kostnaðar af framkvæmd eftirlits með söluaðila og hverri vörutegund fyrir sig.
3. Við 5. gr. (er verði 7. gr.).
   a. Í stað orðsins „eftirlitsaðili“ í fyrri málsgrein komi: (í viðeigandi beygingarfalli) eftirlitsaðili.
   b. Síðari málsgrein orðist svo:
      Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: eftirlitsaðila, og í stað orðanna „eftirlitsdeild“ og „eftirlitsdeildinni“ í 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili.
4. Við 6. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

482. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, GunnS, ÁJ, EKG, ÁMM).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1993 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	241 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	954 000	
5,8	Gjöld samtals	1 230 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 499 000	
48	Fjármunatekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	1 530 000	
	Mismunur		300 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	60 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	300 000	

		þús. kr.	þús. kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	36 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 600	
571	Fjármagnskostnaður	2 600	
51-57	Viðhald	6 900	
593	Afskriftir	500	
5,8	Gjöld samtals	139 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	142 000	
48	Fjármunatekjur	6 300	
4,7	Tekjur samtals	148 300	
	Mismunur		9 200
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	5 000	
39	Fært á höfuðstól	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	9 200	
22-211	**Háskólabíó**		
51	Laun	39 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	38 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 100	
571	Fjármagnskostnaður	49 700	
51-57	Viðhald	18 400	
593	Afskriftir	34 400	
5,8	Gjöld samtals	268 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	204 900	
48	Fjármunatekjur	20 400	
49	Aðrar tekjur	25 600	
4,7	Tekjur samtals	250 900	
	Mismunur		-17 100

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	10 200	
26	Afborgun lána	27 900	
39	Fært á höfuðstól	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	34 400	
26	Tekin lán	22 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-17 100	
22-233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	115 000	
5,8	Gjöld samtals	115 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	115 000	
4,7	Tekjur samtals	115 000	
22-235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	142 000	
5,8	Gjöld samtals	142 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	115 000	
4,7	Tekjur samtals	142 000	
22-276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	2 100	
59	Yfirfærslur	52 500	
5,8	Gjöld samtals	54 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	60 000	
4,7	Tekjur samtals	60 000	
	Mismunur		5 400
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 400	

		þús. kr.	þús. kr.
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 500	
593	Afskriftir	700	
5,8	Gjöld samtals	8 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 200	
4,7	Tekjur samtals	10 200	
	Mismunur		2 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 000	
39	Fært á höfuðstól	1 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 100	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	49 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	38 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 074 000	
5,8	Gjöld samtals	1 161 000	
48	Fjármunatekjur	318 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 760 000	
49	Aðrar tekjur	39 000	
4,7	Tekjur samtals	2 117 000	
	Mismunur		956 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 260 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 140 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	556 000	
26	Tekin lán	3 900 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	956 000	

22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**	þús. kr.	þús. kr.
54-58	Önnur rekstrargjöld	18 000	
593	Afskriftir	115 000	
5,8	Gjöld samtals	133 000	
49	Aðrar tekjur	213 000	
4,7	Tekjur samtals	213 000	
	Mismunur		80 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	178 000	
26	Afborgun lána	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	115 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	80 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	402 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	342 000	
571	Fjármagnskostnaður	17 000	
593	Afskriftir	13 000	
59	Yfirfærslur	82 000	
5,8	Gjöld samtals	856 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	818 000	
48	Fjármunatekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	843 000	
	Mismunur		-13 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-13 000	

		þús. kr.	þús. kr.
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	496 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	698 000	
571	Fjármagnskostnaður	34 000	
593	Afskriftir	38 000	
59	Yfirfærslur	131 000	
5,8	Gjöld samtals	1 397 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 306 000	
48	Fjármunatekjur	60 000	
49	Aðrar tekjur	12 100	
4,7	Tekjur samtals	1 378 100	
	Mismunur		-18 900
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	19 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	38 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-18 900	
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	290 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	121 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	20 500	
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
51-57	Viðhald	5 100	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	451 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	148 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	3 100	
4,7	Tekjur samtals	451 600	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	

22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	þús. kr.	þús. kr.
51	Laun	138 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	59 600	
51-57	Viðhald	3 100	
5,8	Gjöld samtals	201 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 100	
4910	Framlag úr ríkissjóði	102 000	
49	Aðrar tekjur	75 100	
4,7	Tekjur samtals	201 200	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	168 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	139 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 115 400	
593	Afskriftir	19 200	
5,8	Gjöld samtals	1 442 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 892 000	
48	Fjármunatekjur	8 400	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 901 400	
	Mismunur		458 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	18 000	
59	Greitt í ríkissjóð	460 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	19 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	458 800	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	145 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	53 800	
51-57	Viðhald	4 900	
593	Afskriftir	3 200	
59	Yfirfærslur	19 800	
5,8	Gjöld samtals	227 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	201 300	
48	Fjármunatekjur	800	
49	Aðrar tekjur	20 700	
4,7	Tekjur samtals	222 800	
	Mismunur		-4 500

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-4 500	
39	Fjárvöntun	6 000	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	131 400	
571	Fjármagnskostnaður	235 800	
51-57	Viðhald	49 300	
593	Afskriftir	112 000	
5,8	Gjöld samtals	528 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	275 100	
49	Aðrar tekjur	107 400	
4,7	Tekjur samtals	382 500	
	Mismunur		-146 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	11 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	112 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-146 000	
39	Fjárvöntun	45 700	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	268 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	235 800	
571	Fjármagnskostnaður	10 200	
593	Afskriftir	5 500	
5,8	Gjöld samtals	519 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	519 500	
4,7	Tekjur samtals	519 500	
	Mismunur		-100

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-100	
23-121	**Sala varnarliðseigna**		
51	Laun	21 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	17 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	66 700	
51-57	Viðhald	200	
593	Afskriftir	3 500	
5,8	Gjöld samtals	109 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	123 000	
48	Fjármunatekjur	7 200	
49	Aðrar tekjur	4 600	
4,7	Tekjur samtals	134 800	
	Mismunur		25 500
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	29 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	25 500	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24-221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	246 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	305 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	286 200	
571	Fjármagnskostnaður	48 900	
51-57	Viðhald	52 200	
593	Afskriftir	188 700	
5,8	Gjöld samtals	1 127 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 103 000	
48	Fjármunatekjur	26 200	
4,7	Tekjur samtals	1 129 200	
	Mismunur		1 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	42 500	
26	Afborgun lána	115 100	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	32 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	188 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 700	

		þús. kr.	þús. kr.
24-245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	12 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	3 600	
51-57	Viðhald	600	
593	Afskriftir	6 700	
59	Yfirfærslur	17 800	
5,8	Gjöld samtals	45 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 800	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	47 000	
	Mismunur		1 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
26	Afborgun lána	6 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 400	
24-272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	6 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	9 600	
51-57	Viðhald	600	
5,8	Gjöld samtals	16 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 700	
4,7	Tekjur samtals	16 700	
24-281	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
4910	Framlag úr ríkissjóði	115 000	
4,7	Tekjur samtals	115 000	
	Mismunur		115 000

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	110 400	
26	Afborgun lána	4 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	115 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25-222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	104 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	552 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	924 000	
571	Fjármagnskostnaður	150 000	
593	Afskriftir	120 000	
5,8	Gjöld samtals	1 850 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 841 000	
4,7	Tekjur samtals	1 841 000	
	Mismunur		-9 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	241 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	120 000	
26	Tekin lán	130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-9 000	
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51-57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	74 800	
	Mismunur		60 000

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	60 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	60 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	16 100	
5,8	Gjöld samtals	20 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 200	
4,7	Tekjur samtals	20 200	
26-731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 700	
59	Yfirfærslur	17 600	
5,8	Gjöld samtals	23 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 900	
48	Fjármunatekjur	1 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 300	
4,7	Tekjur samtals	23 500	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	400	
5,8	Gjöld samtals	400	
48	Fjármunatekjur	5 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	6 300	
	Mismunur		5 900
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 900	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	113 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	10 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 792 000	
5,8	Gjöld samtals	3 915 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	160 000	
48	Fjármunatekjur	3 255 000	
4,7	Tekjur samtals	3 415 000	
	Mismunur		-500 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	370 000	
18	Fjárfesting	10 000	
26	Afborgun lána	4 319 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	1 300 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	158 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 797 000	
26	Tekin lán	3 860 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-500 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 620 000	
5,8	Gjöld samtals	1 835 000	
48	Fjármunatekjur	521 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	925 000	
49	Aðrar tekjur	500 000	
4,7	Tekjur samtals	1 946 000	
	Mismunur		111 000

		þús. kr.	þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 309 000	
26	Afborgun lána	1 120 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	448 000	
26	Tekin lán	6 870 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	111 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28-273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	108 400	
59	Yfirfærslur	2 340 000	
5,8	Gjöld samtals	2 448 400	
48	Fjármunatekjur	100 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 464 000	
49	Aðrar tekjur, sveitarfélög	501 400	
4,7	Tekjur samtals	2 065 400	
	Mismunur		-383 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	133 000	
18	Sala eigna	250 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-383 000	
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	77 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	88 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	101 100	
51-57	Viðhald	4 600	
593	Afskriftir	7 000	
5,8	Gjöld samtals	278 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	282 000	
4,7	Tekjur samtals	282 000	
	Mismunur		3 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 100	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 100	

		þús. kr.	þús. kr.
28-378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	332 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	191 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 376 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 300	
51-57	Viðhald	89 000	
593	Afskriftir	89 000	
59	Yfirfærslur	325 900	
5,8	Gjöld samtals	3 404 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 689 900	
48	Fjármunatekjur	11 400	
49	Aðrar tekjur	200	
4,7	Tekjur samtals	9 701 500	
	Mismunur		6 296 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
26	Afborgun lána	5 800	
59	Greitt í ríkissjóð	6 350 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	89 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 296 800	

		þús. kr.	þús. kr.
29-102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	117 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	47 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	555 800	
571	Fjármagnskostnaður	8 900	
51-57	Viðhald	5 100	
593	Afskriftir	21 700	
5,8	Gjöld samtals	756 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	807 600	
48	Fjármunatekjur	21 500	
4,7	Tekjur samtals	829 100	
	Mismunur		72 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	70 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	25 000	
26	Greiðsla á skuldum við ríkissjóð	10 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	21 700	
26	Tekin lán	11 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	72 200	
29-103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	48 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	23 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 524 900	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	1 400	
593	Afskriftir	1 700	
5,8	Gjöld samtals	1 601 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 589 000	
48	Fjármunatekjur	4 600	
49	Aðrar tekjur	8 000	
4,7	Tekjur samtals	1 601 600	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 700	

		þús. kr.	þús. kr.
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	84 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	39 100	
5,8	Gjöld samtals	123 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	116 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	44 000	
4,7	Tekjur samtals	160 200	
	Mismunur		36 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	36 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	36 500	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	27 800	
51-57	Viðhald	26 100	
593	Afskriftir	6 200	
5,8	Gjöld samtals	103 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	103 800	
4,7	Tekjur samtals	103 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	6 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 200	

		þús. kr.	þús. kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	40 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	38 600	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
5,8	Gjöld samtals	88 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 300	
48	Fjármunatekjur	60 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	320 000	
49	Aðrar tekjur	44 300	
4,7	Tekjur samtals	428 600	
	Mismunur		340 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	420 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	80 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	340 000	
29-972	**Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	27 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	47 000	
571	Fjármagnskostnaður	977 000	
5,8	Gjöld samtals	1 051 000	
48	Fjármunatekjur	932 000	
49	Aðrar tekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	963 000	
	Mismunur		-88 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	3 778 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 440 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-88 000	
	Fært af höfuðstól	426 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	þús. kr.	þús. kr.
51	Laun	14 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	66 600	
51-57	Viðhald	131 600	
5,8	Gjöld samtals	212 600	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	212 600	
4,7	Tekjur samtals	212 600	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30-101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	3 650 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 010 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	35 000	
51-57	Viðhald	155 000	
593	Afskriftir	1 125 000	
5,8	Gjöld samtals	8 190 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 780 000	
48	Fjármunatekjur	65 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	8 970 000	
	Mismunur		780 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 430 000	
26	Afborgun lána	9 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	820 000	
59	Framlag til Eutelsat/Inmarsat	5 000	
39	Greiðsluafgangur	171 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 125 000	
26	Tekin lán	1 280 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	780 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	250 000	

		þús. kr.	þús. kr.
30-211	**Vegagerð ríkisins, þjónustumiðstöðvar**		
51	Laun	665 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 185 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	446 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51-57	Viðhald	784 000	
593	Afskriftir	103 000	
5,8	Gjöld samtals	3 186 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 350 000	
4,7	Tekjur samtals	3 350 000	
	Mismunur		164 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	250 000	
26	Afborgun lána	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	103 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	164 000	
30-331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	10 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	22 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 100	
51-57	Viðhald	9 200	
593	Afskriftir	2 200	
5,8	Gjöld samtals	50 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	50 700	
48	Fjármunatekjur	500	
4,7	Tekjur samtals	51 200	
	Mismunur		400
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	2 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	400	

		þús. kr.	þús. kr.
30-333	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 500	
571	Fjármagnskostnaður	27 700	
59	Yfirfærslur	190 000	
5,8	Gjöld samtals	219 200	
48	Fjármunatekjur	36 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	90 000	
49	Aðrar tekjur	128 000	
4,7	Tekjur samtals	254 500	
	Mismunur		35 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	48 000	
26	Afborgun lána	53 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	66 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	35 300	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	556 400	
571	Fjármagnskostnaður	67 200	
593	Afskriftir	27 800	
5,8	Gjöld samtals	651 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	556 400	
48	Fjármunatekjur	20 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	57 700	
4,7	Tekjur samtals	634 400	
	Mismunur		-17 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	242 000	
26	Afborgun lána	58 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	27 800	
26	Tekin lán	290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-17 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	256 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	210 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 200	
571	Fjármagnskostnaður	41 000	
51-57	Viðhald	40 800	
593	Afskriftir	66 300	
5,8	Gjöld samtals	706 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	662 700	
48	Fjármunatekjur	25 600	
49	Aðrar tekjur	5 100	
4,7	Tekjur samtals	693 400	
	Mismunur		-13 300
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 000	
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	77 300	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 000	
18	Sala eigna	25 500	
19	Afskriftir	66 300	
26	Tekin lán	32 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-13 300	

		þús. kr.	þús. kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	550 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 010 000	
571	Fjármagnskostnaður	60 000	
593	Afskriftir	670 000	
5,8	Gjöld samtals	3 720 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 380 000	
48	Fjármunatekjur	80 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 480 000	
	Mismunur		-240 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	450 000	
26	Afborgun lána	40 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	90 000	
19	Afskriftir	670 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-240 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	11 000	
5,8	Gjöld samtals	13 100	
48	Fjármunatekjur	3 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	64 200	
4,7	Tekjur samtals	67 700	
	Mismunur		54 600
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	56 000	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	5 000	
59	Styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	25 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	54 600	

483. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, GunnS, ÁJ, EKG, ÁMM).

Við 4. gr. Fjárlagaliðir 03-101 til 03-950 orðist svo:

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			291 000
1 01	Yfirstjórn	176 900	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	15 300	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 700	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	74 600	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	15 500	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		296 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 600	
52–58	Önnur gjöld	192 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 900	
5	Gjöld samtals		**296 500**
03–102	**Varnarmálaskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 600
1 01	Varnarmálaskrifstofa	40 600	
	Gjöld samtals		40 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	17 600	
5	Gjöld samtals	40 600	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**37 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–103 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 900
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	11 900	
	Gjöld samtals		11 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	11 900	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**10 700**
03–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
03–201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			193 300
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	84 500	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	91 800	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		194 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 200	
52–58	Önnur gjöld	38 600	
5	Gjöld samtals	194 800	
4	Sértekjur	42 100	
	Mismunur		**152 700**

03–301 Sendiráð Íslands í Bonn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	29 200	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals		**29 200**

03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 100
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	29 100	
	Gjöld samtals		29 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 200	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
5	Gjöld samtals		**29 100**

03–303 Sendiráð Íslands í London

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Sendiráð Íslands í London	31 400	
	Gjöld samtals		31 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 800	
52–58	Önnur gjöld	13 600	
5	Gjöld samtals		**31 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 500
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	35 500	
	Gjöld samtals		35 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	14 200	
5	Gjöld samtals		**35 500**
03–305 Sendiráð Íslands í Ósló			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 600
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	25 600	
	Gjöld samtals		25 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals		**25 600**
03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 700
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	39 700	
	Gjöld samtals		39 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 200	
52–58	Önnur gjöld	17 500	
5	Gjöld samtals		**39 700**
03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 900
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	24 900	
	Gjöld samtals		24 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 700	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals		**24 900**

03–308 Sendiráð Íslands í Washington

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 200
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	36 200	
	Gjöld samtals		36 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	15 300	
5	Gjöld samtals		**36 200**

03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	31 400	
	Gjöld samtals		31 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	16 500	
5	Gjöld samtals		**31 400**

03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 700
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	43 700	
	Gjöld samtals		43 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 300	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals		**43 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	42 800	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 900	
52–58	Önnur gjöld	16 900	
5	Gjöld samtals		**42 800**
03–312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 100
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	42 100	
	Gjöld samtals		42 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 900	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals		**42 100**
03–313	**Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Fastanefnd Íslands hjá RÖSE í Vín	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 900	
52–58	Önnur gjöld	11 500	
5	Gjöld samtals		**24 400**
03–320	**Sendiráð, almennt**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			9 100
5 90	Viðhald	9 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 500
6 90	Tæki og búnaður	11 500	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals		**20 600**

03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	161 000	
	Gjöld samtals		161 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	161 000	
5	Gjöld samtals		**161 000**

03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 200
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	26 800	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	8 100	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	19 700	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9 600	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	15 000	
1 90	Ýmis neyðaraðstoð	30 000	
	Gjöld samtals		109 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	109 200	
5	Gjöld samtals		**109 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 100
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 500	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	600	
	Gjöld samtals		2 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**2 100**
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			302 800
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	21 600	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	6 500	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	4 300	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	6 200	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4 600	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 100	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP	900	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	8 500	
1 39	Evrópuráðið	11 100	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	13 500	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	32 800	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	900	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	5 300	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 900	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	200	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	300	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 200	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	6 600	
1 61	Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	57 900	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	32 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	16 000	
1 72	EFTA-dómstóllinn	5 300	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	62 100	
	Gjöld samtals		302 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	302 800	
5	Gjöld samtals		**302 800**

03–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 700
1 90	Rekstrarhagræðing	5 700	
	Gjöld samtals		5 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals		**5 700**
	Samtals		1 539 400

484. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, GunnS, ÁJ, EKG, ÁMM).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

3. gr.

Árið 1993 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 518,0**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1 490,0	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	149,0	
4111	Eignarskattur félaga	930,0	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	189,0	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	430,0	
4118	Erfðafjárskattur	330,0	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16 250,0**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13 450,0	
4126	Tekjuskattur félaga	2 800,0	
413	**Aðrir beinir skattar**		**425,0**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	425,0	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**1 265,0**
4200	Tollar	1 265,0	

421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**341,0**
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	9,0	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	80,0	
42154	Kartöflugjald	153,0	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	29,0	
4217	Jöfnunartollur	70,0	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**200,0**
4222	Gjald af sölu erlends gjaldeyris	200,0	
423	**Vörugjöld**		**11 200,0**
4232	Vörugjald af ökutækjum	2 260,0	
4233	Vörugjald af bensíni, almennt	1 730,0	
4234	Sérstakt vörugjald af bensíni	4 150,0	
4235-6	Vörugjald, almennt	2 985,0	
4239	Framleiðslugjald af áli	75,0	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 950,0**
4250	Virðisaukaskattur	40 950,0	
426	**Skattar af orku**		**77,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	77,0	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 356,5**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6 350,0	
4273	Gjald af einkasöluvörum	6,5	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**88,5**
42801	Skemmtanaskattur	80,0	
42802	Miðagjald	8,5	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**774,0**
4290	Aukatekjur	765,0	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9 450,0**
43001	Tryggingagjald	9 450,0	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 996,0**
4310	Þinglýsingar	100,0	
4311	Stimpilgjald	2 240,0	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1 390,0	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	520,0	
43131	Bifreiðagjald	1 315,0	
43142	Vitagjald	45,0	
43143	Skipaskoðunargjald	51,0	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	275,0	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	60,0	

47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1 500,0**
4719	Sala eigna	1 500,0	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4 000,0**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 650,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 350,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2 030,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	460,0	
48206	Póstur og sími	820,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	400,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	350,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
4999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		104 771,0

485. Svar [291. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðar Belga við Ísland.

1. Hve mörg belgísk skip fengu upphaflega veiðiheimildir við Ísland og hve miklar?

Með samningi frá 28. nóvember 1975 voru tólf tilgreindum belgískum togurum veittar heimildir til togveiða á ákveðnum svæðum hér við land. Hámarksafli var ákveðinn 6.500 lestir en þar af skyldi þorskur ekki fara yfir 1.500 lestir.

Í júní 1979 var hámarksafli lækkaður í 5.000 lestir og skyldi þorskafli ekki fara yfir 15% af heildarafla. Í júní 1981 var hámarksafli lækkaður í 4.400 lestir og skyldi þorskafli ekki fara yfir 25% af afla skips í hverri veiðiferð.

2. Hve mörg skip eru eftir?

Við gerð samnings árið 1975 var tólf skipum heimilað að stunda togveiðar eins og áður segir en þrjú skip hafa stundað veiðar hér við land í nokkur ár. Undanfarna mánuði hafa aðeins tvö skip verið að veiðum.

3. Hve mikinn afla hafa belgískir togarar veitt við Ísland frá upphafi samningsins?

Veiði Belga hér við land frá árinu 1976 hefur verið sem hér segir (í tonnum):

1976	6.244	1985	1.407
1977	5.970	1986	1.333
1978	5.625	1987	1.701
1979	5.629	1988	1.680
1980	5.100	1989	1.635
1981	3.882	1990	1.345
1982	1.307	1991	1.780
1983	1.368	1992*	1.015
1984	1.531		
Heildarafli samtals			**48.552**

* Miðast við októberlok.

4. Hve mikinn hluta veiðiheimildar sinnar hafa togararnir veitt síðustu fimm ár?

Síðustu fimm ár hafa heildarveiðiheimildir samtals verið 22.000 lestir, þ.e. 4.400 tonn á ári í fimm ár. Belgískir togarar hafa hins vegar aðeins veitt samtals 8.141 lest á árunum 1987–1991.

486. Frumvarp til laga [310. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. bráðabirgðaákvæðis laganna:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 1. málsl. kemur: 1993.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1993“ í 4. málsl. kemur: 1. janúar 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum. Nýlega hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra látið semja frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem gerðar eru tillögur um hlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Í frumvarpinu er lagt til að heilsuverndarstarf færist til Heilsuverndarstöðvarinnar og að stofnuninni verði skipuð sérstök stjórn. Ljóst er þó að ekki er nægur tími til að afgreiða það frumvarp fyrir áramót og er því með þessu frumvarpi lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar.

487. Frumvarp til laga [222. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aiyub, Abdul Halim, matreiðslumaður í Kópavogi, f. 17. september 1963 í Ísrael.
2. Altuna, Elba Felicita Núnez, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. október 1949 í Perú.
3. Anbari, Zakaria, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1968 í Marokkó.
4. Bára Borgþórsdóttir, skrifstofustúlka í Hafnarfirði, f. 3. mars 1933 í Hafnarfirði.
5. Benfield, Guðjón Charles, nemi í Reykjavík, f. 16. júlí 1974 í Reykjavík.
6. Biscarra, Francisca, verkakona í Reykjavík, f. 17. september 1952 á Filippseyjum.
7. Calderon, Evelyn Soon, húsmóðir á Flateyri, f. 25. janúar 1967 á Filippseyjum.

8. Caparida, Amelita P., iðnverkakona í Reykjavík, f. 25. febrúar 1969 á Filippseyjum.
9. Casey, Ester Talia, nemi í Reykjavík, f. 25. nóvember 1977 í Reykjavík.
10. Chavaro, John M., netagerðarmeistari í Reykjavík, f. 2. maí 1947 á Indlandi.
11. Christensen, Pia Monrad, háskólanemi í Reykjavík, f. 17. mars 1965 í Danmörku.
12. David, Joshua Reuben, nemi í Garðabæ, f. 24. mars 1977 í Reykjavík.
13. Demarsico, Michelle, skrifstofumaður í Mýrdalshreppi, f. 28. júlí 1965 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
14. Dunkley, Amel Joy, fiskvinnslukona í Bolungarvík, f. 3. maí 1959 á Jamaíku.
15. Dyson, Kathleen Ann, ritari í Reykjavík, f. 1. janúar 1948 á Englandi.
16. Fairbairn, Hilda, nemi í Kópavogi, f. 29. mars 1973 á Íslandi.
17. Fajardo, Teresita, herbergisþerna í Hveragerði, f. 3. janúar 1951 á Filippseyjum.
18. Freshman, Karl Gunter, matsveinn í Kópavogi, f. 12. mars 1946 í Þýskalandi.
19. Fuglö, Helene, húsmóðir í Garði, f. 12. júlí 1947 í Færeyjum.
20. Galtseva, Galina, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. ágúst 1946 í fyrrum Sovétríkjunum.
21. Godla, Erik Daniel, nemi í Njarðvík, f. 27. ágúst 1976 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Grissom, David Alan, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1964 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Grosman, George Jiri, kennari í Reykjavík, f. 3. mars 1953 í Tékkóslóvakíu.
24. Hanni Haraldsdóttir, starfsmaður að Sólheimum, f. 11. febrúar 1950 í Þýskalandi.
25. Helga Elín Briem, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. september 1957 í Reykjavík.
26. Hillyard, Richard Ivan, fiskvinnslumaður í Keflavík, f. 24. júní í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
27. Hong, Lu, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 7. september 1957 í Kína.
28. Mangubat, Andrelin Valeriano, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1966 á Filippseyjum.
29. María Helena Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. 15. desember 1985 í Reykjavík.
30. Mortensen, Íris María, nemi í Reykjavík, f. 22. október 1979 í Danmörku.
31. Nocon, Emelita Ordonez, húsmóðir í Reykjavík, f. 11. september 1947 á Filippseyjum.
32. Reátegui, Jorge Fernando Villafuerte, leiðsögumaður í Reykjavík, f. 27. júní 1965 í Perú.
33. Rocha, Maria Ramos, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 á Grænhöfðaeyjum.
34. Russo, Rosario, rafvirki í Reykjavík, f. 18. febrúar 1952 á Ítalíu.
35. Saddouq, Said, verkamaður í Reykjavík, f. 15. ágúst 1962 í Marokkó.
36. Seba, Djamel, verkamaður í Reykjavík, f. 22. september 1964 í Alsír.
37. Snarska, Maria, verkakona á Fáskrúðsfirði, f. 19. apríl 1956 í Póllandi.
38. Tittor, Sanun, verkakona í Hafnarfirði, f. 4. febrúar 1956 á Tælandi.
39. Velasco, Marcelina D., yfirþerna í Hafnarfirði, f. 24. febrúar 1955 á Filippseyjum.
40. Wen, Xu, nemi í Kópavogi, f. 19. ágúst 1968 í Kína.
41. West, Samuel Erik, tæknimaður í Reykjavík, f. 2. febrúar 1974 í Noregi.
42. Wiggs, Aritta Kay, skólastjóri á Hellissandi, f. 8. ágúst 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Xiaoyi, Cheng, viðskiptafræðingur í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Kína.
44. Yeoman, John William, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
45. Youyi, Xiang, matvælafræðingur í Reykjavík, f. 28. október 1962 í Kína.

46. Zanoria, Chyris Gay Villaespin, húsmóðir á Ísafirði, f. 20. desember 1967 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn, ásamt því sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu og kenninafni að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

488. Frumvarp til laga [78. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Síðari málsliður 6. gr. fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar eða staðla yfir einstaka vöruflokka sem henti einstökum búfjártegundum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Taka skal sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem hann óskar þess. Um framkvæmd sýnatöku skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

4. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „Áburðarverksmiðjan“ í 19. gr. laganna kemur: seljandi áburðar.

6. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við setningu reglugerðar skv. 1. mgr. skal tekið tillit til raunverulegs kostnaðar af framkvæmd eftirlits með söluaðila og hverri vörutegund fyrir sig.

7. gr.

Í stað skammstafananna FR, ÁR og SR í lögunum í 13., 16., 17., 18., 20. og 22. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili. Í stað orðsins „áburðareftirlitinu“ kemur í 19. gr. orðið: eftirlitsaðila.

Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: eftirlitsaðila, og í stað orðanna „eftirlitsdeild“ og „eftirlitsdeildinni“ í 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

489. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu frá fjármálaráðuneytinu Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Maríanna Jónasdóttir deildarstjóri, Snorri Olsen deildarstjóri, Jón H. Steingrímsson deildarstjóri og Ingibjörg Þorsteinsdóttir lögfræðingur. Þá komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson, forstöðumaður virðisaukaskattsdeildar ríkisskattstjóraembættisins, og Steinþór Haraldsson, yfirlögfræðingur hjá sama embætti, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Stefán Þór Jansson, tölvunarfræðingur í Þjóðhagsstofnun, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Eiríkur Jónsson, varaformaður Kennarasambands Íslands, Þráinn Bertelsson, formaður Rithöfundasambands Íslands, Snær Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur ASÍ, Magnús Geirsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, Unnur Halldórsdóttir, formaður Landssamtakanna Heimili og skóli, Sigríður Pétursdóttir, stjórnarmaður í Samfok, Lúðvík Geirsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, Páll Halldórsson, formaður BHMR, Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHMR, Eggert Lárusson, varaformaður BHMR, Birna Hreiðarsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri, Grétar Guðmundsson, þjónustufulltrúi í Húsnæðismálastofnun ríkisins, Róbert Agnarsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Magnús Hreggviðsson, formaður Samtaka útgefenda tímarita, Wilhelm Wessman, formaður Samtaka veitinga- og gistihúsa, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka veitinga- og gistihúsa, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Helgi Jóhannsson, formaður Félags íslenskra ferðaskrifstofa, Karl Sigurhjartarson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra ferðaskrifstofa, Örn Kærnested, formaður Verktakasambands Íslands, Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur Stéttarsambands bænda, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, og frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands Benedikt Valsson framkvæmdastjóri, Ragnar Hermannsson varaforseti og Reynir Traustason stjórn-

armaður. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: ASÍ, BHMR, BSRB, Blaðamannafélagi Íslands, Ferðamálaráði, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Félagi sérleyfishafa, Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi íslenskra iðnrekenda, Húsnæðisstofnun ríkisins, Íslenskri verslun, Íslenska járnblendifélaginu, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssamtökunum Heimili og skóli, Mosfellsbæ, Neytendasamtökunum, Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi hljómplötuframleiðenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum útgefenda tímarita, Sauðárkrókskaupstað, Sjómannasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Verslunarráði Íslands, VSÍ, yfirskattanefnd og Þjóðhagsstofnun.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi verði gerðar breytingar á I. kafla um skattlagningu lögðaðila. Lögð er til breyting á 16. gr. þannig að gildistöku a-liðar 1. gr. og a-liðar 2. gr. frumvarpsins, um takmörkun útborgaðs arðs frá skattskyldum tekjum við 10% af nafnvirði hlutafjár, verði frestað um eitt ár. Til þess að draga úr áhrifum þessarar breytingar á tekjur ríkissjóðs verði skatthlutfall við álagningu á árinu 1993 39% í stað 38%, sbr. breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða III í 17. gr. Enn fremur verði heimild manna til að draga frá skattskyldum tekjum fé, sem varið er til fjárfestingar í atvinnurekstri, breytt þannig að skilyrði um eignarhald hlutabréfanna verði lengt úr tveimur árum í þrjú ár og að þessi heimild til frádráttar verði látin falla niður á lengri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í öðru lagi leggur meiri hluti nefndarinnar til að gerðar verði breytingar á ákvæðum sem snerta skattlagningu manna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaði ríkissjóðs vegna afnáms aðstöðugjalds verði að hluta til mætt með þeim hætti að tekjuskattur manna hækki úr 32,8% í 34,3% eða um 1,5%, lagður verði á sérstakur hátekjuskattur og barnabætur lækki um 500 millj. kr. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að þessum auknu sköttum verði dreift nokkuð jafnar en lagt er til í frumvarpinu og leggur því til að í stað þess að skerða barnabætur verði almennur persónuafsláttur lækkaður þannig að áhrif á tekjur ríkissjóðs verði hin sömu og fyrirhuguð voru með skerðingu barnabótanna. Til þess að hlutur tekjulágra einstæðra foreldra verði ekki lakari en ráð var fyrir gert í frumvarpinu og til þess að vega upp hjá þeim áhrif af breytingum á mæðra- og feðralaunum er gerð tillaga um að hækka barnabótaauka einstæðra foreldra um 7.500 kr. en jafnframt verði tekjutengingu hans breytt á þann veg að hún hefjist við 549.000 kr. sem er helmingur þeirrar fjárhæðar sem gildir um hjón. Til þess að gera þessar breytingar á barnabótum án tekjutaps fyrir ríkissjóð er nauðsynlegt að lækka persónuafslátt um 400 kr. á mánuði.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki tillögu um breytingar á ákvæðum frumvarpsins um vaxtabætur þótt fram hafi komið marktæk gagnrýni á þau ákvæði frumvarpsins. Ákvæði þessi eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1994 og telur nefndin að þegar á næsta ári verði að fara fram ítarleg athugun á vaxtabótakerfinu og tengingu vaxtabóta við tekjur og eignir. Rétt sé því að ákvæði frumvarpsins standi óbreytt að sinni til þess að marka þá stefnu sem í þeim felst hvað varðar útgjöld ríkissjóðs.

Í þriðja lagi er lagt til að fremst í II. kafla frumvarpsins komi nýtt ákvæði er geri ríkisskattstjóra kleift að ákveða viðmiðunarlaun sjálfstætt starfandi aðila 15% hærri en unnt er samkvæmt gildandi reglum.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um breytt orðalag á 36. gr. til gleggri skýringar á því að í reglugerð skuli greina á milli þeirrar starfsemi sem fellur undir almennt og sérstakt tryggingagjald.

Í fimmta lagi eru lagðar til lagfæringar á 46., 49. og 53. gr. sem fela ekki í sér efnisbreytingar.

Í sjötta lagi leggur meiri hluti nefndarinnar til að við frumvarpið bætist kafli sem fjalli um breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en í þeim lögum eru ákvæði um gjaldtöku af bensíni. Hluti af tekjuöflun til að standa undir aðgerðum í efnahagsmálum var að afla fjár í ríkissjóð með gjaldi á bensíni er rynni í ríkissjóð. Fyrirhugað var að gera það með þeim hætti að hækka almennt vörugjald á bensíni sem ætlunin var að leggja á í stað tolls. Sú breyting er ráðgerð í sérstöku frumvarpi um vörugjald á ökutæki, eldsneyti og fleira, 27. máli, sem tengist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir 50% almennu vörugjaldi á bensín sem rynni í ríkissjóð eins og bensíntollur hefur gert. Sú viðbótartekjuöflun, sem að framan greinir, gerir nauðsynlegt að hækka vörugjald þetta úr 50% í 90%. Þar sem ljóst er að fyrrgreint frumvarp nær ekki afgreiðslu fyrir áramót varð að ráði að taka í frumvarp þetta ákvæði sem tryggt gætu þessa tekjuöflun og eru þau í 11. tölul. í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar. Samkvæmt þeim skal lagt á sérstakt bensíngjald sem renna mun í ríkissjóð. Fjárhæð gjaldsins er miðuð við 1,70 kr. á hvern lítra og er sú fjárhæð á sama grunni og önnur gjöld sem ákveðin eru í lögum þeim sem lögð er til breyting á og um hana gilda sömu heimildir til hækkunar með tilliti til vísitölu byggingarkostnaðar. Samkvæmt þeim heimildum er hægt að leggja á gjald að fjárhæð 4,50 kr. á lítra. Þegar frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. verður að lögum mun þessi gjaldtökuheimild falla úr gildi.

Loks er lagt til að annar kafli bætist við frumvarpið sem fjalli um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum. Ákvæði kaflans eru samhljóða frumvarpi til laga um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum, 254. máli, sem vísað hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar. Í ákvæðum þessum er gert ráð fyrir að skattur á viðskipti með gjaldeyri, sem nú er fyrir hendi, verði lagður af í áföngum og formi hans breytt nokkuð með tilliti til breyttra aðstæðna að því er varðar gjaldeyrisviðskipti bankanna og gengisskráningu. Tekjur af skatti þessum eru áætlaðar um 300 millj. kr. á þessu ári en verða samkvæmt frumvarpinu um 200 millj. kr. á næsta ári.

Skattvísitala, sem ákveðin er í fjárlögum ár hvert, hefur áhrif á ýmsar fjárhæðir og viðmiðunartölur í skattalögum. Þær breytingar þurfa þó að verða mismunandi eftir því um hvaða fjárhæðir er að ræða. Af þeim sökum kann að vera nauðsynlegt að breyta grunntölum skattalaga nokkuð og er gert ráð fyrir að breytingartillögur um það efni verði fluttar við 3. umr. þessa máls.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðjón Guðmundsson.

Sólveig Pétursdóttir. Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

490. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, RG, GuðjG, SP, IBA).

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 282.264 kr.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:
   a. 2. mgr. B-liðar orðast svo:
   Barnabótaauki skal óskertur nema 89.284 kr. með hverju barni hjóna, en 96.784 kr. með hverju barni einstæðra foreldra, en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa stafliðar.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „732.000“ í 3. mgr. B-liðar komi: 549.000.
   c. Í stað orðsins „vaxtagjöldum“ í 1. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 90% vaxtagjalda.
   d. Í stað orðsins „tvöfalt“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 80%.
   e. Í stað fjárhæðarinnar „438.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 394.000.
   f. Í stað fjárhæðarinnar „575.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 518.000.
   g. Í stað fjárhæðarinnar „712.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 641.000.
3. Við 16. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skulu ákvæði a-liðar 1. gr. og a-liðar 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1994 vegna arðs sem reiknaður er af tekjum rekstrarársins 1993.
4. Við 17. gr. Eftirfarandi breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða I:
   a. Í stað „1996“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 1997.
   b. Í stað a–d-liða í 1. mgr. komi tveir stafliðir, svohljóðandi:
      a. Vegna fjárfestingar á árunum 1994 og 1995 skal hann eigi vera hærri en 80% fjárhæðarinnar.
      b. Vegna fjárfestingar á árunum 1996 og 1997 skal hann eigi vera hærri en 50% fjárhæðarinnar.
   c. Í stað „1996“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: 1997.
   d. Í stað orðsins „tvö“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: þrjú.
   e. Í stað „1997“ í 7. mgr. komi: 1998.
   f. Í stað „1996“ í 7. mgr. komi: 1997.
5. Við 17. gr. Í stað „38“ í ákvæði til bráðabirgða III komi: 39.
6. Á undan 18. gr. komi ný grein, 19. gr., svohljóðandi:
   2. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma að viðbættu 15% álagi.
7. Við 36. gr. Orðin „gjaldskyldu samkvæmt þessum tölulið og“ í 3. tölul. falli brott.
8. Við 46. gr. Í stað orðanna „undandráttur á virðisaukaskatti“ í efnismálsgrein komi: skattsvik.
9. Við 49. gr. Við greinina bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. komi orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.
10. Við 53. gr. Í stað orðsins „útreiknuðu“ í fyrri efnismálslið komi: vegnu.

11. Við bætist nýr kafli, IX. kafli, **Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum**, með fjórum nýjum greinum er orðist svo:
    a. (59. gr.)
    Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
    Auk bensíngjalds skv. 1. mgr. skal greiða sérstakt bensíngjald sem nemur 1,70 kr. af hverjum lítra af bensíni.
    b. (60. gr.)
    2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Tekjum samkvæmt lögum þessum, að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð, skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.
    c. (61. gr.)
    Á eftir orðinu „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma orðin: sérstaks bensíngjalds.
    d. (62. gr.)
    Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993.
12. Við bætist nýr kafli, X. kafli, **Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum**, með fjórum nýjum greinum er orðast svo:
    a. (63. gr.)
    Lánastofnanir og aðrir aðilar, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.
    b. (64. gr.)
    Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 63. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 skal gjaldið vera 15%.
    c. (65. gr.)
    Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 63. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.
    Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.
    d. (66. gr.)
    Ákvæði kafla þessa öðlast gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993 og gilda til 31. desember 1995. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1993 lög nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, með síðari breytingum.

491. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Geir

Waage, formaður Prestafélags Íslands, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, varaformaður Prestafélags Íslands, Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytis, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri, Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari og Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, og frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana Bera Nordal formaður og Ágúst Guðmundsson, formaður kjaranefndar. Enn fremur komu Páll Halldórsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Eggert Lárusson frá BHMR, Ásmundur Stefánsson, Lára V. Júlíusdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir frá ASÍ, Ögmundur Jónasson og Svanhildur Halldórsdóttir frá BSRB, Árni Benediktsson frá VMS og Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes G. Sigurðsson frá VSÍ. Þá bárust umsagnir frá ríkisféhirði, póst- og símamálastjóra, rektor Háskóla Íslands, flugvallarstjóranum á Keflavíkurflugvelli, VMS, hagstofustjóra, ríkissáttasemjara, rektor Tækniskóla Íslands, siglingamálastjóra, forstjóra Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, landsbókaverði, þjóðskjalaverði, forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, vita- og hafnamálastjóra, forsetaritara, forstöðumanni Listasafns Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, Innkaupastofnun ríkisins, útvarpsstjóra, forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, forstjóra Iðntæknistofnunar, BSRB, BHMR, Sýslumannafélagi Íslands, brunamálastjóra, biskupi Íslands, ríkisendurskoðanda, ráðuneytisstjórum, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, Dómarafélagi Íslands, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, ASÍ, forstjóra Lánasýslu ríkisins, skrifstofustjóra Alþingis, Prófastafélagi Íslands og veiðimálastjóra.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um skipan og starfssvið Kjaradóms, svo og kjaranefndar. Hefur skipan kjaranefndar verið nokkuð umdeild og er því lagt til að henni verði breytt. Miðar sú breyting að því að færa nefndina fjær framkvæmdarvaldinu og nær því að vera óháður úrskurðaraðili en núverandi ákvæði frumvarpsins kveða á um. Nefndin fjallaði nokkuð um hugsanleg áhrif breytinga samkvæmt frumvarpinu á eftirlaunum hlutaðeigandi aðila, bæði vegna þegar áunnins réttar og líklegrar þróunar í framtíðinni. Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að gera tilteknar breytingar til að tryggja að raungildi þegar áunnins réttar haldist.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að fimm embætti bætist við þau sem talin eru upp í greininni. Eru það biskup Íslands, ríkisendurskoðandi, ríkissáttasemjari, ríkissaksóknari og umboðsmaður Alþingis.
2. Lagt er til að 6. gr. verði breytt þannig að auk þess sem talið er upp í 3. mgr. skuli Kjaradómur hafa hliðsjón af ráðningarkjörum. Er þá sérstaklega haft í huga hvort um sé að ræða tímabundna ráðningu eða æviráðningu.
3. Lagt er til að ný grein komi á eftir 6. gr. Vísast um það til athugasemda við 7. gr. í liðnum hér á eftir.
4. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að skipan kjaranefndar verði þannig að Kjaradómur tilnefni tvo í nefndina og ráðherra einn sem jafnframt skal vera formaður. Er með þessu leitast við að gera kjaranefnd að eins konar undirdómi Kjaradóms og þannig sniðnir af þeir annmarkar sem þóttu vera á skipan kjaranefndar samkvæmt frumvarpinu. Til að undirstrika þessa nýju skipan enn frekar er lagt til að ný grein komi

á eftir 6. gr. þar sem kveðið er á um að Kjaradómur skuli setja kjaranefnd meginreglur um úrskurði nefndarinnar.

5. Lagðar eru til breytingar í fjórum liðum við 8. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að embætti ríkisbókara, ríkisféhirðis og veiðimálastjóra bætist við þau embætti sem heyra undir úrskurð kjaranefndar um launakjör. Í öðru lagi falli út þrjú embætti sem færast undir úrskurð Kjaradóms, sbr. 2. gr. Enn fremur er lagt til að embættisheiti skrifstofustjóra Alþingis falli brott en gert er ráð fyrir að launakjör hans fari eftir 35. gr. laga nr. 38/1954. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. mgr. svo að skýrt komi fram að kjaranefnd úrskurði um launakjör presta þjóðkirkjunnar eins og annarra embættismanna sem nefndir eru í greininni. Loks er lagt til að orðalag 5. mgr. verði ítarlegra þannig að ljóst sé að kjaranefnd úrskurði um laun þeirra stjórnenda ríkisstofnana sem ekki óska eftir að taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Sem dæmi um stjórnendur sem þetta á við má nefna aðstoðarpóst- og símamálastjóra og æðstu framkvæmdastjóra Póst- og símamálastofnunarinnar.
6. Lagt er til að 9. gr. verði breytt þannig að út falli ákvæði um að embættismenn verði að veita kjaranefnd upplýsingar um störf sem þeir kunna að gegna fyrir aðra.
7. Lagt er til að 11. gr. verði breytt og vísast um það til athugasemda um 6. gr. hér að framan.
8. Lagt er til að við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar. Mælt verði fyrir um afdrif skriflegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga sem gegna embættum sem falla undir ákvæði frumvarpsins. Þá er lagt til að kveðið verði á um stöðu þeirra sem hafa þegar áunninn eftirlaunarétt. Mun sá réttur, sem þegar er áunninn fyrir gildistöku laga þessara, haldast að raungildi þótt þróun launa og annarra greiðslna, sem rétturinn miðast við, kynni að verða á þann veg á komandi árum að eftirlaun lækkuðu. Réttur manns til eftirlauna, sem myndast frá og með gildistöku laga þessara, mun hins vegar breytast í samræmi við þær breytingar sem verða á dagvinnulaunum samkvæmt lögunum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þeim sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Guðjón Guðmundsson.

Sólveig Pétursdóttir. | Ingi Björn Albertsson. | Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.

Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

492. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til l. um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(VE, RG, GuðjG, SP, IBA, JGS, HÁ, SJS).

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „og héraðsdómara“ komi: héraðsdómara, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og umboðsmanns Alþingis.
2. Við 3. mgr. 6. gr. bætist: og ráðningarkjörum.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Kjaradómur skal setja kjaranefnd, sbr. II. kafla laga þessara, meginreglur um úrskurði nefndarinnar.
4. Við 7. gr. (er verði 8. gr.). Fyrri málsgrein orðist svo:
   Kjaranefnd skal skipuð þremur mönnum. Kjaradómur tilnefnir tvo nefndarmenn og fjármálaráðherra skipar einn og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu valdir með sama hætti.
5. Við 8. gr. (er verði 9. gr.). Á greininni verði svofelldar breytingar:
   a. Við 1. mgr. bætist eftirtalin embætti í stafrófsröð: ríkisbókari, ríkisféhirðir og veiðimálastjóri.
   b. Orðin „Biskup Íslands“, „ríkisendurskoðandi“, „ríkissáttasemjari“ og „skrifstofustjóri Alþingis“ í 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „laun og starfskjör“ í 3. mgr. komi: launakjör.
   d. 4. mgr. orðist svo:
      Teljist starf stjórnanda í stofnun eða embættismanns vera þannig að því megi að umfangi og ábyrgð öldungis jafna til starfa þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. og hafi viðkomandi starfsmaður óskað eftir að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga, sbr. 5. tölul. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða er ekki í slíku félagi skal fjármálaráðherra vísa ákvörðun um launakjör hans til kjaranefndar.
6. Í síðari málslið 1. mgr. 9. gr. (er verði 10. gr.) falli niður orðin „og um þau störf sem þeir kunna að gegna fyrir aðra“.
7. Við 3. mgr. 11. gr. (er verði 12. gr.) bætist: og ráðningarkjara.
8. Við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ákvæði laga þessara breyta ekki efni skriflegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga sem undir lögin falla fyrir gildistöku þeirra nema þeim sé sagt upp með löglegum fyrirvara.
   Leiði úrskurður samkvæmt lögum þessum vegna ákvæða 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 11. gr. til þess að þegar áunninn eftirlaunaréttur einstaklings í starfi, eða þess sem tekur eftirlaun sem miðast við slíkt starf, breytist til lækkunar skal viðkomandi halda þeim rétti sem hann hefur þegar áunnið sér. Lífeyrir, eins og hann er samkvæmt þeim rétti, skal taka breytingum í hlutfalli við breytingar á meðaldagvinnulaunum sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum frá fyrsta úrskurði samkvæmt þeim.

493. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd og hafa mál þessi verið rædd saman í nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.
Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

494. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og fengið um það umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi atvinnulausra, bæjarstjórn Vestmannaeyja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, bæjarstjórn Keflavíkur og bæjarstjórn Seltjarnarness.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. des. 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sigurður Þórólfsson, með fyrirvara.
Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.

495. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur um nokkurt skeið fjallað um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum sköttum. Nefndin hefur haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið og er það allt of seint fram komið, illa undirbúið og því veruleg hætta á mistökum. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur verið að breyta málinu frá degi til dags og hringlandahátturinn hefur gert okkur í minni hlutanum ókleift að meta endanlega heildaráhrif málsins. Á sama tíma og kvartað hefur verið undan löngum umræðum um Evrópskt efnahagssvæði á Alþingi hefur meiri hluti nefndarinnar reynt að nota þann tíma til að lagfæra verstu ágalla frumvarpsins. Þótt plástrar hafi verið settir hér og þar er ljóst að verstu ágallarnir standa eftir og ekki er haft í huga að hlífa þeim sem verst standa og draga úr atvinnuleysi.

Verkalýðshreyfingin og fulltrúar launþega eru mjög andvígir málinu og viðbrögð þeirra sýna að skattastefna ríkisstjórnarinnar mun trúlega leiða til mikilla átaka á vinnumarkaðinum. Því er nauðsynlegt að undirbúa málið mun betur og ná meiri friði um það við aðila vinnumarkaðarins. Fulltrúar vinnuveitenda hafa jafnframt sett fram harða gagnrýni á málsmeðferðina og eru andvígir mörgum þeim breytingum sem ætlunin er að framkvæma. Minni hluti nefndarinnar er tilbúinn til frekara samstarfs um málið við ríkisstjórnina og aðila vinnumarkaðarins í þeim tilgangi að ná meiri sátt á vinnumarkaðnum. Minni hlutinn telur því best að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og undirbúa það betur í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Minni hlutinn fellst á að nauðsynlegt var að breyta skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja vegna þeirrar ákvörðunar að fella niður aðstöðugjaldið. Þótt sú ákvörðun hafi sætt gagnrýni styður minni hlutinn þá aðgerð en telur að mikið vanti á að gætt sé sanngirni og réttlætis í álagningu þeirra skatta sem koma í staðinn. Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir mikilvægustu atriðum frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn munu gera frekari grein fyrir afstöðu sinni í umræðum um málið.

Skattlagning einstaklinga.

Skattprósenta einstaklinga er hækkuð um 1,5% eða úr 32,8% í 34,3%. Minni hlutinn gerir ekki athugasemd við þessa breytingu eina og sér en jafnframt eiga sér stað aðrar breytingar sem eru vanhugsaðar og jöfnunaraðgerðir vantar.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að hækka skatta sérstaklega á barnafólki og þeim sem eru að afla sér húsnæðis. Stjórnarflokkarnir eru ávallt að gera tilraun til að blekkja kjósendur sem þeir gáfu það loforð að skattar yrðu alls ekki hækkaðir. Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda með því að telja kjósendum trú um að þeir ætluðu sér að lækka skatta. Raunin hefur orðið sú að flokkurinn hefur svikið öll sín kosningaloforð á sviði skattamála og fjármálaráðherrann eyðir mestu af orku sinni í að leita að felustöðum. Þrátt fyrir góða viðleitni gengur það ekki lengur því að almenningur er að gera sér betur grein fyrir því óréttlæti sem af þessu leiðir. Þannig hefur skattur á barnafólki hækkað mun meira en á öðrum eins og skýrt kemur fram í umsögnum aðila vinnumarkaðarins. Engin tilraun er gerð til þess að vernda kaupmátt þeirra sem hafa lægstar tekjur en svokallaður hátekjuskattur lagður á af sálfræðilegum ástæðum. Nú síðast var ákveðið að lækka persónu-

afslátt og draga nokkuð úr fyrirhugaðri skattlagningu á barnafólk. Hægt hefði verið að ná fram meiri tekjujöfnun með því að hækka skattprósentu lítillega en hækka jafnframt persónuafslátt. Með því hefði verið hægt að verja mun betur hag þeirra sem minnst mega sín. Ekkert slíkt er á dagskrá en ljóst má vera að það verður helsta krafa verkalýðshreyfingarinnar í komandi kjarasamningum.

Ríkisstjórnin virðist vilja átök þótt vandséð sé hvaða styrk hún hefur til þess. Fulltrúar minni hlutans vöruðu við skattastefnu ríkisstjórnarinnar á síðasta ári og gera það enn. Skortur á samvinnu við aðila vinnumarkaðarins kemur nú fram í vaxandi óróa og má í því sambandi vitna til samþykktar verkamannafélagsins Dagsbrúnar 16. desember sl., en þar segir m.a.:

„Þá kom fram á fundinum að stjórnarflokkarnir hefðu svikið öll þau loforð sem þau gáfu fyrir síðustu kosningar. Skattar hefðu verið hækkaðir stórkostlega með álagningu þjónustugjalda og hækkun lyfjakostnaðar og heilbrigðisþjónusta skert. Í stað efnda á loforði um hækkun skattleysismarka væri nú lagt til að hækka álagningarprósentu og sveitarfélögum bent á að hækka útsvarsprósentu til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins."

Í umsögn BHMR segir m.a.:

„BHMR vill vegna fyrirliggjandi frumvarps mótmæla þeim áformum sem í því felast og leiða til lakari kjara almenns launafólks. Þar er sérstaklega mótmælt áformum um hærri tekjuskattsprósentu, óbreyttum persónuafslætti, skertum barnabótum og skertum vaxtabótum. Allir hljóta að sjá það óréttlæti sem felst í sérstöku hátekjuskattsþrepi barnafjölskyldna. BHMR varar við þeirri aðför að barnafjölskyldum í landinu sem felst í þessu frumvarpi."

Í umsögn ASÍ segir m.a.:

„Það er einnig umhugsunarefni hversu skammt er gengið í skattlagningu hærri tekna á sama tíma og verið er að draga úr barnabótum og vaxtabótum. Skerðing barnabóta og vaxtabóta er auðvitað ekkert annað en aukin skattlagning þar sem það er gert að skilyrði fyrir skattlagningunni að viðkomandi eigi börn eða standi undir erfiðri greiðslubyrði vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Í flestum tilfellum er hér um einn og sama hópinn að ræða. Þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur og hafa þokkalegur tekjur sleppa hins vegar mun betur frá aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þetta er í hæsta máta óásættanlegt og lýsir ASÍ sig mótfallið þeirri stefnu stjórnvalda að leggja stöðugt þyngri byrðar á láglaunafólk, barnafólk og það fólk sem er að koma sér upp húsnæði á sama tíma og aðrir sleppa."

Í þessum umsögnum verkalýðshreyfingarinnar kemur skýrt fram að mikill óróa hefur skapast og með aðgerðum sínum hefur ríkisstjórnin skapað varhugavert ástand.

Skattlagning fyrirtækja.

Minni hluti nefndarinnar er sammála því markmiði að samræma skattlagningu félaga við það sem gengur og gerist í samkeppnislöndum okkar. Því miður hafa breytingar þessar sáralítið verið undirbúnar. Sem dæmi um það lagði ríkisstjórnin til að tekjuskattur félaga lækkaði úr 45% í 33%, en síðan var ákveðið að breyta honum í 38%. Við meðferð málsins lagði meiri hlutinn til að tekjuskattar yrðu hækkaðir að nýju í 45%, en við lokaafgreiðslu málsins var prósentan lækkuð í 39%. Þetta er aðeins dæmi um þann hringlandahátt sem hefur viðgengist að undanförnu. Er það í beinu framhaldi af þeim vinnubrögðum sem viðgengust á síðasta hausti þegar tilkynnt var fyrirvaralaust að arður væri ekki lengur frádráttarbær hjá fyrirtækjum.

Ríkisstjórnin hefur skapað mikla óvissu á hlutabréfamarkaðnum og með framkomu sinni unnið gegn því að fólk fjárfesti í hlutabréfum. Um þessar mundir er mjög mikilvægt að bæta eiginfjárstöðu atvinnurekstrarins, m.a. með því að sem flestir séu tilbúnir að eignast hlut í atvinnulífi landsmanna. Það verður best gert með góðum rekstrarskilyrðum og vissu um hvaða reglur gilda um skattlagningu.

Sama ástandið ríkir í samskiptum ríkisvalds og vinnuveitenda og má í því sambandi vitna til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, en þar segir m.a.:

„Tilgangurinn með lækkun arðsfrádráttar er torskilinn því að ekki getur verið um nema óverulega fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs að ræða. Vandfundin er önnur skýring á þessu slysi en að hér sé á ferðinni vanhugsuð pólitísk málamiðlun sem einungis getur grundvallast á skilningsleysi á aðstæðum á fjármagnsmarkaði."

Á öðrum stað segir:

„Sú skyndilega og óvænta frestun á nýlega boðaðri stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka skattaálögur fyrirtækja til samræmis við samkeppnislöndin er ekki til þess fallin að vekja traust á efnahagsstefnunni né að auka mönnum áræði í krafti loforða um að henni verði síðar hrundið í framkvæmd. Allt ber þetta vitni um slæm samskipti ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins og er vísbending um það að ríkisstjórninni er ekki treystandi til að varða veginn í því alvarlega efnahagsástandi sem nú ríkir."

Í ljósi þessara viðbragða telur minni hlutinn að málið sé illa undirbúið og að það þurfi að vinna betur. Minni hlutinn vill þó taka fram að þau atriði frumvarpsins, sem snerta skattlagningu á tekjum atvinnurekstrarins, hafa skánað við umfjöllun í nefndinni.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Minni hlutinn styður þær skipulagsbreytingar sem fyrirhugaðar eru í skatteftirliti. Minna verður á að ekki er nægilegt að breyta skipulagi og aðskilja skrifstofur. Nauðsynlegt er að stórauka skatteftirlit. Skýrasti vitnisburðurinn um það eru ummæli stærstu samtaka atvinnurekenda í landinu sem segja m.a. í umsögn sinni:

„Vaxandi óþols gætir meðal fyrirtækja í VSÍ gagnvart því ástandi sem ríkir að svört atvinnustarfsemi geti starfað og dafnað óáreitt. Vitanlega kemur það illa við heiðarleg fyrirtæki að missa viðskipti til aðila sem ekki gefa tekjur upp til skatts. Fyrir liggur að þeir möguleikar til skilvirkara skatteftirlits sem virðisaukaskattskerfið býður upp á og vonir voru bundnar við hafa ekki ræst. Það liggur einnig fyrir að þeim málum, sem rannsökuð hafa verið undanfarin missiri, hefur farið fækkandi."

Þetta álit er slæmur vitnisburður um skatteftirlit í landinu og ætti að verða ríkisstjórninni nægileg hvatning til að taka hér til hendi.

Virðisaukaskattur.

Þær breytingar á virðisaukaskatti, sem eru fyrirhugaðar, eru til þess fallnar að auka óvissu í atvinnumálum. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að breytingin muni ekki skila þeim tekjuauka sem ætlunin er, m.a. vegna minnkandi umsvifa í atvinnulífinu. Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu mun leiða til samdráttar í atvinnugreininni og fækka störfum á tímum vaxandi atvinnuleysis. Það er óskynsamleg ráðstöfun að stöðva þannig helsta vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi. Það er vaxandi samkeppni um ferðamenn í heiminum, en þessi unga atvinnugrein Íslendinga hefur átt við byrjunarörðugleika að stríða.

Í umsögnum um málið kemur eftirfarandi m.a. fram hjá VSÍ:

„Það væri grátbroslegt framlag stjórnvalda til atvinnuuppbyggingar og í reynd sér-

tæk skattheimta á það sem menn vona nú að geti orðið vaxtarbroddur í atvinnumálum framtíðarinnar. Þessi skattheimta má ekki ganga fram eins og boðað er því hækkun á borð við tveggja ára verðbólgu í OECD hlýtur að leiða til kyrkings í atvinnugreininni.“

Í umsögn Félags íslenskra ferðaskrifstofa segir m.a.:

„Því harmar Félag íslenskra ferðaskrifstofa að um leið og áralöng barátta ferðaþjónustu á Íslandi fyrir jafnræði gagnvart öðrum gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum hvað varðar aðstöðugjöld og tryggingagjald er að bera árangur er sá ávinningur samtímis dreginn til baka og gott betur með álagningu virðisaukaskatts.“

Í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda segir m.a.:

„Á haustmánuðum fóru fram viðræður við fulltrúa stjórnvalda um það hvernig hægt væri að bæta rekstrarskilyrði ferðaþjónustu í síaukinni samkeppni á alþjóðavettvangi. Það var því mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna að svarið skyldi vera aukin skattheimta.“

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur verði lagður á tímaritaútgáfu og bókaútgáfu. Mjög alvarlegar athugasemdir hafa verið gerðar við þessa fyrirætlan, ekki síst af þeim sem starfa í atvinnugreininni. Fram hefur komið að mikil hætta er á að prentun og útgáfa bóka muni nánast leggjast af hér á landi. Þar er um svo alvarlegar fullyrðingar að ræða að þær verður að taka mjög alvarlega.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún legði mat á áhrif skattlagningar á atvinnulífið. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar hefur enn ekki borist, en þrátt fyrir það er ákveðið að leggja skattinn á. Ríkisstjórnin hefur engan áhuga fyrir að fá upplýsingar um afleiðingar gerða sinna og bindur sem fastast um augun. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hluta nefndarinnar til að fá skattlagningu frestað og frekari athugun á málinu hefur því einfaldlega verið hafnað.

Í þessu sambandi má vitna til útreikninga bóka- og blaðaútgáfunnar Fróða þar sem sýnt er fram á með haldbærum rökum að ríkissjóður tapi verulega á þessum breytingum. Skatturinn hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska menningu og bókmenntir. Eitt mikilvægasta sérkenni íslenskrar menningar er mikil bókaútgáfa og áhugi á bókmenntum. Íslenskar bókmenntir eru í mikilli samkeppni við annað afþreyingarefni. Með vaxandi alþjóðlegum samskiptum er mikil nauðsyn að standa vörð um íslenska menningu og hlífa henni við frekari skattlagningu.

Virðisaukaskattur á fjölmiðla mun draga úr lýðræðislegri umræðu hér á landi. Dagblöðum hefur fækkað og hætt er við að fleiri muni hverfa af sjónarsviðinu. Nýir ljósvakamiðlar hafa hleypt nýju lífi í þjóðfélagsumræðuna og m.a. veitt núverandi ríkisstjórn visst aðhald. Þótt núverandi stjórnarflokkar hafi barist hvað mest fyrir breytingum á þessu sviði þola þeir illa gagnrýni og hafa í hótunum við fjölmiðla. Þessi skattlagning mun jafnframt draga úr atvinnu og má í því sambandi vísa til umsagnar Blaðamannafélags Íslands.

Með virðisaukaskatti á húshitun og fólksflutninga innan lands er verið að leggja skatt á ójafna aðstöðu. Einn mesti munur á framfærslukostnaði í landinu kemur fram í mismunandi kostnaði við að hita híbýli landsmanna. Það hefur verið baráttumál þeirra sem versta aðstöðuna hafa að jafna þennan kostnað. Það vakti mikla undrun þegar ríkisstjórnin tilkynnti skattlagningu húshitunarkostnaðar. Þótt ákveðið hafi verið að jafna skattinn nokkuð mun hann auka aðstöðumun í landinu. Virðisaukaskattur á fólksflutninga mun verða til þess að hækka kostnað þeirra sem þurfa að sækja þjónustu langt að. Einnig mun skatturinn draga úr ferðalögum innan lands og virka lamandi á starfsemi þeirrar þjónustu.

Hætta er á að lækkun á virðisaukaskatti vegna byggingarkostnaðar auki skattsvik og dragi úr atvinnu byggingamanna. Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna segir m.a.:

„Skerðing á endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda og húseigenda mun tvímælalaust bitna á atvinnu í byggingariðnaði og þar með auka á það kreppuástand og atvinnubrest sem þar hefur þegar skapast. Þá er ljóst að þessi skerðing mun hækka byggingarvísitölu um 3,7% þar sem ekki er ætlunin að lækka um leið skatthlutföll virðisaukaskatts, eins og upphafleg áform gerðu ráð fyrir. Ekki bætir úr skák að í þessu frumvarpi er vegið að hag húsbyggjenda og byggingariðnaðarins úr mörgum fleiri áttum, þ.e. með skerðingu vaxtabóta, skerðingu skattfrádráttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga og sérstakri skattpíningu og órökréttum skattareglum varðandi atvinnurekstur í eigin nafni eða sameignarfélagsformi, en slíkt rekstrarform er algengt í byggingariðnaði. Allar þessar ráðstafanir eru í hróplegu ósamræmi við markmið frumvarpsins og skorar Landssamband iðnaðarmanna því á Alþingi að taka þær til endurmats." Þrátt fyrir þessar aðvaranir hafa engar breytingar verið gerðar.

Af framangreindu má vera ljóst að breytingar á virðisaukaskatti mun virka til samdráttar í íslensku atvinnulífi og stórauka atvinnuleysi. Ólíklegt er að skattlagningin muni skila þeim tekjum sem gert er ráð fyrir en heildaráhrifin munu verða samdráttur í þjóðartekjum og minnkandi tekjur þjóðarbúsins. Hér er því um að ræða illa undirbúna breytingu þar sem enginn gerir sér grein fyrir áhrifunum.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Minni hlutinn styður framlengingu þessa skatts en vill benda á að þetta er í fimmtánda skipti sem hann er settur á til bráðabirgða og jafnoft hefur Sjálfstæðisflokkurinn barist á móti honum. Þrátt fyrir 15 ára langa baráttu gegn skattinum hefur Sjálfstæðisflokkurinn ákveðið að framlengja hann um eitt ár enn og er það lýsandi dæmi um hversu lítið er að marka yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins í skattamálum fyrir kosningar.

Ýmis atriði frumvarpsins eru enn óljós þegar þetta nefndarálit er ritað. Ekki hafa fengist upplýsingar um allar breytingartillögur meiri hlutans og því er ekki mögulegt að gera grein fyrir þeim hér. Minni hlutinn telur með tilvísun til framangreinds rökstuðnings að frumvarp þetta sé á engan hátt hæft til afgreiðslu. Allt of lítið er vitað um afleiðingar þess. Ekki hefur reynst unnt að fara nægilega vel ofan í lögfræðileg álitamál.

Alvarlegust eru þó hin hörðu viðbrögð sem málið hefur fengið. Í öllum þeim umsögnum, sem fylgja með nefndaráliti okkar, kemur fram hörð gagnrýni á frumvarpið. Þeir sem að þessu nefndaráliti standa muna ekki eftir jafnalvarlegum athugasemdum við nokkurt frumvarp sem ríkisstjórnir hafa flutt í skattamálum.

Með tilliti til ofanritaðs leggur minni hluti nefndarinnar til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Umsagnir um frumvarpið og fleiri gögn, sem það varða, voru birt í þingskjalinu (lausaskjalinu) sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Um fylgiskjölin er vísað til þingskjalsins og skrár um erindi þingmála í efnisyfirliti Alþingistíðinda.

Hér fer á eftir skrá yfir fylgiskjölin með frumvarpinu.

Fylgiskjöl:

I. *Þjóðhagsstofnun:* Bréf Þjóðhagsstofnunar til efnahags- og viðskiptanefndar, 14. des. 1992.

II. *Þjóðhagsstofnun:* Bréf Þjóðhagsstofnunar til efnahags- og viðskiptanefndar, 18. des. 1992.

III. *Vinnuveitendasamband Íslands:* Umsögn, 14. des. 1992. Umsögninni fylgdu bréf Vinnuveitendasambandsins til fjármálaráðherra um landsútsvar og aðstöðugjald, 3. des. 1992, og yfirlit yfir áhrif álagningar virðisaukaskatts á hótelrekstur, 15. des. 1992.

IV. *Alþýðusamband Íslands:* Umsögn, 14. des. 1992. Umsögninni fylgdu handrit að 15. tölublaði fréttabréfs ASÍ, 14. des. 1992, ályktun samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ, 9. des. 1992, og ályktun um kjara-, efnahags- og atvinnumál samþykkt á 37. þingi ASÍ á Akureyri, 23.–27. nóv. 1992.

V. *Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:* Bréf til alþingismanna, 14. des. 1992.

VI. *Landssamband iðnaðarmanna:* Umsögn, 14. des. 1992.

VII. *Landssamband iðnaðarmanna:* Bréf til ríkisstjórnarinnar, 25. sept. 1992.

VIII. *Landssamband iðnaðarmanna:* Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar, 16. des. 1992.

IX. *Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna:* Umsögn, 14. des. 1992. Umsögninni fylgdi ályktun aðalfundar BHMR 1992.

X. *Samband veitinga- og gistihúsa:* Umsögn, 14. des. 1992.

XI. *Félag íslenskra iðnrekenda:* Umsögn, 14. des. 1992.

XII. *Verkamannafélagið Dagsbrún:* Bréf til forseta Alþingis, 16. des. 1992.

XIII. *Lánasjóður sveitarfélaga og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga:* Sameiginleg ályktun vegna áforma ríkisstjórnarinnar um skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 7. des. 1992.

XIV. *Samband íslenskra sveitarfélaga:* Umsögn, 12. des. 1992, og framhaldsumsögn Sambandsins, 16. des. 1992.

XV. *Verslunarráð Íslands:* Umsögn, 14. des. 1992.

XVI. *Íslensk verslun:* Umsögn, 16. des. 1992.

XVII. *Landssamband íslenskra útvegsmanna:* Umsögn, 15. des. 1992.

XVIII. *Húsnæðisstofnun ríkisins:* Ályktanir samþykktar á fundi húsnæðismálastjórnar, 10. des. 1992.

XIX. *Samband hljómplötuframleiðenda:* Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar, 16. des. 1992.

XX. *Félag sérleyfishafa* og *Félag hópferðaleyfishafa:* Umsögn, 14. des. 1992.

XXI. *Félag íslenskra ferðaskrifstofa:* Umsögn, 15. des. 1992.

XXII. *Ferðamálaráð Íslands:* Ályktun samþykkt á fundi ráðsins, 24. nóv. 1992.

XXIII. *Blaðamannafélag Íslands:* Umsögn, 11. des. 1992. Umsögninni fylgdi bréf til alþingismanna frá 7. des. 1992.

XXIV. *Samtök útgefenda tímarita:* Umsögn, 14. des. 1992. Umsögninni fylgdi bréf til alþingismanna frá 7. okt. 1992.

XXV. *Fjármálaráðuneytið, efnahagsskrifstofa:* Minnisblað um húsnæðissparnaðarreikninga og hlutafjárafslátt, 11. des. 1992, vinnuskjal um skattlagningu ferðaþjónustu, 11. des. 1992, minnisblað um virðisaukaskatt og skemmtanaskatt, 12. des. 1992, umsögn um kostnað við upptöku hátekjuskatts frá vararíkisskattstjóra, 12. des. 1992, og vinnuskjal um fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti 1993 og 1994, 11. des. 1992.

XXVI. *Iðnaðarráðuneytið:* Ýmsar upplýsingar um kostnað við húshitun.

496. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta en með því er lagt til að innheimta álagðs aðstöðugjalds verði felld niður á árinu 1993 og að í kjölfar þess verði sveitarfélögum bætt tekjutapið til bráðabirgða á því ári með hlutdeild í tekjuskatti ríkisins árið 1993.

Á fund nefndarinnar komu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þórður Skúlason og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Húnbogi Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneytinu og Maríanna Jónasdóttir frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin sendi frumvarp þetta til umsagnar efnahags- og viðskiptanefndar sem fjallaði um málið annars vegar út frá ráðstöfunum í efnahags- og skattamálum og hins vegar með tilliti til landsútsvars. Nefndinni bárust þrjú álit frá efnahags- og viðskiptanefnd. Í umsögn Vilhjálms Egilssonar o.fl. er lagt til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Meiri hluti félagsmálanefndar er samþykkur því áliti.

Nefndin telur ástæðu til að árétta að ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, er varðar breytingar á framlagi ríkissjóðs sem yfirferð framtala og úrskurður á kærum kann að leiða til, gildir eingöngu um árið 1992.

Alþingi, 17. des. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Einar K. Guðfinnsson.

Gunnlaugur Stefánsson. Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

Álit Vilhjálms Egilssonar, Guðjóns Guðmundssonar, Inga Björns Albertssonar og Rannveigar Guðmundsdóttur.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þau ákvæði frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 19/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, 284. mál, sem eru á hennar málefnasviði, sbr. bréf félagsmálanefndar frá 15. desember sl. Á fund nefndarinnar komu Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri, Róbert Agnarsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðju ríkisins, Þór Valgeirsson, aðstoðarforstjóri ÁTVR, Alfreð Þorsteinsson, forstjóri Sölu varnarliðseigna, Baldvin Tryggvason, formaður Sambands íslenskra sparisjóða, Stefán Pálsson bankastjóri frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðju ríkisins, Kristinn Björnsson, forstjóri Skeljungs hf., Geir Magnússon, forstjóri Olíufélagsins hf., Hörður Helgason, aðstoðarforstjóri OLÍS, og Jakob R. Möller hdl.

Nefndin fjallaði í fyrsta lagi um þá hlið aðstöðugjaldsmálsins sem snýr að þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum og skattamálum sem þar hafa verið til umfjöllunar. Undirritaðir nefndarmenn telja niðurfellingu aðstöðugjalds mikilvæga ráðstöfun fyrir atvinnulíf landsmanna.

Jafnframt var fjallað um landsútsvar. Kom fram mikil gagnrýni frá mörgum umsagnaraðilum um að það skyldi ekki vera fellt niður með sama hætti og aðstöðugjald. Kom og fram það sjónarmið og lögfræðilegt álit að landsútsvar væri ígildi aðstöðugjalds og því væri andstætt jafnræðisreglu að fella það ekki niður jafnhliða. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins töldu hins vegar að jafnræðisregla væri ekki brotin. Ljóst er að málið mun verða áfram til umfjöllunar.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem nú eru í ríkisfjármálum og vegna aðdraganda málsins, leggja undirritaðir nefndarmenn til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit Sólveigar Pétursdóttur.

Undirritaður nefndarmaður efnahags- og viðskiptanefndar vísar til umsagnar Vilhjálms Egilssonar o.fl. til félagsmálanefndar, dags. 17. desember 1992, um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og telur að það eigi að samþykkja óbreytt, að undanskildu ákvæði um landsútsvar. Eins og fram kemur í fyrr-

greindri umsögn kom fram veruleg gagnrýni á fundi efnahags- og viðskiptanefndar á þennan þátt frumvarpsins og var talið að það væri andstætt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að fella þetta gjald ekki niður jafnhliða aðstöðugjaldinu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í ríkisfjármálum telur undirrituð að finna hefði mátt lausn á þessu máli enda verða ekki séð nein rök sem réttlæti þessa mismunun í skattlagningu.

Alþingi, 17. des. 1992.

Sólveig Pétursdóttir.

Fylgiskjal III.

Álit Halldórs Ásgrímssonar, Steingríms J. Sigfússonar, Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og Kristínar Ástgeirsdóttur.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjallar um niðurfellingu aðstöðugjalds. Undirritaðir fulltrúar minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru sammála því að aðstöðugjaldið verði fellt niður. Almenn samstaða hefur náðst um það í þjóðfélaginu að þessi tekjustofn sé ranglátur og niðurfelling gjaldsins muni örva atvinnulífið og stuðla að lækkuðu vöruverði. Með niðurfellingu aðstöðugjaldsins eru jöfnuð samkeppnisskilyrði íslenskra atvinnuvega við erlenda samkeppnisaðila. Aðstöðugjaldið hefur auk þess komið misjafnlega við einstakar atvinnugreinar og valdið mismunun.

Uppruna aðstöðugjalds sveitarfélaga má rekja til veltuútsvars. Veltuútsvarið var mismunandi hátt og þess vegna var ákveðið að setja lögbundið hámark með lögum nr. 43 1960. Með lögunum var ákveðið að hámarks álagning veltuútsvars væri 3% fyrir Reykjavík, en utan Reykjavíkur var 3% hámark fyrir t.d. olíuverslun, kvikmyndahús og sælgætisgerðir og 2% hámark fyrir t.d. annan iðnað og verslun. Aðstöðugjald var fyrst lagt á með lögum nr. 69 frá 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Þau lög komu í stað laga um tekjuútsvar frá 1960.

Grundvallaratriði þessara laga var að koma á tekjustofni fyrir sveitarfélögin í stað veltuútsvarsins en það þótti sanngjarnt að fyrirtækin greiddu fyrir þá aðstöðu sem þau fengju hjá sveitarfélögunum. Hámark aðstöðugjaldsins hefur verið mismunandi frá því að lögin tóku fyrst gildi 1962. Mismunandi aðstöðugjald á rætur sínar að rekja til þess að efnahagslífið var með allt öðrum hætti þegar gjaldið var fyrst lagt á. Sjávarútvegurinn skapaði nær allar gjaldeyristekjur og flestar aðrar atvinnugreinar voru verndaðar með háum tollum og aðflutningsgjöldum. Við breyttar aðstæður var ákveðið að jafna aðstöðugjaldið meira með tilliti til vaxandi alþjóðlegrar samkeppni og opnara hagkerfis.

Miðað við forsögu málsins og þess vilja löggjafans að jafna samkeppnisskilyrði atvinnuveganna við erlenda keppinauta telur minni hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fella niður aðstöðugjöld á öllum atvinnugreinum.

Tekið skal fram að þar með er ekki verið að fallast á þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið til að afla fjár til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Um afstöðu minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar vísast í því sambandi í nefndarálit um „skattorm“ ríkisstjórnarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki fallist á að fella niður landsútsvar með samsvarandi hætti og aðstöðugjald. Landsútsvarið er sami skatturinn sem leggst á tiltekin fyrirtæki. Að mati minni hlutans leikur mikill vafi á því hvort slík mismunun samrýmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að veruleika mun hagkerfið opnast mun meira en áður og því eru engin rök sem mæla með því að viðhalda landsútsvarinu. Með því tekur ríkisstjórnin mikla áhættu en fyrirtækin hafa ákveðið að sækja rétt sinn með málaferlum.

Varðandi frekari rökstuðning vill minni hluti nefndarinnar vitna til meðfylgjandi bréfs Vinnuveitendasambands Íslands dagsett 3. desember 1992. Þeir aðilar, sem komu til viðtals við nefndina, tóku allir undir þau rök sem þar koma fram. Jafnframt er rétt að benda á bréf Íslenska járnblendifélagsins til fjármálaráðuneytisins en þar kemur fram að það er samningsbrot að viðhalda aðstöðugjaldinu á fyrirtækið.

Þrátt fyrir öll þessi rök sýndi ríkisstjórnin engan vilja til að leiðrétta þau mistök sem virðast hafa átt sér stað. Það er lýsandi dæmi fyrir vinnubrögð undanfarinna vikna að fljótræði og skyndiákvarðanir ráða ferðinni. Skattar eru rökstuddir sem sálfræðileg aðgerð, en skynsemin og tekjuöflunarþörfin ráða minnu. Vel má vera að hin sálfræðilegu áhrif þeirrar mismununar sem kemur hér fram verði einhver, en verulegar líkur eru á að ríkisstjórnin tapi þeim ímyndaða ávinningi í kostnaðarsömum málaferlum. Það er ekki hægt að styðja slík vinnubrögð og því leggur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að landsútsvarið verði jafnframt fellt niður.

Alþingi, 17. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.

497. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:	
144 Rannsóknir á hrygningu og klaki þorsks	10.000
Varatillaga:	5.000

Um samhljóða greinargerð vísast til breytingartillögu í sama máli á þskj. 444 á bls. 2935.

498. Frumvarp til laga [311. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 11. maí 1978, um búnaðarfræðslu, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Lög nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

1. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Skólanefnd og skólastjórar skólanna ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

II. KAFLI
Lög um Garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91 23. júní 1936.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Skólanefnd og skólastjóri ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI
Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 21. maí 1965, með síðari breytingum.

3. gr.

Við V. kafla laganna bætist ný grein er verður 38. gr., svohljóðandi:

Til að standa straum af kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar og prófanir á þeim er landbúnaðarráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt gjald af öllum seldum búvélum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu, hlutfall af tollverði vélanna eða söluverði innan lands, þó að hámarki 2%. Gjald þetta er aðfararhæft. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í landbúnaðarráðuneytinu, er lagt fram til að afla nauðsynlegra heimilda til handa búnaðarskólunum til að innheimta skráningargjöld af nemendum og jafnframt gjaldtöku af seldum búvélum til að standa undir kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir og prófanir bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Tilgangur frumvarpsins er að styrkja fjárhagslega stöðu viðkomandi stofnana miðað við núverandi fjárframlög ríkissjóðs. Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að bætt verði nýrri málsgrein við 32. gr. laga nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu. Eftir þeim lögum starfa Bændaskólarnir á Hvanneyri og á Hólum í Hjaltadal. Ekki er óeðlilegt að nemendur skólanna taki einhvern þátt í fjármögnun á beinum kostnaði vegna náms

við skólana, en rekstur þeirra er kostnaðarsamur og fjárveitingar þröngar. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sambærilegri heimild fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi sem starfar eftir lögum nr. 91/1936. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að upphæð skráningargjalda sé háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýrri grein við V. kafla laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 21. maí 1965, en hann fjallar um Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Sérstök deild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur á hendi vinnu- og verktæknirannsóknir á búvélum, sbr. 6. tölul. 36. gr. laga 64/1965, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra fái heimild til að láta innheimta sérstakt gjald af öllum seldum búvélum sem ætlað er að standa undir kostnaði við prófanir, vinnu- og verktæknirannsóknir o.fl. Telja verður eðlilegt að söluaðilar búvéla standi að mestu straum af kostnaði vegna rannsókna og tilrauna með búvélar og prófanir á þeim. Geta má þess að þeir söluaðilar, sem hafa látið vélar til prófunar hjá bútæknideild, hafa þurft að greiða fyrir þá þjónustu sérstaklega. Því er um að ræða nánari útfærslu á núverandi kerfi. Er það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að atvinnuvegirnir kosti sjálfir hluta af þeirri þjónustu sem þeir njóta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu, o.fl.

Með frumvarpinu er leitað sérstakrar heimildar fyrir nokkrar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins til öflunar sértekna. Annars vegar er heimild fyrir búnaðarskóla að innheimta skráningargjöld líkt og gildir um framhaldsskóla almennt. Í frumvarpi til fjárlaga 1993 er gert ráð fyrir að Bændaskólinn á Hvanneyri afli 800 þús. kr. með skráningargjöldum á næsta ári, Bændaskólinn á Hólum 600 þús. kr. og Garðyrkjuskóli ríkisins 600 þús. kr. Hins vegar er heimild til að leggja á sérstakt bútæknigjald sem renni til bútæknideildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að slíkt gjald afli stofnuninni 8 m.kr. á árinu 1993.

499. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta er lýtur að því að rýmka heimild til að nýta fé Framkvæmdasjóðs aldraðra til reksturs. Nefndin fékk umsagnir um frumvarpið frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öldrunarráði.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Tillagan felur í sér að b-lið 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að heimild til að nýta fé Framkvæmdasjóðs til reksturs verði bundin við árin 1993–1995 og að upphæðin verði tilgreind í fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þetta framlag nemi ekki meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á ári hverju. Áfram er þó í lögunum heimild til að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.

Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á að miðað við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni meira en hingað til rekstur stofnana aldraðra. Jafnframt er ljóst að enn er veruleg þörf á fjármagni til uppbyggingar í húsnæðismálum aldraðra og með hliðsjón af því hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lýst yfir því að hann muni beita sér fyrir könnun á högum aldraðra á áðurgreindu tímabili (1993–1995) og enn fremur verði á sama tímabili gerð áætlun um þjónustu- og byggingarþörf og að framkvæmdir í samræmi við þá áætlun hefjist fyrir lok tímabilsins.

Alþingi, 17. des. 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

Sólveig Pétursdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

500. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SigG, SP, LMR, SAÞ, GHall).

B-liður 1. gr. orðist svo:

Á eftir 3. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Að veita rekstrarfé á árunum 1993, 1994 og 1995 til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga, þó aldrei meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á árinu.

501. Frumvarp til laga [312. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Staða og markmið.

1. gr.
Staða.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hann lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

2. gr.
Heimili og varnarþing.

Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Meginmarkmið Seðlabankans er að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi.

Enn fremur skal hann:

a. Stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði.
b. Varðveita nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd og treysta fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
c. Stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

II. KAFLI
Gjaldmiðill Íslands.

4. gr.
Gjaldmiðill Íslands.

Gjaldmiðill Íslands nefnist króna. Í hverri krónu eru hundrað aurar.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil er geti gengið manna á milli í stað löglegra peningaseðla og löglegrar myntar. Bankinn ákveður hvort slegin skuli og gefin út mynt í aurum.

Seðlar, mynt og annar gjaldmiðill, sem Seðlabankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

5. gr.
Lögun, útlit og ákvæðisverð peninga.

Seðlabankinn ákveður gerð, lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út. Hann skal birta auglýsingu um það efni í Lögbirtingablaðinu. Sama gildir um gerð, þunga, stærð og málmblöndu myntarinnar.

6. gr.

Skemmdir eða slitnir peningar.

Peningaseðlar og slegnir peningar, sem eru svo skemmdir eða máðir að númer, áletranir eða ákvæðisverð verður ekki örugglega greint, teljast ekki lögmætur gjaldmiðill. Seðlabankanum er þó heimilt að leysa til sín seðla og slegna peninga með fullu verði eða hluta af verði. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Innköllun peninga.

Seðlabankanum er heimilt að innkalla einstakar gerðir peningaseðla og sleginna peninga sem í umferð eru. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Innkallaðir peningaseðlar og slegnir peningar hætta að vera lögeyrir einu ári eftir birtingu auglýsingar bankans.

Seðlabankanum er þó skylt að taka við innkölluðum peningaseðlum og slegnum peningum með fullu ákvæðisverði, sbr. þó 6. gr., í að minnsta kosti fimm ár frá birtingu auglýsingar um innköllun skv. 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innköllunar hverju sinni. Reglurnar skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til almennrar innköllunar gjaldmiðils.

8. gr.

Fjárhæðir krafna og reikninga.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura eða aurum sleppt. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Takmörkun á skyldu til að taka við slegnum peningum.

Eigi eru aðrir en innlánsstofnanir skyldugir að taka við greiðslu í einu á meira fé en 500 krónum í slegnum peningum.

III. KAFLI
Innlend viðskipti.

10. gr.

Innstæður lánastofnana.

Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Honum er einnig heimilt að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein, þar á meðal hvaða lánastofnunum öðrum en innlánsstofnunum er heimilt að eiga innstæður í bankanum.

11. gr.

Lánveitingar til lánastofnana.

Seðlabankinn getur veitt lánastofnunum, sem innlánsviðskipti geta átt við bankann,

sbr. 10. gr., lán með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt. Bankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar sérstaklega stendur á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins getur hann að höfðu samráði við ráðherra veitt lánastofnunum önnur lán en um ræðir í 1. mgr.

12. gr.

Viðskipti með verðbréf.

Til að ná markmiðum sínum í peningamálum kaupir og selur Seðlabankinn ríkistryggð verðbréf og önnur trygg, innlend og erlend markaðsverðbréf.

13. gr.

Útgáfa verðbréfa til lánastofnana.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt innlánsviðskipti við hann. Óheimilt er að framselja slík verðbréf til annarra en lánastofnana sem innlánsviðskipti geta átt við bankann.

14. gr.

Vextir í viðskiptum bankans.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann, af lánum sem hann veitir og verðbréfum sem hann gefur út.

15. gr.

Bindiskylda.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum sem nemi tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé eða innlánsfé þeirra. Honum er einnig heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar samkvæmt þessari grein, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur. Í þeim má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir flokkum lánastofnana, flokkum innlána og annarra skulda sem bindingin nær til.

16. gr.

Laust fé lánastofnana.

Seðlabankinn setur reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana svo þær hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi þeirra fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur og hvaða eignir teljist til lauss fjár. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

17. gr.

Bankaþjónusta fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Innstæður ríkissjóðs skulu vera í bankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkisstofnunum og sjóðum í eigu ríkisins bankaþjónustu, aðra en lánafyrirgreiðslu.

Seðlabankanum er heimilt að annast innlendar og erlendar lántökur ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkisábyrgðar njóta, þar með talda útgáfu verðbréfa þessara aðila.

18. gr.

Upplýsingar um ríkisfjármál.

Fjármálaráðherra skal veita Seðlabankanum þær upplýsingar um ríkisfjármál sem bankinn telur nauðsynlegar til að ná markmiðum sínum í peningamálum, þar á meðal reglulegar upplýsingar um greiðsluáætlanir ríkissjóðs og áform hans um lántökur á innlendum og erlendum markaði.

19. gr.

Lánveitingar til opinberra aðila.

Seðlabankanum er óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán.

Verðbréf, sem gefin eru út af þeim aðilum sem um ræðir í 1. mgr. og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum til að ná markmiðum sínum í peningamálum, skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Önnur banka- og verðbréfaviðskipti.

Seðlabankinn stundar önnur banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka. Í því skyni er bankanum m.a. heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum og stofnunum á sviði verðbréfa- og greiðslumiðlunar.

Seðlabankanum er óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Honum er þó heimilt að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út.

IV. KAFLI
Gengismál og erlend viðskipti.

21. gr.

Gengisskráning.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið, þar með talið hvort og með hvaða hætti gengi krónunnar miðist við erlendar myntir. Meðal annars er heimilt að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Heimilt er að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Bankinn getur með kaupum og sölum á erlendum gjald-

eyri eða öðrum aðgerðum, sem hann telur nauðsynlegar, hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið ákveðið að takmarka viðskipti með erlendan gjaldeyri. Í því skyni getur hann fellt niður gengisskráningu skv. 22. gr. og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Birta skal opinberlega ákvarðanir Seðlabankans um skipan gengisskráningar skv. 1. mgr.

22. gr.

Opinbert viðmiðunargengi.

Hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skal Seðlabankinn á þeim tíma dags, sem hann ákveður, skrá gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

23. gr.

Gjaldeyrisviðskipti.

Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri og verðbréf sem erlendir ríkissjóðir hafa gefið út eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf í erlendri mynt til að ná markmiðum sínum í peningamálum og sinna hlutverki sínu í gengis- og gjaldeyrismálum, sbr. 21. og 24. gr. Bankanum er jafnframt heimilt að skipuleggja hér á landi markað þar sem slík viðskipti fara fram. Bankinn setur reglur um viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankinn annast framkvæmd og eftirlit í gjaldeyrismálum eftir því sem ákveðið er í lögum um gjaldeyrismál eða öðrum lögum.

24. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður.

Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisvarasjóð landsins. Hann skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í gulli, tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum í erlendum gjaldmiðlum, erlendum peningaseðlum eða slegnum peningum sem nota má til greiðslu í alþjóðaviðskiptum, sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða öðrum sambærilegum eignum.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- og fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda.

25. gr.

Aðild að alþjóðlegum stofnunum.

Seðlabankinn hefur með höndum samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar eftir því sem óskað er eða honum er falið með lögum.

Seðlabankinn er fyrir hönd ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Honum er jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

26. gr.

Önnur erlend viðskipti.

Seðlabankinn annast gerð og framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Enn fremur stundar hann önnur erlend viðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka.

V. KAFLI
Bankaeftirlit.

27. gr.

Eftirlit með fjármálastofnunum.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir eða það sem telja má eðlilega viðskiptahætti nema eftirlitið sé öðrum falið með lögum.

28. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Eftirlit Seðlabankans með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum skal falið sérstakri deild í bankanum er nefnist bankaeftirlit. Bankaeftirlitið starfar undir yfirstjórn bankastjórnar.

Bankaráð ræður forstöðumann bankaeftirlitsins samkvæmt tillögu bankastjórnar. Forfallist forstöðumaðurinn um stundarsakir getur bankaráð samkvæmt tillögu bankastjórnar sett mann tímabundið í stöðu hans.

Seðlabankinn hefur samráð við ráðuneytið um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins og gefur ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

29. gr.

Starfsemi bankaeftirlitsins.

Bankaeftirlitið athugar bókhald og reikninga lánastofnana og annarra fjármálastofnana og kannar að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar, er varða starfsemina, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits, með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

Bankaeftirlitið fylgist með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við lánastofnun eða aðra fjármálastofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika stofnunarinnar og eigin fé hennar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptamanns sem eru svo fjárhagslega tengdir að skoða verður sameiginlegar skuldbindingar þeirra við lánastofnun eða aðra fjármálastofnun með tilliti til útlánaáhættu.

30. gr.

Reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana.

Seðlabankinn setur nánari reglur um ýmsa þætti í starfsemi lánastofnana og annarra fjármálastofnana sem snerta fjárhagslegt öryggi þeirra, svo sem ákvæði um jöfnuð gengis- og vísitölubundinna eigna og skulda, um leiðir til að draga úr vaxtaáhættu, um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra lántakenda og um útreikning eiginfjárhlutfalls. Reglur þessar skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

31. gr.

Réttur bankaeftirlitsins til íhlutunar um starfsemi fjármálastofnana.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum þessa kafla að lánastofnun eða önnur fjármálastofnun fylgi ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar skal bankaeftirlitið krefjast úrbóta innan ákveðins frests.

Telji bankaeftirlitið að stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar hafi vanrækt skyldu sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins situr fundinn með málfrelsi og tillögurétt og stýrir honum.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart lánastofnun eða öðrum fjármálastofnunum, sbr. 50. gr. Bankaeftirlitinu er einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að upplýsingum, sbr. 29. gr., og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaðurinn óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi lánastofnun eða fjármálastofnun.

Telji Seðlabankinn brýna ástæðu til getur hann að fengnu samþykki ráðherra tekið stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar í sínar hendur í allt að þrjá mánuði. Ráðherra er heimilt að framlengja tímabilið um allt að þrjá mánuði að tillögu Seðlabankans.

Bankaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði Seðlabankans, bankaráði hlutaðeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra lánastofnun eða fjármálastofnun að ræða.

VI. KAFLI
Skýrslugerð.

32. gr.

Hagskýrslugerð og upplýsingar til almennings.

Seðlabankinn gerir skýrslur og áætlanir um peningamál, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Hann birtir opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni og skýrir stefnu sína og aðgerðir á þeim sviðum.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar. Bankinn nýtur í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við ef út af er brugðið.

33. gr.

Skýrslur til Alþingis og ríkisstjórnar.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári gera Alþingi og ríkisstjórn skriflega grein fyrir þróun í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í greinargerð bankans skal einnig fjallað um horfur í þessum efnum svo og stefnu bankans.

VII. KAFLI
Stjórnskipulag.

34. gr.
Yfirstjórn.

Viðskiptaráðherra fer með málefni Seðlabankans. Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjórnar svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.

35. gr.
Samskipti við ríkisstjórn.

Seðlabankanum er skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar þau mál.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telur það ekki ganga gegn markmiðum sínum skv. 3. gr.

Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum þær upplýsingar um efnahagsmál sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi hans.

36. gr.
Skipan bankaráðs.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Eigi má kjósa stjórnendur lánastofnana eða fjármálastofnana, sem Seðlabankinn hefur eftirlit með, til setu í bankaráði. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins. Bankaráðsmenn skulu hafa óflekkað mannorð og víðtæka þekkingu á efnahagsmálum.

Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna. Taki nýr ráðherra við störfum getur hann skipað nýjan formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

37. gr.
Starfshættir bankaráðs.

Formaður bankaráðs kallar bankaráð saman til fundar. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar einn eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess. Fundir bankaráðs eru lögmætir ef að minnsta kosti þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður. Bankastjórn hefur tillögurétt á fundum bankaráðs.

38. gr.
Verkefni bankaráðs.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans og er bankastjórn til ráðuneytis um stefnu bankans í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og um meginþætti í starfsemi hans. Sérstaklega skal bankaráð sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Taka að fengnum tillögum bankastjórnar ákvörðun um útgáfu, gerð, lögun, útlit, verðgildi, innlausn og innköllun peningaseðla og sleginna peninga.

b. Vera bankastjórn til ráðuneytis um reglur bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. og 13. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé lánastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.
c. Vera bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins og staðfesta reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana, sbr. 30. gr. Enn fremur skal bankaráð gera tillögu til ráðherra um yfirtöku bankans á stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar skv. 4. mgr. 31. gr.
d. Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
e. Auglýsa eftir umsóknum um stöður bankastjóra og gera tillögur til ráðherra um skipun í þær.
f. Ákveða laun og ráðningarkjör bankastjóra og gera við þá ráðningarsamninga þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna.
g. Staðfesta ráðningu aðstoðarbankastjóra.
h. Ráða forstöðumann bankaeftirlitsins samkvæmt tillögu bankastjórnar. Bankaráð ákveður laun og ráðningarkjör forstöðumannsins og gerir við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna. Bankaráð segir forstöðumanni bankaeftirlitsins upp störfum að fenginni tillögu bankastjórnar.
i. Hafa umsjón með starfi sérstakrar endurskoðunardeildar við bankann, ráða forstöðumann hennar og segja honum upp starfi, ákveða laun og ráðningarkjör hans og gera við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna.
j. Ákveða hvaða starfsmenn bankans aðrir en bankastjórar hafa heimild til að skuldbinda bankann og setja reglur þar um.
k. Eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans og setja reglur um eftirlaunasjóð þeirra.
l. Gera tillögu til ráðherra um reikningsskil og gerð ársreiknings bankans.
m. Gera tillögu til ráðherra að reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, sbr. 51. gr.
n. Hafa eftirlit með öllum eignum og rekstri bankans og taka ákvörðun um allar meiri háttar fjárfestingar.
o. Taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum og staðfesta ársreikning bankans.

39. gr.

Bankastjórn.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og þar skal tekið fram hvort um sé að ræða stöðu formanns bankastjórnar. Bankastjórar skulu hafa víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála.

Ráðherra skipar bankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna og atkvæði hafa fengið í bankaráði. Umsækjandi um stöðu formanns bankastjórnar skal þó hafa hlotið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði til að ráðherra geti skipað hann í stöðuna.

Óheimilt er að skipa sama mann í stöðu bankastjóra oftar en tvisvar sinnum. Þó er heimilt að skipa sama mann í þriðja sinn í stöðu bankastjóra enda sé þá um að ræða

stöðu formanns bankastjórnar og viðkomandi hafi ekki gegnt henni oftar en einu sinni áður. Bankastjóri skal láta af störfum þegar hann er fullra sjötíu ára að aldri.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann tímabundið í stöðu hans.

Bankaráð getur gert tillögu til ráðherra um að bankastjóri sé leystur frá störfum. Í tillögu bankaráðs skulu tilgreindar ástæður þessa. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum fyrirvaralaust úr starfi án staðfestingar ráðherra og án launa.

40. gr.

Formaður bankastjórnar.

Formaður bankastjórnar er talsmaður Seðlabankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Hinir tveir bankastjórarnir skiptast á um að vera staðgenglar formanns bankastjórnar til eins árs í senn.

Formaður bankastjórnar kallar bankastjórn saman til fundar. Ávallt skal boðað til fundar þegar annar hinna bankastjóranna óskar þess. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns bankastjórnar.

Ákvarðanir bankastjórnar skal skrá í gerðabók.

41. gr.

Störf æðstu stjórnenda utan bankans.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og forstöðumanni bankaeftirlitsins er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart bankastjórum sker ráðherra úr.

VIII. KAFLI
Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar.

42. gr.

Reikningsár og gerð ársreiknings.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum Seðlabankans.

43. gr.

Endurskoðun.

Við Seðlabankann starfar endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun, sbr. i-lið 38. gr. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skoðunarmaðurinn skal vera löggiltur endurskoðandi.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning Seðlabankans skal birta í ársskýrslu bankans. Enn fremur skal bankinn birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

44. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Árlega skal meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr., greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta afkomu fyrri áranna tveggja til verðlags hins þriðja. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiðsla Seðlabankans í ríkissjóð nema fjórðungi af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr. ef eigið fé bankans í lok reikningsárs er lægra en 6% af vergri landsframleiðslu ársins á undan. Endurmeta skal verga landsframleiðslu til verðlags í lok reikningsársins.

Árlega skal leggja í arðsjóð að minnsta kosti jafngildi 130 milljóna króna miðað við verðlag í árslok 1991. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum. Árlega skal helmingur tekna arðsjóðs renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Hlutabréfaeign og þátttaka í atvinnurekstri.

Seðlabankanum er óheimilt að eiga innlend eða erlend hlutabréf eða önnur verðbréf sem fela í sér þátttöku í atvinnurekstri eða taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri nema það samrýmist hlutverki hans sem seðlabanka.

46. gr.

Biðlaun bankastjóra.

Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í tólf mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlaunanna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans.

Sé bankastjóra vikið úr starfi vegna brots í starfi fellur greiðsla biðlauna niður.

47. gr.

Þagnarskylda og gagnkvæm upplýsingaskipti.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans, málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði er lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

48. gr.

Meðferð trúnaðarupplýsinga.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum eða á vegum hans, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

49. gr.

Undanþága frá tekjuskatti og eignarskatti og stimpilgjaldi.

Seðlabankinn er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

50. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að sekta lögaðila eða svipta starfsréttindum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Seðlabankanum er heimilt að beita lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir viðurlögum í formi dagsekta, sem ákveðnar eru af bankastjórn að höfðu samráði við bankaráð, hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé skv. 16. gr. og fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana skv. 30. gr. Sömu viðurlögum verður einnig beitt eigi 1. eða 2. mgr. 31. gr. við eða sé upplýsingaskyldu skv. 29. gr. ekki fullnægt. Viðurlög skulu kynnt lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum. Úrskurði bankans um viðurlög má skjóta til ráðherra. Sé um ítrekaða vanrækslu að ræða er bankanum heimilt að leggja til við ráðherra að viðkomandi stofnun sé svipt starfsleyfi.

Seðlabankanum er heimilt að beita þá aðila viðurlögum sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar sem hann á rétt á skv. 32. gr., sbr. 8. gr. laga um hagfræðiskýrslur, með áorðnum breytingum.

X. KAFLI

Gildistaka o.fl.

51. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaráðs, sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

52. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, og lög nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara kýs Alþingi fimm menn í bankaráð Seðlabankans og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 39. gr. gegna bankastjórar Seðlabankans við gildistöku laga þessara starfi sínu til loka skipunartímabils síns. Við gildistöku laga þessara skal bankastjórn Seðlabankans velja sér formann til bráðabirgða. Í fyrsta sinn sem staða bankastjóra Seðlabankans losnar eftir gildistöku laga þessara skal bankaráð auglýsa lausa til umsóknar stöðu formanns bankastjórnar skv. e-lið 38. gr. og 2. mgr. 39. gr.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 28. gr. gegnir forstöðumaður bankaeftirlitsins við gildistöku laga þessara starfi sínu til loka skipunartímabils síns.

IV.

Þeir seðlar og slegnir peningar, sem við gildistöku laga þessara eru lögmætur gjaldmiðill á Íslandi, skulu halda gildi sínu þar til gefnir hafa verið út nýir í þeirra stað skv. 4. og 5. gr.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. um laust fé lánastofnana er Seðlabankanum heimilt í allt að tólf mánuði frá gildistöku laga þessara að láta gilda reglur um laust fé innlánsstofnana sem settar hafa verið á grundvelli 4. og 5. mgr. 8. gr. og 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 11/1989, um breytingu á þeim.

VI.

Þar til lög hafa verið samþykkt um verðbréfaþing hér á landi setur Seðlabankinn reglur um Verðbréfaþing Íslands að fengnu samþykki ráðherra. Ákvæði þetta fellur úr gildi eigi síðar en 1. janúar 1995.

VII.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. er Seðlabankanum heimilt allt til ársloka 1993 að taka við framseljanlegum ríkisverðbréfum eða ríkisvíxlum af ríkissjóði til að jafna yfirdrátt sem myndast hefur á viðskiptareikningum ríkissjóðs í bankanum. Verðbréf þessi eða víxlar skulu gefin út og afhent bankanum um leið og ljóst er að yfirdráttur hefur myndast. Þau skulu hafa vaxtagildistöku daginn áður. Yfirdráttur samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei verða hærri en sem nemur 3 milljörðum króna í hvert sinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Gerð frumvarpsins.

Hinn 20. febrúar 1991 skipaði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra nefnd til að fjalla um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands og gera tillögur um breytingar á þeim í samræmi við niðurstöður slíkrar endurskoðunar.

Í nefndina voru skipaðir: Ágúst Einarsson prófessor, formaður, Geir H. Haarde alþingismaður, Guðmundur Ágústsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson alþing-

ismaður, Guðrún J. Halldórsdóttir alþingismaður, Már Guðmundsson hagfræðingur og Ólafur B. Thors forstjóri. Guðmundur Ágústsson hætti störfum í nefndinni í maí 1991. Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður í peningamáladeild Seðlabanka Íslands, störfuðu með nefndinni.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. að breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði frá því að núgildandi lög um Seðlabanka Íslands voru samin og aukið fjölþjóðasamstarf á sviði gengis- og vaxtamála muni í vaxandi mæli setja mark sitt á efnahagslíf Íslendinga í framtíðinni. Breyttar aðstæður kalli á breytt vinnubrögð og bætt stjórntæki Seðlabankans í gengis-, vaxta- og peningamálum. Nefndinni var einnig falið að taka skipan og hlutverk bankastjórnar og bankaráðs til endurskoðunar með það að markmiði að stjórnskipulag bankans tryggði sem best faglega stjórnun hans og þátttöku hans í hagstjórn.

Nefndin hélt fjörutíu fundi. Hún leitaði álits bankastjórnar Seðlabankans, forstöðumanns bankaeftirlitsins, skoðunarmanns bankans og embættismanna í fjármálaráðuneytinu auk ýmissa annarra sérfræðinga á þessu sviði.

Í apríl 1992 sendi nefndin viðskiptaráðherra tillögur sínar að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Seðlabanka Íslands. Frumvarp, sem var óbreytt frá tillögum nefndarinnar, var lagt fram til kynningar á 115. löggjafarþingi vorið 1992. Að loknu þinghaldi var frumvarpið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Tekið hefur verið tillit til margvíslegra ábendinga. Sérálit Guðrúnar J. Halldórsdóttur við tillögur nefndarinnar er birt sem fskj. I með frumvarpinu og sérálit Más Guðmundssonar sem fskj. II.

2. Nýjar aðstæður á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum.

Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar á innlendum fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum. Fyrstu almennu lögin um viðskiptabanka tóku gildi í ársbyrjun 1986 (lög nr. 86/1985). Þau komu í stað eldri laga um sérhvern af viðskiptabönkunum sem þá störfuðu. Á sama tíma gengu einnig í gildi ný lög um sparisjóði (lög nr. 87/1985). Síðar á sama ári gengu í gildi ný lög um Seðlabanka Íslands (lög nr. 36/1986) og árið eftir vaxtalög (lög nr. 25/1987) í stað laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Þessi breyting hafði m.a. í för með sér að almennt samningsfrelsi um vexti var lögleitt hér á landi. Árið 1989 gengu í gildi tvenn lög um nýjungar á fjármagnsmarkaðinum, annars vegar lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, og hins vegar lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þá tók fyrsta skipulagða verðbréfaþingið hér á landi, Verðbréfaþing Íslands, til starfa árið 1985 á grundvelli heimildar í 15. gr. seðlabankalaganna frá 1961.

Með setningu fyrrnefndra laga ásamt lögunum um Seðlabankann frá 1986 voru innviðir fjármagnsmarkaðarins styrktir, skýrar leikreglur settar og bankaeftirliti Seðlabankans falið eftirlit með stofnunum á þessum markaði. Jafnframt hefur fjármagnsmarkaðurinn tekið nokkrum breytingum. Viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur fækkað við samruna fyrirtækja. Eignarleigur, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir hafa náð að festa sig í sessi. Samhliða hefur þróast markaður fyrir verðbréf, einkum skuldabréf til langs tíma, en einnig víxla og önnur skammtímabréf og hlutabréf.

Samtímis því sem innlendur fjármagnsmarkaður hefur eflst hefur smám saman verið dregið úr gjaldeyrishöftum. Það hefur styrkt tengsl innlends fjármagnsmarkaðar og erlendra fjármagnsmarkaða. Stórt skref í þá átt var stigið árið 1990 þegar ný reglugerð um gjaldeyrismál og fjórar auglýsingar Seðlabankans á þessu sviði tóku gildi. Mikilvægasta breytingin frá eldri reglum fólst í því að Íslendingum var heimilað að fjárfesta í útlönd-

um innan tiltekinna fjárhæðarmarka, hvort heldur var í atvinnurekstri, fasteignum eða verðbréfum. Fjárhæðarmörkin fara stighækkandi uns þau falla niður í árslok 1992. Með þessum breytingum hafa opnast nýjar leiðir fyrir fjármagn til að streyma til og frá landinu og þær hafa tengt innlendan fjármagnsmarkað erlendum traustari böndum en áður. Á yfirstandandi þingi var lagt fram frumvarp til laga um gjaldeyrismál þar sem viðskiptafrelsi á þessu sviði er fest í sessi.

Enn eitt skref í sömu átt var stigið í mars 1991 þegar lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri tóku gildi. Í þeim er m.a. kveðið á um að erlendir aðilar megi eiga allt að 25% af hlutafé í innlendum hlutafélagsbanka og að frá og með ársbyrjun 1992 sé erlendum hlutafélagsbönkum heimilt að opna útibú hér á landi. Í viðskiptabankalögunum frá 1985 er hins vegar heimild fyrir erlenda hlutafélagsbanka að opna umboðsskrifstofur hér á landi.

Í lok ársins 1992 verður Vestur-Evrópa orðin nánast að einum fjármagnsmarkaði þar sem fjármagn getur streymt hindrunarlaust frá einu ríki til annars. Hér vega þyngst áform Evrópubandalagsins (EB) um að gera aðildarríkin að einu markaðssvæði frá árslokum 1992. Til þess að þeirra eigin fyrirtæki og almenningur hafi einnig aðgang að stórum fjármagnsmarkaði hafa önnur ríki Vestur-Evrópu brugðist við þessum áformum með því að auka frelsi í gjaldeyrismálum. Er nú svo komið að langflest ríki V-Evrópu hafa þegar afnumið gjaldeyrishöft að mestu eða öllu leyti. Með samningi um Evrópska efnahagssvæði (EES), sem áformað er að taki gildi í ársbyrjun 1993, verður formlega komið á sameiginlegum fjármagnsmarkaði fyrir aðildarríki EB og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Samkvæmt samningsdrögunum hefur Ísland frest til ársloka 1994 til að aflétta öllum gildandi hömlum á fjármagnshreyfingum ef undan eru skildar hömlur á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

Samruni fjármagnsmarkaða skapar nýjar aðstæður fyrir hagstjórn. Hún verður vandasamari en áður og nýjar áherslur skapast. Stjórntæki, sem áður dugðu, missa gildi sitt þegar einstaklingar og fyrirtæki geta án nokkurra takmarkana leitað eftir fyrirgreiðslu í öðrum ríkjum. Þessar aðstæður gera einnig auknar kröfur til eftirlits með rekstri og starfsemi fjármálastofnana. Slíkt eftirlit er sívaxandi þáttur í starfsemi seðlabanka erlendis.

Á sameiginlegum markaði skapa gengissveiflur óvissu, óþarfa kostnað og draga úr milliríkjaviðskiptum. Þess vegna hefur meiri hluti aðildarríkja EB haft með sér náið samstarf í gengismálum um nokkurra ára skeið. Er ekki talinn leika vafi á því að þetta samstarf og þær skorður, sem það setur við innbyrðis gengisbreytingum myntanna, hafi átt drjúgan þátt í að stuðla að stöðugleika í verðlagsmálum innan bandalagsins. Á leiðtogafundum EB í Madrid á Spáni árið 1989 og í Maastricht í Hollandi árið 1991 var ákveðið að efla þetta samstarf enn frekar. Þar náðist samkomulag um að í síðasta lagi í ársbyrjun 1999 verði evrópska mynteiningin ECU gerð að sameiginlegum gjaldmiðli sem kemur í stað núverandi þjóðmynta þeirra ríkja sem uppfylla tiltekin skilyrði til að geta tekið þátt í þessu samstarfi. Samtímis tekur einnig til starfa sameiginlegur seðlabanki Evrópubandalagsins (Seðlabanki Evrópu) sem gefa mun út hina sameiginlegu mynt og ráða stefnu bandalagsins í peningamálum. Seðlabankar aðildarríkjanna verða þó áfram til en hlutverk þeirra breytist. Í stað þess að móta sjálfstæða stefnu í peningamálum munu þeir ásamt Seðlabanka Evrópu hrinda hinni sameiginlegu stefnu í framkvæmd og taka þátt í mótun hennar. Maastricht-samkomulagið er nú til umfjöllunar á þjóðþingum aðildarríkjanna og hafa verið um það töluverðar deilur í sumum ríkjanna. Í september 1992 varð mikill órói á gjaldeyrismörkuðum í Evrópu sem leiddi til þess að breska pundið og ítalska

líran voru dregin út úr gengissamstarfi EB. Áform EB um sameiginlega mynt og seðlabanka eru því í mikilli óvissu um þessar mundir.

Gengisfesta innan Evrópubandalagsins og góður árangur í baráttunni við verðbólgu hefur leitt til þess að þjóðir utan EB hafa kosið að tengja gjaldmiðla sína við gjaldmiðla aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þannig hefur austurríski schillingurinn verið tengdur þýska markinu um langt árabil. Finnland, Noregur og Svíþjóð ákváðu á árinu 1991 að fasttengja gengi gjaldmiðla sinna við ECU. Efnahagserfiðleikar og spákaupmennska á gjaldeyrismarkaði urðu til þess að gengi finnska marksins var fellt í október 1991 og aftur í september 1992 og fasttenging við ECU afnumin. Noregur og Svíþjóð hafa hins vegar varið gengisstöðugleika með öllum tiltækum ráðum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um gengismál frá 3. október 1991 segir að ekki sé tímabært að sinni að tengja gengi íslensku krónunnar við ECU en unnið skuli markvisst að því að skapa þær aðstæður að tenging með sama hætti og annars staðar á Norðurlöndum verði möguleg árið 1993. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið í ársbyrjun 1992 þegar gjaldmiðlavogin, sem gengi krónunnar er miðað við, var einfölduð úr sautján gjaldmiðlum í einungis þrjá, bandaríska dal, japanskt jen og ECU. Á árinu 1992 hefur stofnun gjaldeyrismarkaðar hér á landi verið undirbúin þannig að gengi krónunnar geti í auknum mæli ráðist af framboði og eftirspurn á markaði. Jafnframt þarf að efla stjórntæki Seðlabankans þannig að hann geti með kaupum og sölum á gjaldeyri, vaxtabreytingum og öðrum aðgerðum í peningamálum haldið gengi krónunnar innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Af öllu þessu má ljóst vera að miklar breytingar hafa orðið á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum frá því að lögin um Seðlabankann gengu í gildi árið 1986. Fjármagnsmarkaðir tengjast æ meir og starfsumhverfi seðlabanka einstakra ríkja verður alþjóðlegra. Þá kallar aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum á endurskoðun á þeim aðferðum sem seðlabankar beita til að hrinda stefnu sinni í peningamálum í framkvæmd. Þessar breyttu aðstæður krefjast aukins sjálfstæðis Seðlabankans og virkrar og faglegrar stjórnunar hans til þess að bankinn geti brugðist skjótt við óvæntum aðstæðum í peninga-, gengis- og gjaldeyrismálum. Sérstaklega er mikilvægt að bankanum sé tryggt sjálfstæði í framkvæmd peningamála.

Á síðustu árum hafa jafnframt komið í ljós ýmis atriði sem betur mættu fara í seðlabankalögunum. Nægir þar að nefna ákvæði um stjórntæki bankans í peningamálum, ákvæði um vaxtaíhlutun, samskipti bankans og ríkisstjórnar, takmarkalausan aðgang ríkissjóðs að lánsfé í bankanum, takmarkandi ákvæði um fyrirkomulag á skráningu á gengi íslensku krónunnar, skort á heimildum til að hafa eftirlit með nýjum tegundum stofnana á fjármagnsmarkaðinum og skort á heimildum til að setja innlánsstofnunum reglur um jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda.

3. Lög um Seðlabanka Íslands.

Fyrstu heilsteyptu lög um starfsemi seðlabanka hér á landi voru lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Um þá starfsemi giltu áður lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands. Samkvæmt þeim lögum var Landsbankanum skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, sem hvor um sig laut sérstakri stjórn. Sú skipan hélst til 1961 þegar lögin um Seðlabankann tóku gildi og bankinn varð að sjálfstæðri stofnun.

Árið 1972 var skipuð bankamálanefnd til að endurskoða bankakerfið, þar á meðal lögin um Seðlabankann og starfsemi hans. Nefndin skilaði áliti í janúar 1973. Hún taldi ekki ástæðu til að gerðar yrðu meiri háttar skipulagsbreytingar á bankanum. Aftur á móti mælti

hún með ýmsum breytingum í starfsemi hans. Sérstaklega tilgreindi hún ákvæði um útlánahámark innlánsstofnana, takmörkun á lántökum þeirra erlendis og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Nefndin taldi þó ekki ástæðu til að gera ákveðnar tillögur að lagabreytingum á þessu stigi málsins.

Önnur bankamálanefnd var skipuð 1981 til að endurskoða allt bankakerfið, þar á meðal lögin um Seðlabankann og hlutverk hans. Í mars 1984 sendi nefndin viðskiptaráðuneytinu tillögur sínar að lagafrumvörpum um Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka. Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, sem að langmestu leyti var byggt á tillögum nefndarinnar, var lagt fram á Alþingi snemma á vorþingi 1986 og varð að lögum 5. maí 1986.

Með lögunum var starfsemi Seðlabankans takmörkuð í meira mæli en áður hafði verið við hefðbundin verkefni seðlabanka. Þannig var t.d. lögfest sú meginregla að bankinn ætti einungis viðskipti við innlánsstofnanir og ríkissjóð og honum bannað að skipta við almenning og keppa við innlánsstofnanir um viðskipti. Með lögunum voru tengslin milli bindiskyldu innlánsstofnana og endurkaupa Seðlabankans á afurðalánum af innlánsstofnunum endanlega rofin og bindiskyldan gerð að raunverulegu stjórntæki bankans í peningamálum. Jafnframt var bankanum í fyrsta skipti heimilað að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim beri ætíð að ráða yfir. Þá var almenn heimild Seðlabankans til að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana felld niður. Þó var bankanum heimilað við tilteknar aðstæður að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana. Með lögunum var fellt niður það hlutverk Seðlabankans að veita umsagnir um umsóknir innlánsstofnana til að opna útibú og stunda gjaldeyrisviðskipti, enda gert ráð fyrir því að ákvarðanir þar að lútandi færðust alfarið til stofnananna sjálfra. Þá var lögfest að ríkissjóður endurgreiddi skammtímaskuld sína við bankann eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok hvers fjárlagaárs. Að síðustu má nefna að ákvæði um eftirlit Seðlabankans með innlánsstofnunum eru mun ítarlegri en í fyrri lögum.

Frá því að lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, tóku gildi hefur þeim verið breytt í tvígang. Með lögum nr. 11/1989 var breytt skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana (4. mgr. 8. gr.). Jafnframt voru verðbréfasjóðir felldir undir bindiskylduákvæði innlánsstofnana, þó með þeim hætti að í stað bundinna innlána í Seðlabankanum skyldu þeir kaupa örugg verðbréf, einkum ríkisskuldabréf (1. mgr. 8. gr.). Þá var bankanum heimilað að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir til að draga úr gengisáhættu þeirra (5. mgr. 8. gr.). Á sama tíma var orðalagi ákvæðisins um vaxtaíhlutun Seðlabankans breytt með það að markmiði að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana yrðu bæði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum. Áður gilti einungis síðara skilyrðið. Þá skal við mat á óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána taka tillit til annarra tekna innlánsstofnana en svo var ekki áður (2. mgr. 9. gr.). Vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu á innlendum fjármagnsmarkaði með þróun verðbréfamarkaðar, var sett í seðlabankalögin ákvæði þess efnis að hafi bankinn hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum geti hann einnig bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða (3. mgr. 9. gr.). Þá voru seðlabankalögin aðlöguð lögunum um Ríkisendurskoðun þannig að í stað þess að tveir þingkjörnir skoðunarmenn endurskoðuðu reikninga bankans var Ríkisendurskoðun falin endurskoðunin (33. gr.). Loks var ákveðið að innheimt viðurlög vegna þess að reglum bankans væri ekki hlítt skyldu að þremur fjórðu hlutum renna í ríkissjóð (41. gr. og VI. ákvæði til bráðabirgða).

Seðlabankalögunum var breytt á ný í mars 1992 þegar gengisákvæði laganna (18. gr.)

var breytt á sama veg og lagt er til í þessu frumvarpi, þ.e. að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði og að Seðlabankanum sé heimilt að kaupa og selja erlendan gjaldeyri á markaði til að halda gengi krónunnar innan einhverra ákveðinna marka. Jafnframt var fellt brott úr 18. gr. ákvæði þess efnis að ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skyldu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina. Þá var ákvæði 18. gr. um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins flutt í b-lið 3. gr. Loks voru ákvæði laganna aðlöguð lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila, með því að bæta útibúum erlendra hlutafélagsbanka við skilgreiningu á innlánsstofnunum (6. gr.) og í upptalningu þeirra stofnana sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri hér á landi (19. gr.).

4. Lög um seðlabanka í iðnríkjunum.

Nefndin fór yfir gildandi lög um seðlabanka í flestum iðnríkjanna, þar á meðal annars staðar á Norðurlöndum, auk stofnskrár hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins. Þá fór hún yfir greinargerðir alþjóðastofnana og fræðimanna um starfsemi seðlabanka. Nefndin tók til sérstakrar athugunar atriði eins og markmið og hlutverk seðlabanka, stjórntæki í peningamálum, stjórnskipulag, verkaskiptingu bankaráðs og bankastjóra, tengsl seðlabanka við ríkisstjórn, fyrirgreiðslu við ríkissjóð og hvort seðlabanki hafi bankaeftirlit með höndum.

Athuganir nefndarinnar sýna að lög um seðlabanka í iðnríkjunum geta ekki verið einhlít fyrirmynd um efnisatriði í lögum um Seðlabanka Íslands. Þó má draga þá ályktun af nýlegum lögum á Nýja-Sjálandi, stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins og fyrirliggjandi tillögum að breytingum á lögum um Seðlabanka Kanada að þeirri skoðun aukist fylgi að seðlabanki hafi aðeins eitt markmið, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er reynt að tryggja í fyrrgreindum lögum, stofnskrá og lagadrögum að bankinn geti mótað stefnu sína í peningamálum og beitt þeim stjórntækjum, sem hann hefur yfir að ráða án afskipta ríkisstjórnar.

Seðlabanki Danmerkur (Danmarks Nationalbank, lög frá 1942) hefur það hlutverk að viðhalda öruggu fjármálakerfi í landinu og greiða fyrir greiðslumiðlun og lánastarfsemi. Í Finnlandi (Suomen Pankki, lög frá 1925) er bankanum ætlað að viðhalda stöðugu og traustu peningakerfi og tryggja lipra greiðslumiðlun í landinu. Í Noregi (Norges Bank, lög frá 1985) er markmið bankans að stuðla að hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu. Hið sama gildir í Svíþjóð (Sveriges Riksbank, lög frá 1988). Á Nýja-Sjálandi (Reserve Bank of New Zealand, lög frá 1989) hefur seðlabankinn það eina markmið að tryggja stöðugt verðlag en ríkisstjórn getur þó ákveðið með sérstökum hætti að bankinn víki tímabundið frá því markmiði. Í Þýskalandi (Deutsche Bundesbank, lög frá 1957) er markmið seðlabankans að tryggja verðgildi gjaldmiðilsins. Hann skal þó styðja almenna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar svo framarlega sem það gengur ekki gegn meginmarkmiði bankans. Svipað ákvæði er í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins (The European Central Bank) frá 1991 nema að þar er meginmarkmið bankans samkvæmt skilgreiningu að viðhalda stöðugu verðlagi.

Með því að setja seðlabanka það eina markmið að stuðla að stöðugu verðlagi er í rauninni verið að gefa stöðugleika í verðlagi forgang umfram önnur efnahagsleg markmið. Rökin fyrir því byggjast á því að stöðugt verðlag sé til lengdar forsenda fyrir því að öðrum mikilvægum markmiðum verði náð, svo sem auknum hagvexti og litlu atvinnuleysi. Reynsla, bæði hér á landi og erlendis, hefur sýnt að til lengri tíma litið er enginn

ávinningur af verðbólgu. Það er ekki unnt til lengdar að tryggja hátt atvinnustig og hagvöxt með verðbólgu. Þvert á móti gerir verðbólga einstaklingum og fyrirtækjum erfiðara um vik að horfa langt fram á veginn og vinna að ákveðnum framtíðarmarkmiðum. Þá fer mikil orka og tími einstaklinga og fyrirtækja í það að verjast áhrifum verðbólgu auk þess sem hún hefur óæskileg áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Verðlagsmarkmið er í eðli sínu langtímamarkmið. Því er nauðsynlegt að tryggja seðlabanka sjálfstæði til að geta beitt þeim stjórntækjum, sem hann hefur yfir að ráða, til að ná markmiðinu án afskipta stjórnvalda sem kynnu að láta ýmis skammtímasjónarmið ráða gerðum sínum.

Stjórnskipulag seðlabanka er með ýmsum hætti. Víða eru bankaráðsmenn kosnir af þjóðþingum en annars staðar eru þeir skipaðir af ráðherra eða ríkisstjórn. Sums staðar situr bankastjóri í bankaráðinu, jafnvel sem formaður þess. Víðast er einn bankastjóri ásamt einum eða fleiri varabankastjórum en einnig þekkjast dæmi um fjölskipaðar bankastjórnir, svo sem í Danmörku og Finnlandi. Bankastjórar eru ýmist valdir af bankaráði, ráðherra eða ríkisstjórn. Í sumum tilvikum er óheimilt að endurskipa bankaráðsmenn og bankastjóra nema í tiltekinn fjölda skipta en í öðrum tilvikum eru engar slíkar takmarkanir og bankastjórar jafnvel ráðnir til óákveðins tíma. Sums staðar tekur bankaráð ákvarðanir um beitingu helstu stjórntækja bankans í peningamálum en annars staðar er valdið í höndum bankastjóra. Í sumum ríkjum er seðlabanka bannað að veita ríkissjóði lán. Í öðrum ríkjum eru settar einhverjar skorður við lánum til ríkissjóðs og í enn öðrum gilda engar takmarkanir á þessu sviði.

Í athugasemdum við einstakar greinar er nánari grein gerð fyrir tilteknum ákvæðum seðlabankalaga annars staðar á Norðurlöndum, Nýja-Sjálandi, Þýskalandi og í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins.

5. Hlutverk seðlabanka við stjórn efnahagsmála.

Í grófum dráttum má segja að hlutverk seðlabanka sé fjórþætt. Í fyrsta lagi að gefa út seðla og mynt. Seðlabankar hafa yfirleitt einkarétt á þessu sviði. Í öðru lagi að varðveita gjaldeyrisforða landsins. Í þriðja lagi að vera banki ríkissjóðs. Í fjórða lagi að vera banki innlánsstofnana og veita þeim lán ef fjárhagslegt öryggi þeirra er í hættu. Vegna viðskipta sinna við innlánsstofnanir og útgáfu seðla og myntar hefur seðlabönkum jafnframt verið falið í mörgum löndum að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Í löggjöf margra landa eru ofangreind verkefni að einhverju leyti skilgreind sem markmið seðlabanka. Dæmi um slíkt er að seðlabanki skuli stuðla að traustu fjármálakerfi og greiðri og hagkvæmri greiðslumiðlun.

Þau stjórntæki, sem seðlabankar hafa yfir að ráða, eru einkum á sviði peningamála, gengis- og gjaldeyrismála. Algengustu stjórntæki seðlabanka á sviði peningamála eru bindiskylda, markaðsaðgerðir og ákvörðun vaxta í viðskiptum seðlabankans. Með markaðsaðgerðum er átt við kaup og sölu verðbréfa á markaði. Á síðari árum hefur mikilvægi markaðsaðgerða farið vaxandi. Með þeim getur seðlabanki haft áhrif á lausafé lánastofnana og þar með bein eða óbein áhrif á vexti. Meginstjórntæki bankans á sviði gengis- og gjaldeyrismála eru ýmist bein ákvörðun um gengi gjaldmiðilsins eða kaup og sala á erlendum gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði til að hafa áhrif á gengið.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á gildi þess að tryggja stöðugt verðlag. Þetta á einkum rætur sínar að rekja til reynslunnar af mikilli verðbólgu víða um heim á áttunda áratugnum. Talið er nauðsynlegt að tryggja aga við stjórn peningamála

þannig að stjórn þeirra ráðist ekki af skammtímasjónarmiðum ríkisstjórna. Hér liggur að baki það sjónarmið að ríkissstjórnir á hverjum tíma kunni að freistast til að slaka á taumhaldi peningamála í því skyni að ná öðrum efnahagslegum markmiðum en stöðugu verðlagi með stjórmálaleg sjónarmið í huga. Af þessum sökum kann að vera heppilegra að auka sjálfstæði seðlabankans og einfalda markmið hans og fela honum fyrst og fremst það markmið að stuðla að stöðugu verðlagi. Í þessu felst að bankinn mótar stefnu í peningamálum og beitir stjórntækjum sínum á því sviði án afskipta ríkisstjórnar. Með þessu móti er komið á þeirri verkaskiptingu milli ríkisstjórnar og seðlabanka að bankinn einbeiti sér að stjórn peningamála með því markmiði að stuðla að stöðugu verðlagi. Eðli seðlabankastarfsemi gerir það að verkum að eðlilegast er að fela honum þetta verkefni. Þau stjórntæki, sem hann hefur yfir að ráða, hafa áhrif á vexti. Vaxtabreytingar hafa aftur áhrif á bæði gengi viðkomandi gjaldmiðils, þegar engar hömlur eru á fjármagnshreyfingum milli landa, og eftirspurn innan lands. Breytingar á gengi gjaldmiðils og innlendri eftirspurn hafa síðan áhrif á verðlagsþróun. Öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd, háu atvinnustigi og góðum rekstrarskilyrðum atvinnuvega, er alls ekki fórnað á kostnað verðlagsmarkmiðs sjálfstæðs seðlabanka heldur verða þau á verksviði ríkisstjórnar sem starfar í umboði lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Til að ná þessum efnahagslegu markmiðum getur ríkisstjórn beitt stefnu sinni í gengismálum, ríkisfjármálum og launamálum að því leyti sem þau koma til kasta ríkisstjórnar. Með þessum hætti verður verkaskipting milli seðlabanka og ríkisstjórnar skýrari.

Sé litið til reynslu annarra þjóða er ekki einhlítt samhengi milli sjálfstæðis seðlabanka og árangurs í verðlagsmálum. Víða hefur seðlabanki takmarkað sjálfstæði en engu að síður hefur náðst góður árangur í verðlagsmálum. Þetta sýnir að löggjöf af þessu tagi er ekki nauðsynleg til að koma á aga í peningamálum. Hægt er að ná sama árangri með samkomulagi seðlabanka og ríkisstjórnar ef skilningur er fyrir hendi um vinnubrögð og aðferðir við stjórn peningamála. Mestu máli skiptir hér að seðlabanki hafi frelsi til að beita stjórntækjum sínum og að ríkissjóður fjármagni ekki halla sinn með lántökum í seðlabanka.

Ljóst er að þau lönd þar sem seðlabanki hefur umtalsvert sjálfstæði hafa nánast öll náð góðum árangri í stjórn verðlagsmála. Um það má hins vegar deila hvort þessi árangur stafar af sjálfstæði seðlabanka eða hvort sjálfstæði seðlabankans og árangurinn í verðlagsmálum á hvort tveggja rætur að rekja til almennrar stjórnmálalegrar samstöðu um að halda verðbólgu í skefjum.

Aukið sjálfstæði seðlabanka þýðir hins vegar ekki að seðlabanki beri ekki ábyrgð á gerðum sínum gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Með auknu sjálfstæði er eðlilegt að seðlabanka verði lagðar á herðar auknar skyldur til að upplýsa almenning og kjörna fulltrúa hans um stefnu sína og aðgerðir. Einnig er nauðsynlegt að fulltrúar kjörnir til eftirlits með starfsemi bankans fái aukið vald og hlutverk. Þessar breytingar hljóta að vera nauðsynlegt og eðlilegt mótvægi við aukið sjálfstæði bankans.

6. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér mjög miklar breytingar á núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands og mun breyta miklu í starfsemi hans. Tilgangurinn er að skapa fjárhagslega traustan og sjálfstæðan seðlabanka sem hefur skýr og afmörkuð markmið og ræður yfir stjórntækjum sem duga til að ná þeim markmiðum.

Tvennt veldur því að þessar breytingar eru nú aðkallandi. Annars vegar kalla breytt-

ar aðstæður á fjármagnsmarkaði á breytingar á lögum um Seðlabankann og hins vegar eru núgildandi seðlabankalög úr takti við þá strauma og þær breytingar sem gerðar hafa verið á markmiðum og stöðu seðlabanka í iðnríkjunum á undanförnum árum. Reyndar byggjast þær breytingar ekki í öllum tilvikum á breyttri löggjöf heldur einnig á skilningi eða samkomulagi milli seðlabanka og stjórnvalda um verkefni og stefnu bankans. Þegar hefur verið gerð nokkur grein fyrir breytingum á fjármagnsmarkaði og lögum um seðlabanka í iðnríkjunum.

Margvíslegir gallar eru á núgildandi seðlabankalögum. Þegar hefur verið vikið að nokkrum þeirra. Í fyrsta lagi má nefna að bankanum eru sett mörg markmið sem geta stangast á. Einnig er ljóst að nokkur þeirra liggja ýmist utan áhrifasviðs stjórntækja bankans eða stjórntæki hans hafa óskýr eða veik áhrif til að ná markmiðunum. Þannig er í núgildandi seðlabankalögum mælt fyrir um að bankinn skuli stuðla að því að verðlag haldist stöðugt og að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Hér er um mótsögn að ræða þar sem aðgerðir til að bæta nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna með stjórntækjum bankans geta hæglega verið verðbólguhvetjandi við viss skilyrði. Jafnframt er ljóst að stjórntæki Seðlabankans eru varla þau sem æskilegast er að beita til að ná þessu markmiði.

Þar til núgildandi seðlabankalögum var breytt í mars 1992 var í þeim kveðið á um að Seðlabankinn skyldi halda gengi krónunnar sem stöðugustu samhliða því sem náð væri jöfnuði í viðskiptum við útlönd og rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina tryggður. Í þessu fólst augljós mótsögn þar sem aðgerðir Seðlabankans til að tryggja rekstrargrundvöll atvinnugreina stangast í mörgum tilvikum á við markmið um stöðugt gengi og verðlag. Reynslan hér á landi og erlendis sýnir að önnur stjórntæki efnahagsmála, svo sem aðgerðir í ríkisfjármálum, hafa beinni áhrif á viðskiptajöfnuð en þau stjórntæki sem seðlabankar hafa almennt yfir að ráða. Eins er ljóst að vafasamt er að fela seðlabanka markmið um rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina. Ábyrgð á því sviði hlýtur fyrst og fremst að hvíla á fyrirtækjunum sjálfum og þeirri almennu umgjörð og þeim sérstöku ráðstöfunum sem önnur stjórnvöld móta eða grípa til á hverjum tíma.

Reynslan hér á landi og erlendis sýnir svo ekki verður um villst að það þjónar engum tilgangi að fela seðlabanka fleiri verkefni en hann hefur stjórntæki til að ráða við. Af eðlilegum ástæðum eru verkefni seðlabanka á sviði peningamála og hallast nú margir fræðimenn og stjórnvöld erlendis að því að binda verkefni þeirra við það svið og styrkja stjórntæki þeirra og auka sjálfstæði til að ná settum markmiðum. Jafnframt hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að stöðugleiki í verðlags- og gengismálum sé mikilvægt skilyrði hagvaxtar og hagsældar. Æ fleiri halda fram þeirri skoðun að það sé aðeins tímabundinn ávinningur af því að auka nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna með örvandi aðgerðum á sviði peninga- og gengismála. Þegar lengra er litið hafi aðgerðir af þessu tagi takmörkuð áhrif á hagvöxt og hagsæld en geti hins vegar leitt til aukinnar verðbólgu.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er í frumvarpi þessu lagt til að markmið Seðlabankans verði einfölduð verulega og honum falið það eitt meginmarkmið að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er lagt til að sjálfstæði bankans til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu í peningamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í þessu felst m.a. að beiting á stjórntækjum bankans er ekki háð samþykki ráðherra.

Auk meginmarkmiðsins er lagt til að Seðlabankanum verði sett þrjú önnur markmið. Í fyrsta lagi að stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Ljóst er að auk-

ið frjálsræði á fjármagnsmarkaði eykur þær hættur sem starfsemi fjármálastofnunar eru samfara. Mikilvægur þáttur á þessu sviði er eftirlit með starfsemi fjármálastofnana í þeim tilgangi að vernda hag neytenda og fjárfesta. Lagt er til að Seðlabankanum verði áfram falið að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana. Í öðru lagi er Seðlabankanum falið að varðveita nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd og treysta með því fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Í þriðja lagi er lagt til að bankanum verði falið að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða sem eðlilegt er að fela Seðlabankanum í ljósi einkaréttar hans til að gefa út seðla og mynt. Í því felst m.a. annars að fylgjast náið með framkvæmd greiðslumiðlunar í samvinnu við aðra innlenda aðila.

Auk fækkunar og einföldunar á markmiðum Seðlabankans er í frumvarpinu lagt til að breytingar verði gerðar á ákvæðum um stjórntæki hans í peningamálum í því skyni að laga þau að þegar breyttum aðstæðum á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum og fyrirsjáanlegri framtíðarþróun á allra næstu árum. Því er lagt til að dregið verði úr heimildum bankans til beinnar stýringar en aukið vægi lagt á markaðsaðgerðir.

Einna mikilvægastar eru þær breytingar sem lagðar eru til á lánafyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð. Beinn aðgangur ríkissjóðs að skammtímalánum í Seðlabankanum hefur á undanförnum árum verið eitt meginvandamálið í stjórn peningamála. Sjálfdæmi ríkissjóðs um lántökur í bankanum í formi yfirdráttar á reikningum sínum hefur í raun gert Seðlabankanum ókleift að reka sjálfstæða stefnu í peningamálum. Reynslan hér á landi og annars staðar sýnir greinilega að nauðsynlegt er að fjármagna lánsfjárþörf ríkissjóðs á markaði utan seðlabanka. Með því er dregið úr sveiflum á peningaframboði og seðlabankinn kemst í þá aðstöðu að geta sjálfur vegið og metið hvort hann skuli auka eða minnka lausafé á markaðinum með kaupum og sölu á verðbréfum í ljósi markmiða sinna í peningamálum. Í frumvarpinu er lagt til að bankanum verði óheimilt að lána ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum. Þrátt fyrir þetta er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að ríkissjóður geti fengið takmarkaða fyrirgreiðslu í Seðlabankanum á árinu 1993. Er það í samræmi við samning sem ríkissjóður og Seðlabankinn gerðu þar að lútandi í júní 1992.

Auk þeirra breytinga, sem lagðar eru til og varða sjálfstæði Seðlabankans gagnvart ríkisstjórn, er lagt til að veigamiklar breytingar verði gerðar á ákvæðum um yfirstjórn bankans. Í grófum dráttum má skipta þeim tillögum í tvennt. Annars vegar er lagt til að valdsvið bankaráðs verði aukið frá því sem nú er og gert skýrara. Þó er lagt til að stefnumótun og vald til aðgerða í peningamálum verði hjá bankastjórn en ekki bankaráði. Hins vegar er lagt til að staða formanns bankastjórnar verði styrkt nokkuð og hann m.a. ráðinn sérstaklega en ekki valinn af bankastjórum. Tilgangur þessarar breytingar er sá að auka og treysta faglega yfirstjórn bankans og skilvirkni í stjórn peningamála.

Auk þeirra tillagna, sem þegar hafa verið nefndar, er gert ráð fyrir fjölmörgum breytingum á gildandi lagaákvæðum. Þeirra helstar eru:

1. Lagt er til að lög um gjaldmiðil Íslands verði felld inn í lög um Seðlabankann. Þetta er í samræmi við löggjöf margra annarra þjóða.
2. Lagt er til að felld verði niður ákvæði um möguleika bankans til að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana, enda samræmist það ekki sífellt frjálsara og alþjóðlegra fjármálakerfi.
3. Til að efla möguleika Seðlabankans til að hafa áhrif á þróun peningamála og vaxta með markaðsaðgerðum er gert ráð fyrir að hann hafi ótvíræðar heimildir til að kaupa

og selja verðbréf á verðbréfamarkaði og gefa út eigin verðbréf til að selja lánastofnunum á millibankamarkaði.

4. Seðlabankanum er heimilað að skipuleggja hér á landi gjaldeyrismarkað og kaupa og selja erlendan gjaldeyri til að hlutast til um að gengi krónunnar haldist innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.
5. Lagt er til að ákvæði um laust fé lánastofnana verði þrengt frá því sem nú er þannig að það þjóni einungis þeim tilgangi að tryggja að stofnanir hafi yfir nægjanlegu lausu fé að ráða til að mæta fjárþörf sinni, en ekki sem almennt stjórntæki í peningamálum eða leið til að örva sölu ríkisverðbréfa.
6. Gert er ráð fyrir því að heimildir bankaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármálastofnana verði auknar frá því sem nú er. Jafnframt er í ákvæðum frumvarpsins um bankaeftirlitið tekið mið af væntanlegum breytingum á fjármagnsmarkaði en ör þróun á því sviði hefur oft verið á undan löggjöf um eftirlit.
7. Lagt er til að Seðlabankanum verði heimilt að höfðu samráði við ráðherra að veita lánastofnunum önnur lán en hefðbundin lán vegna lausafjárerfiðleika þeirra enda telji hann þörf á því til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins.
8. Lagðar eru til verulegar breytingar á stjórn bankans eins og þegar hefur verið rakið. Gert er ráð fyrir að bankinn stuðli að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telji það ekki ganga gegn markmiðum sínum. Með þessu er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn eflt verulega. Lagt er til að gerðar verði hæfniskröfur til bankaráðsmanna og bankastjóra. Auglýsa skal stöður bankastjóra og skipar ráðherra í þær samkvæmt tillögum bankaráðs til sjö ára í senn. Sérstök ákvæði eru um formann bankastjórnar sem er talsmaður Seðlabankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar.
9. Gert er ráð fyrir því að ákvæði þar sem kveðið er á um samþykki ráðherra við ákvörðun Seðlabankans verði nær alls staðar felld úr lögum. Slíkt samþykki eða samráð er í flestum tilvikum fært til bankaráðs og miðar að því að auka sjálfstæði Seðlabankans gagnvart ríkisstjórn. Jafnframt eru sett ítarleg ákvæði um verkefni bankaráðs.
10. Lagt er til að eigið fé bankans verði byggt upp með þeim hætti að þar til það hefur náð 6% af vergri landsframleiðslu renni fjórðungur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð en þegar þessu eiginfjármarki er náð renni allur hagnaður í ríkissjóð. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi rennur ávallt helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð óháð eiginfjárstöðu bankans. Auk seðla og myntar í umferð stendur eigið fé Seðlabankans og bundið fé lánastofnana á móti gjaldeyrisvarasjóðnum. Með því að breyta ákvæðinu um greiðslur Seðlabankans í ríkissjóð á þann hátt sem lagt er til og byggja upp eigið fé bankans skapast raunhæfar forsendur til að lækka bindiskyldu lánastofnana.

Í fjölmörgum lögum öðrum en seðlabankalögum eru lagðar ýmiss konar kvaðir á Seðlabankann. Sem dæmi má nefna umsögn bankans um vaxtaákvarðanir fjárfestingarlánasjóða, eignaraðild að Útflutningslánasjóði, tilnefningu fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og þátttöku í rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar. Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum er ástæða til að taka ákvæði af þessu tagi til endurskoðunar. Brýnast virðist vera að endurskoða ákvæði laga um eignaraðild Seðlabankans að Útflutningslánasjóði og ákvæði um umsögn bankans um vaxtaákvarðanir fjárfestingarlánasjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um stöðu og markmið Seðlabanka Íslands. Í kaflanum eru þrjár greinar, 1.–3. gr. Í I. kafla núgildandi seðlabankalaga, sem heitir Skipulag bankans og hlutverk og í eru fjórar greinar, er fjallað um stöðu hans innan stjórnkerfisins, hlutverk og samskipti við ríkisstjórn. Hér eru því lagðar til tvær grundvallarbreytingar á kaflanum. Í fyrsta lagi að markmið bankans skipi höfuðsess en ekki hlutverk hans. Þá er lagt til að fjallað verði um samskiptin við ríkisstjórn í VII. kafla frumvarpsins um stjórnskipulag bankans.

Um 1. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. gr. núgildandi seðlabankalaga.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. málsl. 2. gr. núgildandi seðlabankalaga. Eðlilegra þykir að fjallað sé um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankans í sömu grein og kveðið er á um stöðu hans innan stjórnkerfisins fremur en í greininni þar sem kveðið er á um heimili hans og varnarþing.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni eru markmið Seðlabankans skilgreind. Í 3. gr. í núgildandi lögum er kveðið á um hlutverk bankans, en honum sett ýmis markmið í nokkrum öðrum greinum laganna. Hér er lagt til að markmið bankans verði skilgreint strax í upphafskafla frumvarpsins en hvorki fjallað þar né annars staðar í einni grein um hlutverk bankans. Hlutverk bankans ræðst því af ákvæðum einstakra greina og er lýst með frumvarpinu í heild.

Samkvæmt 1. mgr. er bankanum sett það meginmarkmið að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að því að verðlag haldist stöðugt. Ákvæðið ber að skilja svo að bankinn skuli að jafnaði stefna að því að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Það er hins vegar ljóst að til skemmri tíma litið kann verðbólga að sveiflast eitthvað vegna aðstæðna sem bankinn hefur engin áhrif á og vegna þess að stjórntæki hans hafa ekki full áhrif um leið og þeim er beitt. Í ákvæðinu felst að ekki er ásættanlegt að verðbólga sé mikil, þótt hún sé stöðug, vegna þess að bankanum ber einnig að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins svo að það rýrni ekki vegna verðlagsbreytinga innan lands.

Í greininni felst mikil breyting frá gildandi lögum þar sem verðlagsmarkmiðið er einungis eitt af mörgum jafnréttháum markmiðum og hefur iðulega vikið fyrir öðrum markmiðum eins og reynslan sýnir.

Markmið Seðlabankans samkvæmt núgildandi lögum, sbr. breytingu á þeim í mars 1992, eru:

1. að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt (a-liður 3. gr.), hér er í rauninni um tvíþætt markmið að ræða,
2. að varðveita og efla gjaldeyrissjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við (b-liður 3. gr.),
3. að vinna að því að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar nái tilgangi sínum (1. mgr. 4. gr.).

Hér er um mörg markmið að ræða. Þau geta hæglega stangast á og nokkur eru í raun inni utan áhrifasviðs stjórntækja Seðlabankans eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta.

Stjórntæki Seðlabankans eru á sviði peninga- og gengismála. Með þeim er ekki unnt að tryggja að framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Þar verða að koma til önnur stjórntæki í efnahagsmálum auk aðgerða atvinnugreinanna sjálfra. Svipað gildir um markmiðið um að tryggja rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina. Einnig má benda á að Seðlabankinn getur ekki einn tryggt jöfnuð í viðskiptum við útlönd heldur skiptir þar ekki minna máli stefnan í gengismálum, ríkisfjármálum og launamálum.

Fjöldi mótsagnakenndra markmiða veldur því að Seðlabankinn þarf að velja á milli þeirra. Slíkt val er í eðli sínu stjórnmálalegt og ætti því með réttu að fara fram á vettvangi kjörinna fulltrúa almennings. Því er lagt til að bankanum verði sett eitt skýrt meginmarkmið sem falli vel að hefðbundnum stjórntækjum seðlabanka.

Í greininni er jafnframt lagt til að bankanum verði gefnar frekari leiðbeiningar í þremur liðum, nokkurs konar undirmarkmið. Þau falla mjög vel að hefðbundinni starfsemi seðlabanka. Í fyrsta lagi er lagt til að bankinn stuðli að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Samkvæmt þessu er bankanum m.a. falið að hafa með höndum eftirlit með starfsemi fjármálastofnana, sbr. V. kafla frumvarpsins. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk að ræða og fer mikilvægi þess vaxandi með auknu frjálsræði og sífelldum nýjungum á fjármagnsmarkaðinum.

Í öðru lagi er lagt til að bankinn varðveiti nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd. Hér er um að ræða hefðbundið verkefni seðlabanka.

Í þriðja lagi er lagt til að bankinn stuðli að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða sem m.a. tengist útgáfu bankans á seðlum og slegnum peningum en jafnframt notkun annarra greiðslumiðla í viðskiptum innan lands og milli landa. Með þessu ákvæði er lögð ákveðin skylda á bankann til að hafa áhrif á fyrirkomulag greiðslumiðlunar með það fyrir augum að hagkvæmni sé gætt.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um gjaldmiðil Íslands. Í kaflanum eru sex greinar, 4.–9. gr. Hér er lagt til að efnisatriðum laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, og efnisatriðum II. kafla núgildandi seðlabankalaga verði steypt saman og öll nauðsynleg lagaákvæði um gjaldmiðil Íslands höfð í lögum um Seðlabanka Íslands. Því er í gildistökugrein frumvarpsins lagt til að lög nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, verði felld úr gildi. Nefna má að mjög víða erlendis eru lagaákvæði um gjaldmiðil viðkomandi ríkis í lögum um seðlabankann.

Efnisatriði þessa kafla eru þau sömu og í lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands. Orðalag hefur þó víða verið einfaldað og fært til nútímalegra horfs.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 1., 2. og 3. gr. gildandi gjaldmiðilslaga. Í 1. mgr. er tekið fram að krónan skiptist í hundrað aura.

Í 2. mgr. er Seðlabankanum veittur einkaréttur til að gefa út peningaseðla, mynt eða annan gjaldmiðil sem getur komið í stað þeirra. Hér er um að ræða verkefni og einkarétt sem seðlabankar í flestum ríkjum hafa með höndum. Með þessu er þó alls ekki ver-

ið að útiloka að aðrir aðilar í þjóðfélaginu geti gefið út ýmiss konar greiðslumiðla, svo sem greiðslukort. Slíkir greiðslumiðlar draga iðulega úr þörf fyrir peningaseðla og mynt en leysa þá þó aldrei algerlega af hólmi.

Í lokamálslið 2. mgr. er bankanum falið að ákveða hvort slegin skuli og gefin út mynt í aurum.

Um 5. gr.

Þessi grein samsvarar 4. og 5. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Lögð er til sú efnisbreyting að í stað þess að ráðherra ákveði, að tillögu Seðlabankans, gerð, lögun, útlit og ákvæðisverð peningaseðla og myntar ákveði bankinn það sjálfur. Þannig er það annars staðar á Norðurlöndum, í Þýskalandi og á Nýja-Sjálandi og þannig verður það innan Evrópubandalagsins þegar sameiginlegur gjaldmiðill hefur verið tekinn í notkun. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs.

Í greininni er einnig lagt til að felld verði brott ákvæði í núgildandi gjaldmiðilslögum um að bankinn þurfi að fullnægja eðlilegri þörf fyrir skiptimynt á hverjum tíma og að mynt skuli vera það rétt slegin að mismunur á þunga einstakra peninga, sem eiga að hafa sömu þyngd, skuli eigi nema meira en einum af hundraði. Telja verður sjálfgefið að bankinn gæti þess að nóg sé til af mynt í landinu, sbr. c-lið 3. gr. frumvarpsins, og að hann sjái til þess að vandvirkni verði gætt við sláttu hennar.

Um 6. gr.

Þessi grein samsvarar 7. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Lögð er til sú efnisbreyting að í stað þess að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að Seðlabankinn leysi skemmda eða máða peningaseðla eða mynt, sem teljast ekki lengur lögmætur gjaldmiðill, til sín með fullu verði eða hluta af verði, geti bankinn tekið ákvarðanir þar að lútandi. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs.

Um 7. gr.

Þessi grein samsvarar 10. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Í 1. mgr. er lögð til sú efnisbreyting að ákvörðun um innköllun peningaseðla og myntar verði ekki í höndum ráðherra heldur Seðlabankans. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs. Lagt er til að áfram gildi sú regla að innkallaðir peningaseðlar og slegnir peningar hætti að vera lögeyrir einu ári eftir birtingu auglýsingar um innköllun. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. að Seðlabankanum sé skylt að taka við innkölluðum peningaseðlum og slegnum peningum með fullu ákvæðisverði í að minnsta kosti fimm ár frá birtingu auglýsingar um innköllun í stað tveggja ára í gildandi lögum.

Í samræmi við það, sem komið hefur fram í athugasemdum við 1. mgr., er í 3. mgr. kveðið á um að Seðlabankanum, en ekki ráðherra, sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd innköllunar hverju sinni.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega óbreytt frá 4. mgr. 10. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Með því er tryggt að almenn innköllun gjaldmiðils, eins og árið 1981, verði að eiga sér stoð í sérstökum lögum.

Um 8. gr.

Þessi grein samsvarar 8. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Hér er lögð til sú efnisbreyting að Seðlabankinn, en ekki ráðherra, ákveði hvort fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura eða aurum sleppt. Í 38. gr. er lagt til að ákvörð-

unarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs. Frá því að gjaldmiðlinum var breytt árið 1981 og verðmæti krónunnar hundraðfaldað hefur dregið úr notkun aura í viðskiptalífinu. Nú er svo komið að ein króna er smæsta eining í viðskiptum ríkissjóðs ogfjölmargra annarra aðila. Á grundvelli þessarar greinar gæti Seðlabankinn ákveðið að svo skyldi almennt gilda í þjóðfélaginu.

Um 9. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá 6. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um innlend viðskipti Seðlabankans. Í kaflanum eru ellefu greinar, 10.–20. gr. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um hlutverk Seðlabankans sem viðskiptabanka lánastofnana. Í næstu fjórum greinum er fjallað um helstu stýritæki bankans í peningamálum, þ.e. kaup og sölu verðbréfa á markaði, útgáfu á verðbréfum á millibankamarkaði, vexti í viðskiptum bankans og bindiskyldu. Síðan er í einni grein fjallað um laust fé lánastofnana. Þá er í þremur greinum fjallað um hlutverk Seðlabankans sem viðskiptabanka ríkissjóðs og ríkisstofnana og lánveitingar til opinberra aðila. Í síðustu grein kaflans er fjallað um önnur banka- og verðbréfaviðskipti Seðlabankans á innlendum markaði.

Kaflinn samsvarar III. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Lagt er til að fjölmargar efnisbreytingar verði gerðar á kaflanum og verða þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Þessi grein samsvarar 6. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í henni er kveðið á um hið hefðbundna hlutverk seðlabanka að taka við innlánum frá innlánsstofnunum. Í greininni er tekið fram að til innlánsstofnana teljist viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi. Lagt er til að innlánsdeildir samvinnufélaga verði ekki sérstaklega taldar upp í þessari skilgreiningu, enda falla þær undir síðasta hluta skilgreiningarinnar. Með breytingum, sem gerðar voru á seðlabankalögunum í mars 1992, teljast útibú erlendra hlutafélagsbanka nú til innlánsstofnana hér á landi. Í ljósi þeirrar opnunar, sem fyrirsjáanleg er á innlendum fjármagnsmarkaði á komandi árum, er hér lagt til að til innlánsstofnana teljist ekki einungis útibú erlendra hlutafélagsbanka heldur allra erlendra innlánsstofnana, þar á meðal erlendra sparisjóða.

Í 2. mgr. 6. gr. núgildandi seðlabankalaga er ákvæði þess efnis að þegar sérstaklega standi á megi ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en innlánsstofnunum. Hugtakið peningastofnun er ekki skilgreint í lögunum né heldur í athugasemdum við greinina í frumvarpinu á sínum tíma. Nú er lagt til að í lokamálslið 1. mgr. verði bankanum heimilað að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum. Fellt er niður það ákvæði að slíkt skuli ákveðið með reglugerð en í stað þess er lagt til að bankinn ákveði það sjálfur. Er það sama fyrirkomulag og var í seðlabankalögunum frá 1961. Slík breyting er liður í því að auka sjálfstæði bankans.

Með hugtakinu lánastofnun er í frumvarpinu átt við stofnanir eða fyrirtæki sem taka við innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán í eigin nafni. Með endurgreiðanlegum fjármunum er átt við fjárskuldbindingar sem um

gilda skýr ákvæði um endurgreiðslu. Til lánastofnana hér á landi teljast innlánsstofnanir, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar sambærilegar stofnanir, auk fjárfestingarlánasjóða og eignarleiga. Til lánastofnana teljast hins vegar ekki verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir. Í samningi um Evrópska efnahagssvæði eru ákvæði um að hér á landi verði lögfest ýmis ákvæði um starfsemi lánastofnana. Í því skyni hafa verið lögð fram á yfirstandandi þingi frumvörp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði og um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Lagt er til að felld verði brott sérstök heimild Seðlabankans til að eiga viðskipti við Lánastofnun sparisjóðanna hf., enda telst hún til lánastofnana og því óþarft að tiltaka hana sérstaklega.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Seðlabankinn setji nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein. Í þeim er honum m.a. heimilað að mismuna á milli einstakra flokka lánastofnana. Eðlilegt þykir að bankinn hafi slíka heimild og geti t.d. ákveðið að hann taki ekki við innlánum frá eignarleigum eða fjárfestingarlánasjóðum.

Um 11. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi seðlabankalaga en nokkuð stytt. Í henni er kveðið á um heimild Seðlabankans til að veita lánastofnunum, sem innlánsviðskipti eiga við bankann, lán gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Hér er einkum um að ræða lán vegna tímabundinna lausafjárerfiðleika lánastofnana.

Í síðari málsgreininni er kveðið á um önnur lán til lánastofnana, þegar sérstaklega stendur á, í þeim tilgangi að varðveita traust á fjármálakerfi landsins. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi seðlabankalögum. Þau hafa verið túlkuð þannig að Seðlabankinn hafi aðeins heimild til að veita stofnunum, sem viðskipti eiga við bankann, lán með gildum tryggingum. Hefur þetta verið túlkað þannig að Seðlabankinn veiti aðeins lán vegna lausafjárerfiðleika en hafi ekki heimild til að lána stofnunum sem glíma við neikvæða eða ótrygga eiginfjárstöðu.

Lendi lánastofnun í verulegum erfiðleikum getur verið nauðsynlegt að veita lánafyrirgreiðslu til að afstýra keðjuverkandi, neikvæðum áhrifum á fjármálakerfi landsins. Hér er um slíka undantekningu að ræða frá almennri lánafyrirgreiðslu að eðlilegt er talið að haft sé samráð við ráðherra um beitingu þessarar heimildar. Ákvæði af þessu tagi er í lögum um sænska seðlabankann.

Um 12. gr.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða. Tekin eru af öll tvímæli um að Seðlabankinn hafi heimild til þess að eiga viðskipti á verðbréfamarkaði. Helst er að finna hliðstæðu í núgildandi seðlabankalögum í upphafsorðum 1. mgr. 11. gr. Lagt er til að heimildin verði bundin við viðskipti með ríkistryggð verðbréf, svo sem spariskírteini, ríkisvíxla, ríkisbréf og verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs, og önnur trygg, innlend og erlend verðbréf. Eðlilegt er að hafa ótvírætt ákvæði af þessu tagi í lögum um Seðlabankann þar sem búast má við að markaðsaðgerðir, þ.e. kaup og sala verðbréfa á markaði, muni á næstu árum skipa mikilvægari sess í stjórn peningamála en verið hefur. Í flestum ríkjum eru aðgerðir af því tagi, ásamt breytingum á vöxtum seðlabankanna í viðskiptum sínum, mikilvægustu stjórntækin í peningamálum. Ótvíræð ákvæði af þessu tagi eru til að mynda í lögum um seðlabankana í Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi og í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins.

Um 13. gr.

Þessi grein er nýjung. Tilgangur hennar er að taka af öll tvímæli um að Seðlabankinn hafi heimild til að gefa út verðbréf í eigin nafni í innlendri eða erlendri mynt og selja þau lánastofnunum. Með því móti getur bankinn haft áhrif á laust fé lánastofnana sem lið í stjórn peningamála. Seðlabankinn hefur í nokkrum tilvikum gefið út slík bréf á undanförnum árum. Það hefur verið gert á grundvelli hins almenna ákvæðis í 12. gr. núgildandi seðlabankalaga um að bankanum sé heimilt að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka.

Lagt er til að óheimilt verði að framselja þessi bréf til annarra en lánastofnana sem innlánsviðskipti eiga við bankann. Verðbréf Seðlabankans munu því eingöngu ganga kaupum og sölum á millibankamarkaði en ekki á almennum markaði. Þau munu því ekki keppa við verðbréf lánastofnana eða annarra aðila á almennum markaði. Í nágrannalöndunum eru slík verðbréf seðlabanka mikilvægur viðskiptamiðill á millibankamarkaði. Ótvírætt ákvæði af þessu tagi er til að mynda í lögum um seðlabanka Noregs og Svíþjóðar.

Um 14. gr.

Þessi grein samsvarar 9. gr. núgildandi seðlabankalaga.

1. mgr. er nánast samhljóða 1. mgr. 9. gr. núgildandi seðlabankalaga. Hún felur það í sér að Seðlabankinn ákveður sjálfur vexti á útlánum sínum og innlánum, sem og verðbréfum sem hann gefur út.

Í 2.–4. mgr. 9. gr. núgildandi seðlabankalaga eru ákvæði sem heimila Seðlabankanum undir vissum kringumstæðum að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana og ávöxtunarkröfu og annað endurgjald eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Hér er lagt til að íhlutunarákvæði af því tagi verði ekki í lögum um Seðlabankann. Fyrir því eru einkum tvenn rök. Í fyrsta lagi hefur ákvæðinu ekki verið beitt hingað til þrátt fyrir nær stöðugar deilur um raunvexti hér á landi samanborið við raunvexti erlendis. Í öðru lagi hefur ákvæði af þessu tagi ekkert gildi þegar gjaldeyrishöft einangra ekki lengur innlendan fjármagnsmarkað frá erlendum. Samkvæmt reglugerð nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og frumvarpi til laga um gjaldeyrismál sem lagt hefur verið fram á Alþingi falla fjárhæðartakmarkanir á langtímahreyfingum fjármagns úr gildi í árslok 1992. Samkvæmt ákvæði í samningi um Evrópska efnahagssvæði skulu öll höft á skammtímahreyfingum fjármagns hafa fallið úr gildi hér á landi í árslok 1994. Þess er því ekki langt að bíða að einangrun innlends fjármagnsmarkaðar verði að fullu rofin.

Þróun innlends fjármagnsmarkaðar hefur á undanförnum árum leitt til þess að nær ókleift er fyrir Seðlabankann að hlutast til um vexti á markaðinum með beinum hætti. Ástæða þess er aukið vægi verðbréfaviðskipta þar sem ávöxtunarkrafa kemur í stað formlegra vaxta. Þrátt fyrir heimild Seðlabankans í núgildandi seðlabankalögum til að hlutast til um ávöxtunarkröfu er ljóst að ákvæðið er í reynd óframkvæmanlegt. Grípi Seðlabankinn til þess ráðs að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana er næsta víst að fjármagn leiti frá innlánsstofnunum yfir á þann hluta fjármagnsmarkaðarins þar sem erfiðara er að beita slíkri íhlutun.

Þróun innlends fjármagnsmarkaðar og þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu frumvarpi, leiða til þess að möguleikar Seðlabankans aukast til að hafa áhrif á vaxtaþróun með óbeinum hætti, svo sem með viðskiptum á verðbréfamarkaði.

Að síðustu skal bent á að ákvæði þess efnis að unnt sé að hlutast til um vaxtamun innlánsstofnana lýtur fremur að samkeppnis- og neytendamálum en peningamálum og

samræmist illa því hlutverki Seðlabankans að móta og framfylgja stefnu í peningamálum.

Um 15. gr.

Þessi grein er í meginatriðum sama efnis og 1.–3. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Nokkrar efnisbreytingar eru þó lagðar til á þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi er lagt til að Seðlabankanum verði heimilað að ákveða að lánastofnanir, en ekki einungis innlánsstofnanir, eigi fé á bundnum reikningi í bankanum. Er þessi breyting til samræmis við breytingar á skilgreiningum í öðrum greinum þessa kafla. Í öðru lagi er í 2. mgr. tekið fram að Seðlabankinn setji nánari reglur um grundvöll og útreikning bindiskyldu og að heimilt sé að ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir flokkum lánastofnana, innlána og annarra skulda sem bindingin nær til. Miðað við núverandi aðstæður er t.d. ekki óeðlilegt að opinberir fjárfestingarlánasjóðir lúti vægari reglum en innlánsstofnanir þar sem lántökuheimildir þeirra og þar með svigrúm til útlána eru ákveðnar í lánsfjárlögum ár hvert. Í þriðja lagi er fellt niður ákvæði þess efnis að bindiskyldu megi aðeins beita þegar sérstaklega stendur á, enda hefur henni verið beitt samfellt síðan 1961. Í fjórða lagi er sjálfstæði bankans varðandi beitingu bindiskyldu aukið en áður var beiting þessa stjórntækis háð samþykki ráðherra.

Rétt er að taka fram að um vexti af bundnum innstæðum fer samkvæmt ákvæðum 14. gr.

Um 16. gr.

Þessi grein samsvarar 4. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Tilgangurinn með þessari grein er sá að lánastofnanir hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi þeirra fylgja. Ákvæðið ber að túlka þröngt þannig að ekki séu lagðar íþyngjandi kvaðir á lánastofnanir. Hér er um ákvæði að ræða sem miðar að því að tryggja öryggi í starfsemi lánastofnana. Núgildandi ákvæði seðlabankalaga um laust fé hefur verið túlkað og beitt mjög rúmt þannig að lausafjárskyldan hefur í raun þjónað tvíþættum tilgangi. Annars vegar hefur því verið beitt í hinum eiginlega tilgangi, þ.e. að tryggja að innlánsstofnanir hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að mæta úttektum. Hins vegar hefur því verið beitt til að örva sölu spariskírteina ríkissjóðs, ríkisvíxla og húsbréfa.

Lagt er til að skilgreiningin á lausu fé verði samræmd því sem er í núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Verði þessi breyting að lögum er enginn munur lengur á því gagnvart ákvæðum um laust fé hvort lánastofnun fjármagnar starfsemi sína innan lands eða utan, enda verður slík mismunun að teljast óeðlileg þegar einangrun íslensks fjármagnsmarkaðar er að hverfa. Vegna þessarar breytingar er í ákvæði til bráðabirgða veittur aðlögunartími í allt að sex mánuði frá gildistöku laganna.

Með því að taka fram í skilgreiningunni á lausu fé í greininni að til þess teljist ekki önnur verðbréf en ríkisvíxlar og aðrar sambærilegar eignir með skemmri binditíma en 90 daga er í raun verið að girða fyrir þann möguleika að ákvæði um laust fé verði notuð til að greiða fyrir sölu ríkistryggðra langtímaverðbréfa. Hér er því í rauninni verið að leggja til að vextir og önnur kjör þessara verðbréfa verði ákveðin með þeim hætti að þau verði auðseljanleg á almennum markaði í stað þess að beita reglum Seðlabankans um laust fé til að örva sölu þeirra. Með hámarksbinditíma er einnig verið að tryggja að lánastofnanir geti gengið að fénu vísu innan tiltölulega skamms tíma án þess að þurfa að selja mikið af verðbréfum á markaði. Vegna smæðar íslenska fjármagnsmarkaðarins er hætt við

að skyndisala verðbréfa á tímum lausafjárerfiðleika leiddi til verulegs verðfalls á bréfunum.

Með sambærilegum eignum við ríkisvíxla er í greininni í fyrsta lagi átt við erlenda ríkisvíxla. Í öðru lagi innlenda og erlenda víxla eða skammtímaskuldabréf sem ríkissjóður Íslands eða ríkissjóður annars lands ábyrgist. Í þriðja lagi er átt við víxla eða skammtímaskuldabréf sem gefin eru út af innlendum eða erlendum lánastofnunum. Með nettóinnstæðum er í greininni átt við innstæður að frádregnum hliðstæðum skuldum. Með nettóeign er í greininni átt við heildareignir að frádregnum hliðstæðum heildarskuldum.

Í núgildandi seðlabankalögum nær lausafjárskyldan einungis til innlánsstofnana, enda er brýnast að þær hafi yfir að ráða nægjanlegu lausu fé. Hér er hins vegar lagt til að lagaheimildin nái til allra lánastofnana, rétt eins og í flestum öðrum greinum þessa kafla, og að Seðlabankinn setji reglur um framkvæmd hennar. Gera má ráð fyrir að mismunandi reglur um laust fé gildi um innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir. Í sumum tilfellum, t.d. þegar um er að ræða fjárfestingarlánasjóði og eignarleigur, kann engin þörf að vera á sérstakri lausafjárkvöð.

Um 17. gr.

Þessi grein svarar til 1. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 20. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að Seðlabankanum sé heimilt að annast bankaþjónustu aðra en lánsviðskipti fyrir ríkisstofnanir og sjóði í eigu ríkisins. Seðlabankinn hefur til þessa veitt ýmsum ríkisfyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins bankaþjónustu án þess að það hafi verið sérstaklega heimilað í lögunum um Seðlabankann. Í mörgum tilfellum hafa slík viðskipti verið heimil á grundvelli sérlaga um viðkomandi ríkisfyrirtæki eða sjóði. Það er þó talið eðlilegt að þessi grein verði túlkuð þröngt og ríkisstofnunum og sjóðum í eigu ríkisins ekki veitt bankaþjónusta í Seðlabankanum nema sérstök rök mæli með því. Jafnframt ber að túlka hugtakið bankaþjónusta þröngt þannig að í henni felist einkum greiðsluþjónusta en ekki t.d. innheimta skuldabréfa og sala ferðamannagjaldeyris til starfsmanna viðkomandi stofnana og sjóða.

Um 18. gr.

Þessi grein er nýjung. Í henni er tekið fram að fjármálaráðherra skuli veita Seðlabankanum upplýsingar um ríkisfjármál. Tilgangurinn er sá að auðvelda Seðlabankanum stjórn peningamála og tryggja honum aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna stjórnar peningamála. Hér er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar um áform ríkissjóðs um lántökur á innlendum og erlendum lánsfjármarkaði og greiðsluáætlanir hans. Slíkar upplýsingar eru Seðlabankanum nauðsynlegar þar sem ríkissjóður er umsvifamikill á fjármagnsmarkaði og vitneskja um fyrirætlanir hans til skamms tíma er bankanum nauðsynleg til að hann geti sinnt verkefnum sínum við stjórn peningamála. Þetta er þeim mun mikilvægara í ljósi þess að í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður hafi ekki lengur aðgang að yfirdráttarlánum eða annarri lánafyrirgreiðslu í Seðlabankanum.

Þótt hér sé um nýtt lagaákvæði að ræða er rétt að benda á að fjármálaráðherra veitir Seðlabankanum nú þegar upplýsingar um stöðu og horfur í ríkisfjármálum. Þá er í upphafi hvers árs gerður samningur milli þessara aðila um lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð innan ársins sem byggist á greiðsluáætlun ársins fyrir ríkissjóð.

Um 19. gr.

Grein þessi samsvarar 2. mgr. 10. gr. núgildandi seðlabankalaga en er verulega breytt frá því sem nú er. Í núgildandi lögum er Seðlabankanum heimilað að veita ríkissjóði skammtímalán. Þau skulu greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárlagaárs með fé sem ríkissjóður aflar utan Seðlabankans. Ákvæðið var nýjung í núgildandi seðlabankalögum og tilgangurinn var að stemma stigu við skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum. Ljóst er að núverandi ákvæði hefur reynst haldlítið til að draga úr yfirdráttarskuld ríkissjóðs í bankanum. Sem dæmi má nefna að á árinu 1990 fór yfirdráttarskuld ríkissjóðs hæst í 10 milljarða króna og 14 milljarða króna árið 1991. Að meðaltali nam hún 4,7 milljörðum króna árið 1990 og 9,3 milljörðum króna árið 1991. Reynsla undanfarinna ára sýnir að takmarkalaus aðgangur ríkissjóðs að yfirdráttarlánum í Seðlabankanum er einn helsti veikleiki í stjórn efnahagsmála hér á landi. Ákvæði núgildandi laga um að ríkissjóður skuli gera upp skuld sína við áramót innan þriggja mánaða frá árslokum hefur ekki sett ríkissjóði skorður að þessu leyti. Ákvæði af því tagi er einnig gagnslaust þar sem ríkissjóði er í raun í lófa lagið að taka erlent skammtímalán og nota það til að greiða yfirdráttarskuld sína í Seðlabankanum innan hinna lögbundnu tímamarka og stofna síðan til yfirdráttarskuldar í Seðlabankanum á ný til að endurgreiða erlenda lánið. Í júní 1992 sömdu ríkissjóður og Seðlabankinn um fyrirgreiðslu bankans frá þeim tíma. Í samningnum er kveðið á um að á árinu 1992 geti ríkissjóður stofnað til yfirdráttar á viðskiptareikningum sínum í bankanum að fjárhæð allt að 3 milljörðum króna. Verði yfirdrátturinn hærri gefur ríkissjóður út og afhendir bankanum framseljanleg skuldabréf eða víxla að jafnvirði a.m.k. þeirrar fjárhæðar sem umfram er 3 milljarða króna. Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að ríkissjóður stofni ekki til yfirdráttar en geri hann það ber honum að gefa út og afhenda bankanum framseljanleg skuldabréf eða víxla þannig að yfirdrátturinn hverfi. Frá árslokum 1993 er lánafyrirgreiðsla óheimil samkvæmt samningnum.

Ákvæði um fyrirgreiðslu seðlabanka við ríkissjóð eru afar mismunandi í hinum ýmsu ríkjum. Danska seðlabankanum er heimilt að lána ríkissjóði gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Í Noregi er seðlabankanum heimilt að veita ríkissjóði lán samkvæmt nánari ákvörðun þjóðþingsins til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs innan ársins. Í sérstökum tilfellum er bankanum einnig heimilt samkvæmt nánari ákvörðun þjóðþingsins að veita ríkissjóði langtímalán. Sænska seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði skammtímalán í formi yfirdráttar án nokkurra takmarkana. Þýska seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði skammtímalán innan tiltekinna fjárhæðarmarka með tryggingu í ríkisvíxlum. Hinum sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins verður með öllu óheimilt að veita ríkissjóðum aðildarríkjanna, stofnunum Evrópubandalagsins eða öðrum opinberum aðilum lán.

Hér er lagt til að Seðlabankanum verði með öllu óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán. Í ákvæði til bráðabirgða VII er hins vegar lagt til að til yfirdráttar á viðskiptareikningum ríkissjóðs í bankanum geti komið á árinu 1993, þó að hámarki 3 milljarðar króna. Myndist yfirdráttur ber ríkissjóði að gefa samdægurs út og afhenda Seðlabankanum framseljanleg skuldabréf eða víxla þannig að yfirdrátturinn hverfi. Hér er um að ræða strangari aðlögun að banni við lánafyrirgreiðslu en var í tillögum nefndarinnar sem samdi upphafleg drög að frumvarpinu.

Rétt er að undirstrika að skv. 1. mgr. þessarar greinar eru lánastofnanir í eigu ríkisins, svo sem fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega, byggingarsjóðirnir og Byggðastofnun, undanþegnar banni greinarinnar við lánafyrirgreiðslu til ríkissjóðs, ríkisstofnana og sveit-

arfélaga. Um fyrirgreiðslu við lánastofnanir í eigu ríkisins gilda sömu reglur og um fyrirgreiðslu við aðrar lánastofnanir skv. 10. og 11. gr. frumvarpsins.

Takmörkun á lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð í Seðlabankanum hefur einkum tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi verður brýnna en áður að greiðslur úr ríkissjóði taki mið af því hvenær greiðslur berast til ríkissjóðs þannig að þörf hans fyrir skammtímalán verði haldið í lágmarki. Í öðru lagi verður ríkissjóður að eiga aðgang að öflugum markaði fyrir ríkisvíxla og önnur skammtímaverðbréf þannig að hann geti mætt þörf sinni fyrir skammtímalán á markaði. Ríkisvíxlamarkaðurinn hér á landi hefur nú þegar fest sig í sessi og gegnir mikilvægu hlutverki sem uppspretta lánsfjár fyrir ríkissjóð. Í nóvember 1992 hófst útboð ríkisvíxla hér á landi. Síðan í júní 1992 hefur ríkissjóður boðið út ríkisbréf sem eru skuldabréf með sex mánaða binditíma. Vextir af skammtímaverðbréfum ríkissjóðs ráðast því alfarið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Þá hefur ríkissjóður einnig hafið útboð á spariskírteinum ríkissjóðs. Búast má við að sú breyting, sem lögð er til í þessari grein frumvarpsins, verði til þess að efla enn frekar markað fyrir ríkisverðbréf.

Fjármögnun ríkissjóðs á skammtímasveiflum í lánsfjárþörf sinni með útgáfu víxla og annarra skammtímaverðbréfa á fjármagnsmarkaði í stað yfirdráttarlána í Seðlabankanum getur leitt til meiri sveiflna í skammtímavöxtum en ella. Að því marki sem Seðlabankinn telur slíkt óæskilegt getur hann haft áhrif á vaxtaþróunina með því að kaupa eða selja verðbréf á markaði. Með óbeinum aðgerðum af þessu tagi getur Seðlabankinn því greitt fyrir sölu ríkisverðbréfa og komið í veg fyrir óæskilega tímabundna vaxtahækkun þegar ríkissjóður þarf á mikilum skammtímalánum að halda.

Um 20. gr.

Efnisákvæði þessarar greinar samsvara 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. núgildandi laga. Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða. Nánar er þó kveðið á um heimildir bankans til að eiga aðild að fyrirtækjum á sviði verðbréfa- og greiðslumiðlunar. Seðlabankinn er einn af eigendum Reiknistofu bankanna sem stundar m.a. greiðslumiðlun. Með verðbréfamiðlun í skilningi þessarar greinar er ekki átt við kaup og sölu á verðbréfum heldur uppgjör á verðbréfaviðskiptum á einum stað, verðbréfamiðstöð. Dæmi um slíkar verðbréfamiðstöðvar er Værdipapircentralen í Danmörku og hliðstæðar miðstöðvar í Noregi og Svíþjóð.

Lagt er til að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. núgildandi seðlabankalaga um að Seðlabankanum sé heimilt að stofna og starfrækja verðbréfaþing í samvinnu við innlánsstofnanir og verðbréfamiðlara verði fellt brott þar sem gert er ráð fyrir að innan tíðar verði sett lög hér á landi um starfsemi verðbréfaþinga. Verðbréfaþing Íslands hefur allt frá stofnun starfað undir verndarvæng Seðlabankans og innan veggja hans. Nú eru hins vegar uppi áform um að það flytjist út úr bankanum. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði Seðlabankanum veitt heimild til að setja reglur um starfsemi þess að fengnu samþykki ráðherra þar til sett hafa verið lög um starfsemi verðbréfaþinga. Einnig má geta þess að verði af samningi um Evrópska efnahagssvæðið verður að lögfesta hér á landi fjölmörg ákvæði um verðbréfaþing.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankanum verði óheimilt að taka að sér viðskipti við almenning sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Í þessu felst m.a. að honum er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi og veita almenningi lán. Lagt er til að ein undantekning verði gerð frá þessu banni og bankanum heimilað að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður gefur út. Víða um lönd annast seðlabankar verkefni af þessu tagi fyrir ríkissjóð. Sam-

kvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, er heimilt að fela Seðlabankanum verkefni af þessu tagi samkvæmt samkomulagi þar að lútandi.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gengismál og erlend viðskipti Seðlabankans. Í kaflanum eru sex greinar, 21.–26. gr. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um skráningu á gengi íslensku krónunnar. Í næstu tveimur greinum er fjallað um gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans og gjaldeyrisvarasjóð. Í síðustu tveimur greinum kaflans er fjallað um aðild bankans að alþjóðlegum stofnunum, aðild hans að greiðslusamningum sem Ísland gerir við erlend ríki og önnur erlend viðskipti.

Í nokkrum greinum í þessum kafla eru lagðar til umtalsverðar, efnislegar breytingar frá ákvæðum núgildandi seðlabankalaga. Þær eru skýrðar ítarlega í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 21. gr.

Þessi grein samsvarar 18. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Meginatriði greinarinnar er að Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Samkvæmt þessu hefur ríkisstjórnin því endanlegt ákvörðunarvald í gengismálum. Ákvæðið heimilar bæði fljótandi gengi þar sem verðgildið ræðst af kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði og fasttengingu við gullfót eins og gilti hér á landi á fyrstu áratugum þessarar aldar og hvers konar gengisfyrirkomulag á milli þessara tveggja kosta. Má í því sambandi nefna viðmiðun við meðaltal gjaldmiðla eins og tíðkast hefur um nokkurt skeið, viðmiðun við samsettan gjaldmiðil eins og evrópsku mynteininguna (ECU), sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) og hvers konar samsetningu fyrrnefndra möguleika. Jafnframt er heimilt að ákveða hámarks- og lágmarksgengi eða vikmörk gagnvart þeirri gengisviðmiðun sem er valin. Benda má á að slík gengisskráning tíðkast í flestum ríkjum Vestur-Evrópu, þar á meðal annars staðar á Norðurlöndum. Gildir þá einu hvort um er að ræða gengissamstarf Evrópubandalagsríkjanna, gengi sem tekur mið af vegnu meðaltali margra erlendra mynta, þ.e. gengiskörfu eins og hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum til ársins 1991, eða gengi sem er fasttengt annarri mynt (Norðurlandamyntir tengdar ECU frá 1991). Í þeim tilvikum halda seðlabankar gengi myntarinnar innan þeirra vikmarka, sem ákveðin hafa verið, með kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði eða öðrum aðgerðum í peningamálum sem áhrif hafa á gengið.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankanum verði heimilað að takmarka tímabundið viðskipti með erlendan gjaldeyri. Er þá átt við bæði eigin viðskipti og viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði sé hann til staðar. Jafnframt getur hann hætt að skrá hið opinbera viðmiðunargengi skv. 22. gr. Ákvæði af þessu tagi er nauðsynlegt þar sem óvenjulegar aðstæður geta leitt til þess að mikið ójafnvægi myndast í gjaldeyrisviðskiptum og við þær aðstæður kann að vera heppilegast að Seðlabankinn takmarki viðskipti á markaðinum um stund. Miðað við núverandi gengisfyrirkomulag mundi Seðlabankinn einfaldlega hætta að skrá gengið eins og gert hefur verið áður en gengið hefur verið fellt.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvarðanir Seðlabankans um skipan gengisskráningar skuli birtar opinberlega. Þetta er gert til að tryggja að almenningi hafi verið tilkynnt hvaða skipan gengisskráningar gildi. Með skipan gengisskráningar er t.d. átt við það hvernig gengiskarfan, sem notuð er til að skrá gengi krónunnar, sé samsett. Ákvæðið ber að túlka

þannig að Seðlabankinn geti án fyrirvara breytt skipan gengiskráningar án þess að tilkynna það opinberlega áður.

Um 22. gr.

Þessi grein er samhljóða 3. mgr. 18. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Í henni felst að einu sinni á dag þegar bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta skal Seðlabankinn skrá á ákveðnum tíma dags gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það telst opinbert viðmiðunargengi þess dags og skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin. Miðað við núverandi fyrirkomulag gengisskráningar, þar sem Seðlabankinn ákveður einhliða gengi krónunnar á hverjum morgni, hefur ákvæði af þessu tagi takmarkað gildi. Þá er gengið, sem bankinn birtir á morgni hverjum, hið opinbera viðmiðunargengi þess dags. Ákvæði af þessu tagi er hins vegar nauðsynlegt þegar Seðlabankinn ákveður ekki lengur einhliða gengi krónunnar og það ræðst af framboði og eftirspurn á skipulögðum gjaldeyrismarkaði. Í því tilviki gæti Seðlabankinn annaðhvort ákveðið að hið opinbera viðmiðunargengi væri það gengi, sem hann væri reiðubúinn að eiga viðskipti á, á einhverjum tilteknum tíma dags, t.d. kl. 9 að morgni eða kl. 12 á hádegi, eða meðaltal af því gengi sem hann og aðrir helstu aðilar á markaðinum bjóða á einhverjum tilteknum tíma dags. Þess má geta að hið opinbera gengi evrópsku mynteiningarinnar, ECU, er reiknað út kl. 14:15 dag hvern.

Um 23. gr.

Efni þessarar greinar á sér nokkra samsvörun í 19. og 22. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í 1. mgr. er kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og ríkisverðbréf eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf í erlendri mynt til að ná markmiðum sínum í peningamálum og sinna hlutverki sínu í gengis- og gjaldeyrismálum. Þar með er bankanum heimilt að eiga viðskipti á gjaldeyrismarkaði og hlutast á þann hátt til um gengi íslensku krónunnar. Í sömu málsgrein er bankanum einnig heimilað að skipuleggja gjaldeyrismarkað hér á landi. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi seðlabankalögum. Með gjaldeyrismarkaði skapast möguleikar til að láta gengi krónunnar ráðast af framboði og eftirspurn í stað þess að það sé ákveðið einhliða eins og nú er. Telja verður eðlilegt að Seðlabankinn hafi foruystu um að skipuleggja slíkan markað og setja honum leikreglurnar. Sú heimild sem veitt er í 2. og 3. málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða breytingum sem gerðar voru á gildandi seðlabankalögum í mars 1992.

Í 19. gr. núgildandi seðlabankalaga er tilgreint hvaða aðilar hér á landi hafa heimild til að versla með erlendan gjaldeyri. Nú er lagt til að ákvæði af því tagi verði fellt niður. Rökin fyrir því eru þau að eðlilegast sé að fjallað sé um gjaldeyrismál, þar á meðal hvaða aðilar hafi heimild til að versla með erlendan gjaldeyri, í sérstökum lögum um það efni eins og nú er í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Frumvarp til laga um gjaldeyrismál í stað laganna frá 1978 var lagt fram á yfirstandandi þingi. Auk lagaheimilda í núgildandi seðlabankalögum og núgildandi gjaldeyrislögum er kveðið á um heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að versla með erlendan gjaldeyri í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankinn annist framkvæmd og eftirlit í gjaldeyrismálum eftir því sem ákveðið er í lögum um gjaldeyrismál eða öðrum lögum. Er þetta talið einfaldara og betra orðalag heldur en í 22. gr. núgildandi seðlabankalaga þar sem Seðlabankanum er falið að hafa umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lög-

um og reglum um verslun með gjaldeyri og ráðstöfun hans sé fylgt. Ítarleg ákvæði um þetta efni eru í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og í fyrrnefndu frumvarpi til laga um gjaldeyrismál. Þar er einnig að finna allar nauðsynlegar reglugerðarheimildir þannig að reglugerðarheimildin í 2. mgr. 22. gr. núgildandi seðlabankalaga er óþörf.

Um 24. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 21. gr. og b-lið 3. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Nokkrar nýjungar er að finna í greininni.

Í 1. mgr. er kveðið á um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins. Í núgildandi seðlabankalögum er aðeins tiltekið að gjaldeyrisvarasjóðurinn skuli varðveittur í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er. Þar sem gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur um langt skeið einnig verið varðveittur í öðrum tryggum eignum en taldar eru upp í núgildandi lagaákvæði, eins og gulli og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR), þykir rétt að taka það fram í greininni.

Ekki þykir ástæða til að skilgreina í greininni, fremur en í núgildandi seðlabankalögum, hvað átt er við með „trygg og auðseljanleg verðbréf“ og er mat á því lagt í hendur Seðlabankanum. Seðlabankinn hefur um langt skeið gætt fyllstu varfærni við varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins.

1. málsl. 2. mgr. er efnislega sambærilegur við 1. mgr. 21. gr. núgildandi laga en orðaröð hefur verið breytt og orðalag einfaldað.

2. málsl. 2. mgr. er nýjung. Þar er lagt til að bankanum verði heimilað að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra stofnana sem felst í því að gerðir eru tvíhliða eða marghliða samningar um gagnkvæm lánsréttindi, þ.e. að einn geti fengið lán hjá öðrum ef gjaldeyrisvarasjóðurinn rýrnar. Þess má geta að norrænu seðlabankarnir, að Seðlabanka Íslands meðtöldum, hafa gert slíka samninga sín á milli. Einnig má geta þess að þegar norska krónan var tengd evrópsku mynteiningunni, ECU, gerði norski seðlabankinn tvíhliða samninga við seðlabanka aðildarríkja Evrópubandalagsins um fyrirgreiðslu ef verja þyrfti norsku krónuna áhlaupi og efla þyrfti gjaldeyrisvarasjóð Noregs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði 2. mgr. 21. gr. núgildandi seðlabankalaga verði fellt brott. Í því er Seðlabankanum heimilað að taka lán erlendis í því skyni að endurlána það innan lands enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin. Ákvæði af þessu tagi kann að hafa verið nauðsynlegt á árum áður þegar tiltölulega fáir innlendir aðilar höfðu reynslu af erlendum lántökum í eigin nafni og áttu ekki greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Þetta hefur hins vegar gerbreyst á síðustu árum. Telja verður eðlilegt að lánastarfsemi af þessu tagi sé á hendi lánastofnana eða ríkissjóðs en ekki Seðlabankans.

Um 25. gr.

Efnisatriði þessarar greinar er að finna í 1. málsl. 20. gr. og 23. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í 1. málsl. 20. gr. segir að bankinn hafi með höndum viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið túlkað þannig að í orðinu viðskipti felist einnig samskipti. Til að taka af öll tvímæli er lagt til orðalagið „samskipti og viðskipti“. Þetta ákvæði ber að túlka þannig að í því felist m.a. að Seðlabankanum sé heimilt að opna reikninga í nafni þessara stofnana í bankanum, ef þess er óskað, og í nafni hans í þessum stofnunum. Ákvæðið nær ekki aðeins til alþjóðlegra banka-

og fjármálastofnana heldur einnig til alþjóðlegra stofnana eins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París.

1. málsl. 2. mgr. samsvarar 23. gr. núgildandi laga um bankann en orðaröð hefur verið breytt. Í ákvæðinu felst að Seðlabankinn leggur fram fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samkvæmt reglum og ákvörðunum sjóðsins og að fenginni heimild Alþingis hverju sinni. Fjárframlögin greiðast því ekki úr ríkissjóði. Fjárframlög af þessu tagi voru síðast ákveðin með lögum nr. 103/1990, um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um aðild Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

2. málsl. 2. mgr. er nýjung. Frá stofnun Seðlabankans árið 1961 hefur hann átt hlutabréf í Alþjóðlega greiðslubankanum (Bank for International Settlements) í Basel í Sviss. Því þykir rétt að í lögum um bankann sé ótvírætt ákvæði sem heimili honum að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum en Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Slík aðild er þó bundin því skilyrði að hún samræmist hlutverki bankans sem seðlabanka.

Um 26. gr.

Efni 1. málsl. greinarinnar samsvarar 1. málsl. 20. gr. í núgildandi seðlabankalögum. Þó þykir rétt að taka fram að Seðlabankinn mun ekki aðeins annast framkvæmd greiðslusamninga eins og kveðið er á um í núgildandi seðlabankalögum heldur einnig gerð þeirra.

Þrátt fyrir aukið frjálsræði í gjaldeyrismálum víða um heim á undanförnum árum tíðkast enn að greiðslusamningar séu gerðir við einstök ríki. Þetta á einkum við um Austur-Evrópu og fyrrum Sovétlýðveldi. Nýjasti greiðslusamningur af þessu tagi var gerður í janúar 1992 milli Seðlabankans og Utanríkisviðskiptabanka Rússlands. Því er talið rétt að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum um Seðlabankann.

2. málsl. greinarinnar er nýjung. Eðlilegt þykir að Seðlabankinn hafi almenna heimild til að stunda önnur erlend viðskipti sem ekki eru sérstaklega tilgreind í ákvæðum frumvarpsins enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um eftirlit Seðlabankans með fjármálastofnunum og starfsemi bankaeftirlits Seðlabankans. Í kaflanum eru fimm greinar, 27.–31. gr. Kaflinn byggist að miklu leyti á IV. kafla núgildandi seðlabankalaga. Þó hafa verið gerðar veigamiklar efnisbreytingar á einstökum ákvæðum hans og eru þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga er honum falið eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Í sérlögum hefur Seðlabankanum jafnframt verið falið eftirlit með öðrum stofnunum en innlánsstofnunum, þ.e. eignarleigum, verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum, auk þess sem honum hefur verið falið að setja reglur um gerð og endurskoðun á ársreikningum lífeyrissjóða.

Hér er lagt til að eftirlit Seðlabankans nái til lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Hugtakið fjármálastofnun er ekki skilgreint í greininni en það ber að túlka rúmt þannig að það nái til allra stofnana og fyrirtækja sem starfa á fjármagnsmarkaði og veita almenningi og fyrirtækjum fjármálaþjónustu. Til fjármálastofnana teljast einkum bank-

ar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir, eignarleigur, verðbréfafyrirtæki, verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og tryggingarfélög svo og sjálfstætt starfandi einstaklingar eftir því sem við getur átt, t.d. verðbréfamiðlarar. Rétt er að benda á að alþjóðleg skilgreining hugtaksins hefur tekið breytingum í tímans rás eftir því sem fjármagnsmarkaðir hafa þróast. Við túlkun á ákvæðinu verður því að hafa hliðsjón af aðstæðum á fjármagnsmarkaði hverju sinni. Aðalatriðið er að eftirlit sé haft með starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana á fjármagnsmarkaði sem sýsla með fjármuni almennings. Samkvæmt þessu er bankaeftirlitinu falið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, en það hefur það ekki haft til þessa. Þó var bankaeftirlitinu falið með lögum nr. 27/1991 að setja reglur um gerð ársreiknings og endurskoðun lífeyrissjóða. Jafnframt var því falið visst eftirlit með fjárhagsstöðu lífeyrissjóða. Tekið er fram í greininni að Seðlabankinn hafi því aðeins eftirlit með starfsemi þessara stofnana og fyrirtækja að eftirlitið sé ekki öðrum falið með lögum. Ákvæði þessarar greinar kemur ekki í veg fyrir að Seðlabankanum sé með sérstökum lögum falið eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum sem ekki eru talin upp hér að framan.

Lagt er til að Seðlabankinn hafi ekki aðeins eftirlit með því að stofnanir og fyrirtæki hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir heldur einnig það sem telja má eðlilega viðskiptahætti. Síðasta atriðið er nýjung. Eðlilegt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi í seðlabankalögum þar sem fjármálaþjónusta tekur mjög örum breytingum og sífellt eru að verða til nýjar tegundir stofnana og fyrirtækja. Iðulega fylgir löggjafinn þessari öru þróun ekki nægjanlega hratt eftir með breytingu á lögum eða setningu nýrra laga. Á meðan svo er kann að skapast óheppilegt millibilsástand þar sem lagaákvæði skortir um viðkomandi starfsemi og óvíst er hvort bankaeftirlit Seðlabankans eða annar aðili skuli hafa eftirlit með starfseminni. Með því orðalagi sem hér er lagt til hefur bankaeftirlitið eftirlitsskyldu að gegna gagnvart fjármálastofnunum þó svo að ekki hafi verið sett lög um starfsemi þeirra. Heimildir bankaeftirlitsins til íhlutunar og aðgerða gagnvart þessum stofnunum eru þó mun takmarkaðri en gagnvart stofnunum, sem lög gilda um, og takmarkast við það að gera athugasemdir, sbr. 5. mgr. 31. gr.

Um 28. gr.

Í þessari grein er kveðið á um bankaeftirlit Seðlabankans. Hún samsvarar 2. og 3. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að veigamiklar breytingar verði gerðar á þeim ákvæðum. Í fyrsta lagi er lagt til að forstöðumaður bankaeftirlitsins verði ráðinn af bankaráði samkvæmt tillögu bankastjórnar en ekki skipaður af ráðherra. Breytingin er bæði liður í því að auka sjálfstæði bankans og skerpa ábyrgðarsvið og stjórnskipulag innan hans. Þykir ekki heppilegt að aðrir starfsmenn bankans en bankastjórar skuli skipaðir af ráðherra. Í ljósi þess að forstöðumaður bankaeftirlitsins gegnir veigamiklu hlutverki er lagt til að hann verði ráðinn af bankaráði. Með því móti fær staða hans aukið vægi frá því sem verið hefði ef forstöðumaðurinn væri ráðinn af bankastjórn.

Í öðru lagi er lagt til að sérstök samstarfsnefnd ráðuneytisins og Seðlabankans til að fylgjast með starfi bankaeftirlitsins verði lögð niður. Nefnd þessi hefur gegnt veigalitlu hlutverki á undanförnum árum. Auk þess er ekki ótvírætt hvort í núgildandi lagaákvæði felist að nefndin beri á einhvern hátt ábyrgð á störfum bankaeftirlitsins. Þess í stað er tilgreint í 3. mgr. að Seðlabankinn skuli hafa samráð við ráðuneytið um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins auk þess sem hann skal gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Samsvarandi skýrsluskylda er einnig í núgildandi seðlabankalögum. Þá er í 38. gr. frumvarpsins kveðið á um að bankaráð Seðlabankans sé bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins.

Í þriðja lagi er lagt til að skýrt verði tekið fram í 1. mgr. að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar. Í 2. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga segir að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Er talið óheppilegt að kveða á um að tveir aðilar fari með yfirstjórn þessarar starfsemi. Þótt bankaráð ráði forstöðumann bankaeftirlitsins felst þó ekki í því að bankaráð hafi yfir honum að segja eða hafi dagleg afskipti af störfum bankaeftirlitsins. Bankaeftirlitið starfar því undir yfirstjórn og á ábyrgð bankastjórnar eins og allar aðrar deildir bankans að undanskilinni endurskoðunardeild.

Um 29. gr.

Þessi grein samsvarar 14. og 15. gr. núgildandi seðlabankalaga. Efnisatriði eru þau sömu en orðalagi hefur verið breytt á nokkrum stöðum til einföldunar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 30. gr.

Þessi grein samsvarar 5. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Til samræmis við breytingar á gildissviði annars staðar í frumvarpinu er lagt til að reglur um fjárhagslegt öryggi nái ekki aðeins til innlánsstofnana, eins og kveðið er á um í núgildandi seðlabankalögum, heldur til lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Í núgildandi ákvæði er einungis kveðið á um gengisbundnar eignir og skuldir en hér er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt að setja reglur á fleiri sviðum er miði að því að stuðla að fjárhagslegu öryggi lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Þessi svið eru talin upp í greininni.

Um 31. gr.

Þessi grein samsvarar 17. gr. núgildandi seðlabankalaga að undanskilinni 4. mgr. sem er nýjung.

Í 4. mgr. er lagt til að Seðlabankinn geti tekið stjórn lánastofnunar í sínar hendur í allt að þrjá mánuði ef hann telur brýna ástæðu til og að fengnu samþykki ráðherra. Heimilt er að framlengja tímabilið um allt að þrjá mánuði. Þetta ákvæði ber að túlka þröngt þannig að ekki sé gripið til þessa úrræðis nema ótvírætt sé að það þjóni hagsmunum viðskiptamanna viðkomandi stofnunar og tryggi öryggi á fjármagnsmarkaðinum. Í 38. gr. er lagt til að tillöguvald bankans til ráðherra um yfirtöku á stjórn stofnunar verði í höndum bankaráðs.

Í 5. mgr. er fjallað um aðgerðir bankaeftirlitsins í þeim tilvikum þegar ótvíræð lagafyrirmæli skortir um rekstur fjármálastofnana. Í málsgreininni, sem svarar til 3. mgr. 17. gr. núgildandi seðlabankalaga, er lögð til sú breyting að í stað þess að bankaeftirlitinu sé heimilt að gera athugasemdir er því skylt að gera það ef rekstri fjármálastofnunar er á einhvern hátt ábótavant og hann brýtur í bága við eðlilega viðskiptahætti.

Í 6. mgr., sem svarar til 4. mgr. 17. gr. núgildandi seðlabankalaga, er lagt til að kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skuli einnig tilkynntar bankaráði Seðlabankans. Ákvæði þar að lútandi er ekki í núgildandi seðlabankalögum. Þessi nýjung er lögð til í ljósi þess hversu mikilvæg mál þessi eru.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um skýrslugerð bankans. Í honum eru einungis tvær greinar, 32. og 33. gr. Í þeirri fyrri er fjallað almennt um hagskýrslugerð bankans og upplýsingar til

almennings. Í þeirri síðari er fjallað um skýrslur bankans til Alþingis og ríkisstjórnar. Kaflinn samsvarar VI. kafla núgildandi seðlabankalaga.

Um 32. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 24. gr. núgildandi seðlabankalaga. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðum þeirrar greinar en orðalagi breytt lítillega.

Í 1. mgr. er tekið fram að Seðlabankinn skuli gera skýrslur og áætlanir um peningamál, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Litið er svo á að greiðslujöfnuður við útlönd falli undir þessi svið.

Í síðari málslið 1. mgr. er bankanum falið að birta opinberlega upplýsingar um peningamál og gengis- og gjaldeyrismál og skýra stefnu sína og aðgerðir. Telja verður eðlilegt að sjálfstæður seðlabanki kynni stefnu sína og aðgerðir opinberlega á greinargóðan hátt.

Um 33. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga segir: „Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.“ Bankinn hefur uppfyllt þessa lagaskyldu með því að senda ráðherra ársskýrslu sína að vori og sérstaka greinargerð, svokallaða skammdegisskýrslu, um mánaðamót nóvember og desember.

Í ljósi þess að í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn verði aukið, m.a. með því að bankaráð, sem kjörið er af Alþingi, gegni stærra hlutverki í starfsemi bankans en áður, en hlutverk ráðherra minnki, er lögð til breyting á ákvæði um skýrslugjöf bankans. Í stað þess að hann sendi ráðherra greinargerð er lagt til að hann sendi Alþingi og ríkisstjórn greinargerð. Þá er lagt til að í greinargerð bankans skuli ekki aðeins vera fjallað um þróun og horfur í peningamálum og gengis- og gjaldeyrismálum heldur einnig stefnu bankans og aðgerðir í þessum málum.

VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um stjórnskipulag bankans. Í honum eru átta greinar, 34.–41. gr. Kaflinn samsvarar VII. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um tengsl bankans við framkvæmdarvaldið. Í næstu þremur greinum er fjallað um skipan, starfshætti og verkefni bankaráðs. Þá er í tveimur greinum fjallað um bankastjórn. Í síðustu grein kaflans er fjallað um önnur störf æðstu stjórnenda bankans.

Um 34. gr.

Grein þessi samsvarar 25. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í henni segir að yfirstjórn bankans sé í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs og að stjórn hans sé að öðru leyti í höndum bankastjórnar. Hér er lagt til skýrara orðalag sem kveður á um að viðskiptaráðherra fari með málefni bankans og að stjórn bankans sé í höndum bankaráðs og bankastjórnar, svo sem fyrir er mælt í frumvarpinu.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Í auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands kemur fram að Seðlabankinn heyri undir viðskiptaráðuneytið. Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, tók enga afstöðu til breytinga á verkaskiptingu ráðuneyta.

1. málsl. þessarar greinar endurspeglar því núgildandi verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins á grundvelli auglýsingarinnar frá 1969.

Um 35. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 1. mgr. 4. gr. og fyrri hluta 2. málsl. 20. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Seðlabankanum sé skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu á starfssviði sínu og vera ríkisstjórn til ráðuneytis. Er það í samræmi við ákvæði núgildandi seðlabankalaga. Í núgildandi lögum er ákvæði um að bankastjórn Seðlabankans hafi rétt til að lýsa opinberlega verulegum ágreiningi við ríkisstjórnina og skýra skoðanir sínar. Engu að síður skal bankastjórnin telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að stefna ríkisstjórnarinnar nái tilgangi sínum. Nú er lagt til að ákvæði af þessu tagi falli brott, enda skerða þau sjálfstæði bankans. Þess í stað er lagt til í 2. mgr. að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi að það gangi ekki gegn markmiðum bankans. Það er á valdi bankans að meta hvort svo sé. Með því móti er sjálfstæði hans gagnvart ríkisstjórn undirstrikað enn frekar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisstjórnin veiti Seðlabankanum nauðsynlegar upplýsingar um efnahagsmál sem eru starfsemi hans nauðsynlegar. Ákvæðið ber að skilja þannig að um sé að ræða upplýsingar sem eru ríkisstjórninni tiltækar.

Um 36. gr.

Þessi grein samsvarar 30. gr. núgildandi seðlabankalaga en er nokkru ítarlegri. 2. málsl. 1. mgr. er nýjung. Telja verður óeðlilegt vegna hættu á hagsmunaárekstrum og aðgangs að trúnaðarupplýsingum um samkeppnisaðila að stjórnendur lánastofnana og þeirra fjármálastofnana sem Seðlabankinn hefur eftirlit með sitji í bankaráði Seðlabankans. Því er lagt til að óheimilt verði að kjósa þá í bankaráðið.

3. málsl. 1. mgr. er einnig nýjung. Rétt þykir að tilgreina að umboð bankaráðs gildi þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið til að tryggja að Seðlabankinn verði ekki án bankaráðs. Í þessari málsgrein er einnig tekið fram að varamaður taki sæti aðalmanns, sem látið hefur af störfum, þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins. Rétt þykir að hafa skýrt ákvæði af þessu tagi í lögunum. Í þessari málsgrein er einnig nýtt ákvæði um hæfniskröfur til bankaráðsmanna. Ákvæðið um víðtæka þekkingu á efnahagsmálum ber að túlka rúmt.

Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að nýr ráðherra geti skipað nýjan formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna. Þar með gefst nýjum ráðherra kostur á breytingum á forustu bankaráðs kjósi hann það. Með þessu lagafrumvarpi er lagt til að áhrif ráðherra á starfsemi Seðlabankans verði takmörkuð verulega. Það verður því að teljast eðlilegt að samskiptum ráðherra við bankaráð verði hagað þannig að formaður og varaformaður bankaráðs njóti fyllsta trausts ráðherra hverju sinni. Hér er hins vegar ekki lagt til að nýjum ráðherra verði skylt að gera breytingu á forustu bankaráðs heldur verður honum það heimilt.

Um 37. gr.

Þessi grein samsvarar 3. mgr. 31. gr. og 32. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að í stað núgildandi ákvæðis um að bankaráð haldi fundi eftir þörfum en að jafnaði eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega komi ákvæði þess efnis að formaður bankaráðs kalli

bankaráð saman til fundar án þess að getið sé um lágmarkstíðni funda. Telja verður eðlilegt að bankaráð setji sér sjálft slíkar reglur ef þörf krefur. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði um að atkvæði formanns ráði úrslitum ef atkvæði falla jafnt á fundum bankaráðs. Einnig er lagt til að lögfest verði að halda skuli gerðabók á fundum bankaráðs.

Í 2. mgr. er fjallað um þátttöku bankastjóra á fundum bankaráðs. Síðasti málsliður þessarar málsgreinar er nýjung. Hann ber að skilja svo að einungis bankastjórn sem heild geti lagt fram tillögur á fundum bankaráðs en ekki einstakir bankastjórar. Ekki er lagt til að kveðið verði á um þátttöku annarra starfsmanna bankans en bankastjóra á fundum bankaráðs. Aðrir starfsmenn bankans sitja því ekki bankaráðsfundi nema að ósk bankaráðs.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru talin upp verkefni bankaráðs. Ákvæði þar að lútandi er að finna á víð og dreif í núgildandi seðlabankalögum, svo sem 2. mgr. 13. gr., 25. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr. og 34. gr. Einnig eru talin upp fjölmörg verkefni bankaráðs í reglugerð fyrir bankann.

Víða í frumvarpinu er vísað til ákvarðana sem Seðlabankinn skal taka eða tillagna sem hann skal gera. Sé ekki tekið fram í þessari grein að bankaráð hafi ákvörðunarvald á því sviði ber að líta svo á að ákvörðunarvaldið eða tillöguréttur inn sé í höndum bankastjórnar.

Í 1. málsl. greinarinnar er tekið fram að bankaráð hafi yfirumsjón með starfsemi bankans. Það ber að skilja þannig að bankaráði, sem er kjörið af Alþingi, sé falin yfirumsjón með starfsemi bankans og veiti rekstri og starfsemi hans aðhald og sinni eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins auk annarra verkefna sem eru nánar tilgreind í þessari grein. Þá er í þessum málslið kveðið á um að bankaráð skuli vera bankastjórn til ráðuneytis um stefnu bankans í peningamálum og gengis- og gjaldeyrismálum og um meginþætti í starfsemi hans. Það er því ætlast til að bankaráð fjalli um stefnu bankans.

Í stafliðum a–o eru síðan talin upp verkefni sem bankaráði er sérstaklega ætlað að sinna. Ákvæðið í b-lið ber að túlka þannig að bankastjórn kynni í bankaráði reglur bankans um öll helstu stjórntæki í peningamálum en setning þeirra og beiting sé alfarið á valdi og ábyrgð bankastjórnar. Í sumum tilvikum er um að ræða formlegar reglur sem bankinn gefur út, t.d. reglur um bindiskyldu og laust fé, en í öðrum tilvikum getur verið um að ræða vinnureglur um beitingu stjórntækja, t.d. um kaup og sölu verðbréfa.

Í c-lið er lagt til að bankaráð verði bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Þar sem gera má ráð fyrir að mikilvægi þessa þáttar í starfsemi bankans aukist enn frekar eftir því sem frjálsræði vex á fjármagnsmarkaði er talið eðlilegt að bankaráð fjalli um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Ákvæðið ber ekki að túlka þannig að bankaráð hafi afskipti af daglegum störfum bankaeftirlitsins eða beri ábyrgð á störfum þess, enda er lagt til í 28. gr. að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar.

Ákvæði d-liðar ber að túlka þannig að bankaráð verði að staðfesta skipurit bankans og verkaskiptingu bankastjóra en ekki smærri atriði í stjórnskipulagi og starfsemi bankans eins og starfslýsingar einstakra starfsmanna hans og starfsreglur.

Í g-lið er kveðið á um að bankaráð staðfesti ráðningu aðstoðarbankastjóra, en þeir fara með stjórn veigamikilla málaflokka í bankanum. Eðlilegt verður að telja að bankastjórn kynni í bankaráði fyrirhugaðar ráðningar í aðrar helstu stjórnunar- og ábyrgðarstöður í bankanum.

Um 39. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skipan bankastjórnar Seðlabankans. Efni hennar samsvarar 26. og 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að bankastjórar verði þrír eins og verið hefur frá því að Seðlabankinn varð sjálfstæð stofnun árið 1961. Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að bankastjórn beri ábyrgð á rekstri bankans og fari með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Í 38. gr. kemur fram hvaða málaflokkar heyra undir bankaráð. Sem dæmi um verkaskiptingu bankaráðs og bankastjórnar má nefna að beiting stjórntækja bankans í peningamálum er á valdi og ábyrgð bankastjórnar svo og ráðning allra starfsmanna bankans annarra en forstöðumanns bankaeftirlits og forstöðumanns endurskoðunardeildar. Þó skal ráðning aðstoðarbankastjóra staðfest af bankaráði.

Lagt er til að ráðningu bankastjóra verði hagað með öðrum hætti en verið hefur hingað til. Í stað núverandi fyrirkomulags að bankastjórar séu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs til allt að sex ára er lagt til að stöður bankastjóra verði auglýstar lausar til umsóknar. Í frumvarpinu kemur fram sú nýjung að gerð er krafa um að bankastjórar hafi víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Telja verður eðlilegt að gera kröfu af þessu tagi í ljósi hlutverks bankans og sjálfstæðis hans til stjórnunar peningamála.

Að fengnum umsóknum um stöður bankastjóra er gert ráð fyrir að bankaráð greiði atkvæði um umsækjendur. Til að ráðherra geti skipað mann bankastjóra verður hann að hafa fengið að minnsta kosti eitt atkvæði í bankaráði. Í þessu felst mikilvæg breyting frá núgildandi lagaákvæði sem hefur verið túlkað þannig að ráðherra geti í raun skipað hvaða mann sem er í stöðu bankastjóra án þess að taka tillit til tillagna bankaráðs. Lagt er til að skipunartímabil bankastjóra verði sjö ár í stað allt að sex ára samkvæmt núgildandi seðlabankalögum. Fastákveðið skipunartímabil skapar ákveðna festu í stjórn bankans.

Í frumvarpinu er lagt til að formaður bankastjórnar gegni veigameira hlutverki en samkvæmt núgildandi lögum. Kveðið er á um formann bankastjórnar í 40. gr. Í ljósi aukins mikilvægis þessarar stöðu er lagt til að skipað verði sérstaklega í hana til sjö ára. Til að undirstrika mikilvægi stöðunnar er lagt til að umsækjandi um stöðuna verði að hafa fengið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði til þess að ráðherra geti skipað hann.

Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum eru engar takmarkanir á því hversu oft skipa má sama mann í stöðu bankastjóra. Í 4. mgr. þessarar greinar er lagt til að meginreglan verði sú að óheimilt sé að skipa sama mann oftar en tvisvar sinnum í stöðu bankastjóra. Meginreglan er því sú að enginn geti gegnt stöðu bankastjóra lengur en í fjórtán ár. Samkvæmt 2. og 3. mgr. verður maður sem gegnir stöðu bankastjóra að sækja um hana að nýju þegar skipunartímabil hans rennur út. Í 2. málsl. 4. mgr. er þó lagt til að skipa megi sama mann í þriðja sinn í stöðu bankastjóra enda sé þá um að ræða skipun í stöðu formanns bankastjórnar og viðkomandi hafi annaðhvort aldrei eða aðeins einu sinni gegnt þeirri stöðu. Því er hugsanlegt að sami maður geti gegnt stöðu bankastjóra í tuttugu og eitt ár samfleytt. Hann gæti gegnt stöðu bankastjóra í eitt skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í tvö skipunartímabil eða stöðu bankastjóra í tvö skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í eitt skipunartímabil. Einnig geta komið upp tilvik þar sem sami maður er skipaður þrisvar sinnum en gegnir þó starfinu í skemmri tíma samfleytt en í tuttugu og eitt ár. Það gæti gerst með þeim hætti að starfandi bankastjóri sækti um og væri skipaður í stöðu formanns bankastjórnar áður en sjö ára skipunartímabili hans væri lokið.

Í síðasta málslið 4. mgr. er ákvæði um starfslok bankastjóra fyrir aldurs sakir. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum og gilda því um bankastjóra almennar reglur um starfsmenn ríkisins. Sú hefð hefur hins vegar myndast að bankastjórum er heimilt að vinna til loka þess árs er þeir verða sjötugir. Hér er hins vegar lagt til að lögfest verði að bankastjórar láti af starfi um leið og þeir verða sjötugir.

Í 1. málsl. 6. mgr. er lögð til mikilvæg breyting frá samsvarandi ákvæði í 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Samkvæmt núgildandi ákvæði getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi að fengnu áliti bankaráðs. Hér er lagt til að bankaráð geti tekið frumkvæði í þessu efni og lagt til við ráðherra að bankastjóra verði vikið frá störfum. Sömuleiðis er lagt til að það verði bankaráð en ekki ráðherra, eins og nú gildir, sem geti vikið bankastjóra fyrirvaralaust úr starfi, hafi hann brotið af sér í starfi.

Um 40. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. núgildandi seðlabankalaga en er mun ítarlegra. Í núgildandi seðlabankalögum segir að bankastjórn kjósi sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Ekki er frekar kveðið á um hlutverk formanns bankastjórnar í öðrum greinum laganna eða í reglugerð um bankann. Hér er lagt til að formaður bankastjórnar verði skipaður sérstaklega. Í 1. mgr. er lagt til að formaður bankastjórnar sé talsmaður Seðlabankans og komi fram fyrir hönd hans. Í 2. mgr. er lagt til að hann kalli bankastjórn saman til fundar og að atkvæði hans ráði úrslitum þegar atkvæði falla jafnt í atkvæðagreiðslu í bankastjórn.

Um 41. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 2. mgr. 28. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að lögfest verði að auk bankastjóra og aðstoðarbankastjóra verði forstöðumanni bankaeftirlitsins óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Telja verður eðlilegt að bankastjórn setji reglur um þetta efni gagnvart öðrum helstu yfirmönnum bankans og öðrum starfsmönnum. Ætla verður að ákvæði um þetta efni verði í ráðningarsamningi þeim er bankaráð gerir við forstöðumann endurskoðunardeildar telji bankaráð ástæðu til þess.

Rísi ágreiningur um efni þessarar greinar gagnvart bankastjórum þykir eðlilegt að ráðherra skeri úr. Gagnvart öðrum starfsmönnum bankans er það bankastjórnar að skera úr.

Ákvæði þessarar greinar ber að túlka þröngt þannig að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og forstöðumaður bankaeftirlitsins sitji ekki í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækja utan bankans eða taki þátt í atvinnurekstri nema slíkt sé sérstaklega boðið með lögum. Í lögum um Fiskveiðasjóð er kveðið á um að Seðlabankinn tilnefni einn stjórnarmanna sjóðsins. Óeðlilegt verður að telja að bankastjórar Seðlabankans eða aðrir æðstu yfirmenn hans sitji í stjórnum lánastofnana sem viðskipti geta átt við bankann og eru undir eftirliti hans.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar. Í honum eru þrjár greinar, 42.–44. gr. Kaflinn samsvarar VIII. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Greinar í kaflanum eru að mestu leyti óbreyttar frá ákvæðum núgildandi seðlabankalaga ef undan er skilin 44. gr. um ráðstöfun hagnaðar.

Um 42. gr.

Í þessari grein er kveðið á um reikningsár og gerð ársreiknings. Hún samsvarar 35. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að í stað þess að tilgreina að gerð ársreiknings skuli lokið, svo fljótt sem auðið er, verði tiltekið að gerð ársreiknings skuli lokið innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, segir að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs. Í lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, segir í samsvarandi ákvæði að gerð og endurskoðun ársreiknings skuli vera lokið eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Um 43. gr.

Þessi grein samsvarar 33. og 36. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði þess efnis að ársreikning Seðlabankans skuli birta í Stjórnartíðindum. Jafnframt er lagt til að ákvæði um að mánaðarlegt efnahagsyfirlit skuli birt í Lögbirtingablaðinu verði fellt brott og í staðinn einungis tiltekið að yfirlitið skuli birt án þess að tilgreina hvar. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit liggur frammi í afgreiðslu bankans.

Um 44. gr.

Þessi grein samsvarar 37. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lögð er til sú nýjung að sé eigið fé bankans í lok reikningsárs lægra en 6% af vergri landsframleiðslu árið á undan greiðist fjórðungur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð í ríkissjóð. Sé hlutfallið hins vegar hærra en 6% greiðist allur meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð í ríkissjóð. Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum skal ávallt greiða helming af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð.

Í grófum dráttum má segja að eigið fé Seðlabankans og aðrir sjóðir hans, einkum fé á bundnum reikningum lánastofnana og seðlar og mynt í umferð, myndi mótvægi við gjaldeyrisvarasjóð landsins og skuld ríkissjóðs við bankann. Í frumvarpinu er lagt til að aðgangur ríkissjóðs að bankanum verði takmarkaður verulega. Í framtíðinni standa því seðlar og mynt í umferð, eigið fé og bundið fé lánastofnana nánast eingöngu á móti gjaldeyrisvarasjóðnum. Sé eigið fé bankans aukið má því að öðru óbreyttu draga úr bindiskyldu lánastofnana.

Æskileg stærð gjaldeyrisvarasjóðs ræðst einkum af tvennu: annars vegar mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir þjóðarbúið og hins vegar hvort víðtækar hömlur gildi um fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Athuganir sýna að eigið fé Seðlabankans er lægra í hlutfalli við verga landsframleiðslu en eigið fé seðlabanka á öðrum Norðurlöndum að Finnlandi undanskildu. Í árslok 1991 var hlutfallið 3,9% í Danmörku, 2,2% í Finnlandi, 2,5% á Íslandi, 5,2% í Noregi og 4,8% í Svíþjóð. Einnig má benda á að í árslok 1991 var hlutfall eigin fjár seðlabanka af innflutningi 13,0% í Danmörku, 10,3% í Finnlandi, 7,5% á Íslandi, 14,3% í Noregi og 18,1% í Svíþjóð. Utanríkisviðskipti Íslands eru hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en annars staðar á Norðurlöndum. Það kallar því á hlutfallslega stærri gjaldeyrisvarasjóð hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur verið markvisst dregið úr hömlum á fjármagnshreyfingum síðan 1990 og innan nokkurra ára má búast við því að þær hafi horfið að fullu. Þá er það stefna ríkisstjórnarinnar að gengi krónunnar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði. Aukið frelsi í gengis- og gjaldeyrismálum leiðir væntanlega til meiri sveiflna í gjaldeyriskaupum og gjaldeyrissölu og kallar á stærri gjaldeyrisvarasjóð en ella.

Þá má benda á að hér á landi eru seðlar og mynt í umferð mun lægra hlutfall af vergri landsframleiðslu en annars staðar á Norðurlöndum, eða 1,0% í árslok 1991 samanborið við 3,4% í Danmöku, 2,8% í Finnlandi, 5,0% í Noregi og 5,3% í Svíþjóð. Af öllum þessum atriðum sem hér hafa verið nefnd leiðir að eigið fé Seðlabankans er mikilvægara til að fjármagna gjaldeyrisforðann en annars staðar á Norðurlöndum og þarf því að vera hlutfallslega meira hér á landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er lagt til að eigið fé bankans verði markvisst byggt upp á næstu árum með því að helminga skattgreiðslu í ríkissjóð frá því sem hún er samkvæmt gildandi seðlabankalögum. Þegar takmarkinu um að eigið fé samsvari 6% af vergri landsframleiðslu er ekki talin þörf á að efla eigið fé bankans frekar. Því er lagt til að þegar takmarkinu er náð renni allur meðalhagnaður bankans í ríkissjóð. Í 3. mgr. er lagt til að lágmarksgreiðsla í arðsjóð, 40 m.kr. á verðlagi í árslok 1984, verði færð til verðlags í árslok 1991. Ný lágmarksgreiðsla er því 130 m.kr. Að öðru leyti er þessi málsgrein samhljóða 2. mgr. 37. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Um 45. gr.

Þessi grein er nýjung. Með henni eru tekin af öll tvímæli um að Seðlabankanum er óheimilt að eiga innlend eða erlend verðbréf, sem fela í sér þátttöku í atvinnurekstri, eða taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri nema það samrýmist hlutverki hans sem seðlabanka. Í athugasemdum við 20. gr. er greint frá þátttöku Seðlabankans í Reiknistofu bankanna og í athugasemdum við 25. gr. frá hlutabréfaeign Seðlabankans í Alþjóðlega greiðslubankanum.

Um 46. gr.

Efnisatriði þessarar greinar samsvara 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að sú breyting verði gerð að í stað þess að bankastjórar eigi rétt á biðlaunum í eitt til þrjú ár ef þeim er sagt upp starfi verði miðað við eitt ár eins og gildir samkvæmt núgildandi seðlabankalögum þegar þeir segja starfi sínu lausu.

Um 47. gr.

Greinin samsvarar 38. gr. í núgildandi seðlabankalögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 48. gr.

Þessi grein er nýjung. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um bann við svokölluðum „innherjaviðskiptum“, þ.e. viðskiptum þar sem einstaklingar hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón vegna upplýsinga sem þeir komast að í starfi sínu.

Um 49. gr.

Greinin samsvarar 39. gr. í núgildandi seðlabankalögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 50. gr.

Efnisatriði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í 41. gr. núgildandi seðlabankalaga og

í reglugerð fyrir bankann. Í henni er að finna heimild til að ákveða í reglugerð viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt. Einnig er í 41. gr. núgildandi seðlabankalaga kveðið á um að ¾ hlutar af innheimtum viðurlögum renni til ríkissjóðs.

Hér er lagt til að í lögum um Seðlabankann verði kveðið á um hvernig farið skuli með brot gegn lögunum. Jafnframt að í lögunum verði kveðið á um viðurlög í formi dagsekta gegn tilteknum ákvæðum í lögunum sem talin eru upp í lagagreininni. Þá er lagt til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi um að tiltekinn hluti innheimtra viðurlaga renni í ríkissjóð enda eru innheimt viðurlög hluti af tekjum bankans og mynda því stofn til skattlagningar skv. 44. gr. frumvarpsins.

Um 51. gr.

Við samningu frumvarpsins var við það miðað að ekki þyrfti að setja reglugerð til að kveða nánar á um framkvæmd einstakra ákvæða þess. Hins vegar kann reynslan að leiða annað í ljós. Því er lagt til að ráðherra geti, að fenginni tillögu bankaráðs, sett reglugerð um nánari framkvæmd einstakra ákvæða laganna.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreining á lausu fé verði nokkru þrengri en verið hefur. Því er lagt til að heimilt verði að láta núgildandi reglur um laust fé gilda í allt að tólf mánuði frá gildistöku laganna. Telja verður eðlilegt að Seðlabankinn kynni lánastofnunum nýjar lausafjárreglur sem fyrst eftir gildistöku laganna þannig að lánastofnunum gefist nokkurt ráðrúm til að búa sig undir gildistöku nýrra reglna.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Reglur um Verðbréfaþing Íslands, nú frá 21. janúar 1992, hafa verið settar á grundvelli heimildar í 1. mgr. 11. gr. núgildandi seðlabankalaga. Telja verður eðlilegt að starfsemi af þessu tagi byggist á ítarlegri lagaheimildum en þar um ræðir. Samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir að hér á landi verði lögfest ákvæði um kauphöll og kauphallarviðskipti. Í samningnum er gert ráð fyrir aðlögunarfresti á þessu sviði. Frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands var lagt fram á yfirstandandi þingi. Á meðan frumvarpið hefur ekki orðið að lögum þykir rétt að heimila Seðlabankanum, þó

ekki lengur en til ársloka 1994, að setja reglur um Verðbréfaþing Íslands að fengnu samþykki ráðherra.

Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Í ákvæðinu er kveðið á um lánafyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð á árinu 1993 en þar er um að ræða frávik frá meginreglu frumvarpsins um bann við lánveitingum bankans til ríkissjóðs. Ákvæðið er í samræmi við samning ríkissjóðs og bankans frá júní 1992 um lánafyrirgreiðslu vegna viðskiptareikninga og vaxtakjör að því undanskildu að hér er lagt til að 3 milljarða króna hámark verði sett á fyrirgreiðslu í hvert sinn samkvæmt þessu ákvæði. Í tillögunni felst strangari aðlögun að meginreglu frumvarpsins um bann við lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð en var í tillögum nefndarinnar sem samdi drög að frumvarpinu. Í þeim var gert ráð fyrir þriggja ára aðlögunartíma. Í ljósi breyttra aðstæðna með aukinni útgáfu ríkissjóðs á skammtímaverðbréfum og fyrrgreinds samnings ríkissjóðs og Seðlabankans þykir rétt að fara þá leið sem hér er lögð til.

Fylgiskjal I.

SÉRÁLIT

Guðrúnar J. Halldórsdóttur um tillögur nefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Undirrituð stendur að þessari tillögu um lagafrumvarp um Seðlabanka með þeim fyrirvara að hún álítur að í bankaráði Seðlabankans eigi að sitja sjö aðilar en ekki fimm eins og lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, sbr. 36. gr. Rökin fyrir þessari skoðun eru þau að frumvarpið gerir ráð fyrir miklu sjálfstæði bankans gagnvart ríkisvaldinu og um leið auknu hlutverki seðlabankaráðs. Það er því í hæsta máta eðlilegt að fulltrúar sem flestra stjórnmálaafla, sem þjóðin styður til alþingissetu, eigi sér málssvara í seðlabankaráði. Auk þess getur hæglega komið upp sú staða að ráðherra sá, er með málefni Seðlabanka fer, eigi sér ekki fulltrúa í seðlabankaráði verði það aðeins skipað 5 mönnum.

Einnig er það álit undirritaðrar að í V. kafla, 31. gr., um bankaeftirlit, ætti að vera ákvæði um þá skyldu eftirlitsins að fylgjast með og grípa inn í ef vart yrði við eða grunur léki á um innherjaviðskipti í þeim stofnunum sem eftirlitið á að fylgjast með. Rökin mín fyrir þessu eru að ekki virðast vera til nein lagaákvæði um innherjaviðskipti önnur en þau, sem er að finna í lögum frá 1989, um verðbréf og verðbréfaviðskipti. Á tímum þar sem losað er um sífellt fleiri höft og hömlur í viðskiptum verða slík ákvæði að vera skýr í lögum og ná til miklu víðara sviðs og fleiri þátta en verðbréfaviðskipta. Auk þess þarf að vera ljóst hver á að taka á vandanum.

Fylgiskjal II.

SÉRÁLIT

Más Guðmundssonar um tillögur nefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Það frumvarp að lögum um Seðlabanka Íslands sem hér liggur fyrir felur í sér veigamikil skref til að auka sjálfstæði bankans í mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gera markmið bankans skýrari og styrkja stjórntæki hans í peningamálum. Það er sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi að bankinn mun hafa nægjanlega sterk stjórntæki til að geta stýrt nafnvöxtum án beinnar íhlutunar, einkum á styttri enda peningamarkaðarins. Undirritaður styður þessar breytingar heilshugar. Í tveim atriðum hefði ég hins vegar kosið að frumvarpið hefði verið með öðrum hætti. Þar er annars vegar um að ræða yfirstjórn bankans og hins vegar heimildir ríkissjóðs til skuldasöfnunar í bankanum. Ég tel það samrýmast betur markmiðinu um sjálfstæðan faglegan seðlabanka að yfirstjórn bankans sé í höndum bankaráðs og eins faglegs seðlabankastjóra fremur en bankaráðs og fjölskipaðrar bankastjórnar eins og lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi. Ég hefði einnig kosið að nefndin hefði gert tillögu um að hraðar yrði farið í að loka fyrir heimild ríkissjóðs til skuldasöfnunar í Seðlabankanum. Ég vil hér gera nánari grein fyrir þessari afstöðu minni.

Yfirstjórn.

Í starfi nefndarinnar var lengst af unnið samhliða með tvenns konar megintillögur varðandi yfirstjórn bankans. Önnur tillagan fól í sér þá skipan sem er að finna í fyrirliggjandi frumvarpi, þar sem yfirstjórn bankans er í meginatriðum óbreytt frá því sem nú er, þ.e. í höndum bankaráðs og þriggja manna bankastjórnar. Hin tillagan fól í sér að yfirstjórn bankans yrði í höndum bankaráðs og eins seðlabankastjóra. Með þessu séráliti fylgir í viðauka útfærsla þeirrar hugmyndar eins og hún hafði mótast hjá nefndinni áður en hún ákvað endanlega að leggja til fjölskipaða bankastjórn. Þann fyrirvara verður þó að gera að nefndin gerði ýmsar betrumbætur á ákvæðum um stjórnskipulag bankans eftir að hún lagði þennan valkost á hilluna. Sérstaklega á þetta við um verkefni bankaráðs. Gera verður ráð fyrir að þessar breytingar hefðu einnig verið gerðar á þessum valkosti. Verður nú skipan yfirstjórnar með einum seðlabankastjóra lýst stuttlega:

— Einn seðlabankastjóri er æðsti stjórnandi bankans. Þar sem um valdamikinn stjórnanda er að ræða er vandað verulega til vals hans. Ráðherra skipar hann til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna samkvæmt auglýsingu og fengið hafa a.m.k. tvö atkvæði í bankaráði. Skilyrði er að seðlabankastjóri hafi víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að skipan ráðherra á seðlabankastjóra þurfi með einhverjum hætti staðfestingu Alþingis. Með þessu móti er reynt að tryggja víðtæka samstöðu um val seðlabankastjóra og gefa faglegum sjónarmiðum verulegt vægi.
— Varaseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra. Hann er valinn með sama hætti og seðlabankastjóri, nema hvað hann þarf ekki nema eitt atkvæði í bankaráði og ekki er gert ráð fyrir staðfestingu Alþingis. Dagleg stjórn Seðlabankans er í höndum seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra og aðstoðarbankastjóra sem seðlabankastjóri ræður. Vægi aðstoðarbankastjóra eykst þar sem bankastjórum fækkar.
— Gert er ráð fyrir að hlutverk bankaráðsins verði meira í þessari skipan en þegar um

fjölskipaða bankastjórn er að ræða. Bankaráðið tekur þátt í ákvarðanatöku um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Vægi seðlabankastjórans er þó verulegt við þá ákvarðanatöku þar sem tillöguvaldið er hans og hann hefur atkvæðisrétt í bankaráðinu þegar fjallað er um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum, svo sem varðandi verðbréfaviðskipti bankans, eigin vaxtaákvarðanir, bindiskyldu og laust fé.

Ég tel að þessi skipan hafi kosti umfram fjölskipaða bankastjórn, sérstaklega í ljósi þess markmiðs að gera bankann sjálfstæðari, faglegri og marksæknari. Einnig er þessi skipan algengari í löndunum í kringum okkur. Má þar nefna lönd eins og Þýskaland, Svíþjóð, Noreg, Frakkland og Bretland. Einnig má nefna að gert er ráð fyrir einum aðalbankastjóra í drögum að reglum um sameiginlegan seðlabanka EB-landanna. Algengt er þó að slíkir seðlabankastjórar eigi sæti í bankaráðunum. Það hefði komið til greina að þróa þessa hugmynd í þá átt, t.d. þannig að bankaráð hefði orðið sjö manna, þ.e. seðlabankastjóri og sex menn kosnir af Alþingi, á sama tíma og hlutverk bankaráðs í yfirstjórn bankans hefði enn verið aukið.

Dagleg yfirstjórn eins er yfirleitt markvissari en fjölskipaðs stjórnvalds. Boðskapur eins talsmanns er einnig yfirleitt skýrari en þegar talsmenn eru margir. Stór fyrirtæki og ráðuneyti hafa yfirleitt einn aðalstjórnanda. Allt eru þetta röksemdir fyrir því að einn seðlabankastjóri skuli vera æðsti stjórnandi bankans. Meginástæða þess að ég tel kerfi eins seðlabankastjóra betra en kerfi fjölskipaðrar bankastjórnar liggur þó í nauðsyn þess að segja skilið við það kerfi pólitískt eyrnamerktra bankastjórastaðna sem sótt hefur á undanförnum árum ef eitthvað er. Þetta kerfi dregur úr faglegri tiltrú á bankann og stangast á margan hátt á við hugmyndina um sjálfstæðan faglegan seðlabanka. Það er kerfið við val bankastjóra sem hér skiptir máli en ekki mennirnir sem valdir eru. Allir núverandi og fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans hafa reynst hæfir og starfi sínu vel vaxnir. Það breytir því ekki að það grefur undan tiltrú almennings á bankanum sem faglegri stofnun ef bankastjórastöður eru svo rækilega eyrnamerktar einstökum stjórnmálaflokkum að jafnvel er leitað eftir tilnefningum forustumanna flokkanna í stöðurnar. Auðvitað þarf slík samtenging ekki nauðsynlega að tengjast fjölskipaðri bankastjórn. Hugsanlega má rjúfa hana með breyttum aðferðum við val bankastjóra, t.d. eins og lagt er til í núverandi frumvarpi. Ég tel hins vegar að kerfi eins seðlabankastjóra hefði falið í sér það mikla breytingu frá fyrra kerfi að það hefði orðið trúverðugt gagnvart almenningi að fagleg sjónarmið muni ráða mestu við val bankastjóra. Ég tel að kerfi eins bankastjóra mundi beinlínis neyða alla hlutaðeigandi til að breyta aðferðum hvað þetta varðar. Kerfi eins bankastjóra krefst meiri pólitískrar samstöðu um skipun hans og blátt áfram neyðir menn til að gæta fyrst og fremst faglegra sjónarmiða.

Við fyrstu sýn gæti svo virst að kerfi fjölskipaðrar bankastjórnar væri lýðræðislegra en kerfi eins seðlabankastjóra. Svo er þó alls ekki að mínu mati. Í kerfi eins seðlabankastjóra er vald bankaráðs meira. Kerfi eins seðlabankastjóra mun einnig leiða til meiri umræðu í bankanum og í umhverfi hans þegar stefna hans er mótuð. Einn bankastjóri getur einbeitt sér að því að ræða stefnumótun bankans við bankaráðið og skýra hana utan bankans. Fjölskipuð bankastjórn þarf að eyða meiri tíma og kröftum í að ræða mál innbyrðis og ná málamiðlunum þegar ágreiningur er til staðar. Fjölskipuð bankastjórn er um leið valdameiri sem stofnun heldur en einn seðlabankastjóri. Sú staða getur því skapast að meiri hluti hennar, þ.e. aðeins tveir menn, ráði öllu um aðgerðir bankans í peningamálum í fjölmörg ár, án þess að þurfa að sannfæra bankaráðið um réttmæti stefnu sinnar eða nokkurn annan aðila í þessu þjóðfélagi.

Mín niðurstaða er því sú að það hefði verið eðlileg breyting að taka upp kerfi eins seðlabankastjóra og valdameira bankaráðs samfara þeim breytingum í átt til sjálfstæðari og sterkari seðlabanka sem nú eru lagðar til.

Skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Í ákvæði til bráðabirgða VII er gert ráð fyrir að Seðlabankanum verði heimilt að veita ríkissjóði yfirdráttarlán til ársloka 1996, sem að hámarki verði 3 ma.kr. á árinu 1993, 2 ma.kr. á árinu 1994 og 1 ma.kr. á árinu 1995. Ég tel hins vegar mikilvægt að reynt verði að loka yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabankanum hraðar og hefði því kosið að nefndin legði til að hámarksyfirdráttur yrði 2 ma.kr. 1993 og 1 ma.kr. 1994. Það er mikilvægt að hér á landi verði byggður upp sem fyrst þróaður peningamarkaður. Það er forsenda þess að Seðlabankinn geti stýrt skammtímavöxtum sem er aftur forsenda þess að Seðlabankinn geti haft virk áhrif á gengi krónunnar á gjaldeyrismarkaði sem stefnt er að því að byggja upp. Því er mikilvægt að ríkissjóður fjármagni skammtímafjárþörf sína í ríkum mæli á markaði utan Seðlabankans. Klukkan gengur í þessum efnum. Verði af EES-samningi verða Íslendingar að hafa aflétt hömlum af öllum fjármagnshreyfingum, löngum sem stuttum, fyrir árslok 1994. Árið 1993 verður því mikilvægt í þessu sambandi. Hámarksyfirdráttur að upphæð 3 ma.kr. er einfaldlega ekki nógu afgerandi skref í þessu sambandi. Yfirdrátturinn var að meðaltali um 4,7 ma.kr. 1990 og sveiflast um þessar mundir á bilinu 1–2 ma.kr. Það ætti því að vera mögulegt að halda yfirdrættinum innan 2 ma.kr. á næsta ári. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að lögbundið hámark á yfirdrátt hefur áhrif á hvernig staðið er að áætlanagerð og ákvörðunum í ríkisfjármálum. Varfærni hlýtur að verða meiri, átak hlýtur að vera gert til að jafna dreifingu á tekjum og útgjöldum, o.s.frv. Ég tel það einnig mikilvægt fyrir tiltrú á málið að sú ríkisstjórn sem ber það fram taki afgerandi skref þegar í upphafi og að yfirdráttarheimildin verði orðin afnumin fyrir lok kjörtímabilsins þannig að málinu sé ekki vísað til nýs þings og nýrrar ríkisstjórnar til endanlegrar úrlausnar.

Viðauki við sérálit Más Guðmundssonar.
Úr drögum nefndarinnar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar 1992.

37. gr.

Starfshættir bankaráðs.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar einn eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess. Fundir bankaráðs eru lögmætir ef að minnsta kosti [þrír] [fjórir] bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs með málfrelsi og tillögurétti. Varaseðlabankastjóri situr fundi bankaráðs með málfrelsi. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður það.

Seðlabankastjóri hefur atkvæðisrétt á fundum bankaráðs þegar fjallað er um tillögur hans að reglum bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé fjármálastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.

38. gr.

Verkefni bankaráðs.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans. Sérstaklega skal bankaráð sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Taka ákvörðun um útgáfu, gerð, lögun, útlit, verðgildi, innlausn og innköllun peningaseðla og sleginna peninga.
b. Hafa eftirlit með öllum eignum og rekstri bankans og taka ákvörðun um allar meiri háttar fjárfestingar.
c. Staðfesta að fengnum tillögum seðlabankastjóra reglur bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé fjármálastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.
d. Staðfesta stjórnskipulag bankans að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
e. Auglýsa eftir umsóknum um stöður seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og gera tillögur til ráðherra um skipun í þær.
f. Ákveða laun og ráðningarkjör seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og gera við þá ráðningarsamninga þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna.
g. Ráða forstöðumann bankaeftirlitsins að fenginni tillögu seðlabankastjóra. Bankaráðið ákveður laun og ráðningarkjör forstöðumannsins og gerir við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna. Bankaráð segir forstöðumanni bankaeftirlitsins upp störfum að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
h. Staðfesta reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana, sbr. 30. gr.
i. Hafa umsjón með starfi sérstakrar endurskoðunardeildar við bankann, ráða forstöðumann hennar og segja honum upp starfi, ákveða laun og ráðningarkjör hans og gera við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna.
j. Ákveða hvaða starfsmenn bankans aðrir en seðlabankastjóri hafa heimild til að skuldbinda bankann og setja reglur þar um.
k. Eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans og setja reglur um eftirlaunasjóð starfsmanna hans.
l. Gera tillögu til ráðherra um reikningsskil og gerð ársreiknings bankans.
m. Taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum og staðfesta ársreikning bankans.

39. gr.

Æðstu stjórnendur.

Dagleg stjórn Seðlabankans er í höndum seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra og aðstoðarbankastjóra.

40. gr.

Seðlabankastjóri.

Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Seðlabankastjóri skal hafa náið samráð við bankaráð um stefnu og meginþætti í starfsemi bankans.

Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu seðlabankastjóra. Seðlabankastjóri skal hafa [háskólapróf og] víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála.

Valkostur 1:

Ráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna og fengið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði.

Valkostur 2:

Ráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna og atkvæði fengið í bankaráði. Skipun ráðherra skal hljóta staðfestingu Alþingis. Synji Alþingi um staðfestingu skal staðan auglýst að nýju.

Óheimilt er að skipa sama mann í stöðu seðlabankastjóra oftar en tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal láta af störfum þegar hann er fullra sjötíu ára að aldri.

Bankaráð getur gert tillögu til ráðherra um að seðlabankastjóri sé leystur frá störfum. Í tillögu bankaráðs skulu tilgreindar ástæður þessa. Hafi seðlabankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum fyrirvaralaust úr starfi án staðfestingar ráðherra.

41. gr.

Varaseðlabankastjóri.

Varaseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra. Í forföllum seðlabankastjóra gegnir varaseðlabankastjóri störfum hans.

Bankaráð auglýsir opinberlega eftir umsóknum um stöðu varaseðlabankastjóra. Ráðherra skipar varaseðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra umsækjenda sem atkvæði hafa fengið í bankaráði.

Ákvæði 40. gr. um hæfniskröfur til seðlabankastjóra, skipunartíma, endurskipan og brottvikningu úr starfi gilda einnig um varaseðlabankastjóra.

Forfallist varaseðlabankastjóri um stundarsakir er bankaráði heimilt að setja einn af aðstoðarbankastjórum tímabundið í stöðu hans.

42. gr.

Aðstoðarbankastjórar.

Aðstoðarbankastjórar veita forstöðu einstökum sviðum eða deildum í Seðlabankanum. Seðlabankastjóri ræður aðstoðarbankastjóra og segir þeim upp störfum að höfðu samráði við bankaráð.

43. gr.

Störf æðstu stjórnenda utan bankans.

Seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, aðstoðarbankastjórum og forstöðumanni bankaeftirlitsins er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra sker ráðherra úr.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 115. löggjafarþingi ef undan er skilið bráðabirgðaákvæði VII um fyrirgreiðslu til ríkissjóðs. Umsögn fjármálaráðuneytisins fylgdi því frumvarpi og er hér endurtekin með örfáum breytingum, aðallega að því er varðar ofangreint bráðabirgðaákvæði.

Megintilgangurinn með frumvarpi þessu er að gera Seðlabanka Íslands að sjálfstæðari stofnun innan stjórnkerfisins en verið hefur. Honum verði falið það meginhlutverk að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilisins og stuðla að stöðugu verðlagi. Sjálfstæði bankans og geta til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu í peningamálum verði eflt og möguleikar annarra þátta stjórnkerfisins til áhrifa á bankann minnkaðir.

Að því er ríkissjóð varðar, gerir frumvarpið ráð fyrir tveim meginbreytingum sem hafa munu bein áhrif á tekjur og starfsemi ríkissjóðs. Í 19. gr. er gert ráð fyrir að lokað verði fyrir möguleika ríkissjóðs til yfirdráttar í Seðlabankanum og í 44. gr. er áformað að breyta reglum um hlut ríkissjóðs af hagnaði Seðlabankans.

Í 19. gr. frumvarpsins er lagt til að bankanum verði óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán. Bráðabirgðaákvæði VII heimilar Seðlabankanum allt til ársloka 1993 að taka við framseljanlegum ríkisverðbréfum eða ríkisvíxlum af ríkissjóði til að jafna yfirdrátt sem myndast hefur á viðskiptareikningum ríkissjóðs í bankanum um leið og ljóst er að yfirdráttur hefur myndast. Þau skulu hafa vaxtagildistöku daginn áður. Yfirdráttur samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei verða hærri en sem nemur 3 milljörðum króna í hvert sinn. Þetta bráðabirgðaákvæði er gert með hliðsjón af samningi milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans er nú gildir um viðskipti milli þeirra. Frá ársbyrjun 1994 mun Seðlabankinn ekki lengur kaupa ný bréf beint af ríkissjóði en leitast við sem viðskiptavaki á eftirmarkaði að tryggja virkni og greiðslugetu markaðarins til að taka við hæfilegum útboðum ríkisbréfa við jafnvægisvöxtum.

Með þessari breytingu verður takmörkuð sú leið sem ríkissjóður hefur í mörg ár haft til að fjármagna sig til skamms tíma. Ákvæði þetta lagar löggjöf um Seðlabankann að lögum annarra landa þar sem bein lán seðlabanka til ríkissjóðs eru ekki leyfð. Aftur á móti er gert ráð fyrir í 2. mgr. 19. gr. að bankinn geti keypt verðbréf ríkissjóðs á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum. Með því verður ríkissjóður að afla sér lánsfjár að öllu leyti á almennum peninga- og verðbréfamarkaði og mun ekki lengur geta notað yfirdrátt í Seðlabankanum. Það verður síðan aftur sjálfstæð ákvörðun bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans, óháð fyrirmælum ríkisstjórnar, að hve miklu leyti Seðlabankinn kýs að grípa inn í verðbréfamarkaðinn til að hafa þar áhrif á framboð og eftirspurn.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi bein kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóðs þar eð vaxtakjör á yfirdrætti ríkissjóðs í bankanum hafa verið nálægt almennum vaxtakjörum á undanförnum árum. Aftur á móti hefur það umtalsverð áhrif á lánsviðskipti ríkissjóðs, að hafa ekki lengur yfirdráttarmöguleikann hjá Seðlabankanum upp á að hlaupa. Skuld ríkissjóðs sveiflaðist til um meir en 10 milljarða króna innan ársins 1991 en á árinu 1992 hefur yfirdráttur ríkissjóðs nær alveg haldist innan 3 milljarða króna marksins.

Í 44. gr. er gert ráð fyrir að árlega skuli meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára að frá-

dregnu framlagi í arðsjóð greiddur í ríkissjóð. Á þessu verði þau takmörk skv. 2. mgr. sömu greinar að greiðsla Seðlabankans í ríkissjóð skuli einungis nema fjórðungi af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára þar til eigið fé bankans hefur verið í aukið í jafngildi 6% af vergri landsframleiðslu. Verg landsframleiðsla er talin muni verða um 385 milljarðar króna á árinu 1992 þannig að 6% þar af eru rúmir 23 milljarðar króna. Eigið fé bankans stendur í rúmum 9 milljörðum í árslok 1991, þannig að hér er lagt til að bankinn noti hluta af hagnaði sínum á næstu árum til að safna u.þ.b. 14 milljörðum króna miðað við núverandi hlutföll eigin fjár og landsframleiðslu.

Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum (37. gr.) á helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að renna í ríkissjóð. Með öðrum orðum hagnaðarhluti ríkissjóðs frá Seðlabanka mun lækka úr helmingi í fjórðung á komandi árum verði 44. gr. frumvarpsins að lögum. Greiðslur Seðlabankans í ríkissjóð af hagnaði bankans námu 473 m.kr. á árinu 1989, 770 m.kr. 1990 og 686 m.kr. 1991. Á þessu ári er gert ráð fyrir í fjárlögum að greiðsla bankans til ríkissjóðs nemi 600 m.kr. og 400 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 1993.

Því til viðbótar skal bent á að 3. mgr. 44. gr. kveður svo á að leggja beri jafngildi a.m.k. 130 m.kr. árlega í arðsjóð miðað við verðlag í árslok 1991. Framlagið má vera hærra og er það einhliða ákveðið af bankaráði skv. o-lið 38. gr. Arðsjóður er ekki talinn til eigin fjár í ársreikningum Seðlabankans. Ráðstöfun í arðsjóð er eins fyrir komið í núverandi lögum, nema hvað þar er lágmarkið 40 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1984 (37. gr. laga nr. 11/1989) sem jafngildir rúmum 140 m.kr. við verðlag í árslok árslok 1991.

Í greinargerð með 44. gr. frumvarpsins eru talin upp rök fyrir því að nauðsynlegt verði að auka eigið fé Seðlabankans, m.a. til að mynda mótvægi við gjaldeyrisvarasjóð landsins. Við þetta vill fjármálaráðuneytið bæta að ekkert samband er milli þess hvað landið safnar í gjaldeyrisvarasjóð og þess hvað Seðlabankinn á af eigin fé. Uppbygging gjaldeyrisvarasjóðs ræðst af því hvernig útflutningur, innflutningur svo og fjármagnsstreymi til og frá landinu vegast á. Aftur á móti getur upphæð eigin fjár hjá Seðlabankanum ráðið því hversu stór hluti þess gjaldeyrisvarasjóðs verði keyptur inn í bankann frá öðrum aðilum í þjóðarbúinu sem annars kynnu að vilja eiga erlendan gjaldeyri. Ber að hafa þessa staðreynd í huga þegar það er metið hver þörf sé á eigin fé fyrir Seðlabankann.

502. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Um þrjátíu ára skeið hefur aðstöðugjald verið einn gildasti tekjustofn sveitarfélaga. Allt fram til ársins 1990 var lögbundið mismunandi hámark gjaldsins eftir atvinnugreinum. Þrátt fyrir lagabreytinguna hefur flokkun aðstöðugjaldsins haldist í meginatriðum. Ókostir aðstöðugjaldsins hafa verið mismunandi skattlagning milli atvinnugreina, mismunun milli sveitarfélaga og uppsöfnuð áhrif gjaldsins í verðlagi.

Minni hluti nefndarinnar er samþykkur því að fella niður aðstöðugjöld á öllum atvinnugreinum, enda muni nýr tekjustofn sveitarfélaga ekki fela í sér áðurgreinda ókosti.

Ekki liggur fyrir hvaða tekjustofna sveitarfélögin fá í stað aðstöðugjaldsins og er málið því ekki fullunnið. Tekið er fram að með stuðningi við afnám aðstöðugjaldsins er

minni hluti nefndarinnar ekki að fallast á þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið til bráðabirgða.

Að fengnum upplýsingum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir minni hlutinn ekki athugasemd við það hlutfall af álögðu aðstöðugjaldi sem sveitarfélögin skulu fá greitt með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, en tekur fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um innheimtu aðstöðugjalds á undanförnum árum sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Hvað varðar landsútsvar bendir minni hlutinn á að vafi leikur á að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að viðhalda því eftir að aðstöðugjald hefur verið fellt niður.

Ekki gafst tími til að afla lögfræðilegra álitsgerða um þetta efni og telur minni hlutinn óráðlegt að viðhalda landsútsvari í ljósi þess vafa. Þá tekur minni hlutinn undir gagnrýni Sambands íslenskra sveitarfélaga á ríkisstjórnina fyrir skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. bráðabirgðaákvæði IV í frumvarpinu, og telur það ámælisvert af stjórnvöldum að rjúfa þannig nýgert samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga. Slíkt framferði eykur ekki traust sveitarfélaga á núverandi ríkisstjórn og var þó ekki á bætandi.

Niðurstaða minni hlutans er að hann mun styðja ákvæði til bráðabirgða I og II, sitja hjá við ákvæði III og leggjast gegn ákvæði IV í frumvarpinu.

Birt eru sem fylgiskjöl með áliti þessu umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. desember 1992 og bréf Vinnuveitendasambands Íslands frá 3. desember 1992.

Alþingi, 17. des. 1992.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. | Jón Kristjánsson. | Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Sigurður Þórólfsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjallar um niðurfellingu aðstöðugjalds. Undirritaðir fulltrúar minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru samþykkir því að aðstöðugjaldið verði fellt niður. Almenn samstaða hefur náðst um það í þjóðfélaginu að þessi tekjustofn sé ranglátur og niðurfelling gjaldsins muni örva atvinnulífið og stuðla að lækkuðu vöruverði. Með niðurfellingu aðstöðugjaldsins eru jöfnuð samkeppnisskilyrði íslenskra atvinnuvega við erlenda samkeppnisaðila. Aðstöðugjaldið hefur auk þess komið misjafnlega við einstakar atvinnugreinar og valdið mismunun.

Uppruna aðstöðugjalds sveitarfélaga má rekja til veltuútsvars. Veltuútsvarið var mismunandi hátt og þess vegna var ákveðið að setja lögbundið hámark með lögum nr. 43 1960. Með lögunum var ákveðið að hámarksálagning veltuútsvars væri 3% fyrir Reykjavík, en utan Reykjavíkur var 3% hámark fyrir t.d. olíuverslun, kvikmyndahús og sælgætisgerðir og 2% hámark fyrir t.d. annan iðnað og verslun. Aðstöðugjald var fyrst lagt

á með lögum nr. 69 frá 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Þau lög komu í stað laga um tekjuútsvar frá 1960.

Grundvallaratriði þessara laga var að koma á tekjustofni fyrir sveitarfélögin í stað veltuútsvarsins en það þótti sanngjarnt að fyrirtækin greiddu fyrir þá aðstöðu sem þau fengju hjá sveitarfélögunum. Hámark aðstöðugjaldsins hefur verið mismunandi frá því að lögin tóku fyrst gildi 1962. Mismunandi aðstöðugjald á rætur sínar að rekja til þess að efnahagslífið var með allt öðrum hætti þegar gjaldið var fyrst lagt á. Sjávarútvegurinn skapaði nær allar gjaldeyristekjur og flestar aðrar atvinnugreinar voru verndaðar með háum tollum og aðflutningsgjöldum. Við breyttar aðstæður var ákveðið að jafna aðstöðugjaldið meira með tilliti til vaxandi alþjóðlegrar samkeppni og opnara hagkerfis.

Miðað við forsögu málsins og þess vilja löggjafans að jafna samkeppnisskilyrði atvinnuveganna við erlenda keppinauta telur minni hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fella niður aðstöðugjöld á öllum atvinnugreinum. Tekið skal fram að þar með er ekki verið að fallast á þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið til að afla fjár til að mæta niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Um afstöðu minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar vísast í því sambandi í nefndarálit um „skattorm" ríkisstjórnarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki fallist á að fella niður landsútsvar með samsvarandi hætti og aðstöðugjald. Landsútsvarið er sami skatturinn sem leggst á tiltekin fyrirtæki. Að mati minni hlutans ríkir mikill vafi um það hvort slík mismunun samrýmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Verði samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði að veruleika mun hagkerfið opnast mun meira en áður og því eru engin rök sem mæla með því að viðhalda landsútsvarinu. Með því tekur ríkisstjórnin mikla áhættu en fyrirtækin hafa ákveðið að sækja rétt sinn með málaferlum.

Varðandi frekari rökstuðning vill minni hluti nefndarinnar vitna til meðfylgjandi bréfs Vinnuveitendasambands Íslands dags. 3. desember 1992. Þeir aðilar, sem komu til viðtals við nefndina, tóku allir undir þau rök sem þar koma fram. Jafnframt er rétt að benda á bréf Íslenska járnblendifélagsins til fjármálaráðuneytisins, en þar kemur fram að það er samningsbrot að viðhalda aðstöðugjaldinu á fyrirtækið.

Þrátt fyrir öll þessi rök sýndi ríkisstjórnin engan vilja til að leiðrétta þau mistök sem virðast hafa átt sér stað. Það er lýsandi dæmi fyrir vinnubrögð undanfarinna vikna að fljótræði og skyndiákvarðanir ráða ferðinni. Skattar eru rökstuddir sem sálfræðileg aðgerð, en skynsemin og tekjuöflunarþörfin ræður minna. Vel má vera að hin sálfræðilegu áhrif þeirrar mismununar, sem kemur hér fram, verði einhver, en verulegar líkur eru á að ríkisstjórnin tapi þeim ímyndaða ávinningi í kostnaðarsömum málaferlum. Það er ekki hægt að styðja slík vinnubrögð og því leggur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að landsútsvarið verði jafnframt fellt niður.

Alþingi, 17. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.

Fylgiskjal II.

Sameiginleg ályktun stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um áform ríkisstjórnarinnar um skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
(7. desember 1992).

Stjórnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga mótmæla harðlega áformum ríkisstjórnarinnar sem koma fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, en þar er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist á næsta ári um 110 millj. kr. sem felur í sér að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður á árinu 1993.

Í því felst afdrifarík breyting á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ákveðin er einhliða af ríkisstjórninni og án alls samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga þrátt fyrir nýundirritað samkomulag um að allar slíkar tillögur skuli teknar til umfjöllunar af aðilum sameiginlega.

Stjórnirnar geta ekki fallist á að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé skert með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Minnt er á að nýverið hafa sveitarfélögin gert samkomulag við ríkisvaldið um 500 millj. kr. greiðslu í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári og átt þátt í því að móta reglur um hvernig niðurfelling aðstöðugjalds yrði bætt sveitarfélögunum á árinu 1993. Í þeim viðræðum kom fram að á næsta fjárlagaári yrði ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga vara ríkisstjórnina alvarlega við því að breyta einhliða reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga án formlegs samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga og óska nú þegar eftir viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þetta mál.

F.h. stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Bréf Vinnuveitendasambands Íslands til fjármálaráðherra.
(3. desember 1992.)

Vinnuveitendasamband Íslands vill fyrir reglu sakir minna á að við afnám aðstöðugjalds frá 1. janúar nk. er einnig nauðsynlegt að fella úr lögum ákvæði um álagningu sams konar veltuskatts, sem innheimtur hefur verið undir nafninu landsútsvar, af rekstri nokkurra tiltekinna atvinnufyrirtækja. Hér er í reynd um nákvæmlega sama skattinn að ræða, en sökum þess að starfsemi umræddra fyrirtækja þykir ekki jafnbundin einu sveitarfélagi og almennt gerist um fyrirtæki ákvað löggjafinn að ráðstafa aðstöðugjaldi af starfsemi þeirra í þágu sveitarfélaganna almennt, en ekki þess sveitarfélags eins sem nyti þess að hafa höfuðstöðvar viðkomandi fyrirtækis.

Í samræmi við ráðstöfun þessa aðstöðugjalds í þágu allra sveitarfélaga í landinu var því gefið annað heiti, landsútsvar, en að efni og eðli til er hér um sama gjald að ræða og aðstöðugjald sem önnur fyrirtæki greiða.

Á árinu 1991 greiddu umrædd fyrirtæki landsútsvar sem hér segir (í millj. kr.):

ÁTVR	303,5
Áburðarverksmiðja ríkisins	15,1
Sementsverksmiðja ríkisins	10,0
Sala varnarliðseigna	1,3
Íslenska járnblendifélagið	13,1
Olíufélögin	127,5
Bankar og sparisjóðir	111,1
Samtals	**581,6**

Af framangreindri upptalningu sést að landsútsvar skilar opinberum aðilum um 580 millj. kr. Vafasamt er að telja að lækkun landsútsvars á rekstur ÁTVR feli í sér einhverja breytingu á tekjuöflun hins opinbera og leiðir niðurfelling landsútsvars því til tekjutaps sem svarar um 280 millj. kr.

Vinnuveitendasambandið hefur talið ótvírætt að niðurfelling veltuskattsins, aðstöðugjalds eða landsútsvars hlyti að gilda um öll fyrirtæki og telur fráleitt að til álita geti komið að halda uppi slíkri sértækri skattheimtu á rekstur fáeinna tiltekinna fyrirtækja. Álagning aðstöðugjalds/landsútsvars á þessi örfáu fyrirtæki bryti svo gróflega í bága við viðurkenndar jafnræðisreglur að það fengi með engu móti staðist. Það hefði sömu óheppilegu áhrifin á atvinnustarfsemina, skerti samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á umræddum sviðum og ylli hærri kostnaði við þá þjónustu og framleiðslu sem umrædd fyrirtæki stunda. Er í þessu sambandi sérstaklega minnt á brýna þörf á að styrkja samkeppnishæfni íslenska bankakerfisins með lækkun rekstrarkostnaðar og þar af leiðandi lækkun vaxtamunar. Afnám aðstöðugjalds/landsútsvars af starfsemi banka og sparisjóða er þannig ein af forsendum fyrir lækkun vaxta og styrkari stoðum innlendra fjármálafyrirtækja á opnum markaði EES.

Vinnuveitendasambandið væntir þess því fastlega að landsútsvar verði fellt niður frá næstu áramótum að telja eins og aðstöðugjaldið að öðru leyti.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinsson.

503. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk umsagnir um það frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öldrunarráði.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem hann flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Tillagan gerir ráð fyrir að b-lið 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að heimilt verði að nýta allt að 160 millj. kr. af fé Framkvæmdasjóðs aldraðra á árinu 1993 til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Tillaga meiri hluta nefndarinnar gerir hins vegar ráð fyrir því að heimilt verði að nota mjög stóran hluta Framkvæmdasjóðsins í rekstur framvegis. Fyrsti minni hluti er ekki reiðubúinn til að standa að þeirri takmörkun á framlögum í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrsti minni hluti telur að heimild af þessu tagi verði að vera tímabundin og sæta reglulegri endurskoðun. Höfuðmarkmið Framkvæmdasjóðs aldraðra hlýtur hér eftir sem hingað til að vera uppbygging stofnana í þágu aldraðra.

Alþingi, 18. des. 1992.

Finnur Ingólfsson, frsm.	Sigurður Þórólfsson.	Svavar Gestsson.

504. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um breyt á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (FI, SÞór, SvG).

B-liður 1. gr. orðist svo:

4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að veita allt að 160 millj. kr. á árinu 1993 til rekstrar stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga.

505. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [313. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis.

2. gr.
Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti.

Ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en lög þessi mæla fyrir um, halda gildi sínu. Um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga fer þó eftir sveitarstjórnarlögum.

II. KAFLI
Sérstakt hæfi.

3. gr.
Vanhæfisástæður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

4. gr.

Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

5. gr.

Málsmeðferð.

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnsýslunefndar á þeim.

Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti án þátttöku þeirra. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka þátt í meðferð og ákvörðun þeirra mála er varða hæfi nefndarmanna.

6. gr.

Setning staðgengils.

Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.

III. KAFLI
Almennar reglur.

7. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Útreikningur frests.

Þar sem kveðið er á um frest í lögum telst sá dagur, sem fresturinn er talinn frá, ekki með í frestinum.

Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður.

9. gr.

Málshraði.

Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

10. gr.

Rannsóknarreglan.

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

11. gr.

Jafnræðisreglan.

Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

12. gr.

Meðalhófsreglan.

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

IV. KAFLI.
Andmælaréttur.

13. gr.

Tilkynning um meðferð máls.

Stjórnvald skal, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila máls á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

14. gr.

Andmælaréttur.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum þess afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

15. gr.

Upplýsingaréttur.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Fari aðili fram á að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum skal orðið við þeirri beiðni nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé verulegum vandkvæðum bundið. For-

sætisráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir afrit og ljósrit sem veitt eru samkvæmt þessari grein.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til rannsóknar og saksóknar í opinberu máli. Þó getur sakborningur krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti.

16. gr.

Gögn undanþegin upplýsingarétti.

Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.
2. Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
3. Vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Þó á aðili aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Ef það sem greinir í 1. mgr. á aðeins við um hluta skjals skal veita aðila aðgang að öðru efni skjalsins.

17. gr.

Takmörkun á upplýsingarétti.

Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum.

18. gr.

Frestun máls.

Stjórnvaldi er heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Að öðrum kosti getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Máli skal þó ekki frestað ef það hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

19. gr.

Rökstuðningur synjunar og kæruheimild.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja málsaðila um aðgang að gögnum máls eða takmarka hann að nokkru leyti skal tilkynnt aðila og rökstudd í samræmi við V. kafla laga þessara.

Kæra má synjun eða takmörkun til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Kæra skal borin fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

V. KAFLI
Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.

20. gr.
Birting ákvörðunar og leiðbeiningar.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita leiðbeiningar um:

1. heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda,
2. kæruheimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru,
3. frest til þess að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákveðinn. Fylgi rökstuðningur ákvörðun þegar hún er tilkynnt skal veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr.

Ekki þarf þó að veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. mgr. þegar ákvörðun er tilkynnt hafi umsókn aðila verið tekin til greina að öllu leyti.

21. gr.
Hvenær veita skal rökstuðning.

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

22. gr.
Efni rökstuðnings.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Takmarka má efni rökstuðnings að því leyti sem vísa þarf til gagna sem aðila máls er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

Hafi stjórnsýslunefnd ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður færa rök fyrir henni í samræmi við 1.–3. mgr.

VI. KAFLI
Afturköllun ákvörðunar o.fl.

23. gr.
Breyting og leiðrétting.

Stjórnvald getur breytt ákvörðun sinni þar til hún hefur verið tilkynnt aðila máls.

Eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té.

24. gr.
Endurupptaka máls.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin.

Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim, sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

25. gr.
Afturköllun.

Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar:

1. það er ekki til tjóns fyrir aðila, eða
2. ákvörðun er ógildanleg.

VII. KAFLI
Stjórnsýslukæra.

26. gr.
Kæruheimild.

Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Ákvarðanir, sem ekki binda enda á mál, verða ekki kærðar fyrr en það hefur verið til lykta leitt.

27. gr.
Kærufrestur.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg.

Þar sem lögmælt er að birta skuli ákvörðun með opinberum hætti hefst kærufrestur eftir fyrstu birtingu sé ákvörðunin birt oftar.

Þegar aðili fer fram á rökstuðning skv. 21. gr. hefst kærufrestur ekki fyrr en rökstuðningur hefur verið tilkynntur honum.

Þegar aðili óskar eftir endurupptöku máls innan kærufrests rofnar kærufresturinn. Hafni stjórnvald að taka mál til meðferðar á ný heldur kærufrestur áfram að líða að nýju frá þeim tíma þegar sú ákvörðun er tilkynnt aðila.

Kæra telst nógu snemma fram komin ef bréf, sem hefur hana að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Áður en kærufrestur rennur út er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest.

28. gr.

Kæra berst að liðnum kærufresti.

Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:

1. afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, eða
2. veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar.

Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

29. gr.

Réttaráhrif kærðrar ákvörðunar.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Æðra stjórnvaldi er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Ákveða skal svo fljótt sem við verður komið hvort fresta skuli réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar.

30. gr.

Málsmeðferð í kærumáli.

Við meðferð kærumáls skal fylgja ákvæðum II.–VI. og VIII. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

Heimilt er að ákveða að mál skuli flutt munnlega ef það er sérstaklega vandasamt og ætla má að það upplýsist betur með þeim hætti.

31. gr.

Form og efni úrskurða í kærumáli.

Úrskurður æðra stjórnvalds í kærumáli skal ávallt vera skriflegur og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram á stuttan og glöggan hátt:

1. Kröfur aðila.
2. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hin kærða ákvörðun.
3. Stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins.
4. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls skv. 22. gr.
5. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

VIII. KAFLI
Stjórnsýslunefndir.

32. gr.

Skipun nefndarmanna.

Þegar skipað er í stjórnsýslunefnd, sem tekur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, skal ávallt skipa aðalmenn og jafnmarga varamenn samtímis. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Þegar aðalmaður í stjórnsýslunefnd forfallast um stundarsakir tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Þegar aðalmaður fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans og skal þá nýr varamaður skipaður, nema sá sem skipað hefur í nefndina ákveði að skipa aðalmann að nýju.

33. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnsýslunefndar boðar til fundar og skal boða til hans með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skylt að boða til fundar ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess.

Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað.

34. gr.

Málsmeðferð.

Stjórnsýslunefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin. Þegar atkvæði eru jöfn við kosningu manns í starf ræður hlutkesti.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Beita skal lögum þessum einvörðungu um mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögunum um þau mál upp frá því.

Ákvæðum 27. gr. um kærufrest skal aðeins beita um þau mál þar sem ákvörðun hefur verið tilkynnt eftir gildistöku laganna.

36. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Opið bréf frá 12. mars 1870 handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið fellur niður.
2. 3. málsl. 2. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður.
3. 25. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94 20. maí 1976, fellur niður.
4. 2. málsl. 2. mgr. 31. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, fellur niður.

5. Í 1. mgr. 2. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega“. Í þeirra stað kemur: ef hann er vanhæfur samkvæmt stjórnsýslulögum.
6. 3. mgr. 8. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, fellur niður.
7. 4. mgr. 29. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, falla niður.
8. 2. málsl. 74. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, fellur niður og í stað hans kemur: Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.
9. Við 5. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30 27. maí 1992, bætist svohljóðandi málsgrein: Kæra til yfirskattanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnu og starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar skipaði forsætisráðherra nefnd sérfræðinga 28. febrúar 1992 til þess m.a. að vinna að undirbúningi almennrar stjórnsýslulöggjafar. Skyldi nefndin hafa hliðsjón af fyrri frumvörpum á þessu sviði.

Í nefndina voru skipaðir: Eiríkur Tómasson, hæstaréttarlögmaður, formaður, Gunnar Jóhann Birgisson héraðsdómslögmaður og Páll Hreinsson lögfræðingur og aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Starfsmaður nefndarinnar hefur verið Kristján Andri Stefánsson, fulltrúi í forsætisráðuneytinu.

Nefndin hefur kynnt sér þau frumvörp til stjórnsýslulaga sem áður hafa verið lögð fram á Alþingi svo og stjórnsýslulöggjöf í nágrannalöndunum. Þá hafa nefndarmenn ráðfært sig við ýmsa þá aðila er sérstakra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði og enn fremur þá menn sem sérfróðir eru í stjórnsýslu og stjórnsýslurétti. Í byrjun júlímánaðar sl. efndi nefndin til sérstaks fundar með hagsmunaaðilum og sérfræðingum þar sem frumdrög að frumvarpinu voru kynnt, jafnframt því sem fundarmönnum gafst kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum sínum. Var fundur þessi bæði fjölsóttur og árangursríkur.

Helsta markmiðið með setningu stjórnsýslulaga er að tryggja sem best réttaröryggi manna í skiptum við hið opinbera, jafnt ríki sem sveitarfélög. Önnur markmið, sem einnig verður að hafa í huga við samningu frumvarps af þessu tagi, eru í fyrsta lagi að ákvæði laganna taki mið af aðstæðum hér á landi, en þær eru að sumu leyti frábrugðnar því sem gerist erlendis, í öðru lagi að lögin verði sem aðgengilegust fyrir almenning og starfsmenn stjórnsýslunnar og í þriðja lagi verður að gæta þess að lögin stuðli að því eða a.m.k. girði ekki fyrir að málsmeðferð í stjórnsýslunni verði í senn einföld, hraðvirk og ódýr.

Svo sem fyrri frumvörp til stjórnsýslulaga bera með sér hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hversu ítarleg slík löggjöf skuli vera. Við samningu þessa frumvarps hefur verið reynt að fara bil beggja í þessu efni. Í samræmi við þau markmið, sem að framan eru greind, er gert ráð fyrir að lögin hafi einungis að geyma helstu meginreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni og skyld atriði. Þá hefur verið reynt að stilla undantekningum í hóf og orða þær með almennum hætti auk þess sem leitast hefur verið við að hafa lagatextann bæði einfaldan og skýran.

Á það skal lögð áhersla að með frumvarpinu eru gerðar lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar, en ráð er fyrir því gert að á einstökum stjórnsýslusviðum verði gerðar strangari

kröfur. Þess er og að vænta að smátt og smátt myndist stjórnsýsluvenjur til fyllingar ákvæðum laganna, þar á meðal fyrir tilstuðlan umboðsmanns Alþingis. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga hve stjórnsýslustörf eru fjölbreytt og ólík innbyrðis þannig að erfitt getur verið að setja almennar reglur sem eiga jafn vel við öll svið stjórnsýslunnar.

Í frumvarpinu er gengið út frá því, á sama hátt og í síðasta frumvarpi til stjórnsýslulaga, að ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda verði í sérstökum lögum en ekki í hinum almennu stjórnsýslulögum þar sem einungis verði kveðið á um aðgang aðila sjálfs að gögnum máls.

II.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi veturinn 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Var þar ráð fyrir því gert að fyrir þingið yrði lagt frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óskuðu aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Tillagan varð ekki útrædd og eins fór fyrir þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar o.fl. um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt 19. maí 1972 og stjórnarfrumvörp þess efnis lögð fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi 1972–1973, á 94. löggjafarþingi 1973 og á 95. löggjafarþingi 1974 án þess að hljóta samþykki. Á 99. löggjafarþingi 1977–78 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp, „Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum“, samið af nefnd skipaðri af dóms- og kirkjumálaráðherra undir forustu Baldurs Möllers, þáverandi ráðuneytisstjóra. Það frumvarp náði heldur ekki fram að ganga.

Á 103. löggjafarþingi 1980 var samþykkt þingsályktunartillaga, sem Ragnhildur Helgadóttir flutti, um undirbúning almennra stjórnsýslulaga. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.: „Tillaga þessi er flutt til að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdarvaldsins skýrari og traustari. Í því sambandi er að mati flutningsmanns nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem tryggi rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar.“

Á 107. löggjafarþingi 1984–1985 var að nýju samþykkt tillaga til þingsályktunar um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar og voru flutningsmenn Gunnar G. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson. Þar segir m.a. svo í greinargerð:

„Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru ekki til nein almenn stjórsýslulög sem m.a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, sbr. réttarfarsreglur, þ.e. bæði form- og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Af þessu leiðir að þeir sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum standa höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að óskráðar stjórnarfarsreglur komi í stað skráðra réttarreglna. Því er því miður ekki að heilsa. Slíkar reglur eru margar næsta óljósar og

samhæfða framkvæmd skortir sem veiti þeim ótvírætt lagagildi. Þar að auki skortir beinlínis skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttar sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t.d. rökstyðja synjun um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum, að reglur skortir almennt um skyldur stjórnvalda til þess að rökstyðja almennt úrskurði sína. Fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ekki náð fram að ganga. Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um það að samkvæmt íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér."

Síðar segir í sömu greinargerð:

„Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum, heldur stafsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á margvíslegustu sviðum. Hætta er á að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi. Er það annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiða og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu allt of flóknar og nákvæmar, heldur verður að greina milli aðalatriða og aukaatriða . . ."

Á 109. löggjafarþingi 1986–1987 var lagt fram frumvarp til stjórnsýslulaga og var það samið af hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að beiðni þáverandi forsætisráðherra.

Þar var lagt til að lögfestar yrðu meginreglur um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, vanhæfi, andmælarétt, rétt málsaðila til þess að kynna sér gögn máls og form stjórnvaldsúrskurða. Samtímis frumvarpinu var lagt fram frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis og var það samþykkt sem lög frá Alþingi, en frumvarpið til stjórnsýslulaga varð ekki útrætt.

Á 112. löggjafarþingi 1989–1990 var enn lagt fyrir Alþingi frumvarp til stjórnsýslulaga. Var það lagt fram til kynningar og án þess að fyrir því væri mælt. Á 113. löggjafarþingi 1990 var sama frumvarp lagt fram, nokkuð breytt, að teknu tilliti til þeirra athugasemda og ábendinga sem borist höfðu milli þinga, og gekk það til 3. umr. í fyrri deild (efri deild) en varð ekki útrætt. Frumvörp þessi voru samin af nefnd undir forustu Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns og aðstoðarmanns þáverandi forsætisráðherra, en nefndin var skipuð af ráðherra í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnar þeirrar er þá sat.

Þessi frumvörp voru mun ítarlegri en frumvarp það til stjórnsýslulaga sem áður hafði verið lagt fram. Framsetning og efnisatriði frumvarpanna byggðust í megindráttum á dönsku stjórnsýslulögunum frá 1985 þótt þau væru sniðin að hérlendum aðstæðum. Veruleg vinna var innt af hendi við samningu þessara frumvarpa en samt sem áður náðu þau þó ekki fram að ganga á Alþingi.

III.

Eðli máls samkvæmt hljóta að vera náin tengsl á milli umboðsmanns Alþingis annars vegar og almennra stjórnsýslulaga hins vegar. Í greinargerð með frumvarpi því til stjórnsýslulaga, sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi, segir þannig m.a.: „. . . í öðru lagi fengju reglurnar aukið vægi með tilkomu umboðsmanns Alþingis, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um það efni sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þeir sem teldu sig órétti beitta gætu snúið sér til umboðsmannsins og hann þá vegið það og metið, með hliðsjón af aðstæðum öllum, hvort umræddar meginreglur hefðu verið brotnar.

Á þessu síðasttalda atriði sést mikilvægi þess að lögleiða samtímis reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni og embætti umboðsmanns. Á sama hátt og reglurnar næðu síður tilgangi sínum án umboðsmanns væri umboðsmaður nánast á flæðiskeri staddur án slíkra reglna vegna þess að erfitt er að beita reglum af þessu tagi gagnvart stjórnvöldum án nokkurrar stoðar í settum lögum."

Eins og lýst er hér að framan var frumvarpið um umboðsmann Alþingis samþykkt sem lög meðan frumvarpið til stjórnsýslulaga náði ekki fram að ganga á Alþingi. Í bréfi umboðsmanns Alþingis til forsætisráðherra sem dagsett er 29. desember 1989 segir orðrétt:

„Að fenginni tveggja ára reynslu í starfi umboðsmanns Alþingis, hef ég sannfærst um, að ofangreind sjónarmið í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga eigi við veigamikil rök að styðjast, án þess að ég hafi þar með tekið afstöðu til þess í einstökum atriðum, hvernig stjórnsýslulög skuli úr garði gerð. Ég tel hins vegar ástæðu til að leggja áherslu á eftirfarandi atriði, sem eru að mínum dómi brýnt tilefni lagasetningar.

1. Ekki er til að dreifa í skráðum lögum almennum reglum um rétt manna til að kynna sér gögn í vörslu stjórnvalda. Þar verður að gera greinarmun á skyldu stjórnvalds til að veita almenningi upplýsingar, skyldu stjórnvalds til að veita aðilum, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, aðgang að upplýsingum, skyldu stjórnvalds til að kynna einstaklingi upplýsingar, sem hjá því eru skráðar um einkahagi hans, og skyldu til að veita öðrum stjórnvöldum upplýsingar. Slíkar reglur tengjast lagareglum um þagnarskyldu þeirra manna, sem fást við stjórnsýslu, en lagaákvæði um það eru fjölmörg á víð og dreif í settum lögum. Reynsla mín í starfi umboðsmanns hefur leitt í ljós, að á þessum vettvangi rísa ágreiningsmál, sem oft vefst fyrir stjórnvöldum að greiða úr.
2. Ekki eru í skráðum lögum almennar reglur um hæfi þeirra, sem hafa á hendi stjórnsýslu, til að fjalla um einstök mál, sem þeir fá til úrlausnar.
3. Á ýmsum sviðum stjórnsýslu er ekki svo skýrt sem skyldi, hvaða rétt menn eiga til að skjóta máli sínu til æðra stjórnvalds. Ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því, að slíkur vafi hefur risið í framkvæmd sveitarstjórnarlaga, að því er ákvarðanir sveitarstjórna varðar.

Framangreind talning er ekki á neinn hátt tæmandi og ég lít svo á, að almennt sé nauðsynlegt að lögfesta í stjórnsýslulögum helstu grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslu. Það eru því tilmæli mín, að þér, hæstvirtur forsætisráðherra, beitið yður fyrir því, að frumvarp til stjórnsýslulaga verði lagt á ný fyrir Alþingi eftir atvikum að lokinni endurskoðun þess frumvarps, sem þegar hefur verið samið og áður er vikið að."

Þessi sjónarmið hafa síðar verið áréttuð af umboðsmanni Alþingis, þar á meðal í bréfi hans til forsætisráðherra sem dagsett er 20. desember 1991.

IV.

Eftir því sem umsvif hins opinbera hafa aukist hafa komið fram kröfur um aukið réttaröryggi þegnanna í skiptum þeirra við ríki og sveitarfélög.

Á Norðurlöndum hafa menn átt þess kost að bera stjórnvaldsákvarðanir undir dómstóla eftir ákveðnum reglum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir stjórnsýsludómstólar sem starfa hliðstætt hinu almenna dómstólakerfi. Í Danmörku, Noregi og hér á landi er aftur á móti byggt á rétti til þess að skjóta málum til hinna almennu dómstóla. Þótt þannig sé yfirleitt opin leið til málshöfðunar fyrir almennum dómstólum er um seinvirka og dýra aðferð að ræða við að fá skorið úr gildi stjórnvaldsákvarðana.

Í úrskurðum um gildi stjórnvaldsákvarðana reynir oft á reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, en þær eru í mörgum tilvikum óljósar. Hafa því víðs vegar um heim komið fram kröfur um að slíkar reglur verði formlega settar með almennum stjórnsýslulögum.

Fjölmörg dæmi eru um lagasetningu af því tagi. Í Bandaríkjunum eiga stjórnsýslulög sér langa sögu og á meginlandi Evrópu hefur slík lagasetning einnig tíðkast lengi. Urðu Austurríkismenn fyrstir til þess að setja sér almenn stjórnsýslulög árið 1925 og fylgdu síðan margar nágrannaþjóðir þeirra fljótlega þar á eftir.

Öll Norðurlöndin hafa sett sér stjórnsýslulöggjöf, að Íslandi einu undanskildu. Í Noregi voru sett almenn stjórnsýslulög árið 1967 og hafa þau tekið verulegum breytingum síðan. Í Svíþjóð voru sett stjórnsýslulög árið 1971. Lögunum var síðan breytt nokkrum sinnum og loks leyst af hólmi með nýjum stjórnsýslulögum sem gildi tóku 1. janúar 1987. Í Finnlandi voru sett stjórnsýslulög árið 1982 og tóku þau gildi 1. janúar 1983. Í Danmörku voru svo loks á árinu 1985 sett stjórnsýslulög sem gildi tóku 1. janúar 1987.

Í hinum norrænu stjórnsýslulögum má finna ákvæði um sérstakt hæfi, leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, málshraða stjórnsýslumála, umboðsmenn aðila, aðgang aðila að gögnum máls, andmælarétt aðila, rökstuðning stjórnvaldsákvarðana, leiðbeiningar um stjórnsýslukæru, birtingu stjórnvaldsákvarðana, form ákvarðana, þagnarskyldu þeirra starfsmanna er starfa við opinbera stjórnsýslu, stjórnsýslukæru, breytingu stjórnvaldsákvarðana, afturköllun stjórnvaldsákvarðana, málskostnað vegna stjórnsýslumála, málsmeðferðarreglur við gerð reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla o.fl.

V.

Þótt höfð hafi verið hliðsjón af norrænum stjórnsýslulögum, einkum dönsku stjórnsýslulögunum frá 1985, við samningu þessa frumvarps er því ekki að neita að aðstæður í íslenskri stjórnsýslu eru um margt ólíkar því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Stjórnsýsla okkar er að mörgu leyti frumstæðari og lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóðanna, t.d. hafa stjórnsýsluvenjur ekki náð að mótast hér á landi nema á afmörkuðum sviðum stjórnsýslunnar. Þá hefur fámennið eflaust mótað að einhverju leyti stjórnsýsluhætti þá sem hér tíðkast, en það er m.a. einkennandi fyrir íslenska stjórnsýslu hve mörg mál eru afgreidd með óformlegum hætti, oftast nær munnlega, án þess að nokkuð skriflegt sé til um afgreiðslu þeirra.

Íslensk stjórnsýslulög þurfa að sjálfsögðu að taka mið af þessum veruleika. Af þeim sökum hefur verið brugðið á það ráð við samningu frumvarps þessa að taka einvörðungu upp helstu meginreglur um meðferð mála hjá stjórnvöldum. Í frumvarpinu er þannig að finna meginreglur um flest þau atriði sem norrænu stjórnsýslulögin taka til, svo sem sérstakt hæfi (II. kafli frumvarpsins), andmælarétt og rétt aðila máls til aðgangs að málsgögnum (IV. kafli frumvarpsins), birtingu ákvarðana, rökstuðning og skyld atriði (V. kafli

frumvarpsins), breytingu, leiðréttingu og afturköllun á stjórnvaldsákvörðun (VI. kafli frumvarpsins) og stjórnsýslukæru (VII. kafli frumvarpsins). Þessar reglur eru hins vegar ekki eins ítarlega útfærðar og þar er gert. Á hinn bóginn hafa verið teknar upp í III. kafla frumvarpsins ýmsar almennar reglur um málsmeðferð sem ástæða er til að lögfesta hér á landi þótt sumar þeirra þyki svo sjálfsagðar annars staðar á Norðurlöndum að óþarft hafi verið talið að leiða þær í lög þar. Má þar t.d. nefna regluna um jafnræði í stjórnsýslunni, svo og reglunar um að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er og að stjórnvöld skuli sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar í þeim, en þessar tvær síðastnefndar reglur er reyndar að finna í norsku stjórnsýslulögunum. Þá hefur VIII. kafli frumvarpsins að geyma nokkrar meginreglur um stjórnsýslunefndir, en verulegur misbrestur virðist vera á því að hérlendis sé fylgt ýmsum óskráðum meginreglum um málsmeðferð hjá nefndum, ráðum og stjórnum innan vébanda stjórnsýslunnar.

VI.

Svo sem fram kemur í heiti frumvarpsins tekur það til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Hér er nánar tiltekið um að ræða þá starfsemi hins opinbera sem hvorki verður talin löggjafarstarfsemi né dómstörf, þ.e. þá starfsemi sem fellur undir framkvæmdarvaldið skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Um hugtök þau, sem notuð eru í frumvarpinu, er annars þetta að segja:

Með hugtakinu „stjórnvald“ er átt við þau embætti, stofnanir og aðra þá aðila sem fara með framkvæmdarvald. Þetta hugtak hefur fyrir löngu unnið sér fastan sess í íslenskum stjórnsýslurétti, þar á meðal hefur það verið notað af umboðsmanni Alþingis frá upphafi, svo sem ársskýrslur hans bera með sér.

Í frumvarpinu er hugtakið „stjórnsýslunefndir“ notað um það sem fram að þessu hefur verið nefnt „fjölskipuð stjórnvöld“. Ástæðan er sú að orðið stjórnsýslunefnd er mun þjálla í notkun en orðin fjölskipað stjórnvald, auk þess sem það ætti að vera skiljanlegra í augum þeirra sem ólögfróðir eru. Svo sem fram kemur í VIII. kafla frumvarpsins, sbr. og 2. mgr. 1. gr. þess, taka lögin þó einvörðungu til þeirra stjórnsýslunefnda sem tekið geta ákvarðanir um rétt eða skyldur manna.

Hugtakið „aðili máls“ kemur fyrir á nokkrum stöðum í frumvarpinu og ber að skýra það rúmt þannig að ekki sé einungis átt við þá sem eiga beina aðild að máli, svo sem umsækjendur um byggingarleyfi eða opinbert starf, heldur geti einnig fallið undir það þeir sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta, svo sem nágrannar eða meðumsækjendur um starf. Ómögulegt er hins vegar að gefa ítarlegar leiðbeiningar um það hvenær maður telst aðili máls og hvenær ekki, heldur ræðst það af málsatvikum hverju sinni. Það sem ræður úrslitum í því efni er það hvort maður teljist hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, en það ræðst m.a. af því um hvaða svið stjórnsýslunnar er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um hvert skuli vera gildissvið laganna, þar á meðal gildissvið þeirra gagnvart öðrum lögum.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort stjórnsýslan er í höndum sérstakra stofnana á vegum ríkis eða sveitarfélaga né heldur hvort slíkar stofnanir lúta stjórn nefnda, ráða eða stjórna, kjörinna af Alþingi eða sveitarstjórnum.

Sem fyrr segir er það hins vegar skilyrði að um sé að ræða stjórnsýslu, þ.e. þá starfsemi sem heyrir undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þeirri þrískiptingu ríkisvaldsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig taka lögin ekki til löggjafarvaldsins, þ.e. starfsemi Alþingis og stofnana þess, svo sem umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Starfsemi dómstóla, þ.e. Hæstaréttar, héraðsdóma og annarra dómstóla, er og undanþegin ákvæðum laganna, en þau taka aftur á móti til sýslumanna enda teljast þeir ótvírætt til stjórnvalda nú þegar skilið hefur verið til fulls á milli dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. þó 1. mgr. 2 gr. laganna.

Við úrlausn á því atriði hvort einhver tiltekinn aðili falli undir gildissvið laganna ber að leggja til grundvallar hvort um sé að ræða eiginlega stjórnsýslu í þágu ríkis eða sveitarfélaga, en að því atriði verður vikið hér á eftir. Þannig getur einkaaðili, sem fengið hefur verið opinbert vald, lotið ákvæðum laganna meðan fyrirtæki í eigu hins opinbera, er einungis stundar almennan atvinnurekstur, fellur utan gildissviðs þeirra.

Lögunum er einungis ætlað að gilda þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldur manna, hvort sem er einstaklinga eða lögaðila. Með orðinu „ákvarðanir" er vísað til svonefndra stjórnvaldsákvarðana, en sérstaklega er tekið fram að lögin gildi ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla. Þau taka þannig einungis til einstaklegra ákvarðana, þ.e. ákvarðana sem varða ákveðna einstaklinga eða lögaðila, einn eða fleiri.

Samkvæmt þessu ná lögin ekki til margvíslegrar þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera, svo sem umönnunar sjúkra, fatlaðra og aldraðra, kennslu, bókavörslu og slökkvistarfa, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Vissulega getur það verið álitamál hvort þær ákvarðanir, sem tengjast opinberri þjónustu, falli undir gildissvið laganna. Í því efni verður að skoða hvort ákvörðunin lýtur fyrst og fremst að framkvæmdinni, svo sem því hvenær og hvernig læknisaðgerð skuli framkvæmd, hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar við kennslu o.s.frv., eða hvort ákvörðunin er fremur lagalegs eðlis, þ.e. fær mönnum réttindi eða skerðir þau, léttir skyldum af mönnum eða leggur á þá auknar byrðar. Þannig verður að líta til þess hvers eðlis ákvörðunin er, en ekki eingöngu til þess hver tekur ákvörðunina og hvers efnis hún er. Sem dæmi má taka þá ákvörðun læknis að framkvæma læknisaðgerð eða synja um framkvæmd hennar. Slík ákvörðun getur augljóslega fallið undir gildissvið laganna, svo sem synjun læknis um að framkvæma fóstureyðingu, meðan synjun um að framkvæma minni háttar læknisverk mundi tæplega teljast stjórnvaldsákvörðun í skilningi laganna.

Lögin taka ekki til þeirra ákvarðana stjórnvalda sem teljast einkaréttar eðlis. Má þar nefna kaup á vörum og þjónustu, þar með talda gerð samninga við verktaka. Þó er tekið fram í niðurlagi 1. gr. að ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gildi einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis. Í lögfræðinni hafa ákvarðanir um skipun, setningu og ráðningu opinberra starfsmanna, svo og lausn þeirra frá störfum og brottvikningu þeirra, verið flokkaðar sem stjórnvaldsákvarðanir. Sama á við um ákvarðanir stjórnvalda um að beita opinbera starfsmenn stjórnsýsluviðurlögum eins og frádrætti frá launum vegna ólögmætra fjarvista frá vinnu. Ganga lögin út frá þessari hefðbundnu skilgreiningu og því falla ákvarðanir þessar undir gildissvið þeirra. Á sömu sjónarmiðum er byggt að því er varð-

ar bótakröfur sem beint er að hinu opinbera. Þannig taka lögin til ákvarðana varðandi eignarnámsbætur og bætur frá almannatryggingum, svo að dæmi séu nefnd, meðan ákvarðanir um skaðabætur af öðrum orsökum falla flestar utan gildissviðs þeirra.

Lögunum er einungis ætlað að ná til stjórnvaldsákvarðana sem beinast að borgurunum. Þau taka því ekki til verklagsreglna, sem ætlað er að gilda innan stjórnsýslunnar einnar, né heldur til fyrirmæla æðri stjórnvalda til lægra settra ef frá eru talin mál sem varða lausn opinberra starfsmanna frá störfum eða brottvikningu þeirra, svo sem fyrr segir.

Orðalag 1. gr. er annars svo rúmt að í algjörum vafatilvikum ber að álykta svo að lögin gildi fremur en að þau gildi ekki.

Um 2. gr.

Eins og tekið er fram í inngangínum hér að framan er lögunum ætlað að taka jafnt til sýslumanna sem annarra stjórnvalda. Sum af störfum sýslumanna, þ.e. þau störf sem töldust til dómstarfa fyrir réttarfarsbreytingu þá sem gildi tók 1. júlí sl., eru þó þess eðlis að ekki þykir rétt að láta almennar reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni taka til þeirra, auk þess sem ítarleg ákvæði um meðferð þessara mála er að finna í hinni nýju réttarfarslöggjöf. Vegna þess að ráð er fyrir því gert, sbr. athugasemdir hér að framan um 1. gr., að lögmenn og löggiltir endurskoðendur, sem taka að sér trúnaðarstörf á borð við skiptastjórn, geti talist til stjórnvalda í skilningi stjórnsýslulaga, þykir og rétt, með vísun til þeirra röksemda sem að framan greinir, að láta lögin heldur ekki ná til þeirra starfa.

Sem fyrr segir þá gera lögin einungis lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar enda eru stjórnsýslustörf svo mismunandi og stjórnvöldin svo ólík að erfitt er að gera mjög strangar kröfur um meðferð mála í stjórnsýslunni almennt. Það kynni og að draga úr hagkvæmni og skilvirkni á einstökum stjórnsýslusviðum.

Fjölmörg dæmi er þannig að finna um það í núgildandi lögum að gerðar séu mun strangari kröfur til stjórnvalda en ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi. Það væri skref aftur á bak að afnema þessi lagaákvæði með almennum stjórnsýslulögum og því er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 2. gr. að þau lagaákvæði, sem hafa að geyma strangari reglur um málsmeðferð hjá stjórnvöldum en lög þessi mæla fyrir um, skuli halda gildi sínu. Þau sérákvæði í lögum, sem gera minni kröfur til stjórnvalda, þoka hins vegar fyrir hinum almennu ákvæðum í lögum þessum. Auk þess ber að skýra ýmis þau sérákvæði í lögum sem almennt eru orðuð, svonefnd eyðuákvæði, til samræmis við ákvæði þessara laga og í samræmi við góða lagasetningarvenju hefur verið leitast við að fella sum af ákvæðum þessum úr gildi eða breyta þeim, sbr. 36. gr. laganna.

Frá þeirri reglu að ákvæði, sem gera minni kröfur til stjórnvalda, skuli falla brott við gildistöku laganna er gerð ein undantekning í 2. mgr. 2. gr. þar sem segir að um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga fari eftir sveitarstjórnarlögum, nú lögum nr. 8/1986. Athygli skal vakin á því að með þessu eru ákvæði laganna um sérstakt hæfi látin ná til starfsmanna sveitarfélaga jafnt og sveitarstjórnarmanna.

Vegna fámennis í sumum af sveitarfélögunum þykir ekki fært að gera eins strangar kröfur til þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga og gert er í II. kafla laganna. Verði sveitarfélögum fækkað í framtíðinni og þau stækkuð, svo sem stefnt er að, ætti þessi undantekning að verða óþörf.

Um II. kafla.

Þessi kafli fjallar um sérstakt hæfi þeirra starfsmanna sem hafa með höndum stjórnsýslu.

Í gildandi rétti er ekki til að dreifa almennum skráðum réttarreglum um sérstakt hæfi þeirra starfsmanna sem hafa með höndum stjórnsýslu. Hins vegar má finna dreifð og ósamstæð ákvæði sem taka til tiltekinna starfsmanna. Þá er einnig gerð krafa til nokkurra starfsmanna um að þeir verði að uppfylla sérstök hæfisskilyrði dómara. Þessum síðastnefndu ákvæðum hefur fjölgað mjög hin síðari ár, sjá fskj. 1.

Sökum þess hve sundurleit þessi lagaákvæði eru hefur ekki þótt fært að draga af þeim almenna ályktun um réttarreglu er gildi almennt í stjórnsýslunni. Þá hefur heldur ekki þótt tækt að beita sérstökum hæfisreglum dómara, sem koma fram í 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með lögjöfnun um starfsmenn sem hafa stjórnsýslu með höndum, m.a. þar sem mun strangari kröfur eru gerðar til réttaröryggis við málsmeðferð hjá dómstólunum en hægt hefur þótt að gera hjá stjórnvöldum. Undantekning hefur þó t.d. verið gerð um starfsmenn á æðra stjórnsýslustigi sem fara með endanlegt úrskurðarvald í málum, en svipaðar hæfiskröfur hafa í sumum tilvikum verið gerðar til þeirra og dómara.

Það hefur hins vegar verið með stoð í eðli máls og meginreglum laga, svo og fordæmum dómstóla, að sú óskráða réttarregla hefur verið talin gilda að maður sé vanhæfur til meðferðar máls og ákvörðunar í því ef mál varðar hann sjálfan eða nána venslamenn hans á þann hátt að almennt megi ætla að áhrif hafi á afstöðu hans til úrlausnarefnisins.

Í tímans rás hefur verið deilt um gildissvið og efnisinntak þessarar reglu. Hefur það leitt til þess að henni hefur verið slælega framfylgt sem aftur hefur valdið bagalegri réttaróvissu. Verður að telja þetta ástand algerlega óviðunandi, ekki síst þar sem telja verður að virðing starfsmanna fyrir hinum sérstöku hæfisreglum sé nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum samskiptum almennings og stjórnvalda og því trausti sem stjórnvöld verða að njóta hjá almenningi. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að hinar sérstöku hæfisreglur hafa ekki eingöngu að markmiði að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efni stjórnvaldsákvarðana, heldur er þeim einnig ætlað að stuðla að því að almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt.

Að framansögðu athuguðu er lagt til að lögfestar verði sérstakar hæfisreglur í II. kafla er taki til allra starfsmanna sem hafa með höndum stjórnsýslu að undanskildum starfsmönnum sveitarfélaga og stofnana þeirra, en um hæfi þeirra fer eftir sveitarstjórnarlögum, nú 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sbr. 2. gr.

Ákvæði II. kafla eru aðallega sniðin eftir 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Hins vegar þykir ekki fært að gera eins strangar hæfiskröfur til þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum og gerðar eru til dómara. Er því að öðru leyti höfð hliðsjón af hæfisreglum dönsku og norsku stjórnsýslulaganna.

Með lögfestingu frumvarps þessa er vonast til að ákvæði II. kafla aflétti þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur um gildissvið og efnisinntak hinna sérstöku hæfisreglna og samræmd framkvæmd komist á. Það er hins vegar ljóst að á sumum sviðum má búast við að þörf verði fyrir strangari hæfisreglur en fram koma í frumvarpinu og má því gera ráð fyrir því að hér eftir sem hingað til muni kveða nokkuð að lagaákvæðum þar sem tilteknum starfsmönnum er gert að uppfylla sérstök hæfisskilyrði dómara.

Lagt er til að lögfestar verði sérstakar hæfisreglur, þ.e. reglur sem koma til skoðunar í sambandi við einstakt mál sem hlutaðeigandi starfsmaður fær til meðferðar. Hér er ekki gert að tillögu að tekin verði upp í stjórnsýslulög ákvæði um svonefnd almenn neikvæð hæfisskilyrði þar sem talið er eðlilegast að tekin verði afstaða til þess við setningu sérlaga hverju sinni hvort þörf sé á að lögtaka slík ákvæði.

Nokkur dreifð lagaákvæði um sérstakt hæfi verða felld úr gildi við lögfestingu þessa frumvarps, sbr. 36. gr. Ekki verða þó öll slík ákvæði felld á brott þar sem heppilegra þykir að tekin verði afstaða til brottfellingar sumra þeirra við endurskoðun þeirra laga þar sem ákvæðin er að finna. Með gagnályktun frá 2. gr. er hins vegar ljóst að ákvæði II. kafla ganga framar öðrum hæfisreglum sem hafa að geyma vægari hæfisskilyrði en mælt er fyrir um í kaflanum að undanskildum ákvæðum 45. gr. laga nr. 8/1986 sem fyrr er fjallað um.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um þær ástæður sem valdið geta vanhæfi starfsmanns eða nefndarmanns í stjórnsýslunni.

Undir hugtakið „starfsmaður" falla allir þeir sem hafa með höndum stjórnsýslu. Hugtakið tekur því t.d. til allra starfsmanna ráðuneyta og ríkisstofnana. Í þessu sambandi hefur enga þýðingu hvort starfsmaður er skipaður, settur, ráðinn eða kosinn, hvort um er að ræða aðalstarf eða aukastarf eða hvort starfið er launað eða ólaunað. Í athugasemdum hér á eftir verður hugtakið „starfsmaður" notað jöfnum höndum um starfsmenn og nefndarmenn í stjórnsýslunefndum.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. er starfsmaður vanhæfur ef hann er sjálfur aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

Fyrirsvarsmaður telst t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri fyrirtækis, félags eða stofnunar. Þar falla einnig undir þeir menn sem sæti eiga í stjórn fyrirtækis, félags eða stofnunar. Lögráðamenn og forsjármenn barna falla þarna jafnframt undir.

Umboðsmaður aðila telst sá sem kemur fram í máli fyrir hönd aðila á grundvelli sérstaks umboðs sem veitt er í tilefni af meðferð hlutaðeigandi stjórnsýslumáls. Starfsmaður, sem aðstoðað hefur aðila við undirbúning eða meðferð máls umfram lagaskyldu skv. 7. gr., svo og öðrum ákvæðum laga, telst ekki umboðsmaður í skilningi 1. tölul. Hann gæti hins vegar orðið vanhæfur á grundvelli 6. tölul. 1. mgr.

Aðeins fyrirsvars- eða umboðsmenn aðila í því máli, sem til umfjöllunar er, falla undir 1. tölul. Fyrrverandi fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila í öðrum málum fellur því ekki undir 1. tölul., en gæti hins vegar fallið undir 6. tölul.

Ef starfsmaður er tengdur eða skyldur aðila með þeim hætti, sem segir í 2. tölul., ber honum að víkja sæti. Fjarlægari skyldleiki og mægðir við aðila en upp eru talin í 2. tölul. valda almennt ekki vanhæfi komi þar ekkert annað til.

Ef starfsmaður er skyldur aðila í beinan legg telst hann vanhæfur. Hér falla annars vegar undir faðir og móðir, afi og amma, langafi og langamma o.s.frv. og svo hins vegar börn, barnabörn og barnabarnabörn o.s.frv.

Samkvæmt 2. tölul. er starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls ef hann er skyldur aðila svo náið sem að öðrum lið til hliðar. Þegar skyldleiki að öðrum lið til hliðar er reiknaður út er talið frá afa eða ömmu, allt að öðrum lið til hliðar. Starfsmaður er því t.d. vanhæfur til þess að fara með mál þar sem aðili máls er systkinabarn hans eða skyldur honum nánar, svo sem systkini eða föðurbróðir hans. Hins vegar væri starfsmanni ekki skylt að víkja sæti skv. 2. tölul. í máli afa- eða ömmusystkina sinna og barna þeirra.

Mægðir teljast einnig valda vanhæfi skv. 2. tölul. Starfsmaður er vanhæfur ef aðili er mægður honum í beinan legg. Starfsmaður er því t.d. vanhæfur í máli tengdaforeldra sinna. Þá tekur ákvæðið um mægðir einnig til skyldmenna maka að öðrum lið til hliðar. Starfsmaður má því ekki fara með mál bróður eða systur maka síns eða barna þeirra né heldur föður- eða móðurbróður maka síns eða barna þeirra. Mægðir haldast að lögum enda þótt sá sem er tengiliður í mægð sé látinn eða skilinn.

Loks kemur fram í 2. tölul. að starfsmaður er vanhæfur í máli maka síns eða fyrrverandi maka síns.

Í 3. tölul. er mælt svo fyrir að þegar starfsmaður er skyldur eða tengdur fyrirsvarsmanni eða umboðsamanni aðila í málinu með sama hætti og upp er talið í 2. tölul. valdi það vanhæfi. Um skýringu á 3. tölul. má því vísa til 1. og 2. tölul. hér að framan.

Í 4. tölul. kemur fram að starfsmaður megi ekki taka þátt í meðferð máls á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Sem dæmi má nefna að starfsmaður ráðuneytis, sem tekið hefur ákvörðun á lægra stjórnsýslustigi í öðru starfi, er vanhæfur til að fara með sama mál á vegum ráðuneytisins ef umrædd ákvörðun er kærð þangað.

Í 4. tölul. kemur einnig fram að starfsmaður, sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald, sé einnig vanhæfur hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.

Meginreglan í 4. tölul. er því sú að sé stjórnsýslusamband á milli tveggja starfa þar sem undir annað starfið getur fallið að hafa eftirlit eða endurskoðun í þágu réttaröryggis á þeim málum, sem falla undir hitt starfið, sé maður vanhæfur til að fjalla um sama mál í báðum þessum störfum. Undantekning frá framangreindri reglu er þó þar sem löggjöfin mælir beinlínis fyrir um að sami maður fari með mál á tveimur stjórnsýslustigum.

Ákvæði 4. tölul. koma ekki alltaf í veg fyrir að sami maður geti fjallað um sömu mál í tveimur störfum. Séu störfin ekki í stjórnsýslusambandi og umfjöllun og meðferð í öðru starfinu verður ekki talin til eftirlits eða endurskoðunar í þágu réttaröryggis á þeim málum, sem falla undir hitt starfið, getur sami maður fjallað um málið í báðum störfunum þrátt fyrir ákvæði 4. og 6. tölul. Hafi starfsmaður hins vegar við slíkar aðstæður komið fram í málinu, t.d. á mjög persónulegan hátt, gæti hann talist vanhæfur til þess að fara með málið á ný í öðru starfi á grundvelli 6. tölul.

Þegar starfsmaður á lægra stjórnsýslustigi leitar t.d. símleiðis eftir leiðbeiningum frá starfsmanni á æðra stjórnsýslustigi verður sá síðarnefndi ekki vanhæfur til að fjalla um málið á kærustigi hafi hann aðeins veitt leiðbeiningar um venjubundna túlkun á lagagrundvelli máls en ekki látið í ljós álit sitt um niðurstöðu máls. Þegar starfsmaður hefur tekið þátt í því að veita umsögn eða ráð telst hann almennt ekki vanhæfur til að taka þátt í meðferð máls á sama stjórnsýslustigi þar sem litið er á umsögnina sem einn lið í undirbúningi málsins. Sá sem veitt hefur umsögn eða að öðru leyti tekið þátt í undirbúningi máls á lægra stjórnsýslustigi telst hins vegar vanhæfur til meðferðar sama máls á æðra stjórnsýslustigi á grundvelli 4. tölul.

Ákvæði 5. tölul. er nátengt 1. og 2. tölul. Þó að aðilar þeir, sem þar eru greindir, verði ekki taldir aðilar að stjórnsýslumáli geta þeir átt einstaklegra og svo verulegra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins að valdið geti vanhæfi. Starfsmaður telst því vanhæfur ef hann sjálfur, stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu, sem hann er í fyrirsvari fyrir, eða þeir aðilar, sem hann er skyldur eða tengdur og upp eru taldir í 2. tölul., eiga verulegra hagsmuna að gæta.

Samkvæmt orðalagi sínu tekur 5. tölul. aðeins til fyrirtækja í einkaeigu. Fyrirsvar

fyrirtækja eða stofnana, sem algerlega eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, veldur því ekki vanhæfi samkvæmt þessu ákvæði.

Í 5. tölul. kemur og fram að það valdi vanhæfi starfsmanns varði mál persónulega og verulega næstu yfirmenn hans. Rökin að baki þessu ákvæði eru þau að almennt má búast við því að starfsmaður geti ekki verið hlutlaus og óhlutdrægur þegar yfirmaður hans hefur verulegra persónulegra hagsmuna að gæta þar sem starfsmaður er á vissan hátt háður yfirmanni sínum. Með orðunum „næstu yfirmenn“ er vísað til þess að ákvæðið taki aðeins til yfirmanna starfsmanns hjá hlutaðeigandi stofnun eða embætti.

Rétt er að hafa í huga að formenn stjórnsýslunefnda teljast ekki yfirmenn annarra nefndarmanna. Víki formaður nefndar sæti í máli eru aðrir nefndarmenn því ekki vanhæfir á grundvelli 5. tölul.

Þegar mál varðar mjög nána samstarfsmenn starfsmanns verulega verður starfsmaður ekki vanhæfur á grundvelli 5. tölul. Hins vegar gæti hann orðið vanhæfur á grundvelli 6. tölul. í slíkum tilvikum.

Þar sem tæknilega er ómögulegt að tilgreina tæmandi allar vanhæfisástæður með hlutlægum hæfisreglum er þörf á þeirri matskenndu hæfisreglu sem fram kemur í 6. tölul. Segja má að reglan í 6. tölul. sé grunnreglan um sérstakt hæfi, en aðrar reglur 1.–5. tölul. nánari útfærsla á henni. Af þessum sökum er gagnályktun frá ákvæðum 1.–5. tölul. ekki tæk þar sem ávallt þarf að skoða hvort tilvik fellur undir 6. tölul. áður en hægt er að slá því föstu að starfsmaður sé hæfur.

Svo starfsmaður teljist vanhæfur á grundvelli hinnar matskenndu hæfisreglu 6. tölul. verður hann að hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins, svo sem ágóða, tap eða óhagræði. Hér koma einnig til skoðunar hagsmunir venslamanna og annarra þeirra sem eru í svo nánum tengslum við starfsmanninn að almennt verður að telja hættu á að þau geti haft áhrif á hann. Þá verður eðli og vægi hagsmunanna að vera þess háttar að almennt verði talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun málsins. Af framansögðu má því ljóst vera að meðal þess sem meta verður hverju sinni, miðað við allar aðstæður, er hvort hagsmunirnir eru einstaklegir, hversu verulegir þeir eru og hversu náið þeir tengjast starfsmanninum og úrlausnarefni málsins.

Mjög náin vinátta eða fjandskapur við aðila máls getur valdið vanhæfi skv. 6. tölul. Svo að vinátta valdi vanhæfi nægir ekki að aðeins sé um að ræða kunningsskap eða að fyrir hendi séu þær aðstæður, t.d. á fámennum stöðum, að „allir þekki alla“, heldur verður vináttan að vera náin. Svo óvinátta valdi vanhæfi verður að vera um að ræða einhverjar sannanlegar hlutlægar ástæður sem almennt verða taldar til þess fallnar að draga megi í efa óhlutdrægni starfsmanns. Ekki nægir að aðili máls álíti starfsmann sér fjandsamlegan. Hins vegar, í þeim tilvikum þar sem slegið hefur í brýnu með starfsmanni og aðila máls og annar hvor hefur sýnt af sér óviðeigandi framkomu eða viðhaft ósæmilegt orðbragð, mundi starfsmaður talinn vanhæfur, a.m.k. þar sem úrslit máls hefðu verulega þýðingu fyrir aðila.

Enda þótt ákvæði 1.–5. tölul. eigi við er ekki þar með sjálfgefið að starfsmaður sé vanhæfur. Eins og fram kemur í 2. mgr. 3. gr. skal ávallt fara fram mat á því hvort þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir eða eðli málsins með þeim hætti eða þáttur hlutaðeigandi starfsmanns í meðferð málsins það lítifjörlegur að ekki sé talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun í málinu.

Segja má að sú efnisregla, sem felst í 2. mgr. 3. gr., sé að starfsmaður teljist aðeins vanhæfur í þeim tilvikum þar sem almennt er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á úrlausn máls. Þetta er eðlileg regla þegar litið er til markmiða hæfisreglnanna. Þó

að þessi regla geri hæfisreglur stjórnsýslulaganna flóknari en hæfisreglu 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, hefur hún þótt eiga rétt á sér þar sem hún kemur í veg fyrir að starfsmenn víki sæti í þeim málum þar sem ekki er hætta á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á niðurstöðu máls.

Rétt er að hafa í huga að því aðeins er heimilt að bera fyrir sig 2. mgr. 3. gr. að það sé almennt augljóst að aðstæður séu þær að ekki sé hætta á því að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun málsins. Við mat á því hvort skilyrði þau, sem upp eru talin í 2. mgr. 3. gr., eru uppfyllt er rétt að fara strangt í sakirnar þar sem miklir hagsmunir eru í húfi fyrir aðila, en að sama skapi vægar ef málið er lítilvægt.

Þó að starfsmaður hafi einstaklegra hagsmuna að gæta við úrlausn máls kunna hagsmunir hans að vera svo smávægilegir að engin hætta sé á að slíkt muni hafa áhrif á hann. Verður t.d. að telja að starfsmaður sé ekki vanhæfur til þess að fjalla um mál sem snertir almenningshlutafélag þótt hann eigi lítinn hlut í félaginu.

Þá kann eðli þess máls, sem til úrlausnar er, að vera með þeim hætti að ekki verði talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á úrlausn málsins. Þetta á við um þau mál þar sem lagaskilyrði ákvörðunar eru að öllu leyti lögbundin og ekkert eða afar lítið mat er eftirlátið starfsmanninum. Verður annars vegar að vera lögbundið hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo að taka megi ákvörðun og hins vegar hvaða efni ákvörðun eigi að hafa að geyma, að uppfylltum lagaskilyrðum. Þá verða lagaskilyrðin að vera auðskýrð eða komin fastmótuð venja á túlkun þeirra. Loks verða staðreyndir slíkra mála að vera fyllilega upplýstar svo að ekki þurfi að beita réttarreglum um sönnun.

Oft taka margir starfsmenn þátt í úrlausn stjórnsýslumáls. Stundum kann þáttur starfsmanns, sem hagsmuni kann að hafa af úrlausn máls, að vera svo lítilfjörlegur í meðferð máls eða á því sviði að ekki sé hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á úrlausn málsins. Þetta á t.d. við um þá starfsmenn sem eingöngu fást við skrifstofustörf, svo sem afgreiðslu, vélritun, skjalaskráningu eða þess háttar störf. Þessi regla á hins vegar ekki við þá starfsmenn sem fást við þá þætti málsmeðferðar þar sem raunhæfur möguleiki er á því að þeir geti haft áhrif á úrlausn málsins.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. ber starfsmanni aðeins að víkja sæti í þeim tilvikum þar sem hætta er á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á úrlausn máls. Þó að það liggi oft ljóst fyrir hvaða sjónarmið teljist málefnaleg getur komið upp vafi. Sem dæmi má nefna fyrirmæli í einstökum lögum um að tiltekin félög eða samtök tilnefni menn í stjórnsýslunefndir. Þegar sett eru þvílík lög, þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að fulltrúar tiltekinna hagsmunaaðila eigi sæti í stjórnsýslunefnd, er gengið út frá því að hagsmunir, sem ætla má að félagsmenn hafi almennt, geti aldrei leitt til vanhæfis hjá umræddum nefndarmönnum einir sér. Hafi nefndarmaður hins vegar sjálfur persónulegra hagsmuna að gæta við úrlausn máls fer um mat á hæfi hans eftir almennum reglum.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um réttaráhrif þess þegar starfsmaður verður vanhæfur til meðferðar máls. Í 4. gr. er þó ekki fjallað um öll þau réttaráhrif sem fylgt geta vanhæfi. Þannig er t.d. ekki fjallað um gildi stjórnvaldsákvörðunar sem vanhæfur starfsmaður hefur tekið.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. má vanhæfur starfsmaður ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn stjórnsýslumáls þar sem hann er vanhæfur. Vanhæfur starfsmaður má því ekki taka þátt í meðferð máls á neinu stigi þess. Hæfisreglur II. kafla taka þess vegna til starfsmanna sem veita eða taka þátt í að veita umsögn um stjórnsýslumál sem ætlað er

að verða grundvöllur að stjórnvaldsákvörðun í málinu. Starfsmanni, sem aðeins fæst við undirbúning máls, t.d. rannsókn máls eða úrvinnslu gagna, án þess að taka ákvörðun í málinu, ber því að víkja sæti ef hann er vanhæfur. Starfsmaður má því t.d. ekki undirbúa útboðsskilmála við opinbert útboð ef hann sjálfur eða fyrirtæki, sem hann er í fyrirsvari fyrir, ætlar að gera tilboð.

Frá þeim tíma er yfirmaður starfsmanns kemst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi starfsmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ber starfsmanninum að hætta öllum afskiptum af málinu og skal öðrum hæfum starfsmanni falin meðferð málsins svo fljótt sem við verður komið.

Eftir að vanhæfur starfsmaður hefur vikið sæti í máli á hann ekki að hafa frekari afskipti af því. Hann á því almennt ekki að hafa aðgang að gögnum máls eftir að hann hefur vikið sæti. Frá þessari reglu kemur þó fram undantekning í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr., en þar segir að starfsmanni sé þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem séu nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan ekki er til að dreifa öðrum hæfum starfsmanni. Þar sem aðeins einn starfsmaður vinnur að tilteknum störfum hjá stofnun eða embætti og ekki er til staðar annar starfsmaður, sem er hæfur til að taka við umræddum starfa, verður að setja sérstakan staðgengil til þess að fara með málið. Þar til staðgengill hefur verið settur getur þurft að gera einhverjar ráðstafanir til þess að halda máli í réttu horfi, t.d. að veita aðilum máls ljósrit af gögnum málsins. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. er vanhæfum starfsmanni heimilt að framkvæma slíkar ráðstafanir á meðan ekki er til að dreifa öðrum hæfum starfsmanni. Það skal áréttað að setja ber staðgengil svo fljótt sem við verður komið. Það á því að heyra til undantekninga að nota þurfi heimild 2. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. ber nefndarmanni, sem vanhæfur er til meðferðar máls, að yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess. Ástæðan er sú að með nærveru sinni getur vanhæfur nefndarmaður haft áhrif á afgreiðslu málsins, en almennt má búast við því að umræður nefndarmanna um málið verði mjög þvingaðar í návist manns sem hefur hagsmuni af úrlausn þess.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. telst nefndarmaður vanhæfur til þess að fjalla um hæfi sitt. Ber þeim nefndarmanni, sem ákvörðun varðar, að yfirgefa fundarsal eftir að hafa gert grein fyrir staðreyndum máls, þ.e. með hvaða hætti hann er tengdur málinu eða aðilum þess. Hann á því hvorki að taka þátt í umræðum um hæfi sitt né atkvæðagreiðslu um það.

Færa ber til bókar að nefndarmaður hafi vikið af fundi, niðurstöðu nefndarinnar um hæfi nefndarmannsins, svo og hver taki sæti í nefndinni, til að tryggja sönnun fyrir því að hæfisreglunum hafi verið fylgt.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um þá málsmeðferð, sem fylgja ber, þegar upp kemur vafi um hæfi starfsmanns. Í 5. gr. er þeirri spurningu svarað hver skuli skera úr um það hvort starfsmaður sé vanhæfur. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. er það yfirmaður þeirrar stofnunar eða embættis þar sem hlutaðeigandi starfsmaður vinnur.

Ástæður fyrir þessari reglu eru m.a. þær að yfirmenn geta oft og með ýmsum ráðum komið í veg fyrir vanhæfi hjá starfsmönnum. Víða erlendis er það mjög tíðkað að sé starfsmaður stofnunar tengdur aðila, sem oft leitar til hennar, er ákveðið í eitt skipti fyrir öll að hlutaðeigandi starfsmaður skuli ekki hafa nein afskipti af málum sem berast frá umræddum aðila, heldur skuli aðrir starfsmenn stofnunarinnar gera það. Með slíkum

„innanhússákvörðunum“ er þá hægt að koma í veg fyrir það að spurningin um sérstakt vanhæfi sé sífellt að skjóta upp kollinum. Í öðru lagi er líklegra með þessu móti að samræmd túlkun komist á hæfisreglurnar innan stofnunar sem verður að telja mjög mikilvægt. Í þriðja lagi er dregið úr hættu á því að hæfisreglurnar verði misnotaðar á þann hátt að starfsmenn séu að víkja sæti að óþörfu í tíma og ótíma. Loks verður í fjórða lagi að telja að það sé vart raunhæft að ætlast til þess að ólöglærðir starfsmenn stjórnsýslunnar séu sjálfir að taka ákvörðun um eigið hæfi þar sem oft er um erfitt lögfræðilegt álitaefni að ræða. Er því heppilegast að yfirmaður stofnunar taki ákvörðun um sérstakt hæfi þar sem almennt má búast við að hann hafi greiðan aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf sé hann ekki lögfræðingur sjálfur.

Þegar vafi kemur upp um hæfi yfirmanns embættis eða stofnunar gildir hins vegar sú regla að þá skuli yfirmaðurinn ákveða sjálfur hvort hann víki sæti.

Starfsmanni ber ávallt að gæta að því, að eigin frumkvæði, hvort hann er hæfur til meðferðar máls og hvílir á honum sú skylda að tilkynna það yfirmanni sínum telji hann leika vafa á því hvort svo sé. Á sama hátt skal nefndarmaður í stjórnsýslunefnd, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, vekja athygli nefndarinnar á því án tafar, nema augljóst sé að ástæðurnar hafi enga þýðingu. Tilkynningarskyldan nær ekki aðeins til ástæðna sem valda vanhæfi, heldur einnig til ástæðna sem hugsanlega valda vanhæfi, þar með talinna ástæðna sem að betur athugðu máli gera það ekki, t.d. þar sem 2. mgr. 3. gr. á við. Í vafatilvikum er því ávallt rétt fyrir starfsmenn að vekja athygli á hugsanlegum vanhæfisástæðum.

Skyldan til að vekja máls á hugsanlegu vanhæfi nefndarmanns hvílir fyrst og fremst á þeim nefndarmanni sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans. Skyldan hvílir þó einnig á öðrum nefndarmönnum því að nefndarmönnum ber almennt að stuðla að því að stjórnsýslunefnd sé starfhæf í þeim málum sem fyrir hana koma. Er því rétt að taka vafatilvik ávallt til umræðu, þó ekki sé til annars en að kynna málið fyrir öðrum nefndarmönnum.

Þegar vafi kemur upp um hæfi nefndarmanns taka aðrir nefndarmenn ákvörðun um það hvort honum beri að víkja sæti án þátttöku hans. Ber þeim nefndarmanni, sem í hlut á, að yfirgefa fundarsal eftir að hafa gert grein fyrir staðreyndum máls, sbr. 2. mgr. 4. gr. Þegar vafi leikur á því hvort fleiri en einum nefndarmanni beri að víkja sæti í tilteknu máli má enginn þeirra sem vafi leikur á að séu hæfir til meðferðar viðkomandi máls taka þátt í ákvörðun um hæfi sitt né annarra nefndarmanna. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stórnsýslunefndin verði ekki lengur ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka þátt í meðferð og ákvörðun um sérstakt hæfi nefndarmanna til meðferðar málsins.

Þar sem gengið er út frá þeirri reglu að tillaga sé fallin þegar atkvæði, með og á móti, eru jafn mörg, sbr. 2. mgr. 34. gr., skiptir máli hvernig tillaga er orðuð sem borin er upp. Rétt er að orða hana með þeim hætti að biðja þá fundarmenn að greiða atkvæði er telja hlutaðeigandi nefndarmann vanhæfan. Þar af leiðir að tillaga telst fallin standi atkvæði jöfn og tekur þá umræddur nefndarmaður þátt í meðferð málsins.

Ákvörðun um hæfi starfsmanns er ekki stjórnsýsluákvörðun um réttindi og skyldur manna í skilningi 1. gr. Af því leiðir að ekki er skylt að rökstyðja slíkar ákvarðanir. Þá er hvorki skylda til að gera aðila máls viðvart um það álitamál hvort starfsmaður sé hæfur né gefa honum kost á að tjá sig um það. Hins vegar kann í sumum tilvikum að vera nauðsynlegt að leita eftir upplýsingum frá aðila um ástæður þær er valdið geta vanhæfi svo að málið verði nægjanlega vel upplýst, sbr. meginreglu þá sem 10. gr. er byggð á.

Hafi aðili vakið máls á því hvort starfsmaður sé hæfur til meðferðar máls er eðlilegt að tilkynna aðila um niðurstöðu ákvörðunar um hæfi starfsmanns. Ákvörðun um hæfi manns verður ekki kærð til æðra stjórnvalds fyrr en eftir að málið hefur verið til lykta leitt, nema fyrir hendi sé sérstök kæruheimild.

Um 6. gr.

Eftir að staðreynt hefur verið að starfsmaður sé vanhæfur skal mál fengið öðrum hæfum starfsmanni til meðferðar. Þar sem margir starfsmenn vinna að hliðstæðum verkefnum hjá sömu stofnun eða embætti kemur ekki upp vandamál við að fá staðgengil þar sem málið er þá aðeins fengið öðrum starfsmanni til meðferðar.

Þar sem íslenska stjórnsýslan er tiltölulega fámenn vinnur aðeins einn starfsmaður á sumum sviðum stjórnsýslunnar. Í slíkum tilvikum er sá möguleiki ekki fyrir hendi að fá samstarfsmann til að fara með mál. Verður því veitingarvaldshafi á formlegan hátt að setja sérstakan staðgengil til þess að fara með málið.

Staðgenglar skulu uppfylla sömu almennu og sérstöku hæfisskilyrði og þeir starfsmenn sem þeir leysa af í umræddum málum.

Þegar ráðherra verður vanhæfur og víkur sæti setur forseti Íslands annan ráðherra með formlegum hætti til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

Um III. kafla.

Í þennan kafla er skipað saman almennum reglum sem ekki hafa þótt heyra undir aðra kafla frumvarpsins. Flest ákvæði kaflans byggja á óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins sem hafa almennt mun víðtækara gildissvið en gert er ráð fyrir að lögin hafi, sbr. 1. og 2. gr.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Stjórnvaldi er þannig skylt að leiðbeina og aðstoða þá sem til þess leita um málefni sem eru á starfssviði þess.

Hægt er að veita upplýsingar bæði skriflega og munnlega. Upplýsingarnar geta verið almennar, t.d. í formi auglýsinga eða sérstakra bæklinga. Ávallt þarf þó að gefa aðilum einstaklingsbundnar leiðbeiningar sé eftir þeim leitað.

Veita ber leiðbeiningar um það hvaða réttarreglur gilda á viðkomandi sviði, hvernig meðferð mála er venjulega hagað, hvaða gögn aðila ber að leggja fram, hversu langan tíma það tekur venjulega að afgreiða mál o.s.frv. Í reglunni felst m.a. að stjórnvöldum ber að leiðbeina og aðstoða menn við að fylla út eyðublöð sé um þau að ræða.

Í 20. gr. er að finna sérstakt ákvæði um leiðbeiningarskyldu og vísast til þess sem um það ákvæði segir hér á eftir.

Samkvæmt samningi Norðurlanda um notkun norrænna tungumála fyrir stjórnvöldum geta borgarar Norðurlandaríkja notað móðurmál sitt í skiptum við hið opinbera. Er skylt að afla aðstoðar túlks eða skjalaþýðanda eftir því sem nauðsyn ber til og skal það vera hlutaðeigandi einstaklingi að kostnaðarlausu. Þau erlend tungumál, sem hér um ræðir, eru danska, finnska, norska og sænska, en samningurinn nær ekki til færeysku, grænlensku né tungumáls sama. Ber að veita leiðbeiningar á framangreindum tungumálum og afla aðstoðar túlks ef stjórnvald og sá sem leiðbeininga leitar skilja ekki hvort annað.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er. Verði hins vegar ekki ráðið af erindinu hvert beri að framsenda það ber að endursenda það. Hafi aðili komið erindi sínu á

framfæri munnlega og erindið á að lögum undir annað stjórnvald ber að leiðbeina aðila, eftir því sem tök eru á, um hvar hið rétta stjórnvald sé að finna svo að hann geti komið erindi sínu á framfæri millilíðalaust.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna skýringarreglu á því hvernig reikna beri út fresti í lögum er varða stjórnsýsluna, en stundum kemur upp ágreiningur um þetta atriði í framkvæmd. Samkvæmt reglunni skal sá dagur, sem frestur er talinn frá, ekki teljast með innan frestsins. Endi frestur á almennum frídegi lengist fresturinn til næsta opnunardags. Að öðru leyti ber að telja þá frídaga með sem eru innan frestsins þegar hann er reiknaður. Þegar reiknaður er t.d. út kærufrestur skv. 27 gr. og ákvörðun er tilkynnt aðila 1. september þarf kæra að berast æðra stjórnvaldi eða vera póstlögð eigi síðar en 1. desember. Beri 1. desember upp á laugardag eða sunnudag mundi kærufresturinn framlengjast fram á næsta opnunardag sem undir venjulegum kringumstæðum væri þá næsti mánudagur þar á eftir, þ.e. 2. eða 3. desember.

Um 9. gr.

Hér er orðuð í 1. mgr. sú óskráða grundvallarregla að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er.

Í 2. mgr. er reglan síðan útfærð varðandi álitsumleitan, en þar kemur fram að leita skuli umsagnar við fyrstu hentugleika og ef leita þurfi eftir fleiri en einni umsögn skuli það gert samtímis þar sem því verði við komið. Þá er einnig kveðið á um að stjórnvald skuli tiltaka fyrir hvaða tíma óskað sé eftir að umsagnaraðili láti umsögn sína í té.

Þar sem viðfangsefni, sem stjórnvöldum berast, eru mjög margvísleg tekur úrlausn þeirra óhjákvæmilega misjafnlega langan tíma. Sum erindi eru þess eðlis að fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla þeirra muni taka nokkurn tíma. Á þetta t.d. við um mál þar sem afla þarf umsagnar annarra aðila, svo og gagna. Þegar fyrirsjáanlegt er þannig að afgreiðsla máls muni tefjast af einhverjum ástæðum ber að skýra aðilum frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Í 4. mgr. er að finna sérstaka kæruheimild, en skoða verður hana í ljósi þess að skv. 2. mgr. 26. gr. er gengið út frá því að ekki verði hægt að kæra þær ákvarðanir, sem ekki binda enda á stjórnsýslumál, fyrr en málið hefur verið til lykta leitt. Þetta síðastnefnda ákvæði er því undantekning frá þessari reglu.

Um 10. gr.

Áður en hægt er að taka stjórnvaldsákvörðun í máli verður að undirbúa málið og rannsaka með það að markmiði að afla nauðsynlegra upplýsinga um málsatvik. Í rannsóknarreglunni felst m.a. sú skylda stjórnvalds að sjá til þess, að eigin frumkvæði, að málsatvik stjórnsýslumáls séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Í reglunni felst hins vegar ekki að stjórnvald þurfi sjálft að afla allra upplýsinga. Þegar aðili sækir um tiltekin réttindi eða fyrirgreiðslu hjá stjórnvaldi getur stjórnvald beint þeim tilmælum til hans að hann veiti upplýsingar og leggi fram þau gögn sem nauðsynleg eru og með sanngirni má ætla að hann geti lagt fram án þess að það íþyngi honum um of. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að stjórnvaldi ber á grundvelli 7. gr. að leiðbeina málsaðila um öflun umbeðinna gagna. Stjórnvald mundi síðan staðreyna eftir atvikum hvort upplýsingar, sem aðili hefði lagt fram, væru réttar til þess að tryggja að ákvörðun yrði tekin á réttum grundvelli.

Það fer eftir eðli stjórnsýslumáls, svo og réttarheimild þeirri sem verður grundvöllur ákvörðunar, hvaða upplýsinga stjórnvald þarf sjálft að afla svo að rannsókn máls teljist fullnægjandi. Mál telst nægjanlega upplýst þegar þeirra upplýsinga hefur verið aflað sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Um nánari afmörkun verður m.a. að líta til þess hversu mikilvægt málið er og hversu nauðsynlegt það er að taka skjóta ákvörðun í málinu. Því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er, þeim mun strangari kröfur verður almennt að gera til stjórnvalds um að það gangi úr skugga um að upplýsingar, sem búa að baki ákvörðun, séu sannar og réttar.

Rannsóknarreglan tengist mjög náið andmælarétti, en oft verður mál ekki nægjanlega upplýst nema aðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér gögn máls, svo og að koma að frekari upplýsingum um málsatvik.

Um 11. gr.

Ákvæði 11. gr. eru byggð á þeirri óskráðu grundvallarreglu stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið jafnræðisreglan.

Í reglunni felst að mál sem eru sambærileg í lagalegu tilliti skuli hljóta sams konar úrlausn. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að ekki er um mismunun að ræða í lagalegu tilliti, jafnvel þótt mismunur sé á úrlausn mála byggist sá mismunur á frambærilegum og lögmætum sjónarmiðum.

Þá er einnig rétt að minna á það að til eru undantekningar frá meginreglunni í 2. mgr. enda eigi þær sér stoð í settum lögum. Þannig teldist það ekki brot gegn 2. mgr. þó að tekið væri sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar eða byggt á því sjónarmiði við val nefndarmanna í stjórnsýslunefndir að skipa sem næst jafnmargar konur og karla, sbr. 3. og 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt eðli máls yrði það heldur ekki talið brot á 2. mgr. þótt litið sé til stjórnmálaskoðana við val í pólitísk störf, svo sem stöður aðstoðarmanns ráðherra, bæjarstjóra eða sveitarstjóra svo að dæmi séu nefnd.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er lagt til að lögfest verði ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið meðalhófsreglan. Grundvallarregla þessi felur m.a. í sér að stjórnvöld verða að gæta hófs í meðferð valds síns. Er stjórnvaldi því ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur ber því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra einstaklinga og lögaðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvaldi að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Í 12. gr. felst í fyrsta lagi að efni íþyngjandi ákvörðunar, sem stjórnvald tekur, verður að vera til þess fallið að þjóna lögmætu markmiði sem að er stefnt. Þetta þýðir þó ekki að markmiðinu verði að ná að fullu.

Í öðru lagi felur ákvæðið í sér að ef fleiri úrræða er völ er þjónað geta því markmiði, sem að er stefnt, skal velja það úrræði sem vægast er. Íþyngjandi ákvörðun skal þannig aðeins taka að ekki sé völ vægara úrræðis sem þjónað geti markmiðinu.

Í þriðja lagi byggir ákvæðið á því að hóf verði að vera í beitingu þess úrræðis sem valið hefur verið og má því ekki ganga lengra en nauðsyn ber til. Stjórnvaldi er sem fyrr segir skylt að vega og meta þau andstæðu sjónarmið sem hér vegast á. Slíkt mat er ekki alltaf auðvelt, en löggjöf á einstökum sviðum og meginreglur laga geyma þó oft vís-

bendingar um vægi hagsmuna. Almennt verður að ganga út frá því að hagsmunir einstaklinga, sem verndar njóta í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár eða alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, vegi þungt og þá sérstaklega hagsmunir er varða frelsi manna og friðhelgi.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um andmælarétt málsaðila. Nauðsynlegt er að tryggja að ákvarðanir stjórnvalda séu löglegar og réttar og byggðar á lögmætum forsendum þannig að réttindi borgaranna verði ekki skert og hagsmunum þeirra stefnt í voða með handahófskenndum ákvörðunum. Á grundvelli þessara réttaröryggissjónarmiða hefur verið talin þörf á því að tryggja betur málsmeðferð stjórnvalda og í því sambandi hafa fræðimenn lagt sérstaka áherslu á regluna um andmælarétt málsaðila. Andmælareglan er meginregla í almennu réttarfari fyrir dómstólunum og hefur einnig víða verið lögfest sem meginregla í stjórnsýslurétti í nágrannaríkjum okkar. Í íslenskum stjórnsýslurétti hefur engin almenn regla um andmælarétt verið lögfest, en hins vegar er ákvæði um andmælarétt víða að finna í íslenskum lögum, sjá fskj. 2 og 3. Af dómsúrlausnum verður einnig ráðið að slíkur réttur geti verið fyrir hendi í ólögákveðnum tilvikum, en fræðimenn hefur greint á um það á hvaða sviðum það sé og hve ríkur sá réttur sé þá.

Kjarni andmælareglunnar er að ekki verði tekin ákvörðun um réttarstöðu aðila fyrr en honum hafi verið gefinn kostur á því (a) að kynna sér málsgögn og málsástæður sem ákvörðun byggist á og (b) að tjá sig um málið. Í reglunni felst að aðili máls, sem til meðferðar er hjá stjórnvaldi, á að eiga kost á því að tryggja réttindi sín og hagsmuni með því að kynna sér gögn máls og málsástæður er ákvörðun mun byggjast á, leiðrétta fram komnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum um málsatvik áður en stjórnvald tekur ákvörðun í máli hans.

Til þess að aðili geti neytt andmælaréttar síns þarf hann að hafa vitneskju um að málið sé til meðferðar hjá stjórnvöldum, hann þarf að eiga greiðan aðgang að málsgögnum og hann þarf að eiga þess kost að tala máli sínu. Í þessum kafla er fjallað um alla þætti andmælaréttar: Skyldu stjórnvalds til þess að tilkynna aðila að mál hans sé til meðferðar, rétt aðila til þess að kynna sér málsgögn og rétt aðila til þess að tjá sig um málsefni.

Andmælareglan á ekki aðeins að tryggja hagsmuni aðila. Tilgangur hennar er einnig sá að stuðla að því að mál verði betur upplýst og þannig tengist hún rannsóknarreglunni, þ.e. að stjórnvöld eigi að stuðla að því að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, sbr. 10. gr.

Um 13. gr.

Í þessari grein kemur fram sú meginregla að megi ætla að aðila máls sé ókunnugt um að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldi skuli stjórnvald vekja athygli hans á því eins fljótt og kostur er. Hér sem endranær kann að geta komið upp vafi um það hver eigi að teljast aðili máls. Við ákvörðun um það hvort hlutaðeigandi eigi aðild að máli verður sem fyrr segir að líta til þess hvort hann eigi lögvarinna hagsmuna að gæta við úrlausn málsins, en málsaðili getur jafnt verið einstaklingur sem lögaðili.

Þessi regla tryggir að aðili máls eigi kost á því að neyta andmælaréttar síns. Ljóst er að ef aðili máls hefur enga vitneskju um að mál hans er til meðferðar hefur hann aldrei tækifæri til þess að notfæra sér rétt sinn til að tjá sig um málið.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna kjarna andmælaréttarins þar sem málsaðila er tryggður réttur til þess að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin í því enda liggi ekki fyrir í gögnum máls afstaða hans eða augljóslega sé óþarft að hann tjái sig. Þannig getur málsaðili komið athugasemdum sínum á framfæri, bent á misskilning eða ónákvæmni í gögnum máls og jafnframt bent á heimildir sem séu betri grundvöllur að ákvörðun máls. Ekki er hins vegar talið nauðsynlegt að málsaðili tjái sig um mál ef afstaða hans liggur fyrir í málsgögnum. Sömuleiðis ef óþarfi er að hann tjái sig, ef um er að ræða hreina ívilnandi ákvörðun, t.d. ef taka á umsókn aðila til greina að öllu leyti.

Þegar aðili máls hefur sótt um tiltekin réttindi eða fyrirgreiðslu hjá stjórnvöldum og fyrir liggur afstaða hans í gögnum máls þarf almennt ekki að veita honum frekara færi á að tjá sig um málsefni eins og fyrr segir. Þegar aðila er hins vegar ókunnugt um að ný gögn og upplýsingar hafa bæst við í máli hans og telja verður að upplýsingarnar séu honum í óhag og hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins er almennt óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær.

Ekki er mælt fyrir um það hvort aðili skuli tjá sig skriflega eða munnlega, en það er á valdi stjórnvalds hvor hátturinn er hafður á. Tjái aðili sig munnlega þarf þó að rita minnisblað um þær athugasemdir er hann kann fram að færa.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að málsaðili eigi rétt á því að kynna sér gögn er mál hans varða. Regla þessi er forsenda þess að málsaðili geti tjáð sig um málefni svo að fullt gagn sé að.

Stjórnvald á ekki aðeins að veita aðila aðgang að málsgögnum, heldur hefur hann einnig rétt á því að fá afrit af málsskjölum óski hann eftir því. Þessi regla á þó ekki við ef skjöl eru þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að því verði ekki við komið með góðu móti.

Þá er forsætisráðherra veitt heimild til þess að gefa út gjaldskrá þar sem tiltekið skal það gjald sem stjórnvöldum er heimilt að taka fyrir ljósrit og endurrit sem veitt verða á grundvelli ákvæða í IV. kafla. Með ákvæðinu er ætlunin að ríkið fái greitt fyrir þann tilkostnað sem hlýst af því að veita endurrit og ljósrit af gögnum máls svo að ríkið verði ekki fyrir kostnaðarauka af þessum sökum. Í ákvæðinu felst hins vegar ekki heimild til þess að taka gjald umfram þann tilkostnað sem almennt má búast við að hljótist af því að veita endurrit og ljósrit af gögnum máls.

Í 2. mgr. kemur fram að lagaákvæði um þagnarskyldu starfsmanna takmarka ekki skyldu stjórnvalda til þess að veita málsaðila aðgang að gögnum máls. Aðgangur að málsgögnum væri til lítils ef starfsmenn stjórnvalda gætu hverju sinni borið fyrir sig reglur um þagnarskyldu. Þagnarskyldureglurnar gilda því ekki gagnvart málsaðila, heldur einungis gagnvart öðrum, t.d. almenningi.

Þá undantekningu er að finna í 3. mgr. að aðili, sem er til rannsóknar vegna þess að grunur hefur fallið á hann um lögbrot eða hann er sóttur til refsingar í opinberu máli, getur ekki krafist aðgangs að gögnum málsins á grundvelli þessara laga. Meðan mál er til rannsóknar hjá lögreglu og öðrum stjórnvöldum áður en ákvörðun er tekin um ákæru er ekki talið rétt að veita aðila aðgang að gögnum máls. Þegar ákæra hefur verið gefin út gilda um málsmeðferðina, þar á meðal birtingu ákæru og aðgang sakbornings að gögnum, ítarlegar reglur laga um meðferð opinberra mála, nú laga nr. 19/1991. Hins vegar get-

ur sakborningur, eftir að meðferð máls er lokið, krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum. Með vísun til 17. gr. verður þó slík krafa ekki tekin til greina t.d. ef sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæla gegn því.

Um 16. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir því sem meginreglu að aðili hafi aðgang að gögnum máls eru hér settar fram nokkrar mikilvægar undantekningar frá þeirri reglu. Í þessari grein er að finna tæmandi upptalningu á þeim gögnum sem undanskilin eru. Að auki geta stjórnvöld, undir vissum kringumstæðum, takmarkað aðgang aðila að gögnum máls, sbr. 17. gr.

Í fyrsta lagi eru undanskilin gögn er varða starf ríkisráðs og ríkisstjórnar. Talið er rétt að vernda starfsemi þessara stjórnvalda sem fara með æðstu stjórn ríkisins. Þessi stjórnvöld taka sjálf ákvarðanir um birtingu gagna sem til umfjöllunar eru á fundum þeirra.

Í öðru lagi eru undanskilin bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Stjórnvöld njóta hér jafnræðis við aðra aðila, sem hugsanlega eru að undirbúa málaferli gegn þeim, með því að þurfa ekki að birta bréfaskipti sín við sérfróða aðila sem eru þeim til ráðgjafar við málshöfðun eða rekstur dómsmáls.

Í þriðja lagi eru undanskilin vinnuskjöl sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota við meðferð máls. Þessi skjöl eru liður í ákvarðanatöku um mál og hafa oft að geyma vangaveltur um mál, uppkast að svari eða útskýringar á staðreyndum og kunna síðar að breytast við nánari skoðun. Hafi vinnuskjöl hins vegar að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar, sem ekki verður aflað annars staðar frá, á aðili aðgang að skjölunum eða hluta þeirra, sbr. 2. mgr.

Ef sjónarmið um gagnaleynd eiga við um hluta skjals er kveðið á um það í 2. mgr. að veita skuli málsaðila aðgang að öðrum hlutum skjalsins.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild stjórnvalds til þess að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls vegna ríkra almannahagsmuna, einkahagsmuna eða með tilliti til aðila sjálfs, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum. Á það ber að leggja ríka áherslu að líta ber á þetta heimildarákvæði sem þrönga undantekningarreglu, sbr. orðalagið „þegar sérstaklega stendur á“, því að meginreglan er sú að málsaðili hefur rétt á því að kynna sér málsgögn.

Við mat á því hvort heimildinni skuli beitt þarf að vega það og meta hvort hagsmunir málsaðila af því að fá aðgang að gögnunum séu ríkari en þeir almanna- eða einkahagsmunir sem kalla á að takmarka þann aðgang. Hér koma t.d. til skoðunar öryggis- og viðskiptahagsmunir ríkisins, svo og samskipti þess við erlend ríki og alþjóða- og fjölþjóðastofnanir, einnig tillit til einstaklinga eða lögaðila sem hafa verulega hagsmuni af því að upplýsingar, er þá varða, fari leynt. Í greininni kemur einnig fram að reglan um aðgang að gögnum máls raskar ekki rétti manna samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nú lögum nr. 121/1989.

Um 18. gr.

Stjórnvald getur sett aðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn og tjá sig um mál. Verður að haga þeim fresti eftir aðstæðum, en almennt ber að hafa frestinn stuttan á grundvelli reglunnar um málshraða og skilvirkni stjórnvalda, sbr. 9. gr.

Í 2. mgr. segir að aðili máls geti krafist þess að afgreiðslu máls sé frestað hafi stjórnvald ekki þegar gefið slíkan frest skv. 1. mgr. Þegar stjórnvald tekur ákvörðun um lengd frests skal m.a. taka tillit til fjölda skjala og umfangs og eðlis málsins.

Settar eru takmarkanir á veitingu frests til málsaðila ef það stangast á við lögmæltan frest til afgreiðslu máls. Ljóst er hins vegar að stjórnvöldum ber að haga málsmeðferð þannig að málsaðilum gefist kostur á því að kynna sér gögn og tjá sig um mál. Þannig eiga stjórnvöld ekki að geta dregið mál á langinn án þess að tilkynna málsaðila um að málið sé til meðferðar þar til lögmæltur frestur er að renna út.

Að jafnaði á aðili einungis rétt á því að fá frest einu sinni í sama máli áður en ákvörðun er tekin nema fram komi nýjar upplýsingar er skipt geta sköpum við úrlausn málsins. Þá er eðlilegt að aðila verði veittur nýr frestur til að kynna sér hinar nýju upplýsingar og tjá sig um þær, svo framarlega sem ekki er farið fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um með hvaða hætti stjórnvald skuli standa að því að tilkynna málsaðila um synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum máls, svo og um kæruheimild málsaðila þegar aðgangi er synjað eða hann takmarkaður.

Telji stjórnvald að synja beri aðila um aðgang að gögnum máls eða takmarka beri aðgang að nokkru leyti skal sú ákvörðun tilkynnt málsaðila þannig að hann geti kært hana telji hann það nauðsynlegt. Mörg mál eru viðkvæm og þess eðlis að málsaðili verður að hafa heimild til þess að kæra umsvifalaust þá ákvörðun stjórnvalds að synja eða takmarka aðgang að málsgögnum. Hætt er við að réttaröryggi það, sem andmælaréttinum er ætlað að tryggja, yrði skert ef þessi kæruheimild væri ekki til staðar.

Stjórnvaldi ber að tilkynna aðila um synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum máls á sama hátt og mælt er fyrir um í 20. gr. Skal því leiðbeina aðila um rétt hans til þess að fá ákvörðunina rökstudda, um kæruheimild o.s.frv., sé ákvörðun tilkynnt skriflega. Þá ber stjórnvaldi að rökstyðja ákvörðun sína í samræmi við 21. gr. komi fram beiðni um slíkt frá aðila máls innan 14 daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðun.

Í 3. mgr. er aðila veittur 14 daga frestur til þess að kæra ákvörðun stjórnvalds um synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum. Um útreikning á kærufresti gilda annars ákvæði 27. gr. eftir því sem við á. Þar sem málsaðila er veittur 14 daga frestur getur stjórnvald ekki tekið endanlega ákvörðun í málinu fyrr en fresturinn er liðinn þannig að ljóst sé hvort málsaðili hafi kært eða ekki. Ef engin kæra liggur fyrir eftir að fresti lýkur er hægt að taka ákvörðun án tafar. Hafi málsaðili hins vegar kært ákvörðunina verður stjórnvald að bíða með að taka efnisákvörðun í málinu þar til niðurstaða í kærumálinu liggur fyrir.

Um V. kafla.

Þessi kafli fjallar um rökstuðning og birtingu stjórnvaldsákvarðana.

Þegar teknar eru ákvarðanir í stjórnsýslunni eru þær byggðar á tilteknum réttarheimildum, sjónarmiðum o.s.frv. Það eru því ávallt rök sem liggja til grundvallar því hvers vegna niðurstaða máls verður sú sem raun er á. Úrlausn þess hvort stjórnvaldi beri að rökstyðja ákvörðun snýst því ekki um það hvort ástæður eða rök þurfi að liggja að baki ákvörðun, heldur um það hvort stjórnvaldi beri að láta í té skriflegan rökstuðning um þau atriði sem réðu við úrlausn máls og leiddu til niðurstöðu í því.

Að gildandi rétti er ekki til að dreifa almennri skyldu til rökstuðnings stjórnvalds-

ákvörðunum. Hins vegar er að finna dreifð ákvæði um rökstuðning í lögum, sjá fskj. 5. Í ólögákveðnum tilvikum hefur sums staðar verið talið að fyrir hendi væri skylda til rökstuðnings, t.d. þegar um er að ræða úrskurði æðri stjórnvalda í kærumálum, svo og ákvarðanir stjórnvalda sem fela í sér fullnaðarúrskurð. Hefur þó ríkt veruleg réttaróvissa í þessum efnum. Er því lagt til að tekin verði upp í lög almenn regla um skyldu til rökstuðnings stjórnvaldsákvörðunum.

Út frá sjónarmiðum um réttaröryggi og traust almennings á stjórnsýslunni verður að telja mikilvægt að stjórnvaldsákvörðunum fylgi rökstuðningur. Það sem helst mælir með almennri reglu um rökstuðning er að slík regla er almennt talin auka líkur á því að ákvarðanirnar verði réttar þar sem hún knýr á um það að stjórnvald vandi til undirbúnings að ákvörðun og leysi úr máli á málefnalegan hátt.

Þegar rökstuðningur fylgir ákvörðun stuðlar hann einnig að því að aðili máls fái í raun skilið niðurstöðu þess þar sem hann getur staðreynt að ákvörðun eigi sér stoð í lögum og sé í samræmi við þau. Rökstuðningur fyrir ákvörðun getur því orðið til þess að aðili máls uni ákvörðun þótt hún sé honum óhagstæð. Af rökstuðningi getur aðila líka orðið ljóst að starfsmaður, sem tekið hefur ákvörðun, hafi verið í villu um staðreyndir máls eða að ákvörðun sé haldin öðrum annmarka. Þegar rökstuðningur fylgir ákvörðun á aðili máls auðveldara með að taka ákvörðun um það hvort leita eigi eftir endurupptöku málsins, hvort kæra eigi ákvörðunina til æðra stjórnvalds eða bera málið undir dómstóla eða umboðsmann Alþingis ef skilyrði eru til þess.

Þá er einnig ljóst að til þess að eftirlit æðri stjórnvalda, dómstóla og umboðsmanns Alþingis sé sem virkast verður að vera ljóst á hvaða grundvelli stjórnvaldsákvörðun er byggð. Oft getur verið erfitt að staðreyna hvort ákvörðun er t.d. byggð á ólögmætum sjónarmiðum, rangri túlkun réttarheimilda o.s.frv., ef henni hefur ekki fylgt rökstuðningur.

Þá má nefna að það er ein af forsendum þess að jafnræðisreglan sé virt í stjórnsýslu að starfsmönnum, sem við hana fást, sé ljóst á hvaða grundvelli sambærilegar eldri ákvarðanir hafa verið teknar. Einnig er rökstuðningur ákvarðana til þess fallinn að auka stöðugleika í stjórnsýslu þar sem nýir starfsmenn geta af rökstuðningi eldri ákvarðana gert sér grein fyrir þeim sjónarmiðum sem áður hafa verið lögð til grundvallar við úrlausn mála. Þá getur rökstuðningur fyrir eldri ákvörðunum einnig orðið til mikils hagræðis við afgreiðslu nýrra mála sem eru sambærileg í lögfræðilegu tilliti.

Rökstuðningur æðri stjórnvalda fyrir ákvörðunum sínum hefur einnig veigamikla þýðingu fyrir lægri stjórnvöld þar sem af honum verður ráðið á hvaða sjónarmiðum er byggt hverju sinni. Það er því oft forsenda fyrir fordæmisgildi úrskurða frá æðri stjórnvöldum að þeim fylgi rökstuðningur. Þá hljóta einnig að vera gerðar meiri kröfur til réttaröryggis við úrlausn kærumála og er af þeirri ástæðu eðlilegt að hafa rökstuðning, sem fylgir úrskurðum í kærumálum, enn skýrari en ella.

Ýmis rök mæla hins vegar gegn því að skylda stjórnvöld til þess að láta ávallt skriflegan rökstuðning fylgja ákvörðunum sínum. Það tekur t.d. nokkurn tíma að rökstyðja ákvarðanir og þar sem hundruð þúsunda, jafnvel milljónir ákvarðana eru teknar í stjórnsýslunni á hverju ári er hér um að ræða aukið vinnuálag sem bæði getur seinkað afgreiðslu mála og kallað á aukinn mannafla og þar með aukin útgjöld. Af þessum sökum getur verið réttlætanlegt að takmarka nokkuð skyldu stjórnvalda til þess að láta rökstuðning fylgja ákvörðunum svo að skilvirkni stjórnsýslunnar minnki ekki til muna.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að sú meginregla gildi í stjórnsýslunni að stjórnvöldum beri því aðeins að rökstyðja ákvarðanir að fram komi beiðni um það frá

aðila máls eftir að ákvörðun hefur verið birt honum. Ekki yrði þá lögð vinna í það að rökstyðja þær ákvarðanir sem aðilar vildu una.

Þótt lagt sé til að eftirfarandi rökstuðningur verði meginreglan er hins vegar ljóst að á sumum sviðum er eðlilegast að setja sérreglur í lög um að rökstuðningur skuli fylgja ákvörðun, t.d. þar sem um mjög mikilvægar og íþyngjandi ákvarðanir er að ræða. Er gengið út frá því að við setningu sérlaga hverju sinni verði tekin afstaða til þess hvort ástæða sé til að mæla fyrir um slíka skipan.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir undantekningum frá fyrrnefndri meginreglu, svo sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Rétt er að hafa í huga að skv. 1. gr. tekur V. kafli aðeins til meðferðar mála þar sem tekin er ákvörðun um réttindi og skyldur manna en nær t.d. ekki til formákvarðana, þ.e. ákvarðana sem lúta að meðferð máls og binda ekki enda á stjórnsýslumál.

Um 20. gr.

Í 20. gr. eru annars vegar ákvæði um birtingu stjórnvaldsákvarðana og hins vegar ákvæði um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda um nokkur atriði varðandi stjórnsýslukæru og tímafrest til málshöfðunar.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú óskráða meginregla sem nefnd hefur verið birtingarreglan. Reglan er þess efnis að birta beri aðila máls efni þeirrar ákvörðunar sem bindur enda á stjórnsýslumál. Það leiðir af eðli máls, svo og réttaröryggissjónarmiðum, að birta verður aðila ákvörðun sem á að skuldbinda hann. Engin lagaákvæði eru til um birtingu einstaklegra stjórnvaldsákvarðana, sbr. hins vegar ákvæði laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Aftur á móti er að finna ósamstæð ákvæði á víð og dreif í lögum, sjá fskj. 4.

Skyldan til að tilkynna ákvörðun hvílir á því stjórnvaldi sem ákvörðun tekur. Tilkynna ber öllum aðilum máls um ákvörðunina og skal það gert án ástæðulausrar tafar.

Í 20. gr. er ekki mælt fyrir um sérstakan birtingarhátt. Í ýmsum dreifðum lagaákvæðum er svo mælt fyrir að ákvarðanir séu tilkynntar með formlegum hætti og í lögum nr. 64/1943 er ráð fyrir því gert að tilteknar ákvarðanir séu birtar opinberlega í Lögbirtingablaði, sbr. 3. gr. laganna. Í ólögfestum tilvikum ræðst birtingarhátturinn oft af formi ákvörðunar. Eru skriflegar ákvarðanir því almennt tilkynntar skriflega en aðrar oft munnlega. Í vöxt virðist hafa færst að ákvarðanir séu tilkynntar skriflega enda er meginreglan sú að hver sá, sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald, eigi almennt rétt á að fá skriflegt svar nema svars sé ekki vænst. Verður að telja, með tilliti til réttaröryggis, að eðlilegast sé að íþyngjandi ákvarðanir séu tilkynntar skriflega þar sem því verður við komið. Þá ber ávallt að tilkynna ákvörðun skriflega komi fram beiðni um það frá aðila máls. Ganga má út frá því að aðili máls geti almennt fengið ákvörðun staðfesta skriflega, sem honum hefur verið tilkynnt munnlega, óski hann þess enda þótt hann kunni ekki lengur að eiga rétt til þess að fá hana rökstudda.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að ákvörðun sé bindandi eftir að hún er komin til aðila máls. Hins vegar er það ekki gert að skilyrði í þessu sambandi að ákvörðun sé komin til vitundar hans.

Enda þótt gildissvið birtingarreglunnar í 20. gr. sé að meginstefnu til bundið við ákvarðanir, sem binda enda á stjórnsýslumál, er ljóst, eðli máls samkvæmt, að einnig verður að tilkynna aðila um sumar ákvarðanir er snerta meðferð máls. Má í þessu sambandi benda á að í 19. gr. er lagt til að sú regla verði sérstaklega lögfest að tilkynna skuli

aðila máls um ástæður fyrir því að ekki hafi verið orðið við beiðni hans um að veita honum aðgang að tilteknum gögnum máls.

Í 2.–4. mgr. 20. gr. eru ákvæði um þær leiðbeiningar sem veita skal þegar ákvarðanir eru birtar.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem búa að baki rökstuðningi fyrir ákvörðunum. Þar sem ekki er hægt að búast við því að aðili þekki rétt sinn til að fá skriflegan rökstuðning fyrir ákvörðun þykir eðlilegt að veittar séu leiðbeiningar um þann rétt þegar aðila er birt ákvörðun skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur.

Meginrökin fyrir því að veita heimild til þess að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds er að stuðla að auknu réttaröryggi. Ekki er hægt að búast við því að aðilum sé kunnugt um kæruheimildir, hvert beina skuli kæru, kærufresti, svo og kærugjöld. Þykir því rétt og skylt að veita leiðbeiningar um þessi atriði þegar ákvörðun er birt sé kæruheimild til staðar.

Í 3. tölul. 2. mgr. er svo loks mælt fyrir að veita skuli leiðbeiningar um tímafrest til málshöfðunar vegna ákvörðunar ef slíkur tímafrestur er lögákveðinn. Hér er ekki um að ræða skyldu til að benda aðila á þann möguleika að leita til dómstóla, heldur aðeins skyldu til að veita leiðbeiningar um lögbundna málshöfðunarfresti þar sem þeim er til að dreifa, en þeir eru fremur sjaldgæfir í íslenskum lögum.

Leiðbeiningarskylda 2. og 3. mgr. tekur til efnisákvarðana í málum, svo og annarra ákvarðana sem ekki binda enda á mál en eru þó kæranlegar einar sér. Hér má t.d. benda á synjun um aðgang að gögnum máls, sbr. 19. gr.

Leiðbeiningarskyldan er bundin við þær ákvarðanir sem tilkynntar eru skriflega og er þá gengið út frá því að ákvarðanir verði ekki tilkynntar munnlega í ríkari mæli en nú er gert. Í þeim tilvikum ber að veita leiðbeiningar um heimild til að fá ákvörðun rökstudda á grundvelli 7. gr., sbr. 21. gr.

Fylgi rökstuðningur ákvörðun þegar hún er birt skal veita leiðbeiningar um stjórnsýslukæru, sé kæruheimild fyrir hendi, og um málshöfðunarfrest ef slíkur frestur er lögákveðinn, sbr. 3. mgr. 20. gr.

Ekki þarf að veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. hafi umsókn aðila máls verið tekin til greina að öllu leyti. Er það í samræmi við 2. mgr. 21. gr. þar sem mælt er fyrir um að ekki þurfi heldur að rökstyðja ákvörðun þar sem umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti.

Ef fleiri en einn aðili er að stjórnsýslumáli og ekki hefur verið orðið við umsókn eða kröfum þeirra allra ber að veita þeim öllum leiðbeiningar skv. 20. gr.

Veita skal leiðbeiningarnar skv. 20. gr. skriflega og skulu þær fylgja þegar ákvörðun er tilkynnt. Leiðbeiningarnar er hins vegar hægt að hafa í stöðluðu formi og geta þær t.d. verið prentaðar eða stimplaðar á skjal það sem hefur að geyma ákvörðunina. Þar sem ritvinnsla er notuð væri hægt að vista staðlaðar leiðbeiningar í fjölva til flýtiauka. Ætti því leiðbeiningarskylda stjórnvalda samkvæmt þessari grein að jafnaði ekki að vera þungbær í framkvæmd.

Um 21. gr.

Aðili máls á rétt á því að fá rökstuðning fyrir ákvörðun, sem hefur verið birt honum, hafi ekki fylgt henni skriflegur rökstuðningur.

Ekki er þó skylt að rökstyðja ákvarðanir þar sem umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti. Ef vafi léki á því hvort ákvörðun væri að öllu leyti í samræmi við

umsókn aðila væri eðlilegast að rökstyðja slíka ákvörðun að framkominni beiðni. Þar sem gert er ráð fyrir því í öðrum lögum að ívilnandi ákvarðanir séu rökstuddar ganga þau ákvæði framar ákvæðum 1. tölul. 2. mgr.

Þó að aðili máls óski eftir að fá rökstuðning fyrir ákvörðun hefur það ekki í för með sér að réttaráhrif ákvörðunar frestist.

Í 2. tölul. 2. mgr. kemur fram sú undantekning að ákvæði 1. mgr. gildi ekki sé um að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum. Þykir það of viðurhlutamikið ef rökstyðja ætti allar prófúrlausnir skriflega í grunnskólum, framhaldskólum og háskólum ef fram kæmi krafa um slíkt. Rétt er þó að vekja athygli á því að oftast ættu nemendur rétt á munnlegum skýringum kennara. Má í því sambandi benda á 2. mgr. 29. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, þar sem fram kemur að stúdent eigi rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar.

Í 3. tölul. 2. mgr. er enn fremur gerð undantekning frá 1. mgr. sé um að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda. Slíkar ákvarðanir eru mjög háðar mati og því oft og einatt erfitt að rökstyðja þær með hlutlægum hætti.

Í 3. mgr. kemur fram að beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skuli bera fram innan 14 daga frá því að aðila máls var birt ákvörðun. Þar sem rökstuðningur á að vera skrifleg greinargerð um þau sjónarmið, sem raunverulega voru ráðandi við úrlausn máls, er ljóst að ekki má líða mjög langur tími frá því að ákvörðun var tekin og þar til rök eru færð fyrir henni. Þótt 14 daga fresturinn sé liðinn getur aðili þó fengið ákvörðunina sjálfa staðfesta skriflega enda þótt hann eigi ekki lengur rétt á að fá rökstuðning fyrir henni.

Ekki eru gerðar neinar formkröfur að því er varðar beiðni um rökstuðning. Munnleg beiðni mundi almennt nægja.

Beina ber beiðni um rökstuðning til þess stjórnvalds er tók ákvörðunina enda ber því almennt að færa rök fyrir henni. Undantekning frá þessari reglu kemur þó fram í 4. mgr. 22. gr., en þar er lögfest að formaður skuli færa rök fyrir ákvörðun stjórnsýslunefndar hafi nefndin ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni.

Veita skal rökstuðning fyrir ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Þykir rétt að lögfesta þá reglu að svara skuli beiðni um rökstuðning innan 14 daga. Er þetta mikilvægt svo að ekki sé farið að fyrnast yfir þau sjónarmið sem raunverulega voru ráðandi við úrlausn máls hjá þeim starfsmanni er réð málinu til lykta.

Dragist að veita umbeðinn rökstuðning fram yfir hinn lögákveðna frest af óviðráðanlegum orsökum ber að skýra aðila frá því og upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta, sbr. 3. mgr. 9. gr.

Í 4. mgr. kemur fram að úrskurðum í kærumálum skuli ávallt fylgja rökstuðningur og gildir þá einu um hvers konar ákvörðun er að ræða, t.d. hvort hún er að öllu leyti ívilnandi. Þessi regla kemur einnig fram í 4. tölul. 31. gr. Ákvæði 4. mgr. felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 1.–3. mgr., að aðeins skuli rökstyðja ákvarðanir eftir á, að beiðni aðila máls.

Um 22. gr.

Í 22. gr. eru ákvæði sem mæla fyrir um það hvaða atriði skuli koma fram í rökstuðningi fyrir stjórnvaldsákvörðun. Hér er um að ræða þau lágmarksskilyrði sem ávallt eru gerð til efnis rökstuðnings.

Samkvæmt 1. mgr. ber í fyrsta lagi að vísa til þeirrar réttarheimildar sem ákvörðunin byggist á. Almennt væri nægjanlegt að vísa aðeins með hefðbundnum hætti til rétt-

arheimilda, þ.e. til greinar, nafns og númers laga eða reglugerðar. Þyrfti því almennt ekki að taka upp orðréttan texta lagaákvæða. Það er hins vegar ekkert sem mælir á móti því að það sé gert, enda getur það óneitanlega verið mun aðgengilegra fyrir ólöglærða aðila.

Ef ákvörðun byggist á lögskýringu, sem ekki er almennt þekkt á umræddu sviði, ber að gera stuttlega grein fyrir henni.

Ef ákvörðun er byggð á réttarreglu, sem eftirlætur stjórnvaldi mat, er ljóst að tilvísun til slíkrar réttarreglu veitir aðila takmarkaða vitneskju um það hvaða ástæður leiddu til niðurstöðu máls. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gera í slíkum tilvikum grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Þá ber, eftir því sem ástæða er til, að rekja í stuttu máli þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins. Þetta á t.d. við ef staðreyndir máls eru umdeildar. Ber þá að gera grein fyrir því hvaða afstöðu stjórnvald hefur tekið til þeirra atriða er varða sönnun í málinu. Hér getur einnig skipt máli hvort aðili hafi nýtt sér rétt sinn til að kynna sér gögn máls. Sé aðila ókunnugt um staðreyndir, sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins, skal í stuttu máli gera grein fyrir þeim. Ef athafnir aðila hafa valdið því að stjórnvald beitir aðila þvingunarúrræðum eða viðurlögum er rétt að gera grein fyrir því í rökstuðningi fyrir slíkum ákvörðunum hvaða athafnir aðila það voru sem taldar eru réttlæta slík úrræði. Ef fyrir liggur í málinu umsögn sérfróðs aðila sem ekki er lögð til grundvallar ber að gera grein fyrir ástæðum þess.

Í 22. gr. er ekki kveðið á um það hversu ítarlegur rökstuðningur skuli vera. Að meginstefnu til á rökstuðningur stjórnvaldsákvarðana að vera stuttur, en þó það greinargóður að búast megi við því að aðili geti skilið af lestri hans hvers vegna niðurstaða máls hefur orðið sú sem raun varð á. Það fer því ávallt eftir atvikum hverju sinni hversu ítarlegur rökstuðningur þarf að vera svo að hann uppfylli framangreint skilyrði. Í flestum tilvikum ætti að nægja tiltölulega stuttur rökstuðningur í málum á fyrsta stjórnsýslustigi. Meiri kröfur verður hins vegar að gera til rökstuðnings fyrir úrskurðum í kærumálum. Þá er og rétt að rökstyðja ítarlega þær ákvarðanir sem eru mjög íþyngjandi.

Af framansögðu má því ljóst vera að orðatiltæki eins og „með vísan til staðreynda málsins ákveðst að . . .“ eða „samkvæmt öllu framansögðu og að virtum gögnum málsins úrskurðast . . .“ nægja ekki ein og sér sem rökstuðningur þar sem í þeim felst ekki það sem koma verður fram í rökstuðningi samkvæmt ákvæðum 21. gr.

Í úrskurðum í kærumálum er heimilt að vísa til rökstuðnings lægra setts stjórnvalds í málinu þar sem fallist er á hann, svo framarlega sem sá rökstuðningur uppfyllir þau skilyrði sem gera ber til úrskurða í kærumálum.

Í 3. mgr. er heimild til þess að takmarka rökstuðning að svo miklu leyti sem vísa þarf til gagna sem málsaðila er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem stjórnsýslunefnd hefur ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni, skal formaður færa rök fyrir ákvörðuninni með tilliti til þeirra sjónarmiða sem lágu henni til grundvallar og fram komu á fundi nefndarinnar.

Um VI. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman ákvæðum er varða það álitaefni hvenær stjórnvald geti breytt ákvörðun sinni.

Í 23. og 25. gr. eru heimildir fyrir stjórnvald til þess að breyta, leiðrétta eða afturkalla ákvörðun að eigin frumkvæði, en heimildin í 24. gr. til endurupptöku máls er bundin við að fram komi beiðni frá aðila máls.

Almennar málsmeðferðarreglur eiga við um endurupptöku máls og afturköllun eftir því sem við getur átt. Þannig ber t.d. að vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið um það vitneskju fyrir fram og gefa honum færi á að kynna sér gögn máls og koma að sjónarmiðum sínum áður en ákvörðun er tekin o.s.frv.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að stjórnvald geti breytt ákvörðun sinni allt fram til þess er hún hefur verið birt aðila málsins af þar til bæru stjórnvaldi, en upp frá því er ákvörðun bindandi, sbr. 1. mgr. 20. gr. Stjórnvald ætti því almennt að geta breytt ákvörðun sinni enda þótt aðili máls hefði heyrt orðróm um efni ákvörðunar. Hins vegar ber þess að gæta að stjórnvaldi ber að birta aðila ákvörðun sína án ástæðulausra tafa. Af þeim sökum hefur stjórnvald almennt ekki mikið svigrúm tímans vegna til breytinga skv. 1. mgr. 23. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðun, svo sem misritun á orði, nafni eða tölu og reikningsskekkju, svo og aðrar bersýnilegar villur er varða form ákvörðunar. Heimildin tekur hins vegar ekki til leiðréttingar á efni ákvörðunar. Hafi því t.d. efni ákvörðunar orðið rangt vegna lögvillu stjórnvaldsins, ónógra upplýsinga um málsatvik eða þess háttar tilvika er ekki unnt að breyta ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis.

Þegar ákvörðun er leiðrétt ber að tilkynna aðilum málsins um leiðréttinguna án tafar, svo og þeim sem fengið hafa endurrit af umræddri ákvörðun. Þeim sem fengið hafa endurrit af ákvörðuninni skal látið í té nýtt endurrit.

Um 24. gr.

Almennt virðist gengið út frá því í stjórnsýslurétti að stjórnvald hafi á sumum sviðum nokkuð víðtæka heimild til þess að endurupptaka mál komi fram beiðni um slíkt frá öllum aðilum að hlutaðeigandi máli. Aðilar máls virðast hins vegar engan veginn hafa eins víðtækan rétt til þess að fá mál sín endurupptekin. Er það því mjög oft undir stjórnvaldi komið hvort orðið verður við beiðni aðila um endurupptöku máls.

Fremur algengt er að hafi ákvarðanir orðið rangar eða óheppilegar að efni til sé þeim breytt eftir að mál hafa verið tekin upp að nýju að beiðni aðila. Þessi leið er almennt bæði fljótvirk og kostnaðarlítil ef endurskoða þarf ákvarðanir stjórnvalda. Þykir því heppilegt að í stjórnsýslulögum sé kveðið á um rétt aðila máls til þess að fá mál sitt endurupptekið í eftirgreindum tveimur tilvikum.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. á aðili máls rétt á því að mál verði tekið til meðferðar á ný ef stjórnvaldsákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Hér verður því að vera um að ræða upplýsingar sem byggt var á við ákvörðun málsins en ekki rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem mjög litla þýðingu höfðu við úrlausn þess.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef íþyngjandi ákvörðun um viðvarandi boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin. Ef atvik þau, sem talin voru réttlæta slíka ákvörðun, hafa breyst verulega er eðlilegt að aðili eigi rétt á því að málið sé tekið til meðferðar á ný og athugað hvort skilyrði séu fyrir því að fella ákvörðunina niður eða milda hana. Ákvæði þetta hefur náin tengsl við meðalhófsregluna í 12. gr.

Rétt er að taka fram að aðili máls getur að sjálfsögðu átt rétt til endurupptöku máls í fleiri tilvikum en þessum tveimur, ýmist á grundvelli lögfestra reglna eða óskráðra, sjá fskj. 6.

Í 2. mgr. 24. gr. er að finna skilyrði sem sett eru til þess að viðhalda hæfilegri festu í stjórnsýsluframkvæmd og er ætlað að koma í veg fyrir að verið sé að endurupptaka mjög gömul mál sem erfitt getur verið að upplýsa. Markmiðið með ákvæðum 2. mgr. er að stuðla að því að mál séu til lykta leidd svo fljótt sem unnt er. Telji aðili þörf á endurupptöku máls ber honum að bera fram beiðni þar að lútandi án ástæðulauss dráttar.

Samkvæmt 2. mgr. þarf aðili máls ekki að uppfylla önnur skilyrði til þess að fá mál endurupptekið en fram koma í 1. mgr. sé beiðni borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun málsins var tilkynnt honum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. eða frá því að aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun var byggð á, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Eftir að fyrrgreindur þriggja mánaða frestur er liðinn verður beiðni um endurupptöku máls ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki annarra aðila málsins. Þykir rétt að takmarka endurupptöku máls með þessum hætti ef hún fer í bága við hagsmuni annarra aðila máls.

Eftir að eitt ár er liðið frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun sem 1. tölul. 1. mgr. nær til eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun er byggð á, sbr. 2. tölul. 1. mgr., verður mál ekki endurupptekið, nema fyrir liggi samþykki annarra aðila málsins og veigamiklar ástæður mæli með því.

Mál verður ekki endurupptekið ef einhver aðila þess hefur kært málið til æðra stjórnvalds áður en beiðni um endurupptöku málsins hefur komið fram. Ef óskað er eftir endurupptöku áður en mál er kært bæri æðra stjórnvaldi almennt að vísa málinu frá af þeim sökum. Eftir að ný ákvörðun hefði svo verið tekin í málinu af hinu lægra stjórnvaldi væri aðila heimilt að kæra málið á ný.

Um 25. gr.

Hér er að finna fyrirmæli um afturköllun á stjórnvaldsákvörðun, en í stjórnsýslurétti er almennt gengið út frá að með því hugtaki sé átt við það þegar stjórnvald tekur að eigin frumkvæði aftur lögmæta ákvörðun sína sem þegar hefur verið birt.

Samkvæmt 1. tölul. getur stjórnvald afturkallað ákvörðun sína ef það er ekki til skaða fyrir neinn af aðilum máls. Það er því t.d. heimilt að afturkalla ákvörðun sem er íþyngjandi fyrir einn af aðilum máls ef það skaðar ekki aðra aðila málsins. Ákvæðið hefur náin tengsl við 12. gr. Komi í ljós að ekki hafi verið nægjanlega ríkar ástæður til þess að taka ákvörðun sem íþyngir aðila eða aðstæður hafa breyst frá því að ákvörðun var tekin er stjórnvaldi veitt heimild með ákvæðinu í 1. tölul. til þess að afturkalla slíka ákvörðun að eigin frumkvæði.

Í 2. tölul. kemur fram heimild sem almennt hefur ekki verið talin til afturköllunar í stjórnsýslurétti en er þó það skyld afturköllun að rétt þykir að taka hana með í 25. gr. Samkvæmt þessu ákvæði er stjórnvaldi veitt heimild til að taka aftur ákvörðun sína að eigin frumkvæði í þeim tilvikum þar sem ákvörðun verður að teljast ógildanleg. Leysa ber úr því hvort ákvörðun er haldin ógildingarannmarka eftir sömu sjónarmiðum og dómstólar gera.

Um VII. kafla.

Til þess að stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalda séu réttar er oft reynt að haga uppbyggingu stjórnkerfisins með þeim hætti að hægt sé að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar hjá öðrum aðilum en stjórnvaldi því er ákvörðunina tók. Eitt af úrræðunum er nefnt stjórnsýslukæra. Með stjórnsýslukæru er átt við það réttarúrræði að aðili máls eða annar sá sem á kærurétt skjóti stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem þá sé skylt að endurskoða ákvörðunina.

Stjórnsýslukæra hefur að sumu leyti kosti umfram þá leið að bera mál undir dómstóla. Má þar nefna að kæra er ódýr, skilvirk og fremur einföld leið til þess að fá ákvörðun endurskoðaða. Þá hafa æðri stjórnvöld yfirleitt tiltölulega rúma heimild til þess að taka afstöðu til mats lægri stjórnvalda, auk þess sem þau hafa ekki einasta heimild til þess að fella ákvörðun niður, heldur oftast að auki vald til þess að taka nýja ákvörðun í staðinn.

Almennt hefur verið viðurkennt hér á Íslandi að sú óskráða réttarregla gildi að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds sé æðra stjórnvald á annað borð til staðar. Þessi regla er þó ekki án undantekninga.

Þar sem stjórnsýslukæra getur verið mjög áhrifaríkt úrræði til þess að auka réttaröryggi í stjórnsýslunni er lagt til að tekin verði í lög nokkrar meginreglur um meðferð kærumála til þess að koma kærumeðferð í fastari skorður og gera hana að virkara úrræði en hún hefur verið til þessa. Þess ber að geta að í íslenskum rétti eru fá ákvæði til um meðferð kærumála, sjá fskj. 7.

Í kaflanum eru ákvæði um kæruheimild, kærufresti, réttaráhrif kærðrar ákvörðunar og málsmeðferð í kærumálum, svo og form og efni úrskurða í kærumálum.

Ekki er vikið að formi né efni kæru í þessum kafla, en gengið er út frá því sem vísu að ekki verði gerð sérstök krafa til forms ákæru. Er því gert ráð fyrir því að hægt verði að kæra bæði munnlega og skriflega. Í sérlögum er hins vegar að finna ákvæði þar sem það er gert að skilyrði að kæra sé skrifleg. Varðandi efni kæru er almennt gengið út frá því að nægjanlegt sé að aðili tjái æðra stjórnvaldi að hann sé óánægður með ákvörðunina. Á grundvelli leiðbeiningarreglunnar í 7. gr. og rannsóknarreglunnar í 10. gr. ber æðra stjórnvaldi síðan að leiðbeina aðila og ganga úr skugga um hvort hann óski eftir að kæra ákvörðunina. Sé svo er rétt að æðra stjórnvaldið inni aðila eftir upplýsingum um hvaða ákvörðun um sé að ræða, kröfur hans og rök, svo og um aðrar upplýsingar og gögn er málið varða. Í sérlögum má finna ákvæði þar sem mælt er fyrir um að í kæru skuli koma fram tiltekið efni, svo sem kröfur aðila og rök fyrir þeim.

Í kaflanum er heldur ekki að finna ákvæði um kæruaðild, en samt sem áður er rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem hafa skal til viðmiðunar við ákvörðun á því hverjir eigi aðild að kærumálum. Svo sem áður er minnst á er ekki hægt að kveða á um það í eitt skipti fyrir öll, heldur verður það ávallt að metast eftir atvikum hverju sinni. Við ákvörðun á því hvort tiltekinn maður eða lögaðili eigi aðild verður að líta til þess hvort sá hinn sami eigi einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins.

Kæra, sem borin er fram á formlega réttan hátt, hefur í för með sér skyldu fyrir æðra stjórnvald til þess að endurskoða hina kærðu ákvörðun. Auk þess fer æðra stjórnvald oft og tíðum einnig með sjálfstætt eftirlitsvald með lægra settum stjórnvöldum og getur t.d. kvörtun frá manni sem ekki á aðild að tilteknu máli, orðið æðra stjórnvaldi tilefni til þess að taka hlutaðeigandi mál til endurskoðunar að eigin frumkvæði.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er lögfest sú óskráða réttarregla að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds sé á annað borð slíku æðra stjórnvaldi til að dreifa. Hin almenna kæruheimild byggist á skiptingu stjórnsýslukerfisins í fleiri stjórnsýslustig þar sem æðri stjórnvöld hafa eftirlit með þeim stjórnvöldum sem lægra eru sett. Ákvörðun lögreglustjóra verður því t.d. kærð til dómsmálaráðherra og ákvörðun vegamálastjóra til samgönguráðherra. Gert er ráð fyrir undantekningum frá almennu kæruheimildinni í niðurlagi 1. mgr., en af settum lögum og venju kann að leiða að þrengri kæruheimild sé fyrir að fara í einstökum tilvikum, svo sem þegar um er að ræða ákvarðanir sem teknar hafa verið af sjálfstæðri ríkisstofnun eða sjálfstæðri stjórnsýslunefnd.

Þá gilda aðrar reglur um kæru á ákvörðunum sveitarstjórna vegna meginreglunnar um sjálfsstjórn sveitarfélaga í 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar ákvörðun sveitarstjórnar er t.d. kærð til félagsmálaráðuneytisins skv. 119. gr. laga nr. 8/1986 sætir frjálst mat sveitarstjórnarinnar ekki endurskoðun ráðuneytisins vegna reglunnar um sjálfstjórn sveitarfélaga. Hins vegar sætir það endurskoðun ráðuneytisins hvort ákvörðun er lögmæt, þ.e. hvort sveitarstjórn hafi t.d. gætt réttrar málsmeðferðar, hvort ákvörðunin eigi sér stoð í lögum eða sé byggð á lögmætum sjónarmiðum.

Með lögfestingu hinnar óskráðu meginreglu í 26. gr. er ekki ætlunin að þrengja kæruheimild frá því sem verið hefur ef frá er talið ákvæðið í 2. mgr. Þar kemur fram að svonefndar formákvarðanir, sem teknar eru um meðferð stjórnsýslumáls og fela ekki í sér endalok málsins, verði ekki kærðar fyrr en máli hefur verið ráðið til lykta. Þar sem meðferð mála á fyrsta stjórnsýslustigi tekur almennt mjög skamman tíma er talið óheppilegt að þau séu dregin á langinn með því að kæra slíkar ákvarðanir. Nægjanlegt öryggi ætti að felast í því að hægt sé að kæra þvílíkar ákvarðanir eftir að efnissákvörðun hefur verið tekin í málinu.

Gert er ráð fyrir að lögfestar verði tvær undantekningar frá ákvæði 2. mgr. 26. gr. Í 4. mgr. 9. gr. er sérstök kæruheimild, en þar segir að dragist afgreiðsla máls óhæfilega sé heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Í 2. mgr. 19. gr. kemur einnig fram að kæra má synjun eða takmörkun á aðgangi að gögnum til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

Á þeim sviðum, þar sem afgreiðsla lægri stjórnvalda tekur almennt langan tíma, væri eðlilegt að taka afstöðu til þess við setningu sérlaga hvort ekki bæri að rýmka kæruheimild varðandi sumar formákvarðanir eins og ákvörðun um það hvort starfsmanni beri að víkja sæti við meðferð máls.

Um 27. gr.

Til þess að skapa festu í stjórnsýsluframkvæmd og koma í veg fyrir að verið sé að kæra gömul mál, sem erfitt getur verið að upplýsa, er lagt til að tekinn verði í lög almennur kærufrestur. Markmiðið með kærufrestinum er að stuðla að því að stjórnsýslumál séu til lykta leidd svo fljótt sem unnt er. Telji aðili rétt að kæra ákvörðun ber honum að gera það án ástæðulauss dráttar.

Lagt er til að hinn almenni kærufrestur verði þrír mánuðir. Um réttaráhrif þess þegar kæra berst að liðnum kærufresti er fjallað í 28. gr.

Í niðurlagi 1. mgr. 27. gr. kemur fram að ákvæði um lengri eða styttri kærufresti í sérlögum gangi framar hinu almenna ákvæði. Æskilegt verður þó að telja að ekki séu settir styttri kærufrestir í lög nema brýn þörf verði talin á.

Upphaf kærufrests er miðað við það þegar aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun.

Hafi ákvörðunin verið tilkynnt skriflega hefst kærufresturinn þegar ákvörðun er komin til aðila. Ef birta ber ákvörðun með opinberum hætti hefst fresturinn með fyrsta birtingardegi sé ákvörðunin birt oftar, sbr. 2. mgr.

Í 3. mgr. er að finna þá undantekningarreglu að þegar aðili fer fram á rökstuðning skv. 21. gr. hefst nýr kærufrestur fyrst eftir að honum hefur verið tilkynntur rökstuðningur fyrir ákvörðun. Samkvæmt 21. gr. hefur aðili 14 daga til að óska eftir rökstuðningi.

Í 4. mgr. 27. gr. er ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að aðili hverfi frá því að óska eftir endurupptöku máls vegna ótta við að missa færis á að kæra ákvörðun í málinu af þeim sökum. Þar sem endurupptaka máls er almennt bæði fljótvirk og kostnaðarlítil eru veigamikil rök sem mæla með því að ekki sé lagður steinn í götu þeirra sem vilja fara þá leið. Þess vegna er kveðið svo á í 4. mgr. að beiðist aðili endurupptöku máls innan kærufrests rofni kærufresturinn. Sé mál hins vegar tekið til nýrrar efnismeðferðar hefst nýr kærufrestur þegar ákvörðun málsins hefur verið birt, sbr. 1. og 2. mgr. Ef máli er hins vegar vísað frá, þar sem ekki þykja t.d. skilyrði fyrir endurupptöku málsins, heldur kærufresturinn áfram að líða að nýju frá þeim tíma þegar synjun um endurupptöku er tilkynnt aðila.

Í 5. mgr. kemur fram að kæra telst komin fram nógu snemma ef bréf, sem hana hefur að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn. Nægjanleg sönnun í hinu síðarnefnda tilviki væri t.d. póstkvittun fyrir viðtöku á ábyrgðarbréfi þar sem fram kæmu nöfn sendanda og viðtakanda bréfsins. Einnig mætti taka mið af póststimpli bréfsins ef ekki væri til að dreifa öðrum gögnum.

Samkvæmt 6. mgr. er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest áður en hann rennur út. Hér er um að ræða heimild sem því aðeins ber að nota að forsvaranlegt sé að veita aðila lengri frest, svo sem ef dráttur hefur orðið hjá lægra stjórnvaldi á að veita aðila aðgang að gögnum málsins eða önnur atvik, sem aðila verður ekki um kennt, réttlæta lengri frest. Við mat á því hvort beita eigi þessari heimild ber einnig að taka tillit til þess hvort slíkt gengur í berhögg við hagsmuni annarra aðila að málinu.

Heimildin til þess að lengja kærufrest er bundin við það að fram komi beiðni þess efnis frá aðila sjálfum áður en kærufrestur rennur út. Þegar heimildin er nýtt ber að tilkynna öðrum aðilum málsins um lengingu kærufrestsins.

Um 28. gr.

Æðra stjórnvaldi ber, að eigin frumkvæði, að kanna hvort kæra hafi borist innan kærufrests. Réttaráhrif þess að kæra berst að liðnum kærufresti eru þau að henni skal vísað frá.

Í 1. mgr. eru greindar tvær undantekningar frá þessari reglu. Í fyrsta lagi er undantekning gerð þegar afsakanlegt er að kæra hafi ekki borist fyrr, sbr. 1. tölul. Sem dæmi um slík tilvik má nefna það að lægra stjórnvald hafi vanrækt að veita leiðbeiningar um kæruheimild skv. 20. gr. eða veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Í öðru lagi má taka mál til meðferðar, enda þótt kæra hafi borist að liðnum kærufresti, mæli veigamiklar ástæður með því, sbr. 2. tölul.

Við mat á því hvort framangreind skilyrði eru fyrir hendi þarf að líta til þess hvort aðilar að málinu eru fleiri en einn og með andstæða hagsmuni. Sé svo væri rétt að taka mál einungis til kærumeðferðar að liðnum kærufresti í algjörum undantekningartilvikum. Ef aðili er aðeins einn yrði mál frekar tekið til meðferðar.

Í 2. mgr. 28. gr. kemur loks fram sú regla að mál skuli ekki tekið til kærumeðferðar ef meira en eitt ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila máls.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er staðfest sú meginregla, sem nú er talin gilda, að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Til eru lögfestar undantekningar frá þessari reglu, t.d. um að kæra fresti ávallt réttaráhrifum ákvörðunar eða að lægra stjórnvald geti ákveðið í einstökum tilvikum að kæra fresti réttaráhrifum ákvörðunar. Slíkar undantekningareglur ganga að sjálfsögðu framar meginreglunni í 1. mgr., sbr. 3. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði að æðra stjórnvaldi sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar, meðan mál er til meðferðar, þar sem ástæður mæla með því. Þykir þessi regla nauðsynleg þar sem kæruheimild getur í raun orðið þýðingarlaus ef æðra stjórnvald hefur ekki heimild til þess að fresta réttaráhrifum ákvörðunar.

Ákvæðið hefur mesta þýðingu varðandi ákvarðanir sem fela í sér breytta réttarstöðu fyrir aðila, svo sem boð eða bann. Það hefur hins vegar sjaldnast nokkra þýðingu þegar um er að ræða neikvæðar stjórnvaldsákvarðanir þar sem synjanir hafa í för með sér óbreytt ástand fyrir aðila.

Æðra stjórnvaldi er heimilt að fresta réttaráhrifum ákvörðunar frá því að kæra, sem uppfyllir skilyrði til kærumeðferðar, er fram komin og þar til að efnisúrskurður í málinu er kveðinn upp. Eftir að efnisúrskurður hefur verið kveðinn upp í kærumáli fellur sjálfkrafa niður ákvörðun sem tekin hefur verið á grundvelli 2. mgr.

Ákvæði í sérlögum, þar sem mælt er svo fyrir að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar, ganga framar ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr.

Ákvörðun um að fresta réttaráhrifum ákvörðunar getur æðra stjórnvald ýmist tekið að eigin frumkvæði eða samvæmt beiðni frá aðila máls. Þegar fram kemur krafa frá aðila um að frestað verði réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar skal ákveða svo fljótt sem við verður komið hvort hún skuli tekin til greina.

Í 2. mgr. er æðra stjórnvaldi veitt heimild til þess að fresta réttaráhrifum ákvörðunar, en með slíkri ákvörðun er kveðið á um rétt og skyldu manna. Af þeim sökum ber að líta á ákvörðunina sem hverja aðra stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. Ber því að fylgja málsmeðferðarreglum laganna þegar ákvörðun er tekin um það hvort fresta beri réttaráhrifum ákvörðunar. Stjórnvaldi ber því t.d. að vekja athygli annarra aðila máls á framkominni kröfu og gefa þeim stuttan frest til þess að kynna sér málið og koma að sínum sjónarmiðum o.s.frv.

Það verður ávallt að vega og meta í hverju tilviki fyrir sig hvort réttlætanlegt sé að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar. Við slíkt mat ber að líta til réttmætra hagsmuna hjá öllum aðilum málsins. Líta ber til þess hversu langt er um liðið frá því að hin kærða ákvörðun var tilkynnt aðilum, en einnig verður að horfa til þess hversu líklegt það sé að ákvörðuninni verði breytt.

Almennt mælir það á móti því að réttaráhrifum ákvörðunar sé frestað ef fleiri en einn aðili eru að máli og þeir eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta eða ef til staðar eru mikilvægir almannahagsmunir, t.d. þar sem ákvörðun hefur að markmiði að koma í veg fyrir hættuástand.

Það mælir hins vegar með því að fresta réttaráhrifum ákvörðunar ef aðili máls er aðeins einn og ákvörðun er íþyngjandi fyrir hann, veldur honum t.d. tjóni. Þetta sjónarmið vegur sérstaklega þungt í þeim tilvikum þar sem erfitt yrði að ráða bót á tjóninu, enda þótt ákvörðunin yrði síðar felld úr gildi af hinu æðra stjórnvaldi. Loks má svo nefna þau tilvik þar sem kæruheimild verður í raun þýðingarlaus verði réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar ekki frestað.

Um 30. gr.

Við meðferð kærumála skal fylgja ákvæðum II.–VII. og IX. kafla laganna, eftir því sem við getur átt. Í sérlögum er einnig að finna sérákvæði um málsmeðferð, svo sem um álitsumleitan og fleiri atriði.

Gengið er út frá því sem meginreglu að meðferð kærumála skuli vera vandaðri en málsmeðferð hjá lægri stjórnvöldum. Þannig er stjórnvaldi í 2. mgr. veitt heimild til þess að ákveða að mál skuli munnlega flutt. Heimildin er bundin við það að mál teljist sérlega vandasamt og að ætla megi að málið upplýsist betur með þeim hætti.

Um 31. gr.

Úrskurður æðra stjórnvalds, sem bindur enda á kærumál, skal vera skriflegur að formi til og hafa m.a. að geyma þau efnisatriði sem 31. gr. mælir fyrir um.

Í 1. mgr. segir að úrskurðir í kærumálum skuli ávallt vera skriflegir. Að auki er lögð á það áhersla að úrskurðir æðri stjórnvalda séu stuttir og glöggir.

Í 1.–5. tölul. eru talin upp þau efnisatriði sem a.m.k. skulu koma fram í úrskurðum í kærumálum. Oftast mundi getið fleiri atriða í úrskurði, svo sem umsagnar sem leitað hefði verið, gagna er aflað hefði verið o.s.frv.

Í 4. tölul. er kveðið á um það að rökstyðja beri niðurstöðu máls með þeim hætti sem fyrir er mælt í 22. gr. Eins og fram kemur í athugasemdum við V. kafla frumvarpsins er gengið út frá því að gerðar verði meiri kröfur til þess að rökstuðningur í kærumálum verði skýrari og ítarlegri en í málum á fyrsta stjórnsýslustigi. Þetta hefur það í för með sér að það telst ekki nægjanlegur rökstuðningur fyrir úrskurði æðra stjórnvalds í kærumáli að vísa til eða fallast á rökstuðning fyrir hinni kærðu ákvörðun nema sá rökstuðningur fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rökstuðningi fyrir úrskurðum í kærumálum.

Í 5. tölul. kemur fram að aðalniðurstöðu skuli daga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð. Mikilvægt er að úrskurðarorðið sé skýrt svo að ljóst megi vera hver réttaráhrif úrskurðurinn hafi. Skýrt þarf að taka fram hvort ákvörðun sé staðfest eða ógilt, hvort máli sé vísað frá eða vísað til nýrrar meðferðar hjá lægra stjórnvaldi, hvort tekin hafi verið ný efnisákvörðun í málinu og þá hver hún sé o.s.frv.

Um VIII. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman ákvæðum er varða stjórnsýslunefndir. Í 32. gr. eru ákvæði er fjalla um skipun nefndarmanna og varamanna þeirra og 33. og 34. gr. hafa að geyma þær málsmeðferðarreglur sem fara verður eftir svo að stjórnsýslunefnd geti talist starfhæf. Þessar grundvallarreglur, sem stundum eru nefndar almenn hæfisskilyrði stjórnsýslunefnda, fjalla um fundarboðun, dagskrá fundar, ályktunarhæfi nefndar og um það hversu margir nefndarmenn verði að gjalda tillögu jáyrði sitt svo að hún teljist samþykkt. Í 33. og 34. gr. er fjallað um öll þessi atriði nema dagskrá fundar. Það atriði er þess eðlis að það sama á ekki við um allar stjórnsýslunefndir og er því óheppilegt að taka almenna reglu um dagskrá í almenn stjórnsýslulög. Verður að telja eðlilegt að sú regla verði lögfest í sérlögum þar sem þess er talin þörf.

Ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari eða ítarlegri málsmeðferðarreglur um ofangreind atriði, ganga að sjálfsögðu framar ákvæðum þessa kafla.

Um 32. gr.

Þar sem mjög algengt er að varamenn séu ekki skipaðir í stjórnsýslunefndir kemur mjög oft fyrir þegar aðalmenn verða vanhæfir, eru fjarverandi eða forfallast varanlega,

að stjórnsýslunefndir verða í raun óstarfhæfar um lengri eða skemmri tíma. Til þess að koma í veg fyrir slíkt er lagt til að lögfest verði að ávallt beri að skipa varamenn í stjórnsýslunefndir um leið og aðalmenn eru skipaðir. Þessi skylda er þó aðeins bundin við stjórnsýslunefndir sem taka ákvarðanir um rétt og skyldu manna. Ekki þarf því að skipa varamenn í nefndir sem t.d. eru skipaðar á vegum ráðuneyta til þess að vinna að einstökum verkefnum eins og samningu lagafrumvarpa.

Í 1. málsl. 2. mgr. kemur fram sú meginregla að varamenn taki sæti aðalmanna þegar hinir síðarnefndu forfallast um stundarsakir. Í 2. málsl. 2. mgr. er svo hins vegar mælt fyrir um það hvernig með skuli fara ef aðalmaður forfallast varanlega. Í slíkum tilvikum bæri stjórnsýslunefnd að gera veitingarvaldshafa grein fyrir því að aðalmaður hefði forfallast varanlega nema ljóst sé að veitingarvaldshafi hafi þegar fengið vitneskju um það. Á meðan beðið er eftir nýrri skipun nefndarmanns tekur varamaður sæti í nefndinni. Samkvæmt málsgreininni hefur veitingarvaldshafi val um það annars vegar að skipa nýjan aðalmann í nefndina eða hins vegar að láta varamann taka sæti aðalmanns með því einu að skipa nýjan varamann í nefndina.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að það sé formaður stjórnsýslunefndar sem að lögum hafi þá skyldu að boða til fundar. Þó er gengið út frá því að formaður geti falið öðrum, t.d. ritara, að sjá um fundarboðun eftir nánari fyrirmælum sínum eins og tíðkast hefur. Þá er mælt svo fyrir, til þess að taka af öll tvímæli í því efni, að formanni sé skylt að boða til fundar ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess.

Boða skal alla nefndarmenn til fundar. Sé nefndarmanni ekki fært að mæta á boðaðan fund skal hann án tafar tilkynna formanni um það. Skal formaður þá boða varamann í hans stað. Þessi regla er m.a. á því byggð að almennt sé mikilvægt að stjórnsýslunefnd sé fullskipuð á fundum til þess að ekki vanti nefndarmann, sem hefur e.t.v. nauðsynlega sérfræðikunnáttu, við úrlausn tiltekins máls eða að valdahlutföll í nefndum, sem t.d. eru kosnar pólitískri kosningu, raskist ekki o.s.frv.

Ekki er kveðið á um það með hvaða hætti boðað skuli til fundar. Þykir eðlilegt að láta hverri stjórnsýslunefnd það eftir að ákveða boðunarhátt. Mjög algengt er að nefndir ákveði í lok hvers fundar hvenær næsti fundur verði haldinn og þarf þá ekki að boða sérstaklega aðra nefndarmenn en þá sem ekki mættu á þann fund. Þá er einnig algengt að sumar nefndir haldi reglulega fundi mánaðarlega eða vikulega á fyrir fram ákveðnum tíma og stað. Hafi nefnd ákveðið slíkt fyrirkomulag með formlegum hætti þarf ekki að boða sérstaklega til funda.

Í 33. gr. er ekki kveðið á um sérstakan fundarboðunarfrest. Hins vegar kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. að til fundar skuli boðað með hæfilegum fyrirvara.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær stjórnsýslunefnd skuli talin ályktunarhæf, þ.e. hversu margir nefndarmenn þurfi að vera til staðar á fundi svo að nefndin geti tekið ákvörðun. Samkvæmt ákvæðinu er stjórnsýslunefnd ekki ályktunarhæf nema meira en helmingur nefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Í sérlögum má finna ákvæði þar sem strangari kröfur eru gerðar, svo sem að aukinn meiri hluti eða allir nefndarmenn þurfi að sitja fund svo að nefndin teljist ályktunarhæf. Slík ákvæði ganga framar almennu reglunni í 1. mgr.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það hversu margir nefndarmenn verði að gjalda jáyrði sitt við tillögu svo að hún teljist samþykkt. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, en í því felst að krafist er samþykkis einfalds meirihluta þeirra nefndarmanna sem sitja fund og taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Verði atkvæði jöfn um tillögu telst hún fallin. Þegar atkvæði eru jöfn við kosningu manns í starf skal hlutkesti ráða. Í ýmsum sérlögum er hins vegar svo fyrir mælt að atkvæði formanns ráði úrslitum í þessum tilvikum.

Um IX. kafla.

Um 35. gr.

Rétt þykir að stjórnvöld fái nokkurn aðlögunartíma áður en ákvæði frumvarps þessa, ef af lögum verður, taka gildi. Jafnframt þarf að kynna efni laganna fyrir almenningi og starfsmönnum stjórnsýslunnar. Af þeim sökum er lagt til að lögin öðlist fyrst gildi 1. janúar 1994.

Til einföldunar er ráð fyrir því gert að lögunum verði einvörðungu beitt um mál sem koma til kasta stjórnvalda 1. janúar 1994 eða síðar. Lögin taki því ekki til þeirra mála sem berast stjórnvöldum fyrir þann tíma þótt þeim málum ljúki á árinu 1994 eða jafnvel síðar. Sé mál endurupptekið skv. 24. gr. eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds skv. 26. gr. 1. janúar 1994 eða síðar þá skuli þó meðferð þeirra mála fara upp frá því eftir ákvæðum laganna. Samkvæmt eðli máls verður að slá þann varnagla, svo sem gert er í 3. mgr., að ákvæðum 27. gr. um kærufrest verði aðeins beitt um þau mál þar sem ákvörðun hefur verið tilkynnt 1. janúar 1994 eða síðar.

Um 36. gr.

Með 1. tölul. er fellt niður hið opna bréf frá 12. mars 1870 þar sem IV. kafli frumvarpsins leysir það af hólmi.

Í 2. tölul. er fellt brott ákvæði um að málskot fresti ekki framkvæmd lokunar eða banns. Í 29. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Til þess að koma því svo fyrir að æðra stjórnvald hafi heimild til þess að fresta réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. 2. mgr. 29. gr., þarf að breyta eða fella brott ákvæði í ýmsum sérlögum þar sem mælt er fortakslaust fyrir um að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Með 3. tölul. eru sérstök hæfisskilyrði 25. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, felld niður, en II. kafli frumvarpsins kemur þar í staðinn.

Í 4. tölul. er felld niður heimild lögreglustjóra til að afturkalla leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður í 2. mgr. 31. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977, þar sem hún fer í bága við V. kafla frumvarpsins um heimild aðila máls til þess að fá rökstuðning fyrir stjórnvaldsákvörðun.

Með 5. tölul. eru sérstök hæfisskilyrði 1. mgr. 2. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, færð betur til samræmis við hæfisreglur II. kafla frumvarpsins.

Í 6. tölul. er fellt niður ákvæði um sérstök hæfisskilyrði nefndarmanna í byggingarnefndum, en 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, kemur þar í staðinn, sbr. 5. mgr. 63. gr. þeirra laga og 2. gr. frumvarpsins.

Um 7. og 8. tölul. vísast til athugasemda við 2. tölul.

Í 9. tölul. er loks mælt svo fyrir að kæra til yfirskattanefndar skuli ekki fresta réttaráhrifum ákvörðunar. Er ákvæði þetta sett þar sem veruleg hætta er talin á að ákvæði 29. gr. frumvarpsins hefði í för með sér umtalsvert aukið álag á yfirskattanefnd þar sem búast mætti við því að farið yrði fram á frestun á réttaráhrifum skattákvörðunar í fjölmörgum tilvikum. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að skv. 2. málsl. 1. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, yrði fjármálaráðherra þó hér eftir sem hingað til heimilt að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar um tekju- og eignarskatt þegar sérstaklega stendur á.

Fylgiskjal 1.

Dæmi um lögfestar hæfisreglur.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót frá 12. febrúar 1872.

2. gr. „Geri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn er réttur nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman."

Lög nr. 53/1901, um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872, um síldar- og upsaveiði með nót.

1. gr. „Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það gert, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sér tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni ..."

Lög nr. 22/1907, um umsjón og fjárhald kirkna.

3. gr. „Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum ..."

Lög nr. 31/1909, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólabyggingu.

2. gr. „Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni ..."

Lög nr. 39/1914, um beitutekju.

4. gr. „Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna."

Lög nr. 38/1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

2. mgr. 2. gr. „Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum."

Lög nr. 68/1917, um áveitu á Flóann, sbr. 8. tölul. 160. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

2. mgr. 16. gr. „Ef hvorki landsdrottinn né leiguliði vill láta gera þá flóðgarða, sem nauðsynlegir þykja til þess, að áveitan komið að haldi, eftir áliti tveggja, óvilhallra manna, getur áveitufélagsstjórnin með samþykki landsstjórnarinnar gengið að jörðinni samkvæmt 10. gr."

2. mgr. 17. gr. „Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari, ef hann á eigi hlut í áveitunni, 3 óvilhalla menn utan áveitusvæðisins."

Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla.

1. mgr. 3. gr. „Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarétt jarðanna eða jarðarhlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotaréttinn samkv. óvilhallra dómkvaddra manna mati."

Lög nr. 27/1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

2. mgr. 3. gr. „Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem

jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann."

2. mgr. 4. gr. „Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923."

Landskiptalög, nr. 46/1941, sbr. 25. gr. laga nr. 92/1991.

1. mgr. 4. gr. „... Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað ..."

1. mgr. 6. gr. „Sýslumaður skal kveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat..."

Lög nr. 14/1942, um læknaráð.

5. gr. „Enginn læknaráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál."

Lög nr. 113/1945, um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

4. gr. „Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hverrar jarðar í fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafist yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti."

Lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum.

7. gr. „Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra ..."

Lög nr. 3/1955, um skógrækt, sbr. 32. gr. laga nr. 92/1991.

6. mgr. 17. gr. „Sé hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t.d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður óvilhallan mann eða menn í þeirra stað."

Lög nr. 34/1964, um loftferðir.

5. mgr. 141. gr. „Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í."

Lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

16. gr. „Komist búfé inn á landgræðslusvæði, sem halda skal friðuðu og girt er ógallaðri girðingu, skal landgræðslustjóri eða eftirlitsmaður hans láta merkja það fé og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fjárins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið, og göllum á girðingu verði eigi um kennt, getur landgræðslustjóri krafist þess, að hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum í verð. Landgræðslan greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. Eigi hreppstjóri eða vanda-menn hans hlut að máli, kveður sýslumaður óvilhallan mann í hans stað, er gegni skyldum hreppstjóra samkvæmt ákvæði þessarar greinar."

Lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

7. gr. „Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en

ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstjórninni heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna ...“

Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, sbr. 13. tölul. 160. gr. laga 91/1991, um meðferð einkamála.

2. mgr. 2. gr. „Til meðferðar hvers máls kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn. Um hæfi matsmanns til meðferðar einstaks máls skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.“

Lög nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög.

6. mgr. 9. gr. „Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.“

Ábúðarlög, nr. 64/1976.

39. gr. „Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talist vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans.“

Lög nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

25. gr. „Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign starfsmann Fasteignamats ríkisins, sem mat framkvæmir, eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skylda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri, fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti, þegar mat fer fram, og annar settur í hans stað.“

Lög nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, sbr. 3. gr. laga 5/1987.

1. mgr. 8. gr. „Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess, sbr. 2. mgr. 2. gr.“

Vegalög, nr. 6/1977, sbr. lög nr. 87/1989.

43. gr. „... Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.“

Lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

2. mgr. 1. gr. „Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda.“

Þinglýsingalög, nr. 39/1978, sbr. 3. gr. laga nr. 85/1989.

2. gr. „Þinglýsingastjóri skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er ef þinglýsing varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber þinglýsingastjóra jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum. Fulltrúi sýslumanns getur leyst úr þinglýsingarmáli þótt þinglýsingarstjóra bagi þau atvik er í 1. málsgr. greinir.“

Byggingarlög, nr. 54/1978.

3. mgr. 8. gr. „Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.“

6. mgr. 12. gr. „Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti

að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrir fram veitt til þess samþykki sitt.“

Lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

2. mgr. 4. gr. „Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.“

3. mgr. 5. gr. „Starfsmenn verðlagsstofnunar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem stofnunin fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem stofnunin kallar til, í þeim málum, sem þeir fjalla um.“

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

103. gr. „Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómara í málinu.“

Lög nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands.

12. gr. „... Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna ...“

Lög nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

6. gr. „Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina.“

Lyfjalög, nr. 108/1984.

6. mgr. 27. gr. „Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.“

Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

5. gr. „... Ef aðilja greinir á um fjárskiptin, geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað ...“

Lög nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

1. mgr. 14. gr. „Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar.“

Sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.

24. gr. „Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru færri en 500, mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn ef það sætir ekki ágreiningi í sveitarstjórn.“

45. gr. „Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Sveitarstjórnarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við afgreiðslu þess.“

5. mgr. 63. gr. „Ákvæði IV. og V. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags, eftir því sem við á.“

2. mgr. 102. gr. „... Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum ...“

Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.

3. mgr. 2. gr. „Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið nefnir biskup til annan prófast í hans stað."

Tollalög, nr. 55/1987, sbr. 8. gr. laga nr. 96/1987, sbr. 9. gr. laga nr. 96/1987.

39. gr. „Enginn má taka þátt í rannsókn, kæru eða annarri meðferð máls eða ákvörðun aðflutnings- eða útflutningsgjalda eða annarra skatta, sem á er lagt vegna tollmeðferðar vöru, ef honum hefði borið sem héraðsdómara að víkja sæti í málinu."

6. mgr. 101. gr. „... Um málfutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á."

Lög nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, sbr. 2. tölul. 97. gr. laga nr. 92/1991.

11. gr. „Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis."

2. mgr. 13. gr. „Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda."

Lög nr. 57/1988, um framhaldsskóla.

3. mgr. 37. gr. „Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur."

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. mgr. 10. gr. „Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga."

Lög nr. 60/1989, um Félagsmálaskóla alþýðu.

7. mgr. 8. gr. „Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur."

Lög nr. 86/1989, um lögbókandagerðir.

3. mgr. 1. gr. „Um hæfi lögbókanda til að annast lögbókandagerð fer eftir almennum reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við á."

Lög nr. 90/1989, um aðför, sbr. 12. tölul. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

2. mgr. 4. gr. „Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum."

Lög 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

2. og 3. mgr. 2. gr. „Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum þessum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann annist innheimtu kröfu ef krafist er kyrrsetningar eða löggeymslu fyrir henni. Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með gerð samkvæmt lögum þessum setur dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði."

Lög nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. 21. tölul. 160. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

3. mgr. 11. gr. „Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómaraskilyrði."

Lög nr. 16/1991, um brottnám líffæra og krufningar.

1. mgr. 4. gr. „Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu læknar og annast brottnám líffæranna."

3. mgr. 4. gr. „Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brottnám líffæra eða lífrænna efna."

Lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

2. mgr. 28. gr. „Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur mál eiga að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan, sbr. 30. gr., eða ef hann er í vafa um hvort mál eigi að höfða eða hvernig."

30. gr. „1. Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefnið eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

2. Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.

3. Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annað hvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að hlutaðeigandi ákærandi sé vanhæfur til að fara með það."

2. mgr. 65. gr. „Þann má ekki kveðja til mats eða skoðunar sem mundi vera vanhæfur sem dómari í því máli eða sem valdið gæti vanhæfi dómara ef úrskurða þyrfti um vitnisburð hans fyrir dómi."

Lög nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.

4. mgr. 9. gr. „Hafi sá sýslumaður, sem skiptin eiga undir, annarra hagsmuna að gæta af þeim en varða embætti hans eða sé hann svo skyldur eða mægður erfingja eða öðrum sem hefur verulega hagsmuni af skiptunum að hann væri vanhæfur til að vera dómari í einkamáli sem sá ætti aðild að skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra án tafar eftir að andlátstilkynning hefur borist honum, nema skiptum hafi þá þegar verið lokið skv. 25. gr. Skipar þá ráðherra annan löghæfan mann til að annast störf sýslumanns við skiptin en þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun ráðherra úr ríkissjóði."

3. mgr. 18. gr. „Matsmenn skv. 2. mgr. bera skyldur sem opinberir starfsmenn og má tilnefna þá eina til starfans sem eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu, óflekkað mannorð og þá almennu þekkingu sem þarf til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. Um hæfi þeirra til matsstarfa gilda ákvæði réttarfarslaga um hæfi matsmanna eftir því sem átt getur við."

3. mgr. 22. gr. „Þegar krafa er komin fram um yfirmat tilnefnir sýslumaður tvo yfirmatsmenn samkvæmt því sem er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. 18. gr."

Lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

2. mgr. 75. gr. „Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann ... 6. yrði ekki vanhæfur sem dómari í einkamáli sem þrotamaðurinn eða sá sem á kröfu á hendur þrotabúinu ætti aðild að eða, ef félag eða stofnun er til gjaldþrotaskipta, í einkamáli sem stjórnarmenn eða starfsmenn sem hafa haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum ættu aðild að."

5. mgr. 75. gr. „Ef í ljós kemur eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa af hendi tiltekið verk í starfi sínu vegna fyrirmla 6. tölul. 2. mgr. án þess að það verði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti getur héraðsdómari að ósk hans skipað annan löghæfan mann til að leysa verkið af hendi."

Lög nr. 49/1991, um grunnskóla.

1. mgr. 13. gr. „Fræðsluráð skal skipa fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986."

1. mgr. 19. gr. „Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986."

Lög nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

2. og 3. mgr. 3. gr. „Um hæfi til að fara með framkvæmd nauðungarsölu fer eftir reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði eftir því sem átt getur við. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum með innheimtu kröfu sem leiðir til aðildar kröfueigandans að nauðungarsölunni. Ef sýslumaður er vanhæfur til að annast störf samkvæmt lögum þessum skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að leysa þau af hendi. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði."

2. mgr. 5. gr. „Að því leyti sem þarf að virða eign við nauðungarsölu verður það gert af einum manni eða tveimur sem sýslumaður kveður til í því skyni með bókun í gerðabók. Þá eina má kveðja til að leysa slík störf af hendi sem hafa nægilega sérþekkingu og yrðu taldir hæfir til að gegna matsstörfum í einkamáli þar sem sömu aðilar ættu í hlut."

2. mgr. 32. gr. „Óheimilt er sýslumanni sjálfum að gera boð í eignina, fulltrúa hans sem heldur uppboðið, starfsmanni hans sem er þar við störf eða öðrum manni fyrir hönd einhvers þessara."

Lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

3. mgr. 61. gr. „Þann einn má dómkveðja til að framkvæma mat sem orðinn er 20 ára að aldri, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni um það atriði sem á að meta og hefur nauðsynlega kunnáttu til að leysa starfann af hendi eða annars þá kunnáttu sem bestrar er kostur."

Barnalög, nr. 20/1992.

36. gr. „... Ákvörðun um skipan forsjár til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds þegar ákvarða skal forsjá til frambúðar, enda verður sá aðili, sem kveður á um bráðabirgðaforsjá, ekki vanhæfur til að leysa úr forsjármálinu að öðru leyti."

Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

3. mgr. 6. gr. „Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skal farið eftir því sem við á eftir þeim lagareglum sem gilda um hæfi héraðsdómara. Ef nefndarmaður er vanhæfur kveður formaður nefndarinnar til varamann í hans stað."

Reglur nr. 40/1992, um störf nefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

2. gr. „Varamaður tekur sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns og þegar aðalmaður er vanhæfur til umsagnar um umsækjendur. Í forföllum varamanns eða ef hann er einnig vanhæfur skal sá aðili sem tilnefndi hann, tilnefna mann í hans stað.

Um hæfi nefndarmanna gilda reglur um hæfi héraðsdómara til að fara með einkamál. Varamaður tekur einnig sæti ef aðalmaður færist undan störfum í nefndinni af sérstökum ástæðum, öðrum en þeim sem áður eru taldar.

Ef aðalmaður lætur af störfum í nefndinni tekur varamaður sæti hans. Skal sá aðili sem tilnefndi þá, tilnefna nýjan varamann.

Telji umsækjandi að nefndarmaður sé vanhæfur til að fjalla um umsóknir skal hann gera ráðherra grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan viku frá því að umsóknarfresti lauk. Slíkar athugasemdir skulu sendar nefndinni til úrlausnar."

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

42. gr. „Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál eftir því sem við getur átt. Sama á við um starfsfólk barnaverndarnefnda."

4. mgr. 49. gr. „Að öðru leyti gilda ákvæði 42.-43. gr. og 45.-46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði ..."

Fylgiskjal 2.

Dæmi um lögfestar reglur um upplýsingarétt.

Opið bréf frá 12. marz 1870 um, að þeir, sem senda inn bænaskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið.

1. mgr. „Sá, sem sent hefur bænaskrá til embættismanna eður til bæjar- og sveitarstjóra eður kæruskjal um þá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal ef bæn hans eigi fær áheyrslu eða kæran eigi er til greina tekin, eiga heimtingu á, er hann fer þess á leit, að fá eftirrit einu sinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eftirrita þau."

Vatnalög, nr. 15/1923.

1. mgr. 144. gr. „... Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sér þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. ..."

Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

1. mgr. 8. gr. „Eigendur og aðrir rétthafar eignar, sem eignarnámi er tekin, skulu eiga þess kost að kynna sér öll gögn, er eignarnámið varða og máli skipta við ákvörðun bótafjárhæðar."

Siglingalög, nr. 34/1985.

2. mgr. 9. gr. „Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim ef honum er nauðsyn á því. ..."

2. mgr. 231. gr. „Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgönguráðuneytis. Þeim sem hagsmuna hafa að gæta er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. ..."

Barnalög, nr. 20/1992.

70. gr. „Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varða. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns ef hagsmunir barnsins krefjast þess."

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1. mgr. 6. gr. „... Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu ..."

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

46. gr. „Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll skrifleg gögn sem byggt er á við úrlausn málsins. Nefndin getur ákveðið með rökstuddum úrskurði að tiltekin gögn skuli ekki afhent ef það skaðar hagsmuni barnsins eða heitið hefur verið trúnaði. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar geti kynnt sér gögn án þess að þau verði afhent."

4. mgr. 49. gr. „Að öðru leyti gilda ákvæði 42.-43. gr. og 45.-46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. ..."

Fylgiskjal 3.

Dæmi um lögfestar reglur um andmælarétt.

Vatnalög, nr. 15/1923.

1. mgr. 144. gr. „... a. Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr., 2. lið, 50. gr., 3. lið, 52., 60., 65. gr., 1. og 2. lið, 75. gr., 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða réttindi. ...“

Lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

3. mgr. 3. gr. „Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.“

Landskiptalög, nr. 46/1941.

5. gr. „Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, ...“

Lög nr. 14/1942, um læknaráð.

2. mgr. 4. gr. „Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.“

Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

11. gr. „Jafnan skal starfsmanni, sem víkja skal úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.“

Lög nr. 21/1957, um dýravernd.

3. mgr. 14. gr. „... Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir - eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum - hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.“

Lög nr. 47/1968, um vörumerki.

3. mgr. 20. gr. „Andmælum gegn skráningu merkis ber að koma skriflega fram innan tveggja mánaða talið frá birtingardegi auglýsingarinnar, og skulu þau rökstudd.“

Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.

2. mgr. 30. gr. „Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum, er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. ...“

Lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

92. gr. „... Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim, sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna, áður en hann tekur ákvörðun sína. ...“

Lög nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

2. mgr. 13. gr. „Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.“

15. gr. „Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur fremur refsiverðan verknað, má með dómi í opinberi máli svipta hann starfsleyfi um tiltekinn tíma eða ótímabundið. Ákæruvaldið skal gefa ráðherra kost á því að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað. ...“

Lög nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

2. og 3. mgr. 18. gr. „Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið áður en ráðherra ræður því til lykta.“

Lög nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

4. mgr. 68. gr. „... d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.“

Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.

1. mgr. 13. gr. „Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.“

Umferðarlög, nr. 50/1987, sbr. 1. tölul. 94. gr. laga nr. 92/1991.

2. mgr. 109. gr. „Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.“

Lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

2. mgr. 10. gr. „Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.“

Læknalög, nr. 53/1988.

1. mgr. 21. gr. „Áður en leyfissvipting fer fram skv. 19. og 20. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.“

Lög nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

2. mgr. 24. gr. „Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.“

Lög nr. 17/1991, um einkaleyfi.

1. mgr. 15. gr. „Hafi umsækjandi ekki farið að settum reglum um umsóknir eða einkaleyfafyrirvöld telja af öðrum ástæðum að eitthvað sé því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að tala sínu máli eða bæta umsóknina innan ákveðins frests. ...“

16. gr. „Telji einkaleyfafyrirvöld, að fengnu svari umsækjanda, enn eitthvað mæla á móti því að umsóknin verði samþykkt og hafi umsækjandi haft möguleika á því að tjá sig um það atriði skal hafna umsókninni nema einkaleyfafyrirvöld telji ástæðu til að gefa umsækjanda að nýju kost á að tala máli sínu eða bæta umsóknina skv. 1. mgr. 15. gr.“

1. og 2. mgr. 21. gr. „... skulu einkaleyfafyrirvöld leggja umsóknina fram svo að almenningur eigi þess kost að skoða hana og bera fram andmæli gegn henni. Framlagningin skal auglýst. Andmæli skulu vera skrifleg og hafa borist einkaleyfafyrirvöldum innan þriggja mánaða frá því að framlagningin var auglýst.“

1. og 2. mgr. 23. gr. „Þegar frestur skv. 2. mgr. 21. gr. er liðinn er umsóknin tekin til

frekari umfjöllunar í því skyni að ákveða hvort orðið skuli við henni. Við þá meðferð gilda, eftir því sem við á, ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr.

Hafi komið fram andmæli gegn umsókninni skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að segja álit sitt á þeim.“

Barnalög, nr. 20/1992.

4.-6. mgr. 34. gr. „Veita skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt er einnig að ræða við yngra barn eftir því sem á stendur miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmálaráðuneyti getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það.

Skipa má barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því ...

Nánari ákvæði um meðferð þessara mála eru í VIII. og IX. kafla laganna.“

71. gr. „Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.“

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1. mgr. 6. gr. „... Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn.

1. mgr. 7. gr. „Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd. ...“

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

43. gr. „Áður en barnaverndarnefnd ræður máli til lykta skal afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns eða ungmennis, sbr. 2.-4. mgr. 18. gr.

Við rannsókn á högum barns eða ungmennis er barnaverndarnefnd, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum barns eða ungmennis og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er um kann að bera. Um rétt þeirra til að skorast undan að gefa skýrslu gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Svo getur hún og krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli. Heimilt er að ræða við barn í einrúmi.

Að jafnaði skal foreldri eða forráðamanni barns eða ungmennis greint frá því að haldið sé uppi fyrirspurnum um hagi þess samkvæmt grein þessari.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara á einkaheimili, barnaheimili eða annan þann stað þar sem börn dveljast til rannsóknar á högum barns eða ungmennis að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns þess eða á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. þó niðurlag 47. gr. Dómari metur á grundvelli 18. gr. hvenær þörf er á að fara á heimili.“

46. gr. „Áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 45. gr. ber að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal veita þeim kost á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarnefnd, munnlega eða skriflega, þar á meðal með liðsinni lögmanna. Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Að jafnaði ber að veita barni kost á að tjá sig um mál og er það skylt ef mál varðar barn 12 ára eða eldra.

Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.“...

4. mgr. 49. gr. „Að öðru leyti gilda ákvæði 42.-43. gr. og 45.-46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Barnaverndarráð getur að auki mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.“

Fylgiskjal 4.

Dæmi um lögfestar reglur um birtingu stjórnvaldsákvarðana.

Lög nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

1. mgr. 3. gr. „Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.“

Lög nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

5. gr. „Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar það þá um staðfestingu, en skýrir stjórn áveitufélagsins frá ástæðum fyrir henni.“

Vatnalög, nr. 15/1923.

1. mgr. 104. gr. „1. Samþykkt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal félagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða annað, sem félagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykkt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir ...“

Lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. mgr. 3. gr. „Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni...“

Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1. mgr. 10. gr. „Hver sá, sem skipar starfsmann í stöðu, veitir og lausn úr henni, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv.“

Girðingarlög, nr. 10/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1971.

1. mgr. 23. gr. „Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.“

Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

3. mgr. 16. gr. „Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins ...“

Lög nr. 47/1968, um vörumerki.

1. mgr. 19. gr. „Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskárritari telur, að aðrar tálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskrárritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til að skýra mál sitt.“

2. mgr. 21. gr. „Nú er tilkynning samþykkt, og ber þá að skrá merkið í vörumerkjaskrána og auglýsa skráninguna samkvæmt 20. gr.“

Lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

3. mgr. 4. gr. „Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borist, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum."

Lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

52. gr. „Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfesingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir..."

Lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

3. mgr. 148. gr. „Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar."

Þinglýsingarlög, nr. 39/1978.

5. mgr. 7. gr. „Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt."

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. mgr. 96. gr. „Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar ..."

1. mgr. 99. gr. „... Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi ..."

Lögræðislög, nr. 68/1984.

2. mgr. 16. gr. „... Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt."

Lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

2. mgr. 11. gr. „Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi."

Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sbr. 9. gr. laga nr. 47/1990.

22. gr. „Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný."

Lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

1. mgr. 29. gr. „Að fengnu áliti bankaráðs getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar ..."

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

4. mgr. 11. gr. „Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Ef skattstjóri

synjar beiðni launamanns að öllu leyti ber honum að endursenda launamanninum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.“

Lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. mgr. 15. gr. „Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni að skipið hafi eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.“

2. mgr. 26. gr. „Ef umdæmisstjóri hefur lagt farbann á skip skal það þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg.“

1. mgr. 27. gr. „Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni ...“

Tollalög, nr. 55/1987.

100. gr. „... Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi ...“

Lög nr. 44/1988, um fangelsi og fangavist.

5. mgr. 26. gr. „Ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.“

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. mgr. 29. gr. „... Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi ...“

Lög nr. 17/1991, um einkaleyfi.

1. mgr. 26. gr. „Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt. Þegar einkaleyfi hefur verið veitt skal það auglýst og einkaleyfisskjal gefið út.“

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. mgr. 60. gr. „Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilfelli getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.“

Barnalög, nr. 20/1992.

73. gr. „Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.“

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1. mgr. 7. gr. „Formaður yfirskattanefndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.“

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

2. mgr. 45. gr. „... Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til barnaverndarráðs, sbr. 49. gr.“

4. mgr. 49. gr. „Að öðru leyti gilda ákvæði 42.-43. og 45.-46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. ...“

Fylgiskjal 5.

Dæmi um lögfestar reglur um rökstuðning stjórnvaldsákvarðana.

Lög nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúrumboð.

1. mgr. 3. gr. „Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni."

Lög nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

5. gr. „Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar það þá um staðfestingu, en skýrir stjórn áveitufélagsins frá ástæðum fyrir neituninni."

Vatnalög, nr. 15/1923.

1. mgr. 104. gr. „1. Samþykkt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal félagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða annað, sem félagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykkt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir ..."

Tilskipun frá 13. mars 1925 um mælitæki og vogaráhöld.

2. mgr. 25. gr. „Enn fremur getur skoðunarmaður krafizt, að mælitæki og vogaráhöld séu send til endurlöggildingar, ef hann hefur ástæðu til að halda, að þau séu orðin röng, en geta skal hann þá um ástæðuna í skoðunargerðinni."

Lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. mgr. 3. gr. „Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bága við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni ..."

Lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

1. mgr. 6. gr. „Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins."

Lög nr. 14/1942, um læknaráð.

4. mgr. 6. gr. „Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætíð, ef sá, er umsagnarinnar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöðu."

Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

4. mgr. 7. gr. „Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg og með tilgreindum ástæðum."

1. mgr. 10. gr. „Hver sá, sem skipar starfsmann í stöðu, veitir og lausn úr henni nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv."

Girðingarlög, nr. 10/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1971.

1. mgr. 23. gr. „Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins."

Lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

33. gr. „Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar ásamt umsögn landgræðslustjóra. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að hana megi staðfesta, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir ..."

Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

3. mgr. 16. gr. „Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins ..."

Lög nr. 47/1968, um vörumerki.

1. mgr. 19. gr. „Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskráritari telur, að aðrar tálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskráritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til að skýra mál sitt."

Lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

3. mgr. 4. gr. „Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borist, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum."

Lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

52. gr. „Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir ..."

Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

1. mgr. 10. gr. „Matsnefnd skal kveða upp úrskurð um fjárhæð eignarnámsbóta til eignarnámsþola. Í úrskurðinum skal gerð grein fyrir þeim atvikum og réttarreglum, sem liggja til grundvallar niðurstöðum mats. Bótafjárhæð skal vera sundurliðuð og lýst grundvelli útreikninga. Jafnan skal taka afstöðu til ágreiningsatriða. Tiltaka skal sérstaklega, hvern matskostnað eignarnemi eigi að greiða, sbr. 11. gr."

Lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

25. gr. „Synjanir umsókna um fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð skulu tilkynntar landlækni og þess skal getið hvers vegna umsókn hafi verið synjað."

Lög nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

2. mgr. 31. gr. „Þegar um er að ræða leyfi samkvæmt 14. gr. eða 26. gr., skal lögreglustjóri í því umdæmi, sem leyfishafi á lögheimili, taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess, hvar leyfi er upphaflega gefið út. Ef sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður."

Lög nr. 32/1978, um hlutafélög.

3. mgr. 148. gr. „Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og um ástæður til hennar."

Þinglýsingalög, nr. 39/1978, sbr. 9. tölul. 91. gr. laga nr. 90/1991.

5. mgr. 7. gr. „... Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt."

4. mgr. 39. gr. „... Til þess að slík skjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingastjóri þess með áritun á það eintak skjalsins er hann varðveitir, hvers vegna það hafi verið afmáð."

Byggingarlög, nr. 54/1978.

4. mgr. 8. gr. „Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað."

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 23. gr. laga nr. 30/1992.

3. mgr. 96. gr. „Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar ..."

1. mgr. 99. gr. „... Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi..."

9. mgr. 100. gr. „Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé byggð ..."

Lög nr. 86/1981, um viðskiptabanka.

2. mgr. 11. gr. „Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi."

Lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, sbr. 18. tölul. 136. gr. laga nr. 20/1991.

2. mgr. 20. gr. „... Telji sýslumaður skýringar viðkomandi aðilja ófullnægjandi skal hann með rökstuddum úrskurði leggja á erfingjana viðbótarerfðafjárskatt samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar. ..."

Lög nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði.

3. mgr. 3. gr. „Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar."

Lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

11. gr. „... Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi."

Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sbr. 9. gr. laga nr. 47/1990.

22. gr. Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný."

Lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

1. mgr. 29. gr. „Að fengnu áliti bankaráðs getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar ..."

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

4. mgr. 11. gr. „Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Ef skattstjóri synjar beiðni launamanns að öllu leyti ber honum að senda launamanninum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.“

Lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. mgr. 15. gr. „Telji starfsmenn Siglingamálastofnunar eigi öruggt að skip sé í förum skal svipta skipið haffærisskírteini og tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni að skipið hafi eigi rétt til að vera í förum fyrr en úr ágöllum er bætt og tilgreindar ástæður sviptingarinnar.“

3. mgr. 26. gr. „... Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. ...“

27. gr. „Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.“

Lög nr. 52/1987, um opinber innkaup.

6. gr. „... Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.“

Tollalög, nr. 55/1987.

100. gr. „... Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi ...“

8. mgr. 101. gr. „... Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning sé byggð.“

Lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

2. mgr. 29. gr. „Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. ...“

Lög nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1991.

5. mgr. 24. gr. „Ákvörðun um leit samkvæmt þessari grein skal bókuð og ástæður tilgreindar.“

4. mgr. 25. gr. „Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal bóka og ástæður tilgreindar.“

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

29. gr. „... Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna ...“

Læknalög, nr. 53/1988.

1. mgr. 28. gr. „Landlækni ber, verði hann þess var að læknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, að áminna hann. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd. Landlæknir sendir afrit áminningar til heilbrigðisráðherra.“

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. mgr. 11. gr. „Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.“

Lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

1. mgr. 44. gr. „Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði almennra kaupleiguíbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta

útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.“

102. gr. „... Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.“

Lög nr. 86/1989, um lögbókandagerðir.

1. mgr. 14. gr. „Nú er óskað lögbókandagerðar, en lögbókandi telur að gerðin muni engum tilgangi þjóna eða að skilyrðum þessara eða annarra laga fyrir gerð með því efni, sem um er beðið, sé ófullnægt, og má hann þá hafna beiðni um gerðina. Lögbókanda er skylt að afhenda þeim, sem hann synjar um gerð, skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni ef krafist er.“

Lög nr. 90/1989, um aðför.

2. mgr. 17. gr. „Telji sýslumaður ágalla vera á málstað gerðarbeiðanda, sem veldur því að aðfarar verði synjað vegna fyrirmæla 1. mgr., skal hann endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.“

Lög nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

2. mgr. 29. gr. „Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar...“

Lög nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum.

6. mgr. 30. gr. „Telji sýslumaður skilyrðum til að veita leyfi til einkaskipta ekki fullnægt eða telji hann sýnt að erfingjar muni ekki geta lokið skiptum innan hæfilegs tíma skal hann synja um leyfið, enda hafi tilmælum hans eða ábendingum skv. 1.-5. mgr. ekki verið sinnt ef því er að skipta. Erfingjar geta krafið sýslumann um stuttan skriflegan rökstuðning fyrir synjun hans.“

Lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla .

16. gr. „Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.-13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.“

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. mgr. 60. gr. „Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilfelli getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.“

Barnalög, nr. 20/1992.

72. gr. „Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.“

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

13. gr. „Úrskurðir yfirskattanefndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt.“

Lög nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

2. mgr. 14. gr. „Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd.“

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

2. mgr. 45. gr. „... Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. ...“

Fylgiskjal 6.

Dæmi um lögfest ákvæði um endurupptöku máls og skyld réttarúrræði.

Vatnalög, nr. 15/1923.

2. mgr. 95. gr. „2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhalds ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næsta 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja, sem vill, krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var byggt á, hefir breyst að mun. ...“

Lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, sbr. 2. tölul. 10. gr. laga nr. 92/1991.

1. mgr. 9. gr. „Sýslumaður ákveður fjárframlag samkvæmt 5. og 7. gr. Nú breytist hagur annars eða beggja að mun, og getur sýslumaður þá, ef annað hjóna krefst þess, hvenær sem er breytt úrskurði sínum. Sýslumaður gerir einnig fyrirskipanir þær, er getur í 6. og 8. gr.“

Lög nr. 29/1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

2. mgr. 8. gr. „Ágreining, er síðar rís um framfærsluskyldu og foreldravald, skal úrskurða í ríki því, sem það hjónanna, er kröfunni er beint gegn, á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun, sem gerð hefir verið í einhverju af hinum ríkjunum ...“

Lög nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, sbr. 11. gr. laga nr. 39/1992.

52. gr. „Ákvæði dóms eða úrlausn sýslumanns um framfærsluskyldu annars hjóna með hinu er unnt að breyta, ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu. Yfirvald getur breytt ákvörðun sinni um fjárhæð framfærslueyris, ef atvik mæla með því.“

Lög nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

1. mgr. 21. gr. „Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 19. og 20. gr., getur krafist nýs úrskurðar Fasteignamats ríkisins um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.“

Lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

41. gr. „Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.“

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. og 2. mgr. 96. gr. „... Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma leggur hann skatt á eða endurákvarðar skattinn samkvæmt framtali og fengnum skýringum og gögnum, sbr. þó 106. gr. ...

Hafi skattaðili eigi talið fram til skatts og álagning skatta því byggð á áætlun, en síðar kemur í ljós að áætlun hefur verið of lág, skal áætla honum skattstofna að nýju og reikna skatta hans í samræmi við það. Á sama hátt skal ákvarða eða endurákvarða skattaðila skatt ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum eða ef ekki hefur verið lagt á skattaðila. Séu skattar endurákvarðaðir samkvæmt þessari málsgrein skal gæta ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, sbr. einnig 106. gr., eftir því sem við á.“

99. gr. „Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi

tilkynningar um endurákvörðun. Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu er lokið skv. 1. mgr. 98. gr., skal tekið sem kæra til skattstjóra hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu þegar í stað send ríkisskattstjóra. Breytingar á skatti skal jafnframt senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af skattstjóra eða af þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þess starfs."

Lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

1. mgr. 48. gr. „... Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það."

2. mgr. 51. gr. „Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það."

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

3. mgr. 6. gr. „... Skattstjóri getur breytt ákvörðun sinni samkvæmt þessari málsgrein að fengnum skriflegum skýringum á reiknuðu endurgjaldi, studdum nauðsynlegum gögnum."

4. mgr. 28. gr. „... Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi."

Tollalög, nr. 55/1987, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1987.

3. mgr. 32. gr. „Telji ríkistollstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun tollstjóra um eitthvað sem lýtur að gjaldtöku samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum, um gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, getur hann ákvarðað innflytjanda eða útflytjanda gjöld og skatta að nýju eða falið það tollstjóra, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða."

99. gr. „Hafi tollyfirvald heimilað afhendingu vöru eða sendingar og hún verið tekin úr vörslu farmflytjanda eða póststofunnar og innflytjandi látið í té í aðflutningsskýrslu sinni og meðfylgjandi gögnum fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á er óheimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld, nema innflytjandi óski innan 60 daga frá því að heimild var veitt til afhendingar eftir endurákvörðun tolls eða tollyfirvald tilkynni innflytjanda endurákvörðun sína innan sama tíma.

Endurákvörðun tolla og annarra gjalda sem innheimt eru við innflutning skal þó heimil þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafi innflytjandi fengið vöru tollafgreidda samkvæmt reglum um einfaldari tollmeðferð vöru. Sama gildir hafi innflytjandi ekki áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda eða vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru eða sendingar, t.d. flutt sams konar eða svipaða vöru til landsins áður og fengið tollafgreidda undir ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollyfirvalds en tollflokkað þá vöru eða sendingu sem endurákvarða á aðflutningsgjöld á undir annað tollskrárnúmer án samþykkis tollyfirvalds eða úrskurður um tollflokkun sams konar vöru verið kveðinn upp og birtur. Sama skal gilda sé framlögðum gögnum áfátt, sbr. 1. mgr. 98. gr., og gjöld þannig vanreiknuð við tollafgreiðslu."

100. gr. „Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin, vara sé tollskyld eða tollfrjáls, skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Kæru skal því aðeins taka til greina að vara eða sending sé í vörslu farmflytjanda eða póststofunnar eða tollstjóri hafi veitt sérstaka heimild til afhendingar hennar þrátt fyrir framkomna kæru. Úrskurða skal um kæru innan 30 daga frá því að hún berst. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi. Ríkistollstjóra skal þegar sent afrit af úrskurðinum."

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 119/1989.

1. mgr. 29. gr. „Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests."

2. mgr. 39. gr. „Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju."

Lög nr. 17/1991, um einkaleyfi.

3. mgr. 15. gr. „Einkaleyfisumsókn verður þó tekin til meðferðar á ný ef umsækjandi tjáir sig um málið eða bætir umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út, enda greiði hann tilskilið endurupptökugjald."

1. mgr. 20. gr. „Umsækjandi skal greiða tilskilið framlagningargjald innan tveggja mánaða frá því einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir framlagningargjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út."

Barnalög, nr. 20/1992

16. gr. „Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst. Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess."

1. mgr. 35. gr. „Nú krefst annað foreldra þess að samningi eða úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis um forsjá verði breytt og leysir dómstóll þá úr málinu, skv. VIII. kafla, en dómsmálaráðuneytið ef aðilar eru á einu máli um þá málsmeðferð. Krafa samkvæmt þessari málsgrein verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins ..."

36. gr. „Í ágreiningsmáli út af forsjá barns getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið, eftir því hvar forsjármál er til meðferðar, ákveðið til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá þess eftir því sem barni er fyrir bestu. Breyta má þessari ákvörðun vegna verulega breyttra aðstæðna ..."

3. mgr. 37. gr. „... Sýslumaður getur hafnað því að ákvarða inntak umgengnisréttar og getur einnig breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning foreldra um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu ..."

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

50. gr. „Nú breytast aðstæður foreldra verulega frá því að samþykki var veitt eða úrskurður var kveðinn upp þannig að ætla megi að foreldrar séu nú hæfir til þess að fara með forsjá barns og geta þeir þá farið fram á að barnaverndarnefnd taki mál þeirra upp á ný. Barnaverndarnefnd metur hvort mál skuli endurupptekið og afgreiðir beiðnina með bókun. Við úrlausn málsins skal velferð barns ávallt ganga fyrir."

Fylgiskjal 7.

Dæmi um lögfest ákvæði um stjórnsýslukæru og skyld réttarúrræði.

Lög nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1982, sbr. 3. gr. laga nr. 92/1991.

2. mgr. 3. gr. „Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til viðskiptaráðherra er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið."

8. gr. „Hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953."

Lög nr. 27/1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

3. mgr. 3. gr. „Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð."

Lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

2. mgr. 6. gr. „Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið."

Lög nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski.

1. mgr. 2. gr. „... Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun náttúruverndarráðs til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður."

Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

22. gr. „Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna."

33. gr. „Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launkjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra."

2. mgr. 34. gr. „Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti stöðuna, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ráðherra."

Íþróttalög, nr. 49/1956, sbr. 49. gr. laga nr. 87/1989.

21. gr. „Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmd þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla."

Lög nr. 21/1957, um dýravernd, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1990.

3. mgr. 12. gr. „Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. mgr. má skjóta til umhverfisráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar."

Lög nr. 94/1962, um almannavarnir, sbr. 10. gr. laga nr. 85/1985.

1. mgr. 10. gr. „Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18-65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra."

3. mgr. 19. gr. „Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra."

3. mgr. 27. gr. „Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, svo og fyrirtækjum og félagasamtökum, sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi við almannavarnaráð, er skylt án endurgjalds að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna í samræmi við slíkt skipulag. Ágreiningi um þátttöku í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra."

Lög nr. 21/1963, um kirkjugarða.

15. gr. „Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreining um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða."

Skipulagslög, nr. 19/1964.

4. mgr. 2. gr. „Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, uns úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur."

Lög nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

3. mgr. 19. gr. „Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr."

3. mgr. 21. gr. „Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr."

44. gr. „Ákvarðanir vörumerkjaskráritara samkvæmt lögum þessum getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, enda sé það gert innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ákvörðunin var tekin. Leita má til dómstóla, þótt málið hafi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum. Nú óskar tilkynnandi úrskurðar dómstóla, og ber honum þá að höfða mál innan 6 mánaða frá þeim tíma, er vörumerkjaskráritari eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína.

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefnd ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o.fl."

Áfengislög, nr. 82/1969.

2. mgr. 14. gr. „Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins."

Lög nr. 107/1970, um félagsheimili.

2. mgr. 6. gr. „Ágreiningi, sem verða kanna um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.“

Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.

1. mgr. 17. gr. „... Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.“

Lög 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 75/1989, sbr. lög nr. 23/1987.

7. gr. „Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.“

7. mgr. 14. gr. „... Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.“

Ábúðarlög, nr. 64/1976.

2. mgr. 7. gr. „Náist ekki samkomulag um eftirgjald skal jarðanefnd úrskurða það. Ákvörðun jarðanefndar má skjóta til yfirmats skv. 44. gr. innan eins mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

1. og 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. „Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- eða skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafist yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd.“

Jarðalög, nr. 65/1976.

3. mgr. 6. gr. „Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.“

17. gr. „Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.“

Lög nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

24. gr. „Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöðu endurmats samkvæmt þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.“

Vegalög nr. 6/1977, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989.

3. mgr. 42. gr. „Nú samþykkir héraðsnefnd eða stjórn vegasamlags að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.“

Lög nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

33. gr. „Ákvörðun, sem lögreglustjóri tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara og varðar einstakling, getur sá einstaklingur kært til dómsmálaráðuneytisins.

Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar."

Iðnaðarlög, nr. 42/1978.

2. mgr. 12. gr. „Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir iðnaðarráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla."

Lög nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

26. gr. „Ágreiningi, sem kann að rísa vegna laga þessara eða reglugerðar sem við þau verður sett, má skjóta til landbúnaðarráðherra."

Byggingarlög nr. 54/1978, sbr. 15. gr. laga nr. 47/1990.

7. mgr. 8. gr. „Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker umhverfisráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar."

8. mgr. 8. gr. „Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. Umhverfisráðherra skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar."

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. mgr. 87. gr. „Atvinnurekandi getur innan hálfs mánaðar frá kröfugerðinni áfrýjað sektarákvæðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sem strax og unnt er skal taka ákvörðun um málið og eigi síðar en eftir einn mánuð. Hafi stjórnin ekki fellt úrskurð sinn þá gildir úrskurður Vinnueftirlitsins."

2. mgr. 93. gr. „Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum forstjórans, getur hann skotið máli sínu til stjórnar stofunarinnar, sbr. 98. gr. laga þessara."

98. gr. „Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið, svo fljótt sem verða má.

Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr."

Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.

4. mgr. 3. gr. „Kjörstjórn úrskurðar um kosningarrétt samkvæmt lögum þessum, svo og um gildi einstakra atkvæðaseðla, og enn fremur um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má, innan viku frá því er hann gekk, skjóta til kirkjumálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar."

5. gr. „Kærur út af kosningunni skulu hafa borist kjörstjórn innan viku frá því, er fresti lauk til að skila atkvæðaseðlum, og úrskurðar kjörstjórn þær. Að svo búnu telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar þau, nema kosning sé úrskurðuð ógild. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk, og leysir hann úr málinu til fullnaðar."

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. mgr. 66. gr. „Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í

málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt."

Lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1990.

5. mgr. 3. gr. „Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Landlæknir og nefndin gera ráðherra árlega grein fyrir þeim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála."

Hafnalög, nr. 69/1984.

8. mgr. 24. gr. „Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar."

Lög nr. 73/1984, um fjarskipti.

6.-8. mgr. 3. gr. „Nú synjar Póst- og símamálastofnun um viðurkenningu á notendabúnaði og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar."

Lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

1. mgr. 31. gr. „Ráðherra skipar nefnd fimm manna til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða sem settar eru um framkvæmd þeirra. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og skulu þrír fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, einn fulltrúi tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og formaður sem ráðherra skipar án tilnefningar. Ákvarðanir nefndarinnar eru bindandi en viðkomandi framleiðandi eða Framleiðsluráð landbúnaðarins geta þó skotið málinu til úrskurðar ráðherra innan 30 daga frá því að nefndin kvað upp úrskurð sinn."

Lög nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði.

4. mgr. 2. gr. „Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953."

4. mgr. 3. gr. „Synjun á veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis."

2. mgr. 7. gr. „Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega."

Lög nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. 43. gr. laga nr. 108/1988.

3. mgr. 24. gr. „Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr."

45. gr. „Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar eða

bæjarstjórnar, er úrskurðar kæruna. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslumanns. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð."

4. mgr. 68. gr. „a. ... Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.

b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki ..."

69. gr. „Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjársjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni."

Sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, sbr. 86. gr. laga nr. 92/1991.

3. mgr. 27. gr. „Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 37. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi."

1.-4. mgr. 37. gr. „Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Viðkomandi yfirvald skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er því hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til ráðuneytisins og skal tilkynning um málskotið komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra."

38. gr. „Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til ráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla."

119. gr. „Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar. Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum."

Lög nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

3. mgr. 10. gr. „Vilji umsjónarmaður eldisstöðvar eigi hlíta skriflegum fyrirmælum eftirlitsaðila er rétt að skjóta málinu til úrskurðar landbúnaðarráðherra."

Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.

13. gr. „Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfir-

kjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.“

19. gr. „Prestkosningar má kæra skriflega fyrir kjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosningu og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagna kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.“

Lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

1. mgr. 35. gr. „Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt getur hann leitað til siglingamálastjóra sem úrskurðar um gjaldtöku. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því er honum varð kunnugt um úrskurðinn skotið honum til dómstóla.“

Tollalög, nr. 55/1987, sbr. 8. gr. laga nr. 96/1987, sbr. 9. gr. laga nr. 96/1987.

101. gr. „Úrskurði tollstjóra, sbr. 100. gr., og ákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar tollstjóra.

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun.

Nefndin skal tafarlaust senda ríkistollstjóra endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Ríkistollstjóri skal koma fram fyrir hönd ráðherra gagnvart nefndinni og skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem ástæða er talin til. Greinargerðin skal send nefndinni innan þess frests sem hún ákveður.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málfutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kæruna til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að þær bárust henni, nema því aðeins að viðhafður sé munnlegur málflutningur, en þá skal kveða upp úrskurð innan 30 daga frá málflutningi, þó þannig að heildarmálsmeðferð sé aldrei lengri en 60 dagar. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning sé byggð.“

102. gr. „Nefndin skal gefa út úrskurði sína árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari. Útdrætti úr úrskurðum skal birta í Lögbirtingablaði, enda hafi þeir almennt gildi.

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Gilda ákvæði þau sem að framan eru rakin um slíkar kærur eftir því sem við á.

Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðum hennar fyrr en dómur er genginn.“

Jarðræktarlög, nr. 56/1987.

17. gr. „Þyki héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni að jarðabótaframkvæmd sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðir samkvæmt þeim hefur hann rétt til að neita úttekt og þá um leið framlagi til hennar. Ágreiningi, sem upp kann að koma þessa efnis, skal skotið til Búnaðarfélags Íslands sem sker úr honum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er rétt að leita úrskurðar landbúnaðarráðherra í þeim málum sem hún telur orka tvímælis.“

Lög nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis.

39. gr. „Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem ræður er ger.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp."

Lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

10. gr. „Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. laga nr. 52/1959 er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir."

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 119/1989.

29. gr. „Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til ríkisskattanefndar eftir því sem við getur átt.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkunin nemur."

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2.-4. tölul. 29. gr. „29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.

29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 2. tl. 29. gr. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.

29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar."

1. tölul. 30. gr. „30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 1.-2. tl. 29. gr. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 2. tl. 30. gr. Málskot skv. þessum tölulið frestar ekki upphaflegri ákvörðun."

31. gr. „31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. [77/1981], um dýralækna.

31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984, lög nr. 31/1970 og lög nr. 32/1986, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti hlutaðeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Ríkismats sjávarafurða, siglingamálastjóri og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra."

Lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 70/1990.

108. gr. „Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og húsnæðisnefnda sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 101. gr., svo og ákvarðanir um endursölu skv. 102. gr."

Lög nr. 20/1989, um verðbréfamiðlun og verðbréfasjóði.

5. mgr. 18. gr. „... Skjóta má synjun bankaeftirlitsins til endanlegrar ákvörðunar ráðherra, en einnig má bera hana undir dómstóla með málshöfðun innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun bankaeftirlitsins var kunngerð stjórn sjóðsins."

Lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull.

1. málsl. 4. mgr. 6. gr. „Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni."

Lög nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

3. mgr. 4. gr. „Verði ágreiningur um gjaldsto.fn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríksins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla."

33. gr. „Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar".

40. gr. „Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög og reglugerð um aðstöðugjald skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti uns úrskurður er fenginn."

Lög nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

29. gr. „Verði ágreiningur með nefndarmönnum í úthlutunarnefnd, sbr. 2. mgr. 27. gr., getur sá nefndarmaður, sem eigi vill una úrskurði meirihluta, skotið ágreiningi til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama hátt getur úthlutunarnefnd og Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar skotið til sjóðsstjórnar ágreiningi skv. 1. mgr. 28. gr., sem eigi hefur náðst samkomulag um. Þá getur umsækjandi um bætur, sem eigi vill una ákvörðun úthlutunarnefndar eða Tryggingastofnunar ríkisins, skotið máli sínu til sjóðsstjórnar.

Sá, sem áfrýja vill máli til sjóðsstjórnar, skal senda henni greinargerð ásamt öllum sömu gögnum, sem lögð höfðu verið fyrir úthlutunarnefnd eða eftir atvikum Tryggingastofnun ríkisins, er þessir aðilar kváðu upp úrskurð sinn. Berist ný gögn, skal málið tekið upp að nýju og úrskurðað, áður en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur það til afgreiðslu.

Úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um bætur eru endanlegir."

2. mgr. 41. gr. „Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 mánuði, en ítrekað brot í eitt ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum, en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar endanlega um málið."

Lög nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

24. gr. „Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur."

25. gr. „Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra, með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir."

Lög nr. 17/1991, um einkaleyfi.

2. mgr. 7. gr. „Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina."

5. mgr. 22. gr. „Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi fyrir geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar."

24. gr. „Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar varðandi umsóknina til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli getur andmælandi einnig skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar. Falli andmæl-andi frá málskoti sínu er eigi að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar.

Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar."

25. gr. „Þegar ákvörðun varðandi einkaleyfisumsókn er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir æðra stjórnvald.

Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrr en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn skal höfðað innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.

Ákvæði 5. mgr. 22. gr. gilda einnig um gögn sem lögð hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd."

Lög nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sbr. 2. gr. laga nr. 31/1991.

5. mgr. 26. gr. „... Ákvörðun um agaviðurlög sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi."

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

10. gr. „Félagsnefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar."

65. gr. „Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 66. gr. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað."

66. gr. „Úrskurðarnefnd félagsþjónustu fjallar um eftirtalin atriði:

1. Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar."

67. gr. „Þrír menn eiga sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, tilnefndir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar félagsþjónsutu greiðist úr ríkissjóði."

Lög nr. 49/1991, um grunnskóla.

5. mgr. 21. gr. „Ágreiningi milli skólastjóra og kennararáðs eða kennarafundar um meðferð tiltekins máls skal vísa til fræðslustjóra. Ef samkomulag tekst ekki, úrskurðar menntamálaráðuneytið um málið. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað."

56. gr. „... Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar."

Barnalög, nr. 20/1992.

74. gr. „Kæra má úrskurð sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar nema sýslumaður ákveði annað."

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1. gr. „Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanefnd."

3. gr. „Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

Ríkisskattstjóra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili."

4. gr. „Yfirskattanefnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á."

5. gr. „Kærufrestur skattaðila til yfirskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til yfirskattanefndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra. Með sama hætti og ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanefndar getur viðkomandi sveitarfélag skotið úrskurði skattstjóra eða ríkisskattstjóra til nefndarinnar.

Kærur skattaðila skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Heimilt er yfirskattanefnd að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til."

6. gr. „Yfirskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.

Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanefnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra."

7. gr. „Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanefndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanefnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanefnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fenginni skriflegri kæru skattaðila og umsögn ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum fyrir yfirskattanefnd að því marki sem hann telur ástæðu til. Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Yfirskattanefnd er ætíð heimilt að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringa ef hún telur málið ekki nægilega upplýst."

8. gr. „Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.

Tímamörk 1. mgr. eiga þó ekki við ef yfirskattanefnd hefur ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr."

9. gr. „Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og

skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

Formaður yfirskattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábrygð. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirskattanefnd starfar deildarskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirskattanefndar.

Hafi yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls."

10. gr. „Yfirskattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirskattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann."

11. gr. „Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni."

12. gr. „Berist yfirskattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirskattanefnd."

13. gr. „Úrskurðir yfirskattanefndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt."

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

2. mgr. 3. gr. „... Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur ráðuneytið þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs."

49. gr. „Foreldrar, forráðamenn barns eða aðrir þeir, sem eru barninu nákomnir, geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var kunnugt um úrskurð barnaverndarnefndar. Er barnaverndarráði skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur barnaverndarráð þó ákveðið að framkvæmd samkvæmt ályktun barnaverndarnefndar skuli frestað uns ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Að jafnaði skal barnaverndarráð kveða upp fullnaðarúrskurð innan sex mánaða frá því að málinu var skotið til ráðsins.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd hefur ákveðið. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda ákvæði 42.-43. gr. og 45.-46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Barnaverndarráð getur að auki mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu."

Fylgiskjal 8.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Kostnaðarumsögn um frumvarp til stjórnsýslulaga.

Með frumvarpi þessu er leitast við að festa í lög margar af þeim óskrifuðu umgengnisvenjum sem myndast hafa í stjórnsýslu en nú þykir æskilegt að lögleiða með tilliti til þess að tryggja sem best réttaröryggi manna í skiptum við hið opinbera.

Í fyrsta kafla er greint frá að lögin taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þetta þýðir að lögin ná einnig til stofnana ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. til atvinnufyrirtækja sem eru í eigu þeirra. Ekki er talið að þau nái til atriða eins og lánveitinga eða skyldra samninga, þar sem hér er ekki um rétt eða skyldu manna að ræða. Annar kafli þess fjallar um hæfi embættismanna til að fást við mál. Regla sú að menn geti verið vanhæfir til meðferðar máls vegna hagsmunaárekstra er ekki ný. Hún hefur ekki verið lögfest en dómstólar hafa farið eftir henni í reynd. Líta verður svo á að lögfesting vanhæfisreglunnar breyti engu hvað kostnað varðar, nema þá e.t.v. til sparnaðar, þar eð ætla má að þeim málum fækki þar sem ákvörðun er hrundið vegna vanhæfis þeirra sem hana tóku.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um almennar reglur í stjórnsýslu. Allar þessar reglur eru í aðalatriðum fyrir hendi í íslenskri stjórnsýslu nema hvað 9. gr. kveður á um hraða við afgreiðslu máls sem ekki hefur skýrt verið fyrir hendi til þessa. Ekki er hægt að telja að hér verði um kostnaðarauka að ræða þar sem skjótari afgreiðsla mála eykur skilvirkni í stjórnsýslu og er þar með alveg eins líkleg til að leiða til sparnaðar.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um andmælarétt. Er þar að finna þau nýmæli að upplýsingaskylda stjórnvalda er skilgreind og gerð nokkuð víðtæk. Sérstaklega er kveðið á um upplýsingarétt í 15. gr. sem getur valdið nokkrum kostnaðarauka. Á móti kemur að í sömu grein er heimild til að setja gjaldskrá fyrir veitt ljósrit og endurrit.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um birtingu ákvörðunar og rökstuðning ákvarðana. Hér er aðalreglan sú að ekki sé sjálfkrafa nauðsynlegt að rökstyðja stjórnvaldsákvarðanir að fyrra bragði nema eftir því sé leitað (21. gr.). Telja verður að nokkur kostnaður geti hlotist af ákvæðum þessa kafla, en vandséð er að hann verði umtalsverður. Helst má ætla að stjórnvöldum verði gert að rökstyðja ákvarðanir vegna mannaráðninga, og munu ákvæði 21. gr. verða m.a. til þess að nafnleynd í atvinnuumsóknum kunni að falla niður.

Ákvæði sjötta og sjöunda kafla gefa vart tilefni til að ætla að um kostnaðarauka verði að ræða. Kæruheimild sú, sem fjallað er um í 26. gr., er þegar fyrir hendi. Í 27. gr. er kærufrestur skilgreindur og má ætla að lögfesting hans sé frekar kostnaðarsparandi.

Áttundi kafli lögfestir reglur sem almennt gilda í stjórnsýslu. Í 33. gr. er sérstaklega kveðið á um fundarboðun og í 34. gr. er kveðið á um ályktunarhæfi stjórnsýslunefnda. Bæði ákvæðin eru til bóta og verður ekki séð að þau valdi neinum kostnaðarauka.

Í heild má heldur ætla að samþykkt frumvarpsins verði til sparnaðar þar sem stjórnsýslulög munu auka aðhald að stjórnvöldum og leiða til formfastari ákvarðana. Þá má einnig minna á að aðhald það, sem stjórnsýslulög veita, eykur réttaröryggi borgaranna og sparar þeim þar með kostnað og fyrirhöfn.

506. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Hjörleifi Guttormssyni, Svavari Gestssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Jóhanni Ársælssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 412 Tekjuskattur. Nýr liður:	
4121 Sérstakur hátekjuskattur	1.600.000
2. Við 3. gr. 412 Tekjuskattur. Nýr liður:	
4122 Skattur á fjármagnstekjur	2.000.000
3. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Nýr liður:	
192 Til atvinnuaukningar	3.000.000

507. Frumvarp til fjáraukalaga [140. mál]

fyrir árið 1992.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

Samhljóða þskj. 161 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-2 423 000**
Beinir skattar	-1 033 000	
Óbeinir skattar	-1 120 000	
Vaxtatekjur	240 000	
Aðrar tekjur	-510 000	
Gjöld		**3 485 500**
Samneysla	1 051 300	
Rekstrargjöld	1 101 300	
Viðhald	-50 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 558 100	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	376 100	
Stofnkostnaður	376 100	
Gjöld umfram tekjur		**5 908 500**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	1 295 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	100 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 303 500**
Afborganir af teknum lánum		-415 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 888 500**
Lántökur		6 900 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**11 500**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31 500	
01 Forsætisráðuneyti	4 500	
02 Menntamálaráðuneyti	-151 000	
03 Utanríkisráðuneyti	58 800	
04 Landbúnaðarráðuneyti	660 100	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	121 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	89 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	96 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 945 400	
09 Fjármálaráðuneyti	241 300	
10 Samgönguráðuneyti	82 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	300 000	
14 Umhverfisráðuneyti	6 800	
Samtals		3 485 500

Eftirtaldir liðir 3. gr. breytast og hljóða svo:

01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Yfirstjórn	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**
	Samtals		4 500

03–401 Alþjóðastofnanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu, UNTAG	14 800	
1 59	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, í Angóla og El Salvador	5 800	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 600	
5	Gjöld samtals		**20 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–201 Búnaðarfélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 100
1 01	Búnaðarfélag Íslands	24 100	
	Gjöld samtals		24 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 100	
5	Gjöld samtals		**24 100**
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			19 000
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 000	
5	Gjöld samtals		**19 000**
08–271 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			802 000
1 10	Lífeyristryggingar	163 000	
1 20	Sjúkratryggingar	639 000	
	Gjöld samtals		802 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	802 000	
5	Gjöld samtals		**802 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 000
1 01	Ríkisspítalar	65 000	
Stofnkostnaður:			55 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	55 000	
	Gjöld samtals		120 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	120 000	
5	Gjöld samtals	120 000	
4	Sértekjur	−126 000	
	Mismunur		**246 000**
08–372 Borgarspítalinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Borgarspítalinn	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 000	
5	Gjöld samtals	25 000	
4	Sértekjur	−61 000	
	Mismunur		**86 000**
08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−11 000	
	Mismunur		**11 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			535 100
1 01	Rekstur	535 100	
Stofnkostnaður:			220 600
6 01	Stofnkostnaður	220 600	
	Gjöld samtals		755 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	377 400	
52–58	Önnur gjöld	256 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	122 000	
5	Gjöld samtals	755 700	
4	Sértekjur	50 400	
	Mismunur		**705 300**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			−50 000
5 10	Viðhald vega	−50 000	
Stofnkostnaður:			50 000
6 10	Nýframkvæmdir	50 000	
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	1 100	
Stofnkostnaður:			
6 30	Hafnamannvirki	−7 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	7 000	
	Gjöld samtals		1 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
5	Gjöld samtals	1 100	
4	Sértekjur	−40 000	
	Mismunur		**41 100**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

508. Frumvarp til laga [125. mál]

um umboðssöluviðskipti.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskipti í umboðssölu sem eiga sér stað milli Íslands og annarra ríkja. Í lögunum merkir *umboðssölumaður* sjálfstætt starfandi millilið sem hefur ótímabundna heimild til að semja um kaup eða sölu á vörum og þjónustu sem veitt er í því sambandi fyrir hönd annars aðila — *umbjóðanda* — samkvæmt samningi þeirra í milli.

Sá telst ekki umboðssölumaður í merkingu laga þessara sem vegna starfa síns hefur umboð til þess að skuldbinda það fyrirtæki eða félag, sem hann vinnur hjá eða er eigandi að, sameignarfélagi sem hefur heimild til þess að gera bindandi skuldbindingar fyrir meðeigendur sína. Skiptastjóri í þrotabúi telst heldur ekki umboðssölumaður í merkingu laga þessara.

2. gr.

Lög þessi ná ekki til ólaunaðra umboðssölumanna eða umboðssölumanna þegar þeir starfa á uppboðsmörkuðum.

Ráðherra getur með reglugerð undanþegið tiltekna þætti umboðssöluviðskipta frá ákvæðum laga þessara þegar viðkomandi einstaklingar hafa umboðssölumennsku að aukastarfi.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur í umboðssöluviðskiptum.

3. gr.

Umboðssölumaður skal gæta hagsmuna umbjóðanda síns af skyldurækni og heiðarleika. Sérstaklega ber umboðssölumanni:

a. að gera viðeigandi tilraunir til þess að semja um viðskipti og koma þeim á,
b. að miðla öllum tiltækum upplýsingum sem máli skipta til umbjóðandans,
c. að fylgja réttmætum fyrirmælum frá umbjóðanda sínum.

4. gr.

Umbjóðandi skal í öllum samskiptum sínum við umboðssölumann koma fram af skyldurækni og heiðarleika. Umbjóðanda ber sér í lagi:

a. að fá umboðssölumanni í hendur nauðsynleg gögn,
b. að veita umboðssölumanni nauðsynlegar upplýsingar varðandi umboðssölusamninginn, sér í lagi láta hann vita innan eðlilegra tímamarka ef hann sér fyrir að viðskiptin verða umtalsvert minni en ætla má að umboðssölumaðurinn hafi gert ráð fyrir.

Umbjóðanda ber einnig að greina umboðssölumanni frá því innan eðlilegra tímamarka hyggist hann samþykkja, hafna eða hætta við viðskipti sem sá síðarnefndi hefur komið á.

5. gr.

Ákvæði 3. og 4. gr. eru ófrávíkjanleg.

III. KAFLI
Þóknun.

6. gr.

Liggi ekki fyrir samkomulag um þóknun milli aðila skal umboðssölumaður eiga rétt á sambærilegri þóknun sem venja er að greiða umboðssölumönnum með umboð fyrir þær tegundir vöru eða þjónustu, sem samningur hans tekur til, á því svæði sem hann starfar. Ef engin slík venja er fyrir hendi skal umboðssölumaðurinn eiga rétt á eðlilegri þóknun með hliðsjón af því um hvaða viðskipti er að ræða.

Sá hluti þóknunar, sem er breytilegur eftir fjölda eða upphæð viðskiptasamninga, skal teljast umboðslaun samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði 7.– 12. gr. gilda aðeins ef þóknun umboðssölumanns er að hluta eða að öllu leyti í formi umboðslauna.

7. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi viðskiptin komist á í beinu framhaldi af vinnu hans eða viðskipti hafi komist á við þriðja aðila sem hann hefur áður átt að viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Umboðssölumaður skal einnig eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings hafi slík viðskipti tekist á landsvæði því eða við þann hóp viðskiptavina sem honum hefur verið falið að annast og viðskipti hafi verið gerð við viðskiptavin af því svæði eða úr þeim hópi.

8. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem fara fram eftir að umboðssamningur fellur úr gildi ef rekja má viðskiptin að mestu leyti til vinnu hans á meðan umboðssamningurinn er enn í gildi og hafi verið stofnað til viðskiptanna innan hæfilegs tíma frá því að samningstíma er lokið. Enn fremur á umboðssölumaður rétt á umboðslaunum eftir gildistíma samnings ef pöntun frá þriðja aðila, sbr. 7. gr., hefur borist umboðssölumanni eða umbjóðanda fyrir lok samningstíma.

9. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á umboðslaunum skv. 7. gr. ef þau verður að greiða fyrrverandi umboðssölumanni skv. 8. gr. nema sérstakar aðstæður geri það sanngjarnt að þeim sé skipt á milli þeirra.

10. gr.

Krafa um umboðslaun er gjaldkræf þegar:

a. umbjóðandi hefur gengið frá viðskiptum,
b. umbjóðandi ætti að hafa gengið frá viðskiptum í samræmi við samkomulag við þriðja aðila,
c. þriðji aðili hefur þegar gengið frá viðskiptunum.

Krafa um umboðslaun stofnast í síðasta lagi þegar þriðji aðili hefur gengið frá sínum hluta viðskiptanna eða ætti að hafa gert það ef umbjóðandi hefði staðið við sinn þátt viðskiptanna eins og um var samið.

Umboðslaun skulu greidd eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem krafa um þau varð gjaldkræf.

Eigi er heimilt með samningum að víkja frá 2. og 3. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

11. gr.

Réttur til umboðslauna getur fallið niður þegar samningsákvæði um viðskipti umbjóðanda og þriðja aðila eru ekki uppfyllt af ástæðum sem umbjóðanda verður ekki kennt um.

Umboðslaun, sem umboðssölumaður hefur fengið greidd, skulu endurgreidd umbjóðanda ef réttur til þeirra hefur fallið niður.

Óheimilt er með samningum að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

12. gr.

Umbjóðandi skal afhenda umboðssölumanni yfirlit yfir umboðslaun, sem kröfur hafa stofnast til, eigi síðar en á síðasta degi næsta mánaðar eftir þann ársfjórðung sem kröfurnar stofnast á. Á yfirlitinu skulu koma fram þeir liðir sem útreikningur umboðslaunanna byggist á.

Umboðssölumaður getur krafist þess að fá allar upplýsingar vegna viðkomandi viðskipta sem umbjóðandi býr yfir, þar með taldar útskriftir úr bókhaldi, til þess að sannreyna að umboðslaun séu rétt reiknuð.

Óheimilt er með samningum að víkja frá 1. og 2. mgr. þessarar greinar þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar greinir.

IV. KAFLI
Lok og slit umboðssölusamninga.

13. gr.

Umboðssölusamningar skulu vera skriflegir.

14. gr.

Umboðssölusamningur með tiltekinn gildistíma breytist í samning með ótiltekinn gildistíma ef viðskipti halda áfram með sama hætti eftir að upphaflegum gildistíma lýkur.

15. gr.

Umboðssölusamningi með ótiltekinn gildistíma má segja upp með uppsagnarfresti af hvorum aðila um sig.

Sé ekki um annað samið skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður ef samningur hefur verið í gildi í eitt ár eða skemur og skal uppsagnarfrestur lengjast um einn mánuð fyrir hvert ár sem samningurinn hefur verið í gildi umfram eitt ár. Uppsagnarfrestur skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir.

Semji aðilar um lengri frest en um getur í 2. mgr. er umbjóðanda óheimilt að áskilja sér skemmri uppsagnarfrest en umboðssölumaður.

Sé eigi um annað samið miðast uppsagnarfrestur við mánaðamót.

Ákvæði þessarar greinar skulu eiga við um umboðssölusamninga skv. 14. gr. Ákvæði um uppsagnarfrest skulu miðast við upphaf gildistíma upphaflegs samnings.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 15. gr. er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef annar hvor aðilinn stendur að einhverju leyti ekki við ákvæði samningsins. Enn fremur er heimilt að segja upp umboðssölusamningi án uppsagnarfrests ef ófyrirsjáanleg atvik gerast hjá öðrum hvorum aðilanum sem raska verulega forsendum samningsins og bersýnilega er ósanngjarnt að aðilinn þurfi að standa við hann.

Vanræki umboðssölumaður eða umbjóðandi skyldur sínar samkvæmt umboðssölusamningi getur hann bakað sér skaðabótaskyldu. Sá aðili, sem krefjast vill skaðabóta, skal tilkynna hinum um kröfuna án ástæðulauss dráttar eftir að hann hefur eða ætti að hafa vitneskju um vanrækslu. Sé það ekki gert fellur skaðabótaréttur niður. Þetta gildir þó ekki ef mótaðilinn hefur starfað á óheiðarlegan hátt eða sýnt af sér vítavert gáleysi.

17. gr.

Sé umboðssölusamningi sagt upp af umbjóðanda á umboðssölumaður rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur útvegað umbjóðanda sínum nýja viðskiptavini eða hefur aukið verulega viðskipti umbjóðanda síns við eldri viðskiptavini og umbjóðandi heldur áfram að hagnast umtalsvert af viðskiptum við þessa viðskiptavini. Enn fremur verður greiðsla vegna samningsslita að vera sanngjörn í ljósi aðstæðna og þá sér í lagi með tilliti til þeirra umboðslauna sem umboðssölumaður hlaut af aukningu viðskipta og enn fremur með tilliti til mögulegra samningsákvæða milli aðila um að umboðssölumaður leggi ekki stund á tiltekin viðskipti eftir að gildistími samnings er liðinn.

Upphæð greiðslu vegna samningsslita skal ekki vera hærri en sem svarar til eins árs umboðslauna miðað við meðaltal þeirra á föstu verðlagi síðustu fimm ár samningstímans. Hafi samningur aðila gilt skemur en fimm ár skal miðað við meðaltal umboðslauna á föstu verðlagi á gildistíma samningsins.

Umboðssölumaður fyrirgerir ekki rétti sínum til málshöfðunar til skaðabóta vegna fjárhagstjóns með því að taka við greiðslu vegna samningsslita frá umbjóðanda.

Umboðssölumaður á rétt á skaðabótum vegna þess fjárhagstjóns sem hann verður fyrir vegna uppsagnar umbjóðanda á umboðssölusamningi. Fjárhagstjón í þessum skilningi eru einkum tapaðar umboðslaunatekjur sem umboðssölumaður hefði fengið með því að uppfylla samviskusamlega ákvæði umboðssölusamningsins og jafnframt bæta verulega hag umbjóðanda síns. Enn fremur þegar umboðssölumaður situr uppi með ógreiddar og vannýttar fjárfestingar sem hann hefur lagt í vegna umboðssöluviðskiptanna í samráði við umbjóðanda.

Réttur til greiðslu vegna samningsslita skv. 1. mgr. og skaðabóta vegna fjárhagstjóns skv. 4. mgr. stofnast þótt samningi þessum sé sagt upp vegna andláts umboðssölumanns.

Umboðssölumaður missir rétt til greiðslu vegna samningsslita og til skaðabóta vegna fjárhagstjóns ef hann tilkynnir ekki umbjóðanda innan eins árs frá samningsslitum að hann hyggist notfæra sér þennan rétt sinn.

18. gr.

Umboðssölumaður á ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita skv. 17. gr. ef umbjóðandi hefur sagt umboðssölusamningi upp vegna vanrækslu umboðssölumanns.

Umboðssölumaður á ekki rétt til greiðslu vegna samningsslita ef hann hefur sjálfur sagt samningnum upp. Þetta á þó ekki við ef ástæður uppsagnarinnar má rekja til umbjóðanda eða þess að umboðssölumaðurinn getur ekki haldið áfram starfi sínu vegna aldurs eða sjúkleika.

Umboðssölumaður á enn fremur ekki rétt á greiðslu vegna samningsslita ef hann framselur umboðssölusamninginn til annars umboðssölumanns með samþykki umbjóðanda.

19. gr.

Aðilum er óheimilt að semja um frávik frá ákvæðum 17. og 18. gr. þannig að umboðssölumaður njóti lakari kjara en þar er mælt fyrir um.

20. gr.

Heimilt er að semja um takmarkanir á viðskiptum umboðssölumanns eftir að gildistíma samnings lýkur, enda sé slíkur samningur gerður skriflega og takmarkanirnar tengdar því svæði eða hópi viðskiptavina sem hann skyldi beina þjónustu sinni að samkvæmt umboðssölusamningi og enn fremur tengdar þeim tegundum vöru og þjónustu sem umboðið gilti fyrir.

Slík takmörkun á viðskiptum umboðssölumanns má ekki gilda lengur en í tvö ár eftir að gildistíma samnings lýkur.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. geta aðilar umboðssölusamnings vikið frá ákvæðum laganna ef starf umboðssölumannsins samkvæmt samningnum fer fram utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og ekki er að finna sambærileg ófrávíkjanleg ákvæði í löggjöf viðkomandi ríkis.

V. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá og með þeim tíma skulu allir nýir viðskiptasamningar um umboðssölu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ákvæðum eldri samninga skal breyta fyrir 1. janúar 1994 og frá og með þeim tíma gilda ákvæði laganna um alla umboðssölusamninga.

509. Lög [222. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 487.

510. Lög [78. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 488.

511. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Kristjánssyni, Finni Ingólfssyni og Valgerði Sverrisdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál. 112 Ungmennafélag Íslands. Fyrir „9.500“ kemur	10.500
2. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. 110 Íþróttasamband Íslands. Fyrir „24.000“ kemur	26.600

512. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Sigurði Þórólfssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

4.59 Að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum:
— gamla skólahúsið,
— kennaraíbúðir (tvö hús),
— kyndi- og rafstöðvarhús.

513. Framhaldsnefndarálit [96. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því 2. umr. fór fram 10. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Rafmagnsveitna ríkisins, Vegagerðar ríkisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar

komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Að lokum komu á fund nefndarinnar fulltrúar nokkurra ráðuneyta vegna þess að gerðar eru tillögur um breytingar á framlögum til stofnana í A-hluta sem undir þau heyra.

Meiri hluti nefndarinnar gerði tillögur um lækkun útgjalda hjá A-hluta ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpinu um 500 millj. kr. og því til viðbótar er fallið frá fyrirhuguðu framlagi til viðhalds opinberra bygginga að fjárhæð 400 millj. kr. sem ríkisstjórnin hafði boðað, eða alls 900 millj. kr. sem skiptist þannig:

	Þús. kr.
Heimildir á 6. gr.	60.000
Markaðsátak á EES-svæðinu	50.000
Hæstaréttarhús	27.000
Hlutdeild Seðlabanka í rekstri Þjóðhagsstofnunar	25.000
Byggingarsjóður verkamanna	50.000
Vegagerðarverk	250.000
Sölvhólsgata 7	5.000
Hugbúnaðarkerfi í skattamálum	8.000
Launa- og verðlagsmál, stofnkostnaður	15.000
Þjóðminjasafn, stofnkostnaður	10.000
Samtals lækkun miðað við frumvarpið	**500.000**
Viðhald opinberra bygginga	400.000
Samtals	**900.000**

Þá gerir meiri hlutinn tillögur um hækkun útgjalda hjá A-hluta stofnunum. Heildarniðurstaðan er sú að útgjöld hækka um 44 millj. kr. Þar er einkum um að ræða hækkun framlaga til sjúkratrygginga, lækkun sértekna Hafrannsóknastofnunar, hækkun framlaga til viðhalds opinberra bygginga og Framkvæmdasjóðs aldraðra, þ.e. til Hjúkrunarheimilisins Eirar. Þá er gerð tillaga um skiptingu framlaga til hafnamála í sérstöku þingskjali nú við 3. umr. Að lokum eru gerðar tillögur til hækkunar vegna breytts gengis og almennra verðlagsforsendna frá því að frumvarpið var lagt fram í október sl. Samtals er gert ráð fyrir að verðlagsuppfærsla nemi um 700 millj. kr., þar af 300 millj. kr. vegna vaxtagreiðslna í kjölfar breytinga á gengi.

Upplýsingar, sem fram komu hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar á fundi nefndar um horfur í þjóðarbúskapnum, benda til þess að við endurskoðun á þjóðhagsspá fyrir árið 1993 verði dregin upp heldur dekkri mynd af horfum en gert var í síðustu spá. Þá eru nú horfur á að viðskiptakjör þjóðarbúsins á árinu 1993 verði nokkru lakari en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri áætlunum. Þessu veldur einkum frestun á gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og að efnahagsbati í heiminum lætur á sér standa. Þá bendir margt til þess að atvinnuleysi aukist frá því sem áætlað var á haustmánuðum. Í þjóðhagsáætlun var reiknað með því að atvinnuleysi yrði að meðaltali 3,5% af mannafla á árinu 1993. Nýjustu upplýsingar benda nú til þess að atvinnuleysi geti orðið yfir 4% að meðaltali á næsta ári. Þjóðhagsstofnun reiknaði með í nóvember sl. að verðbólgan á milli áranna 1992 og 1993 yrði um 4,5%. Ýmsar forsendur hafa breyst að því er varðar verðlagshorfur frá þeirri spá. Nú er hins vegar talið að verðbólga verði ögn lægri eða um 4%. Fram kom hjá fulltrúa Þjóðhagsstofnunar að óvissa ríki um verðbólguspána, ekki síst

þegar saman fara viðamiklar breytingar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og um margt óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins hefur nú verið endurskoðuð í ljósi breyttra efnahagsforsendna og tekjuöflunaráforma ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði nánast þær sömu og gert var ráð fyrir í frumvarpinu en nú er áætlað að heildartekjur nemi 104.771 millj. kr. sem er 19 millj. kr. lægri fjárhæð en fram kemur í frumvarpinu. Skatttekjur ríkissjóðs hækka um 215 millj. kr. en á móti lækkuðu aðrar tekjur ríkissjóðs um 234 millj. kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu næmu 26,9% en samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er hlutfallið áætlað 26,7%.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum.

SKÝRINGAR Á BREYTINGARTILLÖGUM VIÐ 4. GR.

01 Forsætisráðuneyti

102 Þjóðhagsstofnun: Sértekjur hækka um 25 m.kr. og verða 71 m.kr. en gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið semji við Seðlabanka Íslands um aukna kostnaðarhlutdeild bankans í rekstri stofnunarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

210 Háskólinn á Akureyri: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 5 m.kr. og verður 147 m.kr. Hækkunin er vegna fyrirhugaðrar kennaradeildar við skólann.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefni 1.30 Önnur kennsla hækkar um 5 m.kr. og verður 24,5 m.kr. Hækkunin er ætluð til fjarkennslu.

720 Grunnskólar, almennt: Tekinn er inn nýr liður, 1.45 Miðskólinn, rekstrarstyrkur og er framlag 3 m.kr.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Framlag hækkar um 50 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga.

902 Þjóðminjasafn: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2 m.kr. vegna sérstaks skráningarverkefnis. Viðfangsefni 5.90 Verndun gamalla húsa hækkar um 10 m.kr. og verður 20,4 m.kr. Viðfangsefni 6.90 Húseign við Suðurgötu, endurbætur lækkar um 20 m.kr. og verður 90 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Framlag til utanríkisráðuneytis hækkar alls um 55,9 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga.

04 Landbúnaðarráðuneyti

235 Landgræðsla ríkisins: Viðfangsefni 1.20 Sérstök verkefni lækka um 0,5 m.kr. og verður 80,8 m.kr.

299 Búnaðarmál, ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.15 Landþurrkun og er framlag 0,5 m.kr.

430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði: Viðfangsefni 1.01 Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir lækkar um 50 m.kr. og verður 210 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnun: Sértekjur lækka um 235 m.kr. og verða 322,9 m.kr. vegna lægri tekna af sölu á kvóta Hagræðingarsjóðs.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

291 Húsnæði og búnaður dómstóla: Viðfangsefni 6.01 Húsnæði Hæstaréttar lækkar um 27 m.kr. og verður 100 m.kr.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta: Tekinn er inn nýr liður, 1.40 Hreppstjórar og er framlag 16 m.kr.

590 Fangamál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.10 Fangahjálp hækkar um 0,5 m.kr. og er hækkunin ætluð félagasamtökunum Vernd.

07 Félagsmálaráðuneyti

272 Byggingarsjóður verkamanna: Framlag lækkar um 50 m.kr. Á móti hækkar það um 14 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga. Heildarbreyting á fjárveitingu til sjóðsins er því 36 m.kr. lækkun.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 104 m.kr. og verður 1.246 m.kr. Lækkun um 110 m.kr. er í samræmi við frumvarp til laga um sjóðinn en á móti kemur 6 m.kr. hækkun sem er vegna ákvæða laga um tekjustofna sveitarfélaga. Framlag á að nema 1,4% af beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs og er hækkunin vegna breytinga á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1993.

985 Félagsmálaskóli alþýðu: Teknir eru inn þrír nýir liðir, 1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 4 m.kr., 1.30 ASÍ, Norræni verkalýðsskólinn í Genf, 0,2 m.kr., og 1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum, 1,8 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefni 1.10 um 6 m.kr. og verður 12,5 m.kr. Liðurinn breytir einnig um heiti og verður 1.10 Almennur rekstur. Engin breyting er á heildarfjárveitingu til skólans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

271 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefni 1.10 Lífeyristryggingar hækkar um 140 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 90 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga en 50 m.kr. vegna minni skerðingar á mæðra- og feðralaunum en áformað var. Viðfangsefni 1.20 Sjúkratryggingar hækkar um 50 m.kr. vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 500 m.kr. og verður 1.464 m.kr. en gert er ráð fyrir að sveitarfélög leggi 500 m.kr. til sjóðsins á árinu 1993.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Sértekjur hækka um 2 m.kr. og verða 37 m.kr.

352 Sjúkrahúsið Patreksfirði: Sértekjur hækka um 0,1 m.kr. og verða 3 m.kr.

353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði: Sértekjur hækka um 0,1 m.kr. og verða 24,8 m.kr.

355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi: Sértekjur hækka um 1 m.kr. og verða 8,2 m.kr.

356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki: Sértekjur hækka um 0,4 m.kr. og verða 18,4 m.kr.

357 Sjúkrahúsið Siglufirði: Sértekjur hækka um 0,1 m.kr. og verða 7,5 m.kr.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Sértekjur hækka um 5,2 m.kr. og verða 136,9 m.kr.

361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað: Sértekjur hækka um 0,1 m.kr. og verða 16,5 m.kr.

363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum: Sértekjur hækka um 1 m.kr. og verða 5,1 m.kr.
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi: Sértekjur hækka um 1,5 m.kr. og verða 29,7 m.kr.
366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum: Sértekjur hækka um 0,6 m.kr. og verða 20,2 m.kr.
367 Sjúkrahúsið Keflavík: Sértekjur hækka um 1 m.kr. og verða 49,6 m.kr.
368 Sólvangur, Hafnarfirði: Sértekjur hækka um 2,5 m.kr. og verða 8,4 m.kr.
370 Sjúkrahús í Reykavík: Sértekjur fjárlagaliðarins, 95 m.kr., falla brott. Á móti hækka sértekjur á ýmsum sjúkrahúsum um alls 60 m.kr.
371 Ríkisspítalar: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 20 m.kr. vegna áfengismeðferðar og verður 6.647,4 m.kr. Sértekjur hækka um 11,8 m.kr. og verða 805,2 m.kr.
372 Borgarspítalinn: Sértekjur hækka um 10,5 m.kr. og verða 470,7 m.kr.
373 St. Jósefsspítali, Landakoti: Sértekjur hækka um 7,5 m.kr. og verða 171,2 m.kr.
385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 70 m.kr. og verður 230 m.kr. m.a. vegna væntanlegs reksturs hjúkrunarheimilisins Eirar.
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði: Sértekjur hækka um 1,8 m.kr. og verða 44,5 m.kr.
402 Sjúkrahús Hvammstanga: Sértekjur hækka um 0,8 m.kr. og verða 3,5 m.kr.
408 Sunnuhlíð, Kópavogi: Sértekjur hækka um 4,3 m.kr. og verða 12,2 m.kr.
409 Hjúkrunarheimilið Skjól: Sértekjur hækka um 7,3 m.kr. og verða 11,8 m.kr.
411 Garðvangur, Garði: Sértekjur hækka um 0,4 m.kr. og verða 1,7 m.kr.
431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands: Viðfangsefni 1.01 Endurhæfingardeild hækkar um 10 m.kr. og verður 191 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

402 Fasteignamat ríkisins: Viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 10 m.kr. og verður 36 m.kr.
481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Viðfangsefni 6.01 lækkar um 60 m.kr. og verður 340 m.kr.
801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir: Viðfangsefni 1.10 hækkar um 300 m.kr. og verður 10.500 m.kr. Hækkun er vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga.
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs: Viðfangsefni 6.50 Sölvhólsgata 7 lækkar um 5 m.kr. og verður 5 m.kr.
989 Launa- og verðlagsmál: Viðfangsefni 6.01 Stofnkostnaður lækkar um 15 m.kr. og verður 20 m.kr.
990 Ríkisstjórnarákvarðanir: Viðfangsefni 1.90 Markaðsátak í löndum EES lækkar um 50 m.kr. og verður 50 m.kr. Tekinn er inn nýr liður 5.01 Viðhald og er framlag 100 m.kr. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórn skipti þessu fé að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
995 Skýrsluvélakostnaður: Viðfangsefni 6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi lækkar um 8 m.kr. og verður 38 m.kr.
999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.19 Ýmsar endurgreiðslur hækkar um 5 m.kr. og verður 25 m.kr. Hækkunin er vegna tækja- og búnaðarkaupa björgunarsveita.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerð ríkisins: Viðfangsefni 6.11 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála lækkar um 250 m.kr. og verður 1.550 m.kr.
333 Hafnamál: Viðfangsefni 6.20 Ferjubryggjur hækkar um 12 m.kr. og verður 22 m.kr. Fjárhæðin skiptist á Nauteyrarhrepp, 20 m.kr. og Mjóafjörð, 2 m.kr. Viðfangsefni 6.30 Hafnamannvirki lækkar um 37,1 m.kr. og verður 771,9 m.kr. Í breytingartil-

lögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök viðfangsefni í sérstöku yfirliti. Tekinn er inn nýr liður, 6.39 Hafnamannvirki Sandgerði, og er framlag 25,1 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefni 1.14 Niðurgreiðsla á húshitun, 80 m.kr., fellur brott.

14 Umhverfisráðuneyti

210 Veiðistjóri: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 6 m.kr. vegna eyðingar refa og minka.

Verðlagsuppfærsla

Tegundaliðurinn *Önnur gjöld* á rekstrarviðfangsefnum hækkar um 1% vegna verðlagsuppfærslu í kjölfar gengisbreytinga. Áætluð hækkun, miðað við frumvarpið eftir 2. umr., er 146 m.kr. Allar tölur skulu standa á hundruðum þúsunda króna. Hækkunin tekur þó ekki til utanríkisráðuneytis né vaxtagreiðslna ríkissjóðs á fjárlagalið 09-801.

SKÝRINGAR Á BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

Forsendur B-hluta áætlana hafa verið í endurskoðun frá því að fjárlagafrumvarp var lagt fram í október. Í fyrsta lagi hafa áætlanir verið endurmetnar með hliðsjón af breyttum forsendum um gengi og verðlag. Almennt hefur verið miðað við að rekstrargjöld, önnur en laun, taki verðlagshækkun í þeim tilvikum sem tekjuöflun hækkar í takt við aukna verðbólgu, en að öðrum kosti verði hagrætt í rekstri. Rekstur og lánastarfsemi, sem tengist erlendum gjaldmiðlum, reiknast upp samkvæmt viðkomandi gengi eftir því sem við á. Í öðru lagi hefur þurft að breyta einstökum áætlunum með tilliti til annarra efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, t.d. vegna upptöku 14% þreps í virðisaukaskatti sem kemur í stað niðurfellingar á endurgreiddum innskatti. Í þriðja lagi hefur verið haft samband við allar B-hluta stofnanir og tekin afstaða til annarra breytinga í einstökum atriðum.

Gerð er tillaga um breytingar á 16 af 48 áætlunum fyrirtækja og sjóða í B-hluta. Í flestum tilvikum er um að ræða óverulegar breytingar á verðlagi eða einstökum forsendum rekstrar eða lánahreyfinga. Engar gjaldskrárhækkanir eru áformaðar umfram það sem fram kom í fjárlagafrumvarpi. Hér á eftir fara skýringar á þeim breytingum sem gerð er tillaga um.

22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Gert er ráð fyrir að lánveitingar sjóðsins aukist um 92 m.kr. vegna gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur fjárlagafrumvarps. Sömu ástæður valda hækkun á afborgunum og vöxtum sem nemur 83 m.kr., en á móti falla niður 62 m.kr. sem í frumvarpi var ætlað að koma til viðbótar öðrum afborgunum. Þau mistök urðu hjá sjóðnum við gerð fjárlagatillagna að 300 m.kr. í afborganir og vexti af láni í japönskum jenum féllu niður í lánaskrá og hefur áætlunin nú verði leiðrétt sem því nemur. Að samanlögðu hafa þessar breytingar í för með sér 321 m.kr. hækkun afborgana og vaxta hjá sjóðnum miðað við fjárlagafrumvarp og fjármunatekjur og innheimtar afborganir af áðurnefndum ástæðum hækka um 16 m.kr. Miðað er við að framlag úr ríkissjóði hækki um 50 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður sjóðsins hækki um 14 m.kr. í kjölfar breyttra laga og úthlutunarreglna sem hafa í för með sér aukið starfsálag í ár og á næsta ári. Tekjur af

lántökugjaldi lækka um 2 m.kr. og fjárfesting lækkar um 3 m.kr. Að teknu tilliti til framangreindra breytinga þarf að auka lántökur um 360 m.kr. til að standa undir fjárþörf sjóðsins á næsta ári.

22-970, 971, 972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp, sjónvarp og framkvæmdasjóður.

Afkomuhorfur Ríkisútvarpsins hafa batnað mikið síðan fjárlagafrumvarpið var lagt fram þar sem ekki er lengur áformað að fella niður endurgreiðslur virðisaukaskatts, heldur kemur nýtt 14% skattþrep á afnotagjöldin í staðinn. Önnur rekstrargjöld lækka um 120 m.kr. við þessar breytingar, en á móti kemur 36 m.kr. hækkun vegna verðlagsbreytinga. Greiðslur lífeyrisuppbóta starfsmanna að fjárhæð 18 m.kr. voru í fyrri áætlun taldar með öðrum rekstrargjöldum en hafa nú verið færðar undir launaliðinn. Samanlagt fela laun og önnur gjöld í sér að dregið er úr þeim rekstrarsparnaði sem áformaður var í frumvarpinu. Eftir þessar breytingar verður ekki þörf fyrir 10% hækkun afnotagjalds eins og áður var áætlað, heldur nægir 4% hækkun til að ná starfseminni í sama jafnvægi. Hluta af tekjuaukningunni, eða 6 m.kr., verður varið til fjárfestinga sem hækka þá um 65 m.kr. frá fjárlögum 1992 og verða alls 178 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun er jafnframt gert ráð fyrir að tæpum 20 m.kr. verði varið til að lækka fjármagnskostnað með því að greiða inn á skuld á hlaupareikningi.

Þótt Ríkisútvarpið sé í raun eitt fyrirtæki hefur áætlunin jafnan verið sett fram í þremur reikningum í fjárlögum. Að samanlögðu sýna reikningarnir nú að afskriftir og fjárfestingar standast nokkurn veginn á og að tekjuafgangur verður um 50 m.kr. sem er svipað og í fjárlögum 1992 og í reikningi 1991.

23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.

Rekstrartekjur Fríhafnarinnar eru að stærstum hluta í dollurum og hækka í takt við þær breytingar sem orðið hafa á gengi dollars frá forsendum fjárlagafrumvarps. Rekstargjöld hækka minna sem skýrist að hluta af því að ekki er gert ráð fyrir launabreytingum umfram fyrri áætlun og að hluta af því að önnur gjöld tengjast meira öðrum myntum og innlendu verðlagi. Húsaleiga til flugstöðvarinnar hækkar um 10%. Að samanlögðu er reiknað með að gengis- og verðlagsbreytingar leiði til þess að tekjuafgangur og skil í ríkissjóð aukist um 46 m.kr.

23-111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

Tekjur af lendingargjöldum eru að stærstum hluta í dollurum og hækka sem nemur breytingu á gengi dollars frá forsendum fjárlagafrumvarps. Rekstrargjöld hækka minna frá fyrri áætlun, einkum vegna þess að miðað er við að laun hækki ekki umfram það sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Fjárvöntun, sem fram kom í frumvarpi, lækkar við þessar breytingar og verður 6 m.kr. í stað 19,5 m.kr. áður. Tekjuöflun stofnunarinnar er til skoðunar í nefnd sem starfar á vegum ríkisstjórnarinnar, en engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar á lendingargjöldum að svo stöddu.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Rekstrarforsendur eru óbreyttar frá frumvarpi að öðru leyti en því að tekið hefur verið tillit til gengis- og verðlagsbreytinga. Húsaleigutekjur og hlutdeild í lendingargjöldum aukast vegna hærra gengis dollars gagnvart íslensku krónunni en gert var ráð fyrir í frumvarpi. Rekstrargjöldin hækka hins vegar í svipuðum mæli þar sem þau tengjast einnig að stórum hluta gengi dollars, t.d. vextir af lánum. Leigutekjur aukast frá Fríhöfn og Ís-

lenskum markaði en dragast jafnmikið saman vegna þess að Póstur og sími minnkar við sig húsnæði í stöðinni. Fjárvöntun, sem fram kom í frumvarpi, er því nánast óbreytt. Beðið er niðurstaðna nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar sem hefur tekjuöflun flugstöðvarinnar til athugunar.

24-221 Áburðarverksmiðja ríkisins.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá haldist óbreytt en rekstrargjöld hækki um 9,2 m.kr. af völdum gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur frumvarps. Tekjuafgangur af rekstrinum verður þá aðeins 1,7 m.kr. í stað 14,1 m.kr. í frumvarpi. Afborganir skammtímaskulda lækka sem þessu nemur.

25-222 Síldarverksmiðjur ríkisins.

Rekstraráætlun fyrirtækisins hefur verið endurskoðuð miðað við erfiðari rekstrarskilyrði. Breytingin frá fjárlagafrumvarpinu ber með sér að ekki er talið gerlegt að ná fram þeirri lækkun rekstrarkostnaðar sem að var stefnt án þess að tekjurnar lækki jafnframt verulega. Heildargjöld hækka um 121 m.kr. og tekjur lækka um 8 m.kr. samkvæmt þessu endurmati. Gert er ráð fyrir að vandanum verði mætt með 130 m.kr. lántöku.

27-271 Byggingarsjóður ríkisins.

Forsendur fyrir áætlun sjóðsins hafa tekið talsverðum breytingum frá því fjárlagafrumvarp var lagt fram. Í fyrsta lagi hafa allar lánahreyfingar verið endurmetnar miðað við breyttar verðlagshorfur. Í öðru lagi hefur verið lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem m.a. er stefnt að því að afnema skyldusparnað ungs fólks. Talið er að útstreymi af sparimerkjareikningum verði um 1.300 m.kr. á næsta ári í kjölfar þessarar breytingar, eða um 1.000 m.kr. hærri en í fyrri áætlun. Í þriðja lagi skuldar Byggingarsjóður ríkisins ríkissjóði 1.500 m.kr. vegna skammtímafyrirgreiðslu á árinu 1990. Vegna minnkandi sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðanna er nú talið fullvíst að ekki náist að greiða nema í mesta lagi 900 m.kr. af skuldinni á þessu ári. Stefnt er að því að afgangurinn verði greiddur á næsta ári og hækka áætlaðar afborganir því um 600 m.kr. vegna þessa. Í fjórða lagi eru veitt lán skv. 11. gr. lækkuð um 50 m.kr. og lántaka frá lífeyrissjóðum dregin saman sem því nemur. Lántaka Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um sömu fjárhæð og verður þá unnt að lækka framlag ríkissjóðs um 50 m.kr. þar. Til þess að standa undir þessum breytingum á fjárreiðum sjóðsins verður að auka lántökur um 1.570 m.kr. frá frumvarpi.

27-272 Byggingarsjóður verkamanna.

Miðað er við að fylgt verði þeirri lánastefnu sem fram kom í fjárlagafrumvarpi og að lánveitingar haldist í hendur við verðlagsbreytingar. Aðrar lánahreyfingar hafa einnig verið endurmetnar með hliðsjón af breyttum verðlagshorfum. Framlag úr ríkissjóði lækkar um 50 m.kr. að tillögu meiri hluta nefndarinnar. Á móti kemur að framlagið hækkar um 14 m.kr. vegna breyttra verðlagsforsendna þannig að nettólækkunin verður 36 m.kr. Fjárþörf sjóðsins eykst um 178 m.kr. við þessar breytingar og er gert ráð fyrir að auka lántökur sem því nemur.

28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður.

Framlag ríkissjóðs lækkar um 500 m.kr. í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um að þau leggi sjóðnum til sömu fjárhæð á næsta ári. Nokkur óvissa ríkir um

fjárhag sjóðsins hvað varðar atvinnustig og bótaréttinn sem hefur verið til athugunar hjá sérstakri nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytis. Á þessu stigi er þó miðað við óbreytta áætlun frá frumvarpi.

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Rekstraráætlun fyrirtækisins hefur verið endurmetin með hliðsjón af breyttum verðlagshorfum, bæði á gjalda- og tekjuhlið. Þá hafa söluforsendur tekjuáætlunar verið endurskoðaðar og er nú gert ráð fyrir að tekjurnar lækki um 150 m.kr. frá fjárlagafrumvarpi. Skil í ríkissjóð lækka sem því nemur.

29-102 Lyfjaverslun ríkisins.

Fjárfesting hækkar um tæpar 50 m.kr. og verður því mætt bæði með framlögum frá rekstri og með lántöku. Fyrirhugaðar eru gagngerar endurbætur í framleiðsludeild fyrirtækisins. Að öðru leyti breytast fjárhæðir í samræmi við verðlagshækkanir umfram forsendur fjárlagafrumvarps.

29-972 Lánasýsla ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands.

Nýr liður er nú tekinn inn í B-hluta fjárlaga á fjárlaganúmeri 29-972 undir heitinu Lánasýsla ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands. Lánasýslu ríkisins hefur verið falið að annast uppgjör Framkvæmdasjóðs en þeirri starfsemi verður þó haldið aðgreindri í fjárlögum.

30-101 Póst- og símamálastofnun.

Áætlun fyrirtækisins hefur verið endurmetin með hliðsjón af breyttum verðlags- og rekstrarforsendum. Heildargjöld eru áætluð 78 m.kr. hærri en í fjárlagafrumvarpi. Skýrist það einkum af hærri verðlagsspá, auk launakostnaðar við stefnubirtingar, en ákveðið hefur verið að póstburðarfólk geti eftirleiðis komið stefnum á framfæri við aðila. Tekjur eru jafnframt áætlaðar 97 m.kr. hærri og felst aukningin að mestu í tekjum af stefnubirtingum. Fjárfesting í Cantat-3 ljósleiðara verður 180 m.kr. hærri en í frumvarpi, en þar var ekki búið að taka fjármagnskostnaðinn með í reikninginn. Lántökur aukast um sömu fjárhæð.

Þá verður gerð breyting á bókhaldi fyrirtækisins á næsta ári sem leiðir til breyttrar framsetningar á áætluninni. Í uppgjöri milli endastöðva yfir símafjarskipti við önnur lönd hafa til þessa einungis verið færðar innstæður, þ.e. nettófjárhæðir, en eftirleiðis verða færð bæði gjöld og tekjur af viðskiptunum, þ.e. brúttófjárhæðir. Við þessa breytingu hækka önnur rekstrargjöld um 720 m.kr., en á móti hækka tekjur af seldum vörum og þjónustu um sömu fjárhæð þannig að nettóáhrifin á afkomuna verða engin. Að öðru leyti eru forsendur að mestu óbreyttar.

30-211 Vegagerð ríkisins, þjónustumiðstöðvar.

Gert er ráð fyrir að tekjur hækki í samræmi við breyttar verðlagshorfur, eða heldur meira en miðað var við í fjárlagafrumvarpi. Verðlagsbreytingin hefur minni áhrif á gjaldahliðina, enda er miðað við að laun verði óbreytt. Gert er ráð fyrir að svigrúmið, sem þannig myndast, verði nýtt til viðhalds á tækjakosti og húsnæði.

Framsetningu áætlunar fyrir B-hluta Vegagerðarinnar hefur verið nokkuð áfátt. Lagðar eru saman í einum reikningi nokkrar mismunandi rekstrareiningar, svo sem véladeild, birgðadeild og rekstur umdæmisstöðva, sem auk þess eiga í miklum innbyrðis viðskipt-

um, og geta fjárhæðir þannig verið margtaldar í veltutölum. Stefnt er að því að í frumvarpi næsta árs verði framsetningu áætlunarinnar breytt þannig að hún gefi skýrari mynd af þeim rekstrareiningum sem henni er ætlað að lýsa.

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins.

Talsverður bati verður á afkomu Rarik miðað við fyrri áætlun frumvarpsins. Tekjuáætlun miðast við að gjaldskrá hækki um 4% í framhaldi af sömu hækkun taxta frá Landsvirkjun. Leiðir það til tekjuaukningar að fjárhæð 120 m.kr. en gjöld hækka á móti um 75 m.kr. Önnur rekstrargjöld lækka jafnframt um 200 m.kr. frá fyrri áætlun þar sem ekki kemur til niðurfellingar á endurgreiðslum virðisaukaskatts eins og fyrirhugað hafði verið. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar dugi til að eyða þeirri fjárvöntun sem fram kom í fjárlagafrumvarpinu.

Alþingi, 18. des. 1992.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Árni Johnsen.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin heimsótti Þjóðhagsstofnun í haust til að fjalla um þjóðhagslegar forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa hefur nefndin fjallað um tekjugrein (3. gr.) fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Við umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins komu á fund nefndarinnar Bolli Þór Bollason, Indriði H. Þorláksson og Maríanna Jónasdóttir frá fjármálaráðuneytinu, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Bjarni Bragi Jónsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands.

Nefndin hefur fengið til umfjöllunar fimm frumvörp sem taka til tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 1993 og þar af er eitt mál sem félagsmálanefnd sendi nefndinni til umsagnar, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, 284. mál. Þrjú frumvarpanna eru enn til umfjöllunar í nefndinni og verður tveimur þeirra, frumvarpi til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, 26. máli, og frumvarpi til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, 27. máli, frestað fram yfir áramót. Langviðamest er frumvarp til laga um breytingar í skattamálum, 286. mál. Helstu breytingar, sem það gerir ráð fyrir og hafa áhrif á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1993, eru eftirfarandi: Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 3.800 millj. kr.; virðisaukaskattur, 1.300 millj. kr.; lög um

fjáröflun til vegagerðar (bensíngjald), 780 millj. kr., og tryggingagjald, 50 millj. kr. Af þessari tekjuöflun fara um það bil 4 milljarðar kr. sem framlag til sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir framlengingu á gildandi lögum um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem skilar 435 millj. kr. á næsta ári. Þá er í frumvarpinu breyting á lögum um umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum sem felur í sér lækkun frá núgildandi lögum, eða 200 millj. kr. tekjur í stað 315 millj. kr. tekna á árinu 1992.

Alþingi, 17. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin skal skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður.

Þegar 2. umr. fjárlaga fór fram hafði efnahags- og viðskiptanefnd lítið fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Ástæða hefði verið til ítarlegrar umfjöllunar en vegna þess hringlandaháttar og þeirrar fullkomnu óvissu sem ríkti um fjölmarga þætti ríkisfjármála sá nefndin ekki ástæðu til að eyða miklum tíma í þau störf. Samkvæmt ákvæðum sömu greinar þingskapa skal efnahags- og viðskiptanefnd gera grein fyrir áhrifum skattalegra breytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Fundur var haldinn um málið að kvöldi 17. desember og nefndinni falið að skila áliti sem fyrst og helst þá um kvöldið. Þessi umfjöllun var því fyrst og fremst í þeim tilgangi að fullnægja ákvæðum þingskapalaga en á grundvelli hennar er í reynd ekki hægt að láta í ljós álit á tekjugreininni.

Minni hlutinn telur að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um tekjuhliðina og enn eru forsendur að breytast varðandi þær skattalagabreytingar sem nú liggja fyrir Alþingi. Bendum við á ítarlegt nefndarálit á þingskjali 495. Minni hluti nefndarinnar hefði viljað koma á framfæri ítarlegu áliti á tekjuhliðinni, en vegna þeirra aðstæðna, sem áður er lýst, er það ekki mögulegt.

Í nefndaráliti minni hlutans fyrir einu ári síðan sagði m.a.:

„Vegna hinnar miklu tekjurýrnunar atvinnulífsins er ljóst að þessi skattheimta mun auk mjög hárra vaxta draga allan þrótt úr atvinnulífinu og spilla samskiptum við aðila vinnumarkaðarins sem nú eru að reyna að finna leið til að semja um kaup og kjör. Það er jafn-

framt alvarlegt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar virðast ekkert samráð hafa við aðila vinnumarkaðarins um þessa stöðu. Mikil hætta er á að slík samskipti geti komið af stað miklum óróa á vinnumarkaði með tilheyrandi afleiðingum. Þjóðarbúið má alls ekki við að framleiðslan stöðvist um þessar mundir og því ber að gera allt sem hægt er til að tryggja afkomu atvinnuveganna og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vill koma þessum áhyggjum á framfæri við fjárlaganefnd og hvetja hana til að endurskoða þau fljótræðislegu áform sem ríkisstjórnin hefur sett fram á ýmsum sviðum skattamála. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að fjárlaganefnd verði að taka fullt tillit til þessara aðstæðna og endurskoða áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Með endurskoðun og nánari samvinnu við aðila vinnumarkaðarins má áreiðanlega koma í veg fyrir átök á vinnumarkaði og tryggja það, að framleiðslan geti vaxið þannig að þjóðartekjur aukist á nýjan leik."

Í ljósi þeirra hörðu viðbragða, sem nú koma frá aðilum vinnumarkaðarins um breytingar á skattalögunum, er nauðsynlegt að árétta það sem sagt var fyrir ári síðan. Fjárlaganefnd og ríkisstjórnin tóku því miður ekkert tillit til þeirra ábendinga sem fram komu þá, en enn meiri ástæða er til að vara við ástandinu núna.

Síðar í þessu áliti sagði m.a.:

„Óvandaður fjárlagaundirbúningur getur haft mikil áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Nauðsynlegt aðhald verður ekki skapað nema með vönduðum fjárlögum. Því miður vantar mikið á að þannig sé að málum staðið. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur því breytt vinnubrögð mikilvæga forsendu bættrar afkomu ríkissjóðs."

Ekkert tillit hefur verið tekið til þessarar ábendingar minni hlutans frá því fjárlög yfirstandandi árs voru til afgreiðslu. Undirbúningurinn er í reynd verri en hann var á sl. ári, en slíkt samrýmist ekki þingsköpum Alþingis og tryggir ekki vandaða fjárlagagerð.

Breyting var gerð á þingsköpum í þeim tilgangi að bæta meðferð Alþingis á fjárlögum. Þrátt fyrir einróma vilja Alþingis, sem fólst í þessari breytingu, hefur þróunin gengið í öfuga átt. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem að baki henni stendur hafi vanvirt þennan vilja. Það er ekki við það unandi að svo mikilvægt mál sem tekjuhlið fjárlaga sé undirbúið með þeim hætti að engin leið er að gera sér grein fyrir heildaráhrifum hennar á afkomu þjóðfélagsins. Að mati minni hlutans mun skattastefna ríkisstjórnarinnar hafa þær afleiðingar að atvinnuleysi mun aukast, þjóðarframleiðsla dragast saman og misskipting tekna og eigna í þjóðfélaginu aukast til muna.

Röksemdafærslu fyrir þessu áliti minni hlutans má finna víða í greinargerðum aðila vinnumarkaðarins sem fylgir nefndaráliti á þingskjali 495. Auk þess hefur minni hlutinn ekki fengið allar umbeðnar upplýsingar eins og um sundurliðun á sölu eigna og sundurliðun á tekjum af arðgreiðslum.

Með tilliti til framanritaðs hefur minni hlutinn ekki forsendur til að láta í ljós álit á tekjugrein fjárlaga og telur fjárlagafrumvarpið ekki hæft til afgreiðslu á Alþingi.

Alþingi, 18. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

514. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá fjárlaganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-102 Þjóðhagsstofnun. 4 Sértekjur.	
Fyrir „46.000“ kemur	71.000
2. Við 4. gr. 02-210 101 Háskólinn á Akureyri.	
Fyrir „142.000“ kemur	147.000
3. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 130 Önnur kennsla.	
Fyrir „19.500“ kemur	24.500
4. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	
145 Miðskólinn, rekstrarstyrkur	3.000
5. Við 4. gr. 02-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1.710.000“ kemur	1.760.000
6. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „74.000“ kemur	76.000
b. Við 590 Verndun gamalla húsa.	
Fyrir „10.400“ kemur	20.400
c. Við 690 Húseign við Suðurgötu, endurbætur.	
Fyrir „110.000“ kemur	90.000
7. Við 4. gr. 04-235 Landgræðsla ríkisins. 120 Sérstök verkefni.	
Fyrir „81.300“ kemur	80.800
8. Við 4. gr. 04-299 Búnaðarmál, ýmis verkefni. Nýr liður:	
115 Landþurrkun	500
9. Við 4. gr. 06-291 Húsnæði og búnaður dómsmála. 601 Húsnæði Hæstaréttar.	
Fyrir „127.000“ kemur	100.000
10. Við 4. gr. 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Nýr liður:	
140 Hreppstjórar	16.000
11. Við 4. gr. 06-590 Fangamál, ýmis kostnaður. 110 Fangahjálp.	
Fyrir „4.800“ kemur	5.300
12. Við 4. gr. 07-985 Félagsmálaskóli alþýðu.	
a. Við 110 Almennur rekstur.	
Fyrir „18.900“ kemur	12.500
b. Nýir liðir:	
120 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4.400
130 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	200
140 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1.800

	Þús. kr.
13. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.	
a. Við 110 Lífeyristryggingar.	
Fyrir „15.140.000“ kemur	15.280.000
b. Við 120 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „9.480.000“ kemur	9.530.000
14. Við 4. gr. 08-350 Sjúkrahúsið á Akranesi. 4 Sértekjur.	
Fyrir „35.000“ kemur	37.000
15. Við 4. gr. 08-352 Sjúkrahúsið á Patreksfirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.900“ kemur	3.000
16. Við 4. gr. 08-353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „24.700“ kemur	24.800
17. Við 4. gr. 08-355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi. 4 Sértekjur.	
Fyrir „7.200“ kemur	8.200
18. Við 4. gr. 08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki. 4 Sértekjur.	
Fyrir „18.000“ kemur	18.400
19. Við 4. gr. 08-357 Sjúkrahúsið Siglufirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „7.400“ kemur	7.500
20. Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. 4 Sértekjur.	
Fyrir „131.700“ kemur	136.900
21. Við 4. gr. 08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað. 4 Sértekjur.	
Fyrir „16.400“ kemur	16.500
22. Við 4. gr. 08-363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum. 4 Sértekjur.	
Fyrir „4.100“ kemur	5.100
23. Við 4. gr. 08-365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi. 4 Sértekjur.	
Fyrir „28.200“ kemur	29.700
24. Við 4. gr. 08-366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum. 4 Sértekjur.	
Fyrir „19.600“ kemur	20.200
25. Við 4. gr. 08-367 Sjúkrahúsið Keflavík. 4 Sértekjur.	
Fyrir „48.600“ kemur	49.600
26. Við 4. gr. 08-368 Sólvangur, Hafnarfirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „5.900“ kemur	8.400
27. Við 4. gr. 08-370 Sjúkrahús í Reykjavík. 4 Sértekjur.	
Liðurinn fellur brott.	
28. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „6.627.400“ kemur	6.647.400
b. 4 Sértekjur.	
Fyrir „793.400“ kemur	805.200
29. Við 4. gr. 08-372 Borgarspítalinn. 4 Sértekjur.	
Fyrir „460.200“ kemur	470.700
30. Við 4. gr. 08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti. 4 Sértekjur.	
Fyrir „163.700“ kemur	171.200
31. Við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraða. 101 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða.	
Fyrir „160.000“ kemur	230.000

Þús.kr.

32. Við 4. gr. 08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „42.700“ kemur 44.500
33. Við 4. gr. 08-402 Sjúkrahús Hvammstanga. 4 Sértekjur.
Fyrir „2.700“ kemur 3.500
34. Við 4. gr. 08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi. 4 Sértekjur.
Fyrir „7.900“ kemur 12.200
35. Við 4. gr. 08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól. 4 Sértekjur.
Fyrir „4.500“ kemur 11.800
36. Við 4. gr. 08-411 Garðvangur, Garði. 4 Sértekjur.
Fyrir „1.300“ kemur 1.700
37. Við 4. gr. 08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands. 101 Endurhæfingardeild.
Fyrir „181.000“ kemur 191.000
38. Við 4. gr. 09-402 Fasteignamat ríkisins. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „26.000“ kemur 36.000
39. Við 4. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „400.000“ kemur 340.000
40. Við 4. gr. 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. 650 Sölvhólsgata 7.
Fyrir „10.000“ kemur 5.000
41. Við 4. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. 601 Stofnkostnaður.
Fyrir „35.000“ kemur 20.000
42. Við 4. gr. 09-995 Skýrsluvélakostnaður. 603 Hugbúnaðargerð vegna skattvinnslukerfa.
Fyrir „46.000“ kemur 38.000
43. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. 119 Ýmsar endurgreiðslur.
Fyrir „20.000“ kemur 25.000
44. Við 4. gr. 10-190 112 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Knarrarnes, vegna Mýrabáts	100	
2. Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	110	
3. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	220	
4. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	500	
5. Til vetrarsamgangna í V-Barðastrandarsýslu	200	
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	140	
7. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	130	
8. Til vetrarsamgangna í Þingeyrarhreppi	160	
Stofnstyrkur	860	
9. Til vetrarsamgangna í Mýrahreppi	670	
10. Snjóbifreið í Önundarfirði	210	
11. Snjóbifreið um Botnsheiði	540	
12. Til vetrarsamgangna í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga) ..	500	
13. Til vetrarflutninga í Súðavíkurhreppi	80	
14. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	60	

		Þús. kr.	Þús. kr.
15.	Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	60	
16.	Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	140	
	Stofnstyrkur	750	
17.	Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	140	
18.	Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.400	
19.	Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	60	
20.	Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	110	
21.	Hólmavíkurhreppur, stofnstyrkur	180	
22.	Óspakseyrarhreppur	60	
23.	Höfðahreppur, stofnstyrkur	750	
24.	Skefilsstaðahreppur	160	
25.	Snjóbifreið í Skagafirði	210	
26.	Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	160	
27.	Björgunarsveitin Strákar Siglufirði, snjóbíll	250	
28.	Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	100	
29.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	80	
30.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	70	
31.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	60	
32.	Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahreppur	80	
33.	Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	110	
34.	Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	120	
35.	Til vetrarflutninga, Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	240	
36.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	420	
37.	Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	80	
38.	Snjóbifreið á Þórshöfn	70	
39.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	120	
40.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	120	
41.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri	280	
42.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðarhreppi	100	
43.	Til vetrarsamgangna í Jökuldalshreppi	350	
44.	Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	150	
45.	Snjóbifreið á Egilsstöðum	110	
	Stofnstyrkur	430	
46.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	950	
47.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	600	
48.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	240	
49.	Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	280	
50.	Nesjahreppur	60	
51.	Vetrarsamgöngur í Vestur-Skaftafellssýslu	400	
52.	Til vetrarsamgangna í Mýrdalshreppi	250	
53.	Samgöngur við Grímsey	1.020	
54.	Óráðstafað	15.800	
			26.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
45. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.		
a. Við 620 Ferjubryggjur.		
Fyrir „10.000“ kemur	22.000	
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Ferjubryggjur (10-333 630).		
1. Nauteyri	20.000	
2. Mjóifjörður	2.000	
		22.000
46. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.		
a. Við 630 Hafnamannvirki.		
Fyrir „809.000“ kemur		771.900
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Hafnamannvirki (10-333 630).		
Vesturland:		
1. Akranes	19.600	
2. Rif	9.900	
3. Ólafsvík	3.800	
4. Grundarfjörður	13.300	
5. Stykkishólmur	12.800	
		59.400
Vestfirðir:		
1. Patreksfjörður	9.200	
2. Tálknafjörður	8.500	
3. Bíldudalur	11.600	
4. Þingeyri	900	
5. Bolungarvík	61.900	
6. Ísafjörður	29.200	
7. Súðavík	200	
8. Norðurfjörður	6.800	
9. Drangsnes	100	
10. Hólmavík	6.600	
		135.000
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	600	
2. Blönduós	50.000	
3. Skagaströnd	16.200	
4. Sauðárkrókur	35.600	
5. Haganesvík	500	
6. Siglufjörður	8.100	
		111.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland eystra:		
1. Ólafsfjörður	27.500	
2. Dalvík	13.000	
3. Árskógssandur	28.000	
4. Akureyri	21.700	
5. Grenivík	3.000	
6. Grímsey	19.300	
7. Húsavík	61.400	
8. Kópasker	2.200	
9. Raufarhöfn	2.600	
		178.700
Austurland:		
1. Bakkafjörður	3.100	
2. Vopnafjörður	3.200	
3. Borgarfjörður eystri	11.700	
4. Seyðisfjörður	6.800	
5. Neskaupstaður	8.700	
6. Eskifjörður	22.000	
7. Reyðarfjörður	11.400	
8. Fáskrúðsfjörður	1.700	
9. Stöðvarfjörður	5.700	
10. Breiðdalsvík	22.800	
11. Djúpivogur	500	
12. Höfn í Hornafirði	4.700	
		102.300
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	61.000	
2. Þorlákshöfn	16.400	
		77.400
Reykjanes:		
1. Grindavík	10.800	
2. Sandgerði	46.700	
3. Keflavík–Njarðvík	21.500	
4. Hafnarfjörður	26.500	
		105.500
Óskipt		2.600
		771.900

Þús. kr.

47. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
639 Hafnamannavirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði 25.100

48. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 640 Sjóvarnargarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	5.000	
2. Höfn	17.500	
3. Mýrdalshreppur	2.000	
		24.500
Óskipt		500
		25.000

49. Við 4. gr. 14-210 101 Veiðistjóri.
Fyrir „36.600“ kemur 42.600

50. Við 6. gr. Nýr liður:
3.8 Að fella niður stimpilgjöld af eignarleigu Flugleiða hf. á Fokker-50 flugvélum.

51. Við 6. gr. 4.18 Liðurinn orðist svo:
4.18 Að selja gamla sýslumannsbústaðinn við Aðalstræti 55, Patreksfirði, og kaupa annan hentugri í staðinn.

52. Við 6. gr. 4.23 Liðurinn orðist svo:
4.23 Að selja tvö skip sem tilheyrðu Skipaútgerð ríkisins.

53. Við 6. gr. Nýir liðir:
4.41 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
4.42 Að selja fasteignina Hafnargötu 91, Keflavík.
4.43 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Þjóðbraut 1, Akranesi.
4.44 Að selja fasteignina Karlsbraut 17, Dalvík.
4.45 Að selja fasteignina Túngötu 1, Ísafirði, enda verði keypt hentugra húsnæði í staðinn.
4.46 Að selja fasteignina Miðvangi 121, Hafnarfirði.
4.47 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Strandgötu 48a, Eskifirði.
4.48 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Hafnargötu 36, Fáskrúðsfirði.
4.49 Að selja hlut ríkisins í fjósi og hlöðu að Laugarvatni, Laugardalshreppi.
4.50 Að selja fasteignina Álfaheiði 15, Kópavogi.
4.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Dofrabergi 9, Hafnarfirði.
4.52 Að selja ms. Geir goða.
4.53 Að selja prestsbústað að Bjarnanesi í Skaftafellsprófastsdæmi.
4.54 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
4.55 Að selja jörðina Birgisvík í Árneshreppi, Strandasýslu.
4.56 Að selja allt að 30 ha landspildu úr jörðinni Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.57 Að selja allt að 20 ha landspildu úr jörðinni Lauftúni í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.58 Að afhenda Neshreppi utan Ennis til eignar jörðina Rif á Snæfellsnesi ásamt því sem henni fylgir.

54. Við 6. gr. Við liði 5.2–5.5, 5.7 og 6.5 bætist: að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
55. Við 6. gr. 5.6 Liðurinn orðist svo:
    5.6 Að kaupa húseignirnar T-3005, T-3006 og T-3007 innan varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
56. Við 6. gr. Nýir liðir:
    5.17 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.18 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.19 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir héraðsdómara Vesturlands í Borgarnesi.
    5.20 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir héraðsdómara Norðurlands vestra á Sauðárkróki.
    5.21 Að kaupa húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
    5.22 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir lækni á Ísafirði, gegn því skilyrði að allt söluverð húseignarinnar Seljalandsvegi 68 á Ísafirði verði látið ganga upp í kostnað við læknisbústað, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
    5.23 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.24 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
    5.25 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Reyðarfirði.
    5.27 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í miðbæjarumdæmi Reykjavíkur.
    5.28 Að kaupa húsnæði það sem Fæðingarheimili Reykjavíkur er til húsa í að Eiríksgötu og Þorfinnsgötu og taka til þess nauðsynleg lán.
57. Við 6. gr. Nýir liðir:
    6.9 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987, að báðum árum meðtöldum, til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.
    6.10 Að semja um eða fella niður skuld Félagasamtakanna Verndar við ríkissjóð frá árinu 1986.
    6.11 Að semja við Hafnarsjóð Ísafjarðar og hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um kostnaðarhlut ríkissjóðs við byggingu ferjubryggja.
    6.12 Að fella niður allt að einni milljón króna af vanskilaskuldum Bakkafjarðarhafnar og Norðurfjarðarhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum þessara hafna.
    6.13 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
    6.14 Að semja við Reykhólahrepp um uppgjör skulda við Hafnabótasjóð í samráði við fjárlaganefnd.
    6.15 Að semja við Patrekshrepp um aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólastarfs og annarra verkefna sem æskileg eru í tengslum við samning um Framhaldsskóla Vestfjarða.
    6.16 Að semja við stjórn Svínaræktarfélags Íslands um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði við byggingu einangrunarstöðvar fyrir alisvín í Hrísey.
    6.17 Að semja við stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um rekstur Kristnesspítala og gera þá tilfærslu á fjármagni sem til þarf.

515. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, StB, GunnS, ÁJ, EKG, ÁMM).

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. Hluta- og stofnfjárframlög.	
Fyrir „370.000“ kemur	435.000
2. Við 4. gr. 04-430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. 101 Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir.	
Fyrir „260.000“ kemur	210.000
3. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. 4 Sértekjur.	
Fyrir „557.900“ kemur	322.900
4. Við 4. gr. 07-272 601 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „961.000“ kemur	925.000
5. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „1.350.000“ kemur	1.246.000
6. Við 4. gr. 08-273 101 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
Fyrir „1.964.000“ kemur	1.464.000
7. Við 4. gr. 09-801 110 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.	
Fyrir „10.200.000“ kemur	10.500.000
8. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir.	
a. Við 190 Markaðsátak í löndum EES.	
Fyrir „100.000“ kemur	50.000
b. Nýr liður:	
501 Viðhald	100.000
9. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 611 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.	
Fyrir „1.800.000“ kemur	1.550.000
10. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál. 114 Niðurgreiðsla á húshitun.	
Liðurinn fellur brott.	
11. Við 4. gr. Tegundarliðurinn *Önnur gjöld* á rekstrarviðfangsefnum hækki um 1%. Allar tölur skulu standa á hundruðum þúsunda króna. Hækkunin tekur þó ekki til:	
a. 03-101–03-950 (Utanríkisráðuneyti).	
b. 09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.	
12. Við bætist ný grein, 7. gr., er orðist svo:	
Skattvísitala árið 1993 skal vera 100,38 stig miðað við 100 stig árið 1992.	

516. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Árna Johnsen, Svavari Gestssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	850
2. Árni Kristjánsson	850
3. Finnur Jónsson	850
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	850
5. Halldór Laxness	850
6. Hannes Pétursson	850
7. Indriði G. Þorsteinsson	850
8. Jakobína Sigurðardóttir	850
9. Jón Nordal	850
10. Jón úr Vör	850
11. Jórunn Viðar	850
12. Kristján Davíðsson	850
13. María Markan	850
14. Matthías Johannessen	850
15. Sigfús Halldórsson	850
16. Sigríður Hagalín	850
17. Stefán Íslandi	850
18. Thor Vilhjálmsson	850
	15.300

517. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara, Óla H. Þórðarson, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, Björn Matthíasson, hagfræðing í fjármálaráðuneyti, Ara Edwald, aðstoðarmann dóms- og kirkjumálaráðherra, og Dagnýju Leifsdóttur, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki rétt að embætti hreppstjóra verði lagt niður og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

I. kafli frumvarpsins, 1.–29. gr., falli brott.

Alþingi, 18. des. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Björn Bjarnason. Ey. Kon. Jónsson.

Ingi Björn Albertsson. Sigbjörn Gunnarsson.

518. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og fengið umsagnir frá Landssambandi aldraðra, stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, Öldrunarráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálaráði Reykjavíkur og Félagi eldri borgara.

Með frumvarpinu er verið að skerða Framkvæmdasjóð aldraðra með því að fela honum aukin verkefni án þess að auka tekjur sjóðsins. Er þetta nú gert öðru sinni en árið 1991 var farið inn á þá braut að heimila að rekstrarframlög væru tekin úr sjóðnum. Sjóðurinn er fjármagnaður með 3.800 kr. nefskatti á alla skattgreiðendur 16–70 ára óháð tekjum. Forsenda þessarar skattlagningar var á sínum tíma að ástandið í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra væri svo bágborið að gera þyrfti sérstakt átak og nota til þess sérstakan tekjustofn. Ef það er núna skoðun stjórnarflokkanna að þessar forsendur séu ekki lengur fyrir hendi, verkefnum, sem sjóðnum voru falin í upphafi, sé lokið, eru forsendurnar fyrir sérstakri skattlagningu líka brostnar. Eðlilegast væri þá að leggja nefskattinn af, marka sjóðnum nýtt hlutverk og nýjan tekjustofn.

Annar minni hluti er þó ekki þessarar skoðunar. Enn er mikið verk óunnið í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða, ekki síst í Reykjavík þar sem enn vantar 260 hjúkrunarrými til að sinna þeim öldrunarsjúklingum sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrun. Þá er ástæða til að benda á að sjóðurinn hefur tekið á sig miklar skuldbindingar sem hann ætti, ef allt væri með felldu, að greiða á næstu 3–5 árum. Þessar skuldbindingar nema nú 1.109 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1993 verða tekjur sjóðsins 425 millj. kr. Ef meira en helmingi af tekjum sjóðsins verður varið til reksturs stofnana aldraðra á næstu árum er borin von að sjóðurinn geti sinnt nýjum verkefnum í uppbyggingu í þágu aldraðra eða staðið við fyrri skuldbindingar. Jafnframt er ástæða til að benda á að verkefni sjóðsins munu án efa aukast á komandi árum, annars vegar vegna þess að mjög ört fjölgar í hópi aldraðra og eins vegna hins að þær stofnanir, sem þegar hafa verið byggðar, munu kalla á aukið viðhald og endurbætur á komandi árum.

Vegna alls þessa leggst 2. minni hluti gegn þeirri breytingu á Framkvæmdasjóði aldraðra sem fyrirhuguð er og vísar auk þess til umsagna um frumvarpið sem allar voru á einn veg, andsnúnar frumvarpinu.

Alþingi, 18. des. 1992.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal I.

UMSAGNIR UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTING Á LÖGUM UM MÁLEFNI ALDRAÐRA

Frá Landssambandi aldraðra.

(23. nóvember 1992.)

Stjórn Landssambands aldraðra hefur kynnt sér efni frumvarpsins og getur ekki fallist á réttmæti þess eða röksemdir þær sem fram eru settar í greinargerð með frumvarpinu. Leggur stjórnin því til að frumvarpinu verði vísað frá með eftirfarandi rökstuðningi:

1. Að mati stjórnar Landssambands aldraðra fer því fjarri að uppbygging á vistunaraðstöðu fyrir sjúka og fatlaða í hópi aldraðra sé komin í viðunandi horf. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsmálastofnun sveitarfélaga eru hundruð einstaklinga á biðlistum eftir plássi á sjúkradeildum og vistheimilum. Auk þess er mjög brýnt að sinna ýmsum nýjungum í uppbyggingu og rekstri vistheimila, svo sem byggingu sambýla, þar sem hagkvæmari rekstur fer saman við betri þjónustu við aldraða.
2. Ljóst er af skýrslum Hagstofunnar um aldursskiptingu þjóðarinnar að stórir árgangar koma inn á lífeyrisaldurinn á næstu árum. Auk þess er ljóst að sá fjöldi fólks á eftirlaunaaldri, sem flutt hefur inn í sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða á undanförnum árum, þarf á næstu missirum í vaxandi mæli vistun á sambýlum eða sjúkradeildum.

   Auk þeirra staðreynda, sem hér hefur verið minnst á, er ljóst að vegna núverandi ástands á vinnumarkaði í þjóðfélaginu er mjög hagkvæmt að halda áfram þeirri uppbyggingu í málefnum aldraðra sem fjölmörg sveitarfélög vinna nú að eða eru með á undirbúningsstigi. Fjármagn frá Framkvæmdasjóði aldraðra hefur verið mjög mikilvæg aðstoð og uppörvun við þær framkvæmdir.
3. Verði frumvarpið samþykkt og fjármagn sjóðsins tekið í rekstur er hætta á því að svo verði til frambúðar og jafnvel í vaxandi mæli.

   Ástæða er til að minna á að tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru innheimtar með svokölluðum nefskatti á alla þegna þjóðfélagsins frá 16–70 ára aldri. Sú skattlagning gengur þvert á þá grundvallarreglu skattalaga að menn greiði skatta sem hlutfall af tekjum eða eignum. Þrátt fyrir þessa afbrigðilegu skattheimtu hafa skattgreiðendur unað henni í meira en áratug aðeins vegna þess að fjármagninu hefur verið varið til þess að byggja upp bætta aðstöðu fyrir aldraða.

Frá Öldrunarráði Íslands.

(27. nóvember 1992.)

Breytingartillaga heilbrigðisráðherra um breytt hlutverk sjóðsins felur í sér veigamiklar eðlisbreytingar á starfsemi hans. Upphaflegar forsendur fyrir stofnun sjóðsins voru að gera þyrfti stórátak í byggingarmálum í þágu aldraðra vegna bágs ástands á því sviði. Samþykkt var að „nefskattur" yrði tekjustofn sjóðsins. Við skattalagabreytingu yfir í staðgreiðslukerfi var „nefskattur" felldur niður og ákveðið að fella hann inn í staðgreiðsluálagningu en síðar skyldi sjóðurinn fá fjárveitingu af fjárlögum. Efndir urðu litlar og var því horfið til þess ráðs að endurvekja „nefskattinn" og hefur sjóðurinn síðan getað staðið við hlutverk sitt að mestu.

Öldrunarráð minnir á að enn er mikill vandi óleystur í Reykjavík og nágrenni varðandi hjúkrunarheimili og jafnframt á afmörkuðum svæðum á landsbyggðinni. Ýmsar framkvæmdir eru þegar hafnar og aðrar langt á veg komnar og þegar hefur sjóðurinn verulegar skuldbindingar gagnvart þessum verkefnum. Undir engum kringumstæðum má skerðing á framkvæmdafé leiða til að framkvæmdaaðilar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum. Öldrunarráð getur fallist á að umframfjármagn sjóðsins sé nýtt til tímabundins rekstrar, annars vegar heimaþjónustu og hins vegar stofnana sem hefja rekstur eftir að fjárlagaár hefst, en ekki til almenns rekstrar. Því er Öldrunarráð andvígt breytingartillögu á 3. og 4. tölul. 12. gr.

Sé svo komið, að áliti stjórnvalda, að ekki sé þörf frekara átaks í nýbyggingum í þágu aldraðra, er ástæða til grundvallarendurskoðunar á hlutverki sjóðsins, t.d. með lægri tekjustofni og nýta þá sjóðinn til endurnýjunar og viðhalds auk nýrekstrar. Því er rétt að 2. mgr. 12. gr. standi áfram óbreytt þar til slík endurskoðun fer fram. Ráðið telur jafnframt vafasamt að Alþingi afsali sér fjárveitingavaldi til rekstrar yfir til eins fagráðherra í svo umtalsverðum mæli sem um gæti verið að ræða. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi Öldrunarráðs Íslands fyrir skömmu.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

(25. nóvember 1992.)

Á stjórnarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. nóvember sl. var lagt fram bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 28. október 1992, þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

Stjórn sambandsins leggst gegn samþykkt frumvarpsins, enda er það í andstöðu við upphaflegan tilgang sjóðsins sem stofnaður var með nefsköttum til að vinna að brýnu verkefni, byggingu stofnana í þágu aldraðra, en mikið skortir á að því verkefni sé lokið.

Fylgiskjal II.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Úthlutanir og skuldbindingar Framkvæmdasjóðs aldraðra.
(17. desember 1992.)

bvt 189.1	kostnaður	fengið	vænst	eftirstöðv.	þak leyfir	framkvæmdir	úthlutun	
	alls í þ.kr.	áður	er			nema nú kr.	1.993	kennitala
REYKJANES								
Fannborg 8	106.498.210	7.788.000	21.299.642	13.511.642	13.501.808			7001693759
Gullsmári, þjónn. Kóp.	80.000.000	0	16.000.000	16.000.000	11.913.360			do
Sunnuhlíð	0	0	36	36	0			5511790369
Sólvangur	0	0	0	0	0			6102696489
Hlévangur, þjónustum.	66.000.000	6.054.429	13.200.000	7.145.571	13.382.674			6201692429
Hlévangur, íbúðir	102.000.000	0	20.400.000	20.400.000	20.566.926			do
Hlaðhamar, þjónustumiðs.	141.582.000	10.725.724	28.318.400	17.592.676	27.740.284			
Hlaðhamar, heimaþjónusta	3.155.000	0	1.104.250	1.104.250	0			
Hafnarfjörður, Höfn, þjónm	31.500.000	0	6.300.000	6.300.000	8.776.175			
Sangerðisbær, þjónustum	30.942.601	0	6.188.520	6.188.520	6.121.084			
Garðvangur, íbð	3.141.900	0	1.099.665	1.099.665	0			4402770129
samtals	376.456.501	24.568.153	129.735.513	104.488.718	102.002.311			
REYKJAVÍK								
EIR	830.000.000	30.272.145	332.000.000	332.000.000	379.133.920			7108902269
Lindargata, þjónustumiðs.	403.771.970	0	80.754.394	80.754.354	45.528.890			5302697609
Hæðargarður, þjónustusel	99.393.543	0	19.878.708	19.878.708	11.605.598			do c
Hraunbær, þjónustusel	95.861.792	0	19.172.358	19.172.358	10.563.179			do c
Sléttuvegur, þjónustusel	27.799.919	0	5.559.984	5.559.984	4.448.051			do c
Suðurmjódd, fél.og þjónm.	166.496.790	0	33.299.358	33.299.358	22.258.126			do c
Dalbraut 18-20, þjón.sel	27.363.044	0	5.472.609	5.472.609	8.319.496			do c
Dalbraut 18-20, íb.v/bún.	4.000.000	0	1.400.000	1.400.000	0			
Aflagrandi, þjónustum.	141.285.000	0	28.257.000	28.257.000	20.471.122			5302697609
Vesturgata	298.271.142	0	59.654.284	59.654.284	21.037.008			5302697609
Seljahlíð, endurb.lyfjabúr	14.285.271	0	5.714.108	5.714.108	0			5802690449
Laugaskjól, Laugarásv.	8.500.000	0	3.400.000	3.400.000	0			
Hvalnista G2	0	0	0	0	0			6401697539
Fell, hjúkrunardeild 30%	25.650.000	1.000.000	10.260.000	9.260.000	12.752.928			4502881529
Fell, dvalar/ylfta 70%	43.814.000	0	15.334.900	15.334.900	19.458.488			
Dvalarh.aldr.heyrnarlausra	4.000.000	0	1.400.000	1.400.000	0			
samtals	2.190.492.471	31.272.145	621.557.703	620.557.663	555.576.806			
VESTURLAND								
Hólði, Akranesi	289.971.030	75.302.961	101.489.860	26.186.899	0			5505760229
Borgarnesbær, þjónustum.	64.000.000	0	12.800.000	12.800.000	10.702.168			
Borgarnesbær,endurb/hh	9.848.000	0	3.446.800	3.446.800	0			
Fellaskjól, Grundarfirði	82.027.000	25.295.000	28.709.000	3.414.000	0			5705840309
Sam.rými Stykkish.	15.289.308	2.678.000	3.057.862	379.862	3.562.095			6202697009
Þjónustuh. Stykkish.	39.708.206	5.449.000	7.941.641	2.492.641	10.655.752			6202697009
Fellsendi, endurb.	0	0	0	0	0			5201696019
samtals	500.843.544	108.724.961	157.445.163	48.720.202	24.920.015			

VESTFIRÐIR									
Barnahlíð, Reykhól.	110.259.000	24.244.000	38.590.065	14.350.650	113.673.310				6704830379
Barnahlíð,bún.&heimahj.	14.475.000	0	5.066.250	5.066.250	0				
HLÍF, Ísafirði	0	0	6.796.000	6.796.000					6704830539
HLÍF, hjúkrunardeild	27.600.000	3.517.502	11.040.000	7.522.498	42.775.446				
Hjón.mst.,Bolungarv.	0	0	0	0					4807740279
Þingeyri, hjúkrunard.aldr.	34.209.271	13.684.000	13.683.708	0	41.247.751				
Þingeyri,dvalarheimili aldr.	56.907.277	13.241.000	19.917.755	6.676.755	55.228.080				
samtals	243.450.548	54.686.502	95.093.778	40.412.153	252.924.587				
NORÐURLAND V.									
Sæborg, Sk.st.,nýb&endb	100.891.850	32.379.658	35.312.147	2.932.490	101.236.498				6501696039
Siglufjörður, viðbætur	201.425.000	66.617.000	70.499.000	2.882.000					4807830349
samtals	302.316.850	98.996.658	105.811.147	5.814.490	101.236.498				
NORÐURLAND E.									
Hlíð	46.184.038	8.345.000	11.546.009	3.201.009	47.892.975				6401693629
FSA , Sel viðbygging	0	0	18.000.000	0					
Akureyri, Bjarg, þjónustum	60.598.657	0	12.119.731	12.119.731	59.566.800				
Akureyri, Sambýli, Skólas.	24.775.133	0	8.671.296	8.671.296	29.783.400				
Akureyri, Sambýli, Bakkah	20.490.552	0	7.171.693	7.171.693	26.060.265				
Akureyri, Víðilundur, þjónm	112.713.850	0	22.542.770	22.542.770	21.662.458				5311800629
Hlíð, hjúkrunardeild,endb.	50.900.548	9.879.000	20.360.219	10.481.219					5311800629
Naust, Þórshöfn,hjúk.kaup	3.500.000	0	1.400.000	1.400.000	17.136.747				
Dalbær, þjónustumiðstöð	50.400.000	0	10.080.000	10.080.000	34.747.020				5801780229
Dalbær,endurbætur	29.500.000	0	10.325.000	10.325.000					
Hvammur, 1. áfangi	0	0	0	0					5705770349
samtals	399.062.778	18.224.000	122.216.718	85.992.718					
AUSTURLAND									
Sundabúðir,Vopn 3	90.484.297	14.744.000	31.669.505	16.925.505					7102695569
Hulduhlíð, Eskifirði	151.545.850	39.625.228	56.829.693	17.204.465					
Búðarhreppur, hjúkrun	92.000.000		36.800.000	36.800.000	103.617.540				
Breiðdalsvík, þjón.hús.	0	0	0	0					4612836399
Djúpivogur	45.300.058	3.608.440	15.855.000	12.246.560	36.401.640				
Stöðvarfjörður,þjónusthús	22.643.681	0	7.925.288	7.925.288	22.751.025				4901690839
Höfn, Hornafirði, þjónustm.	27.600.000	0	5.520.000	5.520.000	29.783.400				6302694749
samtals	429.573.886	57.977.668	154.599.486	96.621.818					
SUÐURLAND									
Kirkjubæjarklaustur	117.000.000	29.587.000	46.800.000	17.213.000					
Vestm. þjónustum.	51.376.757	2.251.569	10.275.351	8.023.782					6901692589
Vestm.endurbætur	23.856.060	2.251.569	4.771.212	2.519.643					6902690159
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	200.580.000	32.682.000	70.203.000	37.521.000					6902690159
Hella, hjúkrunardeild Lundi	51.000.000		20.400.000	20.400.000					
Selfossbær, þjón.m.	95.805.000	6.652.657	18.961.000	12.308.343					6309850569
Sólvellir, viðb. og endurb.	24.440.774	0	8.554.271	8.554.271					5602693159
samtals	564.058.591	73.424.795	179.964.834	106.540.039					6207861799
	5.006.255.169	467.874.882	1.566.424.342	1.109.147.801					
Lokasumma									

Fylgiskjal III.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra.
(20. nóvember 1992.)

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra/stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra leggur áherslu á að rökstuðningur með fyrstu gerð laganna er enn í fullu gildi, en þar er honum ætlað að styrkja ríki og sveitarfélög til bygginga, breytinga og endurbóta á stofnunum og húsnæði fyrir aldraða. Framkvæmdasjóður var ekki hugsaður sem rekstrarskattur.

Þegar heimildin var gefin með breytingum á lögum til að ráðstafa hluta sjóðsins til rekstrar stofnana sem kynnu að hefja rekstur á milli fjárlagaára, fjárlagagerðar, var það skilningur nefndarinnar að um tímabundnar aðgerðir væri að ræða og telur hún því auknar rekstrarálögur á sjóðinn ekki koma til greina. Enn vænta aðilar um land allt, sem hafið hafa framkvæmdir eða lokið þeim, framlaga úr sjóðnum reglum samkvæmt sem nema um eða yfir einum milljarði króna. Þarna er ekki síst um Stór-Reykjavíkursvæðið að ræða.

Hlutverk sjóðsins er ærið þó ekki sé bætt á hann styrkjum til heilsugæslustöðva sem hafa reyndar aldrei komið honum við. Sjóðstjórnin telur framkomið lagafrumvarp alls ekki til bóta enda ekki rétt sem segir í greinargerð með frumvarpinu að hinni gífurlegu uppbyggingu „sem orðið hefur á síðasta áratug í húsnæðismálum aldraðra um land allt" sé lokið þó framkvæmdir séu víða hafnar, á veg komnar eða lokið án fullra styrkveitinga. Þegar sjóðurinn hefur staðið við þær skuldbindingar, sem við hann eru bundnar, er eðlilegt að lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra verði endurskoðuð. Þá verður þó að reikna með verulegum peningum til viðhalds, endurbóta og þess háttar og vegna breytinga sem eru svo örar í þjónustu við aldraða skjólstæðinga samfélagsins.

Það er því álit Samstarfsnefndar um málefni aldraðra/stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra að ekki eigi að ætla Framkvæmdasjóði aldraðra að styrkja rekstur öldrunarstofnana.

519. Breytingartillaga [96. mál]

við brtt. á þskj. 514 [Fjárlög 1993].

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

	Þús. kr.
Við 2. tölul. (02-210 Háskólinn á Akureyri. 101 Almennur rekstur).	
Fyrir „147.000" kemur	151.000

Greinargerð.

Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur staðið fyrir rannsóknum á lífríki sjávar í Eyjafirði. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993 er ekki gert ráð fyrir fé til þessa verkefnis. Tillaga þessi, um 4 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum skólans, er flutt til þess að tryggja framhald þessara rannsókna.

520. Framhaldsnefndarálit [96. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1993 til meðferðar eftir 2. umr. Farið hefur fram hefðbundin athugun á tekjuhlið, viðtöl við forsvarsmenn B-hluta stofnana og teknar hafa verið ákvarðanir sem varða 6. gr. frumvarpsins.

Síðbúnar og illa undirbúnar ríkisstjórnarákvarðanir, sem stafa af deilum í þingflokkum stjórnarliða og milli þingflokka þeirra, hafa gert nefndinni erfitt fyrir í starfi sínu. Ákvarðanir, sem birst hafa í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og verið kynntar nefndinni af einstökum ráðherrum, hafa verið dregnar til baka vegna innbyrðis sundurlyndis og snarpra viðbragða í þjóðfélaginu.

Eftir standa þó ákvarðanir í frumvarpinu sem eiga enn eftir að auka á sundrungu og átök í þjóðfélaginu og auka óvissu um að fjárlagafrumvarpið sé raunhæft. Mun verða vikið að þeim atriðum nánar í umfjöllun um tekju- og gjaldahlið.

Tekjuhliðin.

Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að skatthlutfall í tekjuskatti fyrirtækja verði lækkað úr 45% í 33%. Eftir miklar kúvendingar fram og aftur endar skatthlutfallið í 39% og horfið er frá breytingu á reglum um útborgun arðs.

Sömu sögu er að segja um álagningu virðisaukaskatts. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að afla 1.800 millj. kr. viðbótartekna með breytingum á lögum um virðisaukaskatt sem voru í því fólgnar að draga úr skattfrelsi ýmissa neysluþátta sem nú eru án virðisaukaskatts og afnámi endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna ýmiss konar þjónustu.

Þessar hugmyndir hafa breyst verulega. Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að taka upp nýtt þrep í virðisaukaskatti, 14% á ýmiss konar þjónustu. Jafnframt hefur verið fallið frá álögum á sveitarfélögin í þessu formi en ákveðið að þau leggi fram sérstakt framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð. Í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum frá 23. nóvember sl. var gert ráð fyrir að virðisaukaskatturinn skilaði 800 millj. kr. í auknum tekjum, en með breytingum á gildistökuákvæði hins nýja skattþreps er tekjuaukinn áætlaður 300 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna til sveitarfélaganna sem nema 600 millj. kr. og samdráttar vegna minnkandi veltu í þjóðfélaginu um 100 millj. kr. er niðurstaðan sú að áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti lækka um 400 millj. kr. frá frumvarpinu. Rétt er þó að minna á að heildarupphæð virðisaukaskatts hækkar frá árinu í ár úr 39,6 milljörðum króna í 41 milljarð króna eða um 1.400 millj. kr.

Samdráttur í veltu í þjóðfélaginu hefur einnig áhrif á innflutning og vörugjöld, svo og ýmsa aðra tekjuliði frumvarpsins.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakt bensíngjald hækki um 300 millj. kr. til að mæta niðurfellingu jöfnunargjaldsins. Í tillögum, sem kynntar voru í nóvember, var svo gert ráð fyrir að innheimta 300 millj. kr. með hækkun bensíngjalds til að standa straum af atvinnuskapandi aðgerðum í formi viðhaldsverkefna þar sem kostnaður var áætlaður 500 millj. kr. Samkvæmt tillögum meiri hlutans er nú gert ráð fyrir að verja 100 millj. kr. til þessara verkefna, en innheimta bensíngjaldsins hófst með breytingu á bensínverði 1. desember sl. Til að mæta því liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til

laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar þar sem gert er ráð fyrir að innheimta sérstakt bensíngjald sem renni beint í ríkissjóð og er áætlað að það muni nema um 780 millj. kr.

Mestar breytingar eru þó í álagningu tekjuskatts þó að það komi ekki fram í auknum tekjum ríkissjóðs vegna þess að endurgreiddir eru 4 milljarðar króna til sveitarfélaga til þess að bæta þeim tekjumissi vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Þessar breytingar fela þó í sér stórauknar skattaálögur á allan almenning. Ljóst er að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að afla tekna frá þeim sem betur mega sín. Horfið hefur verið frá áformum um fjármagnstekjuskatt og ákvarðanir um takmarkaðan hátekjuskatt eru tímabundnar.

Samtals nema þessar álögur 3.800 millj. kr. í tekjuskatti og eignarskatti, 1.400 millj. kr. í virðisaukaskatti, 780 millj. kr. í sérstöku bensíngjaldi, 50 millj. kr. í tryggingagjaldi, samtals 6.030 millj. kr. Engin vissa er fyrir því hver verðlagsáhrif til lækkunar verða af niðurfellingu aðstöðugjalds.

Auk þessarar nýju skattheimtu fela breytingar á bótum almannatrygginga í sér álögur upp á mörg hundruð milljónir króna á þá sem minnst mega sín, m.a. barnafjölskyldur og sjúklinga.

Athygli vekur að arðgreiðslur Landsvirkjunar, sem áætlaðar voru um 100 millj. kr., eru felldar niður. Arðgreiðslur Rafmagnsveitna ríkisins eru hins vegar óbreyttar en þær eru áætlaðar 30 millj. kr.

Ljóst er að alger óvissa ríkir um hvort tekst að afla tekna upp á 1500 millj. kr. með sölu ríkiseigna. Forsenda fyrir því að það takist er sala lánastofnana sem ekkert liggur fyrir um hvort samstaða er um í stjórnarliðinu. Fjárframlög til Rannsóknaráðs eru skilyrt því að þessi sala gangi eftir. Á fskj. III kemur fram hver þróun fjárveitinga til rannsóknastofnana er og samanburður við önnur OECD-ríki.

Nefndin hefur fengið upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um helstu breytingar á efnahagshorfum frá því að greinargerð stofnunarinnar um þær var gefin út 23. nóvember sl. Þar kemur fram að atvinnuleysi er meira en þar var gert ráð fyrir og fer sívaxandi. Af þessu leiðir tvennt, að útgjöld ríkissjóðs vaxa vegna aukinna atvinnuleysisbóta og tekjur dragast saman vegna minnkandi veltu.

Um önnur atriði varðandi tekjuhlið vísast í álit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem er birt sem fylgiskjal með áliti meiri hluta fjárlaganefndar.

Breytingar á gjaldahlið.

Nefndin flytur sameiginlega nokkrar tillögur til hækkunar og lækkunar á gjaldahlið frumvarpsins. Auk þess flytur meiri hluti nefndarinnar nokkrar breytingartillögur sem tengjast sérstökum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og eru þær á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Minni hluti nefndarinnar stendur því ekki að þeim. Sérstaka athygli vekur að þrátt fyrir allar umræður um atvinnuskapandi aðgerðir stendur lítið eftir af áformum ríkisstjórnarinnar um aukið fjármagn til viðhalds opinberum byggingum og fjármagn til „framkvæmdaátaks vegna atvinnumála“ eins og það er kynnt í fjárlagafrumvarpinu. Það átak, sem fyrirhugað var í vegagerð, er skorið niður um 250 millj. kr.

Auk þess er ljóst að algjör óvissa er um hve háa upphæð Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þarf að greiða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna aukinna vanskila sem stafa af hækkun meðlagsgreiðslna.

Nefndin kallaði á sinn fund forsvarsmenn nokkurra B-hluta stofnana. Þar kom m.a. fram að áhrif gengisbreytinga og verðlags leiða til þess að lánveitingar Lánasjóðs ís-

lenskra námsmanna þurfa að hækka um 92 millj. kr. Þessu er mætt með aukinni fjárveitingu um 50 millj. kr. og auknum lántökum sjóðsins. Benda má á að stjórn Lánasjóðsins leggur til að rekstrarkostnaður hækki úr 73 millj. kr. í 87 millj. kr. Þetta er í kjölfar breyttra laga og úthlutunarreglna sem hafa haft í för með sér sérstakt vinnuálag og kallað á kerfisbreytingar í ár og á næsta ári. Við þessu var ekki orðið. Breytt lög og úthlutunarreglur Lánasjóðsins hafa nú þegar orðið til þess að gera námsmönnum með lítil efni ókleift að stunda nám. Auk þess hefur þessi breyting kostað ómælda fjármuni.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldskrá Ríkisútvarpsins verði hækkuð um 4%. Áætlanir forráðamanna stofnunarinnar gera ráð fyrir 10% hækkun, enda kom aldrei til framkvæmda 4,5% gjaldskrárhækkun sem fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir og áætlanir voru miðaðar við. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samdrætti í rekstri stofnunarinnar sem nemur um 30 millj. kr.

Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er lækkað um 50 millj. kr. Til að halda óbreyttum framkvæmdum þrátt fyrir þennan niðurskurð er farið í hina furðulegustu leikfléttu. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins til dagvistarheimila fyrir börn og aldraða eru lækkuð um 50 millj. kr. og lántökur þess sjóðs lækka um þessa upphæð. Á móti eru lántökur Byggingarsjóðs verkamanna hækkaðar um 50 millj. kr. Jafnframt hafa fjármálaráðherra og forsætisráðherra gefið félagsmálaráðherra það loforð að á árinu 1994 verði framlag til Byggingarsjóðs verkamanna aukið á ný.

Lakari afkomu Rafmagnsveitna ríkisins er mætt með 4% gjaldskrárhækkun. Ljóst er hins vegar að verulegur vandi blasir við vegna styrkingar flutningslína í sveitum á milli byggðarlaga á svæði rafmagnsveitnanna. Bent er á að tillögur liggja fyrir frá stofnuninni um leiðir til fjármögnunar þessarar nauðsynlegu endurbyggingar, sjá fskj. IV.

Lokaorð.

Fjárlagafrumvarpið 1993 kemur nú til lokaafgreiðslu. Sumar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, einkum á tekjuhlið þess, valda mikilli röskun á högum almennings í landinu og metur Þjóðhagsstofnun kaupmáttarrýrnunina um 4,5%, en í spám ASÍ er hún metin allt að 7%. Verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar er um 4%, en ASÍ telur að verðbólgan verði nokkru meiri. Spá Þjóðhagsstofnunar frá því í október gerir ráð fyrir 4% atvinnuleysi á árinu 1993. Nýjustu upplýsingar benda til þess að þetta hlutfall eigi eftir að hækka og vinnur Þjóðhagsstofnun nú að endurskoðun á spá sinni um atvinnuleysi í tengslum við heildarendurskoðun á þjóðhagsspá fyrir næsta ár.

Í minnisblaði Þjóðhagsstofnunar til fjárlaganefndar, dags. 17. desember sl., sem birt er sem fskj. I með nefndaráliti þessu, eru eftirfarandi lokaorð:

„Af þessu má sjá að flest af því sem hefur breyst frá fyrri áætlunum er ekki til upp örvunar. Það má því reikna með því að sú endurskoðun þjóðhagsspár, sem nú er unnið að, leiði til þess að dregin verði upp heldur dekkri mynd af horfunum en gert var í síðustu spá."

Vart getur þetta gefið ástæðu til bjartsýni um að þetta fjárlagafrumvarp standist og valdi jákvæðri breytingu í efnahagslífi landsmanna. Í áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarpsins er auk þess lagt til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess hve illa er staðið að undirbúningi frumvarpa til skattalaga.

Minni hluti fjárlaganefndar mun sitja hjá við lokaafgreiðslu frumvarpsins en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1992.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Jón Kristjánsson. Guðrún Helgadóttir.

Anna Kristín Sigurðardóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Fylgiskjöl voru birt með framhaldsnefndarálitinu í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um fylgiskjölin er vísað til þingskjalsins. Hér fer á eftir skrá yfir þau.

Fylgiskjöl:

I. *Þjóðhagsstofnun:* Yfirlit yfir helstu breytingar á efnahagshorfum, 17. des. 1992.

II. *Fjármálaráðuneyti, efnahagsskrifstofa:* Verðlagshorfur 1993, 12. des. 1992.

III. *Rannsóknaráð ríkisins:* Súlurit þar sem fram kemur hver þróun fjárveitinga til rannsóknastofnana er og gerður samanburður við önnur OECD-ríki.

IV. *Rafmagnsveitur ríkisins:* Línurit er varða styrkingu flutningslína á milli byggðarlaga og tillögur frá stofnuninni um leiðir til fjármögnunar.

521. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992.

Frá fjárlaganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
10-471 Flugmálastjórn.	
180 Flugvallagjöld	30.000
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
14-210 Veiðistjóri.	
101 Veiðistjóri	8.500

522. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	
191 Til að tryggja framkvæmd grunnskólalaga	100.000
2. Við 4. gr. 06-291 601 Húsnæði Hæstaréttar.	
Liðurinn fellur brott.	

523. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

	Þús. kr.
Við 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
103 Rekstur Kristness	20.000

524. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Svavari Gestssyni, Finni Ingólfssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:	
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir	
101 Almennur rekstur	70.000

525. Breytingartillaga [96. mál]

við brtt. á þskj. 514 [Fjárlög 1993].

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 46. tölul. (10-333 Hafnamál).	
a. Við a-lið (630 Hafnamannvirki).	
Fyrir „771.900“ kemur	777.900
b. Við sundurliðun í sérstöku yfirliti, Vestfirðir, bætist:	
11 Árneshreppur, hafnaraðstaða smábáta	6.000

526. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Jóni Helgasyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni. Nýr liður:	
140 Landgræðslu- og skógræktarverkefni samkvæmt bókun búvörusamnings	100.000

527. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Jóni Helgasyni, Ragnari Arnalds, Kristínu Ástgeirsdóttur og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun. Nýr liður:	
610 Sérstök verkefni samkvæmt búvörusamningi	100.000

528. Lög [125. mál]

um umboðssöluviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 508.

529. Lög [226. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 283.

530. Fjáraukalög [140. mál]

fyrir árið 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 507 (sbr. 161) með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-2 423 000**
Beinir skattar	-1 033 000	
Óbeinir skattar	-1 120 000	
Vaxtatekjur	240 000	
Aðrar tekjur	-510 000	
Gjöld		**3 524 000**
Samneysla	1 081 300	
Rekstrargjöld	1 131 300	
Viðhald	-50 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 566 600	
Vaxtagjöld	-500 000	
Fjárfesting	376 100	
Stofnkostnaður	346 500	
Fjármagnstilfærslur	29 600	
Gjöld umfram tekjur		**5 947 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		1 395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	1 295 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	100 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 342 000**
Afborganir af teknum lánum		-415 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 927 000**
Lántökur		6 950 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**23 000**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31 500	
01 Forsætisráðuneyti	4 500	
02 Menntamálaráðuneyti	-151 000	
03 Utanríkisráðuneyti	58 800	
04 Landbúnaðarráðuneyti	660 100	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	121 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	89 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	96 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 945 400	
09 Fjármálaráðuneyti	241 300	
10 Samgönguráðuneyti	112 100	
12 Viðskiptaráðuneyti	300 000	
14 Umhverfisráðuneyti	15 300	
Samtals		3 524 000

Eftirtaldir liðir 3. gr. breytast og hljóða svo:

10–471 Flugmálastjórn

Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−42 000	
	Mismunur		**42 000**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Veiðistjóri	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	8 500	
5	Gjöld samtals		**8 500**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

531. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 2. tölul. kemur: 10.
b. 4. tölul. stafliðarins fellur niður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 8. tölul. kemur: 10.
b. 11. tölul. greinarinnar fellur niður.

3. gr.

54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna falla brott.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „32,8“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 34,3.

5. gr.

1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 282.264 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 2. mgr. B-liðar orðast svo:

Barnabótaauki skal óskertur nema 89.284 kr. með hverju barni hjóna, en 96.784 kr. með hverju barni einstæðra foreldra, en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa stafliðar.

b. Í stað fjárhæðarinnar „732.000“ í 3. mgr. B-liðar komi: 549.000.
c. Í stað orðsins „vaxtagjöldum“ í 1. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 90% vaxtagjalda.
d. Í stað orðsins „tvöfalt“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 80%.
e. Í stað fjárhæðarinnar „438.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 394.000.
f. Í stað fjárhæðarinnar „575.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 518.000.
g. Í stað fjárhæðarinnar „712.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi: 641.000.

7. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

Tekjuskattur lögaðila skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

8. gr.

2. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

9. gr.

89. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Fjármálaráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. fellur niður.
c. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 102. gr. A.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.
f. Í stað orðsins „sakadóms“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: héraðsdóms.

11. gr.

5. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

12. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. er orðast svo:

Hafi ríkisskattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

13. gr.

102. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skatteftirlits og skatteftirlit á landinu öllu. Skatteftirlitið nær til eftirlits samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir ríkisskattstjóra samkvæmt þessari grein gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

14. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 102. gr. A laganna og, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins, skattrannsóknir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði eða eftir kæru hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn samkvæmt þessari grein hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

15. gr.

a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 104., 105. og 108. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 115. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

16. gr.

1. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1993, ákvörðun bóta á því ári og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 2. gr., 3. gr., a- og b-liða 6. gr. og 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og ákvörðun barnabótaauka á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs. Þá skulu ákvæði a-liðar 1. gr. og a-liðar 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1994 vegna arðs sem reiknaður er af tekjum rekstrarársins 1993.

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. gr. laga þessara má á árunum 1993–1997 draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga nr. 75/1981, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á þeim árum samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum og ekki hærra hlutfall af því fé sem varið er til fjárfestingarinnar en hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árunum 1994 og 1995 skal hann eigi vera hærri en 80% fjárhæðarinnar.
b. Vegna fjárfestingar á árunum 1996 og 1997 skal hann eigi vera hærri en 50% fjárhæðarinnar.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu árum en þó ekki lengur en til loka ársins 1997. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði bráðabirgðaákvæðis þessa skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á.

Hámarksfjárhæðir skv. 2. málsl. 1. mgr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1998 skulu menn njóta frádráttar frá tekjum vegna fjárfestinga á árinu 1997.

II.
Fjárfestingarsjóður.

Ákvæði 54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna skulu gilda m.a. um bindingu, ráðstöfun og viðurlög uns fjárfestingarsjóður hefur að fullu verið nýttur.

III.
Tekjuskattur lögaðila.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 vera 39% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

IV.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal á árinu 1994 og 1995 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.400.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 4.800.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.400.000 kr. reiknast þeim hvor sinn hluti hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.400.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur skal lagður á í fyrra skiptið álagningarárið 1994 vegna tekna ársins 1993 og í síðara skiptið álagningarárið 1995 vegna tekna ársins 1994.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

V.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1994 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1993. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1993

vegna tekna á árinu 1992 sem eru umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1995 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1994. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1994 vegna tekna á árinu 1993 umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal mismunurinn þá taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

VI.

Um sérstakan tekjuskatt, sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði IV og V, skulu ákvæði VIII.–XIV. kafla laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

VII.

Um ráðstöfun tekjuskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 109. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal af innheimtum tekjuskatti ársins 1993 renna til sveitarfélaga fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skulu sveitarfélögum greidd með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 1. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánaðanna febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 1. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Nánar skal kveðið á um fyrirframgreiðslu þessa og uppgjör með reglugerð.

Leiði breytingar skattstjóra við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 2. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag.

VIII.

Málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Meðferð þeirra mála, sem nú eru til rannsóknar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og er ólokið 1. janúar 1993, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins annast.

IX.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 skal aðstöðugjald, álagt á árinu 1993 vegna rekstrar á árinu 1992 en fellt niður við innheimtu, ekki færast til gjalda sem rekstrarkostnaður.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

19. gr.

2. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma að viðbættu 15% álagi.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. greinarinnar fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 2. mgr. greinarinnar kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
d. Í stað orðanna „Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri“ í upphafi 3. mgr. greinarinnar kemur: Skattyfirvöld.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar kemur: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

21. gr.

26. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast

ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

22. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

23. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 1. júlí 1993.

24. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi 1. janúar 1993.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „er nemur fjórðungi árlegs innleggs“ kemur: skv. 2. mgr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:

Skattafsláttur skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Á árinu 1994 skal skattafslátturinn vera 20% af innleggi á tekjuárinu 1993.
2. Á árinu 1995 skal skattafslátturinn vera 15% af innleggi á tekjuárinu 1994.
3. Á árinu 1996 skal skattafslátturinn vera 10% af innleggi á tekjuárinu 1995.
4. Á árinu 1997 skal skattafslátturinn vera 5% af innleggi á tekjuárinu 1996.
5. Eftir árslok 1996 skapa innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga ekki rétt til skattafsláttar samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar skulu ekki gilda þótt maður, sem stofnað hefur húsnæðissparnaðarreikning fyrir 1. janúar 1993, geri ekki skil á öllu umsömdu innleggi sem leggja bar inn eftir þann tíma.

27. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga á árinu 1993 og eigna í lok þess árs.

Frá 1. janúar 1997 falla brott lög nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1997 skulu menn njóta skattafsláttar vegna innleggs á árinu 1996.

V. KAFLI
Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

28. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1993 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

29. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

30. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1992 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

31. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1992.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

32. gr.

Með skattframtali 1993 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1992. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 31. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 29. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1993 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

33. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 30. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

34. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

35. gr.

Skatt samkvæmt þessum kafla má draga frá tekjum rekstrarársins 1992 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993. Þá er skatturinn til frádráttar

eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd kafla þessa með reglugerð.

37. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1993.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

38. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir:

1. Fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.
3. Ferðaþjónustu, nánar tiltekið hótelgisting, ferðaskrifstofur, veitingarekstur, fólksflutningar og útleiga bifreiða. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um skiptingu gjaldsins í sérstakt og almennt gjald samkvæmt þessari grein hjá þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur bæði undir almennan og sérstakan gjaldflokk.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð umfram 6% af launum.
b. 2. málsl. 3. tölul. orðast svo: Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1993 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1994. Ákvæði 38. gr. kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

b. 8. tölul. orðast svo: Fasteignaleiga. Útleiga tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta er þó skattskyld. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
c. 13. tölul. fellur brott.

42. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
b. Síðari málsliður 7. tölul. orðast svo: Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
c. 9. tölul. fellur brott.
d. 10. tölul. fellur brott.
e. 11. tölul. fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.
b. Við 3. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
c. Við 1. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
d. Við fyrri málslið 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
e. Við síðari málslið 2. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.

45. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:

1. Fólksflutningar, að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
2. Útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
3. Milliganga um ferðaþjónustu.
4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.

6. Sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra.
7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

46. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum er skylt, eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð, að auðkenna ökutæki sín þegar virðisaukaskattur af öflun þeirra eða leigu telst til innskatts.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Við 5. málsl. 1. mgr. bætist: eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.

48. gr.

8. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi átt sér stað skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

49. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 28. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

50. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð veitt undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

d. 4. mgr. orðast svo:
Skattyfirvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 5. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 1. og 2. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

54. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% virðisaukaskatts.

55. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærri fjárhæð en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

56. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 47. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

57. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993. Þó skulu eftirfarandi greinar taka gildi sem hér segir:
a. 41. gr. og 1., 2. og 3. tölul. 45. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994.
b. c- og d-liðir 43. gr. og 4., 5. og 6. tölul. 45. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. júlí 1993.

58. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 57. gr. laga þessara er þeim aðilum, sem leigja út hótel- og gistiherbergi, heimilt að skrá sig frjálsri skráningu frá 1. janúar 1993 til og með 31. desember 1993.

Aðilar, sem skráðir eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

II.

Þeir sem verða skráningarskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum 41. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1993.

III.

Þeim aðilum, sem notið hafa innskattsfrádráttar við öflun og rekstur bifreiðar fyrir 1. janúar 1993, er skylt að auðkenna bifreiðar sínar með sérstökum skráningarmerkjum fyrir 1. júlí 1993.

IV.

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, sbr. 57. gr. laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku skv. 57. gr. laga þessara eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sem 1. mgr. þessa ákvæðis tekur til, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld fyrir gildistöku laga þessara, þó ekki ef sannað er að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

59. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að sambærileg norræn menningarverðlaun falli undir 1. mgr.

60. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og skulu koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

61. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk bensíngjalds skv. 1. mgr. skal greiða sérstakt bensíngjald sem nemur 1,70 kr. af hverjum lítra af bensíni.

62. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Tekjum samkvæmt lögum þessum, að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð, skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

63. gr.

Á eftir orðinu „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma orðin: sérstaks bensíngjalds.

64. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993.

X. KAFLI
Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

65. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar sem versla með erlendan gjaldeyri skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.

66. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 65. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 skal gjaldið vera 15%.

67. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 65. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

68. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993 og gilda til 31. desember 1995. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1993 lög nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, með síðari breytingum.

532. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneyti Halldór Árnason skrifstofustjóra, Jón Ragnar Blöndal viðskiptafræðing, Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra, Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra og Sveinbjörn Óskarsson deildarstjóra. Enn fremur komu frá Húsnæðisstofnun ríkisins Sigurður E. Guðmundsson forstjóri, Hilmar Þórisson skrifstofustjóri, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Örn Marinósson, skrifstofustjóri Landsvirkjunar, Jóhanna Leópoldsdóttir og Snorri Tómasson frá Ferðamálasjóði, Þorvarður Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Geir Gunnlaugsson frá Iðnlánasjóði, Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Ágúst Valgeirsson framkvæmdastjóri Flugmálastjórnar, Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, Þorgeir Sigurgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Jón Reynir Magnússon, forstjóri Síldarverksmiðja ríkisins, og Arndís Steinþórsdóttir, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. að lántökuheimild fjármálaráðherra verði lækkuð úr 15.800 millj. kr. í 15.400 millj. kr. og er það í samræmi við stöðu fjárlagafrumvarps. Skýringin á þessu er í fyrsta lagi sú að veitt lán, nettó, lækka um 670 millj. kr., í öðru lagi hækka stofn- og hlutafjárframlög um 65 millj. kr. sem stafar af þátttöku Íslands í Greiðslujafnaðarsjóði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir Eystrasaltsríkin. Þá hækka greiddar afborganir ríkissjóðs um 110 millj. kr. vegna gengisbreytinga. Loks er halli ríkissjóðs nú áætlaður um 60 millj. kr. meiri en fram kemur í frumvarpi.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. Lagt er til að lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 360 millj. kr. og stafar hækkunin nær alfarið af mistökum við gerð fjárhagsáætlunar Lánasjóðsins en þar féllu niður 300 millj. kr. í afborgunum og vöxtum. Enn fremur er lagt til að lántökuheimild Póst- og símamálastofnunar verði flutt í 5. gr. frumvarpsins. Þannig mun stofnunin geta leitað lána beint frá framleiðendum ljósleiðarans þar sem hún telur sig geta fengið afar hagstæð lánskjör. Verði raunin önnur getur ríkissjóður hins vegar nýtt lántökuheimildina og endurlánað Póst- og símamálastofnuninni samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins. Þá er lagt til að Síldarverksmiðjur ríkisins fái heimild til að taka lán að fjárhæð allt að 130 millj. kr. Rekstraráætlun fyrirtækisins hefur verið endurskoðuð miðað við erfiðari rekstrarskilyrði og er ekki lengur talið gerlegt að ná fram þeirri lækkun rekstrarkostnaðar sem að var stefnt. Síldarverksmiðjur ríkisins eru B-hluta ríkisfyrirtæki og er þetta í samræmi við afgreiðslu fjárlaganefndar á því.
3. Lagðar eru til þær breytingar á 4. gr. að lántökuheimild Landsvirkjunar verði 7.750 millj. kr. í stað 7.450 millj. kr. og stafar hækkun þessi af gengisbreytingum; lántökuheimild Byggingarsjóðs verkamanna verði 6.870 millj. kr. í stað 6.691 millj. kr. og stafar hækkunin af ýmsum fjármagnshreyfingum; lántökuheimild húsbréfadeild-

ar Húsnæðisstofnunar ríkisins lækki um 4.000 millj. kr. í framhaldi af hækkun lántökuheimildar húsbréfadeildar um sömu fjárhæð á þessu ári, sbr. lög 9. des. 1992, um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992; loks hækki lántökuheimild Iðnlánasjóðs um 300 millj. kr. til þess að mæta þörfum sjóðsins.

4. Lögð er til sú breyting á 5. gr. að undir hana verði færð lántökuheimild Pósts- og símamálastofnunarinnar frá 3. gr. Hækkun lántökuheimildar úr 1.100 millj. kr. í 1.280 millj. kr. stafar af fjármagnskostnaði sem ekki var áður gert ráð fyrir.
5. Lagt er til að 6. gr. verði breytt þannig að heimilt verði að nýta erlendar lántökuheimildir, sem skilgreindar eru í viðauka frumvarpsins, til lántöku innan lands. Er þetta gert til að aðilar hafi sveigjanleika til að taka lán innan lands fremur en erlendis ef aðstæður leyfa.
6. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að uppsetning hennar verði aftur færð í hefðbundið snið og töluliðir hennar verði hver um sig ein grein. Enn fremur er lögð til breyting á 18. tölul., er verði 27. gr., sem er nauðsynleg vegna fjárlaga 1993.
7. Í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 14–15 kemur fram það álit að erlendir lánardrottnar telji að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs. Meiri hluti nefndarinnar telur í þessu sambandi rétt að árétta að samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992, ber ríkissjóður ekki ábyrgð á nýjum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992. Í samræmi við þetta er lagt til að fella niður ákvæði um Fiskveiðasjóð úr viðauka frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að skoðanir erlendra lánardrottna um ríkisábyrgð á lánum hafi ekki lagagildi á Íslandi og telur að ásetningur löggjafans um að afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs hafi komið skýrt fram við setningu lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Guðjón Guðmundsson. | Ingi Björn Albertsson.

Rannveig Guðmundsdóttir. | Sólveig Pétursdóttir.

533. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, IBA, RG, SP).

1. Við 1. gr. Í stað „15.800 m.kr.“ komi: 15.400 m.kr.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „6.230 m.kr.“ í 1. málsl. komi: 5.620 m.kr.
   b. Í stað „3.540 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 3.900 m.kr.
   c. 3. tölul. falli brott.
   d. Við greinina bætist nýr töluliður er orðist svo: Síldarverksmiðjur ríkisins, allt að 130 m.kr.

3. Við 4. gr.
   a. Í stað „7.450 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 7.750 m.kr.
   b. Í stað „2.290 m.kr.“ 2. tölul. komi: 3.860 m.kr.
   c. Í stað „6.691 m.kr.“ í 3. tölul. komi: 6.870 m.kr.
   d. Í stað „12.000 m.kr.“ í 4. tölul. komi: 8.000 m.kr.
   e. Í stað „2.300 m.kr.“ í 7. tölul. komi: 2.600 m. kr.
4. Við 5. gr. Við greinina bætist nýr töluliður er orðist svo: Póst- og símamálastofnun, allt að 1.280 m.kr., til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.
5. Við 6. gr. Á eftir fyrri málslið fyrri málsgreinar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ávallt er þó heimilt að nýta erlenda lántökuheimild til lántöku innan lands.
6. Við 11. gr. Í stað greinarinnar komi 20 nýjar greinar er orðist svo:
   a. (11. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1993.
   b. (12. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.
   c. (13. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, með áorðnum breytingum, skulu tekjur á árinu 1993 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.
   d. (14. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1993. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.
   e. (15. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1993.
   f. (16. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, búfjárræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1993.
   g. (17. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1993.
   h. (18. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.
   i. (19. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1993.

j. (20. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

k. (21. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1993.

l. (22. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1993.

m. (23. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1993.

n. (24. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálasjóðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1993.

o. (25. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum, skulu 344 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögum renna í ríkissjóð á árinu 1993.

p. (26. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með áorðnum breytingum, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 30,3 m.kr. á árinu 1993.

q. (27. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28,3 m.kr. á árinu 1993. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1993 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1993 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram. Í stað „3.000 kr." í lokamálslið 13. gr. laganna komi: 4.000 kr.

r. (28. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, skal framlag til uppgjörs á stofnkostnaði við sveitarfélög eigi nema hærri fjárhæð en 405 m.kr. á árinu 1993.

s. (29. gr.)

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með áorðnum breytingum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

7. Á eftir 11. gr. komi ný grein (er verði 30. gr.), svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að yfirtaka skuldbreytingarlán til loðdýrabænda, að fjárhæð allt að 300 m.kr., sem stofnað hefur verið til á grundvelli 1. gr. laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, og að aflétta þeim veðtryggingum sem teknar hafa verið í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs, enda taki Stofnlánadeild landbúnaðarins þátt í hliðstæðum aðgerðum.

8. Viðauki orðist svo:

Heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera 1993.

Í milljónum króna	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar-lántökur
Ríkissjóður Íslands	10.300	5.100	15.400
Landsvirkjun	-	7.750	7.750
Byggingarsjóður ríkisins	3.860	-	3.860
Byggingarsjóður verkamanna	6.870	-	6.870
Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins	8.000	-	8.000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	400	300	700
Byggðastofnun	100	550	650
Iðnlánasjóður	100	2.500	2.600
Iðnþróunarsjóður	100	600	700
Ferðamálasjóður	-	130	130
Vatnsleysustrandarhreppur	-	55	55
Bæjarveitur Vestmannaeyja	-	12	12
Norræni fjárfestingarbankinn	-	22	22
Póst- og símamálastofnun	-	1.280	1.280
Samtals	**29.730**	**18.299**	**48.029**

534. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar getur ekki mælt með afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga við þær aðstæður sem nú ríkja í þann mund sem stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að afgreiða málið út úr nefnd. Fram til þessa dags hefur afar mikil óvissa ríkt um ýmsa veigamikla þætti efnahagsmála og ríkisfjármála og ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hefur undanfarna daga verið á harðahlaupum við afgreiðslu tekjuöflunarfrumvarpa og álagningu skatta fyrir komandi ár. Alla heildarsýn yfir efnahagsmálin vantar og ekki verður séð að fylgt sé neinni markvissri eða fyrir fram mótaðri stefnu

heldur ákvarðast hinir einstöku þættir ríkisfjármála og efnahagsmála af handahófskenndum ákvörðunum eða málamiðlunum stjórnarflokkanna sem gjarnan verða til á næturfundum.

Sú upplausn sem einkennt hefur vinnuna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum undanfarna daga gerir það nánast ómögulegt fyrir fulltrúa stjórnarandstöðunnar að fá nokkra yfirsýn yfir það hvernig mál standa og draga verður stórlega í efa að yfir höfuð finnist nokkur maður innan stjórnarliðsins eða utan sem hafi þá vitneskju. Þannig hafa skattamál verið til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd og hafa þar tekið miklum breytingum nánast daglega og svipaða sögu er að segja um afgreiðslu fjárlaga. Má í því sambandi vísa til álits minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar bæði um frumvarp um skattamál og um tekjugrein fjárlagafrumvarps, sbr. umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar til fjárlaganefndar um það mál.

Þegar lánsfjárlög eru afgreidd er afar þýðingarmikið að traustar upplýsingar og áreiðanlegar liggi fyrir um alla helstu útgjaldaþætti ríkisins og lánsfjárþörf hins opinbera svo og þeirra aðila sem undir lánsfjáráætlun og lánsfjárlög falla. Lánsfjárlögin eru í eðli sínu ákveðinn rammi utan um lántökumálin, þróun vaxta og þróun á fjármagnsmarkaði þar með sem mikilvægt er að sé traustur og unninn samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum. Væntanleg þróun á peningamarkaði skiptir miklu máli eigi forsendur ríkisfjármálanna að standast og einnig áform eða áætlanir um lántökur stærri aðila annars vegar innan lands og hins vegar erlendis. Ljóst er að stilla verður þeim í hóf og miða við að eftirspurn sé í þokkalegu samræmi við fjármagn í umferð þannig að vaxtastig geti orðið hóflegt. Sú mynd, sem við okkur blasir, er afar brotakennd enda stangast aðgerðir ríkisstjórnarinnar hver á við aðra. Lítið bólar á vaxtalækkunum og er vaxtastigið enn með því hæsta sem þekkst hefur hér á landi.

Við þessar aðstæður hefur reynst miklum erfiðleikum bundið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd að átta sig á þeim stærðum sem mestu máli skipta. Þá hefur nefndinni hvorki gefist tími til að kafa ofan í einstaka þætti né haft forsendur til að kanna málið í heild með viðunandi hætti vegna óðagotsins í ríkisstjórnarflokkunum sem eru að afgreiða ríkisfjármálin á elleftu stund.

Minni hlutinn ítrekar því þá afstöðu sína að hann treystir sér ekki til að mæla með eða standa að afgreiðslu frumvarpsins á þessu stigi. Minni hlutinn telur eðlilegast að lánsfjárlögin ásamt öðrum skattafrumvörpum og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verði endurskoðuð í veigamiklum atriðum og gerð þannig úr garði að þau séu boðleg og tæk til efnislegrar afgreiðslu. Skynsamlegast væri að afgreiða greiðsluheimildir til að mæta útgjöldum á fyrstu vikum næsta árs og nota tímann til að fara yfir forsendur ríkisfjármála og efnahagsmála á næsta ári með það að leiðarljósi að dreifa byrðum af erfiðleikum í efnahags- og atvinnumálum með réttlátari hætti en ríkisstjórnin hyggst gera í sínum skattafrumvörpum og grípa til skynsamlegra og raunhæfra úrræða gagnvart vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikum í atvinnulífi.

Þrátt fyrir þetta vill minni hlutinn þó nefna fáein einstök efnisatriði sérstaklega. Í fyrsta lagi fjármál Byggðastofnunar og þar með talið atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar. Ætlunin er að heimila lántökur upp á 1.300 millj. kr. vegna fjárþarfar deildarinnar á næsta ári, en þegar óskað var eftir upplýsingum um áætlanir eða fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um stofnun hins nýja stórsjóðs, Þróunarsjóðs, í sjávarútvegi og fyrirhugaðan samruna m.a. atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og Hagræðingarsjóðs inn í þann sjóð komu engin svör frá ríkisstjórninni eða stjórnarliðum. Einfaldlega var sagt að það mál væri algjörlega óútfært. Þar ríkir því fullkomin óvissa um meðferð þeirra mála

og því vandséð í raun og veru að það þjóni miklum tilgangi að eyða tíma í skoðun á málefnum deildarinnar við þær aðstæður.

Þá óskuðu fulltrúar minni hlutans eftir upplýsingum um hvað liði störfum nefndar ráðherra eða ráðuneyta sem sett var á laggirnar sl. sumar til þess að útfæra tillögur um fjárstuðning til þeirra útgerðaraðila sem mestan samdrátt urðu að þola við úthlutun veiðiheimilda fyrir yfirstandandi kvótaár. Eins og kunnugt er lofuðu forsætisráðherra og fjármálaráðherra því, m.a. á fundi á Flateyri sl. sumar, að varið yrði svipuðum fjárhæðum til útgerðaraðila, í formi styrkja, sem samdráttur í þorskveiðum bitnuðu þyngst á og fengist fyrir sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs.

Fjármálaráðherra kynnti hugmyndir um að auk ríkissjóðs myndu Fiskveiðasjóður og Byggðastofnun leggja fé af mörkum í þessu skyni. Í umræðum á Alþingi sl. haust lofaði forsætisráðherra niðurstöðu í þessu máli innan fárra daga.

Nú skömmu fyrir árslok þegar við fulltrúar minni hlutans inntum eftir því hvað þessu máli liði og hvort ríkisstjórnin óskaði eftir fjárheimildum í þessu sambandi var því svarað að nefndin hefði ekki lokið störfum og ekkert væri af málinu að frétta. Yfirlýsingar og loforð ráðherra og ríkisstjórnar frá sl. sumri virðast því gleymd og grafin og engin áform koma fram um að þau eigi að efna við afgreiðslu fjárlaga eða lánsfjárlaga.

Í öðru lagi ber að nefna að efnahags- og viðskiptanefnd hefur ákveðið að breyta uppsetningu IV. kafla frumvarpsins um skerðingarákvæði opinberra framlaga samkvæmt fjölmörgum lagaákvæðum og færa þau til fyrra horfs eins og verið hefur í lánsfjárlögum undanfarin ár þannig að hver breyting á hverjum einstökum lögum verði sett upp sem sjálfstæð lagagrein og í þeirri lagagrein komi skýrt fram hver skerðingin er eða hver viðmiðunarmörk skerðingar eru í hverju einstöku tilviki.

Einstakir nefndarmenn, eða minni hlutinn í heild, eru andvígir ýmsum skerðingarákvæðum sem þarna eru á ferðinni. Má þar t.d. nefna Húsafriðunarsjóð en hans bíða mjög mikilvæg menningarverkefni sem þola enga skerðingu á framkvæmdafé. Sérstaklega skal þó nefnd skerðing á mörkuðum tekjum Vegagerðar ríkisins upp á 344 millj. kr. sem gera á upptækar í ríkissjóð af hinum mörkuðu tekjum á sama tíma og Vegagerðinni er ýtt með sérstakri ákvörðun ríkisstjórnar út í stórfelldar lántökur til að standa undir framkvæmdum. Í reynd verður skattur á bensín, sem renna á í ríkissjóð, stóraukinn og aukinn langt umfram þessi skerðingarmörk. Til viðbótar þessu kemur álagning sérstaks bensíngjalds samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem færir mörg hundruð milljónir króna í viðbót í ríkissjóð. Þannig er í raun verið að ganga með mjög gróflegum hætti inn á þennan tekjugrundvöll Vegagerðarinnar sem gjaldtaka af bensíni hefur verið.

Minni hlutinn mótmælir þessari ráðstöfun sérstaklega og telur að eðlilegra hefði verið að Vegagerðin fengi að njóta óskertra tekna sinna af bensíngjöldum og að lántökur til viðbótar framkvæmda í vegagerð yrðu þá a.m.k. ekki meiri en sem næmi framkvæmdum umfram fulla nýtingu á mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar.

Minni hlutinn telur að full þörf sé á að fara mun rækilegar yfir fjárhagsmálefni allmargra aðila sem lántökuheimildir fá samkvæmt frumvarpi þessu til lánsfjárlaga en tækifæri hefur gefist til. Má þar nefna málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en ljóst er að fjárhagur sjóðsins verður alls ekki með þeim hætti sem æskilegt væri á næsta ári. Breytingar ríkisstjórnarmeirihlutans á lögum um námslán sem stjórnarandstaðan mótmælti harðlega hafa leitt til þess að námsmenn hafa hrökklast úr námi í stórum stíl. Nauðsynlegt hefði einnig verið að fara rækilega yfir húsnæðismálin og fjármögnun þeirra, bæði hvað varðar útgáfu húsbréfa, afföll og lánskjör í því sambandi og vaxandi greiðsluerfiðleika þeirra sem bundið hafa sér bagga vegna öflunar íbúðarhúsnæðis á undanförnum árum.

Einnig vantar verulega upp á að byggingarsjóðirnir hafi náð að afla sér þess fjár í formi sölu skuldabréfa sem áætlanir stóðu til á yfirstandandi ári og full ástæða er til að ætla að áframhald geti orðið á þeirri þróun á næsta ári.

Þá er í þriðja lagi ástæða til að nefna stöðu Landsvirkjunar sem er stærsti einstaki lántakandinn fyrir utan ríkissjóð sjálfan og þarf hátt í 8 milljarða króna lántökur á næsta ári samkvæmt nýjustu upplýsingum. Aukin lánsfjárþörf kemur þar til m.a. af erfiðri stöðu fyrirtækisins um þessar mundir og mikilli greiðslubyrði vegna þungra fjárfestinga. Einnig er rétt að hafa í huga að gengisfellingin á dögunum átti stóran þátt í því að skuldir fyrirtækisins hækkuðu um 4 milljarða kr. á skömmum tíma, fóru úr 42 milljörðum kr. í 46 milljarða. Ljóst er að þessar miklu lántökur þýða að Landsvirkjun greiðir sáralítið niður skuldir sínar á næsta ári og full þörf hefði verið á því fyrir nefndina með hliðsjón af mikilvægi þessa fyrirtækis, sem er að stórum hluta í eigu ríkisins, að fara betur yfir stöðu mála en tækifæri gafst til.

Með vísan til alls þessa telur minni hlutinn í efnahags- og viðskiptanefnd að eðlilegast sé að fresta afgreiðslu þessa máls og taka það ekki fyrir fyrr en á nýju ári. Þá gæfist tækifæri til að skoða það betur, einkum þau atriði sem nú eru í upplausn og óvissu í fjárhagsmálefnum ríkisins og efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Draga verður þó í efa í ljósi reynslunnar frá þessum vetri og hinum síðasta að slíkt eigi eftir að gerast á meðan núverandi ríkisstjórn fer með völd og svo á að heita að hún hafi stjórn á hendi hvað stefnumörkun efnahagsmála áhrærir.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vísar því frá sér allri ábyrgð á afgreiðslu lánsfjárlaga við þessar aðstæður og leggur til að þeim verði frestað og mun ekki greiða því atkvæði komi það engu að síður til afgreiðslu.

Alþingi, 21. des. 1992.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Halldór Ásgrímsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

535. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. I. kafli frumvarpsins, 1.–29. gr., fjallar um brottfall laga um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, o.fl. Ákvörðun stjórnarflokkanna að leggja niður stöður hreppstjóra kom fram í frumvarpi til fjárlaga og var því til umræðu í allsherjarnefnd þegar hún ræddi þann kafla þess sem er á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Í áliti minni hluta allsherjarnefndar til fjárlaganefndar segir svo um þetta efni:

„Hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, sem komu á fund nefndarinnar, kom fram að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu ætti að leggja niður störf hreppstjóra frá næstu áramót-

um. Þessi ákvörðun lækkar útgjaldatillögur í fjárlagafrumvarpinu um 18 millj. kr. en ekki hefur verið gerð nein athugun á því hver raunverulegur sparnaður verður. Við verkefnum hreppstjóra eiga lögregla, dýralæknar og sveitarstjórnir að taka. Því mun að sjálfsögðu fylgja aukinn kostnaður fyrir lögreglu, bæði vegna vinnu og aksturs, en ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun fjárveitinga til hennar í því skyni. Ekkert kom fram um hver ætti að greiða dýralæknum fyrir þá aukavinnu sem þeir munu þurfa að taka að sér, en áreiðanlega er tímakaup þeirra ekki lægra en hreppstjóra. Ekkert samráð hefur verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna og ekki heldur gert ráð fyrir neinum greiðslum til þeirra af þeim sökum. Það er því augljóst að hér er um mjög flausturslega ákvörðun að ræða sem enginn veit hvaða tilgangi þjónar því að þeir sem til þekkja eru sannfærðir um að miðað við launakjör hreppstjóra muni breytingin ekki leiða til sparnaðar. Ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um hreppstjóra og því liggur ekki fyrir hvort meiri hluti er fyrir því á Alþingi að leggja niður þessi gömlu embætti."

Þessar ábendingar voru ekki teknar til greina af meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 2. umr. frumvarps til fjárlaga. Því fluttu fulltrúar úr minni hluta allsherjarnefndar breytingartillögu við þá umræðu um fjárveitingu til greiðslu á launum hreppstjóra. Þingmenn stjórnarflokkanna felldu þessa breytingartillögu og var hún því endurflutt nokkuð breytt fyrir 3. umr.

Við 1. umr. þessa frumvarps lýsti dóms- og kirkjumálaráðherra því svo yfir að nú mundi vera orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi að halda áfram greiðslu launa hreppstjóra og óskaði þess vegna eftir því við allsherjarnefnd að hún flytti breytingartillögu við frumvarpið um að fyrstu 29 greinar þess af 34 alls féllu niður. Það kom líka fram í ræðu formanns fjárlaganefndar við 3. umr. frumvarps til fjárlaga að nefndin hefur nú fallist á það sjónarmið minni hluta allsherjarnefndar að það er síður en svo sparnaður fyrir ríkið eða þjóðarbúið að þessari tillögu stjórnarflokkanna að leggja niður embætti hreppstjóra. Þvert á móti muni það leiða til stóraukinna útgjalda og tjóns eins og raunin er á um svo margar aðrar tillögur ríkisstjórnarinnar.

En þetta mál er táknrænt dæmi um hringlandahátt og vitleysu ríkisstjórnarinnar í öllum málefnaundirbúningi.

Fyrsta grein frumvarpsins, sem stendur þá eftir, er núverandi 30. gr. þess. Samkvæmt henni skal leggja á umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs. Hér er um að ræða nýjan skatt ríkisstjórnarinnar, en þeir eru að verða fleiri en tölu verður á komið. Hins vegar kom það fram hjá Óla H. Þórðarsyni, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, á nefndarfundi að meiri hluti tekna af gjaldinu á að renna til nýrra verkefna á sviði umferðaröryggismála hjá Umferðarráði. Minni hlutinn getur því fallist á þessa gjaldtöku en leggur eindregið til að vísitöluákvæðin í greininni verði felld niður og mun flytja um það sérstaka breytingartillögu.

Í III. kafla frumvarpsins, sem verður II. kafli, er um að ræða fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála. Tekjustofnar kirkjunnar hafa verið skertir í þrjú ár. Á þessu ári er kirkjugarðsgjald skert um 20%. Því mótmælti biskup Íslands í ræðu við setningu kirkjuþings 1991 með þessum orðum:

„Það urðu mér mikil vonbrigði þegar Þorsteinn Pálsson kirkjumálaráðherra og Friðrik Sophusson fjármálaráðherra stóðu ekki við yfirlýsingar sínar í fyrra. Þá á ég við blaðagrein Þorsteins og þingræðu Friðriks. Vonbrigðin eru ekki aðeins vegna þess að kirkjan fái ekki þessa peninga heldur einnig að fá framan í sig að það sé rétt sem al-

mannarómur hefur lengi haldið fram að stjórnmálamenn hafi þrenns konar afstöðu til mála. Í fyrsta lagi hvernig þeir tala fyrir kosningar, í öðru lagi hvernig þeir tala á þingi sem óbreyttir þingmenn og í þriðja lagi hvað gerist þegar þeir verða ráðherrar."

Þessu svaraði Þorsteinn Pálsson, dóms- og kirkjumálaráðherra í ræðu síðar á kirkjuþinginu og segir Morgunblaðið frá henni 26. október 1991 með þessari fyrirsögn: „Kirkjan fær óskertar tekjur af sóknar- og kirkjugarðsgjöldum 1993." Fyrirsögnin er byggð á eftirfarandi kafla í ræðu ráðherra:

„En við fjárlagagerð næsta árs verður þessi tekjustofn óskertur eins og ég skýrði biskupi fyrir nokkru frá að í undirbúningi væri. Kirkjunnar menn vita að það er ekki alltaf hlaupið að því að kveða niður drauga sem vaktir hafa verið upp, en það verður eigi að síður að því er þennan varðar gert við næstu fjárlagagerð sem verður sú fyrsta sem þessi ríkisstjórn vinnur að með fullum undirbúningstíma."

Þrátt fyrir þetta loforð, sem gefið var á kirkjuþingi 1991, er hér lagt til að ráðstöfunarfé kirkjugarða verði aftur skert um 20% á árinu 1993. En ekki er látið þar við sitja því að við er bætt ákvæði í 33. gr. frumvarpsins um að laun umsjónarmanns kirkjugarða skuli greiðast úr Kirkjugarðasjóði. Það er athyglisvert að þessi nýja skerðing á ráðstöfunarfé kirkjunnar er látin bitna á Kirkjugarðasjóði þar sem í 27. gr. laga um kirkjugarða segir:

„Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum."

Stjórnarflokkarnir eru því trúir þeirri stefnu sinni að skerða fyrst og fremst framlög sem varið er til jöfnunar og nota skattstofna sem bitna þyngst á þeim sem versta hafa aðstöðu.

Minni hluti allsherjarnefndar getur því ekki stutt ákvæði III. kafla frumvarpsins sem gengur þvert á fyrirheit dóms- og kirkjumálaráðherra við kirkjuna og eykur óréttlæti.

Undirritaðir nefndarmenn leggja því til að 31.–33. gr. verði felldar.

Alþingi, 19. des. 1992.

Jón Helgason, frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Ólafur Þ. Þórðarson.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

536. Breytingartillaga [295. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (JHelg, KHG, ÓÞÞ, AÓB).

Við 30. gr. 2. og 3. efnismálsl. falli brott.

537. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, og um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Pál Sigurðsson, Þorkel Helgason, Jón Sæmund Sigurjónsson, Guðjón Magnússon, Dögg Pálsdóttur, Magnús R. Gíslason og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ögmund Jónasson og Ragnhildi Guðmundsdóttur frá BSRB, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árna Guðjónsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Birnu Hreiðarsdóttur frá Jafnréttisráði, Þuríði Jónsdóttur frá Neytendasamtökunum, Finnboga Rút Hálfdánarson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Guðmund Reykjalín frá Apótekarafélagi Íslands, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Önnu Ragnarsdóttur frá Félagi einstæðra foreldra, Andra Árnason og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ingólf Finnbjörnsson frá Samtökum landflutningamanna, Hilmar Björgvinsson og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Jón Ásgeir Eyjólfsson og Svend Richter frá Tannlæknafélagi Íslands, Skúla G. Johnsen frá héraðslæknisembætti Reykjavíkur, Ingimar Sigurðsson frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Guðmund Eyjólfsson og Högna Óskarsson frá Læknafélagi Reykjavíkur, Kristján Erlendsson frá Læknafélagi Íslands, Unni Halldórsdóttur frá Heimili og skóla, Sigurbjörn Sveinsson frá Félagi heimilislækna, Ólaf F. Magnússon frá Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna og Tómas Jónsson og Víglund Þór Þorsteinsson frá Sérfræðingafélagi íslenskra lækna. Þá bárust nefndinni gögn og erindi um málið frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Félagi einstæðra foreldra, stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, Félagi skólatannlækna, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Heimili og skóli, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Félagi íslenskra heimilislækna, héraðslækninum í Reykjavík, Skólatannlækningum Reykjavíkur, Tryggingastofnun Reykjavíkur, fimm félagsmönnum í Læknafélagi Reykjavíkur og Sérfræðingafélagi íslenskra lækna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar meiri hlutans eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að árlegur barnalífeyrir verði 123.600 kr. í stað 135.600 kr. Meðlagsgreiðslur verða því 10.300 kr. á mánuði í stað 11.300 kr.
2. Við 2. gr. Lagt er til að mæðra- og feðralaun verði greidd með einu barni, en samkvæmt frumvarpinu átti að fella slíkar greiðslur niður. Þá er lagt til að árleg greiðsla með einu barni verði 12.000 kr., með tveimur börnum 60.000 kr. í stað 36.000 kr. samkvæmt frumvarpinu og með þremur börnum eða fleiri 129.600 kr. í stað 93.600 samkvæmt frumvarpinu. Þá er einnig kveðið á um að heimilt sé að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.
3. Lagt er til að á eftir 4. gr. komi ný grein er feli í sér breytingu á c-lið 35. gr. laganna og er sú breyting gerð til samræmis við þær breytingar sem felast í 1. gr. frumvarpsins.
4. Við 5. gr. Lögð er til breyting á 36. gr. laganna sem láðst hafði að gera þegar greininni var breytt í frumvarpinu.

5. Við 6. gr. Lögð er til breyting á ákvæði greinarinnar um tilvísanir til lækna. Samkvæmt breytingunni er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Í frumvarpinu hafði verið gert ráð fyrir að sjúkratryggingar greiddu ekki fyrir sérfræðingahjálp og rannsóknir nema sjúklingur hefði tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni.
6. Við 7. gr. Lögð er til sú breyting að börn og unglingar, 15 ára og yngri, skuli eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu. Með þessari breytingu er verið að stuðla að ákveðnu forvarnastarfi til að bæta tannheilsu barna og unglinga. Skoðun þessi gæti farið fram hjá hvort sem væri skólatannlækni eða á einkastofu. Tannskoðunin felur í sér að aðstandendur barns eða unglings fengju upplýsingar um tannheilsu hlutaðeigandi en það væri síðan ákvörðun aðstandenda barns eða unglings að ákveða hvort þau vilji eða telji ástæðu til að tannlæknir fylgi tannskoðuninni eftir með tannviðgerð og færi þá um greiðslur fyrir slíka þjónustu skv. 44. gr. laganna.
7. Við 10. gr. Breytingarnar á greininni leiðir af ákvæðum frumvarpsins um að fella niður slysatryggingu ökumanns úr ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Lagt er til að II. kafli frumvarpsins, er fjallar um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, falli brott. Ástæða þessa er sú að nefndinni hefur ekki gefist tími til að fjalla til fullnustu um þennan kafla frumvarpsins. Af lagatæknilegum ástæðum er talið heppilegast að fella greinar kaflans brott en með þeirri tillögu er engin afstaða tekin til efnis kaflans. Meiri hluta nefndarinnar er jafnframt kunnugt um að ráðherra hyggst flytja sjálfstætt frumvarp síðar með þeim efnisatriðum sem fram koma í kaflanum.
9. Gerðar eru breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins með hliðsjón af því að II. kafli frumvarpsins er felldur brott. Þá er jafnframt kveðið á um að þær greinar er varða slysatryggingu ökumanns taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1994. Ástæða þess að ekki er heppilegt að fella niður slysatryggingu ökumanns 1. janúar 1993 er sú að meiri undirbúnings er þörf áður en breytingin getur tekið gildi. Þær greinar sem um er að ræða eru 3.–5. gr. og 10. gr. sem að tillögu meiri hlutans verða þrjár greinar, 10.–12. gr.

Meiri hluti nefndarinnar vill benda á að við umfjöllun málsins í nefndinni hefur komið fram að verulegur ágreiningur er um notkun tilvísana til sérfræðinga bæði meðal lækna og almennings. Meiri hlutinn leggur því á það áherslu að mikilvægt sé að ráðherra láti fara fram nákvæma athugun á því hvort heppilegt sé að gera notkun tilvísana til sérfræðinga að reglu áður en hann beitir því heimildarákvæði sem kveðið er á um í breytingartillögu meiri hlutans. Lára Margrét Ragnarsdóttir skrifar undir álit meiri hlutans með fyrirvara þar sem hún er andvíg hugmyndum um að skilyrða greiðslu sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp og rannsóknir við að sjúklingar hafi tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni.

Alþingi, 19. des. 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm. | Sigríður A. Þórðardóttir. | Guðmundur Hallvarðsson.

Árni M. Mathiesen. | Lára Margrét Ragnarsdóttir, með fyrirvara.

538. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, og um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (SigG, LMR, ÁMM, GHall, SAÞ).

1. Við 1. gr. Í stað „135.600“ komi: 123.600.
2. Við 2. gr. 1. og 2. efnismgr. orðist svo:
   Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun einstæðum foreldrum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða að fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.
   Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:
   Með einu barni ..... 12.000 kr.
   Með tveimur börnum ..... 60.000 kr.
   Með þremur börnum eða fleiri ..... 129.600 kr.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   C-liður 35. gr. laganna orðast svo: Barnalífeyrir, kr. 123.600 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 15. gr.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Launþegar skv. c-lið 30. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum.
   b. 4. mgr. orðast svo:
      Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum.
5. Við 6. gr. Í stað 1. efnismálsl. 1. tölul. komi eftirfarandi tveir málsliðir: Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.
6. Við 7. gr. Við greinina bætist eftirfarandi málsgrein:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.
7. Í stað 10. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (10. gr.)
      Síðasti málsliður 1. mgr. 65. gr. laganna fellur brott.
   b. (11. gr)
      67. gr. laganna orðast svo:
      Iðgjöld slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

c. (12. gr.)

71. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld sjómanna skv. 36. gr. og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

8. II. kafli, 11.–17. gr., svo og kaflafyrirsagnir, falli brott.
9. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Ákvæði 3.–4. gr., 6. gr. og 11.–13. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. janúar 1994.

10. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

539. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Kristínu Ástgeirsdóttur og Páli Pétursyni.

Við 6. gr. 6.1. Liðurinn orðist svo:

6.1 Að kaupa dagblöð og aðalmálgögn þingflokka fyrir stofnanir ríkisins, allt að 150 eintök af hverju blaði.

540. Frumvarp til vegalaga. [314. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Vegur merkir í lögum þessum akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar telst því vegsvæði og öll mannvirki viðkomandi veginum sem eru innan þess.

2. gr.

Veghald merkir forræði yfir vegi og vegsvæði, þar með talin vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Veghaldari er sá aðili sem hefur veghald.

Ákvæði laganna gilda um allt veghald að svo miklu leyti sem við á nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Þegar lega vegar er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti, eða á annan hátt af þar

til bærum skipulagsyfirvöldum, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna.

II. KAFLI
Stjórn vegamála og veghald.

4. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra er veitir Vegagerðinni forstöðu.

5. gr.

Vegagerðin er veghaldari allra þjóðvega samkvæmt lögum þessum. Vegamálastjóra er þó heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Nú er heimild 5. gr. notuð og skal þá Vegagerðin hafa eftirlit með að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðarinnar skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Ef umbætur eru ekki gerðar getur Vegagerðin látið framkvæma þær á kostnað veghaldara og/eða rift samningi við hann.

III. KAFLI
Þjóðvegir.

7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnvegir:

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli, 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess staðar sem mikilvægastur er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir:

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná til a.m.k. fjögurra býla þar sem búseta er þannig að þeir nái frá vegamótum að fjórða býli frá vegarenda. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess staðar sem mikilvægastur er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlanasiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

Safnvegir:

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir:

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

IV. KAFLI
Einkavegir.

9. gr.

Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

10. gr.

Eigendur einkavega hafa veghald þeirra. Á einkavegum, sem opnir eru fyrir almenna umferð, getur viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af.

11. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum IX. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi skv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

12. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta skv. 11. gr. en getur krafið þann sem bætur á að greiða um tryggingar sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

13. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni eru allir eigendur skyldir að halda veginum við í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

14. gr.

Nú verða þeir sem einkaveg nota ekki á eitt sáttir um hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 46. gr.

Þegar helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af veginum er sammála um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati getur endurskoðun ekki farið fram fyrr en liðin eru fimm ár frá síðustu ákvörðun nema rétthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast að skipt verði með matsgjörð eftir að liðin eru þrjú ár frá því að stofnað var til þeirra.

15. gr.

Meiri hluti rétthafa getur ákveðið að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um að viðhaldsskyldu sé fullnægt eins og til er tekið í mati eða samkomulagi og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða honum frá skemmdum. Vanræki einhver sem til þess er skyldur að halda veginum við að sínum hluta getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til framkvæmda við eftirfarandi vegi: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast til neins vegflokks, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að sjúkraflugvöllum, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu og skógræktarsvæða, reiðvegi samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Þeir aðilar sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda samkvæmt þessari grein skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegarins og merkingu hans.

17. gr.

Framlög til vega skv. 16. gr. greiðast úr ríkissjóði samkvæmt vegáætlun. Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna þessara vega.

V. KAFLI
Vegáætlun og langtímaáætlun.

18. gr.

Samgönguráðherra leggur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Tillöguna skal leggja fyrir svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum samkvæmt lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og skal tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Við skiptingu fjárveitinga milli kjördæma og svæða héraðsnefnda eða vegasamlaga skal hafa hliðsjón af kostnaði við gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Vegáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

19. gr.

Í vegáætlun skulu taldir upp allir stofnvegir og tengivegir og nýbyggingar á þeim á áætlunartímabilinu, enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðarinnar á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra framkvæmda a.m.k. þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

20. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli skal við það miðað við gerð vegarins að til vegagerðarkostnaðar teljist aðeins sá kostnaður sem til fellur vegarins vegna, en þann kostnað, sem sérstaklega er til kominn vegna þéttbýlisins, svo sem við holræsi, færslur á lögnum, gangstíga og því um líkt, greiði viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Vegagerðin skal gera áætlun til fjögurra ára í senn um framkvæmdir við einstök verkefni á safnvegum í samráði við héraðsnefndir eða vegasamlög. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti. Áætlun um safnvegi skal fylgja upptalning allra safnvega.

22. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu framlags til landsvega árlega að fengnum tillögum vegamálastjóra. Skiptingunni skal fylgja upptalning allra landsvega.

23. gr.

Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr árinu. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur.

Í vegáætlun skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra ferjuleiða.

24. gr.

Ár hvert skal a.m.k. einum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðist skuli í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun ef til hefur komið tjón á vegum, t.d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

26. gr.

Heimilt er að reisa sæluhús við þjóðvegi þar er þurfa þykir og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði. Fela má öðrum aðilum viðhald þeirra og rekstur.

27. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

28. gr.

Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð fyrir Alþingi. Áætlunin skal vera til 12 ára. Í áætluninni skal gerð grein fyrir markmiðum áætlunarinnar, áætlaðri fjáröflun skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð á helstu framkvæmdaflokka. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal útgjöldum skipt til einstakra framkvæmdaliða á hverju hinna þriggja tímabila, þar með talið til einstakra vegarkafla á stofnvegum. Tillöguna skal afgreiða í endanlegu formi sem þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð.

Langtímaáætlun um vegagerð öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þegar þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð hefur gilt í fjögur ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir eitt fjögurra ára tímabil til viðbótar þannig að alltaf sé fyrir hendi gildandi langtímaáætlun fyrir a.m.k. tvö fjögurra ára tímabil.

VI. KAFLI
Skipulag og fjarlægð mannvirkja frá vegi.

29. gr.

Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar skal viðkomandi sveitarfélag greiða kostnaðarmun.

30. gr.

Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum, nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar. Þegar slík tenging er heimiluð skal eigandi tengingar bera allan kostnað við gerð hennar.

31. gr.

Ef skipulag er ekki fyrir hendi er Vegagerðinni heimilt að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að þremur árum hverju sinni. Einnig er Vegagerðinni heimilt að óska eftir því við skipulagsstjórn ríkisins að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

32. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns þar sem skipulag er ekki fyrir hendi og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að vegi, a.m.k. á einum stað frá landareign sinni. Landeigandi skal birta Vegagerðinni kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað sem hann vill hafa aðgang að og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi Vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað.

33. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

Verði ágreiningur um hvar miðlína vegar muni verða sker Vegagerðin úr.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 m frá yfirborði vegar.

Ekki er heimilt að gera brýr yfir þjóðvegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar sem ákveður hvert lágmarksrými skuli vera undir þeim.

Ekki er heimilt að hengja á loftlínur eða brýr merki eða auglýsingar sem ekki eru leyfðar annars staðar á vegsvæðinu.

34. gr.

Vegagerðin getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 33. gr. skuli aukin. Enn fremur getur Vegagerðin leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

35. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi Vegagerðarinnar, við vegamót á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegagerðin getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

36. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivegar og 30 m frá miðlínu stofnvegar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar.

VII. KAFLI
Girðingar.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis Vegagerðarinnar nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi Vegagerðin tilkynnt jarðarábúanda hvar mælt hefur verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 m á breidd, þannig gerð að hún haldist opin af sjálfu sér meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegagerðinni er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

39. gr.

Skylt er eiganda girðinga að halda þeim við svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt er Vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

40. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

VIII. KAFLI
Bráðabirgðaafnot lands.

41. gr.

Vegagerðinni er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauð-

synlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem Vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má Vegagerðin gera hvar sem vera skal.

42. gr.

Vegagerðinni eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

43. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarþjónustu má Vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir vegsvæði ef með þarf.

44. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum IX. kafla, eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Eignarnám, jarðrask, átroðningur o.fl.

45. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar að álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við veghald og græða upp sár sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

46. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og veghaldara. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því er um ræðir, svo og til þess hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef ætla má að land hækki í verði við vegagerðina. Ef talið er að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón skal engar bætur greiða. Einnig skal taka tillit til annarra hagsbóta sem eiganda hlotnast við vegagerðina eða geta haft áhrif á verðmæti eignanna.

Nú leggst eldri vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegsvæði og draga frá upphæð þeirri er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask er leiðir af

lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum nema sannað verði að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri.

48. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám og jarðrask vegna vegagerðar. Ábúandi á þó bætur fyrir átroðning og skemmdir á mannvirkjum þeim sem eru hans eign og skal meta það sérstaklega.

49. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

X. KAFLI
Viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð.

50. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um skemmdir á þjóðvegum sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem hljótast kann af slysum á þjóðvegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé að slysi hefði ekki orðið afstýrt þótt ökumaður hefði sýnt eðlilega varkárni.

51. gr.

Kostnað við vetrarþjónustu skal telja með öðrum viðhaldskostnaði vega. Heimilt er Vegagerðinni að binda vetrarþjónustu því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi úr héraði.

52. gr.

Vegagerðin getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegagerðin getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið.

XI. KAFLI
Skemmdir á mannvirkjum o.fl.

53. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis Vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði.

54. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi eða veita vatni á veg.

55. gr.

Bannað er að skilja eftir hluti eða muni á vegi eða vegsvæði. Enn fremur er bannað að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi eða vegsvæði. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja óviðkomandi hluti eða muni af vegi eða vegsvæði á kostnað eigenda.

56. gr.

Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda.

57. gr.

Enginn má skemma eða aðhafast neitt sem leitt getur til skemmda á vegi eða mannvirki sem til vegarins telst.

Skemmist eitthvert mannvirki, sem til vegarins telst, við árekstur ökutækis er ökumanni skylt að tilkynna það þegar Vegagerðinni eða lögreglu. Skal sá er valdið hefur árekstrinum skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

58. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum sem verður var við að brotið hafi verið á móti þessu að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XII. KAFLI
Sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

60. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XIII. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

61. gr.

Ákvæði III. kafla, 16. og 17. gr. og V. kafla laga þessara, sem fjalla um vegáætlun, flokkun þjóðvega og styrkvegi, öðlast gildi við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar. Önnur ákvæði laganna taka þegar gildi.

62. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott lög nr. 6/1977 og lög nr. 75/1982, nr. 38/1983, nr. 55/1988, nr. 108/1988 og nr. 87/1989, um breytingu á þeim lögum. Ákvæði III., IV. og V. kafla halda þó gildi til næstu reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að greiða hluta kostnaðar við ferjur skv. 23. gr. í allt að þrjú ár frá gildistöku laga þessara, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum greinarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi vegalög eru að stofni til frá árinu 1963, lög nr. 71/1963, sem tóku gildi 1. janúar 1964. Margar breytingar hafa verið gerðar á þeim lögum, en síðast voru breytingar felldar inn í meginmál laganna árið 1977 og þau birt sem lög nr. 6 25. mars 1977. Síðan hefur lögunum verið breytt alls sex sinnum, síðast árið 1989, er kaflanum um sýsluvegi var breytt vegna ákvarðana um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þessar breytingar hafa yfirleitt verið á einstökum köflum eða greinum vegalaga. Heildarendurskoðun þeirra hefur ekki farið fram og lætur að líkum að hennar sé þörf orðin, þvílíkar breytingar sem hafa orðið í landssamgöngum og þjóðfélaginu öllu á þeim tíma sem vegalögin hafa gilt.

Til að hefja undirbúning að endurskoðun vegalaga var skipuð innanhússnefnd hjá Vegagerð ríkisins árið 1990 með samþykki þáverandi samgönguráðherra. Þessi nefnd lauk störfum í árslok 1991 og voru tillögur hennar að breyttum vegalögum þá sendar samgönguráðherra.

Í febrúar sl. skipaði Halldór Blöndal samgönguráðherra nefnd til að endurskoða vegalögin. Voru eftirtaldir skipaðir í nefndina:

Þórhallur Jósepsson deildarstjóri, samgönguráðuneytinu, formaður, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Gunnlaugur Stefánsson alþingismaður, Karl Steinar Guðnason alþingismaður, Pálmi Jónsson alþingismaður, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri, Vegagerð ríkisins, og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri.

Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðjónsson deildarstjóri, samgönguráðuneytinu. Jón Rögnvaldsson framkvæmdastjóri, Vegagerð ríkisins, tók sæti Gunnars Gunnarssonar í nefndinni í byrjun ágúst vegna fjarveru hans erlendis.

Nefndin hefur farið yfir gildandi vegalög og áðurnefndar tillögur frá Vegagerðinni. Þá hefur hún einnig farið yfir önnur lög sem hafa snertifleti við vegalög. Niðurstöður nefndarinnar um breytt vegalög koma fram í frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Nefndin varð sammála í áliti sínu með þeirri undantekningu að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórður Skúlason, skrifar undir nefndarálitið með þeim fyrirvara sem fram kemur í séráliti hans og fylgir það hér með á fskj. III.

Frumvarpið felur í sér verulegar breytingar á gildandi vegalögum. Þar er einnig að finna allmörg nýmæli. Loks eru ýmis ákvæði gildandi laga felld niður þar eð þau eiga ekki við lengur.

Meðal helstu nýmæla og breytinga í frumvarpinu má nefna eftirfarandi atriði.

a. Vegakerfið og flokkun þess.

Í gildandi vegalögum eru fjórir meginflokkar vega, þ.e. þjóðvegir (stofnbrautir og þjóðbrautir), sýsluvegir, þjóðvegir í þéttbýli og einkavegir. Er þá ótalinn flokkur vega sem inniheldur ýmsa vegi, svo sem aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Samkvæmt frumvarpinu verða meginflokkar vega einungis tveir, þ.e. þjóðvegir og einkavegir. Þjóðvegir skiptast í fjóra undirflokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Einkavegir skiptast í tvo undirflokka, þ.e. vegi, sem veita má fé til í vegáætlun, hér eftir nefndir styrkvegir, og vegi sem eru alfarið kostaðir af eigendum sínum.

Með þessu móti verður til samfellt þjóðvegakerfi sem nær til allra þéttbýlisstaða svo og byggðra bóla utan þéttbýlis, auk flugvalla og hafna ef þaðan eru stundaðar reglubundnar áætlunarferðir. Enn fremur nær þetta þjóðvegakerfi til ýmissa svæða og staða sem skipta máli við nýtingu lands eða hafa gildi til útivistar og ferðamennsku. Allir vegir aðrir en þjóðvegir verða einkavegir. Eigendur slíkra vega geta verið einstaklingar eða samtök þeirra, fyrirtæki eða stofnun, sveitarfélög eða samtök þeirra.

Sé þessi flokkun borin saman við flokkun í gildandi lögum má segja að stofnvegir svari í aðalatriðum til stofnbrauta nú, tengivegir til þjóðbrauta, safnvegir til sýsluvega og landsvegir til meiri háttar fjallvega, vega að fjölsóttum ferðamannastöðum og þjóðgarðavega. Þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt gildandi lögum verða að meiri hluta til stofnvegir eða tengivegir eftir því sem við á. Nokkuð af þjóðvegum í þéttbýli mun þó falla úr tölu þjóðvega og teljast til einkavega (götur í þéttbýli). Þá munu flestir flokkar vega, sem heimilt er að hafa í tölu sýsluvega nú (en er ekki skylt), falla undir einkavegi samkvæmt frumvarpinu og teljast flestir til styrkvega.

Margs konar frávik eru þó frá þeim grófa samanburði sem hér er gerður. Nánar verður gerð grein fyrir því í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Á fskj. I er einnig sýndur samanburður milli flokkunar samkvæmt gildandi lögum og frumvarpinu.

Líta verður á ákvæði um flokkun vega sem ramma sem vegakerfinu er síðan raðað í. Vegagerðin hefur unnið tillögu að slíkri röðun fyrir nefndina. Ekki þykir ástæða til að láta þær hugmyndir og tillögur fylgja frumvarpinu. Hins vegar reiknar nefndin með að samgöngunefnd Alþingis kalli eftir þessum tillögum frá Vegagerðinni og fjalli um þær við meðferð málsins á Alþingi.

b. Veghald.

Samkvæmt gildandi lögum er Vegagerðin veghaldari allra opinberra vega. Þess utan er veghald eða forræði og ábyrgð á vegum ekki skilgreind í lögunum, en þó verður að líta svo á að veghald einkavega sé í höndum eigenda þeirra. Ýmsir flokkar vega verða þá eftir án veghaldara (fjallvegir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum).

Með frumvarpinu er ráðin bót á þessu. Vegagerðin er veghaldari allra þjóðvega. Heimilt er vegamálastjóra að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla eins og verið hefur og eru þær heimildir heldur rýmkaðar frá gildandi lögum. Í reynd hefur veghald þjóðvega í þéttbýli að verulegu leyti verið í höndum viðkomandi sveitarfélags. Svo verður væntanlega áfram, enda verði samið um það milli Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins. Veghald einkavega er í höndum eigenda þeirra og gildir það jafnt um styrkvegi og aðra vegi.

c. Vegáætlun og langtímaáætlun.

Ákvæðum um vegáætlun er breytt að því marki sem leiðir af breyttum reglum um flokkun vega. Að öðru leyti er ekki um miklar efnislegar breytingar að ræða. Þannig fjallar Alþingi, auk meginþátta í áætluninni, fyrst og fremst um stofnvegi og tengivegi. Héraðsráð og vegasamlög fjalla um safnvegi. Samgönguráðherra ákveður skiptingu til landsvega og styrkveitingar til einkavega.

Nýmæli í frumvarpinu eru ákvæði um langtímaáætlun, en ekkert er um hana í gild-

andi lögum. Langtímaáætlun var fyrst gerð 1983 samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi vorið 1981. Þótt langtímaáætlanir hafi ekki verið formlega afgreiddar frá Alþingi hafa þær reynst notadrjúgar sem stefnumörkun. Við endurskoðun vegalaga þykir nefndinni rétt að setja þar inn ákvæði um langtímaáætlun, skapa henni lagagrundvöll og þar með meiri festu. Ákvæðin eru mjög í sama anda og í þingsályktuninni frá 1981 en tekið er tillit til reynslunnar sem fengist hefur við vinnu að áætlanagerðinni undanfarin ár.

d. Skipulagsmál.

Samkvæmt skipulagslögum frá 1978 eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Öll mannvirki önnur en byggingar á lögbýlum skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt. Ný ákvæði eru tekin inn í frumvarpið til að árétta þetta að því er varðar vegi.

Sveitarstjórnir fara með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis, en það hefur skipulagsstjórn og skipulagsstjóra sér til ráðuneytis. Sveitarstjórnir hafa þar með vald á legu vega án þess að því hafi fylgt nokkur fjárhagsleg ábyrgð. Eðlilegt þykir að hér fari saman vald og ábyrgð og því skuli sveitarstjórnir greiða mismun kostnaðar ef dýrari lausnir eru sérstaklega valdar að þeirra ósk.

Að öðru leyti er ákvæðum um skipulag vega og mannvirkja í nágrenni þeirra breytt þannig að þau samræmist skipulagslögum.

Hér hafa verið nefndar nokkrar helstu breytingar samkvæmt frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Enn mætti nefna það að ákvæði um lögferjur eru felld niður. Þá eru sérstök ákvæði um greiðslu brúagerðarkostnaðar á öðrum vegum en þjóðvegum einnig felld niður og fer með þann kostnað eins og annan kostnað við viðkomandi vegi samkvæmt frumvarpinu. Loks er rétt að nefna nýtt ákvæði um lausagöngu búfjár. Er hún bönnuð á þeim vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar. Er þarna tekið nokkurt skref í þá átt að draga úr slysahættu af völdum búfjár á vegsvæðum. Slys af þessu tagi eru alltíð og nauðsynlegt að fækka þeim.

Margar breytingar eru enn ótaldar, en gerð er grein fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar. Þar er einnig að finna nánari skýringar á þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd á undan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Fyrsti kafli frumvarpsins hefur að geyma almenn ákvæði. Þar eru skilgreind grundvallarhugtök laganna, líkt og er í gildandi vegalögum, nr. 6/1977.

Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á gildandi reglum I. kafla vegalaganna. Skilgreiningar verða settar fram með öðrum hætti og felld verða niður ákvæði 2., 4. og 6. gr. gildandi laga sem ekki samrýmast öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skilgreining hugtaksins vegur kom fyrst í lög með 1. gr. vegalaga, nr. 71/1963, og er óbreytt í núgildandi lögum. Með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að almenn skilgreining hugtaksins verði áfram óbreytt að mestu leyti. Hins vegar er lagt til að felld verði brott upptalning mannvirkja sem teljast tilheyra vegi, en þess í stað miðað við að til vegar teljist öll mannvirki viðkomandi veginum sem eru innan vegsvæðis. Með vegsvæði er átt við land sem ætlað er undir veg og loftrými yfir því.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. eru skýrð hugtökin veghald og veghaldari, en það er gert í 3. gr. núgildandi laga. Lagt er til að veghald verði skýrt sem forræði yfir vegi og vegsvæði og aðeins í dæma skyni nefnd vegagerð, þjónusta og viðhald vegar sem eru helstu viðfangsefnin.

Forræði yfir vegi og vegsvæði felur í sér þær heimildir og skyldur sem Vegagerðin hefur sem veghaldari allra þjóðvega, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í gildandi vegalögum er veghaldari sá sem að öllu leyti sér um veghald, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú orðalagsbreyting að sá sé veghaldari sem hefur veghald.

Önnur málsgrein á sér ekki hliðstæðu í gildandi vegalögum. Lagt er til að gildissvið laganna verði skilgreint þannig að lögin gildi um allt veghald, nema annað sé ákveðið í lögum.

Um 3. gr.

Þessi grein kemur í stað 5. gr. gildandi laga. Gildandi ákvæði þykir ekki vera í fullu samræmi við skipulagslöggjöf. Er því lögð til sú breyting að ákvæði laganna gildi um vegagerð þegar lega vegar er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti eða á annan hátt af þar til bærum skipulagsyfirvöldum.

Gert er ráð fyrir að haft sé samráð við Vegagerðina við skipulagsákvarðanir sem snerta vegamál. Mikilvægt er að vandað sé til ákvarðana um val á vegarstæði. Undirbúningsrannsóknir og mælingar eru nauðsynlegar til að fullnægt sé markmiðum um þjóðhagslega hagkvæmt og öruggt vegakerfi. Eðli málsins samkvæmt yrði að taka tillit til þessara atriða við skýringu 3. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Kaflinn ber yfirskriftina **Stjórn vegamála og veghald**, eins og II. kafli gildandi laga. Helstu breytingar varða heimild vegamálastjóra til að fela öðrum en Vegagerðinni veghald einstakra þjóðvegarkafla.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um yfirstjórn vegamála og er að mestu leyti samhljóða 7. gr. vegalaga. Þó er sú breyting gerð að lagt er til að fellt verði niður ákvæði 7. gr. um að ráðherra skipi verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum. Er ákvæðið talið óþarft í vegalögum.

Gerð er tillaga um að nafni Vegagerðar ríkisins verði breytt í „Vegagerðin“. Hér er eingöngu verið að leggja til nafnbreytingu í lögunum. Nýja nafnið hefur þegar verið tekið upp innan stofnunarinnar og er í merki hennar á bréfsefni og víðar.

Í gildandi vegalögum er fremur óljóst hvernig greint er formlega á milli verksviðs embættis vegamálastjóra annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar. Reynt er að draga skýrari línur að þessu leyti í frumvarpinu. Embætti vegamálastjóra fer með samskipti við æðri stjórnvöld. Þegar ákvörðunarvald heyrir beint undir ráðherra leitar hann tillagna og meðmæla vegamálastjóra þegar það er áskilið, sbr. t.d. 11., 18. og 25. gr. frumvarpsins.

Vegamálastjóri fer með vald til að framselja veghald, sbr. 5. gr. Enn fremur fer hann með úrskurðarvald um tilteknar ákvarðanir sveitarstjórna, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Önnur verkefni samkvæmt lögunum teljast vera almenn verkefni Vegagerðarinnar sem vegamálastjóri veitir forstöðu.

Um 5. gr.

Vegagerðin verður áfram veghaldari allra þjóðvega samkvæmt frumvarpinu eins og kveðið er á um í 8. gr. núgildandi laga. Eina breytingin felst í því að notað verður hugtakið „þjóðvegur“ í stað „opinber vegur“.

Hingað til hefur Vegagerðinni verið heimilt að fela sveitarstjórn á hverjum stað veghald þjóðvega í þéttbýli. Í reynd hafa sveitarfélögin fengið úthlutað fé til þessara vega úr ríkissjóði samkvæmt vegáætlun hverju sinni. Yfirleitt hafa þau sjálf séð um veghald þessara vega. Ekki er ætlunin að þetta breytist í framkvæmd.

Framsal veghalds, annarra vega en þjóðvega í þéttbýli, er nánast óþekkt, þó að heimilt hafi verið að framselja veghald sýsluvega. Lagt er til að framsalsheimildin verði almennari þannig að hún takmarkist ekki við tiltekna flokka þjóðvega og að fela megi bæði einstaklingum og lögaðilum veghald.

Vegamálastjóri fer með vald til að framselja veghald samkvæmt þessari grein.

Um 6. gr.

Þessi grein frumvarpsins fjallar um eftirlit Vegagerðarinnar með því að veghald sé rækt á viðunandi hátt.

Í 2. mgr. 9. gr. gildandi vegalaga er Vegagerðinni veitt vald til að gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests. Skort hefur frekari ákvæði um afleiðingar þess ef ekki er farið að fyrirmælum Vegagerðarinnar.

Í ljósi þess að heimildir Vegagerðarinnar til að framselja veghald eru rýmkaðar er enn brýnna að Vegagerðin geti ótvírætt fylgt eftir fyrirmælum um úrbætur.

Með 6. gr. frumvarpsins er ætlunin að Vegagerðin hafi tvenns konar úrræði gagnvart þeim sem hún felur veghald ef um vanrækslu er að ræða að hennar mati. Annars vegar getur Vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegar umbætur á hans kostnað. Hins vegar getur Vegagerðin rift samningi um framsal veghalds. Vegagerðin getur valið hvora leið um sig eða báðar í senn.

Vegagerðin hefur úrskurðarvald við mat á því hvort veghald hafi verið framkvæmt á viðunandi hátt. Ekki er gert ráð fyrir að um málskot innan stjórnsýslu verði að ræða vegna ákvarðana samkvæmt þessari grein.

Um III. kafla.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um þjóðvegi. Í kaflanum eru dregin saman ákvæði sem eru í I., IV., V., VII. og VIII. kafla gildandi laga. Er þarna breytt efnisröð þar eð eðlilegra þykir að fjalla um vegakerfið, sbr. einnig IV. kafla, á undan vegáætlun.

Um 7. gr.

Í greininni er sett fram almenn skilgreining á þjóðvegum. Meginatriði hennar er að þjóðvegi sé haldið við af fé ríkisins og vegurinn sé talinn upp í sérstökum vegaskrám. Þetta er töluverð breyting frá gildandi lögum, en ákvæði í þessa átt er að finna í 2. gr. þeirra. Rétt þykir að þeir vegir, sem er haldið við af fé ríkisins, þ.e. ríkið beri ábyrgð á ástandi þeirra, skuli teljast þjóðvegir án tillits til þess hver stóð straum af kostnaði við gerð þeirra upphaflega. Einnig þykir óheppilegt að nota hugtakið „opinber vegur“ á þann hátt sem gert er í gildandi lögum, þar eð telja verður að þeir geti verið fleiri en vegir sem kostaðir eru af fé ríkisins.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um meginskilyrði þess að vegur teljist þjóðvegur og hvernig þjóðvegakerfið skiptist í flokka.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir þeirri stefnu að þjóðvegakerfið skuli vera samfellt og tengja alla þéttbýlisstaði á landinu og býli í dreifbýli. Einnig að það tengi alla flugvelli og hafnir þar sem stundaðar eru reglubundnar áætlanaferðir. Þjóðvegakerfið sé þannig hluti af heildarsamgöngukerfi landsins. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Í greininni er síðan fjallað um flokkun þjóðvegakerfisins. Undir þá flokkun falla allir þjóðvegir, þ.e. þjóðvegir sem samkvæmt núgildandi vegalögum er fjallað um í III. kafla, 12. gr., sýsluvegir sem um er fjallað í IV. kafla, þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum sem um er fjallað í V. kafla og hluti fjallvega sem um er fjallað í VII. kafla. Sérstök ákvæði um brýr í VIII. kafla gildandi laga falla niður og gilda almenn ákvæði hvers vegflokks um þær, sbr. ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt þessu falla niður þau sérstöku ákvæði sem í núverandi lögum eru fyrir sýsluvegi og þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Upphaflega voru sýsluvegir fjármagnaðir með fjárframlögum frá ríki samkvæmt vegáætlun og frá sýslum. Þetta hefur breyst þannig að fjármagn til þessara vega kemur nú alfarið frá ríkinu. Eru því naumast forsendur til þess að um þá gildi önnur ákvæði en aðra þjóðvegi. Hins vegar er lagt til að um skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmda verði fjallað af héraðsnefndum eða vegasamlögum, sbr. V. kafla lagafrumvarps þessa. Þetta er óbreytt frá núverandi tilhögun um sýsluvegi.

Lagt er til að þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum falli niður sem sérstakur vegflokkur. Þegar núgildandi lög voru sett voru aðstæður mjög frábrugðnar því sem nú er, flestar þær götur, sem hér um ræðir, voru ófullgerðar og bundið slitlag vart til utan höfuðborgarsvæðisins og stærstu kaupstaða. Nú er svo komið að bundið slitlag er á nálega öllum þeim götum sem hér um ræðir og gerð þeirra að langmestu lokið með þeirri undantekningu að vaxandi þörf er á gerð kostnaðarsamra umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Það hefur hins vegar sýnt sig að sveitarfélögin eru mjög misjafnlega í stakk búin til að annast viðhald vega þessara og er það mjög háð stærð þeirra og staðsetningu. Þá verður að telja að sú aðferð, sem núgildandi vegalög gera ráð fyrir að notuð sé við skiptingu fjármagns til vega þessara, sé ekki heppileg þar eð lengd veganna fer ekki endilega eftir íbúafjölda sveitarfélaga og viðhaldsþörf er auk þess mjög sveiflukennd frá ári til árs. Er því gert ráð fyrir að vegir þessir falli undir almenna flokkun vegakerfisins að svo miklu leyti sem þeir falla undir ákvæði 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, en falli ella undir almennt gatnakerfi viðkomandi sveitarfélags. Athugun bendir til að flestir núverandi þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum yrðu áfram þjóðvegir, nokkrir færðust til sveitarfélaga og fáeinir nýir þjóðvegir bættust við. Slíkar breytingar verða einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin nýti sér heimild 5. gr. frumvarps þessa og semji við viðkomandi þéttbýlissveitarfélög um veghald þjóðvega innan þéttbýlisins, að meira eða minna leyti, gegn umsaminni greiðslu. Þó verður að gera ráð fyrir að samningar þessir geti verið mismunandi víðtækir og þannig tekið tillit til mismunandi aðstæðna á hverjum stað.

Framkvæmdir við nýbyggingar verða fjármagnaðar með fjárveitingum af vegáætlun hverju sinni. Sá háttur hefur í vaxandi mæli verið viðhafður undanfarið með sérstökum fjárveitingum til framkvæmda á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og áður sagði gerir 1. mgr. grein fyrir meginmarkmiði þjóðvegakerfisins og verður því ákvarðandi um hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir. Samkvæmt þessari grein verða götur í þéttbýli á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og tilheyra ekki þjóðvegakerfinu nema þær séu hluti af heildarsamfellu vegakerfis landsins. Lagt er til að þetta gildi án tillits til íbúafjölda þéttbýlis þar eð eðlilegast hlýtur að vera að almennt gatnakerfi þéttbýlisstaða sé alfarið á ábyrgð (einnig fjárhagslega) viðkomandi sveitarfélags án tillits til stærðar. Sama gildir um vegi til almennra atvinnufyrirtækja.

Lagt er til að nöfn vegflokka verði stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Þrjú fyrstu nöfnin eru hliðstæð þeim sem notuð eru í skipulagsreglugerð.

Stofnvegir samsvara núverandi stofnbrautum eins og þeim er lýst í 12. gr. núgildandi vegalaga. Þó er breytt því ákvæði sem fjallar um tengingu þéttbýlisstaða með 200–400 íbúa og miðað við 5 km fyrir hverja 100 íbúa (50 m/íbúa) í stað 1 km í gildandi lögum. Þá er og bætt við ákvæði um að stofnvegur nái til mikilvægasta athafnastaðar í þéttbýli ef vegurinn endar í þéttbýlinu. Hliðstætt ákvæði er að finna í 24. gr. gildandi vegalaga, kaflanum um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, en gera má ráð fyrir að langflestir núverandi þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum verði stofnvegir.

Tengivegir samsvara að mestu leyti þeim vegum sem samkvæmt gildandi vegalögum teljast þjóðbrautir, sbr. 12. gr. núgildandi vegalaga. Lagt er til að tengivegur nái að fjórða býli frá vegarenda, en samkvæmt gildandi vegalögum nær þjóðbraut að þriðja býli frá vegarenda. Þetta hefur í för með sér að nokkrir vegarkaflar, sem í dag teljast þjóðbrautir, koma til með að verða safnvegir, sbr. hér á eftir. Þeir þjóðvegir, innan þéttbýlisstaða, sem ekki yrðu stofnbrautir, féllu undir þennan vegflokk, sömuleiðis vegir að flugvöllum, höfnum og bryggjum.

Safnvegir samsvara sýsluvegum skv. 19. gr. núgildandi vegalaga að svo miklu leyti sem þeir geta samrýmst ákvæðum 1. mgr. þeirrar greinar sem hér er til umræðu. Þannig verður að gera ráð fyrir því eins og áður sagði að götur í þorpum með minna en 200 íbúum verði kostaðar af viðkomandi sveitarfélagi, svo fremi að þær séu ekki hluti af samfelldu vegakerfi landsins. Einnig verða heimildarvegir skv. d- og e-liðum 19. gr. núgildandi laga kostaðir af viðkomandi sveitarfélagi, sbr. þó ákvæði 16. og 17. gr. í lagafrumvarpi þessu.

Landsvegir samsvara aðalfjallvegum og öðrum fjallvegum, eins og ákveðið kann að verða, þjóðgarðavegum og vegum að fjölsóttum ferðamannastöðum, sbr. 38. gr. núgildandi vegalaga. Nýtt ákvæði er um að aðeins skuli gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og þjónustu á vegum þessum en á öðrum vegum. Ákvæði þetta er sett með tilliti til þess að enn sem komið er er tæknilega og fjárhagslega illmögulegt að halda vegum þessum opnum að vetrinum og einnig verður að krefjast sérbúinna bifreiða til aksturs á mörgum þessara vega.

Við gerð fyrstu vegáætlunar samkvæmt lögunum, eins og þau liggja fyrir í frumvarpi þessu, þarf Alþingi að ákveða skrá um stofnvegi og tengivegi, héraðsnefndir eða vegasamlög þurfa að semja skrár um safnvegi og samgönguráðherra að staðfesta skrá um landsvegi. Hjá Vegagerðinni hafa verið gerð frumdrög slíkra skráa. Á fskj. II eru sýndar vegalengdir hvers vegflokks eftir kjördæmum samkvæmt þessum frumdrögum og samanburður við lengdir vegflokka samkvæmt gildandi vegalögum.

Um IV. kafla.

Reglur um einkavegi breytast nokkuð með frumvarpinu. Helst ber að nefna að eigendur einkavega skulu hafa með höndum veghald þeirra að öllu leyti.

Um 9. gr.

Einkavegir eru skilgreindir á svipaðan hátt og í gildandi lögum. Til þess að vegur teljist einkavegur þarf tveimur skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi að vegurinn falli ekki undir neinn flokk vega skv. 8. gr. frumvarpsins og í öðru lagi að hann sé kostaður af einstaklingum, fyrirtæki eða opinberum aðilum.

Um 10. gr.

Það er nýmæli að kveðið sé á um veghald einkavega. Nú eru tekin af tvímæli um að eigendur einkavega hafa veghald þeirra. Vegagerðin hefur ekki með höndum eftirlit með gerð og viðhaldi þessara vega, enda eru ákvæði 37. gr. núgildandi laga þess efnis felld brott.

Í seinni málslið greinarinnar eru ákvæði sama efnis og í þriðja málslið 37. gr. vegalaga, þar sem lögreglustjóra er heimilað að banna umferð um veg, gefa fyrirmæli um úrbætur og stöðva framkvæmdir við vegagerð á einkavegum telji hann hættu stafa af.

Um 11.–13. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 32.–34. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. núgildandi laga með einni undantekningu sem er í 2. mgr. Samkvæmt núgildandi vegalögum geta ⅔ hlutar þeirra sem hafa afnotarétt af vegi tekið ákvarðanir um hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum af veginum sem eru bindandi fyrir aðra rétthafa. Lagt er til að helmingur rétthafa geti tekið þessar ákvarðanir með bindandi hætti fyrir aðra rétthafa.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 36. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í núgildandi vegalögum eru ákvæði sem mæla fyrir um eða heimila greiðslu kostnaðar eða hluta kostnaðar við gerð ýmissa vega sem ekki eru flokkaðir sem þjóðvegir og koma ekki til með að flokkast sem slíkir samkvæmt ákvæðum lagafrumvarps þessa. Hér er um að ræða götur í þéttbýli, sbr. V. kafla gildandi laga, sjá einkum 26. gr. og 28. gr., fjallvegir aðrir en þeir sem falla undir ákvæði 7. gr., sbr. ákvæði 38. og 39. gr. gildandi laga, ýmsir vegir skv. c-, d- og e-liðum 19. gr. gildandi laga, vegir að félagsheimilum skv. b-lið 19. gr. og reiðvegir, sbr. 40. gr. gildandi laga.

Rétt þykir að áfram verði heimilt að styrkja gerð vega þessara eftir því sem ákveðið verður í vegáætlun hverju sinni. Er gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um styrki til gerðar vega þessara svipað og gert er fyrir fjallvegi og reiðvegi samkvæmt gildandi lögum.

Auk framangreindra vega er lagt til að heimilt verði á sama hátt að styrkja gerð vega innan uppgræðslu og skógræktarsvæða, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum og vegi að fjallaskálum og leitarmannaskálum.

Ekki eru takmarkanir á því hvaða hluta vegagerðarinnar heimilt er að styrkja. Þannig er heimilt að veita styrk til brúagerðar og annarra mannvirkja auk akbrautar.

Lagt er til að heimilt sé að binda styrkveitingu skilyrði um frjáls afnot viðkomandi vegar og merkingu hans.

Um 17. gr.

Greinin mælir fyrir um að Alþingi ákveði við gerð vegáætlunar hverju sinni heildarupphæð sem verja skal til styrktar vega skv. 16. gr.

Samgönguráðherra ákveður skiptingu fjár til einstakra framkvæmdaflokka og framkvæmda að fengnum tillögum vegamálastjóra. Þetta er sama tilhögun og viðhöfð er samkvæmt gildandi lögum um skiptingu fjárveitinga til fjallvega og reiðvega.

Þá er tekið fram að styrkveitingu fylgi ekki að ríkissjóður taki á sig einhverjar skyldur, svo sem viðhald, merkingar o.fl., vegna vega þessara.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um vegáætlun og langtímaáætlun.

Í kaflanum eru dregin saman ákvæði um vegáætlun sem eru í III., IV., V. og VIII. kafla gildandi laga. Ákvæði um langtímaáætlun eru ekki í gildandi vegalögum.

Um 18. gr.

Fyrsta málsgrein er að mestu samhljóða 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. gildandi vegalaga.

Önnur málsgrein fjallar um skiptingu fjárveitinga til nýframkvæmda milli kjördæma, héraðsnefnda eða vegasamlaga. Er lagt til að lögfest verði sú vinnuaðferð sem viðhöfð hefur verið undanfarna áratugi við skiptingu fjárveitinga til stofnbrauta og þjóðbrauta fyrir stofnvegi og tengivegi, þ.e. að miða við hlutfall kostnaðar, notkunar og ástands við skiptingu fjármagns milli kjördæma. Samsvarandi er í 22. gr. gildandi laga fyrir sýsluvegi en þar er einnig miðað við hlutfall lengdar og er lagt til að aðferðin verði notuð við að skipta fjárveitingum til safnvega milli héraðsnefnda eða vegasamlaga.

3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 10. gr. gildandi vegalaga.

4. mgr. er samhljóða 2. mgr. 14. gr. gildandi vegalaga.

5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. gildandi vegalaga.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að í vegáætlun skuli telja upp alla stofnvegi og tengivegi og nýbyggingar á þeim á áætlunartímabilinu. Enn fremur að gera skuli grein fyrir kostnaði við vegaviðhald og annan kostnað Vegagerðarinnar á áætlunartímabilinu. Samhljóða ákvæði eru í 1. mgr. 11. gr. gildandi vegalaga nema í stað stofnvega og tengivega skulu þjóðvegir, þ.e. stofnbrautir og þjóðbrautir, taldir upp.

Önnur málsgrein er samhljóða 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga, nema orðalagið „a.m.k. þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins“ kemur í stað „þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins“. Þessi breyting er gerð í samræmi við það að við gerð vegáætlunar að undanförnu hefur verið gerð grein fyrir áætluðum nýbyggingum á stofnbrautum og þjóðbrautum öll fjögur ár áætlunarinnar.

Um 20. gr.

Í greininni eru talin upp þau atriði sem teljast skulu til vegagerðarkostnaðar þegar þjóðvegur liggur um þéttbýli. Er við það miðað að sem mest samræmi sé í þeim verkþáttum sem teljast til vegagerðarkostnaðar, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli. Þeir þættir sem sérstaklega eru tilkomnir vegna þéttbýlisins greiðast hins vegar af viðkomandi sveitarfélagi. Sambærileg ákvæði eru í 4. mgr. 26. gr. gildandi vegalaga þar sem fjallað er um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Um 21. gr.

Greinin mælir fyrir um að Vegagerðin skuli gera fjögurra ára áætlun um framkvæmdir á safnvegum. Einnig að áætluninni skuli fylgja upptalning safnvega. Sambærileg ákvæði eru fyrir sýsluvegi í 17. gr. gildandi vegalaga.

Héraðsnefndir eða vegasamlög munu samkvæmt þessu fjalla um skiptingu fjárveitinga til þeirra vega sem nú teljast sýsluvegir, auk allmargra vegkafla sem nú eru þjóðbrautir vegna þeirrar breytingar að tengivegir nái að fjórða býli frá vegarenda í stað þriðja sem þjóðbrautir ná nú til, sbr. umfjöllun um 8. gr.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að samgönguráðherra ákveði skiptingu fjárveitinga til landsvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og að skiptingunni skuli fylgja skrá um landsvegi. Hér er lögfest sú vinnuregla sem viðhöfð hefur verið undanfarið um skiptingu fjármagns til fjallvega.

Um 23. gr.

Heimild til að greiða kostnað við bifreiðaferjur yfir vötn eða firði og bryggjur þeirra vegna af vegafé er í 41. gr. gildandi vegalaga. Heimildin hefur ekki verið notuð hingað til, en í fjárlagafrumvarpi fyrir 1993 er gert ráð fyrir að svo verði.

Ákvæði greinarinnar staðfesta þessa heimild með þeim takmörkunum þó að ferjan komi í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg, a.m.k. hluta úr árinu. Slíkar ferjur þjóna þá byggðarlögum sem tengjast með stofnvegum eða tengivegum, en búa við vetrareinangrun, svo og þeim eyjabyggðum sem ættu að tengjast með slíkum vegum ef unnt væri.

Dæmi eru um ferjur í rekstri sem notið hafa ríkisstyrkja, en falla ekki undir skilgreininguna hér að framan. Verði frumvarpið að lögum þarf að taka þessar ferjur til sérstakrar skoðunar og væri þá eðlilegt að þær fengju nokkurn tíma til aðlögunar að hinum nýju skilyrðum, sbr. ákvæði til bráðabirgða í XIII. kafla frumvarpsins.

Í síðari málsgrein er kveðið á um að fjárveitingar til einstakra ferjuleiða skuli meðhöndlaðar í vegáætlun með hliðstæðum hætti og fjárveitingar til annarra verkefna.

Um 24. gr.

Efni 24. gr. er hliðstætt ákvæðum 3. mgr. 11. gr. gildandi vegalaga. Samkvæmt frumvarpinu hækkar framlag til rannsókna við vega- og gatnagerð. Mikil þörf er á að efla þennan þátt og í mörgum tilfellum er unnt að sýna fram á mikla arðsemi rannsókna.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi vegalaga.

Um 26. gr.

Fjallað er um sæluhús í 45. gr. gildandi vegalaga. Efni 26. gr. er að mestu það sama að því viðbættu að sett eru ákvæði um að heimilt sé að fela öðrum aðilum viðhald og rekstur húsanna. Þetta hefur nokkuð verið gert, en eðlilegt þykir að í þessu efni sé leitað samstarfs við björgunarsamtök og slysavarnafélög.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi vegalaga.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um langtímaáætlun í vegagerð, en engin sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum. Á Alþingi 1981 var samþykkt þingsályktun um gerð langtímaáætlunar um vegagerð. Í framhaldi af því var unnið að gerð langtímaáætlunar árin 1982 og 1983. Tillagan hlaut mikla þinglega meðferð, en ekki formlega afgreiðslu. Hið sama á við síðari langtímaáætlanir sem gerðar hafa verið. Þótt langtímaáætlanir hafi ekki verið formlega afgreiddar hefur reynsla af þeim verið góð og þær létt mjög vinnu við gerð vegáætlunar og stuðlað að markvissum vinnubrögðum. Því þykir rétt að lögfesta ákvæði um áætlunina og skapa henni þannig fastari grundvöll.

Í greininni er stuðst við efni þingsályktunarinnar frá 1981 og þá reynslu sem fengist hefur við vinnu við gerð langtímaáætlunar á undanförnum árum.

Í 1. mgr. er fjallað um lengd áætlunartíma og er þar miðað við 12 ár eða þrjú vegáætlunartímabil. Þá skal gera grein fyrir markmiðum áætlunarinnar sem líta má á sem meginmarkmið fyrir Vegagerðina hverju sinni. Gerð skal grein fyrir áætlaðari fjáröflun og skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaflokka og liða. Áætlunin myndar þannig ramma fyrir gerð vegáætlunar. Loks skal ákveða á hvaða tímabili skuli stefnt að framkvæmdum við einstaka vegarkafla á stofnvegum. Slík ákvörðun léttir mjög allan undirbúning við gerð vegáætlunar og gerir hann markvissari.

Í 2. mgr. eru ákvæði um gildistöku áætlunarinnar og í 3. mgr. um að endurskoða skuli áætlunina á fjögurra ára fresti og þá skuli bætt einu fjögurra ára tímabili við. Ákvæði þessi eru hliðstæð þeim sem gilt hafa og lagt er til að gildi áfram um vegáætlun.

Um VI. kafla.

Kaflinn á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum. Hann hefur að geyma ákvæði um skipulag og fjarlægð mannvirkja frá vegi. Í gildandi lögum er einkum fjallað um þetta efni í XII. kafla sem ber yfirskriftina **Um öryggi vega o.fl.** Helstu nýmæli eru reglur um kostnaðarhlutdeild þegar valið er dýrara vegarstæði en Vegagerðin leggur til, skýrar reglur um tengingar við þjóðvegi, reglur um brýr og reglur um auglýsingar og merki yfir vegi.

Um 29. gr.

Í upphafsgrein kaflans kemur fram meginreglan að vegi skuli leggja í samræmi við skipulag. Auk þess er lagt til að haft verði samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tenginga við þá. Að endingu er kveðið á um að aukinn kostnaður af vali á öðru vegarstæði en Vegagerðin telur æskilegt verði borinn af viðkomandi sveitarfélagi.

Sveitarfélög fara með vald á sviði skipulagsmála. Þar með ráða þau legu vega um sveitarfélagið. Eðlilegt þykir að saman fari vald og ábyrgð á kostnaði og þannig stuðlað að því að forráðamenn sveitarfélaga vinni að hagkvæmum lausnum í samgöngumálum.

Um 30. gr.

Hingað til hefur ávallt þurft leyfi vegamálastjóra til að tengja einkavegi þjóðvegum. Greinin gerir ráð fyrir að leita þurfi heimildar Vegagerðarinnar til að gera megi tengingar við þjóðvegi.

Kostnaður af gerð tengingar skal borinn af eiganda hennar.

Um 31. gr.

Nýmæli er í þessari grein frumvarpsins. Vegagerðinni er heimilað að óska eftir því við skipulagsstjórn ríkisins að fyrirhugað vegarstæði sé auglýst sem skipulag.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 74. gr. vegalaga.

Meginregla frumvarpsins er að vegir og tengingar við þá skulu gerð í samræmi við skipulag. Ef skipulag er ekki fyrir hendi er lagt til að áfram gildi reglur 74. gr. vegalaga um rétt manna til að fá tengingu gerða við þjóðveg.

Ef landeigandi gerir ekki kröfu um aðgang að þjóðvegi meðan á framkvæmdum stendur, en fær heimild Vegagerðarinnar til að gera aðgang síðar, skal hann bera allan kostnað við gerð hans.

Um 33. gr.

Þessi grein fjallar um leyfilega lágmarksfjarlægð mannvirkja frá vegi, en um það efni eru nú ákvæði 63. gr. vegalaga. Eðlilegt er að sérákvæði um fjarlægð mannvirkja frá vegi verði áfram í vegalögum.

Nokkrar breytingar og nýmæli eru í greininni. Í fyrsta lagi er lagt til að niður falli ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 63. gr. vegalaga um að fjarlægð mannvirkja frá vegi á skipulögðu svæði fari eftir skipulagi. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að sérreglur vegalaga um fjarlægð mannvirkja frá þjóðvegi gildi hvort sem hann liggur um skipulagt eða óskipulagt svæði.

Í öðru lagi er lagt til að niður falli regla 3. mgr. 63. gr. vegalaga, þ.e. sérákvæði um vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga. Ekki er talin ástæða til að sérreglur gildi um þessi mannvirki, enda eru mjólkurflutningar með öðrum hætti nú en áður var.

Í þriðja lagi er lagt til að ótvírætt verði kveðið á um að leyfi Vegagerðarinnar þurfi til að reisa brýr yfir vegi. Á það við um hvers konar brýr, bæði umferðarbrýr og brýr til annara nota, svo sem skiltabrýr. Þetta er álitið í samræmi við rétta túlkun á gildandi lögum. Enn fremur er það sett á vald Vegagerðarinnar að ákveða hvert lágmarksrými skuli vera undir brúm.

Í fjórða lagi eru nýmæli í 5. mgr. greinarinnar. Lagt er bann við að hengja merki eða auglýsingar á brýr eða loftlínur innan vegsvæðis ef þau eru ekki leyfð annars staðar á vegsvæðinu. Þessi ákvæði leiða eðlilega af forræði Vegagerðarinnar yfir vegsvæðinu.

Vafi hefur þótt leika á því hvort Vegagerðin hefði vald til að banna auglýsingar á mannvirkjum sem leyft er að reisa yfir vegi þegar þau eru í eigu annarra en ríkisins.

Með 5. mgr. yrði afnotaréttur af þessum mannvirkjum takmarkaður að þessu leyti.

Lögð hefur verið áhersla á að banna uppsetningu auglýsinga og merkja á vegsvæði. Til þess hafa legið sjónarmið um umferðaröryggi og umhverfisvernd. Mikilvægt er að ekki séu á vegsvæði auglýsingar eða merki, óviðkomandi umferð, sem draga að sér athygli ökumanna og auka með því hættu á slysum á þjóðvegum. Enn fremur er mikilvægt að ekki sé spillt náttúrulegu umhverfi landsins. Eðlilegast þykir að sömu reglur gildi um auglýsingar og merki, hvort sem þau eru staðsett við eða yfir vegi.

Um 34. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 64. gr. gildandi vegalaga. Þó er lögð til sú breyting að Vegagerðin geti heimilað að varanleg mannvirki verði staðsett nær vegi en kveðið er á um í 33. gr.

Ákvæði gildandi laga hefur valdið nokkrum vanda í framkvæmd. Í ljósi reynslu þykir rétt að Vegagerðin geti, þegar sérstaklega stendur á, heimilað að setja megi varanleg mannvirki nær vegi en getið er í 33. gr.

Um 35. og 36. gr.

Greinarnar eru samhljóða 65. og 66. gr. gildandi vegalaga að því frátöldu að breytt er verkaskiptingu milli vegamálastjóra og Vegagerðarinnar. Annað þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um girðingar, í 37.–40. gr. Valin er sú leið að hafa sérstakan kafla um þetta efni, en í gildandi lögum eru því gerð skil í XII. kafla laganna.

Ákvæði þessa kafla eru sama efnis og 70.–73. gr. gildandi vegalaga. Enn fremur eru þau efnislega samhljóða ákvæðum girðingarlaga. Smávægilegar orðalagsbreytingar þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Kaflinn ber yfirskriftina **Bráðabirgðaafnot lands** og inniheldur 41.– 44. gr. frumvarpsins. Þær eru sama efnis og 49.– 52. gr. gildandi vegalaga. Orðalagsbreytingar í 2. mgr. 43. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins fjallar um bætur fyrir eignarnám, jarðrask, átroðning o.fl. og svarar til X. kafla gildandi laga. Efnislegar breytingar eru fáar.

Um 45. gr.

Greinin kemur í stað 53. gr. gildandi vegalaga. Tvær breytingar eru gerðar frá gildandi lögum.

Annars vegar er felld niður sú regla gildandi laga að skilyrði bóta fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi sé að þeirra hafi verið krafist. Eðlilegt þykir, og í samræmi við ríkjandi hugmyndir um eignarrétt, að sama gildi að þessu leyti um skilyrði bóta fyrir ræktað land og óræktað. Það verður áfram skilyrði bóta að álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða.

Hins vegar er fellt niður ákvæði 4. mgr. 53. gr. vegalaga um að Vegagerðin skuli leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúð-

arhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun. Ekki þykir ástæða til að hafa reglur í vegalögum um það hvernig vinna eigi að einstökum viðhaldsverkefnum.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Greinin kemur í stað 55. gr. vegalaga. Hún er tekin upp óbreytt úr gildandi lögum, en bætt er við tveimur málsliðum í 1. mgr. hennar sem verða 3. og 4. málsl. Þeir eru nýmæli í vegalögum en eiga sér fyrirmynd í 4. mgr. 29. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum.

Telja verður að breytingarnar séu í samræmi við ríkjandi skoðanir fræðimanna í lögfræði sem tekið hefur verið mið af í dómaframkvæmd.

Um 48. gr.

Greinin kemur í stað 56. gr. gildandi laga. Efni hennar er óbreytt að öðru leyti en því að felld eru brott ákvæði sem í raun varða réttarsamband landeiganda og ábúanda. Óeðlilegt þykir að í vegalögum sé kveðið á um slíkt réttarsamband.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 57. gr. vegalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um X. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins fjallar um viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð, sbr. XI. kafla gildandi laga. Breytingar frá gildandi lögum eru óverulegar.

Um 50. gr.

50. gr. frumvarpsins kemur í stað 59. gr. gildandi laga. 1. mgr. er óbreytt, en lítillega er breytt orðalagi 2. mgr.

2. mgr. 59. gr. gildandi laga kom fyrst í vegalög með 65. gr. laga nr. 71/1963. Hún felur í sér takmörkun á bótaskyldu Vegagerðarinnar vegna slysa á þjóðvegum. Talið hefur verið að 2. mgr. 59. gr. mundi nær algerlega girða fyrir bótaskyldu væri greinin skýrð eftir orðalagi sínu, sbr. dóm Hæstaréttar 22. júní 1973.

Lagt er til að það verði skilyrði ábyrgðar Vegagerðarinnar að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi sýnt stórkostlegt gáleysi og sannað sé að slysi hefði ekki orðið afstýrt þótt ökumaður hefði sýnt eðlilega varkárni. Með þessu er reynt að samræma orðalag greinarinnar þeim skilningi sem lagður hefur verið í reglu núgildandi laga í framkvæmd.

Um 51. gr.

Greinin kemur í stað 60. gr. gildandi laga og er að mestu samhljóða. Fellt er brott sérákvæði um sýsluvegi. Enn fremur er orðalagi breytt nokkuð og ber þar helst að nefna að nú er notað hugtakið vetrarþjónusta í stað vetrarviðhalds áður.

Um 52. gr.

Greinin kemur í stað 61. gr. gildandi laga og er samhljóða henni að öllu öðru leyti en því að lagt er til að það verði Vegagerðin í stað vegamálastjóra áður sem setur þær reglur og gefur þau fyrirmæli sem um er rætt í greininni. Þetta er í samræmi við breytta

tilhögun frumvarpsins á verkaskiptingu milli Vegagerðarinnar og embættis vegamálastjóra.

Um XI. kafla.

Ákvæðum kaflans er safnað úr tveimur köflum gildandi vegalaga, XII. kafla, um öryggi o.fl. og XIII. kafla, um skemmdir á mannvirkjum o.fl. Auk þess eru nýmæli í 56. gr. frumvarpsins um bann við lausagöngu búfjár á vissum þjóðvegum og settar reglur í 55. gr. um hluti og muni sem skildir eru eftir á eða við veg.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. málsl. 67. gr. gildandi laga þar sem lagt er bann við því að auka vatnsrennsli í vegskurðum með mannvirkjagerð án leyfis Vegagerðarinnar.

Um 54. gr.

Þessi grein er samhljóða 76. gr. vegalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Lagt er bann við því að skilja eftir hluti eða muni á vegi eða vegsvæði og Vegagerðinni heimilað að fjarlægja slíka muni á kostnað eiganda. Tilgangur reglunnar er að tryggja að Vegagerðin hafi heimildir til að halda vegsvæði hreinu og fjarlægja hluti sem þar eru skildir eftir í óleyfi.

2. málsl. greinarinnar er sama efnis og 3. málsl. 67. gr. vegalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Hér er um nýmæli að ræða sem ekki á sér hliðstæðu í gildandi lögum. Hingað til hafa sveitarfélög haft heimild til að setja reglur um búfjárhald, þar á meðal skyldu eiganda til að hafa búfé í vörslu. Í þéttbýli gátu sveitarstjórnir sett reglur um allt búfjárhald, sbr. lög nr. 44/1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, en í dreifbýli gátu sveitarfélög til skamms tíma aðeins sett reglur um vörsluskyldu á hrossum, sbr. 38. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31/1973.

Með lögum nr. 57/1989 var sveitarstjórnum heimilað að ákveða að eigendur búfjár skyldu hafa það í vörslu allt árið eða hluta úr ári. Tilgangur laganna var m.a. að auka öryggi og draga úr slysum á þjóðvegum. Núgildandi lög um búfjárhald eru nr. 46/1991. Reglur um vörslu búfjár eru í 5. og 6. gr. þeirra.

Í mörgum sveitarfélögum hafa verið settar reglur um vörslu búfjár. Þetta á einkum við um þéttbýlissveitarfélög. Víða er í gildi bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum fjölfarinna þjóðvega. Tilgangur þessarar greinar er að koma slíku banni á sem víðast þannig að draga megi úr tíðni slysa á þjóðvegum.

Ljóst þykir að erfitt er að framfylgja banni við lausagöngu búfjár á vegsvæðum þjóðvega nema girt sé báðum megin vegar. Því er lagt til að bannið einskorðist við vegsvæði sem þannig er ástatt um og Vegagerðinni heimilað að fjarlægja búfé þaðan á kostnað eiganda.

Um 57. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 77. gr. gildandi laga. Orðalagsbreytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

58. gr. er samhljóða 78. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

XII. kafli frumvarpsins fjallar um viðurlög og málsmeðferð. Engar breytingar á gildandi reglum eru lagðar til.

Um 61. og 62. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal vegáætlun endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ekki er gert ráð fyrir að þetta ákvæði breytist við gildistöku laga þessara. Veigamikill þáttur við gerð vegáætlunar er ákvörðun um það hvaða vegir teljist þjóðvegir og flokkun þeirra.

Rétt þykir að öll atriði gildandi vegáætlunar haldist til næstu reglulegrar endurskoðunar hennar, þar með talin flokkun vega. Tíminn, sem við þetta gefst, verði nýttur til að undirbúa vegaskrár og flokkun vega, en við þá vinnu verður eðli málsins samkvæmt að hafa samráð við þá sem hagsmuna eiga að gæta, ekki hvað síst sveitarstjórnir þéttbýlissveitarfélaga vegna breytinga á flokkun þeirra vega sem teljast þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt gildandi lögum.

Þá er gert ráð fyrir því að þær ferjur, sem ekki uppfylla skilyrði til styrkja samkvæmt 23. gr. laganna, fái þriggja ára umþóttunartíma.

Fylgiskjal I.

FLOKKUN VEGA

	Skv. frumvarpi					
	Þjóðvegir				Einkavegir	
	Stofnv.	Tengiv.	Safnv.	Landsv.	Með heimild heimild til styrks	Án heimildar heimildar til styrks
Skv. gildandi lögum						
Stofnbrautir: Almennt	x					
Þjóðbrautir:						
Alm. þjóðbr.						
(3 bæir-4 bæir)		x	(x)			
Áætlunarflugvellir (h)	x	x				
Skólastaðir o.þ.h.(h)			x			
Þjóðvegir í þéttbýli	x	x			x	
Sýsluvegir						
a) Býli og stofnanir			x			
b) Kirkjustaðir			x			
félagsheimili					x	
opinberir skólar			x			
opinber heilsuhæli			x			
c) Götur í þorpum < 200 íbúa					x	
d) Orkuver (h)				x		
Sumarbústaðir (h)						x
Eyðibýli (h)					x	
Fjallskilaréttir (h)					x	
Bryggjur (h)					x	
Sjúkraflugvellir (h)					x	
Skipbrotsmannaskýli (h)					x	
e) Afréttir (h)					x	
loðdýrahús (h)						x
fiskiræktarst. (h)						x
Fjallvegir (aðalfjallv. og aðrir fjallvegir)				x	x	
Vegir að fjölsóttum ferðamst.				x		
Þjóðgarðavegir				x		
Einkavegir					x	x
Aðrir vegir (ekki taldir í gildandi lögum)						
Vegir að áætlunarhöfn eða bryggju	x	x				
skíðask. og svæði					x	
leitarmannaskálar					x	
fjallaskálar					x	
uppgræðsla og skógrækt					x	
reiðvegir					x	

Aths.: (h) merkir heimild í gildandi lögum (ekki skylda)

Fylgiskjal II.

Þjóðvegir, sýsluvegir og aðalfjallvegir 1. janúar 1992.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðv. í þéttb. km	Sýslu-vegir km	Aðal-fjallv. km	Alls km
Suðurland	559	1017	15	626	277	2494
Reykjanes	223	178	76	94		571
Vesturland	579	786	14	455	40	1874
Vestfirðir	788	516	15	537		1856
Norðurland ve.	402	675	14	455	153	1699
Norðurland ey.	624	569	16	451	290	1950
Austurland	912	470	27	516	59	1984
Samtals	4087	4211	177	3134	819	12428

Vegakerfi samkvæmt frumvarpi.

Kjördæmi	Stofn-vegir km	Tengi-vegir km	Safn-vegir km	Lands-vegir km	Alls km
Suðurland	568	938	630	977	3113
Reykjanes	260	187	93	51	591
Vesturland	589	660	466	217	1932
Vestfirðir	799	334	294	147	1574
Norðurland ve.	411	568	428	300	1707
Norðurland ey.	635	505	425	605	2172
Austurland	929	430	420	390	2169
Samtals	4191	3624	2756	2687	13258

Fylgiskjal III.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd um vegalög, Þórður Skúlason, skrifar undir álit nefndarinnar með þeim fyrirvara sem fram kemur í eftirfarandi séráliti hans.

Sérálit Þórðar Skúlasonar um frumvarp til nýrra vegalaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofn- og tengivegir í þéttbýli verði skilgreindir með öðrum hætti en gert er í núgildandi vegalögum og gildandi reglugerð, sem sett er samkvæmt þeim lögum, um þjóðvegi í þéttbýli.

Það er álit undirritaðs að flokkun stofn- og tengivega í þéttbýli samkvæmt hinni nýju skilgreiningu í 8. gr. frumvarpsins muni leiða til þess að stofn- og tengivegir í þéttbýli verði um þriðjungi styttri en þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt núgildandi reglugerð þar um. Þannig færðist þriðjungur stofn- og viðhaldskostnaðar þjóðvega í þéttbýli yfir á hendur sveitarfélaga án þess að þeim væri í nokkru bættur sá kostnaðarauki. Undirritaður getur ekki fallist á að gildistaka nýrra vegalaga feli í sér slíka breytingu á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Jafnframt leggur undirritaður til að við frumvarpið bætist ný grein, sem verði 5. gr., ásamt meðfylgjandi athugasemd.

5. gr.

Skipuð skal sérstök samstarfsnefnd Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara.

Verkefni nefndarinnar skal vera að fylgjast með og móta samstarfsverkefni og samninga sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar hvað varðar stofn- og tengivegi í þéttbýli og tillögugerð varðandi röðun vega í vegflokka og fjárveitingar til einstakra vegflokka áður en þær eru sendar Alþingi. Enn fremur skal nefndin fá til umsagnar ágreiningsatriði, m.a. varðandi legu vega og skipulagsmál, er upp kunna að koma í samskiptum einstakra sveitarstjórna og Vegagerðarinnar áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá Vegagerðinni og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Athugasemd við 5. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að íbúaframlög til sveitarfélaga, vegna viðhaldskostnaðar þjóðvega í þéttbýli, falli niður, en Vegagerðin semji við sveitarfélögin um viðhald, þ.e. viðhalds-, rekstrar- og stofnkostnað stofn- og tengivega í þéttbýli gegn umsömdum greiðslum.

Hluti vega í þéttbýli verður flokkaður undir stofnvegi og tengivegi og gert er ráð fyrir að vegir að opinberum byggingum í dreifbýli flokkist undir safnvegi. Sveitarfélögin hafa því mikilla hagsmuna að gæta varðandi flokkun vega skv. 8. gr. Í gildandi lögum er skýrt ákvæði varðandi aðild sveitarfélaga að tillögugerð um hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir í þéttbýli. Í 24. gr. gildandi laga segir: „Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.“ Ekkert slíkt ákvæði um íhlutunarrétt sveitarfélaga varðandi flokkun vega er í frumvarpinu.

Í 28. gr. frumvarpsins er nýtt ákvæði um að vegir skulu lagðir samkvæmt skipulagi, en ef ósk sveitarstjórnar um legu vegar leiðir til aukins kostnaðar miðað við þá legu er Vegagerðin velur skuli sveitarfélagið greiða kostnaðarmun.

Í gildandi lögum 63. gr. er kveðið á um að fjarlægð bygginga frá vegi á skipulögðu svæði skuli ákveðin í samræmi við skipulag. Í frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir að fjarlægð allra bygginga og mannvirkja frá vegi skuli vera í tiltekinni fjarlægð frá miðlínu vegar skv. 32. gr. en í 33. gr. er Vegagerðinni heimilað að auka eða minnka fjarlægð bygginga frá vegi vegna sérstakra ástæðna.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að áhrifavald Vegagerðarinnar varðandi flokkun vega og skipulagsmál er aukið, en dregið úr áhrifum sveitarfélaga og skipulags þeirra. Sveitarfélögin eiga þó mikilla hagsmuna að gæta bæði fjárhags- og skipulagslegra og samskipti og samningagerð einstakra sveitarfélaga við Vegagerðina munu aukast verði frumvarpið að lögum. Því er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri samstarfsnefnd Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin fylgist með og móti margháttuð samskipti sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar og fái til umsagnar tillögur um flokkun vega, fjárveitingar til einstakra vegflokka og ágreiningsmál áður en þessi mál eru úrskurðuð.

Reykjavík, 29. október 1992.

Þórður Skúlason (sign).

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa

Umsögn um frumvarp til vegalaga

Útgjöld til vegamála markast af ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en þar er gert ráð fyrir bensíngjaldi og þungaskatti sem mörkuðum tekjustofnun vegáætlunar. Frumvarp þetta hefur því ekki áhrif á heildarútgjöld til vegamála. Rétt þykir þó að vekja athygli á eftirfarandi ákvæðum frumvarpsins:

* Í 23. gr. segir að heimilt sé að greiða kostnað við ferjur af vegáætlun enda komi ferja í stað vegasambands. Í ákvæðum til bráðabirgða við frumvarpið segir þó að í þrjú ár sé heimilt að greiða kostnað við ferjur þó þær uppfylli ekki skilyrðum um að koma í stað vegasambands Þannig myndu framlög til Akraborgar og Fagraness falla niður eftir þrjú ár að öðru óbreyttu og það fé nýtast til almennra vegamála þess í stað. Í fjárlögum 1992 fá þessar ferjur samtals 81,8 m.kr. í framlögum úr ríkissjóði.

* Í 24. gr. frumvarpsins kemur fram að ár hvert skuli a.m.k. 1% af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegarðar varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð. Í núgildandi lögum er þetta hlutfall 0,5% og nemur sú fjárhæð 29,4 m.kr. í fjárlögum 1992. Að öðru óbreyttu mun þessi hækkun draga úr annari starfsemi Vegarðar ríkisins sem þessu nemur.

* Í 29. gr. er kveðið á um að ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt, og það leiðir til aukins kostnaðar, skuli viðikomandi sveitarfélög greiða allan kostnaðarmun sem því veldur. Þetta er nýmæli og er gert til að saman fari vald og ábyrgð á kostnaði í þessum málum. Hér getur skipt all nokkrum fjárhæðum.

* Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri flokkun þjóðvega. M.a. er gert ráð fyrir að sérstök ákvæði um sýsluvegi og þjóðvegi í þéttbýli falli niður og sömu ákvæði gildi framvegis um þá og aðra þjóðvegi. Þannig munu framlög til sveitarfélaga sem taka mið af íbúafjölda falla niður.

541. Svar [282. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

1. *Hvaða sveitarstjórnir settu nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélags eða endurskoðuðu eldri samþykktir innan eins árs frá gildistöku 120. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986?*

Í 1. mgr. 121. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, segir svo um gildistöku laganna: „I. kafli og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi. VIII. kafli laganna tekur gildi 1. janúar 1987. Aðrir kaflar laganna taka gildi þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum árið 1986."

Sveitarstjórnir í eftirtöldum sveitarfélögum höfðu sett sér nýja samþykkt um stjórn og fundarsköp, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaganna, innan árs frá gildistöku allra kafla þeirra laga: Stykkishólmsbær, Egilsstaðabær, Hveragerðisbær, Mosfellsbær, Borgarnesbær, Selfosskaupstaður, Dalvíkurkaupstaður og Húsavíkurkaupstaður.

2. *Hvaða sveitarstjórnir hafa ekki enn uppfyllt ákvæði 120. gr. sveitarstjórnarlaganna?*

Sveitarstjórnir eftirtalinna sveitarfélaga hafa ekki enn uppfyllt ákvæði 120. gr. sveitarstjórnarlaganna: Hafnarfjarðarkaupstaður, Hafnahreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðarhreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis, Helgafellssveit, Skógarstrandarhreppur, Suðurdalahreppur, Laxárdalshreppur, Fellsstrandarhreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Bíldudalshreppur, Mosvallahreppur, Ögurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Fljótahreppur, Grímseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Fjallahreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Eiðahreppur, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur, Hofshreppur í Austur-Skaftafellssýslu, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Land-

mannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Félagsmálaráðuneytinu er kunnugt um að verið er að endurskoða samþykktir um stjórn og fundarsköp í eftirtöldum sveitarfélögum: Keflavíkurkaupstað, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Skaftárhreppi og Hríseyjarhreppi.

Samkvæmt 49. gr. og 1. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga samdi félagsmálaráðuneytið, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, og birti fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga og fundarsköp fyrir sveitarstjórnir, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 1987, bls. 209. Í fyrrnefndri 49. gr. sveitarstjórnarlaga kemur og fram að ákvæði um fundarsköp, þ.e. III. kafli framangreindrar fyrirmyndar félagsmálaráðuneytisins, skal gilda fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana. Þetta ákvæði á þar af leiðandi við allar sveitarstjórnir í ofangreinum sveitarfélögum.

3. Hvaða sveitarstjórnir hafa sett sér fundarsköp samkvæmt ákvæðum 49. gr. sveitarstjórnarlaga og hvenær voru þau staðfest?

Sveitarstjórnir eftirtalinna sveitarfélaga hafa sett sér samþykktir um stjórn sveitarfélags og fundarsköp sveitarstjórnar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga:

Sveitarfélag	Staðfesting	Nr. samþ.	Breyting á samþ.
Stykkishólmsbær	18. maí 1987	213/1987	429/1990
Egilsstaðabær	18. maí 1987	214/1987	253/1990
			439/1990
Hveragerðisbær	24. júní 1987	294/1987	
Mosfellsbær	31. júlí 1987	371/1987	
Borgarnesbær	14. okt. 1987	468/1987	
Selfoss	7. des. 1987	550/1987	332/1992
Dalvíkurkaupstaður	9. des. 1987	551/1987	516/1991
Húsavíkurkaupstaður	15. des. 1987	552/1987	
Reykjavíkurborg, breyting á samþ. nr. 60/1985	14. jan. 1988		28/1988
Seltjarnarneskaupstaður	20. jan. 1988	61/1988	365/1991
Akureyri, fyrri samþykkt	(25. jan. 1988	65/1988)	
Akureyri, núgildandi samþykkt	11. júní 1990	266/1990	383/1991
Siglufjarðarkaupstaður	12. febr. 1988	99/1988	230/1990
Vestmannaeyjar	12. apr. 1988	196/1988	420/1992
Ólafsfjarðarbær	17. maí 1988	277/1988	
Akraneskaupstaður	17. maí 1988	279/1988	448/1990
Blönduóssbær	22. júní 1988	303/1988	
Seyðisfjarðarkaupstaður	23. sept. 1988	453/1988	
Sauðárkrókskaupstaður	4. okt. 1988	465/1988	
Garðabær	1. nóv. 1988	495/1988	
Höfn í Hornafirði	15. des. 1988	537/1988	
Neskaupstaður	14. febr. 1989	55/1989	
Ólafsvíkurkaupstaður	25. apr. 1989	229/1989	
Eskifjarðarkaupstaður	8. maí 1990	195/1990	
Kópavogskaupstaður	11. júní 1990	262/1990	
Grindavíkurkaupstaður	12. júní 1990	264/1990	
Akureyri	11. júní 1990	266/1990	383/1991
Njarðvíkurkaupstaður	31. okt. 1990	434/1990	
Sandgerðisbær	15. nóv. 1990	454/1990	
Haukadalshreppur	22. júní 1987	306/1987	
Eyrarbakkahreppur	30. júní 1987	333/1987	477/1990
Presthólahreppur (nú Öxarfjarðarhreppur)	30. júní 1987	324/1987	

Reykhólahreppur	7. des. 1987	549/1987	
Stöðvarhreppur	9. des. 1987	548/1987	386/1990
Sandvíkurhreppur	15. jan. 1988	25/1988	
Vatnsleysustrandarhreppur	1. mars 1988	139/1988	333/1988 412/1991
Hólmavíkurhreppur	17. mars 1988	170/1988	
Patrekshreppur	10. maí 1988	259/1988	
Hvammshreppur	17. maí 1988	258/1988	
Ölfushreppur	16. maí 1988	260/1988	
Höfðahreppur	29. sept. 1988	454/1988	
Skútustaðahreppur	3. nóv. 1988	494/1988	
Stokkseyrarhreppur	10. jan. 1989	25/1989	461/1990
Nesjahreppur	22. febr. 1989	87/1989	
Bessastaðahreppur	22. maí 1990	244/1990	
Flateyrarhreppur	5. júní 1990	245/1990	
Borgarfjarðarhreppur	6. júní 1990	283/1990	
Þingeyrarhreppur	22. júní 1990	370/1990	
Búðahreppur	27. nóv. 1990	468/1990	
Seyluhreppur	30. nóv. 1990	483/1990	
Reyðarfjarðarhreppur	21. febr. 1991	97/1991	
Suðureyrarhreppur	27. febr. 1991	98/1991	
Hvammstangahreppur	19. apr. 1991	208/1991	
Gerðahreppur	31. maí 1991	266/1991	
Eyrarsveit	14. júní 1991	285/1991	
Hofshreppur í Skagafjarðarsýslu	22. jan. 1992	46/1992	
Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu	5. febr. 1992	62/1992	
Grýtubakkahreppur	27. nóv. 1992	423/1992	
Súðavíkurhreppur	9. des. 1992		

542. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en tilgangur þess er einkum sá að gera nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda um stjórnun mjólkurframleiðslu sem undirritaður var 16. ágúst 1992. Á fund nefndarinnar komu Sigurgeir Þorgeirsson frá landbúnaðarráðuneytinu og Tryggvi Gunnarsson hrl. Þá ræddi formaður nefndarinnar við Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda, um ýmis atriði þessa frumvarps.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að 6. gr. frumvarpsins falli brott. Nánari athugun á lögunum leiddi í ljós að fyrirhugaðar breytingar á verðmiðlun vegna mjólkurframleiðslu rúmast innan gildandi laga. Í þessum breytingum felst að lögð verði niður verðmiðlun í núverandi mynd og hámarksinnheimta miðist því aðeins við 1% af heildsöluverði allra seldra mjólkurafurða frá 1. janúar 1993. Tekjum af þessu gjaldi verði einkum varið til flutningsjöfnunar á mjólk. Þrátt fyrir breytingar þessar verður þó heimilt að styrkja rekstur einstakra mjólkurbúa, sem búa við þröngan markað, svo að tryggt verði að þau geti borgað bændum fullt afurðaverð og tryggt neytendum á markaðssvæði sínu nauðsynlegt vöruframboð. Þessi ráðstöfun er í samræmi við tilgang verð-

miðlunar skv. 19. gr. laganna og því ekki þörf breytinga. Rétt er að benda á B-, C- og D-liði ákvæða til bráðabirgða í 22. gr. frumvarpsins sem gera ráð fyrir sérstakri ráðstöfun verðmiðlunartekna á árunum 1993–1995. Á árunum 1993–1994 verður innheimta verðmiðlunargjalds miðuð við áðurnefnda 1% flutningsjöfnun og ráðstafanir samkvæmt bráðabirgðaliðum B–D. Þegar þeim skuldbindingum hefur verið fullnægt er heimildin bundin við innheimtu 1% flutningsjöfnunargjaldsins. Gengið er út frá að við setningu reglugerðar verði tekið mið af því sem að framan er greint.

2. Lagðar eru til þrjár breytingar á 7. gr.:
   a. Lagt er til að innheimta verðskerðingargjalds verði háð því að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess. Markmið þessarar breytingar er að ákvörðun um gjald þetta verði ekki bundin við árlegan aðalfund Stéttarsambandsins. Nefndin vekur athygli á að þessi heimild til innheimtu verðskerðingargjalds nær ekki til framleiðslu sem til féll nú í haust. Því ber sauðfjárbændum að fá óskerta greiðslu vegna þeirrar framleiðslu.
   b. Lagt er til að skilyrði þess að fulltrúafundur geti óskað eftir innheimtu verðskerðingargjalds verði að tilkynning um slíkt hafi komið fram í fundarboði.
   c. Þá er lagt til að bætt verði málslið við greinina þar sem kveðið verði á um að landbúnaðarráðherra skuli setja reglur um innheimtu og ráðstöfun verðskerðingargjalds skv. 20. og 21. gr. laganna.
3. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein er verði 9. gr. Í 25. gr. laganna er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti með vissum skilyrðum innheimt ákveðið gjald af heildsöluverði búvara til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laganna. Lagt er til að Framleiðsluráð geti látið hluta þessa gjalds renna til samtaka afurðastöðva. Í tengslum við þær breytingar, sem nú verða á stjórn búvöruframleiðslunnar, er m.a. gert ráð fyrir að viss verkefni færist frá Framleiðsluráði til Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Því þykir rétt að opna þá möguleika að auknum verkefnum fylgi samsvarandi tekjur þannig að ekki þurfi að koma til innheimtu frekari gjalda vegna þeirra verkefna.
4. Lagt er til að 11. gr. frumvarpsins falli brott, en hún felur í sér heimild Stéttarsambands bænda til að semja við afurðastöðvar um umsýsluviðskipti með afurðir. Þessi breyting felur í sér áréttingu þess að ganga skuli út frá því að bændur fái greitt að fullu skráð búvöruverð. Umsýsluviðskipti ganga gegn þessum grundvallarmarkmiðum og þeirri stefnu sem gilt hefur um þessi efni og er því þessari grein hafnað.
5. Lagðar eru til tvær breytingar á 13. gr. frumvarpsins:
   a. Breytingartillagan við 2. málsl. áréttar að mjólk, sem framleidd er umfram greiðslumark, eigi ekki að koma til sölu innan lands nema brýn þörf komi til. Markmiðið er að koma í veg fyrir að bændur freisti þess að framleiða umfram greiðslumark nema til útflutnings.
   b. Þá er lagt til að lokamálsliður greinarinnar falli brott. Ekki er talin þörf á að landbúnaðarráðherra setji sérstakar reglur um uppgjör fyrir mjólk, umfram greiðslumark sem ekki fellur innan heildargreiðslumarks. Ráðstöfun þeirrar mjólkur verður alfarið á ábyrgð framleiðenda og mjólkursamlaga. Þeirra er að semja um uppgjör fyrir þá framleiðslu. Í 21. gr. frumvarpsins er mjólkursamlögum og Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilað að semja um verkaskiptingu varðandi framleiðslu mjólkurvara, jafnt fyrir innlendan sem erlendan markað. Á þennan hátt er valin sú leið að mjólkursamlögin geti hagað rekstri sínum og framleiðslu þannig

að samrýmist sem best markaðsaðstæðum og markmiðum um búvöruframleiðslu þegar á heildina er litið.

6. Sú viðbót, sem lögð er til við 17. gr. frumvarpsins, er þess efnis að eigandi lögbýlis geti óskað eftir því við ábúðarlok leiguliða að greiðslur, sem hann hefur þegið sem bætur fyrir skerta búrekstraraðstöðu, skuli koma til mats skv. 16. gr. ábúðarlaga. Réttlátt þykir að leiguliði taki við bótunum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Sú staða getur aftur á móti komið upp að leiguliði yfirgefi jörðina skömmu eftir að hann hefur tekið við bótum og er það þá eigandinn sem situr eftir með skerta eign. Af þessum ástæðum þykir eðlilegt að unnt sé að taka tillit til umræddra bóta í uppgjöri eiganda og leiguliða við ábúðarlok.
7. Lögð er til sú breyting á 18. gr. að fellt verði niður það skilyrði að viðkomandi rétthafi greiðslumarks skuli hafa staðfest samþykki sitt um niðurfellingu eða geymslu þess. Ákvæðið þykir veita rétthafa greiðslumarks nægilega tryggingu án þessa skilyrðis, enda ber ráðherra sönnunarbyrðina um að rétthafinn hafi átt þess kost að leggja inn greiðslumark sitt og fengið tilkynningu um fyrirhugaða niðurfellingu þess.
8. Við 19. gr. er lagt til að í stað orðsins „verðskerðingar“ komi: verðskerðingargjald. Hér er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða.
9. Lagðar eru til þrjár breytingar á 20. gr.:
   a. Breytingartillagan við a-lið felur aðeins í sér leiðréttingu á texta. Þannig færist 2. mgr. til í textanum og komi orðrétt á eftir 1. málsl.
   b. Tillagan við c-lið 2. mgr. felur aðeins í sér breytingu á orðalagi án efnisbreytingar.
   c. Lagt er til að í stað orðsins „verðskerðingar“ í fyrri málsgrein e-liðar komi „verðskerðingargjald“ til samræmis við breytingartillöguna við 19. gr.
   d. Breytingartillagan við síðari málsgrein e-liðar er tvíþætt. Annars vegar er það áréttað betur en í frumvarpinu að sérstök lækkun greiðslumarks til að koma út birgðum geti því aðeins orðið að birgðirnar hafi safnast upp vegna framleiðslu innan greiðslumarks, þ.e. vegna samdráttar í neyslu en ekki vegna umframframleiðslu. Á hinn bóginn felur tillagan í sér víðtækari heimildir til ráðstöfunar þeirra fjármuna sem kunna að sparast vegna þessa.
10. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 22. gr.
    a. Lögð er til sú breyting á B-, C- og D-liðum 22. gr. að í stað orðanna „úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur“ komi: af innheimtu verðjöfnunargjalds vegna mjólkur. Ástæða breytingartillögunnar er sú að hugtakið „Verðmiðlunarsjóður mjólkur“ á sér enga skilgreiningu í lögum. Hins vegar eru tekjur af verðmiðlunargjaldi sérgreindar eftir afurðum þannig að ekki er óeðlilegt að vitna til verð miðlunargjalda af mjólkurafurðum.
    b. Sú breyting, sem lögð er til á D-lið 22. gr. er til samræmis við greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993, sbr. lið 410, Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu, bls. 304, en þar segir m.a. að á grundvelli kerfisbreytinga sé gert ráð fyrir að greiða þurfi 350 m.kr. vegna birgðauppgjörs mjólkurafurða samkvæmt eldri samningi. Þar af verði 175 m.kr. fjármagnaðar af Verðmiðlunarsjóði sem ríkissjóður endurgreiði honum á árinu 1994.
    c. Loks er lagt til að bætt verði nýjum málslið við E-lið þess efnis að landbúnaðarráðherra setji reglur um auglýsingu og framkvæmd forkaupsréttar. Þessi breytingartillaga miðar að því að tryggja réttaröryggi og samræmi um allt land hvað rétt þennan varðar.

11. Lagt er til að við 23. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem veitir heimild til endurútgáfu laga nr. 46/1985, ásamt síðari breytingum.

Alþingi, 19. des. 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Eggert Haukdal.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Árni R. Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.

543. Breytingartillögur [299. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. Greinin falli brott.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „aðalfundur“ í 4. málsl. efnismálsgreinar komi: fulltrúafundur.
   b. Á eftir orðunum „óskað eftir töku þess“ í 4. málsl. efnismálsgreinar komi: og að tillaga um það hafi verið kynnt í fundarboði.
   c. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðskerðingargjalds.
3. Á eftir 8. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „til samtaka framleiðenda“ í 25. gr. laganna komi: eða afurðastöðva.
4. Við 11. gr. Greinin falli brott.
5. Við 13. gr.
   a. Við 2. málsl. efnismálsgreinar. Í stað orðanna „framleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til“ komi: gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur.
   b. Lokamálsliður falli brott.
6. Við 17. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo:
      Við 39. gr. laganna, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbýlis óskað eftir því við ábúðarlok að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Við 41. gr. laganna, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda hafi viðkomandi rétthafa verið tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu.
8. Í stað orðsins „verðskerðingar“ í 19. gr. komi: verðskerðingargjalds.
9. Við 20. gr., a-lið (47. gr.). 2. mgr. greinarinnar verði 2. málsl. 1. mgr.
10. Við 20. gr., c-lið (49. gr.). Í stað orðanna „aðilaskiptum að greiðslumarki“ í 2. mgr. komi: flutningi greiðslumarks.
11. Við 20. gr., e-lið (51. gr.).
    a. Í stað orðsins „verðskerðingar“ í lokamálslið fyrri málsgreinar komi: verðskerðingargjalds.
    b. Síðari málsgrein orðist svo:
       Safnist upp birgðir vegna samdráttar í neyslu skal landbúnaðarráðherra, í samráði við Stéttarsamband bænda, ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Heimilt er að verja fjármunum sem sparast vegna þessa til að draga úr tekjuskerðingu framleiðenda eða til söluátaks á birgðum innan lands.
12. Við 22. gr.
    a. Í stað orðanna „úr Verðmiðlunarsjóði mjólkur“ í 1. mgr. B-liðar, 1. mgr. C-liðar og í D-lið komi: af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk.
    b. Við D-lið bætist nýr málsliður svohljóðandi: Skal fjárhæð þessi endurgreidd úr ríkissjóði á árinu 1994, sbr. 6. gr. samnings um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 16. ágúst 1992.
    c. Við E-lið bætist nýr málsliður svohljóðandi: Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um auglýsingu og framkvæmd forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði.
13. Við 23. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
    Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði 7. gr. laga nr. 7/1990, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, og 16. gr. laga nr. 9/1989, um efnahagsaðgerðir, auk laga nr. 25/1986, 29/1987, 6/1988 og 5/1992, allra um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

544. Lög [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 479.

545. Lög [310. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 486.

546. Fjárlög [96. mál]

fyrir árið 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 465 (sbr. 109) með þessum breytingum:

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**104.771,0**
Beinir skattar	20.193,0	
Óbeinir skattar	76.698,0	
Vaxtatekjur	4.000,0	
Aðrar tekjur	3.880,0	
Gjöld		**111.015,0**
Samneysla	46.478,0	
Rekstrargjöld	43.284,1	
Viðhald	3.193,9	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	41.251,5	
Vaxtagreiðslur	10.500,0	
Fjárfesting	12.785,5	
Stofnkostnaður	7.857,0	
Fjármagnstilfærslur	4.928,5	
Gjöld umfram tekjur		**6.244,0**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		2.360,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	5.620,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3.260,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		435,0
Viðskiptareikningar		-100,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**8.939,0**
Afborganir af teknum lánum		6.410,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**15.349,0**
Lántökur		15.400,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**51,0**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1993 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.083,0**
	Embætti forseta Íslands	48,2	
	Alþingi og stofnanir þess	843,5	
	Ríkisstjórn	58,7	
	Annað	127,4	
	Rekstrarhagræðing	5,2	
01	**Forsætisráðuneyti**		**304,8**
	Ráðuneyti	89,3	
	Annað	214,1	
	Rekstrarhagræðing	1,4	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16.841,6**
	Ráðuneyti	239,1	
	Háskólar og rannsóknir	2.781,0	
	Framhaldsskólar	4.182,7	
	Héraðsskólar	81,6	
	Grunnskólar og sérskólar	5.114,8	
	Önnur fræðslumál	352,2	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.760,0	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.236,5	
	Ýmis framlög	1.043,9	
	Rekstrarhagræðing	49,8	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.539,4**
	Ráðuneyti	349,3	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	152,7	
	Sendiráð og fastanefndir	456,6	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	575,1	
	Rekstrarhagræðing	5,7	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**7.448,7**
	Ráðuneyti	64,7	
	Búnaðarmál	1.061,9	
	Skógrækt og landgræðsla	420,4	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.702,0	
	Búnaðarskólar	192,2	
	Rekstrarhagræðing	7,5	

		M.kr.	M.kr.
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**812,2**
	Ráðuneyti	74,7	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	669,0	
	Annað	61,5	
	Rekstrarhagræðing	7,0	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5.390,0**
	Ráðuneyti	125,6	
	Dómsmál	566,4	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1.846,5	
	Sýslumenn	2.031,2	
	Fangelsismál	323,7	
	Kirkjumál	470,2	
	Rekstrarhagræðing	26,4	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4.859,2**
	Ráðuneyti	81,5	
	Húsnæðismál	925,0	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	170,1	
	Málefni barna og ungmenna	185,9	
	Málefni fatlaðra	1.944,1	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.246,0	
	Annað	297,6	
	Rekstrarhagræðing	9,0	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**46.146,1**
	Ráðuneyti	113,7	
	Tryggingamál	27.469,0	
	Sjúkrastofnanir	16.257,5	
	Heilsugæsla	1.588,9	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	273,0	
	Annað	338,9	
	Rekstrarhagræðing	105,1	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15.511,7**
	Ráðuneyti	402,4	
	Skatta- og tollamál	1.371,9	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.542,0	
	Vextir	10.500,0	
	Annað	1.679,4	
	Rekstrarhagræðing	16,0	

		M.kr.	M.kr.
10	**Samgönguráðuneyti**		**9.173,2**
	Ráðuneyti	177,7	
	Vegamál	7.267,1	
	Siglingamál	1.103,5	
	Flugmál	526,7	
	Ferðamál	87,7	
	Rekstrarhagræðing	10,5	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**992,8**
	Ráðuneyti	51,7	
	Iðnaðarmál	220,2	
	Orkumál	715,1	
	Rekstrarhagræðing	5,8	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**172,6**
	Ráðuneyti	70,1	
	Viðskiptamál	101,4	
	Rekstrarhagræðing	1,1	
13	**Hagstofa Íslands**		**145,5**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**594,2**
	Ráðuneyti	133,8	
	Náttúruvernd	83,5	
	Skipulagsmál	124,2	
	Rannsóknir o.fl.	248,3	
	Rekstrarhagræðing	4,4	
	Gjöld samtals		111.015,0

3. gr.

Samhljóða þskj. 484.

4. gr.

Samhljóða þskj. 465 (sbr. 109) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 483, 514 (1.–49. tölul.), 515 (2.–11. tölul.) og 516; sbr. sérstaklega 11. tölul. á þskj. 515.

5. gr.

Samhljóða þskj. 482.

6. gr.

Samhljóða 6. gr. á þskj. 465 (sbr. 109) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 514, 50.–57. tölul.

7. gr.

Skattvísitala árið 1993 skal vera 100,38 stig miðað við 100 stig árið 1992.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	7.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.000	
4. Kvennaskólinn, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	5.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	5.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	10.000	
8. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	55.000	
		101.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	4.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	30.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	40.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	50.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	5.000	
		129.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	35.000	
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Stykkishólmi	2.000	
		37.000
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
íþróttahús	10.000	
viðhald	8.000	
byggingarframkvæmdir	7.000	
		25.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		34.500
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	3.000	
byggingarframkvæmdir	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri, 7. áfangi	45.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum, viðhald	5.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík	20.000	
		75.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	4.000	
2. Verkmenntaskólinn í Neskaupstað	17.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	4.500	
		30.500
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	41.000	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni, viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.000	
		76.000
Héraðsskólar, viðhald		15.500
Óskipt, viðhald		10.200
		533.700

2. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	850
2. Árni Kristjánsson	850
3. Finnur Jónsson	850
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	850
5. Halldór Laxness	850
6. Hannes Pétursson	850
7. Indriði G. Þorsteinsson	850
8. Jakobína Sigurðardóttir	850
9. Jón Nordal	850
10. Jón úr Vör	850
11. Jórunn Viðar	850
12. Kristján Davíðsson	850
13. María Markan	850
14. Matthías Johannessen	850
15. Sigfús Halldórsson	850
16. Sigríður Hagalín	850
17. Stefán Íslandi	850
18. Thor Vilhjálmsson	850
	15.300

3. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	6.000	
2. Akranes, H2	15.500	
3. Ólafsvík, H2	1.000	
4. Grundarfjörður, H1	13.100	
5. Stykkishólmur, H2	8.500	
6. Patreksfjörður, H2	5.300	
7. Þingeyri, H1	6.000	
8. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	35.000	
9. Bolungarvík, sjúkrahús	2.600	
10. Blönduós, sjúkrahús og H2	13.500	
11. Siglufjörður, sjúkrahús	2.800	
12. Ólafsfjörður, H1	2.500	
13. Seyðisfjörður, sjúkrahús	1.200	
14. Eskifjörður H2	12.500	
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	11.000	
16. Laugarás, H2	3.000	
17. Selfoss, sjúkrahús	7.000	
18. Hafnarfjörður, H2	14.400	
19. Kópavogur, H2	8.000	
20. Reykjavík, heilsugæslustöðvar (Árbær)	12.000	
		180.900
b. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Hvammstangi	8.000	
2. Fáskrúðsfjörður	2.500	
3. Höfn í Hornafirði	12.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	15.600	
6. Grindavík	30.000	
		74.100
		255.000

4. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).

1. Knarrarnes, vegna Mýrabáts	100
2. Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	110
3. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	220
4. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	500
5. Til vetrarsamgangna í V-Barðastrandarsýslu	200
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	140
7. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	130
8. Til vetrarsamgangna í Þingeyrarhreppi	160
Stofnstyrkur	860
9. Til vetrarsamgangna í Mýrahreppi	670
10. Snjóbifreið í Önundarfirði	210

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Snjóbifreið um Botnsheiði	540	
12. Til vetrarsamgangna í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	500	
13. Til vetrarflutninga í Súðavíkurhreppi	80	
14. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	60	
15. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	60	
16. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	140	
Stofnstyrkur	750	
17. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	140	
18. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.400	
19. Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	60	
20. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	110	
21. Hólmavíkurhreppur, stofnstyrkur	180	
22. Óspakseyrarhreppur	60	
23. Höfðahreppur, stofnstyrkur	750	
24. Skefilsstaðahreppur	160	
25. Snjóbifreið í Skagafirði	210	
26. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	160	
27. Björgunarsveitin Strákar Siglufirði, snjóbíll	250	
28. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	100	
29. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	80	
30. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	70	
31. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	60	
32. Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahreppur	80	
33. Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	110	
34. Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	120	
35. Til vetrarflutninga, Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	240	
36. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	420	
37. Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	80	
38. Snjóbifreið á Þórshöfn	70	
39. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	120	
40. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	120	
41. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri	280	
42. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðarhreppi	100	
43. Til vetrarsamgangna í Jökuldalshreppi	350	
44. Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	150	
45. Snjóbifreið á Egilsstöðum	110	
Stofnstyrkur	430	
46. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	950	
47. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	600	
48. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	240	
49. Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	280	
50. Nesjahreppur	60	
51. Vetrarsamgöngur í Vestur-Skaftafellssýslu	400	
52. Til vetrarsamgangna í Mýrdalshreppi	250	
53. Samgöngur við Grímsey	1.020	
54. Óráðstafað	15.800	
		26.400

5. Ferjubryggjur (10-333 620).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Nauteyri	20.000	
2. Mjóifjörður	2.000	
		22.000

6. Hafnamannvirki (10-333 630).

Vesturland:

1. Akranes	19.600	
2. Rif	9.900	
3. Ólafsvík	3.800	
4. Grundarfjörður	13.300	
5. Stykkishólmur	12.800	
		59.400

Vestfirðir:

1. Patreksfjörður	9.200	
2. Tálknafjörður	8.500	
3. Bíldudalur	11.600	
4. Þingeyri	900	
5. Bolungarvík	61.900	
6. Ísafjörður	29.200	
7. Súðavík	200	
8. Norðurfjörður	6.800	
9. Drangsnes	100	
10. Hólmavík	6.600	
		135.000

Norðurland vestra:

1. Hvammstangi	600	
2. Blönduós	50.000	
3. Skagaströnd	16.200	
4. Sauðárkrókur	35.600	
5. Haganesvík	500	
6. Siglufjörður	8.100	
		111.000

Norðurland eystra:

1. Ólafsfjörður	27.500	
2. Dalvík	13.000	
3. Árskógssandur	28.000	
4. Akureyri	21.700	
5. Grenivík	3.000	
6. Grímsey	19.300	
7. Húsavík	61.400	
8. Kópasker	2.200	
9. Raufarhöfn	2.600	
		178.700

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Bakkafjörður	3.100	
2. Vopnafjörður	3.200	
3. Borgarfjörður eystri	11.700	
4. Seyðisfjörður	6.800	
5. Neskaupstaður	8.700	
6. Eskifjörður	22.000	
7. Reyðarfjörður	11.400	
8. Fáskrúðsfjörður	1.700	
9. Stöðvarfjörður	5.700	
10. Breiðdalsvík	22.800	
11. Djúpivogur	500	
12. Höfn í Hornafirði	4.700	
		102.300
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	61.000	
2. Þorlákshöfn	16.400	
		77.400
Reykjanes:		
1. Grindavík	10.800	
2. Sandgerði	46.700	
3. Keflavík–Njarðvík	21.500	
4. Hafnarfjörður	26.500	
		105.500
Óskipt		2.600
		771.900

7. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Akranes	5.000	
2. Höfn	17.500	
3. Mýrdalshreppur	2.000	
		24.500
Óskipt		500
		25.000

547. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, og um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til fundar við sig Pál Sigurðsson, Þorkel Helgason, Jón Sæmund Sigurjónsson, Guðjón Magnússon, Dögg Pálsdóttur, Magnús R. Gíslason og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ögmund Jónasson og Ragnhildi Guðmundsdóttur frá BSRB, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árna Guðjónsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Birnu Hreiðarsdóttur frá Jafnréttisráði, Þuríði Jónsdóttur frá Neytendasamtökunum, Finnboga Rút Hálfdánarson frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Guðmund Reykjalín frá Apótekarafélagi Íslands, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Önnu Ragnarsdóttur frá Félagi einstæðra foreldra, Andra Árnason og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ingólf Finnbjörnsson frá Samtökum landflutningamanna, Hilmar Björgvinsson og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Jón Ásgeir Eyjólfsson og Svend Richter frá Tannlæknafélagi Íslands, Skúla G. Johnsen og Ingimar Sigurðsson frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Guðmund E. Eyjólfsson og Högna Óskarsson frá Læknafélagi Reykjavíkur, Kristján Erlendsson frá Læknafélagi Íslands, Unni Halldórsdóttur frá Heimili og skóla, Sigurbjörn Sveinsson frá Félagi íslenskra heimilislækna, Ólaf F. Magnússon frá Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna og Tómas Jónsson og Víglund Þór Þorsteinsson frá Sérfræðingafélagi íslenskra lækna.

Þá bárust nefndinni einnig gögn og ýmis erindi er frumvarpið snertir frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Félagi skólatannlækna, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Heimili og skóli, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Félagi íslenskra heimilislækna, héraðslækninum í Reykjavík, skólatannlækningum í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, nokkrum félagsmönnum í Læknafélagi Reykjavíkur og Sérfræðingafélagi íslenskra lækna.

Minni hluti nefndarinnar getur hvorki fallist á þær breytingar sem frumvarpið felur í sér á almannatryggingalöggjöfinni né þær breytingartillögur sem fram koma í áliti meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar. Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir mikilvægustu atriðum frumvarpsins en einstakir nefndarmenn munu gera frekari grein fyrir afstöðu sinni í umræðu um málið.

Tillögurnar í frumvarpinu eru handahófskenndar og illa undirbúnar. Í meðförum nefndarinnar hafa þær verið að taka sífelldum breytingum og enn er alveg óljóst hvað einstakir þættir frumvarpsins, svo sem tilvísanakerfið og breytingarnar á tannlæknakostnaðinum, muni hafa í för með sér. Ákvæðum frumvarpsins um slysatryggingar hefur verið frestað um eitt ár vegna ónógs undirbúnings. Öllum II. kafla frumvarpsins, um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hefur verið frestað. Tillögur heilbrigðisráðherra um sparnað, sem upphaflega birtust í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993, hafa á síðustu vikum og dögum verið að taka sífelldum breytingum eins og fylgiskjal, sem fylgir með þessu nefndaráliti, ber glöggan vott um.

Meðlag, barnalífeyrir og mæðra- og feðralaun.

Meðlag og barnalífeyrir hækkar úr 7.551 kr. á mánuði í 10.300 kr. Þessi hækkun kemur þó ekki börnunum til góða heldur er hér um tilflutning að ræða frá ríkissjóði til meðlagsgreiðenda þar sem mæðra- og feðralaun eru lækkuð á móti, með einu barni úr 4.732 kr. í 1.000 kr. á mánuði, með tveimur börnum úr 12.398 kr. í 5.000 kr. á mánuði og með þremur börnum eða fleirum úr 21.991 kr. á mánuði í 10.800 kr. Fyrir einstætt foreldri, sem hefur forsjá barnsins eða barnanna, eru áhrifin af breytingunni þessi:

Eitt barn	Lög	Frumvarp
Meðlag/barnalífeyrir	7.551	10.300
Mæðra- og feðralaun	4.732	1.000
Samtals	**12.283**	**11.300**

Skerðing á mánuði er 983 kr. og á ári 11.796 kr. Þess má geta að mánaðargjald á dagheimili í Reykjavík er með öllu meðtöldu 9.750 kr.

Tvö börn	Lög	Frumvarp
Meðlag/barnalífeyrir	15.102	20.600
Mæðra- og feðralaun	12.398	5.600
Samtals	**27.500**	**25.600**

Skerðing á mánuði er 1.900 kr. og á ári 22.800 kr.

Þrjú börn og fleiri	Lög	Frumvarp
Meðlag/barnalífeyrir	22.653	30.900
Mæðra- og feðralaun	21.991	10.800
Samtals	**44.644**	**41.700**

Skerðing á mánuði 2.944 kr. og á ári 35.328 kr.

Af þessari samantekt er ljóst að hækkun meðlags og lækkun mæðra- og feðralauna mun leiða til umtalsverðrar skerðingar á kjörum þeirra er sjá um framfærslu og hafa forræði barnanna. Þó að upphæðirnar á mánuði eða ári séu ekki ýkja háar er skerðingin tilfinnanleg vegna þess að í flestum tilfellum er hér um að ræða fólk sem eingöngu verður að lifa á dagvinnulaunum og hefur ekki tækifæri til að afla sér viðbótartekna nema þá með miklum tilkostnaði vegna barnagæslu. En það er ekki bara sá sem hefur forræði barnsins og greiðir stærri hluta framfærslunnar sem verður fyrir skerðingu því að framfærendur barns eða barna eru tveir, sá sem forræðið hefur og sá sem meðlagið greiðir. Skerðing á kjörum þess sem meðlagið greiðir er ekki síður tilfinnanleg. Ef skerðing á kjörum framfærenda, þ.e. þess sem meðlagið greiðir og þess sem forræðið hefur, er skoðuð er hún þessi á ári:

Eitt barn	
Skerðing forræðisaðila vegna lækkunar mæðra- og feðralauna	11.796
Skerðing meðlagsgreiðanda vegna hækkunar meðlags	32.988
Skerðing framfærenda	44.784
Tvö börn	
Skerðing forræðisaðila	22.800
Skerðing meðlagsgreiðanda	65.976
Skerðing framfærenda	88.776
Þrjú börn og fleiri	
Skerðing forræðisaðila	35.328
Skerðing meðlagsgreiðanda	98.964
Skerðing framfærenda	134.292

Það kom fram hjá Gylfa Arnbjörnssyni, hagfræðingi Alþýðusambands Íslands, þegar hann mætti til fundar við nefndina, að með hækkun á meðlaginu gæti farið svo að skerðingin hjá þeim aðila, sem sér um framfærsluna og hefur forræði barnsins, gæti í raun orðið mun meiri en að framan er lýst því að við skilnað er stundum gerður samningur milli foreldra um að það foreldrið, sem ekki hefur forræði barnsins, taki þátt í kostnaði við framfærslu barnsins umfram það sem meðlagið gerir ráð fyrir. Þegar meðlagið hækkar er hættan því sú að slíkum samningum verði rift.

Það var mat stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga að 50% hækkun meðlagsgreiðslna mundi auka vanskil meðlagsgreiðenda við Innheimtustofnun úr um 265 millj. kr. á ári í tæpar 600 millj. kr.

Í breytingartillögum meiri hlutans er hins vegar gert ráð fyrir að lækka meðlagið frá því sem upphaflega var áætlað um 1.000 kr. á mánuði og því má búast við að vanskil við Innheimtustofnun minnki sem því nemur. Innheimtustofnunin sækir þá peninga, sem ekki innheimtast í meðlögum, í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og er það mat Sambands íslenskra sveitarfélaga að sú skerðing á Jöfnunarsjóði muni fyrst og fremst bitna á minni sveitarfélögunum. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið gert samkomulag milli sambandsins og ríkisstjórnar um að greiðsluskylda Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fari ekki yfir 300 millj. kr. á árinu 1993. Það sem umfram er verði greitt úr ríkissjóði en ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993. Uppsöfnuð vanskil á meðlögum við Innheimtustofnun sveitarfélaga er á fjórða milljarð króna. Gerðir hafa verið samningar um greiðslu vanskila við þúsundir meðlagsgreiðanda. Sú hækkun, sem nú er gert ráð fyrir að verði á meðlagsgreiðslum, mun vafalítið kollvarpa mörgum þessara samninga og þeim fyrirheitum sem þessir aðilar hafa gefið um greiðslu skulda sinna við Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Í lok október 1992 var greitt meðlag með 15.903 börnum. Sú hækkun á meðlaginu, sem meiri hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar leggur nú til, mun því þýða 525 millj. kr. viðbótarútgjöld fyrir meðlagsgreiðendur. Óskað var eftir að fá fulltrúa úr starfsstjórn nýstofnaðs Félags forsjárlausra foreldra til fundar við nefndina en því var hafnað þar til eftir að meðferð málsins í nefndinni væri lokið. Starfsstjórnin hefur hins vegar komið á framfæri við alþingismenn ályktun sem samþykkt var á stofnfundi félagsins 17. desember sl. og fylgir hún með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal.

Ekki má horfa eingöngu á þær breytingar sem verið er að gera á almannatryggingalögunum með þessu frumvarpi. Þær tengjast mjög þeim breytingum sem gerðar eru á

barnabótum, barnabótaauka og sköttum. Því óskaði nefndin eftir að reiknað yrði út hvaða áhrif allar þessar breytingar hefðu á einstæð foreldri eftir aldri og fjölda barna.

Slysatryggingar.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir að færa slysatryggingar almannatrygginganna yfir til vátryggingafélaganna og spara þannig 100 millj. kr. Þegar það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, var lagt fyrir Alþingi var hins vegar gert ráð fyrir að færa einvörðungu slysatryggingu ökumanns yfir til vátryggingafélaganna á árinu 1993 og spara með því 50 millj. kr. Breytingartillögur meiri hlutans gera nú ráð fyrir að þessu skuli frestað á árinu 1993. Þessi hringlandaháttur er dæmigerður fyrir öll þau vinnubrögð er einkennt hafa þetta mál.

Iðgjöld slysatrygginga almannatrygginga eru ákveðin með reglugerð skv. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978. Vátrygging ökumanns er innheimt með bifreiðagjöldum í upphafi hvers árs og var á árinu 1992 1.215 kr. Með tilflutningi á vátryggingu ökumanns yfir til vátryggingafélaganna yrði því að fella niður vátryggingu ökumanns við innheimtu bifreiðagjaldanna nema að því marki að hún stæði undir þeim skuldbindingum sem gerðar hafa verið á þessu ári, en koma til greiðslu á næstu árum. Sparnaður hefði því enginn orðið af þessum tilflutningi nema ef eigendur bifreiða hefðu áfram verið látnir greiða vátryggingu ökumanns inn til Tryggingastofnunar ríkisins en nytu ekki tryggingaverndar. Það er auðvitað ekki hægt og því hefur verið ákveðið að fresta gildistöku þessa ákvæðis um eitt ár. Þar af leiðandi munu ekki sparast þessar 50 millj. kr. sem fyrirhugaðar voru og alveg óljóst með hvaða hætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur hugsað sér að spara þær en í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir þessum sparnaði.

Tilvísanir.

Frá 1. janúar 1972 og fram til 1. apríl 1985 var tilvísanakerfið svokallaða við lýði með einum eða öðrum hætti. Tilvísun frá heilsugæslu- eða heimilislækni til sérfræðings var þá forsenda fyrir því að sjúklingur fengi reikning sérfræðings endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. 1. apríl 1985 var tilvísanakerfið afnumið til reynslu í eitt ár. Allt frá þeim tíma hefur það verið samkomulagsatriði í samningum milli sérfræðinga og Tryggingastofnunar ríkisins að tilvísanakerfinu skyldi ekki aftur komið á. Kostnaður við sérfræðilæknishjálp á föstu verðlagi miðað við júlí 1990 hefur á árunum 1983 til ársins 1990 þróast þannig í millj. kr.:

1983	466	1987	877
1984	455	1988	979
1985	590	1989	831
1986	690	1990	731

Árið 1990 var áætlað að kostnaður samkvæmt fjárlögum yrði 731 millj. kr. Hann mun þó hafa orðið nokkuð hærri.

Til að sýna þróunina á myndrænan hátt er með nefndaráliti þessu fylgiskjal sem sýnir þessa þróun.

Margir hafa viljað skýra þessa kostnaðarþróun út frá því að sérfræðingskerfið sé svo opið að allir læknar, sem ljúka sérfræðinámi, hafi greiðan aðgang að sjúkratryggingakerfinu. Fjölgun sérfræðinga frá árinu 1983–1989 er með eftirfarandi hætti:

Ár	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Fjöldi sérfræðinga	250	260	280	300	330	355	370

Á mynd, sem fylgir með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal, er sýnt hvernig fjöldi sérfræðinga hefur þróast á hverja 1.000 íbúa árunum 1980–1988. Útgjaldaaukningu sjúkratrygginganna fyrir sérfræðilæknishjálp má einnig skýra að einhverju leyti með því hver kostnaðarþátttaka einstaklinganna er á hverjum tíma. Árin 1983–1989 var kostnaðarþátttaka einstaklinganna í sérfræðilæknishjálpinni sem hér segir:

Ár	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Kostnaðarþátttaka	10%	30%	20%	17,3%	14%	16,5%	18,6%

Komum til sérfræðinga á árunum 1986–1991 hefur farið sífellt fjölgandi:

Ár	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Komur til sérfræðinga	306.298	358.179	396.227	401.693	386.547	408.513

Ekki er nokkur vafi á að kostnaðarhlutdeild einstaklinganna, hvort sem er í sérfræðilæknishjálpinni eða heimilislæknishjálpinni, hefur mikil áhrif á það með hvaða hætti og hvert einstaklingarnir sækja sér læknishjálp. Í janúar 1990 voru 38.308 komur til heilsugæslu- og heimilislækna. Með reglugerð sem gefin var út 15. febrúar 1990 var kostnaðarhlutdeild einstaklinganna breytt þannig að gjaldið til sérfræðings var hækkað en um leið var komugjald til heilsugæslu- og heimilislækna lagt niður. Í maí 1990 voru því komur til heilsugæslu- og heimilislækna 42.462. Í apríl 1991 voru þær komnar upp í 49.946. Með reglugerð, sem var gefin út 15. janúar 1992, var kostnaðarþátttökunni aftur breytt, en gjaldið til sérfræðinganna var hækkað úr 900 kr. í 1.500 kr. og 600 kr. gjald var sett á heimsóknir til heilsugæslu- og heimilislækna.

Við þessa breytingu varð verulegur samdráttur í heimsóknum til heilsugæslu- og heimilislækna. Í febrúar 1992 var samdrátturinn 10,6% miðað við sama tíma árið á undan. Í mars 1992 var 8% samdráttur miðað við sama tíma árið áður og í apríl 1992 um 23,5% miðað við sama tíma árið áður. Yfirlýstur tilgangur heilbrigðisráðherra með því að taka upp tilvísanakerfi aftur, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er sá að ná fram sparnaði í sérfræðilæknishjálpinni. Fullvíst má telja að einhver fækkun verði á komum til sérfræðinga verði tilvísanakerfið tekið upp og þar af leiðandi mun eitthvað draga úr kostnaði sjúkratrygginganna. Aftur á móti má búast við að aukning verði á heimsóknum til heilsugæslu- og heimilislækna. Fari allir, sem þurfa að sækja þjónustu sérfræðinga til heilsugæslulækna eða heimilislækna til að ná sér í tilvísun og komufjöldinn til sérfræðinga verði svipaður á árinu 1993 og hann var 1991 og allir sem koma til sérfræðinga verði með tilvísun, þýðir það útgjaldaauka fyrir þá sem leita til lækna upp á 245 millj. kr. á ári.

Um þetta atriði og um tilvísanakerfið í heild eru verulega skiptar skoðanir meðal lækna. Sérfræðingar leggja áherslu á að tilvísanakerfið muni ekkert spara sjúkratryggingunum heldur auka útgjöld og óhagræði einstaklinga. Heilsugæslulæknar telja hins vegar að með tilvísanakerfinu megi spara. Þessi ágreiningur endurspeglast í þeim bréfum og

ályktunum sem fylgja með þessu nefndaráliti. Báðar stéttirnar eru þó sammála um að tilvísanakerfið geti verið mikilvægur liður í að tryggja fagleg samskipti milli heimilislækna og heilsugæslulækna annars vegar og sérfræðinga hins vegar. En vilji ríkisvaldið ná því fram þá eigi ekki að gera það í tengslum við sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar.

Hjá sérfræðingum eru uppi miklar efasemdir um að heilsugæslulæknar og heimilislæknar geti sinnt því viðbótarálagi sem af tilvísanakerfinu hlýst en Félag íslenskra heimilislækna er þeirrar skoðunar að heilsugæslan í Reykjavík, heilsugæslustöðvarnar og heimilislæknarnir geti sinnt þessari auknu þjónustu.

Lyfjakostnaður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu á greiðslu sjúkratrygginga fyrir lyf að einungis lífsnauðsynleg lyf verði ókeypis. Vegna allra annarra lyfja þurfi sjúklingar að greiða hlutdeild í kostnaði í samræmi við reglur sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir að skilja á milli skráningar lyfja og greiðsluþátttöku ríkisins þannig að í hvert sinn sem nýtt lyf er skráð hér á landi þurfi að ákveða sérstaklega hvort og með hvaða hætti sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu kostnaðar viðkomandi lyfs.

Með þeirri lagaheimild, sem hér er óskað eftir, á að færa heilbrigðisráðherra enn víðtækara reglugerðarvald til að ákveða að hve miklu leyti lyfjakostnaði verði velt yfir á sjúklingana. Í áætlun ríkisstjórnarinnar um sparnað í lyfjakostnaði á árinu 1993 er gert ráð fyrir 440 millj. kr. sem skiptist þannig: Halli á árinu 1992 er um 200 millj. kr. sem velt er yfir á næsta ár. Síðan er gert ráð fyrir að ná niður venjubundinni aukningu í lyfjakostnaði upp á 240 millj. kr.

Lyf skiptast í grófum dráttum í fjóra flokka eftir greiðsluskiptingu sjúklinga og almannatrygginga. Lyf sem eru greidd að fullu af almannatryggingum, lyf sem eru greidd að fullu af almannatryggingum gegn framvísun lyfjaskírteinis, lyf þar sem sjúklingar greiða núna 25% hlutfall almennra greiðanda allt upp að 3.000 kr. greiðsluhámarki. Hjá elli- og örorkulífeyrisþegum er hlutfallið 10% og greiðsluhámarkið 700 kr.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, er fyrirhugað að setja nýja reglugerð um hlut sjúklinga í lyfjakostnaði um nk. áramót þar sem hlutur sjúklings á að hækka úr 26% í 32% eða um 210 millj. kr. og er þá miðað við sölu ársins 1992. Ætlunin er að gera þetta með því að dreifa greiðslum jafnt milli sjúklinga með því að færa lyf á milli greiðsluflokka. Gert er ráð fyrir að hætt verði að nota lyfjaskírteini.

Samkvæmt upplýsingum úr heilbrigðisráðuneytinu er einnig gert ráð fyrir því að í þessari reglugerð verði sett föst lágmarksupphæð, svokallað gólf í greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir hverja lyfjaávísun, en síðan taki við greiðsluhlutfall upp að ákveðnu hámarki svo sem verið hefur. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Apótekarafélags Íslands og Félags íslenskra lyfjafræðinga þá hefur að undanförnu náðst nokkur árangur í að fá lækna til að ávísa á ódýrasta lyf. Þegar búið er að setja fasta lágmarksupphæð fyrir hverja lyfjaávísun er viss hætta á að dragi úr verðsamkeppni á ódýrustu lyfjunum.

Önnur sparnaðaráform heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að draga úr lyfjakostnaði er að lækka álagningu lyfja í heildsölu og smásölu og að auka afslátt apóteka til Tryggingastofnunar ríkisins. Áætlað er að það gefi 120 millj. kr.; draga á úr kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar vegna nýrra lyfja og spara þannig 50 millj. kr.; hætta á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna lyfjakaupa dvalarheimila sem þýðir 50 millj. kr. sparnað á lyfjakaupalið Tryggingastofnunar en mun auka á útgjöld dvalarheimilanna.

Ljóst er að sjúkratryggingarnar verða að standa undir þessum viðbótarútgjöldum dvalarheimilanna með hærri daggjöldum.

Það kom fram hjá fulltrúum Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélagi Íslands, að sú breyting, sem nú stæði til að gera á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 300/1991, um næstu áramót, væri *fimmta breytingin* á reglugerðinni á rúmu einu ári. Fulltrúar þessara félaga fullyrtu báðir að aldrei hefði í raun og veru verið gefinn tími til að láta á það reyna hvaða afleiðingar breytingarnar hver um sig hefðu haft á þróun lyfjakostnaðar.

Tannlækningakostnaður.

Um sl. áramót var gerð sú breyting á endurgreiðslum hins opinbera vegna tannlækningaþjónustu að þátttaka foreldra í tannlæknakostnaði skólabarna var aukin úr 0 í 15%. Um leið var lækkuð kostnaðarþátttakan fyrir börn á aldrinum 0–5 ára úr 25% niður í 15%. Samkomulag náðist þá um að allir forvarnaliðir tannlækninganna, svo sem skoðun, flúorpenslun, flúorskolun og skorufyllur, væru foreldrum að kostnaðarlausu. Gert var ráð fyrir að þessar breytingar spöruðu á árinu 1992 um 280 millj. kr. Sá sparnaður hefur ekki náðst því að nú stefnir í að útgjöldin aukist á árinu 1992 um 100 millj. kr. frá fyrra ári.

Þessi útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins er fyrst og fremst skýrð með því að aukning hafi orðið á ýmsum liðum gjaldskrárinnar er snúa að forvörnum. Aukning hafi orðið á skoðunum um 15%, röntgen um 21%, flúormeðferð um 17% og skorufyllur hafi aukist um 43% og er sá samanburður miðaður við tímabilið ágúst til október 1991–1992. Hér er eingöngu miðað við þá aukningu sem orðið hefur hjá einkatannlækningum vegna barna og unglinga í Reykjavík og Kópavogi. Þær upplýsingar, sem borist hafa frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, benda til þess að þessi aukning hafi orðið bæði hjá einkatannlæknum og skólatannlæknum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að hækka kostnaðarhlutdeild foreldranna í tannlæknaþjónustu barnanna úr 15% í 25% og halda ekki lengur forvörnum, nema einni skoðun, utan kostnaðarþátttökunnar. Með þessu er verið að auka útgjöld foreldra vegna tannlækninga skólabarna um 190 millj. kr. Af fagmönnum hefur verið varað mjög við þessari leið því hún geti haft óheillavænleg áhrif á tannheilsuna. Væri það mikill skaði því á þessu sviði hafa Íslendingar náð verulegum árangri á undanförnum árum eins og sú mynd sýnir sem fylgir með áliti þessu sem fylgiskjal, en þar er breytingum á tíðni tannátu 12 ára barna árunum 1970–1990 lýst. Vorið 1970 voru tæplega níu skemmdar tennur í hverju 12 ára barni, en vorið 1992 er þessi fjöldi kominn niður í 2,7 skemmdar tennur að meðaltali í hverju 12 ára barni.

Þessi árangur byggir á öflugu starfi heilbrigðisyfirvalda og tannlækna á þessu sviði á undanförnum árum. Með fyrirhugaðri breytingu er veruleg hætta á að við fórnum þeim árangri sem náðst hefur. Hitt er svo aftur annað mál að það er margt sem bendir til þess að nauðsynlegt sé að taka á skipulagi og framkvæmd skólatannlækninganna, bæði hvað varðar einkatannlækna og skólatannlækna. Það ætti því að vera forgangsverkefni og leita þannig leiða til sparnaðar, en ekki að velta útgjaldavandanum yfir á foreldrana og fórna tannverndarárangrinum.

Útboð á þjónustu.

Í 8. gr. frumvarpsins er leitað eftir heimild fyrir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins til að gera samning um einstaka þætti þeirrar þjónustu sem deildinni ber að veita, t.d. með útboðum á þjónustunni. Vel kemur til greina að láta slík útboð fara fram séu þau vel skilgreind og inni á ákveðnu sviði þjónustunnar, svo sem í rannsóknarlækningunum. Vel mætti hugsa sér að láta fara fram útboð meðal þeirra fjölda rannsóknastofa sem stofnaðar hafa verið á undanförnum árum og leita þannig leiða til þess að draga úr kostnaði við rannsóknarþjónustuna. Slík útboð, sem eru á vel skilgreindu og afmörkuðu sviði heilbrigðisþjónustunnar, gætu leitt til kostnaðarlækkunar.

Með tilliti til ofanritaðs leggur minni hluti nefndarinnar til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. des. 1992.

Finnur Ingólfsson, frsm. Svavar Gestsson. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Sigurður Þórólfsson.

Fylgiskjöl voru birt með nefndarálitinu í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um fylgiskjölin vísast til lausaskjalsins. Hér fer á eftir skrá yfir þau.

Fylgiskjöl:

I. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:* Sparnaðartillögur heilbrigðisráðherra, ásamt útreikningum á meðlagi, mæðralaunum, barnabótum, barnabótaauka og sköttum einstæðs foreldris miðað við fjölda barna.

II. Bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 11. desember 1992.

III. Bréf starfsstjórnar Félags forsjárlausra foreldra til heilbrigðis- og tryggingamálanefndar, 19. desember 1992, ásamt ályktun stofnfundar Félags forsjárlausra foreldra.

IV. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Tryggingastofnun ríkisins:* Kostnaður við komu sjúklinga til sérfræðinga og sjálfstætt starfandi heimilislækna, súlurit og töflur.

V. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti*: Fjöldi sérfræðinga á 1000 íbúa 1980–1988, línurit.

VI. Bréf Læknafélags Reykjavíkur til heilbrigðis- og tryggingamálanefndar, 16. desember 1992, ásamt greinargerð með ályktunartillögu á fundi LR 15. desember 1992; einnig bréf til Læknafélags Reykjavíkur, 18. desember 1992, og bréf til Læknafélags Reykjavíkur, 17. desember 1992.

VII. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:* Minnisblað um greiðslur á lyfjum, 16. desember 1992.

VIII. Bréf Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, 11. desember 1992.

IX. Bréf Öryrkjabandalags Íslands til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, 16. desember 1992.

X. Bréf til heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti: Könnun á notkun á gjaldliðum vegna fyrirbyggjandi meðferðar/skoðunar samkvæmt taxta TFÍ og TR í Reykjavík og Kópavogi, 10. desember 1992.

XII. Bréf Félags skólatannlækna í Reykjavík til heilbrigðis- og trygginganefndar, 12. desember 1992.

XIII. Bréf frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til heilbrigðis- og trygginganefndar, 11. desember 1992.

XIV. Bréf Landssamtakanna Heimilis og skóla til heilbrigðis- og trygginganefndar, 17. desember 1992.

XV. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:* Línurit yfir breytingar á tíðni tannátu 12 ára barna 1970–1990 og tafla og línurit yfir meðaltal skemmdra, úrdreginna og fylltra fullorðinstanna 6–15 ára barna í skólum Reykjavíkur 1983–1991.

548. Fyrirspurn [315. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hversu margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota á árinu 1992?

549. Nefndarálit [275. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um samninga þessa og leggur meiri hluti nefndarinnar til að þeir verði staðfestir af Alþingi eins og færð eru rök fyrir í þessu nefndaráliti.

I. Meðferð málsins í nefndinni.

Allt frá því að viðræður hófust 1976 milli Íslands og Evrópubandalagsins (EB) um samstarfssamning um fiskveiðimál hefur utanríkismálanefnd fylgst með þessum viðræðum á ýmsum stigum málsins. Umfjöllun nefndarinnar um hugsanleg samskipti Íslands og EB á sviði fiskveiðimála hefur þó verið mest á sl. tveimur árum og tengist því að í samningaviðræðum EFTA og EB um Evrópska efnahagssvæðið lagði Evrópubandalagið mikla áherslu á að Ísland og EB gengju frá tvíhliða fiskveiðisamningi og leystu þannig jafnframt gamalt ágreiningsmál sitt.

Á fundi utanríkismálanefndar 20. júní 1991 kynntu utanríkis- og sjávarútvegsráðherra tillögur sem ræddar höfðu verið af fulltrúum Íslands og EB í tengslum við ráðherrafund EFTA og EB í Lúxemborg og fólu í sér gerð almenns rammasamnings um fiskveiðimál og samnings um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Á fundi nefndarinnar 22. október skýrðu utanríkis- og sjávarútvegsráðherra frá því að samkomulag hefði náðst við EB um að auk EES-samningsins yrðu gerðir tvíhliða samningar milli Íslands og EB um fiskveiðimál og gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Utanríkisráðherra skýrði nefndinni frá því 14. febrúar 1992 að fyrr þann sama dag hefðu fulltrúar Íslands og EB skipst á yfirlýsingum (erindaskiptum) um gerð samnings um fiskveiðimál er m.a. fæli í sér skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Á fundi nefndarinnar 16. nóvember 1992 kynnti utanríkisráðherra drög að samningum um fiskveiðimál milli Íslands og EB. Annars vegar var um að ræða samning í formi erindaskipta um fiskveiðimál (gagnkvæm skipti á veiðiheimildum) og hins vegar rammasamning um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Þingsályktunartillaga um staðfestingu þessara samninga var síðan lögð fyrir Alþingi 30. nóvember 1992 og vísað formlega til utanríkismálanefndar 4. desember 1992. Á fundi sínum 7. desember 1992 ákvað utanríkismálanefnd að óska eftir umsögn sjávarútvegsnefndar þingsins um samningana. Í umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar er mælt með því að fiskveiðisamningarnir taki gildi sem fyrst. Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Auk þeirra funda utanríkismálanefndar, sem nefndir hafa verið hér á undan, hefur gerð fiskveiðisamninga milli Íslands og EB oft komið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar síðustu mánuði og enn fremur hefur nefndin átt tvo sameiginlega fundi um málið með sjávarútvegsnefnd þingsins, þann fyrri 24. nóvember sl. og þann síðari 19. desember sl. Þá hefur nefndin einnig fengið á sinn fund til viðræðna um málið Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Magnús Gunnarsson, forstjóra SÍF, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra LÍÚ, Guðjón A. Kristjánsson, formann FFSÍ, Benedikt Valsson, hagfræðing FFSÍ, Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Þorstein Ingólfsson, ráðuneytisisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

II. Sögulegir og pólitískir þættir málsins.

Sögu samningaviðræðna Íslands við Evrópubandalagið um fiskveiðimál má rekja allt aftur til ársins 1972 þegar Íslendingar gerðu fríverslunarsamning við bandalagið. Þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, kynnti fríverslunarsamninginn á Alþingi 13. febrúar 1973, m.a með þessum orðum:

„Annað meginvandamálið, sem við var að glíma í samningagerðinni, var krafa bandalagsins um að binda saman fiskveiðiréttindi bandalagslandanna hér á Íslandsmiðum og almenn viðskiptaréttindi á milli samningsaðila. Lengst af var það bein krafa bandalagsins að ekki yrðu skert fiskveiðiréttindi bandalagslandanna við Ísland frá því sem þau voru fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. september 1972 ef tollfríðindi ætti að veita fyrir íslenskar sjávarafurðir í löndum bandalagsins. Þessum kröfum bandalagsins tókst þó að fá breytt í verulegum atriðum þó að því miður tækist ekki að hnekkja þeim kröfum að fullu. Eins og gengið var frá samningunum að lokum getur bandalagið ákveðið að Ísland njóti ekki þeirra tollfríðinda fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem ráðgerð eru í samningunum, telji bandalagið að lönd þess hafi ekki fengið viðunandi lausn á efnahagserfiðleikum sínum vegna ráðstafana Íslands í fiskveiðiréttarmálum. Þessi fyrirvari bandalags-

ins er auðvitað mjög andstæður hagsmunum okkar þar sem meginhluti okkar útflutnings til bandalagsins er sjávarafurðir. Við undirskrift samningsins í Brussel 22. júlí sl. var það skýrt tekið fram af Íslands hálfu að ef þessi fyrirvari yrði látinn koma til framkvæmda væri framtíð samningsins í hættu."

Svo sem rakið er í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samningsins við EB hófust samningaviðræður Íslands og EB um samstarfssamning um sjávarútvegsmál eftir lausn landhelgisdeilnanna við Bretland og Þýskaland og gildistöku bókunar 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB árið 1976. Þær stóðu yfir með hléum fram til 1981 og lágu þá fyrir drög að svonefndum rammasamningi. Hins vegar var ágreiningur um skiptingarhlutföll sameiginlegra fiskstofna. Í skýrslu Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982 um utanríkismál er sagt frá samningnum við EB í júlí 1981 með þessum hætti: „Þar náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf, en endanlegt samþykki var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa og rækju, og skiptingu kvótans. Svo mikið bar í milli í þeim málum að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma."

Á fundi utanríkismálanefndar 2. desember 1991 var lögð fram frásögn þar sem segir að 7. mars 1989 hafi hugmyndinni um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum verið hreyft á fundi sjávarútvegsráðherra Íslands með framkvæmdastjóra EB sem fer með sjávarútvegsmál. Sama hugmynd var síðan reifuð við framkvæmdastjórn EB á fundum sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands áttu með framkvæmdastjórnarmönnum EB í Brussel 18. apríl 1990.

Allt frá 1972 hafa Íslendingar lagt áherslu á að þeir geti ekki samþykkt kröfu EB um aðgang að fiskveiðilögsögu Íslands í skiptum fyrir tollaívilnanir fyrir sjávarafurðir á EB-markaðinum. Málið tók nýja stefnu með hugmyndinni um gagnkvæmar veiðiheimildir og nú hefur verið samið um þá lausn að Íslendingar fái hlutdeild í þeirri loðnu sem EB kaupir af Grænlendingum.

Áhersla skal á það lögð að veiðiheimildum ber að úthluta árlega. Í 4. gr. samningsins um fiskveiðimál og lífríki hafsins segir í 1. tölul.: „Aðilar skulu árlega hafa samráð um úthlutanir á veiðiheimildum til hvors aðila með það í huga að ná ásættanlegu jafnvægi í samskiptum sínum á sviði fiskveiða." Einnig er vakin athygli á því ákvæði í viðauka A við niðurstöður fiskimálaviðræðna milli Íslands og EB frá 27. nóvember 1992 þar sem segir að beri svo undir að lækka verði aflaheimild annars samningsaðilans, vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna, skuli samningsaðilar tafarlaust ræðast við í þeim tilgangi að koma aftur á jafnvægi. Er mikilvægt að halda þessu tvennu á loft til að minna á þá staðreynd að með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er hvorki verið að rígbinda aflategundir til langs tíma né útiloka viðræður vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna.

Minnt er á hugmyndir sem fram hafa komið í umræðum um þetta mál á Alþingi varðandi þann hátt á framkvæmd samkomulags Íslands og EB að unnt verði að nota veiðiheimildirnar til skipta við ríki sem standa utan samningsins. Hljóta slík skipti að koma til álita eins og allt er stuðlar að sanngjarnri og hagkvæmri lausn á þessu langvinna ágreiningsmáli.

III. Niðurstaða.

Eins og áður segir vísaði utanríkismálanefnd þingsályktunartillögunni um staðfestingu fiskveiðisamninganna við EB til umsagnar sjávarútvegsnefndar Alþingis og fór hún yfir faglega þætti málsins. Það er hlutverk utanríkismálanefndar að meta hinn stjórn-

málalega þátt. Að mati meiri hluta nefndarinnar er hag Íslands best borgið með því að Alþingi veiti ríkisstjórninni tafarlaust heimild til að staðfesta þá samninga sem getið er í tillögunni. Ástæðulaust er nú á lokastigi málsins að tengja ákvörðun Alþingis í málinu við gildistöku EES-samningsins. Með því væri í raun brotið gegn þeirri 20 ára gömlu meginstefnu Íslendinga að ekki skuli blandað saman tollaívilnunum og fiskveiðiheimildum í samskiptum EB og Íslands um viðskiptamál. Niðurstaðan, sem liggur fyrir í samningaviðræðum Íslands og EB um fiskveiðimál og lífríki hafsins, er í samræmi við íslenska hagsmuni.

Meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til við Alþingi að án tafar verði samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta þessa samninga fyrir Íslands hönd.

Alþingi, 21. des. 1992.

Björn Bjarnason, form., frsm. Össur Skarphéðinsson. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Árni R. Árnason. Geir H. Haarde.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með bréfi dags. 7. desember að sjávarútvegsnefnd gæfi álit sitt á tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins. Sjávarútvegsnefnd hefur haldið þrjá fundi um málið, auk tveggja sameiginlegra funda með utanríkismálanefnd. Við umfjöllun sjávarútvegsnefndar kom Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra til fundar við nefndina og auk hans eftirtaldir embættismenn og talsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi: Helgi Hallvarðsson og Jón Magnússon frá Landhelgisgæslunni, Kristján Ragnarsson frá LÍU, Þorsteinn Gíslason frá Fiskifélagi Íslands, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Gunnar Snorri Gunnarsson og Harald Aspelund frá utanríkisráðuneytinu og Árni Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar var að mæla með samþykkt tillögunnar án breytinga. Meiri hlutann skipa Össur Skarphéðinsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson.

Hér fer á eftir greinargerð um afstöðu meiri hlutans.

I. AÐDRAGANDI

Allt frá því landhelgisstríðum lauk 1976 hafa viðræður um samstarf um fiskveiðimál staðið yfir, með nokkrum hléum, við Efnahagsbandalag Evrópu. Drög að rammasamningi lágu fyrir árið 1981 þegar upp úr slitnaði vegna deilna um skiptingu sameiginlegra fiskstofna í lögsögu Grænlands. Slitróttar viðræður áttu sér síðan stað allt fram til ársins 1990.

Þegar skriður komst á samninga um Evrópska efnhagssvæðið um miðbik ársins 1991 hófust viðræður að nýju um rammasamning sem varðaði fiskveiðar og lífríki hafsins. Í október sama ár náðist samkomulag um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Samningurinn var útfærður nánar í viðræðum sem fóru fram veturinn 1991–1992. 14. apríl 1992 luku samninganefndir aðilanna endanlegri vinnu af sinni hálfu. Formlegar lyktir á samningaferlinu urðu svo í Óportó 2. maí 1992 með erindaskiptum milli Íslands og Evrópubandalagsins.

Í erindaskiptunum var mælt fyrir um gerð sérstaks rammasamnings um samstarf á sviði sjávarútvegs og jafnframt um gagnkvæm skipti á takmörkuðum veiðiheimildum sem hæfust árið 1993. Í þeim var jafnframt slegið föstu að hámark þeirra heimilda, sem EB gæti fengið frá Íslendingum, yrði ígildi 3 þús. karfatonna og í staðinn fengju Íslendingar að veiða 30 þús. tonn af loðnu sem bandalagið keypti með sérstökum samningi af Grænlendingum.

Erindaskiptin skilgreindu jafnframt þau tvö svæði sem skip frá EB mættu sækja til að nýta veiðiheimildir bandalagsins. Svæðin voru valin með tvennt fyrir augum, að þorskur yrði ekki hluti af aukaafla togara bandalagsins og að eftir árið 1993 gæti bandalagið freistað þess að auka hlut langhala í leyfilegu aflamagni. Þau kváðu jafnframt á um að rammasamningurinn skyldi fela í sér skilmála fyrir nýtingu fiskveiðiheimildanna og tilgreindu sérstaklega að útfæra þyrfti eftirfarandi atriði: Skip EB skyldu hafa um borð eftirlitsmann á eigin kostnað innan lögsögunnar, þau hlíttu innlendum reglum um fiskvernd, leyfilegur veiðitími þeirra yrði takmarkaður við tímabil milli júlí og desember, verksmiðjutogarar yrðu útilokaðir frá veiðunum, einungis takmarkaður fjöldi veiðileyfa yrði gefinn út og tilkynningarskylda gilti um komu og brottför skipanna úr fiskveiðilögsögunni.

Viðræður fulltrúa Íslands og EB um þessi atriði fóru fram í kjölfar erindaskiptanna og frá sjálfum rammasamningnum var svo gengið á fundi samninganefnda aðilanna í Brussel 27. nóvember 1992. Samtímis var lokið gerð samningsins um framkvæmd og eftirlit með veiðunum sem færu fram árið 1993 eins og Óportó-samningurinn mælti fyrir um.

Efni rammasamningsins varðar einkum sameiginlega stofna. Í honum var lagður almennur grunnur að frekara samstarfi á sviði sjávarútvegsmála, m.a. kveðið á um samvinnu um skynsamlega nýtingu sameiginlegra fiskstofna, lögð áhersla á að nauðsynlegar vísindarannsóknir færu fram og að settum reglum um fiskvernd yrði hlítt. Þar var jafnframt afráðið að aðilar skuli ár hvert hafa samráð um skipti á veiðiheimildum og tekið fram með skýrum hætti að grunnreglan í þeim samskiptum væri „að ná ásættanlegu jafnvægi“. Þar kemur og fram að samningurinn gildi í 10 ár.

Samningurinn um framkvæmd og eftirlit veiðanna 1993 staðfestir fyrri ákvarðanir frá Óportó um að Íslendingar fái 30 þús. tonn af loðnu í skiptum fyrir 3 þús. tonn af karfa sem togarar EB fá. Mikilvægustu ákvæði samningsins er að finna í Viðauka A þar sem mælt er fyrir um að verði nauðsynlegt að minnka kvóta annars aðilans vegna líffræðilegra aðstæðna í hafinu fari fram *tafarlausar* viðræður til að „koma aftur á jafnvægi“. Jafnframt er kveðið á um að komi upp ófyrirséðar aðstæður skuli aðilar hafa samráð sín

á milli. Þetta ákvæði er mjög þýðingarmikið með hliðsjón af 4. gr. rammasamningsins þar sem afdráttarlaust er sagt að grunnreglan í skiptum á veiðiheimildum eigi að vera *ásættanlegt jafnvægi.*

Viðauki B hefur svo að geyma ítarlega útfærslu á framkvæmd samningsins og fyrirkomulagi leyfisveitinga. Þennan samning ber að endurskoða árlega, meðan rammasamningurinn er í gildi.

II. ÁKVÆÐI SEM VARÐA FRAMKVÆMD OG EFTIRLIT

Sá þáttur samningsins, sem varðar framkvæmd og eftirlit, hefur ekki sætt teljandi gagnrýni. Helstu kröfur Íslendinga um þetta efni náðust fram. Um fjölda útgefinna veiðileyfa varð niðurstaðan sú að alls mega 18 skip veiða við Ísland en aldrei fleiri en fimm í einu, þ.e. tvö á öðru svæðinu og þrjú á hinu. Það er hins vegar skoðun meiri hluta sjávarútvegsnefndar að við árlegar endurskoðanir megi undir engum kringumstæðum ljá máls á að fjölga skipum sem heimilt er að vera við veiðar í einu. Fremur væri æskilegt að fækka þeim og sjálfsagt að við endurskoðun komandi ára á samningnum leggi samningamenn Íslands kapp á að einungis sami fjöldi, þ.e. tvö skip, megi í senn vera að veiðum á hvoru svæðinu.

*

Forsenda þess að hægt sé að fallast á takmarkaðar veiðar erlendra skipa í lögsögunni, eins og samningurinn gerir ráð fyrir, er strangt eftirlit með veiðunum. Þannig er sérstaklega brýnt að góð tök séu á að fylgjast nákvæmlega með aflabrögðum skipa EB innan lögsögunnar. Traustar upplýsingar þurfa að liggja fyrir um hvaða afli — ef einhver — er um borð þegar skipin koma til veiðanna. Sömuleiðis verða upplýsingar um aflamagn, sem vigtað er upp úr skipunum erlendis, að vera trúverðugar. Hvað fyrra atriðið varðar náðist í samningunum fram að hafi skip verið að veiðum utan lögsögunnar landi það afla sínum í íslenskri höfn áður en það heldur til veiða innan lögsögunnar. Að því marki er eftirlit með aflabrögðum fullnægjandi. Fiskveiðisamningnum fyrir árið 1993 fylgir jafnframt listi með 19 höfnum sem veiðiskip EB mega landa í. Forsvarsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, sem komu til fundar við sjávarútvegsnefnd, voru sérstaklega spurðir um traust þeirra á umræddum höfnum. Svör þeirra voru á þá lund að ekki er talin ástæða til að vefengja trúverðugleik upplýsinga frá yfirvöldum viðkomandi hafna.

Með hliðsjón af ofangreindu er því erfitt að draga aðra ályktun en þá að samningurinn geri Íslendingum kleift að fylgjast ítarlega með aflabrögðum togara EB innan lögsögunnar. Hins vegar er nauðsynlegt að samningurinn kveði á um aðgerðir af hálfu Íslendinga ef í ljós kemur að upplýsingar annaðhvort reynast rangar eða óhófleg töf verður á að þær berist. Að því þarf að hyggja við árlega endurskoðun samningsins.

*

Samningurinn leyfir ekki að verksmiðjuskip nýti veiðiheimildir EB. Hins vegar er skipum EB heimilt að frysta aflann um borð. Samþykkt var sú krafa Íslendinga að óheimilt verði að hausa karfann. Hann þarf því að heilfrysta, en heilfrystur karfi hefur ekki verið eftirsótt markaðsvara. Íslensk skip, sem frysta karfa, hausa hann jafnan og slægja, og

þannig hefur honum verið pakkað um borð til sölu erlendis. Langbesta verðið fæst fyrir karfann í því formi.

Meiri hluti nefndarinnar telur því að þar sem óheimilt er að hausa karfann verði niðurstaðan sú að frystitogarar EB muni ekki nýta sér veiðiheimildir bandalagsins og einungis ísfisktogarar haldi hingað til veiða. Talsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi voru sömu skoðunar.

*

Samningurinn gerir ráð fyrir að það verði á könnu Landhelgisgæslunnar að fylgjast með komu togara EB inn og út úr lögsögunni. Það er að sjálfsögðu í þágu íslenskra hagsmuna að Landhelgisgæslan geti í senn sannreynt upplýsingar skipanna með sem minnstu erfiði og tilkostnaði og um leið fylgst með því hvort skipin eru að veiðum eða á siglingu.

Hraðfleyg tækniþróun auðveldar þetta mjög. Unnt er að að nýta saman alþjóðlegt staðsetningarkerfi, GPS (Global Positioning System), og alþjóðlega fjarskiptakerfið InMarSat (International Maritime Satellite Organization). GPS gerir m.a. skipum kleift að staðsetja sig mjög nákvæmlega, en með þróuðum fiskveiðiþjóðum er kerfið nú orðið útbreitt. Ísland á fulla aðild að InMarSat sem sett var á stofn í Lundúnum 1976. Í þeim skipum, þar sem GPS-staðsetningartæki er að finna, þarf einungis að bæta við smávægilegum tækjabúnaði til að stjórnstöð Landhelgisgæslunnar gæti gegnum InMarSat-kerfið fengið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu og hraða þeirra.

Rétt þykir að við árlega endurskoðun verði þess freistað að ná því fram að einungis skip, sem búin eru þessum tækjum, fái að nýta veiðiheimildir EB innan lögsögunnar.

*

Meiri hluti nefndarinnar telur enn fremur að eftirlitsmenn Íslendinga um borð eigi að vera starfsmenn Landhelgisgæslunnar og þar með dómsmálaráðuneytisins fremur en sjávarútvegsráðuneytisins. Þar með er tryggara að Landhelgisgæslan fylgist ítarlegar með ferðum og vinnubrögðum togaranna.

Þá er enn fremur ljóst að samningurinn leggur aukna ábyrgð og verkefni á herðar Landhelgisgæslunni. Í samræmi við þetta aukna hlutverk er eðlilegt að uppbyggingu Landhelgisgæslunnar sé betur sinnt en ella.

III. ÁLITAMÁL

Ágreiningsefni, sem varða staðfestingu samningsins, eru einkum ferns konar:

Í fyrsta lagi hafa komið fram andmæli gegn því að gera samninga sem opna togurum EB leið inn í íslenska lögsögu og því haldið fram að með því sé yfirráðum Íslendinga yfir fiskveiðilögsögunni stefnt í hættu.

Í öðru lagi er deilt um nauðsyn þess að fullgilda samninginn fyrir áramótin 1992–1993, með vísan til þess að gildistaka samningsins um Evrópska efnahagssvæðisið dregst og verður ef til vill ekki að veruleika fyrr en um mitt ár.

Í þriðja lagi eru mismunandi skoðanir uppi um hvort veiðiheimildir Íslendinga og EB séu jafngildar.

Í fjórða lagi hefur verið gagnrýnt að ekki sé tryggt að veiðiheimildir EB minnki ef Íslendingar ná ekki sínum kvóta.

Viðhorf meiri hluta sjávarútvegsnefndar gagnvart þessum atriðum eru eftirfarandi:

1. Gagnkvæmar veiðiheimildir.

EB hefur um langt skeið leitað eftir því að fá einhliða veiðiheimildir í lögsögu EFTA-ríkja í skiptum fyrir tollfríðindi. Íslensk stjórnvöld hafa ævinlega harðneitað öllum slíkum óskum EB. Um það hefur verið fullkomin samstaða á millum allra stjórnmálaflokkanna og jafnframt að tengja aldrei saman tollfríðindi og veiðiheimildir. Það er hins vegar afar mikilvægt að rugla ekki saman skiptum á veiðiheimildum og viðskiptafríðindum annars vegar og hins vegar skiptum á takmörkuðum, jafngildum veiðiheimildum.

Allar götur síðan 1981 hefur það legið fyrir að íslensk stjórnvöld hafa verið til viðræðu um skipti á takmörkuðum, *gagnkvæmum veiðiheimildum*. Í viðtali við Morgunblaðið 4. mars 1989 sagði þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson: „Við höfum ... alltaf sagt þegar EB-löndin hafa verið að krefjast veiðiheimilda: „Við skulum tala um veiðiheimildir fyrir veiðiheimildir. Komið þið með eitthvað sem við höfum áhuga á.““ Það var svo ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem hóf viðræður um skipti á veiðiheimildum við EB, undir forustu þáverandi sjávarútvegsráðherra, Halldórs Ásgrímssonar.

Af þeim fimm stjórnmálaflokkum, sem nú sitja á Alþingi, hafa því fjórir setið í ríkisstjórnum sem hafa átt viðræður við EB sem snertu skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum. Hinn fimmti, Samtök um kvennalista, hefur aldrei tekið afstöðu gegn skiptum á gagnkvæmum veiðiheimildum. Það liggur því fyrir að þeir flokkar, sem nú eiga fulltrúa á Alþingi, eru ekki í grundvallaratriðum andsnúnir slíkum skiptum.

*

Staðhæfingar um að samningurinn stefni yfirráðum Íslendinga yfir eigin lögsögu í hættu þarf að skoða í ljósi eftirfarandi: Skiptin á veiðiheimildum eru afar takmörkuð. Magnið, sem EB má taka, er samkvæmt verðmætastuðlum sjávarútvegsráðuneytisins ígildi 1.230 tonna af þorski. Samkvæmt upplýsingum sjávarútvegsráðuneytisins nam heildarafli Íslendinga ígildi 473 þúsunda tonna af þorski á síðasta ári. Veiðiheimildirnar, sem Íslendingar láta í skiptum við EB, eru því aðeins um fjórðungur prósents, eða 0,26% af heildarafla síðasta árs.

Þá ber einnig að líta til þess að einungis fimm skip fá að veiða í senn, á aðeins tveimur afmörkuðum svæðum á tímabilinu milli júlí og desember. Enn fremur ber að minna á að samningurinn er uppsegjanlegur og er vert að undirstrika einnig að náist ekki samkomulag í hinum árlega samningi verða einfaldlega engar veiðiheimildir veittar.

Umræðan um samninginn gefur tilefni til að ætla að sumir af andmælendum hans viti ekki af fiskveiðisamningum sem þegar eru fyrir hendi við erlendar þjóðir. Þannig hefur mátt ætla af málflutningi þeirra að með samningnum sé í fyrsta sinn frá útfærslu landhelginnar verið að hleypa erlendum skipum inn í lögsöguna. Það er hins vegar hrapallegur misskilningur:

— Norðmenn og Grænlendingar hafa samkvæmt milliríkjasamningum rétt til loðnuveiða í íslenskri lögsögu.
— Færeyingar hafa jafnframt samning um fiskveiðar sem jafngildir einhliða veiðiheimildum við Ísland. Það er ekki óalgengt að á þriðja tug færeyskra skipa séu að veiðum innan lögsögunnar.

— Sömuleiðis hafa tilteknir togarar frá EB haft *einhliða* veiðiheimildir innan íslensku lögsögunnar allar götur frá árinu 1975. Með samningi frá 28. nóvember 1975 var 12 tilgreindum belgískum togurum veitt heimild til togveiða á ákveðnum svæðum við Ísland. Á þessum tíma hafa þeir veitt 48.552 tonn við landið. Þessi samningur hefur ekki leitt til þess að EB hafi náð stærri samningum um veiðar við Ísland.

Í ljósi þessa hafnar meiri hluti sjávarútvegsnefndar þeirri skoðun að samningurinn stefni yfirráðum Íslendinga yfir eigin landhelgi í voða og telur að þær takmörkuðu gagnkvæmu veiðiheimildir, sem hann felur í sér, séu ásættanlegar.

2. Gildistaka.

Í ljósi þess sem nefnt hefur verið „breyttar aðstæður" — og þá er væntanlega átt við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um EES í Sviss — hefur sú skoðun komið fram að rétt sé að fresta gildistöku tvíhliða samningsins. Gegn þessu hníga eftirfarandi rök:

EB hefur frá upphafi reynt að tengja tvíhliða samninginn um sjávarútveg við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meðal annars lagði bandalagið fram sérstaka einhliða bókun í tengslum við samninginn um EES þar sem þess var freistað að hnýta saman gildistöku samninganna. Íslendingar hafa hins vegar alla tíð lagt gríðarlega áherslu á að ekkert samband sé þar á milli. Engum blandast hugur um að samskipti Íslands og EB munu fara vaxandi á næstu árum og samningar um margvísleg málefni, sem varða hag beggja, eiga eftir að fara fram. Af þeim sökum er ekki hægt að undirstrika nógsamlega mikilvægi þess að hafna öllum tengingum á milli viðskiptafríðinda innan EB annars vegar og samningum sem varða samstarf á sviði sjávarútvegs hins vegar.

Nú er ljóst að gildistaka EES tefst fram á árið 1993. Með því að staðfesta tvíhliða samninginn fyrir áramót, eins og ætlað var, gefst því mikilvægt tækifæri til að skilja enn rækilegar en áður á milli EES og sjávarútvegssamningsins. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar telur því einboðið að það tækifæri sé nýtt, enda þjónar það margvíslegum hagsmunum Íslendinga.

Allar vangaveltur um að fresta gildistökunni uns EES tekur gildi hljóta því að vera byggðar á hrapallegum misskilningi á því sem Íslandi er fyrir bestu.

*

Samningurinn gerir ráð fyrir að loðnuveiðar Íslendinga standi frá janúar fram í apríl. Karfaveiðar EB eiga hins vegar að fara fram milli júlí og desember. Það liggur því í augum uppi að verði gildistöku tvíhliða samningsins frestað fram á árið 1993 minnka líkur á að Íslendingar nái að nýta loðnuheimildirnar. Frestun gildistökunnar getur því leitt til þess að Íslendingar tapi af heimiluðum loðnuveiðum árið 1993 en EB geti aftur á móti nýtt sér karfann. Sú staða er algerlega óásættanleg að mati meiri hluta sjávarútvegsnefndar og ekki síst af þeim sökum telur hann brýnt að fresta ekki gildistökunni.

*

Í umræðunni hefur enn fremur verið bent á þann möguleika að fresta gildistöku tvíhliða samningsins um heilt ár. Sú leið er hins vegar ófær. Ástæðan er eftirfarandi: Í tengslum við samninginn um EES gerði EB sérstaka bókun. Þar áskildi bandalagið sér rétt

til að fresta gildistöku *alls* EES-samningsins ef tilteknir tvíhliða samningar, þar á meðal sjávarútvegssamningur þess við Ísland, hafi ekki öðlast fullgildingu þegar EES-samningurinn tekur gildi.

Frestun á fullgildingu tvíhliða samningsins um ár mundi því stefna EES-samningnum í mikla hættu sem væri fráleitt í þágu íslenskra hagsmuna og væri einnig andstætt hagsmunum og vilja samstarfsþjóða okkar í EFTA.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar telur því rangt að taka þá áhættu sem felst í frestun á gildistöku tvíhliða samningsins.

3. Jafngildi veiðiheimildanna.

Ein harðasta gagnrýnin á tvíhliða samninginn felst í þeirri staðhæfingu að hinar gagnkvæmu veiðiheimildir samningsaðila séu ekki jafngildar. Þessi gagnrýni er tvíþætt:

— Annars vegar er staðhæft að verðmæti loðnuaflans, sem fellur í hlut Íslendinga, sé minna en verðmæti karfans sem EB fær að veiða.

— Hins vegar er því haldið fram að Íslendingar hefðu hvort sem er fengið að veiða umrætt loðnumagn af þeirri ástæðu að loðnan sé ekki veiðanleg við Grænland og mundi því ganga yfir í lögsögu Íslendinga.

Afstaða meiri hluta sjávarútvegsnefndar gagnvart þessari röksemdafærslu er eftirfarandi:

Í upphafi fiskveiðiárs gefur sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð um verðmætastuðla sem notaðir eru til að umreikna aflamagn veiddra tegunda yfir í þorskígildi. Stuðlarnir byggjast á innlendu markaðsverði síðustu 12 mánuðina á undan. Á yfirstandandi ári er verðmætastuðull þorsks 1,00, loðnu 0,05 og karfa 0,41. Samkvæmt því eru því 30 þús. tonn af loðnu ígildi *1.500 tonna* af þorski, en 3 þús. tonn af karfa ígildi *1.230 tonna* af þorski.

Evrópubandalagið styðst við svipaðar umreiknireglur. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjórnar þess í Brussel er verðmætastuðull þorsks 1,00, loðnu 0,10 og karfa 0,87. Á þeim grunni eru 30 þús. tonn af loðnu ígildi 3 þús. tonna af þorski og 3 þús. tonn af karfa jafngilda 2.610 tonnum af þorski.

Það er athyglisvert að í báðum tilvikum reiknast hlutur Íslendinga ívið betri en EB, snúið í ígildi þorska. Aftur á móti er varhugavert að staðhæfa að annar aðilinn fari betur út úr skiptunum en hinn því erfitt er að meta með óyggjandi vissu raunverulegt innbyrðis vægi tegundanna tveggja.

*

Þeirri gagnrýni er haldið á lofti að loðnuheimildir Íslendinga í samningnum séu einskis virði þar sem loðnan yrði hvort eð er ekki veidd við Grænland, heldur gengi yfir í íslenska lögsögu þar sem skip Íslendinga mundu um síðir veiða hana. EB sé því í rauninni að úthluta Íslendingum þeirra eigin loðnu. Ítarleg skoðun á þessari röksemdafærslu leiðir hins vegar í ljós brotalamir.

Loðnustofninn, sem Íslendingar veiða úr, er sameiginlegur stofn þeirra, Norðmanna og Grænlendinga. Á grundvelli 20 ára reynslu, og með hliðsjón af lífsháttum loðnunnar, hafa þjóðirnar skipt með sér nýtingu stofnsins þannig að Íslendingar veiða 78% heildaraflans, en Norðmenn og Grænlendingar sín 11% hvorir. Að sönnu er það hárrétt að allra síðustu árin hafa aðstæður á hinum hefðbundnu svæðum loðnunnar breyst þannig að í

veiðanlegu ástandi hefur hún aðeins fundist við Ísland. Sú var hins vegar ekki reyndin áður og raunar ekki heldur sumarið 1992. Fyrr en varir geta aðstæður breyst aftur. Málflutningur gagnrýnenda samningsins byggir hins vegar í senn á því að ástandið í sjónum og göngur loðnunnar haldist óbreytt og að Grænlendingar geri ekki alvarlegar tilraunir til að ná sínum kvóta.

Hvorug forsendan stenst skoðun. Hvað loðnuna áhrærir er það einfaldlega vel þekkt fiskifræðileg staðreynd að hegðun hennar er afar breytileg. Hún er farandfiskur; sum árin veiðist hún vel við Jan Mayen og önnur við Grænland. Þegar hún hefur veiðst úti fyrir Grænlandi hefur hún einmitt verið væn og fiturík og því verðmæt. Fyrr en varir getur hún veiðst aftur við Grænland og Grænlendingar hafa þá fullan rétt til að selja allan sinn hlut í stofninum til hvers sem er.

Það er einnig staðreynd að Grænlendingar eru nú í óðaönn að undirbúa auknar loðnuveiðar. Þeir hafa þegar keypt fyrsta hringnótabátinn og munu án efa halda áfram að styrkja útgerð sína á því sviði, ekki síst vegna þess að þríhliða samningur þeirra, Íslendinga og Norðmanna um loðnuveiðar gefur þeim möguleika á að reka veiðarnar frá íslenskum höfnum. Gagnrýnendur tvíhliða samningsins virðast því annaðhvort ekki þekkja þríhliða samninginn um loðnuveiðar eða ganga að því sem vísu að Grænlendingar muni ekki nýta sér réttindin sem hann veitir þeim.

Margt bendir jafnframt til að hinir gífurlegu erfiðleikar í sjávarútvegi Færeyinga muni örva þá til að leita samstarfs við Grænlendinga um veiðar á loðnu. Þannig er vitað að þeir hafa í senn mikinn áhuga á að stofna grænlensk útgerðarfyrirtæki og verða sér úti um grænlensk veiðileyfi. Kunnáttu og reynslu Færeyinga á loðnuveiðum þarf ekki að rekja fyrir Íslendingum. Samstarf af því tagi mundi gera þeim kleift að veiða úr hlutdeild Grænlendinga í loðnuveiðinni *innan* íslensku lögsögunnar.

*

Þegar staðhæft er að Íslendingar geti veitt óveiddan kvóta Grænlendinga án endurgjalds, eftir að loðnan gengur yfir í íslenska lögsögu, er um misskilning að ræða. Í 5. gr. þríhliða samningsins um veiðar á loðnu er skýrt mælt fyrir um að veiði Grænlendingar eða Norðmenn ekki hlutdeild sína á tiltekinni vertíð skuli Íslendingar leitast við að veiða magnið sem á vantar. Í samningnum og í sameiginlegri yfirlýsingu varðandi framkvæmd hans eru hins vegar afdráttarlaus ákvæði um hvernig skuli með fara og geta þau leitt til þess að Íslendingum beri að bæta viðkomandi þjóð það þegar á næstu vertíð með sama magni af loðnu, svo fremi hún hafi ekki getað notfært sér veiðiheimildina af óviðráðanlegum orsökum. Í þessu ljósi er því fráleitt að halda því fram að sú loðna, sem Íslendingar veiða af kvóta Grænlendinga, sé með öllu ókeypis eða óbætt.

*

Þegar Grænlendingar framseldu veiðiheimildir sínar til EB með 10 ára samningi gátu þeir ekki samhliða framselt þeim rétt sinn til að veiða innan lögsögu Íslendinga ef breyting á göngu loðnunnar leiddi til þess að hún yrði óveiðanleg við Grænland. Þá áhættu varð EB að bera sjálft. Síðustu árin hefur sú óskastaða komið upp fyrir Íslendinga að loðnan hefur aðeins verið veiðanleg við Ísland. Íslendingar gátu því veitt loðnuna án þess að þurfa að greiða bætur skv. 5. gr. þríhliða samningsins því ástæður Grænlendinga fyrir að hafa ekki getað veitt hana sjálfir voru augljóslega viðráðanlegar.

EB er í lófa lagið að framselja loðnuheimildir sínar Norðmönnum. Kynni þá að rísa deila um rétt Norðmanna til að veiða þá loðnu innan íslenskrar lögsögu, en Íslendingar hafa ávallt andmælt þeim rétti að þriðji aðili gæti ráðstafað loðnu innan íslenskrar lögsögu. Sömuleiðis gæti EB endurselt Grænlendingum veiðiréttinn, en eins og fyrr segir eru þeir um þessar mundir að styrkja útgerð sína. Ástæðan fyrir því að EB hefur ekki gert þetta til þessa tengist einmitt tvíhliða samningnum — þeir vildu eiga heimildirnar til að nota í samningum við Ísland.

Af þessum ástæðum er ekki hægt að fallast á þá röksemd að loðnan, sem Íslendingar fá í skiptum frá EB, sé þeim í rauninni einskis virði.

4. Gagnkvæm skerðing veiðiheimilda.

Þeirri gagnrýni hefur verið beint að samningnum að hann tryggi ekki í öllum tilvikum að veiðiheimildir EB í lögsögu Íslendinga minnki ef skerðing verður á endanlegu veiðimagni Íslendinga.

Í 2. mgr. 2. gr. í Viðauka A við fiskveiðisamninginn fyrir árið 1993 er skýrt tekið fram að verði að lækka aflaheimild annars samningsaðilans, vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna, skuli *tafarlaust* hefjast viðræður milli aðilanna í þeim tilgangi *„að koma aftur á jafnvægi"*. Þetta ákvæði gildir augljóslega ef útgefinn kvóti nægir ekki til að EB geti keypt af Grænlendingum tilskildar heimildir fyrir Íslendinga eða ef nýtt stofnmat leiðir til þess að útgefinn kvóti skerðist að ráði fiskifræðinga.

Eins og fyrr segir eru kaup EB á loðnukvóta Grænlendinga bundin 10 ára samningi sem rennur út árið 1994. Sú staða getur komið upp að Grænlendingar telji atvinnumálum sínum betur borgið með því að veiða sína loðnu sjálfir og hverfi af þeim sökum frá því að selja EB þær veiðiheimildir sem bandalaginu ber að afhenda Íslendingum. Ef þær kringumstæður skapast mun næsta árlega endurskoðun samningsins taka mið af því og karfakvóti EB við Ísland skerðast að því marki sem vantar á heimildirnar sem EB ræður yfir. Í því tilviki kynni EB mögulega að geta boðið aðrar tegundir og rétt er að rifja upp að bandalagið hefur nú yfir að ráða allstórum þorskkvóta í Barentshafi. Endurnýi Grænlendingar hins vegar ekki samning sinn við EB og bandalagið getur ekki boðið upp á aðrar tegundir í staðinn er sjálffallinn kvóti þess við Ísland.

Eina álitamálið varðandi þennan þátt samningsins er ef upp kæmi að EB framseldi Íslendingum kvóta sem þeir gætu ekki nýtt sér, þ.e. Íslendingar næðu ekki að veiða kvótann. Sú staða er að vísu afar sjaldgæf og hefur ekki skapast nema einu sinni síðustu 20 ár. Mat Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, í viðtali við Ríkissjónvarpið 28. nóvember sl. var að líkur á slíku væru hverfandi litlar. Samningurinn er hins vegar ekki nægilega skýr um þetta atriði, enda er vitað að kröfur Íslendinga um að kvóti EB skertist þá að sama marki náðu ekki fram að ganga. Málamiðlun tókst sem fólgin er í 1. mgr. 2. gr. Viðauka A. Þar er kveðið á um að komi upp ófyrirséðar aðstæður geti annar aðili óskað viðræðna. Það hlýtur að vera ótvíræður skilningur Íslendinga að þetta beri að tengja 1. tölul. 4. gr. rammasamningsins frá 27. nóvember, þar sem mælt er fyrir um samráð um úthlutanir á veiðiheimildum með það í huga að ná *ásættanlegu jafnvægi*. Við þær aðstæður yrði það tvímælalaust krafa Íslendinga, á grunni þessara greina, að kvóti EB síðar á árinu yrði þá skertur í sama mæli.

IV. NIÐURSTAÐA

Í ljósi ofangreindrar greinargerðar er það afdráttarlaus skoðun meiri hluta sjávarútvegsnefndar að samþykkja beri hið fyrsta tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Alþingi, 21. des. 1992.

Össur Skarphéðinsson, varaform.
Árni R. Árnason.
Guðjón Guðmundsson.
Guðjón Arnar Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.

550. Svar [280. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um breytingar á Rafmagnseftirliti ríkisins.

1. *Áformar ráðherra að breyta lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, svo og starfsemi stofnunarinnar?*

Engin áform eru uppi um að breyta lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins. Hins vegar hefur verið ákveðið að breyta áherslum í rafmagnseftirliti. Þessar breytingar munu hafa umtalsverð áhrif á starfsemi stofnunarinnar.

2. *Ef svo er, í hverju eru þær breytingar í aðalatriðum fólgnar?*

Þótt ekki séu áformaðar breytingar á lögunum er rétt að greina frá ráðgerðum breytingum á starfsemi stofnunarinnar. Þær felast í stuttu máli í því að Rafmagnseftirlit ríkisins mun fyrst og fremst sinna yfirstjórn rafmagnsöryggismála en ekki taka beinan þátt í framkvæmd eftirlits. Í þessu felst að stofnunin mun sinna þáttum eins og stefnumótun, samhæfingu, kveða upp úrskurði o.s.frv. Innlendri raffangaprófun mun verða hætt en í stað þess tekið upp öflugt markaðseftirlit. Framkvæmd rafmagnseftirlits (þ.e. eftirlit með veitum í húsum og veitum raforkufyrirtækja o.fl.) mun verða í höndum sérstakra skoðunarstofa.

3. *Á hvern hátt snerta áformaðar breytingar störf og stöður starfsmanna Rafmagnseftirlits ríkisins í Reykjavík og annars staðar á landinu?*

Gert er ráð fyrir að störfum hjá Rafmagnseftirliti ríkisins muni fækka á næstu árum. Um þessi áramót verða lögð niður störf við raffangaprófun. Áhersla er lögð á að starfsmenn fái áfram störf í nýju skipulagi rafmagnseftirlits. Þeir starfsmenn sem láta af störfum nú um áramótin hafa fengið ný störf eða fara á eftirlaun að loknu biðlaunatímabili. Störf á Akureyri og Egilsstöðum hafa verið bein eftirlitsstörf og verða væntanlega lögð niður þegar skoðunarstofur taka við framkvæmd eftirlits.

4. *Hefur ráðherra haft samráð við starfsmenn Rafmagnseftirlitsins og aðra hlutaðeigandi um ráðgerðar breytingar og hvernig hefur því verið háttað?*

Haft hefur verið gott samstarf við starfsmenn Rafmagnseftirlitsins og alla hagsmunaaðila, þar með talið Félag rafmagnseftirlitsmanna.

Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir breytingum á skipan rafmagnsöryggismála.

Með bréfi dags. 17. september 1991 fór iðnaðarráðherra þess á leit við Hagsýslu ríkisins að hún gerði „... úttekt á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits í landinu, hlutverki og rekstri Rafmagnseftirlits ríkisins og mótaði tillögur um framtíðarskipan þess". Iðnaðarráðuneytið lagði sérstaka áherslu á að kannaðir yrðu möguleikar á því að auka ábyrgð rafverktaka og rafveitna á rafmagnsöryggismálum og athuguð væru áhrif aukins Evrópusamstarfs á málaflokkinn m.a. með tilliti til stöðlunar, gagnkvæmra viðurkenninga á prófunum og hugsanlegrar einkavæðingar.

Við úttektina og mótun tillagna leituðu starfsmenn Hagsýslunnar upplýsinga hjá mörgum aðilum innan lands og erlendis. Sérstök áhersla var lögð á að afla upplýsinga um alþjóðlegt samstarf um nýskipan eftirlits með öryggi vara og þær nýjungar sem það felur í sér. Leitað var eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila, auk þess sem rætt var við alla starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins (RER). Skýrsla Hagsýslunnar var lögð fram í apríl 1992. Í henni voru mótuð þau meginsjónarmið sem fylgt verður í breytingum á rafmagnsöryggismálum. Skýrslan er lögð fram sem fylgiskjal með svari þessu.

Í framhaldi af skýrslu Hagsýslu ríkisins um skipan rafmagnsöryggismála var ákveðið að skipa starfshóp hagsmunaaðila til þess að fjalla um skýrsluna og gera tillögur um framkvæmd þeirra tillagna sem þar koma fram.

Í starfshópinn voru skipaðir: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Bergur Jónsson rafmagnseftirlitsstjóri, Magnús Geirsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, Jón Magnússon frá Félagi raftækjaheildsala, Þorleifur Finnsson frá Sambandi íslenskra rafveitna, Ingólfur Árnason frá Landssambandi rafverktaka, Árni Guðmundsson, trúnaðarmaður starfsmanna RER, Helgi G. Þórðarson, formaður stjórnar RER, Gunnar Ingi Gunnarsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Starfshópurinn skipti viðfangsefni sínu í tvo þætti. Annars vegar fjallaði hópurinn um raffangaprófun og tengd verkefni og hins vegar um aðra þætti í skipan rafmagnsöryggismála.

Hinn 28. ágúst samþykkti starfshópurinn eftirfarandi tillögur til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um breytingar á skipan rafmagnsöryggismála:

1. Raffangaprófun.

1.1. Raffangaprófun RER og skráningu raffanga verði hætt 1. janúar 1993 (sbr. lið 3.1 og 3.2).

1.2. Störf hjá RER við raffangaprófun verði lögð niður 1. janúar 1993. Sett verði á fót nefnd skipuð fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Hagsýslu ríkisins og trúnaðarmanni starfsmanna RER til að aðstoða starfsfólk við að finna ný störf.

1.3. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti geri samning við raffangaprófunarstöðvar í nálægum löndum um prófun á íslenskum rafföngum og rafföngum sem markaðseftirlit telur nauðsynlegt að prófa. Samdar verði reglur um prófanir á íslenskum rafföngum og samskipti aðila í því sambandi.

2. Markaðseftirlit.

2.1. Hagsýslu ríkisins verði falið að vinna að tillögum um hvernig standa megi að stofnun og starfsemi markaðseftirlits sem hafi eftirlit með vörum á markaði, þar á meðal rafföngum. Farið verði að evrópskum reglum um þetta efni.

3. Reglugerð.

3.1. Ákvæði í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 um skipulag raffangaeftirlits verði endurskoðuð. Endurskoðunin taki mið af lágspennutilskipun EB, heildaraðferð um vottanir og prófanir og tillögum Hagsýslu ríkisins.

3.2. Hafin verði endurskoðun á ákvæðum reglugerðarinnar um kröfur til raffanga. Í því efni verði stuðst við lágspennutilskipun EB varðandi grunnkröfur um öryggi en vísað til staðla varðandi tæknilegar kröfur.

Fallist var á tillögur starfshópsins og undirbúningur hafinn við að hrinda tillögunum í framkvæmd.

Hinn 30. nóvember samþykkti starfshópurinn samhljóða að gera tillögur til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um eftirtaldar breytingar á skipan rafmagnsöryggismála:

1. Yfirstjórn og reglugerð.

1.1. Ráðgjafarnefnd um rafmagnsöryggismál, skipuð fulltrúum hagsmunaaðila, verði komið á fót 1. janúar 1993. Jafnframt verði núverandi stjórn RER lögð niður.

1.2. Rafmagnseftirlit ríkisins verði endurskipulagt frá grunni með tilliti til breytinga á skipan rafmagnsöryggismála. Stofnunin sinni yfirstjórn málaflokksins en taki ekki beinan þátt í framkvæmd eftirlits.

1.3. Hafist verði handa um breytingar á reglugerð um raforkuvirki. Kafli 1, Verksvið og tilhögun rafmagnseftirlits, verði endurskoðaður.

2. Löggilding rafverktaka.

2.1. Nýir rafverktakar verði löggiltir eftir nýjum kröfum frá og með 1. maí 1993 og allir rafverktakar verði að endurnýja löggildingu sína fyrir 1. maí 1994.

2.2. Ný löggilding yfirtaki starfsleyfi rafveitna, löggilding gildi um allt land og verði bundin því fyrirtæki sem rafverktakinn starfar við. Löggildingin verði tímabundin og rafverktakar greiði árlegt löggildingargjald. Settar verði reglur um skráningar og upplýsingaskyldu rafverktaka. Gerð verði rafverktakaskrá sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar. Settar verði reglur um meðferð athugasemda vegna starfsemi rafverktaka og um áminningu, sektir, tímabundna og varanlega sviptingu löggildingar.

3. Eftirlit með raforkuvirkjum raforkufyrirtækja.

3.1. Raforkufyrirtækjum verði heimilt að fela skoðunarstofum eftirlit 1. maí 1993. Öll raforkufyrirtæki skulu hafa komið eftirliti til skoðunarstofa fyrir 1. maí 1994.

3.2. Raforkufyrirtæki skulu skila skýrslu um eftirlit og öryggismál ekki síðar en 1. maí ár hvert.

4. Eftirlit með neysluveitum.

4.1. Rafveitum verði heimilt að hefja eftirlit samkvæmt nýjum reglum 1. maí 1993. Allar rafveitur skulu starfa samkvæmt nýjum reglum fyrir 1. maí 1994.

4.2. Nýjar reglur feli í sér að skoðunarstofur annist eftirlit og að nýúttektir verði framkvæmdar með úrtaksskoðunum. Settar verði reglur um lágmarksfjölda veitna sem tekn-

ar verði út hjá hverjum rafverktaka og um úttekt á sérstaklega flóknum eða hættulegum veitum.

4.3. Leitað verði eftir samstarfi við tryggingafélög varðandi gamalskoðanir.

5. Skoðunarstofur.

5.1. Skoðunarstofur, sem starfa samkvæmt bráðabirgðakröfum, geti hafið starfsemi 1. maí 1993. Þær verði að hafa aflað sér faggildingar fyrir 1. maí 1994.

6. Fræðsla og túlkun reglna.

6.1. Fræðslustarf verði eflt og leitað verði eftir sem víðtækustu samstarfi um það. Sett verði á stofn sérstakt fræðsluráð sem vinni að eflingu og samræmingu fræðslustarfs.

6.2. Gerður verði samningur við SÍR um þátt rafveitna í fræðslu til fagmanna og almennings.

7. Rannsóknir á slysum og brunum.

7.1. RER hætti rannsóknum á slysum og brunum 1. maí 1994. Kannað verði hvort rétt sé að stuðla að því að skoðunarstofa komi sér upp sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

8. Eftirlitsstarf RER.

8.1. Eftirlitsstarfi RER verði haldið áfram til 1. maí 1994. Dregið verði úr starfseminni eftir því sem skoðunarstofur taka við eftirliti.

Fallist var á tillögur starfshópsins og undirbúningur hafinn við að hrinda tillögunum í framkvæmd.

Að framansögðu má vera ljóst að óvenju góð samstaða hefur myndast um breytingu á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála. Starfsmenn Hagsýslu ríkisins og iðnaðarráðuneytisins kynntu tillögur Hagsýslunnar á fundum í flestum félögum hagsmunaaðila og tóku þátt í umræðum um þær. Miklar umræður og góð samstaða náðist einnig í samstarfshópi helstu hagsmunaaðila um framkvæmd tillagnanna. Má af þessu sjá að breyting þessi á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála er vel undirbúin og um hana hefur náðst mikil samstaða.

Nú er unnið að því að hrinda ofangreindum breytingum á skipan rafmagnsöryggismála í framkvæmd. Ákveðið hefur verið að gera breytingar á yfirstjórn Rafmagnseftirlits ríkisins meðan á áformuðum breytingum á starfsemi stofnunarinnar stendur og skipa sérstakan verkefnisstjóra sem vinna mun að því ásamt rafmagnseftirlitsstjóra að hrinda breytingunum í framkvæmd. Þessi skipan verður þó tekin til endurskoðunar í síðasta lagi í árslok 1994.

Einnig er gert ráð fyrir því að koma á fót nú eftir áramótin ráðgjafarnefnd um rafmagnsöryggismál skipaða fulltrúum hagsmunaaðila. Jafnframt verði núverandi stjórn RER lögð niður. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er ætlað að vera umræðuvettvangur um rafmagnsöryggismál og styðja við þróun málaflokksins. Óskað hefur verið eftir tilnefningum í ráðgjafarnefndina frá samtökum ráðgjafarverkfræðinga, rafverktaka, raftækjainnflytjendum og raftækjasala, Rafiðnaðarsambandinu, Sambandi íslenskra rafveitna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Brunamálastofnun og Félagi rafmagnseftirlitsmanna.

Gerður hefur verið samningur við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um að annast markaðseftirlit með rafföngum frá 1. janúar 1993 er raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins fellur niður. Einnig hefur iðnaðarráðuneytið gert samninga við prófunarstofur í Svíþjóð og

Danmörku, SEMKO og DEMKO um að annast prófun raffanga fyrir íslenska framleiðendur og vegna markaðseftirlits. Hefur hið nýja fyrirkomulag verulegan sparnað í för með sér án þess að slakað sé á öryggiskröfum.

Um fylgiskjal með svarinu vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Fylgiskjalið er greinargerð frá Hagsýslu ríkisins til iðnaðarráðherra um skipan rafmagnsöryggismála á Íslandi, unnin í apríl 1992.

551. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, IBA, RG, SP).

1. Við 1. gr. Í stað „15.800“ komi: 15.420.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 m.kr. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II við búvörusamning frá 11. mars 1991.

552. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir orðinu „fengnum“ í 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: niðurfærslum skv. 31. gr. og.
2. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „gengistöp“ í 1. málsl. 1. tölul. komi orðið: niðurfærslu.
3. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (3. gr.)
      Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, er verði 31. gr. A, með fyrirsögninni *Niðurfærsla eigna*, svohljóðandi:
      Eftirtaldar eignir má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
      1. Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfis.
      2. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.
      3. Stofnkostnaður við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði.

      Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á

því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Við sölu eigna skv. 1. og 2. tölul. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður. Um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði sbr. 3. tölul. fer eftir 14. gr.

b. (4. gr.)
5. tölul. 32. gr. laganna fellur brott.

c. (5. gr.)
Eftirfarandi breytingar verði á 7. tölul. 38. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 32. gr., 15–20%.

b. Lokamálsgrein fellur niður.

553. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, IBA, RG, SP).

1. Við 6. gr.
   a. Á eftir b-lið komi nýr liður, svohljóðandi: Í stað fjárhæðanna „3.900.000“ og „5.850.000“ í 4. mgr. B-liðar komi: 4.017.000 og 6.026.000.
   b. Við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað fjárhæðarinnar „2.965.000“ í 3. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 3.054.000.
   c. Við greinina bætist enn nýr liður, svohljóðandi: Í stað fjárhæðarinnar „4.915.000“ í 4. málsl. 2. mgr. C-liðar komi: 5.062.000.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:
   Í stað fjárhæðanna „3.412.000“ og „9.550.000“ kemur: 3.514.000 og 9.837.000.
3. Við bætist nýr kafli, XI. kafli, **Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum,** með tveimur greinum er orðist svo:
   a. (69. gr.)
   Í stað fjárhæðarinnar „4.930.000“ í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 5.078.000.
   b. (70. gr.)
   Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1993 vegna eigna í lok ársins 1992.

554. Frumvarp til laga [316. mál]

um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið um flutningastarfsemi og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr.

3. gr.

Samgönguráðuneytið skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA áður en hafin er gerð samgöngumannvirkja samkvæmt þingsályktunum um vegáætlun, flugmálaáætlun og hafnaáætlun sem talið er að hafi umtalsverð áhrif á umferð milli aðildarríkja EES eða til landa utan EES.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Ákvæði EES-samningsins um lögfestingu gerða og aðlögun.

EES-samningurinn, meginmál hans, bókanir við hann og viðaukar, er bindandi að þjóðrétti fyrir samningsaðila. Þær gerðir, sem vísað er til í viðaukunum, eru einnig bindandi að þjóðrétti. Til þess að einstaklingur í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins, þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans, verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna.

A. Ákvæði meginsamningsins.

Í 7. gr. meginsamnings EES er kveðið á um að gerðir sem vísað er til, eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt.

Í áðurnefndri 7. gr. segir einnig að gerð, sem samsvarar reglugerð Evrópubandalagsins, skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila. Gerð, sem samsvarar tilskipun Evrópubandalagsins, skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina. Þetta þýðir með öðrum orðum að þær gerðir, sem í viðaukum eru taldar upp, þarf að binda í íslenskan rétt og birta án tillits til mikilvægis fyrir Íslendinga. Stærstur hluti þeirra gerða, er fjalla um flutninga á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum, eru reglugerðir og þurfa því að birtast sem slíkar í íslenskum rétti, jafnvel þó flutningar á járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum hafi enga raunhæfa þýðingu hér á landi.

B. Bókanir.

Í bókun 1 með EES-samningnum eru m.a. almenn ákvæði um hvernig hlutaðeigandi gerðir Evrópubandalagsins verði aðlagaðar EES-samningnum.

Í gerðum þeim, er frumvarp þetta nær til, eru framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins falin ýmis störf er varða upplýsingaskipti og tilkynningar til aðildarríkjanna. Þessi störf verða að því er varðar EFTA-ríkin í höndum annars vegar fastanefndar EFTA og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA. Bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól og einnig bókun 1 við samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna fjallar nánar um hvernig þessi störf falla undir valdsvið hvorrar stofnunar um sig.

Auk hinnar almennu bókunar 1 með EES-samningnum tengjast eftirfarandi bókanir flutningum á sviði járnbrauta og skipgengra vatnaleiða:

* Bókun 20 — um aðgang að skipgengum vatnaleiðum.
* Bókun 37 — um skrá sem getið er í 101. gr. samningsins. Þar er kveðið á um samstarf sérfræðinga EFTA-ríkjanna í sérstakri nefnd um samgöngumannvirki, líkt og Evrópubandalagið kom á fót með sérfræðingum frá aðildarríkjum þess með ákvörðun ráðsins 78/194/EBE frá árinu 1978.
* Bókanir 43 og 44 sem kveða á um sérstaka samninga Evrópubandalagsins við Austurríki annars vegar og Sviss hins vegar.

C. XIII. viðauki.

Hvað varðar aðlögun þeirra gerða, er falla undir þetta lagafrumvarp, eru eftirfarandi ákvæði í upphafi XIII. viðauka um flutningastarfsemi:

1. Þegar gerðir, sem vísað er til í þessum viðauka, hafa að geyma tilvísanir í sáttmála Evrópubandalagsins skulu þær, að því er EES-samninginn varðar,

a. hljóða, hvað eftirfarandi tilvísanir varðar, sem hér segir:

55. gr. EBE = 32. gr. EES
56. gr. EBE = 33. gr. EES
57. gr. EBE = 30. gr. EES
58. gr. EBE = 34. gr. EES
77. gr. EBE = 49. gr. EES
79. gr. EBE = 50. gr. EES
85. gr. EBE = 53. gr. EES
86. gr. EBE = 54. gr. EES
92. gr. EBE = 61. gr. EES
93. gr. EBE = 62. gr. EES
214. gr. EBE = 122. gr. EES

b. teljast óviðkomandi hvað eftirfarandi tilvísanir varðar:

75. gr. EBE
83. gr. EBE
94. gr. EBE
95. gr. EBE
99. gr. EBE
172. gr. EBE
192. gr. EBE
207. gr. EBE
209. gr. EBE

2. Járnbrautarfyrirtæki hlutaðeigandi EFTA-ríkja bætast við skrár Evrópubandalagsins

um slík fyrirtæki. Um er að ræða eftirfarandi: Österreichische Bundesbahnen, Valtionrautatiet/Statsjärnvägarna, Norges Statsbaner, Statens Järnvägar og Schweizerische Bundesbahnen/Chemins de fer fédéraux suisses/Ferrovie federali svizzere/Viafiers federalas svizras.

3. Þegar kveðið er á um málsmeðferð við lausn deilumála milli aðildarríkja EB í gerð sem vísað er til í XIII. viðauka og deila rís milli EFTA-ríkja skulu þau skjóta deilunni undir úrskurð viðeigandi aðila á vegum EFTA. Rísi deila milli aðildarríkis EB og EFTA-ríkis skulu hlutaðeigandi samningsaðilar skjóta deilunni undir úrskurð sameiginlegu EFTA-nefndarinnar.

Í 6. kafla, III. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eru almenn ákvæði um flutningastarfsemi (47.–52. gr.) og í XIII. viðauka hans eru taldar allar þær gerðir eða samþykktir Evrópubandalagsins er lúta beint að flutningastarfsemi og lögfesta þarf hér á landi með beinum eða óbeinum hætti samkvæmt samningnum, sbr. hér að framan.

Þetta lagafrumvarp nær einkum til I., III. og IV. hluta XIII. viðauka. Flestar gerðir hans fjalla um flutninga á landi og vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Íslensk flutningafyrirtæki starfa takmarkað á sumum þeim sviðum og hefur því gildistaka þeirra ekki mikla raunhæfa þýðingu hér á landi.

Þeim gerðum XIII. viðauka, er fjalla um flutninga á járnbrautum og skipgengum, vatnaleiðum, var í upphafi öllum skipað undir samgönguráðuneytið. Við framkvæmd var hins vegar ákveðið að verðandi Samkeppnisstofnun, arftaki Verðlagsstofnunnar, hafi umsjón með nokkrum gerðum er lúta nær eingöngu að almennum samkeppnisreglum.

II. Hvaða gerðir XIII. viðauka er ætlað að setja í lög með þessu lagafrumvarpi?

Hér á eftir eru taldar tæmandi gerðir EES sem falla undir þetta frumvarp og vísað í viðeigandi tölulið XIII. viðauka. Auk þess er greint frá meginefni hverrar gerðar og aðlögun að ákvæðum EES-samningsins.

1. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 1108/70** frá 4. júní 1970 um að koma á bókhaldsyfirliti yfir útgjöld vegna samgöngumannvirkja til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum, nr. 1 í XIII. viðauka.

   Ásamt breytingum:

   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.

   — 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

   — 373D0101(01): Ákvörðun ráðsins frá 1. janúar 1973 um aðlögun á skjölum varðandi aðild nýrra aðildarríkja að Evrópubandalaginu.

   — 379R1384: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1384/79 frá 25 júní 1979.

   — 381R3021: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3021/81 frá 19. október 1981.

   — Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

   Innihald gerðar: Fjallar um að koma á stöðluðu bókhaldsyfirliti yfir útgjöld

vegna samgöngumannvirkja til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. Kostnaðaráætlanir vegna framkvæmda í vegamálum yrði að færa til samræmis við þær aðferðir sem hér eru lögfestar. Þetta felur í sér kvaðir um að taka upp reikningskerfi þar sem skráður er kostnaður við samgöngukerfi. Kveðið er á um aðferð til að meta þann kostnað sem samgöngukerfið ber af umferð á vegum, vatnaleiðum og járnbrautum. Eyðublöð fylgja.
Aðlögun EES-samningsins: Samkvæmt II. viðauka við reglugerðina skal bæta við heiti ríkisjárnbrautarfyrirtækja í EFTA-ríkjunum og leiðarkerfi þeirra sem opin eru almennri umferð og tengd eru aðaleiðakerfi.

2. **Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar** (EBE) **nr. 2598/70** frá 18. desember 1970 um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970, nr. 2 í XIII. viðauka.

   Ásamt breytingum:

   — 378R2116: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2116/78 frá 7. september 1978 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2598/70 um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum bókhaldsyfirlitsins í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970.
   Innihald gerðar: Þessi reglugerð er til fyllingar 1108/70: Í reglugerðinni eru taldir upp kostnaðarliðir sem telja á fram á eyðublöðunum sem fylgja í I. viðauka reglugerðar 1108/70 frá 4. júní 1970. Reglugerðin er til fyllingar reglugerð nr. 1108/70 og byggir á þeirri aðferð við útreikninga á kostnaði við samgöngukerfið.

3. **Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar** (EBE) **nr. 281/71** frá 9. febrúar 1971 um samsetningu skrár yfir skipgengar vatnaleiðir sem liggja að sjó eins og kveðið er á um í e-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1108/70 frá 4. júní 1970, nr. 3 í XIII. viðauka.

   Ásamt breytingum:

   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.
   Innihald gerðar: Þessi reglugerð er til fyllingar 1108/70 sem skilgreinir aðferð til að reikna kostnað sem samgöngukerfið ber af umferð m.a. á ám og vötnum. Fjallar um samsetningu skrár yfir skipgengar vatnaleiðir sem liggja að sjó eins og kveðið er á um í e-lið 3. gr. reglugerðar 1108/70. Í þessari reglugerð eru taldar upp samgönguæðar á ákveðnum ám og vötnum í Belgíu, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi sem tengjast sjó.
   Aðlögun EES-samningsins: Inn á samsetta skrá yfir skipgengar vatnaleiðir skal bæta við skipgengum vatnaleiðum í Finnlandi og Svíþjóð.

4. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 1191/69** frá 26. júní um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, á vegum og skipgengum vatnaleiðum, nr. 4 í XIII. viðauka.
   Ásamt breytingum:
   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.
   — 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.
   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.
   — 373D0101(01): Ákvörðun ráðsins frá 1. janúar 1973 um aðlögun á skjölum varðandi aðild nýrra aðildarríkja að Evrópubandalaginu.
   — 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.
   — 391R1893: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1893/91 frá 20. júní 1991 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1191/69 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.
   Innihald gerðar: Vísað er til þess markmiðs að eyða beri misræmi sem fram kemur þegar aðildarríkin leggja á flutningafyrirtæki skyldur sem geta valdið verulegri röskun á samkeppnisskilyrðum. Það er kallað skylda til að veita opinbera þjónustu þegar þjónusta byggist á öðrum forsendum en ef hún væri rekin með arðsemissjónarmið að leiðarljósi. Á tilteknum sviðum flutninga ber að afnema allar skyldur til almannaþjónustu á sviði flutninga nema sýnt sé fram á að þjónustan sé nauðsynleg til að tryggja fullnægjandi samgöngur. Samgöngufyrirtæki, sem veita opinbera þjónustu, geta fengið bætur fyrir fjárútlát sem þau verða fyrir. Engin lagaákvæði eru til hérlendis um skyldu til að halda uppi slíkum samgöngum sem hér um ræðir á járnbrautum, á vegum, ám og vötnum og á þetta því eingöngu við um flutning á vegum.

5. **Ákvörðun ráðsins nr. 78/174/EBE** frá 20. febrúar 1978 um tilhögun samráðs og skipan nefndar er fjalli um samgöngumannvirki, nr. 5 í XIII. viðauka.
   Innihald gerðar: Markmið þessarar ákvörðunar er að samræma uppbyggingu flutningaleiða innan svæðisins með því að veita upplýsingar um áform og áætlanir um samgöngumannvirki og verkefni sem eru þýðingamikil fyrir svæðið. Hér er fyrst og fremst um tilkynningar að ræða. Samkvæmt ákvörðuninni skal aðildarríki tilkynna ráðinu um ákveðnar, þar til greindar framkvæmdir á sviði samgöngumála sem líklegt er að hafi áhrif á samgöngur utan landamæra ríkisins. Ráðið skal fjalla um tiltekna framkvæmd ef um slíkt er beðið eða ef ráðið sjálft telur slíka umfjöllun nauðsynlega. Nefndin, sem skipuð er samkvæmt reglugerðinni, skal enn fremur vinna að samræmdri þróun samgöngumála innan bandalagsins. Gerð samgöngumannvirkja hér á landi hefur almennt mjög lítil áhrif utan landamæra Íslands og því hefur ákvörðunin væntanlega ekki mikil áhrif hér á landi. Þó er gert ráð fyrir samráði sam-

kvæmt ákvörðuninni ef um er að ræða framkvæmdir sem hafa umtalsverð áhrif á flutninga milli ríkja og við ríki utan EB.

Aðlögun EES-samningsins: a. Í 2. mgr. 1. og 5. gr. ákvörðunarinnar komi orðin „þýðingarmikið fyrir samningsaðila EES-samningsins" í stað orðanna „þýðingarmikið fyrir bandalagið" og í 1. mgr. 2. gr. komi orðin „þýðingarmikil fyrir samningsaðila EES-samningsins" í stað orðanna „þýðingarmikil fyrir bandalagið". b. Ákvæði c-liðar 2. mgr. 1. gr. gilda ekki. c. Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna skal vera í samræmi við 101. gr. samningsins. d. Sérfræðingi frá hverju EFTA-ríkjanna er heimilt að taka þátt í verkefnum nefndarinnar um samgöngumannvirki sem lýst er í ákvörðuninni. e. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal, þegar þar að kemur, láta þátttökuaðila vita um fundardag nefndarinnar og senda viðeigandi gögn. — Aðildarríki EFTA skulu senda eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA tilkynningar sem um er rætt í ákvörðuninni.

6. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 1107/70** frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum, nr. 11 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 172B Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.

— 375R1473: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1473/75 frá 20. maí 1975.

— 382R1658: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1658/82 frá 10. júní 1982.

— 389R1100: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 110/89 frá 27. apríl 1989.

Innihald gerðar: Reglugerðin gildir um aðstoð sem veitt er til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum að svo miklu leyti sem slík aðstoð tengist starfsemi á þessu sviði. Samkvæmt henni skulu slíkir styrkir veittir í samræmi við 61. gr. EES-samningsins. Meginregla þessara greina sáttmálans er bann við opinberum styrkjum sem raska samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þó er heimilt að veita styrki í ákveðnum tilvikum. Í þessari reglugerð eru talin upp þau tilvik eða verkefni sem réttlætt geta styrkveitingu. Eftirlit með framkvæmd styrkjanna er bæði í höndum framkvæmdastjórnarinnar og sérstakrar ráðgjafarnefndar sem skipuð er henni til stuðnings.

Aðlögun EES-samningsins: Í 5. gr. reglugerðarinnar komi „lögbæru yfirvaldi eins og það er skilgreint í 62. gr. EES-samningsins" í stað „framkvæmdastjórninni".

7. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 4060/89** frá 21. desember 1989 um afnám á eftirliti sem framkvæmt er á landamærum í aðildarríkjum vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum, nr. 12 í XIII. viðauka.

Innihald gerðar: Fjallar, eins og að ofan greinir, um afnám eftirlits sem framkvæmt er á landamærum vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum með farartækjum sem eru skráð eða viðurkennd í viðkomandi aðildarríki.

Aðlögun EES-samningsins: Sérákvæði um landamæraeftirlit er varða lýðveldið Austurríki. Vísað er til 17. gr. samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Austurríkis.

8. **Tilskipun ráðsins nr. 75/130**/EBE frá 17. febrúar 1975 um setningu sameiginlegra reglna fyrir tilteknar tegundir samsettra vöruflutninga á vegum og járnbrautum milli aðildarríkja, nr. 13 í XIII. viðauka.
   Ásamt breytingum:
   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.
   — 379L0005: Tilskipun ráðsins 79/5/EBE frá 19. desember 1978.
   — 382L0003: Tilskipun ráðsins 82/3/EBE frá 21. desember 1981.
   — 382L0603: Tilskipun ráðsins 82/603/EBE frá 28. júlí 1982.
   — 386L0544: Tilskipun ráðsins 86/544/EBE frá 10. nóvember 1986.
   — 391L0224: Tilskipun ráðsins 91/224/EBE frá 27. mars 1991.
   Innihald gerðar: Fjallar um afnám kvóta og leyfisveitinga í þeim samsettu vega- og járnbrautarflutningum sem kveðið er á um í tilskipuninni.
   Aðlögun EES-samningsins: Heitum á austurrískum, sænskum og finnskum umferðargjöldum er bætt inn í reglugerðina.

9. **Fyrsta tilskipun ráðsins** frá 23. júlí 1962 um setningu sameiginlegra reglna um tiltekna vöruflutninga á vegum milli aðildarríkjanna **nr. 2005/62**/EBE, nr. 25 í XIII. viðauka.
   Ásamt breytingum:
   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.
   — 372L0426: Tilskipun ráðsins 72/426/EBE frá 19. desember 1972.
   — 374L0149: Tilskipun ráðsins 74/149/EBE frá 4. mars 1974.
   — 377L0158: Tilskipun ráðsins 77/158/EBE frá 14. febrúar 1977.
   — 378L0175: Tilskipun ráðsins 78/175/EBE frá 20. febrúar 1979.
   — 380L0049: Tilskipun ráðsins 80/49/EBE frá 20. desember 1978.
   — 382L0050: Tilskipun ráðsins 82/502/EBE frá 19. janúar 1982.
   — 383L0572: Tilskipun ráðsins 83/572/EBE frá 26. október 1983.
   — 384L0647: Tilskipun ráðsins 84/647/EBE frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanns til vöruflutninga á vegum.
   Innihald gerðar: Í tilskipuninni er aðildarríkjunum gert skylt að afnema höft í flutningum á tilteknum farmi í alþjóðlegum flutningum á landi samkvæmt nánar tilgreindum reglum. Í viðauka eru taldar upp þær tegundir farms sem tilskipunin gildir um.
   Aðlögun EES-samningsins: a. Ákvæði tilskipunarinnar skulu eingöngu gilda um flutninga fyrir eigin reikning. b. Hvað varðar samning milli lýðveldisins Austurríkis og Evrópubandalagsins skal beiting tilskipunarinnar ekki hafa áhrif á gagnkvæman markaðsaðgang sem um getur í 16. gr. þess samnings. Svipað gildir um tvíhliða samninga Austurríkis annars vegar og Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

10. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 3164/76** frá 16. desember 1976 um heildarkvóta bandalagsins fyrir vöruflutninga á vegum milli aðildarríkja, nr. 26 í XIII. viðauka.
Ásamt breytingum:
— 388R1841: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 184/88 frá 21. júní 1988.
Innihald gerðar: Reglugerðin mælir fyrir um ákveðinn kvóta fyrir vöruflutninga á vegum gegn gjaldi milli aðildarlanda. Frá og með 1. janúar 1993 falla allir kvótar til vöruflutninga milli aðildarríkjanna niður. Reglugerðin fjallar einungis um flutninga á vegum milli landa og á því ekki við hér á landi.
Aðlögun EES-samningsins: a. Eingöngu 4. gr. a. í reglugerðinni skal gilda, sbr. þó framkvæmdaráðstafanir sem kveðið er á um í 4. gr. b. og samþykktir í samræmi við ákvæði samningsins. b. Sérákvæði vegna samnings milli lýðveldisins Austurríkis og Evrópubandalagsins sem kveður á um að beiting reglugerðar hafi ekki áhrif á gagnkvæman markaðsaðgang sem um getur í 16. gr. þess samnings. Svipað gildir um tvíhliða samninga Austurríkis annars vegar og Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

11. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 4058/89** frá 21. desember 1989 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á vegum milli aðildarríkja, nr. 27 í XIII. viðauka.
Innihald gerðar: Reglugerðin gildir um vöruflutninga á vegum gegn gjaldi milli aðildarríkja, jafnvel þótt farið sé gegnum land utan bandalagsins, eða að farartækið sé flutt á annan hátt, t.d. með járnbrautarlest. Samkvæmt reglugerðinni eru flutningsgjöld ákveðin í frjálsum samningum milli aðila.

12. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 3572/90** frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum, nr. 36 í XIII. viðauka.
Innihald gerðar: Heiti gerðar skýrir efni hennar.

13. **Ákvörðun ráðsins nr. 75/327**/EBE frá 20. maí 1975 um endurbætur á aðstæðum járnbrautarfyrirtækja og samhæfingu reglna sem gilda um fjárhagstengsl milli slíkra fyrirtækja og ríkja, nr. 37 í XIII. viðauka.
Ásamt breytingum:
— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.
— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.
— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.
Innihald gerðar: Fjallar um flutninga á járnbrautum og stefnu í skipulagsmálum.
Aðlögun EES-samningsins: a. Ákvæði 8. gr. gilda ekki. b. Austurríki hefur aðlögunarfrest til ársins 1995.

14. **Ákvörðun ráðsins nr. 83/418**/EBE frá 25. júlí 1983 um sjálfstæði járnbrautarfyrirtækja í viðskiptum með flutninga farþega og farangurs milli landa, nr. 38 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu, vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Innihald gerðar: Skýrist í heiti ákvörðunarinnar.

15. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 1192/69** frá 26. júní 1969 um sameiginlegar reglur til samræmis á ársreikningum járnbrautarfyrirtækja, nr. 39 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalaginu.

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.

— 185I Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

— 373D010(01): Ákvörðun ráðsins frá 1. janúar 1973 um aðlögun á skjölum varðandi aðild nýrra aðildarríkja að Evrópubandalaginu.

— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Innihald gerðar: Fjallar um flutninga á járnbrautum og stefnu í skipulagsmálum. Eins og nafnið bendir til þá er tilgangur reglugerðarinnar að jafna samkeppnisskilyrði járnbrauta gagnvart öðrum samgöngutækjum með því að endurgreiða þeim kostnað eða krefja þau um tekjur sem falla til í rekstri þeirra — en ekki í rekstri annarra samgöngufyrirtækja — vegna ákvæða í lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsákvörðunum. Þegar reikningar járnbrauta eru jafnaðir með hliðsjón af samkeppnisstöðu skal í fyrsta lagi meta fjárhagslegar byrðar í rekstri fyrirtækjanna vegna stjórnvaldsákvarðana með samanburði við rekstrarskilyrði einkafyrirtækja í öðrum samgöngugreinum. Í öðru lagi skal þannig metinn kostnaður endurgoldinn fyrirtækinu.

16. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 2830/77** frá 12. desember 1977 um ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að gera bókhaldskerfi og ársreikninga járnbrautarfyrirtækja samanburðarhæf, nr. 40 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Innihald gerðar: Í reglugerðinni eru ákvæði sem ætlað er að samræma efnahags- og rekstrarreikninga járnbrautarfyrirtækja þannig að þeir verði sambærilegir. Járnbrautarfyrirtækjum ber á hverju ári að snúa ársreikningum sínum yfir í staðlaða framsetningu sem tilgreind er í fylgiskjölum og skila gögnunum til framkvæmdanefndarinnar.

17. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 2183/78** frá 19. september 1978 um samræmdar kostnaðarverðsreglur fyrir járnbrautarfyrirtæki, nr. 41 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Innihald gerðar: Með reglugerðinni skuldbinda aðildarríkin sig til að beita samræmdum meginreglum í útreikningum á kostnaði við milliríkjaflutninga í fullfermdum lestarvögnum. Skylt er að meta kostnað sem jaðarkostnað eða jaðarsparnað sem hlýst af nýrri umferð, aukningu eða samdrætti í núverandi umferð eða af niðurfellingu á flutningaþjónustu. Kostnaður skal reiknaður með hliðsjón af staðlaðri sundurliðun og leiðbeinandi viðmiðunarreglum sem tilgreindar eru í fylgiskjölum. Járnbrautarfyrirtækjum, sem þjóna sömu leiðum, ber að miðla slíkum upplýsingum hverju til annars.

18. **Ákvörðun ráðsins nr. 82/529** frá 19. júlí 1982 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á járnbrautum milli landa, nr. 42 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Porútgals að Evrópubandalögunum.

— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Innihald gerðar: Fjallar um flutningsgjöld vegna flutninga á járnbrautum.

19. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 2919/85** frá 17. október 1985 um skilmála um aðild að samkomulagi samkvæmt endurskoðuðum samningi um siglingar á Rín að því er tekur til skipa Rínarsiglingasambandsins, nr. 43 í XIII. viðauka.

Innihald gerðar: Reglugerðin fjallar um aðgang að markaði skipgengra vatnaleiða og setur skilmála um aðild að samkomulagi samkvæmt endurskoð-

uðum samningi um siglingar á Rín að því er tekur til skipa Rínarsiglingasambandsins.
Aðlögun EES-samningsins: a. EFTA-ríki skulu einnig veita framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, í samræmi við ákvæði 2. gr., þær upplýsingar sem um getur í þeirri grein og EFTA-ríkin geta sent til miðstjórnar Rínarsiglingasambandsins (CCR). b. Ákvæði 3. gr. gilda ekki.

20. **Reglugerð ráðsins** (EBE) **nr. 1101/89** frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, nr. 44 í XIII. viðauka.
Ásamt breytingum:
— 390R3572: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum
Innihald gerðar: Reglugerðin fjallar um uppbyggingu vatnaleiðakerfisins, þ.e. skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum. Tilgangur reglugerðarinnar er að draga úr umframflutningagetu samgönguflotans á fljótum og skipaskurðum í bandalagsríkjunum. Ríkin skuldbinda sig til að grípa til tvenns konar ráðstafana í þessu skyni: Í fyrsta lagi að koma á úreldingarsjóðum með álögum á flutningaskip og báta í því skyni að kaupa til niðurrifs; í öðru lagi að grípa til viðeigandi ráðstafana til að hindra frekari stækkun flutningaflotans, svo sem að heimila ekki endurnýjun skipa ef flutningsgeta eykst. Aðildarríkjunum ber jafnframt að veita vaxtalaus lán eða ríkisábyrgðir á lánum til úreldingarsjóðanna til þess að flýta fyrir samdrætti í flutningsgetu.
Aðlögun EES-samningsins: Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir sínar í samræmi við 7. mgr. 6. gr., c-lið 1. mgr. 8. gr. og c-lið 3. mgr. 8. gr. skal hún taka tilhlýðlegt tillit til skoðana sem EFTA-ríkin láta í ljós á sama hátt og hún tekur tillit til skoðana aðildarríkja Evrópubandalagsins.

21. **Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar** (EBE) **nr. 1102/89** frá 27. apríl 1989 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, nr. 45 í XIII. viðauka.
Ásamt breytingum:
— 389R3685: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3685/89 frá 8. desember 1989.
— 391R0317: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 317/91 frá 8. febrúar 1991.
Innihald gerðar: Þessi reglugerð er til fyllingar ofangreindri reglugerð nr. 1101/89.
Aðlögun EES-samningsins: Ef framkvæmdastjórnin breytir þessari reglugerð, svo sem um getur í 1. mgr. 12. gr., skal hún taka tilhlýðilegt tillit til skoðana sem EFTA-ríkin láta í ljós á sama hátt og hún tekur tillit til skoðana aðildarríkja Evrópubandalagsins.

22. **Tilskipun ráðsins 87/540**/EBE frá 9. nóvember 1987 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vatnaleiðum í innanlands- og millilandaflutningum og gagnkvæma við-

urkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi vegna þessarar starfsgreinar, nr. 46 í XIII. viðauka.

Innihald gerðar: Fjallar um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vatnaleiðum í innanlands- og millilandaflutningum og gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi vegna þessarar starfsgreinar. Tilskipun setur samræmd skilyrði fyrir því að öðlast réttindi til að starfa við vöruflutninga á vatnaleiðum. Samkvæmt henni er aðildarríkjunum skylt að krefjast þess að einstaklingar eða fyrirtæki, sem starfa að vöruflutningum á vatnaleiðum í atvinnuskyni, sýni fram á fullnægjandi faglega þekkingu og hæfi á þessu sviði. Bandalagsríkin skulu viðurkenna hæfisskírteini eða starfsleyfi hvert hjá öðru.

Aðlögun EES-samningsins: Sérstakur aðlögunarfrestur fyrir Austurríki.

23. **Tilskipun ráðsins nr. 82/714**/EBE frá 4. október 1982 um tækniskilmála vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum, nr. 47 í XIII. viðauka.

Innihald gerðar: Fjallar um tækniskilmála og tæknilegar kröfur um útbúnað skipa og báta sem flytja vörur á vatnaleiðum til þess að efla öryggiskröfur og jafna samkeppnisskilyrði í bandalagsríkjunum. Vatnaleiðum aðildarríkjanna er skipt í fjögur svæði sem afmörkuð eru í fylgiskjali og ákveðnum gerðum af flutningaskipum, sem sigla á þeim svæðum, er skylt að hafa samræmt skoðunarvottorð sem lýst er í fylgiskjali. Skipum á siglingaleiðum Rínarfljóts ber að hafa sérstakt skírteini fyrir það svæði sem jafnframt gildir á meginsvæðunum fjórum. Skip, sem einvörðungu sigla innan svæðis, geta fengið aukaskírteini sem uppfyllir staðbundnar kröfur á því svæði.

Aðlögun EES-samningsins: Inn í skrá I. viðauka með tilskipuninni bætast við heiti skipgengra vatnaleiða í Svíþjóð og Austurríki samkvæmt sérstöku svæðakerfi þar að lútandi.

24. **Tilskipun ráðsins 76/135**/EBE frá 20. janúar 1976 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaskírteinum skipa á skipgengum vatnaleiðum, nr. 48 í XIII. viðauka.

Innihald gerðar: Samkvæmt tilskipuninni skal bandalagsríki gefa út haffærisskírteini fyrir tilteknar gerðir af vöru- og farþegaflutningaskipum sem sigla á vatnaleiðum og hafa heimahöfn í því ríki. Upplýsingar á haffærisskírteinum eiga að vera samræmdar eins og tilgreint er í fylgiskjali. Aðildarríki skal viðurkenna haffærisskírteini annarra bandalagsríkja til notkunar á sínum vatnaleiðum.

25. **Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 77/527**/EBE frá 29. júlí 1977 um gerð skrár yfir siglingaleiðir, sem liggja að sjó, vegna beitingar tilskipunar ráðsins nr. 76/135/EBE, nr. 49 í XIII. viðauka.

Ásamt breytingum:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

Innihald gerðar: Fjallar um gerð skipaskrár yfir siglingaleiðir sem liggja að sjó vegna beitingar tilskipunar ráðsins nr. 76/135. Tilgreindar eru í fylgiskjali vatnaleiðir með vísan til framkvæmdar 3. gr. ákvörðunar nr. 76/135EEC.

Aðlögun EES-samningsins: Inn í skrá viðauka með tilskipunni bætast við heiti skipgengra vatnaleiða í Svíþjóð og Finnlandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skilgreindur tilgangur laganna sem er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð þær gerðir EES-samningsins á grundvelli 1. gr. sem um er getið í XIII. viðauka EES samningsins. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið hafa þessar gerðir mjög takmarkað gildi hér á landi. Um efni þeirra vísast til upptalningar gerðrar hér að framan.

Um 3. gr.

Með EES-samningnum er komið á fót margvíslegu samstarfi sérfræðinga EFTA og EB. Í VII. hluta samningsins eru ákvæði um stofnanir og 2. kafli hans (97.–104. gr.) fjallar um tilhögun ákvarðanatöku og samráð milli EFTA og Evrópubandalagsins. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna taka almennt þátt í þeim nefndum sem starfa við rammaáætlanir Evrópubandalagsins á hinum ýmsu sviðum fjórfrelsisins. Um þær nefndir er fjallað í 81. gr.

Aðrar nefndir, þar sem mikilvægt er vegna góðrar framkvæmdar á samningnum að sérfræðingar aðildarríkja Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna taki þátt, eru taldar upp í bókun 37 með samningnum skv. 101. gr. EES-samningsins. Ein þessara átta nefnda, sem taldar eru upp í bókuninni, er nefnd um samgöngumannvirki.

Í 3. gr. lagafrumvarpsins er lagt til að samgönguráðuneytið tilkynni eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA áður en hafin er gerð samgöngumannvirkja samkvæmt þingsályktunum um vegáætlun, flugmálaáætlun og hafnaáætlun sem talið er að hafi umtalsverð áhrif á umferð milli aðildarríkja EES eða til landa utan EES.

Eins og að ofan greinir fjallar ein þeirra gerða sem lagt til að lögfest verði með heimild fyrir samgönguráðherra til þess að setja í reglugerð um tilhögun samráðs og skipan nefndar er fjalli um samgöngumannvirki. Hér er um að ræða ákvörðun ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 78/174/EBE frá 20. febrúar 1978, nr. 5 í XIII. viðauka. Eftirlitsstofnun EFTA mun senda sameiginlegu EES-nefndinni, að minnsta kosti þriðja hvert ár, skýrslu um þær upplýsingar sem henni hafa borist um gerð samgöngumannvirkja og starfsemi samgöngumannvirkjanefndarinnar. Gerð samgöngumannvirkja hér á landi hefur almennt mjög lítil áhrif utan landamæra Íslands og því hefur ákvörðunin væntanlega ekki mikil áhrif hér á landi. Þó er gert ráð fyrir samráði sérfræðinga ef um er að ræða framkvæmdir sem gætu haft umtalsverð áhrif á flutninga milli ríkja og við ríki utan EB.

Þess ber þó að geta að samgöngumannvirkjanefndinni er ekki veitt vald til ákvörðunar um hvort ríki ákveða að ráðast í framkvæmdir.

Um 4. gr.

Ákvæðið um gildistöku þarfnast ekki skýringar.

555. Framhaldsnefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breytingar í skattamálum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ekki er ein báran stök í fálmkenndri glímu ríkisstjórnarinnar við ríkisfjármálin. Eftir 2. umr. um skattafrumvarpið kom í ljós svo sem vænta mátti að sitthvað vantaði upp á að hægt væri að loka skattadæminu. Eftir var að uppreikna skattvísitölu eignatengdra skatta, svo og að svara erindi bænda varðandi skattalega meðferð á kostnaði þeim sem fylgir kaupum á framleiðslurétti í landbúnaði. Nefndin tók þessi atriði til umfjöllunar milli umræðna og afgreiddi frá sér breytingartillögur sem ræddar verða við 3. umr.

Nefndin fékk á sinn fund Gylfa Arnbjörnsson, hagfræðing ASÍ, og Halldór Björnsson, varaformann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þeir greindu nefndinni frá harðorðri ályktun miðstjórnar ASÍ frá 16. desember og fjölmennum fundi Dagsbrúnarmanna sem mótmæltu aðgerðum ríkisstjórnarinnar og kröfðust þess að ríkisstjórnin færi frá linnti ekki árásum hennar á launafólk. Þeir sögðu tillögur ríkisstjórnarinnar ýta undir vaxandi atvinnuleysi og nefndu sem dæmi um það hve alvarlegt ástandið væri að sl. föstudag bættust 100 nýir Dagsbrúnarmenn við á atvinnuleysisskrá. Dagsbrún ákvað nýlega að greiða atvinnulausum félögum sínum sérstaka jólauppbót úr eigin sjóðum til marks um þá alvarlegu stöðu sem þeir standa frammi fyrir.

Þessar lýsingar árétta þá niðurstöðu sem minni hluti nefndarinnar komst að í fyrra nefndaráliti. Ríkisstjórnin er að efna til ófriðar á vinnumarkaði og ljóst er að verkalýðshreyfingin mun ekki láta óréttlátar skattaálögur hennar yfir sig ganga án þess að snúast til varnar.

Nefndin flytur sameiginlega breytingartillögur varðandi skattalega meðferð á framleiðslurétti í landbúnaði, enda er um nauðsynjamál að ræða. Minni hluta nefndarinnar þykir rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á útreikningi skattvísitölunnar, en þess ber að geta að ASÍ heldur því fram að núverandi ríkisstjórn hafi í raun lækkað skattleysismörkin um 6.000 kr. á mánuði. Um þetta atriði deila fjármálaráðuneytið og ASÍ.

Samkvæmt útreikningum ASÍ voru skattleysismörkin rúmar 72 þús. kr. á mánuði samkvæmt núverandi verðlagi þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1988. Eftir þær breytingar, sem samþykktar voru við 2. umr. um skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar, eru þau komin niður í rúmar 57 þús. kr. og voru nú síðast lækkuð um 400 kr. á mánuði. Þessu mótmælti stjórnarandstaðan harðlega og ítrekar þau mótmæli hér, enda er það álit hennar að heldur beri að skattleggja þá sem meira bera úr býtum en rýra kjör þeirra sem lægst hafa launin.

Minni hluti nefndarinnar ítrekar það álit sitt, sjá þskj. 495, að skattafrumvarpið hafi komið allt of seint fram. Það tók sífelldum breytingum dag frá degi og allt of lítill tími gafst til að fara ofan í einstök atriði þess. Þó er ljóst að áhrif frumvarpsins, ef að lögum verður, geta orðið afdrifarík bæði fyrir afkomu fjölda heimila í landinu og ekki síður fyrir ferðaþjónustu, prentiðnað og bóka- og blaðaútgáfu. Að mati Þjóðhagsstofnunar geta tapast allt að 170 störf vegna 14% virðisaukaskattsins sem stendur til að leggja á þessar greinar.

Með tilliti til þeirra efasemda, sem uppi eru varðandi útreikninga á skattvísitölunni og þeirra margvíslegu óréttlátu skatta sem lagðir verða á almenning og einstakar atvinnugreinar, nái frumvarpið fram að ganga, leggur minni hluti nefndarinnar til að það verði fellt.

Alþingi, 21. des. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjöl voru birt með framhaldsnefndarálitinu í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um fylgiskjölin vísast til lausaskjalsins. Hér fer á eftir skrá yfir þau.

Fylgiskjöl:

I. *Alþýðusamband Íslands:* Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna lækkunar persónuafsláttar, ásamt súluritum yfir skattleysismörk og töflu yfir þróun skattleysismarka frá 1. janúar 1988 frá hagdeild Alþýðusambandsins.

II. *Alþýðusamband Íslands:* Minnisblað um aukna skattheimtu ríkissjóðs vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar, sent efnahags- og viðskiptanefnd 21. desember 1992.

III. *Verkalýðsfélagið Árvakur:* Mótmæli gegn aðför að lífskjörum, samþykkt á almennum fundi í félaginu.

IV. Starfsmannafélagið Sókn: Ályktun til ríkisstjórnar Íslands frá stjórn Sóknar, 18. desember 1992.

V. Umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka, 18. desember 1992.

556. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Á undanförnum mánuðum hefur komið æ betur í ljós hve launamál ríkisins eru í miklum ólestri. Dómurinn í BHMR-málinu, kjaradómurinn frá í sumar, kjaradeilur sjúkraliða og uppsagnir á sjúkrahúsunum sýna að þörf er endurskoðunar á samskiptum ríkisins við starfsmenn sína. Launakerfi ríkisins þarfnast gagngerrar endurskoðunar, enda er það óréttlátt og einkennist af miklum feluleik. Launakjör kvenna, sem starfa hjá ríkinu, eru óviðunandi eins og reyndar margra þeirra sérmenntuðu hópa sem hjá ríkinu vinna.

Það frumvarp til laga um Kjaradóm og kjaranefnd, sem hér er til umræðu, er að vissu marki upphafið að endurskoðun á launakerfi ríkisins. Byrjað er á æðstu embættismönnunum sem auðvitað er að byrja á öfugum enda, en það skýrist af því mikla moldviðri sem þyrlað var upp í kjölfar kjaradómsins sl. sumar.

Hér er farin sú leið að setja forseta Íslands, ráðherra, biskup Íslands, alþingismenn, hæstaréttardómara og héraðsdómara undir Kjaradóm, en síðan er sett upp önnur nefnd sem fjallar um laun og starfskjör fjölda yfirmanna ríkisstofnana. Laun presta verða ákveðin af kjaranefnd en þeir eru eina stéttin sem heyrir undir hana.

Fulltrúi Kvennalistans í efnahags- og viðskiptanefnd hefur ýmislegt við þá leið að athuga sem hér er farin.

Í fyrsta lagi er undirrituð þeirrar skoðunar að semja eigi um kjör starfsmanna ríkisins í kjarasamningum, annarra en þeirra sem setja lög og dæma eftir lögum og verða að vera óháðir ytri hagsmunum svo framarlega sem það er hægt.

Í öðru lagi er hér haldið áfram á þeirri vafasömu braut sem viðheldur hinu tvöfalda launakerfi æðstu embættismanna með ýmiss konar sporslum, álagi og tilleggi meðan grunnlaun eru lág.

Í þriðja lagi kom í ljós við meðferð málsins að þörf er á endurskoðun og samræmingu laga sem snerta launakjör ríkisstarfsmanna og kjörinna fulltrúa, þar með talin lög um þingfararkaup.

Á móti kemur að t.d. prestar, sem hafa átt undir högg að sækja í launamálum, sætta sig vel við þá leið sem hér er farin og þrýsta mjög á um að málið komist í höfn fyrir jólahátíðina.

Þetta frumvarp býður upp á ákveðna lausn á þeim vanda sem uppi er hjá hluta ríkisstarfsmanna en hætt er við að fast verði sótt að komast í þennan útvalda hóp af ýmsum þeim sem telja sig eiga þar heima. Þótt undirrituð sé ekki sátt við þessa aðferð er ljóst að embættismenn vilja viðhafa þetta form á launaákvörðunum.

Nauðsynlegt er og sjálfsagt að hefja endurskoðun og samræmingu þeirra laga sem snerta launakjör m.a. þingmanna strax á næsta ári sem þá verða skoðuð í samhengi við það frumvarp sem hér er til meðferðar ef að lögum verður. Þingkonur Kvennalistans beina þeim eindregnu tilmælum til forsætisnefndar Alþingis að hún eigi frumkvæði að því starfi.

Í ljósi alls þessa munu þingkonur Kvennalistans sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 22. des. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir.

557. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1992, enda komi það saman á ný eigi síðar en 4. janúar 1993.

558. Frumvarp til laga [97. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 12/1991:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að styðja sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða.
b. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Að veita rekstrarfé á árunum 1993, 1994 og 1995 til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga, þó aldrei meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á árinu.
c. 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

559. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um breyt á l. um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingu.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (FI, SÞór, SvG).

Við b-lið 1. gr. Ártölin „1994 og 1995“ falli brott.

560. Skýrsla [112. mál]

viðskiptaráðherra um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., samkvæmt beiðni.

Hinn 15. október s.l. óskuðu þingmennirnir Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Helgason, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Ólafur Þ.Þórðarson og Valgerður Sverrisdóttir eftir skýrslu viðskiptaráðherra um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. þar sem svarað yrði nánar tilgreindum spurningum.

1. Fyrsta spurningin var um það hvert hafi verið „endanlegt söluverð hlutafjársins sem ríkissjóður fékk í hendur fyrir 76,8% hlutabréfa í Útvegsbanka Íslands hf. við söluna til þriggja stærstu hluthafa í Íslandsbanka hf".

Eins og kunnugt er voru hlutabréf ríkissjóðs seld til Alþýðubanka Íslands hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf., sem síðan sameinuðu rekstur sinn rekstri Útvegsbankans undir nafni Íslandsbanka. Viðmiðunarverð á hlutabréfunum var upphaflega 1450 milljónir króna, en síðan var í kaupsamningi samið um lækkun verðsins um 358 milljónir króna vegna nánar tiltekinna atriða, sem talin voru upp í kaupsamningi. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi einnig fara fram sérstök úttekt á útlánum Útvegsbankans sem framkvæmd væri af sérfróðum mönnum, en ef ágreiningur kæmi upp um matið á útlánunum skyldi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands úrskurða um málið. Ákvæði þetta var tilkomið sökum þess að ekki var hægt að veita kaupendum aðgang að trúnaðarupplýsingum um stöðu einstakra viðskiptavina við bankann áður en þeir höfðu yfirtekið rekstur bankans. Ágreiningur kom síðan upp um mat á stöðu útistandandi lána og úrskurðaði bankaeftirlitið að frekari lækkun kaupverðs um 149 milljónir króna væri réttmæt. Heildarlækkun frá grunnverði hlutabréfanna nam þá samtals 507 milljónum króna. Var hún fólgin í lækkun útistandandi lána um 284 milljónir króna, lækkun á mati fasteigna um 178 milljónir króna, lækkun annarrar fjárfestingar um 38 milljónir króna og rekstrartapi á tímabilinu janúar til júlí 1989 um 7 milljónir króna.

2. Í annarri spurningunni er spurt hvert sé söluverð hlutabréfanna á núvirði, þegar notuð eru þau almennu vaxtakjör sem gilt hafi í landinu frá þeim tíma.

Ríkissjóður seldi hlutabréf að nafnverði 768 milljónir króna á 943 milljónir króna árið 1989 eins og áður segir. Framreiknað söluverð nemur nú um 1 596 milljónum króna miðað við lánskjaravísitölu og almenna skuldabréfavexti. Nánari grein er gerð fyrir útreikningum þessum í fylgiskjali 1.

Þegar samningamenn ríkissjóðs féllust á lækkun á mati fasteigna bankans í útreikningum á verðmæti hlutabréfanna um 178 milljónir króna eins og að framan greinir, féllust kaupendur á þá kröfu þeirra að ríkissjóður ætti rétt á því að kaupa fasteignir sem hinn sameinaði banki hefði ekki þörf fyrir á því verði sem miðað var við i kaupsamningnum ef það hentaði ríkissjóði. Þessi kaupréttur var notaður í tveimur tilvikum, þ.e. með kaupum á Útvegsbankahúsinu við Lækjartorg og húsnæði Útvegsbankans við Hafnarstræti á Akureyri til afnota fyrir héraðsdómstólanna í Reykjavík og á Norðurlandi eystra. Fengust fasteignirnar með góðum kjörum og reyndist hér um einkar hagkvæman kost að ræða í húsnæðismálum dómstólanna.

3. Í þriðju spurningunni er spurt hvert sé söluverð þeirra hlutabréfa sem ríkissjóður seldi samkvæmt gengi á almennum hlutabréfamarkaði í dag. Erfitt er að fullyrða um markaðsverð hlutabréfanna um þessar mundir, þar sem lítil hreyfing hefur verið á hlutabréfamarkaði. Ekki er talið ólíklegt að gengi hlutabréfanna sé á bilinu 1,15 - 1.20.

Nafnverð hinna seldu hlutabréfa nam 768 milljónum króna en útgefin jöfnunarhlutabréf sem fallið hafa kaupendum í hlut þeirra vegna nema 291,9 milljónum króna. Nafnverð hinna seldu hlutabréfa nemur því 1 059,9 millljónum króna. Áætlað markaðsverð á bréfunum miðað við framangreint gengi nemur samtals 1 218,9 - 1 271,9 milljónum króna eða talsvert lægri fjárhæð en nemur framreiknuðu söluverði. Hefur ríkisjóður því fengið 320 - 370 milljónum króna hærra verð fyrir bréfin, en ætla mætti að fengist fyrir þau á hlutabréfamarkaði í dag.

4. Í fjórðu spurningunni er spurt hver sé upphæð þeirra lána sem ríkissjóður yfirtók frá Útvegsbanka Íslands við stofnun Útvegsbanka Íslands hf. Hve mikið má ætla að tapist af þeim. Hvernig staðið hafi verið að mati hinna yfirteknu lána. Hvort það hafi verið framkvæmt við yfirtökuna eða hvort það hafi farið fram á löngum tíma. Spurt er hvort ríkissjóður hafi orðið að taka á sig tap vegna lána sem við yfirtökuna var talið að mundu greiðast.

Með lögum nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands segir í 1. gr. m.a. „Stefnt er að því að hlutafé hlutafélagsbankans verði allt að 1,0 milljarður króna.“ Þá segir í 4. gr. nefndra laga, að viðskiptaráðherra skuli skipa sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbankinn yfirtekur hann.

Í skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis frá því í marsmánuði 1988 er gerð grein fyrir áliti matsnefndar og lokaskilareiknigi Útvegsbanka Íslands þann 30. apríl 1987. Þar kom fram að eigið fé bankans var neikvætt um 384 milljónir króna. Þá höfðu verið afskrifuð útlán að fjárhæð 438 milljónir króna. Í þeim hluta skýrslu matsnefndar sem fjallar um afskriftir útlána bankans segir m.a.:

„Hinn 29. desember 1987 var gerður samningur milli ríkissjóðs og Útvegsbanka Íslands hf. um að þær skuldbindingar tiltekinna lánþega að frádregnum afskriftum útlána á sérstakan viðskiptareikning hjá Útvegsbanka Íslands hf. Samningur þessi var gerður strax og fyrir lá niðurstaða matsnefndarinnar um afskriftaþörf vegna skulda þessara lánþega. Eru fjárhæðir sem færðar eru á viðskiptareikninginn, í samræmi við niðurstöðu matsnefndar. Samtala skuldbindinga sem hér um ræðir, nemur tæplega 976 milljónum króna að frádregnum afskriftum. Endanlegt uppgjör þeirra útlána, sem færð eru á hinn sérstaka viðskiptareikning, á síðan að fara fram í síðsta lagi í árslok 1988 samkvæmt nánari ákvæðum i samningnum.

Greinargerð matsnefndar um afskriftir útlána til einstakra lánþega kemur fram í sérstöku fylgiskjali. Þar sem gert er ráð fyrir að álit matsnefndar verði birt og með hliðsjón af ákvæðum laga um bankaleynd (sbr. 25. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka) er greinargerð um sérstakar afskriftur útlana aðskilin frá meginefni álits matsnefndar.

Sumir lánþegar sem falla undir sérstakar afskriftir útlána, eru gjaldþrota. Flestir aðrir eru á barmi gjaldþrots eða svo illa á vegi staddir fjárhgslega að rekstrarstöðvun eða greiðsluþrot blasir við. Við ákvörðun afskrifta útlána varð nefndin því að meta virði tryggginga sem bankinn hafði 30.apríl 1987. Afskriftaþörf er þannig mismunur á annars vegar skuldbindingum lánþegans og hins vegar virði tryggginga, að teknu tilliti til áhvílandi veðkrafna á undan veðkröfum bankans.

Sú tilhögun að setja ákveðinn fjölda viðskiptavina Útvegsbanka Íslands á svokallaðan „biðreikning“ byggðist á því að veruleg tapshætta væri fyrir hendi og ef matsnefndin hefði átt að leggja endanlegt mat á útlán myndi hafa orðið um verulegar afskriftir að ræða til viðbótar, sem hefði komið fram í enn neikvæðari eiginfjárstöðu bankans á yfirtökudegi.“

Upphaflega var gert ráð fyrir að ljúka uppgjöri hins sérstaka viðskiptareiknings í árslok 1988. Aðilar urðu hins vegar sammála um að framlengja þann tíma um eitt ár eða til loka árs 1989. Við endanlegt uppgjör viðskiptareiknings í lok árs 1989 voru viðbótarafskriftir útlána að fjárhæð 299 milljónum króna. Þannig námu heildarafskriftir samtals tæplega 684 milljónum króna vegna Útvegsbanka Íslands. Ríkissjóður gaf út skuldabréf til Útvegsbanka Íslands hf. þann 29. desember 1989 vegna lokauppgjörs með vísan til laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka þar sem ríkissjóður ábyrgðist að ef eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands yrði neikvæð miðað við mat sem fram fór við stofnun hins nýja banka myndi ríkissjóður ábyrgjast mismuninn. Samhliða samkomulagi milli ríkissjóðs og Útvegsbanka Íslands hf. um uppgjör hins sérstaka viðskiptareiknings í árslok 1989 var gert sérstakt samkomulag um framhaldsinnheimtu nokkurra mála sem ella hefðu verið afskrifuð að stórum hluta. Með þessu samkomulagi eignaðist ríkissjóður kröfur og fasteignir sem reiknaðar voru að nafnverði um 365 milljónir króna. Síðan hefur verið unnið að uppgjör þessara mála og er nú flestum þeirra lokið. Niðurstaða þess uppgjörs miðað við árslok 1991 sýnir að ríkissjóður hefur fengið 318 milljónir króna af þeim 365 milljónum króna sem var nafnvirði krafnanna í ársbyrjun 1990.

5. Spurt er hvað háum fjárhæðum ríkissjóður hafi orðið af í skatttekjum vegna sölu á skattatapi Útvegsbanka Íslands, fyrst til Útvegsbanka Íslands hf. og síðar til Íslandsbanka hf.

Í árslok 1991 hefur áætlaður skattsparnaður Útvegsbanka Íslands hf. og Íslandsbanka hf. vegna yfirtekins skattalegs taps numið 120 milljónum króna og hefur kaupverð Útvegsbankans á tapinu þá verið dregið frá skattsparnaðinum. Hlutur Íslandsbanka hf. í skattsparnaðinum nemur 85,6 milljónum króna. Ónotað skattalegt tap í árslok 1991 nemur 183,2 milljónum króna, en það er nú háð takmörkun varðandi yfirfærsluheimild. Allar fjárhæðir eru á verðlagi í árslok 1991, en vextir af skattsparnaði og greiðslu fyrir tap eru ekki reiknaðir.

6. Spurt er hvort viðskiptaráðherra telji að gott verð hafi fengist fyrir hlutabréfin í Útvegsbanka Íslands hf., þegar þau voru seld hluthöfum Íslandsbanka hf. Svarið er já. Þótt úttekt á útistandandi lánum hafi leitt í ljós að tapsáhætta var meiri, en ráð var fyrir gert breytir það ekki þeirri staðreynd að sala hlutabréfanna var ríkissjóði hagstæð. Ætlunin við sölu bréfanna var aldrei að blekkja kaupendur þeirra og sú lækkun sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands úrskurðaði var aðeins viðurkenning á staðreyndum þ.e. að bankinn hafði orðið fyrir meiri fjárhagslegum áföllum en reikningar hans sýndu. Öll kurl eru því loks komin til grafar.

7. Loks er spurt hvort ráðherra telji að þær matsaðferðir, sem viðhafðar voru við sölu bréfanna beri ríkissjóði að viðhafa í framtíðinni við sölumat hlutabréfa í sinni eigu.

Rétt er að svara því til að þetta hlýtur að að fara eftir aðstæðum. Í því tilviki sem hér um ræðir voru hlutabréfin seld með það í huga að salan væri hluti af aðgerðum til þess að sameina fjóra viðskiptabanka í einn. Fjárhagsleg staða bankans var því svo nákvæmlega tíunduð sem raun bar vitni og ekki var við skráð verð hlutabréfa að styðjast.

Öðru máli gegnir um bréf, sem þegar hafa ákveðið skráð verð á verðbréfamarkaði og þróun hlutabréfaviðskipta á síðustu árum gera þau mun auðveldari .

Þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag er nægilegt að nota eigið fé þess sem viðmiðun um upphæð hlutafjár. Ef til sölu hlutabréfa kemur síðar, sala hlutafjár er hafin og fjöldi hluthafa hefur náð tilskildu marki er hægt að skrá bréfin á Verðbréfaþingi Íslands. Þar ræður arðsemi bréfanna fyrst og fremst verði þeirra á markaðnum. Við þær aðstæður,

að hlutabréf fyrirtækis eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands er hægt að selja hlutabréf ríkisins í því eftir því sem aðstæður leyfa og þá hlýtur hið skráða verð á hverjum tíma að vera viðmiðun söluverðsins. Skráning hlutabréfanna á Verðbréfaþingi mun hafa í för með hagkvæmari rekstur, þar eð hluthafar munu veita stjórnendum virkt aðhald og skráð verð hlutabréfanna endurspegla árangur rekstrarins á hverjum tíma.

Viðskiptaráðuneytið
Desember 1992

Fylgiskjal 1
Framreiknað söluverð og framreiknistuðull

	Vaxta-prósent	Vísitala Lvt	Höfuðstóll	Vextir
Kaupverð			943.000.000	
Verðbætt til ársloka 1989		2771/2510	1.028.761.024	
Vextir til ársloka 1989	7,59%			39.041.481
Verðbætt til 30/6 1990		2905/2771	1.078.509.843	
Vextir 1/7 1989 - 30/6 1990	7,74%			83.476.662
Vextir við höfuðstól			83.476.662	
Verðbætur til ársloka 1990		2969/2905	1.187.586.207	
Vextir til ársloka 1990	3,14%			48.334.759
Veðbætt til 30/6 1991		3121/2969	1.248.385.501	
Vextir 1/7 1990 - 30/6 1991	8,08%			100.369.518
Vextir við höfuðstól			100.869.548	
Verðbætt til ársloka 1991		3196/3121	1.381.678.673	
Vextir til ársloka 1991	9,94%			68.669.430
Verðbætt til 30/6 1992		3230/3196	1.396.377.382	
Vextir 1/7 1991 - 30/6 1992	9,85%			137.543.172
Vextir við höfuðstól			137.543.172	
Verðbætt til 30/11 1992		3239/3230	1.538.194.636	
Vextir 1/7 1992 - 30/11 1992	9,02%			57.810.482
Vextir við höfuðstól			57.810.482	
Samtals verðbætt til 30/11 1992			1.596.005.118	

	Vaxta-prósent	Vísitala Lvt	Höfuðstóll	Vextir
Kaupverð			1.000	
Verðbætt til ársloka 1980		2771/2540	1.091	
Vextir til ársloka 1989	7,59%			41
Verðbætt til 30/6 1990		2905/2771	1.144	
Vextir 1/7 1989 - 30/6 1990	7,74%			89
Vextir við höfuðstól			89	
Verðbætur til ársloka 1990		2969/2905	1.259	
Vextir til ársloka 1990	8,14%			51
Veðbætt til 30/6 1991		3121/2969	1.324	
Vextir 1/7 1990 - 30/6 1991	8,08%			107
Vextir við höfuðstól			107	
Verðbætt til ársloka 1991		3196/3121	1.465	
Vextir til ársloka 1991	9,94%			73
Verðbætt til 30/6 1992		3230/3196	1.481	
Vextir 1/7 1991 - 30/6 1992	9,85%			146
Vextir við höfuðstól			146	
Verðbætt til 30/11 1992		3239/3230	1.631	
Vextir 1/7 1992 - 30/11 1992	9,02%			61
Vextir við höfuðstól			61	
Stuðull vegna framreiknaðs kaupverðs frá 1/7 1989 til 30/11 1992			1.692	

561. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 15. gr. laganna (sem var 14. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr.

2. gr.

16. gr. laganna (sem var 15. gr. fyrir gildistöku laga nr. 79/1991) orðast svo:

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun einstæðum foreldrum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða að fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	12.000 kr.
Með tveimur börnum	60.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 52. gr. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. 1. mgr. falla niður orðin „og stjórnun aflvéla og ökutækja“.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur niður.

4. gr.

C-liður 1. mgr. 29. gr. fellur niður.

5. gr.

C-liður 35. gr. laganna orðast svo: Barnalífeyrir, 123.600 kr. fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 15. gr.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Launþegar skv. c-lið 30. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum.
2. 4. mgr. orðast svo:
   Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 43. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992:

1. B-liður 1. mgr. orðast svo:
   b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.
2. C-liður 1. mgr. orðast svo:
   c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

8. gr.

44. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónstu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

9. gr.

48. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 1/1992, orðast svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

10. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

11. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 65. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

13. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld sjómanna skv. 36. gr. og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Ákvæði 3.–4. gr., 6. gr. og 11.–13. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. janúar 1994.

562. Frumvarp til laga [295. mál]

um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

I. KAFLI
Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 115. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að leggja á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs sem má nema allt að 100 kr. og greiðist við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjald þetta er grunngjald og er ráðherra heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við vísitölu framfærslukostnaðar. Grunntaxti er miðaður við 1. september 1992, þ.e. 161,3 stig. Ráðherra setur reglur um innheimtu umferðaröryggisgjalds og um skil þess í ríkissjóð.

II. KAFLI
Fjármálaráðstafanir á sviði kirkjumála.

2. gr.

Á árinu 1993 skal taka af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti samkvæmt lögum um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, sbr. lög nr. 89 29. desember 1987, um breytingu á þeim lögum, til að standa undir kostnaði ríkisins við eftirtalin verkefni á sviði kirkjumála:

1. Viðhald prestssetra.
2. Byggingu prestssetra.
3. Kaup eigna á prestssetursjörðum.
4. Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar.
5. Starfsþjálfun guðfræðikandídata.
6. Kirkjuþing, prestastefnu og kirkjuráð.
7. Ýmis verkefni.
8. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

3. gr.

Meðan ekki liggur fyrir hverjar heildargreiðslur ríkisins skv. 2. gr. verða á árinu skal ríkissjóður halda eftir 20% af hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti við mánaðarlega greiðslu gjaldanna til kirkjugarða. Þegar upplýsingar um heildargreiðslur þessar liggja fyrir, og eigi síðar en 15. apríl 1994, skal endurgreiða kirkjugörðum það sem oftekið kann að hafa verið, en ella skal, ef því er að skipta, taka af hlutdeild þeirra á árinu 1994, og eigi síðar en 15. apríl, það sem kann að vera ógreitt. Með heildargreiðslum er átt við greiðslur samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1993.

4. gr.

Á lögum um kirkjugarða verða svofelldar breytingar:

a. 3. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.
b. Við 5. mgr. 27. gr. laganna bætist: Laun umsjónarmanns kirkjugarða, sbr. 4. gr., greiðast úr Kirkjugarðasjóði.

III. KAFLI
Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

563. Lög [286. mál]

um breytingar í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „fengnum“ í 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: niðurfærslum skv. 31. gr. og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 2. tölul. kemur: 10.
b. 4. tölul. stafliðarins fellur niður.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „gengistöp“ í 1. málsl. 1. tölul. komi orðið: niðurfærslu.
b. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 8. tölul. kemur: 10.
c. 11. tölul. greinarinnar fellur niður.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, er verði 31. gr. A, með fyrirsögninni *Niðurfærsla eigna*, svohljóðandi:

Eftirtaldar eignir má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

1. Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfis.
2. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.
3. Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði.

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Við sölu eigna skv. 1. og 2.

tölul. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður. Um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði, sbr. 3. tölul., fer eftir 14. gr.

5. gr.

5. tölul. 32. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. tölul. 38. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 32. gr., 15–20%.
b. Lokamálsgrein fellur niður.

7. gr.

54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna falla brott.

8. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „32,8“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 34,3.

9. gr.

1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo:
Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 282.264 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 2. mgr. B-liðar orðast svo:
   Barnabótaauki skal óskertur nema 89.284 kr. með hverju barni hjóna, en 96.784 kr. með hverju barni einstæðra foreldra, en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa stafliðar.
b. Í stað fjárhæðarinnar „732.000“ í 3. mgr. B-liðar kemur: 549.000.
c. Í stað fjárhæðanna „3.900.000“ og „5.850.000“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.017.000 og 6.026.000.
d. Í stað orðsins „vaxtagjöldum“ í 1. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 90% vaxtagjalda.
e. Í stað orðsins „tvöfalt“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 80%.
f. Í stað fjárhæðarinnar „438.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar kemur: 394.000.
g. Í stað fjárhæðarinnar „575.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar kemur: 518.000.
h. Í stað fjárhæðarinnar „712.000“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar kemur: 641.000.
i. Í stað fjárhæðarinnar „2.965.000“ í 3. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 3.054.000.
j. Í stað fjárhæðarinnar „4.915.000“ í 4. málsl. 2. mgr. C-liðar kemur: 5.062.000.

11. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 33% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

Tekjuskattur lögaðila skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 41% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

Í stað fjárhæðanna „3.412.000“ og „9.550.000“ kemur: 3.514.000 og 9.837.000.

13. gr.

2. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

14. gr.

89. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Fjármálaráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. fellur niður.
c. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 102. gr. A.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.
f. Í stað orðsins „sakadóms“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: héraðsdóms.

16. gr.

5. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

17. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Hafi ríkisskattstjóri grun um að skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

18. gr.

102. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit.

Skattstjórar annast skatteftirlit, hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skatteftirlits og skatteftirlit á landinu öllu. Skatteftirlitið nær til eftirlits samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir ríkisskattstjóra samkvæmt þessari grein gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

19. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 102. gr. A laganna og, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins, skattrannsóknir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim falin framkvæmd á.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði eða eftir kæru hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn samkvæmt þessari grein hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsókna ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

20. gr.

a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 104., 105. og 108. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 115. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

21. gr.

1. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1993, ákvörðun bóta á því ári og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði b- og c-liða 3. gr., 7. gr., a-, b- og c-liða 10. gr., 11. gr. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts, eignarskatts og ákvörðun barnabótaauka á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs. Þá skulu ákvæði a-liðar 2. gr. og b-liðar 3. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1994 vegna arðs sem reiknaður er af tekjum rekstrarársins 1993.

23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. gr. laga þessara má á árunum 1993–1997 draga frá tekjum manna skv. II. kafla laga nr. 75/1981, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á þeim árum samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum og ekki hærra hlutfall af því fé sem varið er til fjárfestingarinnar en hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árunum 1994 og 1995 skal hann eigi vera hærri en 80% fjárhæðarinnar.
b. Vegna fjárfestingar á árunum 1996 og 1997 skal hann eigi vera hærri en 50% fjárhæðarinnar.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu árum en þó ekki lengur en til loka ársins 1997. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði bráðabirgðaákvæðis þessa skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á.

Hámarksfjárhæðir skv. 2. málsl. 1. mgr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu o.fl.

Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1998 skulu menn njóta frádráttar frá tekjum vegna fjárfestinga á árinu 1997.

II.
Fjárfestingarsjóður.

Ákvæði 54. gr., 55. gr., 55. gr. A og 55. gr. B laganna skulu gilda m.a. um bindingu, ráðstöfun og viðurlög uns fjárfestingarsjóður hefur að fullu verið nýttur.

III.
Tekjuskattur lögaðila.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 vera 39% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

IV.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna, eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal á árinu 1994 og 1995 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.400.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 4.800.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.400.000 kr. reiknast þeim hvor sinn hluti hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.400.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur skal lagður á í fyrra skiptið álagningarárið 1994 vegna tekna ársins 1993 og í síðara skiptið álagningarárið 1995 vegna tekna ársins 1994.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

V.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1994 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1993. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1993 vegna tekna á árinu 1992 sem eru umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1995 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1994. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1994 vegna tekna á árinu 1993 umfram 2.400.000 kr. hjá einstaklingi og 4.800.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal mismunurinn þá taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

VI.

Um sérstakan tekjuskatt, sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði IV og V, skulu ákvæði VIII.–XIV. kafla laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

VII.
Um ráðstöfun tekjuskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 109. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal af innheimtum tekjuskatti ársins 1993 renna til sveitarfélaga fjárhæð sem svarar 80% af álögðu aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skulu sveitarfélögum greidd með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 1. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánaðanna febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 1. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Nánar skal kveðið á um fyrirframgreiðslu þessa og uppgjör með reglugerð.

Leiði breytingar skattstjóra við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 2. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag.

VIII.

Málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Meðferð þeirra mála, sem nú eru til rannsóknar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og er ólokið 1. janúar 1993, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins annast.

IX.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 skal aðstöðugjald, álagt á árinu 1993 vegna rekstrar á árinu 1992 en fellt niður við innheimtu, ekki færast til gjalda sem rekstrarkostnaður.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

24. gr.

2. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma að viðbættu 15% álagi.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 2. mgr. greinarinnar fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 2. mgr. greinarinnar kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
d. Í stað orðanna „Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri“ í upphafi 3. mgr. greinarinnar kemur: Skattyfirvöld.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar kemur: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

26. gr.

26. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem

skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, sbr. 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

27. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri" í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

28. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara" í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 1. júlí 1993.

29. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi 1. janúar 1993.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „er nemur fjórðungi árlegs innleggs" kemur: skv. 2. mgr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:
   Skattafsláttur skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:
   1. Á árinu 1994 skal skattafslátturinn vera 20% af innleggi á tekjuárinu 1993.
   2. Á árinu 1995 skal skattafslátturinn vera 15% af innleggi á tekjuárinu 1994.
   3. Á árinu 1996 skal skattafslátturinn vera 10% af innleggi á tekjuárinu 1995.
   4. Á árinu 1997 skal skattafslátturinn vera 5% af innleggi á tekjuárinu 1996.
   5. Eftir árslok 1996 skapa innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga ekki rétt til skattafsláttar samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar skulu ekki gilda þótt maður, sem stofnað hefur húsnæðissparnaðarreikning fyrir 1. janúar 1993, geri ekki skil á öllu umsömdu innleggi sem leggja bar inn eftir þann tíma.

32. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga á árinu 1993 og eigna í lok þess árs.

Frá 1. janúar 1997 falla brott lög nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, þó þannig að við álagningu opinberra gjalda árið 1997 skulu menn njóta skattafsláttar vegna innleggs á árinu 1996.

V. KAFLI
Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

33. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1993 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

34. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

35. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1992 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

36. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1992.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

37. gr.

Með skattframtali 1993 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1992. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 36. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 34. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1993 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

38. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 35. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

39. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

40. gr.

Skatt samkvæmt þessum kafla má draga frá tekjum rekstrarársins 1992 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993. Þá er skatturinn til frádráttar

eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

41. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd kafla þessa með reglugerð.

42. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1993.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

43. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir:

1. Fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum.
3. Ferðaþjónustu, nánar tiltekið hótelgisting, ferðaskrifstofur, veitingarekstur, fólksflutningar og útleiga bifreiða. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um skiptingu gjaldsins í sérstakt og almennt gjald samkvæmt þessari grein hjá þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur bæði undir almennan og sérstakan gjaldflokk.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð umfram 6% af launum.
b. 2. málsl. 3. tölul. orðast svo: Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.

45. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1993 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1994. Ákvæði 43. gr. kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1994 vegna launa á því ári og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
b. 8. tölul. orðast svo: Fasteignaleiga. Útleiga tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga

hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta er þó skattskyld. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.

c. 13. tölul. fellur brott.

47. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau séu undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, að því leyti sem þessir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum eða eingöngu eru seldar skattskyldar vörur og þjónusta félagsmanna.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
b. Síðari málsliður 7. tölul. orðast svo: Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloftfara.
c. 9. tölul. fellur brott.
d. 10. tölul. fellur brott.
e. 11. tölul. fellur brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á útgáfudegi reiknings, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.
b. Við 3. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
c. Við 1. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
d. Við fyrri málslið 2. tölul. 5. mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
e. Við síðari málslið 2. tölul. 5 mgr. bætist: eða 87,72% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.

50. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%:

1. Fólksflutningar, að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.
2. Útleiga hótel- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
3. Milliganga um ferðaþjónustu.
4. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
5. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.

6. Sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra.
7. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

51. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum er skylt, eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð, að auðkenna ökutæki sín þegar virðisaukaskattur af öflun þeirra eða leigu telst til innskatts.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Við 5. málsl. 1. mgr. bætist: eða 12,28% þegar um er að ræða sölu skv. 2. mgr. 14. gr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal á reikningi aðgreina skattskylda sölu eftir skatthlutföllum, þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi sérstaklega fram vegna hvors skatthlutfalls.

53. gr.

8. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Hafi skattstjóri grun um að skattsvik hafi átt sér stað skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

54. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 28. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

55. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð veitt undanþágu frá skattskyldu vegna innflutnings á prentuðu máli enda sé innflutningur ekki í viðskiptaskyni.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.
b. Orðið „skattrannsóknarstjóri“ í 1. málsl. 3. mgr. fellur niður.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

d. 4. mgr. orðast svo:
   Skattyfirvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.
e. Á eftir orðinu „ríkisskattstjóri“ í 1. málsl. 5. mgr. koma orðin: eða skattrannsóknarstjóri ríkisins.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
c. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 5. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 1. og 2. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.
b. Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóra“ í 4. mgr. kemur: skattrannsóknarstjóra ríkisins.

59. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% virðisaukaskatts.

60. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærri fjárhæð en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

61. gr.

Í stað orðsins „skattrannsóknarstjóri“ í 47. gr. laganna kemur: skattrannsóknarstjóri ríkisins.

62. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993. Þó skulu eftirfarandi greinar taka gildi sem hér segir:
a. 46. gr. og 1., 2. og 3. tölul. 50. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994.
b. C- og d-liðir 48. gr. og 4., 5. og 6. tölul. 50. gr. laga þessara öðlast gildi frá og með 1. júlí 1993.

63. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 62. gr. laga þessara er þeim aðilum, sem leigja út hótel- og gistiherbergi, heimilt að skrá sig frjálsri skráningu frá 1. janúar 1993 til og með 31. desember 1993.

Aðilar, sem skráðir eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

II.

Þeir sem verða skráningarskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1993.

III.

Þeim aðilum, sem notið hafa innskattsfrádráttar við öflun og rekstur bifreiðar fyrir 1. janúar 1993, er skylt að auðkenna bifreiðar sínar með sérstökum skráningarmerkjum fyrir 1. júlí 1993.

IV.

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, sbr. 62. gr. laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku skv. 62. gr. laga þessara eða greiðsla farið fram þá að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sem 1. mgr. þessa ákvæðis tekur til, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld fyrir gildistöku laga þessara, þó ekki ef sannað er að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

64. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að sambærileg norræn menningarverðlaun falli undir 1. mgr.

65. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og skulu koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

66. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk bensíngjalds skv. 1. mgr. skal greiða sérstakt bensíngjald sem nemur 1,70 kr. af hverjum lítra af bensíni.

67. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Tekjum samkvæmt lögum þessum, að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð, skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

68. gr.

Á eftir orðinu „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma orðin: sérstaks bensíngjalds.

69. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi 1. janúar 1993.

X. KAFLI
Gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

70. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar sem versla með erlendan gjaldeyri skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.

71. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 70. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 skal gjaldið vera 15%.

72. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 70. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

73. gr.

Ákvæði kafla þessa öðlast gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993 og gilda til 31. desember 1995. Jafnframt falla úr gildi 1. janúar 1993 lög nr. 52/1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, með síðari breytingum.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.930.000“ í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 5.078.000.

75. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1993 vegna eigna í lok ársins 1992.

564. Frumvarp til laga [46. mál]

um Kjaradóm og kjaranefnd.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

I. KAFLI

Um Kjaradóm.

1. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar tvo dómendur. Skal annar þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Tveir dómendur skulu kosnir af Alþingi og fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

2. gr.

Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna skv. 12. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, héraðsdómara, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og umboðsmanns Alþingis.

3. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

4. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

5. gr.

Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

6. gr.

Kjaradómur skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaradómur skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hann úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttindum og ráðningarkjörum.

7. gr.

Kjaradómur skal setja kjaranefnd, sbr. II. kafla laga þessara, meginreglur um úrskurði nefndarinnar.

II. KAFLI
Um kjaranefnd.

8. gr.

Kjaranefnd skal skipuð þremur mönnum. Kjaradómur tilnefnir tvo nefndarmenn og fjármálaráðherra skipar einn og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Kjaranefnd ákveður starfskjör þeirra forstöðumanna ríkisstofnana, fyrirtækja ríkisins og embættismanna sem nánar eru tilgreindir í 9. gr.

9. gr.

Eftirtaldir aðilar heyra undir úrskurð kjaranefndar um launakjör: Brunamálastjóri, fiskistofustjóri, flugmálastjóri, flugvallarstjóri Keflavík, forsetaritari, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, forstjóri Fangelsismálastofnunar, forstjóri Fasteignamats ríkisins, forstjóri Fríhafnar Keflavíkurflugvelli, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landhelgisgæslunnar, forstjóri Landmælinga Íslands, forstjóri Lánasýslu ríkisins, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Ríkisspítala, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, forstöðumaður Listasafns Íslands, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hagstofustjóri, húsameistari ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, landsbókavörður, lyfsölustjóri, lögreglustjórar, námsgagnastjóri, orkumálastjóri, póst- og símamálastjóri, rafmagnsveitustjóri ríkisins, rannsóknarlögreglustjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskóla Íslands, rektor Háskólans á Akureyri, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, ríkisbókari, ríkisféhirðir, ríkislögmaður, ríkisskattstjóri, ríkistollstjóri, sendiherrar, siglingamálastjóri, skattrannsóknastjóri, skattstjórar, skipulagsstjóri

ríkisins, skógræktarstjóri, sýslumenn, tollgæslustjóri, tollstjórinn í Reykjavík, útvarpsstjóri, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, verðlagsstjóri, vita- og hafnamálastjóri, yfirdýralæknir, yfirskattanefndarmenn, þjóðleikhússtjóri, þjóðminjavörður og þjóðskjalavörður.

Óski einhver framangreindra aðila þess skal stéttarfélag, sem hefur rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, semja um starfskjör hans og taka lög þessi þá ekki til hans.

Þá skal kjaranefnd úrskurða um launakjör presta þjóðkirkjunnar, þ.e. sóknarpresta, sérþjónustupresta, prófasta og vígslubiskupa.

Teljist starf stjórnanda í stofnun eða embættismanns vera þannig að því megi að umfangi og ábyrgð öldungis jafna til starfa þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. og hafi viðkomandi starfsmaður óskað eftir að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga, sbr. 5. tölul. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða er ekki í slíku félagi skal fjármálaráðherra vísa ákvörðun um launakjör hans til kjaranefndar.

10. gr.

Kjaranefnd aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum. Skulu embættismenn m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja.

Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjaranefndar falla, svo og ráðuneytum vegna embættismanna og stofnana sem undir þau heyra, skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Nefndin getur og heimilað einstökum embættismönnum að reifa mál sitt fyrir nefndinni.

11. gr.

Við ákvörðun launakjara skal kjaranefnd gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum hjá þeim sem hún fjallar um, að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar og að samræmi sé milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms.

12. gr.

Nefndin skal í ákvörðun sinni greina á milli fastra launa fyrir dagvinnu og launa fyrir annað sem starfinu fylgir. Hún skal og kveða á um hvernig greitt skal fyrir sérstök tilfallandi störf sem starfinu geta fylgt og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaranefnd skal í ákvörðunum sínum taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Kjaranefndin skal og taka tillit til kvaða sem störfunum kunna að fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem þeim fylgja, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Kjaradómur og kjaranefnd skulu taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þeirra tekur til.

Eigi sjaldnar en árlega skulu Kjaradómur og kjaranefnd meta það hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem þeir ákveða.

14. gr.

Kostnaður við Kjaradóm og kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiðast úr ríkissjóði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 92/1986, um Kjaradóm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Strax eftir gildistöku laga þessara skal skipa í Kjaradóm samkvæmt þeim og fellur frá sama tíma niður skipun dómenda samkvæmt fyrri lögum.

Ákvæði laga þessara breyta ekki efni skriflegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga sem undir lögin falla fyrir gildistöku þeirra nema þeim sé sagt upp með löglegum fyrirvara.

Leiði úrskurður samkvæmt lögum þessum vegna ákvæða 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 12. gr. til þess að þegar áunninn eftirlaunaréttur einstaklings í starfi, eða þess sem tekur eftirlaun sem miðast við slíkt starf, breytist til lækkunar skal viðkomandi halda þeim rétti sem hann hefur þegar áunnið sér. Lífeyrir, eins og hann er samkvæmt þeim rétti, skal taka breytingum í hlutfalli við breytingar á meðaldagvinnulaunum sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum frá fyrsta úrskurði samkvæmt þeim.

565. Frumvarp til laga [299. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikið valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði nema kveðið sé á um aðrar viðmiðanir í samningum Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra skv. a-lið 30. gr. eða í reglugerðum við lög þessi.

Greiðslumark lögbýlis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn kindakjöts mælt í tonnum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að verðlagsár fylgi almanaksári.

2. gr.

4. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og einn samkvæmt tilnefningu Landssamtaka sláturleyfishafa í landinu.

3. gr.

1. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd.

4. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

5. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofa landbúnaðarins“ í „Hagþjónusta landbúnaðarins“ og í 4. málsl. 2. mgr. 11. gr. og í 3. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna breytist „Búreikningastofu landbúnaðarins“ í „Hagþjónustu landbúnaðarins“.

6. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu verðskerðingargjalds af þeim afurðum sem lög þessi ná til. Það dregst af verði til framleiðenda. Gjald þetta má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal tekjum af því varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan. Innheimta gjaldsins er háð því að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess og að tillaga um það hafi verið kynnt í fundarboði nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðskerðingargjalds.

7. gr.

21. gr. laganna verður svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af úrvinnslu og heildsölukostnaði afurðastöðva í sama skyni og 20. gr. kveður á um, enda liggi fyrir ósk um gjaldtöku frá landssamtökum viðkomandi afurðastöðva nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 44. eða 51. gr.

8. gr.

Á eftir orðunum „til samtaka framleiðenda“ í 25. gr. laganna komi: eða afurðastöðva.

9. gr.

1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Nú er ákveðið það magn búvöru sem

hverjum framleiðanda eru tryggðar beinar greiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. september til 30. nóvember.

10. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna breytist dagsetningin „15. október“ í: 25. október.

11. gr.

4. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda skv. a-lið 30. gr.

12. gr.

Á eftir 5. mgr. 29. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur.

13. gr.

6. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20.–21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

14. gr.

2. mgr. a-liðar og b-liður 30. gr. laganna falla brott og breytist stafliðaröð í greininni til samræmis við það.

15. gr.

31. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Við 39. gr. laganna, sbr. a-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993–1994 samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993.

Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbýlis óskað eftir því við ábúðarlok að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem

þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

17. gr.

Við 41. gr. laganna, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda hafi viðkomandi rétthafa verið tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu.

18. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. f-lið 7. gr. laga nr. 5/1992, verða svohljóðandi: Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingargjalds, sbr. 20. og 21. gr., hjá framleiðendum kindakjöts og afurðastöðvum við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs.

19. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður X. kafli, með fyrirsögninni: **Um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur 1992–1998**, og breytist kafla- og greinatala í lögunum til samræmis við það, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1992. Kaflinn orðast svo:

a. (47. gr.)

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöð undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi ár að teknu tilliti til birgða. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 100 milljónir lítra verðlagsárið 1992–1993, að lokinni aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur að innanlandsmarkaði. Heimilt er að færa niður heildargreiðslumark mjólkur haustið 1993 eða síðar vegna endurkomu fullvirðisréttar sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Um greiðslur fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til samræmis við úthlutað greiðslumark fer eftir samningum skv. a-lið 30. gr.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

b. (48. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera jafnt fullvirðis-

rétti þess eins og hann er að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði haustið 1992.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki. Greiðslumark lögbýlis breytist ekki þótt innlegg þess í afurðastöð fari umfram greiðslumarkið.

Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda sé viðkomandi rétthafa tilkynnt um það, gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu og hann hafi staðfest samþykki sitt við þessari ráðstöfun.

c. (49. gr.)

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Heimilt er þar að kveða á um að sala greiðslumarks, sem framleiðandi hefur leigt Framleiðnisjóði eða öðrum framleiðanda, sé háð því að það hafi verið nýtt til innleggs á lögbýli leigusala í allt að tvö ár fyrir sölu.

Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið á sama hátt og kveðið er á um í 2. mgr. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

d. (50. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Hún greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra skal að undangengnum samningum við Stéttarsamband bænda setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beinna greiðslna vegna ónýtts greiðslumarks. Heimilt er að ákveða misháar beinar greiðslur eftir árstímum.

e. (51. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir mjólkurafurða í lok verðlagsárs of miklar að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar, sbr. 20. og 21. gr., hjá mjólkurframleiðendum og mjólkursamlögum við innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök mjólkurframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum, sem kunna að eiga umræddar afurðir, skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingargjalds.

Safnist upp birgðir vegna samdráttar í neyslu skal landbúnaðarráðherra, í samráði við Stéttarsamband bænda, ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Heimilt er að verja fjármunum sem sparast vegna þessa til að draga úr tekjuskerðingu framleiðenda eða til söluátaks á birgðum innan lands.

f. (52. gr.)

Ákvæði 45. gr. um úrskurðarnefnd gildir einnig um ágreining vegna ákvörðunar á greiðslumarki lögbýla samkvæmt þessum kafla.

Allir þeir sem hafa fullvirðisrétt/greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu mjólkur eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur.

20. gr.

56. gr. laganna verður svohljóðandi:

Framleiðsluráði landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Í slíku samkomulagi er heimilt að kveða á um verðtilfærslu til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa. Fimmmannanefnd getur gripið inn í verðtilfærslu milli afurða telji hún það nauðsynlegt. Verðtilfærsla má aldrei verða hærri fjárhæð en sem svarar hráefnisverði hverrar afurðar. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

21. gr.

Stafliðir A til K í ákvæðum til bráðabirgða falla brott og í stað þeirra koma:

A.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslur eftir landsvæðum.

B.

Heimilt er að verja á árinu 1993 allt að 250 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk til að greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur sem framkvæmd var 1. september 1992 og tók gildi frá og með verðlagsárinu 1992–1993. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar að því marki sem fullvirðisréttur, sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði, er tekinn í notkun á ný verðlagsárið 1992–1993. Greiðsla vegna niðurfærslu skal vera 50 kr. fyrir hvern lítra mjólkur í fullvirðisrétti.

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur skulu greiddar handhafa beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1992–1993 samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. mars 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. mars 1993.

Þá skal Framleiðnisjóður bæta niðurfærslu sem nauðsynleg kann að verða vegna þess greiðslumarks (fullvirðisréttar) sem losnar úr leigu hjá sjóðnum verðlagsárið 1993–1994 eða síðar.

C.

Heimilt er að verja á árunum 1993–1995 allt að 450 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk til að styrkja úreldingu mjólkurbúa eða hagræðingu í mjólkuriðnaði samkvæmt sérstökum reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Heimilt er að veita styrki til búháttabreytinga af ofangreindri fjárhæð á búum sem liggja fjarri afurðastöð og til búa þar sem flutningskostnaður vex verulega vegna úreldingar mjólkurbús.

D.

Heimilt er á árinu 1993 að verja allt að 175 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk til að standa straum af hluta kostnaðar við niðurgreiðslu á birgðum mjólkurvara sem til staðar verða í árslok 1992. Skal fjárhæð þessi endurgreidd úr ríkissjóði á árinu 1994, sbr. 6. gr. samnings um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 16. ágúst 1992.

E.

Fram til 31. ágúst 1993 skal tilkynna viðkomandi búnaðarsambandi ef selja á greiðslumark til framleiðslu mjólkur út af svæði þess. Þá skulu aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu í fjórar vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt skal andvirði greiðslumarksins staðgreitt eða fullnægjandi trygging sett að mati seljanda. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um auglýsingu og framkvæmd forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði.

F.

Á verðlagsárinu 1992–1993 skulu beinar greiðslur til framleiðenda mjólkur á lögbýlum miðast við þann hluta greiðslumarks sem ónotaður er 1. janúar 1993.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga þessara um greiðslumark og beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur og sauðfjárafurða á lögbýlum falla úr gildi 31. ágúst 1998 nema samningur hafi verið gerður á grundvelli a-liðar 30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði 7. gr. laga nr. 7/1990, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, og 16. gr. laga nr. 9/1989, um efnahagsaðgerðir, auk laga nr. 25/1986, 29/1987, 6/1988 og 5/1992, allra um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

566. Lög [284. mál]

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 414.

567. Lög [285. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 561.

568. Lög [295. mál]

um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 562.

569. Lög [46. mál]

um Kjaradóm og kjaranefnd.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 564.

570. Lög [47. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 48.

571. Lög [299. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 565.

572. Lög [97. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 82/1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 558.

573. Nefndarálit [247. mál]

um till. til þál. um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 25. júní 1992. Nefndin fékk á sinn fund um málið Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Þorstein Pálsson sjávarútvegsráðherra og Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin ákvað að ræða málið frekar á næsta fundi sínum og fá þá greinargerð um túlkun á einstökum atriðum þess.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „18. maí 1992“ í lok tillgr. komi: 25. júní 1992.

Alþingi, 22. des. 1992.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur Hermannsson.
Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Árni R. Árnason.

574. Þingsályktun [317. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 557.

575. Þingsályktun [247. mál]

um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands sem undirritaður var í Kaupmmannahöfn 25. júní 1992.

576. Svar [252. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um úrskurði og samninga um aukið meðlag.

1. *Hversu margir meðlagsúrskurðir voru gefnir út og hve margir samningar um meðlag staðfestir í dómsmálaráðuneytinu á tímabilinu frá 1. júlí 1991 til 1. júlí 1992?*

Í dómsmálaráðuneytinu voru á framangreindu tímabili gefnir út 27 meðlagsúrskurðir og staðfestir 423 samningar um meðlag.

2. *Hversu margir meðlagsúrskurðir voru gefnir út í ráðuneytinu vegna ágreinings um aukið meðlag með börnum á ofangreindu tímabili?*

Á framangreindu tímabili voru samtals gefnir út 23 meðlagsúrskurðir í málum vegna ágreinings um aukið meðlag. Þar af var úrskurðað um aukið meðlag í 14 málum.

3. *Hversu margir samningar foreldra um aukið meðlag með börnum voru staðfestir í ráðuneytinu á fyrrgreindu tímabili?*

Á framangreindu tímabili voru staðfestir 33 samningar um aukið meðlag með börnum.

4. *Hve mörg börn áttu í hlut samtals*
   a. í málum skv. 2. lið,
   b. í málum skv. 3. lið?

Í málum skv. a-lið var krafist aukins meðlags með 35 börnum. Þar af var úrskurðað um aukið meðlag með 18 börnum.

Í málum skv. b-lið voru staðfestir 33 samningar foreldra um aukið meðlag með 46 börnum.

5. *Hver var meðalupphæð meðlags með einstöku barni skv. 2.–3. lið?*

Fjárhæð aukins meðlags með börnum er úrskurðað var í dómsmálaráðuneytinu á framangreindu tímabili er sem hér greinir:

Með níu börnum var úrskurðað um 1½ meðlag. Með níu börnum var úrskurðað um tvöfalt meðlag. Meðalupphæð aukins meðlags samkvæmt úrskurðum var samkvæmt þessu 1¾ hlutar meðlags.

Fjárhæð aukins meðlags með börnum samkvæmt samningum á framangreindu tímabili er sem hér greinir:

Með einu barni var samið um 1⅓ hluta meðlags.
Með 9 börnum var samið um 1½ meðlag.
Með 32 börnum var samið um tvöfalt meðlag.
Með 1 barni var samið um þrefalt meðlag.
Með 2 börnum var samið um 3⅔ hluta meðlags.
Með 1 barni var samið um 3½ meðlag.
Meðalupphæð aukins meðlags samkvæmt staðfestum samningum foreldra var samkvæmt þessu rétt rúmlega tvöfalt meðlag.

6. *Hver var upphæð hæsta meðlags með einstöku barni skv. 2.–3. lið?*

Hæsta meðlag sem úrskurðað var með einstöku barni á framangreindu tímabili var tvöfalt meðlag. Hæsta umsamið meðlag á sama tímabili með einstöku barni var 3½ meðlag.

7. *Hvaða vinnureglur lagði dómsmálaráðuneytið til grundvallar við mat á ágreiningi um aukið meðlag á fyrrgreindu tímabili?*

Í IV. kafla barnalaga, nr. 9/1981, er í gildi voru á því tímabili er þessi liður fyrirspurnarinnar lýtur að, var fjallað um framfærslu barna, en þau lög voru felld úr gildi 1. júlí sl. með barnalögum, nr. 20/1992. Rétt þykir að benda sérstaklega á ákvæði 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. eldri barnalaga í sambandi við fyrirspurnina.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. barnalaga kvað svo á að framfærslueyri skyldi ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Í 2. mgr. 16. gr. sagði m.a. að í meðlagsúrskurði mætti aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri næmi eins og hann væri ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Samkvæmt þessu voru reistar skorður við því hve lágt meðlag gat orðið en hins vegar voru engar takmarkanir á því hve hátt það gat orðið, heldur var það lagt í mat úrskurðaraðila.

Þar sem ákvæði barnalaga um framfærslu voru fremur almenns eðlis mynduðust þeim til fyllingar ákveðnar reglur í dómsmálaráðuneytinu við úrlausn ágreiningsmála aðila um fjárhæð meðlags umfram lágmarksmeðlag.

Þegar fram kom krafa um hærri meðlagsgreiðslur en lágmarksmeðlag var ákvörðun tekin á grundvelli upplýsinga sem ráðuneytið óskaði eftir að aðilar létu í té um þau atriði er mælt var fyrir um í 15. gr., þ.e. fjárhagsstöðu og aðra hagi beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra og þarfir barns. Óskað var eftir staðfestum ljósritum skattframtala aðila fyrir tvö undanfarandi ár ásamt vottorði um tekjur eða launaseðli vegna tekna á yfirstandandi ári. Þá var óskað eftir greinargerð hvors aðila um sig um fjárhag og félagslegar aðstæður. Ef krafa um aukið meðlag byggðist á staðhæfingu um veikindi barns eða forsjáraðila var óskað eftir læknisvottorði. Síðan voru heildartekjur hvors aðila um sig framreiknaðar til úrskurðardags samkvæmt fyrirliggjandi gögnum þannig að fyrir lágu meðaltekjur á mánuði a.m.k. tvö undanfarandi ár.

Þegar framreiknaðar meðaltekjur á mánuði lágu fyrir var kannað hvort viðkomandi hefði getu til greiðslu meðlags umfram lágmarksmeðlag. Ráðuneytið studdist við þá reglu að hefði meðlagsgreiðandi 25% hærri tekjur en meðallaun karla á aldrinum 20–60 ára taldist hann hafa fjárhagslega getu til að greiða 50% meðlag til viðbótar lögboðnu lágmarksmeðlagi með einu barni. Til þess að meðlagsgreiðandi teldist geta greitt 25% með-

lag til viðbótar eða 75% aukið meðlag með einu barni þurftu tekjumörk hans að hækka um 10% o.s.frv.

Athugunarefni var við hvað skyldi miða þegar tekjur aðila samkvæmt skattframtölum virtust ekki gefa rétta mynd af raunverulegum tekjum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að embætti ríkisskattstjóra gefur út viðmiðunarreglur varðandi álagningu opinberra gjalda á ákveðnar starfsstéttir. Ef meðlagsgreiðandi tilheyrði einhverri þessara starfsstétta, en tekjur hans samkvæmt skattframtali voru lægri en viðmiðunarmörkin, lagði ráðuneytið viðmiðunarfjárhæðir ríkisskattstjóra til grundvallar við ákvörðun fjárhæðar meðlags, nema sýnt væri fram á að gildar ástæður væru fyrir lægri tekjum.

Ýmis atriði höfðu áhrif við ákvörðun í meðlagsmálum. Að því er varðaði forsjárforeldri og barn það, sem krafist var aukins meðlags með, má m.a. nefna sérstök útgjöld vegna sérþarfa eða veikinda barnsins og skert aflahæfi foreldris vegna sjúkdóms þess eða barnsins.

Að því er varðar meðlagsgreiðanda má nefna að til frádráttar heildartekjum hans komu framlög er hann greiddi með öðrum börnum sínum og samsvarandi fjárhæð vegna eigin barna er hann hafði á framfæri sínu. Ef barnið eða börnin voru með sérþarfir, sem kölluðu á aukaútgjöld, gat orðið um frekari frádrátt frá heildartekjum meðlagsgreiðanda að ræða áður en greiðslugeta hans var metin. Þá var þeirri reglu fylgt í dómsmálaráðuneytinu að við útreikning á greiðslugetu meðlagsgreiðanda var tekið tillit til þess ef á heimili hans dvöldu ungmenni á aldrinum 18–20 ára sem voru í námi.

Til viðbótar þessu má nefna að eignir og skuldir aðila höfðu almennt lítil áhrif við ákvörðun meðlags. Slíkt kom helst til álita ef eignir voru verulega umfram það sem venjulegt gat talist, svo og ef eignamyndun viðkomandi var augljóslega umfram það sem tekjur hans gáfu tilefni til.

Rétt er að fram komi að það hafði almennt ekki áhrif í meðlagsmálum þótt aðilar hefðu önnur börn, þ.e. börn maka eða sambúðaraðila, á framfæri á heimili sínu, enda var oftast innt af hendi meðlag með þeim af kynforeldri þeirra eða greiddur með þeim barnalífeyrir samkvæmt almannatryggingalögum.

8. *Hvaða vinnureglur leggja sýslumannsembættin nú til grundvallar við mat á ágreiningi um aukið meðlag?*

Ákvæði núgildandi barnalaga, nr. 20/1992, um framfærslu barna eru að meginstefnu óbreytt frá eldri barnalögum og leggja sýslumenn til grundvallar þær vinnureglur er lýst var hér á undan og dómsmálaráðuneytið lagði til grundvallar meðan það fór með meðlagsmál á frumstigi.

Sýslumönnum hafa verið kynnt rækilega ákvæði hinna nýju barnalaga, nr. 20/1992, og jafnframt hafa starfsmenn ráðuneytisins samið ítarlegar leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir sýslumenn, m.a. varðandi meðlagsmál.

Þá hafa starfsmenn ráðuneytisins útbúið eyðublöð til notkunar í meðlagsmálum sem dreift hefur verið til allra embætta sýslumanna og víðar. Eyðublöð þessi eru bæði til notkunar við gerð samninga og vegna ágreiningsmála um meðlagsgreiðslur. Þannig er til eyðublað fyrir beiðni krefjanda um meðlagsúrskurð sýslumanns, þar á meðal beiðni um úrskurð um aukið meðlag, og eyðublað fyrir greinargerð aðila um fjárhag og félagslega stöðu vegna kröfu um aukið meðlag.

577. Svar [227. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svanhildar Árnadóttur um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins.

1. *Hvaða breytinga er að vænta á skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins?*

Í hjálögðu frumvarpi, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, koma fram þær breytingar sem ráðgert er að gera á skipulagi Húsnæðisstofnunar.

2. *Hversu háar fjárhæðir mundu sparast í árlegum rekstrarkostnaði við að leggja Húsnæðisstofnun niður og fela öðrum að annast nauðsynleg verkefni stofnunarinnar, t.d. bönkum eða sveitarstjórnum eftir því sem við á?*

Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvað mundi sparast árlega við það að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður og fela öðrum nauðsynleg verkefni stofnunarinnar.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar og byggingarsjóðanna undanfarin ár hefur verið sem hér segir:

Í eftirfarandi töflu er sýndur rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins 1989–1993 án fjárfestinga og afskrifta. Fjárhæðir fyrir árin 1989–1991 eru samkvæmt ársreikningum, fyrir árið 1992 er sýnd endurskoðuð áætlun miðað við rekstrarkostnað fyrstu 11 mánuði ársins og fjárhæðir fyrir árið 1993 eru samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.

Athygli er vakin á að rekstrarkostnaður ársins 1992 getur breyst þegar kostnaður hefur verið endurskoðaður og metið hefur verið hvaða kostnað á að eignfæra.

Tafla 1.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar 1989–1993.

(Á verðlagi hvers árs, í millj. kr.)

Ár	Rekstrarkostnaður (brúttó)	Rekstrartekjur	Rekstrarkostnaður (nettó)
1989	313	71	242
1990	407	131	276
1991	446	185	261
1992 (áætlun)	410	150	260
1993 (frumvarp)	338	160	178

Tafla 2.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar 1989–1993.
(Á fjárlagaverðlagi 1993, í millj. kr.)

Ár	Rekstrarkostnaður (brúttó)	Rekstrartekjur	Rekstrarkostnaður (nettó)
1989	422	96	326
1990	466	150	316
1991	474	197	277
1992 (áætlun)	426	156	270
1993 (frumvarp)	338	160	178

Þegar spurt er um hvað unnt sé að spara með því að leggja niður Húsnæðisstofnun ríkisins verður að liggja fyrir hvaða aðilar eigi að veita þá þjónustu sem stofnunin veitir í dag. Erfitt er því að segja hvað mundi sparast. Kostnaðurinn mundi að öllum líkindum færast á milli aðila.

578. Fyrirspurn [318. mál]

til iðnaðarráðherra um þilplötuverksmiðju.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvað líður áformum um að reist verði hér á landi fyrirhuguð þilplötuverksmiðja?

579. Nefndarálit [275. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur haft til meðferðar ofangreinda tillögu til þingsályktunar þar sem farið er fram á að Alþingi heimili ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd:

1. Samning í formi erindaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál sem gerður var í Óportó 2. maí 1992.
2. Samning um fiskveiðimál og lífríki hafsins milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992.

Tillagan var send sjávarútvegsnefnd til umsagnar. Utanríkismálanefnd hafa borist tvö álit frá sjávarútvegsnefnd, annars vegar frá meiri hluta nefndarinnar og hins vegar minni hluta hennar og er álit minni hlutans birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Auk þess átti utanríkismálanefnd sameiginlegan fund með sjávarútvegsnefnd þar sem mættir voru Jakob Jakobsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, og Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri. Á fund utanríkismálanefndar mættu Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, og Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri.

Minni hluti utanríkismálanefndar er sammála áliti minni hluta sjávarútvegsnefndar. Í því áliti er saga málsins ítarlega rakin, einkum þess samnings sem gerður var í Óportó 2. maí 1992. Eins og fram kemur í þeim ummælum, sem höfð eru eftir bæði utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra og forustumönnum í sjávarútvegi, hefur þróun þess samnings orðið allt önnur en fullyrt var þegar til þess verks var gengið.

Í stað 30.000 tonna af loðnu, sem kemur í hlut Íslendinga, er gert ráð fyrir 3.000 karfaígildistonnum. Vorið 1991 var fullyrt að veiðiheimildir Evrópubandalagsins yrðu að tveimur þriðju hlutum langhali og einum þriðja karfi. Það var á þessum grundvelli sem forustumenn í sjávarútvegi lýstu ýmsir stuðningi við þennan samning, enda er langhali talinn vannýttur fiskstofn.

Niðurstaðan varð þó ekki þessi. Evrópubandalagið gerði kröfu til þess að afli þeirra yrði 3.000 tonn af karfa. Það virtist utanríkisráðherra samþykkja ótrúlega fljótt. Um það bera vitni ummæli sjávarútvegsráðherra Þorsteins Pálssonar í viðtali við Morgunblaðið 29. nóvember:

„Hann sagðist ekki búast við öðru en að EB fengi sinn karfakvóta, enda væri utanríkisráðherra búinn að gefa það út hver niðurstaðan yrði og þá væri samningsstaðan ekki sterk."

Forustumenn í sjávarútvegi mótmæltu að sjálfsögðu þessari breytingu, enda er karfastofninn ekki vannýttur fiskstofn.

Þetta er rakið hér m.a. til að leggja áherslu á þann reginmun sem er á því að veita Evrópubandalaginu heimild til að veiða úr vannýttum fiskstofni eða af stofni sem er fullnýttur. Samkvæmt Hafréttarsáttmálanum geta erlendar þjóðir farið fram á heimild til þess að veiða úr fiskstofnum sem ekki eru fullnýttir. Af þeirri ástæðu var Evrópubandalaginu ætíð í viðræðum á undanförnum árum vísað á kolmunnann sem þá var talinn eini vannýtti fiskstofninn við Íslandsstrendur. Af sömu ástæðu gat komið til greina að leyfa veiðar á langhala sem ekki er talinn fullnýttur stofn. Með þessum samningi, sem hér er til umræðu, er því brotið í blað og fiskiskipum, m.a. togurum Evrópubandalagsins, hleypt á ný inn í íslenska fiskveiðilögsögu til að keppa í veiðum við íslensk fiskiskip úr fiskstofnum sem eru fullnýttir.

Á fyrrnefndum sameiginlegum fundi nefndanna vakti Jakob Jakobsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, athygli á því að í gegnum árin hefur sáralítið veiðst af hlut Grænlendinga af loðnunni í þeirra lögsögu og reyndar ekkert síðustu árin. Samkvæmt loðnusamningi Íslendinga, Norðmanna og Dana fyrir hönd Grænlendinga eiga Íslendingar rétt á að veiða þá loðnu sem hinir samningsaðilarnir fá ekki nýtt í sinni fiskveiðilögsögu eða innan þeirra íslensku eins og samningurinn heimilar þeim. Þannig fengu Íslendingar á síðustu loðnuvertíð 114 þús. tonn til viðbótar við sinn upphaflega kvóta. Einnig er athygli vakin á því að Evrópubandalagið hefur ekki heimild til þess að veiða sinn kvóta innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. *Jafnframt er það samhljóða túlkun utanríkismálanefndar og sjávarútvegsnefndar að loðnusamningurinn geri ekki ráð fyrir að Norðmenn, ef þeir kaupa af Evrópubandalaginu loðnukvóta sem það hefur fengið frá Grænlendingum, hafi heimild til þess að veiða þann kvóta innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eins og sinn eigin.* Þetta er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði þegar verðmæti kvóta Evrópubandalagsins er metið og eykur stórlega líkurnar á því að hann falli í hlut Íslendinga í lok vertíðar án samninga við bandalagið.

Minni hlutinn vill vekja sérstaka athygli á því sem glöggt er rakið í áliti minni hluta sjávarútvegsnefndar að hinar gagnkvæmu veiðiheimildir, annars vegar í loðnu og hins vegar í karfa, geta ekki talist jafngildar. Nær væri samkvæmt þeim upplýsingum sem þar

koma fram að meta 30 þús. tonn af loðnu sem jafngildi 1.500 til 2.000 tonna af karfa.

Í utanríkismálanefnd hefur komið fram sú skoðun að ekki beri að túlka umræddan samning um fiskveiðiheimildir sem hluta af samningi um hið Evrópska efnahagssvæði eða sem skilyrði fyrir tollalækkunum almennt á útflutningi sjávarafurða til Evrópubandalagsins.

Evrópubandalagið virðist hins vegar líta annan veg á málið eins og fram kemur í yfirlýsingu þess. Þar segir:

„Bandalagið telur að

...

— tvíhliða samningar um fiskveiðar milli Efnahagsbandalags Evrópu og Svíþjóðar, Efnahagsbandalags Evrópu og Noregs og Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands, séu hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum, enda þótt þessir samningar séu aðgreindir lagalegir gerningar.

Bandalagið áskilur sér því rétt til að fresta gerð EES-samningsins uns hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa tilkynnt bandalaginu um fullgildingu ofantalinna tvíhliða samninga. Bandalagið áskilur sér enn fremur rétt til að taka afstöðu gagnvart afleiðingunum séu samningar þessir ekki fullgiltir."

Harma ber að ríkisstjórn Íslands hefur ekki í yfirlýsingu með EES-samningnum lýst öndverðri skoðun.

Minni hlutinn vekur athygli á því að í samningnum er gert ráð fyrir að hinar svonefndu gagnkvæmu veiðar fari allar fram innan fiskveiðilögsögu annars samningsaðilans, Íslands. Að öllum líkindum er það einsdæmi um slíka samninga. Engin ákvæði eru heldur í samningnum þess efnis að Ísland geti látið EB í té veiðiheimildir innan lögsögu annarra ríkja sem Ísland kynni að semja um eða skipt veiðiheimildum sem Ísland fær frá Evrópubandalaginu, að vísu innan eigin lögsögu, fyrir veiðiheimildir í öðrum löndum Evrópu, t.d. Noregi eða Færeyjum.

Einnig ber að harma að sjávarútvegsráðherra tókst ekki að ná fram þeirri yfirlýstu stefnu sinni að samið yrði um raunverulegar veiðar en ekki veiðiheimildir.

Með tilvísun til þess sem nú hefur verið rakið telur minni hluti utanríkismálanefndar samning um gagnkvæmar veiðiheimildir við Evrópubandalagið Íslandi mjög óhagkvæman og leggur til að hann verði felldur.

Ekki verður skilið við þetta mál án þess að fjalla nokkuð um samning um fiskveiðimál sem gerður var í Brussel 27. nóvember 1992.

Í samningi Íslendinga við EB, sem tók gildi 1976, er gert ráð fyrir að löndin leitist við að koma á samningi um fiskveiðimál. Evrópubandalagið sótti á næstu árum fast að fá slíkan samning gerðan. Einna lengst gekk sú viðleitni 1981. Með samningi, sem nú hefur verið gerður, hefur allmikið verið byggt á þeim drögum sem þá lágu fyrir. Það er að mati minni hlutans óeðlilegt. Árið 1982 var Grænland aðili að Evrópubandalaginu. Því lágu fiskveiðilögsögur Evrópubandalagsins og Íslands saman á stórum kafla og ýmsir fiskstofnar sameiginlegir. Engu að síður var þeim drögum hafnað, m.a. vegna þess að ekki náðist samkomulag um gagnkvæmar veiðiheimildir sem samningurinn gerði ráð fyrir eins og núverandi samningur. Þáverandi ríkisstjórn taldi ekki koma til greina að samþykkja aðrar veiðar EB en á kolmunna. Því hafnaði Evrópubandalagið.

Samningur sá um fiskveiðimál, sem undirritaður var 27. nóvember 1992, leggur enn ýmsar kvaðir á Íslendinga. Ekki er kunnugt um neina fiskstofna sem eru sameiginlegir í fiskveiðilögsögu Íslands og EB nema kolmunnann. Því virðast þau víðtæku samráð, sem samningurinn gerir ráð fyrir, óþörf. Einnig ber samningurinn það með sér að veita skuli

veiðiheimildir án þess að fram sé tekið að þær skuli vera í fiskveiðilögsögum beggja aðila.

Minni hluti utanríkismálanefndar telur samning þennan óviðunandi og leggur til að hann verði felldur.

Alþingi, 5. jan. 1993.

Steingrímur Hermannsson, frsm. Ólafur Ragnar Grímsson. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Páll Pétursson.

Fylgiskjal.

Álit

um till. til þál. um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Upphaf málsins.

Utanríkismálanefnd sendi sjávarútvegsnefnd samning þennan til umsagnar og hefur sjávarútvegsnefnd fjallað um hann á nokkrum fundum. Umræður um mál þetta má rekja allt aftur til 1976 þegar bókun 6 gekk í gildi. Við þá gildistöku kom m.a. eftirfarandi fram hjá Efnahagsbandalaginu, sbr. fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins, dags. 24. júní 1976.

„Bandalagið vill nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá von að samningaviðræður geti hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar takist sem báðir aðilar geti sætt sig við."

Á þeim árum, sem liðin eru frá því að bókun 6 gekk í gildi, hefur verið skipst á skoðunum um þetta mál, en aldrei kom fram af hálfu EB hvað bandalagið væri tilbúið að láta í staðinn fyrir hugsanlegar fiskveiðiheimildir við Ísland. Þegar viðræður voru teknar upp um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði var það rík krafa EB að fá aðgang að fiskimiðum Íslands í stað rýmri aðgangs Íslendinga að mörkuðum EB. Um það hefur ávallt verið samstaða að þessi krafa sé óréttmæt og ekki komi til greina að ganga að henni.

Í tíð fyrri ríkisstjórna áttu sér stað margvíslegar viðræður til að auka skilning á því sjónarmiði að Íslendingar geti aldrei gengið að þeirri kröfu að skipta á fiskveiðiheimildum og betri aðgangi að markaði. Þótt ekki fengist niðurstaða í málið á þeim tíma er á því ríkur skilningur að óeðlilegt sé að Íslendingar framselji afnotarétt að auðlindum sínum á sama tíma og ekki eru gerðar sambærilegar kröfur að því er varðar aðrar auðlindir, svo sem olíu og skóga.

Línur skýrast.

Á fundi í Lúxemborg vorið 1991 fóru línur fyrst að skýrast í þessu máli. Um samkomulagið í Lúxemborg sagði utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson m.a. í viðtali við Þjóðviljann 29. júní 1991:

„Það sem gerðist í Lúxemborg er einfaldlega það að gegn því að fá jafngildar veiðiheimildir á loðnu fyrir Ísland í grænlenskri landhelgi bjóðum við EB sem svarar 2.600 tonnum af þorskígildum eða 3.000 tonnum í karfaígildum af vannýttum tegundum sem yrðu að ⅔ hlutum langhali og ⅓ hluta karfi. Þetta samsvarar afla tveggja góðra vertíðarbáta. Við látum ekkert af hendi annað en það sem við fáum í staðinn."

Síðar í þessu viðtali segir utanríkisráðherra:

„Það sem við semjum nú um í gagnkvæmum veiðiheimildum við EB er að mati sjávarútvegsins sjálfs eitthvað sem við höfum verið að sækjast eftir á annan áratug. Magnið er afar lítið. Við höfum ekkert „prinsip" brotið og við höfum engu fórnað til."

Í viðtali við Alþýðublaðið 20. júní 1991 undir fyrirsögninni „Stórsigur" er eftirfarandi haft eftir utanríkisráðherra:

„Við látum í raun og veru ekki neitt í staðinn vegna þess að þótt við höfum fallist á að hefja viðræður við Evrópubandalagið um samstarfssamning um sjávarútvegsmál er það gömul skuldbinding frá því við gerðum fríverslunarsamning 1972. Þetta er í samræmi við tilboð fyrri ríkisstjórna, þar er ekkert látið af hendi annað en það sem við fáum fyrir í jafngildum verðmætum. Með öðrum orðum, þar er enginn fórnarkostnaður á ferðinni."

Samkomulag um EES.

Samkomulag um myndun Evrópska efnahagssvæðisins tókst í Lúxemborg 22. október 1991. Í viðtali við Morgunblaðið 22. október segir sjávarútvegsráðherra Þorsteinn Pálsson m.a.: „Þetta er ótvírætt góður samningur fyrir Ísland." Sagði hann að Íslendingar létu Evrópubandalaginu í té veiðiheimildir sem samsvöruðu 3.000 tonnum af karfa en í staðinn fengju Íslendingar heimildir til veiða á 30.000 tonnum af loðnu.

Í frásögn af fréttamannafundi utanríkisráðherra, sem birtist í Tímanum 23. október, segir m.a.:

„Samkvæmt samningnum fær EB að veiða karfa og langhala í íslenskri lögsögu sem nemur 2.600 tonnum í þorskígildum talið. Á móti fá Íslendingar að veiða 30.000 tonn af loðnu við Grænland."

Í umræðum á Alþingi sama dag sagði sjávarútvegsráðherra m.a.:

„Það er ráð fyrir því gert að frá slíkum samningi yrði gengið einhvern tíma á næsta ári, en meginefni hans er takmörkun á gagnkvæmum skiptum veiðiréttinda. Við höfum lagt fram samningstilboð í þessu efni sem Evrópubandalagið hefur ekki mótmælt. Þar höfum við gert ráð fyrir að meiri hluti aflans yrði langhali en minni hlutinn karfi. Evrópubandalagið hefur óskað eftir því að snúa þessum hlutföllum við. Það verður tekist á um það í þessum samningum. Við þurfum líka að framkvæma frekari rannsóknir á langhalastofninum."

Viðbrögð aðila í sjávarútveginum við þessari niðurstöðu voru almennt jákvæð, enda var gengið út frá því að samið hefði verið um að meginhluti veiðiheimilda EB yrði langhali. Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir m.a. í viðtali við Morgunblaðið 23. október:

„Varðandi veiðiheimildirnar er um skipti á heimildum að ræða, en við látum þá fá 3.000 karfaígildi, hvar af 30% mega vera karfi, eða 900 tonn. Menn vita ekki hvaða verð-

mæti á að setja á langhalann miðað við karfann, þannig að ekki er komin tonnatala á það. Að okkar mati skiptir hún þó ekki miklu máli vegna þess að þetta er sú fisktegund sem við höfum lítt eða ekki litið á, og getum þar með einungis glaðst yfir því að aðrir geri þær tilraunir."

Í lok nóvember kom eftirfarandi fram í fréttatilkynningu frá samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi:

„Á grundvelli þess sem var kynnt í lok samningsgerðar í Lúxemborg um miðjan október fagnaði samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi þessu samkomulagi og taldi hagsmunum Íslendinga vel borgið. Nú hefur hins vegar komið í ljós að veigamiklar upplýsingar í tengslum við sjávarútvegsmál, sem gefnar voru sem forsendur samkomulagsins, eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Í ljós hefur komið að eitt mikilvægasta atriðið, sem lagt var til grundvallar, þ.e. skipti á veiðiheimildum, er nú túlkað með ýtrustu hagsmuni Evrópubandalagsins í huga. Jafnframt kemur í ljós að Evrópubandalagið er ekki tilbúið að staðfesta ýmis atriði samkomulagsins sem voru forsendur stuðnings samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, nema Íslendingar gangi að ýtrustu kröfum bandalagsins um veiðiheimildir. Enn fremur er óljóst um nánari útfærslu á tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins um sjávarútvegsmál. Þess vegna verður samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi að falla frá stuðningi við samkomulagið þangað til allar upplýsingar liggja fyrir í rituðu máli um einstök samningsatriði, þannig að hægt sé að leggja raunhæft mat á efnisatriði samningsins."

Sjávarútvegsráðherra segir í viðtali við Morgunblaðið 28. nóvember:

„Ég lít þannig á að þessi mál þurfi að komast í eðlilegan samningsfarveg. Við höfum sett fram okkar samningskröfur. Þeim var ekki mótmælt í allt sumar og ekki fyrr en í októbermánuði af hálfu Evrópubandalagsins. Það er deginum ljósara að menn tóku afstöðu til samningsins á grundvelli þeirrar samningskröfu sem við lögðum fram og Evrópubandalagið mótmælti ekki á þeim tíma. Það er ekki viðunandi að annar aðilinn í slíkum samningum ráði samningsniðurröðuninni einn og sér."

Í viðtali við DV föstudaginn 29. nóvember segir Magnús Gunnarsson m.a.:

„Dettur einhverjum í hug að við Kristján Ragnarsson og aðrir talsmenn sjávarútvegsins værum búnir að vera á fullri ferð í öllum fjölmiðlum og á fundum talandi fyrir þessum EES-samningi, notandi þessar langhalaveiðar EB-skipanna sem meginröksemd fyrir því að við ættum að samþykkja samninginn, ef við hefðum verið sannfærðir um það í upphafi að við yrðum að gefa allt eftir yfir í karfa? Menn verða bara að trúa því að svo vitlausir erum við Kristján Ragnarsson ekki að við hefðum gert það ef okkur hefði verið sagt satt og rétt frá hvernig hlutirnir væru."

Í viðtali við Morgunblaðið 29. nóvember segir utanríkisráðherra m.a. eftirfarandi:

„Að líklegast sé að áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verður undirritaður muni Íslendingar gera tvíhliða samning við Evrópubandalagið um skipti á veiðiheimildum, sem feli í sér að EB fái á fyrsta ári samningsins að veiða 3.000 tonn af karfa á Íslandsmiðum, eins og bandalagið hefur krafist. Í samningnum verði svo endurskoðunarákvæði um að sýni rannsóknir að langhali finnist hér við land í verulegu magni muni hann koma í stað hluta af karfakvótanum."

Í sama viðtali er haft eftir Þorsteini Pálssyni sjávarútvegsráðherra að hann byggist ekki við öðru en „að EB fengi sinn karfakvóta, enda væri utanríkisráðherra búinn að gefa það út hver niðurstaðan yrði, og þá væri samningsstaðan ekki sterk. Menn yrðu að vega og meta meiri hagsmuni og minni, og vissulega væri sjálfur EES-samningurinn miklu stærra hagsmunamál en 2.000 tonn af karfa."

Samningur undirritaður.

Af þeim ummælum, sem hér hafa verið rakin, má ljóst vera að illa hefur verið haldið á málinu af hálfu Íslands og á þessari stundu virðist samningsstaða Íslands hafa verið orðin mjög slæm. Það má skilja sjávarútvegsráðherra þannig að utanríkisráðherra hafi gefið niðurstöðuna út án þess að reynt væri að ná betri niðurstöðu með samningum. Lítið færðist til betri vegar frá því að þessi tíðindi bárust í lok nóvember 1991. Þegar samningar voru undirritaðir 27. nóvember 1992 sagði m.a. í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu:

„Fiskiskip Evrópubandalagsins fá úthlutað aflaheimildum í Efnahagslögsögu Íslands sem nema 3.000 tonnum af karfa að meðtöldum aukaafla árið 1993. Karfann má veiða á tímabilinu frá júlí til desember á tveimur afmörkuðum svæðum. Enginn þorskur verður leyfður í aukaafla. Eftir 1993 geta aðilar komið sér saman um að breyta samsetningu tegunda þessara 3.000 tonna karfaígilda í ljósi frekari rannsókna á langhalastofnunum við Ísland. Eru úthlutuð svæði m.a. ákvörðuð með þetta í huga. Ísland fær á móti 30.000 tonn af loðnu sem eru 20% verðmætari en hlutur EB."

Þrátt fyrir allan aðdraganda málsins og forsögu lýsir utanríkisráðuneytið því yfir að hlutur Íslands sé 20% verðmætari en hlutur EB.

Í þessu mati er eingöngu tekið mið af verðmæti afla á innanlandsmarkaði og ekkert tillit tekið til heildarverðmætis eða þeirrar staðreyndar að karfinn er verðmætastur þegar hann er sjófrystur eða seldur ferskur á erlendum mörkuðum. Þá er ekkert tillit tekið til þeirrar miklu óvissu sem tengist loðnuveiðunum og þeirra samninga sem gilda um veiðar úr loðnustofninum milli Íslands, Grænlands og Noregs.

Jafngildar veiðiheimildir.

Samkvæmt uppgjöri Fiskifélags Íslands fyrir allt árið 1991 er meðalverð á karfa 62,36 kr. og meðalverð á óslægðum þorski 70,88 kr. og loðnu 3,96 kr. Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar í júní 1992 eru innbyrðis stuðlar í þessum fisktegundum innan lands á árinu 1991 1,0 fyrir þorsk, fyrir karfa 0,41 og fyrir loðnu 0,05. Ef hins vegar er miðað við meðalverð á öllum afla lönduðum innan lands og erlendis er stuðull Þjóðhagsstofnunar 1,0 fyrir þorsk, 0,7 fyrir karfa og 0,04 fyrir loðnu. Jafnframt verður að taka mið af þeirri staðreynd að meðalverð á seldum afla erlendis á árinu 1991 er 109,42 á óslægðum þorski og 101,34 á karfa. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að reiknað er með að sú loðna, sem við fáum í okkar hlut frá EB, verði veidd í lok vertíðar þegar hún er verðminni. Af þessu má ljóst vera að 3.000 tonn af karfa eru mun verðmætari en 30.000 tonn af loðnu og fráleitt að nota það verðmætamat sem utanríkisráðuneytið leggur til grundvallar. Í fskj. I frá Þjóðhagsstofnun og fskj. II frá Fiskifélagi Íslands er nánari grein gerð fyrir verðhlutföllum.

Í þessum samanburði hefur verið gert ráð fyrir að loðnan verði veidd og ekkert tillit tekið til þeirra samninga sem gilda milli Íslands, Noregs og Grænlands um veiðarnar og þeirrar staðreyndar að gert er ráð fyrir að viðkomandi loðna verði veidd í íslenskri lögsögu.

Óvissan um veiðarnar.

Í ársbyrjun 1989 tókust samningar milli Íslands, Noregs og Grænlands um nýtingu loðnustofnsins. Samningar áttu sér langan aðdraganda og höfðu staðið yfir í tæplega 10 ár. Samningurinn var framlengdur 18. maí 1992 til 1. maí 1994. Helsta breytingin á samningnum var að fulltrúar Íslands og Noregs gerðu um það samkomulag að hvor aðili mætti

aðeins veiða 35% af bráðabirgðakvótanum innan lögsögu hins. Jafnframt voru settar viðmiðanir að því er varðar hugsanlegar bætur.

Á síðustu loðnuvertíð var hlutur Íslands í upphafi árs 1992 577.200 lestir. 15. febrúar 1992 höfðu norsk loðnuskip náð að veiða 47.000 lestir af sínum kvóta en Grænland hafði ekki nýtt sinn kvóta. Samkvæmt ákvæðum samnings um nýtingu loðnustofnsins eiga Íslendingar rétt á að nýta það magn sem hinar þjóðirnar veiða ekki. Í samræmi við ákvæði samningsins komu 114.000 lestir til viðbótar í hlut Íslands og var því heildarkvóti Íslendinga rúmlega 690.000 lestir. Síðar á vertíðinni var bætt við 50.000 tonnum. Heildarveiði Íslendinga var 630.000 lestir og vantaði því um það bil 110.000 lestir á að það næðist að veiða heildarkvótann.

Varðandi síðustu loðnuvertíð vísast til fskj. III, um loðnuveiðar 1991–1992, og fskj. IV, yfirlits yfir loðnuveiðar frá 1975.

Á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir, hefur verið úthlutað 820.000 lestum. Af 90.000 lesta kvóta Norðmanna hafa þeir veitt um 67.000 lestir, en Færeyingar hafa veitt 19.000 lestir af kvóta Grænlendinga sem er hinn sami og Norðmanna. Á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir, verður héðan af ekki veitt nema innan íslenskrar lögsögu samkvæmt reynslu undanfarinna ára. Það aflamagn, sem EB hefur fengið í sinn hlut, verður því ekki nýtt af öðrum nema með leyfi íslenskra stjórnvalda. Samkvæmt samningi þeim, sem gildir um loðnuveiðarnar, fellur þetta magn til Íslendinga ef það er ekki nýtt af öðrum. Því eru allar líkur á að þessi loðna komi í hlut Íslendinga á komandi vertíð. Norðmenn hafa aðeins rétt til að veiða 35% af sínum bráðabirgðakvóta innan okkar lögsögu. Þeir mega veiða allan hlut sinn af viðbótarkvótanum í íslenskri lögsögu. Samkvæmt því mega þeir veiða í okkar lögsögu allt að 54.450 tonn á þessari vertíð eða það sem eftir stendur af þeirra kvóta.

Fái samningsaðili framseldan kvóta beint frá öðrum samningsaðila er litið svo á að hann geti veitt hann í lögsögu hinna samningsaðilanna sem sinn eigin kvóta. Samkvæmt því hefðu Norðmenn heimild til að veiða innan íslenskrar lögsögu þann kvóta sem þeir fá framseldan beint frá Grænlendingum með sama hætti og sömu takmörkunum og sinn eigin kvóta án sérstakrar heimildar. Á hinn bóginn hefur af Íslands hálfu verið sá skilningur að þetta gilti ekki um kvóta sem framseldur hefði verið út fyrir hóp samningsaðila. Þannig gætu Norðmenn ekki keypt kvóta af EB og veitt í íslenskri lögsögu nema fá til þess sérstaka heimild. Þannig hefur framkvæmdin verið gagnvart Færeyjum og þeim verið neitað um að veiða í íslenskri lögsögu það sem þeir hafa ætlað að kaupa af EB. Einnig má vitna til greinargerðar með tillögu til þingsályktunar um samning milli Íslands, Noregs, Grænlands og Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, en þar segir m.a.:

„Fái skip annarra þjóða hins vegar leyfi frá grænlenskum stjórnvöldum til þess að stunda veiðar úr hlutdeild Grænlands hafa þau ekki heimild til veiða innan lögsögu Íslands nema að fengnu sérstöku samþykki íslenskra stjórnvalda.“

Ákvæði samningsins og þær líffræðilegu aðstæður sem hafa ríkt á undanförnum árum draga mjög úr verðmæti þess loðnuafla sem EB ræður yfir. Þetta getur breyst í framtíðinni en miðað við núverandi aðstæður er réttur EB til veiða úr loðnustofninum lítils virði. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessara staðreynda við mat stjórnvalda á samningnum.

Þegar tekið er mið af öllum þessum atriðum er það mat minni hluta sjávarútvegsnefndar að ekkert jafnvægi sé í þessum samningi. EB fær í sinn hlut 3.000 tonn af karfa sem veiða má án teljandi áhættu yfir sumartímann. Við fáum í okkar hlut 30.000 tonn af

loðnu sem við höfum fram til þessa getað nýtt okkur samkvæmt samningi um loðnuveiðarnar. Þar að auki er þessi loðna mun verðminni en karfinn.

Hin frægu orð, að Íslendingar hafi fengið allt fyrir ekkert í samningum við EB, hafa snúist upp í andhverfu sína í þessum samningi. Stærilæti utanríkisráðherrans og stöðug sigurganga að eigin mati án tillits til niðurstöðu hefur orðið Íslendingum að falli í þessu máli.

Önnur atriði samningsins.

Skipti við aðrar þjóðir.

Engin ákvæði eru í samningnum um að Ísland geti látið EB í té hugsanlegar veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja. Fiskveiðisamstarf okkar við Noreg og Færeyjar opna möguleika á skiptum á veiðiheimildum. Með slíkum skiptum hefði mátt koma í veg fyrir að togarar EB kæmu í íslenska lögsögu. Togarar EB eru nú þegar í lögsögu Noregs og Færeyja. Þrátt fyrir ítrekaða ábendingu um þetta efni er ekki að sjá að það hafi verið tekið upp í samningum um málið.

Fjöldi skipa.

Samkvæmt viðauka B er gert ráð fyrir að útgefin leyfi verði aldrei fleiri en 18 og togarar við veiðar geti ekki verið fleiri en fimm samtímis. Að mati minni hluta nefndarinnar er hér um of mörg skip að ræða miðað við það magn sem er til ráðstöfunar. Skipunum er heimilt að frysta fiskinn um borð og telur minni hlutinn að slíkt eigi ekki að leyfa.

Eftirlit.

Að mati minni hluta nefndarinnar eru ákvæði samningsins um eftirlit um borð í veiðiskipum viðunandi. Óheppilegt er að löndunarhafnir séu eins margar og raun ber vitni sem getur skapað erfiðleika við eftirlit. Af hálfu íslenskra aðila þarf að ganga vel frá verkaskiptingu milli landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmanna. Fulltrúar landhelgisgæslunnar bentu á að með fullkomnum staðsetningartækjum mætti fylgjast nákvæmlega með ferðum erlendu skipanna.

Íslendingar gerðust aðilar að samningi um INMARSAT-kerfið, en sá samningur var gerður í Lundúnum 3. september 1976. Með því að gera kröfur um fullkomin staðsetningartæki um borð í skipunum gæti stjórnstöð landhelgisgæslunnar fylgst af meiri nákvæmni með skipunum. Það væri til mikilla bóta þótt eftirlitsmaður um borð í skipunum á hverjum tíma sé mikilvægasti eftirlitsaðilinn.

Ákvæði um viðræður.

Í viðauka er gert ráð fyrir að samningsaðilar skuli tafarlaust bregðast við til að koma aftur á jafnvægi vegna ófyrirsjáanlegra líffræðilegra ástæðna. Þetta ákvæði er að mati minni hlutans ófullnægjandi og tryggir á engan hátt að viðunandi jafnvægi geti náðst milli aðila.

Niðurstaða.

Í ljósi framanritaðs getur minni hlutinn ekki samþykkt þennan samning og leggur til að hann verði felldur. Íslendingar fá ekki heimild til veiða í lögsögu EB samkvæmt þessum samningi og því er hér ekki um að ræða gagnkvæmar veiðiheimildir. Í því sambandi má benda á samning um loðnuveiðarnar sem tryggja Íslendingum rétt til að nýta það

magn sem aðrar þjóðir geta ekki veitt. Auk þess er sá afli, sem Íslendingar láta af hendi, mun verðmeiri en sú loðna sem EB býður.

Fram til þessa hefur verið um það samstaða að ekki komi til greina að láta af hendi veiðiheimildir í stað aðgangs að markaði. Í ljósi þeirrar stefnu ber Alþingi að fella samninginn.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Stefán Guðmundsson.
Jóhann Ársælsson.

Fskj. I.

Þjóðhagsstofnun:

Yfirlit yfir reiknuð þorskígildi helstu fisktegunda 1987–1991 ásamt lönduðum afla innan lands og erlendis.

(18. desember 1992.)

Hér á eftir fer yfirlit um reiknuð þorskígildi helstu fisktegunda 1987-1991 ásamt lönduðum afla innanlands og erlendis. Í töflu 1 er miðað við meðalverð á slægðum fiski innanlands á hverjum tíma, en tafla 2 sýnir meðalverð á öllum afla innanlands og erlendis. Töflur 3 og 4 sýna aflann á bak við töflur 1 og 2 og tafla 5 sýnir hver hlutur sjófrystingar er í töflu 4.

Reiknað þorskígildi helstu fisktegunda
(m.v. innanlandsmarkað)

Tafla 1	1987	1988	1989	1990	1991
Þorskur	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Ýsa	1,18	1,18	1,26	1,21	1,15
Ufsi	0,59	0,56	0,56	0,54	0,54
Karfi	0,53	0,51	0,51	0,43	0,41
Steinbítur	0,64	0,58	0,59	0,58	0,53
Grálúða	0,77	0,76	0,78	0,68	0,70
Skarkoli	0,90	0,96	0,95	0,94	0,72
Loðna	0,06	0,08	0,08	0,06	0,05
Loðnuhrogn	1,36	0,83	0,97	0,83	0,66
Síld	0,18	0,20	0,18	0,13	0,09
Humar	4,48	4,08	4,75	4,65	3,60
Rækja	2,05	1,73	1,71	1,33	0,95
Hörpudiskur	0,63	0,44	0,44	0,43	0,39

Reiknað þorskígildi helstu fisktegunda
(m.v. heildarverðmæti)

Tafla 2	1987	1988	1989	1990	1991
Þorskur	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Ýsa	1,29	1,32	1,43	1,39	1,25
Ufsi	0,62	0,59	0,63	0,59	0,60
Karfi	0,69	0,79	0,84	0,77	0,70
Steinbítur	0,67	0,60	0,63	0,59	0,55
Grálúða	1,02	0,95	1,01	1,05	1,15
Skarkoli	1,35	1,25	1,19	1,21	1,12
Loðna	0,06	0,07	0,07	0,05	0,04

Afla landað innanlands - slægður
Þús. tonna

Tafla 3	1987	1988	1989	1990	1991
Þorskur	253,0	234,0	221,8	202,3	193,2
Ýsa	21,5	25,2	26,8	27,8	26,2
Ufsi	52,1	46,3	46,0	52,2	58,6
Karfi	63,9	55,1	46,2	46,3	47,5
Steinbítur	9,7	10,8	10,4	10,5	12,8
Grálúða	24,7	26,3	28,2	13,9	11,6
Skarkoli	4,7	5,8	5,5	4,9	3,0
Loðna	784,4	849,2	626,2	667,3	254,4
Loðnuhrogn	6,6	1,9	3,3	1,9	3,8
Síld	75,3	92,3	95,9	88,0	78,0
Humar	2,7	2,2	1,8	1,7	2,2
Rækja	33,4	19,5	17,7	20,9	23,6
Hörpudiskur	13,3	10,1	10,8	12,1	10,3

Heildarafli - slægður
Þús. tonna

Tafla 4	1987	1988	1989	1990	1991
Þorskur	311,7	300,6	282,9	266,6	245,4
Ýsa	31,6	42,5	49,5	52,7	42,8
Ufsi	62,5	59,5	63,9	75,9	79,5
Karfi	87,8	94,1	91,5	90,8	96,8
Steinbítur	11,4	13,1	12,7	13,0	16,1
Grálúða	41,1	45,1	53,6	33,6	32,1
Skarkoli	10,3	12,9	10,4	10,4	9,9
Loðna	803,5	909,2	666,6	691,7	254,4

Sjófrystur afli - slægður
Þús. tonna

Tafla 5	1987	1988	1989	1990	1991
Þorskur	22,7	29,5	28,1	33,4	33,9
Ýsa	0,8	2,6	4,8	7,2	4,3
Ufsi	2,9	5,6	8,8	13,2	14,1
Karfi	4,0	17,7	18,0	17,7	21,7
Steinbítur	0,1	0,0	0,2	0,3	0,6
Grálúða	11,8	15,0	20,5	15,3	17,1
Skarkoli	0,0	0,4	0,2	0,1	0,2
Loðna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

Fskj. II.

Upplýsingar frá Fiskifélagi Íslands, hagdeild.
(Úr Útvegi 1991, ágúst 1992.)

Fiskifélag Íslands — Afli eftir tegund löndunar - Tafla 22

Meðalverð (Kr./kg) — **Selt úr skipi erlendis** — Árið 1991

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls
Þorskur	116,58	103,12	103,26	112,13	106,74	94,63	106,46	108,72	125,22	114,59	120,94	108,98	109,42
Ýsa	161,12	131,10	143,73	154,04	116,90	122,77	115,61	105,71	125,01	108,99	117,05	124,49	124,45
Ufsi	91,25	52,48	67,23	82,60	71,49	72,02	62,78	66,82	80,87	77,98	82,36	75,69	74,28
Lýsa	-	-	98,61	84,25	63,29	-	-	56,62	132,50	75,02	-	37,63	68,45
Karfi	115,12	99,49	103,48	87,16	99,04	117,18	76,21	95,71	96,23	100,50	109,57	117,12	101,34
Langa	68,96	56,91	60,86	71,72	70,75	66,64	60,09	75,50	69,12	77,78	61,61	51,26	65,43
Blálanga	74,61	69,46	70,27	85,03	81,18	95,84	75,22	86,63	82,07	96,55	96,15	70,63	80,91
Keila	64,28	50,16	53,25	62,50	50,11	73,78	44,75	71,38	70,80	78,32	70,51	57,37	52,82
Steinbítur	136,29	108,31	95,96	84,01	65,12	77,24	79,35	106,62	116,17	117,98	122,11	110,28	98,87
Langhali	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2,67	2,67
Skötuselur	286,83	177,13	261,43	178,56	86,17	171,21	219,54	229,08	224,42	283,05	292,44	291,35	216,74
Skata	9,89	38,39	103,90	11,66	4,27	52,60	16,46	35,58	30,50	152,04	14,05	4,80	28,83
Háfur	-	-	75,96	-	-	-	-	-	43,89	-	-	-	66,98
Ósundurliðað	49,89	38,38	36,42	38,16	43,38	42,06	34,34	43,67	28,00	35,01	55,20	33,12	39,85
Lúða	378,08	423,09	483,04	317,48	241,60	266,41	256,45	294,61	267,17	271,37	338,82	361,71	318,90
Grálúða	148,51	110,22	85,28	86,00	98,59	102,95	122,96	131,94	113,95	150,19	140,90	125,03	105,50
Skarkoli	221,54	-	64,85	146,64	102,76	115,23	123,59	108,82	121,24	121,02	103,05	149,05	117,76
Þykkvalúra	446,46	-	223,74	241,04	138,01	168,82	119,50	110,21	185,61	146,24	-	-	156,93
Langlúra	-	-	-	-	37,87	203,04	33,45	-	-	-	-	-	43,74
Stórkjafta	-	-	43,03	37,48	25,32	-	-	-	57,14	-	-	-	35,51
Sandkoli	35,24	-	-	-	-	-	-	-	25,00	-	-	17,12	25,84
Rækja	-	-	-	-	-	-	-	-	73,77	-	-	-	73,77
Hörpudiskur	-	-	-	-	-	-	-	-	28,85	-	-	-	28,85
Samtals	117,00	97,72	102,04	91,93	100,12	102,18	83,42	94,12	95,92	100,04	108,68	108,23	100,39
Hrogn	170,28	73,37	135,04	-	17,69	-	-	-	-	-	-	-	96,75

Fiskifélag Íslands — Afli eftir tegund löndunar - Tafla 22

Meðalverð (Kr./kg) — **Samtals** — Árið 1991

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls
Þorskur	74.12	72.23	72,60	75,81	70,94	61,63	64,53	73.53	68.59	75,70	74.51	72,37	70,88
Ýsa	93,35	87,57	98,96	91,29	85.89	80.24	84,33	87,03	93,10	94,53	93.43	90.54	89,05
Ufsi	38,78	37,17	38.92	42.01	37,41	38.74	41,06	44.66	45,08	48.28	47.66	47,64	42.20
Lýsa	83.47	76.74	72.93	92.23	94.84	81.20	61.97	65,65	77.16	57,75	58.72	51,73	72.18
Karfi	68.31	55.81	66.32	56,19	55,37	54.98	49,03	55.48	52,73	66.94	77,46	83.32	62,36
Langa	50,58	47.71	47,49	52,05	49,01	50.82	47,64	57.19	57.00	67,20	66.22	59.87	54.05
Blálanga	69.58	57.88	55,20	56.64	58.79	59.26	55.55	62.41	75,81	76.97	82.05	70,50	64.85
Keila	36.84	39.42	37,95	37,87	35,51	46,43	49.65	58.04	57,80	55.14	44,77	42.79	46.04
Steinbítur	56,76	43,79	38.68	39.09	39,54	49.69	52.30	60.59	65.75	63,70	72.57	64.05	44.01
Langhali	-	18.43	15,53	17,04	23,94	15.06	-	15.00	19,00	15,00	57,91	15.11	18,62
Úthafskarfi	-	-	-	-	40.80	42.54	42,19	45.82	45,50	-	-	-	42.06
Tindaskata	19.01	21,30	16,04	21,48	11,26	21.77	9,13	14,18	15,96	13.22	12,26	19,42	17,71
Hlýri	27,90	28.24	26.25	23,73	25.35	25,09	28.18	26.07	26.80	36,88	27,98	29,79	28.64
Skötuselur	169.24	121.72	176,05	153.40	124,54	145.13	153.04	184.53	228.06	204,46	276.76	244,02	158.78
Skata	33.05	31.85	56,59	66.83	39,99	52.22	57.94	37.42	36.08	50,77	31,62	22.61	39.10
Háfur	24.03	70.57	65,45	26,04	27,77	4.50	10.67	37.66	97,14	74,21	52.87	3.88	60.91
Hákarl	23,53	19.81	-	24,97	24.65	24.65	16.80	24.65	30.21	24.65	21.09	24,65	24.24
Gullax	19,62	18.33	18.74	18.65	17.16	10.36	15,30	18.09	22.70	17.82	16.75	16,34	17,85
Ósundurliðað	61.71	36.84	44,17	55.65	55.77	37.98	52.72	34.97	47,57	52.24	46.78	43.74	47.48
Lúða	316.81	313,12	318.81	226,58	223,23	220.94	222.06	246.76	274,95	272,83	330.86	299,95	245.63
Grálúða	95.59	82.22	86.27	81,22	88.39	114,56	105,04	115,15	107,85	95.20	89,13	87,69	94.36
Skarkoli	148.18	116.03	97,99	96.72	84,54	79,51	78,69	76.49	101,64	100.58	119.17	95,40	91.80
Þykkvalúra	238.50	222.25	148.75	161.72	114,48	100,09	104,12	103.90	137.96	204.94	230.58	214.43	126.01
Langlúra	76.27	104.34	138,11	121.41	108,56	87.29	96.40	106.70	72,67	80.19	59.57	123.30	94.63
Stórkjafta	63.31	55.23	53.67	46.08	34.21	28.72	32.66	45.71	33,89	42.75	38.86	50.82	38.23
Sandkoli	31.78	31.73	32,27	32.72	35.35	42.12	44,00	36,89	35.44	36.30	35.24	35.51	37.18
Skrápflúra	38.68	48.01	66,35	54.06	31.00	31.54	37,32	28.41	28,84	33,41	42.88	46.30	53.22
Annar flatf.	62,85	104.83	73,46	88,36	52.33	39.90	48.72	66.80	32.00	32.00	32.25	61,38	48,54
Síld	8.05	6.80	-	-	16,13	24.71	12,92	-	27,86	7,44	6,84	6.65	7.10
Loðna	4,55	4.25	2.74	-	-	-	-	-	-	-	4,40	4,50	3,96
Loðnuhrogn	-	53,55	53,04	-	-	-	-	-	-	-	-	-	53.05
Makríll	-	-	-	-	-	-	-	10,00	-	-	-	-	10.00
Sardinella	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Geirnyt	15,00	16,61	74.58	6,55	-	-	4.50	-	14,22	14,20	12.88	14,92	13,71
Humar	453.31	-	-	-	271,67	283,62	291,69	291.40	199,76	166,81	-	-	281.21
Rækja	108,97	107,44	105,40	133,90	145,70	112,44	84,85	104.33	113.82	121,32	106,35	105,02	110.85
Trjónukrabbi	-	35,00	10.00	-	-	-	-	-	-	-	-	-	25,63
Hörpudiskur	30,35	31,00	30.29	31,48	31,03	30,59	30,05	29.75	29,78	29.91	29,99	30,06	30,10
Beitukóngur	-	-	-	-	-	-	-	17,89	-	-	-	-	17,89
Hrognelsi	112,69	77,49	93,59	92,23	40,78	41,18	18,53	-	-	5.00	-	-	77,35
Búrfiskur	-	-	-	23,44	-	-	-	-	10,00	109.07	159,71	-	129,36
	-	-	-	-	-	-	-	15.27	21,47	-	-	-	18.25
	-	-	-	-	-	-	-	-	-	29.85	-	-	29,85
Samtals	43,74	23.51	40,17	71,11	74,93	71,52	64,37	69,88	63.90	52.46	46.69	28.94	48,91
Hrogn	174,66	149,66	151,42	153,06	96,33	120,12	120,00	-	-	-	-	150,98	149,65
Lifur	14,17	211,94	10,00	-	-	-	-	-	-	-	-	-	145,35
Þorskafsk.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	36.84	36,84
Ufsaafsk.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	25.07	25,07
Hausar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	3.00	3.00
Lúðuhausar	-	-	-	-	-	-	-	*	*	-	-	-	*
Annað	41,95	35,26	42,30	50,91	51,76	53,89	54,69	50,16	40,04	54.65	43,10	42,09	47,96

Fskj. III.

Jón B. Jónasson:

LOÐNUVEIÐAR 1991–1992

(Úr fylgiriti með 6. tbl. Ægis 1992,
Loðnuveiðar á vertíðinni 1991/1992.)

Inngangur.

Við ákvörðun bráðabirgðakvóta fyrir tímabilið júlí til desember hafa mælingar á smáloðnu í ágústmánuði árið á undan verið lagðar til grundvallar. Endanlegur aflakvóti hefur síðan verið ákveðinn eftir stofnstærðarmælingar að hausti eða vetri.

Þar sem mjög lítið hafði mælst af smáloðnu í ágústmánuði 1990, auk þess sem spár um afla, sem eingöngu voru byggðar á mælingum á smáloðnu, höfðu reynst allt of háar tvær fyrri vertíðir höfðu íslenskir fiskifræðingar lagt til að veiðar hæfust ekki fyrr en að loknum mælingum á stærð loðnustofnsins í októbermánuði. Þessi tillaga fiskifræðinganna hlaut stuðning á fundi ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins og á fundi í Reykjavík 23. maí 1991 urðu fulltrúar Íslands, Noregs og Grænlands sammála um að fresta ákvörðunum um veiðar uns niðurstöður frekari rannsókna í október og nóvember lægju fyrir.

Við skipulagningu rannsóknaleiðangra sumarið 1991 var ákveðið að fjögur veiðiskip yrðu rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni til aðstoðar. Í byrjun október héldu síðan loðnuskipin Höfrungur AK 91, Ísleifur VE 63, Súlan EA 300 og Sunnuberg GK 199 til loðnuleitar ásamt Árna Friðrikssyni og um miðjan mánuðinn kom Bjarni Sæmundsson einnig til leitar og mælinga, en þá höfðu loðnuskipin lokið sínum þætti í leitinni.

Haustvertíðin 1991.

Þann 24. október lögðu fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar til að upphafskvóti vertíðarinnar yrði 240 þús. lestir. Var þessi tillaga fiskifræðinganna samþykkt af stjórnvöldum í Grænlandi, Noregi og á Íslandi og 24. október 1991 gaf sjávarútvegsráðuneytið út svohljóðandi fréttatilkynningu:

„Sjávarútvegsráðuneytið hefur, að tillögu Hafrannsóknastofnunar, ákveðið að leyfilegur hámarksafli á loðnu verði til bráðabirgða ákveðinn 240 þús. lestir. Af þessu magni koma 187.200 lestir í hlut Íslands en 52.800 lestir skiptast jafnt milli Noregs og Grænlands.

Vegna smáloðnu á hluta þess svæðis sem loðnan heldur sig á núna eru allar loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°30'N milli 20°V og 24°V og sunnan 67°45'N milli 18°V og 19°V.

Ráðuneytið mun leitast við að fylgjast með breytingum sem verða á bannsvæðinu og munu eftirlitsmenn fara með loðnuskipum í því skyni. Eftir fyrstu viku nóvembermánaðar munu hafrannsóknaskipin tvö halda á ný til mælinga á loðnustofninum og er þess vænst að nýjar mælingar geti legið fyrir um 25. nóvember nk.

Loðnuskipum er heimilt að hefja loðnuveiðar 26. október en ráðuneytið mun senda tilskilin leyfi í byrjun næstu viku. Að lokum minnir ráðuneytið skipstjóra loðnuskipa á tilkynningarskyldu þegar siglt er yfir lögsögu Grænlands og Jan Mayen. Enn fremur ber þeim að tilkynna áætlaðan afla og veiðisvæði til ráðuneytisins þá er haldið er til hafnar til löndunar hverju sinni."

Nokkur skip héldu til veiða í október en veiði var sáralítil og í lok nóvembermánað-

ar hafði aðeins verið landað tæpum 12 þús. lestum. Þá höfðu 17 bátar tilkynnt um afla.

Um miðjan nóvember höfðu Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson haldið til loðnumælinga á ný og stóð sá leiðangur til 26. nóvember 1991. Að fengnum niðurstöðum úr þessum leiðangri lagði Hafrannsóknastofnun til að kvótinn yrði aukinn um 200 þús. lestir, eða í 440 þús. lestir, og jafnframt yrði bann við veiðum á tveimur svæðum fyrir Norðurlandi áfram í gildi.

Voru þessar tillögur Hafrannsóknastofnunar samþykktar af stjórnvöldum í Grænlandi, Noregi og á Íslandi og í framhaldi af því var heildarkvóti íslensku skipanna aukinn í 343.200 lestir.

Veiðar gengu áfram stirðlega og í lok desembermánaðar höfðu íslensku loðnuskipin landað rúmlega 55 þús. lestum og höfðu 25 skip tilkynnt um afla fyrir áramót.

Á þessari haustvertíð stunduðu engin erlend veiðiskip loðnuveiðar úr loðnustofninum milli Íslands, Austur-Grænlands og Jan Mayen.

Vetrarvertíðin 1992.

Veiðar hófust þegar eftir áramótin og var góð veiði út af Seyðisfirði og Reyðarfirði en þegar bátar hættu veiðum fyrir jól hafði veiðisvæðið verið út af Langanesi. Veiðibönnin, sem höfðu verið í gildi frá upphafi vertíðar, voru felld úr gildi.

Strax eftir áramótin héldu bæði loðnurannsóknaskipin á ný til stofnstærðarmælinga sem stóðu til 16. janúar 1992. Að loknum þeim mælingum lagði Hafrannsóknastofnun enn til aukningu á loðnukvótanum og nú um 300 þús. lestir, eða samtals í 740 þús. lestir. Sem fyrr var þessi tillaga samþykkt af stjórnvöldum landanna og í framhaldi af þeirri samþykkt var heildarkvóti íslensku veiðiskipanna aukinn í 577.200 lestir.

Norðmenn komu til veiða í lögsögu Íslands í byrjun janúar en veiðar þeirra gengu illa. Auk þess gekk loðnan óvenjusnemma suður fyrir 64°30'N, en samkvæmt samningi milli Íslands, Noregs og Grænlands var þeim óheimilt að stunda veiðar sunnan þeirra marka.

Grænlensk og færeysk stjórnvöld sóttu um heimild fyrir færeysk veiðiskip til loðnuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi en var synjað á þeirri forsendu að sá kvóti sem skipin áttu að stunda veiðar úr væri kvóti sem Evrópubandalagið hefði fengin framseldan frá Grænlandi.

Þann 15. febrúar 1992 höfðu Norðmenn aðeins náð að nýta hluta af sínum kvóta, en kvóti Grænlands var ónýttur. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá norskum stjórnvöldum höfðu norsk loðnuskip veitt rétt um 47 þús. lestir. Samkvæmt ákvæðum samnings um nýtingu loðnustofnsins frá 1989 átti Ísland rétt á að nýta það magn sem Grænland og Noregur höfðu ekki náð að nýta og kom því til 114 þús. lesta aukningar á heildarkvóta íslensku skipanna og var því kvóti þeirra orðinn rúmlega 690 þús. lestir.

Veiðar íslensku skipanna gengu mjög vel í janúar og febrúar og í lok febrúarmánaðar var afli þeirra orðinn rétt um 410 þús. lestir.

Í byrjun marsmánaðar hélt Árni Friðriksson til loðnumælinga út af Vestfjörðum, en þá höfðu borist fréttir frá togurum um loðnu út af Hala og Barðagrunni. Á þessu svæði mældust 50 þús. lestir af hrygningarloðnu sem talið var að væri á leið að vestan til hrygningar. Þar sem þetta magn hafði ekki verið í fyrri mælingum Hafrannsóknastofnunar var kvótinn enn aukinn um miðjan mars og nú um 50 þús. lestir.

Þegar þessi ákvörðun var tekin höfðu nokkur loðnuskipanna lokið við að veiða kvóta sína en önnur ekki. Ljóst var þá að endalok vertíðarinnar voru ekki langt undan og því sýnt að kvótinn næðist ekki. Fór það að lokum svo að íslensku veiðiskipin náðu aðeins að veiða 630 þús. lestir samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands. Þar sem heildar-

kvóti íslensku skipanna á vertíðinni 1991/1992 var rétt um 740 þús. lestir vantaði 110 þús. lestir upp á að það næðist að veiða heildarkvótann.

Endanlegur afli Norðmanna á þessari vertíð reyndist síðan 47.558 lestir og heildarafli vertíðarinnar því 676.996 lestir.

Á þessari vertíð höfðu 44 loðnuveiðiskip heimild til veiða. Af þessum skipum fóru 38 til veiðanna en sex skip framseldu kvóta sína.

Á þessari vertíð urðu allmiklar deilur milli fiskifræðinga annars vegar og sjómanna hins vegar um ástand loðnustofnsins. Voru haldnir nokkrir fundir þar sem skipst var á skoðunum auk þess sem sjómenn tóku þátt í loðnuleitinni í upphafi eins og áður er rakið.

Það er ljóst að það veldur erfiðleikum og fjárhagslegu tjóni þegar ekki er hægt að stunda veiðar á þeim tíma sem þær eru arðbærastar eða ekki næst að veiða allt það magn sem talið er óhætt að veiða á hverri vertíð. Það er einnig ljóst að fara verður að með gát þegar ástand loðnustofnsins er lélegt eða óvissa er um stærð hans. Kemur hér einkum til hversu þýðingarmikill þáttur hans er í vexti og viðgangi annarra fiskstofna, einkum þorskstofnsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á það hversu mikið var í það lagt á þessari síðustu vertíð að kanna ástand loðnustofnsins og voru tvö stærstu skip Hafrannsóknastofnunar bundin að mestu við það verkefni frá byrjun október til miðs mars.

Samningur um nýtingu loðnustofnsins.

Snemma árs 1989 tókust samningar milli Íslands, Noregs og Danmerkur/Grænlands um nýtingu loðnustofnsins. Samkomulag náðist loks eftir fjölmarga fundi sem hófust þegar 1980 er samningurinn um nýtingu loðnustofnsins milli Íslands og Noregs var gerður.

Meginatriði þessa samnings lúta að skiptingu þess heildarmagns loðnu sem ákveðið er að veiða hverju sinni auk þess sem aðilum er veittur ákveðinn aðgangur að fiskveiðilandhelgi hvers ríkis.

Samningur þessi var til þriggja vertíða og féll því úr gildi í lok vertíðarinnar 1991/1992.

Á fundi í Kaupmannahöfn 18. maí 1992 tókst samkomulag um það að leggja til við stjórnvöld í hlutaðeigandi löndum að framlengja samninginn um tvær vertíðir eða til 1. maí 1994. Jafnframt var samningnum breytt þannig að aðilar skyldu semja sérstaklega um frekari takmarkanir á veiðum innan lögsögu hvers ríkis. Þessi breyting var gerð að kröfu Íslands, en verulegrar óánægju hafði gætt hjá loðnuveiðimönnum með auknar veiðar Norðmanna í lögsögu Íslands.

Í framhaldi af þessari breytingu á samningnum komust fulltrúar Noregs og Íslands að samkomulagi um að hvor aðili mætti aðeins veiða 35% af bráðabirgðakvótanum innan lögsögu hins. Engar takmarkanir eru á veiðum þess magns sem ákveðið er að veiða til viðbótar bráðabirgðakvótanum, en þó er áfram í gildi bann við veiðum erlendra skipa í lögsögu Íslands, eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N.

Stjórnvöld landanna staðfestu þessar breytingar á samningnum í Kaupmannahöfn 25. júní 1992 með undirskrift sinni.

Vertíðin 1992/1993.

Þegar þetta er skrifað hefur verið tilkynnt að loðnuveiðar megi hefjast. Bráðabirgðakvótinn hefur verið ákveðinn 500 þús. lestir og samkvæmt ákvæðum samnings um nýtingu loðnustofnsins á svæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen koma 390 þús. lestir í hlut íslensku loðnuskipanna. Af þessum 390 þús. lestum mega íslensku skipin veiða 136.500 lestir í lögsögu Jan Mayen samkvæmt því samkomulagi sem gert var í maí 1992. Með sama hætti mega norsk skip aðeins veiða 19.200 lestir innan lögsögu Íslands af þeim 55 þús. lestum sem þeir eiga úr bráðabirgðakvótanum.

Fskj. IV.

Yfirlit yfir loðnuveiðar frá 1975.
(Úr fylgiriti með 6. tbl. Ægis 1992,
Loðnuveiðar á vertíðinni 1991/1992.)

Árlegar loðnuveiðar síðan sumarveiðar hófust 1975

	Heild	Ísland	Hlutfall	Noregur	Hlutfall	Færeyjar	Hlutfall	Aðrir	Hlutfall
1975	460,2	460,2	100,0%	–	–	–	–	–	–
1976	453,1	453,1	100,0%	–	–	–	–	–	–
1977	833,2	808,9	97,1%	–	–	24,3	2,9%	–	–
1978	1.159,6	965,9	83,3%	154,1	13,3%	39,6	3,4%	–	–
1979	1.127,9	963,7	85,4%	124,0	11,0%	40,2	3,6%	–	–
1980	919,7	759,5	82,6%	118,7	12,9%	24,2	2,6%	17,3	1,9%
1981	769,0	640,6	83,3%	91,4	11,9%	16,2	2,1%	20,8	2,7%
1982	13,2	13,2	100,0%	–	–	–	–	–	–
1983	133,4	133,4	100,0%	–	–	–	–	–	–
1984	988,1	864,8	87,5%	104,6	10,6%	10,2	1,0%	8,5	0,9%
1985	1.268,2	993,3	78,3%	193,0	15,2%	65,9	5,2%	16,0	1,3%
1986	1.164,7	894,3	76,8%	199,7	17,1%	65,4	5,6%	5,3	0,5%
1987	1.019,1	811,9	79,7%	142,0	13,9%	65,2	6,4%	–	–
1988	1.028,6	912,0	88,7%	68,1	6,6%	48,5	4,7%	–	–
1989	778,1	663,0	85,2%	100,7	12,9%	14,4	1,9%	–	–
1990	798,0	695,7	87,2%	84,4	10,6%	17,9	2,2%	–	–
1991	258,4	258,4	100,0%	0,0	0,0%	–	–	–	–
1992	–	573,5	–	47,6	–	–	–	–	–

Veiðar á hverri vertíð síðan sumarveiðar hófust 1975

	Heild	Ísland	Hlutfall	Noregur	Hlutfall	Færeyjar	Hlutfall	Aðrir	Hlutfall
1975–1976	341,8	341,8	100,0%	–	–	–	–	–	–
1976–1977	687,9	663,6	96,5%	–	–	24,3	3,5%	–	–
1977–1978	764,3	728,1	95,3%	–	–	36,2	4,7%	–	–
1978–1979	1.194,9	1.019,2	85,3%	154,1	12,9%	21,6	1,8%	–	–
1979–1980	980,1	834,1	85,1%	124,0	12,7%	22,0	2,2%	–	–
1980–1981	683,6	523,4	76,6%	118,7	17,4%	24,2	3,5%	17,3	2,5%
1981–1982	626,2	497,8	79,5%	91,4	14,6%	16,2	2,6%	20,8	3,3%
1982–1983	–	–	–	–	–	–	–	–	–
1983–1984	573,0	573,0	100,0%	–	–	–	–	–	–
1984–1985	897,0	773,7	86,3%	104,6	11,7%	10,2	1,1%	8,5	0,9%
1985–1986	1.311,5	986,6	75,2%	243,0	18,5%	65,9	5,0%	16,0	1,2%
1986–1987	1.333,4	1.053,1	79,0%	209,6	15,7%	65,4	4,9%	5,3	0,4%
1987–1988	1.115,8	911,9	81,7%	138,7	12,4%	65,2	5,8%	–	–
1988–1989	1.036,5	920,5	88,8%	67,5	6,5%	48,5	4,7%	–	–
1989–1990	807,8	665,9	82,4%	115,2	14,3%	26,7	3,3%	–	–
1990–1991	313,9	286,3	91,2%	21,9	7,0%	5,6	1,8%	–	–
1991–1992	677,0	629,4	93,0%	47,6	7,0%	–	–	–	–

580. Frumvarp til laga [1. mál]

um Evrópska efnahagssvæðið.

(Eftir 2. umr., 6. jan.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992.

2. gr.

Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fskj. I–IV með lögum þessum.

3. gr.

Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjöl I–IV eru samhljóða fylgiskjölum á þskj. 1, sbr. þó leiðréttingar á íslenskum texta EES-samningsins á bls. 273–274.

581. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um kaup á björgunarþyrlu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar kom Albert Jónsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti. Enn fremur barst erindi frá forsætisráðherra.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 7. jan. 1993.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Ingi Björn Albertsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Jón Helgason.	Ólafur Þ. Þórðarson.

582. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um kaup á björgunarþyrlu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar kom Albert Jónsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti. Erindi barst frá forsætisráðherra, sjá fskj. I, í framhaldi af fyrirspurn nefndarinnar, ásamt bréfi til þyrlukaupanefndar frá Albert Jónssyni og Arnóri Sigurjónssyni, um stöðu mála varðandi kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þar kom fram að unnið væri að undirbúningi málsins; m.a. væri verið að athuga nánar möguleika á kaupum á þyrlu af sömu gerð og þær sem varnarliðið notar en með ýmsum öðrum aukabúnaði. Þá ætti eftir að ræða við bandarísk stjórnvöld um hvernig haga mætti samstarfi um viðhald, samnýtingu á varahlutum, þjálfun o.fl. Enn fremur kom fram að svigrúm væri til þess að allir kostir yrðu kannaðir til hlítar þar sem björgunarsveit varnarliðsins hefði á að skipa fjórum nýjum þyrlum og von væri á nýrri þyrlu árið 1994. Við bættist svo þyrla Landhelgisgæslunnar.

Nefndin fjallaði um frumvarp til laga um kaup á björgunarþyrlu á 115. löggjafarþingi. Fékk hún álit frá Sigurði Líndal, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands, um hvaða skyldur frumvarpið legði á ráðherra ef það yrði að lögum, sbr. fskj. II hér á eftir. Segir m.a. í álitinu: „Gildi slíkrar lagasetningar er raunar takmarkað ef það er þá nokkuð. Samningur felur í sér að samningsaðilar, tveir eða fleiri, komist að sameiginlegri niðurstöðu og verður ekki séð hvernig hægt er að lögskylda annan samningsaðila til þess. Slík fyrirmæli fá einfaldlega ekki staðist . . .“

Heimild er í lið 6.13 í 6. gr. fjárlaga 1993 fyrir fjármálaráðherra að „ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán“.

Undirritaðir nefndarmenn eru þess fullvissir að ríkisstjórnin vinni að framgangi þessa máls, enda afar mikilvægt að tryggja sem fullkomnast öryggi í björgunarþjónustu af því tagi sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framangreindu leggja undirritaðir nefndarmenn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. jan. 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Björn Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Erindi forsætisráðherra.
(16. desember 1992.)

Með vísan til bréfs yðar dags. 8. þessa mánaðar, þar sem óskað er upplýsinga um stöðu mála varðandi kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna, skal upplýst að áfram er unnið að undirbúningi málsins. Verið er að athuga nánar möguleika á þyrlu af sömu gerð og þær sem varnarliðið notar en með ýmsum aukabúnaði, sbr. hjálagða greinargerð dags. 4. nóvember 1992. Þá er eftir að ræða við bandarísk stjórnvöld um hvernig haga mætti samstarfi um viðhald, samnýtingu á varahlutum, þjálfun o.fl. Hér er ótvírætt um hagkvæman kost að ræða og því nauðsynlegt að skoða hann frekar.

Í skýrslu þyrlunefndar frá október 1991 er greint ítarlega frá björgunarsveit varnarliðsins. Einnig er fjallað um möguleika á að kaupa þyrlu sömu gerðar og þær sem varnarliðið notar og hagkvæmni þess að eiga við það samstarf um rekstur og rætt um aðra kosti náins samstarfs við varnarliðið fyrir Landhelgisgæsluna. Björgunarsveit varnarliðsins hefur á að skipa fjórum nýjum þyrlum, á von á fimmtu þyrlunni á árinu 1994, hefur fullkomna viðhaldsaðstöðu og rúmlega hundrað manna starfslið. Við bætist þyrla Landhelgisgæslunnar. Því er ljóst að svigrúm er til þess að allir kostir verði kannaðir til hlítar.

Hjá Bandaríkjamönnum er vilji fyrir hendi til aukins samstarfs björgunarsveitar varnarliðsins við Landhelgisgæsluna, þar á meðal um viðhald, samnýtingu varahluta og þjálfun.

Davíð Oddsson.
Albert Jónsson.

Greinargerð Alberts Jónssonar og Arnórs Sigurjónssonar.
(4. nóvember 1992.)

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarfundar 12. maí 1992 um að forsætis- og utanríkisráðherra tilnefndu ráðgjafa varðandi viðræður við Bandaríkjamenn var ákveðið að kanna hvort unnt væri að fá keypta af útflutningsstofnun Bandaríkjahers ódýrari þyrlu en Jayhawk en með búnaði sem uppfyllti kröfur manna hér á svipaðan hátt og Jayhawk. Í greinargerð ráðgjafarhóps um val á björgunarþyrlu frá því í apríl 1992 kemur fram að Jayhawk uppfylli ásamt tveimur öðrum gerðum „allar þær lágmarkskröfur sem gera verður um tæknilega hæfni nýrrar björgunarþyrlu og mundu hver um sig auka verulega getu Landhelgisgæslunnar til að sinna björgunarhlutverki sínu", bls. 4. Ákveðið var að láta fyrst reyna á hvort unnt væri að fá sams konar þyrlu og varnarliðið notar (Pave Hawk) en með aukabúnaði. Eftirfarandi er meginniðurstaða þeirrar athugunar.

Verðið á Pave Hawk er áætlað 8.8 millj. dollara (um 492 millj. íslenskra króna). Þá á eftir að draga frá kostnað við útbúnað til að taka eldsneyti á flugi og kostnað við eldsneytisgeyma inni í vélinni og bæta við kostnaði vegna aukabúnaðar.

Unnt er að gera stélhluta Pave Hawk vatnsþéttan þegar skrokkurinn er smíðaður líkt og gert er við smíði Seahawk/Jayhawk. Þá er unnt að setja fjögurra belgja neyðarflot á Pave Hawk. Í Pave Hawk má setja fullkomnari stjórnbúnað (Altitude Hold-Hover Stabilization System — AHHSS) en flugherinn notar (en ekki fjögurra ása sjálfstýringu), rótorhemla og aukaeldsneytisgeyma á burðarbita utan á vélinni (External Stores Support System). Vitað er að kostnaður við síðasttalda atriðið nemur um hálfri milljón dollara (um 28 millj. kr.) og kostnaður við AHHSS er tæplega 70.000 dollarar (um þrjár og hálf milljón króna).

Því virðist sem hér sé um að ræða valkost sem uppfylli lágmarkskröfur og sé jafnframt á hagstæðu verði.[1] Við bætist, sem fyrr, sá möguleiki á hagkvæmni í rekstri sem falist gæti í samvinnu við varnarliðið um viðhald, varahlutabirgðir o.fl. Sá möguleiki hefur ekki enn þá verið skoðaður nánar enda þarf fyrst að ákveða að biðja um formlegt tilboð í umrædda útgáfu af Pave Hawk í gegnum Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og kanna nánar greiðslukjör.

[1] Það sem kemur fram neðst á bls. 4 í skeyti 081630Z SEP 92 varðandi það að „USAF installed system costs and logistics support/maintenance cost will most likely be substantially higher" virðist aðallega hafa byggst á þeim misskilningi að til að setja aukaeldsneytisgeyma utan á vélina þyrfti að fara fram sérstök hönnunarvinna og prófanir. Þetta reyndist ekki rétt eins og fram kemur í meðfylgjandi skeyti dags. 18. september 1992.

Fylgiskjal II.

Álit Sigurðar Líndal.

(2. febrúar 1992.)

Með bréfi dags. 10. janúar 1992 var þess farið á leit við mig að ég veitti nefndinni stutt lögfræðilegt álit á því hvaða skyldur frumvarp til laga um kaup á björgunarþyrlu, þskj. 161, legði á herðar ráðherra ef það yrði að lögum. Er tekið fram í bréfinu að ósk þessi eigi rót að rekja til umræðna í nefndinni um gildi slíkrar lagasetningar og um það á hvern hátt löggjafinn geti bundið hendur framkvæmdarvaldsins.

Eftir orðanna hljóðan er með frumvarpinu sú skylda lögð á ríkisstjórnina — og er þá væntanlega átt við dómsmálaráðherra — að gera á árinu 1992 samning við framleiðendur eða seljendur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Þessum fyrirmælum ber ráðherra að hlýða að viðlagðri ábyrgð, annars vegar pólitískri og þingræðislegri þar sem viðurlög eru vítur sem kann að lykta með vantrausti og hins vegar refsiréttarlegri þar sem verknaði er lýst í b-lið 9. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, og viðurlög ákveðin í 11.–14. gr. Vafalaust mildaði það viðurlög ef ráðherra sýndi fram á að ógerlegt hefði verið að gegna þessari skyldu.

Gildi slíkrar lagasetningar er raunar takmarkað ef það er þá nokkuð. Samningur felur í sér að samningsaðilar, tveir eða fleiri, komist að sameiginlegri niðurstöðu og verður ekki séð hvernig hægt er að lögskylda annan samningsaðilann til þess. Slík fyrirmæli fá einfaldlega ekki staðist þannig að framangreindar hugleiðingar um skyldur og ábyrgð ráðherra eru ástæðulausar.

Meginreglan er sú að löggjafinn getur bundið hendur framkvæmdarvaldsins innan marka stjórnlaga og hlutanna eðlis. Samkvæmt framansögðu fær það ekki staðist að lögskylda mann til að gera samning. Með samþykkt frumvarpsins væri löggjafinn því að binda hendur framkvæmdarvalds umfram það sem heimilt er.

Í bréfinu er tekið fram að í lið 6.13 í 6. gr. fjárlaga 1992 sé ákvæði sem heimili fjármálaráðherra að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán. Ekki verður annað séð en að þetta nægi til að hefjast handa um kaupin.

Með virðingu,

Sigurður Líndal.

583. Fyrirspurn [319. mál]

til heilbrigðisráðherra um ár aldraðra.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Til hvaða ráðstafana hyggst heilbrigðisráðuneytið grípa til þess að bæta kjör og aðbúnað aldraðra í tilefni af ári aldraðra 1993?
2. Hefur heilbrigðisráðuneytið uppi áform um átak sem líkist því á einhvern hátt sem gripið var til í tilefni af ári aldraðra 1982 er Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður og lögin um málefni aldraðra voru sett?

584. Fyrirspurn [320. mál]

til landbúnaðarráðherra um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi.

Frá Jóni Helgasyni.

Hvenær er að vænta niðurstöðu athugunar á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi að fela ríkisstjórninni að gera?

585. Frumvarp til laga [321. mál]

um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Sturla Böðvarsson, Guðmundur Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Margrét Frímannsdóttir, Jón Kristjánsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr.

Á sama hátt eru hvers konar samningar um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum.

2. gr.

Óheimilt er að auka launa- og rekstrarkostnað ríkisins umfram það sem ákveðið er í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.

Nú eru gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir og skal þá svo fljótt sem verða má leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með fjáraukalögum. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

3. gr.

Kaup, sala, skipti eða langtímaleiga ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign á eftirtöldum eignum er óheimil nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, sbr. þó 2. mgr.:

1. fasteignum,
2. eignarhlutum í félögum,
3. skipum og flugvélum,
4. listaverkum, listmunum og söfnum sem hafa að geyma menningarverðmæti,
5. öðrum eignum sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar.

Eignakaup skulu ætíð takmarkast við þá fjárhæð sem ákveðið er í fjárlögum að verja til þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, enda sé söluandvirðinu skilað í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirði eigna skv. 5. tölul. 1. mgr. til endurnýjunar á búnaði enda sé ekki um verulega fjármuni að ræða. Á sama hátt er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 1. mgr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar. Þá getur ríkissjóður ásamt ríkisfyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings án sérstakrar lagaheimildar selt eignir er þessum aðilum sem veðhöfum hafa verið lagðar út á nauðungaruppboðum eða þeir eignast á grundvelli skilmála að baki ábyrgðarskuldbindingum sem fallið hafa á þá.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber henni að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi hvorki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum né fjáraukalögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir sem um getur í 1.–5. tölul. 1. mgr. nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum og fjáraukalögum.

4. gr.

Sértekjum, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings afla umfram áætlanir fjárlaga, skal skila í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa öllum eða hluta af umframtekjum sínum til eigin þarfa, þó aldrei til framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda fyrir ríkissjóð.

5. gr.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skulu skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð enda mæli lög ekki fyrir um annað. Fjármálaráðherra getur þó sett reglur um að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings sé heimilt að nota allan rekstrarhagnað sinn eða tiltekinn hluta hans til að auka hreina eign sína. Ráðherra skal hafa samráð við fjárlaganefnd um efni þessara reglna.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. getur fjármálaráðherra heimilað ríkisfyrirtækjum í B-hluta fjárlaga, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu, að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

6. gr.

Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, koma ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.

7. gr.

Óheimilt er að fella niður eða flytja milli verkefna greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum sem ákveðnar eru í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.

Heimilt er að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs. Gildir sú heimild í eitt ár fyrir fjárveitingar til rekstrar, en allt að þremur árum fyrir fjárveitingar vegna meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að greiða út fjárveitingar sem geymdar hafa verið á grundvelli heimildar í 7. gr. þessara laga.

9. gr.

Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámark yfirdráttar skal ákveðið í fjárlögum ár hvert.

10. gr.

Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki fjárlaganefndar, að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið.

11. gr.

Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skuli breytast.

Nú er óskipt fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal í fjáraukalögum gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

12. gr.

Fyrir 1. apríl ár hvert skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum fyrir liðið ár. Með frumvarpinu skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar

fjárveitingar og um þá aðila sem af ófyrirséðum ástæðum hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 1. gr. og 3. og 5. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, og 54. og 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þeim alþingismönnum sem sæti eiga í fjárlaganefnd. Það er samhljóða frumvarpi um sama efni sem flutt var á síðasta þingi. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

I.

Þetta frumvarp byggist í meginatriðum á frumvarpi um sama efni sem fjárveitinganefndarmenn stóðu að og fluttu á síðustu tveimur þingum, en í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Núverandi fjálaganefnd hefur gert nokkrar breytingar á frumvarpinu frá síðustu gerð þess. Má einkum geta þeirrar breytingar að ekki er í þessu frumvarpi mælt fyrir um að kjarasamningar ríkisins við opinbera starfsmenn skuli gerðir með skýrum fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum greiðsluheimildum, sbr. 2. gr., en svo hafði verið gert ráð fyrir í fyrri frumvörpum.

II.

Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar aukafjárveitingar fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir, enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Fyrir tveimur árum var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem hafði farið fram um þessi mál á liðnum þingum,

ákvað fjárveitinganefnd á miðju ári 1989 að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjárveitinganefndar sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. desember 1989. Frumvarp þetta er að mestu byggt á þeim tillögum.

Niðurstöður undirnefndarinnar voru í stuttu máli þær að aukafjárveitingar, eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er birt í heild sinni í fskj. I með frumvarpinu og vísast að öðru leyti til þess.

Aflað var upplýsinga frá Norðurlöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga en þjóðþing þessara ríkja fara með fjárveitingavaldið. Af upplýsingum þessum verður ráðið að greiðslur umfram heimildir fjárlaga þekkjast nánast ekki á Norðurlöndum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til yfirlits um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreiknings á Norðurlöndum sem birt er sem fskj. II með frumvarpi þessu.

III.

Í meginatriðum er með frumvarpi þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma á sama hátt ekki til greiðslu fyrr en aflað hefur verið sérstakrar greiðsluheimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þá er lagt til að ríkisstofnunum verði óheimilt, með nokkrum undantekningum þó, að gera nokkrar þær fjárskuldbindingar sem ekki eru sérstaklega heimilaðar eða gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sama meginregla skal líka gilda um ráðstöfun sértekna. Undantekningar frá þessari reglu lúta einkum að þörfum fyrirtækja í eigu ríkissjóðs sem stunda framleiðslu, verslun eða viðskipti með svipuðum hætti og einkafyrirtæki.

Í kjölfar banns við aukafjárveitingum með gamla laginu verður ekki hjá því komist að laga fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin sjálf að strangari reglum í þessum efnum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að í fjárlögum verði framvegis gerður skýr greinarmunur á framlögum eftir eðli þeirra og jafnframt verði mælt fyrir um hvort þau geti tekið verðbreytingum innan fjárlagaársins eða ekki. Almennt er frumvarpinu bæði ætlað að stuðla að og tryggja að vandað sé til verka við fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin verði þannig skýrari og raunhæfari áætlun eða rammi um útgjöld og geymi marktækari fyrirmæli um fjárráðstafanir og fjárreiður ríkissjóðs en verið hefur til þessa.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur efni fjáraukalaga að vera hliðstætt efni fjárlaga. Því er að mati flutningsmanna óeðlilegt að einskorða efni fjáraukalaga við útgjaldaheimildir eins og ákvæði 41. gr. stjórnarskrár er orðað. Eðlilegt er að gera þar einnig grein fyrir þegar orðnum og fyrirsjáanlegum breytingum á tekjuhlið fjárlaga eftir því sem við verður komið en auðvitað verða skattar og gjöld til ríkissjóðs innheimt þó að tekjur af þeim fari fram úr áætlunum fjárlaga. Engu að síður þykir rétt að gerð sé grein fyrir breytingum á tekjuhlið fjárlaga gefist tækifæri til slíks í fjáraukalögum.

Loks er rétt að geta þess að við gerð frumvarpsins var með tilliti til 41. gr. stjórnarskrár ekki talið fært að nota orðið aukafjárlög í stað orðsins „fjáraukalög“. Hið fyrrnefnda verður þó í alla staði að teljast skýrara og eðlilegra.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt.

Að öðru leyti vísast til þess sem sagt er í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er grundvallarregla 41. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert skuli greiða úr ríkissjóði nema heimild sé fyrir greiðslunni í fjárlögum eða fjáraukalögum á þeim tíma, sem hún er innt af hendi, áréttuð í áhersluskyni. Um regluna og hugsunina að baki henni vísast til almennra athugasemda hér að framan. Í öðrum greinum frumvarpsins má svo finna ákvæði til skýringar eða fyllingar á meginreglu þessarar greinar. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um óveruleg frávik frá henni er helgast fyrst og fremst af eðli máls og þörfum viðskiptalífsins.

Til þess að taka af allan vafa er í 2. mgr. áréttað að meginreglan taki ekki einungis til fjárgreiðslna í venjulegum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Hvers konar viðskiptasamningar stofnana og fyrirtækja ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta fjárlaga, svo sem kaup-, verk- og þjónustusamningar, falla undir ákvæði þessarar greinar enda séu ekki sérstök fyrirmæli um annað í frumvarpinu. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæðum 4. og 5. gr. sem heimila nokkur frávik frá þessari meginreglu þar sem slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.

Um 2. gr.

Þessi grein mælir fyrir um að óheimilt sé að auka launa- og rekstrarútgjöld ríkisins umfram það sem fjárlög mæla fyrir um, nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Ljóst er að ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisins, eru ósamrýmanleg ákvæðum þessa frumvarps og munu víkja fyrir þeim verði það að lögum.

Ástæða þykir til að fjalla hér sérstaklega um kjarasamninga ríkisins. Eðli málsins samkvæmt fela þeir í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki þó svo að öllu jöfnu sé þeim ekki ætlað að hafa áhrif á rekstrarumfang stofnunarinnar.

Ríkisstjórnin er sá aðili sem mótar efnahagsstefnu á hverjum tíma og ber henni því jafnan að tryggja að gerð kjarasamninga verði innan rýmilegra marka. Ekki er talið skynsamlegt að takmarka umboð fjármálaráðherra til kjarasamningagerðar með samþykki Alþingis fyrir fram. Bent skal á að kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna eru nú á annað hundrað.

Kjarasamningar eru jafnan á ábyrgð fjármálaráðherra með hliðsjón af þeim efnahagsforsendum sem blasa við á hverjum tíma og tengjast því oft gerð annarra kjarasamninga á vinnumarkaðinum. Gerð þeirra raskar iðulega launa- og verðlagsforsendum fjárlaga enda fellur samningagerðin ekki nauðsynlega að gerð fjárlaganna í tíma. Samkvæmt ákvörðun Alþingis fer fjármálaráðherra með samningavaldið fyrir hönd ríkisins. Ákvæði, sem takmarkar vald fjármálaráðherra til að gera kjarasamninga, gæti valdið erfiðleikum við samningagerð, einkum ef ráðherra er ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Því er hér litið svo á að fjármálaráðherra þurfi að hafa óskorað vald til þess að gera kjarasamninga en sú skylda lögð á hann að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum og fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerða kjarasamninga.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum óheimilt að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar, nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Með hugtakinu „langtímaleiga“ í þessu sambandi er átt við leigusamninga til lengri tíma en árs. Þá tekur hugtakið „leiga“ í þessu sambandi til fjármögnunarleigusamninga auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessum hætti er reynt, með þeim undantekningum sem leiðir af 2. mgr., að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Umsamin afhending má ekki fara fram fyrr en að slíku samþykki fengnu.

Í 2. mgr. er kveðið á um frávik frá ákvæðum 1. mgr. vegna sölu eða leigu á lausafé sem stofnanir, fyrirtæki eða sjóðir í eigu ríkisins hafa notað við starfsemi sína. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þess að koma varanlegum rekstrarfjármunum, sem notaðir hafa verið við starfsemina, í verð, t.d. við endurnýjun þeirra. Einkum á þetta við um ríkisfyrirtækin í B-hluta ríkisreiknings þar sem starfsemi þeirra og rekstrarskilyrði eru í meginatriðum hliðstæð þeim sem einkaaðilar búa við. Árétta skal að ákvæði 2. mgr. eiga hvorki við um fasteignir, hlutabréf, skip, flugvélar né aðrar eignir sem um ræðir í 1.–4. tölul. 1. mgr. Þá er kveðið á um að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, svo og fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings, geti án sérstakrar lagaheimildar selt eignir sem þessir aðilar hafa fengið

útlagðar á nauðungaruppboðum eða leyst til sín samkvæmt skilmálum að baki ábyrgðum er þeir hafa veitt og á þá hafa síðan fallið.

Í 3. mgr. er í samræmi við meginstefið í frumvarpinu kveðið á um að ríkisstjórn skuli hvorki þiggja gjafir er háðar eru kvöðum eða skilyrðum sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, nema með fyrirvara um samþykki Alþingis, né gefa gjafir ef ekki er fyrir útgjöldum þessum séð í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 4. gr.

Í samræmi við megintilgang frumvarpsins er í þessari grein lagt til að allar sértekjur A-hluta stofnana, sem fara fram úr áætlun fjárlaga, skuli greiddar í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa öllum eða hluta teknanna til eigin þarfa, þó aldrei til framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda.

Talið er eðlilegt að stofnanir skili í ríkissjóð þeim fjármunum sem aflað er umfram forsendur fjárlaga. Í þessu sambandi þarf þó að hafa hugfast að á undanförnum árum hafa stofnanir verið hvattar til þess að afla tekna með sölu á þjónustu og annarri starfsemi. Ákvæði um skil sértekna mega því ekki vera letjandi í þessu efni, en slíkt gæti orðið njóti stofnanir ekki í einhverjum mæli teknanna og hafi heimild til ráðstöfunar þeirra. Jafnframt þarf að hafa í huga að séu sértekjur auknar fylgir því oft aukinn kostnaður vegna breyttrar eða aukinnar starfsemi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að skila skuli í ríkissjóð arði fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fer fram úr áætlunum fjárlaga. Ráðherra er þó heimilt að setja reglur um að B-hluta stofnanir geri skil á rekstrarhagnaði sínum til að auka hreina eign sína. Ákvæði þessi eru nokkuð þrengri en þau sem gilt hafa í þessu efni. Gildandi ákvæði er nú að finna í 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Samkvæmt þeim skal fjármálaráðherra setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Þá er þar kveðið á um að fyrirtækjum þessum og sjóðum sé heimilt að nota rekstrarhagnað til að auka hreina eign með þeim takmörkunum sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru í lögum. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa því miður aldrei verið settar.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt sé við tiltekin skilyrði að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Hér er um að ræða fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja í B-hluta umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Það meginskilyrði, sem sett er í þessu efni, er að til fjárskuldbindingar sé stofnað í þeim tilgangi að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins, t.d. að hagnaður af starfseminni verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að og að fyrirtækið nái þannig að rækja það hlutverk sem því er ætlað lögum samkvæmt. Um fyrirtæki í eigu ríkisins, sem ætlað er að standa undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru og þjónustu, gilda að sjálfsögðu í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður eðli málsins samkvæmt að ætla þeim nokkuð rúmt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þau geti án verulegrar fyrirhafnar aukið við skuldbindingar sínar þegar þau skilyrði, sem að framan eru rakin, teljast uppfyllt. Í því skyni að fyrirmæli 41. gr. stjórnarskrár verði virt að fullu er gert ráð fyrir að í fjárlögum hverju sinni verði aflað almennrar heimildar til fjárskuldbindinga af þessu tagi, t.d. með sérstöku ákvæði þar að lútandi í 6. gr. fjárlaga.

Reglur þessar eru ekki nýmæli. Þannig er í 3. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, kveðið á um að ríkisfyrirtækjum í B-hluta ríkisreiknings sé óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum, fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum, samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum, útgefnum af þessum aðilum. Þá er í 5. gr. nefndra laga kveðið á um heimild ríkisstofnana til reikningsviðskipta innan lands á grundvelli reglna sem fjármálaráðherra skal setja þar um.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins fela í raun ekki í sér efnislegar breytingar á þessum ákvæðum að öðru leyti en því að nokkru strangari kröfur eru gerðar varðandi þau skilyrði sem uppfylla þarf ef nauðsynlegt þykir að fara fram úr fyrirmælum fjárlaga um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja.

Um 6. gr.

Líta verður svo á að umboð sitt og heimildir til fjárgreiðslna úr ríkissjóði sæki fjármálaráðherra til fjárlaga og fjáraukalaga. Útgjöld, sem fylgja því að hrinda almennum lögum í framkvæmd, á hann samkvæmt framansögðu ekki að greiða nema sérstaka fjárveitingu til þeirra sé að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það sama á við um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Í þessari grein er þessi regla áréttuð og þar beinlínis kveðið á um að lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli, sem hafa í för með sér útgjöld, komi ekki til framkvæmda nema sérstaklega sé gert ráð fyrir þeim í fjárlögum eða fjáraukalögum. Á liðnum árum hefur löngum verið að finna ákvæði í 6. gr. fjárlaga þar sem segir að séu ný lög samþykkt sem hafi í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð breytist tekju- og gjaldahliðin samkvæmt því. Telja verður útgjaldaheimild af þessu tagi í fjárlögum nokkuð vafasama þar sem hún er mjög almenn, ónákvæm og án nokkurrar takmörkunar. Í öllu falli eru meiri líkur á því en ella að kastað sé til höndum við mat á þeim kostnaði sem lagasetning kann að hafa í för með sér ef hrinda má lögunum í framkvæmd án þess að marka til þess sérstaka fjárveitingu. Því er gert ráð fyrir því, nái þetta frumvarp fram að ganga, að til sérstakrar fjárveitingar verði að koma í fjárlögum eða fjáraukalögum ef greiða á kostnað af nýjum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að flytja greiðslu á stofn- eða fjárfestingarframlögum milli ára, svo og hvers konar styrkjum, samkvæmt fjárlögum milli verkefna nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Niðurfelling framlaga af þessu tagi eða styrkja getur á sama hátt ekki átt sér stað nema með formlegri ákvörðun fjárveitingavaldsins í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Hugsunin, sem býr að baki þessu ákvæði, er nánast sú sama og á við um 1. gr. frumvarpsins. Ákvörðunum fjárveitingavaldsins, sem birtast í fjárlögum, verður ekki breytt nema af þeim sem með þetta vald fara hverju sinni hvort sem ákvörðunin lýtur að því að auka eða draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í þessum efnum verður hins vegar að gera nokkurn greinarmun á eðli útgjaldaliða á fjárlögum. Ljóst er að fjárveitingar til rekstrarútgjalda eru í eðli sínu áætlanir sem byggjast á mismunandi traustum forsendum. Fjárveitingar til rekstrar ber því að greiða að svo miklu leyti sem almenn lög eða samningar gera ráð fyrir en aldrei meira en fjárlög heimila. Þannig verða laun vegna tiltekinnar

stöðu, sem fjárlög gera ráð fyrir að ráðið verði í, ekki greidd ef ekkert verður úr ráðningu. Um stofnfjárframlög eða styrki gegnir oftast öðru máli að þessu leyti. Því þykir rétt að kveða sérstaklega á um að ákvörðun um flutning á milli verkefna eða niðurfellingu á greiðslum sem þessum sé fjárveitingavaldsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs og gildir geymsluheimildin í eitt ár sé um rekstrarframlög að ræða en í þrjú ár ef fjárveitingin er til meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar. Þessu ákvæði er ætlað að koma í stað 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Sú grein kveður á um að geyma megi allar fjárveitingar aðrar en rekstrarfjárveitingar í fjögur ár. Samkvæmt nefndri 67. gr. ríkisbókhaldslaga er óheimilt að geyma rekstrarframlög. Fjármálaráðherra má veita undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

Á undanförnum missirum hefur verið lögð áhersla á að stofnanir og ráðuneyti beri sem mesta ábyrgð á fjármálum hvert á sínu sviði. Í því sambandi hefur áhersla verið lögð á að ráðuneyti hagi fjárgreiðslum sem mest í samræmi við fjárheimildir, þó þannig að ekki sé knýjandi nauðsyn á að fjárheimildir séu að fullu nýttar fyrir árslok. Því hefur verið tekið undir það sjónarmið að stofnunum sé heimilt að sækja um geymslu á rekstrarfjárveitingu til komandi árs sé um afgang að ræða og með sama hætti þurfi stofnanir að bera umframgreiðslu liðins árs af fjárveitingu þess næsta. Þó svo að hér sé um vandasamt mál að ræða er litið svo á að þetta auki ábyrgð stofnana við rekstur og gefi þeim jafnframt færi á meiri sveigjanleika en verið hefur.

Um árarаðir hafa ráðuneyti og stofnanir notfært sér heimild til geymslu á stofnkostnaðar- og viðhaldsfjárveitingum. Reynslan af slíku er ótvírætt góð og því ekki ástæða til að gera breytingu þar á.

Að undanförnu hafa reglur um meðferð þessa máls verið að mótast og í umburðarbréfum hefur fjármálaráðherra sett reglur um framkvæmdina. Þá hefur sú regla komist á að í fjáraukalögum sé gerð grein fyrir geymdum fjárveitingum og hvernig geymdar fjárveitingar, sem heimilaðar hafa verið, hafa verið nýttar. Eðlilegt er að slíkt sé gert í fjáraukalögum hvers árs samkvæmt ákvæði 12. gr. frumvarpsins.

Tekið skal fram að með þessu er alls ekki verið að slá því föstu að einstakir menn eða stofnanir eignist lögvarinn rétt á framlögum eða styrkjum sem þeim kunna að vera ætlaðir í fjárlögum. Almennt verður að ætla að slíkan rétt eignist þessir aðilar ekki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um að heimilt sé að greiða út fjárveitingar sem geymdar eru á grundvelli 7. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í greininni eru ákvæði þess efnis að fjármálaráðherra sé heimilt á hverju fjárlagaári að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins. Að mati þeirra sem að fjármálum ríkisins starfa og þeirra er að stjórn peningamála vinna er tímabært að takmarka heimildir ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í Seðlabanka Íslands og að sem fyrst þurfi að taka fyrir yfirdráttarmöguleika ríkissjóðs að fullu.

Í lögum um Seðlabanka Íslands er kveðið á um að ríkissjóði sé óheimilt að taka langtímalán hjá bankanum og jafnframt að ríkissjóður verði að gera upp viðskiptaskuldir fyrra árs innan þriggja mánaða frá áramótum. Þessi ákvæði hafa að fullu verið virt en með til-

liti til hagstjórnar er oft á það bent að mikill yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka veiki stjórn peningamála.

Á liðnum árum hefur ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands í því skyni að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkisins og semja ef með hefur þurft um greiðslu yfirdráttarskuldar og lánskjör. Eðlilegt þykir að setja ákvæði í lög sem takmarka þetta. Tvö atriði skipta mestu máli í þessu sambandi. Hið fyrra er að það fellur að nútímaefnahagsstjórn að ríkissjóður hafi ekki ótakmarkaðan aðgang að seðlabanka til fjármögnunar á árstíðabundinni fjárþörf. Slíkt er almennt talið veikja peningamálastjórn og hefur verið aflagt í fjölmörgum löndum. Í þessu frumvarpi er fetað inn á sömu braut. Þó yrði við það miðað fyrst um sinn að á hverjum ársfjórðungi hefði ríkissjóður heimild til yfirdráttar að hámarki 5% af heildargjöldum fjárlaga. Ríkissjóður yrði með öðrum orðum að haga lántökum sínum, innan lands og erlendis, þannig að yfirdráttur yrði ekki langvinnur. Hitt meginatriði þessa máls er það að til þess að ríkissjóður geti fyrirbyggt yfirdrátt í Seðlabanka þarf ríkissjóður að eiga kost á skammtímalántöku. Ríkissjóður hefur í vaxandi mæli tekið lán til skamms tíma í formi ríkisvíxla og má segja að þeir hafi að nokkrum hluta mætt þörf ríkisins fyrir skammtímafjármögnun.

Um 10. gr.

Í greininni er til öryggis kveðið á um að fjármálaráðherra sé, að fengnu samþykki fjárlaganefndar, heimilt að inna af hendi greiðslur sem fyrirvaralaust hafa fallið á ríkissjóð. Er þá átt við að greiðsluskylduna megi rekja til óviðráðanlegra atvika sem ekki var hægt að gera ráð fyrir og verða að öðru leyti ekki taldar þola neina bið.

Dæmi um slíkar greiðslur má nefna bótagreiðslur vegna tjóns sem maður, stofnun eða starfsemi sem óumdeilt er að ríkið ber ábyrgð á hefur valdið. Má í þessu sambandi benda á að ríkið kaupir yfirleitt ekki aðrar vátryggingar en lögboðnar skyldutryggingar hjá vátryggingafélögum.

Undirstrikað skal að greiðsluheimild þessa mætti t.d. aðeins nota þegar greiðsla þolir ekki bið. Með því er átt við að ríkissjóður verði fyrir frekari fjárútlátum en ella vegna bótaskyldu sem hann bakar sér með greiðsludrætti. Greiðslur samkvæmt þessari heimild ættu samkvæmt framansögðu að heyra til algerra undantekninga.

Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði að finna almenna heimild, t.d. í 6. gr. þeirra, fyrir fjármálaráðherra til að inna af hendi fjárgreiðslur úr ríkissjóði með vísan til heimildar í þessari grein.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að skýr ákvæði gildi um hvaða útgjaldaliðir fjárlaga taki verðlagsbreytingum og að í fjáraukalögum hverju sinni sé gerð sem best grein fyrir ráðstöfun þeirra liða sem óskiptir eru.

Ákvörðun um verðlagsforsendur í fjárlagafrumvarpi er í eðli sínu hluti efnahagsstefnunnar. Engu að síður á framsetning þessara forsendna að vera skýr þannig að framsetning frumvarpsins sé ljós. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt þegar bera á forsendur frumvarpsins saman við raunverulega verðþróun. Við framkvæmd fjárlaga hefur fjármálaráðuneytið mótað reglur um það hvaða fjárlagaliðir taki upphækkun ef verðlagsforsendur fjárlaga breytast. Þeir liðir, sem hér koma einkum til álita, eru launaliðir og annar kostnaður við framkvæmd launasamninga innan fjárlagaársins, önnur rekstrargjöld en laun, hækkun lífeyrisgreiðslna og framlag til rekstrar sjúkratryggingadeildar Trygginga-

stofnunar ríkisins og loks vaxtagreiðslur. Önnur framlög, svo sem til stofnkostnaðar, viðhalds og einstakra aðila, ætti á hinn bóginn ekki að hækka með þessum hætti. Eðli málsins samkvæmt felur slík uppfærsla ekki í sér efnislegar breytingar á rekstrarumfangi eða þeirri starfsemi sem til er stofnað.

Þá er í greininni kveðið á um að sé óskipt fé veitt til ráðuneytis skuli í fjáraukalögum hverju sinni gerð full grein fyrir ráðstöfun fjárins. Þar með fengist formlegt samþykki á ráðstöfun þess fjár sem ákvarðað er með þessum hætti í fjárlögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að fjármálaráðherra skuli fyrir 1. apríl ár hvert leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum liðins árs komi í ljós að tilteknar greiðsluheimildir skorti eða aðstæður krefjist þess að öðru leyti. Auk þessa þykir eðlilegt að fjármálaráðherra upplýsi Alþingi um geymdar fjárveitingar, svo og þær ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Því er gerð tillaga um að frumvarpinu fylgi sérstök skrá með framangreindum upplýsingum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Tillögur undirnefndar fjárveitinganefndar um afnám aukafjárveitinga.

(15. desember 1989.)

1. Almenn atriði.

Fjárveitinganefnd er sammála um að svokallaðar aukafjárveitingar standist ekki og tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Nefndin leggur áherslu á að þær reglur, sem settar verði, séu í fullu samræmi við ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar og að jafnframt sé tekið tillit til þeirra atriða sem reynslan sýnir að nauðsynlegt er að takast á við á fjárlagaári eins og t.d. varðandi breytingar á launa-, verðlags- og gengisforsendum fjárlaga sem kalla á meiri útgjöld en fjárlög gera ráð fyrir. Vandi, sem af þessu skapast, hefur verið leystur með aukafjárveitingum fram til þessa en nauðsynlegt er að með breyttum reglum verði tekist á við slík vandamál í fjárlagagerðinni sjálfri þannig að greiðslur án heimilda vegna slíkra breytinga á fjárlagaforsendum eigi sér ekki stað. Nefndinni er ljóst að afnám „aukafjárveitinga“ gerir einnig kröfur til þess að fjárlagaafgreiðsla Alþingis verði sem vönduðust og raunhæfari en oft hefur verið. Mikilsvert er í því sambandi að ríkisreikningur fyrir næstliðið ár liggi ávallt fyrir þegar fjárlagavinna hefst á Alþingi á haustmissiri og jafnframt að fjáraukalagafrumvarpið fyrir yfirstandandi ár verði þá einnig lagt fram og er út frá því gengið að slíkt verði framvegis gert.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá nágrannalöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga, svo sem um hvernig haldið er á atriðum eins og áætlunum vegna ófyrirséðs kostnaðar og breytingum fjárlagaforsendna á fjárlagaári, hvernig staðið er að meðferð þjóðþinga á launasamningamálum og hvernig brugðist er við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma innan fjárlagaárs en ekki hefur verið tekið mið af við fjárlagagerð. Hefur verið samin sérstök skýrsla um helstu niðurstöður þeirrar könnunar.

Þá hefur nefndin einnig leitað til lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Stefáns M. Stefánssonar um með hvaða hætti þau efnisatriði verða fram sett, sem nefndin hefur orðið ásátt um, til þess að tryggja framkvæmd í samræmi við tillögur um málsmeðferð.

2. Efnisatriði nýrra reglna um greiðslur úr ríkissjóði.

Meginreglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og í fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga sem verða kunna á fjárlagaári umfram áætlanir fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum.

Útgjaldahlið fjárlaga verði skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þess viðfangsefnis taka ekki breytingum á fjárlagaárinu.
— Í öðru lagi sérstök framlög. Hér er um að ræða framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárlagaársins. Hins vegar má, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, flytja þau milli fjárlagaára en til þess þarf samþykki fagráðherra auk fjármálaráðherra.
— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum samkvæmt ákvörðunum í fjárlögum.
— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög og stofnunum er heimilt að verja til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að þeim sé skipt í fjárlögum á almenna útgjaldaflokka.

3. Einstök efnis- og framkvæmdaratriði í nýjum reglum.

a. Breyttar verðlagsforsendur:

Við fjárlagagerð verði ákveðið hvaða stofnunum og viðfangsefnum sé heimilt að bæta áhrif breyttra verðlagsforsendna og að hvaða marki. Slík greiðsluheimild verði ekki opin og ótakmörkuð heldur tiltekin fjárhæð og nái til tiltekinna stofnana og viðfangsefna. Reglur verði mótaðar um hvernig heimilt sé að ráðstafa af slíkum liðum fyrir „ófyrirséðu".

b. Vanáætlanir:

Með framlagningu ríkisreiknings næstliðins árs og fjáraukalagafrumvarpi yfirstandandi árs á hverju haustþingi á að vera hægt að tryggja gildi og gæði fjárlagaáætlana Alþingis. Vísvitandi vanáætlanir hverfa úr sögunni þegar aukafjárveitingaafgreiðslur hafa verið afnumdar.

Í fjárlagaafgreiðslum Alþingis felast ákvarðanir Alþingis um rekstrarumfang stofnana. Þeim ákvörðunum ber fagráðuneyti og forstöðumönnum ríkisstofnana að fylgja eftir.

c. Magnaukningar:

Launasamningar. Séu gerðir launasamningar sem ekki rúmast innan launaramma fjárlaga verði þeir undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Útgjöld vegna slíkra samninga verði síðan lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmannaráðningar. Launaumfang fjárlaga táknar ákvörðun Alþingis um starfsmannahald hverrar stofnunar. Skuldbindingar um launagreiðslur umfram það eru óheimilar.

Ný verkefni. Óheimilt er að ráðast í ný verkefni sem ekki hefur verið um fjallað og fé veitt til við fjárlagagerð.

Auknar framkvæmdir. Óheimilt er að auka framkvæmdir umfram heimildir fjárlaga, þó að því undanskildu að heimilt er að ráðstafa af „ófyrirséðu" til að ljúka áföngum eða til þess að bregðast við einstökum vandamálum sem upp kunna að koma enda sé áætlað fyrir slíkum „ófyrirséðum útgjöldum" á fjárlögum.

Áhrif nýrra laga. Lög, sem hafa útgjöld í för með sér og samþykkt kunna að vera eftir að frá fjárlögum hefur verið gengið, geta ekki tekið gildi fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum sé séð.

Niðurgreiðslur. Ekki er heimilt að auka niðurgreiðslur umfram það sem fjárlög segja til um.

Kennslumagn. Um kennslumagn gildir sama og um starfsmannahald að í fjárlögum er umfang launagreiðslna í skólakerfinu ákvarðað. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt nema með breytingu á fjárlögum.

Eignaráðstöfun. Eignakaup, eignasölur og eignaleigur, þar á meðal um viðskipti með hlutabréf og eignaskipti milli stofnana ríkisins, eru ekki heimil nema samkvæmt lögum.

Samningar. Enga samninga, sem hafa fjárhagsskuldbindingar í för með sér, er hægt að gera nema með heimild Alþingis. Þetta á einnig við um samninga sem kalla á aukin útgjöld, svo sem vegna lífeyris- eða sjúkratrygginga.

Tryggingamál. Útgjöld, bæði lífeyris- og sjúkratrygginga, eru ákvörðuð í fjárlögum. Um lífeyristryggingar gildir það sama og um laun að útgjöld umfram heimildir fjárlaga þeirra vegna verða aðeins ákvörðuð af Alþingi og sama máli gegnir um sjúkratryggingar. Heimildir ráðherra til að auka útgjöld með reglugerð eru því afnumdar og sömuleiðis heimildir Tryggingastofnunar ríkisins til útgjaldaaukningar með samningum við lækna umfram ákvæði fjárlaga.

d. Annað:

Nái ríkisstofnanir meiri sértekjum en áætlað er fyrir í fjárlögum fái þær að njóta sérteknanna eftir tilteknum reglum en þó þannig að ekki sé heimilt að nýta slíka aukningu sértekna til fjárfestinga eða framkvæmda sem kalla þá eða síðar á aukin rekstrarútgjöld úr ríkissjóði.

Sett verði þak á yfirdráttarheimild ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Heimildir til eignakaupa skv. 6. gr. fjárlaga takmarkast af því fé sem í fjárlögum er sérstaklega ætlað til slíkrar ráðstöfunar.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um verklag á afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga og á ríkisreikningi í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

(Ágúst 1989.)

Helstu niðurstöður.

— Meginreglur eru þær að þjóðþingin fara með fjárveitingavaldið og er það virt af framkvæmdarvaldinu. Ríkisstjórnir leita eftir samþykki þingsins fyrir fram um umframútgjöld innan fjárhagsársins eða í gildi eru reglur sem þingin hafa sett framkvæmdarvaldinu um meðferð umframútgjalda.
— Í Finnlandi og Svíþjóð er leitað eftir samþykki þingsins fyrir fram um viðbótarútgjöld með fjáraukalögum. Í Danmörku fer fjárveitinganefnd með ákvörðun um aukafjárveitingar í umboði þingsins. Í Noregi hefur þingið sett reglur um umframútgjöld sem m.a. segja til um hvenær leita skuli sérstaklega samþykkis þingsins og hvenær framkvæmdarvaldið getur afgreitt þau.
— Í Danmörku og Finnlandi er fjárlagafrumvarpinu vísað til fjárveitinganefndar sem fjallar um frumvarpið í meðförum þingsins. Í Svíþjóð og Noregi er frumvarpinu enn fremur vísað til einstakra málefnanefnda þingsins sem fjalla um viðkomandi málaflokka.
— Fjárlagaárið er almanaksárið nema í Svíþjóð þar sem það er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarp er til meðferðar hjá þjóðþingunum í 3–4 mánuði.
— Meginreglan er sú að hvert fagráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu um tillögur í fjárlagafrumvarpinu. Enn fremur hefur hvert fagráðuneyti umsjón með framkvæmd fjárlaga innan fjárhagsársins.
— Breytingar, sem þjóðþingin gera til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpa, eru á bilinu 1–2%.
— Framkvæmd fjárlaga sýnir að tiltölulega litlar breytingar eru til hækkunar frá fjárlögum, eða um 1–2%. Takmarkað miðstýrt eftirlit er með framkvæmd fjárlaga. Áætlanir fjárlaga virðast raunhæfar og aðilar telja sér skylt að fylgja þeim.
— Launasamningar í Finnlandi eru að formi til háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Svíþjóð eru launasamningar háðir samþykki fjárveitinganefndar. Í Noregi eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins. Í Danmörku fer fjármálaráðherra með launasamninga án afskipta þingsins.
— Endurskoðaður ríkisreikningur er lagður fyrir þingin. Í Danmörku og Noregi er reikningurinn samþykktur af þinginu en í Finnlandi og Svíþjóð fer fram umræða um reikninginn ef athugasemdir gefa tilefni til.

Finnland.

Fjárlagafrumvarp er lagt fram um miðjan septembermánuð og afgreiðir þjóðþingið það í lok desembermánaðar. Fjárlagafrumvarpinu er vísað til fjárveitinganefndar eftir 1. umr. í þinginu en nefndin fjallar um alla þætti ríkisfjármála, þ.e. tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Fjárhagsárið er almanaksárið.

Fjárlagafrumvarpið fer til fjárveitinganefndar sem er skipuð 21 þingmanni og 19 varamönnum. Bæði aðalmenn og varamenn taka þátt í störfum fjárveitinganefndar er varða

afgreiðslu fjárlaga. Nefndin skiptist í átta undirnefndir sem fjalla um einstaka málaflokka. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðferð þingsins eru um 1–2% af heildargjöldum fjárlagafrumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, öflun eða ráðstöfun viðbótartekna eða lántökum. Hversu oft á fjárhagsárinu lögð eru fram fjáraukalög fer eftir ástæðum hverju sinni, en tvisvar til þrisvar sinnum á ári er venjulegt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem leitað er eftir samþykki finnska þingsins við, eru á útgjaldahlið 1–2% af heildargjöldum.

Hvert ráðuneyti fer með framkvæmd fjárlaga en allar greiðslur eru inntar af hendi gegnum póstbanka sem fjármagnar ríkissjóð innan fjárhagsársins ef þörf er á. Ekki eru gerðar greiðsluáætlanir innan fjárhagsársins fyrir ríkissjóð í heild sinni. Mánaðarlega eru greiðsluupplýsingar færðar vélrænt til ríkisbókhalds sem síðan gerir ýmis fjárhagsyfirlit fyrir einstök ráðuneyti og heildaryfirlit fyrir fjármálaráðuneytið. Eftirlit með því að útgjöld séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst hjá fagráðuneytum og stofnunum sem eru ábyrgar fyrir því að ekki sé greitt umfram heimildir. Því til viðbótar fylgjast bæði fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun með þróun ríkisfjármála innan ársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeirra vegna. Stafar það fyrst og fremst af því að fjárlög eru raunhæf, bæði er varðar verðlagsforsendur og magn.

Útgjaldahlið fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti, þ.e.:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þessara viðfangsefna taka ekki breytingum á fjárhagsárinu, þannig að ekki koma til viðbótargreiðslur.
— Í öðru lagi framlög sem ekki taka breytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þessi framlög milli ára í allt að þrjú til fimm fjárhagsár.
— Í þriðja lagi koma svo til önnur framlög, þ.e. rekstrarframlög til ráðuneyta og stofnana, launakostnaður, framlög til niðurgreiðslna á vöruverði, atvinnuleysisstyrkir o.fl. Þessir útgjaldaflokkar taka verðlagsbreytingum innan fjárhagsársins og líka ef í fjárlögum hefur ekki verið séð fyrir fjármagni til að mæta ákvæðum laga, svo sem tryggingalaga og atvinnuleysistryggingalaga.

Með þessari skipan hafa framkvæmdarvaldið og þingið komið sér saman um hvaða útgjaldaflokkar skulu taka verð- og magnbreytingum innan fjárhagsársins. Endanleg ákvörðun er hjá þinginu, en framkvæmdarvaldið leggur fram fjáraukalög innan fjárhagsársins til viðbótargreiðsluheimilda. Í fjárlögum eru óverulegar fjárhæðir til að mæta óvissum útgjöldum.

Í Finnlandi fer fjármálaráðuneytið með launasamninga við opinbera starfsmenn en í þinginu starfar sérstök nefnd þingmanna sem þarf að staðfesta launasamninga við opinbera starfsmenn. Hér er um að ræða formsatriði. Viðbótarkostnaður við launasamninga er samþykktur af þinginu með næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram í apríl- til maímánuði árið eftir og endurskoðunarskýrsla í nóvember- eða desembermánuði. Þingið samþykkir ekki reikninginn en athugasemdir ríkisendurskoðunar og svo einstakra ráðherra eru ræddar ef ástæða er talin af einstökum þingmönnum. Ef um umframgreiðslur er að ræða, að teknu tilliti til fjáraukalaga, er ríkisendurskoðun falið að meta þær og afstaða hennar er háð því hvort þær eru samþykktar eða ekki en hér er um að ræða minni háttar umframútgjöld.

Svíþjóð.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu í janúarmánuði ár hvert og afgreiðir sænska þingið það fyrir lok aprílmánaðar. Fjárlagaárið er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild til fjárveitinganefndar, en frumvarpinu er líka vísað til einstakra nefnda þingsins sem fjalla hver um sinn málaflokk. Nefndirnar, 16 að tölu, leggja síðan fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er snerta viðkomandi málaflokk. Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á ríkisfjármálum. Safnar hún saman öllum breytingartillögum nefnda og leggur fram í lokin heildarfrumvarpið til afgreiðslu. Þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu í allt að fjóra mánuði en fyrir lokaafgreiðslu í apríl kemur ríkisstjórnin með viðbótartillögur við frumvarpið. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu hjá sænska þinginu eru á bilinu 1–2%.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, nýjum tekjum, ráðstöfun viðbótartekna og lánahreyfingum. Fjáraukalög eru lögð fram eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á fjárhagsárinu. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem framkvæmdarvaldið leitar eftir samþykki sænska þingsins fyrir, eru innan við 1% af heildarútgjöldum.

Hvert ráðuneyti fyrir sig fer með framkvæmd fjárlaga. Allar greiðslur fara í gegnum sænska póstbankann, en ekki eru gerðar greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð í heild innan fjárhagsársins.

Sænska ríkisendurskoðunin, sem sér m.a. um bókhald sænska ríkisins, gefur átta sinnum á ári út greinargerðir um stöðu ríkisfjármála. Eftirlit með því að framlög á fjárlögum séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst á ábyrgð einstakra fagráðuneyta og stofnana sem fá fjárveitingar. Fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun fylgjast með stöðu einstakra fjárlagaliða innan fjárhagsársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óverulega og ekki þörf á mikilli vinnu þeim tengdum. Forsendur fyrir þessu eru fyrst og fremst að áætlanir eru raunhæfar, bæði er að því varðar verðlagsforsendur og magn. Ef til koma umframútgjöld sem skipta máli fara slík mál í mjög almenna skoðun og verða aðilar að svara fyrir.

Útgjaldahlið sænsku fjárlaganna er skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög, en greiðslur til þess viðfangsefnaflokks taka ekki breytingum á fjárhagsárinu.
— Í öðru lagi sérstök framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þau milli fjárlagaára allt að þremur árum.
— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum. Eru það framlög, t.d. til tryggingamála, launakostnaðar og rekstrarframlaga.
— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög. Stefnt er að því að á árinu 1992 séu allar stofnanir með slík framlög. Hér er um að ræða almennar fjárhæðir, sem aðilum eru lagðar til, til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að skipta þeim á almenna útgjaldaflokka. Þá má flytja um eitt fjárlagaár bæði það sem ekki nýtist og enn fremur ef stofnanir fara fram úr rammaframlögum. Þó er hámark á tilflutningnum.

Í fjárlögum er áætlað fyrir óvissum útgjöldum sem geta numið allt að 2% af heildargjöldum fjárlaga. Óviss útgjöld eru svo nýtt til að mæta breytingum á framlögum sem fjárlög gera ráð fyrir. Samþykktir sænska þingsins á óvissum útgjöldum koma fram í fjáraukalögum innan fjárhagsársins.

Við gerð launasamninga við opinbera starfsmenn er sá háttur hafður á að það ráðuneyti, sem fer með samninga, hefur nána samvinnu við fjárveitinganefnd þingsins við gerð samninganna og eru þeir samþykktir af nefndinni. Umframkostnaður við launasamninga kemur svo fram í næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram eigi síðar en um miðjan október en reikningsári lýkur 30. júní. Endurskoðunarskýrsla skal lögð fram eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsársins. Sænska þingið samþykkir ekki ríkisreikning sem slíkan. Hins vegar fer fram umræða ef athugasemdir gefa tilefni til þess og þingmenn telja þörf á. Ef um umframgreiðslur er að ræða sem ekki var tekið tillit til við samþykkt fjáraukalaga er slíkt athugað af ríkisendurskoðun og fer eftir áliti hennar hvort slíkar umframgreiðslur eru samþykktar. Hér er um að ræða tiltölulega fá tilfelli og minni háttar fjárhæðir.

Noregur.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í byrjun októbermánaðar og afgreiðir þingið það fyrir 15. desember. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild til fjárveitinganefndar en frumvarpinu er jafnframt vísað til einstakra nefnda þingsins sem hver fjallar um sinn málaflokk. Nefndirnar, 12 að tölu, leggja fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er taka til viðkomandi málaflokka.

Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma, gera breytingar á tillögum einstakra nefnda ef þær samrýmast ekki heildarmarkmiðum, fjalla um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á fjárlagafrumvarpinu. Felst það í því að safna saman öllum breytingartillögum nefnda og leggja fram í lokin heildarfrumvarp til afgreiðslu. Breytingar, sem norska þingið gerir á fjárlagafrumvarpinu, eru um 1% af heildargjöldum. Fjárlagaárið er almanaksárið en á árinu 1960 var horfið að þeirri skipan frá því að miða við 1. júlí til 30. júní.

Á fjárhagsárinu kemur til kasta þingsins samþykki á viðbótarfjárveitingum þegar um er að ræða umtalsverðar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna. Hins vegar hefur norska þingið gefið út reglur um á hvern hátt, hvenær og hvernig tekið skuli á umframútgjöldum og tilflutningum á framlögum milli viðfangsefna. Meginatriði reglnanna er að ef um minni háttar viðbótarútgjöld er að ræða nægir samþykki fjármálaráðuneytisins, fyrir hærri útgjöldum þarf að koma til samþykki ríkisstjórnar og að lokum, ef um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, þarf samþykki þingsins. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru á útgjaldahlið um 1% af heildarútgjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga annast hvert fagráðuneyti og einstakar stofnanir. Greiðslur færast að hluta til sameiginlega hjá ríkissjóði en hvert ráðuneyti hefur jafnframt eigin bankareikning. Eftirlit með að fjárlög séu haldin er hjá fagráðuneytum sem hafa sitt eigið fjárhagsbókhald. Á tveggja mánaða fresti sendir hvert fagráðuneyti fjármálaráðuneytinu yfirlit um stöðu einstakra stofnana og viðfangsefna. Því til viðbótar hefur norska ríkisendurskoðunin starfsmenn sína í ráðuneytum til eftirlits og endurskoðunar. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og er ekki mikil vinna sem þau skapa.

Útgjaldahlið norskra fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti:

— Í fyrsta lagi fjárveitingar sem byggðar eru á lagafyrirmælum. Framlög til þessa útgjaldaflokks geta orðið hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Ef lög kveða á um eru greiðslur inntar af hendi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Hér er t.d. um að ræða atvinnuleysisbætur.
— Í öðru lagi eru framlög þar sem ákveðið er í fjárlögum að þau geti tekið verðbreytingum, svo sem launagjöld.

— Í þriðja lagi eru svo fjárveitingar sem ekki taka breytingum nema til komi samþykki þingsins.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki þingsins. Þingið samþykkir samninga í formi viðbótarfjárveitinga og er það nánast formsatriði.

Ríkisreikningur er lagður fram í marsmánuði og ríkisendurskoðun leggur fram endurskoðunarskýrslu í ágúst- eða septembermánuði. Endurskoðunarskýrsla er fyrsta mál sem lagt er fram á haustþingi. Hvert ráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu fyrir niðurstöðu reikningsins. Ef um umframútgjöld er að ræða, að teknu tilliti til samþykktra aukafjárveitinga, er það háð áliti ríkisendurskoðunar hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða. Ríkisreikningur er samþykktur af þinginu.

Danmörk.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu fjórum mánuðum áður en það tekur gildi. Fjármálaráðherra afhendir fjárveitinganefnd fjárlagafrumvarpið í ágústmánuði en gildistími fjárlaga er almanaksárið. Fjárveitinganefnd danska þjóðþingsins fær frumvarpið í heild sinni til afgreiðslu. Fjárveitinganefnd er skipuð 17 þingmönnum, einstökum nefndarmönnum er falið að hafa umsjón með almennum málaflokkum eða ráðuneytum. Danska þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu frá því það kemur saman í byrjun október þar til í lok desember en þegar fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram í ágústmánuði hefst vinna fjárveitinganefndar. Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á sínum málaflokki gagnvart þinginu. Breytingar, sem danska þjóðþingið gerir á frumvarpi til fjárlaga, svara til 1–2% af heildargjöldum frumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggja einstök ráðuneyti óskir fyrir fjárveitinganefnd um viðbótarútgjöld. Beiðnir eru, áður en þær berast nefndinni, sendar fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Fjárveitinganefnd hefur fullt umboð til að samþykkja viðbótarútgjöld, ráðstöfun viðbótartekna og auknar lántökur. Á árinu 1987 bárust nefndinni tæplega 700 beiðnir. Í febrúarmánuði árið eftir eru lögð fyrir þingið fjáraukalög með þeim breytingum sem fjárveitinganefnd hefur afgreitt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru um 1% af heildargjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga er í höndum hvers fagráðuneytis. Greiðslur eru með tvennum hætti, þ.e. sameiginlega, svo sem launagreiðslur, og svo hefur hvert ráðuneyti sinn eigin bankareikning. Tvisvar á fjárhagsárinu gera einstök ráðuneyti fjármálaráðuneytinu grein fyrir stöðu fjármála. Eftirlit með að greiðslur séu innan fjárveitinga eru fyrst og fremst hjá einstökum fagráðuneytum. Ríkisendurskoðun fylgist með stöðu fjárveitinga hjá hverju ráðuneyti á fjárlagaárinu. Frávik frá fjárlögum eru óveruleg.

Útgjaldahlið dönsku fjárlaganna er skipt þannig að aðilar fá rammafjárlög. Stofnkostnaður er settur fram hjá hverju fagráðuneyti fyrir sig. Fjárhæðum í fjárlögum er skipt eftir því hvort þau taka verðlagsbreytingum eða ekki og þarf að sækja um aukafjárveitingu ef óskað er eftir viðbótarframlögum.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir danski fjármálaráðherrann. Ekki þarf hann að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar eða þingsins um þá. Þingið samþykkir viðbótarkostnað eftir á með fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fyrir þingið með athugasemdum yfirskoðunarmanna sem byggja athugasemdir sínar að mestu á dönsku ríkisendurskoðuninni. Fjárveitinganefnd fær reikninginn til umfjöllunar. Ef um umframútgjöld er að ræða er tekið tillit til samþykkta fjárveitinganefndar og er það háð áliti yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða.

586. Frávísunartillaga [1. mál]

í málinu: Frv. til l. um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá Jóni Helgasyni, Ragnari Arnalds og Kristínu Einarsdóttur.

Eftir að samningurinn, sem gerður hefur verið um Evrópska efnahagssvæðið, var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss er ljóst að endanlegur texti að slíkum samningi liggur ekki fyrir.

Þegar af þeirri ástæðu telur Alþingi ekki rétt að afgreiða þetta frumvarp og samþykkir að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

587. Fyrirspurn [322. mál]

til landbúnaðarráðherra um skiptingu heildarútlána Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hvernig skiptast heildarlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins á milli búgreina?
2. Hvernig skiptast útlán Stofnlánadeildar síðustu þrjú ár á milli búgreina?
3. Hvernig skiptast greiðslur á neytenda- og jöfnunargjaldi síðustu þrjú ár á milli búgreina?

Skriflegt svar óskast.

588. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið er felur í sér að framlengd er frestun á framkvæmd ákvæða grunnskólalaga um skólamáltíðir, lengingu kennslutíma, fækkun nemenda í bekkjardeildum og að komið skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla. Frestun á framkvæmd ákvæða þessara var fyrst ákveðin með lögum nr. 1/1992, um ráðstaf-

anir í ríkisfjármálum, og er nú framlengd í samræmi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993. Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Svanhildi Kaaber og Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Arthur Morthens frá Barnaheillum, Unni Halldórsdóttur frá Landssamtökunum Heimili og skóla, Áslaugu Brynjólfsdóttur frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Helga Jónasson frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, Sigþór Magnússon frá Skólastjórafélagi Íslands, Örlyg Geirsson, Sólrúnu Jensdóttur og Ólaf Darra Andrason frá menntamálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Kennarasambandi Íslands, Landssamtökunum Heimili og skóla og lagðar voru fram tölulegar upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu og fræðslustjóra Reykjanesumdæmis.

Til að gera ákvæði 2. gr. frumvarpsins skýrara leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Á eftir orðunum „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: og skólaárið 1993–1994.

Alþingi, 11. jan. 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Björn Bjarnason.

Tómas Ingi Olrich. Árni Johnsen.

589. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, IBA, RG, SP).

1. Við 1. gr. Í stað „15.800“ komi: 15.970.
2. Við 5. gr. Í stað „12 m.kr.“ í 3. tölul. komi: 16,2 m.kr.
3. Í lok II. kafla komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (7. gr.)
      Fjármálaráðherra er heimilt að veita Íslenska járnblendifélaginu hf. bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 m.kr. og er heimilt að breyta því láni í víkjandi lán eða hlutafé í félaginu í tengslum við samninga milli eigenda um fjárhagslega skipulagningu þess. Enn fremur er heimilt að semja um frekari aukningu hlutafjár eða víkjandi lán enda hljóti slíkar ráðstafanir staðfestingu Alþingis.
   b. (8. gr.)
      Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar í tengslum við sölu hreppsins á hitaveitunni til Orkubús Vestfjarða.

4. Á eftir IV. kafla komi nýr kafli, V. kafli, **Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum,** með einni grein (er verði 34. gr.) er orðist svo:
   59. gr. laganna falli brott.
5. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993 o.fl.

590. Framhaldsnefndarálit [145. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sem dreift var á Alþingi fyrir jól og dagsett er 21. desember, er sett fram hörð gagnrýni á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í efnahagsmálum. Dregið var í efa að til staðar væri heildaryfirsýn yfir áhrif skattahækkana og annarra aðgerða stjórnarinnar sem margar hverjar urðu til með skyndiákvörðunum án nokkurs undirbúnings.

Nú hefur a.m.k. í einu tilviki sannast rækilega að varnaðarorð stjórnarandstöðunnar og gagnrýni á ómarkviss vinnubrögð áttu rétt á sér. Útreikningar hagdeilda ASÍ og VSÍ sýna að afleiðingar þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis voru verulega vanmetnar.

Breyting, sem átti að skila ríkissjóði 400 millj. kr. tekjum á árinu, mundi engu skila þar sem hækkun vísitölutengdra frádráttarliða frá sköttum og ýmissa bótaliða, auk hærri vaxtagjalda, gerir meira en að éta upp 400 millj. kr. lægri endurgreiðslu virðisaukaskatts. Á næsta ári, 1994, yrðu áhrif breytinganna sannanlega neikvæð fyrir ríkissjóð svo nemur hundruðum milljóna.

Alvarlegast er þó að vísitöluhækkanir í kjölfar þessara breytinga mundu að mati ASÍ og VSÍ valda 4 milljarða kr. raunhækkun skulda, þ.e. um 4 milljarðar kr. færast frá skuldurum til lánardrottna og valda aukinni greiðslubyrði lána í þjóðfélaginu upp á um 1.250 millj. kr. Þá er rétt að minna á að þessi ákvörðun með sínum vísitölu- og verðbólguáhrifum átti sinn þátt í vaxtahækkunum bankanna.

Því ber að fagna að aðilar vinnumarkaðarins hafa afhjúpað þessi vinnubrögð, sýnt fram á að ríkisstjórnin hefur ekki haft hugmynd um áhrif eigin ákvarðana og síðast en ekki síst megnað að reka ríkisstjórnina á flótta. Að öðru leyti vísast til greinargerðar hagdeildanna um frekari rökstuðning.

Minni hlutinn fagnar þessari niðurstöðu og hvetur eindregið til þess að fleiri af misheppnuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka.

Á fund efnahags- og viðskiptanefndar í dag komu einnig fulltrúar Stéttarsambands bænda og fóru yfir forsendur þeirra hækkana búvöru sem leiðir af lækkaðri endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þessi aðgerð er um margt skyld hinni fyrri, að skerða endurgreiðslu virðisaukaskatts í húsbyggingum, og veldur miklum verðhækkunum og hefur ýmis óæskileg afleidd áhrif. Því væri tvímælalaust skynsamlegt að draga einnig þessa ákvörðun til baka.

Frá ríkisstjórninni hafa komið óskir um nokkrar viðbótartillögur við frumvarpið, þar á meðal varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Margt virðist mæla með því að reynt verði að forða fyrirtækinu frá gjaldþroti en á þessari stundu vantar nánari upplýsingar um stöðu fyrirtækisins og framtíðarhorfur.

Þá vill minni hlutinn vekja athygli á bréfi frá Samtökum lífeyrissjóðanna sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur borist þar sem fram koma varnaðarorð í sambandi við þá fjármuni sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að afla innan lands til húsnæðismála á árinu og þá væntanlega fyrst og fremst frá lífeyrissjóðunum. Samtök lífeyrissjóðanna telja að þessar auknu lántökur muni valda enn frekari vaxtahækkunum. Það má öllum ljóst vera að íslenska hagkerfið þolir ekki frekari vaxtahækkanir. Átelja verður það sambandsleysi sem greinilega hefur verið milli aðila í þessu tilviki eins og fleirum.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á ríkisfjármáladæminu fyrir árið 1993. Minni hlutinn telur ólíklegt að öll kurl séu komin til grafar, enda má búast við að frekari endurskoðunar og leiðréttinga verði þörf á vanhugsuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 12. jan. 1993.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Halldór Ásgrímsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Um fylgiskjöl með framhaldsnefndarálitinu vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Skrá yfir gögnin fer hér á eftir.

I. Bréf formanna ASÍ og VSÍ til forsætisráðherra ásamt greinargerð hagdeilda ASÍ og VSÍ um áhrif þess að lækka endurgreiðslu VSK á vinnu við nýbyggingar og viðhald úr 100% í 60%, 8. janúar 1993.

II. Minnisblað frá Stéttarsambandi bænda, 11. janúar 1993.

III. *Landbúnaðarráðuneyti:* Tilkynning vegna fréttar í fjölmiðlum um breytingu á verði búvara 1. janúar 1993 í tengslum við lækkun endurgreiðslna á virðisaukaskatti; ásamt yfirliti um verðbreytingar á afurðum alifugla, svína og nautgripakjöti 1. janúar 1993.

IV. *Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti:* Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar, 11. janúar 1993.

V. *Landssamband lífeyrissjóða* og *Samband almennra lífeyrissjóða:* Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar, 11. janúar 1993.

591. Tillaga til þingsályktunar [323. mál]

um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða reglur um bótarétt íslenskra sjómanna vegna líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, Siglingamálastofnunar, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og fleiri.

Greinargerð.

Samkvæmt 172. gr. siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum þegar hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til sakar útgerðarmanns. Samkvæmt lagagreininni ber útgerðarmaður því hlutlæga ábyrgð (þ.e. ábyrgð án sakargrundvallar) með nánari skilmálum vegna lífs- eða líkamstjóns skipverja hans og er hann þá jafnframt með lagaráðstöfun hvattur til að kaupa tryggingar í þessu skyni.

Í 2. mgr. 172. gr. segir að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eftir nánari reglum. Í lagagreininni eru nefndar ákveðnar fjárhæðir en samkvæmt niðurlagi greinarinnar taka þær fjárhæðir breytingum í samræmi við laun Dagsbrúnarverkamanna.

Samkvæmt 173. og 174. gr. siglingalaga hefur útgerðarmaður rétt til að takmarka ábyrgð sína eftir ákveðnum reglum. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 175. gr. laganna nær þessi takmörkun ábyrgðar ekki til krafna vegna tjóns á mönnum eða munum sem þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni eða ábyrgðarmanni útgerðar og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkast hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við þær fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. greinarinnar. Er í þessu efni byggt á sömu reglu og var í 2. mgr. 205. gr. eldri laga um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns á vinnuslysum. Hún veitti sjómönnum umtalsverða réttarbót frá því sem leiðir af almennum bótareglum.

Með þessari hlutlægu ábyrgðarreglu var komið á samræmi milli sjómanna og landverkafólks. Hluti af bótarétti landverkafólks vegna lífs- og líkamstjóns byggir á ákvæðum kjarasamninga um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda, þ.e. hinni svokölluðu slysatryggingu launþega. Í siglingalögum, eins og í almennum kjarasamningum, er þeirri reglu fylgt að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eins og áður segir. Hin hlutlæga ábyrgð eða slysatryggingin er hjá íslenskum launþegum í öllum tilfellum takmörkuð við þak eða hámarksfjárhæð en útilokar ekki frekari bótaábyrgð á grundvelli sakar ef sök sannast. Ábyrgð útgerðarmanns á sakargrundvelli á þess háttar tjóni lýtur hins vegar ekki takmörkun, sbr. 5. tölul. 175. gr., sem þýðir í raun að sjómenn verða eins og landverkafólk að sækja bætur umfram hina hlutlægu ábyrgð eftir reglum skaðabótaréttarins. Í þeirri stöðu verður launþeginn, sjómaðurinn, að sanna sök atvinnurekandans. Bótaábyrgð fellur ekki á útgerðarmann án sakar hans eða starfsmanna hans, þ.e. án ásetnings eða gáleysis eftir reglum skaðabótaréttarins. Takist launþega ekki að sanna þessa sök fær hann ekki tjón sitt bætt að öðru leyti en sem nemur hinni hlutlægu ábyrgðarreglu og er það oftast aðeins lítill hluti heildartjónsins. Undir óbætt tjón falla öll þau fjölmörgu tilvik þegar slys verða fyrir óhappatilviljun og gildir í því efni það sama á sjó og í landi. Vinnuslys starfsmanna vegna óhappatilvika eru aðeins bætt að litlu leyti samkvæmt íslenskum rétti. Hinir slösuðu verða þá að bera tjón sitt sjálfir.

Það sem veldur því hins vegar að þessu máli er hreyft með þessari þingsályktunartillögu er að slys á sjó eru langtum algengari en slys í landi og miklu oftar verða þau rakin til óhappatilvika en í landi. Að sögn kunnugra verða vinnuslys í landi oftast vegna vanbúnaðar, leiðbeiningarskorts og gáleysis. Í sjómennsku er hins vegar meira um óhöpp sem eiga rætur að rekja til þess að sjómannsstarfið er hættulegra en störf í landi, vinnustaðurinn og hreyfing sjávarins er hættulegri lífi og limum sjómanna en vinnustaðir landverkafólks. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar hefur ekki

verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat er lagt til grundvallar hvort sem um er að ræða t.d. skrifstofustarf sem hefur engar sjáanlegar hættur í för með sér fyrir starfsmenn eða starf á skipi með tröllauknum og fjölbreytilegum vélbúnaði þar sem aðgátar er þörf við hvert fótmál.

Tilgangur nefndarskipunar af því tagi sem hér er ráð fyrir gert er sá að kanna bótarétt sjómanna með framangreint í huga og leggja fram tillögur til úrbóta. Samkvæmt framansögðu er varla um annað en tvennt að ræða, annars vegar að hækka hlutfall hinnar hlutlægu ábyrgðar skv. 172. gr. siglingalaga, sbr. 5. tölul. 175. gr., eða með þeim hætti að gera ábyrgð útgerðarmanns vegna vinnuslysa hlutlæga að öllu eða verulegu leyti með breyttri skaðabótareglu vegna hættulegs atvinnurekstrar og breyttri sönnunarreglu vegna fjölda óhappatilvika sem ekki eru bótaskyld samkvæmt núgildandi reglu.

592. Fyrirspurn [324. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur vegna þinga eða funda ýmissa starfsstétta.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve há fjárhæð hefur verið greidd úr ríkissjóði vegna þinghalds eða funda ýmissa starfsstétta á sl. fjórum árum?
2. Hvernig skiptist fjárhæðin á milli starfsstétta, eftir árum?
3. Eftir hvaða reglum er farið? Hvað fær hver þingfulltrúi eða fundarmaður greitt á dag? Hvað annað er greitt?

593. Lög [1. mál]

um Evrópska efnahagssvæðið.

(Afgreidd frá Alþingi 12. jan.)

Samhljóða þskj. 580.

594. Fyrirspurn [325. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun bókhaldslaga.

Frá Maríu E. Ingvadóttur.

Hvað líður endurskoðun bókhaldslaga og hvenær er að vænta niðurstöðu?

Skriflegt svar óskast.

595. Breytingartillaga [145. mál]

við brtt. á þskj. 533 [Lánsfjárlög 1993].

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, IBA, RG, SP).

Eftirfarandi breytingar verði á 8. tölul.:
1. Í stað „5.100“ í viðauka (erlendar lántökur ríkissjóðs) komi: 5.670.
2. Í stað „15.400“ í viðauka (heildarlántökur ríkissjóðs) komi: 15.970.

596. Frumvarp til skaðabótalaga. [326. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1993.)

I. KAFLI
Bætur fyrir líkamstjón.

Líkamstjón sem veldur ekki dauða.

1. gr.

Sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur.

Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna.

Verðmæti vinnu við heimilisstörf skal lagt að jöfnu við launatekjur, sbr. 2. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr.

Tímabundið atvinnutjón.

2. gr.

Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til ekki er að vænta frekari bata.

Frá skaðabótum skal draga laun í veikinda- eða slysaforföllum, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir tímabundið atvinnutjón og vátryggingabætur þegar greiðsla vátryggingafélags er raunveruleg skaðabót, svo og sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær.

Þjáningar.

3. gr.

Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til ekki er að vænta frekari bata, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Nemi bætur meira en 200.000 kr. er heimilt að víkja frá fjárhæðum þeim sem greinir í 1. málsl.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Varanlegur miski.

4. gr.

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og

hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata. Þegar miski er metinn alger (100%) skulu bætur vera 4.000.000 kr. Við lægra miskastig lækkar fjárhæð þessi í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó ekki meiri en 6.000.000 kr. Engar bætur skal greiða þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%.

Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Varanleg örorka.

5. gr.

Valdi líkamstjón, eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.

Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum).

Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem almannatryggingum, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega skulu þó dregnar frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Sama gildir um bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki.

6. gr.

Bætur skal meta til fjárhæðar sem nemur 7,5-földum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

7. gr.

Árslaun teljast vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag er tjón varð.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.

Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

8. gr.

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Bætur skulu ákveðnar sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska eftir reglum 1.–4. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Þegar miskastig er minna en 15% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 15%, 18% eða 20% skulu örorkubætur vera 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 25% eru örorkubætur 150% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 30%, 35%, 40%, 45% eða 50% skulu örorkubætur vera 160%, 170%, 180%, 190% eða 200% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 55% eru örorkubætur 225% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 60%, 65%, 70%, 75%, 80% eða 85% skulu örorkubætur vera 250%, 275%, 300%, 325%, 350% eða 375% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 90%, 95% eða 100% skulu örorkubætur vera 400% af bótum fyrir varanlegan miska.

9. gr.

Ef tjónþoli var 26 ára eða eldri þegar tjón varð lækka örorkubætur skv. 6. og 8. gr. um 1% af bótafjárhæð, sem þar er ákveðin, fyrir hvert aldursár frá 26 til 45, um 2% fyrir hvert aldursár frá 46 til 55 og um 4% fyrir hvert aldursár frá 56 til 70.

Ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann er orðinn fullra 70 ára að aldri má víkja frá reglu 1. mgr. að nokkru eða öllu.

Örorkunefnd.

10. gr.

Tjónþoli eða sá sem ábyrgð ber á tjóni getur hvor um sig óskað álits um ákvörðun miskastigs og örorkustigs hjá örorkunefnd.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir matsgerðir sem nefndin gerir.

Endurupptaka.

11. gr.

Að kröfu tjónþola er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur. Skilyrði endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Ef mál er endurupptekið er heimilt að skjóta ákvörðun um miskastig eða örorkustig aftur til úrlausnar örorkunefndar, sbr. 10. gr.

Missir framfæranda o.fl.

12. gr.

Sá sem skaðabótaábyrgð ber á dauða annars manns skal greiða hæfilegan útfararkostnað. Auk þess skal hann greiða þeim sem misst hefur framfæranda bætur fyrir tjón það er ætla má að af því leiði fyrir hann. Til framfærslu telst einnig verðmæti vinnu hins látna við heimilisstörf.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Bætur til maka eða sambúðarmaka.

13. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. Bætur skulu þó nema ekki minni fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

Hafi framfærandi verið orðinn 26 ára gamall lækka bætur eftir reglum 9. gr.

Bætur til barns.

14. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til eftirlifandi barns, sem hinum látna var lögskylt að framfæra, skulu vera jafnháar heildarfjárhæð þeirra barnalífeyrisgreiðslna er barnið á rétt á eftir lögum um almannatryggingar frá því að tjón varð til 18 ára aldurs. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns hækka bætur um 100%.

Reikna skal fjárhæð barnalífeyris eins og hann er við andlát framfæranda.

Verðlagsbreytingar.

15. gr.

Fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 7. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 13. gr., breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Fjárhæð skal hverju sinni hækka eða lækka þannig að hún standi á heilu eða hálfu þúsundi króna. Bótafjárhæðir þær, sem greinir í 1. málsl. 3. gr., skulu þó hækka eða lækka svo að fjárhæð standi á heilum tug króna.

Bætur skv. 1. mgr. skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda þegar bótafjárhæð er ákveðin. Bætur fyrir varanlega örorku skal umreikna miðað við breytingar á lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin.

Vextir.

16. gr.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Vextirnir skulu nema 2% á ári, en dómsmálaráðherra getur í samráði við Seðlabanka Íslands breytt vaxtafætinum. Ákvörðun um slíka breytingu skal gilda í a.m.k. tvö ár.

Um dráttarvexti fer eftir reglum vaxtalaga.

Endurkrafa.

17. gr.

Endurkrafa vegna greiðslu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar verður ekki gerð á hendur þeim sem er skaðabótaskyldur. Sama á við um bótagreiðslur lífeyrissjóða eða vátrygginga og skiptir ekki máli hvers eðlis vátryggingin er, sbr. 2. mgr. 22. gr.

Vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða eða þeim sem misst hefur framfæranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, getur krafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.

Aðilaskipti að bótakröfu.

18. gr.

Ekki er heimilt að framselja kröfu um bætur fyrir líkamstjón nema hún sé viðurkennd eða dæmd.

Krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska erfist hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í opinberu máli.

Bætur, sem greindar eru í 1. mgr. og telja má að ekki hafi verið eytt, koma ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Bæturnar teljast hjúskapareign þegar eigandi bótanna andast nema þær séu séreign samkvæmt kaupmála.

Reglur 1. og 3. mgr. eiga ekki við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

II. KAFLI
Skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging tekur til.

19. gr.

Skaðabótaréttur stofnast ekki vegna tjóns sem munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til.

Regla 1. mgr. á ekki við ef

1. hinn skaðabótaskyldi hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða
2. tjóninu er valdið í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.

20. gr.

Um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélags eða annars opinbers aðila, sem kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu, fer með sama hætti og vátrygging hefði verið keypt, sbr. 19. gr.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga ekki við um skaðabótakröfur samkvæmt

1. skaðabótareglum umferðarlaga,
2. lögum um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi,
3. lögum um loftferðir,
4. siglingalögum eða
5. alþjóðasamningi um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, gerðum í Brussel 29. nóvember 1969.

22. gr.

Stofnist skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem skaðatrygging tekur til öðlast vátryggingafélagið rétt tjónþola á hendur hinum skaðabótaskylda að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.

Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða á félagið enga kröfu á hendur hinum skaðabótaskylda og skiptir ekki máli hvers eðlis vátryggingin er.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Bótaábyrgð starfsmanns.

23. gr.

Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafið úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.

Almenn lækkunarregla.

24. gr.

Lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, vátrygginga aðila og annarra atvika.

Þegar skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi má að nokkru eða öllu líta fram hjá því að tjónþoli er meðvaldur að tjóni. Regla þessi á einnig við um kröfu manns er misst hefur framfæranda sem var meðvaldur að dauða sínum.

Fleiri en einn bótaábyrgir.

25. gr.

Beri tveir eða fleiri óskipta bótaábyrgð skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leyti.

Taki ábyrgðartrygging eins eða fleiri hinna bótaábyrgu til tjónsins skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. Í tilvikum, sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 19. gr. eða 21. gr., má, þegar bótaábyrgð er deilt á hina bótaábyrgu, taka tillit til ábyrgðartrygginga sem þeir höfðu. Þetta gildir einnig þegar ákvæði 20. gr. eiga við.

Bætur fyrir miska.

26. gr.

Sá sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skal greiða þeim sem misgert er við miskabætur. Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. eiga einnig við um miskabætur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

Bann gegn því að víkja frá lögunum með samningi.

27. gr.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1.–16. gr., 2. mgr. 24. gr. eða 26. gr. laga þessara ef það er í óhag þeim sem á skaðabótarétt.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1. mgr. 17. gr., 1. eða 3. mgr. 19. gr., 20. gr., 2. mgr. 22. gr., 23. gr., 1. mgr. 24. gr. eða 25. gr. laga þessara ef

það er í óhag hinum skaðabótaskylda. Þó má víkja frá 25. gr. að því er varðar tjón sem valdið er í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem verður eftir gildistöku laganna.

Brottfall lagaákvæða.
29. gr.

Eftirtalin lagaákvæði falla brott við gildistöku laganna:

1. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.
3. 3. og 4. mgr. 133. gr. og 136. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964.
4. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
5. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987 og 2. gr. laga nr. 64/1989.
6. 16. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.
7. 1. mgr. 60. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
Almennar athugasemdir.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Var það lagt fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92 en varð ekki útrætt. Frumvarpið var sent ýmsum til umsagnar. Umsagnir eða athugasemdir bárust frá Dómarafélagi Íslands, Jafnréttisráði, Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, Læknafélagi Íslands, læknum Tryggingastofnunar ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Tryggingaeftirlitinu, Umferðarráði, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Öryrkjabandalagi Íslands. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á fyrri gerð frumvarpsins og er að nokkru tekið tillit til umsagna sem fram komu. Eru veigamestu breytingarnar þessar:

1. Felldur er niður 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. fyrri gerðar frumvarpsins. Samkvæmt því ákvæði skyldi ekki greiða örorkubætur væri varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna minni en 15%. Umrætt lágmark er því ekki lengur í frumvarpinu. Sjá nánar athugasemdir við 5. gr.

2. Breytt er reglum 6. og 9. gr. um ákvörðun bótafjárhæðar. Breytingarnar fela í sér að örorkubætur fara hækkandi eftir því sem tjónþoli er yngri. Sama regla gildir skv. 2. mgr. 13. gr. um dánarbætur. Bætur til maka eða sambúðarmaka hækka eftir því sem hinn látni var yngri þegar tjón varð. Sjá nánar athugasemdir við 6., 9. og 13. gr.

3. Í stað hugtakanna „varanlegt mein“, „orkuskerðing“ og „orkuskerðingarstig“ í fyrri gerð frumvarpsins eru hér notuð heitin „varanlegur miski“ og „miskastig“. Með breytingu þessari ætti að vera minni hætta á að ruglað sé saman varanlegum miska, sbr. 4. gr.,

og varanlegri örorku, sbr. 5. gr., eða örorkustigi, sbr. 5. gr., og orkuskerðingarstigi, sbr. 8. gr.

4. Reglur 10. gr. um örorkunefnd eru gerðar skýrari. Sjá nánar athugasemdir við 10. gr.

Auk þess hefur orðalagi í nokkrum greinum verið breytt. Enn fremur er bætt við skýringum í athugasemdum við ýmsar greinar frumvarpsins, aðallega til aukinnar skýringar í tilefni af ýmsum athugasemdum sem komu fram í umsögnum með frumvarpinu. Loks er fáeinum tölum í dæmum í fylgiskjali I breytt í samræmi við breytingar á reglum 6. og 9. gr. Helstu viðbætur og breytingar á athugasemdum með einstökum greinum eru við 4., 5., 6., 8., 9., 10. og 12.–14. gr. Aðrar breytingar frá eldri gerð frumvarpsins eru óverulegar.

Önnur ríki Norðurlanda en Ísland hafa allt frá því um miðja þessa öld átt nána samvinnu um undirbúning löggjafar á sviði skaðabótaréttar utan samninga. Bar starf þetta mikinn árangur þótt ekki leiddi það til setningar samhljóða laga í ríkjunum fjórum. Skaðabótalög, sem fela í sér ýmsar almennar reglur, voru sett í Noregi 1969, Svíþjóð 1972, Finnlandi 1974 og Danmörku 1984. Við sum þessara laga hefur síðar verið aukið. Í lögunum eru ýmsar almennar reglur um stofnun skaðabótaábyrgðar, ákvörðun fjárhæðar skaðabóta vegna líkamstjóns o.fl. Lögin eru hins vegar ekki heildarlög í þeim skilningi að í þeim séu reglur um öll eða flest meginatriði almenns skaðabótaréttar. Þrátt fyrir það fela þau í sér mikilvægar almennar reglur er leysa úr óvissu sem ríkti um ýmis atriði.

Íslendingar tóku hvorki þátt í þessu samstarfi um löggjöf né settu hliðstæðar skaðabótareglur. Íslenskur skaðabótaréttur er að mestu ólögfestur og flestar settar lagareglur um skaðabætur utan samninga má telja til sérákvæða. Meðal þjóða, sem Íslendingum eru skyldastar að menningu, hefur ekki verið álitið nauðsynlegt að setja ítarleg heildarlög með meginreglum um skaðabætur utan samninga. Telja verður að ekki sé heldur þörf á slíkri löggjöf hér á landi. Á sviði íslensks skaðabótaréttar er hins vegar nauðsyn vissra úrbóta sem ekki verða gerðar án þess að grípa til lagasetningar.

Brýnast virðist að setja reglur um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón. Mál af því tagi eru einn mikilvægasti flokkur mála um skaðabætur utan samninga. Reglur um það efni eru nú að mestu ólögfestar og aðstaða dómstóla til að gera gagngerar breytingar á þeim er erfið. Við samningu nýrra reglna um ákvörðun bóta fyrir líkamsspjöll, þar á meðal um hvort eða að hve miklu leyti greiðslur frá þriðja manni eigi að draga frá skaðabótakröfu, verður naumast komist hjá að endurskoða reglur um endurkröfurétt þriðja manns á hendur hinum skaðabótaskylda.

Auk þess sýnist brýnt að lögleiða ákvæði sem veita svigrúm til þess að taka meira tillit til hagsmuna hins bótaskylda en nú er heimilt. Núgildandi reglur um þetta eru afar takmarkaðar og þeim verður ekki komið í viðunandi horf án atbeina löggjafans. Enn fremur má telja æskilegt að setja lagareglur um nokkur önnur atriði, svo sem nánar er rakið síðar. Í 4. kafla hér á eftir er vikið að rökum fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu.

Íslenskar réttarreglur eru reistar á norrænum grunni. Enginn vafi leikur á að heppilegustu fyrirmynda er að leita í norrænum rétti þegar semja þarf íslensk lög um skaðabótarétt utan samninga. Niðurstaða athugana á norrænu skaðabótalögunum varð sú að hin nýjustu þeirra hentuðu best, bæði að efni og formi, til þess að ná þeim markmiðum sem hér er talið nauðsynlegt að stefna að. Fyrirmynd þessa frumvarps er því dönsku skaðabótalögin frá 1984. Bótafjárhæðir frumvarpsins svara til danskra reglna. Bætur fyrir varanlegan miska eru þó miklu hærri en eftir dönsku lögunum. Reglur 9. gr. frumvarps-

ins um áhrif aldurs tjónþola á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku og eftir atvikum rétt maka til dánarbóta, sbr. 2. mgr. 13. gr., eru einnig nokkuð á annan veg en reglur dönsku laganna um sama efni. Ef frumvarpið verður að lögum verða íslenskar reglur á því sviði skaðabótaréttar, sem hér um ræðir, í stórum dráttum í samræmi við danskar, finnskar, norskar og sænskar reglur, en þær eru ávöxtur nokkurra áratuga starfs margra sérfræðinga. Við samningu athugasemda með frumvarpinu var mikið stuðst við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til dönsku laganna. Einkum á þetta við um athugasemdir við einstakar greinar. Meðal annarra rita, sem stuðst var við, má sérstaklega nefna „Erstatningsansvarsloven" eftir Anders Vinding Kruse og Jens Møller, 2. útg. Kaupmannahöfn 1989, og „Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven" eftir Bernhard Gomard og Ditlev Wad, útg. í Kaupmannahöfn 1986.

Í fylgiskjali eru nokkur dæmi um bótafjárhæðir eftir frumvarpinu og samanburður við danskar og sænskar reglur um ákvörðun fjárhæðar skaðabóta, svo og reglur sem myndast hafa með dómafordæmum hér á landi.

2. Meginmarkmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins eru þessi:

1. Að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda.
2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.
3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði um nokkur önnur atriði sem tengjast greindum breytingum, t.d. reglur um skiptingu bótaábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð vegna sama tjóns, aðilaskipti að bótakröfu og bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem ekki verður rakið til líkamstjóns.

2.1. Endurbætur á reglum um bætur fyrir líkamstjón.

Enda þótt dómvenja hafi myndast um mörg atriði varðandi ákvörðun bótafjárhæðar fyrir líkamstjón gætir verulegrar óvissu og ósamræmis á þessu mikilvæga sviði réttarins. M.a. ríkir bagaleg óvissa um miskabætur, áhrif skattfrelsis á bótafjárhæð, fjárhæð örorkubóta til þeirra sem vinna heimilisstörf og ákvörðun dánarbóta til eftirlifandi maka og barna. Telja má að í ýmsum tilvikum séu bætur óeðlilega lágar, en í öðrum of háar. Reynt var að gera reglur frumvarpsins þannig úr garði að tjónþoli fái almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla. Jafnframt er með reglunum stefnt að því að menn öðlist ekki rétt til bóta fyrir fjártjón, nema slíkt tjón hafi í raun orðið eða fyrir liggi raunhæft mat um fjártjón á ókomnum árum. Ef frumvarpið verður að lögum ætti það að leiða til réttlátari niðurstöðu í bótamálum þeirra sem bíða tjón á líkama.

Tímabært þykir að draga úr vafa og ósamræmi með því að setja lagaákvæði um aðrar aðferðir en nú tíðkast við ákvörðun bóta. Frumvarpið felur m.a. í sér gerbreytingu á reglum um örorkumat og að reglur um að bótafjárhæðir verði í ríkum mæli staðlaðar. Þá eru ákvæði um lágmark og hámark bóta í nánar greindum tilvikum.

Í frumvarpinu eru skýrari reglur um bætur en nú tíðkast, sbr. t.d. ákvæði um stöðlun og nánar tilteknar reikningsaðferðir við ákvörðun fjárhæða. Einnig er veruleg einföldun fólgin í því að gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi almennt kröfu á óskertum örorkubótum eða bótum fyrir missi framfæranda þótt hann hafi fengið greiðslur frá almannatryggingum, vátryggingafélagi eða lífeyrissjóði. Með frumvarpinu er enn fremur stefnt að því að bætur verði framvegis ákveðnar þannig að hverju sinni verði tilgreindur sérstaklega hver liður tjóns sem bæta skal. Reglur I. kafla frumvarpsins eru í heild einfaldari og skýrari en þær venjureglur sem nú er farið eftir. Einfaldari uppgjörsreglur ættu að leiða til sparnaðar og hagræðingar, greiða fyrir málsmeðferð og flýta fyrir því að tjónþolar fái bótafé í hendur. Reglur frumvarpsins eru einnig til þess fallnar að efla réttaröryggi, þannig að tjónþoli og hinn bótaskyldi og eftir atvikum lögmenn þeirra eða vátryggjendur eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir hve miklar skaðabætur skuli greiða vegna líkamstjóns sem orðið hefur.

2.2. Tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

Eitt meginhlutverk skaðabótareglna er að bæta mönnum með fé tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Sú skoðun er ríkjandi að ýmis önnur bótaúrræði, einkum vátryggingar og almannatryggingar, gegni þessu hlutverki að mörgu leyti betur en hinar hefðbundnu skaðabótareglur. Á þetta ekki síst við um tjón á mönnum og munum. Þjóðfélagslegt gildi skaðabótareglna þykir þó svo mikið að almennt hefur ekki verið álitið fært að fella þær niður og taka í þeirra stað upp önnur eða annað bótakerfi.

Í norrænum vátryggingarsamningalögum, sem sett voru fyrir mörgum áratugum, voru ákvæði er drógu úr skaðabótarétti tjónþola og endurkröfurétti vátryggingafélags á hendur þeim sem bótaskyldur er. Þessi ákvæði voru mikilvægt skref í þá átt að láta vátryggingar taka við bótahlutverki skaðabótaréttar. Skref þetta var að vísu ekki stórt því að samkvæmt ákvæðum þessum féll skaðabótaréttur á hendur tjónvaldi ekki niður, nema tjón hefði orðið á vátryggðum hagsmunum. Auk þess var brottfall bótaréttar miklum takmörkunum háð, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, sem enn gilda á Íslandi. Það haggar því ekki að með setningu norrænu laganna um vátryggingarsamninga viðurkenndi löggjafinn að ekki væru í öllum tilvikum rök til þess að viðhalda rétti til skaðabóta eða endurkröfu þegar tjón fæst bætt af vátryggingu. Önnur norræn ríki en Ísland stigu fyrir alllöngu annað skref í þessa átt með því að fella alveg niður rétt almannatrygginga til þess að endurkrefja þann sem skaðabótaábyrgð ber á tjóni er bætt hefur verið að einhverju eða öllu leyti úr kerfi almannatrygginga. Enn meira var dregið úr skaðabótarétti og endurkröfurétti vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum þegar áðurgreind skaðabótalög voru sett í öðrum ríkjum á Norðurlöndum.

Vátryggingar og almannatryggingar hafa eflst og náð meiri útbreiðslu á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laga um vátryggingarsamninga og fyrstu íslensku almannatryggingalaganna. Þessi þróun hefur dregið stórlega úr mikilvægi skaðabótaréttar, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum. Hér á landi skiptir endurkröfuréttur vátryggingafélaga og almannatrygginga óverulegu máli um fjárhagslega afkomu þessara tryggingakerfa. Réttur til að gera skaðabótakröfu á hendur tjónvaldi skiptir tjónþola yfirleitt engu máli ef hann á greiðan aðgang að fullum bótum fyrir tjón sitt úr hendi tryggjanda. Þykir því tímabært að laga skaðabótareglur að raunveruleikanum og leggja til að skaðabótaréttur

verði takmarkaður í ríkara mæli en nú er. Einnig þykir ástæða til þess að takmarka með sama hætti skaðabótarétt opinberra aðila sem dreifa áhættu sinni án vátrygginga.

2.3. Lagaákvæði sem heimila tilhliðrun vegna hagsmuna tjónvalds.

Á síðastliðnum áratugum hefur réttarþróun orðið sú að skaðabótareglur hafa verið hertar til þess að koma til móts við kröfur er gerðar hafa verið í þjóðfélaginu um ríka vernd þeirra sem verða fyrir tjóni, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum og munum. Ekki hefur dregið úr þessum kröfum þótt ný og öflug bótaúrræði hafi verið tekin upp við hlið skaðabótaréttar. Jafnframt kröfum um víðtækar skaðabótareglur hefur talsvert verið fjallað um hina hlið málsins, nefnilega þá sem snýr að réttarvernd tjónvalds eða annarra sem bótaábyrgð bera á tjóni. Bent hefur verið á að í ýmsum tilvikum geti verið ósanngjarnt að tjónvaldur beri skilyrðislaust allt tjón sem hann hefur valdið af gáleysi.

Ljóst er að með breytingu á skaðabótareglum er ekki unnt að ná í senn andstæðum markmiðum, annars vegar að auka bótarétt en hins vegar að draga úr bótaskyldu. Á hinn bóginn geta önnur bótaúrræði veitt tjónþola fullnægjandi bætur án þess að sá sem valdið hefur tjóni verði fyrir fjárútlátum vegna skaðabótakröfu. Önnur bótaúrræði leysa þó ekki alltaf vandann því að oft verður tjón með þeim hætti að tjónþoli á ekki aðra leið til bóta en að krefja þann sem skaðabótaskyldur er að lögum. Þykir því nauðsynlegt að opna leið til þess að létta í undantekningartilvikum tjónsbyrði hins bótaskylda ef sérstakar og óvenjulegar ástæður eru fyrir hendi, t.d. þegar efnalítill maður veldur stórfelldu tjóni vegna lítils háttar yfirsjónar. Í frumvarpinu eru ákvæði þessa efnis og einnig regla um samsvarandi tilslökun þegar tjónþoli er meðvaldur að tjóni.

3. Nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Líkamstjón. Í frumvarpinu er orðið líkamstjón notað um tjón á mönnum. Ekki er einungis átt við meiðsli eða líkamsspjöll sem verða vegna slysa, heldur einnig annað heilsutjón (sjúkdóma). Reglur frumvarpsins taka jafnt til tjóns á líkama og geðræns tjóns. Með líkamstjóni er einnig átt við meiðsli sem leiða til dauða. Hugtakið líkamstjón tekur því til líftjóns og líkamsspjalla sem ekki valda dauða.

Lækkunarregla. Heitin lækkunarregla og lækkunarheimild eiga við bæði um lækkun bótafjárhæðar og eftir atvikum niðurfellingu skaðabótaábyrgðar. Lækkun eftir 24. gr. frumvarpsins eða sérstökum lækkunarheimildum í lögræðislögum, siglingalögum og fleiri lögum er annars eðlis en lækkun skaðabóta á grundvelli þess að tjónþoli er meðábyrgur fyrir tjóni vegna eigin sakar eða atvika sem jafngilda eigin sök.

Miskabætur. Það orð merkir fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón. Ákvæði frumvarpsins um slíkt tjón má greina í tvennt. Annars vegar er tjón af völdum líkamsspjalla, þ.e. þjáningar eða varanlegur miski, sbr. 3. og 4. gr., og hins vegar tjón vegna ólögmætrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns, sbr. 26. gr.

Tjónvaldur merkir þann sem veldur tjóni. Orðið er þó stundum einnig notað um þann sem er bótaskyldur þótt hann hafi ekki sjálfur valdið tjóni.

Tjónþoli. Orðið tjónþoli er hér notað um þann sem verður fyrir tjóni, t.d. af því að hann slasast sjálfur, missir framfæranda af slysförum eða bíður tjón vegna þess að munir í eigu hans skemmast. Hins vegar er tjónþoli ekki notað um þriðja mann sem eignast

endurkröfu („afleidda kröfu“) við það að inna af hendi greiðslur til tjónþola vegna líkamstjóns.

Örorka. Orðið örorka er hér aðeins haft um varanlega örorku, þ.e. varanlega skerðingu á getu til að afla vinnutekna, sbr. 5. gr. Oft er talað um tímabundna örorku til aðgreiningar frá varanlegri örorku. Það er ekki gert í frumvarpinu. Í stað þess eru notuð orðin atvinnutjón eða tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr.

4. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

4.1. Örorkumat.

Bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla (líkamlegra eða geðrænna) eru almennt metnar á grundvelli örorkumats. Unnt er að meta örorku með ýmsum hætti. Í skaðabótarétti er yfirleitt greint á milli tvenns konar örorkumats. Annars vegar er svonefnt *læknisfræðilegt* örorkumat og hins vegar svonefnt *fjárhagslegt* (félagslegt) örorkumat. Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorkumatstöflur þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla eru metnar til örorkustigs í hundraðshlutum. Í hreinu læknisfræðilegu mati felst að sams konar áverkar (eða eftir atvikum geðrænt tjón) eru metnir til sama hundraðshluta, án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess hver áhrif örorkan hefur á getu hans til þess að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorkumat er hins vegar leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem líkamsmeiðsli (eða geðrænt tjón) hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi hans til að afla tekna með vinnu.

Í skaðabótamálum hérlendis er almennt notað læknisfræðilegt örorkumat þegar ákveðnar eru bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla. Í ýmsum tilvikum er þó vikið frá örorkumatstöflum að meira eða minna leyti. Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið horfið frá læknisfræðilegu örorkumati þegar fjártjón er metið. Eftir norrænu skaðabótalögunum, sem fyrr var getið, skal miða bætur fyrir varanlega örorku við fjárhagslegt örorkumat.

Hér á landi hefur lengi verið rætt um að æskilegt væri að hverfa alveg frá læknisfræðilegu örorkumati í skaðabótamálum, en dómvenja hefur ekki breyst í þessu efni, enda má telja eðlilegt að svo veigamikil breyting verði gerð með lagasetningu. Rök með breytingu í þessa átt eru m.a. þau að töflur, sem notaðar eru við læknisfræðilegt örorkumat, miðist um of við áhrif líkamsspjalla á vinnugetu manna sem vinna erfiðisvinnu. Sú stöðlun, sem í því felst að meta fjártjón á grundvelli læknisfræðilegs mats, er talin valda því að tjónþolar á sama aldri og með sömu tekjur fyrir slys fái sömu eða sambærilegar bætur, ef örorkustig er hið sama, þótt áhrif örorku á getu til tekjuöflunar séu mjög mismunandi. Með breytingu á grundvelli örorkumats mælir enn fremur það að læknisfræðileg örorka hefur í fjölmörgum tilvikum ekki eins mikil áhrif á vinnutekjur tjónþola og ætla mætti eftir metnu örorkustigi. Rannsóknir á Norðurlöndum og víðar sýna að mikill meiri hluti tjónþola með litla læknisfræðilega örorku, t.d. 15% eða minni, nær fullum vinnutekjum eftir slys. Hins vegar bendir margt til þess að þeir sem búa við mikla varanlega örorku, t.d. 75% eða meiri, fái ekki fullar bætur fyrir fjártjón það sem þeir verða fyrir vegna varanlegrar skerðingar á vinnugetu. Með því að taka upp fjárhagslegt örorkumat virðist vera unnt að ráða bót á helstu annmörkum sem fylgja læknisfræðilegu mati. Megintilgangur þess að taka upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs er sá að með því má almennt fá raunhæfari grundvöll til að miða varanlegt tekjutap við. Breyting á réttarreglum á þessa lund leysir þó að sjálfsögðu ekki allan þann vanda sem er samfara því að

meta til fjár tjón af völdum skerðingar á vinnugetu á ókomnum árum eða áratugum.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til grundvallar að bætur fyrir varanlegt fjártjón vegna líkamsspjalla skuli miða við fjárhagslega örorku, þ.e. varanlega „skerðingu á getu til að afla vinnutekna". Samkvæmt því á maður, sem hlotið hefur varanleg líkamsspjöll, ekki rétt á neinum örorkubótum ef sýnt þykir að þau dragi ekki úr getu hans til að afla sér tekna með vinnu. Hins vegar yrðu honum almennt dæmdar bætur fyrir annað tjón, sbr. það sem segir hér á eftir í kaflanum um varanlegan miska. Þessi regla 5. gr. er mjög frábrugðin gildandi rétti því að þess munu vart dæmi að íslenskir dómstólar hafi ekki talið ástæðu til að dæma örorkubætur auk bóta fyrir ófjárhagslegt tjón ef tjónþola, sem á skaðabótarétt, hefur verið metin varanleg læknisfræðileg örorka, sbr. þó H 1988, 267.

Þó að regla 5. gr. um fjárhagslegt örorkumat kunni oft að leiða til þess að bætur fyrir fjártjón af völdum varanlegrar læknisfræðilegrar örorku verði engar eða minni en bætur eftir núgildandi skaðabótareglum getur þessu verið öfugt farið. Læknisfræðileg örorka kann, eins og áður segir, að valda meiri skerðingu á getu til að afla vinnutekna en sem nemur þeim hundraðshluta sem hún er metin til. Í slíkum tilvikum mundu reglur frumvarpsins almennt veita meiri örorkubætur en reglur sem nú gilda. Dæmi: Skurðlæknir skaddast á hendi og er örorka eftir læknisfræðilegu mati 20%. Vegna meiðslanna verður hann að hætta skurðaðgerðum og á einungis kost á störfum sem fyrirsjáanlega gefa af sér 50% lægri tekur til frambúðar. Regla 5. gr. veitir í þessu tilviki rétt til bóta fyrir 50% örorku. Eftir núgildandi dómvenju mundi 20% matið væntanlega lagt til grundvallar, en litið yrði til þess til hækkunar á örorkubótum að fjártjón læknisins er í raun meira en 20%.

4.2. Almennt um bætur fyrir varanlega örorku.

Svo sem fyrr segir skal við ákvörðun örorkubóta samkvæmt reglum frumvarpsins miða við raunveruleg áhrif sem líkamstjón hefur á getu til að afla tekna. Þegar dæma skal um þetta ber að líta til þess hvaða tækifæri tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum). Reglur um ákvörðun bóta eru miklu einfaldari en þær sem eru notaðar nú. Eftir frumvarpinu skal eins og áður ákveða bótafjárhæð með tiltekinni fjárhæð í eitt skipti fyrir öll (eingreiðslu).

Bætur skal meta til fjárhæðar sem reikna skal þannig að árslaun tjónþola eru margfölduð með 7,5 og síðan margfölduð með örorkustigi. Hér er með öðrum orðum lagt til að fastur margföldunarstuðull verði notaður við útreikning bóta. Rökin fyrir föstum stuðli eru tvíþætt. Annars vegar þau að einfalda ákvörðun bótafjárhæðar og hins vegar að komast hjá miklum og tíðum sveiflum á bótafjárhæðum vegna breytinga á vöxtum. Ástæða þess að lagt er til að margföldunarstuðullinn verði ekki hærri en 7,5 er m.a. sú að í frumvarpinu eru engin ákvæði um að greiðslur frá þriðja manni, t.d. bætur almannatrygginga, vátryggingarfé o.fl., séu dregnar frá skaðabótakröfu sem tjónþoli á gagnvart hinum bótaskylda, sbr. kafla 4.8. Lágur margföldunarstuðull vegur á móti því hagræði sem tjónþoli hefur af því að greiðslur frá þriðja manni dragast ekki frá skaðabótakröfu hans.

Árslaun teljast almennt vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón varð. Þegar óvenjulegar ástæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða starfi, skal fjárhæð árslauna þó metin sérstaklega. Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr. Takmörkun þessi skiptir alltaf máli þegar árslaun tjónþola eru hærri en

4.500.000 kr., þ.e. einnig þótt varanleg örorka sé ekki alger. Rökin fyrir því að takmarka bætur við tiltekið hámark eru tvíþætt. Annars vegar þau að eðlilegt þykir að menn með óvenjuháar tekjur beri sjálfir það tjón sem stafar af missi þess hluta teknanna sem fara að miklum mun fram úr því sem venjulegt er meðal tekjuhárra manna. Tekjumiklir menn geta auðveldlega keypt vátryggingar sem tryggja þeim bætur fyrir tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna þessarar takmörkunar. Hin rökin fyrir takmörkun bótafjárhæðar eru þau að leggja verður til grundvallar að því fylgi almennt talsverður ávinningur að almannatryggingabætur og aðrar greiðslur frá þriðja manni verða ekki dregnar frá bótakröfu.

Ýmsir tjónþolar nota vinnugetu sína þannig að þeir hafa engin eða óveruleg árslaun, t.d. þeir sem vinna við heimilisstörf án eiginlegra launatekna og unglingar sem stunda nám. Bætur til þessara tjónþola skal ákveða á grundvelli miskastigs, sbr. næsta kafla. Ef miskastig er 100% verða bætur 16.000.000 kr.

Í frumvarpinu eru sérstakar reglur um skerðingu bóta vegna aldurs tjónþola sem eru orðnir 26 ára gamlir.

Um áhrif greiðslna frá þriðja manni á fjárhæð skaðabótakröfu sjá kafla 4.8.

4.3. Varanlegur miski.

Sá sem á skaðabótarétt vegna spjalla á líkama getur samkvæmt reglum, sem nú gilda, krafist bóta fyrir ófjárhagslegt tjón (miska) auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta. Í frumvarpinu er ekki horfið frá þessari meginreglu. Hins vegar gerbreytast reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón þetta ef frumvarpið verður að lögum. Með þeim er stefnt að meiri festu og samræmi við ákvörðun þessarar tegundar bóta. Í þessum kafla verður einungis fjallað um varanlegt ófjárhagslegt tjón sem í frumvarpinu er nefnt varanlegur miski. Reglur frumvarpsins um varanlegan miska koma í stað ákvæðisins um fégjald fyrir (varanleg) óþægindi, lýti og óprýði í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Um tímabundið ófjárhagslegt tjón er fjallað í næsta kafla hér á eftir.

Reglurnar um varanlegan miska eru að öllu leyti nýmæli hér á landi, en hliðstæðar reglur eru í norrænum skaðabótalögum. Bætur eru staðlaðar. Þær skal ákveða á grundvelli miskastigs samkvæmt sérstakri töflu, sbr. athugasemdir við 4. og 10. gr. frumvarpsins. Ákvæði um varanlegan miska eru í 4. gr. frumvarpsins. Þau tengjast svo mjög reglum frumvarps um fjárhagslega örorku að um þetta tvennt verður ekki fjallað óháð hvort öðru. Svo sem fram kemur í kafla 4.1. hér á undan gæti regla 5. gr. frumvarpsins um að leggja beri fjárhagslega en ekki læknisfræðilega örorku til grundvallar mati á skerðingu á vinnugetu oft leitt til þess að engar örorkubætur greiðist þótt tjónþoli hljóti læknisfræðilega örorku til frambúðar. Veruleg örkuml, svo sem missir lima eða varanlegar hreyfingarhindranir, skerða ekki nærri alltaf getu til að afla vinnutekna. Þetta á einkum við um minni háttar læknisfræðilega örorku. Hins vegar er almennt talið að skaðabótareglum beri að haga þannig að slík líkamsspjöll beri að meta til bóta. Norrænu lagaákvæðin um varanlegan miska eru m.a. sett til þess að unnt sé að veita bætur fyrir skerðingu á getu tjónþola til þess að njóta lífsins eins og heilbrigðir menn, t.d. þegar líkamsspjöll valda því að tjónþoli getur ekki stundað íþróttir, notið lista eða er ófær um að eignast börn. Bætur fyrir varanlegan miska taka því við nokkru af hlutverki bóta fyrir læknisfræðilega örorku, þ.e. að vera greiðsla fyrir ýmsar afleiðingar líkamstjóns sem ekki verða beinlínis taldar fjárhagslegar, en dómaframkvæmd hér á landi bendir til að í bótum fyrir læknisfræðilega örorku felist oft einhverjar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

4.4. Þjáningar.

Í dómum um bætur fyrir spjöll á líkama er nú almennt ekki greint á milli bóta fyrir varanlegan miska og tímabundinn. Það er hins vegar gert í frumvarpinu. Um varanlegan miska eru, eins og fyrr segir, reglur í 4. gr. frumvarpsins, en ákvæði um tímabundinn miska, „þjáningar“, eru í 3. gr.

Meginbreytingin á reglum um tímabundinn miska er sú að bætur verða algerlega staðlaðar. Bætur skal greiða með nánar tiltekinni fjárhæð fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og helmingi lægri fjárhæð á dag þegar hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Frá þessu eru tvær undantekningar sem grein er gerð fyrir í athugasemdum við 3. gr.

4.5. Annar miski.

Fyrrgreind ákvæði 3. og 4. gr. frumvarpsins varða einungis miskabætur vegna spjalla á líkama. Í 26. gr. frumvarpsins er regla um bætur fyrir miska í öðrum tilvikum, þ.e. þegar brotið hefur verið með ólögmætum hætti gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns. Greind ákvæði frumvarpsins leysa af hólmi aðalreglu íslensks réttar um bætur fyrir miska, en hún er nú í 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Í reglu 26. gr. frumvarpsins felst sú mikilvæga breyting að ekki er lengur skilyrði miskabóta vegna brots gegn friði, æru eða persónu að brot sé refsivert. Eftir frumvarpinu nægir að brot sé ólögmætt. Rök fyrir breytingu þessari eru þau að þörf er á að vernda þessi gæði í ríkara mæli en nú er gert.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að sérstakar bætur komi í stað bóta fyrir röskun á stöðu og högum í dánarbótamálum, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga. Réttur þess sem krefst bóta fyrir missi framfæranda á almennt ekki að verða lakari og í mörgum tilvikum mun betri eftir frumvarpinu en núgildandi reglum um dánarbætur þrátt fyrir brottfall sérstakra bóta fyrir röskun á stöðu og högum.

4.6. Bætur fyrir missi framfæranda.

Margt er á huldu um hvernig ákveða skal fjárhæð bóta fyrir missi framfæranda og aðrar dánarbætur. Dómar um það efni eru fáir og þeir veita yfirleitt ekki nógu glögga mynd af því hvernig dómendur nota útreikninga tryggingastærðfræðinga við ákvörðun bótafjárhæðar. Ýmsum öðrum spurningum er ósvarað um vægi þeirra atriða sem áhrif hafa á mat dómara á tjóni því sem hér um ræðir. Ákvæðum 12.–14. gr. frumvarpsins er ætlað að leysa úr sem flestum óvissuþáttum varðandi bætur fyrir missi framfæranda.

Samkvæmt ákvæðum þessum eru dánarbætur í aðalatriðum staðlaðar. Ákvæðin fela í sér mjög mikla einföldun á reglum um dánarbætur. Bætur til maka vegna missis framfæranda skulu vera 30% af bótum sem ætla má að hinn látni hefði átt rétt á fyrir algera varanlega örorku, sjá 13. gr. Bætur til barna, sem hinum látna var lögskylt að framfæra og eru yngri en 18 ára, skal að öllu leyti miða við barnalífeyri, sbr. 14. gr.

Dánarbótareglur frumvarpsins byggjast á jafnrétti kynja. Eftir frumvarpinu er heldur enginn munur á bótarétti eftirlifandi maka eftir því hvort um hjúskap eða óvígða sambúð var að ræða. Það er þó skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð verði jafnað til hjúskapar.

Til þess að koma í veg fyrir að bætur til maka eða sambúðarmaka fyrir missi framfæranda verði í einstökum tilvikum úr hófi lágar er lagt til að þær skuli ekki nema minni fjárhæð en 3.000.000 kr., nema sérstakar ástæður séu til að víkja frá því. Lágmark þetta skiptir t.d. máli við fráfall manns sem hefur lítil árslaun eftir reglum 7. gr. og einnig þegar hinn látni hafði tekjur sem ekki teljast til árslauna í merkingu 7. gr., svo sem lífeyri frá almannatryggingum eða eignatekjur.

Frumvarpið breytir ekki að neinu leyti reglum um bætur fyrir útfararkostnað.

Um áhrif greiðslna frá þriðja manni á skaðabótakröfu sjá kafla 4.8.

4.7. Stöðlun bótafjárhæða, verðbætur og vextir.

Eftir frumvarpinu er meginreglan sú að ákveða skal bætur fyrir varanlega örorku eftir því sem ætla má að tjón hvers einstaks tjónþola sé. Örorkustig á að miðast við raunverulega skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Bætur fara einnig eftir fyrri tekjum tjónþola þess sem í hlut á. Að því er tekjur varðar er haldið í þá meginreglu, sem nú gildir, að sníða skal bætur eftir tjóni hvers einstaklings.

Hins vegar eru í frumvarpinu reglur er einfalda mjög útreikning bóta frá því sem nú er. T.d. eru reglur um áhrif aldurs tjónþola á fjárhæð örorkubóta og eftir atvikum dánarbóta mun auðveldari í framkvæmd en reglur þær sem nú er farið eftir. Einnig má nefna ákvæði um stöðlun fébóta til barna og tjónþola sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til maka fyrir missi framfæranda eru miðaðar við sama grundvöll og örorkubætur. Framfærslutjónsbætur til barna sem hinum látna var lögskylt að framfæra og yngri eru en 18 ára eru og staðlaðar, sbr. kafla 4.6. hér á undan. Í öllu þessu felst veruleg einföldun og hagræði sem ætti ekki aðeins að auðvelda mjög meðferð mála vegna örorkubóta heldur einnig mála vegna missis framfæranda.

Bætur fyrir atvinnutjón, sem nú er oft nefnt tímabundin örorka, eru hins vegar ekki staðlaðar eftir reglum frumvarpsins.

Áður var vikið að stöðlun miskabóta, sjá kafla 4.3. og 4.4.

Eins og vikið er að í athugasemdum hér að framan eru fjárhæðir ýmissa bóta fastákveðnar í frumvarpinu, svo og lágmark bóta fyrir missi framfæranda og hámarksárslaun sem miða skal örorkubætur o.fl. við. Allt eru þetta nýmæli og einnig það að fjárhæðir breytast eftir lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin. Bætur fyrir örorku breytast og í hlutfalli við breytingar á vísitölu, sjá nánar 15. gr. og athugasemdir við hana.

Í frumvarpinu er lagt til grundvallar að reglur um almenna vexti af bótum séu tvenns konar. Annars vegar er sérstök regla um vexti af bótum fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda. Hins vegar eru engin ákvæði í frumvarpinu um vexti af öðrum bótum og um þá gilda því almennar reglur, sbr. einkum vaxtalög, nr. 25/1987. Samkvæmt hinni sérstöku reglu um bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda er bæði vikið frá reglum vaxtalaga um upphafstíma vaxta og vaxtafót. Í frumvarpinu eru engar sérreglur um dráttarvexti. Um þá fer því eftir reglum vaxtalaga, sjá nánar 16. gr. og athugasemdir við hana.

Reglum frumvarpsins um verðbætur, vexti og útreikning bóta fyrir örorku og missi framfæranda o.fl. er ætlað að gera meðferð bótamála og bótaákvörðun einfaldari, en reglur um afvöxtun (til slysdags) og ávöxtun (frá slysdegi til greiðsludags), sem nú er farið eftir við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón, eru flóknar og mörgum torskildar.

4.8. Greiðslur sem tjónþoli fær frá öðrum en hinum bótaskylda.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli skal ekki fá hærri bætur en með þarf til þess að bæta raunverulegt tjón. Ein afleiðing þeirrar reglu er sú að fjárgreiðslur, sem tjónþoli hlýtur frá þriðja manni, þ.e. öðrum en hinum bótaskylda, ber að draga frá brúttótjóni. Laun, sem tjónþoli fær í slysaforföllum, og almannatryggingabætur eru t.d. dregnar frá skaðabótakröfu hans. Frá þessu er sú undantekning að líf-, slysa- eða sjúkratryggingabætur frá vátryggingu, sem hvorki er skylt að kaupa samkvæmt lögum né kjarasamningi, dragast almennt ekki frá skaðabótakröfu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Yfirleitt eru bætur, sem tjónþoli fær úr lífeyrissjóði, heldur ekki dregnar frá skaðabótakröfu hans. Um hina sérstöku reglu í 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 vísast til athugasemda við 17. og 22. gr. frumvarpsins.

Meðal nýmæla frumvarpsins eru gagngerar breytingar á þessum reglum. Breytingarnar skipta þó mestu máli um kröfur um örorkubætur skv. 5.–9. gr. og framfærslutjónsbætur skv. 12.–14. gr.

Eftir 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal draga frá skaðabótum fyrir tímabundið atvinnutjón laun í veikinda- og slysaforföllum, dagpeninga og aðrar bætur fyrir tímabundið atvinnutjón frá opinberum tryggingum, svo og vátryggingabætur og sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær. Meðal vátryggingabóta, er draga ber frá skaðabótakröfu skv. 2. mgr., eru dagpeningar frá samningsbundinni atvinnuslysatryggingu launþega. Ákvæði 2. mgr. um frádrátt eru í fullu samræmi við núgildandi reglur. Óbreytt verður einnig það að greiðslur frá þriðja manni ber að draga frá skaðabótum fyrir útlagðan kostnað. T.d. ber að draga greiðslur almannatrygginga frá skaðabótakröfu sem tjónþoli gerir vegna kostnaðar við endurhæfingu eða tannviðgerð. Sama gildir um útfararkostnað. Hafi t.d. vátryggingafélag greitt eða tekið þátt í greiðslu hans lækkar skaðabótakrafa á hendur hinum bótaskylda að sama skapi. Frumvarpið leiðir heldur ekki til neinna breytinga á því að greiðslur frá almannatryggingum, vátryggingafélagi eða öðrum þriðja manni hafa almennt engin áhrif á rétt manna til bóta fyrir ófjárhagslegt tjón (þjáningar eða varanlegan miska). Um bætur, sem tjónþoli fær fyrir ófjárhagslegt tjón frá hinni sérstöku slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum eða hliðstæðri slysatryggingu eiganda sem slasast sem farþegi í ökutæki sínu, vísast til athugasemda við 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr.

Nú verður gerð grein fyrir nýmælum um frádrátt greiðslna sem tjónþoli fær frá þriðja manni. Veigamikill þáttur í þeirri einföldun, sem frumvarpið felur í sér, er sá að almennt skal ekki draga frá bótum fyrir *varanlega örorku* eða *missi framfæranda* greiðslur er tjónþoli fær frá öðrum vegna líkamstjóns, t.d. bætur frá almannatryggingum eða slysatryggingu sem tjónþoli eða annar hefur keypt hjá vátryggingafélagi. Hér er með öðrum orðum lagt til að tekin verði upp sama regla um almannatryggingabætur og fleiri greiðslur frá þriðja manni og nú gildir skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um greiðslur frá líf-, sjúkra- og slysatryggingum.

Helstu rök fyrir nýmæli þessu eru í fyrsta lagi að þegar um er að ræða bætur fyrir varanlega örorku eða missi framfæranda er alltaf umdeilanlegt hversu mikið fé þurfi til þess að gera hlut tjónþola jafnan því sem verið hefði ef tjónsatburðurinn hefði ekki gerst. Í flestum eða öllum tilvikum er þess vegna ekki unnt að slá því föstu að tjónþoli hagnist á því að eiga óskertan skaðabótarétt þótt hann njóti jafnframt greiðslna frá þriðja manni. Í öðru lagi er talin miklu minni hætta á að menn misnoti reglur um bætur fyrir líkamstjón en reglur um bætur fyrir tjón á munum því að sjaldgæft mun vera hér á landi að menn valdi viljandi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni í auðgunarskyni. Í þriðja lagi eru reglur frumvarpsins um margföldunarstuðul, sem nota skal við útreikning bóta fyrir varanlega örorku og missi framfæranda, öðrum þræði ákveðnar með hliðsjón af því að tjónþoli heldur almennt fullum rétti til skaðabótafjár samhliða óskertum rétti til greiðslna frá þriðja manni, t.d. bóta frá almannatryggingum og vátryggingum. Í fjórða lagi einfaldar nýmæli þetta ákvörðun bótafjárhæðar og eyðir óvissu sem nú ríkir um suma frádráttarliði.

Tvær undantekningar eru frá umræddri reglu frumvarpsins um að almennt komi greiðslur, er tjónþoli fær frá öðrum vegna líkamstjóns, ekki til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega örorku eða missi framfæranda. Önnur er sú að bætur frá slysatryggingu ökumanns samkvæmt umferðarlögum eða slysatryggingu eiganda sem farþega í eigin ökutæki skal draga frá skaðabótum fyrir örorku eða missi framfæranda (og bótum fyrir annað tjón, ef því er að skipta, sbr. 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins). Hin er sú að greiðslur frá samnings- eða lögbundnum atvinnuslysatryggingum launþega skulu dregnar frá skaðabótakröfu fyrir tjón af varanlegri örorku eða missi framfæranda. (Um frádrátt þegar tjónþoli verður fyrir tímabundnu atvinnutjóni er áður rætt.) Ástæða fyrri undantekningarinnar er sú að bætur slysatryggingar ökumanns eða sams konar slysatryggingar, er eigandi hefur keypt gegn slysi sem hann verður fyrir þegar hann er farþegi í ökutæki sínu, eru í raun skaðabætur sem ákveðnar eru eftir almennum reglum skaðabótaréttar um ákvörðun bóta fyrir líkamsspjöll. Tjónþoli mundi því fá tvisvar greitt fyrir sama tjón eftir sömu bótareglum, ef hann gæti krafið hinn bótaskylda um fullar skaðabætur, án tillits til bóta frá slysatryggingu ökumanns eða farþega. Síðarnefnda undantekningin helgast af því að reglur um rétt launþega til bóta frá atvinnuslysatryggingu eru yfirleitt reistar á þeim forsendum að atvinnurekandi, sem annast kaup á slysatryggingunni, skuli njóta góðs af henni þegar líkamstjón verður rakið til atvika er hann ber skaðabótaábyrgð á. Þykir ekki ástæða til að skerða með lögum það frelsi sem samtök launþega og atvinnurekenda hafa til að semja um efni og gildissvið atvinnuslysatrygginga.

Þær greiðslur, sem draga skal frá skaðabótum samkvæmt umræddum undantekningarreglum, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr., eru í flestum tilvikum inntar af hendi í einu lagi en ekki sem lífeyrir.

4.9. Áhrif vátrygginga á skaðabótarétt. Endurkröfuréttur.

Lagt er til að 25. gr. laga nr. 20/1954 verði felld úr gildi og í stað hennar komi m.a. reglur er fylgi þeirri meginstefnu að skaðabótaréttur tjónþola eða endurkröfuréttur tryggingaraðila stofnist ekki að því marki sem tjón fæst bætt af vátryggingum eða öðrum tryggingarúrræðum.

Almennt ákvæði um að vátryggingafélag eigi endurkröfurétt er í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins, en frá því eru ýmis mjög mikilvæg frávik. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skaðabótaréttur verði afnuminn vegna tjóns sem munatrygging, þ.e. vátrygging á hlut, eða vátrygging gegn rekstrarstöðvun tekur til. Frá því er vikið í 19. og 21. gr. Undantekningar 19. gr. helgast af því að út frá varnaðarsjónarmiðum þykir ekki heppilegt að afnema með lögum skaðabótaábyrgð eða endurkröfurétt þegar tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í atvinnurekstri eða opinberri starfsemi, enda þótt um einfalt gáleysi sé þar að ræða. Telja má að ef skaðabótaréttur og endurkröfuréttur yrði afnuminn að því er varðar tjón sem verður í slíkri starfsemi eða atvinnurekstri mundi vera hætt við að mjög drægi úr viðleitni til þess að koma í veg fyrir tjón á þeim vettvangi. Ýmsir álíta reyndar að þar sem margir atvinnurekendur eru ábyrgðartryggðir leiði það til hirðuleysis um ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. Skipti því litlu hvort skaðabótaréttur á hendur þeim haldist eða verði numinn úr lögum ef tryggt er að tjónþoli fái bætur frá ábyrgðartryggingu eða annarri vátryggingu. Á þetta verður ekki fallist því að unnt er með ýmsum hætti að vinna gegn því að ábyrgðartrygging hafi skaðleg áhrif í þessu efni, t.d. með því að breyta iðgjöldum, ákvæðum um eigin áhættu vátryggðs eða vátryggingarskilmálum eftir tjónareynslu í tilteknum greinum rekstrar eða hjá einstökum vátryggingartökum. Slíkt aðhald af hálfu vátryggingafélaga er hins vegar miklum erfiðleikum bundið í ábyrgðartryggingum einstaklinga þar sem skilmálar, iðgjöld og önnur vátryggingarkjör eru stöðluð.

Rök fyrir síðarnefndu undantekningunum, sbr. 21. gr., eru í fyrsta lagi þau að telja má notkun bifreiða, flug, siglingar o.s.frv. allhættulega starfsemi sem eðlilegt sé að beri það tjón sem af henni hlýst. Útgjöld vegna bótagreiðslna eigi því að falla á starfsemina og eftir atvikum þá sem njóta þjónustu hennar, en ekki aðra þegna þjóðfélagsins. Í öðru lagi helgast undantekningarnar af því að skaðabótareglur á flestum þessara sviða byggjast á alþjóðasamningum sem ekki er ástæða til að Ísland víki frá. Í einu tilviki er Ísland bundið af slíkum alþjóðasamningi, þ.e. um tjón af völdum olíumengunar, og getur því ekki einhliða breytt bótareglum um það efni. Í þriðja lagi má nefna að almennt er talið að endurkröfuréttur hafi meira raunhæft gildi á sviði farmtrygginga en flestra annarra vátrygginga á hlutum. Ef endurkröfurétti er almennt beitt gegn farmflytjendum sem ábyrgð bera á skemmdum eða glötun vöru færist tjónskostnaður (og kostnaður af vátryggingariðgjöldum) frá farmeigendum eða vátryggjendum þeirra á herðar farmflytjenda eða ábyrgðartryggjenda þeirra. Hér verður að gæta þess að haga íslenskri löggjöf þannig að Íslendingar búi almennt ekki við óhagstæðari bótareglur en gerist í öðrum ríkjum.

Í 19. gr. er sérstakt ákvæði þess efnis að starfsmaður ber ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging á hlut, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til. Fullyrða má að skaðabótakröfur séu aðeins í undantekningartilvikum hafðar uppi á hendur starfsmanni vegna tjóns sem hann veldur í starfi. Þegar á heildina er litið skiptir bótaréttur þessi í raun litlu máli fyrir tjónþola, en vegna varnaðarsjónarmiða er í 19. gr. kveðið svo á að starfsmaður sé þó bótaskyldur ef tjón verður rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis hans. Samkvæmt almennum skilmálum íslenskra ábyrgðartrygginga fyrir atvinnurekstur eru starfsmenn vátryggingartaka vátryggðir með sama hætti og ábyrgðartryggður vinnuveitandi þeirra. Vátryggður starfsmaður glatar rétti sínum á hendur ábyrgðartryggjanda ef tjónsatvik verður rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis hans, sjá nánar athugasemdir við 19. gr. Auk ákvæða 19. gr. bæta reglur 23. gr. að mun stöðu launþega sem valda tjóni af gáleysi við störf í þágu vinnuveitanda, sbr. næsta kafla hér á eftir.

Í 20. gr. frumvarpsins er það mikilvæga nýmæli að um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélaga eða annars opinbers aðila, sem almennt kaupir ekki vátryggingu, fer með sama hætti og um skaðabótarétt vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum. Meginreglan er því sú að bótaréttur stofnast ekki vegna tjóns opinbers aðila sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga, þ.e. hefur „hagsmuni sína í eigin áhættu". Nýmæli þetta styðst við þau rök að sanngjarnt þykir að réttarstaða tjónþola sé sú sama hvort sem tjón verður á vátryggðum hagsmunum eða óvátryggðum hagsmunum stórs aðila sem er svo fjársterkur að hagkvæmt er fyrir hann að dreifa áhættu sinni án vátrygginga.

Í samræmi við fyrrnefnda meginstefnu, að endurkröfuréttur stofnist ekki að því marki sem tjón fæst bætt af vátryggingum eða öðrum tryggingarúrræðum, eru í frumvarpinu reglur um að almannatryggingar, lífeyrissjóðir eða vátryggingafélög eigi ekki endurkröfu vegna greiðslu bóta vegna líkamstjóns, sjá 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessi eru að sumu leyti aðeins staðfesting á framkvæmd sem fylgt hefur verið hér á landi í endurkröfumálum. Ákvæðin valda ekki gerbreytingu á reglum um endurkröfur. Hins vegar eru þau þáttur í þeirri þróun að ryðja skaðabótareglum úr vegi að meira eða minna leyti á sviðum þar sem auðvelt er að koma við öðrum bótaúrræðum sem talin eru hagkvæmari en hinar hefðbundnu skaðabótareglur.

4.10. Bótaábyrgð starfsmanns.

Reglur frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanns eru gerðar á grundvelli þess sjónarmiðs að meginreglan skuli vera sú að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur þegar hann er við vinnu í þágu vinnuveitandans. Í reynd er þetta svo hér á landi. Venjulega beinir tjónþoli bótakröfu að vinnuveitanda en gerir enga kröfu á hendur launþega sem veldur tjóni við vinnu. Fellur tjónsbyrði því á vinnuveitanda, enda heyrir það til undantekninga að hann endurkrefji starfsmann sem olli tjóni. Eftir gildandi rétti er staða starfsmanns þó formlega önnur og lakari. Starfsmaður ber persónulega bótaábyrgð á öllu tjóni sem rekja má til gáleysis eða ásetnings hans í starfi. Er almennt ekki heimilt að lækka eða fella niður bótaskyldu starfsmanns á grundvelli velferðarsjónarmiða. Sérstakar lækkunarheimildir eru að vísu til í örfáum lögum, en þær eiga aðeins við um starfsmenn á nánar tilteknum athafnasviðum (sjómenn, lögreglumenn, flugmenn o.fl.).

Í 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um bótaskyldu starfsmanns. Grein þessi felur í sér nýmæli sem stefnir að sama marki og sérstakar lækkunarheimildir, en henni er ætlað að gilda um alla hópa launþega. Ákvæðið er orðað þannig að unnt verður að koma fram bótaábyrgð á hendur starfsmanni ef nauðsynlegt þykir af varnaðarástæðum.

Vegna reglu í 3. mgr. 19. gr., sem þrengir verulega svið bótaábyrgðar starfsmanns, reynir ekki á 23. gr. ef starfsmaður veldur með einföldu gáleysi tjóni sem munatrygging, vátrygging gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til, sbr. næsta kafla hér á undan.

Eftir 23. gr. ber starfsmaður sjálfstæða bótaábyrgð gagnvart tjónþola. Bótakröfu tjónþola má lækka eða fella niður, en þegar afstaða er tekin til þess hvort efni séu til að beita heimild þessari ber að líta til ýmissa atvika sem nánar eru talin í greininni, m.a. hagsmuna tjónþola. Af hinu síðastnefnda leiðir að starfsmaður getur, ef vinnuveitandi hans er ógjaldfær, þurft að greiða tjónþola skaðabætur þótt starfsmaður eigi endurkröfu á hendur vinnuveitanda sínum eftir reglum sem skv. 23. gr. gilda um réttarstöðu þeirra tveggja

innbyrðis. Ef vinnuveitandi er ógjaldfær geta atvik ýmist verið þannig að sanngjarnt sé talið að fella bótaskyldu á starfsmann eða eðlilegt þyki að tjónþoli beri tjónið sjálfur. Úr því verða dómstólar að skera í ljósi atvika eins og þau eru hverju sinni og á grundvelli reglna 23. gr.

4.11. Almenn lækkunarregla.

Eins og áður greinir er í frumvarpinu fylgt þeirri meginstefnu að skaðabótaábyrgð hins bótaskylda er að verulegu leyti afnumin í þeim tilvikum sem tjónþoli fær vátryggingabætur. Sama á við þegar tjónþoli er opinber aðili sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga. Enn fremur er dregið að miklum mun úr bótaskyldu starfsmanns sem veldur tjóni í vinnu í þágu vinnuveitanda þótt tjónþoli njóti ekki tryggingagreiðslna. Nú á tímum getur hlotist mjög mikið tjón af einum atburði þótt orsök hans sé óverulegt gáleysi. Það er ekki aðeins svo að hver sem er getur hlotið tjón af gáleysi annars manns, heldur getur hver sem er orðið fyrir því að verða bótaskyldur. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þess vegna þótt ástæða til að ganga enn lengra í þá átt að draga úr skaðabótaábyrgð en gert er eftir framansögðu. Lögfest hefur verið almenn lækkunarheimild sem ekki er bundin við tjón sem valdið er í starfi eins og fyrrgreind regla í 23. gr. frumvarpsins kveður á um.

Lækkunarheimild sú, sem tillaga er gerð um í 24. gr. frumvarpsins, veitir tækifæri til þess að milda áhrif skaðabótareglna, þ.e. draga úr eða fella bótaábyrgð niður, ef sérstök rök eru til þess að víkja frá þeim reglum sem annars gilda um stofnun bótaábyrgðar. Rök þessi, sem eru félagslegs eðlis, hafa stundum verið nefnd velferðarsjónarmið. Sérstakar heimildir í lögum til að milda skaðabótaábyrgð styðjast að nokkru við sömu rök og lagaheimildir til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum, sbr. einkum 36. gr. laga nr. 7/1936 eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986. Hér er notað heitið lækkunarregla eða lækkunarheimild um þá hliðrunarreglu sem felst í 24. gr. frumvarpsins, sbr. 3. kafla hér að framan.

Þótt aðalrökin fyrir lögfestingu almennrar lækkunarheimildar séu bundin aðstæðum tjónvalds verður einnig að gera hana þannig úr garði að hagsmunir tjónþola séu ekki fyrir borð bornir. Eigi tjónþoli ekki kost á vátryggingarfé eða öðrum slíkum úrræðum til þess að fá tjón sitt bætt yrði hann að sjálfsögðu að bera tjón sitt að hluta eða bótalaust ef lækkunarheimild yrði beitt. Sú niðurstaða mundi oft verða álitin ósanngjörn. Lagaheimild um lækkun eða niðurfellingu bóta af velferðarástæðum verður því að vera þannig að bæði sé unnt að líta til hagsmuna tjónvalds og tjónþola þegar metið er hvort eða að hve miklu leyti beita skuli heimildinni. Auk þess að meta hagsmuni aðila sjálfra verður dómari að hafa svigrúm til þess að líta til þess hvort varnaðaráhrifum skaðabótareglna verði stefnt í hættu ef lækkunarreglu yrði beitt. Þótt ýmsir efist um að skaðabótareglur hafi veruleg varnaðaráhrif er hugsanlegt að mjög víðtæk lækkunarheimild geti ýtt undir kæruleysi eða dregið úr áhuga manna á því að gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. Þess vegna er 24. gr. frumvarpsins orðuð þannig að til hennar verður ekki gripið nema í sérstökum tilvikum sem heyra til undantekninga.

Lækkunarheimildinni er bæði ætlað að gilda um skaðabótaábyrgð utan samninga og innan. Ljóst er að mikilvægt er fyrir öryggi í fjárhagslegum samskiptum manna að haga lögum þannig að menn baki sér ábyrgð ef þeir standa ekki við samninga sem þeir eru bundnir af. Lækkunarheimild yrði því almennt ekki beitt um bótaskyldu vegna vanefnda

á samningi. Þó kunna að koma upp tilvik innan samninga þar sem þörf er fyrir heimildina, en að sjálfsögðu verður hún aðeins notuð að fullnægðum hinum þröngu skilyrðum sem talin eru í 24. gr.

4.12. Fleiri en einn skaðabótaskyldir.

Í 25. gr. frumvarpsins er almenn regla um skiptingu ábyrgðar milli þeirra er bera saman bótaábyrgð gagnvart tjónþola. Nú eru ekki almenn ákvæði um það efni í settum lögum hér á landi.

Ef frumvarpið verður að lögum verður bótaábyrgð skipt milli hinna bótaskyldu eftir mati á atvikum sem nefnd eru í grein þessari og eftir reglum 19.–22. gr. Eitt helsta nýmæli 25. gr. er það að ef einn eða fleiri hinna bótaskyldu eru ábyrgðartryggðir skal ábyrgðartryggingin bera tjónið eftir reglum frumvarpsins um ábyrgð á tjóni sem vátrygging tekur til, sbr. það sem greinir í kafla 4.9.

4.13. Eigin sök tjónþola.

Í frumvarpinu felast ekki breytingar á almennum reglum um eigin sök tjónþola eða sambærileg atvik sem leitt geta til meðábyrgðar tjónþola. Í 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins er þó lækkunarheimild í þágu tjónþola. Í henni felst að líta má alveg eða að nokkru fram hjá því að tjónþoli var meðvaldur að tjóni ef skilyrði hinnar almennu lækkunarheimildar í 1. mgr. 24. gr. eru fyrir hendi.

5. Fjárhagsleg áhrif.

Þótt reglur frumvarpsins leiði almennt til hækkunar á dánarbótum og bótum fyrir þá örorku sem skerðir í raun getu tjónþola til að afla vinnutekna má telja fullvíst að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkamstjón minnki verulega ef frumvarpið verður að lögum. Ástæða þess er sú að samkvæmt reglum frumvarpsins verða bætur fyrir minni háttar læknisfræðilega örorku, sem ekki veldur raunverulegu fjártjóni, mun minni en nú er. Slys, sem hafa í för með sér slíka minni háttar örorku, eru svo mörg að lækkun útgjalda vegna þeirra gerir meira en að vega upp útgjaldaaukningu af hærri dánarbótum og örorkubótum til þeirra sem í reynd bíða mikið fjárhagslegt tjón af slysi eða öðrum atvikum sem hafa líkamstjón í för með sér.

Reglur frumvarpsins um að draga úr eða fella brott endurkröfurétt vátryggingafélaga og Tryggingastofnunar ríkisins varða einungis tilfærslu tjónskostnaðar og auka því ekki heildarútgjöld sem falla á þjóðina vegna tjónsatburða. Sama á við um brottfellingu og skerðingu endurkröfuréttar ríkis og sveitarfélaga vegna tjóns á hagsmunum sem hið opinbera vátryggir ekki og hefur því í eigin áhættu. Þar við bætist að fé, sem innheimtist með endurkröfum, er óverulegur hluti heildarkostnaðar af skaðabótakröfum.

Kostnaður við örorkunefnd getur orðið meiri en kostnaður sem nú hlýst af greiðslum til lækna fyrir örorkumat, en það er þó engan veginn víst. Þeir sem bera bótaábyrgð

á tjóni skulu bera kostnað þennan en ekki ríkissjóður. Verði frumvarpið að lögum fellur niður kostnaður við álitsgerðir og útreikninga tryggingastærðfræðinga. Einnig má gera ráð fyrir að kostnaður vegna þóknunar til lögmanna minnki.

Útgjöld vegna skaðabótakrafna eru í fyrstu borin af þeim sem bera skaðabótaábyrgð eða ábyrgðartryggingum. Þegar hinn skaðabótaskyldi er atvinnurekandi verður hann að reikna með kostnaði sínum af bótagreiðslum eða iðgjöldum ábyrgðartryggingar er hann ákveður endurgjald sitt fyrir vöru eða þjónustu. Sama gildir um ríki og sveitarfélög. Skattar eða önnur opinber gjöld verða m.a. að standa undir útgjöldum sem hið opinbera hefur af því að greiða skaðabætur eða vátryggingariðgjöld. Í þessum tilvikum fellur því beinn og óbeinn kostnaður af bótagreiðslum á neytendur og skattgreiðendur. Einstaklingar, sem ekki reka atvinnu, verða að jafnaði sjálfir að bera útgjöld af skaðabótagreiðslum og iðgjöldum ábyrgðartryggingar. T.d. verða þeir sjálfir að bera iðgjöld af ábyrgðartryggingu einkabifreiðar og heimilis- eða fjölskyldutryggingu án þess að geta varpað iðgjaldabyrðinni á aðra. Heildarkostnaður af skaðabótagreiðslum fellur því endanlega á almenning án tillits til þess hver greiðir skaðabótakröfu í fyrstu. Leiði lögfesting frumvarpsins til lækkunar á heildarkostnaði við tjón, eins og hér er gert ráð fyrir, mun almenningur njóta góðs af því án þess að dregið verði úr eðlilegum bótarétti þeirra sem verða fyrir tjóni.

6. Efni frumvarpsins í hnotskurn.

Í 4. kafla hér á undan er gefið alllangt yfirlit um helstu breytingar sem felast í frumvarpinu. Til hægðarauka skulu hér á eftir rakin meginatriði frumvarpsins í styttra máli en gert er í 4. kafla. Reglur frumvarpsins um tengsl skaðabótareglna og annarra bótaúrræða, þ.e. vátrygginga, almannatrygginga o.fl., eru allflóknar og er samantektin um þær því nokkuð fyrirferðarmikil, sbr. lið 6.9.

6.1. Örorkumat.

Grundvelli örorkumats er gerbreytt. Horfið er frá mati sem í meginatriðum er læknisfræðilegt. Í stað þess kemur raunhæft fjárhagslegt mat á þeim áhrifum sem líkamstjón hefur á hæfi hins slasaða til að afla tekna með vinnu, sjá nánar 5. gr.

Örorkumat, sem nú er miðað við í skaðabótamálum, hefur eingöngu verið gert af læknum. Þessari skipan er breytt og hefur einn aðili, „örorkunefnd“, með höndum mat á örorku, sjá nánar 10. gr.

6.2. Bætur fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón.

Breyting á grundvelli örorkumats veldur því að margir tjónþolar, sem hefðu eftir núgildandi reglum fengið örorkubætur, eiga ekki rétt á þeim. Í stað þess koma reglur um staðlaðar miskabætur, bætur fyrir varanlegan miska. Eru þær ákveðnar á grundvelli taflna

er líkjast töflum sem nú eru hafðar til hliðsjónar við svonefnt læknisfræðilegt örorkumat. Örorkunefnd semur töflur þessar og ákveður miskastig. Réttur til bóta fyrir varanlegan miska stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli á rétt til bóta fyrir varanlega örorku, sjá nánar 4. gr.

6.3. Útreikningur örorkubóta.

Reglur frumvarpsins um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku eru miklu einfaldari en nú. Gert er ráð fyrir að örorkubætur fyrir minni háttar „læknisfræðilega" örorku lækki almennt eða falli niður, en bætur fyrir mikla örorku hækka. Bætur skal almennt miða við árslaun, þ.e. heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón varð. Árslaun tjónþola eru margfölduð með 7,5 og síðan með örorkustigi. Þess vegna verður ekki þörf á útreikningi tryggingastærðfræðings. Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

Sérstakar staðlaðar reglur eru um grundvöll útreiknings bóta þegar tjónþoli hafði engar eða takmarkaðar vinnutekjur fyrir slys eða annað tjónsatvik.

Enginn frádráttur er gerður vegna skattfrelsis bóta eða „hagræðis af eingreiðslu". Deilur um það efni verða því úr sögunni. Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, skal almennt ekki draga frá skaðabótakröfu. Frá því eru tvær undantekningar, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Aldur tjónþola skiptir máli hvað snertir fjárhæð örorkubóta, sbr. ákvæði 9. gr. Um örorkubætur sjá að öðru leyti 5.–9. gr.

6.4. Þjáningabætur.

Bætur fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón, „þjáningar", eru staðlaðar eftir frumvarpinu. Viss fjárhæð reiknast fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og lægri fjárhæð fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Frá þessum meginreglum eru tvær undantekningar, sjá nánar 3. gr.

6.5. Dánarbætur.

Reglur um dánarbætur eru skýrari og einfaldari en þær ólögfestu reglur sem farið hefur verið eftir. Reglur um bætur fyrir útfararkostnað breytast þó eigi. Réttur til bóta fyrir röskun á stöðu og högum er felldur niður. Hins vegar eru bætur fyrir missi framfæranda samkvæmt frumvarpinu almennt mun hærri en nú gerist eftir dómvenju. Um greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni fyrir líkamstjón, gildir sama meginregla og um örorkubótakröfur, þ.e. að tjónþoli heldur almennt óskertum rétti á hendur hinum bótaskylda þrátt fyrir greiðslur frá öðrum.

Bætur fyrir missi framfæranda eru að mestu staðlaðar. Bætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka eru 30% af bótum sem ætla má að hinn látni hefði átt rétt á fyrir algera (100%) örorku.

Bætur til barns sem er yngra en 18 ára og hinum látna var lögskylt að framfæra skulu vera jafnháar heildarverðmæti barnalífeyris sem barnið á rétt á frá því að tjón varð til 18

ára aldurs samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns hækka bætur um 100%.

Lágmark bóta til maka eða sambúðarmaka fyrir missi framfæranda er 3.000.000 kr. Um lækkun bóta vegna aldurs gilda sömu ákvæði og um örorkubætur, sjá nánar 12.–14. gr.

6.6. Áhrif verðlagsbreytinga á bótakröfu.

Bætur fyrir þjáningar og varanlegan miska skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda þegar bótafjárhæð er ákveðin eftir því sem nánar segir í frumvarpinu.

Fjárhæðir þessara bóta breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Sama á við um aðrar fjárhæðir sem nefndar eru í frumvarpinu, þ.e. hæstu árslaun sem örorkubætur miðast við og lágmark bóta til maka fyrir missi framfæranda. Örorkubætur skal umreikna miðað við breytingar á lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin með samningi eða dómi, sjá nánar 15. gr.

Aðrar bætur eru ákveðnar einstaklingsbundið og þarf því ekki sérstaka reglu um uppfærslu þeirra eftir verðlagsbreytingum.

6.7. Vextir.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda bera fastákveðna vexti frá því að tjón varð. Um vexti af öðrum bótum fer eftir almennum reglum, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Engar sérstakar reglur um dráttarvexti eru í frumvarpinu, sjá nánar 15. og 16. gr.

6.8. Reglur um tilhliðrun vegna hagsmuna tjónvalds.

Reglur þessa efnis eru aðallega tvenns konar. Annars vegar er lækkunarregla í 24. gr. Samkvæmt henni er heimilt að lækka bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgð yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Heimild þessi er nýmæli í íslenskum lögum. Að vísu þekkjast sérstakar lækkunarheimildir hér, en gildissvið þeirra er afar takmarkað.

Hin reglan, sem hér um ræðir, er í 23. gr. Hún dregur mjög úr skaðabótaábyrgð starfsmanns sem veldur tjóni við starf í þágu vinnuveitanda síns. Regla þessi kemur í stað núgildandi heimilda í siglingalögum og fleiri lögum til að lækka eða fella niður skaðabætur vegna tjóns sem launþegi veldur í starfi.

6.9. Brottfall skaðabótaréttar vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum o.fl. Endurkröfuréttur vátryggingafélags o.fl.

6.9.1. Tjón sem bætt er af líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu, almannatryggingum eða lífeyrissjóði (1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr.).

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* (Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður) getur krafið hinn bótaskylda.

6.9.2. Tjón sem bætt er af munatryggingu eða vátryggingu gegn rekstrarstöðvun (19.–21. gr.).

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* getur krafið hinn bótaskylda.

Undantekningar: Skaðabótakrafa og endurkrafa stofnast, ef (1) tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða (2) í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri (sérregla um skaðabótaábyrgð starfsmanns er í 3. mgr. 19. gr.) eða (3) þegar bótareglur umferðarlaga, loftferðalaga, siglingalaga, laga um ábyrgð við vöruflutninga á landi eða alþjóðasamnings um olíumengun eiga við.

6.9.3. Tjón á ótryggðum hagsmunum sem hið opinbera hefur í eigin áhættu (19.–21. gr.).

Tjónþoli (ríkissjóður, sveitarfélag eða aðrir opinberir aðilar) getur ekki krafið hinn bótaskylda.

Undantekningar: Skaðabótakrafa og endurkrafa stofnast ef (1) tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða (2) í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri (sérregla um skaðabótaábyrgð starfsmanns er í 3. mgr. 19. gr.) eða (3) þegar bótareglur umferðarlaga, loftferðalaga, siglingalaga, laga um ábyrgð við vöruflutninga á landi eða alþjóðasamnings um olíumengun eiga við.

6.9.4. Tjón sem ábyrgðartrygging tekur til (2. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 19. gr.).

Ef einn eða fleiri þeirra, sem bera óskipta bótaábyrgð, hafa ábyrgðartryggingu sem tekur til tjónsins fer um *réttarstöðu tjónvalda innbyrðis* eftir reglum 1. og 2. mgr. 19. og 21. gr. Þetta getur haft þau áhrif að ábyrgðartryggður tjónvaldur (eða vátryggjandi hans) geti ekki krafið tjónvald, sem ekki er ábyrgðartryggður, um neinn hluta tjónsins.

Heimilt er að skerða rétt ábyrgðartryggðs tjónvalds enn frekar en að framan segir, sjá 2. og 3. málsl. 2. mgr. 25. gr.

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* getur krafið *starfsmann* er veldur tjóni sem ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til, nema hann hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

6.9.5. Tjón, sem önnur skaðatrygging en munatrygging, vátrygging gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartrygging tekur til (1. mgr. 22. gr.).

Tjónþoli og *vátryggingafélag* geta krafið hinn bótaskylda.

Regla þessi er undantekningarlaus. Engin heimild er til að lækka eða fella niður skaðabótakröfu tjónþola eða endurkröfu vátryggingafélags.

Þess ber að gæta að reglan á ekki við um mikilvægustu flokka skaðatrygginga, þ.e. munatryggingar, vátryggingar gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartryggingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um skaðabætur fyrir tjón af völdum líkamstjóns.

Um 1. gr.

Hér greinir frá þeim liðum sem bóta verður krafist fyrir vegna líkamstjóns sem veldur ekki dauða. Í framkvæmd eru bætur nú alloft ákveðnar í einu lagi fyrir tvo eða jafnvel fleiri kröfuliði. T.d. er algengt að bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku séu dæmdar með einni fjárhæð. Eins eru bætur nokkuð oft dæmdar í einu lagi fyrir örorku og miska. Með frumvarpinu er stefnt að því að breyta þessu þannig að í dómum og við uppgjör utan réttar verði hverju sinni tilgreindur sérstaklega hver liður tjóns sem bæta skal. Liðirnir eru þessir:

1. atvinnutjón,
2. sjúkrakostnaður,
3. annað fjártjón,
4. þjáningar,
5. varanlegur miski og
6. örorka (varanlegur missir eða varanleg skerðing getu til að afla vinnutekna).

Með sjúkrakostnaði er í fyrsta lagi átt við útgjöld vegna eðlilegra og nauðsynlegra ráðstafana við lækningu tjónþola. Hér kemur einkum til kostnaður við læknishjálp, dvöl á sjúkrahúsi, endurhæfingu og sjúkraflutning. Einnig má nefna t.d. hjólastól, smíði á sérstökum skóm og útgjöld vegna þess að tjónþoli þarf að breyta um starf eftir slys. Tjónþoli getur þó ekki krafist bóta vegna síðastgreindra útgjalda ef bætur fyrir varanlega örorku eru ákveðnar án tillits til þess hvort hann á kost á að skipta um starf.

Með orðunum „annað fjártjón“ í 1. mgr. er átt við útgjöld sem falla á tjónþola strax eða fljótlega eftir að tjónsatvik bar að höndum en erfitt er að færa sönnur á, t.d. með því að leggja fram reikninga. Námsmönnum hafa verið dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum vegna tafa sem orðið hafa á námi vegna slyss, sbr. 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sem nú er lagt til að felld verði niður, sjá athugasemdir við 26. og 29. gr. hér á eftir. (Um bætur fyrir röskun á stöðu og högum í dánarbótamálum sjá athugasemdir við 12. gr.) Hér er ekki gert ráð fyrir neinni efnisbreytingu á þessu og yrði því heimilt að bæta slíkt sem „annað fjártjón“ (en ekki undir heitinu „röskun á stöðu og högum“) ef frumvarpið verður að lögum.

Ákvæðið um bætur fyrir „annað fjártjón“ er einnig sett til þess að veita svigrúm til þess að ákvarða bætur fyrir tjón sem ekki telst til sjúkrakostnaðar í þröngri merkingu þess orðs.

Frá skaðabótum til tjónþola skal draga bætur almannatrygginga og aðrar bótagreiðslur frá þriðja manni vegna framangreindra útgjalda hans, t.d. bætur úr slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá vátryggingafélagi sem selt hefur vátryggingu gegn sjúkrakostnaði.

Ákvæði 3. mgr. um að verðmæti vinnu við heimilisstörf skuli leggja að jöfnu við launatekjur skiptir máli þegar ákveða skal bætur fyrir atvinnutjón skv. 2. gr. eða varanlega örorku skv. 2. mgr. 7. gr. Hér er einnig vísað til reglna 8. gr. um bætur vegna varanlegrar örorku tjónþola sem nýtir starfsgetu sína að verulegu leyti til annars en að afla vinnutekna.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. er í samræmi við það sem nú er almennt talið gilda um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Hér skal þó vakin athygli á því að nýmælið í 3. mgr. 1. gr. um verðmæti vinnu við heimilisstörf getur haft veruleg áhrif þegar bætur eru ákvarðaðar fyrir atvinnutjón. Um bætur fyrir útgjöld vegna sérstakrar aðstoðar á heimili, þegar heimavinnandi maki eða sambúðarmaki slasast, fer eftir reglunum um atvinnutjón. Tjónþoli getur þó aðeins krafist greiðslu á útlögðum kostnaði.

Með orðunum „getur hafið vinnu að nýju“ er átt við að tjónþoli geti byrjað aftur starf að verulegu leyti í sama mæli og áður.

Venjulega er ekki að vænta frekari bata þegar svo er komið að áliti lækna að ólíklegt er að tjónþoli læknist frekar af afleiðingum líkamstjóns.

Með 2. mgr. eru ekki gerðar breytingar frá gildandi rétti. Föst dómvenja er um að draga hvers kyns laun og dagpeninga, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna slyss, frá skaðabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Sama regla er talin gilda um vátryggingabætur ef þær teljast „raunveruleg skaðabót“, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Dagpeningar, sem vátryggingafélag skal greiða af samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega, nema venjulega fjárhæðum sem nánar eru tilteknar í vátryggingarsamningi án tillits til þess hve mikil daglaun tjónþola eru á því tímabili sem hann er óvinnufær. Þótt vera kunni að slíkir dagpeningar verði strangt tekið ekki taldir „raunveruleg skaðabót“ í merkingu greinds ákvæðis laga um vátryggingarsamninga er ekki stefnt að því með frumvarpinu að breyta þeirri almennu reglu að dagpeninga þessa skuli draga frá skaðabótakröfu á hendur þeim sem ber ábyrgð á slysi. Telja verður að dagpeningar samnings- og lögbundinna atvinnuslysatrygginga launþega séu „sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær“. Samkvæmt þessu á reglan um frádrátt vátryggingabóta, sem eru raunveruleg skaðabót, nánast eingöngu við um greiðslur úr slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og hliðstæðri slysatryggingu farþega í ökutæki.

Rétt er að taka sérstaklega fram að með frumvarpinu er ekki stefnt að neinum breytingum á réttarreglum sem dómstólar hafa myndað um hvernig haga beri frádrætti slysatryggingarfjár o.fl. greiðslna frá þriðja manni þegar sök er skipt í skaðabótamáli.

Um aðrar slysatryggingar og sjúkratryggingar gildir nú regla 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Samkvæmt henni hefur greiðsla, sem tjónþoli fær frá slysa- eða sjúkratryggingu, engin áhrif á rétt hans gegn hinum skaðabótaskylda. Tjónþoli getur með öðrum orðum krafist fullra og óskertra skaðabóta fyrir líkamstjón þótt slysatryggjandi hafi greitt honum vátryggingarfé vegna tjónsins. Þetta á þó ekki við ef greiðsla vátryggingafélags er raunveruleg skaðabót, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, en hér á landi er helsta dæmi þess áðurnefnd slysatrygging ökumanns og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki. Eftir 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verða engar efnislegar breytingar á greindum reglum.

Ákvæði 2. mgr. um laun í veikinda- eða slysaforföllum tengist 2. mgr. 17. gr., en þar er kveðið á um að vinnuveitandi eigi endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda vegna launa eða annarra greiðslna á forfallatímabili.

Um 3. gr.

Ákvæði um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón eru nú í 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt henni má m.a. dæma bætur fyrir þjáningar og óþægindi þegar maður á að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama. Ákvörðun um bætur fer eftir mati dómara.

Í frumvarpinu er orðið „fégjald“ ekki notað um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Orðið fégjald er að vísu notað í þeirri merkingu í 264. gr. hegningarlaga, en hefur ekki náð festu í íslensku lagamáli. Í frumvarpinu er orðið bætur því notað hvort sem um er að ræða fjártjón eða ófjárhagslegt tjón.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstökum bótum fyrir óþægindi, enda virðast dómstólar nánast líta á þjáningar og óþægindi sem samnefni, a.m.k. munu ekki vera skýr dæmi um óþægindi sem sérstakt tilefni bóta fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón. Eftir frumvarpinu koma þjáningabætur því í stað þess sem nú er nefnt bætur fyrir þjáningar og óþægindi.

Reglur þessarar greinar eru nýmæli. Hér er lagt til að bætur fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón, þ.e. þjáningar, verði staðlaðar, þannig að nánar tiltekin fjárhæð verði greidd fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur, en lægri fjárhæð fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Fyrir tjónþola skiptir miklu að einföld og skýr regla sé til um ákvörðun bóta fyrir ófjárhagslegt tjón. Í þessu felst einnig veruleg hagræðing fyrir dómara, lögmenn og aðra sem vinna að málum um ákvörðun fébóta fyrir líkamstjón.

Þjáningabætur eru fégjald fyrir þjáningar í kjölfar líkamstjóns. Bætur greiðast aðeins fyrir tiltekið tímabil, þ.e. þar til ekki er að vænta þess að tjónþoli hljóti frekari bata. Samkvæmt frumvarpinu er almennt ekki heimilt að dæma þjáningabætur, nema tjónþoli sé veikur. Eftir það getur tjónþoli eftir atvikum átt rétt á bótum fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón, þ.e. varanlegan miska, sbr. 4. gr.

Ákvæði frumvarpsins breyta í engu þeirri reglu sem nú gildir að réttur til þjáningabóta stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli hefur orðið fyrir fjártjóni.

Í greininni eru tvær undantekningar frá meginreglunni um staðlaðar bætur. Önnur er sú að þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Dæmi um slík tilvik er það að líkamstjón valdi tímabundnum líkamlegum óþægindum eða trufli eðlilega líkamsstarfsemi án þess að sagt verði að tjónþoli sé veikur. Hin er þess efnis að ef bætur nema meira en 200.000 kr. má víkja frá ákvæðum um fastan taxta fyrir veikindadag. Undantekningarregla þessi veitir svigrúm til að ákveða að álitum lægri þjáningabætur til tjónþola ef veikindatímabil eftir líkamstjón er langt. Rök fyrir þessum undantekningum eru þau að ekki þykir rétt að binda hendur dómara um of í þessu efni vegna þess að sérstök tilvik kunna að koma upp þar sem staðlaða reglan leiðir til óeðlilegrar niðurstöðu.

Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að taka af öll tvímæli um að greiðsla, sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, lífeyrissjóði, vátryggingafélagi eða öðrum þriðja manni vegna líkamstjóns, hefur engin áhrif á þjáningabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Sú undantekning felst þó í 2. mgr. að draga skal frá skaðabótakröfu þjáningabætur sem slysatrygging ökumanns eftir umferðarlögum eða sambærileg slysatrygging farþega greiðir, sbr. 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ástæðan fyrir þessari undantekningu er

sú að greindum slysatryggingum ökumanns og farþega er ætlað að greiða að fullu bætur fyrir ófjárhagslegt tjón eftir þeim almennu reglum sem á hverjum tíma gilda um ákvörðun bótafjárhæðar fyrir líkamstjón. Undantekningarreglan, sem hér um ræðir, á því að koma í veg fyrir að tjónþoli fái hærri bætur fyrir þjáningar en kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar. Í 3. mgr. 4. gr. er ákvæði sem er samhljóða þessari 2. mgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Bætur fyrir varanlegan miska er fjárgreiðsla er inna skal af hendi vegna ófjárhagslegs tjóns sem tjónþoli verður fyrir til frambúðar af völdum líkamsspjalla. Réttur til bóta fyrir varanlegan miska stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli á rétt á bótum fyrir fjártjón.

Meginreglan um ákvörðun bóta fyrir varanlegan miska er í 1. mgr. þessarar greinar. Samkvæmt henni skal við ákvörðunina líta til þess hvert eðli og umfang líkamstjónsins er frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og erfiðleika sem afleiðingar tjónsatviks valda í lífi tjónþola.

Ákvörðun bótafjárhæðar fer fram á grundvelli miskastigs. Örorkunefnd, sbr. 10. gr., skal semja töflur þar sem algengustu tegundir varanlegs miska eru látnar jafngilda tilteknum hundraðshlutum hliðstætt því sem gerist í örorkutöflum sem nú eru notaðar við örorkumat í skaðabótamálum og slysatryggingum. Við gerð taflnanna skal lagt til grundvallar að tiltekinn varanlegur miski bitni jafnþungt á hverjum þeim sem fyrir henni verður þannig að sami áverki eða sams konar líkamsspjöll leiði að jafnaði til sama miskastigs. Töflurnar eiga því að sýna „læknisfræðilega“ orkuskerðingu eða miska, en ekki skerðingu á getu til að afla tekna. Eftir 10. gr. frumvarpsins er tjónþola eða hinum bótaskylda veitt heimild til að bera ágreiningsefni undir örorkunefnd. Til ágreinings kann einkum að koma ef ekki er unnt að heimfæra tiltekin líkamsspjöll undir ákveðinn lið í miskatöflu.

Samkvæmt 1. mgr. skulu bætur nema 4.000.000 kr. þegar varanlegur miski er metinn 100% og hlutfallslega lægri fjárhæð þegar skerðing er minni. T.d. verða bætur vegna 40% skerðingar 1.600.000 kr. Bætur skal þó aldrei greiða ef varanlegur miski er minni en 5%.

Í undantekningartilvikum kann fjárhæð bóta eftir 4.000.000 kr. markinu að þykja ófullnægjandi, einkum þegar tjónþoli hefur orðið fyrir margvíslegum líkamsspjöllum, t.d. bæði orðið fyrir mikilli sköddun á útlimum og misst sjón á báðum augum. Heimildin í næstsíðasta málslið 1. mgr. til að ákvæða hærri bætur, þegar sérstaklega stendur á, er sett í því skyni að unnt verði að veita hærri bætur í slíkum tilvikum.

Hér á eftir fara örfá dæmi um stigamat á varanlegum miska úr töflu sem lögð er til grundvallar í skaðabótamálum í Danmörku, sbr. Anders Vinding Kruse og Jens Møller: Erstatningsansvarsloven. 2. útg. Khöfn 1989, bls. 87 og áfram:

Fingur og hönd.
Missir þumalfingurs 25%.
Missir fremstu kjúku þumalfingurs 12%.
Missir hálfrar fremstu kjúku þumalfingurs 8%.
Missir vísifingurs 10%.
Missir tveggja fremstu kjúkna vísifingurs 10%.
Missir fremstu kjúku vísifingurs 5%.
Missir handar 60% (hægri), 55% (vinstri).
Staurliður í úlnlið 10%.

Útlimir.
Missir handleggs 70% (hægri), 65% (vinstri).
Aflimun á upphandlegg 65% (hægri), 60% (vinstri).
Alger lömun ölnartaugar 30% (hægri), 25% (vinstri).
Missir fótar 30–40%.
Missir fótleggs 65%.
Aflimun við hné eða á læri 50–65%.
Alger lömun dálkstaugar (nervus fibularis) 10–15%.
Alger lömun lærtaugar 20%.
Staurliður í hné (hentug staða) 25%.
Staurliður í mjöðm (hentug staða) 30%.

Höfuð.
Missir lyktarskyns 10%.
Einkenni eftir heilahristing (postcommot. syndrom) 8–10%.
Missir annars auga eða sjónar á öðru auga 20%.
Missir beggja augna eða sjónar á báðum augum 100%.
Missir heyrnar á öðru eyra 10%.
Alger missir heyrnar 75%.

Háls og hryggur.
Afleiðingar hryggþófahlaups (dicus prolaps) 12–40%.
Hreyfingarhindranir og/eða sársauki í hálsi 8%.
Hreyfingarhindranir og/eða sársauki í hálsi þó að hálskragi sé notaður, allt að 15%.
Taugaleiðniverkir vegna rótarertingar 12–15%.
Sársauki í hrygg 5–25%.

Kviðarhol.
Missir milta 5%.
Missir annars nýra 10%.

Samkvæmt 6. málsl. 1. mgr. skal engar bætur greiða fyrir varanlegt mein þegar miskastig er minna en 5%. Samhljóða regla er í dönsku skaðabótalögunum.

Með reglunni í 6. málsl. er stefnt að því að koma í veg fyrir að fjalla þurfi sérstaklega um mjög óverulegar afleiðingar slyss, þ.e. afleiðingar sem eru vart mælanlegar. Telja verður marklaust að meta varanlegan miska allt niður í 1% eða 1,5% eins og dæmi munu

vera um í læknisfræðilegum örorkumatsgerðum. Hér eiga að nokkru við sömu sjónarmið og um lágmark örorkubóta sem vikið er að í athugasemdum við 5. gr. Ef varanlegur miski skiptir einhverju máli yrði hann metinn til a.m.k. fimm miskastiga. Sem dæmi um varanlegan miska, sem ekki yrði talinn ná 5% lágmarkinu, má nefna minni háttar lýti, svo sem lítið andlitsör sem ekki er áberandi.

Yfirleitt munu fimm miskastig eftir frumvarpinu svara til 5% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, en svo þarf ekki alltaf að vera. T.d. kunna fingurmeiðsli, sem nú eru metin til minni en 5% læknisfræðilegrar örorku, í undantekningartilvikum að verða metin til fimm eða fleiri miskastiga. Dæmi: Minni háttar tilfinningatruflanir í fingrum hljómlistarmanns geta ekki aðeins skert tekjur hans til frambúðar heldur einnig valdið honum varanlegum missi lífsánægju.

Eftir norskum og sænskum skaðabótarétti eru einnig takmörk fyrir því hve lítill varanlegur miski fæst bættur með fé. Norsku skaðabótalögin gera það t.d. að skilyrði fyrir rétti til bóta vegna varanlegs miska að hann sé verulegur. Ákvæði þetta er skýrt svo að almennt verði slíkar bætur ekki greiddar nema varanlegur miski sé a.m.k. 15%.

Í 2. mgr. er kveðið á um lægri bætur til þeirra sem orðnir eru 60 ára gamlir þegar þeir verða fyrir líkamstjóni. Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er regla sem er samhljóða ákvæði 2. mgr. 3. gr. um áhrif greiðslna frá þriðja manni. Samkvæmt því er meginreglan sú að greiðslur, sem tjónþoli kann að fá frá þriðja manni, hafa ekki áhrif á rétt tjónþola til bóta fyrir varanlegan miska. Sá sem skaðabótaábyrgð ber verður því að greiða bætur óskertar, enda þótt tjónþoli hafi t.d. fengið örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi sem selt hefur frjálsa, samnings- eða lögbundna slysatryggingu er tekur til slyss tjónþola, en nefndir aðilar greiða ekki bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Slysatrygging ökumanns eftir umferðarlögum og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki hafa þó þá sérstöðu að þær greiða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Eiga þær það sammerkt með ábyrgðartryggingu. Þykir því rétt að bætur, sem tjónþoli fær fyrir varanlegan miska frá þessum slysatryggingum, dragist að fullu frá skaðabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Sá grundvallarmunur er á 4. og 5. gr. að hin síðarnefnda varðar bætur fyrir fjártjón, en sú fyrrnefnda bætur vegna ófjárhagslegra afleiðinga líkamstjóns.

Bætur eftir 5. gr. greiðast ekki nema eigi sé lengur að vænta frekari bata eftir tjónsatvik og að fyrir liggi að geta tjónþola til þess að afla sér tekna með vinnu sé varanlega skert. Mat á því fer eftir fjárhagslegum mælikvarða. Samkvæmt þessu hefur það ekki sjálfstæð áhrif á rétt tjónþola til bóta hve miklar afleiðingar líkamstjóns hans eru metnar eftir hreinum læknisfræðilegum mælikvarða, sbr. þó sérreglu um börn o.fl. í 8. gr. Hins vegar skal fara eftir læknisfræðilegum sjónarmiðum þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin.

Það sem ræður úrslitum við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku samkvæmt þessari grein er hvort tjónþoli tapar tekjum til frambúðar.

Í 2. mgr. segir í almennum orðum við hvað eigi að miða þegar tjón vegna varanlegrar örorku er metið. Annars vegar verður að meta hvaða atvinnutækifæri tjónþoli hefði átt ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni og hins vegar atvinnutækifæri eftir líkamstjón. Í því skyni verður hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu hans og tekjur fyrir og eftir tjónsatvik. Að því er varðar atvinnutækifæri eftir það skal vakin athygli á því að í 2. mgr.

er berum orðum vikið að því að líta skuli til þess hvort ætla megi að tjónþoli eigi kost á vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Við slíkt sanngirnismat koma einkum til álita andlegir og líkamlegir hæfileikar tjónþola, verkkunnátta hans, menntun og aldur.

Mat á getu tjónþola til að afla tekna til frambúðar tekur oftast nær til margra ára. Slíkt mat er venjulega því auðveldara þeim mun lengra sem liðið er frá slysi eða öðru tjónsatviki. Í ýmsum tilvikum er ekki unnt að gera mjög nákvæmt mat á tjóni vegna missis eða skerðingar getu til tekjuöflunar fyrr en mörgum árum eftir að tjónsatvik bar að höndum. Til þess að endanleg ákvörðun bótafjárhæðar dragist ekki von úr viti af þessum sökum er lagt til í 1. mgr. að krafa um bætur fyrir örorku stofnist þegar tjónþoli getur ekki náð frekari bata. Af því leiðir að tjónþoli eða hinn bótaskyldi geta þá krafist örorkumats. Við örorkumat verður fyrst og fremst að leggja til grundvallar upplýsingar sem eru fyrir hendi þegar ljóst þykir að tjónþoli geti ekki náð frekari bata. Einnig er unnt að líta til upplýsinga sem síðar koma fram en áður en málinu er endanlega lokið. Hins vegar mundi ekki unnt að fresta máli til þess að bíða eftir árangri endurhæfingar eða því hvernig tjónþola gangi að afla sér tekna þegar hann hefur hafið störf að nýju eftir slys. Þegar örorka er metin ber því almennt ekki að líta til þess hvort unnt sé að koma við endurmenntun eða endurþjálfun er komi tjónþola að gagni. Hins vegar skal líta til endurhæfingar (endurmenntunar og endurþjálfunar) sem þegar hefur farið fram og enn fremur til þess ef telja má víst að fyrirhuguð endurhæfing beri árangur.

Hér skal vakin athygli á 10. gr. frumvarpsins, en samkvæmt henni getur tjónþoli eða hinn bótaskyldi krafist álits örorkunefndar um ákvörðun miskastigs og örorkustigs. Samkvæmt 3. mgr. reiknast örorka í hundraðshlutum (örorkustigum).

Hér er fellt niður ákvæði sem var í 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. fyrri gerðar frumvarpsins þess efnis að örorkubætur skyldi ekki greiða væri varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna minni en 15%. Ákvæðið var tekið óbreytt úr dönsku lögunum sem eru fyrirmynd frumvarpsins. Í greinargerð með þeim segir að tilgangur ákvæðisins sé eingöngu sá að koma í veg fyrir að fjalla þurfi um tilvik sem yfirleitt eru smávægileg og þar sem erfitt er að færa sönnur á að tjón hafi orðið. Í dönskum lögskýringargögnum kemur fram að reynslan sýnir að varanlegur tekjumissir af völdum örorku er sjaldnast minni en 15–20% ef fjártjón hefur orðið á annað borð. Auk þess kemur fram að með 15% lágmarkinu er ekki stefnt að því að girða fyrir bótarétt tjónþola þótt fyrir liggi að varanlegur tekjumissir sé minni en 15%. Í samræmi við þetta er samsvarandi regla í dönsku skaðabótalögunum skilin og framkvæmd þannig að ef leitt er í ljós að tjónþoli hefur í raun beðið varanlegt tekjutjón er örorka hans metin a.m.k. 15% þótt tekjutjónið nái ekki 15%.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er ljóst að neðri mörk bætanlegs tjóns vegna varanlegrar örorku voru samkvæmt fyrri gerð frumvarpsins ekki eins ósveigjanleg og ætla mátti af orðalagi ákvæðis þess sem hér um ræðir. Lengi má deila um hve mikið varanlegt vinnutekjutap þurfi að vera til þess að geta talist mælanlegt í hundraðshlutum. Í fyrri gerð frumvarpsins er á því byggt að ekki sé ástæða til að nota nákvæmari mælikvarða en umrædd regla gerir ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er hins vegar talið rétt að fella neðri mörkin alveg niður í samræmi við ábendingar sem fram komu í nokkrum umsögnum um frumvarpið.

Oft er miklum erfiðleikum bundið að meta vinnutekjutjón vissra hópa tjónþola, þ.e. barna, ungs fólks í skóla og þeirra sem vinna heimilisstörf. Er því lagt til í 8. gr. frumvarpsins að örorkubætur til tjónþola, sem nýta starfsgetu sína að verulegu leyti til ann-

ars en að afla vinnutekna, skuli ákveðnar eftir miskastigi skv. 4. gr. Þess vegna skal ekki meta örorku þessara tjónþola á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um áhrif þess að tjónþoli fær greiðslur frá þriðja manni vegna líkamstjóns. Aðalreglan er sú að frá skaðabótakröfu skal ekki draga greiðslur er tjónþoli fær frá öðrum, t.d. bætur frá almannatryggingum eða slysatryggingu sem tjónþoli eða annar hefur keypt hjá vátryggingafélagi. Frá þessari aðalreglu eru þó undantekningar, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. Um þetta sjá nánar kafla 4.8. í almennum athugasemdum hér að framan.

Hér skal áréttað að 4. málsl. 4. mgr. á aðeins við um slysatryggingu er tryggir ökutækiseiganda eða aðstandendum hans bætur sem ákveðnar eru eftir skaðabótareglum, þ.e. með sama hætti og bætur slysatryggingar ökumanns eftir umferðarlögum, sbr. 3. málsl. 4. mgr. Bætur annarra vátrygginga, er taka til slyss sem maður verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki, t.d. líftrygginga eða almennra slysatrygginga, hafa samkvæmt frumvarpinu engin áhrif á skaðabótakröfu, sjá 1. málsl. 4. mgr. þessarar greinar, sbr. 2. mgr. 12. gr. Um rök fyrir ákvæðum 3. og 4. málsl. 4. gr. um sérstöðu bóta frá slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækis vísast til kafla 4.8. í almennum athugasemdum.

Í athugasemdum við 2. gr. kemur fram að með frumvarpinu er ekki stefnt að breytingum á réttarreglum um hvernig haga beri frádrætti slysatryggingarfjár eða annarra greiðslna frá þriðja manni þegar sök er skipt í skaðabótamáli. Sama á við um frádrátt greiðslna þriðja manns í þeim undantekningartilvikum þegar þær koma samkvæmt 3. og 4. málsl. 4. mgr. til frádráttar skaðabótakröfu, sbr. og 2. mgr. 12. gr.

Um 6. gr.

Í þessari grein er almenn regla um útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Gildir reglan um alla hópa tjónþola, nema þá sem greinir í 8. gr.

Aðferð við útreikning er einföld. Hún er sú að árslaun tjónþola, sbr. 7. gr., eru margfölduð með 7,5 og sú fjárhæð síðan margfölduð með örorkustigi.

Ein breyting er gerð á þessari grein frá fyrri gerð frumvarpsins. Hún er sú að margföldunarstuðull verður 7,5 í stað 6. Breyting þessi þykir óhjákvæmileg vegna þeirrar grundvallarbreytingar sem leiðir af 1. mgr. 9. gr. þess efnis að bætur hækka samkvæmt ákveðinni þrepaskiptingu eftir því sem tjónþoli er yngri, sbr. athugasemdir við 9. gr.

Um rök fyrir því að hér er lagt til að miða bætur við 7,5-föld árslaun vísast til kafla 4.2. í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði eru reglur um ákvörðun árslauna sem eru skv. 6. gr. grundvöllur útreiknings bóta fyrir varanlega örorku.

Meginreglan um árslaun er í 1. mgr., en eftir henni teljast þau vera heildarvinnutekjur sem tjónþoli hafði á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón bar að höndum. Hér skal því ekki leggja til grundvallar almanaksár, heldur tekjur á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag sem tjón varð. Með árslaunum er átt við brúttóárstekjur, þ.e. tekjur eins og þær eru áður en skattur er dreginn frá þeim. Með tekjum skal bæði telja venjulegt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Til tekna teljast einnig hlunnindi, t.d. endurgjaldslaus bifreiðarafnot sem fylgdu starfi tjónþola áður en hann varð fyrir líkamstjóni.

Regla 1. mgr. á fyrst og fremst við um launþega. Þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi hjá tjónþola að því er varðar tekjur eða starf eða annars stendur sérstaklega á skal ákveða árslaun eftir mati, sjá 2. mgr. Ákvæði 2. mgr. mundi t.d. beitt um sjálfstæða atvinnurekendur er hafa tekjur sem undirorpnar eru tíðum breytingum. Árslaun manna í

þessum hópi er almennt ekki unnt að ákveða á grundvelli tekna á næstliðnu 12 mánuðum fyrir tjónsdag. Tekjur þeirra eru venjulega ekki bundnar ákveðnum tímabilum eins og gerist um launþega sem fá mánaðar- eða vikulaun. Árslaun sjálfstæðra atvinnurekenda eða annarra manna með sveiflukenndar tekjur er rétt að ákveða á grundvelli meðaltekna sem tjónþoli hefur haft á síðustu árum fyrir tjón. Varðandi sjálfstæða atvinnurekendur skal þess einnig getið að í ýmsum tilvikum nægir ekki að meta sjálfar tekjurnar. Ef tjónþoli rekur t.d. stórt fyrirtæki með mörgum starfsmönnum er oft unnt að reka fyrirtækið án skerðingar á tekjum þótt tjónþoli sé óvinnufær, en í mörgum tilvikum þyrfti fyrirtækið þó á einhverjum hjálparmanni eða mönnum að halda í stað tjónþola. Þegar þannig stendur á getur verið réttara að leggja til grundvallar kostnað við aðkeypta hjálp fremur en árlegan hagnað tjónþola.

Hafi tjónþoli verið í hlutastarfi mundi fjárhæð árslauna einnig verða ákveðin með mati. Ef kona eða karl hefur t.d. unnið hálfan daginn utan heimilis, en að öðru leyti notað starfsorku sína til þess að sinna börnum sínum og öðrum heimilisstörfum, skal ákveða árslaun eins og þau mundu hafa orðið ef tjónþoli hefði verið í fullu launuðu starfi utan heimilis, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðrum tilvikum verður við matið m.a. að líta til þess hvort líklegt er að tjónþoli hefði farið í fullt starf.

Bætur fara enn fremur eftir mati þegar tjónþoli var atvinnulaus er hann varð fyrir líkamstjóni. Hafi tjónþoli þá notið bóta frá atvinnuleysistryggingum skal ætíð lagt til grundvallar að tjónþoli hefði síðar fengið vinnu. Árslaun skulu þá vera talin jöfn venjulegum árslaunum sem greidd voru í starfsgrein tjónþola á síðustu 12 mánuðum fyrir tjón. Í öðrum tilvikum getur verið erfitt að meta hvort tjónþoli hefði fengið vinnu ef hann hefði ekki slasast. Hér verður t.d. að líta til aldurs tjónþola og þess hvort horfur voru á að tjónþoli hefði, ef tjónsatvik hefði ekki komið til, nýtt sér endurmenntun eða endurþjálfun í því skyni að fá vinnu í annarri starfsgrein.

Ef tjónþoli hefur fyrir tjón ekki eða aðeins að hluta notað getu sína til þess að afla sér tekna með vinnu ber einnig að ákveða árslaun eftir mati. Hér er m.a. átt við menn sem eru í rannsóknarleyfi eða hafa tekið sér leyfi án launa til að auka þekkingu sína eða verklega starfsfærni. Oft mundi rétt að miða árslaun við venjulegar tekjur manna sem gegna starfi sambærilegu fyrra starfi tjónþola. Stundi tjónþoli nám þegar líkamstjón ber að höndum og þiggi laun í tengslum við það, t.d. iðnnám, verður venjulega að miða árslaun við tekjur sem tjónþoli mundi hafa haft ef hann hefði verið nýbúinn að ljúka námi.

Um tjónþola, sem ekki fá laun í tengslum við nám, fer eftir ákvæðum 8. gr. frumvarpsins. Þar eru sérstakar reglur um útreikning bóta til barna, unglinga í skóla og þeirra sem vinna heimilisstörf. Þörf er á þeim vegna þess að ekki er unnt að miða við árslaun þegar þessir tjónþolar eiga hlut að máli.

Samkvæmt 3. mgr. skal ekki miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr. þegar fjárhæð bóta er ákveðin. Þetta hámark á við hvort sem árslaun eru ákveðin eftir reglu 1. mgr. eða eftir mati skv. 2. mgr.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru reglur um ákvörðun bóta til tjónþola sem nýta starfsgetu sína þannig að í mörgum tilvikum er ekki um neinar atvinnutekjur að ræða og þess vegna er ekki unnt að nota árslaun til þess að ákveða bætur skv. 6. og 7. gr.

Þeir sem 8. gr. tekur til eru börn og tjónþolar sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til þeirra skulu ákveðnar á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Auk barna á 8. gr. við um maka eða sam-

búðarmaka sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk sem stundar nám. Maki eða sambúðarmaki, sem hefur með höndum hlutastarf auk vinnu á heimili, getur fallið undir 2. mgr. 7. gr., sbr. athugasemdir við hana. Síðastgreint ákvæði tekur þó ekki til hverra hlutastarfa sem er. Þegar draga skal mörkin milli 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. verður almennt að telja að 2. mgr. 7. gr. verði beitt um þann sem vinnur hálft launað starf eða meira utan heimilis en 8. gr. um þann sem vinnur minna en hálft starf utan heimilis. Reglum 8. gr. skal beitt um ungt námsfólk þótt það afli tekna í vinnu með námi og án tillits til tekna af þess konar vinnu, svo framarlega sem nemandinn stundar í reynd nám með eðlilegum hætti. Bætur til námsmanna sem þiggja laun í tengslum við nám, svo sem iðnnema eða læknastúdenta, skal ákveða eftir 2. mgr. 7. gr. eins og vikið er að í athugasemdum við 7. gr. Reglum 2. mgr. 7. gr., en ekki 8. gr., verður beitt um þá sem eru atvinnulausir þegar tjón verður.

Börn eru nefnd berum orðum í 8. gr. til þess að taka af öll tvímæli um að ákvæðið eigi við um þau. Bætur til barna ber að ákveða eftir 8. gr. hvort sem þau hafa vinnutekjur eða ekki.

Í 2.–4. mgr. eru tæmandi reglur um fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku þeirra tjónþola sem 8. gr. tekur til. Fjárhæð örorkubóta fer eftir miskastigi og reiknast eftir nánar tilteknum hlutfallstölum af því (frá 130% til 400%).

Reglur 8. gr. taka, eins og áður segir, einkum til barna, námsmanna og þeirra sem vinna við heimilisstörf. Núgildandi réttarreglur um mat á varanlegu fjártjóni tjónþola úr þessum hópum eru um margt óljósar. Skoðanir manna eru einnig mjög skiptar um hvernig eðlilegt eða sanngjarnt sé að haga reglum um mat á tjóni þeirra. Hér er valin sú leið að taka upp staðlaðar bætur til þeirra tjónþola sem 8. gr. tekur til. Er það gert að fyrirmynd nýjustu lagareglna er settar hafa verið um þetta efni annars staðar á Norðurlöndum.

Ákvæði 8. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins, munu í einhverjum tilvikum geta leitt til þess að tjónþolar, sem vinna heimilisstörf, fái hærri skaðabætur fyrir sama örorkustig en tjónþolar er afla launatekna utan heimilis. Reynsla undanfarinna ára og áratuga er hins vegar sú að dæmdar örorkubætur til heimavinnandi húsmæðra hafa verið lágar. Tilraunir til þess að bæta hlut þeirra hafa ekki borið mikinn árangur. Reglum frumvarpsins um þetta efni er ætlað að tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að réttur þeirra sem vinna heimilisstörf án verulegra tekna af vinnu utan heimilis verði almennt ekki lakari en tjónþola sem hafa launatekjur. Telja má hagræðið af stöðlun bótareglna svo mikið að ekki sé til vinnandi að lögfesta flóknari reglur í því skyni að koma í veg fyrir að húsmæður og aðrir, sem vinna heimilisstörf án eiginlegra launatekna, fái í einhverjum tilvikum bætur sem álíta má hagstæðari en örorkubætur til tjónþola sem starfað hafa í atvinnulífinu.

Hér er einnig á það að líta að þeir sem stunda heimilisstörf að aðalstarfi njóta almennt miklu sjaldnar en aðrir bóta frá slysatryggingu eða öðrum bótakerfum utan skaðabótaréttar og verða því í ríkara mæli en aðrir tjónþolar háðir bótum frá hinum skaðabótaskylda eða ábyrgðartryggingu hans. T.d. standa húsmæður utan lífeyrissjóða og geta því ekki vænst örorkulífeyris vegna slyss frá öðrum en Tryggingastofnun ríkisins. Ef frumvarpið gerði ekki ráð fyrir allríflegum skaðabótum til þeirra er stunda heimilisstörf að aðalstarfi mundi bilið milli þeirra og tjónþola, sem vinna fyrir beinum launatekjum, enn breikka vegna þeirrar grundvallarbreytingar að eftir frumvarpinu heldur tjónþoli óskertum rétti til bóta frá almannatryggingum, lífeyrissjóði, frjálsum slysatryggingum o.fl. jafnframt fullum skaðabótarétti á hendur hinum skaðabótaskylda. Þetta hefur m.a. þau áhrif að launþegi, sem samkvæmt frumvarpinu á rétt á lægri örorkubótum en heimavinn-

andi húsmóðir eða annar er 8. gr. tekur til, kann í ýmsum tilvikum að hljóta hærri heildarbætur en hinn síðarnefndi ef launþeginn á samhliða skaðabótakröfu rétt á bótum frá þriðja manni, t.d. eingreiðslu örorkubóta eftir lögum um almannatryggingar.

Um 9. gr.

Hér eru ákvæði um áhrif aldurs tjónþola á bótafjárhæð. Hafi hann náð 26 ára aldri þegar tjón verður lækka örorkubætur um 1% af grunnfjárhæð, sem ákveðin er eftir reglum 6. eða 8. gr., fyrir hvert ár umfram 25 ár til 45 ára, en 2% fyrir hvert ár umfram 45 ár til 55 ára og síðan um 4% fyrir hvert ár umfram 55 ár til 70 ára.

Í fyrri gerð frumvarpsins var ekki gerður greinarmunur á bótum til manna fyrir varanlega örorku eftir aldri nema tjónþoli væri 56 ára eða eldri þegar tjón varð. Var þar gengið langt í að einfalda reglur um ákvörðun bóta. Ljóst er að sú einföldun eða stöðlun bóta, sem lögð var til grundvallar í fyrri gerð frumvarpsins, hefði almennt leitt til þess að ungur maður hefði að öðru jöfnu fengið sama höfuðstól bóta og eldri maður sem ekki hafði náð 56 ára markinu. Alltaf er álitamál hve langt skuli ganga í að staðla bætur. Hér vegast á tvö andstæð sjónarmið, annars vegar hagræðing og einföldun og hins vegar sú meginregla skaðabótaréttar að bætur skuli sníða eftir tjóni hvers einstaklings fyrir sig.

Breyting sú, sem hér er lögð til á reglum 1. mgr. um ákvörðun bóta eftir aldri tjónþola, er komin til vegna ábendinga í umsögnum um eldri gerð frumvarpsins. Hin nýju ákvæði 1. mgr. draga mjög úr stöðlun bóta og leiða til þess að örorkubætur hækka eftir ákveðinni þrepaskiptingu eftir því sem tjónþoli er yngri.

Eftir 2. mgr. má víkja frá reglum 1. mgr. ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann náði 70 ára aldri.

Efni þessarar greinar er í samræmi við hina almennu reglu um að aðeins skuli greiða örorkubætur fyrir þann tíma sem talið er að tjónþoli hefði stundað vinnu á ef líkamstjón hefði ekki komið til. Rétt þykir að miða við að örorkubætur reiknist almennt eingöngu til 70 ára aldurs tjónþola. Hér á landi halda þó ýmsir störfum sínum áfram eftir það. Þegar allar líkur benda til þess að svo verði mundi skv. 2. mgr. vera heimilt að víkja frá meginreglunni í 1. mgr. Dæmi: Sjálfstæður atvinnurekandi slasast þegar hann er 69 ára gamall. Ef ekkert bendir til að hann hafi ætlað sér að setjast í helgan stein í nánustu framtíð gæti hann krafist bóta fyrir lengri tíma en eitt ár. Sama á t.d. við um starfsmann sem ekki er skylt samkvæmt lögum eða vinnusamningi að láta af starfi þegar hann verður sjötugur. Hér ræður úrslitum hvort telja megi sennilegt að tjónþoli haldi áfram að vinna eftir að hann nær 70 ára aldri.

Þegar ungir eða miðaldra menn slasast verður almennt að leggja til grundvallar að tjónþoli hefði látið af starfi fyrir aldurs sakir 70 ára gamall og þess vegna mundu sjaldan vera rök til að beita 2. mgr. um þá.

Ákvæði þessarar greinar hafa einnig áhrif á fjárhæð dánarbóta sem ákveðnar eru eftir 13. gr., sbr. 2. mgr. 13. gr.

Um 10. gr.

Eftir gildandi rétti er örorkumat gert af læknum. Venja er að einn læknir meti örorku tjónþola hverju sinni. Mörg örorkumöt, sem stuðst er við í skaðabótamálum, eru gerð af læknum Tryggingastofnunar ríkisins, m.a. tryggingayfirlækni, en hann er aðallæknir stofnunarinnar. Fáeinir læknar aðrir gera örorkumöt sem notuð eru í skaðabótamálum innan réttar eða utan. Sé örorkumat læknis vefengt er unnt að bera það undir dómkvadda matsmenn (lækna) eða læknaráð, sbr. lög nr. 14/1942.

Ef frumvarpið verður að lögum verður gerbreyting á forsendum og grunni örorkumats. Horfið verður frá mati sem í aðalatriðum er talið læknisfræðilegt. Í stað þess kemur svonefnt fjárhagslegt örorkumat sem felur í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afla vinnutekna hefur skerst varanlega. Vegna þess er nauðsynlegt að örorkumat verði ekki einungis í höndum lækna. Einnig þykir sjálfsagt að hér á landi sé aðeins einn aðili sem hefur með höndum mat á varanlegri örorku. Hér er því lagt til að þriggja manna nefnd, „örorkunefnd“, verði falið að meta örorku þeirra sem hafa uppi skaðabótakröfur fyrir varanlegt fjártjón vegna líkamsspjalla. Sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, er í grundvallaratriðum í samræmi við það sem gerist í nágrannaríkjunum.

Þessi grein frumvarpsins veitir aðilum bótamáls vegna líkamstjóns rétt til að leita álits örorkunefndar um miskastig eða örorkustig. Hvor aðila um sig á slíkan rétt og getur hinn aðilinn því ekki komið í veg fyrir að nefndin fjalli um málið. Búast má við að framkvæmdin verði sú að mjög mörgum málum verði skotið til örorkunefndar.

Niðurstaða örorkunefndar er ekki bindandi, en gera má ráð fyrir að málsaðilar sætti sig yfirleitt við hana. Uni aðili eða aðilar ekki niðurstöðunni verður sá sem vill fá henni breytt eða hrundið að leita til dómstóla.

Með ákvæði 2. mgr. um sex ára skipunartíma manna í örorkunefnd er stefnt að því að ekki verði of örar breytingar á skipun nefndarmanna. Þykir það nauðsynlegt vegna þess að verkefni nefndarinnar er mjög sérhæft og tryggja verður festu og samræmi í ákvörðunum hennar.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að um hæfi nefndarmanna til að fara með mál fari eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara. Ákvæði um það eru nú í lögum um meðferð einkamála.

Örorkunefnd er ætlað mikilvægt hlutverk í málum um skaðabætur fyrir líkamstjón. Er því þörf á að settar verði nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar, sbr. 4. mgr.

Torvelt er að áætla hve mörg mál komi árlega til kasta nefndarinnar ef frumvarpið verður að lögum. Er því erfitt að fullyrða um umfang nefndarstarfa. Þess vegna þykir rétt að taka fram í þessari grein frumvarpsins að í reglugerð skuli vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar. Rök fyrir heimild þessari eru ekki síður þau að í ýmsum tilvikum getur nefndinni verið nauðsynlegt að leita til manna með þekkingu á ýmsum sérsviðum læknisfræði eða aðra sérfræðiþekkingu, t.d. á sviði hagfræði eða tryggingastærðfræði.

Auk ákvæða væntanlegrar reglugerðar mundu almennar reglur stjórnarfarsréttar að sjálfsögðu eiga við um málsmeðferð fyrir nefndinni.

Um 11. gr.

Eftir frumvarpinu má að kröfu tjónþola taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur ef ófyrirsjáanlegar breytingar verða á heilsu tjónþola, þannig að ætla má að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Þessi skilyrði fyrir endurupptöku eru í samræmi við almennar reglur fjármunaréttar. Við endurupptöku má aftur leita álits örorkunefndar, sbr. 10. gr. Ákvæði 11. gr. verður aðeins beitt um mál sem lokið er með endanlegum dómi eða samningi málsaðila. Ákvæðinu er ekki ætlað að takmarka úrræði sem beita má samkvæmt réttarfarsreglum til endurupptöku dæmdra mála þegar sérstaklega stendur á.

Þessi grein veitir aðeins heimild til endurupptöku ef tjónþoli krefst þess. Hinn bótaskyldi á ekki rétt á að krefjast þess að mál sé tekið upp til nýrrar ákvörðunar. Þess vegna er ekki heimilt að taka mál upp aftur að kröfu tjónvalds þótt síðar komi í ljós að heilsa tjónþola reynist betri en gert var ráð fyrir þegar máli var endanlega lokið.

Svo sem fyrr segir er skilyrði endurupptöku eftir frumvarpinu að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola. Ekki er því heimilt að beita ákvæði þessu þótt örorkustig reynist hærra en áður var gert ráð fyrir ef ástæða þess er ekki breytingar á heilsu tjónþola.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru meginreglur um dánarbætur, þ.e. bætur fyrir missi framfæranda og kostnað við útför. Ekki verður heimilt að dæma sérstakar bætur fyrir röskun á stöðu og högum vegna andláts ef frumvarpið verður að lögum. Hins vegar verður áfram á valdi dómstóla að dæma bætur fyrir annað fjártjón en missi framfæranda og útfararkostnað ef efnisleg rök eru til þess.

Í 13. og 14. gr. eru nánari reglur um ákvörðun bóta fyrir missi framfæranda. Eftir þeim greinum eru bætur að nokkru staðlaðar, en samkvæmt þessari grein skal sníða bætur eftir mati á tjóni hvers einstaks tjónþola.

Dómstólar hafa lengi dæmt bætur fyrir kostnað við útför þótt ekki hafi verið til þess sérstök heimild í settum lögum. Hér er lagt til að lögfestur verði réttur til þess að krefja þann sem ábyrgð ber á dauða annars manns um útfararkostnað. Ekki er þó ætlast til að af því hljótist breyting á núgildandi reglum um ákvörðun bóta vegna kostnaðar af útför. Réttur til slíkra bóta stofnast án tillits til þess hvort einhver missir framfæranda við fráfall hins látna.

Kröfuhafar í langflestum dánarbótamálum eru maki (sambúðarmaki) eða börn eða hvor tveggja. Mestu máli þykir skipta að koma á stöðluðum reglum um þá flokka tjónþola sem fjölmennastir eru. Reglur 13. og 14. gr. taka því einungis til framfærslutjónsbóta til maka eða sambúðarmaka, svo og barna sem hinum látna var lögskylt að framfæra. Auk þess er í 14. gr. aðeins gert ráð fyrir bótum þar til barn nær 18 ára að aldri. Frá 13. og 14. gr. ber ekki að gagnálykta þannig að aðrir en þeir sem þar eru nefndir teljist ekki geta átt bótakröfu fyrir missi framfæranda. Verði frumvarpið að lögum yrði það áfram á valdi dómstóla að dæma slíkar bætur til annarra á grundvelli 12. gr. ef nægilega rökstuddar kröfur koma fram. T.d. mundi, eins og nú, vera unnt í sérstökum tilvikum að dæma bætur til foreldra sem notið hafa fjárhagslegs stuðnings frá barni. Einnig mundi vera heimilt sem fyrr að dæma bætur fyrir missi framfæranda til barna er hinum látna var ekki skylt að framfæra. Það mundi eiga við ef leitt er í ljós að hinn látni hafi í raun framfært barn að öllu eða nokkru leyti og skiptir aldur þess þá ekki máli. Enn fremur mundi eftir atvikum koma til greina að dæma bætur til fyrrverandi maka hins látna ef sýnt er fram á að hann hafi beðið fjártjón vegna andlátsins.

Í 3. málsl. 1. mgr. er berum orðum tekið fram að framfærsla taki einnig til verðmætis vinnu hins látna við heimilisstörf. Er ákvæðið í samræmi við meginstefnu laganna um að meta heimilisstörf til jafns við önnur störf, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að um greiðslur frá þriðja manni fari eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. mgr. eiga við um allar tegundir dánarbóta, þar á meðal útfararkostnað. Ekki skiptir máli um frádrátt hvort bætur fyrir missi framfæranda eru staðlaðar, t.d. bætur til maka, eða ekki, t.d. bætur til foreldra. Skv. 2. mgr. skal almennt ekki draga frá skaðabótum greiðslur sem tjónþoli fær frá öðrum vegna tjónsins. Greiðsla frá líf- eða

slysatryggingu, barnalífeyrir o.s.frv. hefur því ekki nein áhrif á fjárhæð skaðabóta. Sama á við um arf. Tilteknar greiðslur þriðja manns ber þó að draga frá skaðabótakröfu, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr. Um frádrátt greiðslna þriðja manns vísast að öðru leyti til athugasemda með 5. gr. og kafla 4.8. í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar um ákvörðun bóta til maka eða sambúðarmaka gera ekki mun á því hvort hinn látni er karl eða kona. Ekkjur og ekklar eru því jafnrétthá.

Í 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. segir berum orðum, að til framfærslu teljist verðmæti vinnu hins látna við heimilisstörf. Á það einnig við þegar hinn látni hefur bæði unnið heimilisstörf og haft með höndum hlutastarf utan heimilis, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Þeir er bjuggu í óvígðri sambúð með þeim sem krafist er bóta eftir njóta samkvæmt frumvarpinu réttarstöðu eins og um hjúskap væri að ræða. Eigi er það skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð hafi staðið tiltekinn lágmarkstíma eða sambúðarmaki hafi átt barn með hinum látna, sbr. hins vegar 52. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Að því leyti er ekki um að ræða breytingu á gildandi rétti. Dómstólar meta sjálfstætt hvort um framfæranda hafi verið að ræða. Ljóst er t.d. að um framfærslu getur verið að ræða eftir núgildandi bótareglum og frumvarpinu þótt skilyrði almannatryggingalaga um óvígða sambúð séu ekki fyrir hendi. Ekki þykir gerlegt að móta skýra lagareglu sem leysir þann vanda er fylgir því að dæma um hvort sambúðarmaki hafi í reynd misst framfæranda. Virðist því ekki komist hjá því að þetta atriði verði, eins og áður, háð mati í hverju tilviki fyrir sig. Það sem skiptir sköpum í þessu efni er hins vegar hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma, er tjón bar að höndum, var þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar.

Það er skilyrði réttar til bóta að hinn látni hafi verið framfærandi bótakrefjanda. Hér ræður almennt úrslitum hvort sá sem krefst bóta hafi raunverulega verið á framfæri hins látna. Hér skiptir minna máli hvort hinn látni var að lögum framfærsluskyldur. Þess verður ekki fortakslaust krafist að um framfærslu hafi verið að ræða á tjónsdegi. Ef verulegar líkur eru á að bótakrefjandi hefði síðar notið fjár til framfærslu úr hendi hins látna mundi hann geta átt kröfu til bóta fyrir missi framfæranda. Að þessu leyti er ekki um að ræða breytingu frá gildandi rétti.

Samkvæmt þessari grein og 14. gr. skiptir ekki máli hversu mikil framfærsla er. Í greinum þessum eru staðlaðar reglur um bótafjárhæð þannig að ekki þarf að taka afstöðu til þess hve mikið framfærandi hefur stutt bótakrefjanda.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. skulu bætur til maka eða sambúðarmaka nema 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni hefði fengið ef hann hefði verið 100% varanlegur öryrki. Almennt skal þó lágmark bóta vera 3.000.000 kr., sbr. 2. málsl. 1. mgr. Greiðsla á lágmarksbótum eftir þessu ákvæði kemur þó að sjálfsögðu ekki til álita, nema fjártjón sé sannað samkvæmt framansögðu. Þegar reikna skal út bætur fyrir missi framfæranda verður samkvæmt þessu að kanna hve miklar bætur hinn látni hefði fengið ef hann hefði lifað en verið metinn alger öryrki til frambúðar. Dæmi: Ef hinn látni var 25 ára eða yngri og hafði 2.000.000 kr. í árslaun fyrir slys hefðu bætur til hans fyrir 100% varanlega örorku átt að vera 7,5 x 2.000.000 eða 15.000.000 kr., sbr. 6. gr. Bætur fyrir missi framfæranda verða 30% af 15.000.000 kr. eða 4.500.000 kr. Hafi árslaun hins látna hins vegar verið 1.000.000 kr. ættu bætur fyrir missi framfæranda að vera 30% af 7.500.000 kr. eða 2.250.000 kr., sbr. 1. málsl. 1. mgr. Í síðara dæminu leiðir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. um lágmark bóta þó til þess að bætur verða 3.000.000 kr., nema sérstak-

ar ástæður séu til að víkja frá lágmarkinu. Síðastgreint ákvæði skiptir máli þegar hinn látni hefur haft árslaun undir 1.666.667 kr. Með ákvæðinu er ætlað að tryggja tjónþola sanngjarnar bætur fyrir missi framfæranda sem innti af hendi framfærslu en hafði þó litlar eða jafnvel engar vinnutekjur (árslaun, sbr. 7. gr.), t.d. af því að framfærslan var látin í té með tekjum af öðru en vinnu. Ætlast er til að þegar fjártjón verður skuli bætur jafnan vera a.m.k. 3.000.000 kr., nema ekki hafi verið um neina framfærslu að ræða eða aðeins óverulega framfærslu. Sé svo er heimilt skv. 2. málsl. 1. mgr. að ákveða lægri bætur en 3.000.000 kr. Um lækkun vegna aldurs samkvæmt 9. gr. sjá hér á eftir.

Fjárhæð bóta mundi miðast við dánardægur framfæranda, sbr. 3. mgr. 15. gr. og athugasemdir við 28. gr.

Um greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni, sjá athugasemdir við 12. gr.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að lækka skuli bætur eftir reglum 9. gr. ef framfærandi var orðinn 26 ára. Regla þessi tekur einnig til bóta sem ákveðnar eru 3.000.000 kr. eftir 2. málsl. 1. mgr. Ákvæði 9. gr. hafa því áhrif á fjárhæð dánarbóta sem ákveðnar eru eftir 13. gr. Um það vísast nánar til athugasemda með 9. gr.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um rétt eftirlifandi barna til bóta fyrir missi framfæranda.

Greinin tekur til allra barna sem hinum látna var lögskylt að framfæra. Samkvæmt orðanna hljóðan verður ákvæðinu ekki beitt um börn sem hinum látna bar ekki samkvæmt lögum að framfæra en voru í raun á framfæri hans. Þau geta átt bótarétt eftir 12. gr. að sama marki og nú tíðkast eftir dómvenju, sbr. athugasemdir við 12. gr.

Ekki þykir ástæða til að víkja frá núgildandi reglu um að meta skuli einstaklingsbundið bætur til barna sem hinum látna var eigi skylt að lögum að framfæra. Aðstæður slíkra barna, t.d. fósturbarna, geta verið afar misjafnar. M.a. verður að taka tillit til þess hvort barn hefur auk framfærslu frá hinum látna notið eða á í vændum framfærslu frá þeim sem lögskylt er að framfæra það. Hins vegar er ekkert í frumvarpinu sem girðir fyrir að bætur verði ákveðnar með sama hætti og í 14. gr. þegar sannað þykir að barn hafi í raun verið að öllu leyti á framfæri hins látna þótt á honum hafi ekki hvílt framfærsluskylda að lögum. Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið geta bætur samkvæmt 12. gr. til barns, sem ekki átti lögvarða kröfu til framfærslu úr hendi hins látna, ýmist orðið hærri, lægri eða jafnháar þeim bótum sem ákveða skal þegar skilyrði 14. gr. eru fyrir hendi.

Samkvæmt 14. gr. eru bætur til eftirlifandi barna staðlaðar og skiptir því ekki máli hve mikil framfærsla var. Hér þykir rétt að miða við að bætur verði jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris sem tjónþoli á rétt á eftir almannatryggingalögum. Bótafjárhæð eftir þessari reglu er fundin með einfaldri samlagningu, en ekki með því að reikna höfuðstólsverðmæti greiðslna.

Reglur þessarar greinar mæla fyrir um staðlaðar bætur þar til barn nær 18 ára aldri. Þegar talið er að barn verði fyrir framfærslutjóni eftir að það er orðið 18 ára er heimilt eftir frumvarpinu að ákveða barninu bætur samkvæmt 12. gr. Verður bótafjárhæð því metin einstaklingsbundið eins og verið hefur. Ákvæðum 14. gr. er því ekki ætlað að skerða að neinu leyti þann rétt sem eldri börn en 17 ára geta átt til bóta fyrir missi framfæranda eftir núgildandi reglum.

Ef frumvarpið verður að lögum nýtur barn óskerts barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og auk þess skaðabóta eftir þessari grein. Munurinn á þessum bótum er sá að tryggingabæturnar greiðast mánaðarlega þar til barn nær 18 ára aldri, en bætur fyrir missi

framfæranda eftir þessari grein eru greiddar í einu lagi (með eingreiðslu sem svo er kölluð). Auk greindra bóta getur barn átt rétt á bótum úr lífeyrissjóði og koma þær ekki til frádráttar skaðabóta eftir þessari grein. Samkvæmt þessu verða bætur til barns vegna missis framfæranda eftir 14. gr. almennt mun hærri en nú er.

Í greininni segir að reikna skuli bætur frá þeim degi er tjón varð. Hér er átt við dánardægur, en ekki slysdag. Sjaldnast mundi þetta þó skipta máli. Deyi hinn látni framfærandi hins vegar löngu eftir að atvik það, sem olli dauða hans, bar að höndum getur það breytt miklu um bótafjárhæð við hvort tímamarkið er miðað. Fjárhæð bóta miðast samkvæmt þessu við andlát framfæranda, sbr. 2. mgr. 15. gr. og athugasemdir við 28. gr.

Um greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni, sjá athugasemdir við 12. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. er kveðið svo á að bætur skuli tvöfalda ef hinn látni var eini framfærandi barns þess sem hlut á að máli. Ákvæðið er í samræmi við eðli máls og þarfnast vart sérstaks rökstuðnings.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um áhrif verðlagsbreytinga á bætur. Í 1. mgr. er fjallað um breytingar á fjárhæðum sem sérstaklega eru greindar í frumvarpinu. Fjárhæðir þessar varða bætur fyrir þjáningar (3. gr.) og varanlegan miska (1. mgr. 4. gr.), hæstu árslaun (3. mgr. 7. gr.) og minnstu bætur fyrir missi framfæranda (2. málsl. 1. mgr. 13. gr.). Breytingar á fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska, sbr. 1. mgr. 4. gr., valda skv. 8. gr. hliðstæðum breytingum á örorkubótum á grundvelli miskastigs og bótum fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka vegna látins manns sem 8. gr. tekur til, sbr. 13. gr.

Bætur fyrir varanlega örorku eftir reglum 5.–6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. eru ákveðnar einstaklingsbundið á grundvelli árslauna tjónþola og taka ákvæði 1. mgr. ekki til þeirra. Það er hins vegar sameiginlegt þessum bótum fyrir varanlega örorku og bótum sem greindar eru í 1. mgr. að þær breytast í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu. Hér þykir eðlilegt að miða við lánskjaravísitölu sem er nú almennur mælikvarði sem farið er eftir þegar verðtryggja skal fjárskuldbindingar.

Ákvæði 15. gr. um breytingar eftir verðlagi gilda ekki um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað tjón, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. Bætur til barna vegna missis framfæranda reiknast skv. 14. gr. á grundvelli barnalífeyris almannatrygginga og á 15. gr. því ekki við um þær.

Í 1. málsl. 2. mgr. er sú regla að bætur skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda skv. 1. mgr. þegar bótafjárhæð er ákveðin. Hliðstæð regla er í 2. málsl. 2. mgr. um bætur fyrir varanlega örorku eftir reglum 5.–6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að bætur rýrni ekki að verðgildi frá því að tjón varð þar til bótafjárhæð er ákveðin með samningi eða dómi. Hér skal vakin athygli á 16. gr., en samkvæmt henni á tjónþoli kröfu til vaxta af bótum frá því að tjón varð.

Um 16. gr.

Þessi grein tekur aðeins til vaxta af bótum fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda. Þær bætur bera vexti frá því að tjón varð. Þetta á við þótt ekki sé unnt að gera bótakröfu að fullu upp fyrr en síðar, t.d. vegna þess að tjónþoli er enn undir læknishendi og óvíst er hve langan tíma meðferð tekur. Í slíkum tilvikum er fyrst unnt að ákveða endanlega bótafjárhæð þegar ekki er lengur að vænta breytinga á heilsu tjónþola, sbr. 2.–5. gr. frumvarpsins. Með reglu 16. gr. er annars vegar stefnt að því að tjónvaldur hagnist ekki á því að mál dregst á langinn og hins vegar að vextir bæti tjónþola

það upp að einhverju eða öllu leyti að hann fær ekki höfuðstól skaðabótanna fyrr en nokkur tími er liðinn frá því að tjón varð. Ljóst er samkvæmt framansögðu að samkvæmt þessari grein skiptir ekki máli um upphafstíma vaxta hvenær bótakrafa telst falla í gjalddaga.

Vextir skv. 1. mgr. þessarar greinar reiknast frá því að „tjón varð". Oftast hlýst tjón af einstökum skyndilegum atburði. Ef svo er eiga hin auðkenndu orð við sjálft slysið eða annað það atvik sem orsakar tjón, en ekki tímamarkið þegar allar afleiðingar slyssins eru komnar fram. Sé hins vegar um að ræða atvinnusjúkdóm eða annað tjón sem rakið verður til orsaka er valda skaða smám saman, t.d. mengunar, verður að telja að tjón í merkingu 16. gr. hafi ekki orðið fyrr en hinar skaðlegu afleiðingar koma í ljós, sbr. athugasemdir við 28. gr. Ef slys veldur því að slasaði deyr nokkru síðar ber krafa um bætur fyrir missi framfæranda vexti frá því að andlát bar að höndum, en ekki frá slysdegi.

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins um upphafstíma vaxta er ekki sama efnis og regla 1. málsl. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, en þar segir að skaðabótakröfur skuli bera vexti „frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað". Yfirleitt mundi upphafstími vaxta þó vera hinn sami eftir 16. gr. og greindu ákvæði vaxtalaga, t.d. þegar maður verður örkumla af einstökum skyndilegum atburði.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda eru verðtryggðar eftir því sem nánar segir í 15. gr. frumvarpsins. Regla 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. leiðir til þess að vextir leggjast á verðbættan höfuðstól þessara bóta frá þeim tíma að tjón varð. Rétt þykir að miða vexti af verðtryggðum bótum við 2% ársvexti. Eru það heldur lægri vextir en núverandi meðalvextir af 6 mánaða verðtryggðum reikningum í innlánsstofnunum. Eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, bera skaðabætur vexti sem miðast við óbundna óverðtryggða innlánsreikninga. Samkvæmt frumvarpinu eru bætur þær, sem 16. gr. tekur til, verðtryggðar og er greindur vaxtafótur valinn með hliðsjón af því. Gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi rétt á vaxtavöxtum þegar vextir eru reiknaðir eftir þessari grein.

Eins og fyrr segir á tjónþoli rétt á vöxtum skv. 1. mgr. án tillits til þess hvenær bótakrafa fellur í gjalddaga. Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum um upphafstíma dráttarvaxta eða öðrum ákvæðum vaxtalaga um dráttarvexti, sbr. 2. mgr. Ákvæði 15. gr. vaxtalaga um að skaðabótakröfur beri dráttarvexti að liðnum mánuði frá gjalddaga, þ.e. þeim degi er kröfuhafi lagði fram upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, gildir því fullum fetum um bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda þó að frumvarpið verði að lögum. Af því leiðir að krafa um slíkar bætur ber vexti eftir reglum 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins til gjalddaga, en frá þeim degi getur tjónþoli krafist dráttarvaxta eftir vaxtalögum. Eftir 2. málsl. 15. gr. vaxtalaga geta dómstólar þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta. Þá má og minna á 13. gr. vaxtalaga um tímabundið brottfall skyldu til að greiða dráttarvexti ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram.

Ekki þykir ástæða til að hafa í skaðabótalögum sérstakar reglur um upphafstíma vaxta af öðrum bótum en hér greinir, t.d. bótum fyrir atvinnutjón skv. 2. gr. eða læknishjálp og annan kostnað, sbr. 1. mgr. 1. gr., enda ber að ákveða fjárhæð bóta fyrir slíkt tjón á grundvelli verðlags eins og það var á hverjum tíma eftir tjónsatvikið. Regla 16. gr. tekur ekki heldur til bóta fyrir miska skv. 26. gr., en fjárhæð þeirra fer eftir mati dómstóla. Um upphafstíma vaxta af bótum þeim, sem 16. gr. tekur ekki til, fer eftir almennum reglum um vexti, sbr. eftir atvikum 2. málsl. 7. gr. vaxtalaga. Dráttarvaxtareglur vaxtalaga eiga að sjálfsögðu einnig við um bótakröfur sem 16. gr. frumvarpsins tekur ekki til.

Í frumvarpinu eru ekki heldur sérstök ákvæði um önnur atriði varðandi vexti af öðrum bótakröfum en þeim sem 1. mgr. tekur til. Um þær fer því eftir almennum reglum um vexti.

Um 17. gr.

Í 17. gr. eru reglur um endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda ef tjónþoli fær greiðslur frá þriðja manni vegna líkamstjóns.

Í 1. mgr. segir að endurkrafa verði ekki gerð vegna bóta frá almannatryggingum, hverju nafni sem þær nefnast. Skv. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, á Tryggingastofnun ríkisins nú allvíðtækan endurkröfurétt á hendur þeim sem skaðabótaábyrgð ber vegna atviks sem leitt hefur til greiðslu bóta frá almannatryggingum. Í reynd er þessum endurkröfurétti þó aðeins beitt þegar almannatryggingar greiða bætur fyrir umferðarslys sem skylt er að bæta af lögmæltri ábyrgðartryggingu bifreiðar. Telja má að endurkröfuréttur þessi skipti litlu máli og þess vegna er hér lagt til að hann verði afnuminn. Í samræmi við þetta segir í 29. gr. frumvarpsins að 59. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

Í 1. mgr. er einnig kveðið svo á að lífeyrissjóðir eða vátryggingafélög eigi ekki endurkröfurétt gagnvart hinum bótaskylda vegna greiðslu bóta fyrir líkamstjón. Er það ákvæði í samræmi við almennar reglur sem farið hefur verið eftir hér á landi. Að einu leyti er þó um breytingu að ræða frá gildandi réttarreglum. Tekið er fram í 1. mgr. að endurkrafa verði ekki gerð vegna vátryggingabóta og skipti ekki máli hvers eðlis vátryggingin sé. Hér er átt við að eftir gildistöku laganna skuli sama regla gilda um allar slysa- og sjúkratryggingar hvort sem greiðsla félagsins er „raunveruleg skaðabót“ í merkingu 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eða ekki. Nú gildir sú undantekningarregla eftir síðastgreindu lagaákvæði að vátryggingafélag á endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda vegna greiðslna úr slysa- eða sjúkratryggingu á beinum kostnaði o.fl. vegna vátryggingaratburðar. Undantekning þessi skiptir litlu sem engu máli í reynd og er því lagt til að hún verði afnumin. Um greiðslur vátryggingabóta sjá nánar athugasemdir við 22. gr.

Samkvæmt 2. mgr. getur vinnuveitandi endurkrafið hinn skaðabótaskylda um laun eða aðrar launatengdar greiðslur sem sá fyrrnefndi hefur innt af hendi vegna líkamstjóns. Endurkröfurétturinn nær samkvæmt orðanna hljóðan bæði til beinna launa og annarra gjalda sem vinnuveitanda ber að greiða í tengslum við forföll vegna líkamstjóns, t.d. orlofsfjár, framlags í lífeyrissjóð og skatts af launum (tryggingagjalds). Endurkrafa stofnast aðeins að því leyti sem vinnuveitandi hefur beðið tjón vegna slíkra greiðslna. Krafa vinnuveitanda getur heldur ekki orðið hærri en krafa sú sem tjónþoli (launþegi) átti á hendur hinum skaðabótaskylda. Hinn síðarnefndi getur borið fyrir sig sömu mótbárur gegn endurkröfunni og hann átti gagnvart tjónþola sjálfum, t.d. vegna eigin sakar tjónþola. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við reglur þær sem nú gilda. Endurkröfuréttur samkvæmt þessari málsgrein getur skipt verulegu máli fyrir atvinnurekendur, ekki síst þá sem reka lítil fyrirtæki og hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að dreifa þessari áhættu. Ákvæði 2. mgr. um endurkröfurétt taka ekki til þess er tjónþoli fær bætur úr lífeyrissjóði vegna líkamstjóns, t.d. örorkulífeyri, sjá 2. málsl. 1. mgr.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um að hve miklu leyti aðrir en tjónþoli sjálfur geti eignast skaðabótakröfu fyrir líkamstjón með samningi eða að arfi. Einnig fjallar greinin um stöðu þessara krafna hjóna á milli.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. segir að óheimilt sé að framselja kröfu um bætur vegna líkamstjóns, nema hún sé viðurkennd eða dæmd. Ákvæði þetta tekur bæði til fjártjóns og ófjárhagslegs tjóns og er því víðtækara en núgildandi regla í 2. málsl. 3. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sem aðeins tekur til ófjárhagslegs tjóns.

Í frumvarpinu eru ekki bein ákvæði um heimild skuldheimtumanna til að leita fullnustu í bótakröfum eða bótafé. Um það efni eru reglur í réttarfarslögum sem nú verða raktar í örstuttu máli. Um aðför í skaðabótakröfum til fullnustu peningakröfu eiga við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, en þau öðlast gildi 1. júlí 1992. Skv. 46. gr. þeirra verður fjárnám ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfæranda eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem slíkum kröfum tengist ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum. Skýra verður ákvæði 46. gr. svo að það taki bæði til kröfu um bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku. Ef frumvarpið verður að lögum mun ákvæði þetta því taka til bótakröfu fyrir atvinnutjón og varanlega örorku, svo og kröfu um bætur fyrir varanlegan miska skv. 4. gr. og þjáningabóta skv. 3. gr.

Hafi tjónþola verið greidd skaðabótakrafa er almenna reglan sú, sbr. upphafsákvæði 41. gr. laga nr. 90/1989, að taka má fé þó fjárnámi, nema um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framfæranda ef fé er sérgreint í vörslum hans og sá tími ókominn sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir, sbr. 2. tölul. 41. gr. Skv. 3. tölul. 41. gr. er peningaeign undanþegin fjárnámi ef hún er „nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við". Ákvæði þetta getur eftir atvikum átt við um greiddar bætur fyrir atvinnutjón.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og núgildandi regla 3. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákvæðið tekur aðeins til skilyrða þess að krafa um þjáningabætur eða bætur fyrir varanlegan miska gangi í arf. Ákvæðið varðar því ekki skilyrði þess að bótakrafa fyrir fjártjón vegna líkamsspjalla erfist. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á gildandi reglum um það. Samkvæmt dómum, sem gengið hafa, erfist slík krafa a.m.k. ef hún hefur verið gerð fyrir dómi áður en slasaði lést, sbr. t.d. H 1961, 432, og H 1989, 131.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. eru sérreglur sem ekki eru til nú í settum íslenskum lögum. Almennt má telja óeðlilegt að skaðabótafé vegna líkamstjóns, fjárhagslegs og ófjárhagslegs, skiptist við fjárslit milli hjóna, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Á þetta sérstaklega við um örorkubætur sem ætlað er að bæta tjónþola tekjumissi eða skerðingu tekna til frambúðar. Sama gildir um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, en þær eru mjög persónulegs eðlis. Í samræmi við þetta er kveðið svo á í 3. mgr. að bætur vegna líkamstjóns komi ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Hér er eingöngu átt við bæturnar sjálfar, en ekki síðari tíma vexti eða annan arð af fénu eða verðaukningu þess. Hafi tjónþoli t.d. keypt fasteign fyrir bæturnar og verðmæti fasteignarinnar eykst síðar skal skipta verðaukningunni eftir almennum reglum um fjárskipti milli hjóna. Skilyrði þess að 3. mgr. eigi við er að bótum hafi ekki verið eytt. Ef fé hefur runnið til almennrar neyslu hjónanna getur tjónþoli ekki krafist þess við skipti að fá af óskiptu fé sem svarar til skaða-

bótanna. Til þess að tryggja að í þessu efni komi ekki upp deilur um sönnun getur tjónþoli t.d. lagt bæturnar inn á sérstakan reikning í innlánsstofnun. Verji hann skaðabótum til kaupa á verðbréfum eða fasteign má geta þess með áritun á bréf eða afsal að eignin sé keypt fyrir bæturnar.

Umrædd regla í 1. málsl. 3. mgr. varðar einungis hvernig fara skuli með bætur við skipti vegna fjárslita. Ef eftirlifandi maki, sem fengið hefur bætur vegna missis framfæranda, stofnar að nýju til hjúskapar öðlast síðari maki heldur ekki rétt til bótafjárins. Sama á við um börn sem fengið hafa bætur og eru í hjúskap eða stofna til hjúskapar. Orðin „við fjárslit" taka til skipta á óskiptu búi þótt skiptin fari ekki fram fyrr eftir að langlífari maki hefur um tíma setið í óskiptu búi eftir andlát skammlífari maka.

Deyi eigandi bótanna (þ.e. slasaði sjálfur eða maki eða börn sem fengið hafa bætur fyrir missi framfæranda) koma bætur til skipta eftir almennum reglum eins og hjúskapareign dánarbús hans, sbr. 2. málsl. 3. mgr. Ástæða þess er sú að ekki eru lengur rök fyrir því að halda bótum sérgreindum þegar tjónþoli, sem bæturnar fékk, er látinn. Hér koma einnig til hagsmunir eftirlifandi maka tjónþola af því að makinn fær samkvæmt ákvæði þessu tækifæri til þess að sitja í óskiptu búi sem skaðabótafé rennur þá til eftir almennum reglum. Umrætt ákvæði í 2. málsl. 3. mgr. á þó ekki við ef bætur hafa verið gerðar að séreign með kaupmála.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar eingöngu um bætur sem greiða skal þegar skaðabótaábyrgð er fyrir hendi. Ekki þykir ástæða til að fara út fyrir gildissvið kaflans og leggja til að ákvæði 3. mgr. verði víðtækara en nú hefur verið rakið, t.d. þannig að ákvæðið taki til annarra greiðslna en skaðabóta, svo sem vátryggingarfjár. Hins vegar verður ekki gagnályktað frá 3. mgr. um slíkar greiðslur frá þriðja manni.

Um II. kafla.

Þessi kafli fjallar um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging tekur til, þar á meðal endurkröfu vátryggingafélags gegn þeim sem er skaðabótaskyldur.

Um 19. gr.

Um rök fyrir reglum þessarar greinar vísast til almennra athugasemda í köflum 2.2. og 4.9. hér að framan.

Um 1. mgr.

Samkvæmt 1. mgr. fellur skaðabótaábyrgð niður ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjónsins. Með munatryggingu er átt við vátryggingu á hlut, sbr. 54. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Munatrygging er skaðatrygging þar sem fjárhæð vátryggingabóta ákvarðast af verðmæti hlutarins sjálfs. Rekstrarstöðvunartrygging er skaðatrygging sem greiðir bætur fyrir tjón er hlýst af því að hlutur eða hlutir verða ekki notaðir á þeim tíma eða með þeim hætti sem til var ætlast, t.d. vegna missis leigu af hlut sem skemmist í eldsvoða.

Beri tveir eða fleiri skaðabótaábyrgð á sama tjóni og sé einn eða fleiri hinna bótaskyldu ábyrgðartryggður skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins, sjá nánar athugasemdir við síðarnefnda grein.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef vátryggingafélag greiðir bætur fyrir tjón þótt því sé ekki skylt að gera það eftir reglum vátryggingarsamningsins. Beri vátryggður einhvern hluta tjóns sjálfur samkvæmt skilmálum um eigin áhættu vátryggðs stofnast skaðabótaréttur fyrir þeirri fjárhæð sem eigin áhættu nemur. Ef vátryggt er undir verði ber hinn bótaskyldi skaðabótaábyrgð vegna þess hluta tjónsins sem ekki fæst bætt vegna undir-

tryggingar. Eigi vátryggingartaki rétt á iðgjaldsafslætti (bónus) vegna þess að vátryggingafélag hefur ekki þurft að greiða tjónsbætur vegna vátryggingar hans um tiltekinn tíma tekur vátryggingin til tjónsins. Í slíku tilviki stofnast því ekki skaðabótaréttur þó að missir iðgjaldsafsláttarins kunni að vera meiri en fjárhæð tjónsins. Hér er þess að geta að reglur um iðgjaldsafslátt eru þannig að réttur vátryggingartaka til hans miðast við tjónareynslu á öllu vátryggingartímabilinu, sem venjulega er eitt ár, þannig að þó að í gildi væri regla andstæð þeirri sem hér er byggt á gætu síðari tjónstilvik á sama vátryggingartímabili firrt vátryggingartaka rétti til iðgjaldsafsláttar. Skiptir hér ekki máli hvort hin síðari tjónstilvik verða rakin til saknæmrar háttsemi eða atvika sem enginn verður gerður bótaskyldur fyrir eftir skaðabótareglum.

Ákvæði 1. mgr. á bæði við um skaðabótaábyrgð innan samninga og utan, en vegna reglunnar í 2. tölul. 2. mgr. mundi oftar reyna á 1. mgr. um bætur utan samninga.

Ekki skiptir máli um gildi ákvæðisins hvort bótaábyrgð er reist á sakarreglunni eða víðtækari bótareglu. Reglur 2. tölul. 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. leiða þó til þess að 1. mgr. 19. gr. mundi í reynd ekki verða beitt um ýmis tjónstilvik sem víðtækar bótareglur eiga við um.

Af 1. mgr. leiðir að ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjóns stofnast hvorki skaðabótaréttur til handa tjónþola né endurkröfuréttur vátryggingafélags. Tjónþoli verður því að beina kröfu sinni að vátryggingafélagi, en getur ekki valið þann kost að krefja hinn bótaskylda.

Þegar skaðabótamál varðar hagsmuni, sem tengdir eru fleiri en einu ríki, fer um réttarsamband aðila málsins eftir lögum þess ríkis er dæma skal eftir um skaðabótaábyrgð, þótt lög annars ríkis eigi við um réttarstöðu aðila vátryggingarsamnings. Ákvæðinu ber því að beita í öllum tilvikum þar sem um sjálfa skaðabótaábyrgðina skal dæma eftir íslenskum rétti, jafnvel þótt um réttarsamband tjónþola og vátryggingafélags hans fari eftir erlendum rétti. Beri tjónsatvik að höndum á Íslandi er almenna reglan sú að skaðabótaábyrgð ræðst af íslenskum rétti hvort sem vátrygging sú, sem greiðir bætur vegna tjónsins, er keypt hjá íslensku eða erlendu félagi. Þær takmarkanir á skaðabótaábyrgð og þar með endurkröfurétti vátryggingafélaga, sem hér er gerð tillaga um, munu því eiga jafnt við um innlenda og erlenda vátryggjendur. Reglur þessar veita því erlendum félögum ekki betri rétt en íslenskum.

Vátryggingafélag getur ekki með því að semja við vátryggingartaka öðlast betri rétt en leiðir af reglum 19. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. og athugasemdir við þá grein. Samningur vátryggingartaka og vátryggingafélags þess efnis að vátrygging á hlut eða rekstrarstöðvunartrygging taki ekki til tjóns ef hinn bótaskyldi hefur fjárhagslegt bolmagn til að bæta það, er því ógildur. Hugsanlegt er að undanþáguákvæði í vátryggingarsamningi væri orðað svo að vátryggingin „taki ekki til“ tjóns sem hér um ræðir, þannig að undanþáguákvæðið væri formlega ekki andstætt 1. mgr. 19. gr. Þannig orðað samningsákvæði teldist ógilt eftir ákvæðum 2. mgr. 27. gr.

Um 2. mgr.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 19. gr. á regla 1. mgr. ekki við ef hinn skaðabótaskyldi hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Dómstólar skera úr um hvort gáleysi teljist stórfellt. Gáleysi getur verið stórfellt þótt það sé ekki vísvitandi. Ekki er gert ráð fyrir að hugtakið stórfellt gáleysi í ákvæði þessu verði skýrt á annan hátt en samsvarandi hugtak í núgildandi endurkröfuákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Eftir 2. tölul. 2. mgr. á 1. mgr. 19. gr. ekki við ef tjóni er valdið í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri. Þessi takmörkun veldur því að gildissvið 1. mgr. er einskorðað við tjón sem valdið er í einkalífi.

Ákvæði 2. tölul. 2. mgr. nær til alls kyns starfsemi í opinberri sýslu eða einkaatvinnurekstri, án tillits til þess hvort starfsemin er rekin af ríki, sveitarfélögum, einkaaðilum eða öðrum. Tilgangur ákvæðisins er sá að binda gildissvið 1. mgr. við skaðaverk í einkalífi. Til að taka af öll tvímæli um það þykir heppilegt að nefna einnig berum orðum rekstur sem er sambærilegur við opinbera starfsemi eða einkaatvinnurekstur. Ætlast er til að ákvæðið nái til athafna manna sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir hinni almennu reglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Ákvæðið tekur þó ekki til starfa sem unnin eru utan eiginlegs atvinnurekstrar. Þess vegna mundi ákvæðinu t.d. ekki verða beitt um ábyrgð foreldra sem eru bótaskyldir vegna þess að stúlka, sem fengin er til þess að gæta barns þeirra, veldur þriðja manni tjóni við það starf. Bótaábyrgð vinnuveitanda er eftir íslenskum rétti takmörkuð við tjón sem starfsmaður veldur við framkvæmd þess starfs sem hann gegnir í þágu vinnuveitandans eða í nánum tengslum við það. Ábyrgð utan samninga fellur því ekki á vinnuveitanda vegna tjóns sem starfsmaður veldur með svo óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti að almennt verði ekki gert ráð fyrir að menn hegði sér þannig við vinnu sína. Í slíkum undantekningartilfellum getur tjónvaldur notið góðs af 1. mgr. 19. gr., nema skaðaverkið verði metið honum til ásetnings eða stórfellds gáleysis, sbr. 1. tölul. 2. mgr.

Um 3. mgr.

Regla 3. mgr. um að starfsmaður beri ekki ábyrgð á tjóni ef vátrygging tekur til tjónsins varðar menn sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Ef starfsmaður veldur tjóni með svo óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti að almennt verði ekki gert ráð fyrir að menn hegði sér þannig við vinnu sína verður 3. mgr. ekki beitt. Þess í stað verður að dæma um atvikið eftir 1. og 2. mgr.

Til þess að 3. mgr. eigi við verður munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tjónþola að taka til tjónsins. Skilyrðið um munatryggingu eða rekstrarstöðvunartryggingu er samhljóða því sem greinir í 1. mgr. Bótaábyrgð gagnvart tjónþola fellur einnig niður skv. 3. mgr. ef vinnuveitandi tjónvalds er bótaskyldur og ábyrgðartrygging vinnuveitandans tekur til tjónsins. Starfsmaður er þá hvorki bótaskyldur gagnvart tjónþola né vinnuveitanda nema tjón verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins. Valdi starfsmaður tjóni af einföldu gáleysi felur regla 3. mgr., sbr. 2. tölul. 2. mgr., í sér að hann ber ekki bótaábyrgð ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjónsins. Þá skiptir ekki máli hvort vinnuveitandinn er ábyrgðartryggður. Starfsmaður er ekki heldur bótaskyldur þótt tjónþoli sé ekki vátryggður ef vinnuveitandi hefur ábyrgðartryggingu er tekur til tjónsins, sbr. það sem áður segir. Loks er launþegi ekki skaðabótaskyldur þótt hann valdi í starfi vinnuveitanda sínum tjóni í öðrum tilvikum ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging hins síðarnefnda tekur til tjónsins. Ef vátrygging er ekki fyrir hendi á ákvæði þetta ekki við. Um ábyrgð launþega fer þá eftir 23. gr.

Eins og vikið er að í kafla 4.9. hér að framan er kveðið svo á í almennum skilmálum ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur að starfsmenn vátryggingartaka séu ábyrgðartryggðir með sama hætti og vátryggður vinnuveitandi þeirra. Ábyrgðartryggður launþegi glatar þó rétti sínum á hendur vátryggingafélagi þegar vátryggingaratburður verður rakinn til ásetnings, stórfellds gáleysis, ölvunar hans eða neyslu hans á ávana- eða fíkniefnum. Umrætt ákvæði 3. mgr. samrýmist vel þessum skilmálum ábyrgðartryggingar að öðru leyti en því að í ýmsum tilvikum verður vátryggingaratburður ekki metinn manni til

stórfellds gáleysis þótt hann hafi verið ölvaður er hann olli tjóninu. Einnig er hugsanlegt að skaðaverk, sem maður veldur undir áhrifum ávana- eða fíkniefna, teljist í einhverjum tilvikum ekki vera af völdum stórfellds gáleysis hans.

Það leiðir af 3. mgr. 19. gr. og 20. gr. að launþegi í þjónustu opinbers aðila, sem ekki hefur keypt vátryggingu og ber því sjálfur alla áhættu af hinum óvátryggðu hagsmunum sínum, er því aðeins skaðabótaskyldur að hann hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Um 20. gr.

Reglur 19. gr. eiga því aðeins við að vátrygging hafi í raun verið keypt. Ef starfsemi er svo umfangsmikil að unnt er, þegar til lengdar lætur, að dreifa áhættu af tjóni á hliðstæðan hátt og gerist í vátryggingum kann að vera hagkvæmt fyrir þann sem starfsemina rekur að vátryggja ekki hagsmuni sína. Í slíkum tilvikum eru rök til þess að láta sömu reglu gilda um tjón sem verður á óvátryggðum hagsmunum.

Ákvæði 20. gr. varða tilvik þar sem vátrygging tekur ekki til tjóns, en staða tjónþola verður sú sama og vátrygging hefði verið keypt. Samkvæmt grein þessari er réttarstaða ríkissjóðs, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila gagnvart tjónvaldi sú sama og eftir 19. gr. ef tjónþoli kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu. Þegar skilyrði þessarar greinar eru fyrir hendi öðlast hið opinbera því engan skaðabótarétt á hendur tjónvaldi.

Núgildandi lækkunarregla í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, hefur verið skýrð svo að henni verði einungis beitt ef vátrygging tekur til tjóns. Þessu ákvæði 25. gr. laga um vátryggingarsamninga verður því t.d. ekki beitt um tjón sem ríkissjóður verður fyrir, en ríkið kaupir almennt ekki vátryggingar á hagsmunum sínum, sbr. reglur nr. 74/1974. Á þessu verður breyting ef frumvarpið verður að lögum. Breytingin mun væntanlega fyrst og fremst snerta ríkissjóð og ríkisstofnanir því að sveitarfélög, a.m.k. ekki hin stærri, fylgja yfirleitt ekki þeirri stefnu ríkissjóðs að hafa hagsmuni sína í eigin áhættu.

Hér er farin sú leið að takmarka gildissvið hinnar nýju reglu við opinbera aðila. Tiltölulega fáir einkaaðilar reka svo mikla starfsemi að þeir geti dreift áhættu nægilega þannig að þeir hafi hag af því að vera sínir eigin vátryggjendur. Mun því vera sjaldgæft að einkafyrirtæki fylgi í þessu efni sömu stefnu og ríkissjóður.

Til þess að 20. gr. verði beitt verður að sýna fram á að tjónþoli kaupi „almennt“ ekki vátryggingu. Hér ræður úrslitum hvort sá opinberi aðili, sem hlut á að máli, fylgir í reynd þeirri stefnu að dreifa tjónsáhættu sinni án vátrygginga. Hitt skiptir ekki máli hvort formleg ákvörðun hefur verið tekin um þetta. Ákvæðið tekur ekki til tjónþola sem aðeins hefur hluta af hagsmunum sínum í eigin „vátryggingu“, t.d. þannig að hann kaupir vátryggingar á munum en ekki rekstrarstöðvunartryggingu. Ákvæðið nær heldur ekki til tjónþola sem kaupir vátryggingu með þeim skilmálum að hann beri mjög mikla áhættu sjálfur. Það leiðir enn fremur af orðinu „almennt“ að ákvæðinu verður beitt þótt tjónþoli, sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga, kaupi vátryggingu í einstakt skipti ef um er að ræða sérstakt undantekningartilvik.

Reglu 20. gr. verður ekki beitt nema að uppfylltu því skilyrði 19. gr. að tjón hafi orðið á hlut eða vegna rekstrarstöðvunar eða hinn opinberi aðili hafi greitt skaðabætur vegna tjóns sem starfsmaður hans olli með saknæmri og ólögmætri hegðun.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru veigamiklar undantekningar frá reglum 19. og 20. gr. um að skaðabótaréttur stofnist ekki vegna tjóns sem nánar tilteknar vátryggingar taka til. Undantekningarnar varða hinar sérstöku skaðabótareglur sem gilda á sviði umferðar, loftferða og siglinga. Um rök fyrir undantekningum þessum vísast til almennra athugasemda í kafla 4.9. hér að framan.

Að bótareglum umferðarlaganna undanskildum eru lagaákvæði þau, sem hér um ræðir, reist á alþjóðasamningum að meira eða minna leyti. Verður að telja óæskilegt að Ísland lögfesti sérreglur sem víkja í grundvallaratriðum frá samræmdum alþjóðlegum bótareglum á sviði flutningaréttar.

Skaðabótareglur umferðarlaga, nr. 50/1987, er að finna í 88.–90. gr. þeirra. Hér er ekki eingöngu um að ræða þær reglur umferðarlaga sem eru frábrugðnar almennum bótareglum. Ákvæði 21. gr. tekur einnig til tjóns sem ber að greiða bætur fyrir eftir almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga.

Bótareglur laga um loftferðir, nr. 34/1964, eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru reglur í IX. kafla laganna um bótaskyldu flytjanda farþega, farangurs og farms. Í öðru lagi eru reglur X. kafla um bótaskyldu utan samninga, en þær taka til tjóns á mönnum eða munum sem eru utan loftfars.

Reglur siglingalaga um skaðabætur varða sumar bótaskyldu utan samninga en aðrar skaðabótaskyldu sem stofnast á grundvelli samnings. Helstu bótareglur siglingalaga eru í 68.–73. gr. þeirra, sbr. 118. gr. (um ábyrgð farmflytjanda), 137.–150. gr. (um ábyrgð farsala á farþegum og farangri), 158.–162. gr. (um ábyrgð vegna tjóns af árekstri skipa) og 171.–183. gr. (um ábyrgð útgerðarmanns).

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969, hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 14/1979 og auglýsingu nr. 10/1980 sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt 3. gr., sbr. 1. gr. samningsins, er meginreglan sú að eigandi skips, er flytur umbúðalausa olíu sem farm, ber hlutlæga ábyrgð á mengunartjóni af völdum olíu er hefur lekið eða verið losuð úr skipi.

Með ákvæðum 21. gr. frumvarpsins er stefnt að því að breyta ekki skaðabótareglum þeim sem nú gilda á sviði samgangna og flutninga. Endurkröfuréttur helst því alltaf án tillits til þess hvort um er að ræða ábyrgð á sakargrundvelli eða víðtæka bótaábyrgð. Getur tjónþoli því gert bótakröfu og vátryggingafélag endurkröfu vegna alls tjóns sem skaðabótareglur greindra laga taka til.

Um 22. gr.

Í þessari grein er almennt ákvæði um endurkröfur vátryggingafélags á hendur þriðja manni sem skaðabótaskyldur er við vátryggðan tjónþola. Greininni er ætlað að koma í stað 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Endurkröfuregla 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins takmarkast þó verulega af reglum 19. og 20. gr. Ef frumvarpið verður að lögum stofnast endurkröfuréttur þess vegna í miklu færri tilvikum en nú. Endurkröfuréttur verður þó áfram fyrir hendi á nokkrum mikilvægum sviðum, sbr. 21. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir fullum endurkröfurétti á hendur þeim sem bera bótaábyrgð eftir reglum umferðarlaga, siglingalaga o.fl.

Ákvæði 1. mgr. tekur almennt til skaðatrygginga. Að því er varðar vátryggingar á hlut eða rekstrarstöðvunartryggingar kemur 22. gr. þó aðeins til álita þegar skaðabótaábyrgð fellur ekki niður vegna ákvæða 1. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. Í 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins er hliðstæð regla um ábyrgðartryggingar. Falli bótaábyrgð ekki niður eftir

reglum II. kafla frumvarpsins öðlast vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur hinum bótaskylda skv. 1. mgr. 22. gr. Langflestar skaðatryggingar eru munatryggingar, ábyrgðartryggingar eða rekstrarstöðvunartryggingar, þannig að endurkröfuréttur skv. 1. mgr. verður í raun mjög takmarkaður. Skaðatryggingar, sem 1. mgr. tekur til, eru t.d. málskostnaðartrygging, vanskilatrygging og vátrygging gegn fjárdrætti.

Í 2. mgr. 22. gr. er undantekning frá almennu reglunni í 1. mgr. um endurkröfurétt. Undantekningin kemur einnig fram í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, en samkvæmt síðarnefndu ákvæði verður sá sem ber bótaábyrgð á líkamstjóni ekki endurkrafinn um vátryggingabætur sem greiddar hafa verið vegna þess. Má því segja að 2. mgr. 22. gr. sé ofaukið. Rétt þykir þó að taka umrædda reglu einnig upp hér til þess að hún sé með öðrum ákvæðum sem varða endurkröfu í II. kafla frumvarpsins. Kemur þá skýrt og greinilega fram að 1. mgr. 22. gr. á ekki við um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu.

Í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr. segir að ekki skipti máli „hvers eðlis vátryggingin er“. Hér er átt við að eftir ákvæðum þessum skiptir engu hvort bætur vátryggingafélagsins eru ákveðnar eftir reglum um skaðatryggingar eða svonefndar summutryggingar. Endurkröfuréttur félags, er greitt hefur slysatryggingabætur sem teljast „raunveruleg skaðabót“, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, verður því ekki lengur fyrir hendi ef frumvarpið nær fram að ganga. Helstu dæmi um slysatryggingar, er nú greiða bætur sem eru „raunveruleg skaðabót“, eru slysatrygging ökumanns samkvæmt umferðarlögum og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki. Vátryggingafélög, sem annast slysatryggingar þessar, hafa til þessa ekki beitt endurkröfurétti þeim sem þau eiga eftir núgildandi lögum.

Skilja ber 1. og 2. mgr. 22. gr. þannig að þær eigi eingöngu við um vátryggingar í skilningi laga nr. 20/1954.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um ábyrgð starfsmanna, almenn heimild til að lækka skaðabætur eftir sanngirnis- og velferðarsjónarmiðum, svo og regla um heimild til þess að líta í sérstökum tilvikum fram hjá því að tjónþoli er sjálfur meðvaldur að tjóni. Enn fremur eru í kaflanum reglur um hvernig skipta ber ábyrgð innbyrðis milli tveggja eða fleiri aðila sem bótaskyldir eru vegna sama tjóns. Loks er í kafla þessum regla um bætur fyrir miska og ákvæði um að hve miklu leyti semja megi um að víkja frá reglum laganna.

Um 23. gr.

Greinin varðar skaðabótaábyrgð starfsmanns, annars vegar gagnvart þriðja manni og hins vegar gagnvart vinnuveitanda.

Yfirleitt mun aðeins reyna á grein þessa þegar munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda tekur ekki til tjóns þess sem starfsmaður hans veldur. Greiði hins vegar einhver þessara vátrygginga bætur gildir regla 3. mgr. 19. gr., sbr. 21. gr., þannig að starfsmaður ber almennt ekki bótaábyrgð, nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Um þetta vísast til athugasemda við 3. mgr. 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. varðar þá stöðu sem oftast reynir á hér, þ.e. þegar tjónþoli tekur þann kost að krefja vinnuveitanda tjónvalds. Samkvæmt ákvæðinu á vinnuveitandi einungis endurkröfu á hendur launþega ef telja má þá niðurstöðu sanngjarna þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Í 2. mgr. er regla um þau fremur fátíðu tilvik er tjónþoli fer þá leið að krefjast bóta úr hendi starfsmannsins. Skv. 1. málsl. 2. mgr. má skerða eða fella niður ábyrgð launþega gagnvart tjónþola. Þegar ákvörðun er tekin um hvort svo skuli gert skal ekki aðeins líta til aðstæðna tjónvalds heldur einnig til hagsmuna tjónþola. Þessi regla í 1. málsl. 2. mgr. gæti orðið til þess að starfsmaður verði að greiða tjónþola hærri fjárhæð en hann hefði átt að greiða ef vinnuveitandi hefði greitt tjónþola og síðan endurkrafið starfsmanninn eftir 1. mgr. Reglunni í 2. málsl. 2. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir að starfsmaður skaðist með þessum hætti. Samkvæmt henni getur starfsmaður krafið vinnuveitanda um bætur, er hann hefur greitt, að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir reglu 1. mgr.

Í 3. mgr. er almenn regla um bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda þegar sá síðarnefndi hefur orðið fyrir tjóni án þess að bótaábyrgð hafi stofnast gagnvart þriðja manni. Ábyrgð starfsmanns er hér takmörkuð í sama mæli og endurkröfuréttur eftir 1. mgr.

Lækkunarreglur 23. gr. gilda, eins og fram hefur komið, um ábyrgð starfsmanns. Þeim og reglu 3. mgr. 19. gr. verður beitt um menn sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir hinni almennu reglu um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna. Hugtakið starfsmaður er því notað í víðtækri merkingu í frumvarpinu. Lækkunarreglurnar eiga m.a. við um opinbera starfsmenn.

Eins og getið er í almennu athugasemdunum hér að framan getur ákvæði 2. mgr. valdið því að starfsmaður geti, ef vinnuveitandi er ógjaldfær, þurft að greiða þriðja manni bætur án þess að reglur 23. gr. um endurkröfurétt starfsmanns á hendur atvinnurekanda komi starfsmanni að haldi. Um það er fjallað nánar í kafla 4.10. hér að framan.

Ákvæði 3. mgr. varðar tjón sem starfsmaður veldur í starfi sínu á hagsmunum vinnuveitanda. Hér er fyrst og fremst haft í huga að starfsmaður skemmi eða eyðileggi hluti í eigu vinnuveitanda, t.d. verkfæri eða vörur. Orðalag ákvæðisins er hins vegar almennt og tekur einnig til ábyrgðar sem stofnast ef starfsmaður vanefnir vinnusamning, t.d. með því að hverfa á brott án þess að gæta ákvæða um uppsagnarfrest. Hér er um að ræða vægari bótareglu en nú gildir um ábyrgð starfsmanna eftir almennum bótareglum. Ekki er þó líklegt að ákvæðið leiði til verulegra breytinga því að í reynd skiptir skaðabótaréttur vinnuveitenda á hendur starfsmönnum litlu máli.

Hér er ekki gerð tillaga um að breyta lækkunarheimildum í 2. mgr. 132. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eða 96. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög. Haldast þær því óbreyttar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er almenn lækkunarheimild, þ.e. heimild til að skerða eða fella niður skaðabótarétt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greinin á við um alls konar tjón: tjón á mönnum (þar á meðal ófjárhagslegt tjón), munum og almennt fjártjón. Ekki skiptir máli hvort bótaskylda hvílir á almennum reglum eða sérreglum í lögum eða hvort hún er reist á sakarreglunni eða víðtækari bótareglum, t.d. reglunni um óðs manns víg í 8. kap. Mannhelgisbálks Jónsbókar. Reglan gildir jafnt um skaðabótaskyldu utan samninga og bótaábyrgð sem styðst við samning.

Gildissvið þessa ákvæðis er samkvæmt framansögðu svo víðtækt að það verður með réttu nefnt „almenn“ lækkunarheimild. Jafnframt verður að leggja áherslu á að heimildin er „sérstök“ í þeim skilningi að ætlast er til að henni verði eingöngu beitt þegar skaðabótareglur mundu annars leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu. Ákvæðið er með öðrum orð-

um eins konar öryggisregla sem notuð verður í sérstökum undantekningartilvikum.

Fyrsta málsgrein er tvíþætt. Í fyrsta lagi felst í henni regla þess efnis að úr ábyrgð má draga eða fella hana niður ef bótaábyrgð yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja að hann greiddi fullar bætur. Þessari reglu yrði beitt þegar talið yrði óviðunandi, í ljósi félagslegra viðhorfa og mannúðarsjónarmiða, að leggja þá byrði á tjónvald að gera honum að greiða fullar bætur. Eftir þessu er það fyrst og fremst fjárhagur tjónvalds sem skiptir máli þegar meta skal hvort beita eigi heimildinni. Önnur atriði, sem talin eru í greininni: stærð (fjárhæð) tjóns, eðli bótaábyrgðar, hagsmunir tjónþola og vátryggingar sem fyrir hendi voru, hafa einnig áhrif þegar meta skal hvort ósanngjarnt sé að leggja tjónsbyrðina á tjónvald. Þar sem reglu þessari er ætlað að vera öryggisúrræði ef félagsleg viðhorf og mannúðarsjónarmið gera nauðsynlegt að víkja frá almennum reglum á þó ekki að vera alveg girt fyrir að bætur verði lækkaðar þótt tjón verði rakið til stórfellds gáleysis tjónvalds eða jafnvel ásetnings hans. Þegar efni þykja til að beita heimildinni mundi yfirleitt vera álitið rétt að fella ekki alveg niður bætur, heldur lækka þær og dæma greiðslu sem ekki telst svo þungbær að ósanngjarnt yrði talið.

Í öðru lagi felur 1. mgr. í sér reglu um að skerða megi eða fella niður bótaskyldu ef það þykir sanngjarnt vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þessari reglu verður því beitt þótt ekki sé fyrir hendi umrætt skilyrði um bótaábyrgð sem yrði tjónvaldi óeðlilega þungbær ef það telst af öðrum ástæðum ósanngjarnt að hann greiði nokkrar eða fullar bætur. Með orðalaginu „vegna mjög óvenjulegra aðstæðna“ er áhersla lögð á að reglan kemur aðeins til álita í sjaldgæfum undantekningartilvikum.

Sem dæmi um tilvik, þar sem beita mætti lækkunar- og niðurfellingarheimildinni, má nefna að slasaður maður eða þeir sem misst hafa framfæranda séu jafn vel settir fjárhagslega og þeir voru áður en tjónsatvik bar að höndum, t.d. vegna arfs eða greiðslu vátryggingarfjár. Sé tjónvaldur ábyrgðartryggður mundi bótaskylda ekki vera þungbær og væri þá ekki unnt að beita heimildinni.

Svo sem fram kemur í kafla 4.11. í almennu athugasemdunum hér að framan er gert ráð fyrir að lækkunarheimildinni yrði fyrst og fremst beitt um skaðabætur utan samninga. Í 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, felst hliðrunarregla sem heimilar að efni samnings eða samningsákvæðis sé breytt í þá átt að samningurinn verði í heild ekki ósanngjarn. Heimild frumvarpsins til að lækka eða fella niður bótaábyrgð kemur ekki í stað hliðrunarreglu samningalaga. Ekki er ætlast til að heimildin verði notuð til að víkja ákvæðum samnings til hliðar. Þetta á ekki síst við um skaðabótaábyrgð sem stofnast af því að aðili samnings vænrækir að inna af hendi umsamda greiðslu. Á hinn bóginn er ekki fyrir það girt að bætur verði lækkaðar þegar svo stendur á, t.d. ef tjónsbyrði er óvenjumikil og þungbær þegar litið er til bótagrundvallar sem ábyrgð vegna vanefnda hvílir á.

Samkvæmt 24. gr. skal líta til vátrygginga sem aðilar höfðu. Það að tjónþoli var ekki vátryggður, þótt hann hefði átt kost á að vátryggja hagsmuni sína, hefur ekki áhrif á réttarstöðu aðila samkvæmt þessari grein.

Eftir 2. mgr. má, að fullnægðum skilyrðum 1. mgr., líta alveg eða að nokkru fram hjá því að tjónþoli var meðvaldur að tjóni. Sama á við í dánarbótamálum þegar hinn látni átti sjálfur sök.

Ákvæði þetta veldur því að reglum 1. mgr. um skerðingu eða brottfall bótaréttar má einnig beita um eigin sök tjónþola. Dómari getur því ákveðið að lækka ekki bætur eftir þeim reglum sem ella gilda um eigin sök tjónþola. Tjónþoli getur þannig annaðhvort fengið fullar bætur eða stærri hlut bóta en hann hefði fengið eftir almennum reglum um

eigin sök. Skilyrði þess er, sbr. 1. mgr., að það mundi annaðhvort vera tjónþola of þungbært að beita reglum um eigin sök eða það þætti að öðru leyti sanngjarnt vegna mjög óvenjulegra aðstæðna að veita tjónþola hærri bætur þrátt fyrir eigin sök. Heimild 2. mgr. verður eins og reglu 1. mgr. aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Orðið „meðvaldur“ í 2. mgr. tekur ekki aðeins til eigin sakar í þrengstu merkingu heldur einnig til tilvika þar sem maður fyrirgerir skaðabótarétti með áhættutöku, þ.e. því að taka þátt í háttsemi sem hefur mjög mikla hættu í för með sér.

Þegar tveir valda hvor öðrum tjóni við sama atvik og ábyrgðartrygging tekur til tjóns getur þurft að beita svonefndri tveggja kröfu (bruttó) aðferð til þess að heimildarákvæði 1. og 2. mgr. gagnist tjónvaldi. Uppgjör eftir tveggja kröfu aðferðinni fer þannig fram að kröfurnar eru greiddar óháð hvor annarri. Í slíku tilviki getur vátryggingafélag því ekki notað einnar kröfu (nettó) aðferðina og borið fyrir sig skuldajöfnuð gagnvart kröfu tjónþola með þeim rökum að vátryggður (tjónvaldur) eigi kröfu á tjónþola.

Um 25. gr.

Grein þessi fjallar um hvernig skipta skal tjónsbyrði endanlega milli hinna skaðabótaskyldu þegar fleiri en einn bera óskipta ábyrgð vegna sama tjóns. Hins vegar leysir greinin ekki það álitamál hvort hinir skaðabótaskyldu beri óskipta ábyrgð eða á hvaða grundvelli. Ákvæði þetta varðar því ekki réttarstöðu tjónþola gagnvart hinum bótaskyldu. Reglur greinarinnar eiga bæði við um skaðabótaskyldu innan samninga og utan.

Í 1. mgr. er sú meginregla að ábyrgð skal endanlega skipta á hina bótaskyldu eftir því sem sanngjarnt þykir. Með 1. mgr. er ætlað að slá því föstu berum orðum í settum lögum að líta skuli til fleiri atriða en sakarstigs þegar tjóni er jafnað niður á fleiri en einn bótaskyldan aðila. Þegar annar (einn) hinna bótaskyldu ber ábyrgð eftir sakarreglunni en hinn (hinir) eftir reglu um ábyrgð án sakar er ekki alltaf eðlilegt að hinn (hinir) síðarnefndi eigi fortakslaust (fulla) endurkröfu á þann sem bótaábyrgð ber eftir sakarreglunni. Í slíkum tilvikum getur verið ástæða til að líta til „eðlis skaðabótaábyrgðar“. Orðin „atvika að öðru leyti“ veita m.a. svigrúm til að líta til áhættusjónarmiða og félagslegra viðhorfa þegar skipting bótaábyrgðar er ákveðin.

Ákvæði 1. mgr. eiga við þegar annaðhvort enginn (annar) eða allir (báðir) hinna bótaskyldu eru ábyrgðartryggðir. Á opinbera aðila, sem dreifa áhættu sinni án vátrygginga, ber hér að líta eins og ábyrgðartryggðir væru, sbr. 20. gr. Um skiptingu ábyrgðar milli hinna skaðabótaskyldu þegar einn eða fleiri, en ekki allir þeirra, eru ábyrgðartryggðir eða opinberir aðilar er dreifa áhættu sinni án vátrygginga, fer eftir tveimur reglum sem eru í 2. mgr.

Í 2. mgr. felst að við skiptingu tjónsbyrðar skal taka tillit til þess hvort einn eða fleiri hinna bótaskyldu voru ábyrgðartryggðir. Skv. 1. málsl. 2. mgr. eiga ákvæði 1. og 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. beint við ef annar eða einn tjónvalda er ábyrgðartryggður. Regla þessi felur í sér mun víðtækara brottfall skaðabótaskyldu en nú er gert ráð fyrir í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Ef tveir bera bótaábyrgð vegna sama tjóns og aðeins annar þeirra hefur ábyrgðartryggingu sem greiðir tjónþola bótakröfuna tekur 1. mgr. 19. gr. til endurkröfu ábyrgðartryggingafélagsins. Leiðir það til þess að bótaábyrgð hins tjónvaldsins fellur niður nema hann sé ábyrgur eftir einhverri bótareglu sem getið er í 21. gr. eða eitthvert skilyrða 2. mgr. 19. gr. sé fyrir hendi, þ.e. að tjóni sé valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í opinberri starfsemi, einkarekstri eða þess háttar. Hafi sá tjónvaldur, sem ekki er ábyrgðartryggður, greitt tjónþola bætur á hinn fyrrnefndi almennt fullan endurkröfurétt á hendur ábyrgðartryggjanda þess tjón-

valds sem ábyrgðartryggður er. Séu báðir (allir) tjónvaldar ábyrgðartryggðir skal ekki beita 1. mgr. 19. gr.

Ef 1. mgr. 19. gr. á ekki við vegna reglna í 2. mgr. 19. gr. eða 21. gr. er heimilt að taka tillit til ábyrgðartrygginga þegar tjónsbyrði er skipt milli hinna bótaskyldu, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. Í þessu felst að þó að ábyrgð tjónvalds, sem ekki er ábyrgðartryggður, falli ekki niður, sbr. ákvæði 2. mgr. 19. gr. og 21. gr., er samt sem áður heimilt að líta til ábyrgðartrygginga(r) sem taka (tekur) til tjónsins. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. mundi t.d. mega fella tjónsbyrði endanlega á ábyrgðartryggðan atvinnurekanda í einkarekstri eða á opinberan aðila nema rétt þyki vegna varnaðarsjónarmiða að dæma tjónvald þann, sem ekki hefur ábyrgðartryggingu, bótaskyldan. Þessi regla í 2. málsl. getur því í mörgum tilvikum orðið til þess að skaðabótakrafan greiðist endanlega af ábyrgðartryggingunni.

Í 3. málsl. 2. mgr. kemur fram að reglur 2. mgr. (bæði 1. og 2. málsl.) eiga einnig við ef svo stendur á sem lýst er í 20. gr., þ.e. þegar tjónvaldur (opinber aðili) er ekki ábyrgðartryggður en dreifir áhættu sinni án vátrygginga.

Þegar vinnuveitandi og starfsmaður bera óskipta ábyrgð skal fara eftir reglum 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. Þau ákvæði eiga hins vegar ekki einungis við um réttarstöðu tjónþola gagnvart hinum bótaskyldu heldur einnig réttarstöðu tjónvalda innbyrðis.

Til eru í einstökum lögum sérstakar reglur um hvernig skipta beri skaðabótum milli þeirra sem bera óskipta ábyrgð, sjá einkum 3. mgr. 158. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Frumvarp þetta haggar ekki slíkum sérákvæðum.

Um 26. gr.

Aðalregla íslensks réttar um bætur fyrir (1) spjöll á líkama eða frelsi manna, (2) refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru og (3) aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, er í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Í sömu grein er einnig meginregla um dánarbætur, sbr. 2. mgr. Ákvæðum 1., 2., 5.–9. og 12.–14. gr. frumvarpsins er ætlað að koma í stað þeirra réttarreglna sem nú gilda um fjártjón vegna líkamsspjalla, þar á meðal dauða, en 3. og 4. gr. frumvarpsins í stað ákvæða 264. gr. um ófjárhagslegt tjón vegna líkamsspjalla.

Með 26. gr. er stefnt að því leysa af hólmi reglur 264. gr. hegningarlaga um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna meingerðar gegn frelsi, persónu, friði eða æru. Auk bóta fyrir ófjárhagslegt tjón eftir 26. gr. yrði áfram unnt samkvæmt almennum skaðabótareglum að dæma bætur fyrir fjártjón af slíkum réttarbrotum.

Í greininni er ekki ákvæði er svarar til núverandi heimildar til að dæma bætur fyrir „aðra meingerð sem telja má drýgða af illfýsi“. Hálfrar aldar reynsla af heimildinni bendir ekki til að mikil þörf sé á sérstakri reglu í skaðabótalögum um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón af slíkum atvikum. Nægilegt þykir að setja ákvæði um skyldu til að greiða miskabætur fyrir meingerð sem telst ólögmæt. Um aukna réttarvernd sem leiðir af 26. gr. frumvarpsins sjá hér á eftir. Brottfall heimildar til að dæma miskabætur fyrir meingerð, sem álíta má drýgða af illfýsi, mundi að sjálfsögðu ekki girða fyrir rétt til bóta eftir almennum skaðabótareglum vegna fjártjóns sem rekja mætti til slíkrar meingerðar.

1. og 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga eru heimildarákvæði, en eftir 26. gr. er skylt að dæma bætur ef bótaskilyrði eru að öðru leyti fyrir hendi.

Samkvæmt 264. gr. skal meingerð vera refsiverð til þess að réttur stofnist til bóta fyrir ófjárhagslegt tjón vegna meingerðar gegn persónu, friði eða æru. Sú mikilvæga breyting felst í 26. gr. að fallið er frá því skilyrði. Nægilegt er að meingerðin sé ólögmæt. Ef

frumvarpið verður að lögum veitir breyting þessi stóraukna réttarvernd gegn brotum af þessu tagi, t.d. brotum gegn friðhelgi einkalífs.

Á hinn bóginn er bótaréttur að formi til þrengdur að því er varðar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna skerðingar á frelsi. Eftir 264. gr. nægir að spjöll á frelsi verði rakin til atviks sem hefur skaðabótaskyldu í för með sér eftir einhverri skaðabótareglu, þar á meðal reglum um bótaskyldu án sakar. Samkvæmt 264. gr. er það því ekki skilyrði ákvörðunar miskabóta fyrir frelsisskerðingu að tjónsatvik sé ólögmætt. Ætla verður að þessi þrenging á bótaskilyrðum skipti þó ekki máli í raun því að vandfundin munu tilvik frelsiskerðingar sem bóta verður krafist fyrir eftir 264. gr. hegningarlaga en ekki eftir reglum frumvarpsins. Hér verður og að hafa í huga að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á sérstökum ákvæðum í réttarfarslögum um heimild til greiðslu miskabóta, sbr. það sem greinir í lok athugasemda með þessari grein.

Þeim sem valdið hefur líkamsmeiðingum, framið kynferðisbrot eða önnur álíka afbrot getur eftir atvikum verið skylt að greiða þeim sem misgert er við miskabætur eftir 26. gr. frumvarpsins auk bóta fyrir líkamstjón.

Í skilyrði 26. gr. um ólögmæta meingerð felst að um saknæma hegðun sé að ræða. Gáleysi mundi þó þurfa að vera verulegt til þess tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Hugtak þetta mundi t.d. ekki taka til smávægilegra hrekkja eða stríðni.

Eftir ákvæði þessu fellur skylda til greiðslu miskabóta á þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð. Ekki er nauðsynlegt að viðkomandi sé sjálfur sekur um meingerðina. T.d. mundi unnt að sækja bætur fyrir ófjárhagslegt tjón úr hendi vinnuveitanda starfsmanns sem gerist sekur um ólögmæta meingerð þótt vinnuveitandinn eigi sjálfur enga sök, enda séu fyrir hendi öll skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Hins vegar mundi bóta eftir 26. gr. ekki verða krafist á grundvelli reglna um bótaskyldu án sakar (hreina hlutlæga ábyrgð).

Ekki er stefnt að því að greinin leiði til breytinga á reglum um ákvörðun fjárhæðar bóta.

Ákvæði 2. málsl. er sett til þess að skýrt komi fram að reglur 1. og 2. mgr. 18. gr. um aðilaskipti að kröfum um bætur fyrir líkamstjón eigi einnig við um bótakröfur vegna meingerða þeirra sem hér um ræðir.

Í nokkrum lögum eru sérákvæði um bætur fyrir miska, sbr. t.d. 38. gr. laga nr. 47/1968, um vörumerki, 2. mgr. 56. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, 58. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, 22. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og ýmis ákvæði í lögum á sviði réttarfars. Ákvæði þessi breytast ekki þótt frumvarpið verði að lögum.

Um 27. gr.

Greinin felur í sér reglur um að hve miklu leyti víkja megi með samningi frá ákvæðum laganna. Ákvæði greinarinnar takmarka að verulegu leyti rétt manna til semja sig frá reglum laganna áður en tjón verður. Tekur 1. mgr. til samninga sem eru í óhag tjónþola en 2. mgr. samninga sem eru í óhag hinum bótaskylda.

Þörf þykir vera á slíkri takmörkun vegna þess að án hennar verður tilgangi margra af reglum laganna naumast náð. Hætt er við að sá sem kann að verða fyrir tjóni og sá sem hugsanlega getur orðið bótaskyldur geti oft ekki gert sér grein fyrir afleiðingum samnings sem gerður er fyrir fram, jafnvel löngu áður en tjón ber að höndum. Yfirleitt gegnir allt öðru máli um samning sem gerður er eftir að tjón er orðið. Þá eiga menn þess almennt kost að kanna allrækilega fjárhagslegar afleiðingar sem samningsákvæði um skaða-

bætur hafa fyrir báða aðila. Ef slíkur samningur telst ósanngjarn er þó heimilt að víkja honum til hliðar í heild eða að hluta eða breyta honum skv. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Samkvæmt 1. mgr. er ekki heimilt, áður en tjón verður, að víkja í óhag tjónþola frá reglum 1.–16. gr. (um bætur fyrir tjón á mönnum), 2. mgr. 24. gr. (um tilhliðrun þegar tjónþoli er meðvaldur) og 26. gr. (um bætur fyrir miska). Samningur um lakari réttarstöðu tjónþola um efni, sem þessi ákvæði taka til, er því ógildur. Óþarft er að nefna hér 18. gr. af því að 18. gr. er samkvæmt efni sínu ófrávíkjanleg, hvort heldur er áður en eða eftir að tjón ber að höndum.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. breyta engu um gildi sérstakra ákvæða í lögum um takmarkaða ábyrgð, t.d. reglna siglingalaga og laga um loftferðir.

Fyrsta málsgrein 27. gr. tekur ekki til undanþáguákvæða í samningi ef þau snerta ábyrgðargrundvöllinn. Um samningsskilmála þess efnis fer eftir reglum þeim sem nú gilda. Hér má nefna að nú ríkir almennt sú skoðun að mönnum sé óheimilt að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rakið verður til stórfellds gáleysis. Sá sem veldur líkamstjóni með þeim hætti mundi því ekki geta borið fyrir sig slíkt undanþáguákvæði.

Ákvæði 2. mgr. eru, svo sem áður er vikið að, gerð til þess að tryggja hagsmuni hins bótaskylda. Það að 1. og 3. mgr. 19. gr. og 20. gr. eru ekki frávíkjanlegar hefur t.d. í för með sér að áður en tjón verður má eigi semja svo um að skaðabótaskylda stofnist ef vátrygging er fyrir hendi og að sá sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga geti ekki með samningi áskilið sér betri rétt en tjónþoli sem keypt hefur vátryggingu. Sé samningur af þessu tagi gerður eftir að tjón er orðið hefur hann að sjálfsögðu aðeins áhrif gagnvart hinum skaðabótaskylda að hann sé aðili að samningnum.

Engar skorður eru settar við því að vikið sé með samningi frá reglum 1. mgr. 22. gr., enda þurfa hagsmunir tjónvalds eða tjónþola ekki neinnar sérstakrar verndar þegar sú grein á við.

Hin almenna lækkunarregla er í 1. mgr. 24. gr. Ástæða þess að ekki má víkja frá henni með samningi er sú að hlutverk hennar er að vernda hinn bótaskylda fyrir kröfum sem leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. segir að víkja megi frá 25. gr. að því er varðar tjón sem valdið er í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri. Ástæða þessarar undanþágu frá reglu 1. málsl. er m.a. sú að 25. gr. á einnig við um bótaskyldu innan samninga, en þar kann að vera sanngjarnt og hagnýtt að ákveða fyrir fram með samningi hvernig bótaskylda skuli skiptast milli aðila sem bera óskipta ábyrgð á tjóni.

Um IV. kafla.

Í kaflanum segir hvenær lögin taki gildi. Þar er og kveðið á um brottfall nokkurra lagaákvæða sem frumvarpið leysir af hólmi.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1992 og að hinar nýju reglur taki til skaðabótaábyrgðar vegna tjóns sem verður eftir gildistöku laganna.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á skaðabótarétt vegna tjóns sem verður áður en lögin öðlast gildi. Um tjón, sem ber að höndum fyrir 1. júlí 1992, fer því eftir núgildandi reglum. Skipt getur verulegu máli hvenær tjón er talið hafa orðið. Ekki verður deilt um hvenær tjón varð þegar tjónsatvik er skýrt afmarkaður skyndilegur atburður og skaðvænar afleiðingar hans koma strax í ljós.

Hins vegar getur það orkað tvímælis ef orsök tjóns er langvarandi áhrif eða ástand sem stendur nokkra hríð. Sama á t.d. við ef afleiðingar tjónsatviks koma ekki strax fram og nokkurn tíma tekur að staðreyna eftirköst þess. Í slíkum tilvikum ber að skilja ákvæði þessarar greinar svo að reglur frumvarpsins um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón eigi við þegar skaðlegar afleiðingar ber að höndum 1. júlí 1992 eða síðar, án tillits til þess hvenær hin skaðvæna hegðun hefst eða gerist eða hve lengi hún hefur staðið. Hafi t.d. ólögmætt ástand varað langa hríð og smám saman valdið heilsutjóni skal hinn bótaskyldi greiða bætur eftir reglum frumvarpsins ef líkamlegar afleiðingar koma ekki fram fyrr en 1. júlí 1992 eða síðar. Sama á við þótt hinu ólögmæta ástandi sé lokið fyrir 1. júlí 1992 og áhrifa þess gæti þá ekki lengur. Tjón, sem gerist hægt eða smám saman, verður almennt talið hafa orðið þegar skaðlegar afleiðingar verða greinilega sannreyndar. Ekki verður talið að tjón, sem rakið verður til vanrækslu á að gera lögmæltar öryggisráðstafanir eða þess háttar, hafi orðið strax og vanrækslan hófst, heldur þegar skaðlegar afleiðingar vanrækslunnar koma í ljós.

Í sumum tilvikum verður að telja að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni sínu við ákveðinn skyndilegan atburð þótt skaðlegar afleiðingar hans verði eða komi í ljós að einhverju eða öllu leyti síðar. Til dæmis kann að vera að aðeins sjáist minni háttar áverkar á farþega strax eftir árekstur bifreiða, en síðar kemur fram að hann hefur orðið fyrir miklu varanlegu líkamstjóni. Hér mundi tjónið verða talið hafa orðið við áreksturinn.

Þegar hins vegar er um að ræða kröfu um bætur fyrir missi framfæranda vegna andláts sem ber ekki að höndum fyrr en nokkru eftir slys má telja að tjónið hafi orðið við andlátið, sbr. athugasemdir við 13. og 14. gr.

Lækkunarreglu 24. gr. verður beitt um tjón sem verður eftir gildistöku laganna þótt það sé afleiðing skaðaverks sem unnið er áður en þau öðluðust gildi.

Um 29. gr.

Samkvæmt þessari grein falla úr gildi nokkur lagaákvæði sem frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi.

Ýmis ákvæði I. kafla og reglur 26. gr. frumvarpsins koma í stað 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Reglur 19. og 22. gr. frumvarpsins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 17. gr., koma í stað 25. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. kemur í stað 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Í 3. og 4. mgr. 133. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964, eru ákvæði um bætur fyrir þjáningar og lýti, varanlega örorku, missi framfæranda og útfararkostnað. Eru ákvæði þessi í samræmi við 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og almennar ólögfestar reglur skaðabótaréttar og hafa því lítið sem ekkert sjálfstætt gildi. Er því lagt til að þessi ákvæði loftferðalaga verði felld niður.

Ákvæði 23. gr. frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanna koma í stað lækkunarheimilda í lögum um loftferðir, siglingalögum, sjómannalögum og lögum um lögreglumenn.

Lækkunarheimildir í 2. mgr. 24. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, 2. mgr. 132. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og 96. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, fela í sér reglur sem lækkunarheimildir frumvarpsins koma ekki í staðinn fyrir. Eru því ekki efni til að hagga við þeim þótt frumvarpið verði að lögum.

Í 2. og 3. mgr. 95. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er kveðið á um sérstakan endurkröfurétt vátryggingafélags á hendur hverjum þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gá-

leysi veldur tjóni er lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis greiðir bætur fyrir. Heimilt er að lækka endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjóns eða öðrum atvikum. Skv. 96. gr. sömu laga kveður sérstök nefnd á um hvort beita skuli endurkröfurétti þessum. Greind ákvæði eru meðal lagaúrræða sem ætlað er að hafa varnaðaráhrif á vettvangi umferðarslysa. Þykir ekki rétt að leggja til að þeim verði breytt.

Fylgiskjal I.

I. SAMANBURÐUR VIÐ DANSKAR OG SÆNSKAR REGLUR

Í þessum kafla eru skaðabætur í Svíþjóð og Danmörku bornar saman við bætur sem ætla má að greiddar hefðu verið fyrir líkamstjón eftir núgildandi íslenskum reglum, svo og bætur sem frumvarpið gerir ráð fyrir að greiddar verði. Dæmi eru valin úr norrænni skýrslu frá apríl 1989, en þar var slíkur samanburður gerður í því skyni að lýsa muninum á bótaákvörðunum annars staðar á Norðurlöndunum (Bergsåker, von Eyben, Roos og Wilhelmsson: Udviklingen af reglerne om erstatning for personskade. Rapport afgivet til den nordiske embedsmandskomité for lovgivningsspørgsmål). Fjárhæðum staðlaðra bóta í Svíþjóð og Danmörku hefur verið breytt til samræmis við bótafjárhæðir sem nú gilda þar, en þær bætur, sem miðast við kauplag, eru óbreyttar. Þessar fjárhæðir eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í byrjun nóvember 1991. Þegar vísað er til krónutölu er átt við íslenskar krónur, nema annað sé tekið fram.

1. dæmi.

Í fyrsta dæminu er um að ræða 52 ára gamlan fulltrúa sem slasaðist mjög alvarlega í umferðarslysi. Hann skaddaðist á heila, en það leiddi til lömunar ganglima, auk þess sem hann er verulega skertur andlega. Hann lá á sjúkrahúsi í þrjá mánuði og síðan var hann í meðferð og endurþjálfun í rúma níu mánuði. Örorka hans var metin 100% til frambúðar. Vinnutekjur á slysdegi námu 2.102.000 kr. en gert var ráð fyrir að þær mundu hækka í 2.285.000 kr. á næsta ári. Hann fékk greiddar um 1.005.000 kr. á fyrsta ári eftir slysið og síðan nam heildarlífeyrir hans 868.000 kr. á ári í Danmörku og Svíþjóð, en hér á landi er miðað við að tjónþoli fengi greiddan örorkulífeyri með fullri tekjutryggingu.

Bætur í *Danmörku* mundu nema eftirfarandi fjárhæðum:

Þjáningabætur	260.000
Varanlegur miski	2.459.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka	12.612.000
Samtals	**16.611.000**

Þjáningabæturnar eru reiknaðar eftir dagstaxta en síðan lækkaðar um 7,5% þar sem þær eru nokkru hærri en hámarkið samkvæmt dönsku skaðabótalögunum (sem nemur um 183.000 kr.) og því yrði heimildarlækkun væntanlega beitt.

Þegar varanlegur miski er metinn er hámarksfjárhæðin 269.000 DKK eða 2.459.000 kr.

Tímabundið atvinnutjón er ákveðið sem mismunurinn á þeim tekjum sem hann hefði haft og þeim tekjum sem hann hafði eða 2.285.000 kr. að frádregnum 1.005.000 kr.

Tjón vegna varanlegrar örorku ákvarðast sem sexföld árslaun hans fyrir slysið, þ.e. 6 x 2.102.000 kr. eða 12.612.000 kr.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Þjáningabætur og bætur fyrir varanl. miska	2.580.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka, lífeyrir á ári	1.417.000
Annað	585.000

Hér eru bætur fyrir þjáningar og varanlegan miska staðlaðar og reiknast hjá Svíum í einu lagi. Tímabundið atvinnutjón reiknast á sama hátt og hjá Dönum en bætur fyrir varanlega örorku eru greiddar með lífeyri þannig að tjónþoli fær á hverju ári greitt það tekjutap sem ætla má að hann hafi orðið fyrir (lífeyririnn getur breyst ef aðstæður breytast hjá tjónþola). Þá eru hér greiddar bætur fyrir annað óhagræði (olägenheter iövrigt) og nema þær tæpum 5.000 SEK á ári. Með núvirðingu nema bæturnar 585.000 kr.

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	1.400.000
Tímabundið atvinnutjón og varanleg örorka	11.950.000
Samtals	**13.350.000**

Verðmæti varanlegs atvinnutjóns er þá reiknað 23.124.000 kr. og síðan eru dregin frá því 31% vegna skattfrelsis og vegna hagræðis við eingreiðslu. Loks eru dregnar um það bil 4 millj. kr. frá þeirri fjárhæð sem þá fæst, en það er verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga með fullri tekjutryggingu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og bótum sem samið hefur verið um utan réttar.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir:

Þjáningabætur	283.000
Varanlegur miski	4.000.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka	10.405.000
Samtals	**15.968.000**

Þjáningabætur eru miðaðar við 90 daga á sjúkrahúsi og 270 daga veikindi heima og heimildarlækkun frá hámarkinu 200.000 kr., sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Bætur vegna varanlegs miska eru hámarksbætur skv. 4. gr. frumvarpsins. Tímabundið atvinnutjón er metið á sama hátt og hjá Dönum og sama gildir um bætur fyrir varanlega örorku en það eru 7,5-föld árslaun fyrir slysið, lækkuð um 34% vegna aldurs.

2. dæmi.

Í þessu dæmi er um að ræða 25 ára gamlan sjómann sem varð fyrir því að missa annað augað í ryskingum. Hann var háseti þegar slysið varð, en fyrir lá að hann mundi hafa átt kost á stýrimannsstöðu ef hann hefði ekki slasast. Hann starfaði áfram sem háseti og námu laun hans 1.305.000 kr. á ári. Stýrimannslaun hefðu hins vegar verið 20% hærri eða 1.566.000 kr. á ári.

Bætur í *Danmörku* mundu nema eftirfarandi fjárhæðum:

Varanlegur miski	492.000
Varanleg örorka	1.566.000
Samtals	**2.058.000**

Þjáningabæturnar eru ekki greiddar, enda var sjómaðurinn ekki veikur eftir slysið.

Varanlegur miski er 20% af hámarksfjárhæðinni, 53.800 DKK eða 492.000 kr. Danir meta varanlegan miska (varigt mén) vegna missis auga 20% og er það hið sama og við missi sjónar á öðru auga. Í þessu dæmi reikna Danir ekki bætur vegna tímabundins atvinnutjóns þar sem talið er að ástand tjónþola hafi strax eftir slysið orðið varanlegt.

Sjómaðurinn er talinn hafa orðið fyrir varanlegri 20% örorku þar sem hann getur ekki vænst þess tekjuauka sem stýrimannsstaða hefði leitt til. Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast því sem 20% af 1.305.000 kr. margfölduð með 6 eða 1.566.000 kr.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Varanlegur miski	630.000
Tímabundið atvinnutjón	108.000
Varanleg örorka, lífeyrir á ári	320.000
Annað	514.000

Bætur vegna varanlegs miska eru staðlaðar. Svíar mundu bæta tímabundið atvinnutjón sem mismuninn á launum sjómannsins sem stýrimanns og bóta og launa sem hann fékk eftir slys. Ekki er alveg ljóst hversu langt tímabil er um að ræða hér. Varanleg örorka er bætt með lífeyri þannig að tjónþoli fær á hverju ári greitt það tekjutap sem ætla má að hann hafi orðið fyrir (lífeyririnn getur breyst ef aðstæður breytast hjá tjónþola).

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	200.000
Tímabundið atvinnutjón og varanleg örorka	2.900.000
Samtals	**3.100.000**

Hér yrði varanleg örorka metin 25% og tekjutap yrði áætlað sem 25% af tekjum fyrir slysdag. Höfuðstólsverðmæti slíks áætlaðs tjóns yrði um 5.025.000 kr. en síðan má búast við að um 42% yrðu dregin frá þeirri fjárhæð vegna skattfrelsis og vegna hagræðis við eingreiðslu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og bótum sem samið hefur verið um utan réttar.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir:

Varanlegur miski	800.000
Tímabundið atvinnutjón (áætlað)	108.000
Varanleg örorka	1.958.000
Samtals	**2.866.000**

Varanlegur miski yrði væntanlega metinn 25% samkvæmt venju hér og bætur vegna hans mundu því nema 25% af hámarksfjárhæðinni skv. 4. gr. frumvarpsins. Varanleg örorka sjómannsins yrði að líkindum metin hin sama og í Danmörku eða 20%. Bætur vegna varanlegrar örorku mundu því verða ákveðnar sem 20% af árslaunum fyrir slysið margfölduð með 7,5.

3. dæmi.

Um er að ræða laganema sem er um það bil hálfnaður í námi þegar hann missir annan fót rétt fyrir ofan hné í umferðarslysi. Hann notar gervifót með góðum árangri. Vegna slyssins tefst hann um eitt ár í námi en að því loknu hefur hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en hugur hans stóð til þess. Laun hans á fyrsta starfsári nema 2.056.000 kr. Varanlegur miski yrði væntanlega metinn 55% í Danmörku og á Íslandi en aðeins 25% í Svíþjóð.

Bætur í *Danmörku* mundu verða sem hér segir:

Varanlegur miski	1.352.000
Varanleg örorka	3.042.000
Annað fjártjón	300.000
Samtals	**4.694.000**

Auk þess greiðast þjáningabætur, en ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til þess að reikna þær. Bætur vegna varanlegs miska nema 55% af hámarksfjárhæðinni 269.000 DKK, þ.e. 147.950 DKK eða 1.352.000 kr.

Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast hér í samræmi við hliðstæða reglu við þá sem er að finna í 8. gr. frumvarpsins, en þar er regla um ákvörðun bóta þegar tjónþoli aflaði ekki tekna eða hafði óverulegar tekjur fyrir slysið. Í slíkum tilvikum skal greiða bætur fyrir varanlega örorku með ákveðnu hlutfalli af þeim bótum sem greiðast vegna varanlegs miska. Ef varanlegur miski er 55% nema bætur vegna varanlegs tekjutaps 225% af bótum vegna varanlegs miska eða 3.042.000 kr.

Bætur fyrir „annað fjártjón“ eru fyrir útgjöld og óhagræði vegna tafa í námi.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Þjáningabætur og varanlegur miski	698.000
Tímabundið atvinnutjón	2.056.000
Varanleg örorka	0
Annað	617.000
Samtals	**3.371.000**

Hér eru þjáningabætur og bætur fyrir varanlegan miska staðlaðar og reiknast hjá Svíum í einu lagi. Þeir meta varanlegan miska 25% sem þeir bæta með 72.000 SEK. Tímabundið atvinnutjón bætist með eins árs launum vegna þess að tjónþoli kemur einu ári síðar til starfa. Svíar mundu hins vegar ekki greiða neinar bætur vegna varanlegrar örorku þar sem þeir leggja til grundvallar að hér sé ekki um að ræða tekjutap til frambúðar. Hins vegar eru bætur vegna útgjalda og óhagræðis að öðru leyti (kostnader og olägenheter iövrigt) miðaðar við 3.600 SEK á ári sem er núvirt með margföldunarstuðli 17,7.

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	400.000
Tímabundið atvinnutjón	1.780.000
Varanleg örorka	8.400.000
Samtals	**10.580.000**

Hér er tímabundið atvinnutjón metið miðað við tekjumissi í eitt ár og núvirt til slysdags. Bætur fyrir varanlega örorku miðast við að árlegt vinnutekjutap verði 55% af launum lögmannsfulltrúa, núvirt til slysdags, að frádregnum um 42% vegna skattfrelsis og hagræðis við eingreiðslu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og umsömdum miskabótum.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir auk bóta fyrir þjáningar:

Varanlegur miski	2.200.000
Varanleg örorka	4.950.000
Annað fjártjón	300.000
Samtals	**7.450.000**

Bætur vegna varanlegs miska nema 55% af hámarksfjárhæð skv. 4. gr. eða 2.200.000 kr.

Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast hér í samræmi ákvæði 8. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um ákvörðun bóta þegar tjónþoli aflaði ekki tekna eða hafði óverulegar tekjur fyrir slysið. Í slíkum tilvikum skal bæta varanlega örorku með ákveðnu hlutfalli af þeim bótum sem greiðast vegna varanlegs miska. Ef miskastig er 55% nema bætur vegna varanlegrar örorku 225% af bótum vegna varanlegs miska eða 4.950.000 kr.

Bætur fyrir „annað fjártjón“ eru fyrir útgjöld og óhagræði vegna tafa í námi.

Niðurstöður dregnar saman.

Til glöggvunar eru ofangreind dæmi sýnd hér á eftir í töfluformi.

1. dæmi. Fulltrúi, 52 ára, alger (100%) öryrki eftir höfuðmeiðsli í umferðarslysi.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	230.000	2.102.000
Framtíðarlaun	250.000	2.285.000

Varanlegur miski: 100%.
Varanleg örorka: 100%.

	DK	SV	IS	Frv.
Þjáningabætur	260.000	2.580.000	1.400.000	283.000
Varanlegur miski	2.459.000			4.000.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000	1.280.000	11.950.000	1.280.000
Varanleg örorka	12.612.000	1.417.000[1]		10.405.000
Annað		585.000		
Samtals	**16.611.000**		**13.350.000**	**15.968.000**

[1]Árlegur lífeyrir.

2. dæmi. Sjómaður, 25 ára, missti annað augað og þess vegna átti hann ekki kost á stýrimannsstöðu.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	142.800	1.305.000
Framtíðarlaun	171.360	1.566.000

Varanlegur miski: DK og SV 20%, ÍS 25%.
Varanleg örorka: DK 20%, SV 0%, ÍS 25%, frv. 20%.

	DK	SV	IS	Frv.
Varanlegur miski	492.000	630.000	200.000	800.000
Tímabundið atvinnutjón		108.000		108.000
			2.900.000	
Varanleg örorka	1.566.000	320.000[1]		1.958.000
Annað		514.000		
Samtals	**2.058.000**		**3.100.000**	**2.866.000**

[1]Árlegur lífeyrir.

3. dæmi. Laganemi, um það bil hálfnaður í námi, missti annan fót rétt fyrir ofan hné. Hann tafðist í námi um eitt ár en hóf að því loknu störf sem fulltrúi lögmanns.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	0	0
Framtíðarlaun	225.000	2.056.000

Varanlegur miski: DK 55%, SV 25%, ÍS 55%.
Varanleg örorka: DK og SV 0%, ÍS 55%, frv. 0% (bætur í DK og frv. þó skv. 8. gr.).

	DK	SV	IS	Frv.
Varanlegur miski	1.352.000	698.000	400.000	2.200.000
Tímabundið atvinnutjón		2.056.000	1.780.000	
Varanleg örorka	3.042.000		8.400.000	4.950.000
Annað	300.000	617.000		300.000
Samtals	**4.694.000**	**3.371.000**	**10.580.000**	**7.450.000**

II. SAMANBURÐUR Á BÓTUM EFTIR FRUMVARPINU OG GILDANDI REGLUM

Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um bætur sem ákveðnar hafa verið hér á landi fyrir líkamstjón annaðhvort með samningi eða dómi og til samanburðar dæmi um bætur sem ætla má að tjónþoli hefði fengið greiddar ef frumvarpið hefði verið í gildi. Bótafjárhæðir eru þó umreiknaðar til þess tíma sem bætur voru ákveðnar.

1. dæmi.

Fimmtán ára unglingur slasaðist á hendi í júlí 1988. Örorka hans var metin í janúar 1991, 100% í tvo mánuði og síðan varanleg 5%. Samkvæmt læknisvottorði var hann óvinnufær í 106 daga. Hann fékk greidd laun fyrir þann tíma. Samið var um bætur í júní 1991. Hér er gert ráð fyrir að varanlegur miski hefði verið ákveðinn 5%, en samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu engar bætur greiddar fyrir varanlega örorku. (Hér hefði komið til álita að beita ákvæði 8. gr. frumvarpsins en þar sem örorka er minni en 15% greiðast engar örorkubætur.) Í töflunni eru sýndar annars vegar bætur þær sem ákveðnar voru með samningi og hins vegar bætur eftir ákvæðum frumvarpsins:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		72.000
Miskabætur	50.000	
Varanlegur miski		193.000
Varanleg örorka	545.000	0
Samtals	**595.000**	**265.000**
Vextir	112.000	16.000
Samtals með vöxtum	**707.000**	**281.000**

2. dæmi.

Skrifstofumaður, 55 ára að aldri, slasaðist í umferðarslysi í mars 1990. Örorka hans var metin í mars 1991, 100% í þrjár vikur, 50% í sex vikur og varanleg örorka 10%. Hér er gert ráð fyrir að við ákvörðun bóta samkvæmt frumvarpinu hefði miskastig verið 10% en örorka engin. Laun voru greidd meðan tjónþoli var óvinnufær og því ekki um bætur að ræða vegna tímabundins atvinnutjóns. Samið var um bótafjárhæð í apríl 1991. Hér á eftir eru sýndar þær bætur sem ákveðnar voru, svo og bætur samkvæmt frumvarpinu:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		14.000
Miskabætur	100.000	
Varanlegur miski		378.000
Varanleg örorka	1.209.000	0
Samtals	**1.309.000**	**392.000**
Vextir	112.000	8.000
Samtals með vöxtum	**1.421.000**	**400.000**

3. dæmi.

21 árs gamall maður hlaut mjög slæmt fótbrot í umferðarslysi í júní 1988. Í gögnum kemur ekkert fram um hvaða starfi hann gegndi fyrir og eftir slys, en örorka hans var metin 100% í fjóra og hálfan mánuð, 50% í tvo mánuði og síðan 20% varanleg örorka. Um bætur var samið í apríl 1991. Tjónþoli fékk ekki greidd laun allan þann tíma sem hann var óvinnufær og því voru honum greiddar bætur vegna tímabundins atvinnutjóns. Sama fjárhæð mundi verða greidd skv. 2. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að varanlegur miski sé metinn 20% en örorka sé hins vegar ekki metin. Þessar bætur eru sýndar hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		101.000
Miskabætur	200.000	
Varanlegur miski		759.000
Tímabundið atvinnutjón	128.000	128.000
Varanleg örorka	2.013.000	0
Samtals	**2.341.000**	**988.000**
Vextir	536.000	57.000
Samtals með vöxtum	**2.877.000**	**1.045.000**

4. dæmi.

Fertugur iðnaðarmaður stórslasaðist í umferðarslysi í nóvember 1987. Hlaut hann mikil örkuml og var örorka hans metin 100% í rúm tvö ár og síðan 75% til frambúðar. Þegar litið er til þess sem segir í örorkumatinu sýnist ljóst að á grundvelli frumvarpsins mundi varanlegur miski verða metinn 75% en örorka 100% þar sem læknirinn telur engin líkindi til þess að tjónþoli stundi vinnu í framtíðinni. Um bætur var samið í febrúar 1991. Þjáningabætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum 3. gr. frumvarpsins eru verulega hærri en hámarkið sem þar er greint og því eru bætur lækkaðar um 12%. Hér er gert ráð fyrir greiðslu sömu fjárhæðar samkvæmt frumvarpinu og uppgjöri vegna tímabundins atvinnutjóns örorku. Bætur eru sýndar í töflunni hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		691.000
Miskabætur	1.500.000	
Varanlegur miski		2.817.000
Tímabundið atvinnutjón	1.423.000	1.423.000
Varanleg örorka	6.143.000	10.275.000
Samtals	**9.066.000**	**15.206.000**
Vextir	4.158.000	1.023.000
Samtals með vöxtum	**13.224.000**	**16.229.000**

5. dæmi.

Þann 4. desember 1991 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur um skaðabætur til manns sem slasaðist á árinu 1984, þá 27 ára að aldri, og hlaut mikil örkuml. Tryggingayfirlæknir mat örorku hans 100% í átta mánuði og síðan varanlega 75%. Miðað við upplýsingar, sem fram koma í dóminum, má ætla að miskastig yrði 75% og örorka 100% eftir ákvæðum frumvarpsins.

Þegar svo langt er um liðið frá slysdegi og þar til samið er um bætur eða dómur kveðinn upp um þær vega vextir mjög þungt í heildarfjárhæð bóta. Stafar það af því að bætur eru miðaðar við slysdag og vextir reiknast frá þeim degi til ákvörðunardags. Í þessu tilviki féll héraðsdómur í nóvember 1988 og nokkru áður (29. ágúst 1988) var gerður útreikningur á fjártjóni hins slasaða. Ekki kemur fram hvort sá útreikningur var lagður til grundvallar í dómi Hæstaréttar, en nýr útreikningur lá fyrir eins og greint er frá hér á eftir.

Í útreikningnum frá ágúst 1988 var fjártjón á slysdegi metið 5.507.000 kr. en á móti var verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga metið 1.120.000 kr. og verðmæti tekjutryggingar 1.975.000 kr. Í öllum tilvikum eru vaxtaforsendur þær að miðað er við 6% vexti eftir útreikningsdag en einfalda almenna innlánsvexti frá slysdegi til útreikningsdags.

Útreikningur, sem lagður var fyrir Hæstarétt og er dagsettur 27. nóvember 1991, er mun ítarlegri og samkvæmt honum nemur verðmæti höfuðstóls örorkutjóns 7.605.000 kr. á slysdegi. Verðmæti örorkulífeyris er metið 1.416.000 kr. og tekjutryggingar 2.588.000 kr. Í þessum útreikningi er einnig greint frá því að tjónþoli njóti örorkulífeyris úr lífeyrissjóði og er verðmæti þess lífeyris til 70 ára aldurs reiknað 3.576.000 kr. Hins vegar er tekið fram að sá lífeyrir muni skerða tekjutrygginguna að einhverju marki en hins vegar liggur ekki fyrir útreikningur á skerðingunni.

Niðurstaða Hæstaréttar er sú að tjón tjónþola þyki hæfilega metið 2.500.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til verðmætis bóta sem hann nýtur frá Tryggingastofnun ríkisins og höfð hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, svo og litið til verðmætis lífeyris úr lífeyrissjóði. Þá er dregið frá verðmæti greiðslna sem ábyrgðartryggingafélag hins bótaskylda hafði áður innt af hendi (501.000 kr.), svo og laun og sjúkradagpeningar (43.000 kr.).

Þá dæmir Hæstiréttur tjónþola 800.000 kr. í miskabætur og tekur fram að tillit sé tekið til þess að bæturnar bera vexti í rúm sjö ár, svo og til verðbótaþáttar vaxta. Í dómsorði er kveðið á um einfalda vexti til 29. ágúst 1988 en um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þegar vextir eru reiknaðir á bæturnar verður *heildarniðurstaða samkvæmt hæstaréttardóminum* eftirfarandi:

Bætur vegna örorku	2.500.000	
Áður greitt frá hinum bótaskylda	501.000	3.001.000
Miskabætur		800.000
Vextir og dráttarvextir		9.200.000
Samtals		**13.001.000**

Bætur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu væntanlega sem hér segir:

Þjáningabætur	240.000
Bætur vegna varanlegs miska	3.000.000
Örorkubætur (7,5 x 0,98 x 315.584 x 3.198 : 929)	7.985.000
Samtals	**11.225.000**
Vextir	1.700.000
Bætur alls með vöxtum	**12.925.000**

Þjáningabætur eru reiknaðar í 140 daga miðað við rúmlegu og 100 daga miðað við fótavist. Þannig reiknaðar nema bæturnar 252.000 kr. og þar sem þær eru 26% umfram viðmiðunarmarkið í 3. gr. frumvarpsins eru þær lækkaðar lítillega. Bætur vegna varanlegs miska nema 75% af 4.000.000 kr. Bætur vegna varanlegrar örorku eru 7,5-föld launin næstu tólf mánuði fyrir slys, lækkaðar um 2% vegna aldurs og framreiknaðar miðað við breytingu á lánskjaravísitölu (vísitala var 929 stig á slysdegi en 3.198 stig þegar dómur var kveðinn upp).

Bætur eftir frumvarpinu eru ívið lægri en samkvæmt dóminum og veldur þar mestu hve mikil áhrif dráttarvaxta eru í þessu sambandi. Ef bætur vegna slyss, eins og hér hefur verið fjallað um, væru ákveðnar með samningi mjög fljótlega eftir slys má ætla að niðurstaðan yrði á þessa lund og er þá gert ráð fyrir að árslaun væru 1.086.400 kr.

Bætur eftir núgildandi reglum:		
Vegna örorku		12.395.000
Frá dregst:		
Verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar	6.190.000	
Greiðslur úr lífeyrissjóði koma ekki til frádráttar enda skerða þær tekjutryggingu.		
Vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu, 20% af mismun	1.241.000	
Bætur vegna örorku		4.964.000
Miskabætur		2.000.000
Bætur alls		**6.964.000**
Bætur samkvæmt frumvarpi:		
Þjáningabætur		240.000
Bætur vegna varanlegs miska		3.000.000
Bætur vegna örorku (1.086.400 x 7,5 x 0,98)		7.985.000
Bætur alls		**11.225.000**

6. dæmi.

Tæplega fertugur maður lést í umferðarslysi í ágúst 1988. Hann lét eftir sig ekkju og fjögurra ára dóttur. Um bætur var samið í júní 1989 og voru þá ákveðnar í einu lagi bætur vegna missis framfæranda og bætur vegna röskunar á stöðu og högum. Í ágúst 1988 nam barnalífeyrir almannatrygginga 5.865 kr. á mánuði. Umreiknaðar meðaltekjur ekkjunnar námu um 70% af tekjum mannsins. Bætur til ekkjunnar, reiknaðar samkvæmt ákvæðum í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins, nema 1.225.000 kr. Þess vegna gilda ákvæði 2. málsl. 1. mgr. um 3.000.000 kr. lágmark bóta. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lækkar bótafjárhæð þessi um 14% vegna þess að hinn látni var 39 ára gamall. Bætur eru sýndar hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Framfærslutjón maka	500.000	2.580.000
Framfærslutjón barns	500.000	1.093.000
Samtals	**1.000.000**	**3.673.000**
Vextir	86.000	63.000
Samtals með vöxtum	**1.086.000**	**3.736.000**

7. dæmi.

Rúmlega fimmtugur maður lést af slysförum í ágúst 1990 og lét eftir sig ekkju sem var ári eldri. Umreiknaðar meðaltekjur ekkjunnar voru tæpur helmingur tekna hans. Um bætur var samið í nóvember 1990 og eru þær sýndar hér á eftir ásamt bótum samkvæmt frumvarpinu. Framfærslutjón maka er þá lækkað um 32% vegna aldurs hins látna:

	Umsamið	Frumvarp
Framfærslutjón maka	2.948.000	2.809.000
Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	300.000	
Samtals	**3.248.000**	**2.809.000**
Vextir	26.000	15.000
Samtals með vöxtum	**3.274.000**	**2.824.000**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga.

Frumvarpið fjallar aðallega um greiðslur skaðabóta vegna líkamstjóna almennt og miðar að því að setja skýrari, heilsteyptari og réttlátari reglur um það efni en núverandi lög gera.

Verði frumvarpið að lögum munu áhrif á ríkissjóð aðallega felast í því að endurkröfuréttur hins opinbera á tjónvald falla úr gildi vegna tjóns á hagsmunum sem hið opinbera vátryggir ekki (sjá 19. og 20. gr.). Fram til þessa hefur ríkissjóður sjálfur aðeins gert slíkar endurkröfur í undantekningartilvikum. Hins vegar mun endurkröfuréttur Tryggingastofnunar ríkisins þar með falla úr gildi, en á árinu 1991 innheimti slysatryggingadeild 64 millj. kr. í endurkröfum. Á árinu 1992 er áætlað að endurkröfur slysatrygginga stofnunarinnar verði nokkuð lægri og lækki enn frekar á næsta ári. Hér er verið að innheimta kröfur frá fyrri árum sem samþykkt frumvarpsins hefur ekki áhrif á.

Það hefur einnig mikilvæga en óbeina þýðingu fyrir kostnað ríkissjóðs að reikna má með að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkamstjón lækki verulega samkvæmt frumvarpinu. Stafar það af því að meginhersla er lögð á getu tjónþola til að afla vinnutekna í stað læknisfræðilegs mats á örorku. Slys sem hafa í för með sér minni háttar örorku samkvæmt læknisfræðilegu mati eru svo mörg að lækkun skaðabóta vegna þeirra hefur verulega útgjaldalækkun í för með sér. Heildarútgjöld munu því samkvæmt frumvarpinu lækka þrátt fyrir hærri dánarbætur og örorkubætur til þeirra sem bíða raunverulegt fjárhagslegt tjón. Verði frumvarpið að lögum má því reikna með að iðgjöld vegna bifreiðatrygginga og heimilis- og fjölskyldutrygginga lækki með tímanum.

597. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir að flutt yrði frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum þannig að skerðingin, sem var samþykkt í frumvarpi um ríkisfjármál í fyrra, verði áfram við lýði á þessu ári. Þrátt fyrir þetta og að þessa væri getið í greinargerð fjárlagafrumvarps kom frumvarpið ekki fram fyrr en rétt fyrir jól.

Í frumvarpinu eru þessi efnisatriði:

1. Að ákvæði laganna um skólamáltíðir falli niður.
2. Að ákvæði laganna um tiltekinn lágmarkstíma fyrir börn í grunnskólum falli niður og komi ekki til framkvæmda fyrr en haustið 1994.
3. Að fresta framkvæmd þess ákvæðis grunnskólalaganna sem kveður á um skólaathvörf.
4. Að fresta því ákvæði grunnskólalaganna sem kveður á um að fækkað verði í bekkjum.

Sveitarfélögin kosta skólamáltíðir og þess vegna eru engin rök fyrir því að fella þetta ákvæði niður úr grunnskólalögum sem flutt er í lagafrumvarpi vegna ástandsins í ríkisfjármálum.

Við meðferð málsins í nefndinni var því borið við að ætlunin væri að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðar grunnskólann þannig að sveitarfélögin taki alveg við honum. Ekki kom fram hvenær heildartillögur að nýjum grunnskólalögum munu liggja fyrir, en áður hafði ráðherra lofað greinargerð um endurskoðunina í desembermánuði.

Í ákvæðinu, sem frestar því að setja í samband lagaákvæði um lágmarkstímafjölda barna í grunnskólum, er í raun verið að heimila sama niðurskurðinn áfram og leyfður var á síðasta ári þótt margítrekað væri í upphafi árs 1992 að um tímabundna aðgerð væri að ræða. Í nefndinni kom fram að gert er ráð fyrir að niðurskurðurinn á þessum kennslustundum spari um 50 millj. kr. Þá kom einnig fram í gögnum ráðuneytisins, sem birt eru sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu, fskj. I, að fjölgun í einstökum bekkjum sparar ríkissjóði tæpar 50 millj. kr. á ári.

Grunnskólalögin gilda frá áramótum.

Við meðferð málsins komu á fund nefndarinnar Svanhildur Kaaber og Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Arthur Morthens frá Barnaheillum, Unnur Halldórsdóttir frá Landssamtökunum Heimili og skóla, Áslaug Brynjólfsdóttir frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Helgi Jónasson frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, Sigþór Magnússon frá Skólastjórafélagi Íslands og Örlygur Geirsson, Sólrún Jensdóttir og Ólafur Darri Andrason frá menntamálaráðuneytinu. Gestir voru m.a. spurðir um hvaða lög giltu um grunnskólann um þessar mundir. Talsmenn kennara og skólastjóra töldu einsýnt að lögin um grunnskóla hefðu tekið gildi óskert um sl. áramót. Talsmenn ráðuneytisins viðurkenndu að engin lögfræðileg úttekt lægi fyrir í þessum efnum af hálfu ráðuneytisins. Fram kom að aðspurðir mundu forustumenn skólamálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins svara skólamönnum á þann hátt að fjárlög gerðu ráð fyrir skertum tíma, að frumvarp lægi fyrir Alþingi um að breyta grunnskólalögum og því fengju menn nú í

janúar ekki fleiri tíma en um var að ræða á sl. ári. Skrifstofustjóri skólamálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins gat ekki svarað því hvort fyrir lægi faglegt mat á niðurskurðinum. Kennarasamband Íslands óskaði eftir upplýsingum um það hvernig skiptingin hefði verið á þeim kennslustundum sem féllu niður vegna niðurskurðarins, eftir greinum og eftir bekkjardeildum. Þær upplýsingar reyndust ekki vera fyrir hendi. Af þeim ástæðum hafa þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna í menntamálanefnd lagt fram beiðni um skriflegt svar við sömu spurningum, sjá fskj. II.

Niðurskurðurinn bitnar á kennslu í íslensku.

Eiríkur Jónsson, varaformaður Kennarasambands Íslands, hefur leyft undirrituðum að hafa það eftir sér í þessu nefndaráliti að niðurskurðurinn hafi yfirleitt komið niður á íslensku, reikningi og tungumálum gagnstætt því sem menntamálaráðherra fullyrti er niðurskurðurinn var ákveðinn í fyrra, sjá fskj. III.

Í máli fulltrúa KÍ kom fram að skerðingin á sl. ári virtist langhelst hafa komið niður á íslensku gagnstætt því sem lofað hefði verið. Þau lögðu eindregið til að frumvarpinu yrði hafnað. Þau sögðust hafa skrifað ráðuneytinu í september sl. og beðið um upplýsingar um það hvernig niðurskurður síðasta skólaárs hefði komið niður eftir skólum og greinum. Ráðuneytið hafði enn ekki, 8. janúar, er málið var rætt í nefndinni, svarað Kennarasambandinu.

Í upplýsingum talsmanna KÍ kom fram að ótrúlega lítill munur hefði reynst á áætlunum KÍ um niðurskurðinn í heild í fyrra og því sem svo varð raunin samkvæmt svari ráðuneytisins við fyrirspurn Svavars Gestssonar frá þessu þingi. Fram kom að fulltrúar Kennarasambandsins hafa ekki verið kallaðir til formlegs samráðs um endurskoðun grunnskólalaganna sem sagt er að standi yfir á vegum svokallaðrar 18 manna nefndar. Hefðu fulltrúar frá KÍ einu sinni verið kallaðir fyrir hluta nefndarinnar þar sem tilkynnt var um fjölgun samræmdra prófa.

Þá lýstu fulltrúar KÍ þeirri skoðun að ekki væri farið eftir lögum um grunnskóla þar sem nemendur fengju færri tíma en þar væri gert ráð fyrir og fleiri nemendur væru í fjölmennustu bekkjunum en kveðið væri á um. Einnig kom fram í máli þeirra að samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu væri engin auglýsing um tímafjölda í gildi. Sögðust fulltrúar KÍ því hljóta að benda sínum félagsmönnum á að ekki væri farið eftir lögum og væru samtökin að ræða við lögfræðinga um málið þessa dagana.

Fátæktin sést best í skólunum.

Fulltrúi Landssamtakanna Heimilis og skóla vakti athygli á því að börn fengju nú færri tíma í skólum en árin 1960–1968 og að mati samtakanna vantar allt upp í 5 stundir á viku í viðmiðunarstundaskrána, sjá fskj. III. Að mati fulltrúa Barnaheilla sjást þess víða merki í skólunum að fátækt fari vaxandi og því sé börnum ekki til góðs að fresta þeim ákvæðum grunnskólalaganna er felast í frumvarpinu. Fram kom einnig í máli fulltrúa Barnaheilla að 2.400 börn í grunnskólum ættu í erfiðleikum, eða um 18% barna, og hefði orðið veruleg fjölgun í þeim hópi barna sem ætti við erfiðleika að stríða. Athvörfin fimm í Reykjavík eru nú yfirfull. Ástandið er svo bágt á börnunum að sögn fulltrúa Heimilis og skóla að þau eru stundum tekin inn á kennarastofur til að gefa þeim mat.

Fram kom á fundinum að í samtökunum Heimili og skóla eru nú um 8.400 félagsmenn, svo að segja um allt land.

Vegna niðurskurðarins hefur bekkjardeildum fækkað um 20 í Reykjavík og lýsti fræðslustjóri Reykjavíkur áhyggjum sínum yfir þessari þróun. Benti hann á að þörfin fyrir

sérkennslu væri meiri en skólarnir fengju. Jafnframt vakti fræðslustjórinn athygli á að útlendum börnum fer stöðugt fjölgandi og fjármunir til kennslu þeirra væru teknir af sérkennslufé. Niðurskurður í menntamálum þýddi í reynd aukin útgjöld í heilbrigðis- og félagsmálum og yrðu menn því að horfa á málið í samhengi, sjá enn fremur fskj. IV, um ástandið í fræðslumálum Reykjavíkur.

Fulltrúi Skólastjórafélags Íslands gagnrýndi niðurskurðinn harðlega. Niðurskurðurinn á kennslustundum bitnar mest á almennum greinum að sögn fræðslustjóra Reykjavíkur.

Fræðslustjóri Reykjaness lét þess getið á fundi nefndarinnar að ekki væri unnt að auka við kennslumagn um áramót jafnvel þó að lög heimiluðu. Hann lagði jafnframt fram ýmis mjög fróðleg gögn sem birtast með þessu nefndaráliti sem fskj. V. Fulltrúi Skólastjórafélagsins taldi hins vegar unnt að auka eitthvað við kennsluna ef leyfi fengist til þess.

Loforð menntamálaráðherra frá síðasta ári.

Þegar frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum var lagt fram í fyrra urðu um það miklar umræður. Þá sagði menntamálaráðherra m.a. í útvarpsviðtali, en afrit þess er birt sem fskj. VI, að ekki kæmi til greina að skera niður kennslu í íslensku, eða orðrétt:

„Ég hef líka sagt að það komi ekkert til greina að minnka kennslu í íslensku eða hætta kennslu í einhverju tungumáli. Þarna er bara verið að mála þetta allt of dökkum litum. Þetta verður ekki gert svona."

Í þessu viðtali fullyrðir ráðherrann líka að lagagreinin um lágmarkskennslutíma komi til framkvæmda um þessi áramót.

Frumvarpið verði fellt.

Með hliðsjón af því sem að framan segir leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði fellt vegna þess

— að ákvæðið um skólamáltíðir á ekki heima í lögum sem sett eru vegna ástandsins í ríkisfjármálum af því að skólamáltíðirnar eru verkefni sveitarfélaganna,
— að ráðherra lofaði því í fyrra að ákvæðið um tiltekinn lágmarkstíma handa skólunum kæmi til framkvæmda um þessi áramót,
— að það er nauðsyn nú, einmitt á tímum samdráttar í þjóðfélaginu, að betur sé búið að menntun barna þessa lands,
— að afturför í skólamálum þýðir afturför í lífskjörum til lengri tíma litið,
— að sparnaður ríkissjóðs er aðeins 100 millj. kr. Með þeim sparnaði er verið að spara eyrinn en kasta krónunni.

Minni hlutinn bendir á að þessa dagana er ríkisstjórnin að leiðrétta ákvæði skattalaga, sem sett voru fyrir áramót, um virðisaukaskatt af byggingarvinnu.

Minni hlutinn telur að ríkisstjórnin eigi líka að leiðrétta stefnu sína í skólamálum; hún eigi að láta grunnskólalögin í friði. Minni hlutinn viðurkennir að vísu að skólatíminn mælist ekki í vísitölu lánskjara eða byggingarkostnaðar, en hann mælist í manngildum sem þarf líka að muna eftir þegar ríkisstjórn fjallar um stjórn landsins.

Alþingi, 12. jan. 1993.

Svavar Gestsson, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Ólafur Þ. Þórðarson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal I.

Menntamálaráðuneyti:

Yfirlit yfir fjölda bekkjardeilda í grunnskólum þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í deildum um allt að tvo nemendur umfram almenn ákvæði grunnskólalaga er nýtt.
(10. janúar 1993.)

Reykjavíkurumdæmi:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	1. bekkur 3 deildir
	2. bekkur 5 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	3. bekkur 0 deildir
	4. bekkur 0 deildir
	5. bekkur 0 deildir
	6. bekkur 0 deildir
	7. bekkur 0 deildir
	8. bekkur 4 deildir
	9. bekkur 3 deildir
	10. bekkur 4 deildir

Samtals fjöldi deilda: 19 deildir.
Heildardeildafjöldi í Reykjavíkurumdæmi er áætlaður: 612 deildir.
Hlutfall deilda þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í bekkjardeild er nýtt: 3,10%.

Reykjanesumdæmi:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	1. bekkur 2 deildir
	2. bekkur 1 deild
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	3. bekkur 0 deildir
	4. bekkur 0 deildir
	5. bekkur 0 deildir
	6. bekkur 0 deildir
	7. bekkur 2 deildir
	8. bekkur 3 deildir
	9. bekkur 1 deild
	10. bekkur 3 deildir

Samtals fjöldi deilda: 12 deildir.
Heildardeildafjöldi í Reykjanesumdæmi er áætlaður: 561 deild.
Hlutfall deilda þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í bekkjardeild er nýtt: 2,14%.

Vesturlandsumdæmi:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	0 deildir

Vestfjarðaumdæmi:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	0 deildir

Norðurlandsumdæmi vestra:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	0 deildir

Norðurlandsumdæmi eystra:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	1. bekkur 2 deildir
	2. bekkur 0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	3. bekkur 0 deildir
	4. bekkur 0 deildir
	5. bekkur 0 deildir
	6. bekkur 0 deildir
	7. bekkur 1 deild
	8. bekkur 0 deildir
	9. bekkur 0 deildir
	10. bekkur 0 deildir

Samtals fjöldi deilda: 3 deildir.
Heildardeildafjöldi í Norðurlandsumdæmi eystra er áætlaður: 240 deildir.
Hlutfall deilda þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í bekkjardeild er nýtt: 1,25%.

Austurlandsumdæmi:

Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk:	0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk:	0 deildir

Suðurlandsumdæmi:
Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk: 0 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk: 0 deildir

Öll umdæmi, samantekt:
Bekkjardeildir með fleiri en 22 nemendur í 1. og 2. bekk: 1. bekkur 7 deildir
2. bekkur 6 deildir
Bekkjardeildir með fleiri en 28 nemendur í 3.–10. bekk: 3. bekkur 0 deildir
4. bekkur 0 deildir
5. bekkur 0 deildir
6. bekkur 0 deildir
7. bekkur 3 deildir
8. bekkur 7 deildir
9. bekkur 4 deildir
10. bekkur 7 deildir

Samtals fjöldi deilda: 34 deildir.
Á landinu öllu er áætlaður fjöldi deilda: 2.154 deildir.
Hlutfall deilda þar sem heimild fræðslustjóra til að fjölga í bekkjardeild er nýtt: 1,58%.

Kostnaðarauki við að afnema heimild fræðslustjóra til að fjölga í bekkjardeildum.

Samtals	Fjöldi deilda	Viðmiðun stundaskrár	Fjöldi stunda
1. bekkur	7	25	175
2. bekkur	6	25	150
3. bekkur	0	25	0
4. bekkur	0	27	0
5. bekkur	0	32	0
6. bekkur	0	34	0
7. bekkur	3	36	108
8. bekkur	7	36	252
9. bekkur	4	37	148
10. bekkur	7	37	259
Samtals	**34**	**314**	**1.092**

Samtals fjölgun kenndra stunda: 1.092

Ef gengið er út frá því að u.þ.b. 9% af almennri kennslu fari fram í yfirvinnu verður kostnaðarauki á heilu ári: 1.092 x 91% = 994 stundir dagvinna. 1.092 x 9% = 98 stundir yfirvinna. Viðb.forföll (um 6% af kennslum.) = 66 stundir yfirvinna.
Samtals stundir: 1.158.

Dagvinna: 994/28 = 36 stg. = 40.442 (árs launakostn. pr. stg. 1.123.377).
Yfirvinna: 164 x 36 x 1053 x 1,07 = 6.652.
Samtals: 47.094.

Samtals kostnaðarauki 1993 (ath. ein. frá hausti): 19.622 millj. kr.

Um önnur fylgiskjöl með nefndarálitinu vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Skrá yfir gögnin fer hér á eftir.

II. Umsögn Kennarasambands Íslands, 7. janúar 1993.
III. Umsögn Landssamtakanna Heimilis og skóla, 7. janúar 1993. Umsögninni fylgdi bréf Landssamtakanna Heimilis og skóla til menntamálaráðherra, 21. desember 1992.
IV. *Fræðslustjóri Reykjavíkurumdæmis:* Heildaryfirlit í Reykjavík um raunverulega lengd á vikulegum skólatíma barna í hverjum árgangi miðað við það sem viðmiðunarstundaskrá kveður á um, mars 1992. Yfirlitinu fylgdi greinargerð með yfirliti um vikulegan kennslustundafjölda nemenda í hverjum árgangi miðað við það sem kveðið er á um í viðmiðunarstundaskrá, 26. mars 1992.
V. Gögn frá fræðslustjóra Reykjanesumdæmis.
VI. Útskrift af viðtali við menntamálaráðherra og formann Kennarasambands Íslands í þættinum Á dagskrá á Rás 2 8. janúar 1992.

598. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný 10. gr., svohljóðandi, en númer síðari greina breytast til samræmis:

Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytisins. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til að heimildir Tækniskóla Íslands til að innheimta skrásetningargjöld af nemendum verði í eðlilegu samræmi við slíkar heimildir hliðstæðra skóla í landinu.

Í gildandi lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, eru ákvæði sem gera ráð fyrir skrásetningargjöldum. Slík ákvæði er ekki að finna í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og ákvæði í 1. gr. laganna þess efnis að kostnað við stofnun og rekstur skólans skuli greiða úr ríkissjóði hefur verið túlkað á þann veg að Tækniskólanum sé ekki heimilt að innheimta skrásetningargjöld af nemendum í sérgreinadeildum með

sama hætti og framangreindum skólum þótt fjárlög 1992 hafi miðast við að Tækniskólinn hefði tekjur af slíkum gjöldum.

Í 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, er gert ráð fyrir innheimtu gjalda af nemendum við innritun í námsáfanga. Lög þessi taka ekki til Tækniskólans og í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, eru ekki slík ákvæði. Æskilegt þykir að fá skýra lagaheimild til innheimtu innritunargjalda af þeim nemendum Tækniskólans er teljast á framhaldsskólastigi og verði þeim hagað með hliðstæðum hætti og lögin um framhaldsskóla gera ráð fyrir.

Gildandi lög um Tækniskóla Íslands, nr. 66/1972, eru um margt orðin úrelt og þarfnast endurskoðunar í heild sinni. Menntamálaráðuneytið hefur skipað nefnd til að endurskoða lögin og skal hún skila tillögu að frumvarpi til nýrra laga fyrir 1. október nk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér að felld er niður málsgrein þess efnis að kostnað við stofnun og rekstur skólans skuli greiða úr ríkissjóði. Í lögum um aðra skóla á háskólastigi er ekki að finna slíkt ákvæði, en fjárveitingar til skólanna ákvarðast að sjálfsögðu í fjárlögum hverju sinni. Nefna má að ekki þótti ástæða til að hafa ákvæði af þessu tagi í nýlega settum lögum, nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans, sbr. hliðstætt ákvæði um skrásetningargjöld í 15. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri. Enn fremur eru ákvæði um gjöld nemenda í undirbúnings- og raungreinadeild skólans (frumgreinadeild) sem teljast vera á framhaldsskólastigi, sbr. hliðstæð ákvæði í 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

Með frumvarpi þessu er verið að leggja til tvíþætta breytingu á gildandi lögum:

Annars vegar er felld niður málsgrein í 1. gr. núgildandi laga er kveður á um að kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs enda verður fjárveiting til skólans ákveðin í fjárlögum hverju sinni eins og áður.

Hins vegar er bætt við nýrri grein, 10. gr., sem kveður á um innheimtu ýmissa gjalda, svo sem skrásetningargjöld, innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendagjöld.

Þessi grein hefur engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs vegna skólans. Í fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir innheimtu innritunar- og efnisgjalda á háskólastigi. Áætlað er fyrir innheimtu innritunar- og efnisgjalda við Tækniskólann en 10. gr. þessa frumvarps tekur af öll tvímæli um að það sé heimilt.

599. Frumvarp til laga [328. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður (er verði G-liður), svohljóðandi:

Fram til 1. september 1993 getur landbúnaðarráðherra, þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 20. gr., heimilað innheimtu verðskerðingargjalds, enda liggi fyrir ósk um það frá stjórn Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra. Í 4. málsl. 20. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, sbr. 6. gr. laga nr. 112/1992, er kveðið á um að forsenda fyrir töku verðskerðingargjalds sé að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess. Fyrir liggur að heimildir til töku verðskerðingargjalds yrðu ekki nýttar nema að mjög takmörkuðu leyti fyrst um sinn og þá eingöngu varðandi nautgripa- og hrossakjöt. Því þykir helst til mikið í lagt að kveðja saman fulltrúafund Stéttarsambands bænda enda til þess ætlast að samráðs verði leitað við stéttarsambandsfulltrúa varðandi framkvæmd þessara heimilda.

600. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um smábátaveiðar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að undirbúa tillögur um þróunarforsendur og starfsskilyrði smábátaveiða með það að markmiði að viðhalda frjálsum aðgangi þeirra báta sem leyfi hafa til slíkra veiða innan sóknartakmarkana og friðunarskilmála sem í gildi verða. Jafnframt verði eftirfarandi þættir metnir eftir því sem kostur er:

— þjóðhagslegt gildi smábátaveiða í samanburði við aðrar fiskveiðar;
— þýðing smábátaveiða fyrir viðhald byggðar og atvinnu;
— hlutur smábátaveiða í skynsamlegri nýtingu fiskimiðanna;
— áhrif smábátaveiða á vistkerfi sjávar í samanburði við aðrar veiðar;
— afkoma þeirra sem hafa lífsframfæri af smábátaveiðum;
— öryggi sjómanna sem stunda smábátaveiðar.

Lagaákvæði og reglur um stjórnun smábátaveiða verði endurskoðuð að teknu tilliti til ofangreindra þátta.

Við gerð tillagnanna verði haft náið samráð við Landssamband smábátaeigenda, Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Niðurstöður verði kynntar Alþingi fyrir 15. október 1993.

Greinargerð.

Á þeim áratug, sem liðinn er frá því að sett voru fyrstu lögin um stjórnun fiskveiða með aflamarki, hafa verið miklar sveiflur í fjölda og afkomu þeirra sem stunda veiðar á smábátum undir 10 brúttórúmlestum að stærð. Staða þessara báta í stjórnkerfi fiskveiða hefur jafnframt tekið miklum breytingum. Fyrst í stað voru smábátar undanþegnir aflamarki en háðir banndagakerfi. Síðar var reynt að setja heildaraflamark sem viðmiðun fyrir afla smábáta en það dugði skammt, enda fjölgaði bátum af þessari stærð hömlulaust. Hlutdeild smábáta í heildarþorskafla jókst úr rúmum 4% árið 1983 í tæp 15% árið 1990. Við síðustu endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun (lög nr. 38/1990) var síðan lögfest róttæk breyting þar sem allar veiðar skyldu háðar leyfum. Smábátar af stærðinni 6–9,9 tonn voru settir á aflamark samkvæmt aflareynslu undangenginna ára, en bátar undir 6 tonnum að stærð gátu valið á milli aflamarks og frjálsra veiða (krókaleyfis). Lögin kveða jafnframt á um að frá og með fiskveiðiárinu 1994/1995 verði allir smábátar háðir aflamarki ef heildarafli þeirra fer yfir ákveðið hámark fram að þeim tíma. Þegar liggur ljóst fyrir að sú verði raunin og þarf að koma til lagabreyting ef ákvæðið um aflamark á alla báta á ekki að taka gildi.

Fram til ársins 1987 fór þorskafli vaxandi á heildina litið en hefur síðan farið minnkandi. Skerðing á veiðiheimildum, sem síðan hefur gengið yfir, hefur bitnað á öllum fiskiskipum á aflamarki en frá 1990 komið sérstaklega hart niður á smábátum. Eru dæmi um að við síðustu úthlutun veiðiheimilda hafi einyrkjar á trillum lent í 28% skerðingu í þorskígildum talið. Skerðing á aflaheimildum smábáta kemur verr við þá en stærri skip þar eð möguleikar smábáta til veiða á öðrum tegundum en þorski eru minni en annarra sem sótt geta lengra á miðin.

Tillögur um smábátaveiðar, þar með talið um stjórnun veiðanna, ættu að byggjast á víðtæku mati á þjóðhagslegu gildi þessara veiða sem sjávarútvegsráðherra er með þingsályktunartillögunni falið að gera í nánu samráði við hagsmunaaðila, Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsnefnd Alþingis. Landssamband smábátaeigenda hefur lagt á það megináherslu undanfarið að krókaveiðar báta undir 6 brúttótonnum að stærð verði áfram frjálsar og leitað verði leiða til að draga úr mikilli kvótaskerðingu smábáta á aflamarki sem gengið hefur yfir síðan 1990.

Með þessari þingsályktunartillögu er lögð áhersla á það markmið að smábátaveiðar verði framvegis frjálsar innan sanngjarnra takmarkana. Æskilegast væri að sömu reglur gildi um veiðar á öllum bátum innan við 10 brúttótonn að stærð eins og var fram til ársins 1990. Haldi menn sig hins vegar við að draga mörk milli bátastærða svipað og nú er koma ýmsar leiðir til greina til að rétta hlut báta á aflamarki þannig að þeir sem þá gera

út og hafa sjómennsku að aðalstarfi geti framfleytt sér af slíkri útgerð. Hér skal bent á þann möguleika að heimila þessum bátum veiðar á línu í tvo mánuði að sumarlagi þar sem fiskur sem veiðist væri aðeins að hálfu talinn með í aflamarki. Í staðinn mætti takmarka hliðstæða heimild um veiðar á línu á tveimur vetrarmánuðum, t.d. í janúar og febrúar. Með þessu væri dregið úr hvatningu til sóknar á þeim tíma sem veður eru að jafnaði vályndust og um leið rýmkað fyrir um aflamöguleika viðkomandi báta.

Mælingareglum um flokkun báta var breytt frá ársbyrjun 1990, m.a. með það að markmiði að koma í veg fyrir að menn „leiki á kerfið" með því að koma bátum í smábátaflokk eins og gerðist með allmarga báta fyrir nokkrum árum. Hvort það hefur tekist með breyttum reglum verður hér ekki dæmt um en aðeins undirstrikað að með tillögu þessari er miðað við raunverulega smábáta, hvort sem um er að ræða 10 eða 6 tonna mörk. Einnig er haft í huga að um eitt úthald sé að ræða á bát á veiðum utan aflamarks en ekki að margir nýti sama bátinn til veiða.

Á árinu 1991 lögðu samtals 1.452 smábátar upp afla og nam hann samtals 52 þús. lestum, þar af var þorskafli þeirra 35 þús. lestir eða sem svarar 11,4% af heildarþorskafla landsmanna. Af þessu sést hversu geysimikið framlag smábátanna er í heildarveiðinni. Talið er að heildarverðmæti afla smábáta undir 10 brúttólestum að stærð hafi á undanförnum árum numið 3–4 milljörðum kr., reiknað á verðlagi ársins 1990. Líklegt er að um 1.300 ársstörf sjómanna af alls 6.000–6.500 ársverkum við fiskveiðar séu við útgerð smábáta, þ.e. um fimmtungur.

Þótt veiðar á smábátum eigi sér langa sögulega hefð hér á landi og hafi verið eina útgerðarformið á Íslandi þar til á síðari hluta 19. aldar hafa litlar athuganir farið fram á þjóðhagslegu gildi þessara veiða og upplýsingar um afla og afkomu smábáta verið gloppóttar. Nokkuð hefur verið úr þessu bætt með gögnum sem fram komu sl. haust á vegum Landssambands smábátaeigenda. Er þar átt við skýrslu um afkomu smábátaútgerðar 1989 sem unnin var fyrir Landssamband smábátaeigenda af Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands og greinargerð Karls Benediktssonar landfræðings sem kynnt var um svipað leyti undir heitinu „Smábátaútgerð á tímum breytinga í sjávarútvegi". Bæði þessi gögn geta orðið stjórnvöldum að gagni við að meta þjóðhagslega þýðingu smábátaútgerðar sem og þýðingu hennar fyrir byggð og atvinnu víða um land. Helstu atriði úr þessum skýrslum eru birt sem fylgiskjöl með tillögunni.

Smábátaútgerð hefur úrslitaþýðingu fyrir byggð og atvinnu í nokkrum byggðarlögum m.a. Drangsnesi og víðar á Ströndum, í Grímsey, á Bakkafirði og Borgarfirði eystra. Á mörgum öðrum stöðum og landsvæðum hefur útgerð smábáta afar mikla þýðingu þótt burðarásar hráefnisöflunar séu stærri skip.

Athuganir Karls Benediktssonar beindust öðru fremur að Suðurnesjum og Austfjörðum. Á Suðurnesjum voru 143 bátar skráðir fyrir afla á árinu 1991. Er talið að á bak við það séu um 140 ársstörf sjómanna og um 150 störf við fiskvinnslu í landi auk ýmissa afleiddra starfa í þjónustu. Á Austfjörðum voru á sama tíma 224 smábátar skráðir fyrir afla og að baki þeim talin standa 212 störf á sjó sem svarar til um þriðjungs af sjómannsstörfum í landshlutanum. Þar að auki koma 60–70 störf við vinnslu aflans í landi, en nær undantekningarlaust leggja smábátar á Austfjörðum afla sinn upp í heimabyggð. Þannig eru um 10% af störfum á Austfjörðum tengd smábátaútgerð með beinum hætti þótt þýðing hennar sé misjöfn eftir byggðarlögum. Hefur gildi smábátaútgerðar vaxið hröðum skrefum á einstökum stöðum, svo sem á Höfn í Hornafirði.

Takmarkaðar athuganir hafa verið gerðar hérlendis á áhrifum mismunandi veiðitækni á nýtingu fiskimiðanna, bæði að því er snertir stærð fiskiskipa og veiðarfæri. Þó er ástæða

til að ætla, einnig með hliðsjón af erlendum rannsóknum, að smábátar með veiðar á króka og línu fari betur með fiskislóðir en önnur veiðarfæri. Þá eyðist mun minni orka á aflaeiningu á smábátum en við togveiðar. Hins vegar standa fleiri störf að baki sama aflamagni hjá smábátunum en togurum. Hvort tveggja verður að teljast smábátaveiðum til tekna eins og nú háttar í þjóðfélaginu og út frá umhverfislegum gildum.

Þá skiptir einnig miklu að fiskur af dagróðrarbátum er jafnbesta hráefni sem völ er á og hafa handfæra- og línuveiðar að jafnaði yfirburði yfir net og troll. Samkeppnisstaða dagróðrarbáta gæti líka orðið betri en t.d. frystitogara ef tollar lækka inn á markað Evrópubandalagsins að mati forsvarsmanna Landssambands smábátaeigenda.

Hafa ber einnig í huga að mikið hefur verið fjárfest í þágu smábátaveiða undanfarin ár bæði í nýjum bátum og hafnaraðstöðu. Þótt langtum minna fjármagn sé bundið í þessum rekstri en t.d. í togaraútgerð styður það með öðru að skjóta beri skildi fyrir veiðar smábáta.

Smábátaútgerðin er nær einvörðungu fjölskyldurekstur þar sem maki og börn taka oft mikinn þátt í útgerðinni. Slíkt fellur vel að félagslegu munstri lítilla byggða og tengir fólk nánari böndum við heimabyggð og nánasta umhverfi en þegar um þátttöku í stórrekstri er að ræða. Setja verður stórt spurningarmerki við fiskveiðistjórnun sem ýtir undir uppkaup stærri útgerða á aflaheimildum smábáta. Margt bendir til að þar sé á ferðinni hagræðing með öfugu formerki.

Tillaga þessi er flutt til að sporna við þeirri aðför að smábátaútgerð í landinu sem felst í núverandi stjórnkerfi og freista þess að ráða bót á sinnuleysi stjórnvalda um málefni smábátaútgerðar. Það atvinnuleysi, sem nú ríður húsum í landinu, ætti ásamt öðru að fá aðila framkvæmdar- og löggjafarvalds til að staldra við og breyta hið fyrsta lögum og reglum varðandi smábátaveiðar þannig að heildarhagsmuna sé gætt.

Um fylgiskjöl þau, sem birt voru með þingsályktunartillögu þessari, vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Hér fer á eftir skrá yfir þau gögn sem fylgdu tillögunni.

Fylgiskjöl:

I. *Karl Benediktsson landfræðingur:* Smábátaútgerð á tímun breytinga í sjávarútvegi, áfangaskýrsla 1992. Greinargerð með súluritum, töflum, kortum og heimildaskrá.

II. *Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands:* Afkoma smábátaútgerðar 1989. Nóvember 1992. Skýrsla unnin fyrir Landssamband smábátaeigenda.

III. *Asmund Bjordal og Taivo Laevastu:* Áhrif togveiða og línuveiða á afrakstur og lífþyngd þorskstofna — tölulega greint, 1990. Úr samantekt gagna um málefni smábátaeigenda, desember 1992.

IV. Tafla yfir flutning veiðiheimilda af bátum yfir á togskip, úr samantekt gagna um málefni smábátaeigenda, desember 1992.

V. Línu- og súlurit yfir afla smábáta 1985–1991, úr samantekt gagna um málefni smábátaeigenda, desember 1992.

VI. Samþykktir og ályktanir 8. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda, 26. og 27. október 1992.

601. Þingsályktun [275. mál]

um staðfestingu samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins.

(Afgreidd frá Alþingi 13. jan.)

Samhljóða þskj. 375.

602. Skýrsla [330. mál]

um túlkun á samningi milli Íslands, Noregs og Grænlands um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd fjallaði 22. desember 1992 um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Grænlands um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Nefndin mælti einróma með samþykkt tillögunnar og var hún samþykkt sem ályktun Alþingis sama dag. Jafnframt tók nefndin fram í áliti sínu að hún mundi ræða samninginn frekar á næsta fundi sínum til að taka af öll tvímæli um túlkun á einstökum greinum hans. Í því skyni mæltist nefndin til þess við Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, að hann tæki saman stutta greinargerð um hin umræddu atriði.

Nefndin ræddi málið frekar á fundi 4. janúar 1993 og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Árna Kolbeinsson. Hann kynnti nefndinni sjónarmið sín og lagði fram minnisblað þar sem segir m.a.:

„Segja má að texti samningsins sé ekki ótvíræður varðandi það atriði hvort heimildir skipa tiltekins samningsaðila til veiða í lögsögu hinna aðilanna séu bundnar við veiðar á eigin aflahlutdeild eða hvort þær nái einnig til aflahlutdeildar sem framseld hefur verið til viðkomandi samningsaðila. Afstaða samningsaðilanna til þessa atriðis hefur þó verið ótvíræð. Talið hefur verið að fengi samningsaðili framseldan kvóta beint frá öðrum samningsaðila gæti hann veitt hann í lögsögu hinna samningsaðilanna sem sinn eiginn kvóta. Íslendingar hafa þannig talið að Norðmenn hefðu samkvæmt samningnum heimild til að veiða innan íslenskrar lögsögu þann kvóta sem þeir fá framseldan beint frá Grænlendingum með sömu takmörkunum og sinn eiginn kvóta. Til þess þurfi þeir ekki sérstaka heimild. Á hinn bóginn hefur af Íslands hálfu verið haldið fram að þetta gilti ekki um kvóta sem framseldur hefði verið út fyrir hóp samningsaðila. Þannig gætu norsk skip t.d. ekki keypt kvóta af Evrópubandalaginu og veitt í íslenskri lögsögu nema að fá til þess sérstaka heimild.“

Nefndin vísar að öðru leyti til nefndarálita á þskj. 549 og 579 þar sem vikið er að þessum efnisatriðum.

Alþingi, 13. jan. 1993.

Björn Bjarnason, form.	Steingrímur Hermannsson.	Össur Skarphéðinsson.
Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

603. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um umhverfisskatta.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason,
Sturla Böðvarsson, Sigríður A. Þórðardóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra og fjármálaráðherra að athuga hvort og þá á hvaða hátt umhverfisskattar geti komið í stað núverandi skatta, svo sem tekjuskatta, eignarskatta, útsvars og aðstöðugjalds. Þessi athugun verði gerð samfara því að undirbúnar verði breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga vegna afnáms aðstöðugjalds. Lagt verði til grundvallar við þessa athugun að umhverfisskattar komi í stað annarra jafngildra skatta en verði ekki viðbótarskattheimta.

Greinargerð.

Umhverfisskattar teljast til svokallaðra hagrænna stjórntækja sem beitt er í æ ríkari mæli til þess að ná markmiðum í umhverfismálum. Hagrænum stjórntækjum er beitt til þess að við efnahagslega og viðskiptalega ákvörðunartöku sé tekið tillit til þess kostnaðar sem við höfum af því að skaða umhverfið og ella væri ekki tekinn með í reikninginn. Þetta er m.a. leið til þess að beita hinum frjálsa markaði til þess að aðlaga neyslu, viðskipti og framleiðslu að markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Með þessu móti verður það fjárhagslega hagkvæmt að framleiða, bjóða til sölu og neyta umhverfisvænnar vöru. Í þessum efnum eru margar leiðir en hér er gert ráð fyrir að athugað sé hvort og þá á hvaða hátt umhverfisskattar geti orðið hluti af skattkerfi hins opinbera og komið í stað annarra skatta sem við nú búum við. Flutningsmenn leggja áherslu á að umhverfisskattar verði ekki notaðir til þess að afla hinu opinbera aukinna tekna heldur til þess að breyta og beita skattkerfinu á jákvæðan hátt.

604. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Í stað „200 eða fleiri“ í 3. málsl. 18. gr. laganna kemur: 25 eða fleiri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Stjórn hlutafélags skal kosin á hluthafafundi og skulu allir stjórnarmenn kosnir á sama fundi.
b. Í stað „200 eða fleiri“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 25 eða fleiri.

3. gr.

1. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti tífalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 25 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti hundrað sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

4. gr.

Við 93. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Stjórn hlutafélags skal senda þeim hluthöfum er þess óska ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokum reikningsársins.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna orðast svo: Skylt er að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, sem miða að því að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti og stuðla þannig að auknum áhrifum og aðhaldi almennings á rekstur fyrirtækja. Þá er það ekki síður nauðsynlegt að fyrirtæki geti styrkt eiginfjárstöðu sína með auknu hlutafé, en eins og kunnugt er hefur skortur á eigin fé verið eitt alvarlegasta vandamál hlutafélaga, t.d. í sjávarútvegi. Fyrirtækin hafa í of ríkum mæli fjármagnað rekstur eða fjárfestingu með lánsfé sem hefur leitt til mikils vaxtakostnaðar.

Eiginfjáraukning minnkar þann kostnað, dregur úr lánsfjáreftirspurn og stuðlar þar með að almennri vaxtalækkun í þjóðfélaginu auk þess sem vaxandi aðhald almennings og áhrif stuðla að skynsamlegri stjórnun fyrirtækja.

Alþingi hefur með samþykkt viljayfirlýsingar í formi þingsályktunartillögu um yfirtökutilboð tekið skref til að styrkja stöðu almenningshlutafélaga með því að viðskiptaráðherra er falið að semja lagafrumvarp sem tryggja á rétt minni hluta í hlutafélagi.

Þykir flutningsmönnum rétt að stíga frekari skref með því að leggja til:

— að gerðar verði frekari kröfur en nú er um hömlulaus viðskipti með hlutabréf,
— að stjórn hlutafélags verði öll kosin á sama hluthafafundi og víxlkosning afnumin,
— að það verði víðtækari skylda en nú er að hlutafélag hafi löggiltan endurskoðanda,
— að stjórn hlutafélags verði gert skylt að senda þeim hluthöfum, er þess óska, ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokun reikningsárs,
— að almenningi verði heimill aðgangur hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf ef hluthafar eru 25 eða fleiri, en samkvæmt núgildandi lögum er miðað við 200 hluthafa eða fleiri. Þykir rétt að færa þessi mörk niður til þess að opna fleiri fyrirtæki fyrir almenningi en nú er.

Er með tillögugreininni miðað við sömu mörk og nú eru í 11. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Um 2. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 47. gr. laganna. Annars vegar er gert skylt að kjósa alla stjórnarmenn á sama hluthafafundi og hins vegar eru rýmkuð þau mörk, sem nú eru, til þess að krefjast margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar.

Báðar tillögurnar miða að því að tryggja rétt minni hluta í hlutafélögum og eru mörkin í síðari tillögunni til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hertar eru kröfur til hlutafélaga um að hafa löggiltan endurskoðanda. Lækkuð eru þau mörk í 82. gr. laganna sem leiða til skyldu hlutafélaga að hafa löggiltan endurskoðanda.

Í stað þess að nú er miðað við að hlutafé sé a.m.k. fimmtánfalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 100 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé nemi a.m.k. tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þarf til að stofna hlutafélag verði miðað við að hlutafé sé a.m.k. tífalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 25 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé sé a.m.k. hundrað sinnum hærri fjárhæð en þarf til þess að stofna hlutafélag.

Auk þess er rétt að vekja athygli á því að ákvæði 1. gr. frumvarpsins leiðir sjálfkrafa til kröfu um löggiltan endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 82. gr. laganna, hjá þeim fyrirtækjum sem verður skylt að aflétta hömlum á meðferð hlutabréfa.

Um 4. gr.

Lagt er til það nýmæli að skylda stjórn hlutafélags til þess að senda þeim hluthöfum er þess óska ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Með þessari tillögu er miðað að því að auka upplýsingastreymi til hluthafa.

Um 5. gr.

Hér er lögð til sú breyting að skylt verði að veita almenningi aðgang hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum hlutafélaga sem ekki leggja hömlur á meðferð hlutabréfa, en samkvæmt lagagreininni er einungis um heimildarákvæði að ræða til ráðherra. Markmiðið er augljóst, aukið upplýsingastreymi til almennings.

Rétt er að geta þess að fram kom í greinargerð með frumvarpi á þskj. 121, sem lagt var fram í neðri deild á 111. löggjafarþingi 1988 og síðar varð að lögum, að sambærileg ákvæði voru þá í erlendri löggjöf. Þar kom m.a. fram að í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð að ársreikningur skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla að hlutafélög skuli senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Þó eru gerðar vissar undantekningar varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki. Fram kemur í greinargerðinni einnig að í mörgum öðrum ríkjum eru í lögum ákvæði um upplýsingagjöf og opinberun ársreikninga en gerður er munur á þessum kröfum bæði eftir stærð og gerð hlutafélags. Að öðru leyti vísast til tilvitnaðrar greinargerðar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi um nk. áramót þannig að hlutafélög fái tíma til þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum.

605. Fyrirspurn [333. mál]

til fjármálaráðherra um mötuneyti ríkisstofnana.

Frá Maríu E. Ingvadóttur.

1. Hversu mikil er fjárbinding ríkisins í mötuneytum ríkisstofnana?
2. Hver er rekstrarkostnaður ríkisins við þessi mötuneyti,
   a. fastur kostnaður,
   b. breytilegur kostnaður?
3. Hve margir fermetrar húsnæðis eru bundnir undir þessa starfsemi?

Skriflegt svar óskast.

606. Frumvarp til lánsfjárlaga [145. mál]

fyrir árið 1993 o.fl.

(Eftir 2. umr., 14. jan.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 15.970 m.kr. á árinu 1993.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1993 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 5.620 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 3.900 m.kr.
2. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.300 m.kr.
3. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 290 m.kr.
4. Síldarverksmiðjur ríkisins, allt að 130 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1993 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 7.750 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 3.860 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.870 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 8.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 650 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.

8. Iðnþróunarsjóður, allt að 700 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
9. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1993:

1. Vatnsleysustrandarhreppur, allt að 55 m.kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn.
2. Norræni fjárfestingarbankinn, allt að 22 m.kr. til Norrænu fjárfestingaráætlunarinnar fyrir Eystrasaltsríkin.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 16,2 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Póst- og símamálastofnun, allt að 1.280 m.kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 m.kr. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II við búvörusamning frá 11. mars 1991.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita Íslenska járnblendifélaginu hf. bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 m.kr. og er heimilt að breyta því láni í víkjandi lán eða hlutafé í félaginu í tengslum við samninga milli eigenda um fjárhagslega skipulagningu þess. Enn fremur er heimilt að semja um frekari aukningu hlutafjár eða víkjandi lán enda hljóti slíkar ráðstafanir staðfestingu Alþingis.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar í tengslum við sölu hreppsins á hitaveitunni til Orkubús Vestfjarða.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

9. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan eins og kemur fram í viðauka með lögum þessum. Ávallt er þó heimilt að nýta erlenda lántökuheimild til lántöku innan lands. Útgáfa markaðsverðbréfa á Íslandi skal ávallt teljast til innlendrar lántöku.

Standi sérstaklega á er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá skiptingu skv. 1. mgr. um lántökur ríkissjóðs og að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

11. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 10. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

12. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum telst til lántöku og skal rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

13. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

IV. KAFLI
Ráðstafanir vegna fjárlaga 1993.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1993.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, með áorðnum breytingum, skulu tekjur á árinu 1993 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1993. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1993.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, búfjárræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1993.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1993.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1993.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1993.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1993.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1993.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálasjóðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1993.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum, skulu 344 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögum renna í ríkissjóð á árinu 1993.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með áorðnum breytingum, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 30,3 m.kr. á árinu 1993.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28,3 m.kr. á árinu 1993. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1993 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1993 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram. Í stað „3.000 kr.“ í lokamálslið 13. gr. laganna komi: 4.000 kr.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, skal framlag til uppgjörs á stofnkostnaði við sveitarfélög eigi nema hærri fjárhæð en 405 m.kr. á árinu 1993.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með áorðnum breytingum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að yfirtaka skuldbreytingarlán til loðdýrabænda, að fjárhæð allt að 300 m.kr., sem stofnað hefur verið til á grundvelli 1. gr. laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, og að aflétta þeim veðtryggingum sem teknar hafa verið í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs, enda taki Stofnlánadeild landbúnaðarins þátt í hliðstæðum aðgerðum.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

34. gr.

59. gr. laganna falli brott.

VI. KAFLI
Gildistökuákvæði.

35. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1993. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1994 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.

Heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera 1993.

Í milljónum króna	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar-lántökur
Ríkissjóður Íslands	10.300	5.670	15.970
Landsvirkjun	-	7.750	7.750
Byggingarsjóður ríkisins	3.860	-	3.860
Byggingarsjóður verkamanna	6.870	-	6.870
Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins	8.000	-	8.000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	400	300	700
Byggðastofnun	100	550	650
Iðnlánasjóður	100	2.500	2.600
Iðnþróunarsjóður	100	600	700
Ferðamálasjóður	-	130	130
Vatnsleysustrandarhreppur	-	55	55
Bæjarveitur Vestmannaeyja	-	16	16
Norræni fjárfestingarbankinn	-	22	22
Póst- og símamálastofnun	-	1.280	1.280
Samtals	**29.730**	**18.873**	**48.603**

607. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. janúar 1993, enda komi það saman á ný eigi síðar en 10. febrúar 1993.

608. Fyrirspurn [335. mál]

til menntamálaráðherra um niðurskurð kennslustunda árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur,
Valgerði Sverrisdóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvernig skiptist niðurskurður kennslustunda árið 1992 á kennslugreinar eftir árgöngum?
2. Hve mikið og í hvaða árgöngum hefur kennslustundum fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum?
3. Hversu marga nemendur snertir niðurskurðurinn á árinu 1992 í hverri námsgrein?

Skriflegt svar óskast.

609. Frumvarp til laga [336. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Síðasti málsliður e-liðar 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi skal greiða 20% af nettóársarði til annarra skóla á háskólastigi í hlutfalli við fjölda nemenda í fullu námi á næstliðnu kennsluári og skal fénu varið til uppbyggingar skólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur niður 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, hefur dómsmálaráðherra heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. gr. laganna. Samkvæmt e-lið 1. gr. skal ágóða af happdrættinu varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Auk þess er heimilt að verja honum til viðhalds háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til stofnunar og eflingar rannsóknastofa og til kaupa á rannsóknar- og kennslutækjum. Samkvæmt greininni skal leyfishafi greiða ríkissjóði 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald. Gjald þetta hefur verið greitt úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987. Hefur sjóðurinn veitt styrki til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda, sbr. 2. mgr. 19. gr. sömu laga. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldi þessu verði skipt milli annarra skóla á háskólastigi í stað þess að það renni í ríkissjóð og síðan í fyrrnefndan byggingar-

sjóð. Ekki er það ætlun flutningsmanns að skerða ráðstöfunarfé byggingarsjóðsins, enda mundi fjárveiting í fjárlögum til hans, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr., væntanlega hækka sem næmi missi einkaleyfisgjaldsins. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að skipting fjárins til annarra skóla á háskólastigi verði í hlutfalli við nemendafjölda næstliðins kennsluárs.

Háskóli Íslands hefur um langan aldur haft einkaleyfi til reksturs happdrættis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hefur ágóði þess komið sér vel við uppbyggingu mannvirkja á háskólasvæðinu, svo og við kaup á tækjum og búnaði ýmiss konar. Á síðustu árum hefur skólum á háskólastigi fjölgað ört hér á landi. Má þar fyrst nefna Kennaraháskóla Íslands. Sá skóli, sem nú er í örustum vexti, er Háskólinn á Akureyri. Með frumvarpi þessu er leitast við að koma að nokkru til móts við þörf annarra skóla á háskólastigi og lagt til að þeim 20% af nettóársarði, sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur hingað til greitt í ríkissjóð, verði skipt milli þeirra. Eðlilegt væri að stjórn happdrættisins sæi um þá hlið mála. Á síðasta ári greiddi Happdrætti Háskóla Íslands rúmlega 70 millj. kr. einkaleyfisgjald til ríkissjóðs. Lagabreytingu þessari er ekki stefnt gegn Háskóla Íslands, enda mundi hún í engu skerða það fé sem Háskólinn hefur af happdrættinu en gæti orðið til þess að fjölga velunnurum happdrættisins. Lagabreytingin gæti orðið til þess að fleiri sæju sér hag í að spila í happdrættinu þar sem hluti arðsins rynni til þess skóla sem þeim væri hugleikinn. Má því vænta þess að nemendur, sem hafa stundað eða munu stunda nám í skólum á háskólastigi, spiluðu frekar í happdrættinu. Mundi þá skapast breiðari stuðningur við Happdrætti Háskólans sem er afar mikilvægt. Horfur eru því á að jafnt Háskóli Íslands sem aðrir skólar á háskólastigi nytu góðs af breytingunni. Bættur búnaður og húsakostur þeirra hlýtur að vera allra hagur.

610. Frumvarp til laga [337. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason.

1. gr.

Á eftir orðunum „sem við á“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, (frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri), kemur: svo og stofnfjárbréf í stofnsjóðum sparisjóða samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í stjórnarfrumvarpi um viðskiptabanka og sparisjóði, 208. mál, þskj. 249, er lagt til að allir sparisjóðir verði stofnfjársjóðir með takmarkaðri ábyrgð. Stofnfé verði lagt fram af stofnendum sem verði eigendur stofnfjárhluta og verði ábyrgð hvers og eins takmörkuð við inngreidda stofnfjáreign þeirra. Starfandi sparisjóðum veitist þriggja ára frestur til að breyta samþykktum þannig að stofnfé komi í stað ábyrgða samkvæmt núgildandi lögum og fá stofnfjárframlög frá ábyrgðarmönnum eða öðrum í þeirra stað eða til viðbótar þeim.

Með því frumvarpi er stefnt að eigin fjármögnun sparisjóða með sambærilegum hætti við eigin fjármögnun hlutafélagabanka, þ.e. með sama hætti og eigin fjármögnun almenningshlutafélaga.

Í 15.–23. gr. þess frumvarps er m.a. kveðið á um rétt og takmörkun á rétti stofnfjárhluta, eða stofnfjárhlutabréfa, og stofnfjáreigenda. Er hann þar markaður með sambærilegum hætti og er um hlutabréf og hluthafa í hlutafélögum, í lögum um hlutafélög og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt um skattalega meðferð hlutafjár, arðs og endurmats. Á það við um takmörkun ábyrgðar við inngreidda stofnfjáreign sem fyrr er nefnd, arð af innborguðu stofnfé, skattalega meðferð stofnfjár og arðs, endurmat og skattalega meðferð endurmats.

Í því frumvarpi er hins vegar ekki ráðgert að stofnendur og aðrir, er leggi fram stofnfé í sparisjóði, fái heimild til að draga frá tekjum sínum vegna þeirrar fjárfestingar með sama hætti og heimilt er þeim sem leggja fram hlutafé í samvinnufélögum og hlutafélögum, þar á meðal viðskiptabönkum sem eru hlutafélög, þ.e. hlutafélagabönkum.

Réttmætt virðist að sparisjóðum verði veitt sömu réttindi til að stofnfjáreigendur þeirra fái frádregna frá skattskyldum tekjum fjárfestingu í sparisjóðum eins og í hlutafélögum og samvinnufélögum og þannig opnaðir möguleikar til að afla eigin fjár með sölu stofnfjárbréfa er standist samkeppni við hlutabéf sem fjárfestingarvalkostur.

611. Frumvarp til laga [296. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

(Eftir 2. umr., 14. jan.)

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1993 og ekki á skólaárinu 1993–1994:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: og skólaárið 1993–1994.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

612. Lánsfjárlög [145. mál]

fyrir árið 1993 o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 14. jan.)

Samhljóða þskj. 606.

613. Lög [296. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. og lög nr. 1/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 14. jan.)

Samhljóða þskj. 611.

614. Þingsályktun [334. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. jan.)

Samhljóða þskj. 607.

615. Lög [328. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. jan.)

Samhljóða þskj. 599.

616. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Ný grein, 173. gr. b laganna, orðast svo:

Hver, sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti gegn 173. gr. a, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í umræðum á alþjóðavettvangi um aðgerðir gegn ólöglegum fíkniefnaviðskiptum hefur athyglinni undanfarin ár í auknum mæli verið beint að fjárhagshlið viðskiptanna. Alþjóðleg samstaða er um það að leggja aukna áherslu á fjárhagshlið viðskiptanna. Talið er mikilvægt að ná til þeirra sem í reynd standa að viðskiptunum með því að skipuleggja eða fjármagna þau án þess að vera sjálfir neytendur eða koma að öðru leyti beint fram, t.d. sem innflytjendur eða dreifendur. Í þeim tilgangi að ná til þeirra sem standa að skipulögðum fíkniefnaviðskiptum, t.d. með fjármögnun eða með því að koma ágóða undan, hafa víða verið lögfest sérstök refsiákvæði.

Hinn 10. júní 1991 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (sic). Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að hafa lagað löggjöf sína að þessari tilskipun Evrópubandalagsins við gildistöku EES-samningsins.

Tilgangurinn með framangreindri tilskipun EB um peningaþvætti er aðallega sá að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að reyna að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta ágóða af brotastarfsemi og að hindra að aukið frelsi í fjármagnsflutningum og fjármálaþjónustu verði notað til peningaþvættis.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tryggja að peningaþvætti sé bannað. Það er ófrávíkjanleg krafa að aðildarríkin hafi reglur um peningaþvætti vegna fíkniefnabrota. Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum að öðru leyti í sjálfsvald sett hvort þau setja reglur um peningaþvætti vegna annarra afbrota. Það er því ekki fortakslaus krafa að sett séu refsiákvæði um peningaþvætti, en refsiákvæði er raunhæfasta leiðin til að tryggja að bannið við peningaþvætti verði virkt.

Í tilskipun EB um aðgerðir gegn peningaþvætti er hugtakið skilgreint með eftirfarandi hætti:

— ummyndun eða yfirfærsla á eignum þegar vitað er að slíkar eignir eru til komnar vegna afbrota eða vegna þátttöku í slíkri starfsemi, í þeim tilgangi að hylma yfir eða leyna ólögmætum uppruna eignarinnar eða aðstoð við hvern þann sem á þátt í slíkri starfsemi í að sneiða hjá lögfylgjum athafna sinna,

— yfirhylming eða launung að því er varðar raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi yfir eða eignarrétt eigna þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,
— öflun, umráð eða notkun eignar þegar vitað er við móttöku að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,
— þátttaka í, samtök um, tilraunir til, liðveisla, hvatning, fyrirgreiðsla eða ráðgjöf við framningu sérhverra þeirra athafna sem nefndar eru í undanfarandi málsgreinum.

Þegar talað er um eign hér að framan er átt við eignir af öllu tagi, hvort sem þær eru áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, lausafjármunir eða fasteignir, rekstrarfjármunir eða óefnislegar eignir, lagaskjöl eða skjöl sem sanna eign eða réttindi sem tengjast slíkum eignum.

Á 116. löggjafarþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti, en í því frumvarpi er lagt til að lögfest verði ákvæði varðandi fjármálastofnanir sem nauðsynleg eru talin til að fullnægja skilyrðum í áðurgreindri tilskipun EB.

II. Almennt um frumvarpið.

Íslensk refsilöggjöf um ávana- og fíkniefni er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru sérrefsilög, þ.e. lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Og í öðru lagi eru ákvæði í 173. gr. a almennra hegningarlaga um alvarlegri fíkniefnabrot.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna um ávana- og fíkniefni er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr. greinarinnar, en samkvæmt henni er innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla ávana- og fíkniefna bönnuð. Brot á lögunum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að refsa fyrir brot hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og ákvæði almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild gilda einnig um brot á lögunum.

Í 1. mgr. 173. gr. a eru ákvæði um að sá sem andstætt lögum um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt skuli sæta fangelsi allt að 10 árum.

Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal sá sæta sömu refsingu sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt sem segir í 1. mgr.

Vafi er talinn leika á því að hvaða leyti hægt sé að refsa þeim fyrir hlutdeild í fíkniefnabroti sem t.d. tekur við, geymir eða flytur ágóða af fíkniefnabroti. Samkvæmt 22. gr. hegningarlaga, þar sem fjallað er um hlutdeild, skal hverjum þeim refsað sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt tekur þátt í því að brot samkvæmt lögunum er framið. Hlutdeildarákvæðið tekur fyrst og fremst til hlutdeildar í verknaði sem til er komin áður en brot er framið eða samtímis framningu þess. Almennt er aðstoð, sem veitt er eftir það tímamark, refsilaus nema hún sé veitt samkvæmt samkomulagi sem gert var fyrir verknaðinn.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að almennt sé ekki unnt samkvæmt gildandi lögum að refsa fyrir viðtöku ágóða af fíkniefnasölu. Það sama gildir um flutning, geymslu og aðra sambærilega aðstoð sem kemur til eftir að frumbrotið er framið.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði refsiákvæði um viðtöku, geymslu, flutning ávinnings af fíkniefnabrotum o.s.frv. Samhliða frumvarpi þessu verður flutt frumvarp um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, þar sem lögð verð-

ur til sams konar viðbót við þau lög eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Slíku refsiákvæði er ætlað að hamla gegn fíkniefnaviðskiptum og það getur einnig takmarkað möguleika milliliða og leppa að tryggja sér ávinning af fíkniefnaviðskiptum. Þá styrkir slíkt ákvæði réttarvörslu gagnvart þeim sem standa að baki fíkniefnabrotum með fjármögnun. Samkvæmt ákvæðinu verður einnig hægt að refsa þeim sem taka við ágóða af fíkniefnabrotum án þess að sannað verði að viðskiptin hafi verið fjármögnuð með peningaláni eða sambærilegri fyrirgreiðslu. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að kunnáttusamleg fíkniefnaviðskipti eru skipulögð í mörgum sjálfstæðum liðum þar sem sjaldnast liggur fyrir vitneskja um aðra sem taka þátt í þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að í almenn hegningarlög verði bætt við nýju ákvæði sem verði 173. gr. b. Hið refsiverða atferli samkvæmt greininni er í reynd tvíþætt:

Í fyrsta lagi að taka við eða afla sér eða öðrum ávinnings af broti gegn 173. gr. a.

Í öðru lagi að geyma eða flytja slíkan ávinning, aðstoða við afhendingu hans eða stuðla á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti gegn sömu grein.

Markmiðið með fyrri hluta greinarinnar er að ná beint til þeirra sem standa að fíkniefnaviðskiptum, án þess að þeir eigi beina aðild að innflutningi eða dreifingu þeirra, en þar sem unnt er að sanna að þeir hafi tekið á móti peningum eða öðrum ávinningi af viðskiptunum. Tilgangur þeirra sem leggja fé til fíkniefnaviðskipta án annarra afskipta er sá að hagnast af viðskiptunum. Viðtaka ágóða viðskiptanna er í reynd síðasti hlekkur viðskiptanna og verður að telja hana jafnámælisverða og hlutverk þeirra sem sinna öðrum liðum í viðskiptunum. Samkvæmt þessum hluta greinarinnar er ekki einungis lagt til að lögð verði refsing við því að taka við eða útvega sér ávinning af fíkniefnabroti heldur einnig að útvega öðrum slíkan ávinning. Það væri óeðlilegt að unnt væri að losna undan refsiábyrgð með því t.d. að afhenda maka sínum peningana eða greiða með þeim skuld.

Markmiðið með síðari hluta greinarinnar er að takmarka fíkniefnaviðskipti með því að leggja refsingu við hinum ýmsu aðferðum sem unnt er að viðhafa til að aðstoða við undanskot ávinnings af fíkniefnaviðskiptum, án þess að það sé skilyrði að viðkomandi hafi nokkurn ábata af aðstoðinni eða hafi ætlast til slíks ábata. Upptalning á tilhögun aðstoðar, þ.e. geyma, flytja og aðstoða við afhendingu, er hér ekki tæmandi. Nefna má fleiri dæmi aðstoðar en talin eru upp í greininni, svo sem að innheimta kröfu, fjárfesta, dylja ávinning o.s.frv.

Í greininni er lagt til að brot gegn henni varði allt að 10 ára fangelsi. Er það sama refsing og fyrir brot gegn 173. gr. a. Þeir verknaðir, sem lagt er til að lögð verði refsing við samkvæmt greininni, geta verið jafnalvarlegir og sjálft fíkniefnabrotið og er það ástæða þess að lagt er til að refsimörk verði þau sömu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

617. Frumvarp til laga [339. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Refsingu skv. 1. mgr. skal sá sæta sem af ásetningi tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti gegn lögum þessum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, þar sem lagt er til að bætt verði við hegningarlögin nýrri grein, 173. gr. b. Með því frumvarpi fylgir ítarleg greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að efnislega sams konar ákvæði og í áðurnefndu frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum verði bætt við lög um ávana- og fíkniefni. Varðandi skýringar á 1. gr. frumvarpsins vísast til athugasemda við frumvarpið um breyting á almennum hegningarlögum.

618. Svar [325. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Maríu E. Ingvadóttur um endurskoðun bókhaldslaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður endurskoðun bókhaldslaga og hvenær er að vænta niðurstöðu?

Þann 23. desember 1992 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 51/1968, um bókhald. Í nefndina voru skipaðir Guðmundur Guðbjarnason, fyrrverandi skattrannsóknarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Alexander G. Eðvardsson, löggiltur endurskoðandi, sem tilnefndur var af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón Ögmundur Þormóðsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneyti, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, og Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, sem tilnefndur var af Félagi löggiltra endurskoðenda.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að löngu sé tímabært að taka gildandi lög um bókhald til endurskoðunar. Er þar vikið að nokkrum atriðum sérstaklega í því sambandi. Fyrst er þar að nefna að samningurinn um EES gerir beinlínis ráð fyrir að íslenskri löggjöf verði breytt. Þá er það nefnt að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í viðskiptum með svokölluðum pappírslausum viðskipt-

um. Í þriðja lagi er nefndinni sérstaklega falið að taka til skoðunar ákvæði laganna er lúta að viðurlögum við bókhaldsbrotum.

Nefndin hefur þegar hafið störf og hefur starfið fram að þessu fyrst og fremst falist í öflun ýmissa gagna, erlendra sem innlendra. Það er ljóst að nefndin á fyrir höndum umfangsmikið og vandasamt verk. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á að verkinu verði hraðað eftir því sem kostur er. Til að þjóna því markmiði skal þess getið að formaður nefndarinnar, Guðmundur Guðbjarnason, mun sinna nefndarstarfinu sem aðalstarfi. Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu um starf sitt ásamt fullbúnu frumvarpi til laga um bókhald eigi síðar en í ársbyrjun 1994 þannig að unnt verði að flytja frumvarp til laga um bókhald á vorþingi 1994.

619. Fyrirspurn [340. mál]

til landbúnaðarráðherra um söluskatt af mannvirkjum loðdýrabúa.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Verður fyrrverandi loðdýrabændum heimilt að taka mannvirki, sem reist voru til loðdýraframleiðslu, til annarrar notkunar án þess að greiða af þeim söluskatt?

620. Fyrirspurn [341. mál]

til samgönguráðherra um álögur á ferðaþjónustu.

Frá Jóni Helgasyni.

Ætlar samgönguráðherra að leggja fram frumvarp um að afnema nýsett lög um virðisaukaskatt á gistingu eftir að hann frétti suður í Egyptalandi að ekki gangi að hækka álögur á ferðaþjónustu?

621. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 frá 19. febrúar 1963, um ráðherraábyrgð.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr liður, c-liður, er orðast svo:

c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um ráðherraábyrgð frá 4. febrúar 1963 taka ekki til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi ef hann greinir því rangt frá, gefur því villandi upplýsingar eða leynir það upplýsingum er mikilvægar eru fyrir meðferð máls. Ráðherrar hafa því ekki nauðsynlegt aðhald og geta freistast til að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna það mikilvægum upplýsingum. Þetta getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað fullkominn trúnaðarbrest Alþingis og ráðherra. Í lögum Dana um ráðherraábyrgð (Lov 1964-04-15 nr. 117 om ministres ansvarlighed) eru hins vegar skýr ákvæði um þetta atriði. Lagt er til að þau ákvæði verði tekin í íslensk lög. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti treyst því að upplýsingar, er ráðherrar gefa því, séu fullnægjandi og sannleikanum samkvæmar og að ráðherra leyni ekki upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls.

Fylgiskjal.

10. og 11. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

10. gr.

Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín,
b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir,
c. *ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.*

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, ...[1] varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.

[1] *L. 75/1982, 2. gr.*

622. Fyrirspurn [343. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar á Faxaflóa.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hyggst ráðherra banna dragnótaveiðar í Faxaflóa?

623. Fyrirspurn [344. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsóknir á innfluttum matvælum.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvernig er rannsóknum á innfluttum matvælum, einkum grænmeti, háttað?

624. Fyrirspurn [345. mál]

til samgönguráðherra um ferjuflug.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Hver er skilgreining samgönguráðuneytis á „ferjuflugi“?
2. Hversu margar ferjuflugvélar höfðu viðkomu hér á landi á árunum 1988–1992, að báðum árum meðtöldum? Hvaðan komu þær og hvert var för þeirra heitið?
3. Hafa verið kannaðir möguleikar á því að láta ferjuflugvélar hafa viðkomu á öðrum flugvöllum en í Reykjavík og Keflavík?
4. Telur ráðherra flugvöllinn á Rifi geta tekið við ferjuflugvélum? Hvaða nauðsynlegar úrbætur þyrfti að gera á vellinum til að svo mætti verða?

Skriflegt svar óskast.

625. Fyrirspurn [346. mál]

til heilbrigðisráðherra um sálræna heilsugæslu utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvaða úrræði er boðið upp á í sálrænni heilsugæslu utan höfuðborgarsvæðisins? Á hvaða stöðum er slík þjónusta veitt? Hve mörg stöðugildi eru á hverjum stað og hvernig skiptast þau á milli starfsstétta? Miðast þjónustan við innlagnir eða göngudeildarþjónustu?

626. Tillaga til þingsályktunar [347. mál]

um atvinnumál farmanna.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til þess að tryggja störf íslenskra farmanna á íslenskum kaupskipum. Í því sambandi verði athugað hvaða opin-

berar ráðstafanir þurfi að gera til að bæta samkeppnisstöðu íslenskrar kaupskipaútgerðar.

Greinargerð.

Það er álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að ríkisstjórn á hverjum tíma beri að stuðla að stöðugleika og auka fjölbreytni í atvinnu landsmanna. Eflaust eru til margar leiðir að þessu marki, en nærtækast virðist að atvinnugreinum séu sköpuð eðlileg rekstrar- og samkeppnisskilyrði. Nágrannaþjóðir, t.d. aðrar Norðurlandaþjóðir, hafa brugðið á það ráð að gefa eftir skatta farmanna til að tryggja skráningu kaupskipa heima fyrir og um leið treysta mönnun skipanna með eigin fólki. Jafnhliða þessum ráðstöfunum hafa þessar þjóðir sett á laggirnar alþjóðlegt skráningarkerfi fyrir kaupskip. Ef Ísland færi svipaða leið og önnur ríki á Norðurlöndum í þessum efnum yrði það að vera tryggt að íslenskir farmenn hefðu forgang að störfum á skipum í eigu íslenskra útgerða í siglingum til og frá Íslandi.

Á síðasta áratug og því sem af er þessum hefur skipum, sem gerð eru út af útgerðum innan Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, fækkað úr 51 skipi í 30 skip (janúar 1993). Árið 1980 voru 48 þessara skipa skráð á Íslandi. Nú eru skipin, sem sigla undir íslenskum fána, einungis 11 en útgerðirnar gera nú út 19 skip sem sigla undir erlendum þægindafánum eða samtals 30 skip.

Á síðustu þremur árum hefur stöðum, sem Íslendingar hafa gegnt á skipum, fækkað úr 375 (janúar 1990) í 253 (janúar 1993) og hlutdeild Íslendinga í mönnuninni fallið úr 81,5% í 74,2%. Þetta þýðir að ársstörfum íslenskra farmanna hefur fækkað á síðustu þremur árum um 183 sé gert ráð fyrir að hver staða jafngildi 1,5 ársstörfum.

Ein af ástæðunum, og sú alvarlegasta, fyrir þessari fækkun atvinnutækifæra farmanna má rekja til svokallaðrar útflöggunar kaupskipa sem gerir útgerðunum kleift að manna skipin með erlendu ódýru vinnuafli. Aðra ástæðu má nefna, þann mikla kostnað í formi stimpil- og skráningargjalda sem fylgir skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá og rennur í ríkissjóð. Reyndar hefur verið starfandi nefnd á vegum samgönguráðuneytisins sem hefur það verkefni að kanna hagkvæmni þess að koma á fót alþjóðlegri skipaskrá hér á landi. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum.

Norðurlandaþjóðirnar, að Íslendingum undanskildum, hafa gert ýmsar ráðstafanir til bjargar þessari atvinnugrein. Þessar aðgerðir hafa verið af ýmsum toga og misjafnlega árangursríkar. Í þessu samhengi þykir flutningsmönnum ástæða til að benda á ráðstafanir danskra stjórnvalda til bjargar danskri „skibsfart“.

Aðgerðir danskra stjórnvalda fólu m.a. í sér að þau komu á alþjóðlegri skipaskrá fyrir kaupskip og gerðu aðrar þær ráðstafanir sem voru nauðsynlegar í því sambandi. Samfara þessu ákváðu stjórnvöld í Danmörku að styrkja atvinnugreinina með þeim skattpeningum og launatengdum gjöldum sem danska ríkið hafði fengið af atvinnutekjum danskra farmanna sem störfuðu á skipum í utanlandssiglingum. Síðan gerðu útgerðirnar og stéttarfélögin kjarasamninga sem fólu í sér svokölluð „nettólaun“ sem eru laun eins og þau voru í gamla kerfinu að frádregnum sköttum.

Um mitt ár 1988 voru nær öll kaupskip í eigu Dana, sem voru í utanlandssiglingum, skráð undir þægindafánum og næstum eingöngu mönnuð útlendingum frá láglaunalöndum. Þær aðgerðir Dana, sem að framan er lýst, sneru dæminu algjörlega við. Nú sigla næstum öll kaupskip í danskri eigu undir dönskum fána og með dönskum áhöfnum að 90–95% sem færa þjóðarbúinu stórfelldar gjaldeyristekjur í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur.

Það er orðið meira en tímabært að íslensk stjórnvöld og Alþingi leggist á eitt við að

standa vörð um íslensk atvinnutækifæri. Auðvitað komumst við ekki hjá því að veita erlendu fólki atvinnu hérlendis ef Íslendingar fást ekki í störfin en hingað til hefur verið nægt framboð af íslenskum farmönnum. Aðrar þjóðir hafa staðið frammi fyrir því að útflöggunarstefna þeirra á kaupskipum og erlend mönnun þeirra hefur leitt til þess að engir nýliðar af eigin þjóð hafa hlotið starfsþjálfun á kaupskipum. Þetta þýðir einfaldlega að á skömmum tíma hefur þróunin orðið sú að engir vilja fara til náms sem veitir réttindi til að gegna störfum yfirmanna. Skólar skipstjórnar- og vélstjórnarfræðslu líða hægt undir lok og þar með er einni atvinnustétt færra í landinu.

627. Fyrirspurn [348. mál]

til menntamálaráðherra um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Til hvaða ráðstafana hefur ríkisstjórnin gripið vegna ályktunar Alþingis frá 18. maí 1992 þess efnis að ríkisstjórnin beiti sér fyrir að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna?

628. Fyrirspurn [349. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1990 um nýjar aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið skal tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir?

629. Frumvarp til laga [350. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI

Gildissvið. Mörk við aðra starfsemi.

1. gr.

Lög þessi gilda um vátryggingarstarfsemi. Rísi deilur um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara sker ráðherra vátryggingarmála úr.

2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistrygg-

ingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingarstarfsemi.

3. gr.

Hlutafélög, gagnkvæm félög eða félög sem stofnuð eru með sérlögum mega reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

Um vátryggingarhlutafélög gilda ákvæði laga um hlutafélög og um gagnkvæm vátryggingarfélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi, ákvæði laga um samvinnufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Félög, sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingarstarfsemi, mega reka þessa starfsemi í hlutafélagsformi sem gagnkvæm félög eða á öðru lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög. Sama gildir um erlend vátryggingarfélög sem leyfi fá til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

4. gr.

Nú á vátryggingarfélag svo mikinn hlut í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum, eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu, svo mikinn hlut í öðru félagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef vátryggingarfélag hefur annars sem eigandi eignarhluta eða vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag. Móður- og dótturfélög eru í sameiningu félagasamstæða.

5. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður þegar móðurfélagið er vátryggingarfélag, sbr. 4. gr.

Vátryggingareftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um samstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingarfélag og vátryggingarfélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingarstarfsemi.

Vátryggingareftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður skv. 4. gr. þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

6. gr.

Vátryggingarfélag má ekki reka aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi. Til vátryggingarstarfsemi telst hliðarstarfsemi sem henni tengist, sbr. 7. gr.

Vátryggingarfélag telst reka aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi ef félagið hefur ákvörðunarvald eða virk yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru vátryggingarfélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er vátryggingarfélagi heimilt að eiga meiri hluta í félagi sem rekur fjármálastarfsemi, enda sé starfsemin háð eftirliti opinberra aðila.

Vátryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar. Því er

óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur vátryggingarfélags.

7. gr.

Hliðarstarfsemi af því tagi, sem hér greinir, telst til vátryggingarstarfsemi samkvæmt lögum þessum:

1. Umboð fyrir vátryggingarfélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Vátryggingareftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að reisa, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma.
3. Tjónsuppgjör og tjónavarnarstarfsemi.
4. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir vátryggingarstarfsemi.
5. Önnur umsýsla í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við vátryggingarstarfsemi sem hliðarstarfsemi.

Starfsemi skv. 5. tölul. er háð leyfi Vátryggingareftirlitsins. Vátryggingareftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 5. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

8. gr.

Vátryggingarstarfsemi skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingarviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Verði misbrestur á skal Vátryggingareftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið.

9. gr.

Líftryggingarstarfsemi má ekki reka með annarri vátryggingarstarfsemi. Þó má sama félag hafa með höndum endurtryggingar á líftryggingum með annarri vátryggingarstarfsemi. Einnig má veita líftryggingarfélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

Vátryggingareftirlitið má veita vátryggingarfélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi heimild til að hafa með höndum áhættulíftryggingar þegar sú tegund vátrygginga er hluti vátryggingarsamninga eða í beinum tengslum við aðra vátryggingarsamninga þess félags, enda séu áhættulíftryggingarnar ekki teknar til lengri tíma í senn en 10 ára.

10. gr.

Greinaflokkarnir farmtryggingar, flugtryggingar, sjótryggingar, greiðslu- og efndatryggingar í atvinnurekstri, svo og skaðatryggingar stórfyrirtækja teljast stóráhætta. Aðrar vátryggingar, einkum fjölskyldna, heimila og minni fyrirtækja svo og persónutryggingar stórfyrirtækja teljast fjöláhætta. Greint er á milli líftrygginga sem líftryggingartaki tekur að eigin frumkvæði og án atbeina líftryggingarfélaga eða annarra sem starfa á þeirra vegum eða fyrir þau og líftrygginga þar sem slíkur atbeini eða öflun líftrygginga á sér stað í atvinnuskyni. Teljast þær líftryggingar sem fyrr eru nefndar til þjónustu sem veitt er án fastrar atvinnustöðvar, en hinar síðarnefndu til starfsemi í fjöláhættugreinum, sbr. VI. kafla.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari skilgreiningu á greinaflokkum vátrygginga, skilyrðum þess að vátrygging teljist stóráhætta og fjöláhætta og skilyrði þess að fyrirtæki teljist stórfyrirtæki í merkingu laga þessara.

11. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hefja vátryggingarstarfsemi eða stofna til vátryggingarsamninga fyrr en það hefur fengið starfsleyfi. Ekki má skrá félag sem vátryggingarfélag í hlutafélagaskrá eða aðra félagaskrá fyrr en starfsleyfi hefur verið gefið út.

Heimilt er að skrá félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt vátryggingarfélag svo framarlega sem ekki er stofnað til vátryggingarsamninga og ábyrgðar vegna þeirra eða innheimtu iðgjalda, áður en félagið hefur verið skráð.

12. gr.

Í nafni vátryggingarfélags skal koma greinilega fram að um vátryggingarfélag sé að ræða. Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingarstarfsemi eða láta neitt frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingarstarfsemi sé rekin.

Félagsform vátryggingarfélags skal koma greinilega fram í heiti þess. Þegar gefnar eru upplýsingar opinberlega eða á annan hátt með tilkynningum til almennings um upphæð hlutafjár, stofnfjár eða annars ábyrgðarfjár skal bæði koma fram skráð fé og hversu mikið er innborgað.

Nafn og aðsetur þess vátryggingarfélags sem áhættuna ber skal ávallt koma fram á vátryggingarskírteinum, bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingartaka og í öllum gögnum sem skuldbinda hann, svo og nafn og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú eða umboð er að ræða, sbr. þó 44. gr. Ávallt skal upplýsa vátryggingartaka um þessi atriði áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi.

II. KAFLI

Stofnun vátryggingarfélags. Starfsleyfi og skráning í vátryggingarfélagaskrá.

1. Stofnun vátryggingarfélags.

13. gr.

Stofnendur vátryggingarfélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau atriði sem tilgreind eru í 14. gr.

Stofnendur skulu hið fæsta vera þrír. Meiri hluti stofnenda skal vera búsettur á Íslandi. Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög á Íslandi og stofnanir þeirra, vátryggingarfélög með heimilisfang hér á landi, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög svo og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti með aðsetur hér á landi. Stofnendur skulu hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Ráðherra getur veitt undanþágu frá kröfunni um búsetu stofnenda á Íslandi.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þess hlutafjár eða stofnfjár sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

14. gr.

Í stofnsamningi vátryggingarfélags skal eftirfarandi koma fram:

1. Nöfn og heimilisföng stofnenda.

2. Hve mikið skuli greiða fyrir hvern hlut í félaginu.
3. Frestir sem kunna að vera veittir til áskriftar fyrir hlutum og til greiðslu þeirra.
4. Reglur um innborgun hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.
5. Ákvarðanir um að stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda eða hlunninda í félaginu.
6. Ákvarðanir um að gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefði í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
7. Ákvarðanir um að félagið taki við verðmætum sem ekki er greitt fyrir með hlutum í félaginu.
8. Hvenær halda skuli stofnfund og hvernig til hans skuli boðað nema það leiði af ákvæðum 17. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
9. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og, ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu fé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 15. gr. Vátryggingareftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Í stofnsamningi gagnkvæms vátryggingarfélags skal jafnframt getið:

10. Ábyrgðar félagsmanna og ábyrgðarmanna á skuldbindingum félagsins og skuldbindingar þeirra innbyrðis hvers gagnvart öðrum.
11. Hvort og að hvaða marki félagið á að geta tekið að sér endurtryggingar án gagnkvæmrar ábyrgðar.
12. Eftir hvaða reglum stofnfé skuli ávaxtað.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru og máli skipta til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er félagið hyggst taka við.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingarstarfsemi eða vátryggingarstofn annars vátryggingarfélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu vátryggingarstofns hafi verið gerð og umfjöllun Vátryggingareftirlits liggi fyrir, sbr. VIII. kafla.

Skjöl, sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi, skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Allir samningar um atriði sem fjallað er um í stofnsamningi, en voru ekki samþykkt við gerð hans, eru ógildir gagnvart félaginu.

15. gr.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé. Vátryggingareftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti.

Framlög til greiðslu hluta í öðru en reiðufé skulu vera þannig að unnt sé að meta fjárhagslegt verðmæti þeirra. Í þeim má ekki felast skuldbinding um að leggja fram vinnu eða þjónustu og framlög mega ekki vera í formi krafna á aðra stofnendur eða þá sem skrá sig fyrir hlutum þótt kröfurnar séu tryggðar með veði.

Sé ætlunin að greiða hluti á annan hátt en í reiðufé skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn ásamt matsgerð. Matsgerðin skal unnin af einum eða fleiri óvilhöllum, sérfróðum matsmönnum sem Vátryggingareftirlitið samþykkir. Matsmönnum skal heimill aðgangur að öllum gögnum til að unnt sé að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og þeir geta krafið stofnendur eða félagið um allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeir álíta sig þurfa við verk sitt. Fallist Vátryggingareftirlitið á umsóknina má gera stofnsamning.

Telji Vátryggingareftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmætið eða nýrrar matsgerðar.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við taki félagið við fjármunum af stofnendum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum sem ekki eru til greiðslu hluta og greiðsla skal innt af hendi innan tveggja ára frá dagsetningu stofnsamnings, eða greiðsla nemur meir en tíunda hluta hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.

16. gr.

Stofnendur skulu gera tillögu að samþykktum vátryggingarfélags og skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1. Heiti félagsins og heimilisfang.
2. Tilgangur félagsins, starfssvið og starfssvæði.
3. Heildarupphæð hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár, fjárhæð hluta og atkvæðisréttur.
4. Hvort hlutir eiga að geta gengið kaupum og sölum og reglur um innlausn og sérstök réttindi er þeim kunna að fylgja, svo og skorður sem reistar kunna að vera við heimildum eigenda hluta til meðferðar á þeim.
5. Fjöldi manna í stjórn og varastjórn ásamt endurskoðendum og kjörtímabil þeirra.
6. Hvernig boðað skuli til félagsfundar.
7. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
8. Hvert skuli vera reikningsár félags.
9. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
10. Úthlutun arðs og ágóðahluta.
11. Hvernig ráðstafa megi eignum félagsins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit.

Í samþykktum gagnkvæms félags skal enn fremur kveðið á um:

12. Skilyrði aðildar félagsmanna að félaginu og um brottfall aðildar.
13. Atriði samkvæmt ákvæðum 10.–12. tölul. 14. gr.

17. gr.

Ákvörðun um stofnun vátryggingarfélags skal tekin á stofnfundi.

Stofnendur skulu sjá um að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn sem um ræðir í stofnsamningi, þar með talin matsgerð og yfirlýsing, ef við á sbr. 15. gr., séu til sýnis í eina viku fyrir stofnfund á stað sem greinir í fundarboði.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar.

Á stofnfundi skulu lögð fram gögn sem fjallað er um í 2. mgr. og gerð skal grein fyrir útgjöldum sem um getur í 9. tölul. 1. mgr. 14. gr. Einnig skal veita upplýsingar um það hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé sem samþykkt hefur verið og um skiptingu hluta og innborgaðra fjárhæða. Upplýsingar þessar skulu færðar í fundargerðabók.

2. Starfsleyfi og skráning í vátryggingarfélagaskrá.

18. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal send Vátryggingareftirlitinu innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings ásamt tilkynningu til skráningar í vátryggingarfélagaskrá, sbr. 21. gr.

Í umsókn skulu koma fram þær vátryggingargreinar sem sótt er um leyfi fyrir. Henni skulu fylgja staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók, drög að samþykktum til staðfestingar, ásamt áætlun um starfsemi félagsins, sbr. 19. gr. Teljist vátryggingargrein fjöláhætta í merkingu 10. gr. laga þessara skulu einnig fylgja umsókn sýnishorn almennra vátryggingarskilmála og iðgjaldagrundvallar.

Berist umsóknin ekki innan tilskilins frests, sbr. 1. mgr., skal synja um skráningu félagsins. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé. Sama gildir ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum. Eftir þetta er ekki hægt að skrá félagið nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og má þá skrá félagið þó að fresturinn sé liðinn.

Ekki má skrá vátryggingarfélag í vátryggingarfélagaskrá nema hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé, sem skráð er við stofnun, sé að fullu greitt.

Vátryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og verið skráð í vátryggingarfélagaskrá.

19. gr.

Í áætlun um starfsemina, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingarvernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu án endurtryggingar í hverri vátryggingargrein.
2. Skrá yfir eignir sem eiga að koma á móti ábyrgðarsjóði, sbr. 26. gr.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu bókhaldsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst standa við skuldbindingar sínar og uppfylla kröfur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð fyrstu þrjú bókhaldsárin.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluvátryggingum skal auk gagna skv. 1. mgr. gerð sérstök grein fyrir eignum sem ætlað er að mæta vátryggingarskuld félagsins.

20. gr.

Vátryggingareftirlitið metur umsókn félags um starfsleyfi. Umsögn Vátryggingareftirlits skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá móttöku umsóknarinnar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og ábyrgðarsjóð og mæli Vátryggingareftirlitið að öðru leyti með umsókninni veitir ráðherra starfsleyfi og að því fengnu má skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá. Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá vátryggingarstarfsemi sem félagið má reka. Ráðherra ákveður að öðru leyti hvað koma skal fram í starfsleyfi. Mæli Vátryggingareftirlitið ekki með umsókninni skal það stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega.

Vátryggingarfélag, sem hefur starfsleyfi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Vátrygging-

areftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn í samræmi við 19. gr. eftir því sem við á og nauðsynleg eru til að Vátryggingareftirlitið geti metið umsóknina. Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþol og ábyrgðarsjóð að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og fallist Vátryggingareftirlitið að öðru leyti á umsóknina veitir eftirlitið leyfi fyrir starfseminni. Starfsleyfi og leyfi fyrir nýrri starfsemi skulu þegar í stað skráð í vátryggingarfélagaskrá.

21. gr.

Halda skal vátryggingarfélagaskrá um öll félög sem stjórnvöld hér á landi veita starfsleyfi og skal hún vera í vörslu Vátryggingareftirlitsins. Heimill skal almennur aðgangur að vátryggingarfélagaskrá.

Í vátryggingarfélagaskrá skal skrá eftirfarandi:

1. Dagsetningu stofnsamnings, stofnfundargerðar og samþykkta.
2. Nafn, félagsform og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
3. Starfssvið og tilgang.
4. Dagsetningu starfsleyfis og skrá yfir þær vátryggingargreinar sem félag hefur fengið leyfi til að reka og um aðra starfsemi skv. 2. mgr. 7. gr.
5. Skráð og innborgað hlutafé, stofnfé og ábyrgðarfé, og eigið hlutafé.
6. Stjórn og varastjórn, endurskoðendur og tryggingastærðfræðinga.
7. Nöfn þeirra er skuldbinda mega félag.
8. Aðalumboðsmann og atvinnustöð erlends félags hér á landi og þegar við á, þann sem hefur með höndum uppgjör í ábyrgðartryggingum ökutækja hér á landi.
9. Dagsetningu yfirfærslu/yfirtöku vátryggingarstofna ásamt skrá yfir vátryggingargreinar sem yfirfærðar/yfirteknar eru.
10. Dagsetningu skipunar skilastjórnar og hverjir skipa skilastjórn, dagsetningu afturköllunar starfsleyfis, slita félags og þegar félag er máð úr vátryggingarfélagaskrá.

Allar breytingar varðandi atriði sem tilkynna skal til vátryggingarfélagaskrár skulu, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar, tilkynntar til skrárinnar ásamt gögnum er sanni samþykkt þeirra og lögmæti. Tilkynningar skulu berast á sérstökum eyðublöðum er Vátryggingareftirlitið lætur í té.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum vátryggingarfélags öðlast ekki gildi fyrr en Vátryggingareftirlitið hefur staðfest breytinguna. Beiðni um staðfestingu á breytingum á samþykktum félags skal senda Vátryggingareftirlitinu innan eins mánaðar. Félagið skal senda dagsett eintak af samþykktunum í heild með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið innan tveggja mánaða frá því að félaginu hefur verið tilkynnt um staðfestinguna.

Ákvörðun um að taka upp nýja vátryggingargrein, eða að breyta starfsemi í verulegum atriðum, öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð í vátryggingarfélagaskrá.

22. gr.

Ef tilkynningar til vátryggingarfélagaskrár fullnægja ekki fyrirmælum laga eða samþykkta félags, eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum eða samþykktum félags, skal synja um skráningu. Tilkynna skal skriflega um synjun og um ástæður hennar.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaði skrá um þau félög sem hafa fengið leyfi stjórnvalda hér á landi til að reka vátryggingarstarfsemi. Enn fremur skal birta þar tilkynningu um skráningu nýs félags í vátryggingarfélagaskrá, um yfirfærslu og yfirtöku vátryggingarstofna og tilkynningu um að vátryggingarfélag hafi verið máð úr vátryggingarfélagaskrá og ástæður þess.

23. gr.

Óskráð vátryggingarfélag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum er varða áskrift hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár.

Séu vátryggingarsamningar gerðir, þrátt fyrir ákvæði 11. gr., ábyrgjast þeir sem gert hafa vátryggingarsamningana fyrir hönd félagsins sameiginlega að halda gerða samninga eða eru samábyrgir um það. Viðurkenni félagið skuldbindingar þær, sem í samningunum felast innan fjögurra vikna frá skráningu félagsins, fellur ábyrgð viðkomandi niður nema talið verði að hagsmunir vátryggingartaka skerðist verulega ella. Samningar af þessu tagi eru ekki bindandi fyrir vátryggingartaka nema viðurkenning félagsins á skuldbindingunum liggi fyrir.

Innritun félagsmanns í gagnkvæmt félag í samræmi við 2. mgr. 11. gr. er því aðeins bindandi að tilkynnt sé um félagið til vátryggingarfélagaskrár innan árs frá innritun. Sé félaginu neitað um skráningu fellur samningurinn úr gildi.

Um aðra löggerninga, sem gerðir eru fyrir hönd vátryggingarfélags áður en það er skráð, gildir að þeir sem tekið hafa þátt í gerningum eða ákvörðunum bera óskipt ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og hinn samningsaðilinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé samið, rift gerningnum svo fremi tilkynning til vátryggingarfélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 18. gr. eða skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann rift löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Fjárhagsgrundvöllur. Fjárhagsleg skilyrði.

24. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélags er heildareign þess að frádregnum nauðsynlegum afskriftum og niðurfærslum, óefnislegum eignum svo og hvers konar skuldum og skuldbindingum, þar með talin vátryggingarskuld. Til gjaldþols teljast eignir samsvarandi eftirtöldum efnahagsliðum:

1. Innborgað hlutafé, stofnfé eða ábyrgðarfé.
2. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins.
3. Sjóðir sem mæta eiga tapi en eru ekki skuldbindingar félags.
4. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi.
5. Helmingur framlaga sem eigendur gagnkvæmra vátryggingarfélaga hafa skuldbundið sig til að leggja fram en ekki greitt, enda nemi heildarframlög minna en 50% gjaldþols.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að duldir sjóðir, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi og myndast hafa vegna þess að eignir eru taldar undir raunvirði, verði taldir með til gjaldþols, enda megi reikna með að hinir duldu sjóðir séu af varanlegum toga.

Ráðherra setur nánari reglur um gjaldþol vátryggingarfélaga, að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins.

25. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélags skal á hverjum tíma nema tilteknu lágmarki sem miðast við þá vátryggingarstarfsemi sem félagið rekur eða hyggst reka og þá áhættu sem í henni felst. Ráðherra setur nánari reglur um hvernig lágmarksgjaldþol skuli reiknað, að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins.

Verði breytingar á högum félags þannig að ástæða sé til að ætla að gjaldþol sé lægra en tilskilið lágmarksgjaldþol í lok reikningsárs eða á öðrum tíma skulu þegar í stað gerðar ráðstafanir til úrbóta og gripið til viðeigandi aðgerða þegar þörf krefur, og í samræmi við ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Ábyrgðarsjóður vátryggingarfélags nemur þriðjungi reiknaðs lágmarksgjaldþols en þó eigi lægri fjárhæð en hér greinir í evrópskum reiknieiningum, ecu:

1. Í líftryggingarfélagi	800.000
2. Í félagi sem rekur ábyrgðartryggingar eða greiðslu- og efndavátryggingar aðrar en skv. 6. tölul.	400.000
3. Í félagi sem rekur skaðatryggingar aðrar en ábyrgðartryggingar	300.000
4. Í félagi sem rekur persónutryggingar aðrar en líftryggingar	300.000
5. Í félagi sem rekur réttaraðstoðarvátryggingar eða ýmsar eignatryggingar	200.000
6. Í félagi sem rekur greiðsluvátryggingar og ársiðgjöld nema að lágmarki 2.500.000 ecu eða 4% heildariðgjalda	1.400.000

Reki vátryggingarfélag fleiri en eina grein vátrygginga skal miða við þá fjárhæð sem hæst er skv. 1. mgr.

Verði gjaldþol vátryggingarfélags á einhverjum tíma lægra en sem svarar ábyrgðarsjóði skal þegar í stað gripið til aðgerða til að rétta við hag þess, sbr. IX. kafla.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að lágmarksgjaldþol gagnkvæms vátryggingarfélags og lágmark ábyrgðarsjóðs sé lægra en í vátryggingarhlutafélagi, að teknu tilliti til ábyrgðar vátryggingartaka samkvæmt samþykktum félagsins, sbr. 29. gr. Lágmarkið má þó aldrei vera lægra en þrír fjórðu hlutar tilskilins lágmarksgjaldþols eða ábyrgðarsjóðs vátryggingarhlutafélags.

Við stofnun vátryggingarfélags og meðan félagið starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 19. gr., skulu tilskilið lágmarksgjaldþol og fjárhæð ábyrgðarsjóðs ákveðin á grundvelli þeirrar áætlunar og endurskoðunar hennar ef forsendur áætlunarinnar breytast.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjárhæð ábyrgðarsjóðs í einstökum vátryggingargreinum.

27. gr.

Vátryggingarskuldin skal metin þannig að hún samsvari heildarskuldbindingum vátryggingarfélags vegna gerðra vátryggingarsamninga og skal vátryggingarfélag sjá til þess að tilteknar eignir séu fyrir hendi hjá félaginu til jöfnunar vátryggingarskuldinni á hverjum tíma.

Vátryggingarfélag skal halda skrá yfir þær eignir sem um ræðir í 1. mgr. og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað. Afrit skrárinnar, staðfest af löggiltum endurskoðanda, skal sent Vátryggingareftirlitinu með ársreikningi og á öðrum tíma ef talin er ástæða til.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um þær eignir, sem telja má til jöfnunar vátryggingarskuld félags, um tegund þeirra og samsetningu.

28. gr.

Vátryggingarhlutafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% hlutafjárins. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem vátryggingarhlutafélag á sjálft.

Gagnkvæmt vátryggingarfélag má ekki afla eigin ábyrgðarhluta til eignar eða að veði gegn greiðslu. Dótturfélag slíks félags má ekki afla ábyrgðarhluta í móðurfélaginu til eignar eða að veði gegn greiðslu.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun áhættufjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun félagsfundar um hækkunina og gilda ákvæði 15. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Vátryggingareftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun áhættufjár í vátryggingarfélagi skulu háðar samþykki Vátryggingareftirlitsins. Stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags má ekki lækka eða endurgreiða nema samþykki eftirlitsins liggi fyrir.

Í gagnkvæmum vátryggingarfélögum og félögum, sem starfa samkvæmt sérlögum, skal halda bók um ábyrgðarhluti. Ábyrgðarhlutirnir skulu skráðir í bókina með upplýsingum um nafn og heimilisfang ábyrgðarmanns. Ábyrgðarhluturinn skal hafa áritun félagsins um skrásetninguna.

29. gr.

Hver sá sem vátryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi er sameigandi þess. Settar skulu reglur um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins í samþykktum þess.

Undanþiggja má vátryggingarfélag, sem endurtryggir hjá gagnkvæmu félagi, slíkri ábyrgð samkvæmt heimild í samþykktum félagsins. Endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, mega ekki nema meira en 10% af heildariðgjöldum félagsins án samþykkis Vátryggingareftirlitsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur hún niður, miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs er vátrygging féll úr gildi.

Einungis skiptastjóri þrotabús eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Vátryggingareftirlitið getur heimilað stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíka heimild má þó einungis veita til eins árs í senn.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög sem starfa samkvæmt sérlögum.

IV. KAFLI
Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.

30. gr.

Stjórn vátryggingarfélags skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og skal skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um búsetu hér á landi.

Stjórnin boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar sem halda skal í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Vátryggingareftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Vátryggingareftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Fái stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þóknun eða aðrar tekjur af vátryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi, skal Vátryggingareftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn móðurfélags ber að tilkynna Vátryggingareftirliti þegar mynduð er samstæða eða vátryggingarfélag öðlast meiri hluta eða virk yfirráð í öðru félagi.

Stjórn og framkvæmdastjórn skulu án tafar gera Vátryggingareftirliti viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

31. gr.

Ársreikningur vátryggingarfélags skal gerður í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð. Innan mánaðar frá aðalfundi, en þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs, skal félagið senda Vátryggingareftirlitinu ársreikning ásamt þeim gögnum sem það óskar um starfsemina. Vátryggingareftirlitið skal birta meginniðurstöður ársreikninga í Lögbirtingablaði.

Ef ársreikningur vátryggingarfélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félags getur Vátryggingareftirlitið krafist breytinga á reikningnum og að hann verði tekinn á ný til umfjöllunar á félagsfundi. Skal Vátryggingareftirlitið þá setja félaginu hæfilegan frest.

32. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðendur í samræmi við samþykktir félags og skal að minnsta kosti einn vera löggiltur. Sé vátryggingarfélagið hluti samstæðu skal löggiltur endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 7. gr. getur Vátryggingareftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í vátryggingarfélagi og er skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess.

Endurskoðendum vátryggingarfélags er skylt að veita Vátryggingareftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar og um öll þau atriði er skipta máli við mat á stöðu félags, rekstri þess og efnahag.

Birti félag eða samstæða félaga ársreikninga opinberlega skal form og orðalag vera í samræmi við hina árituðu og endurskoðuðu ársreikninga og með áritun löggilts endurskoðanda. Ef ársreikningar eru birtir opinberlega í styttri útgáfu skal auk upplýsinga um fyrirvara við undirritun, ef einhverjir eru, einnig koma fram að um stytta útgáfu sé að ræða.

33. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé, eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmark eigin fjár, þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingarskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt.

34. gr.

Stjórn vátryggingarfélags skal sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu til þess að meta og reikna út vátryggingarskuld félagsins og til að sjá um tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið. Skal félagið tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun, sem Vátryggingareftirlitið viðurkennir, til að annast slíka útreikninga og athuganir. Tilkynningu þess efnis til Vátryggingareftirlitsins skulu fylgja þau gögn er eftirlitið óskar. Samþykki Vátryggingareftirlitið ekki tryggingastærðfræðing eða sérfræðing sem félag hefur mælt með skal eftirlitið gera félaginu grein fyrir ástæðum þess.

Vátryggingareftirlitið getur veitt vátryggingarfélagi undanþágu frá skyldunni að ráða tryggingastærðfræðing skv. 1. mgr. sé starfsemi félags takmörkuð eða þess eðlis að ekki sé talin þörf á sérstökum sérfræðilegum athugunum, m.a. til að meta vátryggingarskuldina.

35. gr.

Tryggingastærðfræðingur vátryggingarfélags skal fylgjast með og meta reiknigrundvöll iðgjalda og gera þær athuganir varðandi mat á tjónareynslu og vátryggingarskuld sem hann telur nauðsynlegar á hverjum tíma með tilliti til þeirrar áhættu sem félagið ber og gildandi reglna um gjaldþol og greiðsluþol vátryggingarfélaga.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga.

Tryggingastærðfræðingur félags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Vátryggingareftirliti. Vátryggingareftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing vátryggingarfélags um þær upplýsingar sem því þykir þurfa við eftirlit með iðgjaldagrundvelli, mati á tjónareynslu, vátryggingarskuld og fjárhagsstöðu vátryggingarfélags.

V. KAFLI
Stjórnsýsla. Eftirlit.

36. gr.

Ráðherra vátryggingarmála fer með yfirstjórn þeirra málefna sem falla undir lög þessi.

Sérstök stofnun, Vátryggingareftirlitið, annast stjórnsýslu og eftirlit með þeirri starfsemi sem lögin taka til í umboði ráðherra.

37. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn Vátryggingareftirlitsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar, og skal sá vera formaður stjórnar.

Stjórn Vátryggingareftirlitsins skal fylgjast með því að starfsemin sé í samræmi við lög. Stjórnin skal í samráði við forstöðumann Vátryggingareftirlitsins móta stefnu stofnunarinnar og fjalla um öll hin mikilvægari mál hennar, þar á meðal að ganga frá starfs- og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Ráðherra skipar forstöðumann Vátryggingareftirlitsins til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri Vátryggingareftirlitsins og ræður aðra starfsmenn þess.

Starfsmenn Vátryggingareftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn vátryggingarfélags eða annars félags sem er undir eftirliti þess. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slík félög eða samtök þeirra.

Stjórnendur Vátryggingareftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn eða í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við einstök vátryggingarfélög eða önnur félög sem eru undir eftirliti þess.

Stjórn og starfsmenn Vátryggingareftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags og starfsemi sem lög þessi ná til. Þagnarskylda helst þótt stjórnarmenn og starfsmenn láti af störfum.

Vátryggingareftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með vátryggingarstarfsemi og slík upplýsingagjöf sé nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með henni. Slíkar upplýsing-

ar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi landi. Sama gildir um upplýsingar sem Vátryggingareftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja.

Ráðherra setur nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Vátryggingareftirlitsins með reglugerð.

38. gr.

Vátryggingareftirlitið kannar þá þætti vátryggingarstarfseminnar sem lög þessi ná til og það telur ástæðu til. Vátryggingarfélög skulu veita Vátryggingareftirlitinu þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar í þessu skyni án tafar. Vátryggingareftirlitið getur með sama hætti aflað gagna og gert kannanir hjá félögum sem beint eða óbeint tengjast vátryggingarfélögum vegna hliðarstarfsemi, sbr. 7. gr., að því marki sem nauðsyn krefur.

Vanræki vátryggingarfélag að láta í té þau gögn sem krafist er skv. 1. mgr. eða geri ekki þær ráðstafanir sem Vátryggingareftirlitið telur nauðsynlegar í framhaldi slíkra kannana innan þess frests sem settur er skal Vátryggingareftirlitið tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur um hvað gera skuli. Áður en ráðherra er tilkynnt um málið skal vátryggingarfélagið þó upplýst um að slík tilkynning verði send og hvenær.

39. gr.

Vátryggingareftirlitið skal a.m.k. árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga á grundvelli ársreiknings fyrir sl. reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemina sem nauðsynleg eru til að slík könnun geti farið fram. Vátryggingareftirlitið leggur mat á það að lokinni könnun hvort það telur gjaldhæfi og greiðsluhæfi fullnægjandi og tilkynnir félaginu hafi það athugasemdir fram að færa. Sé nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði IX. kafla við.

Vátryggingareftirlitið leggur árlega mat á vátryggingarskuld vátryggingarfélaga til að tryggt verði að nægilegt fé sé á hverjum tíma lagt til hliðar til að mæta henni, þar á meðal að tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi. Vátryggingarfélög skulu í gögnum til Vátryggingareftirlitsins með ársreikningi gera grein fyrir því hvernig vátryggingarskuldin er ákveðin. Vátryggingareftirlitið getur sett sérstakar almennar reglur um mat á vátryggingarskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi auk ársreiknings.

Vátryggingareftirlitið kannar vátryggingarskilmála vátryggingarfélaga og gætir þess að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingum. Telji Vátryggingareftirlitið að svo sé ekki, eða ekki sé með nægilega skýrum hætti gerð grein fyrir innihaldi þeirra, skal eftirlitið gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin. Jafnan skal leita samþykkis Vátryggingareftirlitsins á vátryggingarskilmálum lögboðinna vátrygginga. Skilmálar vátrygginga sem boðnir eru hér á landi skulu vera á íslensku.

Vátryggingareftirlitið kannar iðgjaldagrundvöll vátryggingargreina með það fyrir augum að gætt sé samræmis milli iðgjalda annars vegar og áhættu og kostnaðar við rekstur félags hins vegar, og í því skyni að tryggt verði að vátryggingarfélag geti staðið við skuldbindingar sínar og fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru um fjárhagsstyrk þeirra. Telji Vátryggingareftirlitið að svo sé ekki eða að iðgjöld vátrygginga, sem boðin eru, séu ósanngjörn í garð vátryggingartaka, skal eftirlitið gera athugasemd og rökstyðja kröfur sínar um breytingar.

Vátryggingareftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi eða bjóða vátryggingar hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Vátryggingareftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynlegar í þessu efni hjá vátryggingarfélögum. Við eftirlitið skal starfrækt neytendamáladeild. Vátryggingareftirlitið skal setja almennar reglur um starfsemi deildarinnar og kynna þær vátryggingarfélögunum.

Vátryggingareftirlitið skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal og greint frá þróun vátryggingarstarfseminnar og um afkomu einstakra vátryggingargreina.

40. gr.

Vátryggingarfélög, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi hér á landi svo og þeir sem leyfi hafa til miðlunar- og umboðsstarfsemi, sbr. VII. kafla, greiða allan kostnað af starfsemi Vátryggingareftirlitsins. Fyrir 1. desember ár hvert skal Vátryggingareftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta ár og jafna niður á þessa aðila.

Kostnaði, sem jafnað er árlega á vátryggingarfélögin, skal jafna í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs. Gera má vátryggingarfélagi að greiða allt að 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingariðgjöldum, sbr. þó 5. mgr. Eftirlitsgjald erlendra vátryggingarfélaga með atvinnustöð hérlendis og félaga sem hafa heimild til að veita hér þjónustu án atvinnustöðvar reiknast á sama hátt af bókfærðum iðgjöldum vegna seldra vátrygginga hérlendis.

Vátryggingareftirlitið skal áætla bókfærð iðgjöld vátryggingarfélaga á yfirstandandi reikningsári á grundvelli seinasta ársreiknings þeirra, verðlagsbreytinga og almennra breytinga á markaðnum. Bókfærð iðgjöld, þannig áætluð, mynda álagningarstofn eftirlitsgjalds til bráðabirgða sem Vátryggingareftirlitið innheimtir ársfjórðungslega fyrir fram á næsta ári. Þegar ársreikningur vátryggingarfélags vegna reikningsársins liggur endanlega fyrir skal Vátryggingareftirlitið, eins fljótt og unnt er, endurreikna eftirlitsgjaldið miðað við sama álagningarhlutfall og leiðrétta álagt gjald félags til hækkunar eða lækkunar í þeim ársfjórðungum sem eftir eru á árinu. Þegar reikningsskil Vátryggingareftirlitsins liggja fyrir um heildarkostnað við starfsemi þess á rekstrarárinu skal eftirlitið, eins fljótt og auðið er, reikna út eftirstöðvar eða inneign félaga og senda tilkynningu um endanlegt eftirlitsgjald með innheimtutilkynningu næsta ársfjórðungs á eftir. Skal greiðsla, á hvorn veginn sem er, innt af hendi með eftirlitsgjaldi þess ársfjórðungs.

Vátryggingareftirlitið skal ákveða gjald það sem lagt er á þá sem leyfi hafa til umboðs- og miðlunarstarfsemi skv. VII. kafla í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur.

Vátryggingareftirlitið getur gert vátryggingarfélagi að greiða sérstaklega samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem Vátryggingareftirlitið telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þess vegum og eðlilegt telst að ekki verði jafnað á öll vátryggingarfélögin.

Áætlun Vátryggingareftirlitsins skv. 2. og 4. mgr. skal send ráðherra vátryggingarmála til staðfestingar. Þeir sem gjald er lagt á, og samtök þeirra, eiga rétt á upplýsingum hjá Vátryggingareftirlitinu um það hvernig eftirlitsgjaldið er ákveðið og um þær áætlanir sem lagðar eru til grundvallar útreikningi þess.

VI. KAFLI
Starfsemi erlendra vátryggingarfélaga hér á landi.
1. Félög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði.

41. gr.

Erlend vátryggingarfélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði geta fengið leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi samkvæmt lögum þessum.

Veita má hinu erlenda félagi leyfi til að starfrækja hér dótturfélag, útibú eða umboð. Einnig má heimila starfsemi atvinnustöðvar á öðru formi sem rekin er í nafni félagsins, enda sé starfsemin skráð hér á landi, félagið hafi hér sérstakan fulltrúa er komi fram fyrir hönd félagsins í málefnum er varða starfsemina hér og hann hafi heimild til að skuldbinda félagið vegna hennar, sbr. þó 43. gr.

Vátryggingarfélag, hlutafélag, samvinnufélag eða sameignarfélag hér á landi getur haft með höndum starfsemi fyrir erlent vátryggingarfélag, enda sé hið erlenda félag skráð hér á landi og hafi hér sérstakan fulltrúa, sbr. 2. mgr.

42. gr.

Erlent vátryggingarfélag með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi hér á landi er telst fjöláhætta, sbr. 10. gr., skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingarfélagaskrá í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. og 21. gr. eftir því sem við á. Einnig skal áætlun um starfsemina fylgja í samræmi við 19. gr. Vátryggingareftirlitið metur umsókn félagsins, sbr. 20. gr., og skulu félaginu tilkynntar niðurstöður innan sex mánaða frá því að öll tilskilin gögn hafa borist.

Félagið skal tilkynna til vátryggingarfélagaskrár allar breytingar á þeim atriðum sem kveðið er á um í 21. gr., þar á meðal breytingar á samþykktum félagsins er varða starfsemi þess hér á landi, og skulu gögn er, sanni samþykkt þeirra og lögmæti, fylgja. Sé gerð ný áætlun skv. 19. gr. skal hún einnig send Vátryggingareftirlitinu.

Framangreind gögn skal senda Vátryggingareftirlitinu á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda nema Vátryggingareftirlitið heimili annað.

43. gr.

Heimila má erlendum vátryggingarfélögum með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði að veita þjónustu hér á landi án sérstakrar atvinnustöðvar í vátryggingargreinum sem teljast til stóráhættu og í líftryggingum sem teknar eru að eigin frumkvæði líftryggingartaka, sbr. 10. gr. Félag skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis í hvaða vátryggingargreinum það hyggst veita slíka þjónustu hér á landi. Eftirlitsstjórnvöld skulu láta Vátryggingareftirlitinu í té vottorð um að félagið uppfylli skilyrði III. kafla um gjaldþol og ábyrgðarsjóð varðandi starfsemi þess í heild, um þær vátryggingargreinar sem félagið hefur starfsleyfi fyrir og í hvaða greinum það hyggst veita þjónustu hér á landi, svo og vottorð um að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis geri ekki athugasemdir við að það veiti slíka þjónustu erlendis.

Félag, sem veitir þjónustu skv. 1. mgr. í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja, skal vera aðili að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og láta Vátryggingareftirlitinu í té skriflega staðfestingu þess efnis. Félagið skal lúta reglum sem hér gilda um uppgjör og greiðslu bóta af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja og skal tilnefna sérstakan fulltrúa sinn með aðsetri á Íslandi til að annast fyrir hönd félagsins tjónsuppgjör vegna skuldbindinga félagsins hér á landi í ábyrgðartryggingum ökutækja. Honum

skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um, hvort ábyrgðartrygging sé fyrir hendi og um gildistíma. Nafn og heimilisfang fulltrúans skal tilkynnt Vátryggingareftirlitinu og til vátryggingarfélagaskrár.

Félagið má hefja starfsemi hér á landi þegar Vátryggingareftirlitið hefur fengið í hendur öll gögn skv. 1. og 2. mgr. og staðfesting þess liggur fyrir.

Samtryggingar á Evrópsku efnahagssvæði skulu háðar sömu skilyrðum um starfsleyfi og starfsemi og þjónusta í greinum sem teljast til stóráhættu.

44. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem starfsleyfi hefur hér á landi skv. 42. gr., skal gefa greinilega til kynna nafn sitt og aðsetur svo og aðalstöðva félagsins í öllum gögnum sem frá félaginu fara til almennings. Öll bindandi tilboð og vátryggingarsamningar af hálfu félags, sem hér starfar skv. 42. eða 43. gr., skulu hafa að geyma upplýsingar um nafn og aðsetur þess félags sem ber áhættuna og aðalstöðvar þess. Ávallt skal upplýsa vátryggingartaka um þessi atriði áður en hann er skuldbundinn samkvæmt tilboði eða vátryggingarsamningi, hvort sem um er að ræða vátryggingar sem teljast stóráhætta eða fjöláhætta.

45. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur starfsemi skv. 42., skal uppfylla skilyrði laga þessara um gjaldþol og ábyrgðarsjóð í samræmi við starfsemi þess hér, sbr. 24.–26. gr., og skulu fjármunir a.m.k. samsvarandi ábyrgðarsjóði vera til ráðstöfunar hér á landi.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur starfsemi skv. 42., skal ávaxta á Íslandi fjármuni er samsvara vátryggingarskuld þess vegna starfseminnar hér á landi og í samræmi við útreiknings- og matsreglur er hér gilda, sbr. 27. gr. Sama gildir þegar erlent félag veitir þjónustu hér á landi skv. 43. gr. í ábyrgðartryggingum ökutækja.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða gögn skuli send Vátryggingareftirlitinu um starfsemi og þjónustu erlends vátryggingarfélags hér á landi.

46. gr.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað erlendu vátryggingarfélagi, sem rekur starfsemi hér á landi skv. 42. gr., að flytja vátryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, sem hefur aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði, í samræmi við ákvæði VIII. kafla, að því tilskildu að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins síðarnefnda hafi staðfest að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð að lokinni yfirtöku stofnsins.

Veiti erlent vátryggingarfélag hér þjónustu skv. 43. gr. og óski það eftir að flytja vátryggingarstofn sinn hér á landi til annars félags með aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði geta eftirlitsstjórnvöld heimaríkis hins fyrrnefnda heimilað flutning stofnsins að fenginni staðfestingu eftirlitsstjórnvalda heimaríkis hins síðarnefnda um að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins og að fengnu samþykki Vátryggingareftirlitsins. Ákvæði 2. mgr. 60. gr. gilda um tilkynningar í Lögbirtingablað hér á landi og til vátryggingartaka.

Um réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum fer skv. 4. mgr. 60. gr.

47. gr.

Ákvæði laga þessara eiga við um eftirlit með starfsemi og þjónustu erlends vátryggingarfélags hér á landi skv. 42. og 43. gr. svo og ákvæði um afturköllun starfsleyfis, sbr. 3. mgr. Áður en starfsleyfi félags er afturkallað skal Vátryggingareftirlitið hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um málið. Telji Vátryggingareftirlitið nauðsynlegt að félagið hætti starfsemi áður en þeirri umfjöllun er lokið skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað tilkynna með rökstuddum hætti álit sitt til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis.

Vátryggingareftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis erlends félags, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina til að þau geti lagt heildarmat á gjaldþol hins erlenda félags.

Brjóti erlent vátryggingarfélag, sem hér veitir þjónustu skv. 43. gr., ákvæði laga og reglugerða um vátryggingarstarfsemi skal Vátryggingareftirlitið gera kröfu um að ráðstafanir til úrbóta verði gerðar án tafar. Sinni félagið ekki kröfum Vátryggingareftirlitsins skal eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis, eða eftir atvikum þess ríkis þar sem félagið hefur aðsetur, gert viðvart. Þau skulu gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Vátryggingareftirlitinu hverjar þær eru. Geri eftirlitsstjórnvöld ekki nauðsynlegar ráðstafanir eða reynist þær ófullnægjandi getur Vátryggingareftirlitið gripið til viðeigandi ráðstafana eftir að hafa tilkynnt hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum um málið, þar á meðal, ef nauðsyn ber til, lagt bann við því að félagið veiti frekari þjónustu hér á landi.

2. Félög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis.

48. gr.

Erlend vátryggingarfélög með aðalstöðvar utan Evrópsks efnahagssvæðis, sem leyfi hafa til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu, geta fengið leyfi til að reka slíka starfsemi á Íslandi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingarfélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Félagið skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð (aðalumboð) og aðalumboðsmann sem kemur fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess á Íslandi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Hann skal vera búsettur hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og má aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu.

Vátryggingarfélag, hlutafélag, samvinnufélag eða sameignarfélag hér á landi getur haft með höndum aðalumboð, enda tilkynni sá aðili sérstakan fulltrúa til Vátryggingareftirlitsins sem kemur fram fyrir hönd félagsins í málefnum er varða vátryggingarstarfsemi þess hér á landi.

Ákvæði 44. gr. eiga við um alla starfsemi hins erlenda félags hér á landi. Félagið skal hafa varnarþing hér á landi að því er varðar starfsemi þess hér og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum sem stofnast hafa vegna starfseminnar.

49. gr.

Erlent vátryggingarfélag með aðsetur utan Evrópsks efnahagssvæðis, sem hyggst koma á fót fastri atvinnustöð hér á landi og reka vátryggingarstarfsemi, skal senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um starfsleyfi og um skráningu í vátryggingarfélagaskrá og láta fylgja gögn sem kveðið er á um í 42. gr.

Félagið skal uppfylla skilyrði 24.–26. gr. um gjaldþol og ábyrgðarsjóð er miðast við starfsemi þess hér og skulu fjármunir, sem því svarar, vera til ráðstöfunar hér á landi. Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks, sem krafist er, skal lögð fram sem

geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Vátryggingareftirlitið samþykkir. Geymslufé skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Vátryggingareftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra til fullnustu á vátryggingarskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta á Íslandi fjármuni er samsvara vátryggingarskuld þess vegna starfseminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi. Enn fremur skal fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

50. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Vátryggingareftirlitinu ársreikning hins erlenda félags, svo og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi, eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem ráðherra setur, sbr. 31. gr., skulu fylgja, þar á meðal gögn skv. 27. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti vátryggingarskuldinni.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Vátryggingareftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

51. gr.

Brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu skal Vátryggingareftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Vátryggingareftirlitið að hagsmunir vátryggingartaka og vátryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Vátryggingareftirlitið heimilar.

Vátryggingareftirlitið getur heimilað að vátryggingarstofn félagsins eða hluti hans verði fluttur til vátryggingarfélags sem leyfi hefur til að reka hliðstæða vátryggingarstarfsemi hér á landi og gilda ákvæði 60. gr. um flutninginn.

52. gr.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Vátryggingareftirlitsins afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Vátryggingareftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingarstofninn til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingarsamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingarstarfsemi getur Vátryggingareftirlitið ákveðið að líftryggingarstofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 68. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Vátryggingareftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

53. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingarfélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 52. gr., enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að atvinnustöð þess verði máð úr vátryggingarfélagaskrá skal það því aðeins gert að Vátryggingareftirlitið álíti að atvinnustöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé atvinnustöðin án aðalumboðsmanns og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Vátryggingareftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 51. gr.

Leysa má geymslufé, sem lagt er til hliðar skv. 49. gr., þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi eða nógu há trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Vátryggingareftirlitsins verið lögð fram.

VII. KAFLI
Miðlun. Umboð. Sala vátrygginga.

54. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að aðilar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi sé frumtryggt annars staðar en hjá vátryggingarfélögum sem hér hafa starfsleyfi. Starfsleyfi vátryggingarfélags á Evrópsku efnahagssvæði telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, sé um að ræða vátryggingar í greinum sem teljast til stóráhættu, eða líftryggingar teknar að eigin frumkvæði líftryggingartaka, sbr. 10. gr., enda sé ákvæðum 43. gr. fullnægt.

Vátryggingareftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr.

55. gr.

Með vátryggingarmiðlun og vátryggingarmiðlara er í lögum þessum átt við lögaðila eða einstakling sem starfar að öllu leyti sjálfstætt og ekki á vegum einstakra vátryggingarfélaga, og ekki í endurtryggingum einvörðungu, er veitir einstaklingum og öðrum upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð á faglegum grunni við að koma á vátryggingarsamningi eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingarfélagi.

Með vátryggingarumboði og vátryggingarumboðsmanni er átt við lögaðila eða einstakling sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi og starfar fyrir eitt eða fleiri vátryggingarfélög við ráðgjöf og aðstoð af því tagi sem 1. mgr. kveður á um, með eða án heimildar til að skuldbinda með vátryggingarsamningi þau vátryggingarfélög sem hann starfar fyrir.

Með vátryggingarsölumanni er átt við einstakling sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum einstakra félaga.

Þegar lögaðili rekur vátryggingarmiðlun eða vátryggingarumboð eiga heitin vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður við um þá starfsmenn sem starfa samkvæmt skilgreiningu 1. og 2. mgr.

56. gr.

Sérhver vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 55. gr., sem hyggst starfa hér á landi, skal skráður hjá Vátryggingareftirlitinu sem hefur með höndum eftirlit með starfsemi þeirra. Sá einn sem skráður hefur verið má nota þessi heiti. Engan má í senn skrá sem vátryggingarmiðlara og vátryggingarumboðsmann.

Skilyrði skráningar er að einstaklingar séu búsettir hér á landi, hafi náð tuttugu ára aldri, hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er vegna starfans og teljist að öðru leyti hæfir til að reka þessa starfsemi. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um búsetu hér á landi.

Vátryggingarmiðlarar mega ekki vera háðir vátryggingarfélögum eða félögum í þeirra eigu á nokkurn hátt vegna eignaraðildar eða fjárhagslegra tengsla. Þeir skulu leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljótast af störfum þeirra. Skráning vátryggingarmiðlara eða vátryggingarumboðsmanna hér á landi skal bundin við skaðatryggingar, persónutryggingar eða allar greinar frumtrygginga.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um starfsábyrgðartryggingu og um önnur skilyrði skráningar.

57. gr.

Vátryggingarmiðlari skal veita vátryggingartaka þær upplýsingar og þá aðstoð sem hann þarf á að halda til að meta skilmála og kjör vátrygginga sem í boði eru og vátryggingarþörf áður en vátryggingarsamningur er gerður. Hann skal gera vátryggingarfélaginu fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaráhættunnar til að félagið geti gert vátryggingartaka tilboð. Hann skal einnig aðstoða vátryggingartaka eftir að samningur er kominn á, þar á meðal að veita honum leiðbeiningar verði tjón samkvæmt vátryggingarsamningi sem hann hefur komið á.

Vátryggingarumboðsmenn og vátryggingarsölumenn skulu, svo sem unnt er áður en vátryggingarsamningur er gerður, upplýsa hlutaðeigandi um iðgjöld og vátryggingarskilmála. Vátryggingarfélög skulu sjá til þess að starfsemi sölumanna, sem starfa á þeirra vegum, sé þannig að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Vátryggingarmiðlari má ekki miðla frumtryggingum til annarra vátryggingarfélaga en þeirra sem starfsleyfi hafa eða heimild til að veita þjónustu hér á landi. Líftryggingartaki, sem að eigin frumkvæði leitar aðstoðar vátryggingarmiðlara um líftryggingu hjá líftryggingarfélagi erlendis, skal undirrita yfirlýsingu um að hann óski eftir að vátryggingarmiðlarinn afli upplýsinga fyrir hans hönd. Hann skal einnig undirrita yfirlýsingu um að honum sé ljóst að eftirlitsreglur heimaríkis hlutaðeigandi líftryggingarfélags gilda og að eftirlit með starfsemi líftryggingarfélagsins sé á ábyrgð þeirra eftirlitsstjórnvalda sem hið erlenda félag heyrir undir. Vátryggingareftirlitið lætur í té form slíkrar yfirlýsingar.

Vátryggingarumboðsmaður skal sjá til þess að líftryggingartaki undirriti þá yfirlýsingu sem tilgreind er í 3. málsl. 3. mgr. á formi er Vátryggingareftirlitið lætur í té.

Vátryggingarmiðlari má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá vátryggingarfélagi nema vátryggingarsamningur hafi komist á milli vátryggingarfélagsins og vátryggingartaka. Vátryggingarmiðlari má taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingarfélags samkvæmt skriflegri heimild þess. Fjármunum, sem vátryggingarmiðlari veitir viðtöku fyrir hönd vátryggingarfélags eða vátryggingartaka vegna vátryggingarsamnings eða við undirbúning og gerð þeirra, skal, svo fljótt sem auðið er, skilað til rétts aðila.

Fjármunum þessum skal miðlarinn að öllu leyti halda aðgreindum frá öðrum fjármunum í sinni eigu eða vörslu.

Vátryggingarmiðlari skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingarviðskiptum bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum og gæta hagsmuna þeirra og gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Vátryggingarmiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur frá vátryggingarfélagi vegna viðskiptanna fari þeir fram á það sérstaklega. Vátryggingarmiðlara er skylt að veita Vátryggingareftirlitinu, hvenær sem er, allar upplýsingar, sem það óskar, um vátryggingarsamninga sem hann hefur komið á.

58. gr.

Vátryggingarmiðlari skal láta koma fram í öllu sem til almennings fer um starfsemina að hún sé skráð hér á landi, sbr. 59. gr., og að starfsemin sé óháð einstökum vátryggingarfélögum. Vátryggingarumboðsmaður skal einnig láta koma fram að starfsemin sé skráð og að um umboðsstarfsemi sé að ræða. Sérhver vátryggingarsölumaður skal framvísa skilríkjum við störf sín sem útgefin eru og undirrituð af því vátryggingarfélagi eða vátryggingarfélögum sem hann starfar fyrir.

Hafi aðili með höndum milligöngu eða verktöku um vátryggingar fyrir vátryggingarfélag skal nafn og aðsetur þess vátryggingarfélags sem tekur á sig skuldbindingu samkvæmt vátryggingarsamningi koma skýrt fram í öllu prentuðu máli til almennings vegna starfseminnar og á öllum tilboðum og samningum sem sá aðili gerir fyrir hönd félagsins.

Ársreikninga vátryggingarmiðlunar eða vátryggingarumboðs skal senda Vátryggingareftirlitinu innan mánaðar frá því að þeir eru samþykktir, þó eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningarnir skulu undirritaðir af stjórn, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningum vátryggingarmiðlunar skal fylgja greinargerð um það hvernig starfsemin dreifist á einstök vátryggingarfélög.

59. gr.

Vátryggingareftirlitið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til miðlunar- og umboðsstarfsemi hér á landi. Skrá skal nafn, heimilisfesti, tegund starfsemi og skráningardag. Þegar vátryggingarmiðlun eða vátryggingarumboð er skráð skal einnig skrá nöfn þeirra starfsmanna sem heimild hafa til að starfa sem vátryggingarmiðlarar eða vátryggingarumboðsmenn.

Þeir sem skráðir hafa verið og leyfi hafa fengið til miðlunar- eða umboðsstarfsemi hér á landi skulu greiða gjald til Vátryggingareftirlitsins sem ráðherra ákveður vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér.

Séu skilyrði leyfis til miðlunar- eða umboðsstarfsemi ekki lengur uppfyllt samkvæmt lögum þessum skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað taka nafn hlutaðeigandi af skrá. Vátryggingareftirlitinu er þó heimilt, áður en til þess kemur að veita frest til nauðsynlegra úrbóta og eftir atvikum, að veita viðvörun telji eftirlitið það fullnægjandi. Sé skráningarskyld miðlunar- eða umboðsstarfsemi rekin án leyfis skal Vátryggingareftirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu.

Birta skal í Lögbirtingablaði nöfn miðlara og umboðsmanna við skráningu þeirra. Árlega skal birta lista yfir þá sem á skrá eru hjá Vátryggingareftirlitinu.

VIII. KAFLI
Yfirfærsla stofna. Samruni félaga.

60. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir að flytja vátryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags skulu bæði félögin senda Vátryggingareftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Vátryggingareftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

Telji Vátryggingareftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félaginu. Að öðrum kosti skal Vátryggingareftirlitið birta tilkynningu í Lögbirtingablaði vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra innan tiltekins frests sem eigi má vera skemmri en einn mánuður. Félagið skal greina vátryggingartaka skriflega frá fyrirhugaðri yfirfærslu og hvenær tilkynningin var birt í Lögbirtingablaði.

Vátryggingareftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingartaka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingarsamningum halda sjálfkrafa gildi sínu frá flutningsdegi. Vátryggingartakar geta sagt upp vátryggingarsamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

61. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir því að samruni með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingarfélaga eigi sér stað með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti til annars félags án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Vátryggingareftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann, sbr. 62. gr., og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingarfélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingarstofna sé veitt, sbr. 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 7. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til vátryggingarfélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

62. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna sem fylgja skal umsókn, sbr. 61. gr., skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingarstarfsemi, hvenær hlutir, sem kunna að vera notaðir sem greiðsla, veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi, sem hættir starfsemi, öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn,

fulltrúaráðsmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meir en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Vátryggingareftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok seinasta reikningsárs.

Ef samruni með stofnun nýs félags á sér stað skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

63. gr.

Vátryggingareftirlitið veitir leyfi til samrunans að uppfylltum skilyrðum 60.–62. gr. enda telji eftirlitið að hagsmuna kröfuhafa annarra en vátryggingartaka eða vátryggðra sé nægilega gætt eftir að samruni hefur átt sér stað. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta vátryggingarstarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Vátryggingareftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr vátryggingarfélagaskrá.

IX. KAFLI
Sérstakar ráðstafanir. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.

64. gr.

Uppfylli vátryggingarfélag ekki lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma, sbr. 25. gr., skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Vátryggingareftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir, sem gera á, teljist fullnægjandi.

Sé gjaldþol vátryggingarfélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 26. gr., hvort sem hærra er skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Vátryggingareftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingarskuld félags vanmetin samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma að mati Vátryggingareftirlitsins, eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar, sbr. 1. og 2. mgr., skal með sama hætti og þar er tilgreint grípa til viðeigandi ráðstafana.

Vátryggingareftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl.

Starfi félagið eftir sérstakri áætlun um starfsemina, sbr. 18. og 19. gr., og hafi fjárhagsstaða félagsins rýrnað miðað við þessa áætlun skal Vátryggingareftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný áætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

65. gr.

Sinni vátryggingarfélag ítrekað ekki tilmælum Vátryggingareftirlits um breytingar á vátryggingarskilmálum eða iðgjaldagrundvelli, um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingarskuld sína eða að tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, brjóti lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða samþykktir sem það starfar eftir skal Vátryggingareftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Vátryggingareftirlitið lagt til við ráðherra að starfsleyfi félagsins verði afturkallað. Vátryggingareftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir, sem félagið hefur þegar gert, muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

66. gr.

Váryggingareftirlitið skal leggja til við ráðherra að starfsleyfi vátryggingarfélags verði afturkallað hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, sbr. 64. gr., uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um vátryggingarstarfsemi, þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

67. gr.

Verði starfsleyfi vátryggingarfélags afturkallað skv. 64.–66. gr. skal ráðherra, að fengnum tillögum Vátryggingareftirlitsins, skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er.

Vátryggingareftirlitið skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingarstofn sinn til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Vátryggingareftirlitið getur, þegar um líftryggingarfélag er að ræða, ákveðið að líftryggingarstofninn sæti sérstakri meðferð, sbr. 68. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Vátryggingareftirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Vátryggingareftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar.

68. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi og ákveðið er að líftryggingarstofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 2. mgr. 67. gr., skal Vátryggingareftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingarskuldinni, láta endurreikna skuldbindingarnar og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingarkrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingarkröfur, sem falla til útborgunar síðar, má greiða út að því marki er Vátryggingareftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignarstöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Vátryggingareftirlitið leita til annarra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingarstofns og líftryggingarskuldar. Vátryggingareftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Vátryggingareftirlitið skal með tilkynningu í Lögbirtingablaði greina frá helstu atriðum tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birt-

ingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Vátryggingareftirlitið framselt stofninn líftryggingarfélagi því er Vátryggingareftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingarskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingarstofn eða komi ekki fram þau tilboð er Vátryggingareftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

69. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélags skal ekki telja eignir, sem mæta eiga líftryggingarskuldinni, með eignum þrotabúsins eða skuldbindingar með skuldum þess. Ákvæði 68. gr. um sérstaka meðferð líftryggingarstofnsins gilda og getur Vátryggingareftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Hafi sérstök meðferð líftryggingarstofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta, sbr. 67. gr., hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari og 68. gr.

70. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í vátryggingarfélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi skal Vátryggingareftirlitið, jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, meta í samráði við skiptastjóra, hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingarstofna að öllu leyti eða að hluta til eins eða fleiri vátryggingarfélaga sem reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

Berist tilboð er Vátryggingareftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingartaka og vátryggða skal eftirlitið leggja fram tillögu til samkomulags um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtingablaði um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að teknu tilliti til þeirra skal Vátryggingareftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingarstofna á þann hátt sem lagt er til.

71. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit vátryggingarfélags samkvæmt samþykktum þess skal félagið leggja fyrir Vátryggingareftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingarskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Vátryggingareftirlitið skal, eins og segir í 2. mgr. 67. gr., meta og taka ákvörðun um, hvort hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra teljist best borgið með flutningi vátryggingarstofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingarstofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 68. gr.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

72. gr.

Ráðherra vátryggingarmála setur reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

73. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

74. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 og falla þá úr gildi lög nr. 50 16. maí 1978, um vátryggingarstarfsemi, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerðar nr. 77/1975 um ársreikninga vátryggingarfélaga ásamt breytingum, svo og reglugerðar nr. 482/1981 um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélaga skulu gilda um reikningsskil og ársuppgjör vátryggingarfélaga fyrir reikningsárið 1992, eftir því sem við getur átt. Ákvæði laganna um lágmarksgjaldþol og ábyrgðarsjóð gilda frá 1. júlí 1993 nema um starfandi vátryggingarfélög samkvæmt sérstökum lista sem Vátryggingareftirlitið leggur fram fyrir árslok 1992 sem fá aðlögunartíma í allt að tvö ár frá 1. janúar 1993 til að uppfylla þessi skilyrði og mega ekki starfa annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði en á Íslandi fyrr en skilyrðin eru uppfyllt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ágúst 1989 skipaði þáverandi tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög um vátryggingarstarfsemi en tímabært þótti að endurskoða gildandi lög sem eru frá 1978. Í nefndina voru skipaðir Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur, Erlendur Lárusson tryggingafræðingur, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, sem jafnframt var skipaður formaður, Guðný Björnsdóttir lögfræðingur, Jón Magnússon lögfræðingur, fulltrúi Neytendasamtakanna, og Sigmar Ármannsson lögfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga. Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðmundsson lögfræðingur.

Nefndin hélt samtals 47 fundi þar af 6 á árunum 1989 og 1990, 20 á árinu 1991 og 21 fund á árinu 1992. Í þann mund er nefndin var skipuð hófust samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Nefndin taldi rétt að við heildarendurskoðun gildandi laga um vátryggingarstarfsemi yrði tekið tillit til nauðsynlegrar aðlögunar að Evrópulöggjöfinni og niðurstaðna samningaviðræðna EFTA og EB á þessu sviði. Störf nefndarinnar á árunum 1989 og 1990 voru því einkum fólgin í undirbúningsvinnu, öflun gagna og upplýsinga og að fylgjast með þeirri þróun sem átti sér stað á alþjóðavettvangi á þessu sviði.

Nefndin er sammála um frumvarp það sem hér liggur fyrir að öllu öðru leyti en varðar stjórn Tryggingaeftirlitsins skv. 37. gr. frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi því fyrirkomulagi sem hér er lagt til en formaður skilar séráliti um fyrirkomulag þeirrar greinar.

1. Löggjöf um vátryggingarstarfsemi.

Sérstök löggjöf er hvarvetna í gildi um vátryggingarstarfsemi undir eftirliti opinberra stjórnvalda. Heildarlöggjöf um vátryggingarstarfsemi var sett mun seinna á Íslandi en í nágrannalöndum eða á árinu 1973 með lögum nr. 26/1973. Var þá löggjöf Norðurlanda einkum höfð til hliðsjónar en hún stendur á mjög gömlum merg. Lögin voru endurskoðuð 1978 í nokkrum atriðum og eru gildandi lög um vátryggingarstarfsemi, nr. 50/1978.

Í greinargerð með fyrsta frumvarpinu frá 1973 er gerð grein fyrir ástæðum þess að rétt þykir að setja sérstök lög um vátryggingarstarfsemi og er það sem þar segir enn í fullu gildi:

„Vátryggingar skipta miklu máli í nútímaþjóðfélagi og varða flesta ef ekki alla þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðila rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsstöðu þeirra vátryggingaraðila sem þeir skipta við og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis."

Gildandi lög um vátryggingarstarfsemi hér á landi eru ekki eins ítarleg og löggjöf nágrannaþjóða, svo sem Norðurlanda. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu og mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins frá því að lögin voru sett og ör þróun á sér stað með æ nánari samskiptum og samvinnu á alþjóðavettvangi þar sem aflétt er hömlum og reglur eru rýmkaðar, m.a. á sviði viðskipta-, fjármála- og þjónustustarfsemi. Skortir hér á landi lagaákvæði um ýmsa þætti vátryggingarstarfseminnar, m.a. til að tryggja réttarstöðu vátryggingartaka og vátryggðra, og þörf er skilvirkari og skýrari ákvæða um mörg atriði varðandi starfsemi vátryggingarfélaga og eftirlit með henni. Þá þarf að setja ýmis sérákvæði í lög vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Nefndin hefur kynnt sér löggjöf nágrannaþjóða á þessu sviði, einkum Norðurlanda. Hefur í því sambandi mjög verið litið til dönsku laganna en dönsk lög hafa verið löguð að reglum Evrópubandalagsins sem ætlað er að gilda á Evrópsku efnahagssvæði. Einnig hefur nefndin fylgst með því lagastarfi sem á sér stað annars staðar á Norðurlöndum vegna EES-samningsins og aflað gagna og upplýsinga frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð í því sambandi.

2. Meginefni og helstu nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpið er á mörgum sviðum mun ítarlegra en gildandi lög og ný ákvæði að finna um mörg atriði. Jafnframt því sem heimildir vátryggingarfélaga til starfsemi eru rýmkaðar og felld eru niður ýmis skilyrði á markaðs- og fjármálasviði eru sett ákvæði til eflingar neytendavernd og heimildir eftirlitsaðilans til afskipta eru skýrari og í ýmsum tilvikum auknar. Ákvæði hafa ekki verið áður í lögum um afskipti eftirlitsins af vátryggingarstofni og vátryggingarskuldbindingum félaga eftir að starfsleyfi hefur verið afturkallað og við félagsslit og sérstakur kafli er um vátryggingarmiðlun og vátryggingarumboð sem engin lagaákvæði hafa verið til um hér á landi áður. Þá eru sérkaflar annars vegar um starfsemi erlendra félaga sem eiga staðfestu á Evrópsku efnahagssvæði og hins vegar um félög sem eru utan þess, en ákvæði um hin síðarnefndu eru nokkru ítarlegri en í gildandi lögum.

Frumvarpið er við það miðað að fullnægt verði ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningsins) sem undirritaður var 2. maí 1992 í Óportó í Portúgal og lagður hefur verið fyrir Alþingi til staðfestingar og þeim gerðum á vátryggingarsviði sem eru hluti þess samnings.

Samningurinn gerir ekki nú þegar ráð fyrir myndun eins sameiginlegs vátryggingarmarkaðar með fjárhagslegu eftirliti heimaríkis og frelsi til að veita og fá þjónustu hvar sem er á svæðinu. Hafa menn farið mun hægar hjá Evrópubandalaginu á vátryggingarsviðinu en á ýmsum öðrum sviðum fjármála, viðskipta og þjónustu í þá átt að samræma löggjöf, að aflétta hömlum og falla frá gildandi reglum heima fyrir. Vegna hins sérstaka eðlis og hlutverks vátrygginga verða neytendahliðin og hin viðskiptalega hlið að fylgjast að, en menn hafa verið nokkuð á eftir að móta stefnu og setja reglur á sviði neytendaverndar.

Fyrst um sinn verður samkvæmt samningnum eingöngu skylt að aflétta tilteknum hömlum í skaðatryggingum sem einkum tengjast atvinnurekstri og í líftryggingum þegar líftryggingartaki hefur eigin frumkvæði að töku líftryggingar og geta lög annarra aðildarríkja þá átt við um slíka vátryggingarsamninga og fjárhagslegt eftirlit með slíkri starfsemi verður í höndum erlends ríkis. Að öðru leyti gilda lög og reglur heimaríkis um þá starfsemi sem þar fer fram og eftirlit með henni en ýmsar reglur t.d. varðandi hin fjárhagslegu skilyrði eru samræmdar. Í náinni framtíð er þó ætlunin að lagareglur sem opna hliðstæða möguleika í öðrum greinum vátrygginga verði hluti EES-samningsins.

Að fjárhagslegt eftirlit verður í höndum erlendra eftirlitsstjórnvalda þýðir þó engan veginn að öllu slíku eftirliti heima fyrir verði hætt. Þvert á móti er það almenn stefna í þessum málum að samhliða því að hömlum er aflétt verði eftirlit og neytendavernd eflt og eftirlitsstjórnvöld koma til með að hafa áfram ríkar heimildir til afskipta í samræmi við gildandi löggjöf heima fyrir, og gert er ráð fyrir nánu samstarfi milli eftirlitsstjórnvalda aðildarríkjanna. Samstarf hefur raunar um langt skeið átt sér stað á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu á sviði eftirlitsmála.

Frumvarpið gerir sem sé ráð fyrir að reglum EES-samningsins, eins og hann liggur fyrir nú, verði fullnægt en síðar verði lögum breytt eftir þörfum og eftir því sem ný samningsákvæði verða hluti samningsins.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru sem hér segir:

Í I. kafla eru heimildir vátryggingarfélaga til að reka hliðarstarfsemi, sem tengist vátryggingarstarfsemi, t.d. á fjármálasviði, rýmkaðar. Vátryggingarfélög mega samkvæmt frumvarpinu eiga meiri hluta eða hafa virk yfirráð í félagi sem rekur hliðarstarfsemi sem hingað til hefur verið óheimilt. Þetta er í samræmi við þróunina almennt og styrkir samkeppnisaðstöðu íslenskra vátryggingarfélaga á markaðnum. Jafnframt er gert ráð fyrir heimildum Tryggingaeftirlitsins til að hafa eftirlit með félögum sem reka hliðarstarfsemi.

Þá er kveðið á um að félög, sem stofnuð eru með sérlögum, skuli, með sama hætti og einkavátryggingarfélög, vera í hlutafélagsformi, gagnkvæmu formi eða öðru lögmæltu félagsformi. Lagareglur EES-samningsins kveða á um að félög stofnuð með lögum skuli starfa á jafnréttisgrundvelli og við sömu rekstrarskilyrði og einkafélög.

Gerður er greinarmunur á „stóráhættu“ og „fjöláhættu“ í samræmi við ákvæði EES-samningsins, sbr. nánari umfjöllun í VI. kafla.

Þá er neytendaákvæði sem kveður á um skyldu vátryggingarfélaga til að upplýsa almennt um hvaða félag beri áhættuna og hvar það er áður en vátryggingartaki er skuldbundinn gagnvart vátryggingarfélagi og að vátryggingarsamningur beri ávallt þessar upplýsingar með sér.

Í II. kafla eru þau nýmæli fyrst og fremst að ítarlegri ákvæði er nú að finna um hvernig standa skuli að stofnun vátryggingarfélags en um það hafa hingað til eingöngu verið ákvæði í hlutafélagalögum. Í nokkrum atriðum eru reglur samkvæmt frumvarpinu strangari eins og þegar um er að ræða mat á greiðslu hlutafjár, stofnfjár eða ábyrgðarfjár í öðru en reiðufé, og varðandi samþykktir sem ávallt skulu háðar samþykki Tryggingaeftirlitsins. Þá eru sérákvæði um gagnkvæm félög sem ekki hefur áður verið að finna í lögum um vátryggingarstarfsemi.

Ákvæði er um hvað koma skuli fram í umsókn um starfsleyfi og hvað skuli skráð í vátryggingarfélagaskrá sem áður hafa verið í reglugerð. Nýmæli í samræmi við reglur EES-samningsins er að krafist er áætlunar um rekstur og efnahag næstu þrjú árin er fylgja skal umsókn um starfsleyfi.

Þá eru felld niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda en almennt krafist búsetu hér og hæfisskilyrða. Nýmæli hér á landi er að kveða á um að viðkomandi hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei misst forræði á búi sínu. Ráðherra hefur heimild til að víkja frá skilyrðum um búsetu.

Í III. kafla eru alfarið teknar upp þær reglur sem eiga að gilda á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol, lágmarksgjaldþol og um ábyrgðarsjóð. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð.

Nýmæli er að vátryggingarfélag skal á hverjum tíma, og í öllum greinum vátrygginga, halda skrá yfir eignir samsvarandi vátryggingarskuldinni, en í gildandi lögum eru slík ákvæði einvörðungu á sviði líftrygginga. Í samræmi við reglur EES-samningsins eru hér settar strangari reglur á sviði skaðatrygginga en reglurnar rýmkaðar á sviði líftrygginga, með það fyrir augum að tryggja að ávallt séu fyrir hendi eignir í vátryggingarfélagi til að mæta skuldbindingum vegna gerðra vátryggingarsamninga og á hinn bóginn að aflétta hömlum er tengjast fjármálasviði.

Nýmæli er einnig að ákvarðanir um lækkun áhættufjár, eða ef greiða á nýja hluti á annan hátt en í reiðufé, er háð samþykki Tryggingaeftirlitsins.

Í IV. kafla er helsta nýmælið að kveðið er á um skyldu vátryggingarfélags að hafa í þjónustu sinni tryggingastærðfræðing eða sérfræðing með sambærilega menntun, m.a. til að meta vátryggingarskuld félags, en til þessa hefur skyldan verið bundin við líftryggingarstarfsemi einvörðungu. Markmiðið er að tryggja betur en áður mat á áhættuþáttum vátryggingarstarfseminnar sem ekki er síður mikilvægt á sviði skaðatrygginga en líftrygginga.

Þá er nýmæli að kveðið er á um hæfisskilyrði stjórnarmanna og skilyrði um búsetu meiri hluta stjórnar á Íslandi. Ráðherra er heimilt að víkja frá kröfum um búsetu á Íslandi.

Í V. kafla er meginbreytingin frá gildandi lögum að lagt er til, samkvæmt áliti meiri hluta nefndarinnar, að Tryggingaeftirlitinu verði sett sérstök yfirstjórn og með því fyrirkomulagi sem segir í 37. gr. frumvarpsins. Lagt er til að stofnunin heiti Vátryggingareftirlitið, en þar eð heitið hefur ekki öðlast lagagildi er það ekki notað í athugasemdum við frumvarpið.

Í kaflanum eru stefnumarkandi ákvæði um hlutverk Tryggingaeftirlitsins. Nýmæli er að kveðið er sérstaklega á um að við stofnunina skuli starfrækt neytendamáladeild og að eftirlit skuli haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingarfélaga.

Þá er lagt til að ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum eftirlitsins umfram álagðar sértekjur verði felld niður og að rekstur stofnunarinnar verði alfarið reistur á sértekjum.

Í VI. kafla er það nýmæli að gerður er greinarmunur á vátryggingarfélögum sem eru á hinu Evrópska efnahagssvæði og félögum utan þess. Ákvæði um hin fyrrnefndu eru samræmd ákvæðum EES-samningsins að því er varðar staðfesturétt og heimildir til að veita hér þjónustu, en varðandi hin síðarnefndu eru ákvæðin í aðalatriðum efnislega hliðstæð gildandi ákvæðum en ítarlegri, m.a. varðandi eftirlit og heimildir eftirlitsins til afskipta.

Meginstefna frumvarpsins varðandi félög á hinu Evrópska efnahagssvæði er ríkar heimildir Tryggingaeftirlitsins hér á landi til afskipta af starfseminni í samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um starfsleyfismál og fjárhagsleg skilyrði.

VII. kafli er nýmæli í heild sinni að fáeinum ákvæðum undanskildum. Sérstök ákvæði um vátryggingarmiðlun og vátryggingarumboð hafa ekki verið í lögum hér á landi. Talið er víst að miðlunar- og umboðsstarfsemi muni gegna æ mikilvægara hlutverki á vátryggingarmarkaði í náinni framtíð í framhaldi myndunar Evrópsks efnahagssvæðis og sameiginlegs innri vátryggingarmarkaðar. Neytendur muni í auknum mæli þurfa á upplýsingum og aðstoð að halda um kjör og innihald við kaup vátrygginga og við tjónsuppgjör þegar tjónsatburður á sér stað. Er því mikilvægt að settar verði reglur í þágu neytenda um þessa starfsemi og að eftirlit verði haft með henni.

Sérstök tilskipun hefur verið sett hjá EB um þessa starfsemi og er hún hluti EES-samningsins. Auk þess var nýlega (1992) ítrekað með sérstökum tilmælum frá EB, sem einnig verða tekin upp í EES-samninginn, að setja beri nánari reglur m.a. um skráningu þessarar starfsemi og kröfur gerðar um menntun og þekkingu, en reglur aðildarríkjanna eru mjög mismunandi í þessum efnum. Sums staðar eru mjög vægar kröfur gerðar og starfsemin ekki háð sérstöku starfsleyfi, annars staðar hafa verið sett sérstök lög.

Hér á landi hefur miðlun eða umboðsstarfsemi, a.m.k. síðari ár, verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi. Innlend vátryggingarfélög hafa sölumenn starfandi innan sinna veggja og reka umboð út um land og allalgengt hefur verið að vátryggingarfélög ráði sölumenn til lengri eða skemmri tíma sem ganga í hús og selja vátryggingar. Hér er lagt til að ákvæði um þessa starfsemi verði í lögum um vátryggingarstarfsemi, enda verði eftirlit með henni í höndum Tryggingaeftirlitsins og ráðherra vátryggingarmála.

Í VIII. kafla eru hugtök samræmd hugtökum samkvæmt reglum EES-samningsins og ákvæðin eru ítarlegri. Nýmæli er m.a. að drög að samrunaáætlun fylgi umsókn til eftirlitsins og nánar er kveðið á um hvað þar skal koma fram og hvaða gögn skuli að öðru leyti fylgja.

IX. kafli er að miklu leyti nýmæli. Að öðru leyti en varðar líftryggingar hafa engin ákvæði verið í gildandi lögum um vátryggingarstarfsemi um afskipti Tryggingaeftirlitsins þegar grípa þarf til sérstakra ráðstafana eða eftir að starfsleyfi er afturkallað. Kveð-

ið er á um mismunandi stig aðgerða eftir eðli og efni máls. Í frumvarpinu er mælt fyrir um afskipti Tryggingaeftirlitsins við ráðstöfun vátryggingarstofns og vátryggingarskuldar til að gæta hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Ákvæðin um hvernig brugðist skal við þegar félag uppfyllir ekki fjárhagskröfur eru í samræmi við reglur EES-samningsins.

Í X. kafla er gildistökuákvæði og við það miðað að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið taki gildi 1. janúar 1993 og að lög þessi taki gildi á sama tíma. Segja má að ekkert það sé í frumvarpinu sem komi í veg fyrir að lögin taki gildi á öðrum tíma en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, þó eigi síðar.

Í bráðabirgðaákvæði kemur fram að sérákvæði er í EES-samningnum fyrir Ísland varðandi minni líf- og skaðatryggingarfélög en þau fá allt að tveggja ára aðlögunartíma frá 1. janúar 1993 til að uppfylla skilyrðin um lágmarksgjaldþol og ábyrgðarsjóð. Ber Tryggingaeftirlitinu að láta EFTA og EB í té lista yfir þessi félög áður en samningurinn gengur í gildi, en þau fá ekki aðgang að EES fyrr en skilyrðin eru uppfyllt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að „á viðskiptagrundvelli" verði fellt niður, sbr. 1. gr. laga 50/1978, um tryggingarstarfsemi (LUV). Lögin eiga við um vátryggingarstarfsemi almennt en ekki er til tæmandi skilgreining á því hvað í slíkri starfsemi felst. Vátryggingarstarfsemi er viðskiptalegs, fjármálalegs og félagslegs eðlis og er rekin hér á landi af einkafélögum og félögum og stofnunum samkvæmt sérlögum er gegna hlutverki af ýmsum toga á þessu sviði.

Lagt er til, eins og í gildandi lögum að ráðherra vátryggingarmála skeri úr ef ágreiningur kemur upp um það hvort starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin taki til þeirra aðila sem taldir eru í 1. mgr. 2. gr. LUV hafi þessir aðilar með höndum vátryggingarstarfsemi.

Um 3. gr.

Meginbreytingin er, sbr. 3. gr. LUV, að skilgreining á félagsformi vátryggingarfélaga nær nú einnig til félaga sem starfa samkvæmt sérlögum, þ.e. þau mega vera á hlutafélagsformi, gagnkvæmu félagsformi eða á öðru lögmæltu félagsformi, að því tilskildu að þau starfi við hliðstæð skilyrði og einkafélög. Þetta er í samræmi við lagareglur EB sem gilda samkvæmt EES-samningi.

Eins og í 9. gr. LUV er kveðið á um að ákvæði hlutafélagalaga gildi nema annað leiði af ákvæðum laga þessara, en hér er bætt við samsvarandi ákvæði um að lög um samvinnufélög gildi um gagnkvæm vátryggingarfélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi, nema annað leiði af ákvæðum þessara laga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 4. gr.

Sbr. 4. gr. LUV. Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. hlutafélagalaga, nr. 32/1978, sbr. lög nr. 69/1989 (HFL), en á hér einnig við um vátryggingarfélög sem ekki eru hlutafélög.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli og tengist tillögum um breytingar á starfssviði vátryggingarfélaga, sbr. 6. og 7. gr., þar sem lagt er til að heimildir vátryggingarfélaga til að reka ýmiss konar hliðarstarfsemi, sem tengist vátryggingarstarfsemi, verði rýmkaðar verulega frá gildandi lögum. Lögin eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingarfélag og vátryggingarfélaga ef litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag ef það ræki vátryggingarstarfsemi og sama gildir þó að skilyrði 4. gr. um félagasamstæður séu ekki uppfyllt ef veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra og skulu félögin þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Lagt er til að sú stofnun, sem eftirlit hefur með vátryggingarstarfseminni, nefnist Vátryggingareftirlit til samræmis við vátryggingarstarfsemi, vátryggingarfélög o.s.frv. í stað Tryggingaeftirlits samkvæmt LUV. Orðið „trygging“ er notað bæði um ábyrgðir, um almannatryggingar o.fl. og er í frumvarpinu eftir því sem unnt er leitast við að skeyta „vá-“ fyrir framan, þó ekki t.d. í ýmsum samsetningum, sbr. eignatryggingar, slysatryggingar o.s.frv.

Um 6. gr.

Eins og í LUV, sbr. 4. gr., er grundvallarskilyrði að vátryggingarfélag reki ekki starfsemi sem er óskyld vátryggingarstarfsemi og er nýmæli að reynt er að skilgreina hvenær starfsemi telst óskyld starfsemi, sbr. 2. mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að rýmka möguleika vátryggingarfélaga á að reka hliðarstarfsemi sem tengist hinni hefðbundnu vátryggingarstarfsemi, sbr. 7. gr., og að ávaxta fjármuni sína þegar það er liður í eðlilegri starfsemi á þessu sviði. Er það í samræmi við þróun sem hvarvetna hefur átt sér stað að undanförnu. Er hér lagt til að vátryggingarfélög megi eiga meiri hluta í fyrirtæki sem rekur fjármálastarfsemi að því tilskildu að fyrirtækið sé háð opinberu eftirliti, svo sem hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða sambærilegri stofnun.

Skv. 4. mgr. er vátryggingarfélögum alfarið bannað að taka á sig ábyrgðir sem ekki eru vátryggingar og er fellt niður ákvæði 4. mgr. 4. gr. LUV þar sem slíkt er heimilt „í sambandi við eðlilegan rekstur félags“. Í breytingunni felst að vátryggingarfélag verður alfarið að reka slíka starfsemi sem vátryggingarstarfsemi í formi greiðslu- eða efndavátrygginga sem eru sérstakir greinaflokkar vátrygginga.

Um 7. gr.

Hér er, eins og í 4. gr. LUV, skilgreint hvers konar hliðarstarfsemi telst heimil vátryggingarstarfsemi en 5. tölul. er nýmæli þar sem um verulega rýmkun á starfssviði vátryggingarfélaga er að ræða. Starfsemi skv. 5. tölul. er ávallt háð sérstöku leyfi Tryggingaeftirlitsins og er undir eftirliti þess og getur eftirlitið gert kröfu um að starfsemin verði rekin í sérstöku félagi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða ákvæði í eldri lögum nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi, en ákvæðið var fellt niður við endurskoðun laganna 1978. Ástæða þykir til að vekja ákvæði þetta til lífs, m.a. í ljósi rýmkunar á starfssviði vátryggingarfélaga. Ákvæðið er stefnumarkandi og lögð er áhersla á það meginhlutverk vátryggingarfélaga að reka starfsemi sína með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Um 9. gr.

Meginreglan er, eins og í núgildandi lögum, sbr. 4. gr. LUV, að líftryggingar skuli reka í sérstöku félagi. Rétt þykir þó að heimila undanþágu frá því þegar um áhættulíftryggingar er að ræða sem eru teknar með öðrum vátryggingum og eigi til lengri tíma í senn en 10 ára, og megi þá reka þær í skaðatryggingarfélagi. Þetta á t.d. við um hóptryggingar fyrirtækja og félagasamtaka sem teknar eru sem ein heild í líf-, sjúkra- og slysatryggingum og eðlilegt þykir að verið geti hjá einu og sama félagi.

Um 10. gr.

Nýmæli er að gerður er greinarmunur á svonefndri „stóráhættu" og „fjöláhættu" í frumtryggingum, en til hinnar fyrrnefndu teljast skaðatryggingar einkum í atvinnurekstri og í tilteknum greinaflokkum skaðatrygginga hjá stærri fyrirtækjum, en skaðatryggingar hins almenna vátryggingartaka, fjölskyldna og heimila teljast til hinnar síðarnefndu. Flokkunin er í samræmi við lagareglur EB sem eru hluti EES-samnings og eru samsvarandi hugtök í ensku máli „large risks" og „mass risks". Þá er gerður greinarmunur á líftryggingum sem líftryggingartaki tekur að eigin frumkvæði og líftrygginga þar sem um virka sölumennsku er að ræða af hálfu líftryggingarfélags við öflun líftrygginga. Talin er minni þörf á að vernda vátryggingartaka er teljast til fyrrnefndu flokkanna með lagasetningu og opinberu eftirliti en hina síðarnefndu, en þá er talin sérstök þörf á neytendavernd. Eru því ýmis lagaákvæði varðandi starfsemi vátryggingarfélaga mismunandi eftir tegund þeirrar starfsemi sem vátryggingarfélagið rekur, t.d. varðandi skilyrði og veitingu starfsleyfis, eftirlit með starfseminni, skil á gögnum o.fl.

Nauðsynlegt er að skilgreina nánar með reglugerð hina ýmsu greinaflokka, mörkin milli stór- og fjöláhættu og hvað átt er við með stórfyrirtækjum og minni fyrirtækjum í þessu sambandi. Framangreind skipting er áfangi á leið til frekari rýmkunar reglna hjá EB er einnig er ætlunin að gildi á Evrópsku efnahagssvæði.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að finna í 5., 14. og 34. gr. LUV. Í 2. mgr. er nýmæli, en rétt þykir að heimila að skrá megi félagsmenn með það fyrir augum að stofna gagnkvæmt félag þó að félagið hafi ekki verið skráð, að því tilskildu að ekki sé stofnað til vátryggingarsamninga eða ábyrgða eða iðgjöld innheimt.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru nýmæli í samræmi við lagareglur EB sem gilda eiga samkvæmt EES-samningnum. Í 2. mgr. er m.a. gerð krafa um að bæði skráð og innborgað hlutafé skuli koma fram í öllum tilkynningum frá félaginu til almennings.

Einnig er nýmæli, sbr. 3. mgr., að ávallt skal geta nafns og aðseturs aðalstöðva vátryggingarfélags, svo og þess félags sem áhættuna ber. Ekki er samt talin ástæða til að binda í lög samsvarandi ákvæði varðandi vátryggingar er teljast til stóráhættu, nema þegar vátryggingartaki er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi. Þá skulu þessar upplýsingar ávallt koma fram, hvort sem um fjöl- eða stóráhættu er að ræða og ávallt í líftryggingum.

Um 13. gr.

Þessi grein er efnislega að miklu leyti samhljóða 3. gr. HFL en á hér við um öll félagsform vátryggingarfélaga. Hér er gerð krafa um að stofnendur skuli vera þrír hið fæsta,

en til þessa hefur þess verið krafist að stofnendur vátryggingarfélags væru minnst fimm, sbr. 6. og 10. gr. LUV. Samkvæmt HFL skulu þeir vera tveir hið fæsta.

Felld hefur verið niður krafan um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda en gerð krafa um búsetu hér á landi. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá búsetuskilyrðinu enda leiðir það af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Nýmæli er að krafist er óflekkaðs mannorðs og að stofnendur hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði frumvarpa sem lögð hafa verið fram að undanförnu í tengslum við EES-samninginn á fjármálasviði og þykir rétt að gera eigi minni kröfur á vátryggingarsviði en á öðrum sviðum fjármálastarfsemi. Þau sjónarmið komu fram í nefndinni að ákvæðið um að menn hafi aldrei misst forræði á búi sé of strangt og ekki í samræmi við viðtekin viðhorf og venjur á Íslandi.

Um 14. gr.

Engin ákvæði eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim um það sem koma á fram í stofnsamningi vátryggingarfélags. Í 4. og 5. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis. Þykir rétt að hliðstæð ákvæði séu í lögum er þá gilda um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Nýmæli er að koma verður fram í stofnsamningi ef stofnað er til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka vátryggingarstofna, sbr. 4. mgr., og komi þá fram hvort samningsdrög liggi fyrir og hvort Tryggingaeftirlitið hafi fjallað um málið.

Ákvæðin eru að öðru leyti efnislega hin sömu og í HFL nema leita þarf undanþágu hjá Tryggingaeftirlitinu ef ætlunin er að greiðslur á hlutum í félaginu verði í öðru en reiðufé, sbr. 15. gr.

Um 15. gr.

Samkvæmt 6. gr. LUV teljast eingöngu greiðslur í peningum til innborgaðs hlutafjár, en engin hliðstæð ákvæði eru um greiðslur stofnfjár eða ábyrgðarfjár. Hér er lagt til að féð megi að fenginni heimild Tryggingaeftirlitsins greiða með öðrum hætti, en þá liggi fyrir matsgerð um verðmæti þess sem greitt er með. Sama gildir um aðra fjármuni sem lagðir eru fram samkvæmt nánari reglum og ekki eru ætlaðir til greiðslu hluta, sbr. 5. mgr.

Um 16. gr.

Ekki eru í LUV eða reglugerðum samkvæmt þeim ákvæði um það hvað skuli koma fram í samþykktum vátryggingarfélags, nema í 13. gr. laganna um félagsslit í gagnkvæmum félögum. Í 6. gr. HFL eru ákvæði þessa efnis og þykir rétt að mæla svo fyrir um öll félagsform vátryggingarfélaga. Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum HFL nema ávallt skal getið í samþykktum hvernig ráðstafa skuli hagnaði og mæta skuli halla, svo og hvernig fara skuli með eignir félags við félagsslit. Þá eru nokkur sérákvæði varðandi gagnkvæm félög.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 9. gr. HFL.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um umsókn um starfsleyfi og gögn sem henni eiga að fylgja. Nýmæli er að kveðið er á um að Tryggingaeftirlitið skuli staðfesta samþykktir vátryggingarfélags.

Ákvæðið um tilkynningu til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings er efnislega hliðstætt ákvæðum HFL en hér er kveðið á um að áhættufé skuli að fullu greitt áður en unnt er að skrá félag sem vátryggingarfélag.

Nýmæli er í samræmi við gerðir samkvæmt EES-samningi að einungis skal gera kröfu um skil sýnishorna vátryggingarskilmála og iðgjaldagrundvallar þegar um fjöláhættu er að ræða, sbr. 10. gr. Eftirlit með öðrum skilmálum og iðgjaldagrundvelli þeirra er þó ekki fellt niður, sbr. 39. gr., en ekki verður um kerfisbundna skoðun fyrir fram að ræða eins og verið hefur.

Um 19. gr.

Nýmæli er í samræmi við gerðir samkvæmt EES-samningnum að áætlun um fyrirhugaða starfsemi skal lögð fram með umsókn um starfsleyfi. M.a. skal áætla stöðu vátryggingarfélags næstu þrjú bókhaldsárin og gera grein fyrir því hvernig félag hyggst mæta kostnaði og skuldbindingum sínum.

Um 20. gr.

Í LUV er ekki fjallað um meðferð umsóknar um starfsleyfi að öðru leyti en því að í 34. gr. er kveðið á um að eftirlitið skuli kanna hvort félag, sem sækir um starfsleyfi, fullnægi skilyrðum laga og reglugerða um vátryggingarstarfsemi. Í 5. gr. nefndra laga segir að félag megi ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið starfsleyfi og í 14. og 34. gr. að ráðherra veiti leyfi.

Hér er lagt til almennt ákvæði um að Tryggingaeftirlitið skuli leggja mat á umsókn félags um starfsleyfi og hefur eftirlitið þrjá mánuði, eftir að öll gögn hafa borist, til að ljúka umsögn sinni. Samkvæmt EES-samningnum er gert ráð fyrir sex mánaða fresti í þessu sambandi sem telja verður óþarflega langan tíma miðað við íslenskar aðstæður.

Lagt er til að ráðherra veiti starfsleyfi eins og í núgildandi lögum, en jafnframt að meðmæli Tryggingaeftirlitsins liggi fyrir. Jafnframt er krafist, líkt og í gerðum EES-samnings, að það skuli stutt rökum og tilkynnt umsækjanda skriflega mæli eftirlitið gegn umsókninni. Hafi félag hins vegar þegar fengið starfsleyfi en hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum er lagt til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi.

Um 21. gr.

Ákvæði um skráningu í vátryggingarfélagaskrá eru nú í reglugerð nr. 463/1981. Hér er lagt til að þessi og önnur atriði um vátryggingarfélagaskrá komi fram í lögunum sjálfum.

Nýmæli er, sbr. einnig 18. gr., að breytingar á samþykktum vátryggingarfélags öðlast ekki gildi fyrr en Tryggingaeftirlitið hefur samþykkt þær.

Um 22. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í reglugerð nr. 463/1981.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. HFL nema bætt er við sérákvæðum um gagnkvæm vátryggingarfélög sem eigi hafa verið áður í lögum um vátryggingarstarfsemi.

Um 24. gr.

Hér er skilgreint hvaða efnahagsliði skuli telja til gjaldþols vátryggingarfélags. Hliðstæð ákvæði er að finna í reglugerð nr. 482/1981 en þær eru í allnokkrum atriðum samhljóða ákvæðum EES-samningsins. Hér eru notuð sömu hugtök og í núgildandi LUV, þ.e. gjaldþol er eigið fé félags, þegar frá hafa verið dregnar óefnislegar eignir og eignaliðir hafa verið afskrifaðir eða færðir niður nægilega til öryggis og þegar tekið hefur verið tillit til dulinna varasjóða í eignum sem taldir eru af varanlegum toga. Gjaldþol vátryggingarfélags þarf því ekki að vera hið sama og bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.

Þó er ekki lagt til hér, eins og í reglum EB, að telja megi til gjaldþols tiltekinn framtíðarhagnað af líftryggingum sem heimilt er að reikna með samkvæmt nánari reglum. Í meginatriðum eru til gjaldþols taldar eignir samsvarandi áhættufé og sjóðum sem ekki er ætlað að mæta skuldbindingum félagsins en gegna því hlutverki að mæta tapi. Óheimilt er að telja með óefnislegar eignir svo sem viðskiptavild.

Um 25. gr.

Gjaldþol vátryggingarfélaga skal á hverjum tíma nema tilteknu lágmarki sem reiknað er út eftir ákveðnum reglum með tilliti til þeirrar starfsemi sem rekin er og áhættunnar sem í henni felst. Skilyrði í vátryggingarrekstri er að vátryggingarfélag ráði ávallt yfir nægu fé til að geta örugglega staðið við skuldbindingar sínar og mætt þeirri áhættu sem í starfseminni felst.

Bregðast verður við hvenær sem ástæða er til að ætla að gjaldþol sé lægra en lágmarksgjaldþol og eru ráðstafanir mismunandi eftir aðstæðum. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um hin tæknilegu atriði útreiknings á lágmarksgjaldþoli, sbr. núgildandi reglugerð nr. 482/1981 um það efni. Reglur samkvæmt þeirri reglugerð eru um margt hliðstæðar reglum EB samkvæmt EES-samningnum en í nokkrum atriðum eru gerðar meiri kröfur en nú eru gerðar. Einnig þarf að setja sérstakar reglur um líftryggingarfélög þar eð um þau gilda að nokkru leyti aðrar reglur.

Um 26. gr.

Greinin er nýmæli og er reist á samsvarandi ákvæðum lagareglna EB og EES-samnings. Mikilvæg forsenda starfsemi og eftirlits með henni á Evrópsku efnahagssvæði er samræmdar lágmarkskröfur um fjárhagsstyrk vátryggingarfélaga.

Skilgreindur er sérstakur ábyrgðarsjóður vátryggingarfélags sem nemur þriðjungi hins reiknaða lágmarksgjaldþols. Þó má hann aldrei vera lægri en þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í þessari grein en lágmarkið er mismunandi eftir tegund vátrygginga. Sem dæmi má nefna að sé lágmarksgjaldþol líftryggingarfélags reiknað 1,5 millj. ecu skal ábyrgðarsjóður skv. 1. mgr. nema 800 þús. ecu en ekki 500 þús. ecu. Ef sama félag rekur ábyrgðartryggingar ökutækja er ábyrgðarsjóður hins vegar 500 þús. ecu (þriðjungur lágmarksgjaldþols) en ekki lágmarkið 400 þús. ecu skv. 1. mgr. af því að það er lægra. Með ábyrgðarsjóði eru skilgreind þau mörk gjaldþols sem talin eru hættumörk í starfsemi vátryggingarfélags, þ.e. að grípa þurfi til ábyrgðarsjóðs til að mæta skuldbindingum er talin slík hætta á ferðum að grípa verður til skjótra aðgerða til að rétta við hag félagsins, sbr. IX. kafla.

Fjárhæðirnar eru í samræmi við reglur EB og með því að hafa þær í hinni evrópsku reiknieiningu, ecu, verður ekki þörf á að setja reglugerð ef breyta þarf fjárhæðum til samræmis við gengis- eða verðlagsbreytingar.

Í gagnkvæmum félögum má taka tillit til ábyrgðar félagsmanna, en þó má aldrei lækka ábyrgðarsjóð um meira en fjórðung saman borið við hlutafélög.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli. Meginatriðið er að á móti vátryggingarskuldinni skal ávallt vera til staðar hjá félagi tilteknar eignir sem að fjárhæð samsvara henni. Skulu í reglugerð settar sérstakar reglur um tegund og samsetningu þessara eigna. Þetta á bæði við um líftryggingar og aðrar vátryggingar og er hér gert ráð fyrir að reglurnar gildi bæði um frum- og endurtryggingar. Á hinn bóginn eru ekki settar sérstakar reglur um eignir félags, aðrar en þær sem þarf til að mæta vátryggingarskuldinni.

Mjög strangar reglur eru í gildi í þessu efni varðandi líftryggingar skv. 29. og 30. gr. LUV en engar um aðrar greinar vátrygginga, nema um erlend félög. Samkvæmt frumvarpinu eru felldar niður kröfur um að tilgreina ákveðnar eignir á móti líftryggingarskuldinni og um áritun sérstakra verðbréfa og annarra eigna sem henni samsvarar. Telja má að það kerfi, sem í gildi hefur verið, hafi verið þungt í vöfum og þjóni ekki þeim tilgangi sem því var ætlað.

Annars vegar eru því reglur um ávöxtun líftryggingarskuldarinnar í líftryggingarfélögum rýmkaðar mjög frá því sem nú er, en hins vegar eru settar sérstakar reglur um vátryggingarskuld annarra greina sem engar reglur hafa gilt um til þessa. Tillögur þessar eru í samræmi við þær reglur sem nú og í náinni framtíð verða í gildi á Evrópsku efnahagssvæði. Tilgangur þessa er að ávallt sé til staðar í vátryggingarfélagi fé sem samsvarar vátryggingarskuldbindingum þess og að settar verði haldgóðar reglur um samsetningu og dreifingu þessa fjár.

Í 2. mgr. er nýmæli að kveðið er á um að vátryggingarfélag skuli halda skrá yfir þær eignir sem ætlað er að mæta vátryggingarskuld þess og það skal sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar þegar breytingar verða. Senda skal Tryggingaeftirlitinu afrit skrárinnar með ársuppgjöri, og á öðrum tíma, t.d. þegar eftirlitið telur ástæðu til að kanna þennan þátt sérstaklega. Þetta fyrirkomulag kemur í stað núgildandi fyrirkomulags varðandi líftryggingarfélögin en er nýmæli varðandi aðrar vátryggingargreinar.

Um 28. gr.

Í 3. og 4. mgr. eru settar reglur um hækkun og lækkun áhættufjár sem ekki eru í núgildandi lögum um vátryggingarstarfsemi. Lækkun áhættufjár skal ávallt háð samþykki Tryggingaeftirlitsins, einnig ef greiða á hækkun áhættufjár með skuldajöfnuði eða á annan hátt en í reiðufé. Í greininni eru einnig ákvæði um ábyrgðarhluti í gagnkvæmu félagi sem ekki er að finna í núgildandi lögum.

Um 29. gr.

Greinin er í aðalatriðum efnislega hliðstæð 11. gr. LUV. Þó er lágmarksfjárhæð ábyrgðar vátryggingartaka ekki tilgreind í frumvarpinu, en gert ráð fyrir að alfarið verði kveðið á um ábyrgðina í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags. Einnig er sú breyting að ekki má undanþiggja vátryggingarfélag sem endurtryggir í gagnkvæmu félagi ábyrgð ef endurtryggingariðgjöld nema meira en 10% heildariðgjalda félagsins. Hlutfallið er nú 20%. Tryggingaeftirlitið getur þó veitt undanþágu í þessu efni.

Um 30. gr.

Eins og í núgildandi lögum er lagt til að stjórn vátryggingarfélags skipi þrír menn hið fæsta, Hins vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. 6. gr. um að a.m.k. einn stjórnarmanna vátryggingarhlutafélags skuli valinn sérstaklega með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna vátryggðu reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi. Ekki hefur að ráði reynt á ákvæði þetta í framkvæmd og lítt verið leitað til þeirra stjórnarmanna sem þannig hafa verið valdir um úrlausnir mála. Þó hefur komið fyrir að stjórnvöld hafi bent á þennan sérstaka fulltrúa vátryggingartaka þegar kvartanir hafa beinst gegn tilteknum félögum. Neytendaþjónusta Tryggingaeftirlitsins hefur starfað með formlegum hætti síðan 1981 og er hlutverk hennar m.a. að gegna hliðstæðu hlutverki. Auk þess er neytendaþjónusta í boði á vegum fleiri aðila á vátryggingarsviði. Verður að telja slíkt form heppilegra en það fyrirkomulag sem hér er nú í gildi.

Ákvæðin um búsetu og hæfisskilyrði stjórnarmanna eru nýmæli, sbr. athugasemdir við 13. gr.

Ákvæði 2. mgr. er einnig nýmæli í lögum um vátryggingarstarfsemi en er hliðstætt 2. mgr. 70. gr. HFL. en hér ber Tryggingaeftirlitinu að boða til aðalfundar í vátryggingarfélagi.

Þá er ákvæði 3.–5. mgr. nýmæli. Þar er kveðið á um tilkynningarskyldu stjórnar til Tryggingaeftirlitsins við tilteknar aðstæður, þ.e. þegar stjórnendur öðlast vitneskju um málefni sem geta haft úrslitaþýðingu um starfsemi félagsins, þegar stjórnendur hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi vátrygginga og þegar samstæða vátryggingarfélaga er mynduð eða félag mun öðlast meiri hluta eða virk yfirráð í öðru félagi.

Um 31. gr.

Í LUV eru ákvæði um efni þessarar greinar, sbr. 17. og 39. gr. Helstu frávik frá þeim eru að ekki er gert ráð fyrir ítarlegri upptalningu í lögum á þeim gögnum sem fylgja eiga ársreikningi til Tryggingaeftirlitsins og eðlilegt talið að um það verði settar reglur í reglugerð eða að Tryggingaeftirlitið setji sjálft slíkar reglur, enda getur eftirlitið ávallt krafist þeirra gagna sem það óskar.

Önnur breyting samkvæmt frumvarpinu er að eftirlitið skal setja félagi hæfilegan frest þegar krafa er gerð um að ársreikningur, sem ekki er í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir félags, skuli tekinn fyrir á ný á aðalfundi.

Um 32. gr.

Í 17. gr. og 39. gr. LUV er að finna ákvæði um sama efni en þau eru ítarlegri í nokkrum atriðum samkvæmt frumvarpinu. Tekið er fram að löggiltur endurskoðandi skuli vera sameiginlegur fyrir félagasamstæðu í heild og að Tryggingaeftirlitið geti krafist þess að vátryggingarfélög og hin sérstöku félög, sem mega reka hliðarstarfsemi skv. 7. gr., hafi sama löggilta endurskoðanda. Samsvarandi ákvæði eru í 80. gr. HFL, en á hér við um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Samkvæmt 90. gr. HFL. eiga endurskoðendur hlutafélags rétt á að sitja hluthafafundi. Hér er lagt til að þetta gildi um félagsfundi almennt í vátryggingarfélagi, óháð félagsformi. Þá er lagt til að endurskoðendum verði skylt að mæta á aðalfundi, æski stjórn eða atkvæðisbær maður þess, sbr. 2. mgr.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega hliðstætt samsvarandi ákvæði í 39. gr. LUV en á hér við um endurskoðendur félags yfirleitt en ekki einvörðungu um löggilta endurskoðendur.

Í 4. mgr. er nýmæli, en þar er kveðið á um á hvaða formi ársreikningur félags skuli vera og um orðalag þegar félag eða samstæða félaga birtir reikning sinn opinberlega.

Um 33. gr.

Efnislega hliðstæð ákvæðum í 8. og 12. gr. LUV og 107. gr. HFL. Hér er tekið tillit til sérstöðu vátryggingarfélaga sem felst m.a. í kröfum um að gjaldþolsskilyrðum sé fullnægt og vátryggingarskuld félags hafi verið metin með nægilegu öryggi áður en til arðsúthlutunar má koma.

Um 34. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að vátryggingarfélag verði almennt að tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings eða sérfræðings með sambærilega menntun en samkvæmt LUV nær sú skylda eingöngu til líftryggingarfélaga, sbr. 25. og 26. gr. þeirra laga. Ljóst er að jafnmikil nauðsyn getur verið á þjónustu af þessu tagi í félögum sem reka aðra starfsemi en líftryggingarstarfsemi. Mat á áhættu og skuldbindingum vátryggingarfélaga krefst almennt sérfræðiþekkingar enda getur það skipt sköpum um fjárhagsstöðu vátryggingarfélags að rétt sé að því mati staðið. Samkvæmt frumvarpinu er stjórn vátryggingarfélags skylt að sjá til þess að félagið hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu á þessu sviði. Þó má veita undanþágu frá skyldunni að hafa tryggingastærðfræðing sé að mati Tryggingaeftirlitsins ekki talin þörf á slíku, starfsemin er takmörkuð eða af öðrum ástæðum, sbr. 2. mgr.

Nýmæli er að lagt er til að tryggingastærðfræðingurinn þurfi ekki sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra eins og nú, en að viðurkenning Tryggingaeftirlitsins þurfi að koma til. Samþykki eftirlitið ekki tryggingastærðfræðing sem félag hefur mælt með, er eftirlitinu skylt að rökstyðja ákvörðun sína.

Um 35. gr.

Hér er hlutverk tryggingastærðfræðings skilgreint í aðalatriðum, sbr. 1. og 2. mgr., en honum ber m.a. að meta reiknigrundvöll, tjónareynslu og vátryggingarskuld félags. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um að tryggingastærðfræðingur beri ábyrgð á að félagið, sem hann starfar fyrir, fari að tilkynntum reiknigrundvelli líftrygginga o.s.frv., sbr. 26. gr. LUV. Gömul hefð er fyrir svo víðtækri ábyrgð tryggingastærðfræðings í líftryggingarfélagi, einkum á Norðurlöndum, en tímabært þykir að fella niður sérstakar kröfur til þeirra í þessu efni, umfram þá ábyrgð sem þeir eins og aðrir bera í störfum sínum.

Samkvæmt 3. mgr. getur tryggingastærðfræðingur krafist hvers konar gagna frá félaginu sem hann þarf á að halda til að geta gegnt starfi sínu, sbr. núgildandi ákvæði 26. gr. LUV sem á við um líftryggingar eingöngu en á hér við um allar greinar vátrygginga. Nýmæli er einnig að hann hefur samkvæmt frumvarpinu að jafnaði rétt til að sitja stjórnarfundi og m.a. að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Nýmæli er einnig skv. 4. mgr., líkt og gildir um endurskoðendur vátryggingarfélaga, að Tryggingaeftirlitið getur krafið tryggingastærðfræðing um upplýsingar um félagið á starfssviði hans.

Um 36. gr.

Lagt er til að stofnunin, sem eftirlit hefur með starfsemi vátryggingarfélaga, heiti „Vátryggingareftirlitið“ í stað „Tryggingaeftirlitið“ og í frumvarpinu er almennt reynt að fylgja þeirri stefnu eins og unnt er að skeyta „vá-“ fyrir framan „trygging“ til aðgreiningar en trygging merkir einnig ábyrgðir og er oft notað um almannatryggingar. Í samsetningum er þó yfirleitt „vá-“ sleppt, sbr. eignatryggingar, slysatryggingar o.s.frv.

Um 37. gr.

Hér er gerð tillaga um veigamiklar breytingar frá LUV á yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins. Samkvæmt þeim lögum skipar ráðherra forstöðumann ótímabundið og heyrir hann beint undir ráðherra, sbr. 38. gr. laganna. Hér er lagt til samkvæmt meirihlutaáliti nefndarmanna að þriggja manna stjórn, sem skipuð er til fjögurra ára í senn, fari með yfirstjórn stofnunarinnar, einn sé tilnefndur af Neytendasamtökunum, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn sé án tilnefningar og jafnframt formaður. Hafi stjórnin eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, móti stefnu hennar í samráði við forstöðumann og fjalli um öll hin mikilvægari mál.

Þriggja manna stjórn er talin hæfileg. Nauðsynlegt er að ákveðið trúnaðarsamband sé með stjórnarmönnum og forstöðumanni og hætt við að slíkt samband myndist síður í fjölmennri stjórn, auk þess sem hún hefði í för með sér meiri kostnað. Í samræmi við reglur, sem almennt gilda nú í stjórnkerfinu, er lagt til að skipun forstöðumanns sé tímabundin til sex ára í senn. Er þar fylgt sömu reglu og um skipun forstöðumanns bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Skilyrði er skv. 4. mgr. að starfsmenn eftirlitsins séu í störfum sínum óháðir vátryggingarfélögunum eða þeim aðilum öðrum sem falla undir lög þessi og eigi ekki hagsmuna að gæta í þeim eða samtökum þeirra.

Hæfisskilyrði stjórnarmanna skv. 5. mgr. eru að þeir séu óháðir vátryggingarfélögum og öðrum þeim aðilum sem heyra undir lög þessi. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að tilnefningaraðili, hvort heldur er Samband íslenskra tryggingafélaga eða Neytendasamtökin, geti tilnefnt stjórnarmenn Tryggingaeftirlitsins óbundið að öðru leyti en því að þeir séu ekki í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við einstakt vátryggingarfélag eða félag sem heyrir undir eftirlit Tryggingaeftirlitsins. Þetta skilyrði er sett til að tryggja það að stjórnarmenn séu óháðir sérhagsmunum einstaks vátryggingarfélags og geti í störfum sínum unnið faglega að þeim viðfangsefnum sem fyrir koma hverju sinni. Þessi hæfisskilyrði stjórnarmanna eru einnig nauðsynleg að mati meiri hluta nefndarinnar til þess að stjórnarmenn geti unnið starf sitt af trúmennsku og geti notið eðlilegs trausts og trúnaðarsambands við meðstjórnendur sína og starfsmenn Tryggingaeftirlitsins. Meiri hluti nefndarinnar lítur líka til þess að með þeirri skipan stjórnarinnar, sem hér er gerð tillaga um, skapast grundvöllur fyrir auknu samstarfi neytenda og samtaka vátryggingarfélaga, en slíkt samstarf á öðrum sviðum hefur stuðlað að bættum viðskiptaháttum, auknu öryggi neytandans og ódýrum fljótvirkum valkosti við úrlausn deilumála neytenda við einstök þjónustu- eða verslunarfyrirtæki.

Ekki er í einstökum greinum frumvarpsins kveðið nánar á um verkaskiptingu í eftirlitinu milli stjórnar og forstöðumanns eða um ákvarðanatöku í einstökum málum að öðru leyti en segir í 2. mgr. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti kveðið nánar á um reglur í því efni.

Í 6. mgr. er nýmæli þar sem lagt er til að Tryggingaeftirlitinu verði heimilað að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar á því sviði er lögin ná til sé það liður í

samstarfi ríkja um eftirlit með vátryggingarstarfsemi og það sé nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Þagnarskylda í hlutaðeigandi landi er ávallt skilyrði. Sama gildir um upplýsingar sem Tryggingaeftirlitið kann að fá frá öðrum eftirlitsaðilum. Ákvæði þessi eru sett vegna aukinna alþjóðlegra samskipta og aukins frelsis þjónustuviðskipta sem munu hafa í för með sér nauðsyn víðtæks samstarfs eftirlitsaðila í hinum ýmsu löndum og upplýsingamiðlun í auknum mæli og samræmingu eftirlitsreglna.

Um 38. gr.

Eins og í LUV, sbr. 39. og 42. gr., eru samkvæmt frumvarpinu engar takmarkanir á heimildum Tryggingaeftirlitsins til að gera þær kannanir sem eftirlitið telur ástæðu til hverju sinni á hinum ýmsu þáttum starfseminnar og það á rétt á að fá öll þau gögn og upplýsingar sem það telur þörf á til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Samkvæmt frumvarpinu ná þessar heimildir nú einnig til leyfilegrar hliðarstarfsemi félaganna, sbr. 7. gr., að því leyti sem nauðsyn krefur, svo og til starfsemi miðlara og umboðsmanna, sbr. VII. kafla.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvað gera skuli ef vátryggingarfélag lætur ekki í té gögn skv. 1. mgr. eða ráðstafanir sem krafist er í framhaldi kannana eru ekki gerðar innan tilskilins frests. Þá ber Tryggingaeftirlitinu að tilkynna það ráðherra og gera tillögu um hvað gera skuli. Í 43. gr. LUV er mjög almennt ákvæði sem spannar mjög vítt svið um það hvenær eftirlitið skuli grípa til ráðstafana og tilkynna ráðherra um mál, svo sem vegna athugasemda við skilmála eða þegar félag er ekki gjaldhæft, og þar er ekki kveðið á um fresti. Í frumvarpinu er skilgreint nánar hvenær beri að vísa málum til ráðherra og með hvaða hætti, og hvenær tillögur skuli lagðar fyrir hann um frekari ráðstafanir, sbr. IX. kafla. Mál af þessu tagi eru mjög viðkvæm og mikilvægt að vel sé að þeim staðið, nægra upplýsinga og gagna sé aflað og framhaldið fari eftir eðli þess og mikilvægi og eftir því hverjar afleiðingarnar kunna að verða hverju sinni. Því er, sbr. seinasta málslið 2. mgr., gert ráð fyrir í tilvikum sem hér um ræðir að félagið verði upplýst um stöðu máls áður en tilkynning til ráðherra er send þannig að því gefist lokakostur á að koma að frekari gögnum eða að gera umbeðnar úrbætur.

Um 39. gr.

Í þessari grein eru meginatriðin á verksviði Tryggingaeftirlitsins skilgreind, þ.e. könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi, að leggja mat á vátryggingarskuldina, að kanna skilmála og iðgjaldagrundvöll, að hafa eftirlit með viðskiptaháttum, sölustarfsemi og tjónsuppgjöri og að starfrækja neytendamáladeild. Öll þessi svið hafa verið á verkefnaskrá Tryggingaeftirlitsins frá upphafi enda talin rúmast innan ramma LUV þótt ákvæði þar að lútandi séu misítarleg. Starfsemin hefur og verið reist á almennri stefnumörkun og markmiðum laga um vátryggingarstarfsemi.

Ákvæði 1. mgr. um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi er að finna í 41. gr. LUV og í reglugerð nr. 482/1981 um það efni. Lagt er til að regla 3. mgr. 41. gr. falli niður. Eftirlitið skuli því aðeins tilkynna félagi um niðurstöður könnunar hafi það athugasemdir fram að færa. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um í lögum að félagi skuli almennt gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum þar eð slíkt leiðir af eðlilegu verklagi í eftirlitsstarfi. Hins vegar getur staða félags verið þannig að grípa þurfi til ráðstafana þegar í stað í samræmi við ákvæði IX. kafla og Tryggingaeftirlitið verður í slíkum tilvikum að geta tekið ákvarðanir án tafar.

Ítarleg og ströng ákvæði eru í LUV um eftirlit með vátryggingarskilmálum og ið-

gjöldum vátryggingarfélaga, sbr. 40. gr. LUV. Senda skal alla fyrirhugaða skilmála og breytingar á þeim fyrir fram til eftirlitsins til skoðunar og getur eftirlitið krafist þess að ákvæði sem það samþykkir ekki verði numin brott. Sama gildir samkvæmt lögunum um iðgjöld. Samkvæmt 3. og 4. mgr. frumvarpsins eru ákvæðin um eftirlit fyrir fram með skilmálum og iðgjöldum felld niður. Samkvæmt því verða skilmálar og iðgjöld vátryggingarfélaga alfarið á ábyrgð félaganna, en Tryggingaeftirlitið skal eftir sem áður hafa eftirlit með þessum þáttum og það getur áfram krafist gagna hvenær sem er og gert þær kannanir sem það telur þörf á með sama hætti og á öðrum sviðum starfseminnar. Senda skal almenna skilmála og upplýsingar um iðgjaldagrundvöll með umsókn um starfsleyfi og þegar félag hyggst taka upp nýjar greinar vátrygginga í greinum sem teljast til fjöláhættu, sbr. 18. gr. frumvarpsins, og ávallt þegar um lögboðnar vátryggingar er að ræða.

Engin bein ákvæði eru um starfsrækslu neytendamáladeildar í LUV en Tryggingaeftirlitið hefur eftir föngum sinnt kvörtunarþjónustu frá upphafi (1974) en frá 1981 hefur verið um formlega auglýsta þjónustu að ræða. Þjónusta af því tagi er nauðsynlegur þáttur í eftirliti með vátryggingarskilmálum og iðgjöldum, sölustarfsemi, tjónsuppgjöri og viðskiptaháttum vátryggingarfélaga. Slík starfsemi veitir eftirlitsaðila mikilvæga vitneskju um hvar skórinn helst kreppir í þessum efnum og hvaða atriði það eru sem eftirlitinu ber að fylgja eftir með sérstökum könnunum og öðrum ráðstöfunum. Neytendaþjónustan hefur um árabil mætt þörf sem óumdeilanlega hefur verið fyrir hendi á þessu sviði. Hér er lagt til að lögfest verði, sbr. 5. mgr., að eftirlitið skuli rækja neytendamáladeild og að um hana verði settar almennar reglur sem kynntar skuli vátryggingarfélögunum.

Starfræksla neytendamáladeildar hjá Tryggingaeftirlitinu sem liður í eftirliti með vátryggingarstarfsemi og eftirliti með framkvæmd laga um þá starfsemi kemur ekki í veg fyrir að þörf geti verið fyrir neytendaþjónustu á þessu sviði á vegum fleiri aðila eins og tíðkast í nálægum löndum, svo sem á vegum vátryggingarfélaga og neytendasamtaka.

Um 40. gr.

Hér er kveðið á um hvernig standa skuli straum af kostnaði við rekstur Tryggingaeftirlitsins. Er sú stefna óbreytt samkvæmt frumvarpinu sem verið hefur og er í nálægum löndum að litið er svo á að starfsemi eftirlitsins sé fyrst og fremst í þágu vátryggingartaka og vátryggðra og því rétt að kostnaður við starfsemi eftirlitsins sé borinn af þeim og greiddur af vátryggingaraðilum.

Lagt er til að fyrirkomulag álagningar og innheimtu eftirlitsgjaldsins verði í aðalatriðum óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 46. gr. LUV, sbr. lög nr. 56/1982, nema að einnig er lagt gjald á miðlunar- og umboðsstarfsemi, sbr. VII. kafla, þar eð slík starfsemi verður samkvæmt frumvarpinu skráningar- og eftirlitsskyld starfsemi.

Gerðar eru nokkrar efnislegar breytingar á fyrirkomulagi álagningar, útreiknings og innheimtu. Í stað þess að ákveðið verði fyrir fram tiltekið álagningarhlutfall iðgjalda er lagt til að endanleg álagning verði ákveðin þegar reikningsskil eftirlitsins og heildarútgjöld liggja fyrir frá Ríkisbókhaldi. Álagning eftirlitsgjalds til bráðabirgða verði þó, eins og nú, leiðrétt þegar á yfirstandandi ári þegar ársreikningar félaganna hafa borist.

Nýmæli er samkvæmt frumvarpinu að felld er niður ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald. Í staðinn er lagt til að hámark eftirlitsgjalds verði hækkað til að auka svigrúm vegna óvæntra útgjalda, t.d. vegna ófyrirséðra verðlagsbreytinga. Hér er lagt til að hámark þess sem leggja má á vátryggingarfélag í frumtryggingu hækki um þriðjung frá núgildandi lögum. Á hinn bóginn er álagning vegna endurtrygginga lækk-

uð um þriðjung þar eð í raun eru lögð tvisvar á innlend endurtryggingariðgjöld með núgildandi fyrirkomulagi. Álagning á endurtryggingariðgjöld eru óverulegur hluti eftirlitsgjalds og hefur sú lækkun því lítil áhrif á heildartekjur eftirlitsins.

Þá er nýmæli að heimilt verður samkvæmt frumvarpinu, sbr. 5. mgr., að leggja á einstök félög sérstakt gjald þegar þörf er sérstakra kannana sem ekki telst eðlilegt að jafna á öll félögin og ákveði Tryggingaeftirlitið álagningu þess.

Kostnaðaráætlun eftirlitsins skal senda ráðherra til staðfestingar. Miðlunar- og umboðsstarfsemi er nú mjög lítil hér á landi og gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um álagningu gjalds á slíka starfsemi.

Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi aðilar eigi greiðan aðgang að áætlunum eftirlitsins og upplýsingum um það sem að baki þeim liggur.

Um 41. gr.

Samkvæmt 16. gr. LUV er skilyrði þess að erlent vátryggingarfélag megi reka vátryggingarstarfsemi hér á landi að það hafi hér fasta atvinnustöð (aðalumboð) og einn aðalumboðsaðila sem hefur heimild til að skuldbinda félagið hér á landi og það hafi hér varnarþing. Samkvæmt EES-samningnum er gert ráð fyrir að einnig megi heimila á Evrópsku efnahagssvæði að reka vátryggingarstarfsemi þótt ekki sé um formleg aðalumboð eða útibú að ræða, annaðhvort með starfsliði hins erlenda félags eða af sjálfstæðum aðila, enda sé skilyrði að félagið tilnefni og tilkynni fulltrúa sem heimild hefur til að skuldbinda það hér á landi og að slík starfsemi verði skráð hér. Þegar um er að ræða vátryggingargreinar sem teljast til stóráhættu eða líftryggingar sem teknar eru að eigin frumkvæði líftryggingartaka er þó ekki krafist sérstakrar atvinnustöðvar eða sérstaks fulltrúa nema í undantekningartilvikum, sbr. 43. gr.

Um 42. gr.

Erlend félög, sem hafa í hyggju að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi í fjöláhættugreinum, skulu senda umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá til Tryggingaeftirlitsins með sama hætti og innlend félög og eru reglur samkvæmt frumvarpinu óbreyttar frá því sem verið hefur í þessum efnum. Gert er ráð fyrir að eftirlitið hafi sex mánuði til að fjalla um umsóknina og er sú regla í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Um 43. gr.

Reglur tilskipana EB um skaðatryggingar, sem eru hluti EES-samningsins, opna leið fyrir vátryggingarfélög með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði að bjóða vátryggingar á svæðinu í stóráhættugreinum án sérstakrar atvinnustöðvar þar sem vátryggt er. Samsvarandi reglur um líftryggingar heimila einstaklingum að kaupa líftryggingar hjá líftryggingarfélagi sem starfar án atvinnustöðvar í heimaríki hans kaupi hann líftryggingguna að eigin frumkvæði, þ.e. félagið má ekki með auglýsingum og sölumennsku eða með öðrum hætti sækjast eftir viðskiptunum. Skilyrði er að félagið hafi fengið starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda í heimaríki sínu og skal umsókn um leyfi til að veita þjónustu með þessum hætti beint til þeirra. Umsóknina má skoða sem tilkynningu um að félagið hafi í hyggju að veita umrædda þjónustu. Eftirlitsstjórnvöld þess ríkis skulu þá senda Tryggingaeftirlitinu hér á landi m.a. staðfestingu þess að félagið uppfylli tilskildar kröfur um gjaldþol vegna starfseminnar í heild og að það hafi starfsleyfi í þeim greinum sem það hyggst veita þjónustu. Félaginu er ekki skylt að hafa hér á landi sérstakan fulltrúa nema

um sé að ræða þjónustu án atvinnustöðvar í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja.

Ekki eru gefin út sérstök starfsleyfi og félagið má hefja starfsemina og veita þjónustu þegar Tryggingaeftirlitið hefur fengið öll tilskilin gögn í hendur.

Um 44. gr.

Sambærilegt ákvæði þessarar greinar er í 12. gr. frumvarpsins og er nýmæli. Mikilvægt er að fram komi í gögnum til almennings og til vátryggingartaka sem erlent vátryggingarfélag sendir frá sér vegna starfsemi hér á landi, hvar aðalstöðvar þess eru erlendis og hvar það félag er sem ber vátryggingaráhættuna ef ekki er um sama félag að ræða, og það er mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en gengið er frá vátryggingarsamningum.

Ekki er talin ástæða til að vernda með sama hætti í lögum þá sem vátryggja stóráhættu hjá erlendum félögum og er þá vátryggingarfélaginu ekki skylt að láta þessar upplýsingar ávallt koma fram, nema í bindandi tilboðum frá félaginu og í vátryggingarsamningum þar sem skylt er að þær komi fram, svo og ávallt í líftryggingum.

Um 45. gr.

Ákvæði III. kafla um fjárhagsskilyrði gilda einnig um erlend félög á Evrópsku efnahagssvæði, en reglur þessar verða í samræmi við gerðir EB sem eru hluti EES-samningsins. Hér er kveðið á um að í fjöláhættugreinum skuli fjármunir er nema minnst ábyrgðarsjóði vera til ráðstöfunar hér á landi, svo og fjármunir er samsvara vátryggingarskuldinni. Ekki er samkvæmt EES-samningnum heimilt að gera kröfu um bundið geymslufé, sbr. samsvarandi ákvæði 49. gr. frumvarpsins um félög utan EES.

Um 46. gr.

Hér er kveðið á um flutning vátryggingarstofna erlendra félaga sem hafa aðsetur á Evrópsku efnahagssvæði. Meginreglan er að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félags, sem tekur við stofninum, skal staðfesta að gjaldþol þess félags sé fullnægjandi að teknu tilliti til hins nýja stofns. Samþykki Tryggingaeftirlitsins fyrir flutningi stofnsins þarf þó ávallt að liggja fyrir, einnig í þeim tilvikum er félag rekur starfsemi í stóráhættugreinum eða í líftryggingum án atvinnustöðvar. Auglýsa skal í Lögbirtingablaði og tilkynna vátryggingartökum eftir reglum sem gilda hér á landi.

Þegar félagið, sem tekur við stofninum, er ekki staðsett í heimaríki sínu, þ.e. ekki er um aðalstöðvar þess að ræða, þarf einnig að hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld þess ríkis um flutninginn.

Um 47. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að erlend vátryggingarfélög sem hér starfa, hvort sem þau eru staðsett innan eða utan Evrópsks efnahagssvæðis, séu almennt háð opinberu eftirliti hér á landi með hliðstæðum hætti og innlend vátryggingarfélög og að Tryggingaeftirlitið hafi yfirleitt sömu skyldum að gegna í eftirlitshlutverki sínu og hafi jafnríkar heimildir til afskipta af starfseminni, hvort sem um innlend eða erlend félög er að ræða. Stefnumörkunina í þessum efnum er að finna í 38. og 39. gr. frumvarpsins og þær greinar eiga einnig við um erlend félög sem hér starfa.

Þó ber að hafa í huga að EES-samningurinn hefur í för með sér að starfsleyfi í stóráhættugreinum og að hluta í líftryggingum er gefið út í heimaríki félags og það gildir alls staðar á Evrópsku efnahagssvæði. Eftirlit, einkum fjárhagslegt eftirlit með þeirri starfsemi, er að miklu leyti í höndum eftirlitsstjórnvalda heimaríkis, t.d. eftirlit með því að skilyrðum um gjaldþol sé fullnægt, mat á vátryggingarskuld, afturköllun starfsleyfis o.s.frv. Þó getur Tryggingaeftirlitið undir vissum kringumstæðum gripið til ráðstafana þegar starfsemi er rekin án atvinnustöðvar, sbr. 3. mgr.

Þegar um fjöláhættugreinar er að ræða er starfsleyfi atvinnustöðvar gefið út hér á landi, en ábyrgðin á því að gjaldþolskröfum sé fullnægt hvílir engu að síður á eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis hins erlenda félags, svo og mat á vátryggingarskuldinni. Skal eftirlitið hér á landi veita eftirliti heimaríkis allar nauðsynlegar upplýsingar í þessum efnum, sbr. 2. mgr. Einnig skal samráð haft við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis áður en starfsleyfið hér er afturkallað, sbr. 1. mgr.

Óháð því sem hér segir um eftirlitsskyldu erlendra eftirlitsstjórnvalda með starfsemi erlendra félaga hér á landi er sú stefna mörkuð í frumvarpinu að Tryggingaeftirlitinu sé skylt að hafa eftirlit með starfsemi félaga sem hér starfa með hliðstæðum hætti, hvort sem um er að ræða innlend eða erlend félög og hvort sem þau eru staðsett innan eða utan Evrópsks efnahagssvæðis. Afskipti af starfseminni og kröfur um ráðstafanir yrðu þó í ríkari mæli í samráði við erlend eftirlitsstjórnvöld þegar um er að ræða erlend félög á Evrópsku efnahagssvæði.

Um 48. gr.

Um erlend félög sem hafa aðsetur utan Evrópsks efnahagssvæðis gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og í gildi eru samkvæmt núgildandi LUV, þ.e. hér verður að vera föst atvinnustöð í formi aðalumboðs og einn aðalumboðsmaður með heimilisfesti hér á landi og varnarþing.

Gert er að skilyrði starfsleyfis hér á landi að íslensk vátryggingarfélög njóti ekki lakari réttar í heimalandi félagsins en hið erlenda félag hér. Það hefur væntanlega í för með sér að eftirlitsstjórnvöldum hér á landi yrði skylt að kanna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis hvort sambærilegt félag gæti fengið starfsleyfi þar og með hvaða skilyrðum áður en afstaða yrði tekin til starfsleyfisveitingar.

Þess má geta að samkvæmt EES-samningnum ber eftirlitsstjórnvöldum hér á landi að hafa samráð við stofnanir EB og EFTA um veitingu starfsleyfis til félaga utan svæðisins og sérreglur gilda um aðild þeirra að svæðinu öllu. Sama gildir að sjálfsögðu um eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja gagnvart eftirlitsstjórnvöldum hér á landi.

Um 49. gr.

Hér er gert ráð fyrir að erlend vátryggingarfélög utan Evrópsks efnahagssvæðis lúti yfirleitt hliðstæðum reglum og skilyrðum og félög innan þess þegar umsókn um starfsleyfi og skilyrði leyfis eru annars vegar. Þó er sá munur á að sömu reglur gilda um stóráhættugreinar og fjöláhættugreinar þegar félög utan svæðisins sækja um starfsleyfi enda er þeim ekki heimilt að reka hér starfsemi án fastrar atvinnustöðvar. Þá er krafist geymslufjár af þessum félögum eins og nánar segir í 2. mgr. og þau skulu meta og ávaxta vátryggingarskuldina eftir þeim reglum sem gilda hér á landi.

Um 50. gr.

Hér er með hliðstæðum hætti og í LUV kveðið á um skil á gögnum til Tryggingaeftirlitsins um starfsemina hér á landi, en einnig um ársreikning hins erlenda félags sem skal sendur eftirlitinu. Nýmæli er að kveðið er á um skyldu aðalumboðsmanns að skýra eftirlitinu frá því ef eftirlitsstjórnvöld heima fyrir gera athugasemd við starfsemi þess eða meiri háttar breytingar verði á högum þess, sbr. 2. mgr.

Um 51. gr.

Tryggingaeftirlitið setur félaginu tiltekinn frest til úrbóta brjóti félagið lög og reglugerðir um vátryggingarstarfsemi eða vanræki skyldur sínar og hefur eftirlitið mjög víðtækar heimildir til afskipta geri félagið ekki nauðsynlegar úrbætur innan þess frests og sé talið að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu ef ekkert verður að gert.

Nýmæli er að Tryggingaeftirlitið getur útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér og heimilað honum að ráðstafa eignum félagsins. Tryggingaeftirlitið getur einnig heimilað flutning vátryggingarstofnsins til annarra félaga sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi hér á landi og sett líftryggingarstofn undir sérstaka stjórn.

Um 52. gr.

Ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum IX. kafla. Tryggingaeftirlitinu ber að taka ákvörðun um ráðstöfun vátryggingarstofns hins erlenda félags sé þannig komið málum að starfsleyfi hefur verið afturkallað. Skal ákveðið hvort þess skuli freistað að yfirfæra stofninn til eins eða fleiri félaga hér á landi eða skuldbindingum skuli lokið á annan hátt. Þá getur Tryggingaeftirlitið takmarkað og jafnvel bannað félaginu yfirráð yfir eignum sínum og fjármunum hér á landi.

Um 53. gr.

Gert er ráð fyrir að hið erlenda félag verði ekki máð úr vátryggingarfélagaskrá fyrr en viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar er að fullu lokið og tekur Tryggingaeftirlitið ákvörðun um hvenær það getur átt sér stað.

Ekki er unnt að leysa geymslufé sem félagið hefur lagt fram fyrr en félagið hefur fært sönnur á að staðið hafi verið við allar skuldbindingar eða nægilega há trygging hafi að mati Tryggingaeftirlitsins verið lögð fram.

Um 54. gr.

Vátryggingarstarfsemi er háð sérstöku starfsleyfi stjórnvalda. Almenna reglan er sú, sbr. 1. mgr. 22. gr. LUV, að enginn megi hafa atvinnu af því að miðla vátryggingum til vátryggingarfélaga sem ekki hafa starfsleyfi á Íslandi og gildir sú meginregla áfram samkvæmt frumvarpinu. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði 2. mgr. 22. gr. LUV sem gerir einstaklingum og öðrum skylt að sækja um leyfi til ráherra hyggist þeir vátryggja erlendis verðmæti sem eru eign viðkomandi. Erfitt er um vik að framfylgja slíku ákvæði og það er í andstöðu við almenn ákvæði EES-samningsins.

Heimilt verður að miðla vátryggingum í stóráhættugreinum til vátryggingarfélaga á Evrópsku efnahagssvæði, svo og líftryggingum teknum að eigin frumkvæði líftryggingartaka, enda verði gætt skilyrða 43. gr., m.a. um tilkynningarskyldu vátryggingarfélagsins til eftirlitsstjórnvalda heimaríkis og um skyldu þess eftirlits að láta Tryggingaeftirlitinu í té tiltekin gögn og upplýsingar.

Rétt þykir að veita heimild til undanþágu frá meginreglunni þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 2. mgr. sem er nýmæli, svo sem þegar áhætta er af því tagi að hún fæst ekki vátryggð hjá félögum sem hér hafa starfsleyfi eða stærðargráða hennar, umfang eða eðli er slíkt að æskilegt sé, eða jafnvel nauðsyn beri til, að fá fleiri aðila til að taka þátt í að bera vátryggingaráhættuna.

Um 55. gr.

Greinin er nýmæli. Hér er miðlunar- og umboðsstarfsemi í vátryggingum, sem rekin er sem sjálfstæð atvinnustarfsemi, skilgreind. Skilgreiningin er í samræmi við ákvæði tilskipunar EB á þessu sviði sem er hluti EES-samningsins. Gerður er greinarmunur á vátryggingarmiðlurum sem starfa hlutlaust gagnvart vátryggingarfélögum og ekki á vegum þeirra og vátryggingarumboðsmönnum sem starfa fyrir tiltekin vátryggingarfélög. Þriðji hópur starfsmanna á þessu sviði eru vátryggingarsölumenn einstakra vátryggingarfélaga sem bjóða vátryggingar í þeirra nafni og eru annaðhvort fastir starfsmenn þeirra eða lausráðnir til sölustarfa.

Um 56. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði leyfis til miðlunar- og umboðsstarfsemi sem rekin er sem sjálfstæð atvinnustarfsemi og hún skal skráð hjá Tryggingaeftirlitinu og vera undir eftirliti þess. Hér á landi er nú enga sérmenntun eða þjálfun að fá á þessu sviði og er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar um, svo og um tryggingar sem lagðar skulu fram.

Um 57. gr.

Í þessari grein er starfssvið og starfsreglur þeirra sem þessi kafli fjallar um skilgreint. Auk hlutverks síns að aðstoða við að koma á vátryggingarsamningi ber vátryggingarmiðlara einnig skv. 1. mgr. að veita áfram almenna aðstoð, svo sem við endurnýjun samnings og leiðbeiningar þegar tjón ber að höndum, hafi hann miðlað vátryggingunni. Sérstakar reglur eru settar um miðlun líftrygginga til líftryggingarfélaga sem hér hyggjast veita þjónustu án sérstakrar atvinnustöðvar og um undirritun sérstakra yfirlýsinga hjá miðlara í þeim efnum, sbr. 3. mgr. Þessar reglur eru í samræmi við ákvæði 2. tilskipunar um líftryggingar er gildir samkvæmt EES-samningnum og er ætlað að tryggja það að líftryggingartaka sé ljóst frá byrjun að um hið erlenda líftryggingarfélag, sem hann leitar upplýsinga hjá, gilda reglur sem áhrif geta haft á réttarstöðu hans samkvæmt vátryggingarsamningi og að eftirlitsreglur erlends ríkis gilda. Einnig felst í yfirlýsingunni staðfesting líftryggingartakans á því að hann leiti að eigin frumkvæði upplýsinganna.

Vátryggingarumboðsmaður skal einnig láta líftryggingartaka undirrita yfirlýsinguna um að honum sé ljóst að lög og reglur erlends ríkis geta í einstökum atriðum gilt um þá líftryggingu sem hann hyggst taka og um það líftryggingarfélag sem hann hyggst skuldbinda sig hjá. Yfirlýsingar um „eigið frumkvæði líftryggingartaka“ er hins vegar ekki þörf í því tilviki þar eð vátryggingarfélagi því, sem umboðsmaðurinn starfar fyrir hér á landi, ber að hafa hér starfsleyfi eða heimild til að veita þjónustu.

Skilyrði þóknunar til miðlara er að vátryggingarsamningur hafi komist á og hann skal svo fljótt sem auðið er koma fjármunum sem hann tekur við og eru í vörslu hans í hendur réttra aðila. Hann skal að öllu leyti halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Þá er hann skyldugur að upplýsa viðskiptavini um þá þóknun er hann fær frá vátryggingarfélagi vegna viðskiptanna ef þess er óskað.

Miðlarinn er einnig skyldugur að veita Tryggingaeftirlitinu upplýsingar um þá samninga sem hann á aðild að og er það ákvæði í samræmi við EES-samninginn. Samsvarandi upplýsinga getur eftirlitið aflað um vátryggingarumboðsmenn sem starfa fyrir félög sem starfsleyfi hafa hér á landi.

Í 1. málsl. 2. mgr. er kveðið á um sjálfsagða skyldu umboðsmanna og sölumanna að upplýsa viðskiptavini um skilmála og iðgjöld áður en gengið er frá vátryggingarsamningi. Í 2. málsl. sömu málsgreinar er vátryggingarfélagi gert skylt að sjá til þess að starfsemi sölumanna þeirra fari fram með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Um 58. gr.

Hér er gerð sú krafa að í öllu sem frá vátryggingarmiðlurum eða vátryggingarumboðsmönnum fer til almennings skuli koma fram að þeir séu skráðir. Sölumenn skulu bera og framvísa skilríkjum við störf sín. Í 23. gr. LUV eru ákvæði um að sölumenn skuli bera skilríki en hér er gengið lengra og kveðið á um skyldu til að framvísa þeim.

Einnig er kveðið á um hliðstæða almenna reglu um upplýsingaskyldu þegar annar aðili en vátryggingarfélagið sjálft annast milligöngu um viðskiptin við vátryggingartaka og vátryggða en þá ber ávallt að láta þess getið í gögnum hvaða vátryggingarfélag beri áhættuna. Dæmi um þetta er móðurfélag sem rekur tilteknar greinar en annast þjónustu og sölumennsku fyrir dótturfélag eða félög í öðrum greinum. Í 23. gr. LUV eru ákvæði af hliðstæðum toga.

Þá er kveðið á um þá skyldu að senda Tryggingaeftirlitinu undirritaða ársreikninga og þeir skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Tryggingaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með því að vátryggingarmiðlarinn starfi sjálfstætt og skal miðlarinn gera grein fyrir því hversu dreifð viðskiptin eru á einstök vátryggingarfélög. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði í gerðum EES-samningsins.

Um 59. gr.

Halda skal sérstaka skrá hjá Tryggingaeftirlitinu yfir vátryggingarmiðlanir og vátryggingarumboð sem skráð eru og um þá starfsmenn sem heimild hafa til að bera heitin vátryggingarmiðlari og vátryggingarumboðsmaður.

Þeir sem skráðir hafa verið greiða gjald til Tryggingaeftirlitsins vegna eftirlits með starfseminni og setur ráðherra reglur þar um.

Séu skilyrði leyfis til starfseminnar ekki lengur uppfyllt skal fella viðkomandi miðlara eða umboðsmann af skrá. Þó er gert ráð fyrir að veita megi viðvörun og frest telji Tryggingaeftirlitið það fullnægjandi, eðli máls samkvæmt.

Tryggingaeftirlitinu ber einnig að fylgjast með því að starfsemi af þessu tagi sé ekki rekin hér á landi án leyfis og að gera kröfur um að slíkri starfsemi verði hætt og fylgja eftir slíkum kröfum.

Um 60. gr.

Greinin er í aðalatriðum hliðstæð 20. gr. LUV en nokkuð ítarlegri. Tekið er fram að drög að samningi um flutning vátryggingarstofns skuli liggja fyrir þegar sótt er um leyfi og að drögin skuli fylgja umsókninni. Sú kvöð er lögð á eftirlitið að taka án tafar afstöðu til þess hvort ástæða sé til að synja strax um færslu stofnsins. Þá er tekið fram að athugasemdir vátryggingartaka og vátryggðra skuli vera skriflegar og að frestur til að skila þeim skuli eigi vera skemmri en einn mánuður. Einnig er kveðið á um að samtímis auglýsingu í Lögbirtingablaði skuli hverjum og einum tilkynnt um fyrirhugaða færslu og vakin athygli á auglýsingu eftirlitsins.

Lagt er til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi til yfirfærslu stofna, sbr. 3. mgr. Samkvæmt 20. gr. LUV veitir ráðherra leyfi að fengnum meðmælum eftirlitsins.

Tryggingaeftirlitinu ber að gæta þess að réttarstaða vátryggingartaka og vátryggðra verði eigi lakari eftir flutning stofns en áður. Vátryggingarsamningar halda sjálfkrafa gildi sínu, vátryggingartakar eru ekki sjálfkrafa lausir frá samningum sínum við flutning stofnsins. Nýmæli er að heimild er til að segja upp samningi skriflega innan eins mánaðar frá flutningsdegi, sbr. 4. mgr.

Um 61. gr.

Sbr. 21. gr. LUV. Orðalagi og hugtökum er breytt í það horf sem er að finna í tilskipunum félagaréttar EB um hlutafélög sem verða hluti EES-samningsins. Gilda hér hliðstæð ákvæði um öll félagsform vátryggingarfélaga.

Í þessari grein er fjallað um samruna af tvennum toga. Annars vegar er átt við „samruna með yfirtöku“ þegar félag yfirtekur allar eignir eins eða fleiri félaga sem slitið er án þess að skiptameðferð komi til og án stofnunar nýs félags, hins vegar „samruna með stofnun nýs félags“ þegar hið sama og áður segir á sér stað nema nýtt félag er stofnað sem yfirtekur allar eignir og skuldir. Á þessu er ekki ýkja mikill munur frá sjónarmiði laga um vátryggingarstarfsemi og skilyrði er ávallt að leyfi til yfirfærslu stofna liggi fyrir fyrir skv. 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig, eftir því sem við getur átt, um félög sem reka hliðarstarfsemi sem vátryggingarfélögum er heimilt að reka í sérfélögum, sbr. 7. gr.

Nýmæli er að kveða á um að heimila megi samruna þó að einhver þeirra félaga sem hlut eiga að máli gangist undir skiptameðferð, sbr. 3. mgr. Skilyrði er þá ávallt að ekki hafi verið hafist handa við að úthluta eignum til eigenda í þeim félögum.

Um 62. gr.

Greinin er nýmæli. Tilgreind eru helstu atriðin sem koma eiga fram í samrunasamningi, svo sem skiptihlutföll bréfa og greiðslur fyrir hluti, réttindi til arðs og hlunninda og um breytingar sem verða á réttindum eigenda við samrunann. Einnig er gerð krafa um að lögð verði fram reikningsuppgjör, svo og nýjar samþykktir eða breytingar á þeim. Skort hefur ákvæði um þessi atriði varðandi vátryggingarfélög en í hlutafélagalögum og í gerðum EB, sem eru hluti EES-samningsins, eru samsvarandi ákvæði.

Um 63. gr.

Hér er lagt til að Tryggingaeftirlitið veiti leyfi til samruna eins og til yfirfærslu stofna. Nýmæli er að eftirlitið skal, áður en það veitir leyfi, leggja mat á hvort það telji nægilega gætt hagsmuna annarra kröfuhafa en vátryggingartaka og vátryggðra.

Um 64. gr.

Í 43. gr. LUV er almennt ákvæði um ráðstafanir sem grípa skal til gagnvart vátryggingarfélögum við ýmsar aðstæður. Þær eru fólgnar í því að eftirlitið skal tilkynna ráðherra um málið og gera tillögur til úrbóta. Ráðherra skal setja félaginu „hæfilegan“ frest til að bæta úr því sem úrskeiðis hefur farið. Eins og kom fram í athugasemdum við 38. gr. er í þessu frumvarpi lagt til að nánar verði kveðið á um til hvaða ráðstafana sé gripið eftir eðli máls hverju sinni og eftir því hve mál eru talin alvarleg og aðkallandi.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við uppfylli vátryggingarfélag ekki tilskildar lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma. Félagið skal þegar í stað leggja fyrir Tryggingaeftirlitið áætlun um hvernig það hyggst ná tilskildu marki og ef gjaldþol er minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða lægra en nemur ábyrgðarsjóði, skal gerð neyðaráætlun sem miðar að því að rétta við hag félagsins innan tiltekins frests sem eftirlitið setur. Tryggingaeftirlitið leggur mat á hvort það telur ráðstafanirnar fullnægjandi. Nýmæli er að skv. 4. mgr. hefur Tryggingaeftirlitið heimildir til að takmarka eða jafnvel banna ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum þegar það er liður í nauðsynlegum aðgerðum til að koma fjárhag félags á réttan kjöl.

Einnig skal gripið til hliðstæðra ráðstafana sé vátryggingarskuld félags vanmetin eða fjárhagsstaða þess hafi versnað af öðrum ástæðum þannig að félagið uppfyllir ekki tilskildar gjaldþolskröfur. Vanmat vátryggingarskuldarinnar getur haft afgerandi áhrif á fjárhagsstöðu vátryggingarfélags vegna hins mikla vægis hennar í rekstri og efnahag og vegna vandkvæða sem geta verið fyrir hendi á því að meta hana réttilega.

Um 65. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstafanir sem gripið skal til þegar vátryggingarfélag sinnir ekki tilmælum Tryggingaeftirlits í ýmsum nánar skilgreindum tilvikum, öðrum en þeim er varða gjaldþol, sbr. umfjöllun um 64. gr., og skal eftirlitið þá setja félaginu tiltekinn frest. Eftirlitið skal þó áður hafa ítrekað tilmæli sín og veita má frekari fresti ef búast má við að mál séu komin vel á veg og úrbóta að vænta innan skamms. Málalok geta engu að síður orðið þau að eftirlitið leggi til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað. Ákvæði af þessu tagi hefur vantað í lög um vátryggingarstarfsemi.

Um 66. gr.

Hér er kveðið á um hvenær Tryggingaeftirlitið skuli skilyrðislaust leggja til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað, en það er þegar ekki hefur tekist að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhaginn innan þess frests sem settur var skv. 64. gr., eða þegar félagið uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis eða vanrækir gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé stefnt í hættu. Ekkert sambærilegt ákvæði er í LUV en í 2. mgr. 43. gr. segir að ráðherra geti afturkallað starfsleyfi séu nauðsynlegar úrbætur ekki gerðar innan tilskilins frests.

Um 67. gr.

Í 2. mgr. 43. gr. LUV er kveðið á um skipun skilastjórnar, afturkalli ráðherra starfsleyfi. Hér er hliðstætt ákvæði í 1. mgr. en það er nýmæli að Tryggingaeftirlitinu er jafnframt fengið það hlutverk að ákveða meðferð og ráðstöfun vátryggingarstofnsins, sbr. 2. mgr., en um það hafa engin ákvæði verið í lögum. Eftirlitið skal hafa samráð við skilastjórn í þeim efnum.

Þá er einnig nýmæli að þegar ákveðið er að beiðast gjaldþrotaskipta, en ákvörðun um það skal tekin í samráði við Tryggingaeftirlitið, getur Tryggingaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum telji eftirlitið líkur á að hagsmunum vátryggingartaka og vátryggðra sé annars stefnt í hættu. Tryggingaeftirlitið getur einnig við slíkar aðstæður gert kröfu um að félag verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það getur einnig ákveðið að líftryggingarstofn skuli sæta sérstakri meðferð.

Um 68. gr.

Sbr. 31. og 32. gr. LUV. Hér er lagt til það nýmæli að Tryggingaeftirlitið, í stað skilastjórnar, taki í sína vörslu eignir sem eiga að mæta líftryggingarskuldinni ákveði eftirlitið að líftryggingarstofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 67. gr. Einnig er nýmæli að greiða skal út áfallnar og tilkynntar líftryggingarkröfur eftir gildandi reglum og að greiða má út líftryggingarkröfur sem falla til útborgunar síðar ef eftirlitið telur það forsvaranlegt með tilliti til eigna sem fyrir hendi eru til að mæta líftryggingarskuldinni.

Meðferð stofnsins er að öðru leyti í aðalatriðum í samræmi við gildandi reglur samkvæmt LUV.

Um 69. gr.

Greinin er um gjaldþrotaskipti á búi líftryggingarfélags og er efnislega samhljóða 2. mgr. 31. gr. LUV, en einnig er kveðið á um rétt Tryggingaeftirlitsins til að krefjast allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri og ráðstöfun stofnsins í samræmi við sérstaka meðferð hans skv. 67. og 68. gr.

Um 70. gr.

Greinin er nýmæli. Með sama hætti og þegar skilastjórn er skipuð í vátryggingarfélagi skal Tryggingaeftirlitið, þegar beiðst er gjaldþrotaskipta, gegna því hlutverki í samráði við skiptastjóra að meta hvort hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra sé best gætt með því að yfirfæra vátryggingarstofna til annarra vátryggingarfélaga hér á landi. Skal Tryggingaeftirlitið meta fram komin tilboð og leggja fram tillögur til samkomulags um flutning stofnsins, svo og tilkynna helstu efnisatriði í Lögbirtingablaði telji það tilboðin hagkvæm fyrir hina vátryggðu.

Um 71. gr.

Þessi grein er nýmæli. Gert er ráð fyrir að þegar frjáls slit vátryggingarfélags eru fyrirhuguð skuli Tryggingaeftirlitið hafa hönd í bagga með uppgjöri vátryggingarskuldbindinga og er félaginu gert að leggja fyrir eftirlitið greinargerð um skuldbindingarnar og hvernig þeim skuli lokið. Þrátt fyrir frjáls slit hefur Tryggingaeftirlitið heimild til að ákveða að stofnar verði fluttir til annarra félaga og þegar um líftryggingar er að ræða að sá stofn skuli sæta sérstakri meðferð sé það mat eftirlitsins að með þessu móti verði hagsmunum hinna vátryggðu best borgið.

Um 72.–74. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þar eð gildandi lög nr. 50/1978 eru felld niður ásamt reglugerðum sem settar hafa verið er nauðsynlegt að kveða á um framkvæmd ársuppgjörs og reikningsskil vátrygging-

arfélaga fyrir árið 1992 og skal þá miðað við gildandi reglugerðarákvæði. Á hinn bóginn munu ákvæði nýrra laga gilda um fjárhagsleg skilyrði starfseminnar nema um þau félög sem samkvæmt sérstökum lista fá aðlögunartíma allt að tvö ár til að uppfylla þessi skilyrði.

Sérálit Erlends Lárussonar, formanns nefndarinnar.

Undirritaður er ósammála meirihlutaáliti nefndarinnar varðandi fyrirkomulag 37. gr. um yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. skulu hagsmunasamtök vátryggingarfélaganna tilnefna einn mann af þremur í yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar er lagt bann við því að stjórnendur séu í fjárhags- eða hagsmunatengslum við einstök vátryggingarfélög eða önnur félög undir eftirliti Tryggingaeftirlitsins en bannið nær ekki til hagsmunasamtaka vátryggingarfélaga. Er því ekkert því til fyrirstöðu að starfsmenn Sambands íslenskra tryggingafélaga eða annarra hagsmunasamtaka vátryggingarfélaga geti setið í stjórn Tryggingaeftirlitsins. Flest vátryggingarfélög hér á landi eru aðilar að Sambandi íslenskra tryggingafélaga sem m.a. hefur á stefnuskrá sinni samkvæmt samþykktum að gæta hagsmuna vátryggingarfélaganna gagnvart opinberum aðilum.

Það hefur til þessa verið algert grundvallaratriði í löggjöf hér sem annars staðar að vátryggingarfélögin, þeir aðilar sem hið opinbera hefur eftirlit með samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi með það að markmiði að gæta hagsmuna hinna vátryggðu, hafi ekki ákvörðunarvald um eða ráði á nokkurn hátt framkvæmd eða umfangi slíks eftirlits.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjustofn eftirlitsins verði alfarið gjald sem lagt er árlega á vátryggingarfélögin og að núverandi ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum stofnunarinnar verði felld niður. Það er algert grundvallaratriði að ákvörðunarvald um fjárhagsramma stofnunarinnar og svigrúm til eftirlits og aðhalds hverju sinni sé í höndum hennar sjálfrar í samráði við ráðuneyti og ráðherra og að hinum opinbera eftirlitsaðila verði ekki settar skorður í því efni af þeim sem eftirlit er haft með.

Þá er óeðlilegt og afar óheppilegt, með tilliti til þess sem fram undan er vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og eftirlits með erlendum félögum sem munu eiga greiðari leið að íslenskum markaði en áður, að í stjórn eftirlitsins á Íslandi sitji fulltrúar hagsmunasamtaka innlendra félaga.

Þetta er einnig andstætt þeirri stefnu sem mótuð er að öðru leyti í frumvarpinu um aukið sjálfstæði og svigrúm hvors aðila um sig á eigin ábyrgð. T.d. er fellt niður að hið opinbera samþykki fyrir fram iðgjöld og skilmála vátrygginga og einnig ýmis skilyrði af hálfu hins opinbera varðandi fjármálahlið starfseminnar. Á hinn bóginn eru eftirlitinu fengnar skýrari og auknar heimildir til afskipta á eigin ábyrgð. Það er að mati undirritaðs eitt af grundvallaratriðunum og í samræmi við stefnumörkun í Evrópumálum á þessu sviði að skýr mörk séu að þessu leyti milli starfsemi félaganna annars vegar og verksviðs hins opinbera hins vegar. Afskipti fyrir fram og hömlur á starfsemi vátryggingarfélaga eigi að vera sem minnst en jafnframt skuli eftirlitsaðilinn hafa ríkar heimildir og algerlega óbundnar hendur um að grípa til ráðstafana hvenær sem hann telur slíkt nauðsynlegt innan ramma gildandi laga. Það starf innir eftirlitsaðilinn af hendi á sína ábyrgð og undir stjórn síns æðra stjórnvalds, ráðuneytis og ráðherra.

Hafi samtök vátryggingarfélaga eða einstök vátryggingarfélög kvartanir fram að færa gagnvart eftirlitsaðilanum vegna eftirlitsmála er ráðuneyti og ráðherra sá vettvangur sem þessir aðilar geta snúið sér til. Hlutverk Tryggingaeftirlitsins er að vera óháð neytenda-

stofnun sem starfar í þágu þeirra sem vátryggja hjá vátryggingarfélagi, að sinna kvörtunarmálum, hafa eftirlit með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri og eftirlit með ráðstöfun fjármuna vátryggingartaka og vátryggðra sem félögin hafa til vörslu. Þeir verða að geta treyst því að stofnunin starfi alfarið í þeirra þágu og með hagsmuni þeirra fyrir augum, óháð afskiptum og ákvörðunum þeirra aðila sem hafa fé þeirra til ráðstöfunar og varðveislu. Það getur ekki verið trúverðugur eftirlitsaðili í augum hinna vátryggðu sem er háður þeim sem eftirlit er haft með um afskipti og aðgerðir sem grípa má til.

Eina tilvikið, sem undirrituðum er kunnugt um þar sem vátryggingarfélög tilnefna menn í stjórn eftirlits, er í Danmörku. Þar er ólíku saman að jafna. Um er að ræða fjölmenna eftirlitsstofnun sem bæði hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga, lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og þar er fjölmenn stjórn og sérstök fjölmenn framkvæmdastjórn stofnunarinnar þar sem félögin koma að sjálfsögðu hvergi nærri.

Grundvallarskilyrði er því ef yfirleitt er skipuð sérstök stjórn í Tryggingaeftirlitið og ef Samband íslenskra tryggingafélaga á að tilnefna mann í þá stjórn að sá aðili sé, eins og aðrir stjórnarmenn, algerlega óháðu vátryggingarfélögum eða samtökum þeirra og sé ekki málpípa þeirra. Honum ber eins og öðrum stjórnarmönnum að starfa á grundvelli laga um vátryggingarstarfsemi og rækja þær skyldur sem þar eru lagðar á herðar Tryggingaeftirlitinu. Tilgangurinn með því að samtökin tilnefni yfirleitt mann væri þá sá að þau gætu bent á hæfan mann sem þekkti vel til vátryggingarmála og hvers eðlis slík starfsemi er.

Draga má í efa að þörf sé á sérstakri stjórn í Tryggingaeftirlitinu eins og nú háttar, en stofnunin hefur á að skipa aðeins sex föstum starfsmönnum auk eins í hálfu starfi. Telja verður að virkt eftirlit og yfirstjórn ráðuneytis og ráðherra með starfsemi stofnunarinnar ætti að nægja.

Einnig ber að hafa í huga þær breytingar sem átt hafa sér stað á fjármálasviði og þá þróun sem á sér stað bæði hér og erlendis sem kallar á aukið samstarf bankaeftirlits og tryggingaeftirlits, en starfsemi þessara stofnana skarast í æ ríkari mæli. Einnig hlýtur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða að verða eflt, en þar eru á ferðinni málefni sem eru bæði tryggingafræðilegs og fjármálalegs eðlis. Það var ekki verkefni nefndarinnar að huga að slíkum skipulagsmálum en skoðun undirritaðs er að athuga beri hvort ekki sé tímabært hér á landi að sameina eftirlitsstofnanir á fjármálasviði líkt og átt hefur sér stað í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Kanada og víðar. Frumskilyrði þess er að vátryggingarþátturinn hafi þar sjálfstæðan og öflugan sess þannig að ekki verði dregið úr eftirliti með þeim þætti. Slík stofnun ætti að geta gegnt hlutverki sínu með skilvirkari hætti en stofnanirnar hvor fyrir sig. Einnig gæti slík sameining haft í för með sér hagræðingu í rekstri þeirra.

Undirritaður sér ekki ástæðu til að breyta núverandi fyrirkomulagi með því að skipa Tryggingaeftirlitinu sérstaka stjórn en telur tímabært að taka framtíðarskipan eftirlitsmála á fjármálasviði til sérstakrar athugunar í heild sinni með tilliti til þróunarinnar almennt á þessu sviði. Verði hins vegar skipuð sérstök stjórn verði hún algerlega og að öllu leyti óháð vátryggingarfélögum og hagsmunasamtökum þeirra og hafi ekki á nokkurn hátt áhrif á framkvæmd eftirlits eða verði stefnumarkandi í þeim málum.

Er því lagt til að 37. gr. frumvarpsins verði eins og hér segir. Í því felst að sérstök stjórn er ekki sett yfir stofnunina og skipan er óbreytt að öðru leyti en því að forstöðumaður skal skipaður til sex ára. Undirritaður er að öllu öðru leyti sammála frumvarpinu.

Tillaga formanns að fyrirkomulagi 37. gr. frumvarps til laga um vátryggingarstarfsemi.

37. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Vátryggingareftirlitsins til sex ára í senn. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn ráðherra og ráðuneytis. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn Vátryggingareftirlitsins.

Starfsmenn Vátryggingareftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags eða annars félags sem er undir eftirliti þess. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slík félög eða samtök þeirra.

Starfsmenn Vátryggingareftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags og starfsemi sem lög þessi ná til. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

Vátryggingareftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með vátryggingarstarfsemi og slík upplýsingagjöf sé nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með henni. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi landi. Sama gildir um upplýsingar sem Vátryggingareftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja.

Ráðherra setur nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Vátryggingareftirlitsins með reglugerð.

Reykjavík, 15. nóvember 1992.

Erlendur Lárusson,
formaður nefndarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frumvarpið er endurskoðun á núverandi löggjöf um vátryggingarstarfsemi og eru ákvæði þess mun ítarlegari en gildandi löggjöf í samræmi við löggjöf Norðurlanda. Einnig hefur verið tekið tillit til nauðsynlegarar aðlögunar vegna samnings um EES.

Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk tryggingaeftirlits víðtækara en áður og samstarf þess við erlendar eftirlitsstofnanir aukið. Breyting er gerð á yfirstjórn eftirlitsins og er lagt til að þriggja manna stjórn fari með yfirstjórn þess og að forstöðumaður verði skipaður af ráðherra til sex ára í senn í stað ótímabundinnar skipunar eins og er í gildandi lögum. Þá er starfsemi vátryggingarfélaga rýmkuð og kveðið er á um stofnun sérstakrar neytendamáladeildar og að eftirlit skuli vera með viðskiptaháttum, sölumennsku

og tjónsuppgjöri vátryggingarfélaga. Ákvæði, sem gilda eiga á Evrópsku efnahagssvæði um gjaldþol og ábyrgðarsjóði, eru tekin upp.

Erfitt er að segja til um hver heildaráhrif frumvarpsins verða á iðgjöld tryggingafélaga vegna þess að þar vegast á auknar kröfur og meira svigrúm til fjármálastarfsemi og samkeppni. Rekstrarkostnaður vegna tryggingaeftirlits mun aukast vegna aukinna krafna og er hann borinn uppi af iðgjöldum tryggingafélaganna. Hækkun iðgjalda vegna reksturs eftirlitsins verður þó óveruleg. Líkur eru á að iðgjöld lækki vegna aukinnar samkeppni þegar litið er til lengri tíma.

Kveðið er á um að eftirlitsgjöld standi undir kostnaði af starfsemi Tryggingaeftirlitsins eins og verið hefur, en nýmæli er að felld er niður ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu kostnaðar umfram álagt gjald. Í raun hefur ekki reynt á gildandi ákvæði og eftirlitsgjöld staðið undir kostnaði við rekstur. Lagt er til í frumvarpinu að hámark eftirlitsgjalds verði hækkað vegna þessa til að mæta óvæntum sveiflum í útgjöldum. Einnig er veitt heimild til að innheimta gjald vegna miðlunar- og umboðsstarfsemi.

Frumvarpið mun því ekki hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem hugsanleg aukning á umfangi mun verða greidd af þjónustugjöldum. Stofnunin mun eftir sem áður vera hluti af ríkisstarfseminni og eftirlit með fjármálum hennar mun verða óbreytt. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um vátryggingarstarfsemi nái ekki yfir slysatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við gildandi lög.

630. Tillaga til þingsályktunar [351. mál]

um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ragnar Arnalds, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Össur Skarphéðinsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Einar K. Guðfinnsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta. Áætlunin skal taka til bæði eldis ferskvatnsfiska og sjávarfangs.

Markmið áætlunarinnar skal vera að móta stefnu þannig að fyrir aldamót verði Íslendingar í fremstu röð þjóða hvað varðar þekkingu á eldi fiska og annars sjávarfangs.

Greinargerð.

Mikil aukning hefur verið í fiskeldi í heiminum síðustu áratugina. Eldi ýmissa sjávardýra á sér langa sögu í Asíu og víðar en hefur undanfarin ár náð verulegri fótfestu í okkar heimshluta. Framboð sjávarafurða hefur aukist á síðustu árum vegna vaxandi framleiðslu eldisafurða og allt bendir til að vægi eldis muni aukast enn frekar á komandi árum. Gert er ráð fyrir að helstu fisk- og sjávardýrategundir í eldi muni verða þær sem þegar hafa náð fótfestu á mörkuðum, þar á meðal nokkrir helstu nytjafiskar Íslendinga. Framandi tegundir munu einnig verða ræktaðar en í mun minna mæli. Það er áhyggjuefni að þróun fiskeldis á Íslandi er ekki í svipuðum takti og þróun eldis í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við. Ef svo heldur sem horfir mun Ísland hverfa úr tölu þeirra þjóða sem teljast stórar á sviði sjávarafurða og verð á og eftirspurn eftir

þeim afurðum, sem við framleiðum, fer að lúta öðrum lögmálum en hingað til.

Eftirfarandi mynd sýnir neyslu á fiski í heiminum frá 1970. Einnig sýnir hún veiðar neyslufisks ásamt framleiðslu eldisafurða. Neysla sjávarfangs var um 70 millj. tonn árið 1990 og hefur aukist um 2,7% á ári sl. 20 ár. Veiðar á neyslufiski hafa aukist úr rúmlega 40 millj. tonna árið 1970 í um 60 millj. tonna árið 1990. Frá 1970 hefur fiskeldi ýmiss konar aukist úr 2 millj. tonna í um 11 millj. tonna á árinu 1990.



Neysla á fiskmeti frá 1970–1990 ásamt fiskveiðum og framleiðslu í eldi. Spá um eftirspurn og neyslu á fiskmeti ásamt þróun veiða og eldis til ársins 2010.
Heimild: FAO og Perspektivanalyse for havbruk, skýrsla unnin fyrir NTNF Noregi.

Samkvæmt norskri spá er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir fiskmeti muni vaxa um 1,7% á ári fram til ársins 2010 og verði þá 100 millj. tonn. Helstu ástæður fyrir aukinni eftirspurn eru fólksfjölgun, áframhaldandi hagvöxtur, betri dreifikerfi og geymsluaðferðir og aukin eftirspurn eftir hollri og næringarríkri matvöru. Fyrir sama tímabil gerir Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, ráð fyrir óverulegri aukningu á verði neyslufisks m.a. vegna tímabundinnar eða stöðugrar ofveiði margra helstu fiskstofna í heiminum. Aftur á móti er gert ráð fyrir að framleiðsla í fiskeldi muni aukast um 5% á ári fram til ársins 2010 og verða þá um 30 millj. tonn. Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að þriðjungur af heildarframboði neyslufisks árið 2010 komi úr fiskeldi. Þrátt fyrir spár um litla eða enga aukningu í veiðum á neyslufiski er ekki hægt að útiloka að breytingar í vinnslu leiði til aukinnar nýtingar í framtíðinni. Þrátt fyrir aukningu á framboði fiskmetis á komandi árum er gert ráð fyrir að eftirspurn muni verða meiri en framboð. Í töflu 1 er yfirlit yfir heimsframleiðslu eldisafurða árið 1989.

Tafla 1.

Framleiðsla í eldi fiskafurða árið 1989.
Framleiðsla með veiðum neyslufisks gefin til samanburðar (í millj. tonna).

	Fiskur	Rækja	Skeldýr
Eldi	7,3	0,6	3,0
Veiðar	53,6	2,0	4,0
Samtals framleiðsla	**60,9**	**2,6**	**7,0**
Hlutfall eldisframleiðslu (%)	12,0	23,0	43,0

Á níunda áratugnum meira en tvöfaldaðist framleiðsla í fiskeldi í heiminum og árið 1989 var hún rúmlega 7 millj. tonna. Þar vegur mest framleiðsla á karpategundum í Asíu. Á árinu 1989 voru um 12% af heildarframboði neyslufiska (sjávar- og ferskvatnsfiska) í heiminum úr eldi. Heildarframleiðsla í rækjueldi u.þ.b. tífaldaðist á sl. áratug og nam framleiðslan rúmlega 600 þús. tonnum 1989. Mest er framleitt í Asíu af heitsjávarrækju. Á árinu 1989 voru um 23% af allri rækju á heimsmörkuðum úr eldi. Eldi á skeldýrum óx úr um 2 millj. tonna í um 3 millj. tonna á sl. áratug. Mest er framleitt af kræklingsostru og hörpudiskstegundum. Þjóðir í Asíu framleiða um 75% af skeldýrum í eldi en í Evrópu eru framleidd rúmlega 600 þús. tonn, aðallega í Frakklandi og á Spáni. Það vekur sérstaka athygli að rúmlega 40% af heildarframboði skeldýra í heiminum skuli vera úr eldi og þannig er eldisframleiðsla að stórum hluta ráðandi á þeim mörkuðum.

Á árunum 1970–1990 hafa Íslendingar veitt að meðaltali um 730 þús. tonn af fiski til neyslu eða um 1,4% að meðaltali af heildarframboði neyslufisks í heiminum. Ef fyrrnefndar spár ganga eftir um aukið framboð á neyslufiski á komandi árum mun hlutur Íslendinga í heildarframboði minnka úr 1,8% árið 1970 í 0,7% árið 2010 miðað við óbreyttar aðstæður hér á landi. Ef hins vegar hlutur Íslendinga á að haldast óbreyttur og miðast við meðaltal áranna 1970–1990 þarf framboð á neyslufiski frá Íslandi að aukast úr um 700 þús. tonnum í um 1.300 þús. tonn árið 2010. Aukin framleiðsla eldisafurða mun ekki aðeins leiða til mikillar verðmætasköpunar því að aukið framboð og nýjar eldistegundir geta auðveldlega haft áhrif á verð fiskafurða okkar og þannig á afkomu veiða og vinnslu hér á landi. Þótt ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir um 600 þús. tonna aukningu frá Íslandi á framboði neyslufisks á næstu 15–20 árum er augljóst af framansögðu að það er mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að ná tökum á fiskeldi og taka þátt í þeirri miklu aukningu á framboði fisks sem fram undan er.

Stóraukin framleiðsla á eldislaxi hefur þegar leitt til mikillar verðlækkunar á laxamörkuðum. Skýrt dæmi um áhrif eldis á verðlag sjávarafurða er áhrif eldisrækju á markaði kaldsjávarrækju en af um 2 millj. tonna sem veiðast af rækju í heiminum eru um 10% kaldsjávarrækja. Árið 1975 voru framleidd um 30 þús. tonn af eldisrækju í heiminum. Framleiðslan fór vaxandi og árið 1983 var hún um 100 þús. tonn. Þá jókst framleiðslan ört og var komin í um 600 þús. tonn 1990. Spár gera ráð fyrir að á næstu árum muni framleiðslan halda áfram að aukast og verða um 1 millj. tonn árið 2000, þá er reiknað með að þriðjungur af allri rækju á heimsmörkuðum komi úr eldi. Frá árinu 1986 hefur verð á íslenskri kaldsjávarrækju farið lækkandi og um mitt ár 1991 nam lækkunin um 50% miðað við verð á seinni hluta árs 1986. Þótt ekki sé alveg hægt að kenna auknu framboði á eldisrækju um þessa miklu verðlækkun á íslenskri rækju er augljóst að mikil aukning í framleiðslu á eldisrækju hefur haft áhrif á markaðsverðið. Á næstu árum má

gera ráð fyrir að eldi muni hafa áhrif á verðþróun fleiri sjávarafurða. Lúða er eldistegund sem miklar vonir eru bundnar við á norðlægum slóðum og gert er ráð fyrir að eldi hefjist á þeirri tegund innan skamms. Verð á ferskri lúðu er hátt og framboð er lítið. Ísland er meðal þriggja þjóða þar sem hefur tekist að framleiða lúðuseiði í eldi. Íslendingar eru þess vegna í fremstu röð meðal þeirra sem stunda rannsóknir á lúðueldi og með auknu rannsókna- og þróunarstarfi eigum við góða möguleika á að vera meðal þeirra fremstu í nýrri atvinnugrein sem lúðueldi er. Verð á nýjum eldistegundum er oftast hátt í byrjun þegar framboð er lítið en með aukinni framleiðslu má reikna með verðlækkun. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar valdar eru tegundir til eldis. Mesta uppbyggingin í laxeldi á Íslandi hófst þegar verð á erlendum mörkuðum fór að lækka vegna aukinnar framleiðslu, fyrst og fremst í Noregi. Í kjölfar þessa var mikill taprekstur í laxeldi sem endaði með mörgum gjaldþrotum í greininni. Til að greiða niður dýran en nauðsynlegan þróunarkostnað vegna uppbyggingar eldis nýrra tegunda er þess vegna mikilvægt að koma snemma inn í eldisferilinn en ekki seint eins og dæmið um íslenska laxeldið sýnir. Mikilvægt er að fylgjast vel með markaðsþróun og stunda rannsóknir á nýjum tegundum til að geta hafið eldi á þeim á heppilegum tíma með hliðsjón af stöðu markaða. Í mörgum löndum er mikill áhugi á þorskeldi og hafbeit og eru umfangsmiklar rannsóknir í gangi þar að lútandi. Vegna þróunar í eldi á laxi og rækju verður að gera ráð fyrir að í framtíðinni muni þorskafurðir úr hefðbundnum sjávarútvegi lenda í samkeppni við hafbeitar- og/eða eldisþorsk á mörkuðum. Þess vegna er nauðsynlegt að móta heildarstefnu í fiskeldi jafnhliða mótun sjávarútvegsstefnu.

Innan Efnahagsbandalags Evrópu er vaxandi áhersla á fiskeldi ýmiss konar og í Noregi tvöfölduðust opinber framlög rannsóknarsjóða til fiskeldisrannsókna frá 1987–1989 en það ár námu þau rúmum 1 milljarði ísl. kr. Þá eru ótalin framlög fyrirtækja og stofnana sem voru um 2 milljarðar ísl. kr., samtals voru því framlög til fiskeldisrannsókna í Noregi árið 1989 um 3 milljarðar ísl. kr. Á árinu 1991 námu heildarframlög til fiskeldisrannsókna á Íslandi um 180 millj. kr. eða 6% af framlögum Norðmanna á árinu 1989. Af framansögðu ætti að vera ljóst að ef Íslendingar ætla að taka þátt í auknu framboði á fiskafurðum og halda sínum hlut á heimsmörkuðum á komandi árum verður að stórauka framlög til rannsókna- og þróunarstarfs innan fiskeldis og hafbeitarrannsókna.

Þrátt fyrir verðlækkanir á fiskafurðum í einstaka árum hefur verð á botnfiskafurðum frá Íslandi farið hækkandi frá árinu 1984 þegar á heildina er litið. Verðþróunin milli afurðaflokka er mismunandi en mest hefur hækkunin orðið á sjófrystum og ísuðum fiski. Fyrir fiskeldi almennt eru það hækkanir á ferskfiskmörkuðum sem skipta mestu máli þar sem eldisafurðir eru að langmestu leyti seldar ferskar. Skiptar skoðanir eru á því hvort fiskafurðir muni hækka enn frekar á næstu árum. Bent hefur verið á að verð á fiskafurðum sé orðið það hátt að með frekari hækkunum muni neytendur snúa sér í ríkari mæli að öðrum neysluvörum.

Í Asíu er langmest framleitt af eldisafurðum en framleiðsla hefur einnig vaxið á undanförnum árum í öðrum heimshlutum. Í mörgum nágrannalandanna og hjá samkeppnisaðilum á erlendum fiskmörkuðum hefur fiskeldi farið vaxandi. Í töflu 2 er yfirlit yfir hlutfall eldisafurða af aflamagni og aflaverðmætum hjá helstu OECD-löndunum árið 1989.

Tafla 2.

Framleiðsla eldisafurða og veiðar í nokkrum löndum OECD árið 1989.

Land	Veiðar (þús. tonn)	Eldi (þús. tonn)	Hlutfall úr eldi (%) Af afla-magni	Af afla-verðmætum
Finnland	111	19	17	64
Bretlandseyjar	823	51	6	46
Noregur	1.900	119	6	44
Írland	245	20	8	40
Vestur-Þýskaland	234	44	19	36
Frakkaland	876	234	27	32
Japan*	11.968	1.425	12	25
Svíþjóð	258	8	3	18
Danmörk	1.927	33	2	16
Bandaríkin	5.744	443	8	15
Ástralía	176	14	8	13
Kanada	1.554	18	1	5
Belgía	40	0,7	2	4
Grikkland	129	5	4	4
Ísland	1.505	2	0,1	1,4

* 1988 sjávargróður einnig tekinn með.

(Heimildir OECD og FAO).

Í löndum eins og Noregi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Japan og löndum á meginlandi Evrópu er fiskeldi vaxandi atvinnugrein. Í þessum löndum eru verðmæti úr eldi mikil eða frá 15–45% af heildaraflaverðmætum úr sjó en sumar hverjar þessara þjóða eru meðal stærstu fiskveiðiþjóða heims. Á Íslandi eru verðmæti eldisafurða aðeins rúmlega 1% af aflaverðmætum. Það undirstrikar mikilvægi þess að á Íslandi verði mótuð framtíðarstefna í fiskeldi sem verði nátengd fiskveiðum og vinnslu.

Mikilvæg forsenda þess að ný atvinnugrein nái að festa rætur og skila arði er að henni séu sett skýr markmið og um hana mótuð ákveðin stefna. Fiskeldi hefur oft verið til umfjöllunar á Alþingi síðustu áratugi og þingið hefur samþykkt mörg lög og gert ályktanir sem í sjálfu sér eru stefnumarkandi en um eiginlega heildarstefnumótun hefur þó ekki verið að ræða. Þetta hefur m.a. leitt til þess að greinin hefur þróast með öðrum hætti en æskilegt hefði verið og oft hefur verið brugðist seint við ýmsum vandamálum og með ófullnægjandi hætti.

Til að tryggja að fjármagn, sem bundið er í fiskeldi, nýtist sem best og vöxtur og viðgangur greinarinnar verði sem mestur er mikilvægt að mótuð verði opinber stefna í málefnum fiskeldis, því sett skýr markmið og skilgreindar leiðir til að ná þeim markmiðum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar litið er til þess að eldi á sumum nytjafiskum okkar virðist vera að hefjast og gera verður ráð fyrir að fiskeldi tengist mun meira hefðbundnum fiskveiðum og vinnslu en verið hefur.

Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins var unnin skýrsla um fiskeldi á Íslandi sem var lögð fram og kynnt á þessu ári (1992). Þá hefur hópur á vegum sjávarútvegsráðuneytisins starfað frá árinu 1990 og gert tillögur um framkvæmd á eldi sjávardýra hér á landi. Við mörkun heildarstefnu um fiskeldi á Íslandi í framtíðinni er eðlilegt að niðurstöður fyrrnefndra starfshópa verði hafðar til hliðsjónar og þannig verði vinna, sem þegar hefur verið unnin, nýtt til uppbyggingar fiskeldis hér á landi.

631. Tillaga til þingsályktunar [352. mál]

um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota.

Greinargerð.

Talsverð umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu um þolendur kynferðisbrota sem fengið hafa dæmdar bætur en ekki getað innheimt þær. Því hefur sú spurning vaknað hvort ríkið ætti að tryggja greiðslur slíkra bóta í málum vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota við ákveðin skilyrði, t.d. þar sem hinn bótaskyldi er eignalaus. Sérstaklega hefur verið rætt um nauðgunarmál í þessu sambandi og dæmdar miskabætur í slíkum málum. Slíkar bætur eru m.a. hugsaðar sem bætur fyrir andlegt tjón, þjáningar og óþægindi sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Segja má að þær séu á vissan hátt hluti af viðurlögum fyrir dæmt afbrot. Kynferðisbrot eins og nauðgun eru í eðli sínu miklu viðkvæmari afbrot en mörg önnur, en þar eru konur langoftast fórnarlömbin. Það er vafalaust ákveðin auðmýking fyrir konu að þurfa að leita réttar síns með innheimtu bóta, rétt eins og um venjulegt skuldamál sé að ræða. Það hlýtur að vera nógu erfitt að takast á við afleiðingar nauðgunar þótt svona eftirmál komi ekki til.

Í skýrslu svonefndar nauðgunarmálanefndar, sem út kom árið 1989, er m.a. sett fram sú tillaga að ríkið tryggi bótagreiðslur í nauðgunarmálum. Orðrétt segir á bls. 50 í skýrslunni:

„Nauðsynlegt er að mati nefndarinnar að tryggja það með einhverjum hætti að brotaþoli/kona fái þær bætur sem dómstólar dæma henni. Sársaukaminnsta aðferðin fyrir brotaþola er sú að ríkið taki á sig að greiða slíkar bætur og endurkrefja síðan dómþola. Sanngjarnt hlýtur að teljast að ríkið taki á sig þetta aukaómak og jafnframt áhættuna ef svo skyldi fara að dómþoli reyndist ekki borgunarmaður fyrir bótum. Í stað þess að gera brotaþola/konu þá auðmýkingu að þurfa að rekast í innheimtu bóta sýnir samfélagið með umræddri tilhögun ákveðna viðurkenningu á því að brotið hafi verið alvarlega gegn henni og að það vilji stuðla að því í verki að hún haldi reisn sinni."

Annars staðar á Norðurlöndum eru ýmis lagaákvæði sem kveða á um skyldu ríkisins til þess að tryggja greiðslu dæmdra skaðabóta við ákveðin skilyrði. Þessar reglur virðast vera svipaðar og í Evrópusamningnum frá 24. nóvember 1983 um bætur til fórnarlamba ofbeldisbrota en Ísland er ekki aðili að honum. Almennt virðast þessar reglur fjalla um kynferðisbrot og önnur gróf ofbeldisbrot og því hlýtur að teljast eðlilegt að athugun slíkra mála verði meginverksvið þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um að skipuð verði. Athuga þarf umfang og tíðni slíkra afbrota hér á landi og dæmdar bætur og hvaða kostnað breytt fyrirkomulag hefði í för með sér fyrir íslenska ríkið. Í þessari tillögu er aðeins gert ráð fyrir að nefndin athugi hvort taka eigi upp ríkisábyrgð á bótagreiðslum því að e.t.v. geta önnur úrræði komið til greina. Hér þarf einnig að hafa í huga eðli refsiréttar og þau varnaðaráhrif sem honum er ætlað að hafa. Þetta mál þarf að íhuga

vel og breytingar mættu ekki hafa þau áhrif að dregið yrði úr ábyrgð einstaklingsins/afbrotamannsins á gjörðum sínum.

Því verður ekki á móti mælt að fórnarlömb kynferðisbrota og annarra grófra ofbeldisbrota eiga oft um sárt að binda og svo virðist sem einnig séu því miklir erfiðleikar samfara að innheimta bætur er þeim hafa réttilega verið dæmdar. Því er hér gerð tillaga um það að leitað verði leiða til þess að bæta réttarstöðu þessa fólks.

632. Fyrirspurn [353. mál]

til forsætisráðherra um bætur vegna þorskaflabrests.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvenær mega útgerðarmenn búast við að fá bætur vegna þorskaflabrests á yfirstandandi fiskveiðiári sem forsætisráðherra lofaði í ágúst sl. að þeir fengju þá innan tíðar?

633. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Undanfarin ár hafa Íslendingar veitt afurðum, sem eru upprunnar í Færeyjum, einhliða EFTA-meðferð í innflutningi til Íslands. Færeyingar hafa lagt fjáröflunartolla á innflutning íslensks varnings sem hafa ekki verið lagðir á færeyskar vörur og hefur því samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja hrakað á Færeyjamarkaði.

Í fríverslunarsamningi, sem Færeyingar gerðu við Evrópubandalagið á síðasta ári, sem tók gildi 1. janúar 1992, er kveðið á um að Færeyingar skuli aflétta fjáröflunartollum sem innheimtir hafa verið til þessa, en taka upp í þeirra stað virðisaukaskattskerfi og sömu GATT-bundna tolla og Evrópubandalagið við innflutning frá ríkjum utan Evrópubandalagsins sem þeir hafa ekki gert fríverslunarsamning við. Þessi niðurstaða hefði haft það í för með sér að innflutningsgjöld hefðu hækkað til muna á ýmsum varningi sem fluttur hefur verið til Færeyja frá Íslandi ef Íslendingar hefðu ekki hafið viðræður við Færeyinga um fríverslun áður en samningur Færeyja og Evrópubandalagsins tók gildi 1. janúar 1993.

Þann 23. desember 1991 sendi danska utanríkisráðuneytið bréf til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn þar sem spurt var hvort Íslendingar hefðu áhuga á viðræðum um fríverslun við Færeyjar. Þann 30. desember 1991 óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir því við danska utanríkisráðuneytið að hafnar yrðu viðræður um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Gildistöku nýrrar tollskrár fyrir Færeyjar var frestað til 1. febrúar 1992. Jafnframt var reglugerð gefin út af færeysku landsstjórninni 29. janúar 1992 þar sem tollar, sem lagðir eru á í innflutningi til Færeyja á tilteknum afurðum frá Íslandi, eru tímabundið felldir niður frá 1. febrúar 1992 til 30. júní 1992. Sú reglugerð var síðan framlengd til 1. september 1992.

Haldnir voru tveir samningafundir, sá fyrri var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum þann 25. febrúar 1992 og sá síðari í Kaupmannahöfn dagana 11. og 12. júní 1992. Í Kaupmannahöfn náðist samkomulag um fríverslunarsamning milli Íslands og Færeyja og var hann áritaður af aðalsamningamönnum í Þórshöfn í Færeyjum 16. júní 1992. Samningurinn var síðan undirritaður í Reykjavík 6. ágúst 1992. Önnur ríki á Norðurlöndum, Finnland, Noregur og Svíþjóð, áttu í samningaviðræðum við Færeyjar um líkt leyti og var ákveðið að samræma samningstexta eftir því sem aðstæður leyfðu. Í því skyni var haldinn sérstakur samráðsfundur í Reykjavík með þátttöku Íslendinga, Norðmanna, Finna og Svía. Þó eru sum mikilvæg atriði ekki eins, t.d. hafa Íslendingar rýmri heimildir til takmörkunar á útflutningi á fiski til Færeyja en hinar Norðurlandaþjóðirnar. Samningurinn nær ekki til landbúnaðarafurða og vara sem framleiddar eru úr þeim og falla undir 1.–24. kafla í tollskránni. Gengið var frá sérstökum samningi í formi erindaskipta síðar í mánuðinum um viðskipti með umræddar vörur.

Fríverslunarsamningurinn er að mestu byggður upp eins og fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Tyrkland, Tékkóslóvakíu og önnur Austur-Evrópuríki.

Í töflu hér að neðan er að finna yfirlit yfir vöruviðskipti Íslands og Færeyja árin 1989, 1990 og 1991.

Vöruviðskipti Íslands og Færeyja
1989, 1990 og 1991

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

Sjávarafurðir	**34.664,2**	**280,6**	**26,9%**	**7.175,4**	**55,6**	**3,9%**	**676,0**	**84,2**	**10,9%**
Ferskur fiskur, heill	1.057,3	64,3	6,2%	6.917,6	29,0	2,0%	177,7	11,7	1,5%
Ferskt fiskflök	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	198,7	21,0	2,7%
Ferskur fiskur til bræðslu	31.118,4	148,7	14,3%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Frystur fiskur, heill	102,0	15,1	1,4%	14,3	0,7	0,0%	59,7	16,6	2,1%
Fryst fiskflök	46,3	7,5	0,7%	153,2	18,7	1,3%	168,2	29,7	3,8%
Hrogn, fryst	8,5	0,3	0,0%	37,6	2,5	0,2%	61,0	4,0	0,5%
Síld, söltuð	7,1	0,5	0,0%	2,3	0,2	0,0%	9,4	0,8	0,1%
Loðnulýsi	2.007,7	26,4	2,5%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Loðnumjöl	193,7	8,4	0,8%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar sjávarafurðir	123,2	9,4	0,9%	50,4	4,5	0,3%	1,3	0,4	0,1%
Landbúnaðarafurðir	**1.382,1**	**107,1**	**10,3%**	**1.261,7**	**131,2**	**9,1%**	**1.206,8**	**114,2**	**14,8%**
Kindakjöt fryst	620,4	87,4	8,4%	640,2	107,6	7,5%	546,9	89,6	11,6%
Ostur	2,8	0,4	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Hross, lifandi	0,0	0,0	0,0%	17,0	2,2	0,2%	4,4	2,6	0,3%
Aðrar landbúnaðarafurðir	758,9	19,3	1,9%	604,5	21,4	1,5%	655,5	22,0	2,8%
Iðnaðarvörur og annað	**9.317,7**	**654,8**	**62,8%**	**15.441,5**	**1.251,7**	**87,8%**	**9.357,7**	**574,0**	**74,3%**
Málning, lökk o.þ.h.	3,2	1,5	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Áfengir drykkir	102,9	3,5	0,3%	101,4	5,2	0,4%	167,5	8,1	1,0%
Fiskfóður	7.871,9	498,5	47,8%	12.251,9	738,3	51,3%	8.248,1	456,7	59,1%
Fiskkassar, trollnúllur, netahringir	96,7	22,5	2,2%	64,4	15,7	1,1%	19,9	5,8	0,8%
Pappaumbúðir	338,1	32,0	3,1%	122,8	18,1	1,3%	221,0	25,0	3,2%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	90,1	33,6	3,2%	50,7	20,4	1,4%	7,0	3,5	0,5%
Steinull	410,4	14,7	1,4%	322,1	13,0	0,9%	238,4	10,0	1,3%
Rafeindavogir	0,2	2,9	0,3%	0,4	3,5	0,2%	0,2	1,5	0,2%
Vélar til fiskverkunar	0,5	1,3	0,1%	144,9	37,5	2,6%	147,1	30,1	3,9%
Gömul skip	0,0	0,0	0,0%	1.564,3	367,4	25,5%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar vörur	403,7	44,3	4,2%	818,6	32,6	2,3%	308,5	33,3	4,3%
Samtals	**45.364,0**	**1.042,5**	**100%**	**23.878,6**	**1.438,5**	**100%**	**11.240,5**	**772,4**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	4,76%	1,30%		2,73%	1,55%		1,57%	0,84%	

Innflutningur (CIF)

Fiskur og unnið fiskmeti		15,7	80,1%		34,3	73,4%		26,8	11,6%
Rokgjarnar olíur; snyrtivörur, sápa o.þ.h.		0,5	2,6%		0,7	1,5%		0,7	0,3%
Spunagarn, vefnaðarvörur o fl.		0,6	3,1%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Vélar og tæki		0,4	2,0%		8,1	17,3%		0,0	0,0%
Skip og bátar		0,0	0,0%		0,0	0,0%		195,8	84,8%
Aðrar vörur		2,4	12,2%		3,6	7,7%		7,5	3,2%
Samtals		**19,6**	**100%**		**46,7**	**100%**		**230,8**	**100%**
% af heildarvöruinnflutningi		0,02%			0,05%			0,23%	

Útflutningur á fiskfóðri til Færeyja var um helmingur af vöruútflutningi Íslendinga til Færeyja á þessum árum. Árið 1989 voru flutt til Færeyja 7.900 tonn af fiskfóðri, 12.300 tonn árið 1990 fyrir 738 millj. kr. sem var um 0,8% af heildarvöruútflutningi Íslendinga það ár. Árið 1991 minnkaði útflutningur á fiskfóðri í 8.200 tonn. Fiskfóðrið er samansett úr loðnumjöli og lýsi og að auki er blandað í það litar- og bætiefnum.

Fersk loðna til bræðslu hefur verið stór þáttur í útflutningi Íslendinga til Færeyja undanfarin ár, en var enginn á síðustu tveimur árum. Helsta skýringin á því er að íslenskar verksmiðjur greiddu hátt verð fyrir loðnuna og voru því samkeppnishæfar við færeyskar verksmiðjur.

Ein helsta skýringin á aukningu í útflutningi til Færeyja milli áranna 1989 og 1990 er útflutningur á gömlum skipum árið 1990, en hann var enginn árin 1989 og 1991. Árið 1990 er þessi útflutningur um fjórðungur af heildarvöruútflutningi til Færeyja. Ef verðmæti útflutnings á gömlum skipum eru dregin frá verðmæti vöruútflutningsins til Færeyja verður hlutfall hans 1,15% af verðmæti heildarvöruútflutnings Íslendinga en var 1,30% árið áður, þannig að ef útflutningur á gömlum skipum er ekki tekinn með í útreikningum fyrir árið 1990 hefur hlutfall vöruútflutnings til Færeyja af heildarvöruútflutningi Íslendinga minnkað milli áranna 1989 og 1990. Samdráttur í útflutningi til Færeyja á milli áranna 1990 og 1991 skýrist fyrst og fremst af minni útflutningi af fiskfóðri og gömlum skipum. Samanlagt verðmæti annars útflutnings til Færeyja breyttist lítið milli áranna 1990 og 1991. Til fróðleiks skal þess getið að útflutningur Íslands til Færeyja árið 1991 var meiri en til Samveldis sjálfstæðra ríkja.

Innflutningur frá Færeyjum er lítill, en þar ber helst á fiski, vélum og tækjum.

Opinberir styrkir til sjávarútvegs í Færeyjum hafa lengi verið Íslendingum þyrnir í augum en með þessum samningum er því heitið að þeir skuli leggjast niður fyrir árslok 1994.

Sérstakur samningur í formi erindaskipta milli samningamanna fylgir með og fjallar hann um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Samkvæmt honum skuldbinda Færeyjar sig til að fella niður tolla, þó með heimildum til verðjöfnunargjalda, á landbúnaðarafurðum og vörum framleiddum úr þeim sem flokkast undir 1.–24. kafla í tollskránni, að undanskildu kinda- og geitakjöti og afurðum úr því, mjólk, rjóma, jógúrt og öðrum mjólkurafurðum sem flokkast undir tollflokka 0401, 0402 og 0403. Færeyjar heimila þó árlegan tollfrjálsan innflutning á 700 tonnum af kindakjöti, nýju, kældu eða frystu, 150 tonnum af öðrum ætum hlutum af kindum og 100 tonnum af öðrum vörum sem unnar eru úr kindakjöti eða öðrum hlutum af kindum eða blóði.

Á móti skuldbinda Íslendingar sig til að fella niður tolla sem lagðir eru á vatn og öl í innflutningi frá Færeyjum. Ef Færeyjar fara fram á að fá tollfrjálsan aðgang að Íslandi fyrir landbúnaðarafurðir sem samningurinn tekur ekki til skal taka slíkar beiðnir til jákvæðrar athugunar.

Sérstakar upprunareglur gilda fyrir landbúnaðarafurðir og fylgja þær landbúnaðarsamningnum.

Reynslan hefur sýnt að íslenskar vörur eiga greiðan aðgang að færeyskum neytendum og þó markaðurinn sé ekki ýkja stór er hann verðmæt viðbót við íslenskan heimamarkað. Aðstæður eru um margt svipaðar og smekkur neytenda líkur. Samningur þessi mun leggja grunn að greiðari viðskiptum milli Íslands og Færeyja.

Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

Um inngangsorð samningsins og um 1. gr. um markmið.

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en geta verið þáttur í túlkun samningsins. Mikilvægi sjávarútvegs fyrir báða samningsaðila er áréttað. Almennt orðalag er í 1. gr. um markmið samningsins sem er að efla samvinnu Íslands og Færeyja, einkum með því að efla, með aukningu gagnkvæmra viðskipta, samfellda þróun efnahagssamskipta, skapa eðlilega forsendu fyrir samkeppni og afnema viðskiptahöft.

Um 2. gr.

Gildissvið samningsins. 1. og 2. viðauki.

Iðnaðarvörur.

Allar iðnaðarvörur (25.–97. kafli í tollskránni) falla undir samninginn með þeim fáeinu undantekningum sem tilgreindar eru í 1. viðauka. Þessar undanþágur endurspegla samsvarandi ákvæði í fríverslunarsamningi Íslands við EB. Hér er um að ræða nokkrar vörur, svo sem albúmínkennd efni, umbreytta sterkju, lím og ensím úr 35. kafla, ýmsar kemískar vörur úr 38. kafla, kork og vörur úr korki úr 45. kafla og aðrar spunatrefjar úr jurtaríkinu, pappírsgarn og ofinn dúk úr pappírsgarni úr 53. kafla.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir.

Fullri fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir í viðskiptum Íslands við Færeyjar, sbr. 2. viðauka, er komið á strax við gildistöku samningsins.

Sjávarafurðir þessar eru úr 2. kafla (0208: kjöt af hval og sel), 3. kafla (fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar), 5. kafla (afurðir úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- og sjávarhryggleysingjum, ekki til manneldis), 15. kafla (feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu), 16. kafla (framleiðsla úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum) og 23. kafla (leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður).

Landbúnaðarvörur.

Hér er vísað til 7. gr. og til sérstaks samnings um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Um 3. gr.

Upprunareglur og samvinna um tollframkvæmd. 3. og 4. viðauki.

Í 3. gr. og 3. og 4. viðauka samningsins er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda um tollaframkvæmd. Reglur þessar styðjast við samsvarandi reglur í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB frá 1972–1973 og við EFTA-samninginn. Þó er breyting á er varðar afurðir unnar úr sjávarfangi sem falla undir tollflokka 1604 og 1605. Samkvæmt þessum samningi telst afurð, sem fellur undir tollflokk 1604 eða 1605, vera af íslenskum uppruna þó að hráefni, sem notað er til framleiðslunnar, sé ekki af íslenskumn uppruna og sé að verðmæti allt að 50% af verksmiðjuverði hennar. Í öðrum samningum er sett það skilyrði fyrir upprunaviðurkenningu að allt hráefni til vinnslunnar sé að öllu leyti fengið á Íslandi.

Um 4. gr.

Bann við tollum og gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif og afnám þeirra. 2. og 5. viðauki.

Ákvæði 5. viðauka fjalla um framkvæmd afnáms fjáröflunartolla á Íslandi og í Færeyjum. Þar segir að samningsaðilar skuli afnema fjáröflunartolla eigi síðar en 1. janúar 1993. Færeyingar skuldbinda sig til að breyta innflutningsgjöldum sínum í virðisaukaskatt sem leggst jafnt á alla framleiðslu innlenda sem erlenda. Íslendingar skuldbinda sig til að fella niður um áramót fjáröflunartolla á varning frá Færeyjum.

Um 5. gr.

Bann við magntakmörkunum og ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif og afnám þeirra. 2. og 6. viðauki.

Íslendingar lögðu til að hér yrði aðeins átt við innflutning af sömu ástæðu og í 4. gr. hér að ofan. Fallist var á sömu skilmála og í 4. gr.

Samkvæmt ákvæðum 2. viðauka falla allar sjávarafurðir undir ákvæði samningsins með þeirri undantekningu að aðilum er heimilt að beita magntakmörkunum í útflutningi. Færeyingar fóru fram á að samningsaðilar mættu þó ekki beita strangari reglum um útflutning á sjávarafurðum til hins aðilans en þeim reglum sem beitt er í útflutningi til EFTA-ríkjanna eða EB. Á þetta var ekki fallist sökum þess að samkvæmt EFTA-samningnum er bannað að beita magntakmörkunum í útflutningi á fiski til annarra EFTA-ríkja. Færeyingar beita opinberum styrkjum í sjávarútvegi næstu tvö ár og er því samkeppnisstaða íslenskra og færeyskra fiskvinnslufyrirtækja ójöfn við hráefniskaup.

Færeyingar eru ekki aðilar að EFTA-samningnum þannig að með því orðalagi, sem þeir lögðu til, hefðu þeir haft rýmri heimild til magntakmarkana í útflutningi en Íslendingar.

Niðurstaðan varð sú að Íslendingar mega beita magntakmörkunum í útflutningi á fiski til Færeyja með sama hætti og þeim er beitt í útflutningi á fiski til Evrópubandalagsins.

Íslandi er heimilt að beita innflutningstakmörkunum á sópa og bursta eins og tilgreint er í 6. viðauka. Með því er verið að vernda framleiðslu á vegum Blindravinafélagsins líkt og gert var í fríverslunarsamningnum við EB 1972 og EES-samningnum.

Um 6. gr.

Viðskipti með olíuvörur.

Hér áskilja samningsaðilar sér rétt til sérstakra aðgerða varðandi viðskipti með olíuvörur en ekki er líklegt að til þessa ákvæðis þurfi að grípa.

Um 7. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Í 1. mgr. áskilja samningsaðilar sér rétt til að halda óbreyttri landbúnaðarstefnu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að samningsaðilar skuli gera með sér samkomulag um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Færeyja. Vísað er til umfjöllunar um samkomulagið í inngangi athugasemda.

Þriðja málsgrein skuldbindur samningsaðila til að beita heilbrigðisreglum ekki með þeim hætti að þær mismuni afurðum frá samningsaðilum til að koma í veg fyrir að viðskipti með afurðirnar geti átt sér stað.

Efnislega eru ákvæði 1. og 3. mgr. samhljóða ákvæðum 1. og 2. mgr. í samsvarandi grein í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1972.

Um 8. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar myndi tollabandalög, stofni fríverslunarsvæði með öðrum ríkjum eða geri aðra samninga hafi þeir ekki neikvæð áhrif á viðskipti Íslands og Færeyja. Samsvarandi ákvæði er að finna í 18. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB.

Um 9. gr.

Innlendar álögur.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar felur í sér að forðast eigi allar fjármálaráðstafanir og aðgerðir sem geti mismunað innlendum og innfluttum vörum. Stjórnvöld hafa fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er, svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Með 2. mgr. er verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatta en þá sem lagðir hafa verið á vörur og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsaðilans. Sams konar ákvæði er í 19. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB og í 14. og 15. gr. EES-samningsins.

Um 10. gr.

Greiðslur.

Greinin er spegilmynd 1. mgr. 19. gr. fríverslunarsamnings einstakra EFTA-ríkja og EB. Ákvæðin fela í sér að engin höft megi leggja á greiðslur sem fara fram vegna vöruviðskipta milli Íslands og Færeyja né á yfirfærslu á þessum greiðslum til samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.

Um 11. gr.

Almennar undantekningar.

Í samningnum eru varnaglaákvæði sem heimila bann eða takmörkun á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu um almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna og dýra, gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglur um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, enda séu slíkar ráðstafanir gerðar í samræmi við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innan lands. Samsvarandi ákvæði eru í velflestum fríverslunarsamningum.

Um 12. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB og í 23. gr. EES-samningsins.

Um 13. gr.

Efndir skuldbindinga.

Samningsaðilar skulu gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og svo að þau megi uppfylla skuldbindingar sínar sem í samningnum felast.

Um 14. gr.
Samkeppnisreglur.

Ákvæði þetta má rekja til 23. gr. fríverslunarsamninga einstakra EFTA-ríkja við EB sem endurspeglar meginreglur 85. og 86. gr. Rómarsamningsins.

Ákvæði eru í samningi þessum að allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti Íslands og Færeyja. Einnig samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þess.

Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum samningsins er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana að höfðu samráði við hinn samningsaðilann eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hans til umfjöllunar.

Um 15. gr.
Opinberar einkasölur.

Hér er ekki um að ræða bann við opinberri einokun heldur er kveðið á um að tryggja verði að opinber einkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði fyrir innkaupum eða markaðssetningu vara.

Um 16. gr.
Opinber aðstoð. 7. viðauki.

Samkvæmt samningnum er ekki lagt algjört bann á alla opinbera aðstoð þó tiltekin aðstoð sé ekki talin samrýmast framkvæmd samningsins. Í 7. viðauka er að finna túlkun á því hvaða opinber aðstoð telst samrýmanleg framkvæmd samningins og hver ekki.

Ef samningsaðili telur að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. 16. gr. er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í 23. gr. Aðgerðirnar mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn gefur tilefni til.

Samkvæmt 3. mgr. 7. viðauka er Færeyingum heimilt að viðhalda opinberri aðstoð til sjávarútvegs til 31. desember 1994.

Til að tryggja skýrleika í meðferð opinberrar aðstoðar skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í 4. mgr. 7. viðauka. Hér er um að ræða svipaðan aðlögunartíma og veittur var Norðmönnum í EFTA-samningnum um fríverslun með fisk.

Um 17. gr.
Vernd hugverka.

Samningurinn á að veita og tryggja nægilega og árangursríka einkaréttarvernd hugverka án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum. Samningsaðilar skuldbinda sig til að útfæra reglur sem gilda um verndun einkaréttar á hugverkum milli samningsaðila með þeim hætti að þær tryggi vernd sem er sambærileg því sem fyrir hendi er í aðildarríkjum Evrópubandalagsins og EFTA.

Verndun einkaréttar skal einkum ná til höfundaréttar. Í 2. mgr. 17. gr. eru nokkur dæmi tekin.

Um 18. gr.
Opinber innkaup.

Samningsaðilar telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera. Frá og með gildistöku samningsins skulu samningsaðilar veita hvor öðrum aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við GATT-samninginn um opinber innkaup frá 1979 og eins og honum var breytt 1987. Samningsaðilum ber að aðlaga stig af stigi reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við opinber útboð til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun á milli hugsanlegra birgja frá yfirráðasvæðum samningsaðila.

Um 19. gr.
Undirboð.

Samkvæmt þessu ákvæði geta samningsaðilar, verði þeir varir við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem heyra undir samninginn, gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þeim sérsamningi GATT er túlkar þá grein nánar. VI. gr. GATT var nánar útfærð með sérsamningi í svokölluðum Tókíó-viðræðum (1973–1979). Sá sérsamningur er til umræðu í yfirstandandi viðskiptalotu GATT (Úrúgvæ-viðræðunum).

Um 20. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að grípa til öryggisráðstafana þegar innflutningur tiltekinnar vöru eykst svo mjög að valdið geti alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur vara eða alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til slæmra efnahagsþrenginga á einstökum landsvæðum.

Um 21. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur.

Hér er sleginn varnagli og svigrúm gefið til að þess að grípa til sérstakra aðgerða ef framkvæmd ákvæða 4. og 5. gr. hefur í för með sér röskun á viðskiptastefnu gagnvart þriðja ríki eða ef frjáls útflutningur leiðir til vöruskorts eða fyrirsjáanlegur er skortur á vöru sem nauðsynleg er samningsaðila.

Um 22. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar.

Lendi Ísland eða Færeyjar í alvarlegum erfiðleikum varðandi greiðslujöfnuð sinn er viðkomandi samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr. samningsins.

Um 23. gr.
Öryggisráðstafanir.

Í flestum fríverslunarsamningum eru ákvæði um öryggisráðstafanir sem gera það mögulegt að fella úr gildi tímabundið hluta samningsins ef ófyrirsjánlegir erfiðleikar koma í ljós. Samningsaðilar eru sammála um að þörf sé á sams konar ákvæði í samningi þeirra á milli og að heimilt verði að grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt ákvæðum 23. gr. við viss skilyrði sem lýst er í 13., 14., 16., 18., 19., 20. og 21. gr. samningsins.

Í 23. gr. er að finna samkomulag um aðferð við beitingu öryggisráðstafana en áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum, sem þar eru tilgreindar, skulu samningsaðilar leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og láta hvor öðrum í té allar upplýsingar sem máli skipta.

Um 24. gr.
Fyrirkomulag samráðs.

Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum hvenær sem þurfa þykir og ræðast við. Í 2. mgr. er samningsaðilum heimilað að setja á stofn sameiginlega nefnd til að ræða um framkvæmd samningsins. Starfsreglur sameiginlegu nefndarinnar eru settar í a- til g-liðum 2. mgr. Fyrst um sinn er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig tilnefni mann til að fylgjast með framkvæmd samningsins en ákvörðun um stofnsetningu nefndar verði tekin síðar.

Um 25. gr.
Þróunarákvæði.

Samkvæmt þessu ákvæði getur samningsaðili sent hinum aðilanum rökstudda beiðni þess efnis að þróa beri samskipti þeirra enn frekar telji samningsaðili það til framdráttar efnahag samningsaðila.

Um 26. gr.
Viðaukar.

Viðaukar skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins en sameiginlega nefndin, verði henni komið á, getur ákveðið samhljóða að breyta viðaukum.

Um 27. gr.
Gildissvæði samningsins.

Samningurinn skal gilda á Íslandi og í Færeyjum.

Um 28. gr.
Uppsögn.

Tólf mánaða uppsagnarfrestur er tilgreindur eins og algengt er í samningum af þessu tagi.

Um 29. gr.
Gildistaka.

Gildistaka samningsins er á fyrsta mánaðardegi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um fullgildingu hans. Óháð gildistöku skulu ákvæði samningsins koma til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1992.

[Samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja ásamt viðaukum og fylgigögnum og einnig sérstökum samningi í formi erindaskipta milli samningamanna var birtur í þingskjalinu (lausaskjalinu) sem fskj. 1 og 2. Samningurinn verður enn fremur prentaður í C-deild Stjórnartíðinda.]

634. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins á Íslandi.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að undirbúa og setja reglur um réttindi og skyldur íslenskra starfsmanna varnarliðsins á Íslandi.

Greinargerð.

Kjör og réttindi almennra íslenskra starfsmanna varnarliðsins á Íslandi hafa farið eftir almennum kjarasamningum og ákvæðum um réttindi starfsmanna venjulegra fyrirtækja á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þeir íslenskir starfsmenn varnarliðsins, sem gegna tilteknum stöðum með stjórnunarskyldu og ábyrgð, hafa ekki átt beina aðild að stéttarfélögum innan ASÍ og því ekki notið þeirra réttinda sem félagsmenn þeirra njóta. Þeir eiga ekki aðild að neinum samtökum launþega á Íslandi sem veiti þeim réttarstöðu.

Um alla fastráðna starfsmenn varnarliðsins gilda ákvæði um leynd og trúnað sem eru strangari en trúnaðarskyldur almennra starfsmanna og launþega á vinnumarkaði hér á landi. Ræðst þetta af því hver umsvif varnarliðsins eru, þ.e. af eðli varnarstarfsemi. Áhrif þessa á stöðu starfsmanna eru af eðlilegum ástæðum lítt eða ekki kunn þeim sem ekki þekkja til. Má nefna að þeir teljast ekki jafnfrjálsir og starfsmenn venjulegra fyrirtækja á hinum almenna vinnumarkaði að því að ræða málefni vinnustaðar síns, hugsanlegar breytingar á starfsmannafjölda og fleira því um líkt.

Varnarliðið hefur ekki í raun komið fram sem venjulegur aðili að hinum frjálsa íslenska vinnumarkaði, því er ekki heimiluð aðild að gerð kjarasamninga, það er ekki aðili að samtökum vinnuveitenda og ekki eru aðstæður né forsendur til að veita því slíka stöðu hér. Áhrif breytinga á almennum kjörum starfsmanna þess vegna nýrra kjarasamninga, almennra verðlagsbreytinga eða launaskriðs eru hverju sinni yfirfærð á kjör þeirra af sérstakri nefnd sem fjallar um kjör þeirra og um túlkun almennra kjarasamninga í framkvæmd starfsmannahalds varnarliðsins. Íslenskir starfsmenn þess hafa af þessum ástæðum ekki sömu aðstöðu og stéttarfélagar þeirra á almennum vinnumarkaði til að semja um sérmál eða fagleg málefni eða hafa sjálfir áhrif á afstöðu vinnuveitanda síns til kjarasamninga eða niðurstöðu við túlkun og framkvæmd þeirra.

Varnarliðið er í raun erlend opinber stofnun á Íslandi á grundvelli ákvæða varnarsamningsins við Bandaríkin. Að gera íslenskum starfsmönnum þess að ráðast til starfa og hafa réttindi samkvæmt ákvæðum um starfsmenn á almennum vinnumarkaði skýtur því skökku við. Sú réttarstaða, sem starfsmönnum þess hefur þannig verið gerð, er ekki rökrétt út frá þeim kröfum sem gerðar eru um skyldur þeirra. Við starfslok, t.d. vegna minnkandi umsvifa í varnarstarfsemi, er á engan hátt tekið tillit til þeirrar sérhæfingar sem allir fastráðnir starfsmenn þess hafa í raun tileinkað sér en er þeim ekki til ávinnings á almennum vinnumarkaði.

Þeir íslensku starfsmenn varnarliðsins, sem um ræðir, eru nú um 130 talsins, flestir aðilar að Félagi íslenskra stjórnunarstarfsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli (FÍSK). Það telst ekki stéttarfélag, hefur ekki réttarstöðu til að gæta hagsmuna félagsmanna við gerð samninga, við ráðningu né við uppsögn og hefur ekki aðild að ASÍ. Félagsmenn þess hafa því ekki aðild að atvinnutryggingum. Þótt öll gjöld af launum þeirra

hafi verið greidd með skilum, þar með talin gjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs, eiga þeir ekki rétt til bóta úr honum við atvinnumissi.

Af framangreindum ástæðum leggur flutningsmaður það til að utanríkisráðherra hefji viðræður við viðkomandi aðila og við stjórnendur varnarliðsins á Íslandi sem skapi því grundvöll að sérstakar reglur verði settar sem gildi um réttindi og skyldur fastráðinna starfsmanna þess er tryggi þeim jafnan aðgang að atvinnutryggingum og aðrir launþegar njóta, svo og um framlag þess til endurhæfingar og atvinnuleitar þeirra starfsmanna sem það segir upp vegna samdráttar.

Flutningsmaður væntir þess að unnt muni að móta slíkar reglur í samræmi við ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þannig að þeir sem stunda sambærileg störf hjá varnarliðinu og hjá hérlendum opinberum stofnunum fái sambærilegt starfsumhverfi hvað varðar réttindi og skyldur.

635. Svar [176. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um launabreytingar hjá forstjórum o.fl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða launabreytingar hafa orðið hjá forstjórum, framkvæmdastjórum, forstöðumönnum, sveitarstjórum og bæjarstjórum á þjóðarsáttartímabilinu?

Óskað er eftir sundurgreindu svari eftir starfshópum.

Þar sem félagsmálaráðuneytið hefur ekki yfir að ráða upplýsingum um launabreytingar var í tilefni af fyrirspurninni leitað til allmargra aðila.

Starfsmannaskrifstofa ríkisins upplýsti er leitað var til hennar að þar lægju ekki fyrir upplýsingar um aðrar launabreytingar en þau 1,7% sem samið var um. Var að öðru leyti bent á kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna ef óskað væri ítarlegri upplýsinga um launaþróun.

Í svari kjararannsóknarnefndar, dags. 28. janúar sl., kom fram eftirfarandi:

„Á fundi framkvæmdanefndar KOS í gær var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 22. janúar 1993, sem var ítrekun á bréfi, dags. 11. nóvember, sama efnis.

Fyrra bréfið komst ekki í okkar hendur.

Því er til að svara að ýmis vandkvæði eru á að vinna umbeðnar upplýsingar hvað opinbera starfsmenn varðar.

— Ekki er til samræmdur starfalykill þannig að unnt sé að velja viðkomandi starfsheiti eftir honum.
— Verið er að vinna upplýsingar frá nokkrum sveitarfélögum um laun og koma skilum frá sveitarfélögunum í viðunandi horf. Enn er þó ekki hægt að fá fram á marktækan máta upplýsingar um meðallaun sveitar- og bæjarstjóra, bæði af þeim sökum og sömu ástæðu og að framan greinir.

Til eru launaheiti í skrám ríkis og Reykjavíkurborgar. Þau launaheiti eru ekki rétt hvað varðar greiningu í þessi störf og því ekki unnt að flokka eftir þeim.“

Þá leitaði félagsmálaráðuneytið til Kjaradóms um upplýsingar, en svar Kjaradóms er á þann veg að allar upplýsingar, sem dómurinn aflar sér um launaþróun, séu trúnaðarmál og því geti dómurinn ekki gefið ráðuneytinu umbeðnar upplýsingar.

Þjóðhagsstofnun svaraði félagsmálaráðuneytinu á eftirfarandi hátt:

„Upplýsingar um laun eftir umræddum starfsheitum liggja ekki fyrir á Þjóðhagsstofnun.

Leitað var til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi bæjar- og sveitarstjórnir. Í svarbréfi þess kom fram að það hefði engar upplýsingar um launakjör bæjar- og sveitarstjóra og aldrei komið að gerð kjarasamninga við þá. Slík samningagerð væri algjörlega í höndum einstakra bæjar- og sveitarstjórna.

Þar sem ekki var hægt að fá upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sendi ráðuneytið fyrirspurn til Reykjavíkurborgar og allra kaupstaða á landinu og óskaði eftir upplýsingum um launabreytingar hjá viðkomandi sveitarfélagi. Svör hafa borist frá átta sveitarfélögum. Þar hefur yfirleitt komið fram að þeir starfsmenn bæjarfélaganna, sem fyrirspurnin nær til, hafi ekki fengið aðrar launahækkanir en hinar almennu hækkanir er samið var um í almennum kjarasamningum. Einn bæjarstjóri upplýsti að launahækkanir sínar næmu 4,3% frá mars 1991 til febrúar 1993. Einhver dæmi eru um það að laun bæjarstjóra hafi ekkert hækkað á „þjóðarsáttartímabili".

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara fyrirspurninni, en reynst hefur nauðsynlegt að ítreka ofangreinda fyrirspurn við suma þá aðila sem leitað var til, jafnframt því sem svör liggja ekki á lausu.

Af framansögðu er ljóst að ekki er á færi félagsmálaráðuneytis að útvega frekari upplýsingar sem fyrirspurnin lýtur að.

636. Fyrirspurn [356. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla línubáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var árlegur heildarafli línubáta á árunum 1980–1992?
2. Hvert var árlegt hlutfall línuafla af heildarbolfiskveiði Íslendinga á þeim árum?
3. Hver var árleg þorskveiði línubáta á árunum 1980–1992?
4. Hvert var árlegt hlutfall þorskveiði á línu af heildarþorskveiði Íslendinga á þeim árum?
5. Hver var árlegur afli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember árin 1980–1992?
6. Hvert var árlegt hlutfall línuafla af heildarbolfiskafla í janúar, febrúar, nóvember og desember árin 1980–1992?

Skriflegt svar óskast.

637. Fyrirspurn [357. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla krókaleyfisbáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið árlegur heildarafli svokallaðra krókaleyfisbáta frá því að núgildandi lög um stjórn fiskveiða tóku gildi?
2. Hvernig hefur þessi afli skipst á milli einstakra kjördæma?
3. Hver hefur verið heildarafli krókaleyfisbáta í einstökum kjördæmum, í einstökum mánuðum árin 1991–1992?

Skriflegt svar óskast.

638. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um könnun á nýtingu ígulkera.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta fara fram rannsókn á stofnum nýtanlegra ígulkera við Ísland. Markmið rannsóknanna verði í senn að kortleggja ígulkeramið við strendur landsins og jafnframt að kanna veiðiþol þeirra til að koma í veg fyrir að veiðar gangi of nærri nýtanlegum stofnum.

Greinargerð.

Áhugi á vinnslu ígulkera hefur vaxið að undanförnu. Sú tegund, sem mestar vonir eru bundnar við, er skollakoppur (strongylocentrotus droebachiensis) þótt marígull (echinus esculentus) kunni einnig að reynast nýtanlegur síðar meir. Kynkirtlarnir eru þær afurðir sem sóst er eftir með veiðunum og eru seldar undir heitinu „hrogn“. Það er þó að vissu marki rangnefni þar sem kynkirtlar karlígulsins eru líka hirtir og seldir sem „hrogn“. Í þessum texta er þó hefðinni haldið og kynkirtlar beggja kynja felldir undir það heiti.

Ágætan markað er að finna fyrir ígulker í Evrópu, en þó einkum í Japan. Í Evrópu er markaður fyrir lifandi ígulker; Asíubúar hafa hins vegar um langt skeið keypt hrognin fryst eða söltuð, en markaður fyrir slíkar afurðir hefur þó dregist verulega saman. Neysla á ferskum hrognum hefur samt aukist, en samhliða hefur framleiðsla Japana sjálfra á þeim staðið í stað. Í Japan er því eftirspurn umfram framboð og raunar er talið að markaðurinn þoli árlega 2 þúsund tonn af hrognum í viðbót við núverandi magn án þess að verð raskist. Verð fyrir hvert kíló af ferskum hrognum, komið til Japan, er 60–100 bandarískir dalir þótt hæsti gæðaflokkur geti selst á mun hærra verði.

Vaxandi eftirspurn í Japan hefur leitt til þess að Japanir horfa til norðlægari þjóða um öflun ígulhrognanna, en auk Íslendinga hafa Norðmenn mikinn áhuga á að efla veiðar og vinnslu á ígulkerum með Japansmarkað í huga. Norðmenn binda reyndar svo miklar vonir við útflutning ígulhrogna til Japan að þeir hafa sett eldi skollakopps á dagskrá sem framtíðarverkefni í sjávarútvegi sínum. Japanir hafa einnig keypt mikið af ígulhrognum

frá Kaliforníu og vegna þess jukust veiðar Kaliforníumanna á einum áratug úr nánast engu upp í 11 þúsund tonn.

Ígulkerið tilheyrir skrápdýrum og meðal ættingja þess eru önnur skrápdýr sem Íslendingar þekkja vel, svo sem sæbjúgu og krossfiskar. Líkt og krossfiskarnir eru þau geislótt, þótt armar séu engir, og eins og hjá þeim eru geislar ígulkeranna fimm. Fyrir bragðið eru kynkirtlarnir, eða hrognasekkirnir, líka fimm talsins. Meðan nóg framboð er af fæðu safnar ígulkerið ljúffengri forðanæringu í kynkirtlana og það er hún en ekki kynfrumurnar sjálfar sem sóst er eftir. Uppbygging forðans í kirtlunum stendur yfir nær allt árið hér við land, en sjálfar kynfrumurnar taka ekki að þroskast að marki fyrr en dregur að hrygningunni. Hrygningin breytist hins vegar, alveg eins og fæðuframboðið, með árstíðum þannig að gæði og þungi kynkirtlanna er breytilegur eftir árstíma.

Þroskun kynkirtlanna er til hægðarauka skipt í fimm stig. Á fyrsta stigi þróast kynfrumuvísarnir en sjást ekki með berum augum. Á öðru stigi fer forðasöfnunin fram, en á þriðja stigi dregur að hrygningunni og egg og svil verða greinanleg með berum augum. Frá miðbiki annars stigs og fram undir miðbik þriðja stigs eru bragðgæði hrognanna mest og vatnsinnihald í lágmarki. Gæði þeirra í markaðslegu tilliti eru þá í hámarki. Á fjórða stigi verða hrognin þyngst, en vatnsinnihald er hins vegar hátt og svilin verða mjólkurlit. Gæðin minnka því; litur svilanna dregur verulega úr markaðshæfninni, en rauðgulur og gulur litur er eftirsóknarverðastur hjá Asíumönnum. Liturinn, ásamt heillegum hrognasekk, skiptir mestu fyrir gengi hrognanna á markaði. Á fimmta stigi fer svo sjálf hrygningin fram og á þeim tíma er ígulkerið verðlaust.

Sjávarhiti hefur talsverð áhrif á þroskun kynkirtlanna og þar með hrygningartímann. Það er því ekki að undra að veiðitilraunir hér við land benda til þess að hrygningartími sé mismunandi eftir svæðum. Í Ísafjarðardjúpi virðist hann vera frá febrúar til apríl en í Hvalfirði nokkru síðar eða frá apríl til júní. Á því er þó áramunur sem væntanlega tengist breytingum á sjávarhita milli ára. Þetta bendir hins vegar til þess að söluáætlanir fyrir erlenda markaði þurfi að byggja á góðum upplýsingum um hvenær hrognafylling er mest og hvenær hrygning á sér stað. Þess má geta að forathuganir benda til þess að hægt sé að afla ígulkera með nægilegu hrognamagni til vinnslu flesta mánuði ársins.

Til þessa hafa ígulker ekki verið nýtt á Íslandi að nokkru marki, enda ekki vitað fyrr en snemma á síðasta áratug að verulegt magn er að finna á grunnsævi við strendur landsins. Allt frá 1983 hafa þó verið stopular markaðsathuganir og tilraunaveiðar á ígulkerum í gangi. Þær byggðu þó fyrst og fremst á mögulegum markaði fyrir lifandi ígulker í Frakklandi. Eftir að uppskátt varð um möguleika á sölu ferskra afurða á markað í Japan hefur áhugi á vinnslu og veiðum skollakopps aukist hratt hér á landi. Nokkur fyrirtæki hafa þegar hafið tilraunaveiðar og útflutning og víða um landið er vinnsla komin á dagskrá. Þar má nefna Stykkishólm, Suðurnes og Sauðárkrók og nálæg bæjarfélög, svo sem Hofsós.

Hvorki veiðar né vinnsla krefjast mikillar fjárfestingar og er því lítil hætta á að miklar fjárfestingar tapist ef markaðir bregðast. Vinnslan er jafnframt mjög mannfrek enda erfitt að beita vélum við hana. Í Kaliforníu er talið að 35–40 manns þurfi til að vinna 10 tonn af ígulkerum á átta stunda vinnudegi. Af þessum sökum renna mörg fyrirtæki og sveitarfélög hýru auga til þeirrar atvinnu sem vinnsla skollakopps getur skapað. Þess má geta að þegar kannanir árið 1985 leiddu í ljós að nýtanleg ígulker var að finna í talsverðu magni í lygnum innfjörðum Ísafjarðardjúps var eitt af því sem mælti gegn frekari vinnslu einmitt hversu mannfrek hún var. Á þeim tíma var skortur á vinnuafli á Vestfjörðum. Nú eru aðstæður aðrar. Um allt land er skortur á atvinnu.

Engar skipulegar rannsóknir hafa farið fram á líffræði, útbreiðslu, stærð eða veiðiþoli stofna við Ísland. Það er hins vegar brýnt að hefja þær hið fyrsta, áður en handahófskenndar veiðar kynnu að ganga of nærri stofninum og þar með veikja möguleika atvinnugreinar sem gæti orðið drjúg búbót í sjávarútvegi og veruleg lyftistöng í atvinnulífi einstakra sveitarfélaga.

639. Tillaga til þingsályktunar [359. mál]

um umhverfisgjald.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafi það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Gjaldið verði lagt á mengandi starfsemi og lækki eftir því sem mengunarvarnir skila árangri.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa æ fleiri vaknað til vitundar um það hve umhverfisvandamálin eru orðin geigvænleg. Stóru umhverfisvandamálin tengjast vaxandi mengun, eyðingu auðlinda, fólksfjölgun, fátækt og misskiptingu gæða jarðarinnar. Ferskvatnsbirgðir heimsins fara minnkandi, votlendi og vötn þorna upp, súrt regn og skógeyðing leiða til eyðileggingar á vistkerfinu; giskað hefur verið á að um 1 milljón tegunda plantna og dýra hafi nú þegar horfið af yfirborði jarðar fyrir tilverknað manna.

Í loftinu, sem við öndum að okkur, hefur magn mengandi efna, svo sem koldíoxíðs, kolmónoxíðs, köfnunarefnisoxíða, metans og klórflúorkolefnis, aukist verulega. Þetta mun að margra mati leiða til hækkaðs hitastigs á jörðinni, að jöklar bráðni og yfirborð sjávar hækki með hrikalegum afleiðingum. Mörg svæði, jafnvel heilu löndin, gætu horfið af yfirborði jarðar strax á næstu öld ef sjávarborð hækkar eins og spáð er. Stór svæði ræktarlands og byggð ból á láglendi í strandríkjum mundu fara í kaf. Ef við lítum okkur aðeins nær mun hækkað hitastig hafa verulegar afleiðingar hér á landi. Stórfelld röskun yrði á hafnarmannvirkjum og íbúðabyggðir eins og miðbær Reykjavíkur gætu t.d. farið meira og minna undir vatn. Víðast hvar annars staðar mundu strandsvæði, sem nú eru í byggð, eyðileggjast. Ómögulegt er að segja til um það nú hvaða áhrif hækkað hitastig hefði á hafstrauma, en breytingar á þeim gætu haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar hér á landi að því er varðar veðurfar og vistkerfi sjávar og þar með á fiskstofnana.

Það efni, sem á mestan þátt í auknum gróðurhúsaáhrifum, er koldíoxíð í andrúmslofti þótt ýmis önnur efni komi þar einnig við sögu. Ef fram heldur sem horfir mun koldíoxíð í andrúmslofti tvöfaldast á næstu öld. Nú er því eðlilega lögð mest áhersla á að draga úr koldíoxíðmengun í andrúmslofti. Nefnd, sem umhverfisráðherra skipaði í janúar 1991 til að kanna útstreymi koldíoxíðs á Íslandi, skilaði skýrslu í maí 1992. Eins og segir í skýrslunni er með henni reynt að skapa grundvöll fyrir stefnumótun á þessu sviði hér á landi. Í skýrslunni kemur m.a. fram að hlutdeild flúorkolefna í gróðurhúsaáhrifum hér á landi er óvenju mikil miðað við önnur lönd. Útstreymi koldíoxíðs hér á landi (2,4

tonn á íbúa á ári) er sambærileg við útstreymið á Norðurlöndum (1,9–3 tonn á íbúa) og í ýmsum iðnríkjum, t.d. Bretlandi (2,7 tonn á íbúa) og Japan (2,2 tonn á íbúa). Hlutfallslega stór fiskveiðifloti Íslendinga vegur þar þungt. Áætlað er að vistkerfi jarðar geti að skaðlausu tekið við um 0,5 tonnum koldíoxíðs á íbúa á ári.

Í skýrslunni er einnig lagt mat á útstreymi annarra mengandi lofttegunda hér á landi. Það er fyllsta ástæða til að taka þetta vandamál föstum tökum og gera allt sem í okkar valdi stendur til að minnka og koma í veg fyrir mengun og frekari eyðileggingu. Jafnframt því ber okkur eftir því sem frekast er unnt að bæta fyrir þá eyðileggingu sem þegar er orðin.

Stærstu iðnríki heims, nema Bandaríkin, hafa samþykkt að stefna að því að koldíoxíðútstreymi verði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990, sem fyrsta skref til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Þetta fyrsta skref er mikilvægt þótt það sé engan veginn nægjanlegt. Mikil umræða á sér víða stað um sérstakt gjald á koldíoxíðútblástur til að draga úr mengun og hafa sum lönd þegar tekið upp slíkt gjald. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið lagt sérstakt umhverfisgjald á olíu til upphitunar. Í Finnlandi er gjaldið 21 finnskt mark á rúmmetra. Í Noregi er lagt á slíkt gjald eftir brennisteinsinnihaldi olíunnar og sérstakur koldíoxíðskattur sem er 300 norskar krónur á rúmmetra. Svíþjóð er einnig með sérstakan brennisteinsskatt á olíu sem er 27 sænskar krónur á rúmmetra fyrir hvern hundraðshluta brennisteinsinnihalds, sem og koldíoxíðskatt en hann er 720 sænskar krónur á rúmmetra. (Heimild: „Energi och miljö i Norden", skýrsla sem unnin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Nord 1991:23.)

Víða hefur verið sett sérstakt umhverfisgjald á starfsemi sem veldur annarri mengun. Slíkt gjald dregur úr notkun mengandi efna og í því felst hvatning til að önnur efni, sem ekki eru eins mengandi, séu notuð í staðinn. Einnig er lagt gjald á mengandi efni til að kosta rannsóknir á efnum sem geta komið í staðinn fyrir hin mengandi efni. Í Danmörku var lagt gjald á notkun klórflúorkolefna og halóna 1. janúar 1989, 30 danskar krónur á kg, og var áætlað að árið 1990 innheimtust 80 millj. danskra króna sem verja átti til umhverfismála. (Heimild: Nord 1991:23.) Með þessu móti fæst fjármagn m.a. til þróunar nýrrar tækni sem miðar að því að komast af án þessara efna.

Í Svíþjóð er einnig lagt umhverfisgjald á ýmis hættuleg efni, m.a. ósoneyðandi efni. Í ljósi þess hve klórflúorkolefni (CFC) og vetnisklórflúorkolefni (HCFC) eru hættuleg umhverfinu fól sænska ríkisstjórnin Umhverfismálastofnun ríkisins (Statens Naturvårdsverk) að koma með tillögur um hvernig hraða megi enn frekar að hætt verði notkun þessara efna en áður var gert ráð fyrir. Í október 1992 skilaði stofnunin niðurstöðum sínum (Rapport 4145). Þar er m.a. lagt til að bannað verði að nota efnin í ýmsa framleiðslu frá og með 1995 og að 300 króna (sænskar) gjald skuli sett á notkun HCFC í kælikerfum og 600 króna gjald á notkun klórflúorkolefna. Þetta eru dæmi um það hvernig umhverfisgjald er notað til að sporna við mengun.

Eðlilegt væri að hér á landi væri tekið upp umhverfisgjald með hliðsjón af því sem annars staðar hefur verið gert. Umhverfisgjald hvetti menn ekki aðeins til að draga úr eða hætta notkun hættulegra efna, heldur einnig til að setja upp mengunarvarnabúnað til að lækka gjaldið eða fá það fellt niður. Oft fylgir því mikill kostnaður að setja upp mengunarvarnabúnað og væri því eðlilegt að þeir sem betur standa sig í þeim efnum fái af því fjárhagslegan ávinning. Það væri hagur allra að heildarinnheimta umhverfisgjaldsins minnkaði með tímanum samfara minni mengun. Fé, sem inn kemur, ætti hins vegar einungis að nota í þágu umhverfismála en ekki gera það að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro 3.–14. júní 1992, var Ísland meðal fyrstu ríkja sem undirrituðu sáttmálann um verndun andrúmsloftsins. Í sáttmálanum er gert ráð fyrir að ríki geri ráðstafanir til að draga úr mengun andrúmslofts. Því miður er hér ekki um bindandi ákvæði að ræða en gert er ráð fyrir að ríki geri ráðstafanir til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Það er verk að vinna hér á landi ef Íslendingar ætla sér að standa við þær yfirlýsingar að þjóðin eigi ávallt að vera í fremstu röð að því er umhverfisvernd varðar. Íslendingar hafa skrifað undir ýmsar alþjóðasamþykktir og yfirlýsingar í umhverfismálum. Það verður að halda vel á málum til að unnt verði að standa við þær skuldbindingar sem þegar hefur verið gengist undir. Við eigum að setja markið hátt og vera í forustu í þessum málum en bíða ekki eftir að aðrir hafi frumkvæði eða knýi okkur til aðgerða.

Eðlilegt er að umhverfisráðuneytinu verði falið að vinna að því verkefni sem í þessari tillögu felst í samráði við fjármálaráðuneyti og leggja hið fyrsta fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafi það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun.

640. Tillaga til þingsályktunar [360. mál]

um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Endurskoðunin miði að því að koma á breyttri skipan við undirbúning og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63 frá 1970 var opinberum framkvæmdum skipað með ákveðnum og skýrum hætti og sagt fyrir um hvernig staðið skuli að undirbúningi, áætlanagerð og framkvæmdum.

Frá því lögin voru sett hefur orðið ör framþróun á sviði verklegra framkvæmda auk þess sem breytt hefur verið verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þá hefur mannvirkjagerð aukist. Það er því mat flutningsmanns að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin og gera breytingar á þeim, einkum varðandi kröfur til undirbúnings framkvæmdum. Setja þarf ákvæði um hvernig meta eigi stærð bygginga áður en hönnun hefst, hvernig taka eigi ákvarðanir um flokk gæða viðkomandi byggingar og um leið kostnað á fermetra og hvernig hönnunarstjórn skuli háttað. Þá er mjög mikilvægt að herða ákvæði um skilamat opinberra framkvæmda þar sem gerð er grein fyrir hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun.

Á sama hátt og gerð er áætlun til margra ára um framkvæmdir í vegagerð og hafnagerð er eðlilegt að langtímaáætlun um mannvirkjagerð sé lögð fram og samþykkt. Slík áætlun nái til allra flokka framkvæmda sem ríkið stendur að.

Viðhald mannvirkja fer vaxandi með fjölgun opinberra bygginga. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um það í lög um opinberar framkvæmdir hvernig skuli staðið að skipulegu viðhaldi opinberra bygginga og fjármögnun þess af leigu eða reiknuðum tekjum af þeirri starfsemi sem nýtir viðkomandi byggingu eða mannvirki.

Greinargerðinni fylgir erindi forstöðumanns framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins sem hann flutti á mannvirkjaþingi.

Fylgiskjal.

Steindór Guðmundsson, verkfræðingur,
forstöðumaður framkvæmdadeildar IR:

Opinberar framkvæmdir. Ný viðhorf.

(Flutt á mannvirkjaþingi 25. nóvember 1992.)

I. AÐDRAGANDI LAGA UM SKIPAN OPINBERRA FRAMKVÆMDA

Þegar Magnús heitinn Jónsson varð fjármálaráðherra árið 1965 var mikið af hálfkláruðum byggingum á Íslandi, smáum sem stórum.

Alþingi hafði þá um langt skeið leyft sér að skipta fjárveitingum til slíkra þarfa eftir löngunum manna og draumum en öldungis án tillits til hvers þurfti við til að mannvirkjum yrði lokið á skynsamlegum byggingartíma. Það var iðulega, ár eftir ár, slegið frá gluggum ríkisbygginga á vorin, unnið fyrir eitthvert lítilræði um sumarið og síðan var byggingunum lokað aftur áður en vetur gekk í garð. Minni háttar hús voru byggð á mörgum árum og til meiri háttar mannvirkja dugði ekki áratugur. Verksamningar voru með ýmsu móti og oftar en ekki var unnið án útboðs.

Sóunin í þessum vinnubrögðum var orðin það augljós að ráðamenn þjóðarinnar, á þeim tíma, ákváðu að koma skikki á opinberar framkvæmdir.

Í nóvembermánuði árið 1965, eða fyrir 27 árum, var byrjað að vinna af fullum krafti í málinu, en þá skipaði Magnús nefnd um opinberar framkvæmdir og var formaður nefndarinnar Jón Sigurðsson sem þá var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin tók strax til óspilltra mála og skilaði ítarlegri skýrslu til fjármálaráðherra rúmum fimm mánuðum síðar.

Niðurstaða nefndarinnar var m.a. sem hér segir:

„Nefndin telur fullvíst að ein af meginorsökum þess hversu mörg af opinberum mannvirkjum verða dýr sé ónógur tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur framkvæmdanna. Nefndin telur vafalaust að lægstum tilkostnaði við mannvirkjagerð megi ná með því að vinna samfellt að verkinu á skemmsta mögulegum tíma, en til þess að það geti orðið þarf öllum tæknilegum undirbúningi verksins að vera lokið áður en verkið sjálft hefst og allt fjármagn til verksins að vera tryggt á hinum skamma byggingartíma.

Þetta hefur ekki verið gert á undanförnum árum, heldur hafa ákvarðanir um að hefja opinberar framkvæmdir verið teknar örar en fé hefur verið veitt til þeirra og afleiðingin hefur ekki hvað síst sagt til sín í miklum kostnaði.“

Enn fremur segir í skýrslunni:

„Loks telur nefndin að útboð á mannvirkjagerð á vegum ríkisins sé hagkvæmasta og eðlilegasta aðferðin við opinberar framkvæmdir.

...

Nefndin telur sennilegt að nokkur þróun þurfi að eiga sér stað áður en útboðsfyrirkomulag getur náð þeirri hagkvæmni sem vænta má af því fyrirkomulagi."

Þetta var fjármálaráðherra sagt í skýrslu fyrir 26 árum.

Ákveðið var að nota skýrslu nefndarinnar um opinberar framkvæmdir. Samið var frumvarp til laga um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins og var það lagt fyrir Alþingi vorið 1967. Lagafrumvarpið var frumsmíð en afgerandi tilraun til að marka stefnu sem útrýmdi þeirri óhagkvæmni sem viðgengist hafði allt of lengi.

Frumvarpið stóð í sumum þingmönnum, enda kallaði það á aðhald og aga sem margir stjórnmálamenn áttu erfitt með að sætta sig við. Niðurstaðan varð hins vegar það sem heitir lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Þau lög eru enn þá í fullu gildi, næstum óbreytt.

II. LÖG NR. 63/1970, UM SKIPAN OPINBERRA FRAMKVÆMDA

Þrátt fyrir þá staðreynd að lögin um skipan opinberra framkvæmda geri ekki kröfu til jafnagaðra og strangra vinnubragða og hið upphaflega lagafrumvarp gerði ráð fyrir eru þau að mörgu leyti mjög góð. Meginuppbygging laganna er sýnd á myndinni hér á eftir, en reynt verður að skýra þá hugmyndafræði sem liggur að baki lögunum.

OPINBER FRAMKVÆMD

A
FRUMATHUGUN

BIÐSKYLDA

B
ÁÆTLANAGERÐ
HÖNNUN
KOSTNAÐARÁÆTLUN
TÍMAÁÆTLUN
REKSTRARÁÆTLUN

BIÐSKYLDA

C
VERKLEGAR
FRAMKVÆMDIR

D
SKILAMAT

Alþingi

Opinber framkvæmd.

Í lögunum er í fyrsta skipti skilgreint hugtakið opinber framkvæmd, en það þýðir gerð eða breyting mannvirkis sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a.m.k. 4 millj. kr., og er þá miðað við verðlag árið 1992.

A. Frumathugun.

Frumathugun, skv. 3. gr. laganna, skal vera með tvennum hætti, og að lokinni frumathugun skulu eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir við ákvarðanatöku:

1. Áætlun um stofnkostnað, þar með talinn kostnaður við hönnun og gerð kostnaðar-, tíma- og rekstraráætlana.
2. Áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ.m.t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á.

Í 3. gr. laganna um skipan opinberra framkvæmda er sem sagt gert ráð fyrir að áætlanir um byggingarkostnað og hönnunarkostnað liggi fyrir áður en byrjað er að hanna viðkomandi mannvirki og það sem meira er, áður en ákvörðun er yfir höfuð tekin um það að byggja mannvirki.

B. Áætlanagerð.

Í sjöundu grein laganna segir að áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skuli vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdatímabilið.
2. Rekstraráætlun sem nær til minnst 5 ára eftir að framkvæmd er lokið.

Það er út af fyrir sig forvitnilegt að höfundar laganna telja hönnun mannvirkis til áætlunargerðar, en við nánari athugun kemur í ljós að það er að sjálfsögðu alveg hárrétt.

Biðskyldurnar tvær.

Í lögunum er gert ráð fyrir að menn staldri við að minnsta kosti tvisvar sinnum á leiðinni og athugi sinn gang áður en ráðist er í framkvæmdir. Þetta er hér kallað biðskyldurnar tvær.

Fyrri biðskyldan er að lokinni frumathugun, en þá á að vera nokkurn veginn vitað hve mikið mannvirkið kostar og hve mikið hönnuðir þess eiga að fá í sinn hlut.

Seinni biðskyldunni er lýst í 9. gr. laganna, en hún fjallar m.a. um það að mannvirki skuli koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár þegar eftirfarandi undirbúningsþáttum er lokið, sbr. myndina hér á eftir.

1	**Fullnaðaruppdrættir**
2	**Tæknileg verklýsing**
3	**Skrá um efnisþörf**
4	**Nákvæm kostnaðaráætlun**
5	**Tímaáætlun**
6	**Greiðsluáætlun**
7	**Fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdatímabil**
8	**Rekstraráætlun er nái minnst fimm ár fram í tímann að lokinni framkvæmd.**

Ofangreind atriði eiga samkvæmt lögunum að vera fullfrágengin áður en kemur að fjárlagagerð.

C. Verklegar framkvæmdir.

Í lögunum segir, nánar tiltekið í 13. gr. þeirra, „að verk skuli að jafnaði unnið samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs nema ef verk sé þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki munu [sic] gefa góða raun, en heimilt er að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir að víkja frá útboði".

Þessi grein laganna hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar samkvæmt útboði, en þetta er einmitt sá þáttur laganna sem hefur heppnast best.

Í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem hér er getið, sitja þeir tveir embættismenn sem mest hafa með framkvæmd lagannna að gera, þ.e. ráðuneytisstjóri fjár-

málaráðuneytis, sem er formaður nefndarinnar, og forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, en samkvæmt laganna hljóðan fer framkvæmdadeildin með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Auk þeirra situr í nefndinni formaður fjárlaganefndar sem fulltrúi Alþingis og fjárlagavaldsins.

Það er t.d. hlutverk samstarfsnefndarinnar að athuga frumáætlanir og áætlanagerð og vera fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna.

D. Skilamat.

Að lokinni verklegri framkvæmd og tæknilegri úttekt skal fara fram skilamat og fer Ríkisendurskoðun með yfirstjórn þess, en aðalverkefni hennar er, eins og kunnugt er, að sannprófa hvort fé ríkissjóðs hafi verið ráðstafað á þann hátt sem ætlast var til.

Skilamat táknar í lögunum eins konar fjárhagslega úttekt verka og felur í sér mat á árangri þeim sem náðst hefur við framkvæmd verks, miðað við áætlanir um verkið, svo sem kostnaðarsamanburð við önnur hliðstæð verk.

Tilgangurinn með skilamatinu er að skapa grundvöll er verið gæti fjárlagavaldinu til leiðbeiningar um fjárfestingarákvarðanir í framtíðinni og jafnframt skapað almennt aðhald við opinberar framkvæmdir.

Að loknu skilamati skal Ríkisendurskoðun leggja matið fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Af framangreindu sést að lögin um skipan opinberra framkvæmda frá 1970 eru að ýmsu leyti mjög góð, satt að segja langt á undan sinni samtíð, og þau vinnubrögð, sem lögin gera ráð fyrir, eru til mikillar fyrirmyndar, ekki eingöngu hvað varðar opinberar framkvæmdir, heldur ættu allir þeir sem ráða yfir fjármagni og standa fyrir fjárfestingum, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög eða ríkissjóð, að tileinka sér vinnubrögð af þessu tagi við mannvirkjagerð.

III. ÁÆTLANIR OG STJÓRNMÁLAMENN

Það er oft fróðlegt hvað menn segja og hvað þeir gera. Öllu fróðlegra getur þó verið að fylgjast með því hvað menn segja ekki og hvað þeir gera ekki. Hægt er að komast að býsna merkilegum niðurstöðum ef þessi aðferð er notuð.

Þegar ríkisstjórnin gerði ráðstafanir hér um daginn til þess að auka framkvæmdir var fyrst og fremst ákveðið að leggja fleiri vegi en t.d. ekki að reisa fleiri byggingar þótt víða sé þess þörf.

Þetta er á ýmsan hátt skiljanlegt því að Vegagerð ríkisins hefur staðið sig mjög vel, vinnur t.d. eftir langtímaáætlunum, og ekki eru margir vegarkaflar, brýr eða jarðgöng þar sem kostnaður hefur farið úr böndunum, en þessar framkvæmdir eru oft háðar mun meiri óvissu og oft tæknilega mun erfiðari en t.d. húsbyggingar, svo dæmi séu nefnd.

Það sem er athyglisvert í þessu sambandi er það sem ríkisstjórnin gerði ekki en það var að veita peningum í nýbyggingar eða endurbyggingar.

Síðastliðið sumar sat ég á tali við kunningja. Þetta er mikill ágætismaður og í mjög nánum tengslum við hið pólitíska vald í landinu. Við vorum m.a. að ræða um mannvirkjagerð, en þar höfum við báðir átt hlut að máli í nokkur skipti og hélt hann því fram við mig, fullum fetum, að ekki væri hægt að gera marktækar áætlanir í byggingariðnaði á Íslandi.

Fljótlega eftir að ég tók við embætti í októbermánuði sl. kom í heimsókn á skrifstofu mína ríkisforstjóri til að leita aðstoðar, en hann stendur frammi fyrir því að fyrirtæki hans þarf að fjárfesta í nýbyggingu fyrir hundruð milljóna króna. Allir sem hlut eiga að

þessu máli, þar með talinn yfirmaður forstjórans sem er ráðherra í ríkisstjórn landsins, eru sammála því að hér sé um nauðsynlega framkvæmd að ræða. Ráðherrann er hins vegar ragur við að byrja á verkinu — hann er hræddur við að allt fari úr böndunum og að nafn hans verði bendlað við enn eitt byggingarhneykslið.

Það hlýtur að vera grafalvarlegt mál ef stjórnmálamenn eru orðnir það brenndir að þeir eru hættir að treysta áætlunum. Slíkt mun ekki aðeins bitna á þeim sem starfa í byggingariðnaði, t.d. arkitektum, verkfræðingum, verktökum, framleiðendum og verslun, heldur einnig á þeim sem þurfa að nota mannvirkin, t.d. börnum, sjúklingum og öldruðum og fjölmörgum öðrum.

Ef áætlanagerð á Íslandi verður að skammaryrði í huga framkvæmdarvaldsins, að hún sé einhver gjörningur sem ekki sé hægt að treysta, er mikill vandi á ferðum sem getur leitt til mun meiri kreppu en ella, t.d. í byggingariðnaði, og komið í veg fyrir umsvifalausa ákvarðanatöku í málum þar sem ákvörðun byggist einungis á áætlun.

Vantrú á áætlanagerð getur því hamlað framförum og t.d. seinkað ákvörðun um atriði eins og vatnsvirkjanir og stóriðju og þar með dregið úr hagvexti og velferð. Slíkur trúnaðarbrestur milli stjórnmálamanna og þeirra sem áætlanir gera má ekki verða að varanlegri staðreynd. Til allrar hamingju höfum við lögin um opinberar framkvæmdir og ef farið er eftir þeim atriðum laganna sem hér hefur verið lýst þurfum við satt að segja ekki að kvíða neinu.

IV. AFLEIÐING ÞESS EF EKKI ER FARIÐ AÐ LÖGUM

Það hefur komið fyrir að ekki hefur alltaf verið farið í einu og öllu að lögum um skipan opinberra framkvæmda. Fyrir því geta verið góðar og gildar ástæður eins og vikið verður að síðar, en skoðum nú hvað getur gerst.

Það skal tekið fram að sú greining, sem hér verður lögð fram, gildir ekki bara um opinberar framkvæmdir heldur hvaða gjörning sem er og fjallar um fjárfestingar og gildir þá einu hvort einstaklingar, fyrirtæki, félagasambönd, sveitarfélög eða ríkið eiga hlut að máli.

Skoðum nú hvernig það getur gerst, sbr. næstu mynd.



Lárétti ásinn sýnir ákvarðanir um stærð, gæði og verklag við mannvirkjagerð, þ.e. þær ákvarðanir sem teknar eru ef byrjað er að byggja áður en ákvæðum laga um frumathugun og áætlanagerð hefur verið fullnægt. Þetta fyrirbrigði er oft kallað að byggja og hanna samtímis.

Lóðrétti ásinn sýnir byggingarkostnað.

Hér er því haldið fram að sé nægjanlega vel vandað til frumathugunarinnar sem lögin um skipan opinberra framkvæmda gera ráð fyrir og að öðru leyti farið í einu og öllu eftir lögunum sé hægt að byggja 100% mannvirki hvað varðar stærð, gæði og verklag.

Lárétta línan sýnir byggingarkostnað við slíka mannvirkjagerð sem kostar 100%.

Ef allir hlutir eru ekki nákvæmlega skilgreindir í upphafi byrja hinir einstöku hópar, sem að mannvirkjagerðinni standa, að taka ákvarðanir, hver í sínu horni og án þess að nokkur heildaryfirsýn sé til staðar. Nokkur dæmi um þetta skulu tekin.

Stærð.

Ekki eru þær margar byggingarnar hér á landi sem eru of smáar. Hins vegar gerist það oft að ekki er jafnvægi í innbyrðis stærðum, þannig að sum svæði eru of lítil en önnur of stór.

Ef grannt er skoðað eru þær þá ekki of oft of stórar af því að menn vilja venjulega hafa vaðið fyrir neðan sig og byggja fyrir framtíðina? Fyrirmæli til arkitekta eru oft óljós, þeim gengur oft illa að fá verkkaupa til þess að taka ákvarðanir og vilja því ekki lenda í vondum málum, t.d. með þeim hætti að byggingar verði hugsanlega of litlar.

Gæði.

Erfitt er að benda á byggingar sem byggðar hafa verið á undanförnum árum og eru fátæklegar. Gerist það ekki of oft hér á landi að menn byggja með gæðum sem geta verið umdeilanleg?

Ein ástæðan getur verið sú að þeir sem ákvarðanirnar taka, t.d. byggingarnefndir, arkitektar og fleiri, eru ekki að byggja fyrir eigið fé, heldur annarra manna, þ.e. skattborgaranna. Þó kann að vera að þetta sé ekki aðalástæðan því venjulega vinna menn af fyllstu samviskusemi og reyna að vanda sig. Ástæðan er mikið fremur sú að það skortir fyrirmæli eins og þau að hið opinbera hafi einhverja skoðun á því hver gæði mannvirkjanna eigi að vera, en slíkar skoðanir koma fram í nokkru sem kallað er staðlar.

Það að staðlar fyrirfinnast hér á landi aðeins í takmörkuðum mæli um stærð og gæði opinberra bygginga er sennilega meginástæða þess að við byggjum stundum of stórt og oft með of miklum gæðum.

Verklag.

Lögin um skipan opinberra framkvæmda gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en allri hönnun og áætlanagerð er lokið ásamt tíma-, greiðslu- og fjáröflunaráætlunum.

Því er haldið hér fram að sé þannig staðið að verki geti verklagið orðið því sem næst 100%, en ekki 120 eða 170% eins og stundum gerist.

Byggingarkostnaður.

Í samanburði er hægt að reikna byggingarkostnað á býsna einfaldan hátt því að hann er margfeldi þriggja stærða, þ.e. fermetrafjölda, kostnaðarverðs hvers fermetra og verklags.

Fermetrafjöldinn er það sem hér er kallað stærð. Kostnaðarverð hvers fermetra er stundum kallað fermetraverð eða einingarverð, en það segir til um gæðin. Því hærra einingarverð, því glæsilegri bygging.

Ef staðið er 100 prósent að öllu er:

$$\text{Kostnaður} = \text{Stærð} \times \text{Gæði} \times \text{Verklag} = 100\%$$

Með öðrum orðum:

$$\text{Kostnaður} = 100\% \times 100\% \times 100\% = 100\%, \text{ Aukning} = 0\%$$

Til þess að eyða öllum vafa skal tekið fram að þessi fullyrðing er stærðfræðilega rétt, en það sem hún segir okkur raunverulega er það að byggingarkostnaður breytist í þriðja veldi á meðan einstakar ákvarðanir um breytingar er nokkuð sem breytist í fyrsta veldi.

Gallinn við okkur mennina er sá að við hugsum í fyrsta veldi, en kostnaðaraukinn er í þriðja veldi, þannig að þegar menn eru að taka ákvarðanir, hver í sínu lagi, um breytingar á stærðum, gæðum og verklagi trúir hver og einn því að hann sé að taka litla ákvörðun, en á meðan hleður kostnaðurinn utan á sig eins og snjóbolti.

Skoðum þetta fyrirbæri aðeins nánar:

Kostnaður = 110% X 110% X 110% = 133%, Aukning = 33%

eða

Kostnaður = 125% X 125% X 125% = 195%, Aukning = 95%

eða

Kostnaður = 150% X 150% X 150% = 338%, Aukning = 238%

eða

Kostnaður = 136% X 126% X 170% = 292%, Aukning = 192%

Síðasta dæmið er Þjóðarbókhlaðan sem samkvæmt áætlunum frá árunum 1973 og 1974 átti að vera 10.056 fermetrar og kosta 1.148 millj. kr., en núna, þegar verkið er hálfnað og enn er verið að hanna, er hún orðin 13.668 fermetrar og áætlaður byggingarkostnaður þegar verkið er aðeins hálfnað er 2.553 millj. kr. Þar við bætist aukakostnaður vegna seinagangs upp á 800 millj. kr. að mati Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í tímaritinu Vísbendingu 19. mars sl. þannig að núna lítur út fyrir að Þjóðarbókhlaðan muni kosta um 3.350 millj. kr. sem er tæplega þreföldun miðað við upphafleg áform.

Skyldi nokkurn undra að hrollur sé farinn að fara um stjórnmálamennina og láir þeim nokkur að þeir séu farnir að missa trúna á áætlanagerð?

V. SÖKUDÓLGURINN

Ekki skal rifjuð upp sú umræða og yfirlýsingagleði sem á sér stað þegar mannvirkjagerð á Íslandi lendir í ógöngum. Menn eru sífellt að leita að sökudólgum, oft með það að markmiði að hengja einhvern, og þá er spurt af hverju ekki hafi verið farið að lögum.

Sá þáttur laganna um opinberar framkvæmdir, sem snýr að undirbúningi og áætlanagerð, er mjög góður og menn spyrja af hverju ekki hafi verið farið eftir lögunum út í ystu æsar, hverjum sé um að kenna, hvar sökudólgarnir séu.

Svarið er einfalt. Það var ekki fjárhagslega mögulegt né skynsamlegt fyrir eignaraðilana að fara að lögum. Það borgaði sig ekki og sökudólgurinn, ef menn vilja fá að vita hver hann er, sést á næstu mynd.



Lögin um skipan opinberra framkvæmda voru sett að undangengnu miklu stöðugleikatímabili í íslenskum efnahagsmálum þar sem verðbólga hafði verið tiltölulega lítil. Fljótlega eftir setningu laganna hófst mesta óðaverðbólgutímabil sem hefur verið á Íslandi.

Þetta sést best ef skoðuð er verðlagsþróun frá árinu 1960 til ársins 1992. Þegar verðbólguhraðinn var mestur, milli áranna 1982 og 1983, mældist verðbólgan um 80%, miðað við ársgrundvöll, þannig að 1 milljarður króna, svo dæmi sé tekið, minnkaði um 450 millj. kr. á einu ári. Þetta óðaverðbólgutímabil hafði mikil og slæm áhrif á íslenskt samfélag og erum við ekki enn búin að bíta úr nálinni með það því að mjög margir eru enn þá fastir í verðbólgufarinu, hugsanaháttur þeirra er enn forritaður miðað við óðaverðbólgu sem miðast við lántökur sem hugbúnaðurinn gerir ráð fyrir að ekki þurfi að endurgreiða.

Í samfélagi óðaverðbólgunnar er höfuðáherslan lögð á það að eyða peningunum sem hraðast, áður en þeir brenna upp — því fyrr sem eytt er, því hagkvæmara. Verðbólgusamfélagið byggist sem sagt á því að hámarka nýtingu tekjuliðarins.

Við slíkar aðstæður er ekki skilningur á því í þjóðfélaginu að láta áætlanagerð vera í fyrsta sæti og síðan að framkvæma — mönnum þykir það hreinlega of kostnaðarsamt.

Hefur nokkur tekið eftir því að umræða um kostnað bygginga á föstu verðlagi hófst ekki fyrr en byrjað var að verðbinda fjáskuldbindingar? — Fyrst þá gátu allir skilið hvað hlutirnir kostuðu. Þegar hér var komið byrjuðu vondu málin sem stjórnmálamenn, hönnuðir og aðrir lentu í. Þá fyrst var byrjað að spyrja: „Hvar eru áætlanirnar?“

Nú er aftur kominn viss stöðugleiki í íslenskum efnahagsmálum, þ.e. verðbólga er lítil. Að því leyti er ástandið orðið svipað nú og upp úr 1970.

Við stöðugt verðlag gilda allt önnur lögmál en á tímum óðaverðbólgu. Tekjuliðurinn er ekki lengur orðinn ráðandi heldur útgjaldaliðurinn. Þetta eiga margir erfitt með að skilja, ekki síst þeir sem enn þá eru forritaðir með verðbólguhugbúnaðinum og sjá ekki aðrar lausnir en að taka lán sem þeir halda að ekki þurfi að endurgreiða.

Nú, þegar aðstæðurnar í þjóðfélaginu eru orðnar þannig að arðurinn er fólginn í hagkvæmni útgjaldanna, er gott að eiga lög um frumáætlanir og áætlanagerð og því er haldið fram hér að ef nú verður farið að fullu og öllu eftir ákvæðum laganna verði hægt að byggja mun meira en nú er gert og þar með fjölga störfum í byggingariðnaði og án nokkurs viðbótarkostnaðar. Í því sambandi má benda á að kostnaður vegna verklags í Þjóðarbókhlöðu er metinn á um 800 millj. kr. en það samsvarar um 300 ársverkum í byggingariðnaði.

VI. NÝ VIÐHORF

Ljóst má vera, miðað við það sem hér hefur komið fram, að tímabært er að endurvekja hina skynsamlegu hugmyndafræði, frá árinu 1970, varðandi skipan opinberra framkvæmda. Þessi hugmyndafræði á ekkert sérstaklega við ríkissjóð einan, heldur á hún erindi til allra, einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og margra fleiri sem ætla að fara út í fjárfestingar í samfélagi þar sem verðbólgan er lítil og útgjöldin, en ekki tekjurnar, eru hinn ráðandi þáttur.

Framkvæmdadeildin mun í framtíðinni beita sér fyrir því að frumáætlanir séu gerðar af fullri alvöru þannig að áður en ákveðið er að halda lengra liggi fyrir hve stórt mannvirki á að vera, hver gæði þess skulu vera og hvað hver fermetri á að kosta, ásamt því hve mikið á að greiða hönnuðum og eftirlitsaðilum í þóknun.

Til þess að einfalda gerð frumathugana og til þess að hægt sé að sinna byggingarþörfum ríkisins og byggja ódýrara þarf að vinna mun meira að stöðlun mannvirkja, bæði hvað varðar stærðir, gæði og kostnað. Samkvæmt 23. gr. laganna á framkvæmdadeildin að hafa frumkvæði í þeim málum. Þeim málaflokki hefur því miður ekki verið sinnt sem skyldi, en ef góð áform eiga að verða að raunveruleika verður breyting að eiga sér stað.

Hér er því haldið fram að ríkisvaldið eigi að hafa skoðun á því strax í byrjun, þ.e. við gerð frumáætlunar, hvort byggja eigi á hefðbundinn hátt, glæsibyggingu eða hátæknimannvirki, þegar um slíka þörf er að ræða og hvað slík mannvirki eigi að kosta og hvenær eigi að byggja þau.

Kostnaðurinn við mannvirkjagerðina á að liggja fyrir að lokinni frumáætlun og eftir það á það að vera að mestu á ábyrgð annara en ríkissjóðs að vel takist til, þ.e. hönnuða, verktaka og eftirlitsaðila, en til að þetta gangi verður að semja við arkitekta og verkfræðinga um að hanna inn í ákveðinn kostnaðarramma sem ekki má víkja frá. Þetta þýðir m.a. að allri hönnun verði lokið áður en framkvæmdir hefjast.

Til þess að þetta sé hægt verður samningagerð við hönnuði að vera með öðrum hætti

en tíðkast hefur fram að þessu, t.d. þannig að einungis sé gerður einn samningur um hönnun og aðeins eitt fyrirtæki, arkitekta- eða verkfræðistofa, beri ábyrgð á honum og sú stofa skuli leggja fram tryggingar fyrir því að áætlanir og hönnun séu í lagi. Það verður að koma í veg fyrir að menn geti bent hver á annan.

Enginn munur er á kaupum ríkisins á arkitekta- og verkfræðiþjónustu og kaupum á einhverri vöru. Sá sem borgar fyrir þjónustuna á að fá vöru sem er í lagi. Þegar til kastanna kemur er enginn munur á vöru og þjónustu í hagfræðilegum skilningi og því hægt að gera sömu kröfur til hvors tveggja.

Ef hönnunin reynist síðan vera gölluð eða ófullgerð, þannig að ríkissjóður þarf að greiða fyrir aukaverk, finnst mér að hönnuðirnir eigi að greiða þann aukakostnað — ekki ríkissjóður eða verktakar.

Þá má nefna atriði eins og gerð skilamats, hertar kröfur um gæði útboðs- og verklýsinga og arkitekta- og verkfræðiteikninga og að þessi atriði verði samræmd og stöðluð þannig að allir viti að hverju þeir ganga og tali sama tungumálið.

Það sem er einna efst í huga mér þessa dagana er viðhald mannvirkja og einkum og sér í lagi viðhald útveggja, en þar mun ríkisvaldið, eins og aðrir hér á landi, þurfa að eyða stórfé á komandi árum.

Hvað snertir steypuviðgerðir á Íslandi í dag eru í huga mínum ákveðnar efasemdir um að við séum á réttri leið í þeim efnum. Reyndar gildir hið sama um hönnun útveggja. Það virðist stundum gleymast að við búum í landi með rysjóttu veðurfari þar sem veðrun er mikil.

Framkvæmdadeildin hefur því ákveðið að efna til ráðstefnu um hönnun og viðhald á útveggjum í fortíð, nútíð og framtíð í febrúarmánuði næstkomandi og reyna með því að koma í veg fyrir að fjármunum þeim, sem eytt verður í byggingu og viðhald útveggja á næstu árum, verði illa varið.

VII. LOKAORÐ

Hér að framan hefur verið fjallað um málefni opinberra framkvæmda eins og þau snúa að gildandi lögum og nauðsynlegri aðlögun að nýjum og eðlilegri efnahagslegum aðstæðum en áður. Einnig hefur verið farið yfir þær leiðir sem skynsamlegt er að fara við verklegar framkvæmdir þannig að þær fari ekki úr böndunum.

Á þessum vettvangi er mikið verk fram undan og akurinn lítt plægður. Þessum hlutum verður hins vegar ekki komið í betra horf með stjórnvaldsaðgerðum eða valdboði. Verði það reynt eru góð áform dæmd til að mistakast.

Bætt vinnubrögð, eins og hér er lýst, geta aðeins tekist með samvinnu allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli, t.d. ráðuneyta, rekstraraðila, nefnda, sérfræðinga og verktaka, að ógleymdum notendum.

Öllum sem hlut eiga að máli og hagsmuna eiga að gæta hlýtur að vera ljóst að ekki má verða frekari trúnaðarbrestur en orðinn er á milli stjórnmálamanna annars vegar og þeirra sem bera ábyrgð á áætlanagerð hins vegar.

641. Fyrirspurn [361. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggi í óbyggðaferðum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 22. febrúar 1990 um að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum og áliti nefndar sem skipuð var á grundvelli hennar?

Greinargerð.

Þingsályktunin miðaði við að gerðar yrðu ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við ætti og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar fyrir ferðafólk.

Þann 2. apríl 1992 var borin fram fyrirspurn á Alþingi til dómsmálaráðherra, 377. mál, um framkvæmd ályktunar Alþingis um öryggi í óbyggðaferðum. Þá kom fram að nefnd, sem skipuð var 9. október 1990, hafði skilað áliti í febrúar 1991. Nefndin kom með ýmsar athyglisverðar ábendingar og tillögur. Dómsmálaráðherra sagðist mundu hlutast til um að tillögum nefndarinnar yrði hrundið í framkvæmd að því leyti sem þær væru ekki þegar komnar til framkvæmda.

Skriflegt svar óskast.

642. Fyrirspurn [362. mál]

til menntamálaráðherra um námsstyrki til doktorsefna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvenær er að vænta tillagna um lagabreytingar sem gerðu kleift að veita styrki til námsmanna í langskólanámi, einkum doktorsefna, sbr. yfirlýsingu menntamálaráðherra í umræðum um Lánasjóð íslenskra námsmanna?

643. Frumvarp til laga [363. mál]

um framkvæmd útboða.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Lög þessi gilda þó ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

Orðskýringar.

2. gr.

Útboð: Þar sem kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í það verk, vöru eða þjónustu sem verið er að bjóða út. Tilboðanna er aflað frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Kaupandi: Með kaupanda er í þessum lögum átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Bjóðandi: Með bjóðanda er í þessum lögum átt við þann sem býður í það verk, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Forval: Val kaupanda á þeim sem fá að taka þátt í lokuðu útboði.

Auglýsingar um útboð.

3. gr.

Almenn útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar. Bjóðendur skulu hafa aðgang að upplýsingum sem tilgreina nafn kaupanda eða umboðsmanns hans, það sem verið er að bjóða út, hvaða frestur er til að skila tilboði og hver skilatími þess er sem verið er að bjóða út.

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal ætíð vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

4. gr.

Við lokað útboð skal senda sérstaka orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 3. gr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

Afturköllun tilboðs.

5. gr.

Afturkalli bjóðandi tilboð sitt fyrir opnun tilboða er hann ekki bundinn af boði sínu. Afturköllun er því aðeins gild að hún sé gerð skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti.

Opnun tilboða.

6. gr.

Öll tilboð, sem gerð eru á grundvelli sama útboðsins, skal opna samtímis, á þeim stað og tíma sem kveðið var á um í auglýsingu eða sérstakri tilkynningu, sbr. þó 7. gr. Bjóðendum eða fulltrúum þeirra skal heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

7. gr.

Óheimilt er að opna tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðum. Þó er heimilt að opna tilboð sem borist hafa með símbréfi á opnunarstað tilboða áður en skilafrestur er runninn út, enda hafi gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarpóstsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram.

8. gr.

Lesa skal upp nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboðs. Einnig skal lesa upp og skrá kostnaðaráætlun sé þess kostur. Gæta skal þess að lesa alltaf samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum. Kaupandi og allir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.

Frestur til að taka tilboði.

9. gr.

Í útboðsskilmálum skal tilgreint hversu lengi bjóðandi skuli bundinn af tilboði sínu. Hafi svar við tilboði ekki borist innan þess frests sem tilgreindur var er hann ekki lengur bundinn af tilboði sínu.

10. gr.

Hafi kaupandi hafnað tilboði er það ekki lengur bindandi fyrir bjóðanda.

11. gr.

Bjóðandi er ekki lengur bundinn af tilboði sínu ef kaupandi tekur tilboði annars bjóðanda.

Val á tilboði.

12. gr.

Tilboði, sem er í verulegum atriðum í ósamræmi við útboðsskilmála, skal eigi tekið. Frávikstilboð eru heimil nema annað sé sérstaklega tekið fram.

13. gr.

Sé um almennt útboð að ræða er kaupanda heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Þetta gildir þó með þeirri takmörkun sem kemur fram í 12. gr.

14. gr.

Sé um lokað útboð að ræða er kaupanda einungis heimilt að taka hagstæðasta tilboði, eða hafna þeim öllum.

Sé hagstæðasta tilboð ekki jafnframt það lægsta ber kaupanda að senda bjóðendum greinargerð með rökstuðningi um valið á tilboðinu eins fljótt og mögulegt er.

15. gr.

Sé um lokað útboð að ræða er einungis heimilt að taka við tilboðum frá þeim sem boðið hefur verið að gera tilboð.

16. gr.

Samanburður á tilboðum og ákvörðun um hvaða tilboði skuli tekið eða við hvern bjóðanda skuli samið skulu fara fram á grundvelli útboðsskilmála.

Höfnun á tilboði.

17. gr.

Vilji kaupandi ekki taka tilboði sem borist hefur skal hann skýra bjóðanda frá því formlega eigi síðar en í lok þess frests sem hann hefur til að taka tilboði. Hann skal jafnframt senda bjóðanda öll gögn sem fylgdu með tilboði hans og er jafnframt algerlega óheimilt að nýta sér á nokkurn hátt það sem fram kom í tilboði bjóðanda.

18. gr.

Hafi útboð farið fram er kaupanda óheimilt að efna til útboðs að nýju eða semja um framkvæmd þess eftir öðrum leiðum en útboðsgögn kveða á um fyrr en öllum þátttakendum hefur skriflega verið greint ítarlega frá ástæðum þess að öllum tilboðum hafi verið hafnað.

Samþykki tilboðs.

19. gr.

Eftir að kaupandi hefur tekið tilboði bjóðanda og bjóðanda hefur verið formlega tilkynnt um það er kominn á samningur milli þeirra þess efnis sem útboðsgögn kveða á um.

20. gr.

Brot á lögum þessum leiðir til bótaábyrgðar samkvæmt almennum reglum, jafnframt því sem útboðið er í heild sinni lýst ógilt. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Án þess að fyrir liggi um það nákvæmar tölur er ljóst að hinn íslenski útboðsmarkaður veltir þúsundum milljóna á hverju ári. Útboðsaðferðinni er í sífellt auknum mæli beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila. Þessari aðferð er ekki lengur eingöngu beitt til að koma á viðskiptum í tengslum við byggingarframkvæmdir eins og löngum var algengast, heldur er þessari aðferð nú í auknum mæli beitt til að koma á viðskiptum með vöru og þjónustu.

Hér á landi hafa ekki verið lögfestar reglur um framkvæmd útboða. Það gagn, sem einkum hefur verið stuðst við við framkvæmd þeirra, er ÍST 30 — almennir útboðs- og samningskilmálar um verkframkvæmdir — sem fyrst var gefinn út árið 1969 og hefur verið endurútgefinn tvisvar, síðast árið 1988. Staðall þessi er fyrst og fremst sniðinn að þörfum byggingariðnaðarins, en hefur þó verið notaður á öðrum sviðum, bæði beint eða verið hafður til viðmiðunar. Staðallinn er það sem kallað er á ensku „agreed document“,

þ.e. að þeir aðilar, sem staðið hafa að samningu hans, hafa orðið sammála um að nota hann og mæla með því að hann verði notaður óbreyttur. Fulltrúar helstu hagsmunaaðila, bæði kaupenda og bjóðenda, áttu hlut að máli við samningu og endurskoðun þessa staðals.

Í upphafi var af hálfu þeirra aðila sem stóðu að samningu ÍST 30 litið svo á að staðallinn ætti að duga til þess að koma á eðlilegum samskiptareglum milli kaupenda og bjóðenda við útboð. Það átti að vera nokkur trygging fyrir því að svo væri að fulltrúar helstu hagsmunaaðila mæltu eindregið með notkun hans. Reynslan hefur hins vegar sýnt að ákvæði staðalsins hafa ekki verið nægjanlega virt. Þá ber einnig að líta til þess að útboð ná nú til mun fleiri sviða viðskipta en áður því að vöruútboð og þjónustuútboð eru nú orðin algeng í viðskiptum.

Til þess að koma þeirri festu á framkvæmd útboða sem nauðsynleg verður að teljast er eðlilegt að fest séu í lög helstu grundvallaratriði við framkvæmd útboða.

Haustið 1992 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um útboð. Í nefndina voru skipaðir: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Andrés Magnússon, lögfræðingur Landssambands iðnaðarmanna, Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands, og Stefán Hermannsson, borgarverkfræðingur í Reykjavík.

Frumvarp þetta er afraksturinn af starfi þessarar nefndar. Frumvarpið hefur að geyma reglur um ferlið frá því að útboð er auglýst og þar til endanlegur samningur er kominn á milli kaupanda og bjóðanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er tekið fram að lögin eigi að gilda um hvers konar útboð. Lögin ná því til verk-, vöru- og þjónustuútboða hvort sem opinberir aðilar eða einkaaðilar standa að þeim. Samkvæmt frumvarpinu eiga lögin þó ekki að ná til útboða á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

Um 2. gr.

Þarna eru þau hugtök, sem koma fyrir í frumvarpinu, skýrð hvert fyrir sig. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er leitast við að setja skýrar reglur um það hvernig standa beri að auglýsingu á almennu útboði og hvað þurfi að lágmarki að vera aðgengilegt fyrir bjóðendur til þess að það sé fullnægjandi. Þegar útboð hefur verið auglýst eru aðilar bundnir af ákvæðum laganna að öllu leyti. Þá eru í greininni ákvæði um útboðsgögn og fresti til að skila tilboðum.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru sérákvæði sem gilda um auglýsingu á lokuðu útboði, en að öðru leyti gilda athugasemdir við 3. gr.

Um 5. gr.

Samkvæmt 5. gr. hafa bjóðendur frest fram að opnun tilboða til þess að afturkalla tilboð sitt. Er þetta ákvæði í samræmi við reglur kröfuréttarins um að loforðsgefandi sé

ekki bundinn af loforði sínu fyrr en það kemur til vitundar loforðsmóttakanda. Síðan er tekið fram að það sé skilyrði fyrir gildi afturköllunarinnar að hún hafi verið gerð skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti.

Um 6. gr.

Til þess að tryggja jafnræði aðila og það að allar reglur séu í heiðri hafðar er hér lögfest sú meginregla að tilboð skuli öll opna samtímis á fyrir fram auglýstum tíma. Regla þessi er nauðsynleg forsenda þess að tryggja megi að eðlilegar leikreglur séu í heiðri hafðar. Til að tryggja megi enn frekar að allar reglur séu haldnar er sett sú regla í greininni að bjóðendum eða fulltrúum þeirra sé heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

Um 7. gr.

Hér er sett sú meginregla að óheimilt sé að opna tilboð sem berast eftir að tilboðsfrestur er liðinn. Þó er samkvæmt greininni heimilt að taka tilboðum sem berast með símbréfi á opnunarstað fyrir lok skilafrests tilboða, enda hafi þau gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða á að fara fram.

Um 8. gr.

Til að gera bjóðendum auðvelt að átta sig á öðrum bjóðendum og tilboðum þeirra er sett hér sú regla að lesa skuli upp nöfn bjóðenda og að lesa skuli samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum.

Um 9. gr.

Hér er sett sú regla að þess skuli alltaf getið í útboðsskilmálum hversu lengi bjóðandi skuli bundinn af tilboði sínu. Með þessu á kaupandi að setja sjálfum sér tímamörk um það hversu langan tíma hann hafi til að velja milli þeirra tilboða sem borist hafa. Þá er verið með þessu ákvæði að tryggja að bjóðendum sé ljóst hversu lengi þeir eru bundnir af tilboðum sínum.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, en hún setur þá sjálfsögðu reglu að eftir að kaupandi hafi hafnað tilboði sé bjóðandi ekki lengur bundinn af tilboði sínu.

Um 11. gr.

Þessi grein skýrir sig einnig sjálf en hún setur þá sjálfsögðu reglu að bjóðandi sé ekki lengur bundinn af tilboði sínu hafi kaupandi tekið tilboði annars bjóðanda.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessari grein koma þau tilboð ekki til álita sem eru í verulegu ósamræmi við útboðsgögn. Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða við það sem er í ÍST 30. Þá eru frávikstilboð almennt heimil nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Um 13. gr.

Hér er sett sú regla, sem er í samræmi við þá venju sem skapast hefur á útboðsmarkaði varðandi almenn útboð, að kaupandi hafi algerlega frjálsar hendur með það hvaða til-

boði hann tekur eða hvort hann yfirleitt tekur nokkru tilboði. Regla þessi þykir sjálfsögð og eðlileg og hefur ekki sætt gagnrýni.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein eru mun meiri skorður á rétti kaupanda við lokuð útboð en við almenn útboð. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er kaupanda aðeins heimilt að taka hagstæðasta tilboði eða hafna þeim öllum. Löngum var reglan sú samkvæmt stöðlum að við lokuð útboð mætti kaupandi aðeins taka lægsta tilboði eða hafna þeim öllum. Reynslan mun hafa sýnt það að hér gat verið um óeðlilega íþyngjandi ákvæði að ræða fyrir kaupanda þar sem það tilboð, sem ber lægstu upphæðina, þarf alls ekki að vera það hagstæðasta út frá hagsmunum kaupanda. Er tekið undir þessi rök hér og því geta kaupendur tekið hagstæðasta tilboðinu eða hafnað þeim öllum.

Til að tryggja að ekki sé farið í kringum ákvæði 1. mgr. er í 2. mgr. greinarinnar sett sú regla að sé hagstæðasta tilboð ekki jafnframt það lægsta þá skuli kaupandi gera öðrum bjóðendum grein fyrir ákvörðun sinni ásamt rökstuðningi fyrir henni eins fljótt og mögulegt er.

Um 15. gr.

Til þess að tryggja að tilboð þeirra sem boðið hefur verið að gera tilboð við lokuð útboð komi ein til álita er samkvæmt þessari grein bannað að taka við tilboðum frá öðrum aðilum þegar um lokuð útboð hefur verið að ræða.

Um 16. gr.

Samkvæmt þessari grein er enn verið að tryggja sem mest jafnræði með aðilum. Þegar tilboð hafa verið opnuð og verið er að meta hvaða tilboði skuli tekið eða við hvern bjóðanda skuli samið skal allur samanburður fara fram á grundvelli útboðsskilmálanna.

Um 17. gr.

Hér er mótuð regla um hvernig kaupandi skuli standa formlega að því að tilkynna bjóðanda það að hann hyggist ekki taka tilboði hans. Samkvæmt greininni er lögð sú skylda á kaupanda að senda öll gögn sem fylgdu með tilboði bjóðanda og er honum jafnframt algerlega óheimilt að nýta sér þær upplýsingar sem fylgdu með tilboðum sem ekki er tekið. Með því að skylda kaupanda til að senda öll gögn ætti að vera fengin nokkur trygging fyrir því að kaupandi nýti sér ekki upplýsingar sem fram koma í tilboðum sem ekki er tekið.

Um 18. gr.

Þrátt fyrir að viðteknar leikreglur í sambandi við framkvæmd útboða séu haldnar í flestum tilfellum virðist sem útboðsfyrirkomulagið hafi í einhverjum mæli verið misnotað á undanförnum árum. Það hefur verið staðhæft að kaupendur hafi efnt til útboða til þess eins að kanna markaðinn og afla sér hugmynda um verð og að aldrei hafi staðið til að semja við neinn þeirra sem tilboð gerðu. Það mun jafnvel hafa gerst að efnt hafi verið til útboða eftir að búið var að ákveða að ganga til samninga við ákveðinn aðila. Útboðið hafi því farið fram undir röngu yfirskini og eingöngu hafi verið um verðkönnun að ræða til að skapa kaupanda betri samningsaðstöðu gagnvart þeim aðila sem þegar var ákveðið að ganga til samninga við. Með þessari grein er þrengdur að mun möguleiki þeirra sem misnota vilja útboðsfyrirkomulagið. Samkvæmt greininni er óheimilt að bjóða út að nýju eða semja um framkvæmd eftir öðrum leiðum en útboðsgögn kveða á um, fyrr

en öllum þátttakendum hefur verið gerð ítarlega rökstudd grein fyrir ástæðum þess að öllum tilboðum hafi verið hafnað.

Um 19. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er á því hnykkt að þegar tilboði hafi verið tekið og bjóðanda hafi verið um það tilkynnt sé kominn á bindandi samningur milli aðila með þeim réttarverkunum sem samningssamband hefur í för með sér.

Um 20. gr.

Með greininni er það tekið skýrt fram að brot á ákvæðum laganna leiði til bótaábyrgðar, jafnframt því að útboðið er í heild sinni lýst ógilt. Bótafjárhæðir skulu samkvæmt greininni miðast við þann kostnað sem lagt hefur verið í við undirbúning tilboðs og þátttöku í útboði.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd útboða.

Með frumvarpinu eru settar reglur um framkvæmd útboða, allt frá því að útboð er auglýst og þar til endanlegur samningur er kominn á milli kaupanda og bjóðanda. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

644. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 20% — tuttugu af hundraði —. Fyrrgreind lágmarksfjárhæð er miðuð við verðlag í byrjun árs 1993 og skal breytast í upphafi hvers árs í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu.

Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi félagi frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmörkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.

2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum löggilts endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 68. gr.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Í stað síðari málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þeim samvinnufélögum, sem starfrækja innlánsdeildir við gildistöku laga þessara og ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 2. gr. a, ber að fullnægja skilyrðunum eigi síðar en 31. desember 1994. Að öðrum kosti skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar frá og með 1. janúar 1995.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 29. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um samvinnufélög frá árinu 1991 segir í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða: „Viðskiptaráðherra skal eftir setningu laga þessara skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarskipan innlánsdeilda samvinnufélaga. Skal nefndin skila áliti í síðasta lagi 1. júlí 1992. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að verða til þess að fella reglur um rekstur innlánsdeilda að almennum reglum sem gilda um aðrar innlánsstofnanir og jafnframt taka tillit til sérstöðu starfandi innlánsdeilda og þýðingar þeirra fyrir hlutaðeigandi samvinnufélög."

Í framhaldi af setningu laganna skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að fjalla um þetta efni og var hún skipuð þeim Birni Friðfinnssyni ráðuneytisstjóra sem var formaður nefndarinnar, Guðbrandi Þ. Guðbrandssyni fulltrúa, Jóni Adólfi Guðjónssyni bankastjóra, Ragnari Hafliðasyni aðstoðarforstöðumanni, Sigurði Hafstein framkvæmdastjóra og Þóri Páli Guðjónssyni kaupfélagsstjóra.

Innlánsdeildir samvinnufélaga varðveittu samtals 2.176 milljónir króna í árslok 1991, en þá voru innlánsdeildir starfandi við 20 samvinnufélög. Mest var fjármagnið hjá innlánsdeildum sjö kaupfélaga: Kaupfélags Eyfirðinga, Kaupfélags Skagfirðinga, Kaupfélags Héraðsbúa, Kaupfélags Árnesinga, Kaupfélags V-Húnvetninga, Kaupfélags Þingeyinga og Kaupfélags Borgfirðinga. Samtals varðveittu þessi sjö kaupfélög 1.538 milljónir króna og námu heildarinnlegg í hverju þeirra frá 176 til 539 milljónum króna. Innlánsdeildir annarra samvinnufélaga voru verulega minni að vöxtum.

Í fyrstu lögum um samvinnufélög, sem sett voru árið 1921, var að finna heimild fyrir samvinnufélög til þess að stofna innlánsdeildir. Þá var staða innlagseigenda í innlánsdeild m.a. tryggð með sameiginlegri ábyrgð allra félagsmanna. Með samvinnulögunum frá 1937 breyttist þessi ábyrgð á þann veg að félagsmenn báru aðeins ábyrgð á skuldbindingum félagsins sem nam stofnsjóðsinneign þeirra og er þeirri skipan haldið í nýju samvinnufélögunum, þó þannig að hún nær til eignaraðildar félagsmanna að sjóðum samvinnufélags.

Innlánsdeildir samvinnufélaganna áttu góðu gengi að fagna fram undir 1960. Árið 1959 var hlutdeild innlánsdeilda í heildarinnlánum innlánsstofnana 8,1%, en þá voru innlánsdeildirnar 55 að tölu. Í árslok 1991 var sambærileg hlutdeild innlánsdeildanna 20 í heildarinnlánum innlánsstofnana 1,4%. Engu að síður eru þær mikilvægur þáttur í rekstri sumra samvinnufélaga sem með rekstri þeirra afla sér rekstrarfjármagns með lágmarkstilkostnaði.

Staða innlagseigenda í innlánsdeildum samvinnufélaga er í dag mun verri en staða innstæðueigenda hjá bönkum og sparisjóðum. Fjárhagur innlánsdeilda samvinnufélaga er ekki aðskilinn frá fjárhag viðkomandi samvinnufélags og ekki eru settar formlegar tryggingar fyrir innlánum. Fé, sem lagt er í innlánsdeild, verður því sjálfkrafa hluti af veltufjármunum kaupfélagsins og við gjaldþrot þess yrðu innstæðueigendur almennir kröfuhafar á þrotabú félagsins. Þeir þurfa því að taka á sig áhættu af margvíslegum viðskiptum sem eru ólík og mun áhættumeiri þeim viðskiptum sem venjulegar lánastofnanir stunda.

Til þess að bæta úr þessu hefur verið komið á fót Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samkvæmt 2. gr. samþykkta hans er tilgangur sjóðsins „að efla innlánsdeildir sambandsfélaganna í Sambandi íslenskra samvinnufélaga með því að ábyrgjast innstæður í innlánsdeildum þeirra sambandsfélaga sem gerast aðilar að sjóðnum. Sjóðsaðilarnir ábyrgjast skuldbindingar sjóðsins aðeins með því fé sem þeir eiga í sjóðnum.“ Samþykktir sjóðsins eru nú til endurskoðunar.

Staða innlagseigenda hjá innlánsdeildum samvinnufélaganna hefur lengi verið mönnum áhyggjuefni. Þannig segir í áliti bankamálanefndar frá því í janúar 1973: „Um starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga eru ekki í dag í gildi neinar almennar lagareglur umfram almennt heimildarákvæði í samvinnufélagalögum. Telur nefndin nauðsynlegt að bæta hér um, jafnframt því sem innlánsdeildakerfið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar. Er sérstaklega nauðsynlegt að skilja algerlega sundur fjárhag innlánsdeilda og viðkomandi samvinnufélaga og telur nefndin eðlilegast að gera það með þeim hætti að innlánsdeildum sé breytt í sparisjóði þar sem það er unnt. Minnstu innlánsdeildirnar eru hins vegar svo litlar að þær munu ekki geta starfað áfram sem sjálfstæðar lánastofnanir, hvorki í formi sparisjóða né á annan hátt. Telur nefndin því eðlilegt að stefnt sé að því að þessar innlánsdeildir sameinist í stærri heildir á sama hátt og minnstu sparisjóðirnir eða sameinist öðrum innlánsstofnunum sem starfa á sama svæði.“

Í álitsgerð um stöðu og framtíðarstefnu innlánsdeilda, sem Margeir Daníelsson hagfræðingur vann fyrir stjórn Tryggingarsjóðs innlánsdeilda á árinu 1988, telur höfundur áhugaverðasta kostinn að bankar og sparisjóðir yfirtaki rekstur innlánsdeilda.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur á undanförnum árum gert ýmsar athugasemdir við stöðu innlagseigenda hjá innlánsdeildum samvinnufélaga og hefur eftirlitið átt um það viðræður við forsvarsmenn Tryggingarsjóðs innlánsdeildanna.

Í nefndinni var fjallað um þann kost að breyta innlánsdeildunum í sparisjóði í samræmi við lög um sparisjóði. Í ljós kom að sú leið er háð ýmsum annmörkum, m.a. sök-

um væntanlegra reglna um áhættudreifingu í útlánum og um lágmarksstærð sparisjóða. Einnig kom í ljós að yfirtaka banka og sparisjóða á stærstu innlánsdeildunum er erfiðleikum háð sökum þeirrar röskunar sem það kann að valda á rekstri viðkomandi samvinnufélaga.

Samkomulag varð um að leggja til að samvinnufélögum sé heimilað að reka innlánsdeildir með ströngum skilyrðum um eigið fé og eiginfjárhlutfall og um aðild að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Jafnframt varð samkomulag um að leggja til að deildirnar teldust hvorki til innláns- né lánastofnana í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Er þá við það miðað að frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands verði lögfest, en það hefur verið lagt fram á Alþingi. Af þessu leiðir að innlánsdeildir geti ekki notið fyrirgreiðslu í Seðlabankanum og ekki tekið við innlánum frá almenningi í hefðbundnum skilningi þess hugtaks og ekki veitt lán í eigin nafni. Hins vegar teljast innlánsdeildir ótvírætt til fjármálastofnana og lúta því eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum seðlabankafrumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt verði við lögin nýrri grein, 2. gr. a, sem heimili samvinnufélögum að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins.

Síðan eru sett nánari skilyrði fyrir þessu í þremur töluliðum. Í fyrsta lagi þarf eigið fé félagsins að nema minnst 100 milljónum króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 20%. Fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Þetta þýðir að einungis stærstu samvinnufélögin geta rekið slíkar innlánsdeildir. Í öðru lagi þarf endurskoðun á reikningum félagsins að vera í höndum löggilts endurskoðanda og í þriðja lagi þarf félagið að vera aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda.

Þessi tillaga er sett fram í þeim tilgangi að tryggja hag innlagseigenda betur en nú, en til tryggingar þess fjár, sem lagt er í innlánsdeild, eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna sem fólgin er í eignaraðild þeirra í sjóðum samvinnufélags. Slík trygging kann í mörgum tilvikum að vera lítils virði og því eru hér gerðar lágmarkskröfur til samvinnufélaga sem mega reka innlánsdeild. Gerð er krafa til þess að endurskoðun reikninga þeirra sé í höndum löggilts endurskoðanda og auðveldar það eftirlit með fjárhag félagsins. Gert er að skilyrði að samþykktir Tryggingarsjóðs innlánsdeilda séu staðfestar af ráðherra en m.a. er talið nauðsynlegt að í þeim verði ákvæði sem skyldi samvinnufélög til að eiga sem séreign ígildi bindiskyldrar innstæðu í sama hlutfalli og Seðlabankinn beitir á ráðstöfunarfé lánastofnana á hverjum tíma.

Í síðustu málsgrein þessarar greinar er kveðið á um að innlánsdeild sé ekki innlánseða lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Er að þessu vikið hér að framan, en þar eð hér er ótvírætt um fjármálastofnun að ræða fellur innlánsdeild undir eftirlitssvið bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Það eftirlit lýtur fyrst og fremst að því að kalla eftir reikningsyfirlitum frá félaginu, fara yfir þau og óska nánari upplýsinga frá stjórnendum og endurskoðanda félagsins eftir því sem ástæða þykir til. Hins vegar leiðir af eðli máls að ekki er hægt að gera sömu kröfur til eftirlits bankaeftirlits með fjölbreyttum áhætturekstri stórra samvinnufélaga og gerðar eru til eftirlits með rekstri innláns- og lánastofnana. Áfram verður því talsverð áhætta samfara innlögum í innlánsstofnanir þótt ákvæði frumvarpsins miði að því að takmarka hana verulega.

Um 2. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða verði samvinnufélögum gefinn frestur til ársloka 1994 til þess að fullnægja kröfum laganna og að ákvæði 2. gr. a verði tekin til endurskoðunar í síðasta lagi 1. janúar 2000. Þykir nauðsynlegt að minni félögin fái frest til þess t.d. að semja við banka eða sparisjóði um yfirtöku innlánsdeilda sinna. Þá þykir einnig rétt að ákvæði 2. gr. a verði tekin til endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu í síðasta lagi fyrir aldamót. Er þar m.a. höfð í huga heimild samvinnufélaga til þess að gefa út samvinnuhlutabréf sem kann að breyta afstöðu stjórnenda þeirra til reksturs innlánsdeilda í framtíðinni þegar reynsla fæst af útgáfu og verslun með samvinnuhlutabréf.

Um 3. gr.

Með gildistökuákvæðinu er jafnframt fellt út síðasta ákvæði gömlu samvinnufélagalaganna frá 1937 sem enn er í gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög.

Með frumvarpinu eru settar reglur um innlánsdeildir sem starfa á vegum samvinnufélaga. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

645. Fyrirspurn [365. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á menntastefnu þannig að lögin samræmist þeim nýjungum?

646. Fyrirspurn [366. mál]

til forsætisráðherra um alþjóðlegan sjávarútvegsskóla.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvaða afstöðu hefur ríkisstjórnin til stofnunar alþjóðlegs sjávarútvegsskóla á Íslandi?

647. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 17. gr. Í stað orðanna „og athöfnum“ í fyrri málsgrein komi: athöfnum og aðstæðum.

648. Fyrirspurn [367. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hvernig metur ráðherra reynsluna af upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts með tilliti til innheimtuárangurs?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við gagnrýni Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings á framkvæmd innheimtumála, sbr. skýrslu þessara aðila við endurskoðun ríkisreiknings 1991?

Skriflegt svar óskast.

649. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framvegis fara fram á undirbúningsstigi mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum nýrrar löggjafar. Slíkt mat verði prentað sem fylgiskjal með stjórnarfrumvörpum með sama hætti og verið hefur með kostnaðarmat.

Greinargerð.

Það verður æ ljósara að nauðsynlegt er að breyta ríkjandi viðhorfum í iðnríkjunum sem miða að stöðugum vexti án tillits til þess hvaða áhrif hann hefur á umhverfið. Stöðugt fleiri hagfræðingar benda á að nauðsynlegt sé að endurskoða forsendur hagvaxtarútreikninga sem beitt hefur verið hingað til og taka áhrif mannlegra athafna á umhverfi og náttúrulegar auðlindir inn í mat á þjóðhagsstærðum.

Í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, með síðari breytingum, segir m.a. í 77. gr. um verkefni Fjárlaga- og hagsýslustofnunar (nú fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins) að hún skuli leggja mat á kostnað sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Nú er í athugasemdum við stjórnarfrumvörp lagt fram mat á hve mikill kostnaður muni hljótast af samþykkt frumvarpsins.

Í 30. gr. þingskapalaga eru ákvæði um að mæli nefnd með samþykkt frumvarps eða þingsályktunartillögu skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um kostnað sem samþykkt gæti haft í för með sér.

Engin ákvæði eru um það í lögum að sams konar mat skuli fara fram á áhrifum af samþykktum Alþingis á umhverfið. Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir hvaða afleiðingar samþykkt frumvarps geti haft fyrir umhverfið. Eðlilegt er að slíkt mat fylgi stjórnarfrumvörpum á sama hátt og kostnaðarmat. Einnig væri eðlilegt að nefndir létu gera áætlun um líkleg áhrif á umhverfið, hliðstætt því sem miðað er við um kostnaðarmat.

Viðbrögð af þessu tagi ættu að geta stuðlað að stefnubreytingu til heilla fyrir umhverfið og jafnframt komið í veg fyrir margháttaðan ófarnað. Jafnframt ætti að aukast skilningur löggjafans á að efnahagsmál og umhverfismál eru samfléttuð og verða ekki aðskilin.

650. Fyrirspurn [369. mál]

til fjármálaráðherra um frágang fjárlaga fyrir árið 1993.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Telur ráðherra það samrýmast lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966, að auknar skatttekjur ríkissjóðs vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, að upphæð 4 milljarðar króna, koma ekki fram í fjárlögum 1993?
2. Verða lögð fram fjáraukalög til leiðréttingar á fjárlögum ársins 1993 vegna þessa?
3. Hvernig koma umræddir 4 milljarðar króna fram í ríkisreikningi ársins 1993 ef þá verður ekki að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum þess árs?

651. Fyrirspurn [370. mál]

til utanríkisráðherra um óskir erlendra þjóða um aðstoð við þróun sjávarútvegs.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða þjóðir hafa á síðustu þremur árum óskað eftir aðstoð Íslendinga við þróun sjávarútvegs?
2. Hvers konar aðstoð er óskað eftir?
3. Hafa hugmyndir um fjármögnun aðstoðar fylgt slíkum beiðnum?

Skriflegt svar óskast.

652. Fyrirspurn [371. mál]

til fjármálaráðherra um fasteignaskatta ríkisfyrirtækja og stofnana.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu hárri fjárhæð námu fasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins árið 1992 sem á voru lagðir skv. II. kafla laga nr. 90 frá árinu 1990, um tekjustofna sveitarfélaga?
2. Hve hárri fjárhæð námu heildarfasteignaskattar fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í?
3. Hvernig skiptast þessir fasteignaskattar ríkisfyrirtækja, stofnana ríkisins og fyrirtækja, sem ríkissjóður á meiri hluta í, eftir sveitarfélögum í landinu?

Skriflegt svar óskast.

653. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Helgasyni.

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands.
2. XI. kafli, 41.–48. gr., falli brott.
3. Við 59. gr. Fyrri málsliður verði svohljóðandi: Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1993.

654. Breytingartillaga [13. mál]

við brtt. á þskj. 394 [Verðbréfaþing Íslands].

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

4. tölul. verði svohljóðandi:
8. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þingaðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Þingaðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands.
2. Verðbréfafyrirtæki, viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, svo og aðrir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti lögum samkvæmt.
3. Erlendir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi.

Þingaðilar einir hafa rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu.

655. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu.

656. Frumvarp til laga [372. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott orðin „falin eru“.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

1. Lögreglustjórum er heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota:

a. gegn lögum um ávana og fíkniefni,
b. gegn áfengislögum,
c. gegn tollalögum,
d. gegn lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
e. gegn lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun,
f. gegn 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot tengist umferðarlagabroti og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum en skipi og flugfari.

3. mgr. 28. gr. laganna verður 2. mgr. og á undan henni kemur: 2.

3. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. laganna fellur brott orðið „ákærandi“, en í stað þess kemur: sá sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknari.

4. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laganna falla brott orðin „hann hefur“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið falið.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Jafnframt gefur hann út, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en eftir þrjár vikur frá móttöku ákæru, fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing.

6. gr.

3. mgr. 120. gr. laganna orðast svo:

3. Við birtingu ákæru og fyrirkalls skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til þrjár efnisbreytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í fyrsta lagi er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að 28. gr. um ákæruvald lögreglustjóra verði breytt. Í öðru lagi er í 3. gr. lagt til að 85. gr. um aðild að kröfugerð um kyrrsetningu á eignum sakbornings verði breytt og í þriðja lagi er í 5. og 6. gr. lagt til að 120. gr. um útgáfu fyrirkalls og birtingu ákæru verði breytt. Aðrar breytingar eru orðalagsbreytingar til samræmis við framangreindar efnisbreytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að úr 2. mgr. 27. gr. laganna falli brott orðin „falin eru“. Þessi breyting er til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að ákæruvald lögreglustjóra skv. 28. gr. byggist á almennri ákvörðun ríkissaksóknara og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um þá grein.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála höfða lögreglustjórar opinber mál ef einungis er um að ræða brot:

a. gegn umferðarlögum,
b. gegn áfengislögum,
c. gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er ríkissaksóknara enn fremur heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald í minni háttar málum vegna brota gegn öðrum lögum en getur í 1. mgr.

Þann 24. apríl 1992 gaf ríkissaksóknari út almenn fyrirmæli til lögreglustjóra um ákæruvald skv. 2. mgr. 28. gr. Samkvæmt þeim fyrirmælum fól hann, með eftirfarandi hætti, lögreglustjórum ákæruvald til viðbótar því sem skilgreint er í 1. mgr.:

„I. Brotum gegn almennum hegningarlögum, nr. 19, 1940:
a. Í XII. kafla: Brotum gegn 113. gr. og 117. gr.
b. Í XIII. kafla: Brotum gegn 120. gr. og 127. gr.
c. Í XXIII. kafla: Brotum gegn 217. gr. þegar ætla má að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi. Enn fremur brotum gegn 215. gr. og 219. gr., tengdum umferðarlagabrotum, og þegar ætla má að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.
d. Í XXVII. kafla: Brotum gegn 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr. þegar ætla má að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.

II. Minni háttar brotum gegn eftirtöldum lögum þegar ætla má að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.
a. Brotum gegn lögum um ávana og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985.
b. Brotum gegn lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982.
c. Brotum gegn lögum um dýravernd, nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968 og lög nr. 75/1982.
d. Brotum gegn lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, sbr. lög nr. 75/1982.
e. Brotum gegn lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977.
f. Brotum gegn tollalögum, nr. 55/1987. (Tollyfirvöld ljúki minnstu málum, sbr. 2. mgr. 139. gr.)“

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. janúar 1993 í málinu nr. 437/1992: Ákæruvaldið gegn IÞM, var túlkað hvernig ríkissaksóknari mætti beita heimild 2. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála til að fela lögreglustjórum ákæruvald samkvæmt þeirri málsgrein. Í dómi Hæstaréttar segir:

„Í framangreindum c-lið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 sker refsirammi brota úr um það hvort lögreglustjórar fara með ákæruvald vegna þeirra. Í 2. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991, er einungis talað um „minni háttar mál“ án nánari skilgreiningar. Þar sem þannig háttar til er rétt að sama viðmiðun gildi um afmörkun þessara brota og fram kemur í c-lið 1. mgr. Er það í samræmi við lögin að öðru leyti.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á 28. gr. laga nr. 19/1991 með 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991, verður lögreglustjórum samkvæmt framansögðu ekki fengið ákæruvald vegna brota gegn almennum hegningarlögum liggi þyngri viðurlög við þeim en sektir, upptaka eigna eða varðhald. Ríkissaksóknara var því eigi heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á 217. gr. almennra hegningarlaga eins og hann gerði í áðurnefndu bréfi 22. (sic) apríl 1992.“

Þær meginbreytingar, sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins frá gildandi ákvæðum, eru:

A. Að umfang ákæruvalds lögreglustjóra byggist á almennri ákvörðun ríkissaksóknara, en skv. 1. mgr. 28. gr. fara lögreglustjórar með ákæruvald fyrir brot á þeim ákvæðum sem tilgreind eru í a–c-liðum 1. mgr. og auk þess getur ríkissaksóknari falið þeim ákæruvald í öðrum málum skv. 2. mgr.

B. Að almenn heimild ríkissaksóknara til að fela lögreglustjórum ákæruvald er rýmkuð þannig að í stað þess að heimildin miðist við að brot varði sektum, upptöku eigna eða varðhaldi verði miðað við að brot varði sektum, upptöku eigna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

C. Að auk brota þar sem refsimörk falla undir almenna viðmiðun í B-lið hér að framan verði ríkissaksóknara heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á lög-

um um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum, lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun og 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot á þeirri grein tengist jafnframt umferðarlagabrotum og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum, en þó ekki til nytjastuldar á skipi eða flugfari.

Ákvæði 28. gr. laga um meðferð opinberra mála um ákæruvald lögreglustjóra voru nýmæli og í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 19/1991 var ákvæðið mótað á þann veg að ákæruvald lögreglustjóra var afmarkað við tilteknar tegundir minni háttar brota. Af hálfu réttarfarsnefndar var þetta gert með því hugarfari að á síðari stigum gæti komið til athugunar að færa út ákæruvald lögreglustjóra þegar reynsla hefði fengist af þessum nýmælum.

Þegar gildistaka laganna var undirbúin í dómsmálaráðuneytinu kom í ljós að ef ákvæði 28. gr. stæðu óbreytt eins og greinin var samþykkt með lögum 19/1991 mundi það þýða að embætti ríkissaksóknara fengi umtalsverðan fjölda af minni háttar málum til meðferðar sem ekki væri unnt að afgreiða með öðrum hætti en útgáfu ákæru af hálfu embættis ríkissaksóknara og síðan dómstólameðferð. Í flestum tilvikum væri hér um að ræða mál sem samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála voru afgreidd með dómsátt, oft án afskipta embættis ríkissaksóknara.

Mörg þessara mála eru veigaminni en lögreglustjórum var falið ákæruvald um skv. 28. gr. Því hlutaðist ráðuneytið til um þær breytingar á greininni sem samþykktar voru með 2. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991. Í þessu sambandi var jafnframt haft í huga að skilyrði þess að unnt væri að ljúka máli án dómstólameðferðar skv. 2. mgr. 115. gr. er að lögreglustjóri hafi ákæruvald um það skv. 28. gr.

Tilgangurinn með þeirri breytingu, sem nú er lögð til á greininni, er að tryggja það skipulag sem komið var á af hálfu ríkissaksóknara um ákæruvald lögreglustjóra og að var stefnt með áðurgreindri breytingu á 28. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga að heimildir lögreglustjóra til að ljúka máli án dómsmeðferðar skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála gilda um brot sem þeir hafa ákæruvald um skv. 28. gr. laganna. Í flestum tilvikum er hér um að ræða stóra málaflokka þar sem mikið er um smávægileg brot sem til þess eru fallin að hljóta afgreiðslu skv. 2. mgr. 115. gr. Vinnuálag hjá ákæruvaldi og dómstólum mun aukast mjög ef þessi mál eiga öll að fá dómstólameðferð.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. laganna getur ákærandi krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Með úrskurði, sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur 17. september 1992, var orðið „ákærandi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna túlkað á þann veg að það eigi því aðeins við um lögreglustjóra að hann fari með ákæruvald í þeim brotaflokki sem viðkomandi brot heyrir til. Þetta þýðir að lögreglustjórar geta ekki krafist kyrrsetningar samkvæmt ákvæðum greinarinnar nema það brot, sem til rannsóknar er, heyri jafnframt undir ákæruvald þeirra.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að aðild að kröfugerð um kyrrsetningu verði breytt á þann veg að í stað ákæranda geti sá sem rannsókn stýrir eða ríkissaksóknari gert kröfu um kyrrsetningu ef nauðsyn þykir bera til. Líklegast er að á þetta ákvæði reyni í upphafi rannsóknar á brotum sem almennt heyra undir ákæruvald ríkissaksóknara. Nauð-

synlegt getur verið að slík tryggingarráðstöfun sé gerð strax og að það kunni að spilla fyrir því að hún nái fram að ganga ef leita þurfi atbeina ríkissaksóknara í hverju einstöku máli. Því er lagt til að aðild að kröfugerð um kyrrsetningu samkvæmt ákvæðum 85. gr. verði sú sama og um aðgerðir sem að lögum þarf til atbeina dómara meðan á rannsókn stendur skv. 1. mgr. 74. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að orðalagi í upphafi 2. mgr. 115. gr. verði breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að ákæruvald lögreglustjóra skv. 28. gr. byggist á almennri ákvörðun ríkissaksóknara og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um þá grein.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. 120. gr. skal birting ákæru og fyrirkalls hafa farið fram innan fjögurra vikna frá útgáfudegi ákæru nema sérstakar ástæður hamli birtingu. Þessu ákvæði var bætt í upphaflegt frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, í meðförum Alþingis á 113. löggjafarþingi. Í 10. tölul. 4. mgr. nefndarálits allsherjarnefndar efri deildar, þskj. 686, segir að fjögurra vikna frestur verði fyrir dómara til að birta ákæru og fyrirkall eftir að ákæra hafi verið gefin út og að þetta sé gert til að stuðla að hraðari málsmeðferð opinberra mála, en stundum hafi dregist úr hömlu að birta ákæru sem gefin hafi verið út.

Komið hefur fyrir að ógerlegt hefur verið fyrir dómara að gefa út fyrirkall það tímanlega að birting ákæru og fyrirkalls væri framkvæmanleg innan tímamarka 1. málsl. 3. mgr. 120. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að í stað 1. málsl. 3. mgr. 120. gr. verði bætt við 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar ákvæði um að dómari skuli eigi síðar en eftir þrjár vikur frá móttöku ákæru gefa út fyrirkall á hendur ákærða. Þessi breyting á að tryggja þau markmið sem að er stefnt með 1. málsl. 3. mgr. greinarinnar, þ.e. að meðferð opinberra mála sé strax sett í ákveðinn farveg og þannig stuðlað að hraðari málsmeðferð. Birting ákæru og fyrirkalls á samt sem áður ekki að tefjast því að skv. 2. mgr. 120. gr. á dómari eftir útgáfu fyrirkalls að senda það ásamt ákæru til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem ákærði hefst við, en lögreglustjórinn á að annast birtingu með þeim fyrirvara sem dómari hefur ákveðið í fyrirkalli.

Um 6. gr.

Með vísun til þeirrar efnisbreytingar, sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins, er í þessari grein lögð til sú breyting á 3. mgr. 120. gr. að 1. málsl. hennar falli brott og vegna þeirrar breytingar er lögð til sú breyting á upphafi 2. málsl. að við birtingu ákæru og fyrirkalls skuli ákærði spurður um hvort hann óski eftir verjanda o.s.frv.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

657. Fyrirspurn [373. mál]

til landbúnaðarráðherra um aukinn þátt bænda í landgræðslu og skógræktarstarfi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur þátttaka bænda í landgræðslu og skógræktarstarfi verið aukin í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. mars 1991?
2. Ef svo er, hvaða verkefni hafa verið færð frá ríkisstofnunum til bænda á þessum tíma?
3. Hve margir bændur hafa þessi verkefni með höndum og hversu háum fjárhæðum hefur verið varið til verkefnanna af hálfu ríkisins?
4. Hversu mörg verkefni, unnin af ríkisstofnunum, hafa verið færð til garðyrkjubænda frá samþykkt þingsályktunarinnar?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að plöntuframleiðsla og sala Skógræktar ríkisins flytjist til garðyrkjubænda og annarra bænda? Ef svo er, með hvaða hætti verður staðið að slíkri framkvæmd?
6. Áformar ráðherra að flytja önnur verkefni, unnin af ríkisstofnunum, til bænda? Ef svo er, hvaða verkefni eru það þá?
7. Hver voru framlög 1992 til Landgræðslu og skógræktarverkefna í tengslum við búvörusamning?
8. Til hvaða verkefna fóru þau og hverjir unnu þau verkefni?

Skriflegt svar óskast.

658. Frumvarp til laga [374. mál]

um samfélagsþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Hafi maður verið dæmdur í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta dóminn þannig að í stað refsivistar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 60 klukkustundir og mest 180 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en þrír mánuðir.

2. gr.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.

2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin skal fara fram athugun á persónulegum högum dómþola og skal rökstuddu áliti á því, hvort dómþoli sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina, skilað til samfélagsþjónustunefndar.

3. gr.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal tiltaka hversu margar klukkustundir dómþoli skuli vinna við samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við ákvörðun um fjölda klukkustunda. 60 klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildir eins mánaðar refsivist.

Jafnframt skal ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal yfirlýsing dómþola fengin um það að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og hverju það varði ef skilyrðin eru rofin.

4. gr.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki brotlegur á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, samfélagsþjónustunefnd, til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu. Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skal eiga sæti í nefndinni. Annar hinna nefndarmannanna tveggja skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Þegar samfélagsþjónusta er ákveðin skal nefndin einnig tiltaka:

1. Klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
2. Hvar, hvernig og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta verði innt af hendi.

Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

6. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur á móti umsóknum um samfélagsþjónustu. Í samráði við formann samfélagsþjónustunefndar sér stofnunin einnig um:

1. Að afla upplýsinga um persónulega hagi dómþola, sbr. 2. mgr. 2. gr., sé umsókn ekki þegar hafnað.
2. Að undirbúa mál til meðferðar hjá nefndinni.
3. Að annast ritun fundargerða og sjá um annað skrifstofuhald fyrir nefndina.

Fangelsismálastofnun ríkisins sér um framkvæmd samfélagsþjónustu þegar hún er ákveðin.

7. gr.

Samfélagsþjónustunefnd skal þegar hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 2. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

8. gr.

Fremji dómþoli nýtt brot eftir að samfélagsþjónusta er ákveðin og rannsókn út af því hefst fyrir lok þess tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi ákveður dómstóll, sem fjallar um málið, refsingu í einu lagi fyrir það brot sem nú er dæmt um samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim tímafjölda samfélagsþjónustu sem eigi hefur verið innt af hendi þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi dómþoli skilyrði fyrir samfélagsþjónustu, sbr. 4. gr., leggur Fangelsismálastofnun ríkisins upplýsingar um það fyrir samfélagsþjónustunefnd sem ákveður hvort skilyrðum skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða dómur um refsivist komi til afplánunar.

Komi refsivist til afplánunar ákveður samfélagsþjónustunefnd lengd refsivistar, að teknu tilliti til þess tíma sem dómþoli hefur varið til samfélagsþjónustu.

Ákvörðun um viðbrögð við broti á skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu skal vera skrifleg og rökstudd og hún skal birt dómþola með sannanlegum hætti.

Þegar samfélagsþjónustunefnd ákveður að refsivist skuli koma til framkvæmda skal dómþoli þegar hefja afplánun.

Ákvarðanir samfélagsþjónustunefndar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

9. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um samfélagsþjónustu, framkvæmd hennar og starfshætti nefndar skv. 5. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994 og gilda til 31. desember 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1944 skal dómsmálaráðherra þegar skipa samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. sem starfar fram til 1. júlí 1994 að undirbúningi að gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis og þetta hefur áður verið lagt fram á Alþingi á 113. og 115. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það frumvarp hefur nú verið endursamið af nefnd sem Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra skipaði í október sl. til þess að fara yfir umsagnir sem um frumvarpið hefðu borist og kanna hvort gera þyrfti á því breytingar áður en það

yrði lagt fram að nýju. Í nefndinni áttu sæti Ari Edwald, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Haraldur Johannessen, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, og Margrét Frímannsdóttir alþingismaður.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi, þannig að dóma um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist megi að uppfylltum ströngum skilyrðum, þegar almannahagsmunir mæla ekki gegn því, fullnusta með ólaunaðri vinnu í þágu samfélagsins. Um forsendur samfélagsþjónustu vísast nánar m.a. til athugasemda um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Að um tilraun er að ræða kemur fram með þeim hætti að lögunum er ætlað að gilda í tilgreindan tíma. Er gildistíminn styttur um eitt ár frá því sem ráðgert var í fyrra frumvarpi og lagt til að hann verði tvö og hálft ár frá 1. júlí 1994 að telja. Hins vegar hefur nú verið horfið að því ráði að flytja frumvarp til sjálfstæðra laga um samfélagsþjónustu, en ekki frumvarp að viðauka við almenn hegningarlög eins og áður. Þykir þetta einfaldara. Ef ákveðið verður að marka samfélagsþjónustu varanlegan sess hér á landi kemur hins vegar vel til álita að fella ákvæði um samfélagsþjónustu inn í almenn hegningarlög.

Það meginatriði eldra frumvarpsins að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé stjórnsýsluákvörðun um tilhögun fullnustu er óbreytt í þessu frumvarpi og reyndar undirstrikað með breyttri framsetningu. Er nú t.d. ekki talað um að „breyta refsivistinni“ þannig við fullnustu að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, heldur er lögð áhersla á það að samfélagsþjónusta sé, eins og hún er hugsuð í frumvarpinu, eitt af þeim úrræðum sem stjórnvöld hafi við fullnustu dóms um refsivist. Má benda á mörg dæmi þess að stjórnvöld geti nú, án þess að samfélagsþjónusta komi til, ákveðið að fullnusta refsivistardóma fari fram utan fangelsis að meira eða minna leyti.

Með því að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé fullnustuákvörðun á vegum stjórnvalda má reikna með að kostnaður við framkvæmd verði mun lægri en ef sú leið væri farin að leggja ákvörðun á dómstóla í hverju einstöku falli. Eins er mikilvægt, ef vel á að takast til, að hafa góða stjórn á þessari tilraun svo að unnt verði að byggja upp, þróa og laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi. Ekkert er því til fyrirstöðu að þessum málum verði skipað á annan veg í lok tilraunatímabilsins ef ákveðið verður að samfélagsþjónusta verði varanlegur hluti af viðurlagakerfinu. Víðast mun dómstólaleið farin erlendis, en yfirlit um stöðu samfélagsþjónustu í viðurlagakerfinu hér og í nálægum löndum, sem var hluti af greinargerð með eldra frumvarpinu, er birt sem fskj. I með frumvarpinu.

Þar sem um nýmæli er að ræða er gert ráð fyrir að fara mjög hægt í sakirnar í þeirri tilraun sem hér er lögð til. Varðar þar mestu að lagt er til að samfélagsþjónustu verði aðeins beitt varðandi fullnustu á dómum um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist og er það veruleg breyting þar sem í eldra frumvarpinu var gert ráð fyrir að þetta fullnustuúrræði gæti átt við vegna dóma um allt að tíu mánaða óskilorðsbundna refsivist. Þess skal getið að á árinu 1991 voru 64% allra refsidóma með þriggja mánaða refsitíma eða skemmri, sbr. fskj. II með frumvarpinu.

Af öðrum breytingum frá eldra frumvarpinu má nefna að það er fastákveðið í 3. gr. frumvarpsins að 60 klst. samfélagsþjónusta samsvari eins mánaðar refsivist en í eldra frumvarpinu sagði að að jafnaði skyldi miða við 20 klst. Þá er nú kveðið skýrar á um skipan samfélagsþjónustunefndar en áður. Kveður 5. gr. frumvarpsins nú á um það að forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins skuli eiga sæti í nefndinni, enda gert ráð fyrir að sú stofnun hafi alla framkvæmd á hendi og auk þess skal annar hinna nefndarmannanna tveggja uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Í 8. gr. frum-

varpsins er nú gert ráð fyrir því að samfélagsþjónustunefnd taki sjálf ákvörðun um hvort skilyrðum samfélagsþjónustu skuli breytt eða hvort refsivist komi til framkvæmda í tilefni af broti á skilyrðum. Áður var gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun tæki slíkar ákvarðanir og að þær sættu kæru til nefndarinnar. Loks er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að dómsmálaráðherra skipi samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. þegar við lögfestingu frumvarpsins sem hafi það hlutverk fram til 1. júlí 1994 að undirbúa gildistöku laganna.

Í nágrannalöndunum er talið að samfélagsþjónusta geti komið í stað 5–7% óskilorðsbundinna refsivistardóma vegna hegningarlagabrota. Ef þetta hlutfall á við hér á landi þýðir það að samfélagsþjónusta geti, þegar reynsla er fengin, komið í stað 15–20 refsivistardóma. Ef gert er ráð fyrir að um 80% þeirra sem fá samfélagsþjónustu haldi skilyrði hennar og með hliðsjón af gildandi framkvæmd varðandi reynslulausn má gera ráð fyrir að þessir dómþolar tækju allt að fimm fangarými á ári. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að samfélagsþjónusta lækki kostnað við rekstur fangelsa svo að neinu nemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að fullnusta allt að þriggja mánaða óskilorðsbundinn refsivistardóm þannig að í stað refsivistarinnar komi ólaunuð samfélagsþjónusta frá 60 klst. og allt að 180 klst.

Forsenda þess að samfélagsþjónusta sé heimil er að almannahagsmunir mæli ekki gegn því. Ein af grundvallarforsendum viðurlagakerfisins er að refsingar hafi almenn og einstaklingsbundin varnaðaráhrif í för með sér. Þegar dæmd er óskilorðsbundin refsivist eru ekki alltaf skýr mörk á milli þess hvort við val á viðurlögum er byggt á því að þau hafi almenn eða einstaklingsbundin varnaðaráhrif. Meiri hluti fanga afplánar dóma vegna auðgunarbrota og skjalafals. Fyrir þessi brot er yfirleitt fyrst beitt skilorðsbundnum refsingum, en ef þau úrræði duga ekki kemur til óskilorðsbundinnar refsivistar. Í þessum tilvikum má telja að forsendur viðurlaga byggist m.a. á einstaklingsbundnum varnaðaráhrifum. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur verið lögð áhersla á einstaklingsbundin varnaðaráhrif þessa úrræðis og að beiting þess verði ekki til þess að almenn varnaðaráhrif refsinga minnki. Í frumvarpi þessu er reynt að ná þessum markmiðum með ákvæði um að samfélagsþjónustu verði því aðeins beitt að almannahagsmunir mæli ekki gegn því.

Það kemur alloft fyrir að sami dómþoli sé dæmdur til óskilorðsbundinnar refsivistar samkvæmt fleiri en einum dómi og að þeir séu samtímis til fullnustu. Oft er þar um hegningarauka að ræða. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að beita samfélagsþjónustu í slíkum tilvikum ef samanlögð refsivist fer ekki fram úr þremur mánuðum. Samfélagsþjónusta mundi hins vegar ekki koma til þegar um blandaða dóma er að ræða, þ.e. þegar skilorðsbundin refsing er hluti af tildæmdri refsingu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dómþoli sæki um það skriflega til Fangelsismálastofnunar ríkisins að refsidómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og að það verði gert eigi síðar en hálfum mánuði áður en að hann átti upphaflega að mæta til að hefja afplánun refsivistar. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður mæla með því. Eru hér höfð í huga þau til-

vik þegar líklegt er að fallist verði á beiðni dómþola, en af óviðráðanlegum ástæðum hefur beiðni ekki borist innan almenna frestsins.

Í öðru lagi er það skilyrði sett að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Með samfélagsþjónustu er verið að reyna úrræði gagnvart dómþola er hafi þau áhrif að hann víki af afbrotabraut. Ef fyrir liggur að fleiri mál séu til meðferðar á hendur honum verður að telja að samfélagsþjónusta þjóni ekki tilgangi sínum.

Í þriðja lagi er það skilyrði sett að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Með þessu er átt við að á grundvelli persónuskýrslu, sem skv. 2. mgr. greinarinnar á að taka af dómþola, verði talið líklegt að hann geti staðið við skilyrði samfélagsþjónustu og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot.

Eins og áður er fram komið er með samfélagsþjónustu átt við ólaunaða vinnu í frítíma dómþola og almennt er gert ráð fyrir að hann sinni jafnframt vinnu eða námi. Það eitt að dómþoli sé á þeim tíma, þegar fjallað er um beiðni hans, atvinnulaus á ekki að koma í veg fyrir að hann teljist hæfur til samfélagsþjónustu, enda sé líklegt að hann fái vinnu í náinni framtíð eða séu tryggð önnur kjör er nægi honum til lífsviðurværis.

Margir dómþolar eiga við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða. Í slíkum tilfellum verður að meta hvort þessi vandamál dómþola séu þess eðlis að hann geti ekki innt samfélagsþjónustu af hendi.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber að ákveða í hverju tilfelli, þegar samfélagsþjónusta er ákveðin, hversu margar klukkustundir dómþoli á að vinna. Ber að miða við að fyrir hvern dæmdan refsivistarmánuð komi 60 klst. vinna við samfélagsþjónustu. Samkvæmt greininni skal taka tillit til gæsluvarðhalds við slíka ákvörðun.

Samkvæmt 2. mgr. á jafnframt að ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi. Gert er ráð fyrir að sá tími verði aldrei skemmri en tveir mánuðir. Ekki er talið að uppeldisleg markmið með samfélagsþjónustu náist ef vinnuskyldan er innt af hendi á skemmri tíma. Þótt ekki séu um það sérstök ákvæði í greininni er almennt gert ráð fyrir að vinnuskyldunni sé dreift jafnt á það tímabil sem inna skal vinnuskylduna af hendi.

Samkvæmt 3. mgr. er það skilyrði sett að dómþoli samþykki að hlíta skilyrðum um samfélagsþjónustu. Það er nauðsynlegt vegna ákvæða í 4. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um nauðungarvinnu og veitir auk þess meiri líkur fyrir því en ella að dómþoli haldi skilyrðin. Þá er í greininni gert ráð fyrir að dómþola sé afhent skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og í því skírteini komi fram hverju það varði ef skilyrðin eru ekki haldin.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvaða skilyrðum samfélagsþjónusta skuli bundin. Samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. eru það lögbundin skilyrði að dómþoli gerist ekki brotlegur á reynslutímanum og að hann sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að setja til viðbótar þau skilyrði, nokkur eða öll, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd, samfélagsþjónustunefnd, er dómsmálaráðherra skipar, taki ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu og að ákvarðanir nefndarinnar verði endanlegar. Þá er í greininni gert ráð fyrir að nefndin ákveði á hversu löngum tíma vinnuskyldan skuli innt af hendi, klukkustundafjölda samfélagsþjónustu og hvar og hvernig samfélagsþjónusta verði innt af hendi. Með þessu er átt við að nefndin ákveði vinnustað í hverju tilviki, hvernig vinnuskyldunni verði dreift á tímann sem samfélagsþjónusta skal innt af hendi á og á hvaða dögum og tíma dags vinnan skuli innt af hendi.

Með hliðsjón af því hlutverki, sem Fangelsismálastofnun ríkisins er ætlað í framkvæmd samfélagsþjónustu, þykir eðlilegt að forstjóri stofnunarinnar eigi sæti í samfélagsþjónustunefnd. Enn fremur þykir heppilegt að gera þær ströngu hæfiskröfur til a.m.k. annars hinna nefndarmannanna tveggja að hann uppfylli hæfisskilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er Fangelsismálastofnun ríkisins, að höfðu samráði við formann samfélagsþjónustunefndar, falið að undirbúa málsmeðferð hjá nefndinni, þar með talið að afla persónuskýrslu af dómþola og annast skrifstofuhald fyrir nefndina. Þá er Fangelsismálastofnun í 2. mgr. falið að annast framkvæmd samfélagsþjónustu þegar hún hefur verið ákveðin.

Um 7. gr.

Samkvæmt 1. mgr. á samfélagsþjónustunefnd þegar að hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef dómþoli uppfyllir ekki skilyrði 1.–2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Þó er hægt að víkja frá tímafrestinum í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. í undantekningartilvikum.

Samkvæmt 2. mgr. ber að fresta fullnustu refsivistar ef umsókn um samfélagsþjónustu er tekin til efnislegrar meðferðar. Þennan frest má upphefja ef dómþoli fremur á þeim tíma refsiverðan verknað.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvernig með eigi að fara er dómþoli rýfur skilorð samfélagsþjónustu. Ákvæði greinarinnar eru sambærileg við ákvæði 42. gr. almennra hegningarlaga um það þegar skilorð reynslulausnar eru rofin.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik er dómþoli fremur nýtt brot á reynslutímanum. Gert er ráð fyrir að dómstóll dæmi þá upp eftirstöðvar samfélagsþjónustu, ásamt viðurlögum við hinu nýja broti, samkvæmt almennum reglum um rof skilyrða í skilorðsdómi. Í slíkum tilvikum verður að afla upplýsinga um hve mikinn hluta samfélagsþjónustunnar dómþoli hefur ekki innt af hendi og eftirstöðvarnar verða síðan virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Samkvæmt 2. mgr. getur samfélagsþjónustunefnd sjálf fjallað um hvort eitthvert skilyrða 4. gr. hafi verið brotið. Fangelsismálastofnun ríkisins leggur upplýsingar um það fyrir nefndina, en hún ákveður hvort skilyrðum skuli breytt, það tímabil, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi á, skuli lengt eða hvort refsivist skuli koma til afplánunar. Samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir að öll frávik frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu verði talin brot á skilyrðum. Vegna minni háttar frávika getur nefndin fyrst beitt áminningu. Þegar dómþoli hefur afplánun ber að taka tillit til þess við ákvörðun eft-

irstöðva hversu mikinn hluta samfélagsþjónustunnar hann hefur innt af hendi.

Brýnt er talið að tekið verði á öllum frávikum frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu bæði fljótt og af festu. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið reynd hefur verið lögð áhersla á þetta þar sem uppeldisleg markmið með henni náist ekki með öðrum hætti.

Þegar samfélagsþjónustunefnd tekur ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum skal slík ákvörðun skv. 4. mgr. vera skrifleg og birt dómþola með sannanlegum hætti.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 1994 og gildi til 31. desember 1996. Af þessu leiðir að tilraunin með samfélagsþjónustu á grundvelli ákvæða frumvarpsins vari í tvö og hálft ár. Miðað við reynslu erlendis er óvarlegt að ætla að marktæk reynsla fáist á skemmri tíma.

Við það er miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1994. Verði frumvarpið samþykkt þarf að undirbúa framkvæmd laganna og er óvarlegt að ætla að það taki skemmri tíma en eitt ár.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Heppilegt þykir að ákveðinn hópur fái það verkefni að undirbúa framkvæmd laganna og þykir fara best á því að það sé það fólk sem eftir gildistöku laganna starfar að framkvæmd þeirra. Því er lagt til að nefnd skv. 5. gr. sé skipuð strax og hún vinni að undirbúningi fram til 1. júlí 1994.

Fskj. I, sem birt er í lausaskjalinu, er hluti af greinargerð með eldra frumvarpi sama efnis [Almenn hegningarlög (samfélagsþjónusta), 59. mál, þskj. 60] sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Um samhljóða texta vísast til þskj. 60 bls. 794–801 í A-deild Alþt. 1991–92.

Fylgiskjal II.

FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA DÓMA, SEM BERAST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1985-1992

	1985:		1986:		1987:		1988:		1989:		1990:		1991:		1992:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
30 dagar og styttra:	78	22.4	84	23.3	91	25.0	86	23.7	96	25.4	62	18.1	103	24.7	75	23.6
Yfir 30 dagar t.o.m. 3 mánuðir:	153	44.0	151	41.8	156	42.9	153	42.2	150	39.7	142	41.4	164	39.3	124	39.1
Yfir 3 mánuðir t.o.m. 6 mánuðir:	74	21.3	61	16.9	66	18.1	61	16.8	75	19.8	80	23.3	91	28.8	59	18.6
Yfir 6 mánuðir t.o.m. 12 mánuðir:	31	8.9	47	13.0	33	9.1	40	11.0	32	8.5	33	9.6	43	10.3	37	11.7
Yfir 12 mánuðir t.o.m. 36 mánuðir:	10	2.9	15	4.2	16	4.4	19	5.2	19	5.6	11	2.7	–	–	17	5.4
Yfir 36 mánuðir:	2	0.5	3	0.8	2	0.5	4	1.1	6	1.6	7	2.0	5	1.2	5	1.6
Heildarrefsitími:	110 ár og 11 mán.		147 ár		127 ár og 3 mán.		149 ár og 8 mán.		175 ár og 2 mán.		164 ár og 10 mán.		169 ár og 3 mán.		–	
Fjöldi dóma:	348		361		364		363		378		343		417		317	

659. Frumvarp til laga [375. mál]

um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Um greftrun líka og líkbrennslu.

1. gr.

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr., eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 7. gr.

2. gr.

Skylt er að virða ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna.

Nú var maður ósjálfráða er hann féll frá og tekur þá lögráðamaður (lögráðamenn) hans ákvörðun um þetta efni.

Nú er ekki vitað um vilja látins manns sem sjálfráða var og ákveða þá eftirlifandi maki (sambúðaraðili) og niðjar (kjörniðjar) hins látna hvort lík skuli greftrað eða brennt. Ef þau eru sammála um að lík skuli brennt skal þann hátt á hafa.

Nú er þeim vandamönnum eigi til að dreifa er greinir í 3. mgr. og taka foreldrar og systkin hins látna ákvarðanir í þessu efni og fer um það skv. 3. mgr. Ella er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra er nákomnastir eru hinum látna. Skal í því sambandi til þess litið hjá hverjum hinn látni hefur dvalist og hver sjái um útförina.

Ef eigi er vitað um afstöðu hins látna, sbr. 1. mgr., né þeirra er greinir í 3. og 4. mgr. má líkbrennsla fara fram, enda verði útförin gerð á stað þar sem aðstaða er til líkbrennslu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema lögmætt dánarvottorð liggi fyrir og vottorð sýslumanns eða umboðsmanns hans um tilkynningu um látið, sbr. skiptalög. Gæta skal og ákvörðunar um líkskoðun eða krufningu líka samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og enn fremur laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Áður en líkbrennsla fer fram þarf enn fremur að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Þeim er sér um framkvæmd líkbrennslu ber að afla vottorðs þessa.

4. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn sem hann andaðist eða var síðast heimilisfastur eða þar sem vandamenn hans, sbr. 2. gr., óska legs fyrir hann.

II. KAFLI
Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra, svo og líkbrennslustofnanir.

5. gr.

Með kirkjugörðum í lögum þessum er átt við afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög.

Kirkjugarða þjóðkirkjunnar skal prestur vígja. Heimilt er að afmarka óvígðan reit innan kirkjugarðssvæðis ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir.

Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki sem frá stafar hávaði eða ys í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið löggildir.

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Nöfn þeirra sem duft er varðveitt af í kirkjugarði skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 27. gr.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit.

III. KAFLI
Stjórn, starfslið og yfirumsjón kirkjugarða.

8. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófasts (í Reykjavík prófasta) og biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi, sbr. 9. gr., hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Er hún hér eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

9. gr.

Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn, svo og varamann með sama hætti. Utan þjóðkirkjusöfnuðir með a.m.k. 2.000 gjaldskylda meðlimi kjósa einn mann úr sínum hópi og annan til vara í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma. Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn eða tilnefnir ella varamann í sinn stað. Prófastar Reykjavíkurprófastsdæma sitja fundi til skiptis sitt árið hvor og eru varamenn hvor fyrir annan.

Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til kirkjugarða tekur.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð, svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur.

Kirkjugarðsstjórn sér um að láta taka allar grafir í garðinum, sér um árlegt viðhald legstaða og ber kostnað af prestsþjónustu vegna útfara.

11. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma, báðir til fjögurra ára í senn. Varamenn þessara tveggja manna skulu kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Biskup er formaður nefndarinnar. Ef atkvæði verða jöfn í skipulagsnefnd ræður atkvæði formanns.

Skipulagsnefnd ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf skipulagsnefndar kirkjugarða, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

IV. KAFLI
Um skyldur sveitarfélaga vegna kirkjugarða, svo og um eignarnám vegna kirkjugarða.

12. gr.

Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.

Þar sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins.

13. gr.

Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri, ef því er að skipta. Vegur þessi skal vera af sömu gerð og tíðkast í sveitarfélaginu og með sams konar lýsingu þar sem því verður við komið. Enn fremur leggur sveitarfélagið til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum.

14. gr.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaðinum, sbr. 12. og 13. gr., niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eða hluta þeirra eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka er getur í 2. mgr. 12. gr. svo og 13. gr., að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því er hann er felldur.

15. gr.

Heimilt er með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að taka eignarnámi hentugt land undir kirkjugarð.

V. KAFLI
Ákvarðanir um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs.

16. gr.

Lögmætur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, en í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn.

Nú er þetta vanrækt og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit prófasts (prófasta) um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Gögn þessi ber síðan að senda ásamt uppdrætti af fyrirhuguðum kirkjugarði eða stækkun hans til skipulagsnefndar kirkjugarða til úrlausnar, en ákvörðun hennar má skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er úrskurðar málið til fullnaðar.

VI. KAFLI
Uppdrættir af kirkjugörðum og framkvæmdir við þá.

17. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim sem í notkun eru og hinum sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa skal markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur framkvæmdastjóri kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

18. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir traustri girðingu með vönduðu sáluhliði. Þegar girða þarf kirkjugarð skal leita um það tillagna skipulagsnefndar sveitarfélagsins og skipulagsnefndar kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða safnaðarfundir, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar, en kirkjugarðsstjórn í Reykjavíkurprófastsdæmum. Náist eigi samkomulag um girðingu við framkvæmdastjóra kirkjugarða ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta leggja brautir og gangstíga í kirkjugörðum samkvæmt staðfestum uppdrætti, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlast, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum endurgjaldslaust leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa er vel hæfa kirkjugörðum.

20. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af skipulagsnefnd kirkjugarða og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur.

Skylt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.

VII. KAFLI
Um grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrá o.fl.

21. gr.

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið leitar umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um umsóknir um slík leyfi.

Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

22. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um að greftri sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar. Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

23. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað að tvígrafið sé í sömu gröf ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess er grafa á og fyrir liggur samþykki vandamanna þess er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá sem gröf lætur taka er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að ákveða að í tilteknum hluta kirkjugarðs, þar sem jarðvegsdýpt leyfir, skuli grafa í tveimur dýptum.

24. gr.

Beinum, sem upp kunna að koma þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný. Sé bálstofa fyrir hendi er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf, sbr. 7. gr.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að úthluta allt að þremur grafarstæðum til sömu fjölskyldu, enda sé eftir því leitað við greftrun þess er fyrst fellur frá. Réttur til grafarstæðanna helst í 50 ár.

26. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði er kirkjugarðsstjórn heimilt að láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá vandamönnum viðvart áður ef kostur er og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmum við prófasta. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum þar sem best þykir á fara að dómi prófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum sem eru eldri en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er heimilt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber hlutaðeigandi kirkjugarði að greiða.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, kennitölu og stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, sbr. þó 3. mgr., og enn fremur nöfn þeirra sem fyrir eru greftraðir í garðinum ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur að kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra sem standa í skránni.

Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í tveimur eintökum og geymist annað hjá sóknarpresti og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmum og öðrum prófastsdæmum, ef þurfa þykir, skal afhenda skrána borgarlækni (héraðslækni), manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða og Blóðbankanum í Reykjavík mánaðarlega.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kirkjugarðsstjórn að höfðu samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða heimilt að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Að öðru leyti fer um slíkar greftranir svo sem í 1. mgr. getur.

28. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá, sbr. 3. mgr. 27. gr. Sá sem setja vill minnismerki á leiði skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar sem ber að sjá um að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

29. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þess er óskað. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði ef þar eru smekkleg minnismerki að mati hennar og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

30. gr.

Legstaðasjóðir, sbr. 20. gr. laga nr. 21/1963, verða eigi stofnaðir eftir gildistöku laga þessara.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald legstaðasjóða þeirra, sem myndaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, undir yfirstjórn prófasts. Hún ávaxtar sjóðina í Kirkjugarðasjóði eða með öðrum þeim hætti sem henni þykir best henta.

Nú er friðunartími legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi prófasts (prófasta) og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

VIII. KAFLI
Ákvarðanir um að hætt skuli að grafa í kirkjugarði og um niðurlagningu kirkjugarðs.

31. gr.

Ákvörðun um að hætta skuli að grafa í kirkjugarði skal gerð á lögmætum safnaðarfundi eða safnaðarfundum, í Reykjavíkurprófastsdæmum í kirkjugarðsstjórn, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar eru friðhelgir og skulu taldir til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Heimilt er að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og að hirða hann sómasamlega.

Skipulagsnefnd kirkjugarða gerir tillögur í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélags og sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) hvernig með kirkjugarð skuli fara sem hætt er að greftra í.

32. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a.m.k. frá greftrun í kirkjugarði og getur þá löglegur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfestir. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það að þar hafi kirkjugarður verið.

33. gr.

Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burtu þaðan.

34. gr.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörslu getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað, sbr. 26. gr.

35. gr.

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

36. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

IX. KAFLI
Kirkjugarðsgjöld.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum, sbr. 30. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

38. gr.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega reiknaðar af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Tekjur kirkjugarða samkvæmt þessari málsgrein og 39. gr. nefnast einu nafni kirkjugarðsgjöld.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós að tekjur kirkjugarðs skv. 1. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af aðstöðugjöldum en í 1. mgr. segir.

Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum og er þeim heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Þeim ber að skila gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Heimilt er þó að greiða gjaldið sjaldnar til fámennari safnaða eftir samkomulagi.

Kirkjugarðsgjöld reiknuð af aðstöðugjöldum eru lögtakskræf.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1993 skal gjaldið vera 174,9 kr. á einstakling á mánuði, að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1991 og 1992.
2. Á árinu 1994 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppígreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert, á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

Hver kirkjugarður á rétt á gjaldi skv. 1. mgr. fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins gjaldárs og býr á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins miðað við 1. desember næst á undan gjaldári. Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins.

Gjald vegna manna, sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist til Kirkjugarðasjóðs, sbr. X. kafla.

X. KAFLI
Kirkjugarðasjóður.

40. gr.

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 21/1963, 27. gr., skulu renna 8% af kirkjugarðsgjöldum.

Ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnir geta ávaxtað í sjóðnum það fé kirkjugarða sem er umfram árlegar þarfir með almennum innlánskjörum lánastofnana.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn kjörnir til fjögurra ára í senn af kirkjuráði, þar af einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Kirkjuráð ákveður hver vera skuli formaður og varaformaður stjórnarinnar.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

41. gr.

Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Úr sjóðnum má veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús.

Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa af fólki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar hans.

XI. KAFLI
Heimagrafreitir.

42. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður ef óðalið gengur úr ættinni.

43. gr.

Nú hefur eigi verið greftrað í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum skal jarðeigandi gera vandamönnum skv. 1. mgr. 47. gr. viðvart um að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Um niðurlagða heimagrafreiti gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. 31. gr.

XII. KAFLI
Skráning kirkjugarða og heimagrafreita.

44. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu og skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

XIII. KAFLI
Grafreitir utanþjóðkirkjusafnaða.

45. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan grafreit. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins meðan þeir halda sínum grafreit sómasamlega við og fylgja settum reglum.

XIV. KAFLI
Tilfærsla líka og flutningur þeirra.

46. gr.

Heimilt er dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að fengnu samþykki kirkjugarðsstjórnar sem hlut á að máli og biskups að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi, stílaða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

47. gr.

Réttir aðilar til að standa að umsókn skv. 46. gr. eru eftirlifandi maki, sambúðarkona eða sambúðarmaður, börn hins látna eða aðrir niðjar, foreldrar eða systkin. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur ekki fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir eða fulltrúi hans sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu er héraðslæknir telur fullnægjandi og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla. Við tilfærslu líka innan kirkjugarðs sker héraðslæknir úr um það hvort þörf sé á sérstakri kistu.

48. gr.

Upptaka líks samkvæmt dómsúrlausn fer fram eftir því sem þar greinir.

49. gr.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um að flutningsins sé getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við þegar lík er þannig jarðsett.

XV. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistaka og brottfallin lög.

50. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerðir um málefni þau sem lög þessi taka til, þar á meðal um kirkjugarða, þar sem kveðið skal nánar á um rekstur þeirra og stjórn og tilhögun á greftri líka. Þá skal einnig kveðið nánar á um líkbrennslu í reglugerð.

Reglugerðir um kirkjugarða skulu settar í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða. Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfararfélags Íslands ef því er að skipta.

51. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er rétt að gera tillögur um reglur varðandi einstaka kirkjugarða og leita staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á þeim. Ráðuneytið leitar umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um tillögurnar.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

53. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Umboð kjörinna meðlima í skipulagsnefnd kirkjugarða fellur niður 31. des. 1992 og skal kjósa nýja meðlimi í nefndina fyrir þann tíma, sbr. 11. gr.

54. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Lög um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, svo og 35. gr. laga um ráðstafanir í efnahagsmálum o.fl., nr. 11 28. apríl 1975, svo og lög nr. 89 29. desember 1987, er breyta lögum nr. 21/1963.
2. Lög um líkbrennslu, nr. 41 3. nóvember 1915.
3. Ákvæði kirkjuskipunar Kristjáns fjórða frá 2. júlí 1607, sbr. tilskipun 29. nóvember 1629, II, 13.
4. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík, nr. 38 3. nóvember 1915, svo og lög nr. 11 4. júní 1924 og lög nr. 38 7. maí 1928, er breyta þeim lögum.
5. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn, nr. 14 8. september 1918.
6. Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o.fl., nr. 13 14. júní 1929.

Þá eru öll önnur ákvæði eldri laga, sem fara í bága við lög þessi, úr lögum numin.

Stjórnvaldsreglur, sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915, sem ekki fara í bága við lög þessi, halda gildi sínu uns nýjar reglur eru settar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur áður verið lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frá því að frumvarpið var áður lagt fram hafa verið gerðar breytingar á nokkrum greinum þess, sbr. það sem segir hér að neðan. Við endurskoðun kirkjulaganefndar á kirkjulöggjöf kannaði nefndin m.a. þörfina á breytingum á lögum um kirkjugarða, nr. 21/1963, sbr. 35. gr. laga nr. 11/1975 og 14. gr. laga nr. 10/1983 er breyta þeim lögum. Nefndinni bárust tillögur og ábendingar frá ýmsum aðilum sem kunnugir eru framkvæmd laga þessara, einkum frá stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Samdi nefndin síðan frumdrög að frumvarpi um þetta efni er kirkjuráð lagði fyrir kirkjuþing til álita 1985, en málið var afgreitt þar endanlega haustið 1986 eftir að tillögur höfðu borist frá ýmsum aðilum. Taldi kirkjuþing rétt að heildarfrumvarp yrði samið um þetta efni og tók saman slíkt frumvarp. Þá var horfið að því ráði á kirkjuþingi að fella lög um líkbrennslu, nr. 41/1915, inn í frumvarpið.

Kirkjulaganefnd fjallaði að nýju um frumvarpið eins og það kom frá kirkjuþingi og lagði til ýmsar breytingar. Varða þær form frumvarpsins og lagatæknileg atriði. Leiddi könnun nefndarinnar til þess að nýtt frumvarp var samið. Fól dóms- og kirkjumálaráðuneytið nefndinni sérstaklega að fjalla um þann þátt er varðar líkbrennslu þar sem nefndin taldi ekki öruggt að umboð sitt næði til þess. Dr. Ármann Snævarr framkvæmdi endurskoðunina á vegum kirkjulaganefndar og samdi nýtt frumvarp og greinargerð með því er kirkjulaganefnd í heild sinni stendur að.

Frá því að frumvarp þetta var síðast lagt fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi hafa nokkrar breytingar verið gerðar á því í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Breytingarnar varða 10., 20. og 21. gr. frumvarpsins og miða að því að skerpa línur um það hvaða verkefni kirkjugörðum er ætlað að kosta með kirkjugarðsgjöldum.

Sérstakri nefnd var falið að fjalla um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð og var

frumvarp, er sú nefnd samdi, lögfest, sbr. lög nr. 89/1987, sbr. og IX. og X. kafla þessa frumvarps og greinargerð með þeim.

Ekki er í frumvarpinu gerð breyting varðandi þann grundvöll sem aðstöðugjald er fyrir útreikning ákveðinna tekna kirkjugarða, sbr. 38. gr. frumvarpsins, þótt innheimta aðstöðugjalds hafi verið felld niður, sbr. lög nr. 113/1992, um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Um þetta þarf að fjalla nánar þegar þeim atriðum, sem lög nr. 113/1992 fjalla um, verður ráðið til lykta fyrir árið 1994.

Hér á eftir fer greinargerð kirkjulaganefndar og er fyrst vikið að almennum atriðum um greftrun líka, kirkjugarða og líkbrennslu.

I.

Um greftrun líka og þróun kirkjugarðalöggjafar.

Það er grundvallarviðhorf kristinnar trúar að lík skuli greftruð í vígðum reit. Kirkjugarðar hljóta því að hafa myndast snemma í íslenskri kristni. Fornleifafundir benda og til þess. „Sá maður, er kirkju varðveitir, á gröft uppi að láta, og skal þar grafa, sem hann kveður á og prestur sá, er þar er", segir í kristinna laga þætti Grágásar, t.d. III,7. Er þar og talað um kirkjugarða og gert ráð fyrir að þeir séu í námunda við kirkju. Í sömu heimild eru fyrirmæli um legkaup og líksöngskaup. Eru rækileg ákvæði um meðferð líka, gröft og skyldu manna til að greiða för þeirra er lík færðu til kirkju. Varðaði miklu að eigi lenti í undandrætti að færa lík til greftrunar, en jafnframt segir: „. . . lík skal eigi grafa áður en kólnað er" og eigi skal bera lík í kirkju „bert eða blóðugt". Eru fyrirmæli kristinna laga þáttar mjög athyglisverð.

Í Kristinrétti Árna biskups frá 1275, 18. kap., eru ákvæði um gröft í kirkjugarði. Segir þar í upphafi: „Hvern mann kristinn, sem deyr, skal jarða í kirkjugarði vígðum en eigi í kirkju, nema biskups sé lof til." Þá segir m.a.: „Eigi skal lík inni standa yfir fimmt nauðsynjalaust," en refsingu varðaði ef af var brugðið nema líkfærsla væri eigi gerleg vegna óveðurs og færðar. Skylt er mönnum að greiða för þeirra sem færa lík til kirkju. Endurtekið er boð Grágásar um að lík skuli ekki greftra fyrr en kólnað er. Þar skal greftra lík sem kirkjuprestur kveður á um „en þar á hver kristinn maður löglegan gröft, sem hann er í kirkjusókn, nema hann kjósi sér legstað að annarri graftrarkirkju með sjálfs síns minni og með skynsemd heill að viti". Þá voru þar ákvæði um að legkaup eða líksöng skyldi eigi „meta", en mjög samir, að menn gefi kirkju gjafir eða kennimönnum til bænahalds „fyrir þeim, sem fram eru farnir af heiminum". Skyldi biskup jafnvel þröngva mönnum til slíkra gjafa.

Ákvæði um kirkjugarða eru fá í kirkjulöggjöf siðskiptanna og hafa ákvæði Kristinréttar þá gilt áfram í megindráttum. Um greftrun líka voru ákvæði í kirkjuskipuninni frá 2. júlí 1607, II,13, sbr. tilskipun 29. nóvember 1629 sem enn er talin í gildi og tekin í lagasafn 1983.

Ætla má að reglur um legkaup og líksöngseyri hafi mótast fyrir venjur smám saman.

Af ýmsum gögnum má ráða að óvissa hafi verið eftir siðskipti um hald kirkjugarða og hver ætti til að svara og um framlög sóknarmanna til kirkjugarða. Um þetta voru síðan að nokkru fyrirmæli í tíundarreglugerð 17. júlí 1782, 15. gr., sbr. enn fremur t.d. konungsúrskurð 28. apríl 1847 um Reykjavík og tilskipun 27. janúar sama ár. Í viðaukalögum nr. 11/1882 við lög 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála o.fl. voru ákvæði um skylduvinnu er sóknarmenn eiga fram að leggja, m.a. þegar kirkjugarður er gerður.

Fyrstu heillegu lögin um kirkjugarða og viðhald þeirra eru lög frá 8. nóvember 1901,

sbr. og reglugerð 16. ágúst 1902. Voru þar allrækileg ákvæði varðandi upptöku kirkjugarðs og svo niðurlagningu hans og hversu ákvarðanir um þau efni yrðu teknar. Enn fremur var þar kveðið á um skyldu sóknarmanna til framlaga vegna kirkjugarða og m.a. viðhalds þeirra. Gert var hins vegar ráð fyrir því að reglur um friðhelgi þeirra, meðferð grafreita, tilhögun á greftri o.fl. yrðu settar með reglugerð. Voru lögin því tiltölulega stutt.

Lög nr. 29, um líkhús, voru sett árið 1926.

Kirkjulaganefndin, sem skipuð var 1929, samdi frumvarp til laga um kirkjugarða, nr. 64, og var það samþykkt 1932. Þessi lög eru talsvert rækilegri en fyrirrennari þeirra, m.a. um stjórnun kirkjugarða, fjárhag, upptöku og niðurlagningu kirkjugarða og um legstaðasjóði. Nýjar reglur voru settar um niðurjöfnun gjalda og skyldu þau vera hundraðshluti af útsvörum. Þá voru ákvæði í lögunum um heimagrafreiti og um grafreiti utanþjóðkirkjumanna. Lög þessi, sbr. og breytingalög nr. 70/1941, voru í gildi uns núgildandi lög nr. 21/1963 voru sett.

Frumvarp til þeirra var samið af kirkjulaganefndinni frá 1955 og hafði kirkjuþing þrívegis fjallað um frumvarpið áður en það var samþykkt á Alþingi. Ákvæði þeirra laga eru til muna ítarlegri en laganna nr. 64/1932, þar á meðal um stjórn kirkjugarða, tilhögun grafreita, merkingu þeirra og svo um kirkjugarðsgjöld. Þessi lög bönnuðu upptöku heimagrafreita. Þeim hefur verið lítillega breytt með 35. gr. laga nr. 11/1975, 14. gr. laga nr. 10/1983 og 26. og 27. gr. laga nr. 89/1987.

Þegar litið er á þróunarferil löggjafar um meðferð líka og kirkjugarða er sögulegt samhengi næsta skýrt.

II.

Líkbrennsla.

Bálfarir. II. A.

Hjá fornþjóðum ýmsum var sá siður algengur að brenna lík. Þetta á t.d. við um Grikki og Rómverja og sama er víða í Austurlöndum, nema hjá Kínverjum. Þessi siður var einnig tíðkaður með norrænum þjóðum fyrir kristni. Talið hefur verið að líkbrennslu hafi lítt gætt hér á landi í heiðnum sið, sbr. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, V. bindi, bls. 445.

Kristin kirkja var lengstum andsnúin bálförum. Í Evrópu komu upp hugmyndir um bálfarir á stjórnbyltingartímabilinu, en þó einkum eftir miðja 19. öld á Ítalíu og í Þýskalandi og litlu síðar í Bretlandi. Voru það einkum læknar sem voru frumkvöðlar þessara hugmynda. Rökin voru einkum sóttvarnareðlis. Hér kom það þó einnig til að kirkjugarðar eru alllandfrekir, en eftir því sem borgir uxu reyndist örðugt og dýrt að afla landsvæða fyrir þá. Í upphafi var þeim lögfræðirökum teflt fram gegn líkbrennslu að þær væru varhugaverðar þar sem líkbrennsla afmáir ummerki um dánarorsök, m.a. er andlát stafar af afbroti (manndráp með eitri o.fl.). Þau rök mótuðu þær reglur í löggjöf að vanda þyrfti mjög til líkskoðunar áður en líkbrennsla væri tæk og búa þyrfti vel um formsatriði ýmis í því sambandi. Fyrstu lögin um líkbrennslu í Evrópu geymdu ærið ströng formskilyrði og var m.a. áskilið að menn tækju sjálfir afstöðu til þessa máls og var ekki heimilt að brenna lík ólögráða manna allvíða í löndum. Lögin hafa smám saman rýmkað kosti til líkbrennslu.

Bálfararfélög voru stofnuð skömmu eftir 1870 á Ítalíu, í Þýskalandi og Bretlandi. Hafa þau félög haft mikil áhrif, en alþjóðasamtök þeirra voru stofnuð 1937.

Á Norðurlöndum voru bálfararfélög stofnuð síðustu áratugi 19. aldar, t.d. í Danmörku 1881 og 1889 í Noregi. Í Danmörku lagði dómsmálaráðuneytið bann við bálförum áður

en lög voru sett þar í landi um líkbrennslu árið 1892 og féllust dómstólar eigi á að aflétta því banni. Árið 1894 var prestum í Danmörku leyft að leggja atbeina sinn til líkfarar ef brenna átti lík. Dönsku lögin heimiluðu eigi að lík ólögráða barns væri brennt, en því var breytt 1910. Norsk lög frá 1898 voru talin mjög frjálsleg í þessu efni og vöktu athygli í Evrópu.

Hér á landi voru það einkum læknar sem gerðust forvígismenn í þessu máli. Má m.a. nefna greinar þeirra Steingríms Matthíassonar í Skírni 1905, bls. 48–55, og Guðmundar Björnssonar í Skírni 1913, bls. 97–122. Bálfararfélag Íslands var stofnað 1934, fyrsti formaður var dr. Gunnlaugur Claessen.

II. B.

Á Alþingi 1914 var borið fram frumvarp til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík. Nefnd, sem fjallaði um frumvarpið, flutti þingsályktunartillögu, sem samþykkt var, um að skora á ríkisstjórnina að afla gagna um kostnaðinn við að koma upp líkbrennslustofnun í Reykjavík. Á Alþingi 1915 flutti Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands, frumvarp til laga um líkbrennslu og var það samþykkt lítið breytt með samhljóða atkvæðum og án þess að nokkrar umræður færu fram um málið sem orð er á gerandi. Lögin nr. 41/1915 hafa vel staðist tímans tönn því að þau eru óbreytt frá fyrstu gerð enn í dag.

Í lögum nr. 41/1915, um líkbrennslu, er mælt fyrir um líkbrennslustofnanir, en þær einar stofnanir eru löggiltar sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir viðurkenningu, sbr. 1. gr. Eru nánari ákvæði um það efni í reglugerð nr. 4/1951, þar á meðal um fyrirkomulag og búnað bálstofa, um tilkynningu um ábyrgð og fyrirsvar fyrir bálstofu, um eftirlit með bálstofum, um bálfararbók og sviptingu á leyfi til að reka bálstofu. Í lögunum eru allrækileg ákvæði um það hverjir geti tekið ákvörðun um líkbrennslu og mælt er fyrir um formbindingu á yfirlýsingu manns sjálfs um að lík hans skuli brennt. Úr lögum nr. 41/1915 má lesa þá meginreglu íslensks réttar að menn eiga frjálst val um hvort lík þeirra skuli brennt eða greftrað. Hinu sama gegnir um kosti vandamanna til ákvörðunar, enda gangi hún ekki gegn vilja hins látna. Hitt er það að ef vandamenn skilur á verða málalok þau að lík skuli greftrað. Í lögum um líkbrennslu eru enn fremur reglur um meðferð á ösku, sbr. og reglugerð nr. 4/1951 og svo 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21/1963.

III.

Greftranir og bálfarir.

Eigi eru tiltækar upplýsingar um greftranir hér á landi né um fjölda kirkjulegra athafna í sambandi við þær. Hins vegar eru til gögn um líkbrennslu, svo og um það hversu margir menn andast ár hvert (gögn frá Hagstofu og Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma). Skrá, sem unnin hefur verið úr þeim gögnum, fer hér á eftir.

	Fjöldi látinna	Bálfarir	Hundraðstala bálfara
1964	1315	51	3.8
1965	1291	55	4.3
1966	1391	58	4.2
1967	1385	75	5.4
1968	1390	61	4.4
1969	1451	77	5.3
1970	1457	63	4.3
1971	1501	71	4.7
1972	1447	96	6.6
1973	1475	70	4.8
1974	1495	87	5.2
1975	1412	75	6.8
1976	1343	72	5.3
1977	1435	115	8.0
1978	1421	86	6.5
1979	1482	83	5.6
1980	1538	96	6.2
1981	1656	123	7.4
1982	1583	113	7.1
1983	1653	121	7.3
1984	1584	100	6.3
1985	1656	116	7.0
1986	1597	100	6.3
1987	1724	125	7.3
1988	1818	134	7.4
1989	1715	121	7.1
1990	1750	126	7.2

Bálförum hefur fjölgað hlutfallslega yfir þetta tímabil frá 3,8% árið 1964 upp í hæst 8,0% árið 1977. Fyrsta bálför hér á landi fór fram 2. ágúst 1948. Fram til þess höfðu lík verið send til brennslu til útlanda, oftast til Kaupmannahafnar. Alls voru 1.491 lík brennd frá 1948 til ársloka 1974, þar af 762, eða ríflega helmingur, á árunum 1964–1974, að báðum árum meðtöldum. Frá 1. janúar 1975 til 31. desember 1990 eru bálfarir 1.706 eða 107 á ári, um 7% að jafnaði síðustu fimm árin. Þess munu naumast dæmi að lík hafi verið brennt hér á landi án þess að kirkjuleg athöfn hafi á undan farið. Öll lík, sem ekki eru brennd, eru grafin, nema þegar lík finnst ekki. Fjöldi kirkjulegra athafna í sambandi við greftranir er þó nokkru minni en fjöldi látinna manna segir til um því að stundum eru fleiri menn jarðsettir við sömu jarðarförina. Þar á móti kemur að vísu að stundum fer tvisvar fram kirkjuleg athöfn í sambandi við tiltekna greftrun, t.d. athöfn í Reykjavík, en greftrað er annars staðar á landinu. Til fádæma má telja að ekki njóti við atbeina prests við jarðarför. Í sambandi við jarðarfarir fer venjulega fyrst fram kistulagning þar sem prestur er viðstaddur og stendur fyrir sérstakri athöfn.

IV.

Lagasjónarmið að baki lögum um kirkjugarða og líkbrennslu.

IV.1. Fyrst og fremst ráða hér trúræn viðhorf. Kristin trú býður að greftra lík í vígðum reit þótt það samrýmist einnig trúarskoðunum margra manna að lík sé brennt og aska þá oft jarðsett. Það er rótgróið í vitund almennings að eðlilegt sé að nokkur kveðjuathöfn fari fram um látna menn. Hér kemur það til að menn vilja tjá hinum látna virðingu sína og vandamenn kveðja hann með athöfn sem að jafnaði hefur á sér trúrækilegt snið.

IV.2. Hér reynir og á heilbrigðissjónarmið því að greftrun eða líkbrennsla er að sínu leyti heilbrigðisráðstöfun þar sem tryggt er að við slíka meðferð líka sé gætt þeirra sóttvarnarreglna sem þörf er á.

IV.3. Kirkjugarðar og góð umhirða þeirra er vissulega einnig menningarmál eins og ætla má að allur þorri manna virði það. Það hlýtur að vera hverju sveitarfélagi metnaðarmál að vel takist til í þessu efni. Lengi hefur þótt eðlilegt út frá þessu sjónarmiði að leggja nokkrar skyldur á sveitarfélög einkum um að láta í té land undir kirkjugarða og sjá um gerð og viðhald vega að kirkjugörðum og lýsingu þeirra o.fl. Þetta frumvarp er á því byggt að nauðsynlegt sé að auka samskipti sveitarstjórna og kirkjugarðsstjórna, bæði um val á kirkjugarðsstæði við skipulagningu fyrir sveitarfélagið, svo og við ýmsar framkvæmdir í eða við kirkjugarð. Er þá eðlilegt að mæla fyrir um samráð við skipulagsnefnd sveitarfélags og eftir atvikum við heilbrigðisnefnd, sbr. 16., 18., 20. og 31. gr. frumvarpsins.

IV.4. Í greinargerð með frumvarpi til laga um kirkjugarða frá 1963 segir svo: „Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant og hefur svo lengi verið", sbr. Alþt. 1962, A, bls. 914. Síðan þetta var ritað hefur skipulagning kirkjugarða og umhirða þeirra tekið miklum stakkaskiptum til bóta. Vafalaust eru þó ýmis dæmi enn um vanhirðu og tómlæti í þessu efni. Þarf því ótvírætt átak til þess að þoka þeim málum í betra horf.

V.

Yfirlit yfir efni frumvarpsins og nokkrar helstu breytingar sem það felur í sér.

I. Form frumvarpsins og efnissvið.

Lög nr. 21/1963 fjalla um allsundurleitt efni, en eru þó lítt kaflaskipt. Í þessu frumvarpi er ákvæðum skipað í marga kafla eftir efnistengslum ákvæða. Er þess vænst að það horfi til glöggvunar og aukinnar yfirsýnar. Nokkrar greinar laga nr. 21/1963 eru alllangar og er efni þeirra skipað í fleiri greinar en eina.

Um efnissvið frumvarpsins er þess áður getið að hér eru tekin með ákvæðin um líkbrennslu, enda eru náin tengsl milli laga um greftrun líka og kirkjugarða annars vegar og laga um líkbrennslu og líkbrennslustofnanir hins vegar.

II. Yfirlit yfir efni frumvarpsins og helstu breytingar sem fólgnar eru í því.

II.1. Í I. kafla frumvarpsins eru tekin upp ákvæðin um skyldu til að greftra lík eða brenna þau í löggildum stofnunum og svo ákvæðin er lúta að því hverjir séu lögbærir til að taka ákvarðanir í því efni. Þá er einnig tekið í frumvarpið ákvæði, 3. gr., er vísar til laga er mæla fyrir um hvers gæta skuli áður en lík er greftrað eða brennt.

II.2. Í II. kafla er m.a. skýrgreint hugtakið kirkjugarður og þar er ákvæði er heimilar að afmarka óvígðan reit innan vígðs kirkjugarðs. Þá eru þar ákvæði, 7. gr., um hverjar líkbrennslustofnanir séu löggildar hér á landi.

II.3. Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um stöðu kirkjugarða að lögum, stjórn þeirra, starfslið og yfirumsjón. Gætir þar nokkuð breytinga, þar á meðal er svo fyrir mælt að skipulagsstjóri ríkisins skuli eiga sæti í skipulagsnefnd kirkjugarða. Enn fremur er lagt til í 10. gr. frumvarpsins að kirkjugarðsstjórn sjái um að láta taka allar grafir og beri kostnað af prestsþjónustu vegna útfara.

II.4. Í IV. kafla frumvarpsins er safnað ákvæðum um skyldu sveitarfélags vegna kirkjugarða. Eru þar nokkrar breytingar.

II.5. Í V. kafla er ákvæði um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs. Í þeim kafla og víðar í frumvarpinu er lagt til að skipulagsnefnd sveitarfélaga og eftir atvikum heilbrigðisnefnd þeirra fjalli um mál, enda er mikilvægt að samstarf sé traust og gott milli sveitarfélags og kirkjugarðsstjórnar, sbr. um þetta efni 16., 18., 20. og 31. gr. frumvarpsins.

II.6. Í VI. kafla eru ákvæði um uppdrætti að kirkjugörðum og ýmsar framkvæmdir í þágu þeirra. Er m.a. lagt til að heimilt sé að reisa kapellu auk líkhúss í kirkjugarði eða við hann. Enn fremur eru nokkuð rýmri ákvæði um heimild til að útbúa húsnæði fyrir starfsmenn kirkjugarða en nú eru í lögum. Þá er lagt til að kirkjugörðum sé heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur. Sérstakt ákvæði er í 20. gr. um umsjá greftrunarkirkju og fé til rekstrar hennar.

II.7. Í VII. kafla frumvarpsins eru almennar reglur um greftrun líka og grafir, umhirðu leiða og legstaðaskrá. Lagt er til að leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þurfi til að reka útfararþjónustu og að skýrt sé kveðið á um í lögum að þar sem kirkjugarðsstjórnir annist útfararþjónustu skuli sú starfsemi vera aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar. Ákvæðin um fjölskyldugrafreiti í 25. gr. eru nokkuð breytt, þar á meðal er lagt til að fellt sé niður leyfisgjald og tíminn, sem aðili á rétt til grafarstæðis, er styttur. Reglur um legstaðaskrár, sbr. 27. gr., eru nokkuð breyttar í frumvarpsgreininni. Þá er lagt til að lögfest verði það nýmæli í 3. mgr. 27. gr. að heimilt sé að greftra án þess að grafarnúmers innan kirkjugarðs sé getið. Í 30. gr. er lagt til að heimild til að stofna legstaðasjóði, svo sem er samkvæmt lögum nr. 21/1963 (lögfest 1932), sé afnumin, enda virðast ákvæði um það efni gegna litlu hlutverki og ákvæðin nánast óvirk.

II.8. Í VIII. kafla frumvarpsins eru ákvæði er varða reglur um að hætt skuli að greftra í kirkjugarði (grafreiti) og um niðurlagningu hans. Í 31. gr. frumvarpsins er lagt til að lögmætur safnaðarfundur geti ráðið máli til lykta án þess að aukinn meiri hluti, ⅔, sé áskilinn, svo sem nú er í 21. gr. laga nr. 21/1963. Í 31. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að samráð skuli hafa við skipulagsnefnd sveitarfélags um það hvernig fara skuli um kirkjugarð sem hætt er að greftra í.

II.9. Í IX. og X. kafla frumvarpsins eru ákvæði um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð. Um þau efni gilda nú lög nr. 89/1987 er breyta lögum nr. 21/1963. Er ákvæðum hinna nýju laga skipað án verulegra breytinga í IX. og X. kafla frumvarpsins, enda er til þess stofnað með frumvarpi þessu að það leiði til heildarlöggjafar um kirkjugarða og feli þar af leiðandi í sér ákvæðin um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð, sbr. enn fremur athugasemdir við þessa tvo kafla hér á eftir.

II.10. Í XI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimagrafreiti. Er lagt til að óbreytt verði sú stefna núgildandi laga að leyfi til upptöku heimagrafreita verði ekki veitt.

II.11. Í XII. kafla frumvarpsins er fjallað um skráningu kirkjugarða og heimagrafreita og skoðun þeirra. Þar gætir ekki nýmæla.

II.12. Í XIII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um grafreiti utanþjóðkirkjumanna, nálega óbreytt ákvæði gildandi laga, sbr. í þessu sambandi 2. mgr. 6. gr. frumvarps um sérstök greftrunarsvæði, sem ekki eru vígð, innan marka vígðra kirkjugarða.

II.13. Í XIV. kafla frumvarpsins eru fyrirmæli um tilfærslu líka í kirkjugarði (grafreiti) eða flutning líks í annan kirkjugarð (grafreit). Ákvæði 47. gr. er nokkru fyllra en ákvæði 2. mgr. 32. gr. gildandi laga.

II.14. Í XV. kafla frumvarpsins, lokakafla, eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistöku og brottfallin lög. Við athugun á hvaða lög eigi að falla niður er miðað við kirkjulagaþátt í lagasafni 1983. Skal þess þó getið að ýmis kirkjulagaákvæði, er varða

mál sem fjallað er um í frumvarpinu, hafa aldrei verið að formi til felld úr gildi þótt þeim sé ekki skipað í lagasöfn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er safnað í einn kafla meginákvæðum um greftrun líka og líkbrennslu. Er þar fyrst í 1. gr. boðið að greftra skuli lík í lögmætum kirkjugörðum og grafreitum eða brenna þau í viðurkenndum líkbrennslustofnunum. Þá eru í 2. gr. ákvæðin um ákvarðanir varðandi það hvort lík skuli greftra eða brenna. Enn fremur 3. gr. um það hvers gæta skuli áður en lík er greftrað eða það brennt og svo um rétt til legs í 4. gr. Þetta eru stofnreglur í frumvarpinu. Sums staðar í löndum eru undirstöðureglur um þessi efni í sérlögum, þ.e. utan marka hinnar almennu löggjafar um kirkjugarða og líkbrennslustofnanir. Hér er hins vegar talið heppilegt að skipa þessum reglum samfellt í einn og sama lagabálk, enda náin efnistengsl hér á milli.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru tekin upp ákvæðin í kirkjuskipan 2. júlí 1607, lögleidd hér með tilskipun 29. nóvember 1629, um skyldu til greftrunar líka, en bætt er við það ákvæði um líkbrennslu. Hér er því sú meðferð á líkum einskorðuð að greftra skuli lík eða brenna þau. Tilvísun til einstakra greina í 1. gr. áréttar að lík beri að greftra í lögmætum kirkjugarði (grafreit) eða brenna í viðurkenndri líkbrennslustofnun. Greftrun líka eða líkbrennsla á öðrum stöðum eða stofnunum varðar refsingu skv. 52. gr. frumvarpsins ef að lögum verður, en vafasamt er að almennri refsiheimild sé nú til að dreifa í þessu efni, sbr. þó 124. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um ósæmilega meðferð á líkum.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um ákvarðanir um greftrun líka eða líkbrennslu. Hér er tekið mið af 2. gr. laga nr. 41/1915 að því er líkbrennslu varðar.

Frumreglan er sú skv. 1. mgr. að virða skuli ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna (í 2. gr. laga nr. 41/1915 er miðað við 18 ára aldur). Þótt vandamenn, t.d. skv. 3. mgr. 2. gr., séu á annarri skoðun en hinn látni á vilji hans að ráða ef unnt er að leiða hann ótvírætt í ljós. Ákvörðun manns verður þó vitaskuld að lúta að lögmætri meðferð á líki, sbr. 1. gr. Ákvörðunin getur tekið til þess að lík skuli greftrað í óvígðum grafreit innan kirkjugarðs eða í grafreit utanþjóðkirkjusafnaðar, en þá ber þó að hafa í huga þau skilyrði sem t.d. utanþjóðkirkjusöfnuður kann að setja um leg í grafreit. Ákvörðun um að lík skuli grafið í heimagrafreit er ekki lögmæt. Lögráðamaður (lögráðamenn) ráða málinu til lykta ef ósjálfráða maður á í hlut hvort sem er fyrir æsku sakir eða sjálfræðissviptingar.

Ekki er áskilið í greininni að ákvörðun sé formbundin, skrifleg og við votta, sbr. hins vegar nú 2. gr. laga nr. 41/1915. Á það er að líta að oft leikur ekki á tveim tungum hver vilji hins látna var í þessu efni, t.d. að lík hans skuli brennt, þótt láðst hafi að bréfa viljayfirlýsingu hans. Þykir ekki rétt að formbinda hana, en hins vegar verða að liggja fyrir glögg gögn um viljaafstöðu manns, t.d. um að brenna skuli lík hans.

Þegar eigi er vitað um vilja hins látna taka nánar tilteknir vandamenn hans afstöðu til málsins. Ber fyrst að leita eftir afstöðu eftirlifandi maka (sambúðaraðila) og niðja (kjörniðja). Séu þau á einu máli skal fara eftir afstöðu þeirra ef ekki skal greftra lík. Þegar þessara vandamanna nýtur ekki við ráða foreldrar hins látna eða systkin málinu til

lykta, en að þeim frágengnum nákomnasti vandamaður hins látna. Skal þá m.a. miða við hvar hinn látni hefur dvalist og hver kostar útförina. Ekki er líklegt að texti 2. gr. muni leiða til verulegra efnisbreytinga, miðað við framkvæmd mála nú. Ef engum þessara manna er til að dreifa er heimilt að brenna lík, sbr. lokamálsgrein 2. gr.

Á ýmiss konar ákvarðanir um meðferð á líki getur reynt aðrar en þær er lúta að greftrun og líkbrennslu. Maður kann t.d. að mæla svo fyrir að kryfja skuli lík hans eða hann leggur bann við því að svo verði gert eða hann kveður svo á að tiltekið líffæri skuli tekið úr sér þegar eftir andlát til ígræðslu í öðrum manni. Ekki þykir það vera verkefni þessara laga að taka afstöðu til gildis slíkra fyrirmæla.

Bent skal á að í 2. gr. er ekki fjallað um viljayfirlýsingu um nánari framkvæmd útfarar, svo sem um það hvaða prestur jarðsyngi o.s.frv.

Um 3. gr.

Þetta er tilvísunarákvæði þar sem vitnað er í helstu lög sem gæta ber að áður en lík er greftrað eða jarðað, t.d. að fyrir liggi dánarvottorð, andlát hafi verið tilkynnt o.fl. Vakin er þó athygli á að hér er ekki vitnað til stjórnvaldsreglna sem út hafa verið gefnar, einkum samkvæmt lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915, er halda skulu gildi sínu skv. 54. gr., lokamálsgrein frumvarpsins. Ákvæðinu er ætlað að hafa leiðsögugildi, en það felur ekki í sér efnisbreytingu á lagaákvæðum sem til er vísað.

Í 2. mgr. er svipað ákvæði og nú er í 3. gr. laga nr. 41/1915 að því er líkbrennslu varðar.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 2. gr. laga nr. 21/1963. Gert er ráð fyrir að framkvæmd þessara mála verði frjálsleg eins og verið hefur. Bent er á að lokamálsliður 2. mgr. 31. gr. laga nr. 21/1963 um utanþjóðkirkjumenn er ekki tekinn í frumvarp þetta.

Um II. kafla.

Hér eru ýmis almenn ákvæði um kirkjugarða, grafreiti og líkbrennslustofnanir, þar á meðal er það afmarkað hverjir kirkjugarðar, grafreitir og líkbrennslustofnanir eru lögmætir skv. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. löggildir til greftrunar eða líkbrennslu.

Um 5. gr.

Rétt þykir að skýrgreina hér hugtakið kirkjugarð. Kirkjugarður er vígt og afmarkað greftrunarsvæði, þó svo að heimilt sé að hafa óvígðan grafreit innan vígðs kirkjugarðs. Eigi verður greftrað í kirkjugarði nema hann hafi verið vígður, en vígsla getur eigi farið fram fyrr en greftrunarsvæðið er svo úr garði gert að viðhlítandi sé að greftra þar að dómi prófasts og eftir atvikum biskups og skipulagsnefndar kirkjugarða. Kirkjugarður er lögmætur greftrunarstaður uns ákvörðun er tekin svo sem lög mæla fyrir um að hætt skuli að grafa í honum, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Greftrunarsvæði, sem fríkirkjusöfnuður, er byggir á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, tekur upp, mundi verða nefnt kirkjugarður.

Greftrunarsvæði þeirra safnaða, sem ekki byggja á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, hlíta almennum reglum eftir því sem við getur átt, t.d. um upptöku, viðhald og niðurlagningu kirkjugarða. Reglur um almennt eftirlit og yfirumsjón skipulagsnefndar kirkjugarða eiga hér og við. Eðlileg framkvæmd væri sú að líkgreftrunarsvæði væru ekki lögmæt fyrr en skipulagsnefnd kirkjugarða hefði lýst yfir því að þau væru svo úr garði gerð

að viðhlítandi væri til greftrunar. Um helgun slíks greftunarsvæðis, ef til kæmi, færi þá eftir reglum viðkomandi safnaðar.

Um 6. gr.

1. mgr. er að mestu í samræmi við 1. málsl. 1. gr. laga nr. 21/1963. Bætt er við vísun í almenn hegningarlög.

Ákvæði 2. mgr. um vígslu kirkjugarðs er í samræmi við 1. gr. nefndra laga. Nýmæli er að hér er sérstaklega mælt svo fyrir að í vígðum kirkjugarði megi afmarka óvígða reiti og eru utanþjóðkirkjumenn þá sérstaklega hafðir í huga, sbr. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1963.

Ákvæði 3. mgr. er að verulegu leyti í samræmi við 1. gr. laga nr. 21/1963. Því er bætt við að við skipulagningu skipulagsskyldra staða skuli sérstakur gaumur gefinn að staðarvali fyrir kirkjugarða og verði eigi reist í námunda við hann mannvirki eða starfræktar stofnanir eða rekin fyrirtæki sem sérstakur ys eða hávaði stafi frá. Er mikilvægt að þessa sé gætt þegar við skipulagningu svæða þessara og á það raunar einnig við um kirkjur.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um líkbrennslustofnanir (bálstofur). Er það í samræmi við 1. gr. laga nr. 41/1915, sbr. reglugerð nr. 4/1951. Eru þær stofnanir einar lögmætar til líkbrennslu sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 1. mgr. Tekur 1. gr. frumvarpsins mið af þessu. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð, en reglugerð nr. 4/1951 gildir uns ný er sett í staðinn, þó með þeim skilmálum er 54. gr. getur.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru sama efnis að öllu verulegu sem 1. mgr. 17. gr. laga nr. 21/1963. Vísað er til 1. mgr. 47. gr. að því er greiningu á vandamönnum varðar og er það til samræmis við lagaframkvæmd.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 21/1963.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er skipað saman ákvæðum er varða stöðu kirkjugarða að lögum, stjórn, starfslið og yfirumsjón. Mynda þessi ákvæði nokkuð samfellda heild.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að yfirstjórn kirkjugarða sé í höndum prófasts, í Reykjavík prófasta og biskups, en ekki eingöngu hjá biskupi, eins og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 21/1963 kveður á um. Frumstjórn er í höndum sóknarnefndar (kirkjugarðsstjórnar) eins og verið hefur.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um kirkjugarðsstjórn og skýring á því hugtaki sem er notað víða í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Hún er um sama efni og 19. gr. laga nr. 21/1963.

Í greininni er mælt fyrir um ákveðið kjörtímabil, fjögur ár, við kosningu í kirkjugarðsstjórn þá sem sú grein víkur að.

Sóknarnefndir nefna aðalmann og varamann úr hópi aðalmanna og varamanna til setu í kirkjugarðsstjórn, en kjörtímabil þeirra helst til loka tímabilsins, þótt þeir hverfi úr sóknarnefnd (safnaðarnefnd) fyrir lok þessa tímabils. Er að því stefnt með texta greinarinnar að taka af tvímæli í þessum efnum.

Í greininni er enn fremur það nýmæli að prófastur skuli sitja fund kirkjugarðsstjórnar þegar 9. gr. á við ef tala stjórnarmanna er jöfn. Hann getur einnig nefnt annan mann í sinn stað (varamann). Ákvæðið er lögfesting á framkvæmd sem á hefur komist.

Við ákvæðið um tilnefningu manns af hálfu Bálfararfélags Íslands er bætt orðunum „ef því er að skipta“, þ.e. ef félagið óskar þess, en það mun ekki starfa nú.

Aðalmaður og varamaður, er utanþjóðkirkjusöfnuður nefnir til, þurfa ekki að vera úr hópi stjórnarmanna safnaðar, en eiga hins vegar að teljast til safnaðarins.

Um 10. gr.

Þessi grein er um sama efni og 18. gr. laga nr. 21/1963.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að kirkjugarðsstjórn sjái ávallt um að láta taka grafir í kirkjugarði, en þetta er heimildarákvæði í 2. mgr. 18. gr. laganna. Sama er um árlegt viðhald legstaða. Breytingin er gerð til að tryggja að menn sitji við sama borð alls staðar á landinu að þessu leyti, því þótt kirkjugarðar hafi víðast séð um þessa þætti er það enn svo á stöku stað að aðstandendur þurfa sjálfir að annast grafartöku.

Það nýmæli er í 2. mgr. að lagt er til að kirkjugarðsstjórn beri kostnað af prestsþjónustu vegna útfara og er sú breyting af sama meiði og þær að ofan. Það hefur verið gagnrýnt að misjafnt sé eftir landshlutum hvaða þjónustu menn fái greidda af kirkjugarðsgjöldum og að niðurgreiðsla kostnaðar valdi mismunun eftir því hver sjái um útför. Þessi breyting miðar að því að tilgreina skýrt og tæmandi hvað það er sem er greitt og þeir liðir, sem hér eru tíundaðir, eru enn fremur hlutlausir gagnvart því hvar athöfn fer fram og hver sér um útförina. Kostnaður við prestsþjónustu er nú um 8.000 kr. vegna hverrar útfarar og er það lægri upphæð en víða virðist hafa verið varið til niðurgreiðslu á útfararkostnaði, t.d. í Reykjavík. Hins vegar hefur ekkert verið greitt sums staðar. Víðast ættu kirkjugarðsstjórnir að geta greitt það sem frumvarpið leggur þeim á herðar í þessari grein, en í undantekningartilvikunum mundi Kirkjugarðasjóður hlaupa undir bagga.

Um 11. gr.

Hún fjallar um skipulagsnefnd kirkjugarða, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1963.

Í 1. mgr. er það nýmæli að skipulagsstjóri ríkisins skuli eiga sæti í nefndinni, enda snerta verkefni nefndarinnar allmjög verksvið hans, sbr. m.a. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Er mikilvægt að njóta sérþekkingar hans almennt á þessum málum, svo og þekkingar á skipulagi einstakra staða.

Þá er í 1. mgr. mælt fyrir um að kjósa skuli varamenn þeirra tveggja nefndarmanna sem kirkjuþing og kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma kjósa. Lagt er til að kjörtímabil þessara manna skuli vera fjögur ár, sex ár nú. Í ákvæðinu segir einnig að biskup skuli vera formaður nefndarinnar og skeri atkvæði hans úr ef atkvæði verða þar jöfn.

Í 2. mgr. er það nýmæli eitt að lagt er til að starfsheiti umsjónarmanns kirkjugarða breytist í framkvæmdastjóra kirkjugarða.

Ákvæðið um að kostnaður við störf skipulagsnefndar greiðist úr Kirkjugarðasjóði er í samræmi við lagaframkvæmdina.

Um IV. kafla.

Hér er safnað ákvæðum um skyldu sveitarfélaga vegna kirkjugarða (grafreita). Þar er einnig ákvæði, er tengist þessu, um eignarnám á landi undir kirkjugarð. Ákvæði 5. gr. laga nr. 21/1963 er hér klofið niður í fjórar greinar og má ætla að það horfi til glöggvunar.

Um 12. gr.

Þessi grein er í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Um 13. gr.

Hún mælir fyrir um sama efni og 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Í 1. mgr. 13. gr. er skylda um vegarlagningu að kirkjugarði og um að halda vegi ökufærum lögð á sveitarfélag. Sérstaklega er vikið að snjómokstri í þessu sambandi, nánast til að taka af tvímæli. Þá er það nýmæli að vegurinn skuli vera af sömu gerð og tíðkast í sveitarfélagi og lýsing einnig ef unnt er. Horfir þetta til nánari skýringar á þeim efnisskyldum sem hér reynir á. Svipuðu gegnir um það nýmæli síðast í málsgreininni, þar sem mælt er fyrir um greiðslu kostnaðar við akstur á ofaníburði.

Um 14. gr.

Hún er að öllu verulegu í samræmi við 5. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Um 15. gr.

Hún er sama efnis og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Um V. kafla.

Hér eru grundvallarákvæði um ákvarðanir um nýjan kirkjugarð (upptöku hans) og stækkun hins eldra. Er þessari grein valin sérstök kaflafyrirsögn. Til greina kom að skipa einnig í þessum kafla ákvæðum varðandi ákvörðun um að hætta að grafa í kirkjugarði og um niðurlagningu kirkjugarða, en þau ákvæði eru í VIII. kafla frumvarpsins. Mikilvægt er að vanda vel til undirbúnings þeirra ákvarðana sem um ræðir í þessum kafla.

Um 16. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 1. og 2. mgr 7. gr. laga nr. 21/1963, en sérákvæði er þó um Reykjavíkurprófastsdæmi þar sem sérstaklega stendur á vegna fjölda safnaða er standa að kirkjugarði.

3. mgr. er um sama efni og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1963, en með ýmsum breytingum. Hér er boðið að leita skuli umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis (borgarlæknis) og skipulagsnefndar sveitarfélags um fyrirhugaðar framkvæmdir. Ljóst er að á miklu stendur að náið og traust samstarf sé á milli allra þeirra aðila er frumvarpsgreinin víkur að. Það er nýmæli í greininni að unnt sé að skjóta úrlausn skipulagsnefndar kirkjugarða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til fullnaðarúrskurðar, en nefndin fellir fullnaðarúrskurð um málið skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1963.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um uppdrætti af kirkjugörðum og ýmsar framkvæmdir í þágu kirkjugarða.

Um 17. gr.

Hún er sama efnis og 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. þeirra laga er skipað í 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Hún er sama efnis og 6. gr. laga nr. 21/1963. Það er nýmæli í greininni að leita skuli tillagna skipulagsnefndar sveitarfélags áður en ráðist er í framkvæmdir þær sem greinin víkur að. Girðingu umhverfis garð ber að haga í samræmi við staðfestan uppdrátt af kirkjugarði. Um sérákvæði varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

Um 19. gr.

1. mgr. er í samræmi við 14. gr. laga nr. 21/1963, en óþarft þykir að víkja þar sérstaklega að girðingu, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er í samræmi við 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1963 og þykja þau eiga betur heima hér efnislega. Í 3. mgr. er orðinu „endurgjaldslaust“ skotið inn í til að taka af tvímæli.

Um 20. gr.

1. mgr. er sama efnis og 25. gr. laga nr. 21/1963. Hér er það nýmæli að heimilað er að reisa kapellu auk líkhúss og er það eðlileg rýmkun ákvæðisins. Í greininni er kveðið á um húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn og er það rýmra ákvæði en í 25. gr. og styðst við breyttar þarfir. Enn er boðið í greininni að uppdrættir og staðarval húsa skuli samþykkt m.a. af skipulagsnefnd sveitarfélags og að gerð kapellu og líkhúss skuli háð samþykki þeirrar nefndar og heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins.

Í 2. mgr. er lagt til að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að styrkja kostnaðarsamar framkvæmdir við útfararkirkjur. Ákvæði þessa efnis er ekki í núgildandi lögum, en slíkur stuðningur mun allt að einu hafa átt sér stað. Þykir eðlilegt að þessi heimild sé sett í lög þar sem víða um landið er mikil samstaða með kirkju og kirkjugarði og getur stuðningur verið á báða vegu þegar sérstök þörf þykir á. Þetta er aðeins heimildarákvæði og er það hverrar kirkjugarðsstjórnar fyrir sig að marka sér stefnu í þessum málum. Nánar mætti kveða á um þetta í reglugerð, sbr. 50. gr. frumvarpsins, að fenginni reynslu af þessu ákvæði.

Í 3. mgr. er fjallað um greftrunarkirkjur og svo kveðið á að kirkjugarðsstjórn skuli annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra. Þetta er tiltölulega auðvelt í framkvæmd þegar svo hagar til að sókn sameinast annarri sókn eða sóknum, enda skulu þá eignir hinnar aflögðu sóknar renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til. Hér getur hins vegar verið um það að ræða að sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki. Sóknin hefur þá engar tekjur af sóknarmönnum, hvorki sóknargjöld né kirkjugarðsgjöld, og þá er engri sóknarnefnd til að dreifa er tengist sókninni og þar af leiðandi ekki kirkjugarðsstjórn. Prófastur á að verðveita eigur hennar og er eðlilegt að því fé sé varið með nokkrum hætti til að kosta rekstur greftrunarkirkju, en að öðru leyti virðist þurfa á ákvæðum að halda um tillag til rekstrar greftrunarkirkju og kemur þá m.a. til greina framlag úr Kirkjugarðasjóði, sbr. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru almennar reglur um grafir, umhirðu leiða og legastaðaskrá.

Um 21. gr.

1. mgr. kveður á um að leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þurfi til að reka útfararþjónustu og að ráðuneytið afli sér umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um umsóknir um slík leyfi. Ekki er stefnt að því með þessu ákvæði að auka kröfur til þeirra sem nú stunda þessa starfsemi eða hafa í framtíðinni bein áhrif á fjölda þeirra aðila sem þessa þjónustu stunda, heldur leggja grunn að því að til þeirra aðila, sem ætli sér að koma inn í þessa starfsemi, séu gerðar ákveðnar eðlilegar faglegar kröfur.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að þar sem kirkjugarðsstjórnir annist útfararþjónustu skuli sú starfsemi vera aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar. Þetta ákvæði er í góðu samræmi við 10. gr. frumvarpsins og það sem segir í athugasemdum um þá grein að skýrt skuli kveðið á um það til hvaða verkefna kirkjugarðsgjöldum er varið og að þau skuli ekki notuð til annars. Ákvæði 2. mgr. 21. gr. miðar að því að útfararþjónusta á vegum kirkjugarðsstjórnar sitji við sama borð í viðskiptalegu tilliti og útfararþjónusta á vegum annarra aðila.

Um 22. gr.

Hún er óbreytt 10. gr. laga nr. 21/1963.

Um 23. gr.

1. mgr. er óbreytt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1963.

2. mgr. er nýmæli sem styðst við auðsæ rök. Hér er eingöngu um heimild að ræða fyrir kirkjugarðsstjórn.

Um 24. gr.

Hún er óbreytt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1963.

Um 25. gr.

Hún er um sama efni og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1963. Orðalagsbreytingin um vandamenn horfir til einföldunar. Til fjölskyldu teljast hjón (sambúðarfólk), börn, kjörbörn og fósturbörn og fer um rétt þeirra til legs í fjölskyldugrafreit eftir þeirri röð sem þau andast, nema samkomulag sé um annað milli vandamanna.

Lagt er til að afnumið sé gjald það er 1. mgr. 12. gr. víkur að. Þá er fellt niður það ákvæði að heimilt sé að tvígrafa ef það er tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Um það atriði fer samkvæmt almennu reglunni í 23. gr. og ákvörðun kirkjugarðsstjórnar sem tekur tillit til vandamanna.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1963 eru ekki tekin í frumvarpið.

Um 26. gr.

Hún er sama efnis að öllu verulegu sem 16. gr. laga nr. 21/1963, en þó er þess að gæta að lagt er til að hér sé um heimildarákvæði að ræða. Ákvæði 16. gr. leggur á hinn veg skyldu á kirkjugarðsstjórn til tiltekinna aðgerða.

Um 27. gr.

1. mgr. er óbreyttur fyrri hluti 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1963, en hér segir þó að einnig skuli greina kennitölu hinna jarðsettu ef því er að skipta.

2. mgr. er sama efnis og síðari hluti 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1963. Sú breyting er lögð til að í Reykjavíkurprófastsdæmum og í öðrum prófastsdæmum, „ef þurfa þykir“,

skuli afhenda afrit af legstaðaskrá mánaðarlega borgarlækni (héraðslækni), manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða og Blóðbankanum í Reykjavík. Styðst þessi breytingartillaga við óskir sem fram hafa komið um framkvæmd þessara mála. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mælir fyrir um, að fengnum tillögum biskups, hvaða prófastsdæmi komi undir greinda reglu um aukaskil.

3. mgr. er nýmæli er heimilar kirkjugarðsstjórn í samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Er hér komið til móts við óskir þeirra sem vilja láta grafir vera ómerktar, „m.a. til þess að leggja ekki kvaðir á vandamenn að sinna reitnum“, eins og sagði í greinargerð með breytingartillögunni á sínum tíma. Mun þessi háttur vera farinn að ryðja sér til rúms erlendis. Í 1. mgr. er vitnað í 3. mgr. til þess að tengja saman tilhögun þessara tveggja málsgreina og enn fremur er í 28. gr. vísað í 3. mgr. 27. gr.

Um 28. gr.

Hún er sama efnis og 15. gr. laga nr. 21/1963. Í 1. mgr. er vísað til 27. gr., sbr. athugasemd við hana. Á eftir orðinu „timbri“ í 1. mgr. er bætt við „plasti eða sambærilegu efni“ og standa auðsæ rök til þess. Úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða skv. 2. mgr. er fullnaðarúrslit máls.

Um 29. gr.

Hún er sama efnis og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1963. Lagt er til að niður sé fellt gjald það er greinir í 1. mgr. 13. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. er skipað í 19. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 21/1963 er heimilt að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Á það ákvæði rót að rekja til 17.–19. gr. laga nr. 64/1932. Lítið hefur kveðið að því að slíkir sjóðir væru stofnaðir á síðustu áratugum og hefur ákvæðið að mestu misst marks. Ekki þykir rétt að halda í þessa tilhögun. Í 1. mgr. 30. gr. er því lagt til að afnumin verði hin sérstaka heimild í kirkjugarðalögum til að stofna slíka sjóði, þ.e. undir umsjá kirkjugarðsstjórnar. Allt að einu er hugsanlegt að til þeirra sé stofnað sem hverra annarra sjóða, eftir atvikum með sérstakri skipulagskrá. Er 1. mgr. við þetta miðuð. Hins vegar þarf að sjá borgið þeim sjóðum sem fyrir hendi eru. Er lagt til í 2. og 3. mgr. að sömu ákvæði að öllu verulegu gildi um þá sem nú eru í lögum, þ.e. í 2. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 21/1963.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði er lúta að ákvörðunum um að hætt skuli að greftra í kirkjugarði (grafreit) og um niðurlagningu hans. Þá eru ákvæði um hvers gæta skuli um niðurlagða kirkjugarða til frambúðar og m.a. um að heimilt sé að gera þá að almenningsgörðum í sveitarfélagi, sbr. áður 7. gr. kirkjugarðalaga 1901 og 20.–23. gr. laga nr. 64/1932 og nú 21.–23. gr. laga nr. 21/1963.

Um 31. gr.

1. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1963. Ákvörðunin um niðurlagningu kirkjugarðs er gild ef gerð er á lögmætum safnaðarfundi og er hér ekki áskilinn aukinn meiri hluti atkvæða, ⅔, eins og í 1. mgr. 21. gr. Ef fleiri en einn söfnuður er um kirkjugarð á að fjalla um mál á fundi hvers safnaðar um sig. Um sérákvæði varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1963. Ekki þykir ástæða til að ráðuneytið láti þinglýsa friðhelgi niðurlagðs kirkjugarðs, enda ber að greina hann á fornleifaskrá og lýsa honum samkvæmt því. Heimilt er þó að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

3. mgr. er sama efnis og 22. gr. laga nr. 21/1963. Síðari liður 22. gr. er eigi tekinn með í frumvarpið.

4. mgr. samsvarar 3. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963, en er nokkuð breytt. Gert er hér ráð fyrir að skipulagsnefnd kirkjugarða geri tillögu í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélaga og kirkjugarðsstjórn hvernig fara skuli með kirkjugarð sem hætt er að greftra í. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963 er það umsjónarmaður kirkjugarða sem fjallar um málið. Mikilvægt er að skipulagsnefnd sveitarfélags sé virk í meðferð þessa máls.

Um 32.–35. gr.

Þær eru að öllu verulegu í samræmi við 23. gr. laga nr. 21/1963, en rétt hefur þótt að kljúfa þá grein niður í fleiri greinar. Um sérákvæði í 32. gr. varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

Um 36. gr.

Hún er óbreytt 24. gr. laga nr. 21/1963.

Um IX. og X. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um kirkjugarðsgjöld og í X. kafla um Kirkjugarðasjóð. Með lögum nr. 89/1987 var ákvæðum um þessi efni skipað að nýju. Þykir heppilegra að þau ákvæði séu í heildarlögunum um kirkjugarða en í sérlögum. Lög nr. 21/1963 verða væntanlega afnumin ef frumvarp þetta verður lögfest. Er það ankannalegt ef eftir sem áður væru í gildi lög er breyta þeim lögum.

Ákvæðum nýju laganna um kirkjugarðsgjöld er skipað hér í IX. kafla og um Kirkjugarðasjóð í X. kafla. Efnisbreytingar eru ekki að neinu marki. Af lagatæknilegum ástæðum þykir gleggra að skipa efni 1. gr. laganna í tvær greinar, 37. og 38. gr., og ákvæðum 3. gr. laganna einnig í tvær greinar, 40. og 41. gr. frumvarpsins. Úr 2. gr. hafa verið felld niður ákvæði um gjaldtöku árin 1988–1990, en ekki er um efnisbreytingar að ræða.

Í lögum nr. 89/1987 er hugtakið kirkjugarðsgjald tvíþætt. Það er látið taka til gjalds skv. 38. gr. þessa frumvarps er miðast við hundraðshluta af aðstöðugjöldum, svo og til hlutdeildar kirkjugarða í tekjuskatti, sbr. 39. gr. Er þetta óbreytt í þessu frumvarpi. Hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti var lækkuð um 15% með lánsfjárlögum, nr. 116/1989, og um 20% með lánsfjárlögum, nr. 26/1991. Upphæðin á einstakling á mánuði er 174,9 kr. árið 1992 án tillits til skerðingar samkvæmt lánsfjárlögum.

Í lok 38. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að hjón beri sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þeirri grein. Í dómi Hæstaréttar 1976, dómasafn XLVII, bls. 1011, er talið óheimilt að gera lögtak í séreign maka til tryggingar á greiðslu kirkjugarðsgjalds hins. Er því talin ástæða til að taka þessa málsgrein í 38. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr. þykir rétt að taka fram að Kirkjugarðasjóður var stofnaður með lögum nr. 21/1963. Er orðalagi 3. gr. framangreindra laga frá 1987 breytt til samræmis við það. Bent skal á að kirkjuráð er ekki bundið við að kjósa menn úr sínum hópi til setu í stjórn Kirkjugarðasjóðs.

Um 41. gr. frumvarpsins skal á það bent að svo sem meginmarkmiði Kirkjugarðasjóðs er lýst verður hann eins konar jöfnunarsjóður kirkjugarða. Um 3. mgr. 41. gr. vísast til 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins og athugasemdar við það ákvæði.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum um kirkjugarða, nr. 89/1987.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um heimagrafreiti. Er haldið óbreyttri þeirri stefnu, sem mörkuð var með lögum nr. 21/1963, að eigi megi veita leyfi til upptöku heimagrafreita, sbr. hins vegar 33.–36. gr. laga nr. 64/1932.

Um 42. og 43. gr.

Þær eru í samræmi við 28. og 29. gr. laga nr. 21/1963, en ákvæði 2. mgr. 43. gr. er ekki í 29. gr.

Um XII. kafla.

Hann fjallar um skráningu kirkjugarða og heimagrafreita og skoðun þeirra. Er 44. gr. hér valin sérstök kaflafyrirsögn.

Um 44. gr.

Hún er óbreytt 30. gr. laga nr. 21/1963.

Um XIII. kafla.

Hér er fjallað um grafreiti utanþjóðkirkjusafnaða. Bent er á að skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er heimilt að hafa sérstök greftrunarsvæði, sem ekki eru vígð, innan kirkjugarðs. Þar er og vikið að helgun eða vígslu grafreita utanþjóðkirkjumanna.

Um 45. gr.

Hún er sama efnis og 31. gr. laga nr. 21/1963, en nokkru ítarlegri til skýringar. Fellt er niður lokaákvæði 2. mgr. 31. gr. um að utanþjóðkirkjumenn eigi ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarði.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning líks í annan kirkjugarð eða grafreit.

Um 46. gr.

Hún er um sama efni sem 1. mgr. 32. gr. laga nr. 21/1963, en hér er áskilið samþykki kirkjugarðsstjórnar auk samþykkis biskups. Er það lögfesting á lagaframkvæmd.

Um 47. gr.

Hún er sambærileg við 2. mgr. 32. gr. niður að 4. tölul.

Hér er bætt við í hóp þeirra sem veitt geta samþykki samkvæmt greininni, börnum, þar á meðal kjörbörnum og fósturbörnum, og sambúðarmanni eða sambúðarkonu.

Um 48. gr.

Samsvarar 4. tölul. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 21/1963, en rétt þykir að þetta sé sjálfstætt ákvæði og óeðlilegt að skipa því sem skilyrði fyrir leyfisveitingu eins og gert er í greindu ákvæði. Framkvæmd dómsúrlausnar hlýtur að lúta sérstökum reglum, þar á meðal þeim er greinir í úrlausninni sjálfri.

Um 49. gr.

Óbreytt lokamálsgrein 32. gr. laga nr. 21/1963 sem heppilegra þykir að skipa í sérstaka grein.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistöku og brottfallin lög.

Um 50. gr.

Hér er kveðið á um almennar reglugerðir um kirkjugarða. Í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vikið að reglugerðum, sbr. 41. gr., lokamálsgrein um Kirkjugarðasjóð. Þá er einnig gert ráð fyrir erindisbréfum, sbr. 11. gr. Vegna breyttra ákvæða og af öðrum ástæðum þarf hið fyrsta að endurskoða reglugerð um kirkjugarða og svo um líkbrennslu.

Um 51. gr.

Hér er vikið að reglum eða reglugerð fyrir hvern einstakan kirkjugarð sem þörf getur verið á vegna séraðstæðna.

Um 52. gr.

Hún er að kalla óbreytt 35. gr. laga nr. 21/1963 eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 10/1983 og er í samræmi við markaða stefnu um sektaviðurlög í sérrefsilögum, sbr. lög nr. 75/1982 og nr. 10/1983.

Um 53. og 54. gr.

Í þeim greinum eru ákvæði um gildistöku og brottfallin lög og svo um framkvæmd laganna og gildi stjórnvaldsreglna samkvæmt lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915. Um þær er svo fyrir mælt að þær skuli halda gildi sínu allt til þess að nýjar reglur eru settar. Þetta á þó vitaskuld ekki við nema þær samrýmist efnisákvæðum laga þessara.

Að öðru leyti veitir greinin ekki tilefni til athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem ætlað er að skerpa línur um hvaða verkefni kirkjugörðum er ætlað að kosta með kirkjugarðsgjöldum. Með frumvarpinu er verið að sameina í ein lög ákvæði sem snerta kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu, auk endurskoðunar núgildandi laga.

Í I. kafla frumvarpsins eru tekin upp ákvæði um að greftrun og brennsla líka skuli gerð af löggiltum stofnunum. Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um stöðu kirkjugarða að lögum, stjórn þeirra, starfslið og yfirumsjón. Þar er sú breyting að skipulagsstjóri ríkisins skuli eiga sæti í skipulagsnefnd kirkjugarða. Enn fremur er lagt til í 10. gr. frumvarpsins að kirkjugarðsstjórn sjái um að láta taka allar grafir og beri kostnað af prestsþjónustu vegna útfara. Í VII. kafla er lagt til að leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þurfi til að reka útfararþjónustu og að skýrt sé kveðið á um í lögum að þar sem kirkjugarðsstjórnir annist útfararþjónustu skuli sú starfsemi vera aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

Í IX. og X. kafla frumvarpsins eru ákvæði um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð. Eru þau hin sömu og í núgildandi lögum nr. 89/1987 að öðru leyti en því að fjárhæð sú, er rennur til kirkjugarða landsins af óskiptum tekjuskatti, er hækkuð upp til samræmis við verðlagsbreytingar frá því sem það var í núgildandi lögum. Þannig skal gjaldið á árinu 1993 vera 174,9 kr. á einstakling á mánuði að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1991 og 1992. Áætlað er að óskert kirkjugarðsgjald nemi alls um 405 m.kr. á árinu 1993. Á grundvelli laga nr. 115/1992, um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, heldur ríkissjóður eftir 20% af gjaldinu til að standa undir kostnaði ríkisins við tiltekin verkefni á sviði kirkjumála.

Það er mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarp þetta að lögum hafi það engin merkjanleg áhrif á ríkissjóð. Hins vegar er vakin athygli á að ekki er í frumvarpinu breyting á þeim grundvelli sem aðstöðugjaldið er fyrir útreikning kirkjugarðsgjalda þótt innheimta þess hafi verið felld niður.

660. Frumvarp til laga [11. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréf:*
   a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
   b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.
2. *Verðbréfamiðlun:* Milliganga sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.
3. *Verðbréfamiðlari:* Einstaklingur sem fengið hefur leyfi til verðbréfamiðlunar, sbr. 2. gr., og þeir sem vinna að verðbréfamiðlun undir stjórn og á ábyrgð hans.
4. *Verðbréfafyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra, sbr. 7. gr., og annast starfsemi skv. V. kafla laga þessara.
5. *Fjárvarsla:* Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns.
6. *Almennt útboð:* Útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.
7. *Viðskiptavaki:* Verðbréfafyrirtæki eða annar aðili sem hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
8. *Sölutrygging:* Samningur milli verðbréfafyrirtækis og útgefanda verðbréfa þar sem verðbréfafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.
9. *Opinber verðbréfamarkaður:* Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir erlendis.

II. KAFLI
Leyfi til verðbréfamiðlunar.
2. gr.

Viðskiptaráðherra veitir leyfi til verðbréfamiðlunar. Leyfi verður einungis veitt einstaklingum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eru búsettir hér á landi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.

4. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.
5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða leggja fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptavinum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála skulu ákveðin með reglugerð.

Umsókn skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

3. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa leyfi skv. 2. gr., er heimilt að stunda verðbréfamiðlun og nefna sig verðbréfamiðlara, sbr. þó 2. og 3. mgr. 35. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni, svo sem búskiptum eða félagsslitum.

4. gr.

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði VII. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum eru falin til sölu eða að selja eigin verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða verðbréf skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða sem ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

6. gr.

Ákvæði V. kafla taka einnig til verðbréfamiðlara eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Starfsleyfi verðbréfafyrirtækja.

7. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi nema það uppfylli skilyrði laga þessara og hafi fengið starfsleyfi ráðherra. Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð að minnsta kosti 40 millj. kr. og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 40 millj. kr. Fjárhæðir þessar skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

2. Stjórnarmenn skulu vera a.m.k. þrír og fullnægja skilyrðum 1.–3. tölul. 2. gr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrði 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.
3. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 1.–4. tölul. 2. gr.
4. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
5. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir verðbréfafyrirtækisins, staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

IV. KAFLI
Synjun leyfa.

8. gr.

Uppfylli umsækjandi um leyfi til verðbréfamiðlunar skv. 2. gr. eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækis skv. 7. gr. ekki skilyrði laga þessara skal umsókn hlutaðeigandi synjað.

Ráðherra getur synjað umsókn hafi umsækjandi um leyfi til verðbréfamiðlunar eða stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis, að mati ráðherra,

1. verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

9. gr.

Synjun ráðherra á leyfi skv. 8. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

V. KAFLI
Réttindi og skyldur verðbréfafyrirtækja.

10. gr.

Verðbréfafyrirtækjum er einum heimilt og rétt eftir því sem við verður komið, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfafyrirtæki“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

11. gr.

Verðbréfafyrirtæki skv. 7. gr. er, ásamt verðbréfamiðlurum, heimilt að stunda verðbréfamiðlun gegn þóknun. Því er jafnframt heimilt að annast útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og tengda fjármálaþjónustu, þó ekki innlána- og útlánastarfsemi. Þá er verðbréfafyrirtæki heimilt að annast umsjá og vörslu verðbréfa verðbréfasjóða að fenginni viðurkenningu bankaeftirlitsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði. Öðrum aðila en verð-

bréfafyrirtæki er óheimilt að annast þá starfsemi sem að framan greinir nema lög ákveði annað, sbr. þó 35. gr.

Verðbréfafyrirtæki er jafnframt heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 1. og 2. mgr.

12. gr.

Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Tilkynna skal bankaeftirlitinu fyrir fram um stofnun útibús.

13. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn fyrirtækisins njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skal verðbréfafyrirtækið, að teknu tilliti til þekkingar viðskiptamanna, veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfafyrirtækja skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

14. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hvaða þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara.

15. gr.

Taki verðbréfafyrirtæki að sér þjónustu sem því er heimil samkvæmt lögum þessum, sbr. 11. gr., skal, eftir því sem við á, gerður um það sérstakur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptamanns þess þar sem meðal annars skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 22. gr., sbr. þó 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr.

16. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal halda fjármunum viðskiptamanns tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi fyrirtækið fengið til þess skriflegt umboð. Í framsalsáritun ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði og ber verðbréfafyrirtæki að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á verðbréfi sem framselt hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Sá sem veitt hefur verðbréfafyrirtæki umboð skv. 2. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun verðbréfafyrirtækis skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til fyrirtækisins fylgi ekki verðbréfinu.

17. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis, sbr. þó 1. mgr. 11. gr. Útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra útboða í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, sbr. 1. mgr. 11. gr., tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriða:

1. Að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt.
2. Að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum.
3. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.
4. Að stjórn verðbréfafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Verðbréfafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

19. gr.

Verðbréfafyrirtæki getur veitt viðskiptaaðila lán og gengið í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta, sem því er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum, eftir eigin verklagsreglum sem bankaeftirlitið staðfestir.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum, sbr. 11. gr., þó ekki fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

20. gr.

Verðbréfafyrirtæki er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi verðbréfafyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, sbr. 1. mgr. 13. gr.

21. gr.

Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar þess. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem

ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Bankaeftirlitið sker úr um hvort eignarhlutur brjóti í bága við grein þessa og getur veitt undanþágu frá henni mæli sérstakar ástæður með því.

Um heimildir annarra starfsmanna verðbréfafyrirtækis varðandi þau atriði, sem í 1. mgr. greinir, fer eftir reglum sem stjórn verðbréfafyrirtækis setur og bankaeftirlitið staðfestir.

VI. KAFLI
Meðferð trúnaðarupplýsinga.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til verðbréfa sem eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og er viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann hafa hlotið viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

23. gr.

Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 22. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

24. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 1. mgr. 23. gr., sem hlotið hafa vitneskju um trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær með þeim hætti sem þar segir, enda hafi þeir vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

25. gr.

Ákvæði 23. og 24. gr. ná einnig til lögaðila og taka til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að fara með viðskipti fyrir reikning lögaðilans.

26. gr.

Útgefendur verðbréfa skulu setja eigin reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.

Stjórnvöld og aðrir aðilar, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér reglur skv. 1. mgr.

VII. KAFLI
Ársreikningar og endurskoðun.

27. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfafyrirtækis er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfafyrirtækis.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

28. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þess eða starfa að öðru leyti í þess þágu en að endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfafyrirtækis og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn þess veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

29. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal láta í ljós álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skal endurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða atriði sem geta veikt fjárhagsstöðu fyrirtækisins skal endurskoðandi þegar gera stjórn fyrirtækisins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækis hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

30. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfafyrirtækis ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra en eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Jafnframt er verðbréfafyrirtækjum skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati þess, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum VI. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögðaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynlegt til rannsóknar málsins.

IX. KAFLI
Afturköllun leyfa.

32. gr.

Skylt er ráðherra að afturkalla leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi verðbréfafyrirtækis

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði laga þessara fyrir leyfisveitingu,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

33. gr.

Hafi verðbréfamiðlari eða verðbréfafyrirtæki ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim og ekki sinnt kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 31. gr. er ráðherra heimilt að afturkalla leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta hlutaðeigandi leyfi til verðbréfamiðlunar eða starfsleyfi um stundarsakir. Skal ráðherra þá skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

34. gr.

Afturköllun á starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða leyfi til verðbréfamiðlunar skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfafyrirtækis endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á fyrirtækinu eða flutning á starfsemi þess til annars verðbréfafyrirtækis.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Hyggist verðbréfamiðlari eða verðbréfafyrirtæki hefja starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna það bankaeftirlitinu og eftirlitsaðila í hlutaðeigandi ríki.

Leyfi til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi fer samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Um gildi leyfa til starfsemi er lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

36. gr.

Verðbréfamiðlarar og starfsmenn þeirra, svo og stjórnendur, framkvæmdastjórar og aðrir starfsmenn verðbréfafyrirtækja, eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

37. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtæki.

38. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, þar á meðal um viðurlög í formi dagsekta.

XI. KAFLI
Viðurlög.

39. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Brot gegn ákvæðum VI. kafla varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðinu.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XII. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.
40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlarar samkvæmt lögum nr. 20/1989, sem eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu hafa lagað starfsemi sína að ákvæðum laganna eigi síðar en einu ári frá gildistöku þeirra. Ráðherra getur þó veitt verðbréfafyrirtækjum lengri frest, þó aldrei lengur en í sex mánuði.

Þeim sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 20/1989 við gildistöku laga þessara er eigi skylt að sækja námskeið skv. 4. tölul. 2. gr.

661. Frumvarp til laga [12. mál]

um verðbréfasjóði.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd verðbréfasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og
2. gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá félaginu fé til ávöxtunar og innleysa þau að kröfu eigenda af eignum félagsins.

II. KAFLI
Starfsleyfi verðbréfasjóða og skráning.
2. gr.

Starfsemi samkvæmt lögum þessum verður einungis stunduð af verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara og fengið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir starfsleyfi eru sem hér segir:

1. Verðbréfasjóðurinn sé löglega stofnaður, sbr. 9. gr.
2. Hann hafi yfir að ráða minnst 50 milljónum króna eða minnst 10 milljónum króna sem skiptist á a.m.k. 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10.000 krónum og hljóði á nafn.
3. Samþykktir sjóðsins fullnægi ákvæði 1. mgr. 8. gr.
4. Vörslufyrirtæki og rekstrarfélag fullnægi skilyrðum V. kafla.
5. Endurskoðun sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir verðbréfasjóðs og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

3. gr.

Verðbréfasjóðum með fullgilt starfsleyfi er einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1. gr. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt og rétt eftir því sem við verður komið að nota orðið „verðbréfasjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögum þessum í fyrirtæki sem lögin taka ekki til.

4. gr.

Uppfylli verðbréfasjóður ekki skilyrði laga þessara til að öðlast starfsleyfi skal umsókn synjað.

Ráðherra getur synjað um leyfi til reksturs verðbréfasjóðs hafi stjórnarmenn sjóðsins eða framkvæmdastjórar rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis

1. verið dæmdir fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlitsins.

5. gr.

Synjun ráðherra á leyfi skv. 4. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

6. gr.

Ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um starfsleyfi verðbréfasjóðs. Í tilkynningunni skal koma fram nafn sjóðsins, stjórnarmanna og endurskoðenda auk nafns rekstrarfélags og vörslufyrirtækis sjóðsins. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynning hefur verið birt.

Hefji verðbréfasjóður ekki starfsemi innan tólf mánaða frá veitingu starfsleyfis fellur það úr gildi.

7. gr.

Bankaeftirlitið skal halda sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna verðbréfasjóðs og hverjir séu endurskoðendur hans. Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um þær upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI
Samþykktir verðbréfasjóða.

8. gr.

Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

1. Nafn verðbréfasjóðs, heimili og varnarþing.
2. Nafn vörslufyrirtækis sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um það.
3. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
4. Ákvæði um boðun aðalfundar og málefni sem þar skal fjallað um, þar á meðal hvort og með hvaða hætti samþykktum verði breytt.
5. Hverjir eigi rétt til setu á aðalfundi og atkvæðisréttur þeirra.
6. Stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélag hans, sbr. 12. gr.
7. Hver hafi rétt til að skuldbinda verðbréfasjóðinn og hver fari með atkvæðisrétt sem fylgir verðbréfum í hans eigu.
8. Fjárfestingarstefna verðbréfasjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum.
10. Hvernig háttað skuli innlausn hlutdeildarskírteina.
11. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
12. Endurskoðun og reikningsár sjóðsins.
13. Ákvæði um samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
14. Hvernig sjóði verði slitið.

Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu bankaeftirlitsins. Breytingar skulu staðfestar séu þær í samræmi við lög, enda séu þær að öðru leyti í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli gegn staðfestingu. Breytingar öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema bankaeftirlitið ákveði annað. Tilkynning um breytingar skal birt í Lögbirtingablaði.

Verðbréfasjóður skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um hverja breytingu á samþykktum sjóðsins og jafnframt auglýsa hana opinberlega.

IV. KAFLI
Stjórn og skipulag verðbréfasjóða.

9. gr.

Verðbréfasjóð má stofna sem hlutafélag eða í öðru félagsformi.

Heimilt er að verðbréfasjóður starfi í aðgreindum deildum. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

10. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum verðbréfasjóðs. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta. Aðalfund skal boða með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

11. gr.

Stjórn verðbréfasjóðs skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykkta og skal vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og sam-

þykktir sjóðsins, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 2. mgr. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags skv. V. kafla.

V. KAFLI
Rekstrarfélög og vörslufyrirtæki.

12. gr.

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Félagið skal vera hlutafélag með aðsetur hér á landi. Það skal vera óháð í störfum sínum og einungis hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum sem ekki falla undir ákvæði laga þessara. Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki skv. 14. gr.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast hluti með atkvæðisrétti í þeim mæli að það geri félaginu kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

13. gr.

Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Honum er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja án samþykkis bankaeftirlitsins.

14. gr.

Umsjá og varðveisla verðbréfa verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins eða lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal

1. sjá um að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. sjá um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans,
4. sjá um að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. sjá um að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Viðurkenningu sem vörslufyrirtæki geta hlotið

1. verðbréfafyrirtæki,
2. viðskiptabankar og sparisjóðir,
3. aðrar lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum sem um þær gilda,
4. útibú hliðstæðra stofnana sem starfa hér á landi.

15. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að skipta um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki án samþykkis bankaeftirlitsins.

VI. KAFLI
Hlutdeildarskírteini.

16. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar. Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

17. gr.

Í hlutdeildarskírteini skal m.a. getið eftirtalinna atriða:

1. Nafns verðbréfasjóðs, fjárvörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafns og kennitölu framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

18. gr.

Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal halda skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Í skránni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Númer skírteinis og söludagur þess.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags verðbréfasjóðs. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið.

Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gerð nafnaskrá þar sem fram komi nöfn þeirra sem eiga atkvæðisrétt og atkvæðafjöldi. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að fá afrit af þessari skrá eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund sjóðsins.

19. gr.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum samþykkta verðbréfasjóðsins. Þó er verðbréfasjóði heimilt samkvæmt ákvæðum samþykkta að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt bankaeftirliti og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlut-

deildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Bankaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

VII. KAFLI
Fjárfestingarstefna verðbréfasjóða.

20. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.
2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eða að þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða deild innan hans heimilt að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem heimila verðbréfasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

Heildarfjárfesting skv. 2. og 3. mgr. má aldrei fara fram úr 10% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

21. gr.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild innan hans er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 22. og 23. gr. Fjárfesti sjóðurinn eða einstök deild hans meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða einstakri deild hans heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þess-

ara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur bankaeftirlitið heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samanlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

22. gr.

Bankaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði eða einstakri deild hans að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 21. gr. telji bankaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans.

Bankaeftirlitið getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

23. gr.

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta meira en sem svarar til 5% af eignum sjóðsins eða deildarinnar í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem uppfylla skilyrði laga þessara. Þó er bankaeftirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um rýmri mörk, enda sé óheimilt að setja hlutdeildarskírteini í hlutaðeigandi sjóði á markað utan Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem hafa sömu stjórn eða rekstrarfélag eða eru að öðru leyti nátengd verðbréfasjóðnum. Bankaeftirlitið getur þó heimilað slíka fjárfestingu samkvæmt reglum sem það setur.

Rekstrarfélagi er óheimilt að leggja á gjöld eða kostnað vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna sjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í öðrum verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi sem rekstrarfélagið er tengt vegna sameiginlegrar stjórnar eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

24. gr.

Verðbréfasjóður má ekki eignast meira en

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa,
3. 10% hlutdeildarskírteina í einstökum verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,
2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,

3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

25. gr.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki jafnan náð innan sex mánaða. Bankaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

26. gr.

Verðbréfasjóðir mega ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

27. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka lán nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Skammtímalán allt að 10% af eignum sjóðsins til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina.
2. Lán allt að 10% af eignum sjóðsins til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lán skv. 1. mgr. mega hæst nema 15% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra.

28. gr.

Um viðskipti eigenda, stjórnenda og starfsmanna verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags, svo og maka þeirra, skal gæta eftirtalinna atriða:

1. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.
2. Að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

VIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

29. gr.

Stjórnir verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfasjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfasjóðs.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

30. gr.

Ársreikningur verðbréfasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags, vera starfsmaður þessara aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Ákvæði 2. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstrarfélagi og vörslufyrirtæki sem nauðsynleg eru vegna endurskoðunar hjá verðbréfasjóði.

31. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningur hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning, skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstrarins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur sjóðsins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

Ákvæði 3. mgr. taka til endurskoðenda rekstrarfélags og vörslufyrirtækis eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaeftirlitið ákveður skal einnig sent því og það liggja frammi á starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Auk ársreiknings verðbréfasjóðs samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga vörslufyrirtækis og rekstrarfélags eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum félögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

IX. KAFLI
Eftirlit.

33. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum, sem lögin taka til, sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands, svo og lög um verðbréfaviðskipti.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

X. KAFLI
Afturköllun leyfa.

34. gr.

Skylt er ráðherra að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

35. gr.

Hafi verðbréfasjóðir, rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 33. gr. hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðsins að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfasjóðs á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

36. gr.

Afturköllun á starfsleyfi verðbréfasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars verðbréfasjóðs.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín eða stofna útibú í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning eða stofnun útibús er fyrirhuguð.

Leyfi til starfsemi, er lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa fer samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Um gildi leyfa til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

38. gr.

Stjórnendur og starfsmenn verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

39. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfasjóði.

40. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

XII. KAFLI
Viðurlög.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

XIII. KAFLI
Gildistaka.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi verðbréfasjóðir við gildistöku laga þessara skulu hafa uppfyllt ákvæði þeirra

og hlotið starfsleyfi ráðherra eigi síðar en einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Verðbréfafyrirtækjum, sem annast rekstur verðbréfasjóða við gildistöku laga þessara og hafa með höndum starfsemi sem lögin taka til, er heimilt að stunda þá starfsemi í eitt ár eftir gildistöku laga þessara. Ráðherra getur veitt lengri frest, þó ekki lengur en í sex mánuði.

662. Frumvarp til laga [13. mál]

um Verðbréfaþing Íslands.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Verðbréfaþing Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur einkarétt á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi hér á landi. Önnur starfsemi er Verðbréfaþinginu óheimil, sbr. þó ákvæði 20. gr.

Með verðbréfaþingsstarfsemi er átt við að á reglubundinn hátt séu leidd saman sölu- og kauptilboð í verðbréf til opinberra viðskipta og verðskráningar. Verðbréfin skulu vera úr tilteknum flokkum sem stjórn Verðbréfaþings hefur með formlegum hætti tekið á sérstaka skrá þar sem útgefendur skuldbinda sig meðal annars til að sinna tiltekinni upplýsingaskyldu.

Verðbréfaþingið tekur við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands sem starfar samkvæmt reglum nr. 26/1992.

Verðbréfaþinginu er skylt og einu heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfaþing“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Verðbréfaþingsins er eftirfarandi:

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. VI. kafla,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila, sbr. IV. kafla,
3. að meta skráningarhæfi verðbréfa, sbr. V. kafla,
4. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
5. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt, sbr. ákvæði VIII. kafla.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins skipa sjö menn. Þeir skulu valdir til tveggja ára í senn fyrir lok febrúarmánaðar. Seðlabankinn tilnefnir formann stjórnar. Aðrir þingaðilar tilnefna

tvo menn. Annar þeirra er varaformaður stjórnar. Útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tilnefna tvo menn. Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefna einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra tilnefnir einn mann sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að Verðbréfaþinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar skipar viðskiptaráðherra þá stjórnarmenn sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

Reglur, sem settar eru af stjórninni, skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Aðalfund Verðbréfaþingsins skal halda fyrir febrúarlok ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar, sbr. 16. og 17. gr.

Rétt til setu á aðalfundi hafa auk stjórnarmanna, varamanna þeirra og framkvæmdastjóra fulltrúar allra þingaðila, sbr. IV. kafla.

Stjórnin getur, þegar hún telur tilefni til, boðað alla þingaðila, sbr. IV. kafla, til fundar. Hver þingaðili, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn, á rétt á að senda einn fulltrúa á slíka fundi. Skylt er henni að boða til fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

III. KAFLI
Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins ræður framkvæmdastjóra þess. Hún ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjórans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur þingsins. Framkvæmdastjórinn skal vera búsettur hér á landi. Hann skal hafa óflekkað mannorð, aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóranum og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan Verðbréfaþingsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlitið sker úr ágreiningi í einstökum tilvikum. Þegar sérstaklega stendur á getur bankaeftirlitið veitt hlutaðeigandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

7. gr.

Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnar og tekur þátt í umræðum nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur henni reglulega skýrslur um starfsemi og daglegan rekstur Verðbréfaþingsins.

IV. KAFLI
Þingaðilar.

8. gr.

Þingaðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Þingaðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands.
2. Verðbréfafyrirtæki, viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, svo og aðrir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti lögum samkvæmt.
3. Erlendir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi.

Þingaðilar einir hafa rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild frá öðrum en Seðlabankanum, sem er sjálfkrafa aðili án umsóknar, skulu sendar stjórn Verðbréfaþingsins. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 8. gr. Auk þess skulu umsækjendur uppfylla eftirgreind skilyrði:

1. að hafa til að bera nægа reynslu í verðbréfaviðskiptum,
2. að hafa undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og í einu og öllu í samræmi við gildandi lög og reglur.

10. gr.

Nú telur stjórn Verðbréfaþingsins að þingaðili hafi hagað sér á þann hátt í starfi sínu að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins og skal hlutaðeigandi þingaðili þá að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar án ástæðulauss dráttar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar en hún skal svipta þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Uppfylli þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrði um aðild að þinginu skal stjórnin svipta hann aðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI
Skráning verðbréfa.

11. gr.

Þingaðilar sækja um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins. Skráning er háð samþykki stjórnar þingsins sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til skráningar. Skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf,
2. að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur,
3. að þingaðila sé tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

12. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi skráðra verðbréfa eða þingaðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá Verðbréfaþingsins. Skal stjórn þingsins verða við því að undangenginni athugun á forsendum fyrir slíkri ósk.

Ráðherra getur tímabundið stöðvað öll viðskipti á Verðbréfaþinginu þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Hann skal hafa samráð við stjórn þingsins sé þess nokkur kostur áður en slík ákvörðun er tekin.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið.

13. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

14. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Þingaðilar skulu gera stjórn Verðbréfaþingsins grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

15. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur settar skv. 13. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

16. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Verðbréfaþingsins skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og reglna. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár þingsins er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu Verðbréfaþingsins.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi Verðbréfaþingsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hennar og afkomu á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum. Í ársskýrslu skal jafnframt veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjár-

hæð launa, þóknun eða aðrar greiðslur til starfsmanna, stjórnar og framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu þingsins.

17. gr.

Ársreikningur Verðbréfaþingsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi þingsins má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum Verðbréfaþingsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn hennar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðandi áritar ársreikning og greinir frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann gefur yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna. Endurskoðandi lætur í ljós álit sitt á ársreikningnum og greinir frá niðurstöðum að öðru leyti.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Birta skal endurskoðaðan ársreikning ásamt ársskýrslu í B-deild Stjórnartíðinda.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

18. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Verðbréfaþingsins sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirlitinu heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingsins og þingaðila sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands, svo og lög um verðbréfaviðskipti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stjórn Verðbréfaþingsins annast eftirlit með því að verðbréfaviðskipti í þinginu séu í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stjórn þingsins skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem hún telur nauðsynleg vegna eftirlitshlutverks síns. Verði stjórn eða starfsmenn þingsins þess áskynja að brotið hafi verið gegn þeim skal stjórnin þegar grípa til viðeigandi ráðstafana og jafnframt gera bankaeftirlitinu viðvart.

Stjórn og starfsmenn Verðbréfaþingsins skulu þegar gera bankaeftirlitinu viðvart verði þeir í starfi sínu varir við starfsemi sem ætla má að sé í andstöðu við lög, reglugerðir eða reglur og ekki fellur undir ákvæði 2. mgr., enda sé umrædd starfsemi til þess fallin að skaða hagsmuni verðbréfamarkaðarins.

Ákvæði 2. mgr. skerðir í engu rétt bankaeftirlitsins til eftirlits og aðgerða gagnvart þeim sem lög þessi taka til telji bankaeftirlitið slíkt nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kostnaður af rekstri Verðbréfaþingsins greiðist af tekjum þess samkvæmt gjaldskrá sem stjórn þingsins setur.

20. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins getur ákveðið að taka þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamiðstöðvar og greiðslujöfnunarkerfis fyrir verðbréf.

21. gr.

Verðbréfaþinginu er óheimilt að veita lán eða takast á hendur ábyrgð fyrir þriðja aðila. Einnig er þinginu óheimilt að bera á nokkurn hátt ábyrgð sem meðeigandi eða þátttakandi í rekstri annarra stofnana, félaga eða fyrirtækja, sbr. þó ákvæði 20. gr.

22. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Verðbréfaþingsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila þingsins, málefni þess svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Verðbréfaþinginu heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem Verðbréfaþingið fær ofangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

X. KAFLI
Viðurlög.

23. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

24. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur, að fengnum tillögum stjórnar Verðbréfaþingsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi reglur um Verðbréfaþing Íslands nr. 26/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. situr stjórn Verðbréfaþings Íslands við gildistöku laga þessara til loka febrúar 1994.

II.

Verðbréf, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara, skulu halda skráningunni án þess að sótt sé um skráningu fyrir þau að nýju samkvæmt ákvæðum laganna.

III.

Þingaðilar að Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara skulu vera það áfram án þess að sótt sé um aðild skv. 9. gr. laganna, enda fullnægi þeir skilyrðum IV. kafla laganna um aðild að þinginu.

663. Skýrsla [376. mál]

um ríkisfjármál árið 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1 Afkoma ríkissjóðs árið 1992 - Helstu niðurstöður

Heildaryfirlit. Nú liggur fyrir uppgjör á afkomu ríkissjóðs á árinu 1992. Það sýnir glöggt veruleg umskipti í ríkisfjármálum frá árinu 1991. Rekstrarhalli ríkissjóðs minnkar um nær helming og sömu sögu er að segja af lánsfjárþörf ríkisins. Tekist hefur að stöðva vöxt ríkisútgjalda þannig að útgjöld lækka beinlínis í krónutölu milli ára. Jafnframt tókst að mestu að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs á almennum lánamarkaði í stað yfirdráttar í Seðlabanka.

* Samkvæmt niðurstöðutölum Ríkisbókhalds nam rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu 1992 7,2 milljörðum króna, eða 1,9% af landsframleiðslu. Á árinu 1991 nam hallinn 12,5 milljörðum króna, eða 3,3% af landsframleiðslu.

* Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1992 námu 110,6 milljörðum króna, eða 1 milljarði umfram fjárlög. Frávik frá fjárlögum er 0,9% og þarf að leita langt aftur í tíma til að finna jafnlítið frávik.

* Útgjöld ríkissjóðs lækka að raungildi um 5,4 milljarða króna frá árinu 1991. Rekstrarkostnaður ríkisins lækkar um 2 milljarða króna, stofnkostnaður um 2,1 milljarð og vaxtakostnaður um 1,8 milljarða króna. Á móti vegur lítils háttar aukning í rekstrartilfærslum.

* Heildartekjur ríkissjóðs árið 1992 námu 103,4 milljörðum króna, eða 2 milljörðum minna en í áætlun fjárlaga. Þetta er meginskýringin á meiri halla ríkissjóðs en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

* Tekjur ríkissjóðs hækka að raungildi um 0,3 milljarða króna árið 1992. Skatttekjur ríkissjóðs lækka hins vegar um 0,7 milljarða króna að raungildi árið 1992.

* Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka í árslok 1992 var jákvæð um 2,4 milljarða króna. Í lok ársins 1991 var hins vegar 6,1 milljarðs króna yfirdráttur í Seðlabanka.

* Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, en það er sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna halla á rekstri og útstreymi á lánareikningum, nam sömu upphæð eða 7,2 milljörðum króna árið 1992. Árið 1991 var lánsfjárþörf ríkissjóðs helmingi meiri, eða 14,6 milljarðar króna.

* Lánsfjárþörf ríkissjóðs segir ekki alla sögu um áhrif opinberra aðila á lánamarkaðinn því að hún var í fyrra einungis þriðjungur af lánsfjárþörf opinberra aðila. Verulega dró hins vegar úr lántökum í fyrra. Árið 1991 nam lánsfjárþörf opinberra aðila rúmlega 40 milljörðum króna, eða 3 milljörðum meira en heildarsparnaður á því ári. Árið 1992 var lánsfjárþörfin 40% minni, eða tæplega 24 milljarðar króna.

* Enda þótt dregið hafi úr lántökum ríkissjóðs erlendis er ljóst að hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til mikillar skuldasöfnunar erlendis sem mun koma fram í þyngri greiðslubyrði afborgana og vaxta á næstu árum. Það er eitt af forgangsverkefnum hagstjórnar landsins að stöðva erlenda skuldasöfnun.

Skýringar á helstu frávikum. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu frávikum niðurstöðutalna fyrir árið 1992 frá fjárlögum. Nánari umfjöllun er að finna í viðkomandi köflum.

Afkoma ríkissjóðs 1990 - 1992

Í milljónum króna	1990	1991	Fjárlög 1992	Útkoma 1992
Tekjur	92.453	99.953	105.463	103.447
Gjöld	96.899	112.487	109.575	110.607
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-12.534**	**-4.112**	**-7.160**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,3	-3,3	-1,1	-1,9
Lánveitingar, nettó	-2.724	-2.114	-275	-15
Hrein lánsfjárþörf	**7.170**	**14.648**	**4.387**	**7.175**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	2,0	3,8	1,1	1,9
Lántökur, nettó	**7.884**	**8.535**	**4.400**	**9.434**
Innlend lántaka - afborganir	7.175	3.216	1.650	5.494
Erlend lántaka - afborganir	2.740	6.074	2.750	4.716
Lán í Seðlabanka - afborganir	-2.031	-755	-	-776
Greiðsluafkoma	**714**	**-6.113**	**13**	**2.259**

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1992 námu 103,4 milljörðum króna og er það tveimur milljörðum króna undir tekjuáætlun fjárlaga. Helstu frávik eru þessi:

	M.kr.
Tekjuskattur einstaklinga	- 840
Virðisaukaskattur	- 506
Innflutnings- og vörugjöld	- 413
Tryggingagjald	418
Aðrar skatttekjur	- 192
Aðrar tekjur	- 483
Samtals	**- 2.016**

Gjaldahlið. Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1992 námu 110,6 milljörðum króna, eða um einum milljarði króna umfram fjárlög. Helstu frávik frá fjárlögum eru þessi:

	M.kr.
Hækkun útgjalda vegna kjarasamninga	850
Lægri tekjur af sölu aflaheimilda	430
Hærri rekstrarútgjöld	150
Sparnaður í sjúkratryggingum sem náðist ekki fram	1.040
Greiðsluuppgjör vegna eldri búvörusamnings	760
Atvinnuleysi umfram forsendur fjárlaga	290
Lægri vextir á markaði en í forsendum fjárlaga ...	- 1.550
Minni viðhalds- og stofnkostnaður	- 940
Samtals	**1.032**

Af hækkun útgjalda vegna kjarasamninga eru 650 m.kr. vegna almennra kjarasamninga frá s.l. vori, 170 m.kr. vegna dóms í Hæstarétti í máli BHMR og 30 m.kr. vegna kjarasamninga við lækna frá árinu 1991.

Afkoma A-hluta ríkissjóðs



Samanburður við fyrri ár. Eins og áður er fram komið lækkaði hallinn á ríkissjóði árið 1992 um 5,4 milljarða króna frá árinu áður. Þrátt fyrir að ríkissjóður hafi verið rekinn með halla átta ár í röð verða nokkur umskipti árið 1992. Þannig tókst að snúa við þeirri þróun sem verið hafði mörg undanfarin ár og einkenndist af samfelldum vexti ríkisútgjalda og beinlínis lækka útgjaldastigið. Helstu skýringar á lækkun útgjalda eru sparnaður í rekstri ríkisstofnana, þó sérstaklega hjá sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu, minni stofnkostnaður ríkisins og lægri vextir á skammtímalánum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þetta á stærstan þátt í því að draga verulega úr lánsfjárþörf opinberra aðila árið 1992 eftir samfellda aukningu allt frá árinu 1986. Engu að síður er lánsfjárþörf opinberra aðila enn umtalsverð sem takmarkar óhjákvæmilega svigrúmið til almennrar lækkunar vaxta.

2 Framvinda efnahagsmála árið 1992

Við undirbúning fjárlagafrumvarps 1992 gætti nokkurrar bjartsýni um að samdráttarskeiði síðustu ára væri að ljúka þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir að þjóðartekjur myndu dragast saman vegna minnkandi fiskafla. Á móti kom að áform voru uppi um byggingu nýs álvers sem reiknað var með að hefði áhrif á efnahagslífið undir lok árs 1992.

Þegar fjárlög ársins 1992 voru samþykkt höfðu efnahagshorfur hins vegar versnað til muna, aðallega vegna frestunar álversframkvæmda og versnandi viðskiptakjara. Einkaneysla var talin dragast saman um 6% á árinu, samneysla um ½% og fjárfesting um 12½%. Í heild voru þjóðarútgjöld talin dragast saman um 6½% og landsframleiðsla um 4%.

Niðurstaða ársins 1992 var þó ekki jafn slæm og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Bráðabirgðatölur benda til þess að landsframleiðsla hafi dregist saman um 3,3% á árinu 1992 sem þó er mesti samdráttur á einu ári frá því árið 1968. Einkaneysla er talin hafa dregist saman um 3½%, samneysla aukist um ½% og fjárfesting dregist saman um 14%. Þá varð viðskiptahalli talsvert minni en spáð var. Viðskiptakjör eru talin hafa versnað sem nemur 4% og vegur þar þyngst verðlækkun á sjávarafurðum erlendis.

Þjóðhagsyfirlit

Raunbreytingar milli ára, %	1991	Fjárlög 1992	Bráðab. 1992
Einkaneysla	5,6	-6,1	-3,5
Samneysla	5,2	-0,3	0,5
Fjárfesting	3,0	-12,4	-14,0
Þjóðarútgjöld	5,8	-6,3	-5,1
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,7	-4,0	-2,2
Innflutningur vöru og þjónustu	6,5	-10,1	-7,2
Verg landsframleiðsla	1,4	-4,1	-3,3
Vergar þjóðartekjur	2,9	-6,1	-4,2
Viðskiptahalli, % af landsframleiðslu	-5,0	-4,1	-3,1

Í fyrsta sinn í hartnær aldarfjórðung gætti nokkurs atvinnuleysis sem fór vaxandi þegar líða tók á árið. Enda þótt efnahagssamdráttinn megi að talsverðu leyti rekja til þeirra erfiðleika sem langvarandi aflasamdráttur hefur í för með sér bætir ekki úr skák að efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum Íslendinga hefur einnig verið hæg.

Hagvöxtur á mann



Samanburður við önnur lönd. Heimsbúskapurinn hefur verið í mikilli lægð undanfarin ár og þótt hann hafi heldur rétt úr kútnum upp á síðkastið hefur batinn verið mun hægari en efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Atvinnuleysi hefur haldið áfram að aukast þrátt fyrir að hagvöxtur hafi aðeins tekið við sér. Á hinn bóginn hefur dregið verulega úr verðbólgu víðast hvar og vextir farið lækkandi þótt frá því séu veigamiklar undantekningar, eins og í Þýskalandi.

Í OECD-löndunum er áætlað að hagvöxtur hafi verið um 1½% að meðaltali á árinu 1992 og spáð er tæplega 2% hagvexti á árinu 1993. Á Norðurlöndum hefur hagvöxtur verið mjög hægur á undanförnum árum, reyndar talsvert hægari en í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Efnahagur Finna tók kollsteypu í kjölfar falls Sovétríkjanna, en mikil viðskipti höfðu átt sér stað milli þessara ríkja áður. Landsframleiðsla dróst saman um 6½% árið 1991 og 3½% árið 1992. Þá jókst atvinnuleysi úr 3½% árið 1990 í 13% árið 1992 og spáð er að það verði 20% á þessu ári. Svíar hafa einnig átt við alvarleg efnahagsleg vandamál að stríða. Hallinn á ríkisbúskapnum í Svíþjóð var um 9% af landsframleiðslu á síðasta ári og stefnir í 12% á þessu ári.

Síðla sumars 1992 hækkuðu Þjóðverjar vexti til að varna því að verðbólga í Þýskalandi færi á skrið. Á sama tíma slaknaði peningamálastefna Bandaríkjamanna. Í kjölfarið veiktist gengi Bandaríkjadals og japanska yensins gagnvart Evrópumyntum. Samkeppnisstaða ýmissa Evrópulanda fór því versnandi. Ítalía, Bretland og nokkur önnur ríki klufu sig út úr myntbandalagi Evrópu í haust vegna þrýstings á gjaldeyrismörkuðum og felldu gengi gjaldmiðla sinna. Í kjölfarið fylgdi keðja gengislækkana, meðal annars í ýmsum af helstu samkeppnislöndum Íslendinga. Þetta leiddi til þess að gengi íslensku krónunnar var fellt um 6% þann 23. nóvember síðastliðinn.

Helstu hagstærðir nokkurra ríkja

	Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1992	1993	1992	1993	1992	1993
Ísland	**3,7**	**4,0**	**3,0**	**5,0**	**-3,3**	**-1,4**
Danmörk	2,1	0,9	11,1	11,6	1,0	1,9
Finnland	2,7	3,5	12,8	20,0	-3,5	0,0
Noregur	2,5	3,5	6,2	6,6	2,3	1,5
Svíþjóð	2,3	5,1	4,8	6,2	-1,2	-1,4
Norðurlönd alls	**2,4**	**3,6**	**8,1**	**10,4**	**-0,3**	**0,2**
Bretland	4,6	3,4	10,8	12,3	-0,9	1,4
Frakkland	2,9	2,9	10,1	10,8	1,9	1,0
Ítalía	5,2	4,5	10,2	10,6	1,1	0,8
Þýskaland	5,9	4,3	7,5	8,5	1,7	0,0
Evrópubandalagið allt	**4,5**	**4,4**	**9,5**	**10,6**	**1,1**	**0,7**
Bandaríkin	2,6	2,6	7,3	7,2	2,0	2,4
Japan	1,9	1,8	2,1	2,2	1,5	1,5
Kanada	1,0	2,2	11,2	11,3	1,3	3,0
OECD-ríki alls	**3,4**	**2,6**	**7,9**	**8,2**	**1,6**	**1,7**

Efnahagssamdrátturinn hér á landi á sér að mörgu leyti svipaðar orsakir og í öðrum löndum. Undanfarin ár hefur verðbólga í OECD-ríkjunum farið lækkandi. Jafnframt hefur dregið úr hömlum á fjármagnsmarkaði, jafnt innan lands sem milli landa. Hjöðnun verðbólgunnar víða um lönd hefur leitt til hækkunar raunvaxta vegna þess að nafnvextir hafa ekki lækkað í takt við verðlag. Þessi þróun er sérstaklega áberandi í ríkjum þar sem gengi gjaldmiðilsins er ekki traust. Nýleg dæmi er að finna í Svíþjóð og Finnlandi, en þar hafa raunvextir verið mjög háir.

Þá hafa skuldir fyrirtækja og einstaklinga farið vaxandi samhliða auknum möguleikum þeirra til að afla sér lánsfjár erlendis. Þetta tvennt, háir vextir og auknar skuldir, hefur síðan valdið erfiðleikum í rekstri og leitt til gjaldþrota. Þessar aðstæður hafa haft áhrif á fasteignaverð sem hefur farið lækkandi. Þessi þróun skýrir meðal annars mikla erfiðleika í rekstri banka og annarra fjármálastofnana. Afleiðing alls þessa er almenn stöðnun og jafnvel samdráttur í efnahagslífinu víða um lönd ásamt vaxandi atvinnuleysi.

Verðlagsmál. Á árinu 1992 urðu verðlagsbreytingar mun minni en ætlað var í upphafi árs. Gert var ráð fyrir 5,5% hækkun framfærsluvísitölu milli ára en hún hækkaði einungis um 3,7%. Hækkunin innan ársins var mun minni, eða um 1,5%. Með þessu er Ísland komið í hóp þeirra OECD-ríkja sem hafa lægsta verðbólgu og eru það mikil umskipti frá fyrri tíð. Ástæðurnar eru vafalaust margvíslegar. Þyngst vegur að í kjarasamningunum frá 1990, sem í reynd voru framlengdir 1992, náðist víðtækt samkomulag um að setja kaupmáttarmarkmið í öndvegi og freista þess að halda verðlagshækkunum í lágmarki. Jafnframt hefur aukin samkeppni innan lands, einkum í matvöruverslun, skipulagsbreytingar í atvinnulífinu og aukið frjálsræði í viðskiptum átt sinn þátt í þessari þróun.

Verðbólga
Þriggja mánaða breytingar



Vinnumarkaður. Skráð atvinnuleysi tvöfaldaðist á síðasta ári og mældist 3% af mannafla á móti 1,5% árið 1991. Þetta er mesta atvinnuleysi sem mælst hefur síðan skráning hófst árið 1969. Atvinnulausum fjölgaði um 2.100 manns frá upphafi til loka ársins. Í desember voru um 6.100 manns skráðir atvinnulausir, eða sem svarar til 4,8% af mannafla, en atvinnuástand er venjulega verst á þessum tíma árs.

Atvinnuleysi



Skipting atvinnuleysis eftir búsetu og kyni hefur breyst nokkuð síðustu árin. Hlutfall atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mikið. Árin 1987 og 1988 voru aðeins rúmlega 20% atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1989-1991 var þessi tala komin upp í 40% og náði 50% á árinu 1992. Virðist því sem atvinnuleysi sé orðið viðvarandi á höfuðborgarsvæðinu, en áður var það að mestu bundið við landsbyggðina, vegna tímabundinna lokana frystihúsa.

Á síðustu árum hefur einnig orðið talsverð breyting á skiptingu atvinnuleysis milli kynja. Árin 1987 og 1988 voru karlar innan við 40% þeirra sem voru án atvinnu, en á árunum 1991 og 1992 var hlutfall þeirra komið upp í 50%.

Laun og kaupmáttur. Kjarasamningarnir sem gerðir voru í febrúar 1990 féllu úr gildi í september 1991. Það var þó ekki fyrr en síðla í apríl 1992 að samningar tókust milli aðila á vinnumarkaði á grundvelli miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Almenn launahækkun á samningstímanum nam 1,7% og kom til framkvæmda 1. maí 1992. Samið var um sérstakan launaauka á heildarlaun undir 80.000 krónum á mánuði sem greiðast skyldi tvisvar á samningstímabilinu. Að auki hækkuðu orlofsuppbót og desemberuppbót nokkuð. Gildistími samninganna var til 1. mars 1993.

Erfitt er að henda reiður á heildarbreytingum tekna árið 1992. Þannig hækkuðu samningsbundin laun, þ.e. kauptaxtar, um 2,8% að meðaltali milli áranna 1991 og 1992. Launavísitala Hagstofunnar, sem mælir auk taxtabreytinga áhrif launaskriðs, hækkaði heldur meira, eða um rúmlega 3%. Tölur um hækkun dagvinnulauna segja þó ekki alla söguna. Þannig benda upplýsingar úr staðgreiðslukerfi skatta til þess að heildartekjur hafi hækkað mun minna, eða innan við 1%. Munurinn skýrist einkum af auknu atvinnuleysi og styttri vinnutíma.

Ekki liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um þróun launa á almenna vinnumarkaðnum. Tölur um launaþróun ríkisstarfsmanna benda til þess að heildarlaun hafi hækkað um rúmlega 2% milli áranna 1991 og 1992. Dagvinnulaun hækkuðu meira, eða um 3½%, og gætir hér einkum áhrifa samningsbundinna hækkana vegna starfsaldurs o.fl. Samkvæmt þessum upplýsingum stóð kaupmáttur dagvinnulauna ríkisstarfsmanna í stað milli áranna 1991 og 1992, en samdráttur yfirvinnu leiðir til þess að kaupmáttur heildarlauna hefur minnkað á sama tímabili um 1½-2%.

Fiskafli og framleiðsla. Heildarafli landsmanna var á árinu 1992 um 1.570 þúsund tonn samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands. Aukninguna frá fyrra ári má rekja til loðnuafla sem jókst um 540 þúsund tonn milli ára. Tonnatölur segja hins vegar ekki alla söguna um áhrif aflabreytinga þar sem verðmæti einstakra fisktegunda er afar breytilegt. Á föstu verði var aflinn í fyrra svipaður og árið áður. Áætlað er að útflutningsframleiðslan á föstu verði hafi dregist saman um 1½% á árinu 1992 miðað við árið 1991.

Ekki er búist við að verð á áli og kísiljárni hækki í bráð. Verð á þessum afurðum hefur lækkað mikið á síðustu árum og stafar lækkunin af hvoru tveggja, efnahagserfiðleikum í iðnríkjunum og auknu framboði frá Austur-Evrópu.

Veltubreytingar. Samkvæmt upplýsingum um veltu einstakra atvinnugreina má ætla að heildarveltan í þjóðfélaginu fyrstu tíu mánuði ársins hafi dregist saman um tæp 2% að nafnvirði, eða sem nemur um 6% að raunvirði. Útkoman er hins vegar afar misjöfn eftir atvinnugreinum.

Samdrátturinn er mestur í útflutningsgreinunum, eða um 20%. Velta í smásöluverslun dróst saman um 4½% að raunvirði meðan velta í heildverslun hefur dregist saman um næstum 11%. Samdrátturinn í heildverslun kemur einkum fram í bifreiðaverslun enda dróst innflutningur bifreiða saman um meira en þriðjung milli áranna 1991 og 1992. Í öðrum atvinnugreinum hefur samdrátturinn verið minni. Í þjónustugreinum hefur hins vegar ekki orðið vart samdráttar. Til samanburðar má nefna að samkvæmt nýlegum tölum frá Þjóðhagsstofnun virðist afkoma atvinnuveganna í heild hafa verið neikvæð á árinu 1992, en þó innan við 1% af tekjum.

Utanríkisviðskipti. Á árinu 1992 varð hallinn á viðskiptum við útlönd 11,8 milljarðar króna, eða 3,1% af landsframleiðslu.[1] Þetta er talsvert minni halli en árið 1991 en þá nam hann 19,3 milljörðum króna og svarar það til 5% af landsframleiðslu. Þessi batamerki koma einkum fram í almennum þjónustuviðskiptum sem bötnuðu um 3½ milljarð króna frá árinu 1991. Vöruskiptin bötnuðu um 3 milljarða króna og vaxtajöfnuður var 1 milljarði króna hagstæðari en árið áður.

Viðskiptajöfnuður



Vöruskiptajöfnuðurinn 1992 var í járnum samanborið við 3 milljarða króna halla árið 1991. Verðmæti vöruútflutnings varð 4½% minna á föstu gengi en á árinu 1991, einkum vegna samdráttar í útflutningi sjávarafurða og lækkandi afurðaverðs. Innflutningur til landsins dróst mun meira saman, eða um 8% að verðmæti milli áranna 1991 og 1992. Fólksbílainnflutningur dróst verulega saman, eða um 30%. Innflutningur á hrávörum og

[1] Þessar tölur eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands og sýna 3 milljarða króna lægri viðskiptahalla en birtist í frétt Þjóðhagsstofnunar frá í janúar s.l. Ekki liggur fyrir endurskoðað uppgjör og eru því tölur um viðskiptahalla í töfluviðauka samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar.

rekstrarvörum dróst saman um nálægt 10% og innflutningur á fjárfestingarvörum um 14%. Innflutningur á neysluvörum öðrum en matvælum, svo sem heimilistækjum, fatnaði og tóbaki, dróst saman um 7½%. Innflutningur skipa jókst mikið milli áranna 1991 og 1992, en innflutningur flugvéla minnkaði að sama skapi. Lægra olíuverð erlendis hafði einnig jákvæð áhrif á vöruskiptin þrátt fyrir nokkra aukningu í magni.

Almenni þjónustujöfnuðurinn batnaði verulega á árinu 1992 og varð jákvæður um 2 milljarða króna, en árið 1991 var hann neikvæður um 1½ milljarð króna. Vaxtajöfnuðurinn var sem fyrr neikvæður um tæplega 14 milljarða króna sem er þó hagstæðara en í fyrra, en þá var hann neikvæður um tæplega 15 milljarða króna. Helsta skýringin er lágt gengi Bandaríkjadals og lækkandi vextir erlendis.

Peningamarkaðurinn. Árið 1992 einkenndist af stöðugleika í peningamálum. Mun meira jafnvægis gætti milli innlána og útlána en árið 1991 þegar eftirspurn eftir lánsfé var mun meiri en framboðið. Þennan stöðugleika má að miklu leyti rekja til minni lánsfjárþarfar ríkisins.

Enda þótt útlán og innlán bankakerfisins hafi aukist í fyrra var breytingin mun minni en árið áður. Heildarinnlán jukust um 2,2% að raunvirði á árinu 1992, samanborið við 5,5% aukningu árið 1991. Heildarútlán bankakerfisins jukust minna, eða um 1,4% að raunvirði, samanborið við 6,6% árið 1991. Lausafjárstaða bankanna batnaði því nokkuð á síðasta ári, eða um tæpa 2 milljarða króna.

Helsta skýringin á lítilli útlánsaukningu í fyrra er að verulega dró úr lántökum ríkisins. Að raungildi lækkuðu útlán til ríkisins um tæplega 30% árið 1992, samanborið við 15% aukningu 1991. Þetta kemur fyrst og fremst fram í mun betri stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka en áður. Útlán til einstaklinga jukust verulega, eða um 10% að raungildi, þriðja árið í röð. Frá ársbyrjun 1990 hafa lántökur einstaklinga aukist um nær þriðjung að raungildi, eða um 13-14 milljarða króna. Þessi þróun kemur einnig fram í ört vaxandi skuldsetningu heimilanna, en á sama þriggja ára tímabili jukust skuldir þeirra um tæplega 80 milljarða króna. Aukninguna má einkum rekja til húsnæðislánakerfisins. Lán til fyrirtækja jukust minna, eða um 3,3% að raungildi árið 1992.

Peningalegur sparnaður hefur aukist verulega á síðustu árum í kjölfar hærri raunvaxta. Sparnaður hélt áfram að aukast í fyrra þótt heldur hafi hægt á þessari þróun, meðal annars vegna lægri raunvaxta. Síðustu áætlanir benda til þess að nýr sparnaður hafi numið 34 milljörðum króna árið 1992, samanborið við 37 milljarða árið 1991.

Vaxtaþróunin á árinu 1992 var nokkuð skrykkjótt. Framan af árinu fóru raunvextir heldur lækkandi, einkum á óverðtryggðum skuldabréfum. Upp úr miðju ári snerist þessi þróun við og raunvextir tóku að hækka á ný. Að meðaltali lækkaði ávöxtun spariskírteina um ½% milli ára, eða úr 8,0% árið 1991 í 7,5% árið 1992. Svipuð þróun varð á ávöxtunarkröfu húsbréfa, úr 8,3% árið 1991 í 7,7% árið 1992. Raunvextir innlána í bankakerfinu lækkuðu einnig í fyrra á sama tíma og raunvextir útlána hækkuðu, mest á óverðtryggðum skuldabréfum.

Erlend skuldastaða þjóðarbúsins. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa stóraukist á síðustu tveimur áratugum. Árið 1970 námu skuldirnar rétt um 40 milljörðum króna miðað við verðlag ársins 1992. Áratug síðar höfðu heildarskuldirnar meira en tvöfaldast og hækkað í 88 milljarða króna. Í árslok 1992 námu erlendar skuldir hins vegar um 227 milljörðum króna miðað við gengi í lok ársins. Heildarskuldirnar höfðu þannig meira en

fimmfaldast frá árinu 1970 og ríflega fjórfaldast reiknað á hvert mannsbarn, úr 200.000 krónum árið 1970 í 880.000 krónur 1992.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Enda þótt skuldasöfnunin hafi verið misjöfn milli ára hafa erlendar lántökur alltaf vaxið ár frá ári. Mest var aukningin árin 1971 og 1974, yfir 20% að raunvirði hvort ár. Einnig jukust erlendar lántökur verulega árið 1982, um 17%. Öll þessi ár eru einnig metár hvað viðskiptahalla snertir. Árið 1989 jukust erlendar lántökur einnig verulega, eða um tæplega 10%. Frá árinu 1991 hefur þó heldur hægt á þessari þróun eins og fram kemur í meðfylgjandi línuriti.

Samhliða vaxandi erlendum skuldum hefur greiðslubyrði vaxta og afborgana aukist verulega. Árið 1970 fóru um 10% af útflutningstekjum þjóðarinnar til að mæta greiðslu afborgana og vaxta. Þetta hlutfall hélst reyndar nokkuð stöðugt fram undir 1980, einkum vegna mikillar aukningar útflutningstekna. Upp úr því fór hlutfallið hins vegar hækkandi og á árinu 1992 nam greiðslubyrðin rúmlega 26% af útflutningstekjum og stefnir reyndar hátt í 30% árið 1993.

3 Tekjur ríkissjóðs

Erfitt árferði og vaxandi atvinnuleysi setti mark sitt á tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 1992. Þetta endurspeglast einkum í minnkandi tekjum af staðgreiðslu tekjuskatts, en einnig í innheimtu veltuskatta. Samdráttur þjóðarútgjalda, sem ræður mestu um tekjurnar, varð að vísu heldur minni en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga, en á móti vega minni verðbreytingar. Þá vantaði nokkuð upp á áætlaðar tekjur af sölu eigna. Þessir þættir eru meginskýring þess að heildarinnheimta tekna árið 1992 varð réttum tveimur milljörðum króna undir áætlun fjárlaga.

Á árinu 1992 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 103,4 milljörðum króna. Þar af nam innheimta skatta 95,8 milljörðum króna samanborið við 93,5 milljarða árið 1991. Samkvæmt því hækkuðu skatttekjurnar um 2,4% milli ára. Á sama tíma hækkaði verðvísitala landsframleiðslu um rúmlega 3%. Þetta þýðir að skatttekjur ríkissjóðs dragast saman um ½% að raungildi milli áranna 1991 og 1992 en heildartekjurnar aukast lítillega.

Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eykst hins vegar um 0,7% frá árinu 1991 vegna samdráttarins í þjóðarbúskapnum og hlutfall heildartekna ívið meira, eða um 1%.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekju- og eignarskattar	**19.263**	**21.088**	**20.348**	**-740**	**5,6**
Einstaklingar	15.055	16.288	15.467	-821	2,7
Fyrirtæki	4.208	4.800	4.881	81	16,0
Óbeinir skattar	**74.240**	**76.215**	**75.422**	**-793**	**1,6**
Innflutnings- og vörugjöld	9.460	8.608	8.195	-413	-13,4
Virðisaukaskattur	38.954	40.450	39.944	-506	2,5
Hagnaður ÁTVR	6.487	6.650	6.435	-215	-0,8
Launa- og tryggingagjöld	9.130	9.150	9.568	418	4,8
Bifreiðagjöld	6.404	7.140	7.027	-113	9,7
Aðrir skattar	3.805	4.217	4.253	36	11,8
Aðrar tekjur	**6.450**	**8.160**	**7.677**	**-483**	**19,0**
Vaxtagreiðslur	3.947	3.990	4.203	213	6,5
Arðgreiðslur	1.814	2.205	2.347	142	29,4
Sala eigna o.fl.	689	1.965	1.127	-838	63,6
Heildartekjur ríkissjóðs	**99.953**	**105.463**	**103.447**	**-2.016**	**3,5**
Skatttekjur ríkissjóðs	93.503	97.303	95.770	-1.533	2,4
Skatttekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**24,4**	**25,3**	**25,1**	**-0,2**	**0,7**
Heildartekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**26,1**	**27,4**	**27,1**	**-0,3**	**1,0**

Hér á eftir er fjallað nánar um helstu frávik frá niðurstöðutölum fyrra árs og áætlun fjárlaga 1992.

Tekjur ríkissjóðs 1992
Hlutfallsleg skipting



Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Á árinu 1992 var hlutur tekju- og eignarskatta einstaklinga í tekjum ríkissjóðs 15%, eða samtals um 15,5 milljarðar króna. Þar af var tekjuskattur að frádregnum afsláttarliðum og bótagreiðslum 13,2 milljarðar króna, eða tæplega 13% af heildartekjum ríkissjóðs. Það er svipað hlutfall og árið 1991, en ½% lægra en reiknað var með í fjárlögum.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekjuskattur	12.900	14.050	13.210	-840	2,4
Eignarskattar	1.449	1.504	1.574	70	8,6
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	378	414	406	-8	7,4
Erfðafjárskattur	328	320	277	-43	-15,5
Samtals	**15.055**	**16.288**	**15.467**	**-821**	**2,7**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**15,1**	**15,4**	**15,0**	**-0,4**	**0,1**

Samkvæmt yfirliti um staðgreiðslu tekjuskatts eru tekjubreytingar milli áranna 1991 og 1992 langt undir umsömdum taxtabreytingum. Þannig jukust skattskyldar tekjur innan við 1% að meðaltali milli ára á sama tíma og samningsbundnar launahækkanir námu tæpum 3%. Þetta birtist í minni tekjum af staðgreiðsluskatti eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu, en innheimta á tekjuskatti einstaklinga varð rúmlega 800 m.kr. lægri árið 1992 en áætlað hafði verið. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að atvinnutekjur á mann ykjust um 2% milli ára, en fyrrgreindar upplýsingar benda til þess að þær hafi

nánast staðið í stað. Styttri vinnutími og vaxandi atvinnuleysi eru vafalaust þeir þættir sem þar ráða mestu.

Í meðfylgjandi töflu er birt nánari sundurliðun á staðgreiðslu tekjuskatts til að auðvelda mönnum að glöggva sig á vægi einstakra afsláttarliða.

Greiðslugrunnur	Bráðab.-tölur 1992 m.kr.	Hlutfall af tekjum einstaklinga %
Staðgreiðsla án frádráttar	**82.000**	**39,9**
Persónuafsláttur	-44.865	-21,8
Sjómannaafsláttur	-1.330	-0,6
Staðgreiðsla, nettó	**35.805**	**17,4**
Útsvar sveitarfélaga	-14.505	-7,1
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.263	-0,6
Barnabætur	-4.398	-2,1
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.904	-1,4
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**12.735**	**6,2**
Afsláttur vegna kaupa á hlutabréfum árið 1991	-270	-0,1
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**12.465**	**6,1**
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	745	-
Tekjuskattur einstaklinga alls	**13.210**	-

Tekjur af eignarsköttum einstaklinga námu um 1,6 milljarði króna í fyrra, en innheimta þeirra varð heldur betri en reiknað hafði verið með. Munar þar um 70 m.kr. Erfðafjárskattur skilaði hins vegar talsvert minni tekjum en áætlað hafði verið, eða tæpum 280 m.kr. samanborið við 320 m.kr. í áætlun fjárlaga. Þessi tekjustofn er afar sveiflukenndur og áætlun hans alla jafna mjög óviss.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Tekjuskattur fyrirtækja skilaði ríkissjóði nánast sömu tekjum árið 1992 og gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum, eða um 3,3 milljörðum króna. Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti fjárfestingarlánasjóða var að vísu nokkru minni en reiknað hafði verið með, en á móti kemur að innheimtan varð heldur betri. Betri innheimta skýrir einnig að stærstum hluta nær fjórðungs aukningu milli ára, en á sama tíma hækkaði álagning tekjuskatts í takt við almennt verðlag.

Svipaðrar þróunar gætir í innheimtu eignarskatta sem varð nokkru betri en reiknað hafði verið með þrátt fyrir versnandi afkomu fyrirtækja. Þannig jókst innheimtan um 4½% milli áranna 1991 og 1992 þó að álagning eignarskatta hafi í reynd verið lægri í krónum talið á síðasta ári en árið 1991.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekjuskattur	2.652	3.230	3.255	25	22,7
Eignarskattar	1.556	1.570	1.626	56	4,5
Samtals	**4.208**	**4.800**	**4.881**	**81**	**16,0**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**4,2**	**4,6**	**4,7**	**0,1**	**0,5**

Innflutnings- og vörugjöld. Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum drógust saman um tæpan fimmtung að raungildi milli áranna 1991 og 1992. Þannig nam heildarinnheimta þessara tekjustofna 8,2 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við 9,5 milljarða á árinu 1991. Lækkunin milli ára var því liðlega 13% á sama tíma og innflutningsverð hækkaði um 4-5%.

Meginskýringar er tvær. Sú fyrri er samdráttur í eftirspurn sem meðal annars kemur fram í minni innflutningi varanlegra neysluvara, einkum bifreiða. Þannig drógust tekjur af innflutningsgjöldum bifreiða saman um 900 m.kr. á síðasta ári. Þetta er meiri samdráttur en reiknað var með í forsendum fjárlaga fyrir árið 1992, enda voru fluttir inn heldur færri bílar en búist hafði verið við, auk þess að vera ódýrari. Síðari skýringin er niðurfelling jöfnunargjalds þann 1. október 1992, en það ásamt minni innflutningi skerti tekjur ríkissjóðs um tæpar 400 m.kr.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tollar	3.872	3.690	3.428	-262	-11,5
Innflutningsgjald af bifreiðum	1.999	1.615	1.484	-131	-25,8
Jöfnunargjald	899	535	506	-29	-43,7
Vörugjald	2.406	2.494	2.453	-41	2,0
Önnur innflutningsgjöld	284	274	324	50	14,1
Samtals	**9.460**	**8.608**	**8.195**	**-413**	**-13,4**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**9,5**	**8,2**	**7,9**	**-0,3**	**-1,6**

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Árið 1992 skilaði hann tæplega 40 milljörðum króna, eða um 40% af heildartekjum ríkissjóðs. Einkaneyslan, þ.e. neysluútgjöld heimilanna, er sú stærð sem ræður mestu um tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti. Samkvæmt forsendum fjárlaga var reiknað með allt að 6% samdrætti í einkaneyslu á árinu 1992 á sama tíma og almennt verðlag á mælikvarða framfærsluvísitölu var talið hækka um 5½%. Endurskoðun á þessum forsendum bendir hins vegar til þess að neyslan hafi dregist minna saman, eða um tæp 4% á síðasta ári. Verðbreytingar urðu einnig minni, eða innan við 4%. Í ljósi þessarar þróunar hefðu tekjur

af virðisaukaskatti átt að vera svipaðar og gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Niðurstaðan varð hins vegar 500 m.kr. minni tekjur.

Skýringin er fyrst og fremst sú að þegar fjárlög voru afgreidd lágu niðurstöðutölur fyrir árið 1991 ekki fyrir. Útkoman 1991 reyndist hins vegar heldur lægri en áætlað var og tekjugrunnurinn fyrir liðið ár var því að sama skapi ofmetinn. Auk þess urðu ýmsar endurgreiðslur virðisaukaskatts, meðal annars vegna hráefnakaupa fiskvinnslu og aðkeyptrar þjónustu sveitarfélaga talsvert meiri en áætlað hafði verið. Þær fjárhæðir eiga að skila sér síðar í formi útskatts þannig að hér er um tilfærslu milli tímabila að ræða. Til fróðleiks er þessum endurgreiðslum fyrir árin 1991 og 1992 stillt upp í meðfylgjandi töflu, en þær námu samtals um 8,6 milljörðum króna bæði árin. Í forsendum fjárlaga höfðu þær hins vegar verið áætlaðar um 1 milljarði lægri, eða 7,6 milljarðar króna.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Hráefnakaup fiskvinnslu	5.701	5.000	5.664
Vinna við nýbyggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis	1.407	1.225	1.186
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	625	485	839
Endurgreiðslur til ríkisstofnana	72	75	95
Lægra skatthlutfall matvæla	663	685	628
Aðrar endurgreiðslur (ferðamenn o.fl.)	149	150	159
Samtals	**8.617**	**7.620**	**8.571**

Sé innheimta síðasta árs borin saman við útkomuna 1991 fæst 2½% aukning milli ára, eða einungis 1% samdráttur að raungildi. Hér þarf að hafa í huga að á árinu 1991 var aðeins innheimtur virðisaukaskattur af 11½% mánaðar veltu. Sé tekið tillit til þess verður tekjuaukningin í fyrra innan við ½%, eða um 3% samdráttur að raungildi. Þetta er í allgóðu samræmi við samdrátt í neysluútgjöldum heimilanna.

Tekjur af áfengi og tóbaki. Samkvæmt fjárlögum ársins 1992 var ÁTVR ætlað að skila ríkissjóði 6,7 milljörðum króna í tekjur. Niðurstaðan varð hins vegar 6,4 milljarðar, eða 300 m.kr. lægri fjárhæð en reiknað hafði verið með. Lækkunin skýrist eingöngu af meiri samdrætti í sölu, eða um 7%, en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir 4% samdrætti á árinu 1992.

Tryggingagjald. Innheimta tryggingagjalds að meðtöldum eftirstöðvum eldri gjalda og slysatryggingagjaldi vegna ökutækja nam 9,6 milljörðum króna árið 1992, eða 400 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Á þessu fráviki eru tvær meginskýringar. Annars vegar varð innheimta á eftirstöðvum mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og á það jafnt við um tryggingagjaldið sjálft og eldri launagjöld. Hins vegar urðu tekjur af slysatryggingagjaldi vegna ökutækja meiri, en skýring þess er hækkun gjaldskrár umfram forsendur fjárlaga.

Samanburður við niðurstöðutölur ársins 1991 sýnir mun meiri frávik. Meginskýring þess er að á árinu 1991 var aðeins innheimt tryggingagjald í ellefu mánuði, en auk þess var innheimtur launaskattur fyrir einn mánuð (af desemberlaunum 1990).

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tryggingagjald	7.658	8.800	8.933	133	16,6
Slysatryggingagjald vegna ökutækja	108	50	176	126	63,0
Eftirstöðvar eldri gjalda	1.364	300	459	159	-66,3
Samtals	**9.130**	**9.150**	**9.568**	**418**	**4,8**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**9,1**	**8,7**	**9,2**	**0,5**	**0,2**

Bifreiðagjöld. Bensíngjald og þungaskattur eru markaðir tekjustofnar til vegagerðar og nam innheimta þeirra 5,7 milljörðum króna á árinu 1992. Þar af skilaði bensíngjaldið 4 milljörðum króna eins og áætlað hafði verið enda sala á bensíni í takt við áætlanir. Innheimta þungaskatts nam 1,7 milljörðum króna. Það er tæplega 100 m.kr. lægri fjárhæð en áætlað var í fjárlögum, en þar var gert ráð fyrir að breytingar á innheimtukerfi þungaskatts myndu auka innheimtuna um 90 m.kr.

Þrátt fyrir lægri tekjur en gert hafði verið ráð fyrir jukust tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti um 8% að raungildi í fyrra samanborið við árið 1991. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa gjaldskrárhækkunar á árinu 1991.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Bensíngjald	3.632	4.000	3.993	-7	9,9
Þungaskattur, km-gjald	1.104	1.370	1.224	-146	10,9
Þungaskattur, árgjald	428	460	514	54	20,1
Markaðar tekjur til vegagerðar	**5.164**	**5.830**	**5.731**	**-99**	**11,0**
Bifreiðagjald	1.240	1.310	1.296	-14	4,5
Samtals	**6.404**	**7.140**	**7.027**	**-113**	**9,7**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**6,4**	**6,8**	**6,8**	**-**	**0,4**

Innheimta bifreiðagjalds varð heldur lægri á liðnu ári en áætlað var. Þar endurspeglast fyrst og fremst samdráttur í innflutningi bifreiða eins og áður er komið fram.

Aðrir skattar. Undir þennan lið falla ýmis þjónustu- og afgreiðslugjöld auk skatta af erlendum gjaldeyri og stimpilgjöldum. Heildarinnheimta þessara tekjustofna var áætluð 4,2 milljarðar króna á árinu 1992 og gekk sú áætlun eftir í stórum dráttum. Breytingar eru þó nokkuð misjafnar eftir tekjustofnum. Þyngst vega meiri tekjur af gjaldeyrissköttum sem rekja má til uppgjörs á vangoldnu gjaldi af umboðsþóknun og gengismun. Tekjur af þinglýsingum og stimpilgjaldi urðu hins vegar heldur lægri en áætlað hafði verið og drógust raunar saman að raungildi milli ára. Skýringin er án efa minnkandi umsvif í þjóðarbúskapnum á liðnu ári.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið skila þessir liðir talsvert lægri tekjum á síðasta ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Munar þar um ½ milljarði króna. Stærsta frávikið er í tekjum af sölu eigna, en í fjárlögum var áformað að afla 1.100 m.kr. af þessum lið. Niðurstaðan varð hins vegar sú að söluverðmæti eigna nam um 600 m.kr. Þar af voru tæplega 300 m.kr. bókfærðar sem eiginlegar sölutekjur, en afgangurinn kemur fram sem eignabreyting í efnahagsreikningi. Vaxtatekjur og arðgreiðslur urðu hins vegar meiri en áætlað hafði verið.

Helsta frávikið á þessum lið frá árinu 1991 er að í fyrra var innheimt sérstakt gjald vegna þátttöku sveitarfélaga í löggæslukostnaði sem skilaði ríkissjóði 575 m.kr. Þessar tekjur eru bókfærðar undir liðnum sala eigna o.fl. Það skýrir að stærstum hluta þá miklu aukningu sem fram kemur á þeim lið milli áranna 1991 og 1992.

4 Gjöld ríkissjóðs

Breyttar áherslur við gerð og framkvæmd fjárlaga. Núverandi ríkisstjórn markaði í upphafi ferils síns þá meginstefnu í ríkisfjármálum að draga úr halla á ríkissjóði án þess að almennir skattar yrðu hækkaðir. Höfuðáherslan var lögð á lækkun útgjalda. Mikilvægur liður í þeirri viðleitni var að auka virkni og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta í mótun fjárlagatillagna og eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Ríkisstjórnin tók um mitt ár 1991 ákvörðun um verulega lækkun á heildarútgjöldum ríkissjóðs 1992 og skiptingu þeirra á einstök ráðuneyti. Hverjum og einum ráðherra var ætlað að leggja fram tillögur að sparnaði innan síns ráðuneytis og útfæra þær. Þetta kallaði á nýja forgangsröðun verkefna og verulega þrengri fjárhagsramma en ráðuneytin höfðu haft. Þó svo að einstakar sparnaðartillögur tækju nokkrum breytingum og aðrar næðu ekki fram að ganga, voru fjárlög 1992 afgreidd frá Alþingi með um 4,1 milljarðs króna halla og var það svipað markmiði ríkisstjórnarinnar.

Annar mikilvægur liður í að ná fram lækkun ríkisútgjalda var að auka fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að stofnunum ríkisins yrði heimilt að flytja ónotaðar rekstrarfjárveitingar milli ára. Þessi stefna var mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs. Flutningur á ónotuðum fjárveitingum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri og stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti. Þannig er almennt ekki sótt um viðbótarheimildir til rekstrar nema í sérstökum tilvikum, en þess í stað við það miðað að greiðslum umfram heimildir til einstakra málaflokka verði mætt með heimildum næsta árs.

Heildaryfirlit. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 námu alls 110,6 milljörðum króna, samanborið við 112,5 milljarða króna árið 1991. Lækkun milli ára er um 1,7%. Leita þarf langt aftur til að finna dæmi þess að útgjöld ríkissjóðs lækki milli ára í krónum talið. Að teknu tilliti til breytinga á verðvísitölu landsframleiðslu, sem áætluð er um 3,2%, lækka útgjöld um 5,4 milljarða króna frá árinu 1991. Séu útgjöldin borin saman við fjárlög ársins þá fóru þau um 1 milljarð króna fram úr fjárlögum, en það er minna frávik en verið hefur mörg undanfarin ár.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að útgjöld yrðu 109,6 milljarðar króna sem var verulegur samdráttur milli ára. Fallið var frá margvíslegum útgjaldaáformum og framlög til ýmissa málaflokka, sem höfðu farið vaxandi undanfarin ár, voru lækkuð. Má þar nefna framlög til heilbrigðismála, menntamála og landbúnaðarmála. Þá var við lokaafgreiðslu á Alþingi ákveðið að skerða rekstrarframlög til stofnana ríkisins um 5% frá því sem var sett fram í frumvarpi til fjárlaga. Þar af voru 2% sett á safnlið undir hverju ráðuneyti til endurúthlutunar. Sérstök sparnaðarnefnd fjármálaráðherra hafði umsjón með úthlutun safnliða til stofnana, auk þess að fylgja eftir öðrum sparnaðaráformum sem ákveðin voru í fjárlögum.

Í septembermánuði fór fram endurmat á afkomu ríkissjóðs og var sótt um viðbótarheimildir í fjáraukalögum að fjárhæð 3 milljarðar króna og að auki um yfirfærslu heimilda frá árinu 1991 að fjárhæð 0,5 milljarðar króna. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu um 112 milljarðar króna á árinu 1992. Greiðslur urðu þó 1,4 milljörðum

króna lægri eða 110,6 milljarðar króna, eins og áður sagði. Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur urðu að mestu í samræmi við greiðsluheimildir. Aftur á móti urðu vaxtagreiðslur ríkissjóðs um einum milljarði króna undir áætlun og sama er að segja um framlög til stofnkostnaðar. Þar vegur þungt að ýmsum fyrirhuguðum verkum seinkaði, svo sem við Þjóðarbókhlöðu og endurbætur á Bessastöðum.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 91-92 %
Rekstrargjöld	43.053	41.178	42.386	42.382	-1.204	-1,6
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	44.474	43.925	46.463	46.243	-2.318	4,0
Vextir	9.875	9.900	9.400	8.346	1.554	-15,5
Viðhald	2.287	2.795	2.741	2.541	254	11,1
Stofnkostnaður	12.798	11.777	12.109	11.095	682	-13,3
Samtals	**112.487**	**109.575**	**113.099**	**110.607**	**-1.032**	**-0,9**

Í töflunni koma fram heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1992 og samanburður við árið 1991. Í fjárlögum 1992 voru nokkrar hjúkrunarstofnanir fluttar af daggjöldum á föst fjárlög, þannig að fjárveitingar til þeirra færðust sem rekstrargjöld í stað útgjalda sjúkratrygginga. Til þess að útkoma sé samanburðarhæf við árið 1992 hafa gjöld þessara stofnana árið 1991 í eftirfarandi töflum einnig verið færð sem rekstrargjöld. Í töfluhluta aftast í þessari skýrslu hafa hins vegar ekki verið gerðar þessar breytingar vegna ársins 1991.

Heildarútgjöld ríkissjóðs
Hlutfallsleg skipting



Í fjárlögum 1992 var stefnt að tveggja milljarða króna lækkun útgjalda í almennum rekstri ríkissjóðs frá árinu áður. Lægri tekjur af sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs en reiknað var með og áhrif kjarasamninga sem gerðir voru á síðastliðnu ári urðu til þess að draga úr þeim áformum um tæpan einn milljarð króna. Í stað lækkunar rekstrartilfærslna um ½ milljarð króna frá árinu áður samkvæmt fjárlögum urðu þær rúmum 2 milljörðum króna hærri. Orsakanna er einkum að leita í hærri greiðslum til sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga og til uppgjörs eldri búvörusamnings. Vaxtagjöld urðu aftur á móti tæplega 1,6 milljörðum króna innan fjárlaga. Skýrist sá munur einkum af tvennu. Annars vegar voru vaxtagreiðslur af erlendum lánum lægri vegna lægra gengis Bandaríkjadals mestan hluta árs og lægri vaxta á mörkuðum erlendis en gengið hafði verið út frá. Hins vegar eru vaxtagreiðslur af skammtímafjáröflun innan lands lægri en ætlað var. Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar urðu tæplega einum milljarði króna innan áætlana af ástæðum sem þegar er getið.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum á gjaldahlið ríkissjóðs 1992 í samanburði við fjárlög 1992 og útkomu ársins 1991.

Rekstrargjöld ríkissjóðs
Hlutfallsleg skipting



Rekstrargjöld. Launa- og rekstrargjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 42,4 milljörðum króna, samanborið við 43,1 milljarð króna árið 1991. Lækkunin milli ára er um 1,6%. Er það tæpir 2 milljarðar króna eða 4,4% að raungildi. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun rekstrarútgjalda ársins 1992 á ráðuneyti í samanburði við fjárlög 1992 og útkomu ársins 1991.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1992 m.kr.	Breyting 91-92 m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	905	893	917	-24	1,3
Forsætisráðuneyti	136	129	136	-7	-0,1
Menntamálaráðuneyti	11.679	11.414	11.592	-178	-0,7
Utanríkisráðuneyti	958	933	965	-32	0,8
Landbúnaðarráðuneyti	717	657	657	0	-8,3
Sjávarútvegsráðuneyti	792	330	732	-402	-7,6
Dómsmálaráðuneyti	4.665	4.646	4.685	-39	0,4
Félagsmálaráðuneyti	1.380	1.538	1.499	39	8,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	17.438	16.545	17.018	-473	-2,4
Fjármálaráðuneyti	2.420	2.277	2.265	12	-6,4
Samgönguráðuneyti	749	621	672	-51	-10,2
Iðnaðarráðuneyti	558	497	484	13	-13,2
Viðskiptaráðuneyti	138	155	149	6	7,7
Hagstofa Íslands	120	136	133	3	11,2
Umhverfisráðuneyti	398	407	478	-71	20,1
Samtals	**43.053**	**41.178**	**42.382**	**-1.204**	**-1,6**

Rekstrargjöld ríkisstofnana urðu 1,2 milljörðum króna hærri en heimildir upphaflegra fjárlaga, eða sem nemur 2,9%, en um 1,6% lægri en í reikningi 1991. Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöld reyndust 917 m.kr., en það er 24 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið kemur fram á rekstri Alþingis þar sem þinghald hófst sex vikum fyrr en venjulega vegna umræðna um EES-samning. Mælt á föstu verðlagi lækka útgjöldin í heild lítils háttar milli ára.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld voru alls 136 m.kr., eða 7 m.kr. umfram fjárlög. Frávik skýrist eingöngu af notkun á geymdum fjárveitingum aðalskrifstofu frá árinu 1991. Á föstu verðlagi lækka útgjöld frá fyrra ári um 3%.

Menntamálaráðuneyti. Fjárveiting til stofnana menntamálaráðuneytis var 11,4 milljarðar króna í fjárlögum 1992 og hafði lækkað nokkuð frá árinu áður. Framlög úr ríkissjóði til Háskóla Íslands, framhaldsskóla og grunnskóla lækkuðu meira en nam hinum almenna sparnaði. Í reynd urðu rekstrargjöld ráðuneytisins 11.592 m.kr., eða 178 m.kr. hærri en fjárlög sem er 1,6% frávik. Rekstur framhaldsskóla fór 37 m.kr. fram úr áætlun sem er óverulegt frávik og breyting til batnaðar frá fyrra ári. Rekstrargjöld stofnana og skóla á háskólastigi fóru 22 m.kr. fram úr fjárlögum og hjá meðferðarheimilum var þessi fjárhæð 14 m.kr.. Á móti vegur að útgjöld ríkisins til reksturs grunnskóla reyndust 38 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og skólar fatlaðra reyndust einnig innan fjárlaga. Að öðru leyti skýrast frávik frá fjárlögum af notkun á geymdum heimildum frá árinu 1991.

Lækkun útgjalda milli ára mælt á föstu verðlagi nemur um 450 m.kr., eða 3,6%.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld voru 965 m.kr. sem er 32 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaður í tengslum við samning um Evrópska efnahagssvæðið reyndist meiri en áætlað var og að auki voru nýttar geymdar fjárveitingar frá fyrra ári. Í samanburði við fyrra ár lækka útgjöld um 2,2% eða um 20 m.kr.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 657 m.kr. sem er í samræmi við fjárlög. Frávik eru óveruleg hjá öllum stofnunum ráðuneytisins sem er veruleg bót frá því sem áður var og áhersla ráðuneytisins á gerð rekstraráætlana hefur leitt til skilvirkari reksturs

stofnana. Reiknað á föstu verðlagi lækka útgjöldin milli ára um 11,3% eða um 80 m.kr.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld voru 732 m.kr. sem er 402 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið skýrist alfarið af því að einungis hluti af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs var seldur, og fyrir lægra verð en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Að teknu tilliti til þessa þá lækka rekstrarútgjöld ráðuneytisins á föstu verðlagi um 10,6% eða um 80 m.kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 4.685 m.kr. sem er 39 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Útkoman varð misjöfn eftir málefnaflokkum ráðuneytisins. Dómsmálastofnanir fóru um 40 m.kr. umfram fjárlög og embætti sýslumanna um 55 m.kr. Aðrir málefnaflokkar voru innan ramma fjárlaga, mest löggæslustofnanir um 58 m.kr.

Miðað við fast verðlag er lækkun útgjalda milli ára 2,6% eða um 120 m.kr.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld ársins voru 1.499 m.kr. sem er 39 m.kr. undir fjárlögum. Nær allar stofnanir ráðuneytisins eru innan fjárlaga. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á gerð rekstraráætlana til að fylgja fjárlögunum eftir innan ársins.

Hækkun útgjalda milli ára er 5,6% á föstu verðlagi, eða um 80 m.kr., og skýrist af auknum útgjöldum við rekstur stofnana fatlaðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Fjárveitingar í fjárlögum til stofnana ráðuneytisins lækkuðu um tæpan einn milljarð í krónum talið frá reikningi 1991. Lækkunin beindist einkum að sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig voru áform um að breyta rekstri Landakotsspítala og gera hann að hjúkrunarheimili. Í reynd urðu rekstrargjöld ráðuneytisins 17.018 m.kr. sem er 473 m.kr. umfram áætlun fjárlaga, eða 2,9%. Umframgreiðslur má að nokkru leyti rekja til ákvarðana sem teknar voru í tengslum við gerð kjarasamninga s.l. vor auk útgjalda vegna kjarasamninga við lækna sem gerðir voru á árinu 1991. Þessar greiðslur nema samtals um 100 m.kr., þar af voru 65 m.kr. vegna þess að fallið var frá lokun á öldrunardeild og barnageðdeild ríkisspítala. Auk þess fengu ríkisspítalar um 96 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna sértekna sem ekki öfluðust. Loks voru 91 m.kr. færðar af sjúkratryggingum til ríkisspítala og Borgarspítala til greiðslu á kostnaði fyrir göngudeildarþjónustu spítalanna umfram það sem sjúklingar greiða. Aðrar greiðslur umfram fjárlög skýrast af notkun á geymdum fjárveitingum frá fyrra ári auk þess sem nokkur sjúkrahús fengu heimild til að nýta viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar til reksturs.

Útgjöld lækkuðu milli ára um 5,4% að raungildi, eða um 950 m.kr. sem kemur fram í rekstri sjúkrahúsa almennt.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.265 m.kr. og er það 12 m.kr. innan fjárlaga. Langflestar stofnanir eru undir fjárlögum, að undanskildum gjaldheimtustofnunum ríkis og sveitarfélaga en rekstur þeirra er um 16% eða 32 m.kr. umfram fjárlög. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á gerð rekstraráætlana sem hefur skilað árangri líkt og hjá landbúnaðarráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Útgjaldalækkun á föstu verðlagi er 9,1% milli ára, eða rúmlega 200 m.kr. Mest er lækkunin á skýrsluvélakostnaði, 80 m.kr.

Samgönguráðuneyti. Rekstrarútgjöld voru 672 m.kr. sem er 51 m.kr. umfram fjárlög og skýrist að mestu af lægri skilum á sértekjum til hafnarmálastjórnar en áætlað var. Einnig fór rekstur Flugmálastjórnar lítillega fram úr fjárlögum.

Útgjaldalækkun milli ára á föstu verðlagi er 12,9% eða um 100 m.kr. Þar vegur þyngst sérstakt hafnarframkvæmdagjald sem lagt var á í fyrsta sinn á síðastliðnu ári og skilaði 90 m.kr. til lækkunar á framlagi ríkisins til hafnarframkvæmda.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Rekstrarútgjöld voru 633 m.kr. sem er 19 m.kr. undir fjárlögum. Greiðslur til Orkustofnunar voru 45 m.kr. undir fjárlögum, en stofnunin greiddi inn til ríkissjóðs á árinu vegna skuldar frá árinu 1991. Rekstur annarra stofnana var lítillega umfram fjárlög, mest hjá Rafmagnseftirlitinu, eða 9 m.kr.

Útgjöld lækka milli ára um 12% að raungildi, eða um 80 m.kr. Lækkunin skýrist alfarið af lægri greiðslum til Orkustofnunar.

Hagstofa Íslands. Rekstrarútgjöld urðu 133 m.kr. sem er 3 m.kr. undir fjárlögum. Hækkun útgjalda milli ára er 7% að raungildi.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrarútgjöld urðu 478 m.kr. sem er 71 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Geymdar heimildir frá fyrra ári að fjárhæð 24 m.kr. voru nýttar að fullu, auk þess sem flestar stofnanir fara fram úr fjárlögum. Þannig fór rekstur Náttúruverndarráðs 10 m.kr. fram úr áætlun, Skipulagsstjóra 7 m.kr., en frávik annarra stofnana voru lægri. Útgjöld hækka milli ára um 15%, eða um 64 m.kr.

Launagjöld. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 33,2 milljörðum króna. Í eftirfarandi töflu hefur vinnumagn í dagvinnu og yfirvinnu sem greitt er af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins verið umreiknað í fjölda ársverka og er gerður samanburður við árið 1991.

	Ársverk 1991	Ársverk 1992	Breyting milli ára Ársverk	%
Dagvinna	15.661	15.737	76	0,5
Yfirvinna	3.588	3.483	-105	-2,9
Samtals	**19.249**	**19.220**	**-29**	**-0,2**

Fjölda reiknaðra ársverka fækkaði lítillega þegar á heildina er litið. Yfirvinna drósk nokkuð saman en dagvinnan er nánast óbreytt milli ára.

	Hlutfallsleg skipting starfa 1992 %	Breyting starfsmagns eftir ráðuneytum		
		Dagvinna %	Yfirvinna %	Samtals %
Æðsta stjórn ríkisins	1,5	-3,0	6,4	-2,3
Forsætisráðuneyti	0,3	-6,0	4,1	-5,2
Menntamálaráðuneyti	40,0	1,5	-2,1	0,9
Utanríkisráðuneyti	1,0	-11,5	-14,1	-11,9
Landbúnaðarráðuneyti	2,6	-0,5	-2,7	-1,2
Sjávarútvegsráðuneyti	2,4	5,8	10,6	7,1
Dómsmálaráðuneyti	11,5	-0,8	-4,0	-1,4
Félagsmálaráðuneyti	5,0	7,1	2,6	6,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	21,9	-0,4	-9,9	-1,9
Fjármálaráðuneyti	4,0	-4,8	-4,8	-4,8
Samgönguráðuneyti	5,8	-0,9	1,8	0
Iðnaðarráðuneyti	1,9	0,2	-0,7	0
Viðskiptaráðuneyti	0,4	-10,7	-3,8	-9,1
Hagstofa Íslands	0,3	3,4	11,6	4,7
Umhverfisráðuneyti	1,4	4,2	6,6	4,6
Samtals	**100,0**	**0,5**	**-2,9**	**-0,2**

Í yfirliti hér að framan er breyting á starfsmannafjölda og yfirvinnu skipt niður eftir ráðuneytum. Ætla má að stofnanir hafi almennt frekar dregið úr öðrum útgjöldum heldur en launum til að ná endum saman, þar sem í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir meiri fækkun ársverka. Störfum fjölgar í sjávarútvegsráðuneyti, m.a. vegna nýrrar stofnunar, Fiskistofu. Einnig fjölgar störfum hjá félagsmálaráðuneyti vegna nýrra stofnana fatlaðra. Aukning að öðru leyti er óveruleg.

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög. Útgjöld vegna þessa málaflokks námu 46,2 milljörðum króna samanborið við 43,9 milljarða króna í fjárlögum 1992 og 44,5 milljarða króna útgjöld árið 1991. Hækkun milli ára er 4%. Á sambærilegu verðlagi er hækkunin 0,9%. Stærstu útgjaldaliðirnir eru eftirfarandi:

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 91-92 %
Lífeyristryggingar	14.406	14.757	15.110	-353	4,9
Sjúkratryggingar	9.631	9.083	10.170	-1.087	5,6
Slysatryggingar	524	547	487	60	-7,1
Atvinnuleysistryggingar	1.266	1.280	1.761	-481	39,1
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.432	2.220	1.996	224	-17,9
Niðurgreiðslur búvöru	5.064	4.745	5.030	-285	-0,7
Aðrar greiðslur vegna búvöruframleiðslu	2.917	3.281	3.754	-473	28,7
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	666	340	340	-	-49,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.366	1.497	1.497	-	9,6
Uppbætur á lífeyri	1.083	1.200	1.188	12	9,7
Annað	5.119	4.975	4.910	65	-4,1
Samtals	**44.474**	**43.925**	**46.243**	**-2.318**	**4,0**

Bætur lífeyristrygginga urðu 353 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum 1992. Orsakanna er að leita til kjarasamninga sem gerðir voru s.l. vor og leiddu til hækkunar almennra bóta um 160 m.kr., hækkunar desemberuppbótar um 50 m.kr. auk þess sem sérstakar launabætur námu 150 m.kr. Áform í fjárlögum um 250 m.kr. sparnað í lífeyristryggingum með breytingu á tekjutryggingu virðast hafa gengið eftir.

Í fjárlögum 1992 voru ýmis áform um lækkun útgjalda sjúkratrygginga. Árangurinn varð ekki eins og til var ætlast og fóru útgjöld sjúkratrygginga 1.087 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga, eða sem nemur 12%. Um er að ræða fimm útgjaldaþætti. Fyrst er að nefna lyfjakostnað. Í fjárlögum 1992 var sparnaður í lyfjaútgjöldum áformaður alls um 800 m.kr. frá árinu áður. Sú ætlan náðist aðeins að hluta, en lyfjakostnaður sjúkratryggðra fór tæplega 490 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga. Í öðru lagi fór lækniskostnaður sjúkratrygginga 300 m.kr. fram úr áætlun þrátt fyrir hækkun á hlut sjúkratryggðra í kostnaði sem átti að skila 210 m.kr. Helstu ástæður umframútgjalda er útgáfa fríkorta sem ávísun á læknishjálp og auknar aðgerðir utan sjúkrahúsa í kjölfar sparnaðar þar. Þá var þak á greiðslur fyrir læknisþjónustu barna lækkað og er áætlað að útgjöld sjúkratrygginganna hafi hækkað um 60 m.kr. vegna þess. Í þriðja lagi varð kostnaður vegna tannréttinga 140 m.kr. umfram fjárlög, en í lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, er kveðið á um að þeir sem áttu rétt á greiðslum vegna tannréttinga samkvæmt eldri reglugerð skyldu njóta þess réttar áfram. Í fjórða lagi fór tannlæknakostnaður 155 m.kr. fram úr áætlun, einkum kostnaður við þá þætti sem ríkissjóður greiddi að fullu. Loks fóru daggjaldagreiðslur tæplega 200 m.kr. fram úr heimildum, m.a. þar sem ekki varð úr áformum um að

Framkvæmdasjóður aldraðra legði sérstaklega fram 137 m.kr. til hjúkrunarheimila. Aðrir liðir sjúkratrygginga voru innan fjárheimilda og munar þar mestu um liðinn innlendan sjúkrakostnað sem var 120 m.kr. innan fjárlaga.

Bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs fóru 480 m.kr. fram úr fjárlögum. Skýrist það annars vegar af vaxandi atvinnuleysi og hins vegar að áform stjórnvalda um 150 m.kr. sparnað náðu ekki fram að ganga.

Ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru samþykkt á Alþingi s.l. vor og úthlutunarreglum breytt. Við það lækkaði fjárþörf sjóðsins verulega og meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Ástæða þess var sú að greiðsla framfærslulána á haustmisseri á sér ekki stað fyrr en í upphafi næsta árs. Af þessum sökum reyndist unnt að lækka framlag til sjóðsins um 220 m.kr. án þess að gengið væri á eigið fé hans. Þess má geta að útlán Lánasjóðsins námu 2,7 milljörðum króna á árinu 1992 samanborið við 4,1 milljarð króna á árinu 1991.

Framlög til landbúnaðarmála í fjárlögum 1992 námu tæpum 8,4 milljörðum króna. Greiðslur vegna nýs búvörusamnings hófust á s.l. ári auk þess að lokið var að mestu greiðsluuppgjöri vegna eldri samnings. Í reynd urðu þær um 760 m.kr. hærri en fjárlög, eða ríflega 9,1 milljarður króna. Ástæður fráviksins eru einkum fjórar. Fyrsta ástæðan snertir greiðslur samkvæmt nýjum búvörusamningi, svokallaðar beinar greiðslur til bænda, en þær hófust á s.l. ári. Ríkisstjórnin ákvað að flýta 295 m.kr. greiðslum til bænda sem gert var ráð fyrir að greiða í byrjun árs 1993. Önnur ástæðan tengist þeirri forsendu í fjárlögum að taka upp viðmiðun við raunvexti í stað nafnvaxta við ákvörðun á greiðslu vegna birgðahalds kjötvöru. Þessari forsendu var ekki framfylgt og útgjöldin urðu 140 m.kr. meiri en ella. Þriðja ástæðan voru meiri birgðir mjólkurafurða samkvæmt eldri búvörusamningi en áætlað var í fjárlögum sem leiddi til 139 m.kr. umframgreiðslna. Loks

Rekstrartilfærslur ríkissjóðs
Hlutfallsleg skipting



höfðu ullarbirgðir aukist hjá bændum á árinu 1991 vegna gjaldþrots Álafoss hf. og leiddi það til greiðslu á árinu 1992. Ullarniðurgreiðslur fóru því 67 m.kr. fram úr fjárlögum.

Önnur frávik á rekstrartilfærslum frá fjárlögum voru þau að ákveðið var að gjaldfæra 100 m.kr. útgjöld vegna Skipaútgerðar ríkisins á árinu 1992, þar sem sala eigna fyrirtækisins dróst, og olli þar með viðbótarkostnaði frá því sem áætlað var. Ekki var gert ráð fyrir þessari færslu í fjárlögum.

Vaxtagjöld. Vaxtagjöld A-hluta ríkissjóðs námu 8,3 milljörðum króna á árinu 1992 samanborið við 9,9 milljarða króna 1991. Lækkunin milli ára er 15,5%. Í fjárlögum voru vaxtagreiðslur áætlaðar 9,9 milljarðar króna. Vextir á erlendum lánum og gengi Bandaríkjadals voru framan af árinu mun lægri en áætlað var. Einnig hafa vaxtagreiðslur af skammtímabréfum ríkissjóðs innan lands, svo sem ríkisvíxlum og ríkisbréfum, reynst innan áætlunar.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 91-92 %
Vextir af löngum erlendum lánum	4.736	6.000	4.883	1.117	3,1
Vextir og lántökukostnaður af spariskírteinum	1.211	330	571	-241	-52,8
Vextir af öðrum löngum innlendum lánum	978	1.170	835	335	-14,6
Vextir af skammtímalánum	2.950	2.400	2.057	343	-30,3
Samtals	**9.875**	**9.900**	**8.346**	**1.554**	**-15,5**

Viðhald. Útgjöld vegna viðhalds námu 2,5 milljörðum króna á árinu 1992 samanborið við 2,3 milljarða króna á árinu á undan. Í fjárlögum ársins 1992 var gert ráð fyrir 2,8 milljörðum króna til viðhalds þannig að útgjöldin urðu í reynd 9,1% lægri. Lækkunin kemur aðallega fram í lægri viðhaldsútgjöldum hjá Vegagerð ríkisins, eða 183 m.kr, en þeirri fjárhæð var varið til nýframkvæmda vega.

Stofnkostnaður. Útgjöld vegna fjárfestingar námu 11,1 milljarði króna samanborið við 12,8 milljarða króna á árinu á undan. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 11,8 milljörðum til þessa útgjaldaliðar. Til vegagerðar var varið 3.334 m.kr. sem er 174 m.kr. hærri fjárhæð en samkvæmt fjárlögum. Heimildir til endurbóta og kaupa á fasteignum voru 707 m.kr. en greiðslur urðu 585 m.kr. eða 122 m.kr. lægri. Veruleg lækkun varð á þessum lið frá því árinu á undan, en þá urðu greiðslur 1.378 m.kr. sem skýrist einkum af kaupum á tveim stórum húseignum árið 1991, þ.e. dómhúsi við Lækjartorg og húsi Sláturfélags Suðurlands í Laugarnesi. Nær öll ráðuneyti draga úr stofnkostnaði á s.l. ári. Framlög til byggingar Þjóðarbókhlöðu urðu 150 m.kr. innan fjárheimilda, Bessastaðastofu 25 m.kr. og Jarðasjóðs 83 m.kr. Útgjöld vegna ríkisábyrgða og tjónabóta urðu 247 m.kr. undir fjárheimildum.

Í yfirliti á næstu síðu er sýnd skipting stofnkostnaðar árin 1991 og 1992.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 91-92 %
Vegagerð ríkisins	3.215	3.159	3.334	-175	3,7
Byggingarsjóður verkamanna	900	1.075	1.075	-	19,4
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.378	707	585	122	-57,5
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	1.217	1.133	1.117	16	8,2
Hafnamál	888	1.017	956	61	7,7
Skólabyggingar	722	791	756	35	4,7
Annað	4.478	3.895	3.272	623	-23,0
Samtals	**12.798**	**11.777**	**11.095**	**682**	**-13,3**

Ónýttar fjárheimildir eru ekki sundurliðaðar hér, en þeirra verður getið í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1992 sem lagt verður fram á Alþingi á næstunni.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992, samanborið við fjárlög 1992 og niðurstöðu ársins 1991. Fyrst er fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs og síðan um lánsfjáröflun.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992

Í fjárlögum 1992 var hrein lánsfjárþörf áætluð 4,1 milljarður króna. Lánsfjárlög 1992 voru afgreidd frá Alþingi í janúar 1992. Með þeim jókst hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs um hálfan milljarð króna vegna aukinna heimilda ríkissjóðs til endurlána. Samkvæmt uppgjöri ríkisbókhalds var greiðsluhalli ríkissjóðs 1992 um 7,2 milljarðar króna. Útstreymi á lánahreyfingum var í jafnvægi við innstreymi. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu nam því sömu fjárhæð, eða 7,2 milljörðum króna samanborið við 14,6 milljarða króna á árinu 1991. Hrein lánsfjárþörf hefur því lækkað um helming milli ára sem skýrist af 5,4 milljarða króna minni rekstrarhalla og 2,1 milljarði króna minna útstreymis á lánahreyfingum. Lánsfjárþörfin á síðasta ári var 1,9% af landsframleiðslu. Á árinu 1991 var þetta hlutfall 3,8% og 2,0% árið 1990. Ríkissjóði tókst nánast að öllu leyti að mæta fjárþörf sinni innan ársins á markaði, öfugt við það sem var 1991 þegar honum var að mestu mætt með yfirdrætti í Seðlabanka. Á árinu var stigið mikilvægt skref til að færa vaxtaákvarðanir á ríkisverðbréfum á markað með útboðum. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1992 samanborið við fjárlög 1992 og útkomu ársins 1991.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-12.534**	**-4.112**	**-7.160**
Veitt lán, nettó	-1.627	-395	-2.062
Eignfærð framlög	-234	-280	-43
Viðskiptareikningar	-253	400	-2.090
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-14.648**	**-4.387**	**-7.175**
Afborganir af teknum lánum	-7.623	-9.000	-8.925
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-22.271**	**-13.387**	**-16.100**
Tekin ný lán	16.158	13.400	18.359
Greiðsluafkoma	**-6.113**	**13**	**2.259**

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1992 námu veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, um 2 milljörðum króna í stað 0,4 milljarða króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.243**	**4.150**	**3.699**
Bundnar innlendu verðlagi	2.085	2.300	2.552
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.158	1.850	1.147
Veitt ný lán	**4.870**	**4.545**	**5.761**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**3.637**	**4.545**	**4.233**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.000	2.815	2.350
Hafnabótasjóður	275	-	-
Alþjóðaflugþjónustan	162	480	583
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	200	1.250	1.150
Til fiskeldisfyrirtækja	-	-	150
Samkvæmt 8. gr. lánsfjárlaga	**823**	**-**	**1.065**
Hitaveita Eyra	-	-	-
Bæjarsjóður Siglufjarðar	-	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	28	-	15
Síldarverksmiðjur ríkisins	-	-	278
Hríseyjarhreppur	-	-	26
Skallagrímur hf., Akranesi	11	-	-
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	709	-	618
Baldur hf., Stykkishólmi	-	-	125
Djúpbáturinn hf., Ísafirði	45	-	-
Hitaveita Egilsstaða og Fella	20	-	-
Hitaveita Hveragerðis	6	-	-
Útgerðarfélag Akureyrar hf.	4	-	-
Ýmsir	-	-	3
Samkvæmt 6. gr. fjárlaga o.fl.	**410**	**-**	**463**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	410	-	173
Skuldbreytingar	-	-	290
Veitt lán, nettó	**- 1.627**	**-395**	**-2.062**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 4.150 m.kr. í fjárlögum en urðu nokkuð lægri, eða 3.699 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af þróun gengis erlendra gjaldmiðla og skuldbreytinga eldri lána.

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán veitt skv. 6. gr. fjárlaga sem tengjast aðallega fasteignaviðskiptum ríkissjóðs. Loks eru lán veitt skv. ákvæðum 8. gr. lánsfjárlaga, en þar er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður tekur sjálfur og endurlánar síðan. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem að hluta útskýrir það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Í fjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar 4.545 m.kr. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 voru beinar lántökuheimildir til endurlána hækkaðar um 550 m.kr. umfram forsendur fjárlaga sem skýrist af 400 m.kr. hærri lántöku Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna horfa um lakari innheimtur afborgana og vaxta af lánum deildarinnar og 150 m.kr. lánveitingu til Byggðastofnunar vegna endurfjármögnunar fiskeldisfyrirtækja. Í reynd urðu þær samtals 5.761 m.kr.

Lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga urðu 4.233 m.kr. en það er 862 m.kr. lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þannig urðu lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 465 m.kr. lægri og fjárþörf Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar varð 500 m.kr. minni vegna betri innheimtu útistandandi lána. Á móti vegur að lánveitingar til Alþjóðaflugþjónustunnar urðu 103 m.kr. hærri, en hún átti ónýtta heimild frá fyrra ári.

Lánveitingar skv. 8. gr. lánsfjárlaga urðu 1.065 m.kr. Stærst þeirra var 618 m.kr. vegna smíði Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs en hún hóf siglingar í maí. Þá var veitt 278 m.kr. lán til Síldarverksmiðju ríkisins til uppgjörs á bráðabirgðaláni hjá Landsbanka Íslands frá árinu 1991.

Vegna heimilda í 6. gr. fjárlaga o.fl. voru veittar 468 m.kr. Annars vegar er um að ræða 173 m.kr. sem einkum voru vegna fasteignaviðskipta og sölu Skipaútgerðar ríkisins. Hins vegar eru skuldir á viðskiptareikningum sem breytt var í löng lán, samtals að fjárhæð 295 m.kr. Um var að ræða skreiðarskuld frá tíð Útvegsbanka Íslands og skuldir Lyfjaverslunar ríkisins.

Eignfærð framlög. Hér er um að ræða stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutafé í fyrirtækjum. Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 280 m.kr. en urðu í reynd 230 m.kr. Á móti koma seld hlutabréf ríkissjóðs að fjárhæð 187 m.kr. Ríkissjóður seldi hlutabréf sín í Ferðaskrifstofu Íslands að fjárhæð 7 m.kr., í Prentsmiðjunni Gutenberg að fjárhæð 80 m.kr. og í Þróunarfélagi Íslands að fjárhæð 100 m.kr. Eignfærð framlög, nettó, urðu því 43 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sundurliðar eignfærð framlög ríkissjóðs á árinu 1992:

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Hlutafjárkaup og önnur framlög	**19**	**38**	**-172**
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	10	-	-
Stofnfiskur hf.	9	-	-
Slippstöðin Oddi hf.	-	-	15
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	-	-	-7
Gutenberg hf	-	-	-80
Þróunarfélag Íslands hf.	-	-	-100
Alþjóðafjármálastofnanir	**215**	**242**	**215**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	17	25	24
Alþjóðabankinn, IBRD & IDA, Washington	111	140	113
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	6	6
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	7	15	6
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland	28	-	-
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	44	49	45
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	2	2	6
Þróunarsjóður EFTA fyrir Júgóslavíu	-	5	-
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríki	-	-	11
Annað	-	40	4
Eignfærð framlög alls	**234**	**280**	**43**

Viðskiptareikningar, nettó. Innborganir umfram útgreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 400 m.kr. í fjárlögum en reyndust verða 2.252 m.kr. Helstu frávik eru í

fyrsta lagi af uppgreiðslu á staðgreiðslulánum til afurðastöðva að fjárhæð 981 m.kr., en ríkissjóður þarf ekki lengur að annast slíka fyrirgreiðslu samkvæmt ákvæðum samnings milli bænda og ríkisins. Í annan stað var bráðabirgðalánum Endurlána ríkissjóðs að fjárhæð 636 m.kr. skuldbreytt í langtímalán. Í þriðja lagi fór fram uppgjör á ýmsum skuldum á viðskiptareikningum, samtals að fjárhæð 383 m.kr. Af 1.500 m.kr. bráðabirgðaláni sem veitt var Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1991 voru einungis greiddar 100 m.kr. á árinu 1992 í stað 900 m.kr. samkvæmt áætlun í fjárlögum. Þá var greitt af viðskiptareikningi 100 m.kr. lán til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og skuldir Reykjavíkurborgar við ríkissjóð jukust um 91 m.kr.

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 9.000 m.kr. í fjárlögum 1992. Í reynd urðu þær ívið lægri, eða 8.925 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sundurliðar greiddar afborganir ríkissjóðs á árinu 1992:

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Innlausn spariskírteina	3.421	1.515	1.114
Önnur innlend lán	2.937	2.785	3.483
Erlend lán	1.265	4.700	4.328
Afborganir alls	**7.623**	**9.000**	**8.925**

Lántökur ríkissjóðs

Í fjárlögum 1992 var gert ráð fyrir að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum bæði innan lands og utan. Heildarlánsfjárþörfin var samkvæmt fjárlögum og lánsfjárlögum áætluð 13,9 milljarðar króna, en varð í reynd um 16,1 milljarður. Samtals voru tekin lán fyrir 18,4 milljarða króna, eða 2,3 milljörðum umfram heildarlánsfjárþörf. Þar af námu innlendar lántökur ríkissjóðs 9,3 milljörðum króna og erlendar lántökur voru um 9,1 milljarður króna. Skýringin á meiri lántökum árið 1992 en nam lánsfjárþörf er að nauðsynlegt var að eiga innistæðu á reikningi hjá Seðlabanka Íslands í byrjun ársins 1993 vegna samkomulags fjármálaráðuneytis og Seðlabanka um að taka alveg fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í bankanum. Á síðasta ári var unnið að því að breyta söluaðferðum á verðbréfum ríkissjóðs og setja þau á markað með því að fá tilboð í vextina. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið með útboði ríkisbréfa í júní 1992. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Innlend lán	**8.819**	**6.400**	**9.315**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	5.844	-	3.940
Sala ríkisvíxla	-28	-	4.115
Sala ríkisbréfa	1.395	-	1.245
Önnur innlend lán	1.608	-	15
Erlend lán	**7.339**	**7.000**	**9.044**
Tekin lán, alls	**16.158**	**13.400**	**18.359**

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1992 voru seld ný spariskírteini fyrir samtals 3,9 milljarða króna. Fyrstu fjóra mánuði ársins seldust spariskírteini fyrir 1,9 milljarða króna, en vextir þeirra voru á þeim tíma á bilinu 7,5-8%. Í kjölfar kjarasamninga í lok apríl voru vextirnir lækkaðir í 6,5%. Samsvarandi lækkun náðist þó ekki fram á almennum lánamarkaði þannig að fram til október var lítil sala á spariskírteinum önnur en í áskrift en sala þeirra nam 1,2 milljörðum króna á árinu. Í haust var ákveðið að hefja sölu spariskírteina með útboði á markaði og fór fyrsta útboð þeirra fram 16. október. Fram til áramóta fóru fram þrjú útboð og seldust spariskírteini þar fyrir 0,8 milljarða króna. Spariskírteini eru nú boðin út einu sinni í mánuði. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður útboða:

Útboðsdagur	Heildarupph. tilboða m.kr.	Þar af tekið m.kr.	Lægsta ávöxtunarkr. %	Hæsta ávöxtunarkr. %	Meðal-ávöxtunarkr. %
1. Útboð 5 ára spariskírteina 1992					
14. október	87,1	46,1	7,10	7,60	7,49
11. nóvember	113,3	43,0	7,75	7,90	7,80
16. desember	71,7	61,7	7,65	7,85	7,73
Samtals	**272,1**	**150,8**			
2. Útboð 10 ára spariskírteina 1992					
14. október	358,0	283,0	7,50	7,65	7,58
11. nóvember	374,0	262,0	7,82	7,90	7,87
16. desember	134,0	106,0	7,70	7,73	7,72
Samtals	**866,0**	**651,0**			

Ríkisbréf. Í byrjun árs 1992 var mikil sala á óstöðluðum ríkisbréfum. Ákvörðun var tekin um að bjóða ríkisbréfin út og að bréfin yrðu þá gefin út í stöðluðum flokkum. Þar með væru þau hæf til skráningar á markaði. Lánstími bréfanna var ákveðinn 6 mánuðir. Skilmálum eldri ríkisbréfa var breytt þannig að lágmarkslánstími var lengdur í 12 mánuði en fram að því hafði lánstíminn verið allt frá þremur mánuðum. Einnig var vaxtakjörum eldri bréfanna breytt svo nægjanlegt rými skapaðist fyrir útboðsbréfin. Í byrjun júní 1992 fór fram fyrsta útboð ríkisbréfa og var það jafnframt fyrsta útboð á ríkisverðbréfum. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður útboða á ríkisbréfum 1992:

Útboðsdagur	Heildarupph. tilboða m.kr.	Þar af tekið m.kr.	Lægsta áv.krafa %	Hæsta áv.krafa %	Meðal-áv.krafa %	Tilboð í meðaláv. %
Útboð ríkisbréfa 1992						
10. júní	982	506	10,86	12,00	11,49	44
29. júní	934	550	10,75	11,49	11,35	60
29. júlí	968	550	10,90	11,20	11,08	8
26. ágúst	848	550	10,94	11,15	11,08	18
29. september	730	500	10,23	10,70	10,56	22
28. október	476	364	10,30	10,99	10,73	34
7. desember	Útboð féll niður					
28. desember	Útboð féll niður					
Samtals	**4.908**	**3.020**				**186**

Ríkisbréf eru nú boðin út einu sinni í mánuði. Sala með útboði gekk vel fram eftir árinu. Sölutregða myndaðist í kjölfar gengislækkunar íslensku krónunnar í haust og báru tilboð kaupenda í sex mánaða óverðtryggð bréf þess merki að þeir vildu tryggja sig með háum vöxtum fyrir aukinni verðbólgu. Af þessum sökum féllu niður tvö síðustu útboð ríkisbréfa á árinu 1992. Útistandandi ríkisbréf um áramótin námu 2 milljörðum króna.

Ríkisvíxlar. Um árabil hafa skammtímalántökur ríkissjóðs að mestu verið fólgnar í sölu á ríkisvíxlum. Sala þeirra er mest til banka og sparisjóða sem kaupa þá til að uppfylla reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana. Í árslok 1991 voru útistandandi rúmlega 8,3 milljarðar króna í ríkisvíxlum. Árið 1992 óx sala ríkisvíxla umtalsvert og nam stofn þeirra 12,4 milljörðum króna í árslok. Á miðju ári fór stofn ríkisvíxla reyndar vel yfir 16 milljarða og hafði því hækkað um meira en 8 milljarða króna á árinu. Vegna mikillar sölu á ríkisvíxlum tókst að fjármagna allar skammtímahreyfingar ríkissjóðs í samræmi við þau mörk sem sett höfðu verið um yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabanka. Samkvæmt samningi mátti hann ekki fara yfir 3 milljarða króna. Í samræmi við stefnu fjármálaráðherra voru ríkisvíxlar boðnir út í fyrsta sinn þann 4. nóvember sl. og hafa verið boðnir út tvisvar í mánuði frá þeim tíma. Um leið og útboð hófust var kjörum eldri víxla, sem seldir eru beinni sölu, breytt þannig að þeir trufluðu ekki markaðinn og stærri kaupendur sæju sér hag í að taka þátt í útboðunum. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður útboða ríkisvíxla:

Útboðsdagur	Heildarupph. tilboða m.kr.	Þar af tekið m.kr.	Lægsta áv.krafa %	Hæsta áv.krafa %	Meðal-áv.krafa %	Tilboð í meðaláv. %
Útboð ríkisvíxla 1992						
4. nóvember	2.441	2.004	8,75	9,81	9,29	6
18. nóvember	2.258	1.206	9,08	9,53	9,41	17
2. desember	2.769	950	10,95	11,51	11,38	2
16. desember	1.829	1.009	11,23	11,80	11,52	0
28. desember	2.295	1.746	10,62	12,09	11,86	14
Samtals	**11.655**	**6.915**				**39**

Erlend lán. Af hálfu ríkissjóðs voru teknir samtals 9 milljarðar króna að láni erlendis árið 1992. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var gert ráð fyrir að erlendar lántökur gætu numið allt að 8,6 milljörðum króna. Í reynd notaði ríkissjóður alla heimildina og að hluta ónotaða lántökuheimild frá 1991.

Viðskipti við Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Um árabil hefur ríkissjóður getað dregið yfir á reikningi hjá bankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum innan ársins. Skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningum í lok hvers árs bar að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárlagaárs. Í ársbyrjun 1992 var þannig tekið 5,6 milljarða króna erlent lán til að gera upp yfirdráttarskuld í Seðlabanka vegna halla ársins 1991.

Í byrjun júní 1992 var endurnýjaður samningur fjármálaráðherra og Seðlabanka um fyrirgreiðslu bankans við ríkissjóð sem takmarkaði aðgang ríkissjóðs að yfirdrætti innan ársins. Í samningnum er gert ráð fyrir að dregið verði úr fyrirgreiðslu bankans í áföngum.

Þannig var á síðasta ári 3 milljarða króna þak á yfirdráttarheimild ríkissjóðs. Um áramótin féll þessi heimild niður og hefur ríkissjóður því ekki lengur heimild til yfirdráttar í Seðlabankanum. Greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands batnaði um 3 milljarða króna á árinu 1992. Inneign A-hluta ríkissjóðs í Seðlabankanum í árslok 1992 nam 2,3 milljörðum króna. Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabankans við A-hluta ríkissjóðs var ávallt undir settu hámarki um yfirdrátt utan einu sinni er útstreymi fór fram úr áætlun. Á árinu 1991 reyndist fyrirgreiðsla bankans vera um 9 milljarðar króna að jafnaði á mánuði. Þannig tókst það markmið sem að var stefnt að fjármagna halla ríkissjóðs á markaði. Jafnframt voru vaxtaákvarðanir færðar til markaðarins í formi útboða á ríkisverðbréfum.

Greiðslugrunnur	1991 m.kr.	Fjárlög 1992 m.kr.	Útkoma 1992 m.kr.
Greiðsluafkoma	**-6.113**	**13**	**2.259**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	755	750	776
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	327	-	-
Lántaka í Seðlabanka	-	-	-
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**-5.031**	**786**	**3.035**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	20	-	2
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**-5.011**	**786**	**3.037**

6 Lánsfjármál opinberra aðila og sjóða

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir lánsfjármálum hins opinbera á árinu 1992. Fjallað er um lánsfjárþörfina, hvernig öflun lánsfjár var háttað og greint frá helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun.

Lánsfjáráætlun er hér skilgreind sem lántökur og afborganir hins opinbera eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Rétt er að taka fram að innlendum lánum sveitarfélaga er sleppt og að því leyti er áætlunin ekki tæmandi.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1992 voru heildarlántökur ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, sveitarfélaga, húsnæðislánakerfisins og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna áætlaðar 42,5 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 15,7 milljarða króna að láni erlendis og 26,8 milljarða króna á innlendum markaði. Hrein innlend fjármögnun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, var áætluð 14 milljarðar króna, eða 3,7% af vergri landsframleiðslu. Hreint innstreymi erlends fjár á vegum þessara aðila var áætlað 5,2 milljarðar króna, eða 1,4% af landsframleiðslu.

	Lánsfjáráætlun 1992			Útkoma 1992		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**26,8**	**15,7**	**42,5**	**30,8**	**19,5**	**50,3**
Ríkissjóður A-hluti [1]	5,4	8,6	14,0	9,3	9,1	18,4
Ríkisfyrirtæki	-	0,8	0,8	-	2,4	2,4
Sveitarfélög	-	0,6	0,6	-	2,0	2,0
Byggingarsjóðir	8,5	-	8,5	7,6	-	7,6
Húsbréf	12,0	-	12,0	12,4	-	12,4
Fjárfestingarlánasjóðir	0,9	5,7	6,6	1,5	6,0	7,5
Afborganir	**12,8**	**10,5**	**23,3**	**12,4**	**14,1**	**26,5**
Ríkissjóður A-hluti [2]	4,3	4,7	9,0	4,6	6,6	11,2
Ríkisfyrirtæki	-	2,1	2,1	-	3,8	3,8
Sveitarfélög	-	0,7	0,7	-	0,7	0,7
Byggingarsjóðir	3,8	-	3,8	3,0	-	3,0
Húsbréf	1,0	-	1,0	1,1	-	1,1
Fjárfestingarlánasjóðir	3,7	3,0	6,7	3,7	3,0	6,7
Hrein lánsfjárþörf	**14,0**	**5,2**	**19,2**	**18,4**	**5,4**	**23,8**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,7	1,4	5,0	4,8	1,4	6,2

1) Erlend lántaka í febrúar 1992 að fjárhæð 5,6 milljarðar króna til uppgjörs á yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands vegna halla 1991 er ekki meðtalin.

2) Innistæða á viðskiptareikningi ríkissjóðs við Seðlabanka í árslok að fjárhæð 2,3 milljarðar króna er færð sem afborgun.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum námu heildarlántökur 50,3 milljörðum króna á árinu 1992 samanborið við 56,4 milljarða króna á árinu 1991. Þar af eru innlendar lántökur 30,8 milljarðar króna, eða fjórum milljörðum króna umfram upphaflega áætlun. Erlendar lántökur voru áætlaðar 15,7 milljarðar króna, en urðu samtals 19,5 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun hins opinbera, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum eldri lána, nam 23,8 milljörðum króna, eða sem svarar til 6,2% af landsframleiðslu. Á árinu 1991 var þetta hlutfall 10,7% og hefur því lækkað verulega milli ára. Hrein lánsfjáröflun á innlendum markaði nam 18,4 milljörðum króna. Það svarar til um 54,1% af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar, en hún er áætluð 34 milljarðar króna á árinu 1992.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða
1986 - 1992



Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þeirra sem lánsfjáráætlun 1992 náði til.

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Verðbréfa-kaup lífeyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Opinberir aðilar	**9.315**	**-**	**-**	**9.315**	**13.421**	**22.736**
Ríkissjóður, A-hluti [1]	9.315	-	-	9.315	9.044	18.359
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	2.400	2.400
Sveitarfélög	-	-	-	-	1.977	1.977
Húsbyggingarsjóðir	**12.422**	**7.388**	**209**	**20.019**	**-**	**20.019**
Byggingarsjóður ríkisins	-	2.353	-	2.353	-	2.353
Byggingarsjóður verkamanna	-	5.035	209	5.244	-	5.244
Húsbréf	12.422	-	-	12.422	-	12.422
Lánastofnanir	**-**	**275**	**1.500**	**1.775**	**5.962**	**7.737**
Byggðastofnun	-	-	50	50	395	445
Fiskveiðasjóður	-	-	20	20	3.502	3.522
Iðnlánasjóður	-	-	275	275	1.450	1.725
Iðnþróunarsjóður	-	-	45	45	615	660
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	275	980	980	-	980
Ferðamálasjóður	-	-	130	130	-	130
Heildarlántökur	**21.737**	**7.663**	**1.709**	**31.109**	**19.383**	**50.492**

1) Yfirdráttur í Seðlabanka er flokkaður sem erlend lántaka.

Opinberir aðilar. Í 5. kafla er gerð ítarleg grein fyrir lánsfjármálum ríkissjóðs á árinu 1992. Landsvirkjun var heimiluð lántaka að fjárhæð 845 m.kr. skv. 4. gr. lánsfjárlaga. Lántökur fyrirtækisins urðu 2.400 m.kr., en heimild skv. 9. gr. lánsfjárlaga var nýtt til endurfjármögnunar eldri skulda. Notkun á almennum heimildum sem þessum er reyndar til endurskoðunar í fjármálaráðuneytinu.

Erlendar lántökur sveitarfélaga voru meiri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, eða 1.977 m.kr. samanborið við 600 m.kr., og skýrist frávikið að mestu leyti af láni Reykjavíkurborgar að fjárhæð 20 milljón Bandaríkjadalir. Vakin er athygli á að lántökur sveitarfélaga eru á engan hátt takmarkaðar með ákvæðum í lánsfjárlögum.

Húsbyggingarsjóðir. Eins og mörg undanfarin ár er Húsnæðisstofnun ríkisins stærsti lántakandinn á innlendum markaði. Gert var ráð fyrir að lántökur Húsnæðisstofnunar næmu samtals 20,5 milljörðum króna. Í reynd urðu þær 20 milljarðar króna. Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna voru áætlaðar samtals um 8,5 milljarðar króna í lánsfjárlögum. Þær urðu 7,6 milljarðar króna og stafar það af minni sölu húsnæðisbréfa til lífeyrissjóða en gert hafði verið ráð fyrir.

Húsbréf voru gefin út fyrir 12,4 milljarða króna á árinu 1992. Þetta er nokkur samdráttur frá árinu 1991, en þá nam útgáfa þeirra 15,1 milljarði króna. Ástæða lækkunar er einkum sú að hætt var að veita svokölluð greiðsluerfiðleikalán, en á árinu 1991 námu slík lán um 2,4 milljörðum króna. Þá var hámarksfjárhæð hvers láns lækkuð með reglugerð félagsmálaráðherra. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var heimild fyrir útgáfu húsbréfa að fjárhæð 12 milljarðar króna, en sú heimild var hækkuð með lánsfjáraukalögum um 4 milljarða í samtals 16 milljarða króna. Ónýtt heimild færist milli ára.

Lánastofnanir. Heildarlántökur opinberra lánastofnana voru áætlaðar 6,6 milljarðar króna á árinu 1992, en urðu 7,5 milljarðar króna. Helstu frávik eru þessi: Í fyrsta lagi voru lántökur Fiskveiðasjóðs 750 m.kr. hærri en í upphaflegri áætlun. Ástæða þessa er fólgin í breyttu fyrirkomulagi á fjármögnun skipa. Sá háttur var tekinn upp að Fiskveiðasjóður lánar útgerðaraðilum strax í upphafi í stað þess að bankar hafi milligöngu um útvegun lánsfjár sem Fiskveiðasjóður yfirtekur að nokkrum árum liðnum. Með lánsfjárlögum var ríkisábyrgð afnumin af öllum nýjum lántökum sjóðsins og takmarkanir í lánsfjárlögum á lántökum hans afnumdar. Í öðru lagi voru lántökur Stofnlánadeildar landbúnaðarins 300 m.kr. umfram heimildir lánsfjárlaga, en stofnunin taldi sig hafa rýmri lántökuheimild en tilgreint var í lánsfjárlögum 1992. Í þriðja lagi voru lántökur Byggðastofnunar og Atvinnutryggingardeildar stofnunarinnar 800 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir. Í nýjum reglum um útlán Byggðastofnunar er gert ráð fyrir framlagi í afskriftasjóð með tilliti til áhættu nýrra lánveitinga. Hefur þetta ákvæði meðal annars leitt til minni útlána stofnunarinnar. Þess má einnig geta að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins á árinu 1992 urðu til þess að afborganir hjá Atvinnutryggingardeildinni innheimtust betur en áður var ætlað. Í fjórða lagi voru lántökur Iðnlánasjóðs 125 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir, en hér er um að ræða eftirstöðvar af skuldabréfaútboði sem heimild var fyrir í lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Að öðru leyti voru lántökur þessara aðila í samræmi við lánsfjárlög fyrir árið 1992.

7 Reikningsuppgjör - greiðsluuppgjör

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1993 var gerð grein fyrir starfi ríkisreikningsnefndar en hún hefur frá 1990 unnið að heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að tillögugerð um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Nefndin er skipuð sex mönnum frá helstu bókhalds- og hagskýrslustofnunum ríkisins, þ.e. ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra og fulltrúum Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis er formaður nefndarinnar.

Lög nr. 52/1966, um bókhald ríkisins og gerð fjárlaga, eru að meginstofni óbreytt frá upphafi. Grunnur laganna er því nokkuð gamall. Þótt mörg ákvæði þeirra standist fyllilega tímans tönn eru þó önnur úrelt. Frá því lögin voru sett hafa orðið miklar framfarir á sviði bókhalds og reikningsskila. Gerðar eru ríkari kröfur en áður til þess að reikningsskil einkafyrirtækja séu skýr og að þau gefi á hverjum tíma glögga mynd af rekstri og stöðu þeirra. Athygli hefur einnig beinst að reikningsskilum opinberra aðila og fer talsverð umræða nú fram á alþjóðavettvangi um uppgjörstilhögun ríkissjóða og samræmingu á framsetningu reikningsskila opinberra aðila ólíkra þjóða. Bakgrunn endurskoðunarinnar má þannig bæði rekja til almennra viðhorfa um nauðsyn breyttra reikningsskila svo og til þarfarinnar að samræma framsetningu uppgjörs ríkisins hér við alþjóðlegar aðferðir. Vísa má í þessu samhengi til umræðna sem orðið hafa að undanförnu um ríkisfjármál þar sem ólíkar uppgjörsaðferðir hafa leitt til mismunandi og misvísandi niðurstöðu um fjármál ríkisins. Alþingi og almenningi hefur því verið torveldað mjög að átta sig á umfangi og niðurstöðu ríkisfjármála. Það er nauðsynlegt að skilgreina þessi uppgjörsform þannig að fullt traust sé borið til uppgjörs og framsetningar ríkisfjármála. Einnig þarf að setja upplýsingar um ríkisfjármál fram með aðgengilegri og skýrari hætti en nú er þannig að þau gefi betri yfirsýn um umfang ríkisins, áhrif þeirra á peningamarkaðinn og efnahagskerfið og auðveldi samanburð áætlana og útkomu. Loks má nefna að viðleitni þjóða til að draga úr umsvifum ríkisrekstrar og bæta nýtingu opinberra fjármuna hefur leitt til áherslubreytinga og áætlanagerðar. Þá er spurt: hverju skilar ríkisreksturinn m.t.t. þess fjár sem til hans er veitt? Alþjóðlegar reglur í þessu sambandi spretta af auknu samstarfi á alþjóðavettvangi þar sem kröfur eru gerðar til þess að uppgjör ríkisfjármála sé samræmt og að tölur milli landa séu samanburðarhæfar. Í því samhengi má t.d. nefna viðleitni til að meta umfang ríkisrekstrar og skattbyrði. Á vegum OECD hefur starfshópi verið falið að draga saman nýjungar í uppgjörsmálum ríkissjóða meðal aðildarlandanna. Nýsjálendingar, sem hafa verið brautryðjendur í breytingum á ýmsum sviðum opinberra fjármála, eru leiðandi í þessu starfi. Hugmyndir sem eru í mótun hjá ríkisreikningsnefnd falla vel að þessu starfi.

Ríkisreikningsnefnd hefur þegar lagt til að framsetningu fjárlaga verði breytt. Í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni eins og verið hefur verði þau sýnd bæði á greiðslugrunni og rekstrargrunni. Í þessu felst að hvort tveggja verði lagt fram og afgreitt, greiðslur á árinu vegna viðkomandi fjárlagaliða og skuldbindingar sem þeim tengjast.

Greiðslugrunnur er skilgreindur sem hreint sjóðsstreymi, en reikningsgrunnur nær yfir allar kröfur og skuldbindingar á fjárhagsárinu eins og fram kemur í ríkisreikningi. Í

tillögum ríkisreikningsnefndar er reynt að halda til haga báðum uppgjörsaðferðum því að þær þjóna hvor um sig ákveðnum tilgangi, en breytingunni er ætlað að tengja saman og skýra frávikið milli þeirra. Fullt samræmi verður því milli fjárlaga og ríkisreiknings. Í þessu felst enn fremur að fyrir Alþingi verður lagt til ákvörðunar að veita greiðsluheimildir og skuldbindingar sem fjárhagsárinu tengjast.

Hér hefur verið gerð grein fyrir greiðsluuppgjöri ríkissjóðs. Hins vegar þykir eðlilegt að draga aðeins fram frávik þessa uppgjörs og reikningsuppgjörsins. Í því skyni hefur gróft mat verið lagt á helstu kröfur og skuldbindingar sem stofnað var til á árinu 1992 en komu ekki til greiðslu á því ári. Inn í það mat koma allar skuldbindingar sem á ríkissjóð falla umfram greiðsluheimildir, en frá dragast greiðslur verkefna sem þegar hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi, eins og t.d. uppgjör skólabygginga til sveitarfélaga samkvæmt verkaskiptalögum. Á teknahlið er í reikningsuppgjöri færð álagning skatta að frádregnum afskriftum álagðra gjalda. Álagningartölur tekna vegna ársins 1992 liggja ekki fyrir en samkvæmt lauslegu mati er áætlað að álagðar tekjur umfram innheimtar geti orðið um 4 milljarðar króna. Þar af eru beinir skattar 1,7 milljarður króna, óbeinir skattar rúmlega milljarður króna, einkum vegna virðisaukaskatts, og áfallnar vaxtatekjur umfram innheimtar rúmur milljarður króna. Í eftirfarandi töflu eru sýnd frávik milli greiðslu- og rekstraruppgjörs á gjaldahlið:

	Greiðslu-uppgjör m.kr.	Mismunur m.kr.	Áætlað reikningsuppgjör m.kr.
1. Eldri og nýjar skuldbindingar meðtaldar í greiðsluframsetningu			
02-997 Uppgjör við sveitarfélög skv. verkaskiptalögum	397	-397	0
04-288 Jarðræktarframlög	238	-55	183
04-290 Uppkaup á fullvirðisrétti	269	696	965
09-381 Uppbætur á lífeyri	1.188	1.812	3.000
09-486 Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga og fasteignir ríkissjóðs	588	100	688
09-801 Vaxtagjöld	8.346	2.100	10.446
10-333 Hafnagerð, skuldagreiðslur	765	10	775
11-220 Hitaveitur Eyra og Hjaltadals	0	120	120
2. Yfirteknar skuldbindingar fyrri ára sem áhrif hafa á greiðsluuppgjör			
01-172 Byggðastofnun	185	-185	0
01-173 Framkvæmdasjóður	0	0	0
05-281 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	770	-770	0
11-xxx Skuldir orkuveitna	150	-150	0
09-100 Afborganir lána	1.105	-1.105	0

Auknar skuldbindingar koma að stærstum hluta fram á tveimur liðum, þ.e. lífeyrisskuldbindingum og áföllnum vöxtum. Á árinu var gegnið frá samningum við bændur um uppkaup fullvirðisréttar og förgunarbóta vegna seinni niðurfærslu samkvæmt nýja búvörusamningnum. Ennfremur var gerður samningur um skuldayfirtöku vegna Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Hjaltadals, samtals að fjárhæð um 120 m.kr. Þá eru skuldbindingar vegna fasteignakaupa skv. heimildum í 6. gr. um 100 m.kr. umfram greiðslur. Á móti þessu vegur að í greiðsluuppgjöri er fært til gjalda vegna skuldbindinga fyrri ára um 450 m.kr.

Gróft reiknað má þannig ætla að gjaldahliðin geti hækkað um rúma fjóra milljarða frá greiðslugrunni. Á móti vegur hækkun á tekjuhlið. Það er rétt að ítreka að hér er um afar lauslegt mat á skuldbindingum umfram greiðslur á gjaldahlið að ræða.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1)

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Tekjur	3 848	6 238	10 053	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	104 771
Gjöld	3 888	6 141	9 771	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	111 015
Rekstrarafkoma	**- 40**	**97**	**282**	**- 862**	**660**	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-6 244**
Veitt lán, nettó	...	...	...	...	...	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	-2 360
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	...	...	...	...	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 435
Viðskiptareikningar, nettó	...	...	...	...	...	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	100
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	...	...	...	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**8 939**
Innlend lántaka	...	...	...	...	...	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	5 800
Ný lán	...	...	...	...	...	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	10 300
Afborganir	...	...	...	...	...	...	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603	-3 821	-4 500
Erlend lántaka	...	...	...	...	...	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	3 190
Ný lán	...	...	...	...	...	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 100
Afborganir	...	...	...	...	...	...	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265	-4 328	-1 910
Seðlabanki Íslands, nettó	...	...	...	...	...	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-
Greiðsluafkoma	...	...	...	...	...	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**51**
Hlutfall af VLF, %														
Tekjur	24,8	25,6	26,4	24,8	25,2	24,2	24,1	23,7	25,5	26,2	26,3	26,1	27,1	27,0
Gjöld	25,1	25,2	25,6	26,1	24,5	26,1	25,4	25,1	28,3	28,2	27,6	29,4	29,0	28,6
Rekstrarafkoma	-0,3	0,4	0,7	-1,3	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0	-1,3	-3,3	-1,9	-1,6
Hrein lánsfjárþörf	...	...	...	...	...	...	1,7	2,7	3,2	2,5	2,0	3,8	1,9	2,3
Greiðsluafkoma	...	...	...	...	...	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,6	0,6	0,0

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Heildartekjur ríkissjóðs	**3 848**	**6 238**	**10 053**	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**104 771**
Þ.a skatttekjur	3 626	5 901	9 389	14 630	19 932	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 891
Beinir skattar	**602**	**899**	**1 485**	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 363**	**13 017**	**17 690**	**19 263**	**20 348**	**20 193**
Einstaklingar	535	783	1 188	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 317	13 677	15 055	15 467	15 844
Fyrirtæki	67	116	297	606	788	876	1 604	1 683	2 591	3 700	4 013	4 208	4 881	4 349
Óbeinir skattar	**3 024**	**5 002**	**7 904**	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 261**	**61 225**	**68 448**	**74 240**	**75 422**	**76 698**
Innflutnings- og vörugjöld	856	1 454	2 270	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	8 656
Virðisaukaskattur/söluskattur	1 267	2 108	3 387	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 950
Hagnaður ÁTVR	262	407	579	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 350
Launa- og tryggingagjöld	281	450	704	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 849	5 824	7 327	9 130	9 568	9 450
Bifreiðagjöld [2]	155	255	416	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 375
Aðrir skattar	203	328	548	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	3 917
Aðrar tekjur	**222**	**337**	**664**	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 880**
Vaxtatekjur	204	305	592	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 000
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	18	32	72	152	268	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	3 880
Hlutfall af VLF, %														
Heildartekjur ríkissjóðs	**24,8**	**25,6**	**26,4**	**24,8**	**25,2**	**24,2**	**24,1**	**23,7**	**25,5**	**26,2**	**26,3**	**26,1**	**27,1**	**27,0**
Skatttekjur	23,4	24,2	24,6	22,2	22,8	21,9	22,1	22,3	23,9	24,3	24,5	24,4	25,1	25,0
Beinir skattar	3,9	3,7	3,9	3,6	3,3	2,8	3,5	3,0	3,7	4,3	5,0	5,0	5,3	5,2
Óbeinir skattar	19,5	20,5	20,7	18,6	19,5	19,1	18,7	19,3	20,2	20,0	19,5	19,4	19,7	19,8
Aðrar tekjur	1,4	1,4	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,5	1,9	1,8	1,7	2,0	2,0

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

2) Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs [1]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1993 [2]	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Heildartekjur ríkissjóðs	**75 767**	**81 993**	**85 913**	**79 021**	**83 688**	**83 398**	**88 485**	**95 028**	**101 610**	**104 654**	**105 530**	**106 210**	**106 531**	**104 771**
Þ.a skattekjur	71 396	77 564	80 238	70 691	75 502	75 344	81 202	89 333	95 495	97 002	98 322	99 356	98 625	96 891
Beinir skattar	**11 853**	**11 817**	**12 691**	**11 529**	**10 890**	**9 478**	**12 788**	**11 846**	**14 749**	**17 008**	**20 192**	**20 469**	**20 955**	**20 193**
Einstaklingar	10 534	10 292	10 153	8 601	7 906	6 947	9 064	8 579	10 667	12 173	15 612	15 997	15 928	15 844
Fyrirtæki	1 319	1 525	2 538	2 928	2 985	2 531	3 724	3 267	4 081	4 834	4 581	4 471	5 027	4 349
Óbeinir skattar	**59 543**	**65 747**	**67 548**	**59 162**	**64 612**	**65 866**	**68 415**	**77 487**	**80 746**	**79 995**	**78 130**	**78 888**	**77 670**	**76 698**
Innflutnings- og vörugjöld	16 855	19 112	19 399	15 757	16 201	14 708	13 433	15 160	8 139	9 701	9 536	10 052	8 439	8 656
Virðisaukaskattur/söluskattur	24 947	27 708	28 945	27 059	29 126	30 991	33 534	38 767	46 514	44 621	42 332	41 393	41 135	40 950
Hagnaður ÁTVR	5 159	5 350	4 948	3 498	4 553	5 557	5 644	6 219	6 734	7 016	6 757	6 893	6 627	6 350
Launa- og tryggingagjöld	5 533	5 915	6 016	4 977	5 716	5 834	6 159	6 877	7 638	7 609	8 363	9 702	9 853	9 450
Bifreiðagjöld [3]	3 052	3 352	3 555	3 464	3 947	3 895	4 978	5 317	5 940	6 185	6 245	6 805	7 236	7 375
Aðrir skattar	3 997	4 311	4 683	4 407	5 068	4 881	4 667	5 148	5 781	4 862	4 897	4 043	4 380	3 917
Aðrar tekjur	**4 371**	**4 430**	**5 675**	**8 330**	**8 186**	**8 053**	**7 283**	**5 695**	**6 115**	**7 651**	**7 208**	**6 854**	**7 906**	**7 880**
Vaxtatekjur	4 017	4 009	5 059	7 596	7 171	7 311	5 918	4 732	5 154	5 996	4 675	4 194	4 328	4 000
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	354	421	615	734	1 015	743	1 365	963	961	1 655	2 533	2 660	3 578	3 880
Hlutfall af VLF, %														
Heildartekjur ríkissjóðs	**24,8**	**25,6**	**26,4**	**24,8**	**25,2**	**24,2**	**24,1**	**23,7**	**25,5**	**26,2**	**26,3**	**26,1**	**27,1**	**27,0**
Skattekjur	23,4	24,2	24,6	22,2	22,8	21,9	22,1	22,3	23,9	24,3	24,5	24,4	25,1	25,0
Beinir skattar	3,9	3,7	3,9	3,6	3,3	2,8	3,5	3,0	3,7	4,3	5,0	5,0	5,3	5,2
Óbeinir skattar	19,5	20,5	20,7	18,6	19,5	19,1	18,7	19,3	20,2	20,0	19,5	19,4	19,7	19,8
Aðrar tekjur	1,4	1,4	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,5	1,9	1,8	1,7	2,0	2,0

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

2) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

3) Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum [1)]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Almenn mál	**393**	**587**	**977**	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**	**10 946**	**11 559**
Almenn þjónusta og löggæsla	352	531	877	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527	9 911	10 369
Utanríkisþjónusta	41	56	100	203	231	284	381	475	559	702	958	1 130	1 035	1 190
Félagsmál	**2 127**	**3 424**	**5 319**	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**	**68 192**	**68 027**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	623	937	1 532	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619	16 872	17 061
Heilbrigðismál	312	509	821	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628	18 097	18 519
Velferðarmál	1 192	1 978	2 966	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838	33 223	32 447
Atvinnumál	**1 070**	**1 593**	**2 559**	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**	**21 038**	**18 807**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	447	658	1 180	1 660	1 756	2 338	2 992	3 547	6 521	8 502	8 908	10 426	10 648	7 378
Sjávarútvegur	67	97	136	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240	1 200	1 032
Iðnaðar- og orkumál	163	257	316	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259	959	941
Samgöngur	393	581	927	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525	7 760	8 996
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	481	471	460
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**298**	**537**	**916**	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**	**10 431**	**12 622**
Gjöld samtals	**3 888**	**6 141**	**9 771**	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**111 015**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %														
Almenn mál	10,1	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,4
Félagsmál	54,7	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	61,3
Atvinnumál	27,5	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	19,0	16,9
Ýmis mál	7,7	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	11,4

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með *vaxtagreiðslum*.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 5 Útgjöld ríkissjóðs eftir málefnaflokkum[1)]

Milljónir króna á verðlagi ársins 1993 [2)]	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Almenn mál	**7 738**	**7 716**	**8 349**	**8 205**	**7 243**	**8 114**	**8 801**	**10 270**	**11 433**	**10 728**	**11 300**	**12 387**	**11 272**	**11 559**
Almenn þjónusta og löggæsla	6 931	6 980	7 495	7 224	6 368	7 293	7 917	9 348	10 552	9 811	10 207	11 186	10 206	10 369
Utanríkisþjónusta	807	736	855	981	875	821	885	922	881	917	1 094	1 201	1 066	1 190
Félagsmál	**41 881**	**45 006**	**45 456**	**45 821**	**43 820**	**50 257**	**53 609**	**61 291**	**66 065**	**64 947**	**67 685**	**72 347**	**70 225**	**68 027**
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	12 267	12 316	13 092	12 819	11 902	14 457	14 933	16 639	18 613	18 010	17 565	18 722	17 375	17 061
Heilbrigðismál	6 143	6 690	7 016	8 615	7 815	8 637	9 944	16 025	17 530	16 898	17 477	18 732	18 637	18 519
Velferðarmál	23 470	25 999	25 347	24 387	24 103	27 163	28 733	28 627	29 922	30 039	32 643	34 894	34 213	32 447
Atvinnumál	**21 068**	**20 939**	**21 869**	**20 115**	**19 913**	**19 910**	**19 808**	**18 360**	**22 141**	**23 445**	**20 724**	**22 241**	**21 665**	**18 807**
Landbúnaður og niðurgreiðslur	8 801	8 649	10 084	8 021	6 652	6 756	6 946	6 885	10 272	11 108	10 168	11 079	10 965	7 378
Sjávarútvegur	1 319	1 275	1 162	1 242	1 466	2 713	2 779	2 407	2 701	2 999	1 170	1 318	1 236	1 032
Iðnaðar- og orkumál	3 209	3 378	2 701	3 556	4 023	3 338	3 155	2 054	1 824	1 851	1 326	1 338	988	941
Samgöngur	7 738	7 637	7 922	7 296	7 773	7 103	6 928	7 015	7 344	7 487	8 060	7 996	7 991	8 996
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	511	485	460
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**5 868**	**7 058**	**7 828**	**9 045**	**10 212**	**11 709**	**10 905**	**10 408**	**13 118**	**13 318**	**10 896**	**12 554**	**10 742**	**12 622**
Gjöld samtals	**76 555**	**80 718**	**83 503**	**83 186**	**81 188**	**89 989**	**93 124**	**100 329**	**112 758**	**112 438**	**110 605**	**119 529**	**113 904**	**111 015**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %														
Almenn mál	10,1	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4	9,9	10,4
Félagsmál	54,7	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5	61,7	61,3
Atvinnumál	27,5	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	19,0	16,9
Ýmis mál	7,7	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5	9,4	11,4

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkssjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

2) Miðað við verðlag landsframleiðslu

Tafla 6 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**43 284**
Laun	9 958	17 800	22 400	25 100	29 070	32 448	33 150	34 402
Önnur rekstrarútgjöld	4 665	6 227	8 059	10 602	13 397	14 570	16 052	15 822
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 820	-6 940
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**41 252**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 848	20 231	24 412	28 265	28 853	27 754
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 191
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 760
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 246
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 975	4 910	3 745	3 997	4 482	4 301
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**10 500**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 194**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 786**
Vegagerð	-	-	-	2 125	2 599	3 215	3 334	4 601
Flugvellir og hafnir	-	-	-	808	942	1 228	1 317	1 274
Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir	-	-	-	765	836	1 090	1 154	953
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 150	534	900	1 075	925
Annar stofnkostnaður	-	-	-	4 754	4 415	6 365	4 215	5 033
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**111 015**
Hlutfall af VLF, %								
Rekstrargjöld	8,5	10,7	10,8	10,5	10,6	11,1	11,1	11,2
Tilfærslur	11,0	8,9	10,9	11,1	11,3	11,8	12,1	10,6
Vextir	2,5	2,1	2,7	2,8	2,4	2,6	2,2	2,7
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,6	0,7	0,8
Stofnkostnaður	2,8	2,8	3,3	3,1	2,7	3,3	2,9	3,3
Gjöld samtals	**25,4**	**25,1**	**28,3**	**28,2**	**27,6**	**29,4**	**29,0**	**28,6**

Tafla 7 Rekstrargjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Æðsta stjórn ríkisins	611	709	835	905	917	940
Forsætisráðuneyti	91	106	141	136	136	106
Menntamálaráðuneyti	7 872	9 792	10 280	11 679 [1]	11 592	11 604
Utanríkisráðuneyti	587	665	883	958	965	924
Landbúnaðarráðuneyti	522	508	742	717 [2]	657	902
Sjávarútvegsráðuneyti	495	519	689	792	732	611
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 261	3 628	4 186	4 665	4 685	4 882
Félagsmálaráðuneyti	838	984	1 126	1 380 [3]	1 499	1 809
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10 269	12 070	14 567	16 602	17 018	17 364
Fjármálaráðuneyti	1 433	1 750	2 110	2 420	2 265	2 300
Samgönguráðuneyti	792	888	1 035	749 [4]	672	629
Iðnaðarráðuneyti	328	307	488	558	484	478
Viðskiptaráðuneyti	103	105	121	138	149	153
Hagstofa Íslands	83	87	97	120	133	137
Umhverfisráðuneyti	-	-	29	398	478	446
Samtals	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 218**	**42 382**	**43 284**

1) Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

2) Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

3) Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

4) Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Tafla 8 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Æðsta stjórn ríkisins	11	18	24	27	34	32
Forsætisráðuneyti	7	2	3	7	15	10
Menntamálaráðuneyti	2 404	2 024	3 235	3 651	3 283	3 112
Þ.a. Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 760
Utanríkisráðuneyti	201	325	407	561	456	588
Landbúnaðarráðuneyti	2 012	3 013	2 422	4 101	4 697	6 240
Sjávarútvegsráðuneyti [1]	1 022	1 521	101	130	133	57
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26	29	28	34	36	41
Félagsmálaráðuneyti	381	659	1 845	2 376	2 061	1 761
Þ.a. framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 207	1 366	1 497	1 246
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	15 628	19 122	24 188	26 893	28 038	27 479
Þ.a. lífeyristryggingar	9 036	10 760	12 640	14 406	15 110	15 280
Þ.a. sjúkratryggingar	5 851	7 626	9 756	10 496	10 170	9 530
Þ.a. atvinnuleysistryggingar	350	207	1 031	1 266	1 761	1 464
Fjármálaráðuneyti	1 322	1 416	893	1 219	1 438	1 297
Þ.a. uppbætur á lífeyri	1 075	1 104	672	1 084	1 188	875
Samgönguráðuneyti	386	444	556	563	490	107
Iðnaðarráðuneyti	637	943	558	388	428	431
Viðskiptaráðuneyti	3 513	4 489	5 350	5 070	5 041	11
Þ.a. niðurgreiðslur á vöruverði	3 513	4 487	5 344	5 064	5 030	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	87	94	87
Samtals	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**41 252**

1) Endurgreiðsla á söluskatti í sjávarútvegi féll niður árið 1990.

Tafla 9 Verðlags- og launaþróun

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993
Vísitölur (1980 = 100)													
Framfærsluvísitala	151	228	420	542	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 997	2 061
Byggingarvísitala	152	237	403	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 844	1 874
Lánskjaravísitala	152	227	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 894	1 964	2 003
Meðalgengi	134	210	386	448	573	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 159
Verðvísitala samneyslu	148	229	381	462	623	790	1 004	1 243	1 442	1 619	1 745	1 806	1 846
Verðvísitala einkaneyslu	151	229	419	552	732	878	1 017	1 278	1 576	1 831	1 939	2 023	2 104
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	150	230	408	520	681	848	1 014	1 250	1 507	1 725	1 853	1 911	1 969
Atvinnutekjur á mann	156	240	376	481	685	912	1 296	1 607	1 820	2 019	2 216	2 250	2 272
Ráðstöfunartekjur á mann	159	248	395	505	743	977	1 424	1 737	1 937	2 130	2 332	2 344	2 320
Kaupmáttur atvinnutekna	103	105	90	89	96	105	125	124	116	112	115	113	110
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	105	109	94	93	104	112	138	134	123	118	121	117	113
Breyting milli ára, %													
Framfærsluvísitala	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	3,2
Byggingarvísitala	52,4	55,3	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	1,6
Lánskjaravísitala	51,8	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7	2,0
Meðalgengi	33,8	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,5	4,5
Verðvísitala samneyslu	47,8	54,9	66,2	21,4	34,9	26,8	27,1	23,9	16,0	12,3	7,8	3,5	2,2
Verðvísitala einkaneyslu	51,0	51,9	82,6	31,8	32,6	19,9	15,9	25,7	23,3	16,1	5,9	4,3	4,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	49,8	53,8	76,9	27,6	31,1	24,5	19,6	23,2	20,6	14,5	7,4	3,2	3,0
Atvinnutekjur á mann	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	42,2	24,0	13,3	10,9	9,8	1,5	1,0
Ráðstöfunartekjur á mann	59,0	56,0	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	9,9	9,5	0,5	-1,0
Kaupmáttur atvinnutekna	3,3	1,9	-15,0	-0,9	7,6	9,6	19,7	-1,2	-6,4	-3,4	2,8	-2,1	-2,1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	5,0	3,3	-13,5	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-3,0	-4,1

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992[1]	Spá 1993
Einkaneysla	8 846	14 361	22 923	39 432	53 930	74 689	96 072	129 795	156 203	184 534	213 218	238 500	240 140	240 240
Samneysla	2 546	4 039	6 644	11 559	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	56 368	65 897	74 761	77 800	81 100
Fjárfesting	3 927	5 929	9 251	14 127	18 356	24 460	29 684	41 042	48 414	56 051	66 896	72 700	64 400	60 000
Neysla og fjárfesting alls	15 319	24 329	38 818	65 118	86 342	119 285	153 047	207 628	252 085	296 954	346 011	385 961	382 340	381 340
Birgðabreytingar	80	253	913	-1 070	786	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 578	-1 787	1 233	650	-
Þjóðarútgjöld alls	**15 399**	**24 582**	**39 731**	**64 048**	**87 128**	**118 307**	**150 953**	**207 212**	**253 935**	**296 376**	**344 224**	**387 194**	**382 990**	**381 340**
Útflutningur vöru og þjónustu	5 746	8 724	12 714	27 078	34 295	49 534	62 888	73 085	83 548	108 335	126 003	126 931	123 140	129 520
Innflutningur vöru og þjónustu	5 648	8 936	14 329	25 275	33 871	48 663	55 880	73 965	84 100	99 240	119 146	131 257	124 190	122 810
Verg landsframleiðsla	**15 497**	**24 370**	**38 116**	**65 851**	**87 552**	**119 178**	**157 961**	**206 332**	**253 383**	**305 471**	**351 081**	**382 868**	**381 940**	**388 050**
Vaxtajöfnuður o.fl	- 411	- 811	-1 495	-3 066	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 611	-14 974	-13 650	-15 810
Viðskiptajöfnuður	- 313	-1 023	-3 110	-1 263	-4 130	-4 713	779	-7 083	-8 885	-4 122	-7 754	-19 300	-14 700	-9 100
Verg þjóðarframleiðsla	**15 086**	**23 559**	**36 621**	**62 785**	**82 998**	**113 594**	**151 732**	**200 129**	**245 050**	**292 254**	**336 470**	**367 894**	**368 290**	**372 240**
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-2,0	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-5,0	-3,8	-2,3

1) Miðað við spá ÞHS frá janúar 1993. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Seðlabanka Íslands reyndist viðskiptahallinn tæplega 3 milljörðum króna minni en ÞHS gerði ráð fyrir. Þessar tölur eru nú í endurskoðun.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 **Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða**

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993
Vísitölur (1980 = 100)													
Einkaneysla	106	112	105	109	114	123	143	137	131	130	138	133	128
Samneysla	107	114	119	120	127	136	144	150	154	160	168	169	172
Fjármunamyndun	101	101	88	96	98	97	115	115	105	108	111	96	86
Þjóðarútgjöld alls	**106**	**111**	**101**	**108**	**111**	**116**	**135**	**134**	**127**	**128**	**136**	**129**	**124**
Útflutningur vöru og þjónustu	102	92	103	105	116	124	130	126	129	128	121	118	118
Innflutningur vöru og þjónustu	106	105	97	104	113	115	142	135	121	122	130	121	111
Verg landsframleiðsla	**104**	**106**	**104**	**108**	**112**	**120**	**131**	**130**	**130**	**131**	**132**	**128**	**126**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	104	122	145	165	184	194	194	214	223	223	232	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**104**	**106**	**102**	**107**	**111**	**118**	**129**	**128**	**128**	**128**	**130**	**125**	**123**
Vergar þjóðartekjur	**103**	**104**	**100**	**104**	**107**	**116**	**131**	**129**	**126**	**126**	**130**	**124**	**121**
Breyting milli ára, %													
Einkaneysla	6,4	5,1	-5,8	3,8	4,4	7,2	16,6	-4,3	-4,1	-0,6	5,6	-3,5	-3,8
Samneysla	7,3	6,2	4,7	0,2	6,2	6,9	6,1	4,2	2,4	4,1	5,2	0,5	2,0
Fjármunamyndun	1,0	-0,5	-12,3	9,2	2,0	-1,2	19,0	-0,6	-8,3	2,8	3,0	-14,0	-10,5
Þjóðarútgjöld alls	**5,7**	**5,0**	**-8,7**	**6,4**	**2,9**	**4,7**	**16,0**	**-1,0**	**-4,6**	**0,8**	**5,8**	**-5,1**	**-3,9**
Útflutningur vöru og þjónustu	2,0	-9,7	11,6	1,8	11,2	6,3	4,7	-3,0	2,5	-0,4	-5,7	-2,2	-0,6
Innflutningur vöru og þjónustu	5,7	-0,3	-8,2	7,8	8,8	1,4	23,0	-4,6	-10,2	0,7	6,5	-7,2	-8,1
Verg landsframleiðsla	**4,4**	**1,7**	**-2,3**	**4,2**	**3,8**	**6,5**	**9,2**	**-0,3**	**0,0**	**0,4**	**1,4**	**-3,3**	**-1,4**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	3,6	18,2	22,5	9,7	11,7	5,4	0,0	10,4	4,4	-0,3	0,3	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**4,4**	**1,3**	**-3,1**	**4,0**	**3,5**	**6,5**	**9,6**	**-0,8**	**-0,2**	**0,4**	**1,4**	**-3,5**	**-1,8**
Vergar þjóðartekjur	**2,8**	**1,1**	**-3,8**	**3,6**	**3,6**	**8,4**	**12,3**	**-1,4**	**-2,0**	**-0,2**	**2,9**	**-4,2**	**-2,6**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 Utanríkisviðskipti

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992 [1]	Spá 1993
Vöruútflutningur	**4 460**	**6 536**	**8 479**	**18 623**	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 320**	**91 360**
Sjávarafurðir	3 339	5 116	6 361	12 667	15 833	25 232	34 627	40 322	43 826	55 354	67 692	74 334	70 420	73 220
Ál	542	634	852	3 274	3 426	3 340	4 125	5 080	6 626	10 146	9 636	8 340	7 850	7 900
Kísiljárn	81	123	243	614	1 016	1 220	1 334	1 473	2 418	3 303	2 331	1 613	1 500	1 570
Annar vöruútflutningur	498	663	1 023	2 068	3 282	3 958	4 882	6 178	8 797	11 269	12 794	7 273	7 550	8 670
Vöruinnflutningur	**4 307**	**6 732**	**10 364**	**18 156**	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 820**	**84 130**
Skip og flugvélar	240	334	399	587	654	959	1 862	3 268	5 405	5 841	7 970	6 300	6 630	2 000
Olía	724	1 089	1 591	3 012	3 683	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	6 787	7 000
Annar vöruinnflutningur	3 343	5 309	8 374	14 557	19 552	27 519	35 433	48 028	52 933	60 772	71 339	80 933	74 403	75 130
Vöruskiptajöfnuður	**153**	**- 196**	**-1 885**	**467**	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 500**	**7 230**
Útflutt þjónusta án vaxta	1 286	2 188	4 235	8 455	10 738	15 784	17 920	20 032	21 881	28 263	33 551	35 371	35 820	38 160
Innflutt þjónusta án vaxta	1 342	2 204	3 965	7 119	9 982	14 903	14 892	18 945	22 104	26 637	31 494	36 618	36 370	38 680
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 56**	**- 16**	**270**	**1 336**	**756**	**881**	**3 028**	**1 087**	**- 223**	**1 626**	**2 057**	**-1 247**	**- 550**	**- 520**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**- 410**	**- 811**	**-1 495**	**-3 066**	**-4 554**	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 333**	**-13 217**	**-14 611**	**-14 974**	**-13 650**	**-15 810**
Viðskiptajöfnuður	**- 313**	**-1 023**	**-3 110**	**-1 263**	**-4 130**	**-4 713**	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 754**	**-19 300**	**-14 700**	**-9 100**
Hlutfall af VLF, %														
Vöruskiptajöfnuður	1,0	-0,8	-4,9	0,7	-0,4	0,0	2,5	-1,0	-0,1	2,4	1,4	-0,8	-0,1	1,9
Þjónustujöfnuður án vaxta	-0,4	-0,1	0,7	2,0	0,9	0,7	1,9	0,5	-0,1	0,5	0,6	-0,3	-0,1	-0,1
Vaxtajöfnuður o.fl.	-2,6	-3,3	-3,9	-4,7	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,3	-4,2	-3,9	-3,6	-4,1
Viðskiptajöfnuður	-2,0	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,2	-5,0	-3,8	-2,3

1) Miðað við spá ÞHS frá janúar 1993. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Seðlabanka Íslands reyndist viðskiptahallinn tæplega 3 milljörðum króna minni en ÞHS gerði ráð fyrir. Þessar tölur eru nú í endurskoðun.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 13

Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]							
	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992
Fjárfesting alls	**56 051**	**66 896**	**72 700**	**64 420**	**1,0**	**-1,6**	**19,0**	**-0,6**	**-8,3**	**2,8**	**3,0**	**-14,0**
Atvinnuvegirnir	**24 697**	**29 686**	**31 300**	**26 570**	**17,3**	**5,9**	**20,6**	**-7,9**	**-20,1**	**7,5**	**2,0**	**-18,4**
Landbúnaður [2]	2 448	1 791	1 890	1 700	21,7	8,2	-7,3	-9,9	-24,7	-39,6	9,5	-12,7
Fiskveiðar	3 361	2 361	2 600	5 400	-15,0	124,5	39,7	17,6	-55,0	-39,3	2,0	96,4
Vinnsla sjávarafurða	1 265	1 730	1 410	1 320	9,9	-5,1	-5,9	-12,0	-33,1	20,4	-24,1	-9,9
Álverksmiðja	430	930	900	350	140,0	33,3	31,3	-42,9	158,3	83,9	-8,8	-61,9
Járnblendiverksmiðja	230	105	40	50	40,0	-57,1	32,6	0,0	325,0	-58,8	-71,4	-27,6
Annar iðnaður	5 205	4 352	5 750	5 100	12,2	-9,5	8,0	-5,3	-8,8	-26,9	25,4	-14,6
Flutningstæki	3 846	9 640	9 240	5 100	64,0	-27,2	15,5	-31,4	97,9	116,7	-6,4	-46,9
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 700	4 721	4 330	3 550	12,1	9,7	54,5	-25,5	-8,9	-6,2	-13,8	-20,0
Ýmsar vélar og tæki	3 212	4 056	5 140	4 000	21,8	-0,3	24,5	-2,0	-35,9	24,3	21,5	-25,0
Íbúðarhúsnæði	**13 280**	**15 555**	**15 900**	**15 300**	**-15,3**	**-15,0**	**14,1**	**14,9**	**2,8**	**-0,6**	**-5,0**	**-6,0**
Fjárfesting hins opinbera	**18 074**	**21 655**	**25 500**	**22 550**	**-8,5**	**-4,9**	**18,7**	**4,4**	**5,4**	**-1,4**	**10,2**	**-13,6**
Rafvirkjanir og rafveitur	3 103	4 881	5 800	2 600	-43,7	-26,3	11,9	35,5	34,5	37,2	12,9	-56,2
Hita- og vatnsveitur	2 340	1 645	1 450	1 500	15,7	-21,8	-6,9	50,5	15,8	-37,3	-19,8	0,1
Samgöngumannvirki	6 288	7 159	9 450	9 850	3,0	0,0	27,0	-21,1	-5,1	-8,0	23,7	1,8
Byggingar hins opinbera	6 343	7 970	8 800	8 600	1,9	8,0	17,5	25,6	2,5	-0,7	2,6	-4,6
Til samanburðar												
Verg landsframleiðsla	305 471	351 081	382 868	384 099	3,8	6,5	9,2	-0,3	0,0	0,4	1,4	-3,3

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Spá 1993
Rafvirkjanir og rafveitur	507	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 880	5 800	2 600	2 100
Hitaveitur	236	325	260	275	457	663	630	690	1 330	1 970	1 040	730	850	850
Vatnsveitur	31	45	70	100	113	208	210	240	320	370	605	720	650	600
Vegir og brýr	144	228	329	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 600	2 840	4 047
Götur og holræsi	128	230	393	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 350	3 210	3 220
Hafnir og vitar	55	87	127	177	214	232	206	508	785	913	960	1 520	1 410	1 350
Flugvellir	15	18	31	81	220	431	712	1 528	388	521	340	530	810	583
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	61	86	181	362	472	552	802	1 115	752	905	1 005	1 450	1 580	2 650
Skólar og íþróttamannvirki	97	168	272	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 200	3 200
Sjúkrahús	69	162	271	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 900	1 700
Félagsheimili og kirkjur	15	27	46	90	88	182	292	149	189	217	280	280	350	350
Aðrar byggingar hins opinbera	38	43	86	148	232	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	2 950
Samtals	**1 396**	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 655**	**25 500**	**22 550**	**23 600**
Hlutfallsleg skipting, %														
Rafvirkjanir og rafveitur	36,3	36,0	35,9	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,5	22,7	11,5	8,9
Hitaveitur	16,9	14,7	8,1	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,8	2,9	3,8	3,6
Vatnsveitur	2,2	2,0	2,2	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	2,8	2,8	2,9	2,5
Vegir og brýr	10,3	10,3	10,2	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,6	10,2	12,6	17,1
Götur og holræsi	9,2	10,4	12,2	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	11,8	13,1	14,2	13,6
Hafnir og vitar	3,9	3,9	3,9	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,4	6,0	6,3	5,7
Flugvellir	1,1	0,8	1,0	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,1	3,6	2,5
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	4,4	3,9	5,6	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,6	5,7	7,0	11,2
Skólar og íþróttamannvirki	6,9	7,6	8,4	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	12,6	11,6	14,2	13,6
Sjúkrahús	4,9	7,3	8,4	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,9	7,5	8,4	7,2
Félagsheimili og kirkjur	1,1	1,2	1,4	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,3	1,1	1,6	1,5
Aðrar byggingar hins opinbera	2,7	1,9	2,7	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	16,1	14,3	14,0	12,5
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Veitt og tekin lán ríkissjóðs[1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Bráðab. 1992	Fjárlög 1993
Tekin lán	**4 999**	**10 190**	**18 864**	**26 829**	**37 478**	**44 185**	**51 908**	**68 149**	**96 917**	**112 525**	**124 915**	**153 759**	**165 400**
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	-	-
Spariskírteini	1 131	1 912	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	40 597	45 100
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 257	2 502	5 000
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	-	-	931	725	5 892	8 142	8 244	12 360	13 700
Aðrir innlendir aðilar	720	1 268	2 234	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	12 600	12 000	11 500
Erlend lán	2 747	6 732	12 405	19 413	25 538	29 202	29 837	40 081	58 247	59 519	65 756	86 300	90 100
Lánveitingar	**4 025**	**9 909**	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**53 058**	**62 858**	**65 080**	**68 500**
Veitt lán	3 655	8 703	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 556	40 900	44 000
Þar af lán tengd innlendu verðlagi	913	2 168	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 089	23 900	26 500
Þar af gengisbundin lán	2 742	6 535	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 468	17 000	17 500
Viðskiptareikningar, nettó	370	1 206	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 036	25 302	24 180	24 500
Tekin lán umfram lánveitingar	**974**	**281**	**3 715**	**5 415**	**7 639**	**14 472**	**16 276**	**20 580**	**47 695**	**59 467**	**62 057**	**88 679**	**96 900**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	80,5	97,2	80,3	79,8	79,6	67,2	68,6	69,8	50,8	47,2	50,3	42,3	41,4
Hlutfall af VLF, %[2]													
Tekin lán	18,0	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,7	32,2	39,1	42,5
Þar af erlend lán	10,1	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	16,9	17,2	21,6	23,2
Veitt lán	13,3	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	9,6	9,7	10,2	11,3
Þar af gengisbundin lán	10,1	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,5	4,0	4,2	4,5
Viðskiptareikningar, nettó	1,3	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,3	6,4	6,3	6,3
Tekin lán umfram lánveitingar	3,4	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,8	16,1	22,4	24,9

1) Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 16 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
Lántökur	**1 013**	**1 698**	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**29 802**	**32 559**	**29 000**
Opinberir aðilar	540	853	2 267	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 721	15 690	20 291	16 200
Lánastofnanir	62	176	585	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 717	3 544	6 392	6 800
Einkaaðilar	411	669	781	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 331	14 599	10 568	5 876	6 000
Afborganir	**378**	**633**	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**15 056**	**19 362**	**22 700**
Opinberir aðilar	160	261	494	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 147	9 561	8 540
Lánastofnanir	49	69	166	351	491	658	603	455	459	630	968	1 444	2 954	3 850
Einkaaðilar	169	303	570	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 099	9 465	6 847	10 310
Nettó hreyfing	**635**	**1 065**	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**14 746**	**13 197**	**6 300**
Opinberir aðilar	380	592	1 773	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 428	11 543	10 730	7 660
Lánastofnanir	13	107	419	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 749	2 100	3 438	2 950
Einkaaðilar	242	366	211	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 830	7 500	1 103	- 971	-4 310
Vaxtagreiðslur	**440**	**827**	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 816**	**13 737**	**14 500**
Opinberir aðilar	292	528	975	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 643	7 918	7 941	8 820
Lánastofnanir	35	68	132	298	449	692	806	880	1 247	2 372	2 812	2 898	2 420	2 550
Einkaaðilar	113	231	434	663	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 890	4 000	3 376	3 130
Staða í árslok	**4 623**	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**208 954**	**234 500**
Opinberir aðilar	3 054	4 863	9 847	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 814	111 387	123 513	142 450
Lánastofnanir	369	611	1 439	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 245	35 265	38 020	40 055	46 880
Einkaaðilar	1 200	2 047	3 618	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 496	45 633	46 807	45 386	45 170
Gengisforsendur; SDR = Krónur	6,2	8,5	13,7	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	87,9
Meðalvextir	**10,6**	**12,3**	**10,4**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**6,9**	**6,7**
Opinberir aðilar	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,7	6,9	6,4
Lánastofnanir	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,0	6,5	5,7
Einkaaðilar	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,7	7,3	6,4

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 17 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Áætlun 1992	Spá 1993
I. Erlend skuldastaða													
Erlend langtímalán	-7 521	-14 904	-32 127	-42 599	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 065	-179 712	-196 214	-208 954	-234 500
Erlend skammtímastaða nettó	- 590	-1 290	-1 343	-2 566	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 256	-13 865	-15 100
Gjaldeyrisstaða	1 451	1 101	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	28 900
Nettó staða við útlönd	**-6 660**	**-15 093**	**-31 190**	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 353**	**-161 685**	**-179 626**	**-193 800**	**-220 700**
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	30,9	39,1	48,8	48,7	51,1	47,5	40,6	41,6	49,5	51,2	51,2	54,7	60,4
Nettó staða	27,3	39,6	47,4	49,6	52,8	45,2	40,8	42,0	46,6	46,1	46,9	50,7	56,9
II. Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	633	1 230	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	15 056	19 362	22 700
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	827	1 541	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 816	13 737	14 500
Samtals	1 460	2 771	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 872	33 099	37 200
Nettó vaxtagreiðslur	802	1 475	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 650	14 500
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	7,1	9,4	9,7	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,9	11,6	15,5	17,3
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,3	11,8	10,8	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,2	11,4	11,0	11,0
Samtals	16,4	21,2	20,6	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	23,1	26,4	28,3
Nettó vaxtagreiðslur	9,0	11,3	11,1	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,9	11,0
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	16,1	20,7	20,8	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,1	23,1	26,4	28,3

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 18 Byggingarsjóður ríkisins

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Innstreymi	**384**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 873**	**8 282**	**8 772**
Ríkissjóður	49	70	147	245	966	1 300	1 000	1 125	550	44	-	-	-
Lífeyrissjóðir	125	129	268	356	691	1 730	3 705	5 684	7 317	7 279	4 982	2 353	3 860
Skyldusparnaður, nettó	10	29	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 300
Önnur lán	76	52	150	827	703	150	157	-	-	1 329	351	151	-
Afborganir, vextir og verðbætur	116	203	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	5 958	6 052
Byggingarsjóður verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	-
Tekjur	4	10	17	28	40	51	48	203	85	83	199	144	160
Sjóðsminnkun	4	36	6	108	-	-	59	-	496	459	196	-	-
Útstreymi	**384**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 873**	**8 282**	**8 772**
Rekstrarkostnaður o.fl.[1]	9	17	30	48	96	118	178	245	278	294	332	182	123
Afborganir, vextir og verðbætur	54	114	234	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 563	8 111
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	-	-	73	153	334	123	203	97	180	374	158
Annað	11	5	1	2	59	-	-	141	354	178	219	273	10
Sjóðsaukning	22	-	-	-	248	432	-	914	-	-	-	190	-
Veitt lán, samtals	288	393	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	700	370
Til nýbygginga og eldri íbúða	202	294	595	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	-	-
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	-	-	235	540	155	310	284	207	19	-	-
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	-	-	55	525	892	60	-	-
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	86	99	97	107	89	223	354	421	510	333	417	-	-
Aðrir lánaflokkar				148	156	138	115	152	192	232	146	-	-

1) Rekstrarkostnaður húsbréfadeildar meðtalinn.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 19 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	Fjárlög 1993
Innstreymi	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**8 461**	**9 264**
Ríkissjóður	74	105	158	200	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925
Framlag sveitarfélaga	13	21	38	38	44	68	71	102	150	172	175	214	175
Kaupendur eldri íbúða	1	11	23	23	22	38	47	35	48	49	83	64	90
Lífeyrissjóðir	13	67	118	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	6 690
Afborganir, vextir og verðbætur	11	34	49	48	98	118	141	244	530	610	716	1 211	969
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	-	-	-	-	136	85	46	61	89	415	185	271	185
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	-	-	73	153	334	123	203	116	180	374	180
Annað	-	-	-	61	1	1	-	2	5	10	48	44	50
Sjóðsminnkun	6	2	52	-	-	-	147	-	-	116	-	173	-
Útstreymi	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**8 461**	**9 264**
Rekstrarkostnaður o.fl.	3	6	10	9	16	30	36	60	82	109	170	253	215
Afborganir, vextir og verðbætur	-	3	19	40	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 721
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19	96	19
Annað	4	-	-	-	-	2	6	-	-	-	-	-	-
Sjóðsaukning	-	-	-	52	113	35	-	5	208	-	84	-	-
Veitt lán, samtals	111	231	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	6 133	6 309
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	87	182	333	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	-
Endursöluíbúðir	24	49	76	125	234	372	381	395	549	680	862	1 458	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 20 **Útgáfa húsbréfa**

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
1989:													
Eldri íbúðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	12	**12**
Samtals	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	12	**12**
1990:													
Nýbyggingar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	105	**105**
Eldri íbúðir	81	77	100	97	193	192	593	554	468	994	1 000	1 055	**5 404**
Samtals	**81**	**77**	**100**	**97**	**193**	**192**	**593**	**554**	**468**	**994**	**1 000**	**1 160**	**5 509**
1991:													
Nýbyggingar	489	422	398	247	230	152	310	252	222	207	293	257	**3 479**
Eldri íbúðir	937	700	819	701	918	434	886	826	671	677	981	656	**9 206**
Greiðsluerfiðleikar	-	4	101	148	376	161	411	440	232	136	242	177	**2 428**
Samtals	**1 426**	**1 126**	**1 318**	**1 096**	**1 524**	**747**	**1 607**	**1 518**	**1 125**	**1 020**	**1 516**	**1 090**	**15 113**
1992:													
Nýbyggingar	188	348	405	292	296	279	346	324	398	440	480	243	**4 039**
Eldri íbúðir	316	442	695	627	535	661	953	720	765	981	734	464	**7 893**
Greiðsluerfiðleikar	442	28	9	6	-	4	-	-	-	-	1	-	**490**
Samtals	**946**	**818**	**1 109**	**925**	**831**	**944**	**1 299**	**1 044**	**1 163**	**1 421**	**1 215**	**707**	**12 422**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

664. Samkeppnislög. [9. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 401 með þessum breytingum:

17. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,
c. óhæfilegri notkun á kaupbæti.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

Við gildistöku laga þessara skal gefa starfsmönnum Verðlagsstofnunar kost á sambærilegu starfi hjá Samkeppnisstofnun og skal 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við í því tilviki.

Ákvæði um tímabundna ráðningu forstjóra Samkeppnisstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um ráðningu þess einstaklings sem skipaður er í starf verðlagsstjóra við gildistöku laga þessara og tekur hann við starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar ef hann svo kýs.

Um leið og lög þessi ganga í gildi hættir störfum það verðlagsráð sem skipað var af viðskiptaráðherra 1. nóvember 1991. Þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þó gilda áfram þar til samkeppnisráð ákveður annað.

II.

Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu.

665. Lög [11. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 660.

666. Lög [12. mál]

um verðbréfasjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 661.

667. Lög [13. mál]

um Verðbréfaþing Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 662.

668. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið en þar er lagt til að lög um löndun á loðnu til bræðslu, nr. 97/1973, verði afnumin. Lögin voru sett vegna sérstakra aðstæðna sem eru ekki lengur fyrir hendi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. febr. 1993.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhann Ársælsson.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Vilhjálmur Egilsson.

669. Svar [131. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Pálmadóttur um nám og námskröfur innan Evrópsks efnahagssvæðis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða grunnmenntun þurfa einstaklingar í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis að hafa til að geta hafið þar nám í læknisfræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, meinatækni og röntgentækni, svo og tannlækna-, ljósmæðra-, sjúkraliða- og kennaranám?*
2. *Á hvaða skólastigi fer áðurnefnt nám fram í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis, hver er námstími og hvaða prófgráða veitir starfsréttindi samkvæmt EES-samningnum?*
3. *Hvernig er umrædd fagmenntun saman sett með tilliti til bóklegs náms, verklegs náms og starfsþjálfunar í löndum innan fyrirhugaðs Evrópsks efnahagssvæðis?*

Í fyrirspurninni felst að óskað er upplýsinga sem varða menntun 11 starfsstétta í 17 löndum.

Við gerð skýrslu menntamálaráðuneytisins hefur verið valin sú leið að skipta efninu í tvo hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um nám stétta sem skilgreint er sérstaklega í tilskipunum. Í öðrum hluta er fjallað um nám stétta sem ekki er skilgreint sérstaklega í tilskipunum EB. Fjallað er fyrst um hverja starfsstétt innan hvers EB-ríkis og síðan um hverja starfsstétt innan hvers EFTA-ríkis. Þessi hluti var unninn af Ásgerði Kjartansdóttur, deildarstjóra við Upplýsingastofu um nám erlendis við Háskóla Íslands. Aftast í skýrslunni er greint frá þeim heimildum er notaðar voru við gerð þessa hluta.

Skýrsla þessi ber þess merki að við gerð hennar var reynt að halda kostnaði við upplýsingaöflun í lágmarki og fyrst og fremst stuðst við fyrirliggjandi upplýsingar í ráðuneytinu, erlendum sendiráðum hér á landi og heimildir sem til staðar eru á Upplýsingastofu um nám erlendis.

Vert er að geta þess að prófgráður, sem nefndar eru í skýrslunni, veita allar starfsréttindi í viðkomandi landi nema annað sé tekið fram. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er algengt að námi innan heilbrigðisgeirans ljúki ekki með gráðu heldur fær viðkomandi prófskírteini þar sem fram kemur starfsheiti, t.d. fysioterapeut, ergoterapeut, sjukgymnast, arbetsterapeut. Þær tölur, sem nefndar eru í svigum fyrir aftan stúdentspróf, gefa til kynna hversu langt nám liggur að baki stúdentsprófi, t.d. (9+3) þýðir níu ára grunnskólanám og þriggja ára framhaldsskólanám.

1. hluti: Nám stétta sem skilgreint er sérstaklega í tilskipunum Evrópubandalagsins.

Læknar.

1. Inntökuskilyrði í læknanám er að viðkomandi hafi prófskírsteini sem heimilar honum aðgang að háskóla.

2. Námið fer fram á háskólastigi og skal námstíminn ekki vera skemmri en sex ár eða 5.500 klst. af bóklegu og verklegu námi. Ekki er um að ræða tilteknar prófgráður heldur skal hlutaðeigandi hafa undir höndum prófskírteini sem vottar að hann hafi lokið tilskildu námi í læknisfræði. Þessi skírteini bera mismunandi heiti eftir löndum og eru þau talin upp í tilskipun 75/362/EBE fyrir EB-löndin.
3. Gerð er krafa um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast:
   a. fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem læknisfræðin byggir á og góðan skilning á vísindaaðferðum, að meðtöldum aðferðum sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna;
   b. viðunandi skilning á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, svo og sambandinu á milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis manna;
   c. fullnægjandi þekkingu á klínískum greinum og meðferðum, þar sem veitt er heilleg mynd af andlegum og líkamlegum sjúkdómum, á fyrirbyggjandi aðgerðum læknisfræðinnar, sjúkdómsgreiningu og meðferð og á æxlun manna;
   d. tilhlýðilega verklega þjálfun á sjúkrahúsum undir viðeigandi eftirliti.

Hjúkrunarfræðingar.

1. Inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðinám er tíu ára almenn skólaganga sem staðfest er með prófskírteini, vottorði eða öðrum formlegum vitnisburði um menntun og hæfi og veitt er af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum aðildarríkis eða jafngilt vottorð um hæfi til að fá inngöngu í hjúkrunarskóla.
2. Að fullnægðum skilyrðum í 1. tölul. skal viðkomandi fara í starfsnám sem tekur til þeirra greina sem taldar eru í 4. tölul. og tekur þrjú ár hið minnsta eða 4.600 klst. bóklegt og verklegt nám.
3. Gerð er krafa um að hlutaðeigandi einstaklingur hafði öðlast:
   a. fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem almenn hjúkrun byggir á, að meðtalinni þekkingu á líkamsbyggingu, lífeðlisfræðilegri starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga og tengslunum milli heilsufars fólks, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis þess;
   b. fullnægjandi þekkingu á eðli og siðfræði starfsgreinarinnar og meginreglum um heilbrigði og hjúkrun;
   c. fullnægjandi klíníska starfsreynslu; velja ber slíka starfsreynslu með hliðsjón af þeirri menntun sem hún veitir og hún á að vera undir handleiðslu menntaðra hjúkrunarfræðinga við aðstæður þar sem fjöldi hæfs starfsfólks og búnaður er nægilegur til umönnunar sjúklinganna;
   d. hæfni til að taka þátt í starfsþjálfun heilbrigðisstétta og reynslu í að starfa með slíku starfsfólki;
   e. reynslu í að vinna með aðilum annarra starfsstétta innan heilbrigðiskerfisins.
4. Nám, sem veitir prófskírteini, vottorð og annan formlegan vitnisburð um menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, skal vera í tveimur hlutum sem hér segir:

A. Bókleg og verkleg kennsla.

a. Hjúkrun:
eðli og siðfræði starfsgreinarinnar,
meginreglur um heilbrigði og hjúkrun,
reglur um hjúkrun í tengslum við:
— almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar,
— almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga,
— ungbarnaeftirlit og barnalækningar,
— mæðraeftirlit,
— geðheilsu og geðlæknisfræði,
— umönnun aldraðra og öldrunarlækningar.

b. Undirstöðugreinar:
líffærafræði og lífeðlisfræði,
meinafræði,
gerlafræði, veirufræði og sníklafræði,
lífeðlisfræði, lífefnafræði og geislalæknisfræði,
næringarfræði,
heilsufræði:
— forvarnalæknisfræði,
— heilsufræðsla,
lyfjafræði.

c. Félagsvísindi:
félagsfræði,
sálfræði,
undirstöðuatriði í stjórnunarfræði,
undirstöðuatriði í kennslufræði,
ráðgjöf um heilbrigðis- og félagsmál,
mannlegar hliðar hjúkrunar.

B. Klínísk kennsla.

Hjúkrun í tengslum við:
— almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar,
— almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga,
— ungbarnaeftirlit og barnalækningar,
— mæðraeftirlit,
— geðheilsu og geðlæknisfræði,
— umönnun aldraðra og öldrunarlækningar.

Tannlæknar.

1. Inntökuskilyrði í tannlæknanám er að viðkomandi hafi prófskírteini sem heimilar honum aðgang að háskólum aðildarríkis í umrætt nám.
2. Námið fer fram á háskólastigi og skal námstíminn ekki vera skemmri en fimm ár í bóklegu og verklegu námi og skal það taka til þeirra greina sem skráðar eru hér á eftir. Ekki er um að ræða eina tiltekna prófgráðu heldur skal hlutaðeigandi hafa undir höndum prófskírteini sem vottar að hann hafi lokið tilskildu námi í tannlækningum. Þessi skírteini bera mismunandi heiti eftir löndum og eru þau talin upp í tilskipun 77/452/EBE fyrir EB-löndin.

3. Gerð er krafa um að hlutaðeigandi einstaklingur hafði öðlast:
   a. fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem tannlækningar byggja á og góðan skilning á vísindaaðferðum, að meðtöldum aðferðum sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna;
   b. fullnægjandi þekkingu á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, sem og sambandinu á milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis manna, að svo miklu leyti sem þessir þættir snerta tannlækningar;
   c. fullnægjandi þekkingu á byggingu og hlutverki tanna, munns, kjálka og aðliggjandi vefja, bæði heilbrigðra og sýktra, og hvernig þessir þættir tengjast heilsufari og andlegri vellíðan sjúklings;
   d. fullnægjandi þekkingu á klínískum greinum og aðferðum sem veitir tannlæknum heillega mynd af göllum, sárum og sjúkdómum í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum og forvörn, greiningu og meðferð í tannlækningum;
   e. viðeigandi starfsreynslu undir réttu eftirliti.
4. Nám, sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í tannlækningum, skal í það minnsta fela í sér eftirtaldar námsgreinar:
   a. Undirstöðunámsgreinar: efnafræði, eðlisfræði, líffræði.
   b. Námsgreinar er tengjast líffræði læknisfræðinnar og almennri læknisfræði: líffærafræði, fósturfræði, vefjafræði, að meðtalinni frumufræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði (eða lífeðlisfræðilegri efnafræði), líffærameinafræði, almenn meinafræði, lyfjafræði, örverufræði, heilsufræði, forvarnalæknisfræði og faraldsfræði, geislalækningar, orku- og endurhæfingarlækningar, almenn skurðlæknisfræði, almenn læknisfræði, að meðtöldum barnalækningum, háls-, nef- og eyrnafræði, húð- og kynsjúkdómafræði, almenn sálfræði — sálsýkisfræði — taugameinafræði, svæfingar og deyfingar.
   c. Námsgreinar sem tengjast tannlækningum beint: gervitannafræði, efni og tækjabúnaður við tannlækningar, forvarnatannlækningar, deyfingar og notkun róandi lyfja í tannlækningum, sérhæfð skurðlæknisfræði, sérhæfð meinafræði, klínísk störf, barnatannlækningar, tannréttingar, tannslíðursjúkdómafræði, geislalækningar í tannlækningum, bit og starfsemi kjálkans, stéttasamtök, siðfræði og löggjöf, félagslegar hliðar tannlækninga.

Ljósmæður.

1. Inntökuskilyrði í ljósmæðranám, sjá 2. tölul.
2. Námið skal fela í sér:
   — annaðhvort fullt nám í ljósmóðurfræðum sem er að minnsta kosti þriggja ára bóklegt og verklegt nám þar sem aðgangur er háður því að viðkomandi hafi a.m.k. fyrstu tíu ár almenns grunnnáms að baki,
   — eða fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur a.m.k. í átján mánuði þar sem aðgangur er háður því að viðkomandi hafi undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun.

3. Gerð er krafa um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast:
   a. fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem starfsemi ljósmæðra byggir á, einkum fæðingarfræði og kvensjúkdómafræði;
   b. fullnægjandi þekkingu á siðfræði starfsgreinarinnar og löggjöf er hana varðar;
   c. ítarlega þekkingu á líffræðilegri starfsemi, líffærafræði og lífeðlisfræði á sviði ljósmóðurfræða og nýbura, auk þekkingar á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar, félagslegs umhverfis manna og hegðunar þeirra;
   d. fullnægjandi klíníska reynslu sem fengist hefur á viðurkenndum stofnunum undir handleiðslu starfsfólks sem er menntað á sviði ljósmóðurfræða og fæðingarfræði;
   e. fullnægjandi skilning á menntun starfsfólks í heilbrigðisstéttum og reynslu af því að vinna með slíku starfsfólki.
4. Nám, sem er undanfari að prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ljósmæðra, felur í sér eftirtalda tvo hluta:

A. Bókleg og verkleg kennsla.

a. Almennar námsgreinar: undirstaða í líffærafræði og lífeðlisfræði; undirstaða í meinafræði; undirstaða í gerlafræði, veirufræði og sníklafræði; undirstaða í lífeðlisfræði, lífefnafræði og geislalæknisfræði; barnalækningar með sérstakri áherslu á nýbura; heilsufræði, heilsufræðsla, forvarnalæknisfræði, greining sjúkdóma á byrjunarstigi; næring og næringarfræði með sérstakri áherslu á konur, nýbura og ungbörn; undirstaða í félagsfræði og atriðum er lúta að félagslækningum; undirstaða í lyfjafræði; sálfræði; kennslufræði; heilbrigðis- og félagsmálalöggjöf og heilbrigðiskerfi; siðfræði starfsgreinarinnar og löggjöf; kynfræðsla og fjölskylduáætlanir; lagaleg réttindi móður og ungbarns.

b. Námsgreinar er varða störf ljósmæðra sérstaklega: líffærafræði og lífeðlisfræði; fósturfræði og fósturþroski; meðganga, fæðing og sængurlega; meinafræði í tengslum við kvensjúkdómafræði og fæðingarfræði; undirbúningur undir fæðingu og foreldrahlutverkið að meðtöldum sálfræðilegum hliðum; undirbúningur fæðingar (auk þekkingar og notkunar á tæknilegum búnaði er tengist fæðingarfræði); deyfing, svæfing og endurlífgun; lífeðlisfræði og meinafræði nýbura; umönnun og eftirlit með nýburum; sálfræðilegir og félagslegir þættir.

B. Verklegt og klínískt nám.

Þetta nám verður að fara fram undir viðeigandi eftirliti: ráðgjöf til þungaðra kvenna sem felur í sér að minnsta kosti 100 skoðanir á meðgöngutíma; eftirlit og umönnun að minnsta kosti fjörutíu þungaðra kvenna; fylgd nema við að minnsta kosti fjörutíu fæðingar, ef ekki er hægt að fylla þennan kvóta vegna þess að fæðingar eru ekki nógu margar má lækka töluna í þrjátíu að því tilskildu að neminn aðstoð við tuttugu fæðingar til viðbótar; aðstoð við eina eða tvær sitjandi fæðingar; reynsla af spangarskurði og frumæfing í saumi; eftirlit og umönnun með fjörutíu þunguðum konum í áhættuflokki; að minnsta kosti 100 eftirskoðanir og skoðanir heilbrigðra nýbura; eftirlit og umönnun mæðra og nýbura að meðtöldum fyrirburum, léttburum og veikum nýburum og nýburum fæddum eftir eðlilegan meðgöngutíma; umönnun sjúkra ef það er á svið kvensjúkdóma- og fæðingarfræði og sjúkdómar nýbura og ungbarna; reynsla af að annast almenn sjúkdómstilvik á sviði læknisfræði og skurðlæknisfræði.

Lyfjafræðingar.

1. Inntökuskilyrði í nám lyfjafræðinga er að viðkomandi hafi prófskírteini sem heimilar honum aðgang að háskóla.
2. Námið fer fram á háskólastigi og skal námstíminn ekki vera skemmri en fimm ár. Í náminu skal felast:
   — minnst fjögurra ára bóklegt og verklegt nám í fullu námi í háskóla, í æðri menntastofnunum sem hafa hlotið sambærilega viðurkenningu eða undir eftirliti háskóla,
   — minnst sex mánaða starfsþjálfun í lyfjabúð sem er opin almenningi eða á sjúkrahúsi undir eftirliti lyfjadeildar á því sjúkrahúsi.
3. Gerð er krafa um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast:
   a. fullnægjandi þekkingu á lyfjum og þeim efnum sem notuð eru við framleiðslu lyfja,
   b. fullnægjandi þekkingu á lyfjagerðarfræði og eðlilsfræðilegri, efnafræðilegri, líffræðilegri og örverufræðilegri prófun á lyfjum,
   c. fullnægjandi þekkingu á umbroti og verkun lyfja og eiturefna og á notkun lyfja,
   d. fullnægjandi þekkingu til að meta vísindaleg gögn er varða lyf svo að viðkomandi sé fær um að veita viðeigandi upplýsingar á grundvelli þessarar þekkingar,
   e. fullnægjandi þekkingu á lagalegum jafnt sem öðrum kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda lyfjafræði.

2. hluti. Nám stétta sem ekki er skilgreint sérstaklega í tilskipunum Evrópubandalagsins.

NÁM Í EB-RÍKJUNUM

Sjúkraþjálfun.

Belgía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bretland.
Inntökuskilyrði: Stútentspróf (6+5+2).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Bachelor of Science, BS, BS Honours (4 ár).
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Danmörk.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) og a.m.k. 9 mánaða almenn starfsreynsla.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með prófgráðu.
Bóklegt/verklegt: Fyrsta 1½ árið er bóklegt, síðari hlutanum er skipt til helminga milli bóklegs náms og starfsþjálfunar á sjúkrastofnunum.

Frakkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4) eða 5 ára starfsreynsla í þágu hins opinbera, inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diplôme d'État.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt 50% og verklegt 50%.
Grikkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Ptychio TEI (Technologika Ekpaidevtika Idrimata — Technical Educational Institutions).
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám tekur 8 mánuði.
Holland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Baccalaureus, BS.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins tekur 29 mánuði.
Írland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Bachelor of Science, BS.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Ítalía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Lúxemborg.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Portúgal.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Spánn.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) og eins árs aðfaranám að háskólum (Curso de Orientación Universitaria — COU), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Þýskaland.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf, inntökupróf.
Skólastig: Framhaldsskólastig, (Berufsfachschule).
Námstími: 3 ár.

Prófgráða: Staatliche Prüfung.
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám 1 ár.

Iðjuþjálfun.

Belgía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bretland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+5+2).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma eða Bachelor of Science, BS, BS Honours (4 ár).
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins telur 1.200 klst.
Danmörk.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) og a.m.k. 9 mánaða almenn starfsreynsla.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins tekur 22–24 vikur.
Frakkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diplôme d'État.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Grikkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Ptychio TEI (Technologika Ekpaidevtika Idrimata — Technical Educational Institutions).
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám tekur 8 mánuði.
Holland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf af raungreinasviði (8+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Baccalaureus, BS.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur 1 ár.
Írland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Bachelor of Science, BS.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Ítalía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Lúxemborg.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Portúgal.
Inntökuskilyrði: 12 ára skólanám (9+3), inntökupróf. Þeir sem eru 25 ára eða eldri og hafa ekki lokið 12 ára skólanámi geti tekið sérstakt inntökupróf til að komast í háskólanám (exame extraordinário de avaliçado de capacidade para acesso ao ensino superior).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Spánn.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með prófgráðu.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Þýskaland.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf eða 2 ára starfsnám. Umsækjendur þurfa að hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og 3 mánaða starfsreynslu á sjúkrastofnun er æskileg.
Skólastig: Framhaldsskólastig (Berufsfachschule).
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Staatliche Prüfung.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur 1 ár.

Meinatækni.

Belgía.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bretland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Business and Technician Education Council Higher National Diploma, B.Tec. HND.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Danmörk.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða 18 ára lágmarksaldur og hafa lokið 10 ára grunnskólanámi með prófi í dönsku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og ensku eða þýsku.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.

Bóklegt/verklegt: Bóklegt í 9 mánuði, verklegt í 27 mánuði.

Frakkland.

Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4) eða 5 ára starfsreynsla í þágu hins opinbera, inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2–3 ár.
Prófgráða: Diplôme d'État de Laborantin d'Analyses Médicales, DELAM.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Grikkland.

Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Ptychio TEI (Technical Educational Institutions).
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám tekur 8 mánuði.

Holland.

Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+6) af raungreinasviði.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Baccalaureus, BS.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins tekur 1 ár.

Írland.

Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Certificate in Medical Laboratory Science. Þeir sem ljúka þessu námi geta tekið Diploma eða BS á 2 árum.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur 1 ár.

Ítalía.

Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Lúxemborg.

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Portúgal.

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Spánn.

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Þýskaland.

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.
Skólastig: Framhaldsskólastig (Berufsfachschule).
Námstími: 2 ár.
Prófgráða: Staatliche Prüfung.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Röntgentækni.

Belgía.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bretland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+5+2).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma eða Bachelor of Science, BS, BS Honours (4 ár).
Bóklegt/verklegt: Bóklegt 50%, verklegt 50%.
Danmörk.
Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 20 ár, hafa lokið a.m.k. 10 ára skólagöngu með stúdentsprófi í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og ensku, hafa 9 mánaða almenna starfsreynslu, hafa lokið námskeiði í skyndihjálp.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með prófgráðu.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt nám er 29 vikur og verklegt nám 106 vikur.
Frakkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4) eða 5 ára starfsreynsla í þágu hins opinbera.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diplôme d'Etat.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt nám er 1.550 klst., verklegt 2.870 klst.
Grikkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Ptychio TEI (Technologika Ekpaidevtika Idrimata — Technical Educational Institutions).
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám tekur 8 mánuði.
Holland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Baccalaureus, BS.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur 1 ár.
Írland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Bachelor of Radiography, Honours-gráða (4 ár).
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Ítalía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.

Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Lúxemborg.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Portúgal.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Spánn.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Þýskaland.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.
Skólastig: Framhaldsskólastig (Berufsfachschule).
Námstími: 2 ár.
Prófgráða: Staatliche Prüfung.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Sjúkraliðanám.

Danmörk.
Inntökuskilyrði: Hafa lokið 1 árs námi sem „social- og sundhedshjælper" eða hafa 1 árs starfsreynslu í tengslum við fagið.
Skólastig: Framhaldsskólastig (sjúkraliðaskólar).
Námstími: 1½ ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: ⅓ bóklegt, ⅔ verklegt.
Frakkland.
Umsækjendur þurfa að vera á aldrinum 17–45 ára, inntökupróf.
Skólastig: Framhaldsskólastig (sérskólar í tengslum við sjúkrahús).
Námstími: 1 ár.
Prófgráða: Certificat d'Aptitude aux Fonctions d'Aide Soignant, CAFAS.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er 24 vikur.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um Belgíu, Bretland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal og Spán.

Þýskaland.
Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 17 ár og hafa lokið grunnskólaprófi eða einhverju starfsréttindanámi.
Skólastig: Framhaldsskólastig (sjúkraliðaskólar).
Námstími: 1 ár.
Prófgráða: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Kennaranám.

Belgía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diplome d'Institutrice(eur) Primaire og Diplome Agrege de l'Enseignement Secondaire Inferieur.

Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Bretland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+5+2).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Bachelor of Education, B.Ed. Kenna þarf í 1 ár að loknu prófi til að öðlast starfsréttindi.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Danmörk.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er 20 vikur.
Frakkland.
Inntökuskilyrði: Hafa lokið 3 ára námi á háskólastigi (Diplôme eða Licence), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2 ár.
Prófgráða: Diplôme Professionnel de Professeurs des Écoles.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er a.m.k. 500 klst.
Grikkland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Ptychio AEI (Anotata Ekpaidevtika Idrimata — Institutions of Higher Education).
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Holland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+6).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Baccalaureus, BA.
Bóklegt/verklegt: Verklegt 1 ár.
Írland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Bachelor of Ecucation, B.Ed.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Ítalía.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Diploma di Abilitazione Magistrale.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Lúxemborg.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (6+7).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Certificat d'Études Pédagogiques.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er 18 vikur.
Portúgal.
Inntökuskilyrði: 12 ára skólanám (9+3), inntökupróf. Þeir sem eru 25 ára eða eldri og hafa ekki lokið 12 ára skólanámi geti tekið sérstakt inntökupróf til að komast í háskólanám (exame extraordinário de avaliçado de capacidade para acesso ao ensino superior).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Bacharel.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Spánn.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) og 1 árs aðfaranám að háskólum (Curso de Orientación Universitaria — COU), inntökupróf.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diplomado.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Þýskaland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (10+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Staatsprüfung. Kenna þarf í 18–24 mánuði að loknu prófi til að öðlast starfsréttindi (tíminn er mislangur eftir fylkjum).
Bóklegt/verklegt: Verklega námið tekur 16–20 vikur.

NÁM Í EFTA-RÍKJUNUM
Sjúkraþjálfun.

Austurríki.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5) eða hafa lokið hjúkrunarnámi (4 ár á framhaldsskólastigi).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2½ ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Bóklega námið er 1.760 klst. og hið verklega 1.250 klst.
Finnland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Kandidatsexamen (samsvarar meistaraprófi — Master of Science).
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Noregur.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) eða sveinspróf í iðn eða 23 ára lágmarksaldur og hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu (í fullu starfi) að loknu námi. Allir umsækjendur þurfa að sýna fram á kunnáttu sem samsvarar stúdentsprófi í norsku, ensku, félagsfræði og náttúruvísindum.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu. Vinna þarf í 1 ár að námi loknu til að geta sótt um löggildingu sem sjúkraþjálfari.
Bóklegt/verklegt: ¼ verklegt.
Sviss.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) af heilbrigðisbraut (líffærafræði, lífeðlisfræði, lyfjafræði, örverufræði) eða stúdentspróf af náttúrufræðibraut (stærðfræði og náttúruvísindi eða eðlisfræði og efnafræði í stað náttúruvísinda). Skjalfest þátttaka í íþróttum annaðhvort í skóla eða hjá íþróttafélögum.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2½ ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með prófgráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegt í ½ ár.

Iðjuþjálfun.

Austurríki.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5) eða hafa lokið hjúkrunarnámi (4 ár á framhaldsskólastigi).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Bóklega námið er 2.400 klst., verklega námið 1.800 klst.
Finnland.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Noregur.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) eða sveinspróf í iðn eða 23 ára lágmarksaldur og hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu (í fullu starfi) að loknu námi. Allir umsækjendur þurfa að sýna fram á kunnáttu sem samsvarar stúdentsprófi í norsku, ensku, félagsfræði og náttúruvísindum.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: ⅔ hlutar bóklegt, ⅓ verklegt.
Sviss.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) af heilbrigðisbraut (líffærafræði, lífeðlisfræði, lyfjafræði, örverufræði) eða stúdentspróf af náttúrufræðibraut (stærðfræði og náttúruvísindi eða eðlisfræði og efnafræði í stað náttúruvísinda). Skjalfest þátttaka í íþróttum, annaðhvort í skóla eða hjá íþróttafélögum.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2½ ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur ½ ár.

Meinatækni.

Austurríki.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5) eða hafa lokið hjúkrunarnámi (4 ár á framhaldsskólastigi).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2½ ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt 1.160 klst. og verklegt 1.680 klst.
Finnland.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Noregur.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) eða sveinspróf í iðn eða 23 ára lágmarksaldur og hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu (í fullu starfi) að loknu námi. Allir umsækjendur þurfa að sýna fram á kunnáttu sem samsvarar stúdentsprófi í norsku, ensku, stærðfræði, náttúruvísindum og líffræði.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Sviss.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) af raungreinasviði (stærðfræði og náttúruvísindi eða stærðfræði og eðlis- og efnafræði).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2¼ ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hlutinn tekur ½ ár.

Röntgentækni.

Austurríki.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5) eða hafa lokið hjúkrunarnámi (4 ár á framhaldsskólastigi).
Skólastig: Sérskólar á háskólastigi, í tengslum við sjúkrahús.
Námstími: 2 ár.
Prófgráða: Diploma.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt 830 klst. og verklegt 1.920 klst.

Finnland.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Noregur.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) eða sveinspróf í iðn eða 23 ára lágmarksaldur og hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu (í fullu starfi) að loknu námi. Allir umsækjendur þurfa að sýna fram á kunnáttu sem samsvarar stúdentsprófi í norsku, ensku, félagsfræði og náttúruvísindum.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegt nám er 20 vikur.
Sviss.
Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) af heilbrigðisbraut (líffærafræði, lífeðlisfræði, lyfjafræði, örverufræði) eða hafa lokið námi sem „undersköterska“ (1 árs viðbótarnám fyrir sjúkraliða).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2¼ ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Bóklegt 50%, verklegt 50%.

Sjúkraliðanám.

Noregur.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf og eins árs nám í heilbrigðisfræði í framhaldsskóla helse- og miljøfag).
Skólastig: Framhaldsskólastig.
Námstími: 1 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.
Skólastig: Framhaldsskólastig.
Námstími: 2 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er um 40 vikur.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um Austurríki, Finnland og Sviss.

Kennaranám.

Austurríki.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (8+5).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3 ár.
Prófgráða: Zeugnis über die Lehramtsprüfung.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Finnland.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Pedagogie kandidatsexamen, Ped. kand. (meistarapróf).
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er um 20 vikur.
Noregur.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3) eða sveinspróf í iðn eða 23 ára lágmarksaldur og hafa a.m.k. 5 ára starfsreynslu (í fullu starfi) að loknu námi. Allir umsækjendur þurfa að sýna fram á kunnáttu sem samsvarar stúdentsprófi í norsku, ensku eða öðru tungumáli, stærðfræði, náttúruvísindum eða félagsfræði.
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 4 ár.
Prófgráða: Lýkur ekki með gráðu.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er 10 vikur.
Sviss.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+4).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 2 ár (3 ár í Genf).
Prófgráða: Primärlehrer-Diplom eða Certificat d'Aptitude a l'Enseignement Primaire.
Bóklegt/verklegt: Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Svíþjóð.
Inntökuskilyrði: Stúdentspróf (9+3).
Skólastig: Háskólastig.
Námstími: 3½ ár.
Prófgráða: Bachelor-gráða.
Bóklegt/verklegt: Verklegi hluti námsins er um 20 vikur.

Heimildir.

Arbeidsterapeututbilding utomlands. Stockholm, Svenska Institutet, 1990. 22 s.
Att studera i Norden. København, Nordisk Ministerråd, 1992. 323 s.
Att välja studieväg: om utbildning, yrken och arbetsmarknad: inför valet tilläsåret 1991/92. K.G. Frederiksen, red. Stockholm, Utbildningsförlaget, 1990. 182 s. [Svíþjóð].
Austria: a study of the educational system of Austria ... K.H. Lukas, editor. Washington DC, American Association of Collegiate Registrars and Admission Officers, 1987. viii, 167 s. [Austurríki].
Beruf Aktuell: Ausgabe 1988/89. Mannheim, TransMedia, 1988. 432 s. [Þýskaland].
British qualifications: a comprehensive guide to educational, technical, professional and academic qualifications in Britain. 21st ed. London, Kogan Page, 1990. xlix, 740 s. [Bretland].
Centre d'Information et de Documentation Jeunesse. Mode d'emploi 1992. Paris, CIDJ, 1992. [Frakkland].
Egger, E Education in Switzerland. Berne, Swiss Conference of Cantonal Directors of Education, 1984. 60 s. [Sviss].
Erhvervskartoteket. København, Rådet for Uddannelses- og Erhvervsvejledningen, 1988– [lausblaðamappa]. [Danmörk].

A guide to higher education systems and qualifications in the European Community. A. Wijnaendts van Resandt, editor. Luxembourg, Office for Official Publications of the European Community, 1991. 425 s.

Higher education in the European Community: a directory of coruses and institutions in 12 countries: the student handbook. 6th ed. B. Mohr, editor. Luxembourg, Office for Official Publications of the European Communities, 1990 516 s.

Higher education in the Netherlands: characteristics, structure, figures, facts. 2nd ed. K. Kouwenaar & J. Stannard, editors. Zoetermeer, 1989. 88 s. [Holland].

Högskolestudier 1990–1991; uppgifter för dem som är interesserade av högskolestudier. A. Pietarinen, red. Helsingfors, Undervisningsministeriet, 1990. 240 s.

International guide to qualifications in education 2nd ed. London, Mansell, 1990. xiv, 719 s.

Mer utdanning?: yrkesorientering for ungdom. Oslo, Arbeidsdirektoratet, 1991. 224 s. [Noregur].

Raban, A.J. Working in the European Community: a guide for graduate recruiters and job-seekers. Luxembourg, Office for Official Publications of the European Community, 1991. 210 s.

Sjukgymnastutbildningen utomlands. Stockholm, Svenska Institutet, 1990. 32 s.

Student 92: utdanningstilbudene ved høgskolene og universitetene. Oslo, Universitetsforlaget, 1992. 365 s. [Noregur].

Student handbook: a directory of courses and institutions in higher education for 16 countries not members of the European Community. 2nd ed. U. Braun, editor. Strasbourg, Council of Europe, 1991. 362 s.

Studie og erhvervsvalget: speciel del 1991–1992. 26 udg. København, Rådet for uddannelses- og erhvervsvejledning, 1991. 175 s. [Danmörk].

Studien- und Berufswahl 1992/93: Entscheidungshilfen für Abiturienten und Absolventen der Fachoberschulen. Bad Honnef, Verlag Karl Heinrich Bock, 1992. 464 s. [Þýskaland].

Studier í högskolan 1992/93: utbildningslinjer och fristående kurser. Stockholm, Universitäts- och högskoleämbetet, 1992. 94 s. [Svíþjóð].

Universitäten — Hochschulen: Studium & Beruf '91. Wien, Bundesministerium für Wissenschaft und Forschung, 1991. 450 s. [Austurríki].

Vademecum: a concise guide to studying in the Netherlands for foreign students. Amsterdam, Foreign Student Service, 1988. 54 s. [Holland].

670. Skýrsla [377. mál]

um norrænt samstarf frá febrúar 1992 til febrúar 1993.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Inngangur — breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs.

Störf Norðurlandaráðs árið 1992 mörkuðust af þeim tillögum um breytingar á áherslum og starfsháttum sem lagðar voru fram og ræddar á árinu. Á aukaþingi ráðsins í Maríuhöfn í nóvember 1991 höfðu forsætisráðherrar Norðurlanda gefið hina svonefndu Maríuhafnaryfirlýsingu um framtíð norræns samstarfs og skipað nefnd til að leggja fram tillögur um framtíðarskipan samstarfsins í ljósi þróunarinnar í Evrópu. Fulltrúi Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í nefndinni var Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra. Fyrir 40. þing Norðurlandaráðs í mars 1992 í Helsinki lagði sú nefnd fram hlutaskýrslu en lokaskýrslu sína lagði hún fram í ágúst sama ár. Forsætisráðherrar landanna gerðu tillögur nefndarinnar í meginatriðum að sínum með samþykkt hinnar svonefndu Borgundarhólmsyfirlýsingu á fundi sínum á Borgundarhólmi 17. ágúst 1992.

Í Borgundarhólmsyfirlýsingunni lögðu forsætisráðherrarnir áherslu á að það væri nú í fyrsta sinn í langan tíma sameiginlegt áhugamál Norðurlanda að taka þátt í uppbyggingu evrópsks samstarfs um utanríkismál, varnarmál og efnahagsmál. Þeir lögðu í yfirlýsingunni sérstaka áherslu á að forsætisráðherrarnir tækju pólitíska forustu í norrænu samstarfi; að forustuhlutverk þess lands, sem hefði formennsku hverju sinni, yrði virkara á hinum ýmsu sviðum samstarfsins; að utanríkis- og varnarsamstarf Norðurlanda yrði þróað og aukið; að menningarsamstarfið yrði styrkt og að skrifstofur forsætisnefndar og ráðherranefndar Norðurlanda yrðu fluttar saman.

Forsætisráðherrarnir lýstu því þá jafnframt yfir að skýrslan yrði lögð fyrir 41. þing ráðsins í nóvember sama ár í Árósum, eins og gert var, og að lagðar yrðu fram tillögur um breytingar á Helsinki-samningnum eftir það þing og verða þær tillögur lagðar fyrir 42. þing ráðsins í mars 1993 í Ósló. Jafnframt skipuðu forsætisráðherrarnir nýja nefnd til að fylgja eftir tillögum fyrri nefndarinnar og leggja fram tillögur um breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs og ráðherranefndar Norðurlanda sem rétt væri að gera vegna þeirra breyttu áherslna sem yrðu í samstarfinu. Af hálfu Íslands sat Matthías Á. Mathiesen einnig í þessari nefnd. Sú nefnd skilaði svo lokaskýrslu sinni að loknu Norðurlandaráðsþingi í Árósum. Hún lagði m.a. til að lögð yrði megináhersla á sjö svið norræns samstarfs: menningarmál, rannsóknar- og menntamál, umhverfismál, réttindi Norðurlandabúa, efnahagsmál og lagaleg málefni. Einnig lagði hún til að menningarsamstarfinu yrði veittur forgangur og að árið 1996 yrði helmingi norrænu fjárlaganna varið til menningar-, mennta- og rannsóknarsamstarfs.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs skipaði við lok 41. þingsins þriggja manna vinnuhóp til að gera tillögur um breytingar á innra starfi Norðurlandaráðs. Þar situr Halldór Ásgrímsson sem fulltrúi miðjuhópsins í Norðurlandaráði, en formaður er Ilkka Suominen, forseti Norðurlandaráðs. Vinnuhópurinn á að leggja fram lokaskýrslu fyrir 42. þing Norðurlandaráðs í mars 1993 í Ósló.

Þær breytingartillögur, sem fyrrnefndar nefndir og vinnuhópar hafa fjallað um, hafa einnig verið til formlegrar og óformlegrar umfjöllunar í landsdeildum, nefndum og flokkahópum Norðurlandaráðs, auk þess sem um þær hefur að sjálfsögðu verið fjallað á vettvangi ráðherranefndar Norðurlanda.

Þegar skýrsla þessi er skrifuð hafa nánast engar endanlegar ákvarðanir verið teknar um breytingar. Ljóst er þó að sá umfangsmikli nýi menningarsjóður, sem fyrri nefnd forsætisráðherranna lagði til, verður ekki stofnaður að svo stöddu og að ekki verður af því að skrifstofur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og ráðherranefndar Norðurlanda verði fluttar saman. Þær tillögur, sem lagðar verða fyrir 43. þing Norðurlandaráðs í Ósló, fjalla m.a. um styrkingu menningarsamstarfsins, meðferð norrænu fjárlaganna, aðild ráðherra Norðurlanda að Norðurlandaráði og ef til vill um fækkun ráðherranefnda og embættismannanefnda.

2. Þing Norðurlandaráðs.

2.1. 40. þing ráðsins.

Norðurlandaráð hélt 40. þing sitt í Helsinki 3.–6. mars 1992. Að venju hófst þingið á almennum umræðum. Að þessu sinni var aðalefni almennu umræðnanna *Norðurlönd eftir 1992* þó að sérstök umræða um Norðurlönd eftir 1992 hefði verið síðasta dag þingsins, þar sem fimm þingmannatillögur, ein ráðherranefndartillaga og skýrsla ráðherranefndar Norðurlanda um starfsáætlun næsta árs voru bornar undir atkvæði. Ýmis sjónarmið um þróunina í Evrópu og áhrif hennar á norrænt samstarf voru ásamt sjónarmiðum um hlutaskýrslu fyrri nefndar forsætisráðherra Norðurlanda sem rauður þráður gegnum umræðuna. Af hálfu forsætisnefndar Norðurlandaráðs var því haldið fram að Maríuhafnaryfirlýsing forsætisráðherranna yki vonir manna um framtíð norræns samstarfs og um norrænt samráð í utanríkis- og varnarmálum og að aukin ábyrgð forsætisráðherranna væri til bóta fyrir norrænt samstarf.

Í *almennu umræðunum* tóku til máls eftirgreindir íslenskir fulltrúar: Davíð Oddsson forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, Eiður Guðnason, samstarfsráðherra Norðurlanda, Kristín Einarsdóttir, Geir H. Haarde, Hjörleifur Guttormsson og Árni M. Mathiesen, og í *umræðunum um Norðurlönd eftir 1992*: Eiður Guðnason, samstarfsráðherra Norðurlanda, Geir H. Haarde, Sighvatur Björgvinsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Hjörleifur Guttormsson, Árni M. Mathiesen og Kristín Einarsdóttir.

Að loknum almennu umræðunum tóku við umræður um málefni nefndanna. Fyrir þingið voru lagðar ársskýrslur ráðherranefndar Norðurlanda, átta ráðherranefndartillögur og 35 þingmannatillögur. Auk þess voru bornar fram 55 fyrirspurnir. Í framhaldi af tillögunum voru gerðar 32 samþykktir og tvær yfirlýsingar samþykktar. Tilmælin og yfirlýsingarnar fylgja skýrslu þessari sem fskj. I.

Í upphafi þingsins var Ilkka Suominen, forseti finnska þingsins, kosinn forseti í stað Ankers Jørgensen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur.

Helmut Kohl var heiðursgestur þingsins og hélt þar ræðu og svaraði fyrirspurnum, einni frá hverjum flokkahópi.

Á þinginu var samþykkt þingmannatillaga sem Halldór Ásgrímsson lagði fram um samstarf á heimskautssvæðinu (sjá lið 5.2).

Hjörleifur Guttormsson bar fram fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um að minnka notkun ósoneyðandi efna á Norðurlöndum og Kristín Einarsdóttir bar fram fyrirspurn til ríkisstjórnanna um losun klórsambanda í hafið.

2.2. 41. þing ráðsins.

Norðurlandaráð hélt fyrsta reglulega haustþing sitt í Árósum 9.–11. nóvember 1992. Með þessu þingi var þeim hætti komið á að halda regluleg þing ráðsins að jafnaði tvisvar á ári, en áður höfðu verið haldin fjögur aukaþing án þess að það væri árleg venja.

Mikilvægustu mál þingsins voru framtíð norræns samstarfs og umræðan um utanríkismál.

2.2.1. Framtíð norræns samstarfs.

Skýrsla fyrri nefndarinnar sem forsætisráðherrar höfðu skipað til að fjalla um framtíð samstarfsins og ræða Gro Harlem Brundtlands, forsætisráðherra Noregs, sem hún flutti fyrir hönd forsætisráðherranna, lágu til grundvallar umræðunum um framtíð samstarfsins.

Gro Harlem Brundtland lýsti því m.a. í ræðu sinni að norrænt samstarf yrði markvissara við það að fækka þeim sviðum, þar sem samstarf er, úr tuttugu og niður í um það bil sjö. Meðal annars hefði þetta í för með sér aukna möguleika á samráði við Norðurlandaráð við gerð fjárlaganna. Eðlilegt væri að gefa Norðurlandaráði færi á að koma með tillögur um breyttar áherslur innan fjárlagarammans og ef ráðið héldi sig innan rammans bæri ráðherranefndinni að fara að tillögunum. Gerði hún það ekki skyldi færa fyrir því sérstök rök. Í ljósi þeirrar andstöðu, sem komið hefði fram hjá menningarmálanefnd Norðurlandaráðs og menningar- og menntamálaráðherrum landanna gegn stofnun og uppbyggingu þess sjálfbæra menningarsjóðs sem lagt hefði verið til að stofna, kvað hún nú hafa verið horfið frá slíkri stofnun. Í staðinn væri lagt til að fjárveitingar til menningar-, mennta- og rannsóknarsamstarfs yrðu auknar um 25% á fjárlögum ársins 1994 og árið 1996 yrðu þær komnar upp í 50% fjárlaganna. Hún kvað ráðherrana leggja til að fjárveitingar til umhverfismála yrðu a.m.k. ekki lægri en nú er og að þessari uppbyggingu yrði mætt með niðurskurði á öðrum sviðum. Hún lagði áherslu á að þingmenn og ráðherrar menningarmála tækju þátt í mótun menningarsamstarfsins og á virka og pólitíska formennsku í stað embættismannastýringar. Hún kvað standa til að hafa áfram norræna samstarfsráðherra. Hún taldi nauðsyn á að endurskipulag innra starfs Norðurlandaráðs færi fram á vegum Norðurlandaráðs sjálfs og eðlilegt að það færi fram í samvinnu við þjóðþingin. Varðandi það hvort ráðherrar yrðu, eins og verið hefði, fulltrúar í Norðurlandaráði kvað hún aðalatriðið vera að þeir sæktu þing ráðsins en ekki hvort þeir væru formlegir fulltrúar í ráðinu.

Skoðanir flokkahópa ráðsins voru skiptar um þær hugmyndir sem komu fram í skýrslunni og ræðu norska forsætisráðherrans.

Miðflokkahópurinn taldi það forsendu virkrar pólitískrar stýringar að ekki yrði þrengt um of að norrænu skrifstofunum sem gætu verið og ættu að vera driffjöður starfsins. Ef of mörgum embættismannanefndum yrði slegið saman gerði það starf þeirra of þungt í vöfum. Sjálfsagt væri að gefa ákveðnum samstarfssviðum forgang, en það mætti þó ekki valda því að ómögulegt yrði að halda uppi skynsamlegu starfi á öðrum sviðum. Þó að miðflokkarnir styddu að menningarsviði yrði veittur forgangur væri erfitt að sætta sig við þann niðurskurð á öðrum sviðum sem af því leiddi að helmingur fjárlaganna rynni til menningarmála.

Halldór Ásgrímsson talaði af hálfu miðflokkanna í umræðunni.

Flokkahópur hægri manna studdi tillögurnar í aðalatriðum en lagði áherslu á að ráðherrar yrðu áfram fulltrúar í Norðurlandaráði. Segja mætti að það væri órökrétt að þeir sætu þar án atkvæðisréttar, en þessi skipan hefði þó reynst vel og því væri ástæðulaust að breyta henni. Hópurinn taldi rétt að einfalda skipulag samstarfsins og leggja meðferð á norrænu fjárlögunum beint til fjármálaráðherranna. Aukin þátttaka utanríkisráðherranna minnkaði einnig þörfina á sérstökum norrænum samstarfsráðherrum. Þá vildi hópurinn halda forsætisnefndarskrifstofunni en taldi að til greina gæti komið að flytja hana og ráðherranefndarskrifstofuna saman ef þær héldu hvor um sig sjálfstæði sínu. Hópur-

inn lagði áherslu á þörfina á auknum völdum þingmanna Norðurlandaráðs varðandi skiptingu norrænu fjárlaganna.

Jan P. Syse talaði af hálfu hægri manna.

Flokkahópur Vinstri sósíalista gagnrýndi skýrsluna og taldi að verið væri að veikja norrænt samstarf, draga úr fjármagni til þess og losa ráðherra og ríkisstjórnir undan ábyrgð á störfum þeim sem færu fram innan Norðurlandaráðs. Hópurinn taldi sig geta fallist á að gefa þeim sjö samstarfssviðum sem lagt var til forgang en lagði áherslu á að ekki yrði dregið úr félagslegum þáttum samstarfsins og að standa bæri vörð um velferð þeirra sem minna mega sín. Tillögur um stofnun nefndar háttsettra embættismanna í nánum tengslum við forsætisráðherrana í stað norrænu samstarfsráðherranna taldi hópurinn varhugaverðar enda væri hætta á að völd slíkrar nefndar mundu með tímanum aukast um of. Hópurinn lagðist gegn tillögum um að ráðherrar yrðu ekki lengur fulltrúar í Norðurlandaráði enda væri það forsenda norræns samstarfs að þar færu fram skoðanaskipti þingmanna og ráðherra á jafnréttisgrundvelli.

Birgitte Husmark talaði af hálfu Vinstri sósíalista.

Flokkahópur frjálslyndra kvað skýrsluna mótast af óskum um aukin ríkisafskipti sem væri gagnstætt þeim straumum sem væru ráðandi annars staðar í heiminum og varðandi menningarsamstarfið væri einkavæðing þess það sem stefna bæri að. Þó að hópurinn teldi að leggja ætti niður Norðurlandaráð hefði hann þó skoðanir á starfsemi þess. Auka ætti hlutverk forsætisráðherranna, gera forustuhlutverk forseta Norðurlandaráðs sterkara, styrkja flokkasamstarf, leggja niður landsdeildarskrifstofurnar og samræma störf forsætisnefndarskrifstofunnar og skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Pia Kjærsgaard talaði af hálfu frjálslyndra.

Flokkahópur sósíaldemókrata studdi í aðalatriðum skýrsluna og þakkaði framtak forsætisráðherranna. Hópurinn kvað nauðsynlegt að vinna markvisst á norrænum grundvelli að sameiginlegum hagsmunamálum eins og fullri atvinnu og umhverfismálum. Einnig þyrfti að þróa norrænan heimamarkað og auka menningar- og menntamálasamstarfið. Það þyrfti að auka pólitíska stýringu, innleiða virka formennsku í nefndum þingmanna og ráðherra, minnka völd embættismanna og styrkja til muna flokkasamstarfið. Í Norðurlandaráði ættu að sitja þingflokksformenn og forustumenn í utanríkismálum landanna. Hópurinn fagnaði þeim merkjum sem komið hefðu fram um að auka ætti völd þingmanna hvað varðaði skiptingu fjárlaganna.

Kirsti Kolle Grøndahl talaði af hálfu sósíaldemókrata.

Auk áðurgreindra tóku eftirfarandi íslenskir fulltrúar til máls: Geir H. Haarde, Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, Eiður Guðnason, samstarfsráðherra Norðurlanda, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra og Sigríður A. Þórðardóttir.

2.2.2. Umræðan um utanríkismál.

Þetta var fyrsta sinn sem sérstök umræða um utanríkismál fór fram á þingi Norðurlandaráðs, en slík umræða verður hér eftir fastur liður á haustþingum ráðsins.

Thorvald Stoltenberg, utanríkisráðherra Noregs, flutti skýrslu um utanríkismál og kvað aðalefni hennar vera „Norðurlönd í Evrópu". Gagnstætt því sem upphaflega hafði verið áformað talaði Stoltenberg ekki fyrir hönd hinna utanríkisráðherranna. Stoltenberg kom í ræðu sinni inn á flest þau utanríkis- og varnarmál sem efst eru á baugi frá sjónarhóli Norðurlanda. Hann ræddi m.a. um EES-samningana, fjölgun ríkja í EB og EFTA, svæðissamstarf í Evrópu, þar á meðal Eystrasaltssamstarfið og Barentshafssamstarfið, breytt við-

horf í öryggismálum, áhrif breytinganna í Austur-Evrópu og Atlantshafsbandalagssamstarfið.

Síðar á þinginu var svo almenn utanríkismálaumræða sem 35 þingmenn og ráðherrar tóku þátt í.

Geir H. Haarde talaði þar af hálfu hægri manna en auk hans tóku þar til máls Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra, Hjörleifur Guttormsson og Rannveig Guðmundsdóttir.

2.2.3. Umræður um málefni nefndanna.

Fyrir þingið voru lagðar tillögur um norræn fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda fyrir árið 1993, ein ráðherranefndartillaga og 19 þingmannatillögur. Þingið gerði 17 samþykktir sem fylgja skýrslu þessari sem fskj. I.

Á þinginu voru samþykktar tvær tillögur, sem Hjörleifur Guttormsson var fyrsti flutningsmaður að, um aðgerðir til hjálpar þeim þjóðfélagshópum sem eru félagslega illa settir og um sjálfbæra skipulagningu í orkumálum á Norðurlöndum (sjá nánar í lið 5.4).

3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

3.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og fastanefndir Norðurlandaráðs.

Þann 24. október 1991 kaus Alþingi eftirtalda þingmenn til setu í Norðurlandaráði til eins árs: Geir H. Haarde, Rannveigu Guðmundsdóttur, Árna M. Mathiesen, Sigríði A. Þórðardóttur, Halldór Ásgrímsson, Hjörleif Guttormsson og Kristínu Einarsdóttur.

Varamenn voru kosnir: Sturla Böðvarsson, Karl Steinar Guðnason, Árni Johnsen, Ingi Björn Albertsson, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Á fundi 5. nóvember 1991 skipaði Íslandsdeild þannig með sér verkum að Geir H. Haarde var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tilnefndur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans. Hjörleifur Guttormsson var kjörinn varaformaður Íslandsdeildar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd. Halldór Ásgrímsson var kjörinn í félagsmálanefnd og tilnefndur í forsætisnefnd. Kristín Einarsdóttir var kjörin í umhverfisnefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Sigríður A. Þórðardóttir var kjörin í menningarmálanefnd og Rannveig Guðmundsdóttir í laganefnd. Árni M. Mathiesen var kjörinn í fjárlaganefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Helsinki 3. mars 1992 var kosið í trúnaðarstöður í samræmi við ofangreindar tilnefningar Íslandsdeildar. Svavar Gestsson var kosinn í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Hjörleifur Guttormsson var kosinn í kjörnefnd. Í tilefni þess að Rannveig Guðmundsdóttir var kosin formaður menningarmálanefndar gerði Íslandsdeild þær breytingar á skiptingu í nefndir að Rannveig tók sæti í menningarmálanefnd, Sigríður A. Þórðardóttir í félagsmálanefnd og Halldór Ásgrímsson í laganefnd.

Þann 3. nóvember 1992 kaus Alþingi á ný fulltrúa til setu í Norðurlandaráði. Sömu þingmenn hlutu þá kosningu og árið áður. Á fundi Íslandsdeildar sama dag voru ekki aðrar breytingar gerðar á verkaskiptingu en þær að Halldór Ásgrímsson var kosinn formaður Íslandsdeildar og Geir H. Haarde varaformaður.

3.2. Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt 16 fundi á starfsárinu. Hún átti einn fund með Davíð Oddssyni forsætisráðherra, tvo með Eiði Guðnasyni samstarfsráðherra og einn með fulltrúum frá Norræna félaginu.

Skipulagsmál Norðurlandaráðs voru til umræðu á flestum fundum deildarinnar í tilefni þeirra tveggja skýrslna um framtíð samstarfsins sem lagðar voru fram á árinu.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á starfsárinu veittir átta íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin jafnvirði 70.000 sænskra króna. Að fenginni umsögn stjórnar blaðamannafélagsins ákvað Íslandsdeild að eftirgreindir fréttamenn skyldu hljóta styrk: Arnar Guðmundsson, Bogi Ágústsson, Gissur Sigurðsson, Hallur Hallsson, Helgi Már Arthursson, Hjördís Finnbogadóttir, Ragnar Axelsson og Steingrímur Sigurgeirsson.

Vegna þingmannaráðstefnunnar um samstarf á Eystrasaltssvæðinu (sjá lið 4.1.2) ákvað Íslandsdeild að álykta sú, sem þar var samþykkt, yrði þýdd á íslensku. Hún fylgir skýrslu þessari sem fskj. II.

Á fundi deildarinnar með fulltrúum Norræna félagsins og forstöðumanni Norræna hússins, Lars Åke Engblom, var rætt um þær tillögur sem liggja fyrir Norðurlandaráði og sem tengjast störfum Norræna félagsins og norrænu upplýsingaskrifstofanna. Ákveðið var að halda sameiginlega fundi tvisvar á ári og að senda allar tillögur sem lagðar eru fyrir Norðurlandaráð til umsagnar Norræna félagsins.

Einnig var rætt um aðhaldsaðgerðir í starfsemi deildarinnar, aukið samstarf við íslenska stjórnarmenn norrænna stofnana og við fréttamenn.

Í samræmi við samþykkt sem gerð var á 40. þingi ráðsins verður haldin fjölþjóðleg ráðstefna um samstarf og málefni heimskautssvæðisins dagana 16. og 17. ágúst 1993 í Reykjavík. Forsætisnefnd boðar til ráðstefnunnar en skipaði fimm manna undirnefnd til að sjá um undirbúninginn. Halldór Ásgrímsson situr í þeirri nefnd af hálfu Íslands. Skrifstofa Íslandsdeildar sér um framkvæmdina hér á landi. Boðið verður fulltrúum 12 þjóðþinga og búist er við 120 þátttakendum.

4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

4.1. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Í forsætisnefnd sitja nú 11 fulltrúar. Á 40. þingi ráðsins var finnski þingmaðurinn Ilkka Suominen kosinn forseti til eins árs. Af hálfu Íslands sitja þar Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde. Forsætisnefnd hélt 11 fundi árið 1992. Auk þess hélt forsætisnefnd á árinu tvo fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda og tvo fundi með samstarfsráðherrum landanna.

Skipulagsmálin og þróun alþjóðlegra samskipta Norðurlandaráðs hafa einkennt störf forsætisnefndar á árinu. Frá skipulagsmálunum er skýrt á víð og dreif í skýrslu þessari, en hér verður getið helstu alþjóðaráðstefna og funda sem Norðurlandaráð hefur staðið að eða sótt.

4.1.1.

Í október 1992 var að tillögu menningarmálanefndar Norðurlandaráðs haldin *alþjóðleg menningarráðstefna* í Helsinki. Aðalefni ráðstefnunnar var norræn og evrópsk menning og einkenni. Þátttakendur voru 150 frá Norðurlöndunum og öðrum Evrópuríkjum. Það sem vakti mesta athygli fjölmiðla var að rithöfundurinn Salman Rushdie, sem var meðal þátttakenda, kom þar fram opinberlega og ræddi um kjör rithöfunda almennt og um stöðu sína í ljósi yfirlýsinga Íransstjórnar í hans garð.

4.1.2.

Norðurlandaráð stóð fyrir *þingmannaráðstefnu um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu* í

Ósló 22.–24. apríl 1992. Ráðstefnuna, sem var önnur í röðinni, sóttu rúmlega 60 þingmenn frá 18 þjóðþingum og 12 alþjóðastofnunum.

Á ráðstefnunni var m.a. rætt um flutning sovéskra hermanna frá Eystrasaltsríkjunum og viðkomandi ríkisstjórnir hvattar til að vinna að lausn þeirra vandamála sem óleyst væru milli ríkjanna. Skipuð var nefnd á ráðstefnunni til að semja ályktun sem ráðstefnan samþykkti. Geir H. Haarde gegndi formennsku í þeirri nefnd. Ályktunin fylgir skýrslu þessari sem fskj. II. Jafnframt var samþykkt verkefnaskrá fyrir ráðstefnurnar sem ákveðið var að halda árlega í einhverju þátttökuríkjanna. Ráðstefnuna sóttu auk Geirs H. Haarde, Halldór Ásgrímsson, en þeir mættu f.h. forsætisnefndar Norðurlandaráðs og Alþingis, og Hjörleifur Guttormsson f.h. efnahagsmálanefndar Norðurlandaráðs.

Ákveðið var að þriðja ráðstefnan yrði haldin í Gdansk í júní 1993 og verður aðalefni hennar svæðisbundið samstarf og umhverfisvernd á Eystrasaltssvæðinu.

4.1.3.

Ráð Eystrasaltsríkjanna hélt tvö þing á árinu, það fyrra í Riga í janúar og það síðara í maí í Palanga í Litáen. Fulltrúar frá Norðurlandaráði sátu þingin sem áheyrnarfulltrúar. Halldór Ásgrímsson sat þingið í Riga f.h. forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Undirritaður var á þinginu í Riga samstarfssamningur milli Norðurlandaráðs og ráðs Eystrasaltsríkjanna þar sem Norðurlandaráð lofaði aðstoð við skipulagningu og þinghald Eystrasaltsríkjaráðsins.

Vinnuálag í þjóðþingum Eystrasaltsríkjanna hefur nokkuð hamlað starfsemi Eystrasaltsríkjaráðsins en meginmál þinga þess hefur verið það sameiginlega hagsmunamál ríkjanna að stuðla að því að rússnesku hersveitirnar dragi sig til baka út úr ríkjunum.

4.1.4.

Forseti Norðurlandaráðs, Ilkka Suominen, heimsótti forseta Evrópuþingsins, Egon Klepsch, í maí og ræddu þeir aukið samstarf Norðurlandaráðs og Evrópuþingsins. Í mars 1993 er fyrirhugaður fundur milli forsætisnefndar með utanríkis- og öryggismálanefnd Evrópuþingsins.

4.1.5.

Ákveðið var 1992 að veita *þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi styrki til kynnisferða til Norðurlanda* til að kynnast framkvæmd þingræðis og lýðræðis þar og auka faglega þekkingu þingmanna. Ákveðið hefur verið að veita 15 þingmönnum styrki árið 1993 og heimsækja níu þeirra Ísland. Sá fyrsti, pólski þingmaðurinn Feliks Pieczka, heimsótti Ísland í janúar 1993 og átti fundi með fulltrúum Íslandsdeildar, utanríkis- og umhverfisnefndar, umhverfisráðherra, forstöðumanni Norrænu eldfjallastöðvarinnar og sérfræðingum á Hafrannsóknastofnun. Næstu þrír þingmenn, sem heimsóttu Ísland, voru lettnesku þingmennirnir Janis Krumins og Valdis Steins og eistneski þingmaðurinn Mart Nutt sem dvöldu á Íslandi 17.–20. febrúar sl. og áttu fundi m.a. með formanni og varaformanni Íslandsdeildar, formanni utanríkismálanefndar, formanni allsherjarnefndar, seðlabankastjóra og borgarritara og fulltrúum borgarstjórnar Reykjavíkur.

4.1.6.

Ákveðið var í samræmi við ákvörðun 40. þings ráðsins að boða til ráðstefnu sumarið 1993 *um málefni og samvinnu á heimskautssvæðinu* (sjá lið 3.2).

4.2 Laganefnd.

Sænski þingmaðurinn Hans Nyhage var kosinn formaður nefndarinnar á 40. þingi ráðsins í mars 1992 en fram að þeim tíma var danski þingmaðurinn Helge Adam Møller formaður. Íslenski fulltrúinn í nefndinni fram til loka 40. þings ráðsins í mars 1992 var Rannveig Guðmundsdóttir en þá tók Halldór Ásgrímsson þar sæti í stað Rannveigar.

Laganefnd hélt sjö fundi á starfsárinu auk fundar með dómsmálaráðherrum og ráðherrum þeim sem fara með málefni flóttamanna, fundar með ráðherrum þeim sem fara með neytendamál og fundar með jafnréttisráðherrum landanna.

Nefndin hafði m.a. til umfjöllunar á starfsárinu þingmannatillögu um *reiknilíkan til að meta ólaunuð störf* og voru tilmæli um þá tillögu samþykkt á 41. þing ráðsins í Árósum.

Málefni flóttamanna voru til umræðu á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum. Nefndin og ráðherrarnir voru sammála um að auðveldara væri nú fyrir borgara þeirra ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og borgara Austur-Evrópu að komast til Norðurlanda og annarra ríkja Vestur-Evrópu. Því hefði fylgt aukning auðgunarbrota og fíkniefnasmygl. Þess vegna þyrfti að auka samstarf lögregluyfirvalda landanna og væri nú unnið að því. Dómsmálaráðherrar hafa hafið umræður um aðgerðir sem grípa gæti þurft til ef bylgja flóttamanna bærist til Norðurlanda, t.d. vegna borgarastyrjaldar eða hungursástands. Nefndin og ráðherrar voru sammála um að best væri að leitast við að koma í veg fyrir slíkt ástand og, ef það væri ómögulegt, að hjálpa nauðstöddum í heimalöndum þeirra.

Nefndartillaga um stuðning við þróun á sviði löggjafar í *Eystrasaltsríkjunum* var samþykkt í nefndinni og á 40. þingi ráðsins í Helsinki. Nefndin hefur boðið fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum þremur til fundar til að ræða á hvern hátt Norðurlönd geti best aðstoðað þau á sviði stjórnskipunar og lagasetningar.

Nefndin ræddi á árinu við formann embættismannanefndarinnar um *neytendamál.* Hann skýrði frá framtíðaráformum um samstarfið á sviði neytendamála, m.a. með tilliti til reglna og fyrirætlana Evrópubandalagsins. Á fundi nefndarinnar með neytendamálaráðherrunum var m.a. rætt um norræna starfsáætlun um neytendamál en markmið hennar er m.a. það að hafa áhrif á þróun þeirra mála innan Evrópubandalagsins.

Í janúar 1993 var haldinn fundur með ráðherrum þeim sem fara með jafnréttismál. Var þar rætt um samstarfsáætlunina um jafnréttismál og fyrirhugað FORUM norrænna kvenna í Åbo 1994.

Nefndin fjallaði á árinu, eins og aðrar nefndir ráðsins, um skýrslu norrænu forsætisráðherranna um framtíð norræns samstarfs. Varðandi þau samstarfssvið, sem samkvæmt skýrslunni skyldu njóta forgangs, benti nefndin á að skipulag samgöngumála og rannsóknir væri eðlilegur hluti af efnahagsmálasamstarfi, en það var eitt forgangssviðanna.

Nefndin lagði áherslu á að Norðurlandaráð ætti að fá aukin áhrif á skiptingu norrænu fjárlaganna.

Til nefndarinnar verður vísað í febrúar þeim tillögum um breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem boðaðar hafa verið af forsætisráðherrum landanna.

4.3. Menningarmálanefnd.

Á 40. þingi ráðsins í Helsinki var Rannveig Guðmundsdóttir kosin formaður í stað norska þingmannsins Thea Knutzen.

Menningarmálanefnd hélt átta fundi á starfsárinu auk tveggja funda með menningar- og menntamálaráðherrum Norðurlanda og eins fundar með félagsmálanefnd ráðsins.

Menningarmálanefnd skipaði á starfsárinu vinnuhóp til að fjalla um tillögur fyrri nefndar forsætisráðherranna um framtíðarskipan norræns samstarfs enda voru þar lagðar til umfangsmiklar breytingar og aukning norræns menningar-, mennta- og rannsóknasamstarfs. Á grundvelli umfjöllunar vinnuhópsins lagði menningarmálanefnd á 41. þingi ráðsins áherslu á að eðlilegra væri að beina þeim fjármunum, sem nota ætti til að styrkja menningarsamstarfið, beint til þeirra verkefna og stofnana sem fyrir hendi væru en að stofna nýjan sjálfberandi sjóð. Yrði slíkur sjóður hins vegar stofnaður þyrfti að gæta þess að stjórn sjóðsins yrði þannig skipuð að nefndin ætti þar aðild og að sjóðurinn væri rekinn í nánu samstarfi við aðra starfsemi sem fyrir hendi er.

Á þinginu í Árósum lagði seinni nefnd forsætisráðherranna fram sínar tillögur sem ekki voru í fullu samræmi við tillögur fyrri nefndarinnar og var þá ekki lengur á dagskrá stofnun nýs sjóðs heldur lagt til að fjórðungur norrænu fjárlaganna 1994 rynni til menningar- og menntamála og rannsókna og árið 1996 rynni helmingur þeirra til þessara málaflokka. Jafnframt lögðu ráðherrarnir á það áherslu að menningar- og menntamálaráðherrarnir undirbyggju í samráði við menningarmálanefnd ráðherranefndartillögu um framtíðarskipan menningar-, mennta- og rannsóknasamstarfsins sem lögð yrði fyrir 42. þing ráðsins í Ósló 1993. Af því tilefni héldu formaður ráðherranefndarinnar um menningar- og menntamál, Åse Kleveland, og formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, Rannveig Guðmundsdóttir, fund í desember til að leggja grunninn að tillögugerðinni. Vinnuhópur sá, sem menningarmálanefnd hafði skipað fyrr á árinu, fékk það hlutverk að vinna áfram að undirbúningnum af hálfu menningarmálanefndar og síðan héldu menningarmálanefnd og menningar- og menntamálaráðherrarnir fund um tillögugerðina í janúar. Varðandi efni ráðherranefndartillögunnar, sem liggur ekki enn þá fyrir í endanlegri mynd, leggur menningarmálanefnd áherslu á að *NORDPLUS, Norræni menningarsjóðurinn*, sem starfað hefur frá 1966, *Kvikmyndasjóðurinn*, *Norðurlönd sem menningarlegur heimamarkaður* og *sjónvarpssamstarf* verði svið sem fái forgang. Nefndin leggur og til að *alþjóðlegt rannsóknasamstarf* á Norðurlöndum verði samræmt og athugað verði hvort unnt sé að gera norræna samstarfsáætlun um rannsóknir á sviði hugvísinda (sjá og lið 4.4).

Félagsmálanefnd Norðurlandaráðs bauð menningarmálanefnd til fundar í mars 1992 til að ræða *málaflokka sem tengdust nefndunum báðum*, svo sem menntun táknmálstúlka, menntun þroskaheftra og kennslu lesblindra.

Dagana 12.–14. október var haldin *menningarráðstefna* á Hanaholmen í Finnlandi.

Síðan árið 1991 hafa starfað á vegum menningarmálanefndar þrír vinnuhópar um tengslin við *Evrópuþingið*, tengslin við *Evrópuráðið* og tengslin við *Eystrasaltsríkin*.

Vinnuhópurinn um tengslin við Evrópuþingið lagði fram skýrslu í september þar sem hópurinn kveður Maastricht-samkomulagið ekki hindra Norðurlönd í að halda stefnu sinni í menningarmálum. Vinnuhópurinn um tengsl við Evrópuráðið kveður Evrópuráðið leggja í störfum sínum áherslu á sömu mál og Norðurlandaráð og leggur áherslu á mikilvægi þess að halda uppi sambandi, ekki síst óformlegu, og veita gagnkvæmar upplýsingar um störfin. Vinnuhópurinn um tengslin við Eystrasaltsríkin taldi mikilvægast að styrkja tengslin við þingmenn í Eystrasaltsríkjunum og koma á samstarfsverkefnum í samvinnu

við þá. Mikilvægustu sviðin voru talin vera menntun, nemenda- og kennaraskipti og fullorðinsfræðsla.

Menningarmálanefnd fjallaði á árinu um ráðherranefndartillögu um *samstarfsáætlun um fullorðinsfræðslu* og lagði til að hún yrði samþykkt. Ráðið féllst á tillögu nefndarinnar á 40. þingi sínu.

Nefndin fjallaði einnig um þingmannatillögu um aukið *norrænt dagskrárefni í hljóð- og sjónvarpi* og féllst 40. þing ráðsins á tillögu nefndarinnar um samþykkt. Hún fjallaði og um tillögur um samstarf um *umferðarfræðslu, norræn sumarnámskeið í listvefnaði* og norrænt *samstarf félaga áhugaleikara* sem allar voru samþykktar á 40. þingi ráðsins. Nefndin lagði fram nefndartillögu um *hækkun verðlaunaupphæðar* bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs upp í 200.000 danskar krónur og var sú tillaga samþykkt á 41. þing ráðsins.

4.4. Félagsmálanefnd.

Sænski þingmaðurinn Lena Öhrsvik er formaður nefndarinnar og íslenski fulltrúinn þar fram til loka 40. þings ráðsins var Halldór Ásgrímsson, en þá tók Sigríður A. Þórðardóttir við sæti Halldórs.

Nefndin hélt sjö reglulega fundi á starfsárinu, auk þriggja funda með félagsmálaráðherrum Norðurlanda og eins fundar með menningarmálanefnd og eins með umhverfisnefnd ráðsins. Nefndin hélt á árinu *námsstefnu um atvinnuleysi og óheilbrigði* og fund með sérfræðingum um *norrænan vinnurétt* og fjallaði sérstaklega um samnorrænar *aðgerðir gegn neyslu áfengis*. Vinnuhópur, sem nefndin skipaði, hélt í janúar 1993 fund með fulltrúum frá helstu heildarsamtökum fatlaðra á Norðurlöndum. Á sumarfundi nefndarinnar var gefin skýrsla um *ástandið á vinnumarkaðnum* á Norðurlöndum. Þar kom fram að vorið 1992 var fjöldi atvinnulausra á Norðurlöndum nálægt 1 milljón manna eða 8% vinnufærra. Nefndin skrifaði af því tilefni bréf til forsætisnefndar þar sem bent var sérstaklega á hversu alvarlegt það væri að svo stór hluti atvinnulausra væri ungt fólk. Forsætisnefnd tók málið upp á fundi sínum með forsætisráðherrum í Árósum og ákvað að atvinnuleysi og afleiðingar þess yrðu aðalefni 42. þings ráðsins í Ósló 1993.

Á 40. þingi ráðsins í Helsinki voru samþykkt tilmæli frá félagsmálanefnd um ráðherranefndartillögu um *byggingar- og húsnæðismál*.

Árið 1992 var unnið á vegum ráðherranefndarinnar að endurskoðun á þeirri áætlun sem legið hefur til grundvallar *starfinu á sviði félags- og heilbrigðismála*. Félagsmálanefnd hafði ætlað að leggja sjónarmið sín um drögin fram á þingi ráðsins í Árósum en þá var tilkynnt að endurskoðunarstarfinu hefði verið frestað þar til tekin hefði verið heildarákvörðun um framtíð samstarfsins. Nú mun endurskoðuninni hafa verið frestað um óákveðinn tíma og félagsmálanefnd telur það afar neikvætt fyrir framhald norræns samstarfs á þessu sviði.

Stefnan í áfengismálum á Norðurlöndum hefur verið til umræðu á tveimur fundum nefndarinnar með ráðherranefndinni á árinu 1992. Nefndin telur rétt að Norðurlönd samþykki starfsáætlun um 25% minnkun á áfengisneyslu fram til ársins 2000 en ráðherranefndin hefur ekki orðið við þessu.

Á fundum nefndarinnar með menningarmálanefnd og umhverfisnefnd var rætt um málefni sem heyra undir báðar nefndirnar. Samið var á báðum fundunum um að nefndirnar fylgdust í sameiningu með þeim málefnum sem heyra undir þær báðar.

Að venju sótti formaður nefndarinnar hið árlega *ILO-þing* í Genf í júní.

Í október héldu fulltrúar nefndarinnar fund með fulltrúum framkvæmdanefndar *Evrópubandalagsins* og starfsmönnum *Evrópuþingsins í Brussel.*

Varðandi tillögur nefnda forsætisráðherranna um framtíð norræns samstarfs leggur félagsmálanefnd áherslu á að til verkefna á sviði menningar, menntamála og rannsókna, sem eiga að njóta forgangs, verði gerðar sömu gæðakröfur og til annarra samstarfsverkefna. Sú mikla áherslubreyting, sem lögð er til, getur haft í för með sér að starfsemi á öðrum mikilvægum sviðum, sem hefur gefið góða raun í mörg ár, verði lögð niður. Nefndin leggur áherslu á að áhrifin verði skoðuð vandlega áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar um að færa fjármuni frá mikilvægum forgangssviðum til menningarmálasviðsins.

4.5. Umhverfisnefnd.

Á 40. þingi ráðsins var finnski þingmaðurinn Anneli Jäätteenmäki kosin formaður nefndarinnar í stað danska þingmannsins Dorte Bennedsen. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Kristín Einarsdóttir. Nefndin hélt tíu fundi á árinu og var einn þeirra með sjávarútvegs- og umhverfisráðherrum Norðurlanda, einn með umhverfisráðherrum einum sér, einn með samgönguráðherrum og þeim ráðherrum sem fara með umferðaröryggismál og einn með byggðamálaráðherrum.

Af þeim þingmannatillögum, sem nefndin fjallaði um fyrir 40. þing ráðsins, lagði hún til að þrjár yrðu samþykktar. Það voru tillaga um samvinnu á norrænum landamærasvæðum, tillaga um sameiginlegan tíma í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og tillaga um framtíð Eystrasaltsins. Nefndin lagði einnig til að ráðherranefndartillaga um norræna samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál yrði samþykkt. Þingið fór að tillögum nefndarinnar.

Nefndin lagði til að 41. þing ráðsins samþykkti tillögur um alþjóðlegar hegðunarkröfur á sviði *umhverfismála,* um *öryggi á sviði kjarnorkumála á norðurslóðum* og *takmarkanir á útflutningi úrgangs sem er hættulegur umhverfi.* Hún lagði fram nefndartillögu *um verndum friðaðra fuglategunda* og lagði til að ráðherranefndartillaga um starfsáætlun um að *gætur verði hafðar á að umhverfiskröfur séu virtar* yrði samþykkt. Þingið fór að tillögum nefndarinnar.

Á fundi nefndarinnar með sjávarútvegsráðherrum og umhverfisráðherrum var rætt um ráðherranefndartillöguna um nýja *samstarfsáætlun á sviði sjávarútvegs,* nýtingu *auðlinda hafsins* og *hreinsun Eystrasaltsins.*

Á fundi nefndarinnar með samgönguráðherrum og ráðherrum þeim sem fara með umferðaröryggismál var rætt um *mengun frá umferð, fjárfestingar í samgöngukerfum, sameiginlega norræna stefnu í umhverfismálum* og *samstarfsáætlunina um umferðaröryggi.*

Á fundi nefndarinnar með byggðamálaráðherrum var rætt um *áhrif stefnu Evrópubandalagsins* í byggðamálum á stefnu Norðurlanda í byggðamálum.

Á fundi nefndarinnar með umhverfisráðherrum var rætt um skipulag samstarfsins og um það hvernig ákveðnum samþykktum Ríó-ráðstefnunnar yrði fylgt eftir og um umhverfisvanda þann sem blasir við Norðurlöndum vegna mengunarinnar á Kolaskaga og í Eystrasalti.

Vegna hugmynda forsætisráðherra landanna um að starfsemin á norrænum forgangssviðum verði fjármögnuð innan sama fjárlagaramma og með niðurskurði á öðrum sviðum hefur nefndin fjallað um framtíð starfsins á sínu sviði og komist að þeirri niðurstöðu að til þess geti komið að setja þurfi þá starfsemi aftast í forgangsröðina sem ljóst er að verði fjármögnuð áfram í löndunum ef norrænt fé fæst ekki. Umhverfisráðherrar hafa boð-

að að ekki verði framhald á starfinu samkvæmt gildandi umhverfisáætlun. Í staðinn verði starfað eftir skammtímastarfsáætlunum sem taki örum breytingum í samræmi við þarfir hvers tíma. Nefndin er sammála þessum breytingum en leggur áherslu á að opin umræða þurfi að fara fram milli ráðherra og nefndarinnar um stefnuna.

4.6. Efnahagsmálanefnd.

Finnski þingmaðurinn Anneli Jäätteenmäki var formaður nefndarinnar þar til hún var kosin formaður umhverfisnefndar en í mars 1992 var danski þingmaðurinn Helge Adam Møller kosinn formaður. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Hjörleifur Guttormsson.

Nefndin hélt níu fundi á starfsárinu og var einn þeirra með fjármálaráðherrum Norðurlanda, einn með iðnaðar- og orkuráðherrunum og tveir með fulltrúum Eystrasaltsríkjaráðsins.

Störf nefndarinnar mótuðust í aðdraganda 40. þings ráðsins öðru fremur af *samrunaferlinu í Evrópu, EES-samningnum* og því að Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu. Þessi mál mótuðu umræður nefndarinnar um ráðherranefndartillöguna um norrænt samstarf eftir 1992, þingmannatillöguna um Norðurlönd í nýrri Evrópu (sem lögð var fram af flokkahópi sósíaldemókrata), tillöguna um Norðurlönd í Evrópu (sem lögð var fram af flokkahópi hægri manna) og tillöguna um að norrænt samstarf skuli tengjast inn í Evrópubandalagið (sem lögð var fram af flokkahópi frjálslyndra). Á grundvelli tillagnanna fjögurra voru á 40. þingi ráðsins að tillögu meiri hluta nefndarinnar samþykkt ein tilmæli um Norðurlönd í nýrri Evrópu. Nefndin klofnaði í málinu og voru því lögð fyrir þingið tvö minnihlutaálit frá fulltrúa vinstri sósíalista og fulltrúa frjálslyndra sem bæði voru felld, auk breytingartillögu frá fulltrúum sósíaldemókrata sem var samþykkt. Umræður um tillögurnar á þinginu báru það með sér að þær byggðu á mismunandi flokkspólitískri afstöðu til Evrópumálanna í heild. Um efni tilmælanna og minnihlutaálitanna, sem eru óvenju ítarleg, vísast til fskj. I. Eftir 40. þing ráðsins hafa Evrópumálin verið áfram á dagskrá nefndarinnar enda eru upplýsingar um stöðu landanna hvað þau varðar fastur liður á dagskrá nefndarinnar. Nefndin vinnur nú að áætlun um hvernig haga skuli alþjóðlegum samskiptum hennar m.a. við stofnanir Evrópubandalagsins, EES og EFTA, við Eystrasaltríkin og í heimskautamálefnum þannig að hún sinni sem best hlutverki sínu.

Nefndin fjallaði um tvær þingmannatillögur frá þingmönnum vinstri sósíalista og var Hjörleifur Guttormsson fyrsti flutningsmaður annarrar þeirra. Tvö álit komu fram og að tillögu meiri hluta nefndarinnar samþykkti Norðurlandaráð að óska eftir því á 41. þingi ráðsins að ráðherranefndin legði fram sameiginlega *umhverfis- og orkumálaskýrslu* um það hvað liði framkvæmd markmiða þeirra sem sett hafa verið fram í orku- og umhverfismálum. Orkumál voru og á dagskrá á fundi nefndarinnar með orkumálaráðherrum landanna í tengslum við 41. þing ráðsins. Sérstaklega var fjallað um framtíð raforkusamstarfsins í ljósi þess að breytt hefur verið lögum um orkumál í Svíþjóð og Noregi. Nefndin hefur nú til umfjöllunar þingmannatillögu um framtíð NORDEL-samstarfsins.

Auk áðurnefndra tillagna sem tengjast Norðurlöndum í nýrri Evrópu hafði nefndin tvær tillögur á dagskrá um *iðnaðarsamstarf* sem báðar voru samþykktar á 40. þingi ráðsins, aðra um aðgerðir til að stuðla að efnahagslegri nýsköpun og hina um að Norræni iðnþróunarsjóðurinn verði styrktur.

Aðgerðir til styrktar Eystrasaltsríkjunum voru á dagskrá flestra funda nefndarinnar. Að ráði nefndarinnar samþykkti 40. þing ráðsins tillögu um fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin og aðgerðir ráðherranefndarinnar samkvæmt norrænu fjárfestingaráætl-

uninni fyrir Eystrasaltsríkin hafa verið ræddar við ráðherrana. Nefndin hélt tvo fundi með efnahags- og félagsmálanefnd Eystrasaltsríkjaráðsins og var þar rætt um þær hindranir sem væru í vegi fyrir stofnun fjárfestingarbanka fyrir Eystrasaltsríkin.

Nefndin ræddi *efnahags- og gengismál* á fundi sínum með fjármálaráðherrunum í tengslum við 41. þing ráðsins þar sem ráðherrarnir lögðu fram skýrslu um stöðu efnahagsmála. Fjallað var þar um þörf þess að gripið yrði til samræmdra aðgerða til að örva efnahagslífið á alþjóðavettvangi í því skyni að vinna gegn atvinnuleysi og um þörf á sterkum bankastofnunum í löndunum.

Nefndin lagði fyrir 41. þing ráðsins nefndarálit um þingmannatillögu um *hagsmuni sama* í tengslum við norrænt átak í *ferðamálum* og var tillagan samþykkt á þinginu.

Á sviði *þróunarmála* fjallaði nefndin um þingmannatillögu sem gerð var samþykkt um á 41. þing ráðsins. Markmið tillögunnar var aukin samræming á norrænni þróunaraðstoð og aukið samstarf norrænna hjálparstöðva í þróunarlöndunum.

4.7. Fjárlaganefnd.

Finnski þingmaðurinn Lauri Metsämäki var formaður nefndarinnar til loka 40. þings ráðsins, en þá tók norski þingmaðurinn Helga Haugen við formennsku nefndarinnar.

Nefndin hélt tíu fundi á starfsárinu og var einn fundanna með fulltrúum annarra fastanefnda ráðsins og einn með samstarfsráðherrum landanna. Til fundar við nefndina hafa einnig komið starfsmenn ráðherranefndarskrifstofunnar og skýrt frá nýjum stjórnunaraðferðum sem verið er að prófa sig áfram með í *fjármálastjórn norrænna verkefna.*

Nefndin fjallaði að venju um *skýrslu ráðherranefndarinnar um starf liðins árs* (C1/1992) og *skýrslu ráðherranefndar* um starfsáætlun næsta árs (C2/1992).

Í nefndartillögu, sem samþykkt var á 40. þingi ráðsins, er gerð grein fyrir eftirlitsstörfum nefndarinnar á starfsárinu og fyrir þeim aðgerðum sem hún leggur til á grundvelli niðurstaðna sinna.

Aðalstarf nefndarinnar er umfjöllun um *norrænu fjárlögin.* Sameiginleg niðurstaða hennar og hinna fastanefndanna er að norræn fjárlög ársins 1993 (að upphæð 650 millj. danskra króna) séu í raun lægri en fjárlög fyrra árs gagnstætt staðhæfingu ráðherranefndarinnar um að fjárlögin séu jafnhá fyrri fjárlögum. Nefndin átaldi að ekki skyldi í neinu hafa verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem hún hafði sett fram um fjárlagadrögin og íhugaði því alvarlega að ráðleggja 41. þinginu að samþykkja ekki fjárlögin heldur vísa þeim til baka. Frá því var þó horfið af hagkvæmnisástæðum.

Nefndin fjallaði auk norrænu fjárlaganna um bókhaldsuppgjör ársins 1991 en óráðstafaðir fjármunir þess árs reyndust við árslok vera 27,4 millj. danskra króna. Ráðherranefndin hafði ákveðið að nota þá fjármuni til verkefna til styrktar Eystrasaltsríkjunum, NORDPLUS-styrkja, verkefna á sviði sjávarútvegs og til aukningar á stofnfé iðnþróunarsjóðsins. Nefndin var sammála ráðherranefndinni um þessa ákvörðun.

Á árinu 1992 lét nefndin gera úttekt á norrænu *rannsóknasamstarfi á sviði landbúnaðar og skógræktar* en hefur við gerð skýrslu þessarar ekki lokið umfjöllun sinni um málið.

5. Störf norrænu flokkahópanna.

5.1. Flokkahópur hægri manna.

Fulltrúar í flokkahópi hægri manna voru við áramót 1992–1993 nítján talsins og flokkar þeir, sem þar áttu fulltrúa, voru sjö. Hópurinn hittist í heild í tengslum við janúarfundi nefnda ráðsins og 40. og 41. þing ráðsins. Auk þess hittast fulltrúar hópsins í

tengslum við nefndarfundi. Jan P. Syse, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, tók við formennsku á 40. þingi ráðsins í Helsinki af Ilkka Suominen, forseta finnska þingsins.

Í tengslum við janúarfundi ráðsins 1992 hélt hópurinn *námsstefnu um EES og Evrópubandalagið*. Í tengslum við 41. þing ráðsins í Árósum hélt hópurinn *námsstefnu um áhrif niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Danmörku á Maastricht-samkomulagið*.

Auk Evrópumálanna hafa málefni Eystrasaltsríkjanna verið ofarlega á baugi og hópurinn hélt ráðstefnu í Riga að loknu 40. þingi ráðsins undir yfirskriftinni „Post Socialist Northern Europe" með þátttöku u.þ.b. 40 þingmanna frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Geir H. Haarde og Sturla Böðvarsson sóttu þá ráðstefnu. Í samvinnu við Konrad Adenauer stofnunina hélt hópurinn í nóvember námsstefnu í Rostock, m.a. um málefni Eystrasaltsríkjanna, með tæplega 50 þátttakendum. Þá ráðstefnu sóttu Árni Johnsen og Einar K. Guðfinnsson.

5.2. Flokkahópur miðjumanna.

Fulltrúar í flokkahópi miðjumanna voru um áramót 1992–1993 tuttugu og þrír talsins og flokkar þeir, sem þar áttu fulltrúa, sautján. Formaður hópsins var finnski þingmaðurinn Anneli Jäätteenmäki. Hópurinn hélt ráðstefnu í tengslum við 41. þing ráðsins í Árósum um Norðurlönd í Evrópu, svæðisbundið samstarf í Evrópu og menningarmál á Norðurlöndum. Ráðstefnuna sátu auk fulltrúanna í flokkahópnum fulltrúar ungliðahreyfinga og kvennasamtaka miðflokkanna á Norðurlöndum og fulltrúar miðjuflokka í Eystrasaltsríkjunum.

Fulltrúar hópsins heimsóttu St. Pétursborg í janúar 1993 og var þar lagður grunnur að frekara samstarfi við stjórnmálaflokka þar.

Hópurinn gerði þrjár samþykktir á starfsárinu: þá fyrstu í janúar 1992 um samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin, aðra í febrúar um samstarf á heimskautssvæðinu og um að halda norræna heimskautsráðstefnu og þá þriðju um nýsköpun í norrænu samstarfi.

Í tilefni samþykktarinnar um *samstarf á heimsskautssvæðinu* lagði Halldór Ásgrímsson f.h. flokkahópsins fram á 40. þingi ráðsins þingmannatillögu um samstarf á heimskautssvæðinu sem var samþykkt þar. Auk þess sem samþykkt var að halda heimskautsráðstefnu 1993 (sjá lið 3.2) var mælst til þess við ráðherranefndina að hún hefði frumkvæði að víðtæku samstarfi norrænu ríkisstjórnanna um málefni heimskautssvæðisins.

5.3. Flokkahópur sósíaldemókrata.

Fulltrúar í flokkahópi sósíaldemókrata voru við áramót 1992–1993 þrjátíu og tveir talsins og þeir flokkar sem þar eiga fulltrúa sjö. Norski þingmaðurinn Kristi Kolle Grøndahl tók í tengslum við 40. þing ráðsins við formennsku af finnsku þingmanninum Mats Nyby.

Hópurinn hélt fimm fundi á árinu, vinnuhópur flokkahópsins átta fundi og þeir fulltrúar, sem setið hafa saman í nefnd, hafa haldið samráðsfundi um mikilvæg málefni.

Hópurinn lagði á starfsárinu megináherslu á *mótun framtíðar norræns samstarfs* og lagði sjónarmið sín fram í formi þingmannatillögu. Hópurinn stofnaði einnig á árinu starfshóp til að gera *tillögu um samstarf á sviði orkumála* og lagði fram tvær þingmannatillögur á grundvelli þess starfs, aðra um *framtíð NORDEL-samstarfsins* og hina um aðgerðir gegn *hættu þeirri sem stafar frá kjarnorkuverunum í Sosnovy Bor við St. Pétursborg og í Ignalina í Litáen.*

Hópurinn stóð einnig að þingmannatillögu um viðbót við norræna samninginn um vinnuvernd sem samþykktur var á 40. þingi ráðsins.

Á 41. þing ráðsins í Árósum var samþykkt þingmannatillaga frá hópnum um öryggi á sviði kjarnorkumála á norðurslóðum.

5.4. Flokkahópur Vinstri sósíalista.

Í flokkahópi Vinstri sósíalista voru um áramót 1992–1993 sex fulltrúar og voru þeir fulltrúar fyrir fimm flokka.

Í tengslum við 40. þing ráðsins varð norski þingmaðurinn Kjellbjörg Lunde formaður hópsins.

Flokkahópurinn er á móti aðild Norðurlanda að EES og fleiri Norðurlanda að Evrópubandalaginu. Fulltrúar hópsins hafa því á þingum ráðsins fært rök fyrir því að samningurinn hindri jákvæða þróun og þá styrkingu norræns samstarfs sem hópurinn æskir.

Hópurinn leggur áherslu á að styrkja beri *norrænt samstarf um utanríkis- og varnarmál, umhverfismál* og *velferðarmál* í ljósi þeirrar hættu sem er á að Evrópusamstarfið leiði til þess að *þeim félagslega verst settu verði minna sinnt.* Hópurinn leggur og áherslu á að *styrkja beri samstarf Evrópuríkja í heild og samstarf Norðurlanda við Austur-Evrópu, ekki síst við Eystrasaltsríkin.*

Hópurinn lagði fram þrjár þingmannatillögur á síðasta ári: um aðgerðir til hjálpar þeim þjóðfélagshópum sem eru félagslega illa settir, sem Hjörleifur Guttormsson var fyrsti flutningsmaður að, um hækkað hitastig á jörðinni og tækni til bættrar orkunýtingar og endurnýtanlega orkugjafa og þá þriðju um sjálfbæra skipulagningu orkumála á Norðurlöndum og um norrænar aðgerðir til að nýta betur orkulindir. Fyrsta tillagan var samþykkt á 41. þingi ráðsins en efnahagsmálanefnd klofnaði í afstöðu sinni til hinna tveggja og greiddu fulltrúar vinstri sósíalista atkvæði með minnihlutatillögu Hjörleifs Guttormssonar sem 41. þingið felldi.

5.5. Flokkahópur frjálslyndra.

Í flokkahópi frjálslyndra sitja fjórir fulltrúar, þrír frá Framfaraflokknum í Danmörku og einn frá Framfaraflokknum í Noregi. Formaður var norski þingmaðurinn Carl I. Hagen og varaformaður danski þingmaðurinn Pia Kjærsgaard.

Hópurinn hélt átta fundi á starfsárinu í tengslum við þing og nefndafundi ráðsins. Hópurinn lagði til á 40. þingi ráðsins í Helsinki að Norðurlandaráð verði lagt niður fyrir árið 1996 og að ráðherranefndin haldi áfram að vinna að því að fella norrænt samstarf inn í störf Evrópubandalagsins. Hópurinn styður þau markmið að forsætisráðherrar Norðurlanda taki virkari þátt í norrænu samstarfi því það muni gera störf þess markvissari en telur óþarfa að hafa norræna samstarfsráðherra. Hópurinn telur að gera eigi formenn nefnda Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar virkari því það muni auka pólitíska ábyrgð þeirra í störfum. Hópurinn telur landsdeildarskrifstofur ráðsins kostnaðarsamar stofnanir sem kanna beri hvort unnt sé að leggja niður.

Alþingi, 25. febr. 1993.

Halldór Ásgrímsson, form.	Geir H. Haarde, varaform.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Árni M. Mathiesen.	Sigríður A. Þórðardóttir.
	Kristín Einarsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Tilmæli sem samþykkt voru á 40. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 1992.

Samþykkt nr. 1/1992 um aðgerðir gegn flogaveiki. (Félagsmálanefnd.)

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún beiti áhrifum sínum til að auka norrænar rannsóknir og upplýsingaflæði um lyf og meðferð ásamt því að auka þekkingu almennings á flogaveiki,
— að hún láti kanna forsendur þess að almenningi verði kynnt meðferð og hjúkrun flogaveikra.

Samþykkt nr. 2/1992 um hækkun á stofnfé Norræna fjárfestingarbankans. (Efnahagsmálanefnd.)

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún samþykki, svo skjótt sem verða má, ráðherranefndartillögu B122/e um hækkun á stofnfé Norræna fjárfestingarbankans um 800 millj. SDR þannig að það verði 2.400 millj. SDR og að hækkunin taki gildi 1. apríl 1993.

Tilmæli nr. 3/1992 um viðbót við norræna samninginn um vinnuvernd. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda stuðli að því að bætt verði við norræna samninginn um vinnuvernd ákvæðum um framhaldsmenntun, hæfniþróun og þátttöku starfsmanna á öllum sviðum í ákvarðanatöku.

Tilmæli nr. 4/1992 um bættar tölfræðiupplýsingar um vinnuvernd á Norðurlöndum. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda láti sem lið í samstarfsáætluninni um vinnuvernd safna norrænum tölfræðiupplýsingum um m.a. vinnuskaða, sjúkraskráningar, hversu algengt sé að fólk fari á eftirlaun fyrir eftirlaunaaldur og
— að þessar upplýsingar verði notaðar sem grundvöllur sameiginlegra norrænna aðgerða.

Tilmæli nr. 5/1992 um eftirlaun sjómanna. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að í tengslum við undirbúning að nýjum samningi um félagsleg réttindi og með tilliti til EES-samningsins láti ráðherranefnd Norðurlanda gera könnun á því hvaða mismunur er á þeim reglum sem gilda um eftirlaun sjómanna eftir því hvort þeir starfa í heimalandi sínu eða öðru norrænu landi,
— að ráðherranefnd Norðurlanda geri að könnuninni lokinni ráðstafanir til að norrænir sjómenn verði jafnsettir með tilliti til eftirlauna, hvort sem þeir búa í heimalandi eða öðru norrænu landi.

Tilmæli nr. 6/1992 um samstarfsáætlun um byggingar- og húsnæðismál. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að samþykkt verði ný norræn samstarfsáætlun um byggingar- og húsnæðismál fyrir tímabilið 1992–1996 og að í henni verði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem félagsmálanefnd hefur sett fram.

Tilmæli nr. 7/1992 um norræna ferðaþjónustu fatlaðra. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að bætt verði inn í samning þann um félagslega þjónustu, sem verið er að vinna að, ákvæðum um að skírteini, sem veita fötluðum rétt á ferðaþjónustu, gildi alls staðar á Norðurlöndum.

Tilmæli nr. 8/1992 um samninga milli sveitarfélaga beggja vegna norrænna landamæra um ferðaþjónustu fatlaðra. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir norrænu landanna

— að þær stuðli að því að sveitarfélög beggja vegna norrænna landamæra semji sín á milli um að réttur fatlaðra á ferðaþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi taki til ferða til sveitarfélaga handan landamæranna.

Tilmæli nr. 9/1992 um að samgöngutæki í milliríkjasamgöngum verði gerð aðgengileg fyrir fatlaða. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda

— að samgöngutæki í millilandasamgöngum verði gerð aðgengileg fyrir fatlaða.

Tilmæli nr. 10/1992 um norrænt samstarf við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu á sviði heilbrigðis- og heilsuverndar. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að forsendur og fjármögnunarmöguleikar samstarfs við Eystrasaltsríkin á sviði heilbrigðis- og heilsuverndar verði könnuð.

Tilmæli nr. 11/1992 um réttindi Norðurlandabúa á Norðurlöndum. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að í tengslum við framkvæmd nýja samningsins um félagslegt öryggi og EES-samningsins verði teknar til umræðu þær tillögur sem settar voru fram í tilmælum nr. 33/1990 frá Norðurlandaráði um samstarfsáætlun um réttindi Norðurlandabúa á Norðurlöndum,

— að jafnframt verði kannaðir möguleikar þess að auðvelda samstarf yfir landamærin og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem enn þá eru fyrir samstarfi og samskiptum yfir landamærin.

Tilmæli nr. 12/1992 um norræna kennsluáætlun um þróun félagslegrar þjónustu. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að samþykkt verði norræn kennsluáætlun um þróun á sviði félagslegrar þjónustu í samræmi við ráðherranefndartillögu B125/s og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem félagsmálanefnd setti fram.

Tilmæli nr. 13/1992 um nýjan norrænan samning um félagslegt öryggi. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að samþykkja framlagða tillögu um nýjan norrænan samning um félagslegt öryggi og að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem félagsmálanefnd Norðurlandaráðs hefur sett fram,

— að drög að norrænum samningi um félagslega aðstoð og þjónustu verði lagður fyrir Norðurlandaráð í formi ráðherranefndartillögu og að í þeim drögum verði tekið tillit til tillagna félagsmálanefndar Norðurlandaráðs um ferðaþjónustu fatlaðra og réttindi Norðurlandabúa á Norðurlöndum eftir því sem við á.

Tilmæli nr. 14/1992 um að Norræni iðnþróunarsjóðurinn verði styrktur. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja stöðu Norræna fjárfestingarbankans og auka þá starfsemi hans sem er til þess fallin að stuðla að auknu efnahagssamstarfi á Norðurlöndum.

Tilmæli nr. 15/1992 um fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda geri áætlun um tæknilegan og fjárhagslegan stuðning og um fjármögnun fjárfestinga í Eystrasaltsríkjunum og hagi því þannig að þær stofnanir, sem taka þátt, njóti jafnréttis og að starfsemin geti hafist í síðasta lagi 1. júní 1992.

Tilmæli nr. 16/1992 um aðgerðir til að stuðla að efnahagslegri nýsköpun. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að láta fara fram könnun og mat á aðgerðum til að örva uppfinningar og nýsköpun í atvinnulífi á Norðurlöndum.

Tilmæli nr. 17/1992 um aukningu stofnfjár Norræna þróunarsjóðsins. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda og ríkisstjórnir Norðurlanda

— að samþykkja ráðherranefndartillögu B127/e um að halda áfram starfsemi Norræna þróunarsjóðsins ótímabundið og að auka stofnfé hans um 150 millj. SDR þannig að tillit verði tekið til sjónarmiða efnahagsmálanefndar Norðurlandaráðs og þannig að möguleikum þess að auka enn frekar stofnféð að lokinni þeirri úttekt, sem fara á fram 1995, verði haldið opnum.

Tilmæli nr. 18/1992 um sameiginlega norræna löggjöf um barnavernd. (Laganefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda láti kanna möguleika á sameiginlegri norrænni löggjöf um vernd barna gegn misþyrmingum og ofbeldi.

Tilmæli nr. 19/1992 um samnorræna sérfræðimenntun á sviði barnaumönnunar. (Laganefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda komi á samnorrænni sérfræðimenntun í formi framhaldsmenntunar á sviði barnaumönnunar.

Tilmæli nr. 20/1992 um þróun löggjafar í Eystrasaltsríkjunum. (Laganefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess að ráðherranefnd Norðurlanda

— aðstoði Eystrasaltsríkin við gerð áætlunar um samstarf þeirra um löggjafarmál í samvinnu við Norðurlandaráð,
— veiti Eystrasaltsríkjunum sérfræðiaðstoð um afmörkuð löggjafarmálefni,
— aðstoði Eystrasaltsríkin við að fá vísindarit og greinar um lagaleg málefni eftir þörfum,
— kanni möguleika þess að stofnuð verði sameiginleg rannsóknamiðstöð fyrir Eystrasaltsríkin á sviði mannréttindamála,
— að við ofannefndar aðgerðir verði tekið tillit til þess sem aðrir aðilar, bæði einstök norræn ríki og fjölþjóðleg samtök t.d. Evrópuráðið, eru að gera á ofangreindum sviðum.

Tilmæli nr. 21/1992 um samvinnu á norrænum landamærasvæðum. (Umhverfisnefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að samnorrænar aðgerðir, sem kostaðar eru af norrænu fjárlögunum til styrktar norrænni samvinnu á landamærasvæðunum, verði ekki dregnar saman,
— að hækkun á norrænu fjárlögunum verði m.a. notuð til fjármögnunar á þróun norrænnar samvinnu á landamærasvæðunum.

Tilmæli nr. 22/1992 um sameiginlegan tíma í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. (Umhverfisnefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda kanni kosti og galla þess að innleiða sameiginlegan tíma fyrir Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð.

Tilmæli nr. 23/1992 um norræna samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál. (Umhverfisnefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að samþykkja norræna áætlun um samstarf á sviði sjávarútvegs og fiskveiða í samræmi við ráðherranefndartillögu B126/m og sjónarmið Norðurlandaráðs,
— að ráðherranefnd Norðurlanda gefi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar í ársskýrslu sinni.

Tilmæli nr. 24/1992 um samstarf um umferðarfræðslu. (Menningarmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess

— að ráðherranefnd Norðurlanda láti útbúa til dreifingar og notkunar í skólum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga upplýsingaefni þar sem gerð er grein fyrir gildandi reglum á Norðurlöndum um umferðarfræðslu í því skyni að miðla reynslu milli norrænu landanna.

Tilmæli nr. 25/1992 um norræn sumarnámskeið í listvefnaði. (Menningarmálanefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess
— að ráðherranefnd Norðurlanda láti kanna möguleika þess að haldin verði norræn sumarnámskeið fyrir veflistamenn.

Tilmæli nr. 26/1992 um norrænt samstarf félaga áhugaleikara. (Menningarmálanefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að styðja þær áætlanir sem lagðar eru fram í tillögunni og taka jafnframt tillit til eftirgreindra sjónarmiða nefndarinnar:
1. menningarmálanefnd styður þingmannatillöguna sem hefur það markmið að auka möguleika ófélagsbundinna áhugamannahópa á þátttöku í norrænu menningarsamstarfi,
2. menningarmálanefnd leggur til að verkefnið verði styrkt í þrjú ár og vekur athygli á að búist er við að verkefnið verði fjárhagslega sjálfbært að þeim tíma liðnum,
3. menningarmálanefnd leggur áherslu á mikilvægi náins samstarfs við þau áhugamannasamtök sem eiga aðild að Norræna áhugamannaleikhúsráðinu.

Tilmæli nr. 27/1992 um aukið norrænt dagskrárefni í hljóðvarpi og sjónvarpi á Norðurlöndum. (Menningarmálanefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að taka eins skjótt og auðið er ákvörðun um aukin skipti á norrænu hljóðvarps- og sjónvarpsefni. Í því sambandi er rétt að kanna þýðingu þess hve evrópskir sjónvarpshnettir eru orðnir öflugir.

Tilmæli nr. 28/1992 um starfsáætlun um fullorðinsfræðslu VOKS FREM (1992–1996). (Menningarmálanefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess
— að ráðherranefnd Norðurlanda samþykki norræna starfsáætlun um aukna fullorðinsfræðslu, VOKS FREM (1992–1996), í samræmi við ráðherranefndartillögu B124/k og með tilliti til sjónarmiða menningarmálanefndar.

Tilmæli nr. 29/1992 um eftirlitsstörf fjárlaganefndar. (Fjárlaganefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún taki í störfum sínum tillit til þeirra sjónarmiða sem fjárlaganefnd setti fram í yfirliti um eftirlitsstörf sín árið 1991 og gefi skýrslu til fjárlaganefndar um hvaða aðgerðir hafi af því leitt,
— að hún hafi eftirfarandi í huga við mat á BRYT-verkefninu:
  — Meiri áhersla verði lögð á undirbúning norrænna samstarfsverkefna og að markmið, forgangsröðun og fjárhagsleg og pólítísk ábyrgð verði skilgreind. Forkönnun fari fram áður en ákvörðun er tekin um viðameiri norræn samstarfsverkefni.
  — Tillit verði tekið til mikilvægis þess að ráðnir séu hæfir og áhugasamir verkefnisstjórar og reynt að koma á þjálfun í einhverju formi í norrænni verkefnisstjórn.
  — Að eftirgreindar ráðstafanir verði gerðar í tengslum við könnun á því hvað felist í ábyrgð vinnuveitanda:

Kannað verði hvort í vinnuveitandaábyrgð felist það sama alls staðar á Norðurlöndum, hvort inntak ábyrgðarinnar sé lögfest eða samningsbundið og hvort sú lögfesting eða samningsbinding á vinnuveitendaábyrgð taki til norrænna stofnana.

Gerð verði sérstök könnun á ráðningasamningum og réttarstöðu starfsmanna norrænna stofnana.

Tilmæli nr. 30/1992 um sameiginlega sendifulltrúa norrænu ríkjanna í vissum nýstofnuðum ríkjum. (Forsætisnefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir norrænu ríkjanna

— að þær vinni að aukinni samræmingu varðandi sendifulltrúa sína í vissum nýstofnuðum ríkjum.

Tilmæli nr. 31/1992 um samstarf á heimskautasvæðinu. (Forsætisnefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún hafi frumkvæði um víðtækt samstarf norrænu ríkisstjórnanna um málefni heimskautasvæðisins.

Tilmæli nr. 32/1992 um Norðurlönd í nýrri Evrópu. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda og ríkisstjórnir norrænu ríkjanna

Norðurlönd í Evrópu

— að þau kanni möguleika og afleiðingar þess fyrir norrænt samstarf að öll eða flest Norðurlönd gangi í EB,

— að þau með endurskoðun á Helsinki-samningnum í þeim samningum um aðild að EB, sem standa fyrir dyrum, og í tvíhliða samningum landanna við EB móti skýra stefnu um hvernig samræming á svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda við þá samrunaþróun, sem á sér stað í Evrópu, geti orðið á þann veg að tryggðir séu möguleikar ákveðinnar og metnaðarfullrar þróunar svæðisbundins norræns samstarfs,

— að þau vinni að samræmingu evrópskra reglna um stefnu í vinnumarkaðsmálum í því skyni að full atvinna sé tryggð og umhverfissjónarmiða, öryggis á vinnustöðum, jafnréttissjónarmiða og félagslegs öryggis sé gætt,

— að þau vinni að því að auka á evrópskum vettvangi skilning á og stuðning við norrænar hugmyndir um markmið í þjóðfélagsmálum (den nordiske samfundsmodel) m.a. markmiðið um fulla atvinnu, jafnrétti, umbætur á umhverfissviði og varðandi vinnuumhverfi, félagslegt jafnrétti og velferð í þeim tilgangi að unnið verði að samræmingu sameiginlegra evrópskra reglna um þessi mál,

— að þau láti fara fram athugun á því hvernig best verði staðið að upplýsinga- og kynningarstarfinu í Brussel t.d. með stofnun norrænnar upplýsingaskrifstofu,

— að þau efli samstarfið um utanríkismál á þeim sviðum þar sem hagsmunir falla saman innan ramma hins formlega norræna samstarfs,

— að þau hafi samstarf í utanríkismálum um sameiginlega afstöðu í Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum sérstaklega á sviði þróunar- og umhverfismála.

Samstarf Norðurlanda innbyrðis

— að þau geri að forgangsverkefni að tryggja fulla atvinnu,
— að þau veiti eftirleiðis sem hingað til norrænu samstarfi á sviði menningar- og menntunarmála, rannsókna, umhverfismála, jafnréttismála, neytendamála og félagsmála forgang,
— að þau vinni að norrænni samstarfsáætlun um atvinnumál sem sé m.a. til þess fallin að samræma og styrkja aðgerðir í atvinnumálum, innra skipulag, samgöngur og upplýsingastreymi á Norðurlöndum og hafi það að markmiði að styrkja efnahag og atvinnuástand á Norðurlöndum,
— að þau auki samstarf sitt um „frelsin fjögur" í því skyni að Norðurlönd verði án landamæra innan ramma EES-samningsins og síðar EB-samningsins hvað varðar öll eða flest norrænu ríkin,
— að farið verði með náttúruauðlindirnar í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun.

Eystrasaltið — Eystrasaltsríkin

— að þau þrói samstarfið á Eystrasaltssvæðinu og Norðurkollusvæðinu og leggi aðaláherslu á umhverfismál, sjálfbæra þróun og aðgerðir í atvinnumálum þannig að þetta samstarf verði hluti af víðtæku norðurevrópsku samstarfssvæði.

Breytingar á skipulagi norræns samstarfs

— að auka þingleg áhrif hins norræna samstarfs með skýrari pólitískri stefnumörkun, breytingum á skipulagi starfs Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar og með því að ráðherranefndin skipuleggi samstarfið þannig að ráðið fái áhrif á ákvarðanatökuna,
— að þau hafi frumkvæði um breytingar á Helsinki-samningum í ljósi samrunaþróunarinnar í Evrópu og nauðsynjar þess að styrkja og lífga norrænt samstarf og að þau hafi í því starfi að leiðarljósi að gera aðalmarkmiðin ljósari, styrkja stofnanirnar og að skapa umgjörð um framsæknara norrænt samstarf en raun hefur verið undanfarið,
— að þau, vegna þeirra markmiða og verkefna sem ákveðin hafa verið, undirbúi breytingar á skipulagi stofnana hins norræna samstarfs,
— að þau í tengslum við þetta og í samráði við Norðurlandaráð hugleiði mögulegar breytingar á skipulagi samstarfsins þar á meðal að halda fleiri en styttri árleg þing; að formennsku í ráðherranefnd fylgi aukin völd; að skipt verði um formann á hálfs árs fresti; að norrænt flokkspólitískt samstarf flokka með samsvarandi markmið verði styrkt; að stjórnmálamenn, sem sinna Evrópumálum, skuli sitja í Norðurlandaráði; að Norðurlandaráð fái meiri áhrif á norrænu fjárlögin og að undirbúin verði eins skynsamleg samræming á störfum skrifstofa Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og unnt er,
— að hagsmuna Vestur-Norðurlanda verði gætt við endurskoðun á skipulagi samstarfsins.

Framhald starfsins

— að ráðherranefndin breyti og þrói drögin að áætlun í samræmi við tillögur ráðsins og í ljósi hugmynda forsætisráðherranna.

Lögð voru fyrir þingið til atkvæða þrjú minnihlutaálit. Minnihlutaálit nr. 1 frá sósíaldemókrötum í efnahagsmálanefnd var samþykkt og fellt inn í tilmæli þau sem samþykkt voru (sjá 4. lið tilmælanna hér að framan).

Minnihlutaálit nr. 2 frá fulltrúa flokkahóps frjálslyndra í efnahagsmálanefnd, Carl I. Hagen, var fellt. Það er svohljóðandi:

Minni hlutinn mælist til þess við Norðurlandaráð

— að starfsemi Norðurlandaráðs verði lögð niður fyrir árið 1996. Ráðið biður forsætisnefnd og skrifstofu forsætisnefndar að undirbúa áætlun um framkvæmdina sem lögð verði fyrir 41. þing ráðsins.

— Minni hlutinn mælist og til að ráðið samþykki að leggja til við ráðherranefnd Norðurlanda að hún haldi áfram að vinna að því að norrænt samstarf renni saman við samstarfið í Evrópubandalaginu.

Minnihlutaálit nr. 3 frá fulltrúa flokkahóps vinstri sósíalista í efnahagsmálanefnd, Hjörleifi Guttormssyni, var fellt. Það er svohljóðandi:

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda og ríkisstjórnir Norðurlanda

1. Að þær leggi áherslu á að styrkja norrænt samstarf án tillits til tengingar landanna við EB. Það getur ekki verið hlutverk Norðurlandaráðs að fella störf sín í aðalatriðum að Evrópubandalaginu eða minnka hlutverk sitt í að verða norrænt útibú í Brussel.
2. Að þær veiti eftirgreindum samstarfssviðum forgang innan vettvangs norræns samstarfs
   — menningarmálum
   — umhverfismálum
   — atvinnumálum
   — málefnum er varða réttindi norrænna borgara
   — málefnum varðandi Evrópustefnu.
3. Að þær auki áhrif þingmanna á norrænt samstarf með því að setja sér skýrari norræn pólitísk markmið. Ráðherranefndinni ber að skipuleggja samstarfið þannig að Norðurlandaráð fái raunveruleg áhrif á ákvarðanatökuna.
4. Að þær geri norrænar samstarfsáætlanir á ýmsum pólitískt mikilvægum sviðum, m.a. atvinnumálasviði, varðandi innra skipulag samgöngumála, heilbrigðis- og félagsmálasviði og um samstarf við Eystrasaltsríkin og svæðin á Kolaskaga.
5. Að þær styrki utanríkismálasamstarfið þar sem hagsmunir eru sameiginlegir.
6. Að þær komi á þeirri skipan að ráðherranefndin safni stefnuáætlunum sínum í eitt skjal, t.d. C2-skjalið, til að auðvelda yfirsýn og setja pólitíska umræðu um þróun norræns samstarfs í brennidepil.
7. Að þær kanni áhrif þess fyrir norrænt samstarf að fleiri norræn lönd gerist aðilar að EB en önnur standi samt utan við.
8. Sem afleiðing þess að norrænt samstarf verði styrkt þarf að hækka fjárveitingar til samstarfsins á næstu árum og ráðið á að vinna að því að ábyrgð þess á fjárlagagerðinni aukist.

Yfirlýsingar Norðurlandaráðs.

1. Yfirlýsing Norðurlandaráðs um ársskýrslu ráðherranefndar Norðurlanda um norrænt samstarf liðins árs (C1). (Fjárlaganefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún veiti því athygli að þegar samstarfsáætluninni um efnahagsmál lýkur getur orðið erfiðleikum bundið að fjármagna jafnvel starfsemi sem nýtur forgangs, t.d. um-

hverfissamstarf við Austur-Evrópu, samstarf um atvinnumál og hluta starfsins að samræmingu staðla,
— að hún hugleiði vel bæði fjárhagslegar og starfslegar afleiðingar þess að flytja frá skrifstofu ráðherranefndarinnar framkvæmd og umsjón með styrkveitingum og stuðningsaðgerðum,
— að hún gefi Norðurlandaráði færi á að tjá sig áður en ákvörðun verður tekin um flutning á starfsemi Norræna menningarsjóðsins frá skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda,
— að hún taki tillit til sjónarmiða fjárlaganefndar og annarra nefnda Norðurlandaráðs.

2. *Yfirlýsing Norðurlandaráðs um skýrslu ráðherranefndar Norðurlanda um starfsáætlun næstu ára (C2). (Fjárlaganefnd.)*
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún vinni að því að menningarsamstarfið verði einnig eftirleiðis mikilvægur þáttur norræns samstarfs,
— að hún gefi starfi að umhverfisvernd í víðri merkingu forgang og hugi sérstaklega að aðgerðum gegn mengun í Eystrasalti og Norðursjó,
— að hún vinni að orkusparnaði heimilanna sem getur leitt til betri nýtingar á hinum endurnýjanlegu orkugjöfum,
— að hún stefni að því að auka hagvöxt á Norðurlöndum í heild með því að bæta samkeppnishæfni þeirra og gefa sérstakan gaum að þýðingu rannsókna, einkum á sviði iðntækni,
— að hún stuðli að sjálfbærri efnahagsþróun sem sé til þess fallin að tryggja og þróa velferð og velmegun á Norðurlöndum,
— að hún stuðli að auknu norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi,
— að hún taki tillit til þess sambands sem er milli þess fjármagns sem er til ráðstöfunar samkvæmt fjárlögunum og þeirra verkefna sem framkvæma á,
— að hún taki tillit til þeirra sérstöku vandamála sem við er að stríða á Vestur-Norðurlöndum þegar ákvörðun verður tekin um nýtingu þeirra fjármuna af tekjuafgangi ársins 1990 sem ákveðið hefur verið að verja til styrktar Vestnorrænu samstarfi,
— að hefja nú þegar skipulagningu samstarfs við Eystrasaltsríkin bæði sem heild og við þau hvert um sig,
— að hún taki tillit til þeirra sjónarmiða sem nefndir ráðsins hafa sett fram þegar verkefnum verður forgangsraðað.

Ákvarðanir sem varða innra starf ráðsins.

1. *Starfsreglur fyrir fjárlaganefnd Norðurlandaráðs. (Fjárlaganefnd.)*
Norðurlandaráð felur fjárlaganefnd að rannsaka árlega ársuppgjör forsætisnefndar Norðurlandaráðs og skýrslu endurskoðenda ráðsins og leggja síðan uppgjörið og skýrsluna fyrir þing ráðsins til ákvörðunar.

2. *Fjármögnun samstarfsins á heimskautssvæðinu. (Forsætisnefnd.)*
Norðurlandaráð leggur til hliðar fjármuni til þróunar á samstarfi á heimskautssvæðinu.

3. Fjölþjóðaráðstefna um samstarf á heimskautssvæðinu. (Forsætisnefnd.)

Norðurlandaráð ákveður að halda fjölþjóðaráðstefnu sem fyrsta skref í átt að auknu samstarfi á heimskautssvæðinu.

Tilmæli samþykkt á 41. þingi Norðurlandaráðs.

Tilmæli nr. 33/1992 um fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda árið 1993. (Fjárlaganefnd.)

Með tilliti til þeirrar umfjöllunar sem farið hefur fram um norrænu fjárlagatillögurnar hefði verið eðlilegt að leggja til að tillögurnar yrðu endurunnar áður en þær kæmu til atkvæða, enda íhugaði fjárlaganefnd alvarlega tilmæli þess efnis. Niðurstaðan varð þó sú að ekki hefði verið möguleiki á að fá slíkt framkvæmt.

Heildarmat á aðstæðum hefur því leitt til að fjárlaganefnd hefur neyðst til að taka við fjárlagatillögunni en byggir þá afstöðu sína á þeirri forsendu að næsta fjárlagatillaga verði í samræmi við það sem komið hefur fram í viðræðum við samstarfsráðherra.

Með vísan til ofanritaðs leggur nefndin til að Norðurlandaráð samþykki eftirfarandi:

Norðurlandaráð, sem lýsir sig samþykkt því sem að ofan greinir, afhendir ráðherranefnd Norðurlanda nefndarálit fjárlaganefndar.

Tilmæli nr. 34/1992 um hagsmuni sama í tengslum við norrænt ferðamálaátak. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að tillit verði ætíð tekið til hagsmuna sama þegar efnt er til norræns ferðamálaátaks.

Tilmæli nr. 35/1992 um norrænt samstarf um stefnu í orku- og umhverfismálum. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ráðherranefndar Norðurlanda

— að láta gera norræna umhverfis- og orkumálaskýrslu um það hvað líði framkvæmd markmiða þeirra sem sett hafa verið fram. Jafnframt verði útskýrt í hverju erfiðleikarnir liggi og lagðar fram tillögur um aukið norrænt samstarf á þessu sviði, og sérstaklega greint frá, hver sé framtíð norræna raforkumarkaðarins og samstarfsins við önnur ríki sem liggja að Eystrasaltinu.

Tilmæli nr. 36/1992 um samstarf í þróunarmálum. (Efnahagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda og ráðherranefnd Norðurlanda

— að þær vinni að aukinni samræmingu á norrænni þróunaraðstoð og auknu samstarfi norrænna hjálparstöðva,

— að þær vinni að því að sendifulltrúar norrænu ríkjanna aðstoði fulltrúa norrænu hjálparstofnananna eftir þörfum þegar þess er óskað.

Tilmæli nr. 37/1992 um reiknilíkan til að meta ólaunuð störf. (Laganefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún sjái til þess að haldið verði áfram að vinna að því að gera innbyrðis sambærilegar rannsóknir á því hvernig fólk ver tíma sínum,

— að hún setji á stofn vinnuhóp til að kanna möguleika þess að búa til reiknilíkan,

— að hún samræmi ofangreind störf við þau störf sem unnin eru í Evrópubandalagsríkjunum,

— að hún fylgist með þeirri þróun sem á sér stað í OECD og hjá SÞ varðandi mat á ólaunuðum störfum og samhenginu við þjóðhagsreikning,
— að hún sjái til þess að sú þekking, sem fyrir hendi er í formi rannsóknaniðurstaða, nýtist og að metið verði hvernig reiknilíkanið gæti nýst,
— að hún kynni fyrsta hluta rannsóknarinnar í tengslum við Nordisk Forum 1994.

Tilmæli nr. 38/1992 um kennslu í heimilisfræðum í Eystrasaltsríkjunum. (Menningarmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún feli Norræna heimilisfræðaháskólanum að skipuleggja verkefni um þróun kennslu í heimilisfræðum í Eystrasaltsríkjunum með fjárstuðningi norrænu Eystrasaltsríkjaáætlunarinnar.

Tilmæli nr. 39/1992 um stuðning við norrænt samstarf áhugamannasamtaka. (Menningarmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún styðji samstarf áhugamannasamtaka í því skyni að nýta það í hinu opinbera norræna samstarfi eftir 1992.

Tilmæli nr. 40/1992 um að gera NORDJOBB að föstu verkefni. (Menningarmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún taki tafarlaust ákvörðun um að gera NORDJOBB-verkefnið að föstu verkefni og tryggi grundvöll þess eftir lok reynslutímabilsins.

Tilmæli nr. 41/1992 um hækkun verðlaunaupphæðar bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. (Menningarmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að upphæð bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs verði hækkuð í 200.000 danskar krónur hver frá og með árinu 1993,
— að verðlaunin verði í náinni framtíð hækkuð það mikið að þau samsvari því sem þau voru í upphafi.

Tilmæli nr. 42/1992 um aðgerðir til hjálpar þeim þjóðfélagshópum sem eru félagslega illa settir. (Félagsmálanefnd.)

Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún láti kanna stærð og kjör þeirra þjóðfélagshópa á Norðurlöndum sem eru félagslega illa staddir og að hún kynni niðurstöðurnar í því skyni að gripið verði til aðgerða til að bæta kjör þeirra.

Tilmæli nr. 43/1992 um jafnrétti hvað varðar heilsufarsástand og lífskjör. (Félagsmálanefnd).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda
— að þær grípi til aðgerða til að ná þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett um jafnrétti hvað varðar heilsufarsástand og lífskjör.

Tilmæli nr. 44/1992 um norræna vinnuréttinn og Evrópubandalagið. (Félagsmálanefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda og ríkisstjórnar Norðurlanda
— að þær stuðli að því að tryggja að meginreglur norræna vinnumarkaðarins og norræna vinnuréttarins standi bæði innan ramma EES-samningsins og innan Evrópubandalagsins í því falli að um aðild einstakra Norðurlanda að Evrópubandalaginu verði að ræða.

Tilmæli nr. 45/1992 um starfsáætlun um að gætur verði hafðar á að umhverfiskröfur séu virtar. (Umhverfisnefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún samþykki starfsáætlun um að þróaðar verði sameiginlegar norrænar aðferðir og kerfi til að fylgjast með, þegar til lengri tíma er litið, að farið sé að umhverfiskröfum í samræmi við ráðherranefndartillögu B131/m og með tilliti til sjónarmiða umhverfisnefndar um þetta.

Tilmæli nr. 46/1992 um alþjóðlegar hegðunarreglur á sviði umhverfismála. (Umhverfisnefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún undirbúi sameiginlega norræna tillögu og skipuleggi aðgerðir til að koma á alþjóðlegum hegðurnarreglum á sviði umhverfismála jafnframt því sem hún vinni að því á alþjóðavettvangi að dagskrárliður 21 og þeir alþjóðasáttmálar, sem samþykktir voru á Ríó-ráðstefnunni, komist til framkvæmda.

Tilmæli nr. 47/1992 um öryggi á sviði kjarorkumála á Norðurslóðum. (Umhverfisnefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda
— að hún fylgi eftir og samræmi norrænar aðgerðir og taki frumkvæði varðandi öryggi á sviði kjarnorkumála innan ramma þess alþjóðlega samstarfs sem er fyrir hendi,
— að hún ljúki vinnunni við að minnka áhættu þá sem fylgir notkun kjarnorkuknúinna skipa; kjarnaefnum sem geymd eru í skipum og sem losuð er í Íshafið,
— að hún haldi áfram að leitast við að koma á bindandi alþjóðlegum samningum um öryggi á sviði kjarnorkumála og meðferð kjarnorkuúrgangs frá hernaðarlegri og allri annarri starfsemi.

Tilmæli nr. 48/1992 um takmarkanir á útflutningi úrgangs sem er hættulegur umhverfi. (Umhverfisnefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda
— að þær banni þegar í stað útflutning úrgangs sem er hættulegur umhverfi án tillits til markmiðs og láti bannið taka bæði til endurvinnslu og til utflutnings til landa sem stand utan OECD,
— að þær vinni innan ramma Basel-sáttmálans að því að koma á bindandi banni gegn útflutningi úrgangs sem er hættulegur umhverfi frá OECD-löndunum til þeirra landa sem standa utan OECD.

Tilmæli nr. 49/1992 um verndun friðaðra fuglategunda. (Umhverfisnefnd.)
Norðurlandaráð mælist til þess við ráðherranefnd Norðurlanda

— að hún stuðli að því að ríkisstjórnir Norðurlanda taki forustu um að tryggja að ákvæði alþjóðlegra sáttmála um villtar dýrategundir verði uppfyllt af staðfestingarlöndunum,
— að hún stuðli að því að öll lönd fylgi ákvæðum alþjóðlegra sáttmála (sérstaklega Bernar- og Bonn-sáttmálans) um veiðar á friðuðum fuglategundum,
— að hún stuðli að því að reglum Evrópubandalagsins um fuglalíf verði fylgt,
— að hún stuðli að auknum rannsóknum á alþjóðavettvangi á umfangi veiða á farfuglum á Miðjarðarhafssvæðinu og afleiðingum þeirra.

Á fskj. II var birt ályktun þingmannaráðstefnu um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu sem haldin var í Ósló 24. apríl 1992. Um texta ályktunarinnar vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

671. Skýrsla [378. mál]

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1992.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðið og verkaskipting.

Á fundi Alþingis 24. október 1991 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Jón Helgason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. 7. nóvember sama ár kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Steingrím J. Sigfússon formann og Árna Johnsen varaformann.

Kosning til setu í ráðinu fór fram á ný 3. nóvember 1992. Aðalmenn voru þá kosnir þeir sömu og áður að því undanskildu að Karl Steinar Guðnason var kosinn í stað Rannveigar Guðmundsdóttur og Sigbjörn Gunnarsson var kosinn varamaður.

Á fundi í Íslandsdeild ráðsins 18. janúar 1993 var Árni Johnsen kosinn formaður og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir varaformaður deildarinnar.

2. Vestnorrænt ár 1992.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti á ársfundi sínum sumarið 1989 í Stykkishólmi að leggja til að árið 1992 yrði sérstakt vestnorrænt ár. Í tilefni þess voru í samræmi við tilmæli frá þingmannaráðinu til ríkisstjórna vestnorrænu landanna haldnar þrjár vestnorrænar ráðstefnur árið 1992, ein í hverju landi, og gefinn út af Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins kynningarbæklingur um Vestur-Norðurlönd og vestnorrænt samstarf.

2.1.

Fyrsta ráðstefnan, *vestnorrænt kvennaþing*, var haldin á Egilsstöðum dagana 20.–23. ágúst. Undirbúningur og framkvæmd þingsins var í höndum undirbúningsnefndar sem félagsmálaráðherra skipaði, en formaður nefndarinnar var Ragnheiður Harðardóttir. Guðrún Ágústsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri. Einnig var skipuð framkvæmdanefnd fyrir Austurland og sérstakur starfsmaður tímabundið á Egilsstöðum. Um 350 konur sóttu

þingið og voru 48 þeirra frá Grænlandi og 63 frá Færeyjum.

Yfirskrift þingsins var vinnumarkaðurinn og var þar fjallað um vinnumarkaðinn, menntun og félagslega stöðu, möguleika kvenna til áhrifa í samfélaginu, hafið, sjávarútveg og umhverfismál.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra setti þingið og á eftir setningarathöfn hófst fjölbreytt dagskrá með þátttöku kvenna frá löndunum þremur. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir flutti ávarp frá Vestnorræna þingmannaráðinu en auk hennar sóttu þingið af hálfu Vestnorræna þingmannaráðsins formaður þess Steingrímur J. Sigfússon og Rannveig Guðmundsdóttir. Upphafleg fjárhagsáætlun hljóðaði upp á tæplega 5 millj. kr. og mun kostnaður við þinghaldið hafa rúmast innan þess ramma. Af fjárlögum ársins 1992 fengust 3,2 millj. kr. en auk þess veittu Vestnorræni sjóðurinn, menntamálaráðuneytið og fleiri aðilar styrki.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins var í góðu sambandi við formann og framkvæmdastjóra kvennaþingsins sem komu m.a. til funda við deildina bæði fyrir og eftir þingið. Þingið þótti hafa tekist í alla staði vel og er það álit Íslandsdeildar að rétt sé að framhald verði á því samstarfi sem hófst á þinginu og að eðlilegt sé að því verði haldið áfram í vestnorrænum vinnuhópi, skipuðum t.d. tveimur fulltrúum frá hverju landi, enda lagði kvennaþingið á Egilsstöðum til að annað slíkt þing yrði haldið 1995.

Íslandsdeild mun fylgja máli þessu eftir við félagsmálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda.

2.2.

Önnur ráðstefnan, *um umhverfismál,* var haldin í Qaqortoq á Suður-Grænlandi 6.–11. ágúst. Hana sótti Árni Johnsen f.h. Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins. Ályktun ráðstefnunnar fylgir skýrslu þessari sem fskj. I.

2.3.

Þriðja ráðstefnan, *vestnorrænt ungmennaþing*, var haldin í Færeyjum 12.–14. september. Hana sótti Steingrímur J. Sigfússon f.h. Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Ályktun, sem samþykkt var á þinginu, fylgir sem fskj. II.

2.4.

Í tilefni Vestnorræna ársins gaf Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins út *kynningarbækling um vestnorrænt samstarf og Vestur-Norðurlönd* í 1.700 eintökum. Bæklingnum var m.a. dreift til allra grunnskóla landsins, allra kennslubókahöfunda, Námsgagnastofnunar, allra sveitarfélaga landsins og Ferðamálaráðs. Einnig var bæklingurinn þýddur á dönsku og Færeyingum og Grænlendingum boðið handritið til útgáfu. Bæklingnum var vel tekið og er augljóst að skortur er á kynningarefni um Vestur-Norðurlönd og samstarf þeirra.

3. Áttundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins.

Áttundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn á Akureyri 15. júní 1992 og sóttu hann 14 þingmenn frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Allir fulltrúarnir í Íslandsdeild að undanskilinni Rannveigu Guðmundsdóttur sóttu ársfundinn. Auk þess sátu fundinn aðal- og aðstoðarritarar forsætisnefndar Norðurlandaráðs, upplýsingastjóri ráðsins og aðalritari norsku landsdeildar Norðurlandaráðs, en þessir aðilar höfðu beðið um að

fá að fylgjast með störfum ársfundarins vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í Norðurlandaráði og ráðherranefnd Norðurlanda um aukið vestnorrænt samstarf.

Til fundarins var og boðið Jóni Júlíussyni, staðgengli samstarfsráðherra Norðurlanda, sem í fundarhléi skýrði frá tillögum þeim sem lagðar hafa verið fyrir samstarfsráðherrana um styrkingu stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi, fulltrúa vestnorrænu nefndarinnar, Sturlaugi Þorsteinssyni sem skýrði frá störfum nefndarinnar, Steinari Jakobssyni sem skýrði frá stöðu Vestnorræna sjóðsins og Ingu Sólnes sem skýrði frá stöðu vestnorrænna ferðamála.

Steingrímur J. Sigfússon tók við formennsku í þingmannaráðinu af Jonathan Motzfeldt, sem gegnt hafði formennsku síðan á ársfundinum á Grænlandi árið áður.

Ársfundurinn hófst með ávarpi fráfarandi formanns og kjöri nýs formanns. Að því loknu flutti fráfarandi formaður stutta skýrslu um störf ráðsins á árinu og Steingrímur J. Sigfússon nýkjörinn formaður flutti skýrslu um störf Íslandsdeildar ráðsins á árinu. Hann fjallaði auk þess um tillögur sem lagðar hafa verið fyrir ráðherranefnd Norðurlanda um styrkingu vestnorræns samstarfs, umhverfismál, nýtingu auðlinda hafsins og þá erfiðleika sem steðja að sjávarútvegi vestnorrænu landanna.

Að lokinni ræðu nýkjörins formanns hófust almennu umræðurnar með þátttöku flestra þingfulltrúanna og stóðu þær til hádegis. Þá var skipuð vinnunefnd til að undirbúa meðferð fundarins á þeim níu þingmannatillögum sem fyrir þinginu lágu. Að loknu hádegishléi hófst umfjöllun um tillögurnar sem allar voru samþykktar að umfjöllun lokinni. Um efni þeirra vísast til þingsályktunartillögu þeirrar sem lögð var fram á Alþingi 19. febrúar 1993 sem 237. mál.

Að loknum aðalfundinum bauð Akureyrarbær til kvöldverðar en næsta dag bauð Íslandsdeild ráðsins þingfulltrúum í skoðunarferð um Suður-Þingeyjarsýslu.

4. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt sjö fundi á starfsárinu og fjallaði þar m.a. um flugsamgöngur, fiskveiðar og sjávarútvegsmál, NORDPLUS- og NORDJOBB-verkefnin, yfirlýsingu frá Norðurlandaráði Æskunnar og ferð þá sem vestnorrænir þingmenn fóru til funda við umhverfis- og landbúnaðarnefndir þinganna í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

4.1.

Í mars 1992 bauð nefndin Önnu Birnu Halldórsdóttur, markaðsstjóra Flugleiða, til fundar til að fjalla um *flugsamgöngur* við Færeyjar og Grænland í tilefni þess að Grænlandsflug hafði hafið samvinnu við danskt flugfélag um flug til Grænlands. Það hafði leitt til þess að ekki var lengur millilent á Íslandi í flugi milli Grænlands og Danmerkur. Sökum ákvæða í loftferðasamningi Íslands og Danmerkur, sem mjög er kominn til ára sinna, er íslenskum flugfélögum óheimilt að halda uppi áætlunarflugi til Grænlands nema í samvinnu við Grænlandsflug. Af hálfu Íslandsdeildar ráðsins kom fram að núgildandi loftferðasamningur væri óviðunandi þar eð hann veitti ekki gagnkvæm flugréttindi.

Upplýst var á fundinum að Flugleiðir og færeyskt flugfélag ættu í samningaviðræðum um flugsamgöngur milli Færeyja og Íslands.

Til fundar við nefndina 18. febrúar 1993 komu forsvarsmenn flugfélagsins Óðins vegna þeirra rekstrarörðugleika sem félagið hefur átt í. Rætt var um þær alvarlegu afleiðingar sem það hefur fyrir samgöngur milli Íslands og Grænlands að ekki er lengur flogið til Grænlands á vegum félagsins og ákveðið að skýra þessi vandamál í bréfi til Vestnorræna sjóðsins.

4.2.

Fiskveiðar og sjávarútvegsmál voru til umræðu í deildinni, aðallega með tilliti til þess að veiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu voru minnkaðar á árinu, og í kjölfar þess urðu miklar umræður í Færeyjum um málið sem m.a. komu inn á gildi vestnorræns samstarfs. Steingrímur J. Sigfússon skýrði frá því á fundi að hann hafði af því tilefni skrifað grein í færeyska dagblaðið Dimmalætting þar sem hann skýrði ástæður þess að veiðiheimildirnar hefðu minnkað og benti á þá algeru sérstöðu sem Færeyingar hefðu á Íslandsmiðum þrátt fyrir allt.

4.3.

Rætt var um NORDPLUS-nemenda- og -kennaraskiptin og NORDJOBB-vinnumiðlunina fyrir norræna unglinga og upplýsinga aflað um hvernig þeir möguleikar, sem NORDPLUS og NORDJOBB veita, geta nýst til að kynna vestnorrænum unglingum vestnorræn þjóðfélög og lönd. Ráðherranefnd Norðurlanda veitir NORDPLUS-styrki til nemendaskipta á framhaldsskólastigi milli vestnorrænu landanna og annarra norrænna landa eingöngu. Ráðstafað var 160.000 dönskum krónum til verkefnisins árið 1992 og sömu upphæð árið 1993.

Innan NORDPLUS-junior-kerfisins eru veittir styrkir til nemenda- og kennaraskipta í síðustu bekkjum grunnskólans og fyrstu bekkjum framhaldsskólans. Þessir styrkir eru veittir til námsferða milli Íslands annars vegar og Færeyja eða Grænlands hins vegar en ekki til ferða milli Færeyja og Grænlands eða t.d. milli Færeyja og Danmerkur.

Grænlenskum ungmennum var í fyrsta sinn sumarið 1992 gert kleift að sækja um NORDJOBB-sumarstörf á Íslandi en þrír íslenskir unglingar hafa fengið sumarstörf í Færeyjum og sex færeyskir á Íslandi síðustu tvö ár.

Íslandsdeild telur ástæðu til að kanna hvort unnt væri að rýmka heimildir til námsferðastyrkja milli vestnorrænu landanna og til sumarstarfa samkvæmt NORDPLUS.

4.4.

Lögð var fram á fundi deildarinnar í maí 1992 yfirlýsing frá vestnorrænum fulltrúum sem tóku þátt í Norðurlandaráði æskunnar í Esbo í Finnlandi. Þar lýstu þeir stuðningi við vestnorrænt samstarf í ljósi þess að þyngdarpunktur norræns samstarfs hefði flust í suður- og austurátt. Þeir hvöttu því alla sem hlut eiga að máli til að koma með tillögur um hvernig styrkja megi samstarf vestnorrænu landanna og annarra Norðurlanda. Fulltrúarnir þökkuðu sérstaklega Vestnorræna þingmannaráðinu fyrir að hafa átt frumkvæði að vestnorrænu ráðstefnunum þremur.

4.5.

Á fundum deildarinnar var fjallað um ferð þá sem þingmenn frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi fóru til funda við landbúnaðar- og umhverfisnefndir þjóðþinga Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar til að útskýra viðhorf fyrrnefndu þjóðanna til nýtingar auðlinda hafsins. Fulltrúar Alþingis voru Árni R. Árnason og Steingrímur J. Sigfússon. Hópurinn kynnti á fundunum viðhorf íbúa vestnorræna svæðisins til nýtingar náttúruauðlinda og sérstök áhersla var lögð á að grundvallarreglur um sjálfbæra þróun og nýtingu lífrænna auðlinda eigi að gilda um allt lífríkið, sjávarspendýr og fiskstofna ekki síður en annað.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins lýsti ánægju með að förin hefði verið farin og að annar þátttakandinn hefði verið frá deildinni.

4.6.

Ákveðinn hefur verið fundur formanna landsdeilda Vestnorræna þingmannaráðsins í Kaupmannahöfn 5. mars 1993 í tengslum við ferðir sumra þátttakendanna á Norðurlandaráðsþing. Á fundinum verður að venju rætt um undirbúning næsta ársfundar og önnur viðfangsefni sem uppi eru í samstarfinu.

Alþingi, 25. febr. 1993.

Árni Johnsen, form. | Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, varaform. | Jón Helgason.

Rannveig Guðmundsdóttir. | Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Ályktun frá umhverfisráðstefnu Vestur-Norðurlanda í Qaqortoq.
(6.–11. ágúst 1992.)

Á ráðstefnunni var eining um að nauðsyn væri á verndun fiskstofnanna á vestnorræna svæðinu til þess að þeir næðu þeirri stærð að veiðar yrðu hagkvæmar. Norrænt samstarf á þessu sviði er æskilegt bæði í formi tvíhliða samninga og í alþjóðlegum nefndum.

Jafnframt taldi ráðstefnan mikilvægt að unnið væri sameiginlega gegn sjávarmengun sem gæti haft áhrif á stærð fiskstofna og á verðmæti sjávarafurða. Þarna er þörf á samræmingu og samstarfi vestnorrænu landanna til að tryggja áframhaldandi ómengað lífríki sjávar.

Samspil á sér stað í lífríki sjávar og því hafði ráðstefnan þá grundvallarafstöðu að stjórna bæri nýtingu allra stofnanna sameiginlega í stað þess að stjórna nýtingu einstakra stofna án tillits til þess hver áhrifin yrðu á aðra stofna.

Vitað er að menn, selir og hvalir byggja á sömu stofnum sjávarlífvera um fæðuöflun. Jafnframt er vitað að fiskurinn í sjónum og aðrar sjávarlífverur eru forsenda þess að Vestur-Norðurlönd verði áfram byggileg.

Reynslan hefur leitt í ljós að erfitt er að fá umhverfis- og dýraverndunarsamtök til að viðurkenna að einnig geti verið þörf á stjórnun veiða. Ráðstefnan bendir og á að afleiðingar ótímabærra og ómálefnalegra afskipta, í líkingu við þá herferð sem farin var gegn selveiðum, geti verið varhugaverðar.

Því leggur ráðstefnan áherslu á að allar ákvarðanir um nýtingu lífríkis sjávar á Vestur-Norðurlöndum skuli byggðar á alþjóðlegum vísindagrunni auk staðbundinnar reynslu og skuli gögn þar að lútandi vera opinber og aðgengileg á viðkomandi svæðum.

Ráðstefnan lætur í ljós ósk um að veittur verði stuðningur til rannsókna á samspili milli mismunandi tegunda sjávarlífvera og milli þeirra og umhverfisins á Vestur-Norðurlöndum.

Ráðstefnan lýsir áhyggjum af þeim klofningi sem er milli norrænu landanna varðandi nýtingu og stjórnun veiða á sjávarspendýrum.

Með tilliti til þess mælir ráðstefnan með stjórnun sel- og hvalveiða með svæðisbundnum samningum á borð við fyrirhugað samstarf innan Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (North Atlantic Marine Mammal Commission, NAMMCO), sem lýst var á ráðstefnunni, á sama hátt og fiskveiðum er stjórnað í samræmi við dreifræðisregluna (subsidiaritetsprincip) í stað þess að veiðunum sé stjórnað með alþjóðasamningum.

Ráðstefnan lýsir jafnframt áhyggjum vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á afstöðu Evrópubandalagsins til þessara mála. Hér er átt við bannið gegn innflutningi á selskinnum, íhaldssama afstöðu til innflutnings hvalaafurða og ályktun Evrópuþingsins um veiðar Færeyinga á grindhval.

Ráðstefnan hefur í grundvallaratriðum jákvæða afstöðu til nýtingar náttúruauðlinda á Vestur-Norðurlöndum að því tilskildu að nýtingin valdi ekki óásættanlegu umhverfistjóni.

Ráðstefnan er sannfærð um að með eftirliti og stjórnun megi tryggja öryggi við hráefnisvinnslu og nýtingu þannig að sömu kröfum og t.d. í Noregi, Svíþjóð og Kanada sé fylgt um umhverfisvernd.

Ráðstefnan lýsir yfir ánægju með þær rannsóknir sem gerðar eru á Suður-Grænlandi og Íslandi á áhrifum sauðfjárbeitar á gróður og jarðveg. Hún telur æskilegt að sams konar rannsóknir verði gerðar á áhrifum hreindýra- og moskusuxabeitar á þau svæði þar sem þessi dýr halda til.

Unnið verður úr þeim gögnum, sem lögð voru fram á ráðstefnunni, á skrifstofum Vestnorræna þingmannaráðsins m.a. í því skyni að lögð verði fram tilmæli um það sem fjallað var um á ráðstefnunni á næsta þingi Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fskj. II, sem birt var í þingskjalinu (lausaskjalinu), var prentuð ályktun vestnorræns ungmennaþings sem haldið var í Færeyjum 12.–14. september 1992. Um texta ályktunarinnar (á dönsku) vísast til lausaskjalsins.

672. Skýrsla [379. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) fyrir árið 1992.

I. ALMENN STARFSEMI

Á 114. löggjafarþingi í maí 1991 voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA á yfirstandandi kjörtímabili. Vilhjálmur Egilsson var kjörinn formaður deildarinnar. Þórður Bogason frá nefndadeild skrifstofu Alþingis var ritari Íslandsdeildarinnar fram til mánaðamóta september og október 1992, en þá tók við því starfi Belinda Theriault, einnig frá nefndadeildinni.

Vilhjálmur Egilsson gegndi stöðu formanns þingmannanefndar EFTA fram í júní 1992 og hafði þá gegnt því embætti í eitt ár. Hann á nú sæti í forsætisnefnd þingmannanefndarinnar sem fráfarandi formaður.

Hvert EFTA-ríki má senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndarinnar þótt Íslandsdeildin nýti heimildina alla jafna ekki til fulls. Á vegum

þingmannanefndarinnar starfa þrír vinnuhópar, auk dagskrárnefndar. Í vinnuhóp um fjármál situr Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og til vara Guðrún Helgadóttir. Í vinnuhóp um landbúnað og sjávarútveg situr Eyjólfur Konráð Jónsson og til vara Páll Pétursson. Í vinnuhóp um umhverfismál situr Páll Pétursson og til vara Össur Skarphéðinsson.

Umsvif og starfsemi á árinu báru merki þess aukna vægis sem þingmannanefnd EFTA hefur öðlast innan EFTA á undanförnum árum. Meginverkefni nefndarinnar á árinu 1992 voru að fylgjast með framvindu mála varðandi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og vinna að undirbúningi að skipun þingmannanefndar EES í samvinnu við þingmenn Evrópuþingsins, auk þess að treysta og auka samstarf við þingmenn ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem EFTA á samskipti við.

1. Fundur dagskrárnefndar.

Í dagskrárnefnd þingmannanefndarinnar mega sitja tveir fulltrúar frá hverju landi og er hlutverk nefndarinnar, eins og nafnið bendir til, að gera tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar. Dagskrárnefnd hélt sinn fyrsta fund á árinu 7. febrúar 1992 í Genf. Berndt Olof Johansson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, lýsti þar stöðu samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið. Í beinu framhaldi af framsögu hans lýstu einstakir þingmenn afstöðunni til samninganna í sínum löndum. Þá fjallaði Johansson um bréf þingmannanefndarinnar þar sem hún óskaði eftir að fá að ráða nýjan starfsmann með aðsetur í Brussel sem hefði það hlutverk að fylgjast með nefndastörfum Evrópuþingsins. (Þess má geta að síðar var Þórður Bogason frá nefndadeild Alþingis ráðinn til þessa starfs.) Hann skýrði frá því að til stæði að endurskipuleggja skrifstofu EFTA og senda hluta starfsliðsins sem verið hefði í Genf til Brussel.

Síðan var rætt um nauðsyn þess að forsætisnefnd þingmannanefndarinnar færi á fund forseta Evrópuþingsins og leiðtoga helstu stjórnmálahópa skömmu eftir að samningar um EES yrðu undirritaðir. Því næst var rætt um samskipti við Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland og hugsanlega sameiginlega fundi með þingmönnum þessara landa.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Þórður Bogason ritari.

2. Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA með þingmönnum Evrópuþingsins.

12. og 13. mars áttu formenn landsdeilda þingmannanefndarinnar viðræður í Strassborg við ráðamenn í Evrópuþinginu, m.a. Egon Klepsch, forseta þingsins, Willy de Clercq, formann utanríkisviðskiptanefndar, Enrique Baron Crespo, formann utanríkis- og öryggismálanefndar, og formenn stærstu stjórnmálahópa á Evrópuþinginu. Tilgangur ferðarinnar var að kanna afstöðu Evrópuþingmanna til EES-samningsins og að leggja áherslu á mikilvægi samningsins, bæði fyrir ríki EFTA og EB.

3. 26. fundur þingmannanefndarinnar, fundur í vinnuhóp um landbúnað og sjávarútveg og heimsókn til tékkneska þingsins.

Þingmannanefnd EFTA hélt 26. fund sinn í aðalstöðvum EFTA í Genf 16. mars. Sérstakur gestur fundarins var Marcelino Oreja, formaður þeirrar nefndar Evrópuþingsins sem fjallar um málefni stofnana Evrópubandalagsins (Institutional Affairs Committee). Flutti hann erindi um Maastricht-samkomulagið, sérstaklega þá þætti þess er varða Evrópuþingið í Strassborg. Að lokinni framsögu svaraði Oreja fyrirspurnum og átti almennar viðræður við nefndarmenn, m.a. um hugsanlega aðild EFTA-ríkja að EB og vand-

kvæði þess að fjölga aðildarríkjum bandalagsins, áhrif og starfshætti Evrópuþingsins, áhrif héraðsstjórna innan EB og ófullnægjandi áhrif Evrópuþingsins á ákvarðanatökur innan EB.

Á fundinum flutti Vilhjálmur Egilsson, formaður þingmannanefndarinnar, skýrslu um ferð formanna landsdeilda nefndarinnar til Strassborgar. Á fundinum var einnig rætt um dómstóla og réttarfar EES og um fund vinnuhóps þingmannanefndarinnar um landbúnaðarmál sem haldinn hafði verið fyrr um daginn. Að lokum var rætt um viðskipti EFTA og Tékkóslóvakíu. Fundinn sóttu fyrir Íslands hönd Vilhjálmur Egilsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson og Össur Skarphéðinsson.

Strax að loknum fundinum hélt sendinefnd þingmannanefndarinnar til Prag og dvaldist þar 16.–19. mars sl. í boði tékkneska þingsins. Ræddi sendinefndin við tékkneska þingmenn um samskipti EFTA-ríkjanna og Tékkóslóvakíu og hitti einnig Alexander Dubcek, þáverandi forseta þingsins. Fulltrúar Íslands voru Vilhjálmur Egilsson og Guðrún Helgadóttir.

4. *27. fundur þingmannanefndar EFTA, fundur vinnuhóps um landbúnað og sjávarútveg og 8. fundur með ráðherrum EFTA-ráðsins.*

Sú hefð hefur skapast að þingmannanefnd EFTA hittist jafnhliða því sem ráðherrar EFTA-ríkjanna hittast á vorfundi sínum. Við þetta tækifæri halda þingmenn og ráðherrar einnig sameiginlegan fund. Ráðherrafundur EFTA var að þessu sinni haldinn í Reykjavík 20. og 21. maí.

Þingmannanefndin hélt sinn 27. fund 19. maí, sama dag og Alþingi lauk störfum. Á fundinum var fyrst rætt um samning varðandi þingmannanefnd EFTA sem EFTA-ríkin gerðu með sér vegna EES. Mælti þingmannanefndin með því að samningurinn yrði undirritaður en með tveimur breytingum, annars vegar er varðaði áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar og hins vegar varðandi skriflegar fyrirspurnir til ráðherra sem sitja í EFTA-ráðinu.

Næst kynnti Arne Kjellstrand frá skrifstofu EFTA fjárhags- og kostnaðarhlið EES-samningsins fyrir árið 1993.

Á fundinum var rætt um framtíðarverkefni nefndarinnar í ljósi samstarfs EFTA og EB. Formaður nefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, lagði í kynningu sinni áherslu á fimm meginverkefni nefndarinnar: Ráðgjafarhlutverk, umsögn um fjárhagsáætlun EFTA, samstarf við Evrópuþingið, samskipti við þingmenn í þeim löndum sem gert hafa fríverslunarsamning við EFTA og að tryggja upplýsingaflæði til þjóðþinga EFTA-ríkjanna. Ekki var tekin nein ákvörðun á þessum fundi um framtíðarverkefni.

Þingmannanefndin bauð Enrique Baron Crespo, formanni utanríkis- og öryggismálanefndar, að koma á þennan fund til viðræðna um staðfestingu EES-samningsins innan EB. Fjallaði Crespo auk þess um ýmis innri vandamál EB og um hugsanlega aðild nýrra ríkja að bandalaginu.

Daginn eftir hélt vinnuhópur um landbúnað og sjávarútveg fund, en strax að honum loknum hófst 8. fundur þingmannanefndarinnar með ráðherrum EFTA-ráðsins. Á fundinum var rætt um staðfestingu EES-samkomulagsins í ríkjum EB og EFTA og um þá samninga sem EFTA-ríkin hafa gert sín á milli vegna þátttöku þeirra í EES.

Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn, auk ritara.

5. Aðalfundur þingmannanefndar EFTA og 8. fundur þingmannanefndar EFTA með þingmönnum Evrópuþingsins.

Aðalfundur þingmannanefndar EFTA, 28. fundur hennar, var haldinn í Linköping í Svíþjóð dagana 23.–25. júní. Í upphafi fundarins var Nic Grönvall frá Svíþjóð kjörinn formaður nefndarinnar en Inger Pedersen frá Noregi var kjörin varaformaður.

Á fundinum var rætt um stöðu mála hjá EFTA-þingunum varðandi staðfestingu á EES. Einnig var rætt um þau tengsl sem þjóðþingin hafa við þingmenn Evrópuþingsins í Strassborg. Í nokkrum EFTA-ríkjanna hafa þingmenn tekið upp samskipti við skoðanabræður sína á Evrópuþinginu. Fram komu á fundinum nokkrar áhyggjur af því að ekki næðist tilskilinn fjöldi atkvæða er samningurinn yrði borinn undir atkvæði í Evrópuþinginu. Í því skyni að kynna EES fyrir þeim nefndum Evrópuþingsins, sem fjalla um samninginn, var samþykkt að efna til kynningar á samningnum í Brussel seinni hluta septembermánaðar með þátttöku fastanefnda EFTA-ríkjanna í Brussel.

Fráfarandi formaður kynnti á fundinum hugmyndir að framtíðarskipulagi nefndarinnar og verkefnum er varða málefni sem fjallað er um í EES-samningnum. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að stofna tvo vinnuhópa til viðbótar við dagskrárnefnd og vinnuhóp um landbúnað og sjávarútveg, annan um fjármál en hinn um umhverfismál.

Að morgni 24. júní hófst 8. fundur þingmannanefndar EFTA með sendinefnd þingmanna frá Evrópuþinginu í Strassborg. Willy de Clercq, formaður utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins, var formaður sendinefndarinnar. Opnunarávörp fluttu Nikolaus van der Pas frá framkvæmdastjórn EB og Georg Reisch, framkvæmdastjóri EFTA. Í þeim var fjallað um helstu vandamál sem fram komu við EES-samningagerðina og þá vinnu sem fram undan væri við staðfestingu samningsins. Þingmenn EFTA og EB skiptust á skoðunum um EES-samninginn og stækkun EB og áttu viðræður um marga þætti evrópskrar samvinnu.

Þingmennirnir ræddu einnig um þingmannanefnd EES sem tekur við því samstarfi sem þingmannanefnd EFTA hefur átt við þingmenn Evrópuþingsins og þær reglur sem hún á að starfa eftir. Að lokum var rætt um hin efnahagslegu áhrif Maastricht-samkomulagsins sem koma fram í fjárhagsáætlun EB eða hinum svokallaða Delor II pakka.

Auk venjulegra fundarstarfa var þingmönnunum boðið í kynnisferð til SAAB-SCANIA þar sem flugvélaframleiðsla fyrirtækisins var skoðuð. Einnig voru haldnir fyrirlestrar um iðnað og verktakastarfsemi í Evrópu síðasta fundardaginn.

Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar sóttu fundina, auk ritara.

6. Fundur dagskrárnefndar.

Sérstakur fundur dagskrárnefndarinnar var haldinn 7. september í Genf. B.O. Johansson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, skýrði frá stöðu mála varðandi EES-samninginn og stofnun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA-dómstólsins. Einnig var rætt var um ástandið í Júgóslavíu fyrrverandi og ákveðið að biðja EFTA um skýrslu um viðskipti við Slóveníu og Króatíu. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sótti Vilhjálmur Egilsson fundinn.

7. Kynningarfundir þingmannanefndar EFTA fyrir þingmenn Evrópuþingsins og fundur vinnuhóps um landbúnað og sjávarútveg.

Í framhaldi af ákvörðun aðalfundar þingmannanefndarinnar voru haldnir þrír kynningarfundir í Brussel 22.–24. september um EES og sjónarmið EFTA fyrir þá þingmenn Evrópuþingsins sem sæti áttu í nefndum er fjölluðu um EES-samninginn. Tóku fastanefndir EFTA-ríkjanna í Brussel og skrifstofa EFTA þátt í kynningarfundunum ásamt

fulltrúum í þingmannanefndinni. Vilhjálmur Egilsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Páll Pétursson og Þórður Bogason ritari sóttu fundina.

Vinnuhópur um landbúnað og sjávarútveg hélt fund í Brussel 23. september. Rætt var um framtíðarstarf vinnuhópsins, landbúnaðarmál og EES-samninginn, fríverslunarsamninga við lönd utan EFTA og landbúnaðarþátt slíkra samninga, landbúnaðarstefnu EB og stöðu GATT-viðræðnanna. Eyjólfur Konráð Jónsson og Páll Pétursson sóttu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk ritara.

8. Fyrsti fundur vinnuhóps um fjármál.

Fyrsti fundur vinnuhóps um fjármál var haldinn í Genf 12. október 1992. Knut Almestad, formaður undirbúningsnefndar ESA, ræddi hlutverk stofnunarinnar, fjárhagsáætlun 1993 og starfsmannahald. B.O. Johansson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, ræddi við fundarmenn um fjárhagsáætlun EFTA-skrifstofunnar og kostnað vegna EES. Þá var lítillega rætt um fjárhagsáætlun EFTA-dómstólsins. Vinnuhópurinn samþykkti álit á fjárhagsáætlunum EFTA-skrifstofunnar, ESA og EFTA-dómstólsins. Rætt var um að skoða hugsanlegt samstarf við fjármálanefnd EB á næsta ári. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar.

9. Fundur dagskrárnefndar.

Dagskrárnefnd hélt fund 28. október í Strassborg. Rætt var um fjárhagsáætlanir ESA, EFTA-skrifstofunnar og EFTA-dómstólsins, lokaatkvæðagreiðslu um EES í Evrópuþinginu sem fara átti fram síðar um daginn, næsta fund þingmannanefndarinnar og undirbúning hans og þingmannanefnd EES og starfsreglur hennar. Ákveðið var að setja fram fyrstu tillögu þingmannanefndar EFTA á fundi með þingmönnum Evrópuþings í byrjun desember. Fundinn sótti fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson.

10. Fundur dagskrárnefndar, 29. fundur þingmannanefndar EFTA, 9. fundur þingmannanefndar EFTA með þingmönnum Evrópuþingsins, fyrsti fundur vinnuhóps um umhverfismál og annar fundur vinnuhóps um fjármál.

29. fundur þingmannanefndarinnar var haldinn mánudaginn 30. nóvember í Brussel. Dagskrárnefnd hélt stuttan fund áður en fundur þingmannanefndarinnar hófst. Formaður þingmannanefndarinnar, Nic Grönvall, sagði frá ákvörðun dagskrárnefndar um að beina því til ráðherraráðs EFTA að bjóða þjóðþingum EFTA að senda starfsmenn til þjálfunar hjá EFTA í sex til tólf mánuði þar sem þeir fengju tækifæri til að fylgjast með starfi Evrópuþingsins. Gert væri ráð fyrir að þingin tækju þátt í kostnaði af slíkri þjálfun. Umræður urðu um undirbúning starfsreglna þingmannanefndar EES. Skýrt var frá stöðu EES-samningsins í þjóðþingum EFTA-ríkja og í ríkjum EB. Rætt var um EFTA sem hugsanlega biðstofu fyrir ríki Mið- og Austur-Evrópu á leið inn í EB og komu fram misjafnar skoðanir á ágæti þeirrar hugmyndar. Samþykkti nefndin að fordæma grimmdarverk í Júgóslavíu fyrrverandi. Á þessum fundi minntist þingmannanefndin þess að 15 ár voru liðin frá stofnun hennar og af því tilefni voru nokkrir af fyrrverandi formönnum og varaformönnum hennar viðstaddir fundinn.

9. fundur þingmannanefndar EFTA með utanríkisviðskiptanefnd Evrópuþingsins var haldinn mánudaginn 30. nóvember og þriðjudaginn 1. desember. Fyrri daginn var rætt um þær stofnanir sem tengjast EES annars vegar og um Maastricht-samkomulagið og hugsanlega stækkun bandalagsins hins vegar. Seinni daginn var rætt um starfsreglur þingmannanefndar EES og kynnti Vilhjálmur Egilsson sjónarmið EFTA. Síðan kynnti Björn

Tore Godal, viðskiptaráðherra Noregs, samskipti EFTA-ríkja við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Fundina sátu allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar, auk Belindu Theriault ritara.

Þriðjudaginn 1. desember voru haldnir fundir í vinnuhópum þingmannanefndar EFTA um fjármál annars vegar og um umhverfismál hins vegar. Fyrrnefnda fundinn sóttu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Guðrún Helgadóttir og Belinda Theriault ritari. Síðarnefnda fundinn sóttu Páll Pétursson og Össur Skarphéðinsson.

II. ÖNNUR STARFSEMI

Fulltrúar þingmannanefndarinnar tóku þátt í ýmsu samstarfi á árinu með svipuðum hætti og á síðustu árum.

Innan Evrópuþingsins starfar svokallaður Kengúruhópur (The Kangaroo Group, The Movement for Free Movement) sem vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum innan Evrópu. Hefur hópurinn boðið þingmönnum úr þingmannanefnd EFTA að sitja ráðstefnur sínar.

Ráðstefnu Kengúruhópsins um stefnumótun í orkumálum, sem haldin var í París 2. og 3. apríl, sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson.

Ársfundur hópsins var haldinn í London 12. og 13. nóvember og sótti Vilhjálmur Egilsson þann fund.

Þá átti þingmannanefnd EFTA áheyrnarfulltrúa á 40. þingi Norðurlandaráðs sem haldið var 3.–6. mars í Helsinki og á ráðstefnu þingmanna um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu sem haldin var í Ósló 22.–24. apríl.

Alþingi, 26. febr. 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Ey. Kon. Jónsson.	Guðrún Helgadóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Páll Pétursson.	Össur Skarphéðinsson.

673. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]

um stofnun sjávarútvegsskóla.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa sameiningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Skal undirbúningurinn miða að því að skólinn verði til húsa í Sjómannaskólanum í Reykjavík. Stefnt skal að því að skólinn taki til starfa haustið 1994.

Greinargerð.

Þeir skólar, sem nú eru starfandi og annast kennslu og fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir íslenskan sjávarútveg, eru Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Vélskóli Íslands, Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði og Tækniskóli Íslands. Ekki leikur vafi á að allir þessir skól-

ar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að fræða og mennta fólk sem síðar hefur komið til starfa í sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar og því eðlileg krafa að vel sé að fræðslumálum hans búið.

Með lögum nr. 55 15. apríl 1971 var sett heildarlöggjöf um fiskvinnsluskóla. Um starfsemi Stýrimannaskólans í Reykjavík er fjallað í lögum nr. 22 3. maí 1972 og um Vélskóla Íslands í III. kafla laga um vélstjórnarnám, nr. 11 22. apríl 1985. Framangreind lög hafa að geyma ýmis ákvæði um nám og námsskipan. Eru lögin um margt svo nákvæm hvað þessa hluti varðar að ætla má að þau geti verið þrándur í götu breytinga á námi og þess sveigjanleika sem krefjast verður af skólum eigi þeir að þjóna síbreytilegum kröfum atvinnulífsins. Nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans hefur fækkað verulega síðustu árin. Skýringar á þeirri þróun eru margþættar. Nemendum hefur almennt fækkað í hverjum árgangi, áhugi á bóknámi er meiri en á verknámi og fjölbreytileiki náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og þar með samkeppni um nemendur.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands fer fram í Sjómannaskólanum. Þar sem nemendum hefur fækkað á undanförnum árum er húsnæðið stórlega vannýtt sem stendur. Þá er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin þótt almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti verulega bætt nýtingu hússins og kennslukrafta. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórnir skólanna sem einnig eru algjörlega aðskildar. Fiskvinnsluskólinn hefur hingað til starfað í leiguhúsnæði og vegna vannýtingar Sjómannaskólahússins verður ekki annað séð en hæglega megi flytja bóknám Fiskvinnsluskólans þangað. Af þessu verður ráðið að skynsamlegt sé að sameina þessa þrjá skóla í einn skóla á framhaldsskólastigi.

Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það er því mikilvægt að búa vel að menntunarskilyrðum þeirra sem stunda nám á þessu sviði því vaxandi alþjóðleg samkeppni krefst vel menntaðs fólks til starfa, fólks með breiða þekkingu á öllum þáttum sjávarútvegsins allt frá veiðum að markaðs- og sölustarfi.

Með sameiningu þessara skóla gefst kostur á að tvinna saman í heilsteypt sjávarútvegsnám á framhaldsskólastigi þá miklu þekkingu og reynslu sem fyrir er í þeim skólum sem nú starfa á þessu sviði en eru í litlu sem engu samstarfi með þó náskylt nám. Sú þekking, sem til hefur orðið í íslenskum sjávarútvegi, er orðin að útflutningsvöru og mun í framtíðinni geta skapað þjóðinni miklar tekjur. Með sameiningu þessara skóla gefst kjörið tækifæri til að byggja hér upp öflugan alþjóðlegan sjávarútvegsskóla samhliða því að styrkja og efla menntun þess fólks sem vinnur að íslenskum sjávarútvegi.

Í janúarmánuði 1986 komu þáverandi menntamála- og sjávarútvegsráðherrar sér saman um skipun fjögurra manna starfshóps um sjávarútvegsskóla. Hópurinn skilaði áliti sínu í október sama ár og lagði til stofnun slíks skóla. Skýrsla starfshópsins fylgir með þingsályktunartillögu þessari sem fylgiskjal.

Menntamálaráðherra skipaði í janúar sl. nefnd til þess að gera tillögur um hagræðingu í framhaldsskólunum. Nefndin skilaði áliti sínu í mars og komst m.a. að sömu niðurstöðu og fram kom í fyrrgreindu nefndaráliti frá árinu 1986 um að til greina kæmi að sameina áðurnefnda þrjá skóla í einn sjávarútvegsskóla.

Fylgiskjal.

Skýrsla starfshóps um sjávarútvegsskóla.

1. Formáli.

Menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra komu sér saman í janúar sl. um að skipa fjögurra manna starfshóp — tvo frá hvoru ráðuneyti — til að ræða og gera síðan tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi.

Sem fulltrúar menntamálaráðuneytisins voru skipaðir Helgi G. Þórðarson verkfræðingur, formaður hópsins, og Stefán Stefánsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Sem fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins voru skipaðir Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, og Gylfi Gautur Pétursson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Starfsmaður hópsins var ráðinn Lárus Björnsson.

Starfshópurinn hefur heimsótt og rætt við fjölda einstaklinga frá ýmsum samstökum og stofnunum, hérlendis og erlendis, þar á meðal alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá sem tengjast fræðslumálum í sjávarútvegi. Í viðtölum kom í ljós að almennt er mikill áhugi fyrir stofnun sjávarútvegsskóla.

Starfshópurinn hefur kynnt sér skipulag í sjávarútvegsfræðslu í Noregi og Danmörku.

Það er von hópsins að skýrsla þessi veki umræðu um stöðu sjávarútvegsfræðslu á Íslandi og framtíð hennar.

2. Niðurstöður.

Meginniðurstöður starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverkum Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
2. Gildandi lögum um sjávarútvegsfræðslu verði breytt og sett rúm rammalöggjöf er veiti svigrúm fyrir breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins.
3. Sjávarútvegsskólinn verði sérskóli á framhaldsskólastigi og heyri undir menntamálaráðuneytið. Aðfaranám að skólanum og nám á einstökum brautum geti einnig farið fram við aðra framhaldsskóla landsins.
4. Stofnað verði fræðsluráð sjávarútvegsins, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, rannsóknastofnana og ráðuneyta, sem verði stefnumarkandi í fræðslumálum sjávarútvegsins.
5. Sjávarútvegsskólinn fái til umráða húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.
6. Kannað verði mjög vandlega hvort stefnt skuli að því að sjávarútvegsskólinn starfi í þremur önnum, þ.e. haustönn, vetrarönn og sumarönn, og starfi þannig árið um kring.

3. Greinargerð.

A. Núverandi sjávarútvegsfræðsla.

Gildandi lög.

Gildandi lög um fræðslu og atvinnuréttindi í sjávarútvegi eru:

— Lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.
— Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1/1973.
— Lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985.
— Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.
— Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.
— Lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971.
— Lög um Tækniskóla Íslands, nr. 66/1972.

Í framangreindum lögum eru ýmis ítarleg ákvæði um nám og námsskipan. Stofnun sjávarútvegsskóla krefst nýrrar lagasetningar í stað gildandi laga. Gildandi lög eru um margt það nákvæm að ætla má að þau séu þrándur í götu breytinga í námi og þess sveigjanleika sem krefjast verður af skólum er þjóna síbreytilegum þörfum atvinnulífsins. Vegna þessa er lagt til að ný rammalög um sjávarútvegsskóla verði sveigjanleg og að þau rúmi breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífsins og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Skólar sjávarútvegsfræðslunnar heyra nú undir menntamálaráðuneytið og starfa sem sjálfstæðar stofnanir með litlum tengslum eða samstarfi sín á milli. En sem dæmi um tengsl skólanna við atvinnulífið má nefna það að í lögum um þá eru ákvæði um að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi tilnefna fulltrúa í skólanefndirnar. Auk þess tengja starfsþjálfun, svo og ýmis önnur verkefni, skólana sjávarútveginum.

Þróun nemendafjölda.

Verulegur samdráttur hefur orðið á nemendafjölda Vélskólans og Stýrimannaskólans síðustu árin. Á níu árum hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming. Skýringar á þessari þróun eru væntanlega margþættar. Nemendum hefur fækkað í hverjum árgangi. Áhugi á bóknámi er almennt meiri en á verknámi. Fjölbreytileiki náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og jafnframt samkeppnin um nemendur. Nám í Stýrimannaskólanum hefur ekki opna leið til frekara framhaldsnáms í skólakerfinu. Sjávarútvegsnám verður ekki hafið til vegs og virðingar, nema með samstilltu átaki allra sem hlut eiga að máli. Verði skipulagi, stjórnun og námsframboði skólanna breytt þannig að notagildi fyrir atvinnulífið aukist mun eftirspurn eftir fólki með menntun þaðan aukast og aðsóknin væntanlega um leið.

Húsnæði.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík fer fram í húsakynnun á lóð Sjómannaskólans. Eins og fram hefur komið hefur nemendum þessara skóla fækkað um helming á síðustu níu árum. Húsnæðið er því stórlega vannýtt sem

stendur. Auk þess er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin, þó svo að almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti bætt nýtingu hússins og kennslukrafta verulega. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórn skólanna sem er algjörlega aðskilið. Sameiginleg stjórn gæti enn bætt nýtingu húsnæðisins.

Fiskvinnsluskólinn hefur hingað til starfað í leiguhúsnæði, bóknám í Hafnarfirði og verknám í Hafnarfirði og Reykjavík. Vegna vannýtingar Sjómannaskólahússins verður ekki annað séð en að hæglega megi flytja bóknám Fiskvinnsluskólans þangað. Nýtt 1.700 fermetra verknámshús skólans er í byggingu í Hafnarfirði og ætti það að geta þjónað sínu hlutverki samkvæmt áætlun.

Námsgreinar.

Athugun á námsvísum Vélskólans og Stýrimannaskólans leiðir í ljós að hlutfall almennra námsgreina í námsefni þeirra eru 30–45%. Séu inntökuskilyrðin í Fiskvinnsluskólann reiknuð með í námsefni hans eru 50% námsefnisins almennar greinar. Ætla má að kennsla í almennum námsgreinum skólanna þriggja sé að mestu leyti samræmanleg þannig að verulegri hagkvæmni megi ná með sameiningu þeirra. Sameiginlegir þættir sérhæfðs námsefnis skólanna eru nánast engir sem stendur. Hins vegar gæti vægi þeirra aukist við endurskipulagningu námsmarkmiða. Nám í útgerðartækni við rekstrardeild Tækniskóla Íslands er skipulagt sem framhaldsnám fyrir stýrimenn, vélstjóra og fisktækna. Námsefni þessarar námsbrautar á því nánast ekkert sameiginlegt með námsefni hinna skólanna.

B. Stofnun sjávarútvegsskóla.

Hlutverk.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði sjávarútvegsskóli í Reykjvík og taki hann m.a. við hlutverki Stýrimannaskólans í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Skólinn starfi í upphafi í fimm deildum, siglingafræðideild, vélfræðideild, fiskvinnsludeild, fiskeldisdeild og endurmenntunardeild. Þessar tillögur byggir starfshópurinn á ítarlegum viðræðum við alla helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og þá sem tengjast kennslu í sjávarútvegsfræðum.

Hlutverk skólans verði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk. Skólanum verði ætlað að starfa á framhaldsskólastigi og opni brautskráðum nemendum sem það kjósa leið til háskólanáms.

Stjórn og tengsl við atvinnulífið.

Lagt er til að sjávarútvegsskólinn heyri undir menntamálaráðuneytið, enda verði hann sérskóli á framhaldsskólastigi. Starfshópurinn telur óheppilegt fyrir sjávarútveginn að tengsl hans við hið almenna skólakerfi raskist. Tengsl skólans við sjávarútveginn verði tryggð í gegnum fræðsluráð sjávarútvegsins. Fræðsluráð sjávarútvegsins verði faglegur tengiliður milli skólans, atvinnulífsins, rannsóknastofnana sjávarútvegsins, sjávarútvegsráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Sjávarútvegsráðherra skipi formann fræðsluráðsins. Hlutverk fræðsluráðsins verði það að vera menntamálaráðuneytinu til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulags í sjávarútvegsfræðslu. Fræðsluráð sjávarútvegsins veiti umsögn um tillögur að námsskrá í verklegum og bóklegum faggreinum. Árlega skal fræðsluráð sjávarútvegsins gangast fyrir sérstökum fundi um menntamál í sjávarút-

vegi þar sem fram fer almenn umræða um stefnumörkun í fræðslumálum sjávarútvegsins.

Stofnun fræðsluráðs sjávarútvegsins er ekki ný hugmynd, heldur kemur hún m.a. fram í áfangaskýrslu nefndar sem vann að endurskoðun á lögum um Fiskvinnsluskólann.

Menntamálaráðherra skipar sérstaka skólanefnd skólans sem skipuð sé fimm mönnum. Í henni á sæti formaður fræðsluráðs og að auki þrír menn, tilnefndir af fræðsluráði. Skal einn þeirra vera úr röðum skipstjórnarmanna, einn úr röðum vélstjóra og einn úr röðum fiskvinnslumanna. Loks skipar ráðherra einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Skólanefnd markar stefnuna í skólahaldinu og ákveður námsframboð að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Skólanefnd hefur umsjón með og samþykkir fjárlagatillögur og fjárhagsáætlun samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda á hverjum tíma. Nefndin lítur eftir því að rekstur miðist við sértekjur og fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.



Deildir og námsgreinar.

Sjávarútvegsskólinn skal ávallt vera opinn fyrir nýjungum sem fram koma og því sveigjanlegur þannig að hægt sé að taka upp kennslu í nýjum námsgreinum á nýjum námsbrautum eða með stofnun nýrra deilda. Gert er ráð fyrir að umtalsverð skörun geti orðið á námsefni milli deilda og því mikilvægt að samnýta kennslukrafta, kennslutæki og kennsluhúsnæði í þeim tilfellum.

Í samtölum við menn í sjávarútvegi hefur þörf á nýjum námsgreinum oft borið á góma. Helst má nefna stjórnunar- og rekstrarfræði, sölu- og markaðsfræði, haffræði, líffræði sjávar, auðlindanýtingu, umhverfisfræði, veiðarfærafræði og veiðitækni. Mikilvægt er að endurnýjun á námsefni skólans sé stöðug þannig að við skólann sé ávallt kennt það nýjasta og besta sem fram kemur á sviði sjávarútvegsins hverju sinni. Að öðru leyti tekur starfshópurinn ekki afstöðu til þessara kennsluþátta að svo stöddu.

Húsnæði.

Nefndin leggur til að sjávarútvegsskólinn fái til afnota húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Með því að sameina skólana undir einu þaki og undir einni stjórn er stefnt að betri nýtingu húsnæðis, hagkvæmni í kennslu og þar með sparnaði í rekstri skólans.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði í skólana þrjá, sem gert er ráð fyrir að sameinaðir verði í sjávarútvegsskólanum, eru hliðstæð inntökuskilyrðum í framhaldsskóla. Starfshópurinn sér ekki ástæðu til að inntökuskilyrðum verði breytt í hinum nýja skóla frá því sem nú er í þeim skólum sem gert er ráð fyrir að verði sameinaðir. Samt sem áður verður slíkt að vega og meta eftir aðstæðum í hverri grein.

Starfstími skólans.

Hópurinn leggur til að kannað verði mjög nákvæmlega hvort ekki sé hagkvæmt að sjávarútvegsskólinn starfi allt árið. Með því móti má nýta sem best þá fjármuni sem bundnir eru í skólahúsnæði og kennslutækjum. Nemendur munu með þessum hætti koma út í atvinnulífið á mismunandi tímum árs og öflugt námskeiðahald, sem gert er ráð fyrir við skólann, getur farið fram á þeim árstímum er hentugast þykir.

Lokaorð.

Gera má ráð fyrir að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur í stakk búinn til að takast á við verkefni sín. Sérstaklega má nefna þróunarstörf við endurnýjun námsefnis og skipulag nýrra námsbrauta.

Ætla má að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Líklegt er að styrkur og atkvæðamikill sjávarútvegsskóli muni almennt njóta meira álits en minni sérskólar og verða fýsilegri kostur efnilegum nemendum en verið hefur.

674. Svar [345. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Pálmadóttur um ferjuflug.

1. Hver er skilgreining samgönguráðuneytis á „ferjuflugi“?

Ferjuflug er skilgreint þannig: Þegar loftfari er flogið (venjulega án farþega eða farms) milli staða, t.d. til afhendingar nýjum eiganda eða milli viðhaldsstöðvar og heimaflugvallar.

Hvað Ísland varðar er oftast um að ræða flutning á flugvélum milli Norður-Ameríku og Evrópu eða öfugt, og er þá oft millilent hér á landi vegna eldsneytistöku, veðurupplýsinga og hvíldar.

2. *Hversu margar ferjuflugvélar höfðu viðkomu hér á landi á árunum 1988–1992, að báðum árum meðtöldum? Hvaðan komu þær og hvert var för þeirra heitið?*

Flug minni flugvéla, þ.e. flugvéla sem hafa hámarksmassa minni en 5.700 kg, sem hafa viðkomu hér á landi á ferð sinni yfir Atlantshafið, hefur ekki verið sundurliðað eftir tilgangi þess. Um getur verið að ræða ferjuflug, einkaflug, leiguflug eða annað þjónustuflug, en oft er þetta flug í daglegu tali nefnt ferjuflug.

Hér fer á eftir skrá yfir lendingar minni flugvéla sem höfðu viðkomu hér á landi á árunum 1988–1992.

Ár	Reykjavíkur-flugvöllur	Keflavíkur-flugvöllur	Samtals
1988	1.420	854	2.274
1989	1.335	1.174	2.509
1990	1.234	1.402	2.636
1991	1.148	1.401	2.549
1992	1.126	1.231	2.357

Sjaldgæft er að erlendar flugvélar lendi á öðrum flugvöllum landsins í þessu skyni. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um áfangastaði þessara flugvéla í Evrópu eða Norður-Ameríku.

3. *Hafa verið kannaðir möguleikar á því að láta ferjuflugvélar hafa viðkomu á öðrum flugvöllum en í Reykjavík og Keflavík?*

Nei, enda hafa flugmálayfirvöld ekki afskipti af því hvar ferjuflugvélar lenda.

4. *Telur ráðherra flugvöllinn á Rifi geta tekið við ferjuflugvélum? Hvaða nauðsynlegar úrbætur þyrfti að gera á vellinum til að svo mætti verða?*

Flugmálastjórn svarar þessari spurning svo:

„Á Rifsflugvelli eru tvær flugbrautir með bundnu slitlagi, annars vegar 1.000 m löng braut með olíumöl sem slitlag og hins vegar 800 m löng þverbraut með klæðningu sem slitlag. Lengri flugbrautin er búin flugbrautarljósum og aðflugshallaljósum. Aðflug að Rifsflugvelli er gert með hjálp NDB-radíóvita.

Á flugvellinum á Rifi geta minni erlendar flugvélar lent í samræmi við brautarlengdir og burðarþol flugbrautanna.

Þær nauðsynlegu úrbætur sem þyrfti að gera eru eftirfarandi:

Bæta aðflugsbúnað (ILS-blindaðflugsbúnaður). Endurnýja og bæta snjóhreinsibúnað, lengja opnunartíma flugvallarins, koma upp fullkomnari eldsneytisafgreiðslu, tollgæslu, ef ekki er fyrir hendi, og viðunandi hótelaðstöðu, helst sem næst flugvellinum. Þá má einnig gera ráð fyrir að auka þyrfti verulega veðurupplýsingar í grennd við flugvöllinn og bæta veðurmælibúnað.

Þess ber að geta að þótt gerðar væru ofangreindar úrbætur er engin trygging fyrir því að Rifsflugvöllur yrði notaður af erlendum flugmönnum á leið yfir Atlantshafið.“

675. Fyrirspurn [381. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskukennslu fyrir fullorðna nýbúa.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hvernig hefur ráðherra hugsað sér að íslenskukennslu fyrir fullorðna nýbúa verði skipað í framtíðinni? Hefur heildarstefna verið mótuð í því efni?

676. Fyrirspurn [382. mál]

til menntamálaráðherra um námskeið og námsgögn fyrir nýbúabörn.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Mun ráðherra standa fyrir sumarnámskeiðum fyrir nýbúabörn í samvinnu við Reykjavíkurborg á sumri komanda?
2. Hve miklu fé mun ráðherra láta verja til námsgagnagerðar í íslensku fyrir nýbúabörn á árinu 1993?

677. Fyrirspurn [383. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstafanir til að sporna við ólæsi.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Eru í undirbúningi sérstakar ráðstafanir til þess að sporna við vaxandi ólæsi á meðal barna og unglinga og í hverju yrðu slíkar ráðstafanir fólgnar?

678. Fyrirspurn [384. mál]

til menntamálaráðherra um barnasjónvarp.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hver er kostnaður Ríkisútvarpsins á ári af barnasjónvarpi á laugardags- og sunnudagsmorgnum? Hvaða ástæður liggja til grundvallar slíkri tímasetningu barnaefnis í sjónvarpi?

679. Fyrirspurn [385. mál]

til félagsmálaráðherra um leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvernig hefur félagsmálaráðuneytið staðið að kynningu, leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?

680. Fyrirspurn [386. mál]

til félagsmálaráðherra um börn í áhættuhópum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvað líður setningu reglugerðar um fyrirkomulag skráningar barna í áhættuhópum og meðferð upplýsinga, sbr. 20. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og kynningu á efni laganna fyrir barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra?

681. Fyrirspurn [387. mál]

til félagsmálaráðherra um unglingaheimili og meðferðarheimili fyrir börn í erfiðleikum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvaða unglingaheimili og meðferðarheimili eru rekin hér á landi fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992? Hvar á landinu eru þau? Er fyrirhugað að fjölga slíkum heimilum og dreifa þeim víðar um landið?

682. Tillaga til þingsályktunar [388. mál]

um ólympíska hnefaleika.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum fyrir næstkomandi áramót.

Greinargerð.

Allt frá 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Svíþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og gerð var skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hérlendis að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein.

683. Frumvarp til laga [389. mál]

um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra hryggdýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal að auki fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI
Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

2. gr.

Skylt er að fara vel með dýr og forða þeim frá vanlíðan.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu.

Vistarverur dýra skulu vera þrifalegar og hæfilega rúmgóðar. Tryggt skal að dýr hafi hæfilegt frelsi til hreyfinga með hliðsjón af eðlilegum þörfum þeirra samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Frelsi þeirra til hreyfingar má ekki skerða á þann hátt að það valdi þeim þjáningu eða meiðslum.

Haga skal lýsingu, hita, loftræstingu, rakastigi og öðrum aðstæðum í vistarverum dýra í samræmi við þarfir þeirra dýra sem þar eru. Forðast ber óþarfa hávaða.

Haga skal fóðrun og brynningu dýra með þeim hætti að ekki sé hætta á að þau þjáist eða bíði heilsutjón af.

4. gr.

Eigendur eða umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og ástandi svo að komast megi hjá ónauðsynlegri vanlíðan dýranna.

Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum. Áður en slík bú eru tekin í notkun og að minnsta kosti árlega eftir það skal héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoða vistarverur og tæknibúnað sem ætlað er dýrum og fullvissa sig um að hvort tveggja sé í samræmi við lög og reglugerðir.

5. gr.

Að vetri til, þegar búfé er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið, er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu reglulega en daglega eða oftar ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis.

6. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við innilokun dýra í búrum eða þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

Þegar búfé á í hlut skal fara að reglum, settum samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991.

7. gr.

Óheimilt er að hrekkja eða meiða dýr. Þeim skal sýna vægð og nærgætni í brúkun og forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra. Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

8. gr.

Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar.

9. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að stöðva ökutækið strax og ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er.

10. gr.

Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti er honum skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda eða umráðamanni, löggæslumanni eða dýralækni viðvart án tafar. Náist ekki til þessara aðila og sjúkdómur dýrs eða lemstur er tvímælalaust banvænn og dýrið er mjög kvalið er viðkomandi skylt að deyða dýrið eða láta deyða það. Þeim sem deyðir dýr með þessum hætti er skylt að skýra eiganda, umráðamanni eða löggæslumanni frá því svo fljótt sem kostur er.

11. gr.

Ef dýr villast eða strjúka að heiman eða sleppa úr lokuðum girðingum skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Löggæslan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Skal hún þá geyma dýrið í a.m.k. 10 daga og auglýsa það. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Annars skal dýrinu ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttarmál og fjallskil og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum.

12. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

III. KAFLI
Sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

13. gr.

Sérstakt leyfi þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti. Sérstakt leyfi þarf einnig til veiða villtra dýra fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Leyfi skv. 1. mgr. veitir viðkomandi lögreglustjóri. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. mgr. og getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja hæfilega meðferð dýranna, svo sem um aðbúnað þeirra, umhirðu, vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

Óheimilt er að temja dýr til sýnis almenningi eða taka af þeim kvikmyndir ef það veldur þeim sársauka eða ótta.

IV. KAFLI
Aðgerðir á dýrum og aflífun.

14. gr.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó lyfjagjafir í samráði við dýralækni. Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfingu.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna.

15. gr.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör. Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfisráðherra getur sett nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

V. KAFLI
Dýraveiðar.

16. gr.

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Um veiðar einstakra dýrategunda skal fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. KAFLI
Tilraunir á dýrum.

17. gr.

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Umhverfisráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og fulltrúi, tilnefndur af Rannsóknastofnun í siðfræði.

Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi fengið upplýsingar um meðferð tilraunadýra og reglur þar að lútandi.

Einungis má nota lifandi dýr í þessum tilgangi ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. KAFLI
Skipan dýraverndarmála.

18. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Ráðherra til aðstoðar er dýraverndarráð sem umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn er tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Í öllum tilfellum skal skipa annan mann til vara samkvæmt tilnefningu framangreindra félaga og sambanda.

Tillagna eða umsagna dýraverndarráðs skal ætíð leita við setningu reglugerða, leyfisveitinga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd. Ráðinu ber að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarráð skal láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd. Ráðið skal auk þess beita sér fyrir því að auka þekkingu og skilning manna á dýravernd.

Kostnaður vegna starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Í hverju umdæmi héraðsdómstóls, sbr. lög nr. 92/1989, skal skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan nefnda þessara og val manna í þær. Hann setur nefndum starfsreglur.

Dýraverndarnefndir skulu vera almenningi til ráðuneytis í dýraverndarmálum og vera löggæslumönnum til aðstoðar við eftirlit með lögunum. Kostnaður við störf dýraverndarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

20. gr.

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem þess verða varir að tilkynna það til lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralæknis, dýraverndarnefndar eða dýraverndarráðs.

Við eftirlit með lögum þessum er fulltrúa dýraverndarnefndar ásamt héraðsdýralækni eða löggæslumanni heimilt að fara á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara inn í íbúðarhúsnæði án samþykkis umráðamanns nema að fengnum dómsúrskurði.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um minni háttar brot sé að ræða skulu þeir leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri leggja á dagsektir, fyrirskipa úrbætur á kostnað viðkomandi eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir í 4. mgr.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um sé að ræða alvarlegt brot á dýraverndarlögunum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim geta þessir aðilar tekið dýr fyrirvaralaust úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Ber dýraverndarnefnd, héraðsdýralækni eða löggæslu að tilkynna slíkar aðgerðir til lögreglustjóra þegar í stað. Lögreglustjóri skal í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarnefndar og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu löggæslu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Á meðan dýrin eru í vörslu löggæslu er viðkomandi sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé þess ekki kostur skal lögreglustjóri láta bjóða þau upp og selja til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti. Vilji eigandi eða umsjónarmaður dýra, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun skal honum bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki að hald verði lagt á dýrið.

Telji lögreglustjóri það nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur hann fyrirvaralaust svipt, til bráðabirgða, eiganda eða umsjónarmann heimild til að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 24. gr., enda hafi dýraverndarnefnd og/eða héraðsdýralæknir gert tillögur um það. Gildir þessi bráðabirgðaleyfissvipting þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað lögsagnarumdæmi.

Endurgreiðslur vegna útgjalda skv. 20. gr. eru lögtakskræfar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

22. gr.

Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, er unnt að svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Aðili, sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki ákvæði dóms um heimildarsviptingu, skal sæta sektum.

23. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Fremji barn, yngra en 16 ára, brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

24. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI
Brottfallin lög og gildistaka.

25. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, sbr. lög nr. 38/1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er það nú endurflutt með nokkrum breytingum sem fæstar eru þó efnislegar.

Þann 8. ágúst 1991 skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða frumvarp það til laga um dýravernd sem lagt var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1991.

Í nefndina voru skipuð: Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson, veiðistjóri ríkisins, og Sigurður H. Richter dýrafræðingur. Þóri Ibsen, starfsmanni í umhverfisráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á ellefu fundum og skilaði áliti til umhverfisráðherra 27. nóvember 1991. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Aðdragandi frumvarps þessa er orðinn alllangur. Með bréfi 26. febrúar 1974 fól menntamálaráðherra þáverandi dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd, nr. 21/1957, með síðari breytingum. Í september 1981 skiluðu meiri hluti og minni hluti nefndarinnar hvor sínu frumvarpi ásamt greinargerðum. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fram á Alþingi. 28. mars 1983 fól menntamálaráðherra þá nýlega skipaðri dýraverndarnefnd að fjalla að nýju um fyrrgreind frumvörp og semja nýtt. Nefndin skilaði frumvarpi í maí 1986 sem var sent út til umsagnar og var frumvarpinu breytt í framhaldi af því. Þetta frumvarp dýraverndarnefndar frá því í maí 1986 var aldrei lagt fram á Alþingi.

Með lögum nr. 47/1990 voru dýraverndarmálefni lögð til umhverfisráðuneytisins. Hinn 14. ágúst 1990 sendi dýraverndarnefnd umhverfisráðuneytinu endurskoðað frumvarp. Ráðuneytið taldi frumvarpið of viðamikið og að margt í því ætti fremur heima í reglugerð. Í framhaldi af því skilaði nefndin styttri útgáfu af frumvarpinu til ráðherra 6. janúar 1991. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í umhverfisráðuneytinu og var það síðan lagt fram á Alþingi til kynningar skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91. Umhverfisráðherra skipaði nefnd, eins og áður segir, 8. ágúst 1991 til að fara yfir þessa síðustu útgáfu frumvarps til laga um dýravernd.

Sú gerð frumvarpsins, sem hér liggur fyrir, tekur í aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar frá 6. janúar 1991, greinargerð dýraverndarnefndar með frumvarpinu frá 14. maí 1986 og athugasemdum einstakra aðila sem fengið hafa málið til umsagnar.

Núgildandi lög um dýravernd eru lög nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968, um breytingu á þeim lögum, og er frumvarpinu ætlað að koma í þeirra stað. Helstu breytingarnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Þær eru þessar:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.
2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í umdæmi héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1989. Opinberum aðilum er fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð markvissari en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þá er aukið við mörgum nýjum ákvæðum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er gildissvið laganna afmarkað. Lögin taka til allra hryggdýra. Eðlilegt er þó að leggja sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá. Ekki þykir framkvæmanlegt að láta lögin ná til allra dýra þótt augljóslega beri að fara vel með öll dýr og forða þeim frá vanlíðan.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 1. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. núgildandi laga en er nokkru ítarlegri. Ákvæði 1. mgr. um skyldu eigenda eða umráðamanna til að sjá dýrum fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu ber að skoða með tilliti til tegundar viðkomandi dýra, aldurs, aðlögunarhæfni og tamningar.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli og sérlega mikilvæg vegna verksmiðjubúskapar þar sem störf eru í ríkum mæli vélvædd, svo sem í búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðing er meiri er beint eftirlit með líðan einstakra dýra minni. Því er þörf á að setja bein fyrirmæli í lög til að tryggja slíkt eftirlit.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á tæknivæddum stórbúum.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um þarfir búfjár þegar það er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Skylt er að hafa á staðnum vistarverur við hæfi, að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda, og er þá miðað við að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Kveðið er á um reglulegt eftirlit með búfé. Frá fyrra frumvarpi er gerð sú breyting að ekki er krafist daglegs eftirlits nema nauðsyn beri til.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og umhirðu. Setja þarf slíkar reglur í samráði við landbúnaðarráðuneytið, sbr. lög um búfjárhald, nr. 46/1991. Fellt er niður það ákvæði fyrra frumvarps að settar skuli reglur um aðbúnað dýra á tæknivæddum stórbúum, eftirlit með þeim, tæknibúnað og öryggisatriði. Þess í stað er kveðið á um að fara skuli að reglum, settum samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, þegar búfé á í hlut.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um dýravernd. Bætt hefur verið við greinina ákvæði þess efnis að bannað sé að nota deyfilyf, hormóna eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni. Ákvæði þetta var ekki í fyrra frumvarpinu.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. núgildandi laga. Fellt er burt sérákvæði um eyrnamörkun á fé, enda gildir almenna ákvæðið eftir sem áður um mörkun sauðfjár.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um dýravernd og kemur til af því hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, nr. 50 1987.

Um 10. gr.

Greinin samvarar 6. og 16. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum að þeir geri þegar ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast eða strjúka frá heimkynnum sínum. Kveðið er á um heimild löggæslu til að taka þessi dýr í sína vörslu. Það er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttarmál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði. Einnig er minnt á lög um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum þegar búfé á í hlut.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar að verulegu leyti 4. gr. núgildandi laga en er ítarlegri. Dýrahald telst vera í atvinnuskyni ef tekjur af því ná lágmarki virðisaukaskattslaga samkvæmt gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. greinarinnar.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 10. og 11. gr. núgildandi laga. Tekið er fram að ekki þurfi dýralækni til að framkvæma inndælingar með viðurkenndum lyfjum. Nýmæli er að dýralæknum einum skuli heimilt að gelda dýr. Jafnframt er dýralæknum gert skylt að nota deyfilyf eða svefnlyf við allar sársaukafullar aðgerðir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna. Skal þar m.a. kveðið á um lyfjagjöf, geldingar sem framkvæmdar eru af öðrum en dýralæknum og aðgerðir sem óheimilt er að framkvæma á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Þar skal einnig setja fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum, notkun hormóna eða annarra efna sem ætlað er að hafa áhrif á eiginleika dýra í öðrum tilgangi en að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar að mestu 9. gr. núgildandi laga. Umhverfisráðherra er heimilað að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 12. og 13. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 38/1968. Í fyrra frumvarpi var bann lagt við tilraunum með dýr en umhverfisráðherra var þó heimilt að veita undanþágu frá því ákvæði. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að breyta þessu ákvæði þannig að sérstök tilraunadýranefnd geti veitt leyfi til slíkra tilrauna. Þar sem hér er um að ræða sérhæfð og viðkvæm mál, sem valdið geta bitrum deilum eins og erlend dæmi sýna, er eðlilegt að lögfesta ákvæði þess efnis að nefndin skuli skipuð sérfróðum mönnum. Með því að takmarka bannið við tilraunir, sem geta haft í för með sér álag eða þjáningar fyrir tilraunadýr, er fjöldi tilrauna undanþeginn leyfisveitingu og skriffinnsku sem óþörf er vegna dýraverndar, m.a. fóður- og kynbótatilraun-

ir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 17. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað dýraverndarnefndar komi dýraverndarráð til aðgreiningar frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa skv. 19. gr. Hlutverk dýraverndarráðs er sambærilegt hlutverki dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um að störf dýraverndarnefndar skuli vera ólaunuð. Þetta er eðlilegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að starfssvið dýraverndarráðs verði umfangsmeira en dýraverndarnefndar áður.

Um 19. gr.

Stofnun dýraverndarnefnda er nýmæli. Eðlilegt sýnist að miða við að ein dýraverndarnefnd starfi í hverju umdæma héraðsdómstóls eins og þau eru afmörkuð í lögum nr. 92/1989. Þetta er liður í því að bæta og auka eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 14. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er lögð sú skylda á alla sem verða varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila. Í 2., 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimildir dýraverndarnefnda, héraðsdýralækna og löggæslumanna til að grípa til aðgerða vegna brota á lögunum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýravernd.

Helstu breytingar miðað við gildandi lög varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins felast einnig í þessum breytingum og er ákvæði þar að lútandi að finna í 17., 18. og 19. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er um að ræða skipun fimm manna dýraverndarráðs, auk jafnmargra varamanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skipaðar verði átta dýraverndarnefndir, ein í hverju umdæmi héraðsdómstóls. Í þriðja lagi kemur til skipunar tilraunadýranefndar sem í eiga sæti þrír sérfróðir aðilar. Samkvæmt frumvarpinu á kostnaður við dýraverndarráð, dýraverndarnefndir og tilraunadýranefnd að greiðast úr ríkissjóði.

Dýraverndarráði er ætlað að taka við hlutverki núverandi dýraverndarnefndar sem er ólaunuð. Þá verður hlutverk dýraverndarráðs mun víðtækara en hlutverk núverandi dýraverndarnefndar sem gæti leitt til þess að ráða þyrfti starfsmann. Verði sú raunin má ætla að kostnaður við dýraverndarráð geti orðið á bilinu 3–4 millj. kr. hið minnsta.

Dýraverndarnefndir eru ekki starfandi nú samkvæmt gildandi lögum. Ætla má að fulltrúar í hverri nefnd verði að lágmarki þrír og einn til vara. Þannig má reikna með að greiða þurfi um 30 manns þóknun fyrir setu og störf í þessum nefndum. Þá má ætla að ýmis annar kostnaður falli til vegna starfsemi nefndanna en þóknanir nefndarmanna, t.d. ferðakostnaður. Ekki er ólíklegt að kostnaður ríkissjóðs vegna dýraverndarnefnda verði á bilinu 1–2 millj. kr.

Gera má ráð fyrir að þóknanir til tilraunadýranefndar yrðu um 300 þús. kr. á ári.

Samkvæmt framansögðu má ætla að árleg útgjöld ríkissjóðs aukist um 4,3–6,3 millj. kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum.

684. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál og í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun þar sem m.a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar.
3. Áhættumat fyrir nýjan og starfandi atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum.
4. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
5. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
6. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði þar sem m.a. skulu fram koma viðmiðunarmörk fyrir gæði vatns.
7. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
8. Frárennsli og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk.
9. Varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.
10. Hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
11. Varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
12. Önnur sambærileg atriði.

Enn fremur skal setja ákvæði um:

13. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
14. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og dagsektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi hvað Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu eru tvær greinar. Í 1. gr. er lagt til að 1. og 2. mgr. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit verði breytt þannig að þær falli að efnisinnihaldi þeirra tilskipana sem XX. viðauki EES-samningsins inniheldur og varða mengunarmál og varnir gegn mengun. Eins og 3. gr. er nú upp byggð er orðalag greinarinnar í nokkrum tilfellum of takmarkað fyrir þá nýju þætti sem setja þarf í mengunarvarnareglugerð í kjölfar EES-samningsins. Í 2. gr. frumvarpsins er gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem lögð er til að gerð verði á 3. gr., er í samræmi við ítarlegri og fjölbreyttari mengunarvarnalöggjöf sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við 1. mgr. 3. gr. er lagt til að bætt verði við tilvísun til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, einkum í þeim tilgangi að styrkja grundvöll mengunarvarnareglugerðar með tilliti til þeirra tilskipana sem eru í XX. viðauka EES-samningsins og fjalla um mengunarvarnir.

Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um endurskoðun starfsleyfa. Í nokkrum tilskipunum, sem eru í XX. viðauka EES-samningsins og fjalla um mengunarvarnir, eru ákvæði þess efnis að endurskoða skuli starfsleyfi fyrirtækja ef verulegar breytingar verða á starfsemi þeirra eða breytingar verða vegna tækniþróunar. Dæmi um þetta má finna í tilskipunum nr. 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE.

Einnig er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um áhættumat vegna tilskipunar nr. 82/501/EBE, sbr. 87/216/EBE og 88/610/EBE. Tilskipunin fjallar um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi. Tilskipuninni fylgja viðaukar þar sem skilgreindar eru aðferðir og talin upp efni sem notuð eru við starfsemina og marka viðaukarnir gildissvið tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er enn fremur kveðið á um að rekstraraðilar iðnaðarstarfsemi, sem reglurnar gilda um, verði að gefa ítarlegar upplýsingar um starfsemina og skilgreina hættu á meiri háttar óhöppum með tilliti til framleiðsluaðferða, notkunar hættulegra efna og geymslu þeirra ásamt lýsingu á aðstæðum öllum. Ef slys ber að höndum er þeim sem ábyrgð bera á iðnaðarstarfsemi skylt að veita upplýsingar m.a. um aðstæður við slysið, tiltæk gögn svo að hægt sé að meta áhrif þess á menn og umhverfi, neyðarráðstafanir sem gripið er til og ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til þess að draga úr áhrifum slyssins til lengri eða skemmri tíma.

Jafnframt er lagt til að hugtök verði samræmd með þeim hætti að í 7. tölul., sem verður 9. tölul., verði notað hugtakið viðmiðunarmörk í stað viðmiðunarreglna og enn fremur er bætt við 4. tölul., sem verður 6. tölul., ákvæðum um viðmiðunarmörk fyrir gæði vatns.

Að lokum er lagt til að bætt verði við 6. tölul., sem verður 8. tölul. sem fjallar um frárennsli og skolp, reglum um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk. Er breyting þessi vegna tilskipunar nr. 91/271/EBE um hreinsun skolps frá þéttbýli.

Að öðru leyti er 3. gr. óbreytt nema hvað númer einstakra tölulíða breytast í samræmi við framangreindar breytingar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988.

Í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er tilgreint hvaða almenn ákvæði skuli setja í mengunarvarnareglugerð. Með frumvarpinu er fyrirhugað að breyta þessari grein laganna á þann veg að skylt verði að setja viðtækari ákvæði í reglugerðina sem rúmi tilskipanir EB um umhverfismál í XX. viðauka samningsins um EES. Gildandi reglugerð tekur ekki til allra sömu efnisatriða og gerir ekki jafn strangar kröfur og eru í viðkomandi tilskipunum EB. Verði frumvarpið að lögum munu breytingarnar, sem fyrirhugaðar eru í þessum efnum, þó ekki koma til framkvæmda fyrr en umhverfisráðherra setur nýja mengunarvarnareglugerð.

Áhrifin af ákvæðum tilskipananna eru margþætt og ná til flestra aðila þjóðfélagsins, ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Ef segja ætti fyrir um endanlegan nettókostnað við reglurnar með nokkurri vissu þyrfti að fara fram kostnaðar- og ábatagreining sem tæki til helstu afleiðinganna fyrir alla þessa aðila. Engin slík athugun hefur verið gerð hérlendis og raunar ekki heldur á vegum EB svo vitað sé, enda töluverðum vandkvæðum bundið að meta afleiðingarnar. Sem dæmi má taka bönn og viðmiðunarmörk um losun efna í vatn. Afar erfitt er að áætla áhrif slíkra reglna á heilsufar almennings og enn erfiðara að meta ábatann af auknu heilbrigði.

Kostnaður fyrirtækja og annarra aðila, sem gert verður að hlíta reglunum, er mjög óviss þar sem hann myndast með óbeinum hætti innan fyrirtækjanna og er ekki sýnilegur í mynd tiltekinna rekstrargjalda eða gjalda fyrir umhverfisspjöll. Á þessu stigi eru ekki tök á að fjalla um kostnað einkaaðila vegna ónógra upplýsinga. Meira er vitað um kostnað opinberra aðila við að uppfylla og framfylgja reglunum, en þar veldur framkvæmdin þó miklu. Auka verður eftirlit og mælingar til þess að framfylgja reglunum, en sá kostnaður virðist að stórum hluta lenda á sveitarfélögunum. Ekki er talið að leggja þurfi í mikinn kostnað til að starfsemi ríkisstofnana uppfylli hert ákvæði um mengunarvarnir, en sveitarfélög munu á hinn bóginn þurfa að leggja í fjárfrekar framkvæmdir í fráveitukerfum til þess að standast kröfur um hreinsun skolps.

Að beiðni fjármálaráðuneytisins hefur Hollustuvernd ríkisins gert frumáætlun um útgjöld opinberra aðila vegna þeirra breytinga á mengunarvarnareglugerðinni sem frumvarpið hefði í för með sér. Hér að neðan er farið yfir þær tilskipanir EB sem um er að ræða og kostnaðinn sem áætlað er að þær hafi í för með sér fyrir opinbera aðila.

Bent skal á að við setningu núverandi mengunarvarnareglugerðar og í langtímaáætlunum sveitarfélaga hefur verið tekið mið af stöðlum og kröfum EB. Af þeim sökum getur verið erfitt að greina á milli kostnaðar sem stafar af núverandi reglum og fyrirætlunum og viðbótarkostnaðar sem er bein afleiðing af nýjum ákvæðum vegna samningsins um EES.

Í viðauka XX við samninginn um EES eru 32 tilskipanir frá EB um umhverfismál. Verði frumvarpið að lögum er fyrirhugað að setja ný ákvæði í mengunarvarnareglugerð til samræmis við 25 þessara tilskipana en hinar 7 verða lögteknar í öðrum lögum og reglugerðum.

Vatnsmengun.

74/464/EBE Um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu.

80/68/EBE Um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna.

82/176/EBE Um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalí-klóríða.

83/513/EBE Um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum.

84/156/EBE Um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða.

84/491/EBE Um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani.

86/280/EBE Um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE.

Í ofangreindum 7 tilskipunum eru sett viðmiðunarmörk og gæðamarkmið varðandi vatnsmengun af völdum spilliefna, eins og hættulegra málma, eitraðra og þrávirkra efna. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefðu umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða sem sett yrðu í mengunarvarnareglugerð í samræmi við tilskipanirnar. Í kjölfar breyttra ákvæða þyrfti að gera sérstaka athugun á hættu á vatnsmengun og grunnvatnsmengun og taka saman skrá um fyrirtækin sem losa viðkomandi efni í fráveituvatn eða grunnvatn. Einnig þyrfti að leita leiða til að draga úr notkun efnanna og gera kröfur um úrbætur til fyrirtækjanna. Fyrirtækjum yrði gert að bera kostnað af gerð starfsleyfa og sérstökum aðgerðum. Að mati Hollustuverndar ríkisins mun stofnunin þurfa að auka við 1–1½ starfi ásamt aðstöðu til þess að annast þessa vinnu.

91/271/EBE Um hreinsun skolps frá þéttbýli.

Í tilskipuninni eru settar reglur um söfnun, meðferð og losun á skolpi frá þéttbýli og tilteknum iðnaði. Í fyrsta lagi ber að koma á safnræsum og fráveitukerfum og skal verkinu lokið árið 2000 á svæðum þar sem losað er meira en 15.000 PE en árið 2005 á svæðum þar sem losað er á milli 2.000 og 15.000 PE. Í öðru lagi skal komið á skolphreinsun. Skal verkinu lokið árið 2000 í fráveitum þar sem losað er meira en 15.000 PE í strandsjó og þar sem losað er á milli 2.000 og 10.000 PE í árósa og ferskvatn, en árið 2005 í fráveitum þar sem losað er á milli 10.000 og 15.000 PE í sjó. Í fráveitum, þar sem losað er minna en 10.000 PE í sjó og minna en 2.000 PE í árósa eða ferskvatn, ber að koma á viðeigandi hreinsun í síðasta lagi á árinu 2005.

Tilskipun EB felur í sér auknar kröfur miðað við gildandi mengunarvarnareglugerð. Í fyrsta lagi eru ekki gerðar sambærilegar kröfur um hreinsun skolps í gildandi reglugerð. Í öðru lagi yrðu gerðar sérstakar kröfur um hreinsun skolps frá fiskvinnslu, en ekki hafa verið settar fram samræmdar kröfur fyrir slíkan atvinnurekstur hér á landi til þessa. Í þriðja lagi yrði skylt að ljúka úrbótum í fráveitumálum fyrir tilteknar dagsetningar.

Ríkissjóður mundi væntanlega ekki bera neinn framkvæmdakostnað vegna fráveitukerfa, heldur félli hann allur til hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir áætlun um hvaða úrbóta yrði þörf í öllum sveitarfélögum á landinu, né heldur hver heildarkostnaður við framkvæmdir yrði, en þó er ljóst að kostnaður sveitarfélaga við fráveitukerfi mun skipta milljörðum króna á komandi árum. Í gildandi mengunarvarnareglugerð eru ákvæði um skolplagnir á strandsvæðum sem fá sveitarfélög á

landinu uppfylla. Stærsti hluti kostnaðarins við að lagfæra skolplagnir stafar því af ákvæðum í gildandi reglugerð. Viðbótarkostnaðurinn, sem ákvæði tilskipana EB hefðu í för með sér, felst að mestu í hreinsibúnaði sem koma þyrfti fyrir í fráveitukerfunum. Einnig er líklegt að breyttar reglur í þessum efnum leiði til þess að mörg sveitarfélög þurfi að fara fyrr og hraðar í fjárfestingar vegna fráveitumála en ella hefði verið.

Þéttbýlisstaðir með yfir 10.000 íbúa, þ.e. sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarbær, þyrftu væntanlega að hafa lokið úrbótum á árinu 2000 þar sem losun á þessum svæðum er yfir 15.000 PE. Kostnaður vegna úrbóta í Reykjavík er áætlaður 4,5 milljarðar króna eða um 52 þús. kr. á hvern íbúa. Í Hafnarfirði er heildarkostnaður áætlaður um 230 m.kr. Kópavogur, Garðabær og Seltjarnarnes munu tengjast inn á fráveitukerfi Reykjavíkur og er kostnaður við þær tengingar áætlaður um 570 m.kr. Áætlað er að kostnaður Akureyrarbæjar verði um 750 m.kr. eða um 53 þús. kr. á íbúa. Heildarkostnaður þessara sveitarfélaga, þar sem um 154 þús. manns búa, er því talinn verða rúmlega 6 milljarðar króna fram að aldamótum eða nærri 40 þús. kr. á hvern íbúa. Fyrirhugaðar framkvæmdir þessara sveitarfélaga og þær úrbætur, sem þegar eru hafnar, taka mið af gildandi mengunarvarnareglugerð, en til viðbótar þeim kröfum verður settur upp hreinsibúnaður sem áætla má að kosti um 1.000 m.kr. fyrir Reykjavík, um 100 m.kr. fyrir Hafnarfjörð og um 120 m.kr. fyrir Akureyri. Má líta á kostnaðinn við hreinsibúnaðinn, alls 1.220 m.kr., sem þann hluta fjárfestingarinnar sem skylt yrði að efna til samkvæmt ákvæðum tilskipunar EB.

Þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni eru um 60 talsins með um 95 þús. íbúa. Í engu þessara sveitarfélaga er íbúafjöldinn yfir 10 þús., en margir þeirra mundu engu að síður falla undir ákvæði EB-tilskipunarinnar vegna mikils lífræns úrgangs frá fiskvinnslu. Talsverð óvissa ríkir um viðbótarkostnað þessara sveitarfélaga, en líklega yrði fiskvinnslan látin bera sinn hlut í þeim kostnaði. Gera má ráð fyrir að fiskvinnslan endurheimti sinn kostnað að nokkru leyti með bættri nýtingu hráefna. Ekki hefur verið gerð athugun á losun einstakra staða né kannað hvaða úrbætur þarf að framkvæma. Þá er margt óljóst um framkvæmd breyttra ákvæða, t.d. hvort fráveitumál sveitarfélaga og fiskvinnslu verða leyst sameiginlega eða sitt í hvoru lagi. Hjá Hollustuvernd ríkisins hefur þó farið fram lauslegt mat á viðbótarkostnaði sveitarfélaganna miðað við eftirfarandi forsendur:

— Endurbætur á lögnum í fráveitukerfum verði að fara fram vegna ákvæða í gildandi reglugerð hvort sem reglur EB verði lögfestar eða ekki.
— Hertar kröfur í mengunarvarnareglugerð feli einkum í sér að koma verði á eins þreps hreinsun á skolpi í sveitarfélögum þar sem losað er yfir 10.000 PE í sjó eða 2.000 til 10.000 PE í ferskvatn.
— Eins þreps hreinsun verði framkvæmd ýmist með botnfallsþró eða síubúnaði. Búnaðurinn kosti í báðum tilvikum 15 m.kr. fyrir staði þar sem íbúafjöldi er á bilinu 200 til 2.000, en á fjölmennari stöðum kosti búnaðurinn 8.400 kr. á hvern íbúa.

Skolplosun einstakra sveitarfélaga er áætluð miðað við íbúafjölda og landaðan afla. Sú áætlun bendir til að tólf sveitarfélaganna mundu falla undir ákvæðið um losun yfir 15.000 PE-mörkum í sjó og sex þeirra mundu falla undir ákvæðið um 2.000 til 10.000 PE-losun í ferskvatn. Talið er að úrbætur á þessum stöðum gætu kostað um 390 m.kr. og yrði þeim að vera lokið í lok ársins 2000. Væntanlega mundu sex staðir falla undir ákvæðið um losun á bilinu 10.000 til 15.000 PE á strandsvæðum. Kostnaður þeirra er áætlaður 90 m.kr. og þyrfti framkvæmdum að vera lokið á árinu 2005. Hugsanlega yrðu ákvæði EB-tilskipunarinnar um hreinsibúnað einnig látin gilda um ellefu þéttbýlisstaði þar sem íbúafjöldi er um eða yfir 1.000 og losun undir 10.000 PE-mörkunum. Kostnað-

ur þessara staða er áætlaður 180 m.kr. Þannig áætlaður verður heildarkostnaður landsbyggðar vegna hreinsibúnaðar um 660 m.kr.

Að samanlögðu má þá gera ráð fyrir að ný ákvæði í mengunarvarnareglugerð, sem sett væru til samræmis við tilskipun EB, mundu gera sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni skylt að endurbæta fráveitukerfi sín fyrir allt að 1,9 milljarða króna fram til ársins 2005 umfram þær kröfur sem gerðar eru í gildandi reglugerð. Hér hefur einungis verið tekið tillit til stofnkostnaðarins. Gera má ráð fyrir að rekstrar- og viðhaldskostnaður fráveitukerfanna verði talsverður, en fullnægjandi áætlanir um þann þátt liggja ekki fyrir á þessu stigi. Í þessu sambandi skal bent á að þegar er fyrirhugað að ráðast í stóran hluta framkvæmdanna hvort sem ákvæði mengunarvarnareglugerðar verða hert eða ekki og á það einkum við höfuðborgarsvæðið.

Loftmengun.

80/779/EBE	Um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk.
82/884/EBE	Um viðmiðunarmörk fyrir blý í andrúmslofti.
84/360/EBE	Um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum.
85/203/EBE	Um loftgæðastaðla fyrir köfnunarefnisdíoxíð.
87/217/EBE	Um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu.
88/609/EBE	Um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið.
89/369/EBE	Um varnir gegn loftmengun frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga.
89/429/EBE	Um varnir gegn loftmengun frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga.

Til þess að uppfylla ákvæði ofangreindra tilskipana þyrfti í fyrsta lagi að setja ákvæði í mengunarvarnareglugerð um mælingar og útreikninga á loftgæðum hér á landi. Gera þyrfti átak í loftgæðamælingum og setja upp þrjár nýjar mælistöðvar. Talið er að árlegur kostnaður við mælistöðvarnar geti numið allt að 5 m.kr.

Í annan stað yrðu sett strangari skilyrði um starfsleyfi og mengunarbúnað iðjuvera og sorpbrennslustöðva til að takmarka mengunarefni í útblásturslofti. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs vegna aukinna krafna um starfsleyfi, eftirlit og endurskoðun svari til eins stöðugildis hjá Hollustuvernd ríkisins.

Á næstu árum þurfa sveitarfélög að leggja í mikinn stofnkostnað vegna endurbóta á sorpbrennslu en það átak er gert til að standast kröfur gildandi mengunarvarnareglugerðar. Sá kostnaður er talinn hér að neðan með öðrum kostnaði við sorpförgun.

Efnamengun, áhætta í iðnaði, líftækni.

76/403/EBE	Um förgun pólýklór-bífenýls (PCB) og pólýklór-terfenýls (PCT).
82/501/EBE	Um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi.

Fyrri tilskipunin setur bann við hvers konar eftirlitslausri förgun PCB. Vitað er hvar stærstan hluta efnisins er að finna hér á landi og bera eigendur þess kostnaðinn af því að koma því úr landi til eyðingar. Í síðari tilskipuninni eru ákvæði um að í tiltekinni iðnaðarstarfsemi sé skylt að láta fara fram ítarlegt áhættumat sem feli í sér skilgreiningu á hættu á stórslysum, upplýsingum um öryggisráðstafanir, framleiðsluaðferðir, notkun og

geymslu efna, þjálfun og aðbúnað starfsfólks og um neyðaráætlanir. Viðkomandi starfsemi yrði að bera allan kostnað af áhættumati og öryggisráðstöfunum. Talið er að aukin vinna Hollustuverndar ríkisins vegna þessara ákvæða nemi um fjórðungi úr starfi.

Úrgangur.

75/439/EBE	Um förgun olíuúrgangs.
75/442/EBE	Um úrgang.
78/176/EBE	Um úrgang frá títandíoxíðiðnaði.
78/319/EBE	Um eitraðan og hættulegan úrgang.
82/883/EBE	Um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur.
84/631/EBE	Um umsjón og eftirlit með flutningi hættulegs úrgangs milli landa innan bandalagsins.
86/278/EBE	Um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skolphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði.

Fyrsta tilskipunin í þessum flokki, nr. 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs, mun hafa í för með sér aukna eftirlitsskyldu fyrir Hollustuvernd ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins en þó einkum fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna. Kostnaður opinberra aðila mun einkum felast í skipulagi og stjórnun eftirlitsins sem greiðist síðan ásamt förguninni af þeirri starfsemi þar sem olíuúrgangur verður til.

Önnur tilskipunin setur ákvæði um söfnun, flutning og förgun á almennum úrgangi og sorpi. Á undanförnum árum hefur farið fram mikil vinna á vegum opinberra aðila varðandi stefnumótun í þessum málaflokki. Umfangsmiklar úrbætur eru ýmist í undirbúningi eða þegar hafnar. Sorpförgun er á hendi sveitarfélaganna og bera þau allan kostnaðinn. Áætlað er að heildarkostnaður allra sveitarfélaga á landinu vegna þessara úrbóta verði um 2 milljarðar króna fram til ársins 1995 og að hann skiptist u.þ.b. til helminga milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Fyrirhuguðum endurbótum í sorpförgun er að mestu ætlað að uppfylla skilyrði gildandi mengunarvarnareglugerðar og er ekki talið að tilskipanir EB geri strangari kröfur í þessum efnum eða leiði til aukins kostnaðar.

Aðrar tilskipanir EB í þessum flokki eiga ýmist ekki við hér á landi eða hafa ekki í för með sér hert ákvæði miðað við gildandi mengunarvarnareglugerð.

685. Fyrirspurn [391. mál]

til iðnaðarráðherra um Stálvinnsluna hf.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að Stálvinnslan hf. taki til starfa á nýjan leik?

686. Fyrirspurn [392. mál]

til umhverfisráðherra um Stálvinnsluna hf.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að Stálvinnslan hf. taki á ný til starfa?

687. Tillaga til þingsályktunar [393. mál]

um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Össur Skarphéðinsson,
Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta rannsóknastofnanir sjávarútvegsins skipuleggja ráðgjöf og stuðning við þróun veiðarfæra og veiðiaðferða hjá útgerðum sem stunda veiðar á ígulkerum.

Greinargerð.

Veiðar á ígulkerum hafa lítið verið stundaðar hér við land. Að undanförnu hefur áhugi á vinnslu ígulkera farið vaxandi, en markaður fyrir ígulker er bæði í Evrópu og þó sérstaklega í Japan, og þróun veiðarfæra og veiðiaðferða er mikilvægur þáttur í því að gera veiðarnar arðbærar.

Veiðar á ígulkerum er nýtt viðfangsefni útgerða og sjómanna. Því er mjög mikilvægt að opinberar rannsóknastofnanir veiti beinan stuðning við þróun veiðarfæra til þess að gera útgerðum kleift að stunda tilraunaveiðar. Telja verður eðlilegt að Hafrannsóknastofnun njóti til slíkra verkefna sérstakra framlaga og stuðnings.

Samkvæmt botndýrarannsókn í Breiðafirði, sem gerð var í október sl. í samvinnu Hafrannsóknastofnunar og útgerða skelbáta við Breiðafjörð, er grænígull (skollakoppur) og marígull í verulegu magni á ákveðnum svæðum í Breiðafirði. Auk rannsókna í Breiðafirði hafa farið fram rannsóknir í Ísafjarðardjúpi sem tóku yfir heilt ár og bentu til að þar væri nægjanlegt magn til að standa undir vinnslu. Sömuleiðis fóru fram rannsóknir í Hvalfirði sem stóðu yfir í 21 mánuð. Niðurstöður rannsókna í Hvalfirði gáfu ekki óyggjandi vissu um að stofn væri af veiðanlegri stærð. Ljóst er að frekari rannsóknir eru nauðsynlegar á veiðisvæðum, auk þess sem gera þarf tilraunir með veiðarfæri.

Í fyrstu fóru veiðar á ígulkerum fram með köfun. Einnig hafa útgerðir reynt að þróa veiðitækni með sérstökum plóg þar sem reynsla af veiðum á hörpudiski er nýtt við ígulkeraveiðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða áhrif veiðarfæri, svo sem plógur, hafa á umhverfi botnsins. Meðal markmiða með rannsóknum veiðarfæra er að þróa veiðarfæri er leiða til sem minnstrar röskunar á umhverfi botnsins.

Til þess að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að veita stuðning við þróun veiðarfæra og veiðitækni. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

688. Fyrirspurn [394. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila.

Frá Hrafnkatli A. Jónssyni.

Mun heilbrigðisráðuneytið bæta að öllu leyti eða að hluta hallarekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á árinu 1992 og tryggja þessum stofnunum tekjustofn í stað halladaggjalda sem felld voru niður við fjárlagagerð fyrir árið 1992?

Skriflegt svar óskast.

689. Fyrirspurn [395. mál]

til fjármálaráðherra um ferða- og risnukostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr risnu og ferðakostnaði hins opinbera?
2. Hvaða fjárhagslegur sparnaður hefur orðið af þessum ráðstöfunum?

690. Skýrsla [396. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um 44. þing þess.

1. Inngangur.

Störf 44. þings Evrópuráðsins (ER) einkenndust af því að þátttökuríkjum fjölgar og náið er fylgst með framvindu stjórnmála í ríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu. Þingmenn eru þeirrar skoðunar að samhliða því sem þjóðirnar, sem nú eru að þróa með sér lýðræðislega stjórnarhætti, fái góðar viðtökur hjá Evrópuráðinu megi ráðið ekki slá af hinum ströngu kröfum um mannréttindi, lýðræði og virðingu fyrir lögum og rétti í aðildarríkjunum.

Boðað hefur verið til leiðtogafundar aðildarríkja Evrópuráðsins í Vínarborg 8. og 9. október 1993. Er þess vænst að í tengslum við fundinn verði teknar ákvarðanir um stjórnskipun Evrópuráðsins og stofnana þess sem auðveldi þeim að takast á við ný verkefni við breyttar aðstæður. Má í því sambandi geta þess að með samþykkt tillögu 1194 lagði þingið til við ráðherranefnd Evrópuráðsins að Mannréttindadómstóll og mannréttindanefnd Evrópu, þar sem fulltrúar ríkjanna gegna hlutastarfi, verði sameinuð í einn dómstól þar sem dómarar verði í fullu starfi.

Átökin í Júgóslavíu fyrrverandi og þjóðernisdeilur víðar í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hafa vakið miklar umræður á þingi Evrópuráðsins og aukið stuðning við tillögur um að samþykktur verði viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu um

réttindi minnihlutahópa og vernd þeirra. Jafnframt er ljóst að huga verður betur að rétti og vernd þeirra sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín eða þurft að leggja á flótta. Nauðsynlegt er að snúast til varnar gegn þjóðernishroka og útlendingahatri sem brýst út í ofbeldisverkum.

Umræður á þingi Evrópuráðsins bera þess skýr merki að þingmenn hafa fullan hug á því að auka hlut sinn í starfi ráðsins. Þingið og nefndir þess gegna miklu hlutverki við rannsókn á því hvort ríki, sem sækja um aðild að ráðinu, fullnægi skilyrðum samkvæmt stofnskrá þess. Þannig hefur t.d. verið fylgst náið með þróun mála í Eystrasaltsríkjunum með hliðsjón af umsóknum þeirra um aðild að Evrópuráðinu. Nú að loknum almennum kosningum í Eistlandi og Litáen er líklegt að ríkin verði aðilar að Evrópuráðinu í vor. Þess er beðið að kosið verði í Lettlandi. Þá hafa lög Eytrasaltsríkjanna um borgararéttindi verið könnuð sérstaklega.

Hlutur Íslands.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur starfað í samræmi við starfsreglur sem hún setti sér 16. janúar 1992. Framkvæmd á starfsreglunum ræðst af því fé sem Íslandsdeildin fær til ráðstöfunar hverju sinni. Á árinu 1992 voru útgjöld á vegum deildarinnar innan útgjaldarammans. Meginreglan er að fjórir þingmenn sæki hvert þing ráðsins, þ.e. þrír aðalmenn og varamaður, auk ritara. Þingmenn sitja í fleiri en einni nefnd og leitast við að sækja fundi í þeim eftir föngum.

Aukin umsvif Evrópuráðsþingsins og nefnda á vegum þess gera ríkari kröfur til Íslandsdeildarinnar. Að mati hennar er brýnt að bregðast við þessum kröfum á þann veg að enginn geti dregið í efa áhuga Alþingis á því að rækta sem best tengsl við Evrópuráðið. Þetta er þeim mun mikilvægara þegar haft er í huga að aðild Íslands að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá. Þing Evrópuráðsins er vettvangur sem Íslendingar geta nýtt sér til að kynna viðhorf sín til þeirra mála sem snerta hagsmuni þeirra í evrópsku samstarfi eða ber hæst í samstarfi Evrópuríkja.

Efni skýrslunnar.

Í skýrslunni er efni einstakra tillagna og ályktana 44. Evrópuráðsþingsins ekki rakið en hins vegar er birt sem fskj. I skrá um þessi mál. Er unnt að vísa til hennar ef áhugi er á því að kynna sér frekar mál og skýrslur sem samdar eru til rökstuðnings samþykktum þingsins. Með skýrslunni eru birtar frásagnir Íslandsdeildarinnar af fjórum fundalotum 44. þingsins, en þeim hefur áður verið dreift til þingmanna.

2. Almennt um Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 er mótuð af þeirri von að Evrópuríkin geti með því að bindast fastari böndum staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Í inngangi stofnskrárinnar segjast ríkin staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleifð þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar.

Í 3. gr. stofnskrárinnar segir um skilyrði til þess að verða aðili að Evrópuráðinu að sérhvert þátttökuríki verði að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi. Ríkin verði og í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins eins og það er skilgreint í fyrsta kafla stofnskrárinnar.

Hinn 7. febrúar 1950 var þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi um að Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu og kom hún til framkvæmda 1951.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa fjölmargir Evrópusáttmálar verið settir um ýmis svið þjóðlífsins og er mikilvægastur þeirra Mannréttindasáttmáli Evrópu sem var undirritaður árið 1950 og Ísland fullgilti 19. júní 1953. Evrópuráðið hefur því reynst kjörinn vettvangur til þess að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis og breytts þjóðskipulags, laga og réttar.

Aðildarríki og gestaaðild.

Aðildarríkin eru nú 26 (innan sviga er getið aðildarárs nýjustu ríkjanna): Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría (1992), Danmörk, Finnland (1989), Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kípur, Liechtenstein (1978), Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland (1991), San Marínó (1988), Spánn (1977), Sviss, Svíþjóð, Tyrkland, Ungverjaland (1990) og Þýskaland. Tékkóslóvakía fékk aðild að ráðinu 1991, en við það að ríkið klofnaði í Tékkland og Slóvakíu 1. janúar 1993 hvarf það úr ráðinu. 11. maí 1989 var samþykkt á þinginu ályktun um að veita ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, að vissum skilyrðum uppfylltum, gestaaðild að ráðinu. Hefur slík aðild jafnan verið undanfari þess að ríkin fengju fulla aðild. Gestaaðild hafa nú Albanía, Eistland, Hvíta-Rússland, Króatía, Lettland, Litáen, Moldóva, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland, Rússland og Úkraína. Þar af hafa öll ríkin fyrir utan Hvíta-Rússland þegar sótt um fulla aðild að Evrópuráðinu. Auk þess hafa Armenía, Azerbajdzhan og Makedónía formlega sótt um gestaaðild.

Skipulag þinghaldsins.

Evrópuráðsþingið starfar sem ráðgjafarþing fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins en í henni sitja utanríkisráðherrar allra aðildarríkja eða fulltrúar þeirra. Albert Guðmundsson, sendiherra í París, er nú fulltrúi utanríkisráðherra í ráðherranefndinni fyrir hönd Íslands. Almennt hafa aðildarríkin sérstaka sendiherra í Strassborg til að gegna starfi fastafulltrúa.

Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins og því er falið að fjalla um þau mál sem heyra undir starfssvið þess samkvæmt stofnskránni og leggur það niðurstöður sínar fyrir ráðherranefndina í formi tillagna. *Tillaga* (recommendation) er skilgreind sem tillaga þingsins til ráðherranefndarinnar en framkvæmd hennar er í höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Þingið getur og skilað ráðherranefndinni áliti á málefnum sem hafa verið borin undir það. *Álit* (opinion) þingsins geta einnig verið í formi ályktana. *Ályktun* (resolution) er skilgreind sem ákvörðun í mikilvægu málefni sem þingið hefur vald til að framkvæma eða álit sem það eitt ber ábyrgð á. Þingið getur gefið skrifstofu eða öðrum stofnunum þess *fyrirmæli* (order).

Mikilvægastar þessara ákvarðana eru tillögur til ráðherranefndarinnar um að samþykkja ákvarðanir þingsins svo að fela megi ríkisstjórnum aðildarríkjanna að hrinda þeim í framkvæmd.

Evrópuráðsþing hefur verið haldið þrisvar á ári í Strassborg auk sumarþings í einhverju aðildarríkjanna. Nú hefur verið ákveðið að þinghaldinu verði hagað þannig að hvert þing skiptist í fjórar lotur og verði þær allar í Strassborg.

Skipan sendinefndar hverrar þjóðar á þinginu endurspeglar þingstyrk stjórnmálaflokka í heimalandinu. Á þinginu starfa þingflokkar þar sem tekin er sameiginleg afstaða til þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins hverju sinni. Þessir þingflokkar eru Socialist

Group, þ.e. jafnaðarmenn (Alþýðuflokkurinn), European Democratic Group, þ.e. hægri flokkar (Sjálfstæðisflokkurinn), Liberal Democratic and Reformers Group, þ.e. frjálslyndir (Framsóknarflokkurinn), European People's Party, þ.e. kristilegir flokkar, og United European Left, þ.e. flokkar til vinstri við jafnaðarmenn. Fulltrúar Alþýðubandalags og Kvennalista hafa ekki tekið þátt í störfum þingflokka á Evrópuráðsþinginu.

3. 44. þing Evrópuráðsins.

a. Fulltrúar Íslands á Evrópuráðsþinginu.

Í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins eru þrír fulltrúar af hálfu Íslands á þingi þess og þrír til vara. Íslandsdeild Evrópuráðsins er skipuð til fjögurra ára og í henni eru nú: Björn Bjarnason formaður, Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Bjarnason varaformaður, Framsóknarflokki, Sigbjörn Gunnarsson, Alþýðuflokki, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, Kristín Ástgeirsdóttir, Samtökum um kvennalista, og Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki.

b. Þingfundir á 44. þingi.

Fyrsti hluti 44. þings Evrópuráðsins var haldinn 4.–8. maí 1992 í höfuðstöðvum þess í Strassborg. Það sóttu Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og ritari. Þá var kosinn nýr forseti Evrópuráðsþingsins, Miguel Angel Martinez, sósíalisti frá Spáni. Björn Bjarnason tók sæti í forsætisnefnd þingsins til eins árs. Forseti Frakklands, François Mitterrand, ávarpaði þingið og lagði hornstein að nýrri byggingu fyrir Mannréttindadómstól og mannréttindanefnd Evrópu. Búlgaría varð 27. aðildarríki Evrópuráðsins 7. maí.

Sumarþing Evrópuráðsins var að þessu sinni haldið í Búdapest 28. júní til 1. júlí. Nefndir þingsins héldu einnig sérstaka fundi í Búdapest. Öll Íslandsdeildin sótti þingið ásamt ritara.

Þriðji hluti 44. þingsins og jafnframt aðalþing ársins var haldið 29. september til 8. október 1992 í Strassborg. Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og ritari sóttu þingið. Fyrir utan hefðbundin þingstörf og ávörp þjóðarleiðtoga voru mannréttindaverðlaun Evrópuráðsins veitt í þriðja skipti. Samhliða þinginu var haldin kvennaráðstefna 3.–4. október á vegum Alþjóðalýðræðisstofnunarinnar í Washington (Center for Democracy) og Evrópuráðsins. Sóttu Kristín Ástgeirsdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir hana fyrir Íslands hönd.

Fjórði og síðasti hluti þingsins var í Strassborg 1.–5. febrúar 1993 í Strassborg og sótti öll Íslandsdeildin þá fundi auk ritara.

c. Nýr forseti Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi 44. þingsins var kosinn nýr forseti Evrópuráðsþingsins í stað Lord Finsberg frá Bretlandi. Við embættinu tók Miguel Angel Martinez, sósíalisti frá Spáni.

d. Ný ríki og gestaaðild.

Á vorþinginu í maí 1992 fékk Búlgaría fulla aðild að Evrópuráðinu og varð því 27. aðildarríki þess. En um áramótin fækkaði ríkjunum aftur um eitt með klofningi Tékkóslóvakíu. Tékkland og Slóvakía hafa hvort um sig sótt um aðild að ráðinu og eru umsóknir þeirra í athugun. Aðildarumsóknir Litáens, Slóveníu og Eistlands verða líklega samþykktar á næsta vorþingi. Króatía fékk gestaaðild að ráðinu í maí sl. og sendi þá í fyrsta sinn fulltrúa á fund Evrópuráðsins. Á haustþinginu bættust við fulltrúar frá gesta-

aðildarríkjunum Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Um áramótin fengu Tékkland og Slóvakía gestaaðild en eins og fyrr greinir er verið að kanna umsóknir þeirra um aðild. Á síðasta þingi Evrópuráðsins var gestaaðild Moldóvu samþykkt.

e. Ræður þjóðarleiðtoga á 44. þinginu.

Venja er að á hverju reglulegu þingi Evrópuráðsins ávarpi þjóðarleiðtogar Evrópuríkja þingmenn og svari fyrirspurnum þeirra. Þá er umræðuefnið gjarnan málefni sem ofarlega er á baugi í því landi, svo og sameiginleg hagsmunamál Evrópuríkja. Vorþingið í apríl sóttu François Mitterrand, forseti Frakklands, og Salia Berisha, þá nýkjörinn forseti Albaníu. Á haustþinginu í október 1992 voru Carl Bildt, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Janez Drnovsek, forsætisráðherra Slóveníu. Í febrúar 1993 ávörpuðu þrír þjóðarleiðtogar þingið: Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, Franz Vranitzky, kanslari Austurríkis, og Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs.

f. Ályktanir og tillögur samþykktar á 43. þingi.

Á 44. þingi Evrópuráðsins voru samþykktar 27 tillögur og 16 ályktanir fyrir utan álit og fyrirmæli. Í fskj. I er birt yfirlit yfir samþykktirnar. Í þingtíðindum Evrópuráðsins er unnt að kynna sér alla texta og ræður á þinginu.

4. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Björn Bjarnason.
2. Stjórnarnefnd:	Björn Bjarnason.
3. Stjórnmálanefnd:	Björn Bjarnason.
4. Laganefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Björn Bjarnason.
5. Efnahagsnefnd:	Guðmundur Bjarnason,
til vara:	Ragnar Arnalds.
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Guðmundur Bjarnason,
til vara:	Kristín Ástgeirsdóttir.
7. Þingskapanefnd:	Guðmundur Bjarnason.
8. Fjárlaganefnd:	Sigbjörn Gunnarsson.
9. Landbúnaðarnefnd:	Sigbjörn Gunnarsson.
10. Vísinda- og tækninefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara:	Sigbjörn Gunnarsson.
11. Mennta- og menningarmálanefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Guðmundur Bjarnason.
12. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara:	Guðmundur Bjarnason.
13. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Kristín Ástgeirsdóttir,
til vara:	Björn Bjarnason.
14. Flóttamannanefnd:	Kristín Ástgeirsdóttir.
15. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í eftirfarandi nefndarfundum:

Guðmundur Bjarnason sótti fundi umhverfisnefndarinnar 5.–7. mars 1992 í Barcelona og fundi efnahagsnefndarinnar 25.–27. mars í Stokkhólmi og Tallinn og 14.–16. september í Berlín og Rostock.

Sigbjörn Gunnarsson sótti fundi landbúnaðarnefndarinnar 1.–3. apríl 1992 í Sófíu og 17.–19. september í Dublin. Auk þess sótti hann fund undirnefndar landbúnaðarnefndarinnar, en þar gegnir hann nú formennsku, í París 14. desember vegna undirbúnings skýrslu sem nefndin hyggst leggja fyrir þingið á næstunni.

Ragnar Arnalds sótti fundi menntamálanefndarinnar í Jerúsalem 16.–19. mars 1992 og í Madrid og Sevilla 29. ágúst til 2. september og í Feneyjum 11.–12. nóvember 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir sótti fund flóttamannanefndarinnar sem haldinn var í Valencia á Spáni 13.–15. apríl 1992.

Lára Margrét Ragnarsdóttir sótti fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndarinnar í Biasca í Sviss 22.–24. júní þar sem undirbúin var skýrsla nefndarinnar um heilsufarslegar afleiðingar Tsjernobyl-slyssins en Lára Margrét var framsögumaður nefndarinnar um það mál. Auk þess var hún valin í eftirlitsnefnd Evrópuráðsins til að fylgjast með kosningunum í Litáen sem fram fóru í október 1992.

4. Störf fyrir nefndir.

a. Ráðstefna um sjávarspendýr.

25.–26. maí 1992 hélt undirnefnd landbúnaðarnefndar Evrópuráðsþingsins, sem fjallar um fiskveiðar, ráðstefnu í Reykjavík um sjávarspendýr. Eins og fyrr greinir hefur Sigbjörn Gunnarsson verið kjörinn formaður undirnefndarinnar en Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnun annaðist vísindalegan undirbúning fundarins af Íslands hálfu. Mikil þátttaka var á ráðstefnunni og sóttu hana meðal annars fulltrúar frá Alþjóðahvalveiðiráðinu, Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum (World Wide Fund for Nature), La Rochelle haffræðisafninu í Frakklandi (Oceanographic Museum) og Greenpeace. Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra setti ráðstefnuna en aðrir Íslendingar, sem fluttu erindi, voru dr. Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, og Erlingur Hauksson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ráðstefnugestir fóru í kynnisferð til Akureyrar og heimsóttu meðal annars Útgerðarfélag Akureyringa, Mjólkursamlagið og lúðueldisstöðina á Hjalteyri.

b. Tsjernobyl-kjarnorkuslysið.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var valin framsögumaður heilbrigðis- og félagsmálanefndar um heilsufarslegar afleiðingar kjarnorkuslyssins í Tsjernobyl. Var skýrslan rædd á þinginu í febrúar og einróma samþykkt tillaga að ályktun um málið.

5. Annað.

a. Tilnefning Íslands í mannréttindanefnd Evrópu.

Í samræmi við 21. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sendi Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins forsætisnefnd þingsins tillögu um fulltrúa í mannréttindanefnd Evrópu til næstu sex ára. Íslandsdeildin lagði til að Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, yrði endurkjörinn og liggur tillaga um það nú fyrir ráðherranefndinni. Samkvæmt 26. gr. gerði Íslandsdeildin einnig tillögu um Arnljót Björnsson prófessor og Guðmund Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómara.

b. Annað þing Eystrasaltsþingsins.

29.–31. maí 1992 var annað þing Eystrasaltsþingsins (Baltic Assembly) í Palanga í Litáen en það er sameiginlegt þing Eistlands, Lettlands og Litáens. Björn Bjarnason sótti þingið fyrir hönd forsætisnefndar Evrópuráðsins.

c. Eftirlit með kosningum í Mið- og Austur-Evrópu.

Evrópuráðið sendi eftirlitsnefndir til þess að fylgjast með og gefa skýrslur um þingkosningar sem fram fóru í eftirtöldum ríkjum: Albaníu í mars 1992, Króatíu í ágúst 1992, Eistlandi í september 1992, Litáen í október og nóvember 1992 og Slóveníu í desember 1992. Lára Margrét Ragnarsdóttir var í eftirlitsnefnd vegna fyrri kosninganna í Litáen.

d. Norrænt samstarf.

Fulltrúar Norðurlandanna hafa unnið að því að efla samstarf sitt á vettvangi Evrópuráðsins og á 44. þingi þess hafa sendinefndirnar efnt til samnorrænna funda til samráðs um sameiginleg hagsmunamál.

Alþingi, 4. mars 1993.

Björn Bjarnason, form.	Guðmundur Bjarnason, varaform.	Sigbjörn Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Samþykktir 44. þings Evrópuráðsins.

Tillögur:

Recommendation 1183: on access by European non-member states to institutions operating under certain Council of Europe conventions relating to human rights,
um aðild ríkja utan Evrópuráðsins að stofnunum sem starfa samkvæmt samþykktum ráðsins um mannréttindamál.

Recommendation 1184: on the work of the CSCE on the eve of the 3rd summit (Helsinki, 9th–11th July 1992),
um starfsemi RÖSE fyrir þriðja leiðtogafundinn (Helsinki, 9.–11. júlí 1992).

Recommendation 1185: on rehabilitation policies for the disabled,
um stefnu í endurhæfingarmálum fatlaðra.

Recommendation 1186: on the environment policy in Europe (1990–91),
um umhverfisstefnu í Evrópu (1990–91).

Recommendation 1187: on relation between migrants and trade unions,
um samskipti milli farandverkamanna og verkalýðsfélaga.

Recommendation 1188: on migratory flows in Czechoslovakia, Hungary and Poland,
um fólksflutninga í Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi og Póllandi.

Recommendation 1189: on the establishment of an international court to judge war crimes,
um stofnun alþjóðlegs dómstóls fyrir stríðsglæpi.

Recommendation 1190: on European sports co-operation,
um evrópska samvinnu á sviði íþróttamála.
Recommendation 1191: on exchanges involving young workers after the revolutionary changes of 1989,
um viðræður við unga verkamenn eftir byltingarkenndar breytingar árið 1989.
Recommendation 1192: on the United Nations Conference on Environment and Development, its outcome and implications for Europe,
um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, niðurstöður hennar og afleiðingar fyrir Evrópu.
Recommendation 1193: on the future of European construction,
um framtíð uppbyggingar Evrópu.
Recommendation 1194: on the reform of the control mechanism of the European Convention on Human Rights,
um endurskoðun eftirlits með framkvæmd Mannréttindasáttmála Evrópu.
Recommendation 1195: on European economic and monetary union — consequences of the European Community's Treaty on European Union,
um evrópska efnahagssamvinnu og myntbandalag — afleiðingar samnings Evrópubandalagsins fyrir Evrópu.
Recommendation 1196: on severe poverty and social exclusion: towards guaranteed minimum levels of resources,
um alvarlega fátækt og félagslega einangrun: í átt að tryggri lágmarksframfærslu.
Recommendation 1197: on the demographic structure of the Cypriot Communities,
um þróun byggðar og fólksfjölda á Kýpur.
Recommendation 1198: on the crisis in former Yugoslavia,
um ástandið í Júgóslavíu fyrrverandi.
Recommendation 1199: on the fight against international terrorism in Europe,
um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi í Evrópu.
Recommendation 1200: on the future of the Mediterranean forest,
um framtíð skóglendis á Miðjarðarhafssvæðinu.
Recommendation 1201: on an additional protocol on the rights of minorities to the European Convention on Human Rights,
um viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu um réttindi minnihlutahópa.
Recommendation 1202: on religious tolerance in democratic society,
um trúfrelsi í lýðræðislegu samfélagi.
Recommendation 1203: on Gypsies in Europe,
um sígauna í Evrópu.
Recommendation 1204: on the creation of a transitional mechanism for the protection of human rights in European non-member states of the Council of Europe,
um stofnun eftirlits til bráðabirgða til að vernda mannréttindi í ríkjum Evrópu utan Evrópuráðsins.
Recommendation 1205: on the situation of the refugees and displaced persons in several countries of former Yugoslavia,
um aðbúnað flóttamanna og uppflosnaðs fólks í nokkrum ríkjum Júgóslavíu fyrrverandi.
Recommendation 1206: on the integration of migrants and community relations,
um aðlögun aðflytjenda og samskipti við samfélagið.

Recommendation 1207: on population movements between the states of the former USSR,
um fólksflutninga milli Sovétríkjanna fyrrverandi.
Recommendation 1208: on the health effects of the Chernobyl nuclear accident and the need for stronger international action,
um heilsufarslegar afleiðingar Tsjernobyl-slyssins og þörfina fyrir auknar alþjóðlegar aðgerðir.
Recommendation 1209: on the nuclear power plants in Central and Eastern Europe,
um kjarnorkuver í Mið- og Austur-Evrópu.

Ályktanir:
Resolution 981: on the new North-South relationship,
um breytt samskipti milli norðurs og suðurs.
Resolution 982: on the follow-up to the 1988 European Public Campaign on North-South Interdependence and Solidarity,
um eftirmála evrópska átaksins 1988 um samskipti og samstarf milli norðurs og suðurs.
Resolution 983: on a concerted European preparation of the United Nations Conference on Environment and Development (Brazil, June 1992),
um sameiginlegan undirbúning Evrópu fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál (Brasilíu, júní 1992).
Resolution 984: on the crisis in the former Yugoslavia,
um hættuástandið í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu.
Resolution 985: on the situation of human rights in Turkey,
um mannréttindamál í Tyrklandi.
Resolution 986: on technological risks and society,
um tæknimál og samfélagið.
Resolution 987: on climate change,
um veðurfarsbreytingar.
Resolution 988: on the activities of the OECD in 1991,
um starfsskýrslu OECD fyrir árið 1991.
Resolution 989: on national parliaments and the construction of Europe,
um þjóðþing og uppbyggingu Evrópu.
Resolution 990: on the political consequences of the Maastricht Treaty,
um pólitískar afleiðingar Maastricht-samkomulagsins.
Resolution 991: on the activities of the International Committee of the Red Cross (1989–91),
um starfsemi Alþjóða Rauða krossins (1989–91).
Resolution 992: on the incompatibility of the offices of President of the Assembly and member of government,
um ósættanleika þess að gegna embætti forseta Evrópuráðsþingsins og hins að sitja í ríkisstjórn.
Resolution 993: on the general policy of the Council of Europe,
um stefnu Evrópuráðsins.
Resolution 994: on the massive and flagrant violations of human rights in the territory of former Yugoslavia,
um víðtæk og svívirðileg mannréttindabrot á landsvæðum Júgóslavíu fyrrverandi.

Resolution 995: on economic renaissance in the Baltic Sea Region,
um efnahagsþróun í Eystrasaltsríkjunum.
Resolution 996: on population movements between the states of former USSR,
um fólksflutninga milli ríkja Sovétríkjanna fyrrverandi.

Fylgiskjal II.

FRÁSAGNIR AF ÞINGUM 44. ÞINGS EVRÓPURÁÐSINS

Frásögn af I. hluta 44. þings Evrópuráðsins 4.–8. maí 1992 í Strassborg.

Dagana 4.–8. maí 1992 var haldinn I. hluti 44. reglulegs þings Evrópuráðsins (ER) í höfuðstöðvum ráðsins í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Björn Bjarnason formaður, Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þóra Guðnadóttir, ritari Íslandsdeildarinnar.

Í upphafi þingsins var kjörinn nýr forseti þess. Einróma kosningu hlaut Miguel Angel Martinez, sósíalisti frá Spáni. Ísland á nú sæti í forsætisnefnd þingsins og skipar Björn Bjarnason það.

Aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgar jafnt og þétt og 7. maí sl. varð Búlgaría 27. þátttökuríkið og eru þingfulltrúarnir þá orðnir 210 (420 ef varamenn eru með taldir). Auk þess sækja sérstakir gestir fundi þingsins og að þessu sinni bættust Króatar í þann hóp með fimm gestafulltrúa. Meðal höfuðmálefna á vettvangi Evrópuráðsins á næstunni verður að ákveða framtíðarskipan stofnunarinnar með hliðsjón af umsóknum æ fleiri ríkja. Hefur ríkisstjórn Rússlands nú formlega sótt um aðild og sat Kozyrev, utanríkisráðherra Rússa, fyrir svörum á fundi stjórnmálanefndar Evrópuráðsins í Strassborg 7. maí sl. Umræður um landfræðileg mörk Evrópuráðsins verða meginviðfangsefni II. hluta 44. þingsins í Búdapest 30. júní 1992. Voru gögn um þetta mikilvæga mál og tillögur um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins lagðar fram á nefndarfundum sem haldnir voru í tengslum við I. hluta 44. þingsins og er Íslandsdeildin fús að miðla þeim til allra er hafa áhuga á að kynna sér málið.

Tveir þjóðhöfðingjar ávörpuðu þingið að þessu sinni:

François Mitterrand Frakklandsforseti lagði hornstein að nýrri byggingu fyrir Mannréttindadómstól og mannréttindanefnd Evrópu og ávarpaði síðan þingið.

Salia Berisha, nýkjörinn forseti Albaníu, flutti ræðu og svaraði fyrirspurnum.

Kosnir voru tveir dómarar fyrir Tékkóslóvakíu (Bohumil Repik) og Pólland (Jerzy Makarczyk) í Mannréttindadómstól Evrópu.

Samþykkt var tillaga til ráðherranefndarinnar um að aðildarríkjum RÖSE (en þau eru nú 52), sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu, verði heimilað að leita álits Mannréttindadómstóls Evrópu og sérfræðinganefndarinnar er starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu auk þess sem nefnd Evrópuráðsins, er fjallar um varnir gegn pyntingum, geti heimsótt fleiri lönd en þau sem eru aðilar að Evrópuráðinu.

Á sameiginlegum fundum stjórnmálanefndar og nefndar, er fjallar um málefni Evrópuríkja utan Evrópuráðsins, voru málefni Balkanskagans mjög til umræðu og sátu m.a. fulltrúar Makedóníu, Kósóvu og Vojvodínu fyrir svörum.

Björn Bjarnason flutti ræðu undir dagskrárlið um undirbúning undir leiðtogafund aðildarríkja RÖSE í Helsinki 9.–11. júlí nk. Lára Margrét Ragnarsdóttir flutti ræðu undir dagskrárlið um málefni fatlaðra. Guðmundur Bjarnason flutti ræðu undir dagskrárlið um umhverfismál. Ritari Íslandsdeildarinnar hefur eintak af ræðunum fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér efni þeirra. Hjá ritara er einnig unnt að fá allar nánari upplýsingar um þinghaldið, svo sem um sameiginlegan undirbúning Evrópuþjóða undir Ríó-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál.

Dagana 25.–26. maí nk. heldur sú undirnefnd landbúnaðarnefndar þings Evrópuráðsins, er fjallar um fiskveiðar, kynningarfund um sjávarspendýr í Reykjavík. Sigbjörn Gunnarsson hefur verið kjörinn formaður undirnefndarinnar en Jóhann Sigurjónsson, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, hefur annast vísindalegan undirbúning fundarins af Íslands hálfu. Sjávarútvegsráðuneytið hefur veitt Íslandsdeildinni aðstoð og stuðning vegna nefndarfundarins.

Björn Bjarnason hefur verið tilnefndur af forsætisnefnd þings Evrópuráðsins til að vera fulltrúi hennar á öðrum fundi Eystrasaltsþingsins (Baltic Assembly), þ.e. sameiginlegu þingi Eistlands, Lettlands og Litáens, sem haldið verður í Palanga í Litáen 29.–31. maí 1992.

Sumarþing Evrópuráðsins verður í Búdapest 28. júní til 1. júlí nk. Í framhaldi af því munu aðalmenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins taka þátt í fyrsta RÖSE-þinginu sem einnig verður haldið í Búdapest 1.–4. júlí.

Þóra Guðnadóttir, ritari Íslandsdeildarinnar, veitir frekari upplýsingar og gögn sé þess óskað.

Frásögn af II. hluta 44. þings Evrópuráðsins 28. júní til 1. júlí 1992 í Búdapest.

Um nokkurt árabil hefur það tíðkast að nefndir þings Evrópuráðsins hittist samtímis á fundum í einhverju aðildarríkjanna. Að þessu sinni voru slíkir sumarfundir nefndanna haldnir í Búdapest 28. og 29. júní sl. og samtímis var þar efnt til II. hluta 44. þings Evrópuráðsins og stóð þingfundurinn í einn dag, þriðjudaginn 30. júní. Aðalmenn og varamenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins sóttu þessa fundi ásamt ritara Íslandsdeildarinnar.

Í þessari frásögn verður ekki greint frá því sem gerðist á fundum einstakra nefnda en unnt er að fá yfirlit yfir það hjá ritara Íslandsdeildarinnar og þeim sem í nefndunum sitja.

Ætlunin var að höfuðmál á þingfundinum í Búdapest yrði að ákveða hvernig staðið skuli að því að fjölga aðildarríkjum í Evrópuráðinu nú þegar Sovétríkin hafa liðast í sundur ásamt Júgóslavíu og sífellt fleiri ríki eru að verða til í Evrópu. Um þetta voru ekki teknar ákvarðanir á þingfundinum heldur var talið nauðsynlegt að ræða málið frekar á grundvelli skýrslu frá Þjóðverjanum Reddemann, formanni hinnar pólitísku nefndar þingsins. Í þeirri skýrslu er gert ráð fyrir að landfræðileg mörk Evrópu verði dregin við Úralfjöll en jafnframt að samvinna við ríki austan þeirra marka skuli þó ekki útilokuð af hálfu Evrópuráðsins. Meginvandinn í þessu efni er þó sá hvernig brugðist skuli við umsókn frá Rússlandi um aðild að Evrópuráðinu en Rússland sótti formlega um aðild að ráðinu í maí sl.

Þar sem ákvörðun um stækkun Evrópuráðsins var frestað urðu umræður um málefni Júgóslavíu og stöðu mannréttindamála í Tyrklandi meginatriði þingsins og var ályktað um þau mál og einnig um málefni innflytjenda til Tékkóslóvakíu, Ungverjalands og Pól-

lands. Tyrkir sættu sig illa við skýrslugjöfina um mannréttindi í Tyrklandi og gengu af þingfundi í mótmælaskyni við hana.

Augljóst er að fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins gerir starfsemi þess æ viðameiri. Reynslan af því að halda reglulegan þingfund í Búdapest verður nú metin, en þetta var í fyrsta sinn sem slíkur fundur var haldinn utan Strassborgar. Er líklegt að reglulegir sumarfundir þingsins verði framvegis í höfuðstöðvum þess í Strassborg, þannig að þingið komi reglulega saman fjórum sinnum á ári en ekki þrisvar eins og til þessa og auk þess verði efnt til sameiginlegra nefndarfunda í einhverju aðildarlandanna.

Frásögn af III. hluta 44. þings Evrópuráðsins 29. september til 8. október 1992 í Strassborg.

Dagana 29. septemer til 8. október 1992 var haldinn III. hluti 44. þings Evrópuráðsins (ER) í þinghúsinu í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þóra Guðnadóttir, ritari deildarinnar, þingið.

Fulltrúar frá Úkraníu (12) og Hvíta-Rússlandi (7) sátu þingið nú í fyrsta sinn en ríkin hafa fengið gestaaðild að Evrópuráðinu. Tíu ríki eiga nú gestaaðild að Evrópuráðinu. Sérstakar sendinefndir frá Armeníu, Azerbajdzhan og Bosníu-Herzegóvínu áttu viðræður við þingmenn í nefndum ráðsins.

Carl Bildt, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Janez Drnovsek, forsætisráðherra Slóveníu, ávörpuðu þingið og svöruðu fyrirspurnum. Hið sama gerði Cornello Sommaruga, forseti Alþjóða Rauða krossins. Jean-Claude Paye, framkvæmdastjóri OECD, flutti þinginu ársskýrslu fyrir árið 1991 og tók þátt í umræðum um hana ásamt þingmönnum frá Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Japan.

Owen lávarður, sem ásamt Cyrus Vance hefur forustu fyrir alþjóðlegum tilraunum til að koma á friði í fyrrverandi Júgóslavíu, flutti ræðu á þinginu og tók þátt í umræðum um styrjöldina í landinu.

Mannréttindaverðlaun Evrópuráðsins voru afhent í þriðja skipti. Að þessu sinni var þeim skipt á milli dr. Felix Ermacora frá Austurríki fyrir störf hans í þágu mannréttindamála, en hann á sæti í mannréttindanefnd Evrópu, og samtakanna „Médecins sans frontières" (Læknar án landamæra).

Ályktað var um framtíðarsamstarf Evrópuríkja, pólitískar afleiðingar Maastricht-samkomulagsins, stöðu ungs fólks í „nýrri Evrópu", tækniþróun og hættur af henni, breytingar á andrúmslofti í gufuhvolfinu, umhverfismál, breytingar á stofnunum til eftirlits með Mannréttindasáttmála Evrópu, félagslega útilokun vegna fátæktar, þróun byggðar og mannfjölgunar á Kýpur og málefni Rauða krossins.

Kosinn var dómari fyrir Búlgaríu í Mannréttindadómstól Evrópu, Dimitar Bonev Gotchev.

Vegna fjölgunar ríkja, sem senda fulltrúa til þings Evrópuráðsins, er augljóst að starfshættir á þinginu munu breytast. Áform eru um að hverju þingi verði skipt í fjórar fundalotur í stað þriggja (vor, haust og vetur) og sumarþing verði í Strassborg um mánaðamótin júní–júlí ár hvert. Þá yrði unnt að stytta haustfundinn en hvarvetna finnst þjóðkjörnum þingmönnum of langt að vera um tvær vikur á þingfundum í Strassborg eins og nú tíðkast á haustin.

Fjölgun fulltrúa á þinginu leiðir einnig til þess að störf nefnda og þingflokka verða mikilvægari en áður og einnig svæðisbundið samstarf ríkja. Hafa fulltrúar Norðurlanda unnið að því að efla samstarf sitt á vettvangi Evrópuráðsins.

Formenn norrænu sendinefndanna sendu forseta þings Evrópuráðsins bréf þar sem þeir hvetja til þess að hugað verði að starfsháttum þingsins til að tryggja að það geti fljótt og af festu brugðist við ef um mannréttindabrot í Evrópu er að ræða eða hafðar eru uppi ásakanir um slíkt brot. Þessi mál eigi að hafa forgang á vettvangi þingsins þótt það sé á kostnað annarra málefna.

Meðan á þinginu stóð (3.–4. október) var haldin kvennaráðstefna á vegum Lýðræðisstofnunarinnar í Washington (Center for Democracy) og Evrópuráðsins. Viðfangsefnið var lýðræðisþróunin í Mið- og Austur-Evrópu með tilliti til stöðu kvenna.

Ráðgert er að efna til leiðtogafundar aðildarríkja Evrópuráðsins í Vínarborg í október 1993.

Upplýsingar um samþykktir þingsins og ræður á því er unnt að fá hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

Þess má geta að íslensku þingmennirnir óskuðu eftir fundi með tyrkneskum þingmönnum og kynntu þeim örlög dætra Sophiu Hansen og tilraunir hennar til að fá forræði þeirra. Tóku tyrknesku þingmennirnir málflutningi um mikilvægi þessa mannréttindamáls af skilningi.

Frásögn af IV. hluta 44. þings Evrópuráðsins 1.–5. febrúar 1993 í Strassborg.

Dagana 1.–5. febrúar 1993 var IV. hluti 44. þings Evrópuráðsins haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þóra Guðnadóttir ritari þingið.

Störf Evrópuráðsins mótast um þessar mundir mjög af breytingum og átökum í Mið- og Austur-Evrópu. Aðildarríki ráðsins eru nú 26 en þeim fækkaði um eitt með klofningi Tékkóslóvakíu; er nú unnið að því að kanna aðildarumsókn Tékklands og Slóvakíu. Þá eru aðildarumsóknir frá Litáen, Slóveníu og Eistlandi til lokaafgreiðslu og er líklegt að þessi ríki verði fullgildir aðilar að ráðinu í vor. Gestaaðild Moldóvu hefur verið samþykkt.

Að þessu sinni ávörpuðu þrír þjóðarleiðtogar þingið: Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, Franz Vranitzky, kanslari Austurríkis, og Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs. Er leiðtogafundur Evrópuráðsins ráðgerður í Vín í byrjun október.

Helstu málefni á dagskrá þingsins voru réttindi minnihlutahópa og Mannréttindasáttmáli Evrópu, trúmál og trúfrelsi, staða sígauna í Evrópu, almenn umræða um stefnu Evrópuráðsins, mannréttindabrot í ríkjum Júgóslavíu fyrrverandi, efnahagshorfur í Eystrasaltsríkjunum, fólksflutningar í Sovétríkjunum fyrrverandi, kjarnorkuver í Mið- og Austur-Evrópu og heilsufarslegar afleiðingar Tsjernobyl-slyssins og aðgerðir í framtíðinni, en um síðasta málið hafði Lára Margrét Ragnarsdóttir framsögu af hálfu þingnefndarinnar.

Evrópuráðið mun á þessu ári standa fyrir aðstoð við nýja og lýðræðislega kjörna þingmenn í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Verða þeim kynnt þingleg vinnubrögð og lýðræðislegir starfshættir. Að loknum námskeiðum í Strassborg munu aðildarríki Evrópuráðsins taka á móti þingmönnum og kynna þeim aðstæður á vettvangi. Alþingi hefur að tillögu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins samþykkt að taka á móti tveim Rússum í október á þessu ári.

Eins og áður sagði setja viðfangsefni, er tengjast Mið- og Austur-Evrópu, mjög svip á þing Evrópuráðsins. Þar hafa m.a. verið uppi hugmyndir um að komið verði á sérstök-

um dómstól til að fjalla um mannréttindi og hryðjuverk í Júgóslavíu fyrrverandi.

Af málum, sem sérstaklega snerta Ísland á vettvangi þingsins, er ástæða til að nefna störf undirnefndar landbúnaðarnefndar, undir formennsku Sigbjörns Gunnarssonar, um hvali og hvalveiðar. Var greinilegt í fyrirspurnatíma að lokinni ræðu Gro Harlem Brundtlands að þetta verður hitamál þegar það kemur á dagskrá þingsins.

Á fundi norrænu sendinefndanna skýrðu fulltrúar Noregs frá því að norska ríkisstjórnin hefði lagt til að Johan C. Løken verði næsti aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins. Keppir hann væntanlega um það embætti við austurríska starfsmann mannréttindanefndar Evrópu.

Nú hefur verið ákveðið að skipta þinghaldi Evrópuráðsþingsins í fjórar lotur og verður haldið sumarþing í Strassborg í fyrsta sinn um mánaðamót júní–júlí, en fyrsta lota 45. þingsins verður 10.–14. maí í Strassborg.

691. Frumvarp til laga [397. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal hafa fullt samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein um skipulagningu tilraunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hafa komið fram nýjar hugmyndir um uppbyggingu og skipan náms í framhaldsskólum, einkum verklegs náms, og hafa fulltrúar nokkurra iðngreina rætt þann möguleika við ráðuneytið að gerðar verði breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Þessar hugmyndir fela í sér aukna ábyrgð atvinnulífs, bæði faglega og fjárhagslega, og beina þátttöku aðila vinnumarkaðarins í framkvæmd skólastarfs og eftirlit með því.

Þessar hugmyndir eru að mörgu leyti áhugaverðar en ýmis atriði, sem tengjast þeim, eru ekki í samræmi við gildandi lög um framhaldsskóla og því ekki unnt að koma þeim til framkvæmda eða prófa þær. Þar sem hér er um að ræða umtalsverðar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi er ekki æskilegt að láta þær koma til framkvæmda í skólakerfinu öllu án þess að þær hafi verið reyndar í framkvæmd í einum eða fleiri skólum. Þess vegna þykir rétt að menntamálaráðherra verði með lögum veitt heimild til að efna til tilraunastarfs í framhaldsskólum á sviði verknáms þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Verknám er þess eðlis að mikilvægt er að nýjar hugmyndir um stjórnun og skipan náms nái skjótt fram að ganga. Tæknibreytingar eru hraðar og eiga upptök sín úti í atvinnulífinu og þess vegna þarf að búa þannig um hnútana í skipulagi iðnnámsins að áhrif

atvinnulífsins séu tryggð og menn þar hafi aðstöðu til að fylgja eftir breytingum í tækni og viðskiptum með skilvirkum hætti í menntakerfinu og beri ábyrgð í samræmi við áhrif.

Núverandi stjórnunarform framhaldsskóla, einkum að því er varðar sérnám á afmörkuðum brautum, hefur nokkra vankanta sem nauðsynlegt er að sníða af. Nokkuð hefur borið á samskiptaörðugleikum sem trúlega mætti lagfæra með því að stytta boðleiðir og flytja stjórnunarvaldið í auknum mæli til atvinnulífsins. Hver iðngrein þarf að búa við sem mest sjálfstæði hvað þetta varðar. Því þarf að koma á raunverulegum og beinum tengslum milli skóla og atvinnulífs.

Vegna þess að nauðsynlegt er að lagfæra nú þegar skipan iðnnáms í ýmsum greinum er mikilvægt að heimild fáist í lögum til að koma á tilraunastarfi á afmörkuðum sviðum og gæti niðurstaða þeirra tilrauna síðan nýst við endurskoðun laga og reglugerða um framhaldsskóla.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra verði heimilt að víkja frá ákvæðum framhaldsskólalaga til að efna til tilraunastarfs í starfsnámi. Heimild menntamálaráðherra er ekki nánar afmörkuð að öðru leyti en því að tilraunastarf skuli að jafnaði ekki skipuleggja til lengri tíma en tveggja ára í senn.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að nýjar hugmyndir um uppbyggingu og skipan náms í framhaldsskólum fela í sér aukna ábyrgð atvinnulífs, bæði faglega og fjárhagslega. Ef þetta verður reyndin gæti það jafnvel haft í för með sér sparnað þó líklegra verði að teljast að hugmyndir sem þessar um að styrkja og byggja upp verknám innan framhaldsskólanna kalli á aukið fjármagn. Þátttaka atvinnulífs ætti þó að draga úr þeim viðbótarkostnaði.

Hversu mikið útgjöld aukast veltur m.a. á því að hve miklu leyti atvinnurekendur taka þátt í fjármögnun, í hve mörgum skólum slíkt tilraunastarf verður heimilað og til hve langs tíma.

692. Skýrsla [398. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1992.

1. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsþjóðanna, sem voru stofnuð árið 1955, eru 188 þingmenn frá öllum aðildarríkjum Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO). Norður-Atlantshafsþingið hefur enga formlega stöðu innan NATO, en samstarfið á milli þess-

ara aðila er náið og virkt og hefur tekið á sig fastara form með tímanum. Samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ræða mál er varða sameiginlega hagsmuni. Fulltrúatala aðildarríkja er í hlutfalli við mannfjölda og eru þingmenn tilnefndir af þjóðþingum sínum samkvæmt reglum viðkomandi þings.

Aðildarríki Norður-Atlantshafsþingsins eru: Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Sambandslýðveldið Þýskaland, Spánn og Tyrkland.

Á undanförnum árum hafa mörg ríki Austur-Evrópu fengið áheyrnaraðild að þinginu. Áheyrnaraðild hafa nú Búlgaría, Eistland, Hvíta-Rússland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Rússneska ríkjasambandið, Tékkóslóvakía, Úkraína og Ungverjaland.

Meginverkefni Norður-Atlantshafsþingsins er að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir fulltrúum þjóðþinga kleift að koma á framfæri áhugaefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Enn fremur er Norður-Atlantshafsþingið mikilvægur tengiliður milli bandalagsins og þjóðþinga aðildarríkja þess. Með umræðum sínum veitir Norður-Atlantshafsþingið góða innsýn í álit þingmanna á málefnum bandalagsins. Á þennan hátt má segja að þingið gegni mikilvægu hlutverki í stefnumótun þótt áhrif þess séu óbein. Ályktunum þingsins er vísað til Atlantshafsráðsins eða viðkomandi ríkisstjórna, þjóðþinga eða alþjóðastofnana eftir eðli þeirra.

Norður-Atlantshafsþingið hefur brugðist við þeim gífurlegu breytingum, sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á undanförnum árum, m.a. með því að bjóða þingmönnum Austur-Evrópuríkja til samstarfs. Markmið þessa samstarfs er annars vegar að aðstoða við lýðræðisþróun og eflingu lýðræðis í Austur-Evrópu og hins vegar að efla skoðanaskipti og samstarf við þessi ríki. Þetta samstarf er orðið mjög mikilvægur hluti af starfi þingsins. Aukaaðild ríkja í Austur-Evrópu hefur aukið mjög umfang þingsins og haft áhrif á skipulag þess.

2. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Á 114. löggjafarþingi, í maí 1991, voru tilnefnd af viðkomandi þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni fyrir yfirstandandi kjörtímabil Karl Steinar Guðnason, Alþýðuflokki, Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, og Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, og til vara Ingi Björn Albertsson og Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, og Finnur Ingólfsson, Framsóknarflokki. Karl Steinar Guðnason var kjörinn formaður deildarinnar og Sólveig Pétursdóttir varaformaður. Þóra Guðnadóttir starfaði sem ritari Íslandsdeildarinnar fram til september 1992, en þá tók Belinda Theriault frá nefndadeild Alþingis við því starfi.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

Íslandsdeildin skiptist þannig í nefndir:
Karl Steinar Guðnason á sæti í stjórnarnefnd þingsins, en varamaður hans er Sólveig Pétursdóttir.

Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir,
til vara:	Karl Steinar Guðnason.
Félagsmálanefnd:	Karl Steinar Guðnason,
til vara:	Tómas Ingi Olrich.
Efnahagsmálanefnd:	Jón Kristjánsson,
til vara:	Finnur Ingólfsson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Ingi Björn Albertsson.
Vísinda- og tæknimálanefnd:	Enginn.

Karl Steinar Guðnason á sæti í undirnefnd félagsmálanefndar um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Jón Kristjánsson á sæti í undirnefnd efnahagsmálanefndar um samvinnu austurs og vesturs.

3. Starfsemi ársins 1992.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo fundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti, auk sérfundar stjórnarnefndar. Þingin eru haldin í aðildarríkjum bandalagsins. Þá eru haldnar námsstefnur og fundir í nefndum og undirnefndum þingsins á milli þinga. Jafnframt er árlega farið í skoðunarferð til eins aðildarríkis NATO til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Þá hafa verið haldnar „Rose-Roth" námsstefnur sem eru liður í samstarfi við ríki Austur-Evrópu. Íslandsdeildin tók aðeins þátt í sérfundi stjórnarnefndar og vor- og haustfundum þingsins á árinu 1992.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd Norður-Atlantshafsþingsins fundaði í Lúxemborg 3.–5. apríl. Karl Steinar Guðnason og Þóra Guðnadóttir ritari sóttu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar.

b. Vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins.

Vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins var haldinn í Banff í Kanada 14.–18. maí. Þingið sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Karl Steinar Guðnason, Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Tómas Ingi Olrich og Þóra Guðnadóttir ritari. Í upphafi fundar fengu þingmenn tækifæri til þess að ræða sérstaklega við skoðanabræður sína í öðrum löndum á sérstökum fundum þeirra fjögurra stjórnmálahópa sem starfa innan þingsins, þ.e. kristilegra demókrata, jafnaðarmanna, frjálslyndra og íhaldsmanna. Að loknum fundum stjórnmálahópanna tóku við nefndafundir þar sem skýrslur voru ræddar og gestir fjölluðu um afmörkuð mál.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Aðalumræðuefni sameiginlega þingfundarins voru „samskipti Norður-Ameríku og Evrópu". Mary Collins, aðstoðarvarnarmálaráðherra Kanada, ávarpaði þingið. Einnig ávarpaði Charlie Rose, forseti Norður-Atlantshafsþingsins, þingið og sagði nauðsynlegt að ræða samband Norður-Ameríku og Evrópu á þessum tímum mikilla breytinga í Evrópu. Hann sagði nýjar aðstæður kalla á nýjar hugmyndir á sviði öryggismála og breytingar á hlutverki og ábyrgðarsviði ýmissa stofnana. Hann sagði NATO hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og

að óumdeilanlega væri NATO enn í lykilhlutverki meðal þeirra stofnana sem tækjust á við nýjar aðstæður í Evrópu. Hann sagði tvö verkefni fram undan hjá NATO. Annars vegar væri um hernaðarlega endurskipulagningu að ræða þar sem gert væri ráð fyrir þörfum vegna friðargæslu, ekki síður en vegna varna eigin landsvæða. Hins vegar þyrfti að þróa pólitískan ramma til þess að hægt yrði að taka ákvörðun um beitingu heraflans við friðargæslu ef ósk um slíkt kæmi frá Sameinuðu þjóðunum eða RÖSE. Að lokum ræddi Rose um viðbrögð Norður-Atlantshafsþingsins við þörfum Mið- og Austur-Evrópu. Hann taldi þrjú mikilvæg skref hafa verið tekin, þ.e. áheyrnaraðild Austur-Evrópuríkja að þinginu, skipulagning „Rose-Roth" námsstefna til að fást við afmörkuð vandamál og þátttaka Norður-Atlantshafsþingsins í skipulagningu RÖSE-þingsins sem hann sagði dæmi um nauðsynlegt samstarf milli NATO og RÖSE.

c. 38. ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins.

Ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins var haldinn í Brugge í Belgíu 15.–19. nóvember. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Karl Steinar Guðnason, Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Ingi Björn Albertsson og Belinda Theriault, ritari deildarinnar. Á fundi stjórnarnefndar var Íslandsdeildin beðin um að halda fund stjórnarnefndar annaðhvort árið 1996 eða 1997. Að loknum fundum stjórnmálahópa tóku við nefndarfundir þar sem skýrslur voru ræddar, umræður fóru fram með sérfræðingum um afmörkuð mál og ályktanir voru afgreiddar.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Manfred Wörner, framkvæmdastjóri NATO, ávarpaði þingið eins og venja er á ársfundi þess. Einnig ávarpaði forsætisráðherra Belgíu, Jean-Luc Dehaene, þingið. Fráfarandi formaður Norður-Atlantshafsþingsins, Charlie Rose frá Bandaríkjunum, flutti ávarp þar sem hann lagði áherslu á réttmæti þeirrar ákvörðunar sem tekin var á sínum tíma um að opna þingið fyrir þátttöku fulltrúa frá Austur-Evrópu. Þá ræddi hann m.a. um breytingar á eðli friðargæslu og hlutverk NATO á því sviði.

Aðalumræðuefni sameiginlega þingfundarins var „framtíð evrópskra öryggismála í kjölfar Maastricht-samkomulagsins og atburðanna í Júgóslavíu" og bar aðalályktun fundarins sama nafn. Áður en hún var rædd og afgreidd gafst þingfulltrúum tækifæri til að flytja erindi. Í ræðu Karls Steinars Guðnasonar, formanns Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, kom fram að NATO væri enn sú stofnun sem helst gæti tryggt frið og öryggi í Evrópu og lagði hann þunga áherslu á nauðsyn sterkra tengsla milli Bandaríkjanna og Evrópu. Þá sagði hann að skilgreina þyrfti betur hlutverk hinna ýmsu alþjóðastofnana og auka samvinnu þeirra á milli og jafnframt að pólitísk samstaða yrði að nást milli aðildarlanda NATO um að leyfa stofnuninni að þróast og fást við ný verkefni.

Í aðalályktun fundarins var m.a. lögð áhersla á að öryggi Evrópu væri stefnt í hættu með atburðunum í Júgóslavíu fyrrverandi, að NATO yrði að bregðast við og að aðgerðir á vegum NATO yrðu að vera með samþykki Sameinuðu þjóðanna eða RÖSE. Skiptingu Bosníu-Herzegóvínu til lausnar deilunni var hafnað, sömuleiðis afleiðingum þjóðernishreinsana. Áhersla var lögð á það að ef ekki væri brugðist af hörku við atburðunum í Júgóslavíu fyrrverandi mundu voðaverkin breiðast út og stefna framtíð Evrópu í voða.

Á þingfundinum var kjörinn forseti samtakanna og þrír varaforsetar. Sjálfkjörinn í embætti forseta Norður-Atlantshafsþingsins var Loïc Bouvard frá Frakklandi. Varaforsetar voru kjörnir þingmennirnir Douglas Bereuter frá Bandaríkjunum, Karsten Voigt frá Þýskalandi og Panayotis Skandalakis frá Grikklandi.

Alþingi, 1. mars 1993.

Karl Steinar Guðnason, form.	Sólveig Pétursdóttir, varaform.	Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Útgefnar skýrslur Norður-Atlantshafsþingsins 1992.

Stjórnmálanefnd:
Special Report on the Helsinki Summit 1992.
Leiðtogafundur RÖSE-ríkja í Helsinki 1992.
NATO and the New Arc of Crisis; Dialectics of Russian Foreign Policy.
Hlutverk NATO á breyttum tímum; andstæður í utanríkisstefnu Rússlands.
The North Atlantic Cooperation Council.
Norður-Atlantshafssamvinnuráðið.
The Southern Region.
Suðræna svæðið.
The War in Former Yugoslavia.
Stríðið í Júgóslavíu fyrrverandi.

Félagsmálanefnd:
Impact of Force Reductions in Central and Eastern Europe.
Áhrif fækkunar í herafla í Mið- og Austur-Evrópu.
National Minorities in Central and Eastern Europe.
Þjóðabrot í Mið- og Austur-Evrópu.
The Mediterranean Basin.
Miðjarðarhafssvæðið.
Democratization in Romania.
Lýðræðisþróunin í Rúmeníu.
The Yugoslav Crisis.
Kreppan í Júgóslavíu.

Efnahagsmálanefnd:
Avoiding Economic Confrontation.
Efnahagssamvinna og framtíðarþróun hennar.
East-West Economic Cooperation and Convergence.
Efnahagslegt samstarf og samhæfing austurs og vesturs.

Varnar- og öryggismálanefnd:
Alliance Security.
Öryggismál Atlantshafsbandalagsins.
The Future of the Armed Forces in the Former Soviet Union.
Framtíð heraflans í Sovétríkjunum fyrrverandi.
A European Security Identity after Rome and Maastricht.
Öryggismál í Evrópu í kjölfar Maastricht-samkomulagsins og leiðtogafundar NATO í Róm.
Baltic Security.
Öryggismál í Eystrasaltsríkjunum.
The Yugoslav Crisis and its Impact on Hungary.
Kreppan í Júgóslavíu og áhrif hennar á Ungverjaland.

Vísinda- og tækninefnd:
The Rio Summit and the Chemical Warfare Convention.
Ríó-ráðstefnan og Alþjóðasamningurinn um eyðingu efnavopna.
Verification and Technology.
Kjarnavopn Sovétríkjanna fyrrverandi og vandamál varðandi eyðingu þeirra.
Missile Defense Technology.
Varnir gegn skotflaugaárásum.
International Competition in High Technology.
Alþjóðleg samkeppni á hátæknisviðinu.

Fylgiskjal II.

Ályktanir Norður-Atlantshafsþingsins 1992.

Resolution 233 on the Housing Problem of Repatriated Troops from the former Soviet Union,
um húsnæðisvanda heimkominna hermanna Sovétríkjanna fyrrverandi.
Resolution 234 on Peacekeeping in Europe,
um friðargæslu í Evrópu.
Resolution 235 on Baltic Security: The New Context,
um öryggismál í Eystrasaltsríkjunum.
Resolution 236 on the Uruguay Round of the General Agreement on Tariffs and Trade,
um Úrúgvælotu GATT-viðræðnanna.
Resolution 237 on Urgent Measures for Institutional Cooperation for Security in the Euro-Atlantic Community,
um aðkallandi ráðstafanir varðandi stofnanalega samvinnu um öryggismál í Evrópu og Bandaríkjunum.
Resolution 238 on the CSCE after Helsinki,
um RÖSE eftir leiðtogafundinn í Helsinki.
Resolution 239 on Consolidating Democracy in Russia,
um að festa lýðræði í Rússlandi í sessi.

Resolution 240 on the Chemical Weapons Convention and the Proliferation of Weapons of Mass Destruction,
um Alþjóðasamninginn um eyðingu efnavopna og útbreiðslu gereyðingarvopna.
Resolution 241 The Bruges Appeal on the Future of European Security: the Challenges of Yugoslavia,
um framtíð evrópskra öryggismála í ljósi atburðanna í Júgóslavíu.

693. Tillaga til þingsályktunar [399. mál]

um ráðgjafar- og fræðsluþjónustu fyrir nýbúabörn.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að
a. setja á stofn farþjónustu fyrir nýbúabörn utan Reykjavíkur þannig að þau, foreldar þeirra og kennarar geti fengið viðtöl og ráðgjöf varðandi nám og samskiptavandamál sem upp koma,
b. setja á stofn móttökudeild fyrir nýbúabörn í Reykjavík þar sem þau fengju lágmarkskennslu í íslensku áður en þau hefja nám í almennum skólum.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu voru nýbúabörn í grunnskólum landsins haustið 1992 alls 201 og skiptust þannig eftir fræðsluumdæmum:

Reykjavík	104
Reykjanes	61
Vesturland	8
Vestfirðir	3
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	12
Austurland	8
Suðurland	4
Samtals	*201*

Vitað er að þessi tala hefur hækkað síðan í haust. Auk þessara barna er stór hópur íslenskra barna sem hefur dvalið lengi erlendis og þarf aðstoðar við í íslensku.

Meðal þeirra barna og fjölskyldna, sem dreifð eru um landið, eru aðilar er tala mál sem enginn í nánasta umhverfi þeirra skilur. Kennurum og öðrum þjónustuaðilum er því oft gífurlegur vandi á höndum og er ljóst að ráðgjafarþjónusta af því tagi sem að ofan greinir mundi létta öllum aðilum störfin og veita nýbúunum öryggi. Einnig væri kennurum mikill styrkur að því að eiga aðgang að slíkri ráðgjöf varðandi kennslu nýbúabarna almennt.

Eins og taflan hér að ofan sýnir sest stór hluti þeirra barna, sem til landsins flytja, að í Reykjavík og á Reykjanesi. Börn á þessu svæði koma inn í stóra skóla með takmörk-

uð fjárráð til sérkennslu og sáralítið fé markað sérstaklega kennslu nýbúabarna. Hægt væri að búa börnin allvel undir þátttöku í almennu skólastarfi ef þau ættu völ á nokkurra vikna þaulnámi í íslensku fljótlega eftir komu þeirra til Íslands.

694. Fyrirspurn [400. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mikið fækkaði umsóknum um námslán fyrir veturinn 1992–1993 miðað við veturinn 1991–1992,
   a. til náms erlendis,
   b. til náms á Íslandi?
2. Hversu mikið fækkaði umsóknum um námslán milli skólaáranna 1991–1992 og 1992–1993,
   a. frá konum,
   b. frá körlum?
3. Í hvaða námsgreinum má greina mesta fækkun lánsumsókna?

Skriflegt svar óskast.

695. Fyrirspurn [401. mál]

til fjármálaráðherra um málaferli vegna kjarasamninga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörg mál voru rekin fyrir dómstólum (þar með töldum Félagsdómi) af hálfu ríkisins eða gegn ríkinu vegna kjarasamninga á árunum 1985–1992?
2. Í hve mörgum tilvikum tapaði ríkið málum sem snerta kjarasamninga fyrir dómstólum, hvaða mál var um að ræða og á hvaða dómstigi féllu þeir dómar?
3. Hversu mikið fé hefur ríkið orðið að greiða vegna dóma í kjarasamningamálum á tímabilinu 1985–1992,
   a. í málskostnað,
   b. til leiðréttingar launa?

696. Frumvarp til laga [402. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

4. Lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er tilgreint hverjir geta notið láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Með frumvarpi þessu er lagt til að við greinina bætist nýr töluliður er felur í sér heimild handa sjóðnum til að veita jafnframt lán til endurbóta eða útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Þegar núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett á árinu 1988 var gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins gæti veitt lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Það ákvæði var fellt brott með lögum nr. 70/1990 og talið að þær lánsumsóknir, sem bærust vegna þessa, féllu þrátt fyrir það innan ramma laganna. Það hefur síðan komið í ljós að svo er ekki. Því telja flutningsmenn þessa frumvarps brýnt að svipað ákvæði verði sett á ný í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ekki þarf að reikna með viðbótarkostnaði vegna þessa þar sem lánsumsóknir vegna endurbóta eða útrýmingar heilsuspillandi húsnæði eru fáar.

697. Skýrsla [403. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1992.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins á árinu 1992 var með hefðbundnum hætti. Íslandsdeildin tók þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Yaounde í Kamerún (87. þing) og hið síðara í Stokkhólmi í Svíþjóð (88. þing). Þá sótti formaður Íslandsdeildar einnig samráðsfundi norrænu deildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu sem haldnir voru fyrir þingin.

Á þinginu í Stokkhólmi var Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, kjörinn formaður Vesturlandahópsins (12-plúshópsins) innan Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1993, en í hópnum eru nú þingmenn frá 30 ríkjum Vestur- og Mið-Evrópu, Norður-Ameríku auk Ástralíu og Nýja-Sjálands.

A. ÞINGIÐ Í YAOUNDE

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 87. þing í Yaounde í Kamerún dagana 6.–11. apríl 1992. Þingið sóttu fulltrúar frá 89 þjóðþingum, en á þinginu voru auk þess áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðinu. Forseti Kamerún, Paul Biya, var við setningu þingsins og flutti ræðu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður deildarinnar, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Þingið í Kamerún var haldið á mikilvægum tímamótum í sögu landsins því stuttu fyrir þingið fóru fram fyrstu fjölflokkakosningarnar í landinu síðan 1965.

II. Störf og ályktanir þingsins.

1. Umræðuefni þingsins.

Á dagskrá þingsins í Yaounde voru að vanda tvö aðalumræðuefni. Hið fyrra var afstaða þingmanna til málefna á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu í júní sama ár. Seinna umræðuefnið var lýðræði og þjóðernisminnihlutar. Fyrir þinginu lágu jafnframt tillögur um viðbótarumræðuefni, en þingið getur tekið á dagskrá eitt viðbótarumræðuefni sem ákveðið er á þinginu sjálfu. Samþykkt var tillaga Ástrala um að fjallað yrði um áhrif alnæmisfaraldurs á hagvöxt og pólitískan og félagslegan stöðugleika, einkum í þriðja heiminum, sem og hvernig bregðast skuli við vandanum. Þá voru einnig að vanda almennar stjórnmálaumræður.

Íslenska sendinefndin tók þátt í umræðum þingsins um umhverfismál og fluttu bæði Geir H. Haarde og Anna Ólafsdóttir Björnsson ræðu í því sambandi.

2. Nefndastörf og ályktanir þingsins.

Fyrir þinginu lágu frá ýmsum þjóðdeildum fjölmargar álitsgerðir og drög að ályktunum um tvö áðurgreind aðalefni sem þingið fjallaði um. Þá lágu einnig fyrir drög að ályktun frá Áströlum um viðbótarumræðuefnið. Að loknum löngum almennum umræðum um aðalumræðuefnin var ályktunardrögunum og álitsgerðunum vísað til hlutaðeigandi nefnda. Með hliðsjón af þeim gögnum gengu nefndirnar frá ályktunartillögum sem samþykktar voru einróma á síðasta degi þingsins.

Fyrir frumkvæði íslensku sendinefndarinnar var sett í ályktun þingsins um umhverfismál áskorun til ríkisstjórna um að taka upp skynsamlega nýtingu fiskstofna og vinna að verndun hafsins. Jafnframt samþykkti þingið að senda Bush Bandaríkjaforseta opið bréf þar sem látin var í ljós óánægja með niðurstöðu mála á fundum undirbúningsnefndar umhverfisráðstefnunnar í Ríó og á það bent að afstaða Bandaríkjanna mundi ráða miklu um árangur ráðstefnunnar í Brasilíu. Í bréfinu var Bandaríkjaforseti einkum beðinn að endurskoða afstöðu sína til „stefnuskrár í umhverfismálum“ (Earth Charter), „framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum jarðar“ (Agenda 21), og alþjóðasamnings um aðgerðir til að stemma stigu fyrir veðurfarsbreytingar af völdum umhverfisröskunar. Anna Ólafsdóttir Björnsson sat í þeirri nefnd þingsins er fjallaði um umhverfismál.

Auk umhverfismála setti umræðan um alnæmi mestan svip á þingið en mikil útbreiðsla þess sjúkdóms er veruleg ógnun við öll þjóðfélög í Afríku. Ólafur Þ. Þórðarson sat í þeirri nefnd er fjallaði um þetta dagskrárefni og þar koma m.a. fram að hætta er á að á næstu tíu árum muni lífslíkur íbúa Afríku minnka úr 62 árum í 48 ár vegna

þessa sjúkdóms. Athyglisvert er að þeir þjóðfélagshópar í Afríku, sem eru í mestri hættu vegna sjúkdómsins, eru mennta- og valdastéttir álfunnar.

Auk ályktana þingsins um umhverfismál og alnæmi var ályktað um lýðræði og minnihlutahópa og sérstök ályktun var samþykkt vegna valdaráns forseta Perú sem átti sér stað meðan á þinginu stóð, en forsetinn leysti þingið upp og tók sér öll völd.

Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér þessar ályktanir, sem og aðrar ályktanir og gögn frá þinginu, er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildarinnar.

3. Kosningar í framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn sambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forseta ráðs sambandsins, fundaði einnig meðan þingið stóð yfir. Sú breyting varð á skipan framkvæmdastjórnarinnar að tveir stjórnarmenn létu af störfum, þeir Martinez frá Spáni (sem nú er orðinn forseti Evrópuráðsþingsins) og Valkov frá Búlgaríu. Í stað þeirra voru kjörnir Lehel Gyorgy Papp frá Ungverjalandi og Ilko Eskenazi frá Búlgaríu.

II. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Ráðið er hin formlega stjórn sambandsins og eiga í því sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Ólafur Þ. Þórðarson í ráðinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu og ákvörðunar ráðsins.

1. Aðild að sambandinu.

Á fundi ráðsins var samþykkt að víkja Zaire og Dóminíska lýðveldinu úr sambandinu. Zaire var vikið úr sambandinu þar sem þing landsins starfar ekki lengur og þjóðdeild þingsins í Dóminíska lýðveldinu hafði ekki staðið í skilum með árgjöld sín til sambandsins. Þá staðfesti ráðið þá afstöðu framkvæmdastjórnar sambandsins að Rússland skyldi taka við öllum skyldum og réttindum Sovétríkjanna fyrrverandi innan Alþjóðasambandsins.

2. Viðurkenningartákn Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á fundi ráðsins kynnti framkvæmdastjórnin tillögu, sem flutt var að frumkvæði Sir Michael Marshall, forseta sambandsins, um að sambandið veiti árlega sérstaka viðurkenningu (Parliamentary Diplomacy/Democracy Award) til handa einstaklingi vegna sérstaks framlags hans til að efla og stuðla að framgangi lýðræðis og lýðræðislega kjörinna þinga í heiminum. Ákveðið var að taka afstöðu til tillögunnar á næsta þingi sambandsins í september í Stokkhólmi.

3. Mannréttindamál þingmanna.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins starfar sérstök fastanefnd sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Hefur verulegur árangur náðst í þessu efni á undanförnum árum.

Í ráðinu var lögð fram ítarleg skýrsla þessarar nefndar og gerð grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum á þingmönnum í átta ríkjum sem nefndin hefur haft til rannsóknar. Ríkin, sem hér er um að ræða, eru Síle, Kólombía, Miðbaugs-Gínea, Haítí, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar og Myanmar (áður Burma). Þeim sem vilja kynna sér

skýrslu mannréttindanefndarinnar, sem er 85 síður, er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildarinnar.

Þá kaus ráðið Ole Espersen, formann dönsku deildarinnar, sem varamann í mannréttindanefnd sambandsins að tillögu íslensku sendinefndarinnar.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins.

Framkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasambandsins lagði að vanda fram ítarlega skýrslu um störf sambandsins frá síðasta fundi ráðsins. Skýrslan er fróðleg lesning fyrir alla þá er vilja kynna sér starfsemi sambandsins.

5. Fjármál Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á fundi ráðsins voru lagðir fram endurskoðaðir reikningar sambandsins fyrir árið 1991 og voru þeir samþykktir.

6. Skýrslur sérnefnda.

Fyrir ráðinu lágu skýrslur ýmissa sérnefnda. Þar er um að ræða skýrslu um ástand mála á Kýpur, skýrslu um ástand mála í Mið-Austurlöndum og skýrslu um umhverfismál. Þessar skýrslur má fá hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

7. Túlkun á arabísku.

Ráðið samþykkti að frá og með árinu 1993 skyldu umræður á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins vera túlkaðar á arabísku. Lengi vel voru aðeins franska og enska hin opinberu tungumál sambandsins, en á fundi þess í Santíagó í október 1991 var samþykkt að bæta spænsku við sem opinberu máli í öllum umræðum á þinginu. Þó að opinber tungumál sambandsins séu þannig orðin fjögur þá miðast slíkt aðeins við umræður á fundum sambandsins því enn verða skjöl og önnur gögn sambandsins aðeins gefin út á ensku og frönsku.

IV. Störf óformlegra hópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi óformlegra hópa sem þingfulltrúar skiptast í. Verður hér gerð grein fyrir fundum þeirra hópa sem fulltrúar í íslensku sendinefndinni tóku þátt í.

1. Fundir Norðurlandahópsins.

Þjóðdeildir Norðurlanda í Alþjóðaþingmannasambandinu hafa með sér náið samstarf og skiptast á um að stýra þessu samstarfi. Svíar höfðu á hendi formennsku í hópnum á árinu 1992. Sendinefndir Norðurlanda hittust, samtals um 40 manna hópur þingmanna og starfsmanna, tvívegis meðan þingið stóð yfir, en auk þess voru haldnir óformlegir fundir formanna sendinefndanna.

2. Fundir Vesturlandahópsins (12-plúshópurinn).

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum Vesturlandahópsins en aðild að hópnum eiga nú þingmenn frá 30 ríkjum Vestur- og Mið-Evrópu og Norður-Ameríku, auk Ástralíu og Nýja-Sjálands. Hópurinn fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samsráðsfundum var afstaða til einstakra mála og þátttaka í nefndastarfi rædd.

Á fundum Vesturlandahópsins var einnig rætt um skipulag hópsins og m.a. samþykkt að frá og með þinginu í Stokkhólmi í september yrði formaður hópsins kjörinn samkvæmt tilnefningu en sú regla hefur gilt að aðildardeildir hópsins hafa skipst á að fara með formennsku í hópnum í eitt ár í senn og hefur þá stafrófsröð ráðið því í hlut hvaða lands formennskan hefur komið hverju sinni.

3. Fundir kvenfulltrúa á þinginu.

Konur, sem sitja þing Alþjóðaþingmannasambandsins, hafa síðan 1975 haldið með sér sérstakan fund á þinginu til að ráða ráðum sínum. Hópur sá, sem stendur fyrir þessum fundum, hefur með árunum orðið æ betur skipulagður og látið meira að sér kveða í starfi sambandsins. Á þinginu í Yaounde hélt hópurinn tvo fundi til að ræða málefni þingsins, sem og nýútkomna skýrslu sem Alþjóðaþingmannasambandið hefur gefið út um þátttöku kvenna í stjórnmálum (Women and Political Power). Anna Ólafsdóttir Björnsson sótti báða þessa fundi.

4. Fundur fulltrúa frá RÖSE-ríkjum.

Fulltrúar frá þeim ríkjum, sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum um öryggi og samvinnu í Evrópu, héldu einn fund meðan þingið stóð yfir og var á þeim fundi samþykkt að þetta yrði síðasti þingmannafundur RÖSE í tenglum við starf Alþjóðaþingmannasambandsins. Fundarmenn voru sammála um að eftir stofnun sérstaks RÖSE-þings væru þessir fundir orðnir óþarfir.

B. ÞINGIÐ Í STOKKHÓLMI

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 88. þing í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 7.–12. september 1992. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildar sambandsins þingmennirnir Geir H. Haarde og Svavar Gestsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Alls sóttu þingið fulltrúar 103 þinga og var þetta var eitt fjölmennasta þingið í sögu sambandsins. Þátttakendur, þingmenn, starfsmenn og annað fylgdarlið, voru rúmlega þúsund manns. Karl Gústav Svíakonungur var við setningu þingsins og flutti ræðu.

Þinghaldið var mjög vel skipulagt af hálfu sænska þingsins og voru þátttakendur almennt sammála um að það hefði verið Svíum til mikils sóma.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju voru tvö aðalumræðuefni á dagskrá þingsins. Hið fyrra var framlag þinga til að efla Sameinuðu þjóðirnar og seinna umræðuefnið var þörfin á róttækri lausn til að leysa skuldavandamál þróunarlandanna. Viðbótarumræðuefnið var sá alþjóðlegi vandi sem stafar af fjöldaflutningi fólks milli landa. Þingið ályktaði um öll þessi mál auk þess sem harðorð ályktun var sérstaklega samþykkt um ástand mála í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu.

Þá voru einnig að vanda almennar stjórnmálaumræður á þinginu og tók Geir H. Haarde þátt í þeim umræðum og gerði einkum að umtalsefni skipulagsmál Alþjóðaþingmannasambandsins en mikil umræða fer nú fram um breytingar á starfsháttum sambandsins.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Svav-

ar Gestsson fundi ráðsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu og ákvörðunar ráðsins.

1. Aðild að sambandinu.

Ráðið samþykkti að veita átta þingum aðild að sambandinu. Þar er um að ræða þingin í Súdan, Botswana, Benín, Malí, Úzbekistan, Slóveníu, Króatíu og Moldóvu.

Fjórum aðildarþingum var vikið úr sambandinu. Afganistan og Perú var vikið úr sambandinu þar sem ekkert þing er þar lengur starfandi. Miðbaugs-Gíneu og Hondúras var vikið úr sambandinu þar sem þing landanna hafa ekki staðið í skilum með árgjöld sín til sambandsins. Ákvörðun um hvort víkja ætti Alsír úr sambandinu var frestað til næsta þings sambandsins þar sem óljóst var um stöðu þess þings sem þar starfar nú.

2. Ráðstefna um mannréttindamál.

Ráðið samþykkti að Alþjóðaþingmannasambandið stæði fyrir ráðstefnu í Búdapest 12.–16. maí 1993 um hlutverk þjóðþinga sem verndara mannréttinda. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þátttöku Íslandsdeildarinnar í þeirri ráðstefnu.

3. Mannréttindamál þingmanna.

Mannréttindanefnd Alþjóðaþingmannasambandsins lagði að vanda fram ítarlega skýrslu á þinginu þar sem gerð er grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum á þingmönnum í ellefu ríkjum sem nefndin hefur haft til rannsóknar. Ríkin, sem hér er um að ræða, eru Búlgaría, Síle, Kólombía, Miðbaugs-Gínea, Haítí, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar, Mayanmar (áður Burma), Tógó og Tyrkland.

Í samræmi við aukna áherslu Alþjóðaþingmannasambandsins á mannréttindamál var ákveðið að gera tillögu til þingsins um lagabreytingu þar sem bætt er inn nýju ákvæði þar sem kveðið er á um að eitt af hlutverkum sambandsins sé að efla og standa vörð um mannréttindi.

Á fundi ráðsins var Josi Meier, fyrrverandi formaður svissnesku sendinefndarinnar, kjörinn í mannréttindanefnd sambandsins í stað Neiman frá Kanada.

4. Næstu þing sambandsins.

Ráðið tók ákvörðun um næstu þing sambandsins og verða þau sem hér segir:

89. þing: Í Nýju-Delhi 12.–17. apríl 1993.
90. þing: Í Canberra 13.–18. september 1993.
91. þing: Í París 21.–26. mars 1994.
92. þing: Í Kaupmannahöfn 12.–17. september 1994.
93. þing: Í Madríd í apríl 1995.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra sambandsins.

Framkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasambandsins lagði að vanda fram ítarlega skýrslu um störf sambandsins frá síðasta fundi ráðsins.

6. Staða kvenna.

Framkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasambandsins lagði fram ítarlega skýrslu um störf kvennahópsins innan sambandsins, sem og þátt þess í að efla hlut kvenna í starfi sambandsins.

Þá var lögð fram skýrsla um stofnun sérstaks vinnuhóps sem ætlað er að skila áliti um aðgerðir til að efla hlut kvenna í stjórnmálum. Vinnuhópurinn mun funda í Nýju-Delhi í apríl 1993.

7. Fjárhagsáætlun sambandsins.

Á fundi ráðsins var lögð fram fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 1991 og var hún samþykkt samhljóða. Samkvæmt áætluninni er framlag Alþingis til rekstrar sambandsins á árinu 1993 22.399 svissneskir frankar, sem næst 950 þús. íslenskra króna. Áætlað er að heildarútgjöld sambandsins á árinu 1993 verði sem næst 390 millj. íslenskra króna.

8. Skýrslur sérnefnda.

Líkt og á undanförnum þingum lágu fyrir ráðinu skýrslur ýmissa sérnefnda sambandsins. Á þessum fundi var lögð fram skýrsla um ástand mála á Kípur og skýrsla um ástand mála í Miðausturlöndum.

9. Kjör í framkvæmdastjórn.

Sú breyting varð á skipan framkvæmdastjórnarinnar að tveir stjórnarmenn létu af störfum þar sem kjörtímabil þeirra rann út. Það voru Morales frá Nikaragva og Megahed frá Egyptalandi. Í stað þeirra hlutu kosningu til fjögurra ára Mazhoud frá Túnis og Castillo Lopez-Acosta frá Venesúela. Þessi kjör voru síðan staðfest á þingfundi.

10. Ráðstefna um öryggi og samvinnu við Miðjarðarhafið.

Lögð var fram skýrsla um ráðstefnu Alþjóðaþingmannasambandsins um öryggi og frið við Miðjarðarhafið sem haldin var í júní 1992 í Malaga á Spáni. Enginn fulltrúi Íslandsdeildarinnar sótti ráðstefnuna.

IV. Störf óformlegra hópa á þinginu.

Eins og á fyrri þingum var mikið um fundi ýmissa óformlegra hópa í tengslum við þinghaldið. Íslenska sendinefndin tók þátt í fundum Norðurlandahópsins og fundum Vesturlandahópsins (12-plúshópurinn).

Á fundinum í Stokkhólmi tók gildi nýtt skipulag varðandi formennsku hópsins eins og greint var frá í frásögninni af þinginu í Yaounde. Á fundi Vesturlandahópsins gerði breska sendinefndin tillögu um að Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildar sambandsins, yrði næsti formaður hópsins. Tillaga Breta var einróma samþykkt og mun því Íslandsdeildin hafa á hendi forustu fyrir Vesturlandahópnum til ársloka 1993 og m.a. stýra starfi hópsins á næstu tveimur þingum Alþjóðaþingmannasambandsins. Vesturlandahópurinn er best skipulagði og áhrifamesti hópurinn innan Alþjóðaþingmannasambandsins og ræður miklu um störf sambandsins. Með formennsku í hópnum hefur því Íslandsdeildinni verið sýnt verulegt traust sem ekki síst byggir á virkri og ábyrgri þátttöku íslensku sendinefndarinnar undanfarin ár.

Á þinginu létu Svíar af formennsku í norræna samstarfinu og við tóku Norðmenn. Norrænu deildirnar hafa með sér náið samstarf innan Alþjóðaþingmannasambandsins og skiptast á um að stýra því samstarfi í eitt ár í senn.

Alþingi, 5. mars 1993.

Geir H. Haarde, form. Ólafur Þ. Þórðarson. Gunnlaugur Stefánsson.

Margrét Frímannsdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

698. Fyrirspurn [404. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldastöðu heimilanna.

Frá Þuríði Bernódusdóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við hinni ógnvænlegu skuldastöðu heimilanna í landinu?

699. Tillaga til þingsályktunar [405. mál]

um undirbúning löggjafar um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er semji frumvarp til laga um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil en eru ekki löggiltir endurskoðendur, svo og að leggja drög að þeim kröfum um menntun og próf sem gera ber til þeirra er hyggjast afla sér slíkra réttinda.

Greinargerð.

Mikilvægi áreiðanlegra reikningsskila.

Mikils er um vert fyrir atvinnulíf og stjórnvöld að reikningsskil séu áreiðanleg og að samræmi sé í vinnubrögðum við mat þeirra fjárhagsstærða sem meta þarf, svo og í framsetningu. Mikilvægi þessa er jafnt hvort heldur um ræðir reikningsskil stórra fyrirtækja, almenningshlutafélaga, smærri fyrirtækja, fjölskylduhlutafélaga eða annarra rekstrarforma sem hafa umsvif í meðallagi eða meiri og jafnt er mikilvægið hvar á landinu sem umsvifin eru og í hvaða atvinnuvegi sem fyrirtækið hefur haslað sér völl.

Notendur reikningsskila eru margir en meðal þeirra má nefna:

Skattyfirvöld, ríkisbanka, Ríkisábyrgðasjóð, hlutafélagabanka, sparisjóði, fjárfestingarlánasjóði og stofnanir ríkisins, verðbréfasjóði og fjármagnsfyrirtæki, lífeyrissjóði, hluthafa og aðra eigendur fyrirtækjanna og starfsmenn þeirra, sparifjáreigendur, hagrannsókna- og hagstjórnarstofnanir og önnur stjórnvöld og samningsaðila á vinnumarkaði.

Af þessu má sjá að notendur reikningsskila eru fjölmargir og að notkun þeirra er margvísleg og er þó upptalningin hvergi nærri tæmandi. Til að mynda mundi einhver vilja bæta hér við löggjafarvaldinu sjálfu.

Stjórnvöld, sem fara með skattheimtu, hafa á eigin höndum bankastarfsemi, starfrækja sjálf lánaumsýslu með ábyrgðum og endurlánum, reka eigin fjárfestingarlánasjóði og stofnanir og fara síðast en ekki síst með stjórn efnahagsmála og ráða hagstjórnartækjum og byggja þá á hagrannsóknum — stjórnvöld hafa ríka þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil, ekki aðeins ársskýrslur heldur og skattskil.

Stofnanir og samtök atvinnulífsins hafa mikla þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil til að geta metið afkomu hverrar greinar og atvinnulífsins alls og tekið á aðsteðjandi viðfangsefnum og búið í haginn.

Frjálsar lánastofnanir, einka- eða hlutafélagabankar og sparisjóðir, frjálsir fjárfestingarlánasjóðir, verðbréfasjóðir og fjármagnsfyrirtæki, áhættusjóðir og hlutabréfasjóðir; allir þessir aðilar, sem starfa í samkeppni ólíkra sparnaðarforma, hafa brýna þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil. Má jafnvel halda því fram með nokkrum rétti að þörf þessara fyrirtækja sé brýnust og er því gerð nokkur grein hér á eftir fyrir ástæðum þess.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á fjármálalegu umhverfi fyrirtækja. Á fáum árum hefur fjármagnsmarkaður tekið stökkbreytingum í átt til frjálsræðis og aukinnar samkeppni þar sem hún var lítil fyrir. Aukið framboð ávöxtunarmöguleika og sparnaðarforma, almenn umræða um fjármagn, ávöxtun og viðskipti verðbréfafyrirtækja og annarra aðila á fjármagnsmarkaði og að lokum vaxandi áhugi sparifjáreigenda og þessara fyrirtækja á ávöxtun í hlutabréfum og á þátttöku í sjóðum, sem leggja áhættufé í atvinnustarfsemi, eru allt nýmæli nokkurra síðustu ára í efnahagsstarfsemi og umræðu um efnahagsmál, hagstjórnartæki og hagkerfi okkar. Á fáum árum hafa stjórnvöld og almenningur kynnst því af eigin raun að frjáls starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja hefur hvetjandi áhrif á fjármálamarkaðinn og leggur þannig tvímælalaust fram jákvæðan skerf í atvinnulífi og efnahagsstarfsemi landsmanna. Aukin fjölbreytni sparnaðarforma og frelsi til samkeppni um fjármagn og ávöxtun hefur hins vegar í för með sér aukna áhættu og að fleiri en áður taka þá áhættu.

Af þessum ástæðum er ljóst að sparifjáreigendur og aðrir fjármögnunaraðilar, verðbréfafyrirtæki og áhættusjóðir hafa mjög vaxandi þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil, ekki aðeins fyrir stórfyrirtæki og almenningshlutafélög, heldur enn fremur fyrir öll almenn fyrirtæki, venjuleg að stærð og umsvifum, venjuleg að rekstrarformi, þ.e. fjölskyldufyrirtæki eða hlutafélög fárra hluthafa, fyrirtæki með staðbundna starfsemi og á heimamarkaði eingöngu.

Fram til þessa hafa eingöngu löggiltir endurskoðendur haft stöðu sem réttbærir aðilar til að annast endurskoðun og gerð ársreikninga, reikningsskil og skattskil.

Bókhalds- og fjárhagsráðgjafar.

Um áratugi hafa menn, er ekki eru löggiltir endurskoðendur, veitt fyrirtækjum framangreinda þjónustu og eru nú starfræktar fjölmargar bókhaldsstofur á vegum slíkra einstaklinga víðs vegar um landið. Þjónusta þeirra nær til fyrirtækja í öllum atvinnuvegum landsmanna, að líkindum til flestra eða allra atvinnugreina í atvinnugreinaskrá Hagstofu Íslands, til fyrirtækja í öllum skattumdæmum og landsfjórðungum og til hinna smæstu, meðalstórra og jafnvel til allstórra fyrirtækja. Þjónusta þessara stofa nær í mörgum tilvikum til fleiri þátta reikningshalds en reikningsskilanna sjálfra og sumar stofurnar annast raunar allt bókhald einhverra viðskiptavina sinna.

Forstöðumenn þessara stofa eru yfirleitt vel fróðir um bókhald og reikningsskil. Flestir þeirra hafa stundað nám og lokið prófi frá skólum sem veita góða kennslu og prófun í bókhaldi, svo sem Verslunarskóla Íslands eða Samvinnuskólanum að Bifröst, og margir hafa stundað nám og lokið prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands. Þeir hafa að jafnaði mikla reynslu af störfum við bókhald en hafa flestir sérhæft sig í fjárhagsmálum og reikningsskilum smærri fyrirtækja og hlutafélaga fremur en hinna stærri eða almenningshlutafélaga.

Fyrir fáum árum var stofnað félag þessara aðila, Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa. Innan þess hafa hafist umræður um réttindamál og hefur það fengið Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda og lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, til að semja greinargerð þar um á þess vegum. Hann hefur lagt drög að öflun gagna um löggjöf grannþjóða okkar um þetta efni en ekki fengið og er því greinargerð ekki fyrir hendi. Eins hefur flutningsmaður lagt drög að sams konar gagnaöflun að tilstuðlan þingmálaskrifstofu Alþingis og fengið nokkra úrlausn. Starf Stefáns Svavarssonar og félagsins hefur þó dregið fram upplýsingar um þessi mál meðal nokkurra af grannþjóðum okkar sem hér á eftir er gerð grein fyrir án þess að fylgi gögn um löggjöf þeirra.

— Í Danmörku hefur nú um árabil verið gerður greinarmunur á tveimur stigum endurskoðenda í löggjöf: ríkisskráðum endurskoðendum (löggiltum endurskoðendum) og skráðum endurskoðendum. Sérstök ákvæði gilda um réttindi, skyldur og kröfur um kunnáttu hvorrar stéttar eða stigs um sig.
— Í Bandaríkjum Norður-Ameríku geta menn numið og aflað sér réttinda sem skráðir opinberir reikningshaldarar (CPA) (löggiltir endurskoðendur) og á síðari árum hafa komið fram ákvæði og menntunarbrautir með réttindum fyrir lægra stig, en þar hafa enn fremur nýlega komið fram ákvæði og námsbrautir með réttindum fyrir menn er hyggjast taka að sér yfirumsjón með bókhaldi sem unnið er á skrifstofum fyrirtækjanna sjálfra (aðalbókarar). Talið er að þessi lagasetning hafi þaðan breiðst út til Kanada og til Evrópu.
— Í Noregi eru til löggiltir endurskoðendur og lægra stig endurskoðenda og ákvæði eru um réttindi, skyldur og menntunarkröfur beggja. Stefán Svavarsson hefur óskað upplýsinga um lög þau er eiga við um hið lægra stig, en þær hafa ekki borist honum enn sem komið er.

Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa hefur einnig rætt málið við embættismenn skattyfirvalda og hafa þeir tekið því vel og gefið í skyn að þeir telji að skilgreining á réttindum, skyldum og kröfum til kunnáttu slíkra manna muni verða verulegur ávinningur í starfi skattyfirvalda.

Að svo komnu gera stjórnarmenn í Félagi bókhalds- og fjárhagsráðgjafa sér þá hugmynd að unnt muni að setja í lög ákvæði um réttindi þeirra, skyldur og menntunarkröfur, líkt og um löggilta endurskoðendur, löggilta fasteignasala og löggilta verðbréfasala, og að til álita geti komið heitið „skráðir endurskoðendur“. Það megi skilgreina á þann veg að þeir sem gangist undir tilskilda menntun og prófun fái réttindi til að annast og endurskoða bókhald og reikningsskil fyrir öll fyrirtæki upp að tiltekinni stærð og öll rekstrarform upp að almenningshlutafélögum, eða almenningshlutafélög upp að tiltekinni stærð. Nefna má að í gildandi lögum um hlutafélög er þess krafist að löggiltur endurskoðandi semji ársreikning og áriti ef hlutafélag hefur náð tilteknum stærðarmörkum.

Endurskoðun laga um bókhald.

Í tengslum við staðfestingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, EES, svo og af sömu ástæðum og tilgreindar eru hér að framan um þörf stjórnvalda, opinberra aðila og aðila á fjármagnsmarkaði fyrir áreiðanleg reikningsskil, hefur verið sett á laggirnar nefnd á vegum fjármálaráðherra um endurskoðun laga og reglna um bókhald og reikningsskil. Sú nefnd hefur fjallað um hvort hún muni taka til meðferðar það starf sem hér er lagt til að verði unnið. Að svo komnu er niðurstaða hennar að svo verði ekki.

Flutningsmaður er þeirrar skoðunar að með örum breytingum á fjármálastarfsemi og fjármagnsmarkaði okkar í átt til frjálsrar og opinnar samkeppni og hraðri fjölgun þeirra er þar stunda viðskipti verði æ meiri nauðsyn á því verki sem hér er gerð tillaga um. Með því muni fást festa og áreiðanleiki í gerð reikningsskila, ársreikninga og skattskila sem um margt virðist skorta.

Við aðild að EES verður nauðsynlegt að samræma okkar reglur þeim er gilda innan Evrópubandalagsins um bókhald og reikningsskil. Þar og í ýmsum EFTA-ríkjum eru lög og reglur um tvö stig réttbærra endurskoðenda, löggiltra og skráðra. Skilgreind eru réttindi og skyldur, svo og kröfur um kunnáttu, prófun og starfsreynslu hvorra um sig. Tilskipun EB virðist t.d. krefjast sem svarar þriggja ára háskólanáms og sérstakrar starfsreynslu eða starfs undir leiðsögn skráðs endurskoðanda til að hljóta réttindi sem slíkur.

700. Frumvarp til laga [406. mál]

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI

1. gr.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra. Ábyrgðasjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar.

Ábyrgðasjóður launa skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis sem sér um daglega afgreiðslu og reikningshald sjóðsins í umboði sjóðstjórnar. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ábyrgðasjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, auk vaxtatekna sjóðsins.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum stjórn-

ar ábyrgðasjóðsins. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árstekna af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð.

Kostnaður af rekstri ábyrgðasjóðsins greiðist af tekjum hans.

4. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda með stoð í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

5. gr.

Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, þar með talinn hluti launa sem haldið var eftir af vinnuveitanda skv. VIII. kafla laga nr. 86/1988,
b. kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum hans hjá vinnuveitanda,
c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga þessara; ábyrgðin takmarkast þó við lágmark 4. gr. laga nr. 55/1980,
d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á með vottorði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu þann tíma sem bóta er krafist,
e. bóta til launþega sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitandans,
f. vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr ábyrgðasjóði,
g. skiptatryggingar sem launþegar eða lífeyrissjóður hafa greitt. Sama gildir um óhjákvæmilegan kostnað sem launþegi eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-liðum 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð sjóðsins nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í bú vinnuveitanda.

Sjóðstjórn er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt, til þess að takmarka tjón sjóðsins, að ábyrgjast kröfur skv. a–f-liðum þessarar greinar án undangenginna gjaldþrotaskipta, enda liggi fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

6. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið sjóðinn um greiðslu krafna skv. a–d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.

Sjóðstjórn úrskurðar um ágreining um greiðsluskyldu.

III. KAFLI

7. gr.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga þessara er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

8. gr.

Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skulu launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr., ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum sjóðstjórnar og sambanda lífeyrissjóða.

IV. KAFLI

9. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

10. gr.

Greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

a. Nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir.
b. Nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta.
c. Hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær.
d. Yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 6. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til ábyrgðasjóðs skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim er kröfuna gerir á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ábyrgðasjóði teljist ella afturkölluð.

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ábyrgðasjóðs á hendur búi. Er honum óheimilt án sérstaks leyfis sjóðstjórnar að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ábyrgðasjóðs á kröfu hans fellur niður.

11. gr.

Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi skal svo fljótt sem auðið er láta ábyrgðasjóði í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,
b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,
c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,
d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda; ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,
f. hvort ákvæði 6. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptastjóri í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu

til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá sjóðstjórn heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ábyrgðasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptastjóra, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið, verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

12. gr.

Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta og verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóðs þá að berast innan sex mánaða frá þeim málalokum. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 10. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur ábyrgðasjóður lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal ábyrgðasjóður umsagnar sýslumanns, sem skiptin áttu undir, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

13. gr.

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

14. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptastjóra um kröfuna, ber sjóðstjórn að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ábyrgðasjóði. Þegar sjóðstjórn ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem sjóðstjórn verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji sjóðstjórn að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim er kröfuna gerir heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna.

15. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ábyrgðasjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ábyrgðasjóði.

16. gr.

Ábyrgðasjóður skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ábyrgðasjóðs. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptastjóra í búi vinnuveitandans berst tilkynning ábyrgðasjóðs um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ábyrgðasjóði fer stjórn sjóðsins með fyrirsvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ábyrgðasjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ábyrgðasjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, sem hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

17. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ábyrgðasjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ábyrgðasjóði ef ljós hefðu verið ber þeim er greiðslu fékk að endurgreiða ábyrgðasjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 52/1992.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 til 30. júní 1992, en skiptastjóra 1. júlí 1992 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er sett fram til að gera nauðsynlegar breytingar á ábyrgðasjóði launa til samræmis við lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sem gengu í gildi 1. júlí 1992. Umræddar breytingar höfðu verið gerðar á lögum um ríkisábyrgð á launum, nr. 88/1990, en höfðu ekki öðlast gildi er þau lög voru leyst af hólmi með lögum nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Engar efnislegar breytingar felast í frumvarpinu heldur er hér um að ræða að laga sig að þeim breytingum sem urðu 1. júlí 1992 á löggjöf um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði. Þá þykir einnig ástæða til að fara eftir tillögu stjórnar ábyrgðasjóðs launa varðandi það að stjórnin taki við ákveðnum verkefnum sem félagsmálaráðherra hefur samkvæmt gildandi lögum, en sú breyting mun leiða til aukins hagræðis í afgreiðslu mála þessara. Ítrekað skal að engar breytingar eru hér lagðar til á réttindum, gjaldtöku eða öðru því sem varðar efnisleg atriði, heldur er hér einungis um að ræða nauðsynlegar og æskilegar lagfæringar til samræmis við nýja löggjöf. Tekinn hefur verið sá kostur að leggja lögin í heild fyrir Alþingi þannig að ekki þurfi að endurútgefa þau.

Frumvarp þetta er samið af stjórn ábyrgðasjóðs launa og var haft samráð við sambönd lífeyrissjóða að því er varðar lífeyrissjóðskröfur. Engar breytingar eru lagðar til á III. kafla laganna að því er varðar ábyrgð á lífeyrissjóðsgjöldum. Hins vegar er litið svo

á að miðað sé við að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda af hálfu lífeyrissjóðsins þegar:

A. Iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum, sem verið hafa í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga, verði tekin til formlegrar innheimtu innan 15 daga frá útsendri lokaaðvörun lífeyrissjóðsins sem send hefur verið við lok þriggja mánaða vanskila.
B. Innheimtuaðili sjóðsins skal sýna fram á með sannanlegum hætti að málinu hafi verið framhaldið með eðlilegum hraða.
C. Lífeyrissjóðirnir skulu hafa sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld hverra sex mánaða ásamt með aðvörun til sjóðfélaga um tap greiðsluábyrgðar ábyrgðasjóðs ef vanskil eru ekki sannanlega tilkynnt lífeyrissjóði með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá útsendingu yfirlitsins.
D. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með skilagrein byggðri á innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagrein vinnuveitanda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal send innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir stafliðum A og B.
E. Hafi lífeyrissjóður hafið innheimtu á grundvelli áætlunar byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda og sú áætlun er síðar staðfest að hluta eða að öllu með launaseðlum launþega skal um ábyrgð fara eins og greinir undir stafliðum A og B.

Ofangreindar reglur eru byggðar á starfsregludrögum lífeyrissjóðssamtakanna sem unnar voru í tengslum við það frumvarp er varð að lögum nr. 52/1992.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, féll niður ábyrgð á kröfum í dánarbú vinnuveitanda sem er til opinberra skipta. Í 1. gr. frumvarps þessa er lagt til að sú ábyrgð verði tekin upp á nýjan leik. Jafnframt er orðalag 1. gr. lagfært til samræmis við ný lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 2. gr.

Hér er kveðið skýrt á um það hver hafi vörslu sjóðsins, bókhald og endurskoðun og er það samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Um 3. gr.

Tekið er sérstaklega fram að sjóðurinn sé einnig fjármagnaður með eigin vaxtatekjum. Til þess að svo geti orðið þarf sjóðurinn að varðveita handbært fé í banka.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt að frátöldum c-lið 1. mgr. og 4. mgr. Kveðið er skýrt á um það að 18 mánaða ábyrgð sjóðsins sé miðuð við frestdag á lífeyrissjóðsiðgjöldum.

Hér er kveðið á um það að ábyrgðin á lífeyrissjóðsiðgjöldum fylgi lagaákvæði 4. gr. laga nr. 55/1980, sem er nú 10%.

Í 4. mgr. er lagt til að í stað hugtaksins gjaldþrot í gildandi lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota komi hugtakið gjaldþrotaskipti, en fyrrnefnda hugtakið hefur nú enga merkingu að lögum, sbr. ný lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Lagt er til að kröfum sé beint til sjóðsins sjálfs, en fari ekki í gegnum félagsmálaráðuneytið að formi til. Það fyrirkomulag stuðlar að auknu hagræði og fljótari afgreiðslu mála.

Um 10. gr.

Um breytingar á þessu ákvæði vísast til athugasemda við 1. og 9. gr. frumvarps þessa.

Um 11. gr.

Samkvæmt nýjum lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, tekur skiptastjóri við hlutverki skiptaráðanda við framkvæmd gjaldþrotaskipta og hið sama gildir um skipti dánarbúa o.fl., sbr. lög nr. 20/1991. Hér er því einungis um samræmingu á orðalagi að ræða. Enn fremur er lagt til að stjórn ábyrgðasjóðsins taki ákvarðanir um afgreiðslu krafna í stað félagsmálaráðherra áður.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða formbreytingu sem leiðir af hinum nýju lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Áður var það skiptaráðandi sem fór með búið, en í staðinn kemur sýslumaður sem skipti heyra undir.

Um 13. gr.

Lögð er hér til smávægileg orðalagsbreyting í samræmi við það að tekin er upp á ný ábyrgð sjóðsins á kröfum í dánarbú vinnuveitanda sem er til opinberra skipta, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Sams konar athugasemdir og við 12. gr. frumvarpsins, en skiptastjóri tekur nú við hlutverki skiptaráðanda, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Lagt er hér til að ábyrgðasjóðurinn taki við verkefnum sem félagsmálaráðherra fer með samkvæmt gildandi lögum um ábyrgðasjóð launa, en slíkt stuðlar að auknu hagræði við afgreiðslu mála þessara.

Um 17.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Verði þetta frumvarp að lögum er því ætlað að koma í stað laga nr. 52/1992 um sama efni. Efnislegar breytingar á frumvarpinu frá gildandi lögum eru þær helstar að í því felast ákvæði til aðlögunar þeim breytingum sem urðu 1. júlí 1992 á löggjöf um dómsmálaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði. Þá er til hagræðis gerð sú breyting að stjórn ábyrgðasjóðsins eru falin ýmis verkefni sem félagsmálaráðherra eru ætluð í gildandi lögum. Loks má nefna að sett eru ákvæði um vörslu, bókhald og endurskoðun sjóðsins, 2. málsl. 2. gr., samkvæmt ábendingum Ríkisendurskoðunar. Í frumvarpinu eru engar breytingar lagðar til á réttindum, gjaldtöku eða öðru því sem varðar efnisleg atriði, heldur er einungis um að ræða nauðsynlegar og æskilegar breytingar til samræmis við nýja löggjöf svo sem fyrr segir.

Við athugun á frumvarpinu er ekki að sjá að í því felist breyting á kostnaði fyrir ríkissjóð frá gildandi lögum.

701. Skýrsla [407. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1992–93.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. Skrifstofa Norðurlandamála og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar.

1.1. Skrifstofa Norðurlandamála í Reykjavík.

Í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem tók við völdum 30. apríl 1991, var Eiður Guðnason umhverfisráðherra jafnframt útnefndur samstarfsráðherra Norðurlanda. Jón Júlíusson, skrifstofustjóri skrifstofu Norðurlandamála í utanríkisráðuneytinu, gegndi starfi staðgengils samstarfsráðherra. Með honum á skrifstofunni starfaði Ásta Erlingsdóttir deildarsérfræðingur til 1. júlí 1992 er hún lét af störfum, en við starfi hennar tók Ellisif Tinna Víðisdóttir. Þá starfaði Hanne Fisker á skrifstofunni tímabilið 1. febrúar til 1. september, aðallega við verkefni sem tengdust starfi fulltrúa forsætisráðherra í sambandi við endurmat norrænnar samvinnu.

Á núverandi starfsári, sem lýkur með 42. þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í Ósló 1.–4. mars 1993, gegndi Kjeld Borgen samstarfsráðherra Noregs formennsku norrænu ráðherranefndarinnar til 14. september 1992, en þá tók Gunnar Berge ráðherra við formennskunni. Eftir 4. mars nk. kemur formennskan í hlut Olofs Johansson, umhverfis- og samstarfsráðherra Svíþjóðar. Íslendingar taka síðan við formennsku eftir Norðurlandaráðsþingið 1994.

Samkvæmt fjárlögum ársins 1992 var framlag Íslands til norrænu fjárlaganna 59.600 þús. kr. Á fjárlögum ársins 1993 nemur framlagið 57.900 þús. kr. en 10.700 þús. kr. eru ætlaðar til reksturs skrifstofu Norðurlandamála. Framlag Íslands til Norðurlandasamstarfsins fellur undir greiðslur utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana.

Á þessu starfsári héldu norrænu samstarfsráðherrarnir fundi sem hér segir:

2. mars 1992 í Helsingfors,
14. maí 1992 í Ósló,
10. ágúst 1992 í Þórshöfn,
10. nóvember 1992 í Árósum,
9. desember 1992 í Kaupmannahöfn,
9. janúar 1993 í Ósló.

Fyrir utan hefðbundin störf voru það sérstök verkefni skrifstofu Norðurlandamála á árinu 1992 að fylgja eftir tillögum starfshóps um vestnorrænt samstarf og aðstoða Matthías Á. Mathiesen, sérstakan fulltrúa Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í nefnd um endurmat og nýsköpun norræns samstarfs og síðan fulltrúa forsætisráðherra í starfshópi um framkvæmd á tillögum forsætisráðherranna.

1.2. Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Norðmaðurinn Fridtjov Clemet lét af störfum sem framkvæmdastjóri skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn 1. september 1992. Við starfi hans tók Finninn Pär Stenbäck, fyrrum utanríkisráðherra Finna og framkvæmdastjóri Alþjóða Rauða krossins í Genf.

Fjárveiting til reksturs skrifstofunnar var á árinu 1992 68.698 d.kr. en hún lækkar á árinu 1993 í 65.381 d.kr. í samræmi við sparnaðar- og aðhaldsaðgerðir ráðherranefndarinnar.

Níu Íslendingar störfuðu á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn á sl. ári. Þeir eru Davíð Stefánsson, Erla Sigurðardóttir, Gunnar Sandholt, Ingimar Einarsson, Hróbjartur Einarsson, Kristín Gjöe, Ólafur Kvaran, Salvör Aradóttir og Tryggvi Felixson.

2. Norrænu fjárlögin.

Fjárhagsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 1993 er óbreytt að raungildi frá árinu 1992. Niðurstöðutölur áætlunarinnar 1993 eru 650.670 þús. d.kr. Þess ber þó að geta að aukafjárveiting vegna framkvæmdaáætlunar í efnahagsmálum (1989–1992) fellur nú niður, en til hennar var varið 52.494 þús. d.kr. á árinu 1992. Verulegur hluti norræns samstarfs fer fram án fjárveitinga frá norrænu ráðherranefndinni og til að mynda eru Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), Norræni þróunarsjóðurinn (NDF), fjárfestingarfélagið NEFCO og fjárfestingaráætlun í Eystrasaltsríkjunum (BIP) fjármögnuð utan ramma norrænu fjárlaganna.

Þegar má sjá að áhrifa pólitískrar stefnumörkunar forsætisráðherra Norðurlanda við norrænu fjárlagagerðina er farið að gæta, enda þótt áherslurnar eigi eftir að koma enn skýrar í ljós á næstu árum. Þannig eru framlög til almennra menningarmála og menntamála aukin og nýjum lið, 25 millj. d.kr. til umhverfisrannsókna, bætt inn á fjárlögin. Styrkir til félagsstarfsemi eru auknir um tæplega helming.

Hins vegar lækka framlög nokkuð til iðnaðar- og viðskiptamála og tæplega 25 millj. d.kr. framlag til líftækniáætlunar er lækkað í 2,5 millj. d.kr. sem ætlaðar eru til þess að ljúka einstökum verkefnum í líftækniáætluninni sem ekki telst lengur norrænt samstarfsverkefni.

Þá lækkar framlag til samstarfs og stuðningsaðgerða við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópulönd úr 32 millj. d.kr. árið 1992 í 27 millj. d.kr. árið 1993 en gert er ráð fyrir að það haldist svipað að raungildi næstu árin.

Liðurinn byggðamál á fjárlögunum hækkar um rösklega 1 millj. d.kr. og er það m.a. af þeim sökum að tekist hefur að fá meira fé til samstarfs Vestur-Norðurlanda.

Sá starfshópur, sem fjallaði um framkvæmd þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu forsætisráðherranna um endurmat og nýsköpun í norrænu samstarfi, „Støre-hópurinn" svokallaði, hefur lagt til að framlög til áherslusviðanna menningar-, vísinda- og menntamála verði aukin um 25% árið 1994 miðað við framlagið á fjárlögum ársins 1993, en þau nema nú u.þ.b. 240 millj. d.kr. Hvorki meira né minna en helmingi norrænu fjárlaganna á að verja til menningar- og menntamála árið 1996.

Starfshópurinn leggur til að umhverfismál, þar með taldar umhverfisrannsóknir, fái að minnsta kosti óbreytt framlag að raungildi á næstu árum og hið sama gildir um fjárveitingar til áætlunar um samstarf við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu eins og áður sagði.

Nauðsynlegum niðurskurði til þess að breyta áherslum við fjárlagagerðina verður náð með því að skera niður á flestum öðrum útgjaldasviðum, þar með talinn stjórnunarkostnaður.

Sá hluti norrænu fjárlaganna, sem er til ráðstöfunar með pólitískum ákvörðunum frá ári til árs, fer vaxandi. Bundin stofnanaframlög lækka úr 369.539 þús. d.kr. árið 1992 í 358.389 þús. d.kr. árið 1993, en framlög, sem ráðstafað er á fjárlögum, hækka úr 278.459 þús. d.kr. árið 1992 í 292.281 þús. d.kr. árið 1993. Hlutfall verkefnafjár er mælikvarði á þann sveigjanleika sem norrænu fjárlögin hafa að forminu til. Það er nú vel yfir 60% sé verkefnafé stofnana talið með og hefur hlutfallið farið vaxandi á síðustu árum.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum" sem hefur verið ákveðinn svo:

Ár	1991 %	1992 %	1993 %
Danmörk	21,3	20,6	20,4
Finnland	21,2	22,4	22,9
Ísland	1,1	1,0	0,9
Noregur	18,3	18,3	18,0
Svíþjóð	38,1	37,7	37,8

2.1. Tillögur um breytingar á fjárlagagerðinni.

„Støre-hópurinn" svokallaði fjallaði einnig um fjárlagagerðina. Þar kemur fram að fjárlögunum er nú skipt niður í rúmlega 30 svið og ráðherranefndin semur eins árs fjárhagsáætlanir fyrir samstarfssvið og stofnanir. Samningur hefur verið gerður við ellefu stofnanir innan norræns samstarfs um tilraunir með ramma- og markmiðsstjórnun. Tilraunirnar miða að því að koma til leiðar betri pólitískri stýringu og samskiptum milli stofnana og ráðherranefndarinnar, svo og meiri tengslum milli verkefna. „Støre-hópurinn" leggur til að ramma- og markmiðsstjórnun verði látin taka til allrar norrænnar starfsemi þar sem það gefi forsætis- og samstarfsráðherrunum og norrænu samstarfsnefndinni aukna möguleika á pólitískri stýringu og Norðurlandaráði betri innsýn og yfirlit yfir starfsemina.

Starfshópurinn leggur til að fjárlögunum verði skipt upp í áherslusvið og telur að slík uppsetning muni auðvelda Norðurlandaráði afskipti af fjárlagagerðinni. Eftir því sem ráðherranefndin er nákvæmari í starfsáætlun sinni (C2) ætti að vera auðveldara fyrir Norðurlandaráð að gefa til kynna hvaða verkefni það telur brýnast að ráðherranefndin hrindi í framkvæmd.

Starfshópurinn telur að Norðurlandaráð eigi að fá aukin áhrif á fjárlagagerðina með því að fá heimild til þess að leggja til breytingar innan ramma heildarfjárlaganna. Samþykki ráðið með afdráttarlausum hætti áherslubreytingar innan ramma fjárlaganna eigi ráðherranefndin að verða við því. Víki ráðherranefndin frá tilmælum ráðsins beri henni að gera Norðurlandaráði sérstaka grein fyrir frávikinu.

2.2. Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1991, 1992 og 1993 (í þús. d.kr.).

Samsstarfssvið	Fjárlög 1993	Fjárlög 1992	Fjárlög 1991
1. Menningarmálasjóðurinn	14.160	13.748	13.283
2. Fjárveitingasjóður	5.383	5.476	11.364
3. Almenn menningarmál	79.467	75.454	69.481
4. Fræðslumál	58.343	56.904	50.429
5. Rannsóknir	85.130	85.140	81.748
6. Umhverfisrannsóknir	25.700	—	—
7. Umhverfismál	32.358	31.416	30.354
8. Líftækni	2.532	24.764	25.988
9. Orkumál	8.168	8.347	8.766
10. Vinnumarkaðs- og vinnuverndarmál	18.079	17.557	17.912
11. Félags- og heilbrigðismál	42.038	42.236	40.529

12. Jafnréttismál	6.460	4.100	3.110
13. Iðnaðarmál	73.486	78.168	80.152
14. Efnahags- og fjármál	3.546	3.745	3.652
15. Norræna hagstofan	2.547	2.556	2.628
16. Húsnæðis- og byggingarmál	6.495	6.577	7.159
17. Viðskiptamál	10.822	12.870	15.013
18. Byggðamál	28.691	27.547	27.510
19. Samgöngumál	3.742	3.726	3.885
20. Umferðaröryggismál	4.443	4.347	4.200
21. Ferðamál	2.060	2.070	2.100
22. Landbúnaðar- og skógræktarmál	21.484	22.300	23.413
23. Sjávarútvegsmál	7.519	7.303	6.624
24. Neytendamál	5.558	5.227	5.250
25. Matvælamál	3.431	3.416	3.465
26. Löggjöf	1.808	1.801	516
27. Styrkir til félagsstarfsemi	5.394	2.784	2.788
28. Embættismannaskipti	1.786	1.825	1.916
29. Upplýsingastarfsemi vegna Evrópuáætlunar	2.169	2.106	1.995
30. Eystrasaltsríkin/Austur-Evrópa	12.300	15.836	—
31. Tölvuvæðing	1.854	1.242	—
32. Varasjóður ráðherranefndar	1.030	2.250	1.050
33. Varasjóður framkvæmdastjóra	1.030	311	480
34. Launavarasjóður stofnana	4.570	7.142	10.500
35. Rekstrarkostnaður skrifstofu ráðherranefndar	65.381	68.698	70.011
36. Útgáfustarfsemi	1.656	—	—
Samtals	650.670	648.989	627.271
Framkvæmdaáætlun í efnahagsmálum	—	52.494	70.565

3. Endurmat á norrænu samstarfi.

3.1. Frumkvæði forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa tekið mikilvægt frumkvæði og bætt úr þeirri vöntun á pólitískri leiðsögn sem gætt hefur í norrænu samstarfi síðustu árin. Þeir héldu fund í Maríuhöfn á Álandseyjum 12. nóvember 1991 og ákváðu þar að skipa persónulega fulltrúa sína í nefnd um endurmat á norrænu samstarfi.

Davíð Oddsson forsætisráðherra skipaði Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem persónulegan fulltrúa sinn í nefndina. Honum til aðstoðar var skipaður Jón Júlíusson, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Í Maríuhafnaryfirlýsingu forsætisráðherranna segir m.a. að vænst sé virkrar þátttöku Norðurlanda í uppbyggingu nýrrar Evrópu. Þess vegna séu nú gerðar nýjar kröfur til norræns samstarfs. Ráðherrarnir fagna samkomulagi um Evrópska efnahagssvæðið og benda á að hin pólitíska og efnahagslega samrunaþróun í Evrópu muni hafa veruleg áhrif á Norðurlöndum. EES-samningurinn leiði til vaxandi svæðisbundinnar samvinnu ríkja

og nánara samstarfs milli norrænu ríkjanna fimm. Ráðherrarnir telja einnig þörf á að endurmeta samstarf og samráð Norðurlandanna í alþjóðamálum og alþjóðasamtökum í ljósi nýrra viðhorfa.

3.2. „Iloniemi-nefndin“ og „Støre-hópurinn“.

Finnski forstjórinn Jaakko Iloniemi stýrði starfi nefndarinnar um endurmat á norrænu samstarfi, og er hún gjarnan kennd við hann og nefnd „Iloniemi-nefndin“.

Samhliða nefndarstarfinu fjallaði 40. þing Norðurlandaráðs í Helsingfors um tillögu ráðherranefndarinnar að áætlun um norrænt samstarf eftir 1992 (Ministerrådsförslag om program för nordiskt samarbete efter 1992). Áætlunin hlaut samþykki í apríl 1992 og snýst hún um viðbrögð norræna samstarfskerfisins við gildistöku innri markaðar Evrópubandalagsins og samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Áætlunin var síðan útfærð í smáatriðum með skipulögðum hætti allt sl. ár, m.a. á grundvelli ítarlegra viðræðna við allar embættismannanefndir sem gert höfðu úttekt á áhrifum Evrópusamrunans á norrænt samstarf, hver á sínu sviði.

„Iloniemi-nefndin“ skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherranna á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17. ágúst 1992 og lýstu ráðherrarnir yfir stuðningi við megininntak skýrslunnar. Í sérstakri yfirlýsingu, sem gefin var út eftir fundinn, segir m.a.:

„Forsætisráðherrarnir eru sammála meginniðurstöðum í skýrslu vinnuhóps fulltrúa ráðherranna. Tillögur hópsins geta hleypt nýju lífi í norrænt samstarf á þeim tíma þegar öll löndin eru að hefja samstarf innan EES. Tillögurnar eru einnig undirbúningur að norrænu samstarfi þegar flestar Norðurlandaþjóðir verða orðnar aðilar að Evrópubandalaginu. Það verður væntanlega nauðsynlegt að íhuga samstarfsfyrirkomulagið á ný þegar ljóst liggur fyrir hversu mörg Norðurlandanna verða aðilar að Evrópubandalaginu.“

Til að tryggja framgang málsins tilnefndu forsætisráðherrarnir hver sinn fulltrúa til að fylgja eftir tillögunum í forsætisráðherraskýrslunni og undirbúa umfjöllun um þær í Norðurlandaráði og nauðsynlegar breytingar á Helsingfors-sáttmálanum um norrænt samstarf. Davíð Oddsson tilnefndi Matthías Á. Mathiesen í starfshópinn af sinni hálfu, en hann var undir forustu Jonas Gahr Støre, ráðgjafa í norska forsætisráðuneytinu.

Lokaálit „Støre-hópsins“ var lagt fram 11. nóvember 1992 í tengslum við 41. þing Norðurlandaráðs í Árósum.

Í skýrslu til forsætisráðherranna og í yfirlýsingunni eftir fund þeirra á Borgundarhólmi eru lagðar grundvallar- og meginlínur um framtíð norræns samstarfs, en álit „Støre-hópsins“ felur í sér nánari útfærslu á þeim breytingum sem lagðar eru til. Þar er einnig tekið tillit til umræðna um framtíð norræns samstarfs á þjóðþingum Norðurlanda og á Norðurlandaráðsþinginu í Árósum.

Yfirlýsing forsætisráðherranna eftir fund þeirra í Árósum er sá grundvöllur sem frekara nýsköpunarstarf verður reist á. Í þessari yfirlýsingu kemur fram að ráðherrarnir hafa í meginatriðum fallist á allar tillögur „Støre-hópsins“. Í yfirlýsingunni leggja forsætisráðherrarnir m.a. áherslu á eftirfarandi:

— Að umbótatillögurnar miði að bættu fyrirkomulagi á formlegu norrænu samstarfi ríkisstjórna. Samt sem áður sé verulegur hluti norrænnar samvinnu byggður á óformlegu samskiptaneti milli landanna. Þessi samskipti — milli ríkisstjórna, þingmanna, fyrirtækja og samtaka — munu verða enn mikilvægari á komandi árum. Samstarf almannasamtaka er að mati forsætisráðherranna þýðingarmikill og órjúfanlegur hluti af samvinnu Norðurlandabúa sem ber að efla.

— Að sjálfstjórnarsvæðin Grænland, Færeyjar og Álandseyjar haldi stöðu sinni í norrænu samstarfi þar sem þau undirstriki margbreytileikann á Norðurlöndum og séu mikilvægur hlekkur í samvinnu þjóðanna.
— Að þingmenn hafi aukin áhrif á gerð norrænu fjárlaganna og að ráðherrar og þingmenn geti mæst í frjóum umræðum um mikilvæg þjóðfélagsmál á vettvangi Norðurlandaráðs.

3.3. Skýrsla forsætisráðherranna kynnt á Alþingi.

Skýrsla forsætisráðherranna um endurmat á norrænni samvinnu hlaut ítarlega umræðu á Alþingi 29. október 1992. Davíð Oddsson forsætisráðherra mælti fyrir henni og sagði m.a.:

„Það verkefni sem við stöndum frammi fyrir í norrænu samstarfi er tvíþætt. Í fyrsta lagi að tryggja náið samstarf Norðurlanda á þeim sviðum þar sem um sérstök sameiginleg áhugamál er að ræða sem skynsamlegt er að vinna að innan Norðurlandanna einna. Í þessu efni getum við byggt á langri reynslu.

Í öðru lagi þurfum við að finna nýjar og hentugar samstarfsaðferðir vegna þátttöku okkar í evrópskri samvinnu.

Að því er fyrri þáttinn varðar má nefna menningarmál, menntun og rannsóknir, umhverfismál, ýmis félagsleg réttindi fólks og samgöngur. Til viðbótar kemur hér til sögunnar samband við ríkin við Eystrasalt og í vaxandi mæli utanríkis- og öryggismál.

Að því er seinni þáttinn varðar skiptir EES-samstarfið mestu máli á næstu árum. Síðan mun væntanleg aðild flestra Norðurlandanna að Evrópubandalaginu hafa áhrif á norrænt samstarf, en um það er enn margt í óvissu."

Í máli forsætisráðherra var þeim breytingum, sem fyrirhugað er að gera á norrænu samstarfi, lýst í hnotskurn:

„Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn á Álandseyjum í nóvember á sl. ári var fjallað um norræna samvinnu í ljósi þróunarinnar í Evrópu. Þar var ákveðið að forsætisráðherrarnir skipuðu fulltrúa sína í starfshóp til að fjalla um endurmat á norrænni samvinnu út frá eftirfarandi meginatriðum:

1. Nýjar forsendur norrænnar samvinnu vegna samruna Evrópuríkja.
2. Samvinna Norðurlanda við nágrannaríki, einkum Eystrasaltsríkin og svæðið í kringum Eystrasalt.
3. Þær skipulagsbreytingar sem tillögur til úrbóta miðast við, þar með talin hugsanleg breyting á Helsingfors-sáttmálanum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu til forsætisráðherra á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17.–18. ágúst sl. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að forsætisráðherrarnir takast á herðar almenna pólitíska ábyrgð á mótun norrænnar samvinnu. Með því er stefnt að því að stuðla að nánari pólitískri leiðsögn, bæði hvað snertir samvinnu Norðurlandanna og þátttöku þjóðanna í evrópskri og alþjóðlegri samvinnu. Einnig er lagt til að innan norrænnar samvinnu verði hlutverk formennskulandsins eflt í því skyni að leggja aukna áherslu á pólitíska ábyrgð. Sú þjóð sem fer með formennsku í norrænni samvinnu hverju sinni ber almenna ábyrgð á samvinnunni í heild og framgangi hennar. Formennskan mun gilda á öllum sviðum, þ.e. jafnt á fundum forsætisráðherranna og annarra ráðherra, svo og á fundum embættismanna og sérfræðinga. Einnig mun formennska hvað snertir samstarf þjóðþinganna fela í sér ábyrgð á undirbúningi funda og að gæta þess að samþykktum sé hrundið í framkvæmd. Á þennan hátt er stefnt að því að styrkja sambandið og sam-

skiptin milli ríkisstjórna og þingmanna í Norðurlandaráði en það hefur einmitt lengi verið ósk þingmannanna að svo yrði gert.

Jafnframt því að taka þátt í evrópskri samvinnu verður lögð áhersla á að endurnýja og stuðla að frekari samvinnu á þeim sviðum sem snerta Norðurlönd sérstaklega. Hér er um að ræða sameiginleg hagsmunamál allra eða nær allra Norðurlanda og það mun endurspeglast í fjárhagsáætlun fyrir Norðurlandasamstarfið og hinar ýmsu samstarfsstofnanir. Einnig má nefna samstarf Vestur-Norðurlanda þar sem Íslendingar hafa forustu og við verðum að rækta."

Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði enn fremur í ræðu sinni:

„Í sögu Norðurlandasamstarfsins hafa oftar en einu sinni verið gerðar breytingar og úrbætur. Þannig var t.d. við upphaf 8. áratugarins gert ráð fyrir að sérstakir samstarfsráðherrar skyldu huga að heildarstefnunni í samstarfinu og samræmingu á hinum ýmsu sviðum. Árangurinn hefur þó orðið annar en gert var ráð fyrir sem hefur haft áhrif á samstarf ríkisstjórnanna. Á undanförnum árum hafa samstarfsráðherrarnir aðeins í litlum mæli fengist við málefni sem snerta heildarstefnumótun í samstarfinu eða haft meiri háttar pólitískt hlutverk. Þess vegna er fyrirhugað að forsætisráðherrarnir móti stefnuna í meiri háttar norrænum samstarfsverkefnum sem samstarfsráðherrarnir fylgi svo eftir í framkvæmd. Ábyrgð á norrænni samvinnu á einstökum sviðum verður í höndum hlutaðeigandi fagráðherra og þeir annast tengslin við Norðurlandaráð á sínum sviðum. Þannig verður áfram gert ráð fyrir þátttöku fagráðherra í störfum Norðurlandaráðs eftir því sem efnisleg umfjöllun þeirra og ráðsins gefur tilefni til.

Þá verður skipuð stjórnarnefnd fimm aðstoðarmanna ráðherra, eins frá hverju Norðurlandanna, eða embættismanna í sambærilegri stöðu og hafi þeir umboð til að taka ákvarðanir í öllum málum sem eining næst um svo fremi sem hlutaðeigandi ráðherrar hafi ekki áskilið sér rétt til ákvörðunar. Forsætisráðherrarnir geta vísað verkefnum beint til þessarar stjórnarnefndar en hún starfar að öðru leyti undir stjórn samstarfsráðherranna og er jafnframt stjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Áhersla verður lögð á að ríkisstjórnirnar tryggi framgang hinnar breyttu stefnu og skipulags í norrænni samvinnu. Þess vegna er mikilvægt að í hverri ríkisstjórn á Norðurlöndunum sé samstarfsráðherra sem í umboði forsætisráðherra beri ábyrgð á þróun norrænnar samvinnu."

3.4. Níu meginatriði sem horfa til breytinga.

Eiður Guðnason samstarfsráðherra dró saman í ræðu sinni á Alþingi níu meginatriði sem horfðu til breytinga:

„Í fyrsta lagi að forsætisráðherrarnir verði oddvitar samstarfsins.

Í öðru lagi að sama landið, þ.e. það land sem hefur forustu í norræna samstarfinu það árið, hafi með höndum formennsku í öllum ráðherra- og embættismannanefndum.

Í þriðja lagi að náin norræn samvinna verði um þau mál sem eru á dagskrá Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum svæðisbundnum samstarfssviðum.

Í fjórða lagi að samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála verði aukin.

Í fimmta lagi að rík áhersla verði lögð á náið samstarf við Norðurlandaráð, m.a. með því að ríkisstjórnir geri ráðinu víðtæka og rækilega grein fyrir framvindu og stöðu mála sem snerta Evrópusamstarfið.

Í sjötta lagi að framlag til menningarmála verði stóraukið með menningarmálasjóðnum. ...

Í sjöunda lagi að haldið verði áfram að vinna að og efla þá málaflokka sem kalla má samnorræna í eðli sínu.

Í áttunda lagi að stuðlað verði að enn frekari samvinnu þeirra aðila í frjálsri félagastarfsemi sem eru virkir í norrænni samvinnu og eru jafnstór og veigamikill þáttur samvinnunnar og raun ber vitni.

Í níunda lagi að unnið verði að þeim breytingum á norræna stjórnkerfinu að það falli að þessu meginmarkmiðum skýrslunnar."

3.5. Þátttaka Norðurlanda í Evrópusamstarfi.

Ríkisstjórnir Norðurlanda miða að því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði taki gildi á árinu 1993. Svíar, Finnar og Norðmenn hafa ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu og hafa Svíar og Finnar þegar hafið viðræður um aðild. Þessar aðstæður leiða til umfangsmikils og vaxandi samstarfs Norðurlanda utan hins hefðbundna vettvangs norrænu ráðherranefndarinnar. Þessi samvinna, sem samkvæmt eðli málsins er að verulegu leyti óformleg, hefur einnig áhrif á forsendur þess samstarfs sem nú á sér stað undir stjórn norrænu ráðherranefndarinnar.

Áherslan í hinu norræna samstarfskerfi mun framvegis miðast að verulegu leyti við að styrkja Norðurlönd vegna þátttöku þeirra í Evrópska efnahagssvæðinu og aðildar að stofnunum þess. Þar af leiðandi er næsta sjálfgefið að stefnumarkandi mál, sem áformað er að ræða á vettvangi EES, verði rædd á tilteknum stigum milli ríkisstjórna Norðurlanda. Framvegis munu Norðurlönd í vaxandi mæli ræða sín á milli grundvallarafstöðu til nýs frumkvæðis eða nýrra forsendna áður en til ákvarðanatöku kemur. Þetta hefur það í för með sér að norrænt samstarf beinist meira en nú að framtíðarmálum og undirbúningi að ákvörðunum. Í Árósayfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda er einnig vísað til þess að EES-samningurinn opni möguleika á nánara samráði um mikilvæg atriði efnahagsmála.

3.6. Skýrsla „Støre-hópsins" um framkvæmd endurmats á norrænni samvinnu.

Skýrsla „Støre-hópsins" svokallaða gefur góða hugmynd um þær breytingar sem vænta má að verði á norrænu samstarfi á næstunni. Þess vegna þykir hlýða að staldra nokkuð við skýrsluna. Í starfshópnum voru auk Jonas Gahr Støre frá Noregi, sem var formaður, Anita Hugau skrifstofustjóri frá Danmörku, Seppo Härkonen, ráðgjafi í forsætisráðuneytinu, frá Finnlandi, Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra, frá Íslandi og Gunnar Björk landshöfðingi frá Svíþjóð.

Eins og fram hefur komið munu forsætisráðherrarnir axla hina almennu pólitísku ábyrgð á stefnumótun og meginlínum í norrænu samstarfi. Með þessu er verið að tryggja meiri festu og sterkari pólitíska forustu en verið hefur hin síðari ár á norrænum samstarfsvettvangi.

Lagt er til að formennskulandið undirbúi 3–4 fundi forsætisráðherra Norðurlanda á ári hverju. Fundirnir verði gjarnan haldnir í tengslum við þing Norðurlandaráðs eða aðra fundi sem ráðherrarnir sækja, t.d. innan vébanda Evrópska efnahagssvæðisins, Sameinuðu þjóðanna eða Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Sumarfundur forsætisráðherranna standi í tvo daga og verði ákveðinn með góðum fyrirvara. Á þessum fundum munu forsætisráðherrarnir ræða mikilvæg mál sem á döfinni verða í Evrópusamstarfinu og marka langtímastefnu í norrænu samstarfi og öðrum norrænum málum þar sem þörf er talin á pólitískri forustu.

3.6.1. Formennskulandinu ætlað stórt hlutverk.

Augljóst er af tillögunum að formennskulandinu á hverjum tíma er ætlað stórt hlutverk. Þetta er gert til þess að skýrt komi fram hver beri pólitíska ábyrgð á framgangi mála innan samstarfsins. Það á að vanda vel til undirbúnings funda forsætisráðherranna og í því sambandi að samræma tillögugerð samstarfsráðherranna, norrænu samstarfsnefndarinnar og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Í samráði við fulltrúa annarra landa mun formennskulandið gera drög að pólitískum yfirlýsingum sem forsætisráðherrarnir fjalla síðan um á fundum sínum.

Nýtt land tekur við formennsku eftir hvert vetrarþing Norðurlandaráðs og það fellur í hlut forsætisráðherra þess lands, sem við tekur, að flytja Norðurlandaráði skýrslu um stefnumörkun og meginmál í norrænu samstarfi á komandi ári. Það fylgir einnig formennskunni að árið, sem hvert land gegnir henni, munu fulltrúar þess vera í forsvari fyrir norrænu samstarfi á öllum sviðum.

Lögmaður Færeyja og landsstjórnarformenn Grænlands og Álandseyja eru boðnir til funda forsætisráðherranna sem haldnir eru í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Þeir verða einnig kvaddir til funda þar sem mál sjálfstjórnarsvæðanna eru á dagskrá.

3.6.2. Umræður um hlutverk samstarfsráðherranna.

Enda þótt forsætisráðherrarnir taki í auknum mæli pólitíska ábyrgð á samstarfinu og fagráðherrarnir komi á virkari hátt inn í það á sínum sviðum er engu að síður gert ráð fyrir að samstarfsráðherrarnir gegni áfram veigamiklu hlutverki. Enn eru þó uppi mismunandi sjónarmið um verksvið samstarfsráðherranna.

Í skýrslu „Støre-hópsins" er dregin upp sú mynd að forsætisráðherrarnir leggi meginlínurnar og fylgi þeim eftir með aðstoð samstarfsráðherranna, fagráðherrarnirýti á eftir málum á sínum sviðum og norræna samstarfsnefndin samræmi starfið frá degi til dags. Samstarfsráðherrarnir munu gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun hverrar ríkisstjórnar í norrænum samstarfsmálum og við að fylgja eftir stefnumótun forsætisráðherranna á pólitískum vettvangi. Samstarfsráðherrarnir eru norrænir fjárlagaráðherrar og hafa sem slíkir samræmingarábyrgð sem snertir flesta fagráðherra bæði á norrænum vettvangi og heima fyrir. Þá er það í þeirra verkahring að tryggja tengslin við Norðurlandaráð í málaflokkum sem ekki heyra beint undir einhvern fagráðherra og ekki eru á borði forsætisráðherranna.

Í mörgum málum mun norræna samstarfsnefndin þurfa pólitískt samþykki án þess að ástæða þyki til þess að forsætisráðherrarnir hafi afskipti af þeim. Hægt er að leita slíks samþykkis hjá samstarfsráðherrunum sem einnig meta hvort tilefni sé til þess að leggja málið fyrir forsætisráðherrana.

Í skýrslu forsætisráðherranna er bent á að á fundum samstarfsráðherranna hafi að verulegu leyti verið fjallað um skipulags- og stjórnunarmál sem séu framvegis betur komin hjá norrænu samstarfsnefndinni.

3.6.3. Norræna samstarfsnefndin taki ákvarðanir ef annað er ekki áskilið.

Meginhugsunin í tillögunum um nýsköpun norræns samstarfs er að ráðherrar eigi fyrst og fremst að fást við pólitíska stefnumótun í stórum dráttum, en láta embættismönnum eftir skipulags- og stjórnunarmál og minni háttar pólitískar ákvarðanir.

Þannig á norræna samstarfsnefndin að geta tekið ákvörðun í öllum málum sem enginn ágreiningur er um eða þar sem viðkomandi ráðherrar hafa ekki áskilið sér rétt til að

taka ákvörðun. Nefndin getur fengið fyrirmæli beint frá forsætisráðherrunum en heyrir að öðru leyti undir samstarfsráðherrana.

Norræna samstarfsnefndin samræmir daglegt norrænt samstarf og myndar m.a. stjórn skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Hún fylgir eftir ákvörðunum ráðherra og sér til þess að verkefnum sé raðað í þá forgangsröð sem ætlast er til. Hún undirbýr í samstarfi við framkvæmdastjóra skrifstofu ráðherranefndarinnar umfjöllun um norræn samstarfsmál á fundum forsætisráðherra í samræmi við óskir formennskulandsins. Nefndin er einnig ábyrg fyrir því að fylgja eftir óskum samstarfsráðherranna varðandi fjárlagagerðina og að leggja meginlínur fyrir upplýsingastarfsemi ráðherranefndarinnar.

3.6.4. Ráðherranefndum og embættismannanefndum verði fækkað.

Forsætisráðherrarnir lögðu áherslu á að fjöldi ráðherranefnda og embættismannanefnda endurspeglaði þau áherslusvið sem ákveðin hefðu verið í norrænu samstarfi. Samsetning ráðherranefndanna gæti hins vegar verið breytileg eftir því hvað efst væri á baugi hverju sinni. Ábyrgðin á starfinu í ráðherranefndunum hvílir á formennskulandinu hverju sinni í samvinnu við norrænu ráðherranefndina. Forsætisráðherrarnir lögðu til að fjármunir norræns samstarfs rynnu til færri ráðherranefnda en verið hefði til þess að efla samstarfið á völdum sviðum. Þá er gert ráð fyrir að embættismannanefndir verði ekki nema 5–10.

3.6.5. Sjö áherslusvið í norrænni samvinnu.

Í ljósi þátttöku landanna í EES-samstarfinu hafa forsætisráðherrarnir látið í ljós þann vilja sinn að hið formlega samstarf, á sviðum þar sem um hreina og beina norræna hagsmuni er að ræða, verði skipulagt á sjö áherslusviðum. Undir þrjú af þessum áherslusviðum má setja fleiri málaflokka og norrænar stofnanir sem nú heyra undir þær embættismannanefndir sem starfað hafa síðustu ár.

„Støre-hópurinn" gerði frumtillögu að slíkri skiptingu, en hún á síðan eftir að hljóta umfjöllun ráðherra og embættismanna.

1. Menning.
2. Rannsóknir og menntun.
3. Umhverfismál.
4. Réttindamál almennings,
   — félagsmál,
   — heilbrigðismál,
   — atvinnumál,
   — neytendamál,
   — vinnuvernd/vinnumarkaður.
5. Efnahagsmál,
   — fjármál,
   — orkumál/iðnaður,
   — samgöngukerfi,
   — húsnæðis- og byggingarmál,
   — byggðamál,
   — landbúnaðar- og skógræktarmál.
6. Sjávarútvegsmál.

7. Lagaleg atriði,
   — lagasetning,
   — jafnréttismál,
   — innflytjendamál.

3.6.6. 400 norræn verkefni í stað 800 nú.

Áherslusviðin sjö gera það að verkum að hægt verður að bæta pólitíska stýringu á verkefnafé. Hvert áherslusvið mun fá rammafjárveitingu til verkefna, og innan þess ramma verður deilt út fé til verkefna á hverju sviði. „Støre-hópurinn" var þeirrar skoðunar að þau 800 norrænu verkefni, sem unnið er að um þessar mundir, dreifist á of mörg svið. Hin mikla breidd gerir það að verkum að hvert verkefni er tiltölulega léttvægt. Hópurinn lagði til að verkefnum yrði fækkað um helming, þannig að þau yrðu ekki yfir 400 í einu, og að ekki yrði stofnað til fleiri en 100 verkefna árlega.

3.6.7. 50% til menningar-, mennta- og vísindamála árið 1996.

Ein af megintillögunum í skýrslu forsætisráðherranna er að aukin áhersla verði lögð á menningarsamvinnu og mennta- og vísindasamstarf á Norðurlöndum. Þegar á árinu 1994 er ætlunin að hækka framlagið til þessara tveggja áherslusviða, sem samkvæmt fjárlögum árið 1993 nemur 240 millj. d.kr., um 25%. Fyrir 1996 á svo helmingur af norrænu fjárlögunum að renna til þessara áherslusviða. Tveir þriðju hlutar af aukningunni eiga að renna til menningarmála og einn þriðji til mennta- og vísindasamstarfs.

Hér er einkum verið að sinna þeirri þörf að slá skjaldborg um mál og menningu smáþjóða í ljósi þeirrar þróunar sem á sér stað í alþjóðlegri fjölmiðlun og menningariðnaði. Í menningarmálunum verður sérstök áhersla lögð á barnamenningu, starf meðal unglinga og kvikmynda- og fjölmiðlasamstarf. Þá verður lagt kapp á að efla NORDPLUS og NORDPLUS-junior en það eru norræn námsdvalarskipti nemenda og kennara á háskóla- og framhaldsskólastigi.

Þess er vænst að norrænu mennta- og menningarmálaráðherrarnir leggi fram tillögu á 42. þingi Norðurlandaráðs um sérstaka úttekt á norrænu menningar- og menntasamstarfi í ljósi þessarar nýju áherslu á umræddda málaflokka. Þar verður væntanlega lagt mat á grundvallarforsendur starfsins og núverandi reglur sem gilda um starfssvið og úthlutanir styrkja teknar til endurmats.

3.6.8. Horfið frá því að sameina skrifstofur í bráð.

Starfshópurinn lagði fram tillögu um að skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og skrifstofa ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn yrðu sameinaðar til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Þessar hugmyndir hafa nú verið lagðar á hilluna, m.a. vegna afstöðu forsætisnefndar ráðsins sem telur sameiningu skrifstofanna ekki vera tímabæra eins og sakir standa.

4. Nokkur verkefni ráðherranefndarinnar 1992.

Ráðherranefndin lagði fram sjö tillögur á 40. þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors (3.–6. mars 1992). Ein sú veigamesta var tillagan um norræna samvinnu eftir 1992 (Ministerrådsförslag om program för nordiskt samarbete efter 1992). Þau verkefni, sem unnið skyldi að samkvæmt henni, hafa nú flest verið yfirtekin af starfsnefndum forsætisráð-

herranna og eru tillögur „Støre-hópsins" og Árósayfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda í kjölfar þeirra hafðar til viðmiðunar í starfi skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn um þessar mundir.

Starfsemin á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið tekin til endurskoðunar og er miðað við að hún verði löguð að þeim hugmyndum sem nú eru uppi um áherslur í norrænu samstarfi á næstu árum.

Tilraunir með ramma- og markmiðsstýringu norrænna stofnana ná nú til ellefu stofnana og verður ekki annað ráðið en að þær gangi vel.

Samstarfsráðherrarnir vörðu á árinu 1992 utan reglulegra fjárlaga 2,5 millj. d.kr. til ýmissa aðgerða á Vestur-Norðurlöndum. Í því sambandi má nefna að ætlunin er að koma á fót norrænni upplýsingaskrifstofu í Færeyjum á árinu 1993. Þá var veitt 100 þús. d.kr. fjárveiting til þess að norræn embættismannaskipti gætu einnig tekið til ferðalaga milli Danmerkur og sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja og Grænlands, auk þess sem gengið var frá því hvaða aðili skuli annast færeyskar og grænlenskar umsóknir.

Framlög til samstarfs við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu voru aukin á árinu 1992. Heildarframlög til samstarfsverkefna námu 32 millj. d.kr. Með þessu reyndist unnt að verja fé til nýrra verkefna, t.d. á sviði umhverfis- og iðnaðarmála.

Fimm ára norrænni líftækniáætlun lauk í árslok 1992. Áætluninni verður fylgt eftir innan ráðherranefndarinnar eftir því sem efni standa til. Ákveðið hefur verið að nefndin um siðfræði á sviði líftækni haldi áfram störfum um þriggja ára skeið.

Áhuginn á norrænum embættismannaskiptum er mikill, bæði meðal starfsmanna og forstöðumanna stofnana. 204 sóttu um embættismannaskipti árið 1992 og hægt var að sinna 86 umsóknum innan fjárhagsrammans. Þess má geta að bæði innan Evrópubandalagsins og í öðru alþjóðlegu samhengi hafa norrænu embættismannaskiptin verið tekin til fyrirmyndar.

Tíu þúsund fyrirspurnir um norrænt upplýsingaefni bárust eftir auglýsingaherferð í dagblöðum á Norðurlöndum. Mest var spurt eftir NORDPLUS-bæklingnum. Þá hefur 25 þúsund eintökum af blaðinu „Gränslöst" verið dreift á Norðurlöndum en það var liður í herferðinni.

Sjötíu fréttatilkynningar um norrænt samstarf voru sendar út á árinu. Norræna fréttabréfið nýtur stöðugt meiri útbreiðslu og fá það nú um 1.450 móttakendur á Norðurlöndum.

NORDPRIS 92, norrænu fjölmiðlaverðlaunin, verða afhent á 42. þingi Norðurlandaráðs í Ósló. Hér er um að ræða þrenn verðlaun, sem nema 150 þús. d.kr. hver, fyrir besta innsenda útvarps-, sjónvarps- og blaðaefnið.

Endurskipulagningu bókaútgáfu norrænu ráðherranefndarinnar er haldið áfram og eru nú um 50 titlar í NORD-ritröðinni árlega. Hætt hefur verið við að dreifa upplýsingaefni ókeypis og þess í stað reynt að selja efnið við hóflegu verði. Í því sambandi hefur verið efnt til viðamikils kynningarstarfs. Salan á NORD-bókunum er á vegum umboðsaðila og nú hafa slíkir umboðsaðilar bæst í hópinn á Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Vaxandi fjöldi bæklinga er nú gefinn út á ensku.

5. Vestur-Norðurlönd í norrænni samvinnu.

5.1. Vestur-Norðurlönd njóta áfram forgangs í norrænni samvinnu.

Í skýrslu forsætisráðherranna um endurmat á norrænu samstarfi segir að Vestur-Norðurlönd séu hluti af Norðurlöndum sem skuli áfram njóta forgangs sem hluti af norrænni samvinnu. Ástæða sé til þess að nefna að unnt sé að gæta hagsmuna Vestur-Norðurlanda í norrænni samvinnu með því að vekja meiri athygli á þessu svæðisbundna samstarfi og sýna sérstöðu þess í norrænni samvinnu.

„Tillaga liggur fyrir," segir í skýrslunni, „um að stofna ráðgjafar- og samstarfsnefnd á Vestur-Norðurlöndum á vettvangi ríkisstjórna til að koma til móts við óskir um aukna samræmingu, þ.e. nefnd sem gæti gert tillögur til samstarfsnefndar þingmanna frá Vestur-Norðurlöndum. Samkvæmt tillögunni fær ráðgjafar- og samstarfsnefndin m.a. það hlutverk, auk innri mála, að samræma og koma á framfæri óskum Vestur-Norðurlanda og fylgjast með framkvæmd fjárhagsáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar.

Ráðgert er að í nefndinni sitji þeir aðilar sem bera pólitíska ábyrgð á norrænni samvinnu í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Undir stjórn nefndarinnar skal halda reglulega samráðsfundi Vestur-Norðurlanda þar sem yrðu boðnir fulltrúar hinna ýmsu samstarfsstofnana og stjórnsýslu. Samráðsfund Vestur-Norðurlanda skal halda í tengslum við aðra fundi á vettvangi Vestur-Norðurlanda.

Gefa skal fulltrúum í sendinefndum Vestur-Norðurlanda og deildum norrænu félaganna í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi tækifæri til að gera grein fyrir skoðunum sínum á slíkum fundum.

Starfshópurinn telur æskilegt að fulltrúar Vestur-Norðurlanda í Norðurlandaráði sitji sameiginlega fundi í tengslum við fundi Norðurlandaráðs."

Starfshópur samstarfsráðherra Norðurlanda, sem skipaður var árið 1991 og starfaði undir forustu Jóns Júlíussonar, skrifstofustjóra skrifstofu Norðurlandamála, hefur metið ýmsar raunhæfar aðgerðir sem gætu orðið til að styrkja og samhæfa samvinnu Vestur-Norðurlanda á breiðum grundvelli og er sagt frá þeim í skýrslunni „VESTNORDEN — FREMTID".

Nokkrum tillögum starfshópsins, sem lúta að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir samvinnu og efla samskipti og samband milli Vestur-Norðurlanda, hefur þegar verið hrint í framkvæmd.

Í krafti tillagna starfshópsins vörðu norrænu samstarfsráðherrarnir á árinu 1992 viðbótarframlagi að upphæð 2,5 millj. d.kr. til ýmissa aðgerða á Vestur-Norðurlöndum. Í því sambandi má nefna að ætlunin er að koma á fót norrænni upplýsingaskrifstofu í Færeyjum á árinu 1993. Þá voru veittar 100 þús. d.kr. til þess að norræn embættismannaskipti gætu einnig náð til ferðalaga milli Danmerkur og sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja og Grænlands, auk þess sem gengið var frá því hvaða aðili annast færeyskar og grænlenskar umsóknir um embættismannaskipti. Þá var umtalsverð fjárhæð veitt til þess að jafna ferðakostnað Grænlendinga og Færeyinga vegna norrænna funda.

5.2. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd eru eitt þeirra níu samstarfssvæða sem heyra undir NERP. Sérstaða samstarfs á þessu svæði felst m.a. í því að Ísland, Grænland og Færeyjar eiga ekki eiginleg landamæri saman, fjarlægðir eru miklar og staðhættir eru mjög misjafnir innan svæðisins. Starfsemi samstarfsnefndar Vestur-Norðurlanda er m.a. af þessum sökum ólík þeirri sem fram fer á hinum samstarfssvæðunum, en hún hefur í miklum mæli snúist um

atvinnuþróunarstarf og samvinnu í atvinnumálum fremur en t.d. samstarf í menningar- eða félagsmálum. Starfsemin á öðrum svæðum hefur beinst að því að ryðja burt þeim hindrunum sem landamæri eru, en af augljósum ástæðum hefur það ekki verið raunhæft markmið innan útnorðursvæðisins nema í takmörkuðum skilningi.

Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda var sett á stofn árið 1980. Nefndin er skipuð sex nefndarmönnum, tveimur frá hverju landi. Fyrir nefndina starfa sérstakur ráðgjafi, sem frá stofnun nefndarinnar árið 1980 hefur verið Tómas Arabo, nú ráðherra í færeysku landsstjórninni, og ritari í hálfri stöðu á skrifstofu nefndarinnar í Færeyjum, ásamt starfsmanni á Grænlandi sem starfar þar í hálfu starfi fyrir samstarfsnefndina og hálfu starfi fyrir Lánasjóð Vestur-Norðurlanda. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári.

Fyrstu árin, sem nefndin starfaði, hafði hún takmarkað fé til umráða, en nokkuð rættist úr með samþykkt framkvæmdaáætlunar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um eflingu vestnorræns samstarfs. Árið 1992 hafði nefndin 3,3 millj. d.kr. til ráðstöfunar, en framlag til nefndarinnar hækkar í 3,5 millj. d.kr. fyrir árið 1993. Langstærstur hluti þess fjár, sem nefndin hefur til umráða, er veittur til einstaka verkefna á grundvelli umsókna. Fjöldi umsókna um styrki hefur farið vaxandi í seinni tíð og má nefna að umsóknir um styrki fyrir árið 1992 hljóðuðu samtals upp á tæpar 60 millj. kr., en fyrir fundi nefndarinnar, sem haldinn var í Þórshöfn í nóvembermánuði sl., lágu umsóknir um verkefnastyrki fyrir árið 1993 að fjárhæð samtals um 95 millj. kr.

Á árinu 1992 hefur verið unnið að ýmsum breytingum á starfsháttum nefndarinnar, auk þess sem leitast hefur verið við að skilgreina formleg markmið starfseminnar nánar. Í því sambandi má nefna að á fundi nefndarinnar á Húsavík síðla júnímánaðar 1992 samdi nefndin drög að samþykktum fyrir starfsemi sína og eru þau nú til umfjöllunar hjá NERP. Í þeim er m.a. kveðið á um skyldur skrifstofu nefndarinnar, fjárhag og gerð ársskýrslu, markmið og verkefni, afgreiðslu umsókna, skilyrði fyrir styrkveitingum, eftirlit með verkefnum og skyldur styrkþega.

Gerð er krafa um að verkefni, sem nefndin styrkir, feli í sér beint samstarf tveggja eða fleiri aðila í a.m.k. tveimur landanna eða að verkefni hafi ótvírætt gildi fyrir a.m.k. tvö þeirra. Þær umsóknir, sem fela í sér þróun og nýsköpun í atvinnumálum og hvetja til þess að samstarf sé tekið upp á nýjum sviðum, njóta nokkurs forgangs umfram aðrar umsóknir. Í því sambandi má benda á að nefndin áformar að beita sér fyrir því að koma á og styrkja samstarf rannsóknastofnana á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu í löndunum þremur. Þá er lögð þung áhersla á að niðurstöðum verkefna og þeim lærdómi, sem af þeim má draga, sé miðlað á milli landanna. Ekki er leyfilegt að veita styrki til einstakra verkefna lengur en til þriggja ára og skal nefndin aldrei veita hærri styrki en sem nema helmingi útgjalda. Hér á landi hefur sú nýbreytni verið tekin upp að Byggðastofnun veitir umsögn um einstakar umsóknir íslenskra aðila áður en lagt er til við hina færeysku og grænlensku fulltrúa að nefndin styrki verkefnin.

Meðal verkefna, sem nefndin ákvað að styrkja á árinu 1992, má nefna rannsóknir á sameiginlegum fiskstofnum, rannsóknir á eldi vatnableikju, tilraunir með lúðueldi, þróun gildra fyrir rækju og beitukóng, rannsóknir er lúta að meðferð og vinnslu freðfisks (tvífrystingu), tilraunir með nýjar verkunaraðferðir á selskinni, könnun á möguleikum á uppsetningu íslenskra vatnsaflsstöðva á Suður-Grænlandi, skógræktar- og grasfræðirannsóknir, styrki til vestnorræns ráðstefnuhalds o.fl. Þá veitti nefndin u.þ.b. 7 millj. kr. til Vestnorræna ferðamálaráðsins á árinu.

Fulltrúar Íslands í nefndinni frá nóvember 1991 eru Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneyti, og Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði.

5.3. Ferðamálaráð Vestur-Norðurlanda.

5.3.1. Vestnorræna ferðakaupstefnan.

Kostir þess að Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar hafi með sér náið samstarf í atvinnumálum eru e.t.v. hvergi eins augljósir og á sviði ferðamála þar sem segja má að ávinningur eins lands sé jafnframt ávinningur hinna. Meginmarkmið Ferðamálaráðs Vestur-Norðurlanda er að vinna að fjölgun ferðamanna til aðildarlandanna og stuðla að því að þeim bjóðist góð og fjölbreytileg þjónusta.

Meðal verkefna, sem ferðamálaráðið hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum, er vestnorræn ferðakaupstefna þar sem starfandi aðilar í ferðaþjónustu frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum kynna erlendum ferðaskrifstofum þá þjónustu og möguleika sem ferðamönnum standa til boða í löndunum þremur. Er það samdóma álit þeirra sem til þekkja að hér sé um afar mikilsvert framtak að ræða og að árangurinn undirstriki þann ávinning sem hlotist getur af nánu samstarfi landanna á þessu sviði. Ferðakaupstefnurnar nýtast ekki hvað síst smærri þjónustuaðilum sem hafa takmarkað bolmagn til að ráðast í kostnaðarsama kynningar- og markaðsstarfsemi. Þessar ferðakaupstefnur eru haldnar árlega, á Íslandi annað hvert ár og hin árin til skiptis í Færeyjum og á Grænlandi. Síðast var kaupstefnan haldin á Akureyri í septembermánuði sl. þar sem saman komu á fimmta hundrað seljendur og kaupendur, en næsta ráðstefna verður haldin í Grænlandi í lok september 1993.

5.3.2. Sameiginleg markaðskönnun.

Meðal annarra verkefna, sem ráðið hefur staðið fyrir, er 12 daga námskeið fyrir ungt fólk í ferðaþjónustu sem haldið var hér á landi, útgáfa myndbanda og bæklinga og heimsóknir erlendra blaðamanna til landanna þriggja, auk samstarfs á sviði upplýsingamiðlunar til ferðamanna þar sem Grænlendingum og Færeyingum hefur verið boðið að nýta sér þá þekkingu og reynslu sem fengist hefur hér á landi af svokölluðum Ferðavaka. Þá hefur ráðið einnig átt í viðræðum við Baltic Tourism Conference með það fyrir augum að auka viðkomu skemmtiferðaskipa í hinum vestlægu Norðurlöndum. Í sama augnamiði tók ferðamálaráðið, í samvinnu við Reykjavíkurhöfn og Akureyrarhöfn, þátt í ferðakaupstefnu á Miami í Bandaríkjunum. Áfram hefur verið unnið að markaðsrannsókn fyrir löndin þrjú en hún er unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og byggir m.a. á upplýsingum sem aflað er meðal ferðamanna.

Í Ferðamálaráði Vestur-Norðurlanda eiga sæti þrír fulltrúar frá hverju aðildarlandi: Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Fulltrúar Íslands, sem tilnefndir eru af Ferðamálaráði Íslands, eru Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, sem er formaður ráðsins, Pétur J. Eiríksson, markaðsstjóri Flugleiða, og Kristín Halldórsdóttir, formaður Ferðamálaráðs Íslands. Á árinu 1992 var ráðinn starfsmaður til ráðsins og hefur hann aðsetur hjá Ferðamálaráði Íslands næstu tvö árin.

5.4. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

5.4.1. Lánsumsóknum fjölgar.

Á árinu 1992 hefur lánsumsóknum fjölgað verulega í heild en þó langmest frá Íslandi. Þetta er athyglisvert, sérstaklega þegar þess er gætt hversu erfiður efnahagurinn er orðinn á Vestur-Norðurlöndum. Fyrirspurnum frá Færeyjum hefur þó fækkað; þær voru fáeinar í byrjun ársins en í lok þess var algjör þögn. Er það til merkis um hið alvarlega efnahagsástand í Færeyjum um þessar mundir.

Grænlendingar eiga líka í erfiðleikum en þeim hefur tekist — fram að þessu — að grípa fast í taumana af eigin rammleik og fyrirhyggju. Tvö lán hafa verið samþykkt til Grænlands á árinu. Hið fyrra er tengt loðfeldaframleiðslu, en hið síðara plastumbúðaframleiðslu í samvinnu við færeyskt fyrirtæki. Er þetta fyrsta samvinnuverkefnið milli tveggja vestnorrænna landa í sögu sjóðsins, þ.e. verkefni sem hefur verið samþykkt.

Af þessu má sjá hversu erfitt það er að finna raunhæf samstarfsverkefni. Hjá sjóðnum hefur hvorki verið skortur á áhuga né viðleitni í sambandi við samstarfsverkefni.

Til Íslands hafa ellefu lánveitingar verið samþykktar á árinu þótt þær verði sennilega ekki allar greiddar út vegna erfiðleika umsækjenda. Verkefnin eru tengd ýmsum atvinnugreinum án þess að nein þeirra sé þar tekin fram yfir aðra.

5.4.2. Tveir styrkir og tvö skilyrt lán.

Tveir styrkir hafa verið greiddir út á árinu til íslenskra fyrirtækja þrátt fyrir það að styrkveitingar megi telja til undantekninga í starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur á undanförnum stjórnarfundum (þeir eru tveir á ári hverju) rætt hlutverk sjóðsins ítarlega — ekki síst vegna hinnar sérstöku stjórnarskýrslu um starfsemi og stöðu sjóðsins sem gefin var út í byrjun ársins. Í þessum umræðum hefur komið fram sá vilji að veita styrki eingöngu í tengslum við útlán sjóðsins og því aðeins ef þeir einir geta leyst óvænt vandamál sem tengjast ekki rekstrarafkomu verkefnisins beint.

Hins vegar er það vilji stjórnar að sjóðurinn geti veitt skilyrt lán, tengd stærri venjulegum útlánum. Þessum skilyrtu lánum er ætlað það hlutverk að gera mönnum kleift að hrinda þróunarverkefnum í framkvæmd þótt óvisst sé um endanlegan árangur þeirra. Þarf ekki að endurgreiða hið skilyrta lán ef tilraunin mistekst, en það verður tengt hinu stærra og venjulega láni ef hún tekst og verkefninu miðar áfram í réttum farvegi. Tvö skilyrt lán hafa verið veitt til íslenskra fyrirtækja.

Stjórn sjóðsins vill einnig nýta sér þann möguleika að veita áhættulán í byggðum þar sem veðin eru mjög erfið viðfangs vegna takmarkana á markaði veðanna. Tvö slík lán hafa verið veitt til Grænlands og eitt til Íslands.

Þessi síðastnefndu áhættulán, hin fyrrnefndu skilyrtu lán og styrkina, getur sjóðurinn eingöngu veitt í mjög takmörkuðum mæli úr samansöfnuðum arði, enda verður sjóðurinn að standa fyrir sínu í venjulegu markaðsumhverfi.

5.4.3. Athyglisverður möguleiki á ábyrgðum.

Þess ber að geta að útlán sjóðsins þykja hagstæð hvað varðar vexti, lengd og greiðslufyrirkomulag. Það er því upplagt (en hefur fram að þessu verið ekki nýtt) fyrir stofnanir, sem veita aðallega styrki — og það stundum til þróunarverkefna sem verða arðsöm eftir fáein ár — að ná magnaðri áhrifum af útgreiddu fé með því að veita ábyrgðir fyrir útlánum sjóðsins til þróunarverkefna í stað þess að borga út styrki millilíðalaust. Ekki fara öll þróunarverkefni í súginn — sem betur fer — en sá hluti, sem það gerir á meðalári, mundi þá samsvara beinum styrkjum í kostnaði.

Eins og greint er frá hér að framan lét stjórn sjóðsins nýverið gera skýrslu um starfsemi og stöðu sjóðsins. Þessi skýrsla hefur þótt ítarleg og jákvæð. Hún hefur verið send vestnorræna þingmannaráðinu ásamt öðrum með sérstök tengsl við sjóðinn.

Hinn nýi aðalritari skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn, Finninn Pär Stenbäck, kom á fund sjóðsins í lok ársins og var sá fundur mjög gagnlegur og jákvæður. Er það ánægjuefni fyrir stjórnina og einnig starfsmenn sjóðsins þegar opinberir aðilar sýna sjóðnum áhuga.

5.4.4. Vöntun á einbeitni í þróunarmálum.

Þótt árið 1992 hafi verið ágætt með tilliti til fjölgunar umsókna er mjög vafasamt að þessi þróun geti haldið áfram næstu árin því að enn mun kreppan herða tökin á Vestur-Norðurlöndum að dómi margra. Þó má líta lánsverkefni sjóðsins gagnrýnisaugum, óháð öllum framtíðarspám, og verður þá að telja lánshæfni þeirra ákaflega misjafna.

Ætla mætti að sjóður, sem getur veitt hagstætt lán og fer vandlega ofan í undirstöður lánsumsókna, gæti sýnt fram á fjölda góðra verkefna — þar sem hugmyndin um frumlega þróun tengda raunsæi í rekstri væri í hávegum höfð — en því er ekki að heilsa, ekki einu sinni hvað varðar umsóknir frá Íslandi. Ástæðurnar eru margar og verða ekki tíundaðar hér, en samnefnarinn virðist þó vera skortur á einbeitni í þróunarmálum Íslendinga.

Af Íslands hálfu situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í stjórn sjóðsins, en varamaður hans er Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

6. Samvinna við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

6.1. Framkvæmd verkefnaáætlunar árið 1992.

Norðurlöndin hafa sameiginlega tekið upp víðtæka samvinnu við Eystrasaltsríkin í samræmi við verkefnaáætlun ráðherranefndarinnar. Fyrsta áætlunin frá 1990 gerði ráð fyrir þrenns konar verkefnum: Í fyrsta lagi styrkjakerfi fyrir nemendaskipti milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, í öðru lagi var komið á fót upplýsingaskrifstofum í Tallinn, Riga og Vilnius og í þriðja lagi var veitt fé til samstarfsverkefna af ýmsu tagi við Eystrasaltsríki og önnur ríki Austur-Evrópu.

Framlög til samstarfs við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu voru aukin á árinu 1992 vegna þess að ráðherranefndin ákvað að færa 16,9 millj. d.kr. úr varasjóði til verkefna í Eystrasaltsríkjunum. Heildarframlög til samstarfsverkefna þar námu því 32 millj. d.kr. fyrir utan framlög frá öðrum samstarfssviðum. Með þessu reyndist unnt að verja fé til nýrra verkefna, t.d. á sviði umhverfis- og iðnaðarmála.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum þykja þjóna mikilvægu hlutverki í almennum samskiptum milli fólks við Eystrasalt. Þær hafa lagt sitt af mörkum til þess að hægt sé að sinna gífurlegri eftirspurn eftir kennslu í norrænum málum og einnig tekið virkan þátt í öðrum verkefnum ráðherranefndarinnar, svo sem styrkþegakerfinu og embættismannaskiptum.

6.2. Ný verkefnaáætlun fyrir árið 1993.

Í nýrri verkefnaáætlun um samvinnu við Eystrasaltsríkin er lagt til að varið verði 27,3 millj. d.kr. til hennar á árinu 1993 (12,3 millj. d.kr. á fjárlögum og 15 millj. d.kr. af rekstrarafgangi ársins 1991).

Miðað er við að halda áfram þeim verkefnum sem þegar er unnið að og þykja sérlega mikilvæg í samskiptunum milli Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og svæða í nágrenni Eystrasalts. Í þessum flokki eru nemenda- og embættismannaskipti og norrænu upplýsingaskrifstofurnar.

Í öðru lagi er talið nauðsynlegt að leggja áherslu á stór og áberandi verkefni sem talin eru mikilvæg í sambandi við þá þróun í átt til lýðræðis og markaðsbúskapar sem nú á sér stað í grannríkjum Norðurlanda og þar sem hæfni og kunnátta Norðurlandabúa kem-

ur að notum. Hér er um það að ræða að efla samvinnu í menntamálum, fjölmiðlun, samgöngumálum og félags- og heilbrigðismálum, svo og umhverfismálum.

Í þriðja lagi er talið nauðsynlegt að takmarka og minnka skriffinnsku við styrkjaumsóknir til ráðherranefndarinnar með því m.a. að minnka „pottinn" og setja skýrari úthlutunarreglur.

Einnig er lagt til að verkefnaáætlunin hvað varðar Austur-Evrópu snerti fyrst og fremst Eistland, Lettland, Litáen og þau svæði sem eru í námunda við Norðurlönd og liggja að Eystrasalti, þ.e. St. Pétursborgarsvæðið, Kaliningrad og að vissu marki Pólland. Þessi afmörkun er talin æskileg með tilliti til takmarkaðra norrænna fjárveitinga og annarra og umfangsmeiri aðstoðaráætlana vegna Austur-Evrópu, fyrst og fremst undir stjórn Evrópubandalagsins.

6.3. Fjárfestingaráætlun í Eystrasaltsríkjunum (BIP).

Í mars 1992 ákváðu fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda að hrinda af stað fjárfestingaráætlun í Eystrasaltsríkjunum (BIP). Henni er ætlað að ýta undir fjárfestingar í smáum og meðalstórum fyrirtækjum í Eystrasaltsríkjunum. Talið er að um 100 millj. ekna (ECU) verði samkvæmt áætlun veittar í þessu skyni á næstu þremur árum sem tæknileg aðstoð og fjármögnun ýmissa verkefna.

Að fjárfestingaráætlun í Eystrasaltsríkjunum standa þrír sjóðir sem eru á vegum jafnmargra bankastofnana, þ.e. Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NoPEF) og Evrópska bankans til endurreisnar og þróunar (EBRD).

Fjárfestingaráætlunin gerir ráð fyrir að myndaður verði sérstakur lánaflokkur að andvirði 30 millj. ekna (ECU) fyrir Eystrasaltslöndin í Norræna fjárfestingarbankanum. Innan ramma áætlunarinnar hafa Norðurlönd gert samning við Evrópska bankann (EBRD) um myndun fjárfestingarsjóðs sem nemur 30 millj. ekna (ECU).

7. Ráðherranefndartillögur á 42. þingi Norðurlandaráðs.

7.1. Sex ráðherranefndartillögur.

Norræna ráðherranefndin leggur fram sex ráðherranefndartillögur á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1.–4. mars. Þrjár tillagnanna fjalla um nýmæli á sviði menningarmála, kennslumála og rannsókna en hinar þrjár eru á málefnasviði laganefndar Norðurlandaráðs.

Hér er um að ræða tillögur um aukna áherslu á menningar-, mennta- og vísindasamstarf, nýjar starfsreglur samstarfsráðsins um rannsóknarstefnu („Nordiska forsknings-politiska rådet") og breytta fjármögnun og breytt skipulag menningarstarfsemi og norrænna menningarstofnana. Breytingar á Helsingfors-samningnum, verkefnaáætlun á sviði lagasetningar innan Norðurlanda og samstarfsáætlun á matvælasviði eru einnig á dagskrá Norðurlandaráðs.

7.2. Aukin áhersla og nýtt skipulag í menningar-, mennta- og vísindasamstarfi. Ráðherranefndartillaga 137/k.

Menning, rannsóknir og menntun eru svið sem verða efld í norrænu samstarfi á næstu árum. Þannig er gert ráð fyrir að sérstök ráðherranefnd fjalli um almennt menningarsamstarf og önnur um rannsókna- og menntunarsamstarf.

Enn fremur er þess vænst að menningarmálasamningurinn frá 1971 verði áfram í gildi. Ekki verður stofnaður nýr menningarsjóður eins og nefnd sú, er forsætisráðherrarnir settu á laggirnar til þess að gera tillögur um framtíð norræns samstarfs, hafði lagt til.

Aukning framlaga til menningar-, menntunar- og vísindasamstarfs mun nema 60 millj. d.kr. þegar á fjárlögum ársins 1994. Á sviði menningarmála verður sérstök rækt lögð við fjölmiðla- og kvikmyndasamstarf, barna- og æskulýðsstarfsemi, málsamvinnu og menningarmiðlun utan Norðurlanda. Á sviði menntunar og rannsókna er þess vænst að hægt verði að efla NORDPLUS-styrkjakerfið og Norræna háskólann fyrir framhaldsmenntun vísindamanna. Á sviði skólamála verður lögð áhersla á styrkjakerfið á framhaldsskólastiginu, NORDPLUS-junior, námsmanna- og kennaraskipti, verkefni sem stuðla að gagnkvæmum málskilningi og áætlanir um fullorðinsfræðslu og upplýsingar til almennings.

7.3. Framkvæmd starfsáætlunar um breytta fjármögnun og skipulag stofnana, samstarfsnefnda og annars reglubundins samstarfs á sviði menningarmála. Ráðherranefndartillaga B136/k.

Menningar- og menntamálaráðherrar Norðurlanda samþykktu starfsáætlunina árið 1991, og er ráðherranefndartillagan skýrsla um framkvæmd hennar. Markmið áætlunarinnar var að sem mest af framlögum til menningarmála skyldi renna til almennra styrkjakerfa, samskiptaneta og tímabundinna verkefna. Þrír hópar sérfræðinga hafa gert úttekt á stofnunum og starfsemi á sviði menningar-, mennta- og vísindasamstarfs sem fá fé af fjárhagsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Niðurstaða úttektarinnar kemur m.a. fram í þeirri tillögu að norræna ráðherranefndin geri ýmsar breytingar á skipulagi og reglugerðum til þess að auðvelda stjórnun stofnananna. Markmiðs- og rammastjórnun verður tekin upp hjá öllum stofnunum frá og með næstu áramótum.

Upprunalega var markmiðið að ná fram 30 millj. d.kr. sparnaði á ýmsum liðum menningarfjárlaganna sem nota mætti í önnur verkefni sem sérstök áhersla yrði lögð á. Þetta markmið náðist ekki en unnt verður að færa 15 millj. d.kr. yfir til áhersluverkefna á menningarsviðinu. Styrkjakerfið NORDPLUS og hin nýja stofnun, Norræni háskólinn fyrir framhaldsmenntun vísindamanna, munu fá aukin framlög, og hleypt verður af stokkunum fimm ára áætlun um mannfræðirannsóknir á norðurslóðum.

Á sviði menningarmála mun norræna ráðherranefndin gera kröfu um að stofnanirnar afli í vaxandi mæli fjár af eigin rammleik til starfsemi sinnar. Þannig á að reynast unnt að minnka framlagið til þeirra frá norrænu ráðherranefndinni um 2%. Ekki er gert ráð fyrir að neinar stofnanir verði lagðar niður. Í skólamálum verður lögð sérstök áhersla á þróunarstarf í skólum og kennaramenntun.

Norræna ráðherranefndin mun draga úr fjárveitingum til meginreksturs þeirra átta norrænu stofnana sem veita æðri menntun og ýta undir það að stofnanirnar auki utanaðkomandi fjármögnun. Hér er um að ræða norrænar stofnanir sem fást við áætlanagerð (NORDPLAN), þjóðkvæði (NIF), eldfjallafræði (NORDVULC), hafrétt (NIFS), Asíurannsóknir (NIAS), fræðilega eðlisfræði (NORDITA) og heimilisfræði (en alveg verður hætt að styrkja Norræna heimilisfræðiháskólann (NHH), svo og blaðamennsku (Nordisk Journalistcenter)). Þar sem Norræni háskólinn fyrir framhaldsmenntun vísindamanna hefur verið stofnaður verður hætt að veita skammtímastyrki við áðurnefndar stofnanir.

Sjö af átta samstarfsstofnunum og samskiptanetum á háskólastigi, sem norræna ráðherranefndin kostar nú, verða framvegis kostaðar með almennum styrkjakerfum og tímabundnu verkefnafé. Fimm stofnanir missa fjárveitingu frá norrænu ráðherranefndinni frá og með 1. janúar 1994. Hér er um að ræða ferðir jarðfræðinema til Íslands, samstarfs-

nefndir um líffræði hafsins (NKMB), vistfræði (NKE) og úthafseðlisfræði (NKFO), svo og Norræna sambandið um kennslu í læknisfræði. Norræna ráðherranefndin mun senn hætta að styrkja samstarfsnefnd um læknisfræðilegar rannsóknir á norðurslóðum (NoSAMF) og Norræna heimilisfræðiháskólann (NHH).

Ekki er lagt til að fjárhagsgrundvelli Norræna sumarháskólans (NSU) og norrænna námskeiða í tungumálum og bókmenntum verði breytt.

Fjórar aðrar samstarfsstofnanir, sem svipar meira til þess að vera almenn styrkjakerfi, halda áfram starfsemi eins og verið hefur. Hér er átt við Norræna samstarfsstofnun um miðlun vísindaupplýsinga (NORDINFO), stjórnarnefnd æðri menntunar (HØGUT), norræna rannsóknaráðið (FPR) og Norræna háskólann fyrir framhaldsmenntun vísindamanna (NorFa).

7.4. Ný stefnumið handa norræna rannsóknaráðinu (FPR) fyrir árin 1993–1995. Ráðherranefndartillaga B132/k.

Hlutverk norræna rannsóknaráðsins er að efla norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindamanna. Rannsóknaráðið er ráðgefandi aðili fyrir norrænu ráðherranefndina.

Samþykktir ráðsins gera ráð fyrir að á þriggja ára fresti fari fram endurskoðun á stefnumörkun þess í starfseminni. Tillögurnar að þessu sinni bera svipmót af stefnumiðum fyrri tímabila. Áfram er gert ráð fyrir að rannsóknir verði eitt af forgangsmálum norræns samstarfs og að rannsóknaráðið sjálft muni gegna mikilvægu ráðgjafarhlutverki auk þess sem það hafi ýmiss konar frumkvæði og komi á tengslum af ýmsum toga.

Norræna rannsóknaráðið mun fylgjast með evrópsku vísindasamstarfi og meta hvernig Norðurlönd geti helst haft áhrif á þeim vettvangi. Þá hyggst ráðið leggja mat á það með reglulegum hætti hvernig hægt sé að styrkja rannsóknastarf í Eystrasaltsríkjunum á árangursríkan hátt. Áhersla verður lögð á námsstefnur, ráðstefnur og fundi, og ráðið mun einnig leggja kapp á að koma upplýsingum um rannsóknir á Norðurlöndum til annarra landa.

Rannsóknaráðið hyggst leggja lið þeirri gagnrýnu yfirferð á rannsóknastofnunum sem ákveðin hefur verið, og þess er vænst að hægt verði að losa um fé sem hægt verði að nýta til rannsókna á nýjum sviðum. Ráðið mun fylgjast með þróunar- og rannsóknarverkefnum sem styrkt hafa verið með norrænu fé og ganga úr skugga um að þau séu framkvæmd á hagkvæman hátt. Það á m.a. við um áætlunina um umhverfisrannsóknir, en starf samkvæmt henni er nýhafið og verður fylgst nákvæmlega með því.

Rannsóknaráðið heldur því fram að jafnvel sé þörf á norrænu rannsóknasamstarfi á þeim sviðum rannsókna- og þróunarsamstarfs Evrópubandalagsins sem norræn ríki taka þátt í.

Á næstu þremur árum mun ráðið einkum einbeita sér að eftirfarandi þáttum:

— Ráðið hyggst bera saman þau skilyrði og þær aðstæður sem valda því að fólk ræðst til vísindastarfa, hvaða áhrif skatta- og lífeyrisreglur hafa á vilja vísindamanna til þess að breyta um starfssvið og land, hvað ræður því hvort menn velja að starfa á Norðurlöndum eða annars staðar og hvernig þeim norrænu fjármunum, sem ráðstafað er til Evrópusamstarfsins, verði best varið.
— Ætlunin er að auka upplýsingastarf varðandi vísindastefnu, m.a. með útgáfu fréttabréfs.
— Í ráði er að gera ýmsar kannanir á því hvernig ná megi fram betri stjórnun og forustu í rannsóknastarfi og hvaða áhrif hin ýmsu stjórntæki vísindastofnana stjórn-

valda hafa. Þá verður lagt mat á það hvernig gengið hefur að gera áætlanir um og hefja tímabundnar rannsóknaáætlanir. Einnig verður rætt um þýðingu annars vegar miðlægs og hins vegar staðbundins rannsóknaumhverfis, svo og skiptingu rannsókna milli háskóla og atvinnulífs. Þá hyggst norræna rannsóknaráðið fást við þverfaglega samvinnu í rannsóknastarfi, frjálsar rannsóknir eða opinberar rannsóknir, siðfræði og menntun stjórnenda í rannsóknastarfsemi.

— Norrænt samráð og samræming í tengslum við alþjóðlegt rannsóknasamstarf verður eitt af meginverkefnum ráðsins, en á þessu sviði er nú mjög rætt um kostnaðarþróunina. Annað viðfangsefni, þessu skylt, er nauðsyn á einföldun og samræmingu í alþjóðlegri rannsóknastarfsemi.

— Rannsóknaráðið mun hvetja til nýrra samstarfsverkefna á sviðum þar sem þjóðirnar geta sameinað krafta sína. Reynt verður að koma í framkvæmd rannsóknaáætlun um mannfræðirannsóknir á norðurslóðum, og lagt verður mat á hvort gerðar verði áætlanir um fleiri samstarfsverkefni út frá áherslum einstakra landa. Þá er einnig verið að ræða um sameiginlega norræna þátttöku í kostnaðarsömum alþjóðlegum verkefnum.

Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur lagt sérstaklega fyrir norræna rannsóknaráðið að kanna áhrif EES-samningsins á rannsóknastarfsemi innan Norðurlanda og koma með tillögur um aðgerðir sem geti styrkt stöðu norrænna rannsókna á evrópskum vettvangi.

7.5. Breytingar á Helsingfors-samningnum. Ráðherranefndartillaga B 135/j.

Norræna ráðherranefndin leggur fram tillögu til breytinga á Helsingfors-samningnum (Helsingfors-sáttmálanum) á grundvelli skýrslu til forsætisráðherranna frá 17. ágúst 1992 (skýrslu „Iloniemi-hópsins"), „Borgundarhólms-yfirlýsingar" forsætisráðherranna frá 17. ágúst 1992, framhaldsskýrslu „Støre-hópsins" frá 11. nóvember 1992 og Árósayfirlýsingu forsætisráðherranna frá 10. nóvember 1992. Helsingfors-samningurinn, sem er nokkurs konar stjórnarskrá samstarfsins milli norrænu ríkjanna, er frá 1962, og hefur honum verið breytt margsinnis áður. Forsætisráðherrarnir vilja með framlagningu þessarar tillögu kanna viðhorf ráðsins til hennar.

Breytingarnar, sem nú eru á dagskrá, snúast meðal annars um ákvörðunarrétt í sambandi við fjárhagsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar og stöðu ráðherra í Norðurlandaráði. Hins vegar er ekki á döfinni að taka upp sameiginlegt heiti eða nafn á Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni („Nordisk Råd" og „Nordisk Ministerråd").

Áhrif Norðurlandaráðs á gerð fjárhagsáætlunar.

Forsætisnefnd og fjárlaganefnd Norðurlandaráðs vilja að ráðið fái raunveruleg áhrif á meðferð norrænu fjárlaganna, svo og á forgangsröðunina og skiptingu fjármuna innan hins fastákveðna fjárlagaramma.

Í 64. gr. Helsingfors-samningsins er gert ráð fyrir að viðkomandi nefnd innan Norðurlandaráðs hafi möguleika á að láta í ljós álit sitt áður en norræna ráðherranefndin leggur fram fjárlagatillögu. Nú er gert ráð fyrir að tvær síðustu málsgreinarnar í 64. gr. hljóði svo:

„Norrænu ráðherranefndinni ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar frumvarp sitt til fjárhagsáætlunar. Norðurlandaráð getur stungið upp á breyttri forgangsröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett.

Mæli ekki sérstök rök á móti ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins, þegar um er að ræða fjárveitingar, innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett."

Staða ráðherra í Norðurlandaráði.

Lagt er til að 1. mgr. 47. gr. hljóði svo: „Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar." Nú er sérstaklega tekið fram að auk kjörinna fulltrúa séu í ráðinu fulltrúar ríkisstjórna og fulltrúar landsstjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norðurlandaráð og forsætisnefndin eru þeirrar skoðunar að ekki eigi að breyta stöðu ráðherra í ráðinu. Það sé afar brýnt að ráðherrar sitji áfram í því til að tryggja skoðanaskipti milli þingmanna í ráðinu og ríkisstjórnanna.

Þess er vænst að forsætisráðherrar Norðurlanda muni staðfesta breytingarnar á Helsingfors-samningnum síðar í vor.

Til fróðleiks er skipting fulltrúa í Norðurlandaráði skv. 47. gr. sem hér segir:

„Þjóðþing Dana kýs 16 fulltrúa, ríkisþing Finna 18 fulltrúa, Alþingi Íslendinga 7 fulltrúa, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvort um sig 20 fulltrúa og landsþing Álandseyja, lögþing Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert. Enn fremur kýs hver aðili jafnmarga varamenn.

Kjör fulltrúa og varamanna fer fram árlega og gildir til næsta kjörs. Við kjör skal þess gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í ráðinu. Kjörgengir eru einvörðungu þingmenn á því þingi þar sem kjör fer fram."

7.6. Starfsáætlun norræns samstarfs um lagasamræmingu. Ráðherranefndartillaga B 133/j.

Laganefnd Norðurlandaráðs fór þess á leit við norrænu ráðherranefndina árið 1991 að hún léti gera ítarlega starfsáætlun um norræna lagasamræmingu í náinni framtíð. Áætlunin átti að vera viðbót við löggjafaráætlun laganefndarinnar sem Norðurlandaráð samþykkti árið 1988.

Í þeirri fimm ára áætlun, sem ráðherranefndin leggur nú fram, er fjallað almennt um Evrópumálin og þau svið sem EES-samningurinn nær yfir, m.a. fyrirtækjarétt, alþjóðlegan einkamálarétt, vernd einstaklinga og neytendarétt. Taki EES-samningurinn gildi breytist eðli lagasamræmingarstarfs á Norðurlöndum á öllum þeim sviðum sem samningurinn nær til. Ráðherranefndin telur hins vegar að norrænu samstarfi um lagasamræmingu eigi að halda áfram, einnig þegar fleiri norræn ríki verða aðilar að Evrópubandalaginu.

Í tillögunni er einnig fjallað um þau löggjafarsvið sem EES-samningurinn nær ekki til. Þeim má skipta í tvo meginhópa: Annars vegar eru löggjafarsvið sem falla utan við reglugerðir Evrópubandalagsins (svo sem sifja- og refsirétturinn) og hins vegar reglugerðir sem ekki voru teknar með í EES-samninginn en aðilar að Evrópubandalaginu eiga að laga sig að. Ráðherranefndin telur mikilvægt að öll norrænu ríkin taki þátt í þessu starfi. Þannig sé unnt að viðhalda eins líkri lagasetningu og tök eru á, óháð því hvernig löndin munu tengjast Evrópubandalaginu. Þá leggur ráðherranefndin áherslu á að þegar um sé að ræða svið sem falli utan stjórnskipunar Evrópubandalagsins sé norræn lagasamræming mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Í tillögunni er drepið á raunhæf samstarfsverkefni sem falla utan EES-samningsins og verið er að vinna að:

— EES-samningurinn hefur engin teljandi áhrif á refsirétt og lög um málaferli. Í þessum efnum er norrænt samstarf bæði eðlilegt og æskilegt næstu fimm árin.
— Þegar um opinberan rétt er að ræða er einnig fyrir hendi mikil þörf á samstarfi, til þess að auðvelda Norðurlandabúum að ferðast á milli landa og setjast að annars staðar á Norðurlöndum.
— Á sviði sifjaréttar hefur náðst víðtæk norræn lagasamræming. Starfandi er norrænn vinnuhópur sem fæst við mál sem snerta alþjóðlegan einkamálarétt á sviði sifjaréttar.
— Hvað við kemur réttarfarsreglum er verið að rannsaka möguleikana á málshöfðun á vegum einstakra hópa í samræmi við þingmannatillögu og samþykkt Norðurlandaráðs árið 1991.
— Á sviði hafréttar er hefð fyrir náinni norrænni samvinnu og henni ber að halda áfram að mati ráðherranefndarinnar. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á ákvæðum hafréttarins á ýmsum sviðum.
— Hvað varðar lög um gjaldþrot er verið að endurskoða þau í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og hafa ráðuneyti skipst á upplýsingum í því sambandi, til að mynda um skuldbreytingar og samninga um skuldir.

Laganefnd Norðurlandaráðs hefur hvatt til þess að norræna ráðherranefndin haldi áfram að setja fram forgangsmál í norrænni lagasamræmingu en bíði ekki einungis eftir frumkvæði frá Evrópubandalaginu. Bent er á að það geti dregist á langinn að útséð verði um aðild Norðurlanda að EES og EB.

Laganefndin hvetur einnig til þess að hugað verði gaumgæfilega að því hvernig megi láta Eystrasaltsríkin njóta góðs af samstarfi Norðurlanda á sviði lagasamræmingar.

7.7. Norræn áætlun um samstarf á sviði matvæla. Ráðherranefndartillaga B 134/j.

Tilgangur nýju samstarfsáætlunarinnar er að svara ögruninni frá Evrópubandalaginu og innri markaði þess og takast á við þá tækniþróun sem á sér stað á sviði matvælaframleiðslu. Í áætluninni, sem á að gilda frá árinu 1993, er kveðið á um markmið og samstarfssvið, svo og um aðgerðir til þess að framfylgja norrænni matvælastefnu.

Sala og framleiðsla matvæla hefur mikla efnahagslega þýðingu hvarvetna í Evrópu. Reglur um matvæli eru meðal stærstu lagabálka innri markaðarins. Innan nokkurra ára mun EES-samningurinn leiða til samræmingar á matvælalöggjöf í þátttökulöndunum og á það einnig við um Norðurlönd. Reglugerðir Evrópubandalagsins á þessu sviði eru afar viðamiklar og munu hafa mikil áhrif á neytendamál og framleiðslustarfsemi. Sala og framleiðsla matvæla á Norðurlöndum einkennist af háu stigi neytendaverndar. Norðurlönd geta þróað sína eigin stefnu og eigin reglugerðir með því að hafa áhrif á þróunina innan EES og í öðrum alþjóðlegum samtökum.

Í nýju áætluninni er einnig fjallað um eftirlit, matvælarannsóknir, neytendaupplýsingar og fleira. Verulegum fjármunum er varið á öllum Norðurlöndunum til norræns samstarfs á matvælasviði og sterkur vilji til þess að halda samstarfinu áfram er sagður vera fyrir hendi.

Áætlunin breytir einnig skipulagi samstarfsins þannig að auðveldara verður að fást við ný verkefni og styrkja Norðurlönd innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrri samstarfsáætlun á sviði matvæla er frá árinu 1988.

8. Menningar- og menntamál.

8.1. Fjögur forgangssvið.

Á almennu menningar- og fjölmiðlasviði hefur meginähersla verið lögð á að efla norræna samkennd og stuðla að jákvæðri aðlögun að Evrópu. Ráðstefna menningarmálaráðherranna, sem haldin var í Ósló í desember 1991 („Ny guldalder for nordisk kultur"), gaf tóninn í menningarmálaumræðunni á árinu 1992. Þar kom fram sú breiða samstaða, sem margítrekuð hefur verið á árinu, um að stórefla norrænt menningarsamstarf og leggja sérstaka áherslu á barna- og unglingahópana í því sambandi.

Á undanförnu ári hafa markmið og skipulagsþættir í norrænu menningarsamstarfi verið mjög til umfjöllunar. Í tilefni af því að viðmiðunartímabili framkvæmdaáætlunar þeirrar, sem samþykkt var árið 1988, lauk um áramótin 1991–1992 var á vegum ráðherranefndar menntamála tekin saman skýrsla um framgang viðfangsefna sem áætlunin tók til, ásamt yfirliti um samstarfsþætti sem ráðgert var að leggja áherslu á á næstu árum. Um undirbúning þessarar skýrslu var haft samráð við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Forgangsverkefnum er þar skipað á fjögur áherslusvið:

I. Norræn menningarsamkennd.

Undir það svið fellur m.a. ýmiss konar samstarf á vettvangi lista og fjölmiðlunar og starf sem miðast við börn og ungmenni.

II. Norrænt menntunarsamfélag.

Þar undir fellur m.a. samstarf á sviði háskóla, aukin nemenda- og kennaraskipti og margvíslegt annað skólasamstarf, svo sem fullorðinsfræðsla.

III. Aukið norrænt samstarf um grundvallarrannsóknir, þar á meðal um menntun til vísindastarfa og rannsóknaáætlanir á tilteknum sviðum.

IV. Norrænt menningarsamstarf í fjölþjóðlegu samhengi.

Þar undir fellur kynning á norrænni menningu utan Norðurlanda, en einnig samvinna um þátttöku í starfsemi á vegum fjölþjóðlegra stofnana á sviði menningarmála, mennta og vísinda.

8.2. Úttekt á norrænum menntastofnunum.

Samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar menningar- og menntamála snemma árs 1991 hafa þrír starfshópar, skipaðir fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðuneytunum, unnið að athugun á fjármögnun og skipulagi stofnana og fastra verkefna sem kostuð eru af menningarmálalið norrænu fjárlaganna. Einn megintilgangur athugunarinnar var að kanna möguleika á auknum sveigjanleika í ráðstöfun þess fjár sem varið er til norrænnar menningarsamvinnu. Starfshópar þessir fjölluðu um sitt sviðið hver: Almenn menningarmál, fræðslumál og háskóla- og vísindamál. Þeir skiluðu álitsgerðum sínum í október og byrjun nóvember sl.

Tillögur starfshópanna eru nokkuð ólíkar. Segja má að tillögur menningarmálahópsins og fræðsluhópsins lúti einkum að almennum atriðum án þess að miða að róttækum breytingum á núverandi starfsemi. Vísindamálahópurinn gerir hins vegar tillögur um að felld verði niður á næstu árum framlög af norrænu fjárlögunum til nokkurra samstarfsstofnana og stefnt að því að losa þannig fé sem nemur rösklega 12 millj. d.kr. Allir hóparnir leggja til að horfið verði í meginatriðum að kerfi markmiðsstýrðra rammafjárveitinga og jafnframt verði aukin ábyrgð forstöðumanna og stjórnarnefnda á stjórn sameiginlegra stofnana og framkvæmd samstarfsverkefna.

Ráðherranefndin hefur þegar tekið ákvörðun um framkvæmd ýmissa af þeim tillögum starfshópanna sem varða almenn skipulagsatriði, en áform um ráðstafanir á grundvelli álitsgerðanna að öðru leyti verða kynnt Norðurlandaráði í ráðherranefndartillögu sem lögð verður fyrir þing ráðsins í mars 1993. Meðal þeirra samstarfsverkefna, sem tillögurnar gera ráð fyrir að njóti ekki áfram fastra framlaga af norrænu fjárlögunum (fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar), eru námsferðir norrænna jarðfræðinema til Íslands. Hins vegar yrði unnt að sækja um stuðning til slíkra ferða af styrktarfé sem ætlað er til samstarfs á sviði háskólamenntunar og vísinda. Að því er Norrænu eldfjallastöðina varðar er lagt til að könnuð verði aukin kostnaðarþátttaka Íslendinga með þeim hætti að ein sérfræðingsstaða við stofnunina verði kostuð af hálfu Íslendinga.

8.3. Helmingur fjárlaga til menningar- og menntamála árið 1996.

Sú vinna, sem fram hefur farið undanfarin missiri fyrir atbeina forsætisráðherra Norðurlanda, að endurmati á norrænu samstarfi og stefnumörkun um framtíð þess mun, eins og að framan hefur komið fram, leiða til ýmissa breytinga er lúta bæði að skipulagi og inntaki norrænnar samvinnu á vegum ríkisstjórnanna. Samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherranna í Árósum 11. nóvember 1992 er gert ráð fyrir að menningarsamstarfið verði eitt af meginverksviðum samvinnunnar og að beint verði til þess auknu fjármagni. Þannig er miðað við að árið 1994 renni 25% hærri upphæð til menningar- og menntamálageirans en í fjárhagsáætlun fyrir 1993. Það svarar til aukningar sem nemur um 60 millj. d.kr. Árið 1996 eiga 50% framlaga samkvæmt fjárlögunum að ganga til samstarfsins á þessu sviði.

Lagt hefur verið til að menningarsamstarfinu, sem nú er skipulagt í einni heild og spannar almenn menningarmál, fræðslumál og vísindamál, verði skipt í tvö svið, annars vegar menningarmál en hins vegar fræðslu- og vísindamál. Í stað einnar ráðherranefndar komi tvær, hvor fyrir sitt svið, og með sama hætti tvær embættismannanefndir.

8.4. Íslendingar vilja efla málsamvinnu.

Á vegum ráðherranefndar menningar- og menntamála er nú unnið að nánari stefnumörkun um framtíðarsamstarfið í ljósi samþykktar forsætisráðherranna og í samráði við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Stefnt er að því að fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1993 verði lögð ráðherranefndartillaga þar sem fjallað verði um skipulag og fjármál á þessu sviði og jafnframt gerð grein fyrir áformum um hvernig ráðgert sé í stórum dráttum að verja auknu fé til samstarfs á menningarsviðinu. Frekari umfjöllun um áhersluþætti og ný verkefni verði síðan á fundum ráðherranefndanna í vor, m.a. með hliðsjón af undirbúningi fjárhagsáætlunar fyrir árið 1994. Af hálfu Íslendinga hefur í þessu stefnumörkunarstarfi verið lögð áhersla á mikilvægi þess að efla málsamvinnu Norðurlandaþjóða. Er þá bent á að þjóðirnar þurfi að hjálpast að til að sú norræna menning, sem tengist tungumálunum, verði öllum Norðurlandabúum aðgengileg og jafnframt til að allar þjóðirnar eigi sem jafnasta möguleika á að taka virkan þátt í hinu sameiginlega starfi.

8.5. Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn.

Á árinu 1992 var hálfnað það reynsluskeið sem Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum var ákveðið við stofnun hans 1989. Í skýrslu um sjóðinn, sem tekin var saman af þessu tilefni, kemur fram að hann hefur stuðlað mjög að framgangi kvikmyndaverkefna þar sem norrænt samstarf hefur með einhverjum hætti komið við sögu. Hlut-

fallslega mestur stuðningur hefur runnið til íslenskra umsækjenda, samtals um 11,6 millj. s.kr. á því tímabili sem skýrslan tekur til. Framlag íslenskra stofnaðila til sjóðsins nam á sama tíma 945.000 s.kr.

8.6 Íslenskt frumkvæði — hraðkönnun á norrænni sjónvarpsrás.

Á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda 9. desember 1992 var að tillögu Eiðs Guðnasonar samstarfsráðherra samþykkt að beina því til ráðherra þeirra, er fara með sjónvarpsmál, að þeir létu athuga möguleika á að stofna til norrænnar sjónvarpsrásar með notkun gervitungls og þá öðru fremur með fréttum og fréttatengdu efni. Slík sjónvarpsrás er talin geta stuðlað að aukinni kunnáttu í norrænum tungumálum og eflingu samstarfs í menningar- og menntamálum.

Á samráðsfundi menningarmálaráðherranna 6. janúar 1993 var ákveðið að gerð skyldi hraðkönnun á fjárhagslegum forsendum áður en tekin yrði afstaða til ítarlegri athugunar. Margvísleg tæknileg og fjárhagsleg vandkvæði komu í veg fyrir að hugmyndir um norrænt sjónvarp, NORDSAT, yrðu að veruleika á sínum tíma. Nú eru sjónvarpsdagskrár Svía, Norðmanna, Finna og Dana þegar sendar um fjarskiptahnetti og tæknin við sendingar og móttöku er orðin einfaldari og ódýrari. Í desember sl. náði sjónvarpsgeisli danska sjónvarpsins til Grænlands og á Íslandi er hægt með tiltölulega lítilli fyrirhöfn að ná sendingum frá nokkrum norrænum sjónvarpsstöðvum. Þá hefur sú vinna, sem lögð hefur verið í að ná samkomulagi um höfundalaun og höfundarétt, skilað verulegum árangri.

Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að setja á stofn norræna fréttarás sem senda mundi út kvölddagskrá. Málið er nú til umfjöllunar hjá mennta- og menningarmálaráðherrum Norðurlanda.

8.7. Íslendingur framkvæmdastjóri norrænu leik- og danslistarnefndarinnar.

Á sviði bókmennta, leiklistar, myndlistar og tónlistar eru starfandi nefndir sem vinna að eflingu samstarfsins, hver í sinni grein, og gegna þar samhæfingar- og ráðgjafarhlutverki. Bókmennta- og bókasafnanefndin hefur m.a. umsjón með úthlutun styrkja til útgáfu norrænna bókmennta, þýddra á önnur Norðurlandamál, og efnir til margvíslegra námskeiða fyrir starfandi bókaverði. Hvor tveggja starfsemin kemur Íslendingum í góðar þarfir. Norræna leik- og danslistarnefndin veitir m.a. styrki til gestaleikja og með stuðningi hennar var efnt til norrænna leiklistardaga í tengslum við Listahátíð í Reykjavík vorið 1992. 1. september 1992 tók Íslendingur, Helga Hjörvar, fyrrverandi skólastjóri, við starfi framkvæmdastjóra nefndarinnar, en skrifstofa hennar er í Kaupmannahöfn. Ráðið er í stöðuna til fjögurra ára í senn. Norræna myndlistar- og listiðnaðarnefndin er jafnframt stjórn Norrænu listamiðstöðvarinnar á Sveaborg við Helsingfors sem stendur að norrænum myndlistarsýningum og rekur gestavinnustofur handa myndlistarmönnum. Meðal farandsýninga, sem nefndin styrkti árið 1992, var íslensk listhönnunarsýning, „FORM Island II". Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) veitir styrki til margháttaðrar tónlistarstarfsemi. Norræn tónlistarhátíð æskufólks var haldin í Reykjavík 1992 með fjárstuðningi frá nefndinni.

8.8. Akureyri valin til samstarfs um áætlunina „Norrænt líf".

Mikil áhersla er lögð á menningarsamstarf sem miðast við börn og ungmenni. Á sl. ári var tekin ákvörðun um viðamikið samstarfsverkefni sem ber yfirskriftina „Norrænt líf" og lýtur að því að gefa börnum kost á að kynnast og taka þátt í lifandi listsköpun. Ætlunin er að hópar norrænna listamanna fari í þessu skyni milli landanna til starfa með börn-

um á aldrinum 10–16 ára. Hér á landi er ráðgert að Akureyrarbær verði aðili að samstarfsverkefninu sem hófst 1. nóvember 1992 og á að ljúka sumarið 1994.

Norræna æskulýðsnefndin hefur m.a. beitt sér fyrir eflingu og samhæfingu rannsókna á æskulýðsmálefnum á Norðurlöndum. Íslendingar taka virkan þátt í því starfi.

8.9. Vaxandi kynningarstarf.

Kynning á norrænni menningu utan Norðurlanda er vaxandi þáttur í norrænu menningarsamstarfi og á því sviði starfar sérstök stjórnarnefnd á vegum ráðherranefndar menningar- og menntamála. Hin mikla víkingaaldarsýning, sem haldin var í París og Berlín og síðar flutt til Kaupmannahafnar, hefur hvarvetna hlotið mjög mikla aðsókn. Á sýningunni eru m.a. munir frá Þjóðminjasafni Íslands og fleiri íslenskum söfnum og einnig handrit frá Stofnun Árna Magnússonar. Sýningin er haldin í samvinnu við Evrópuráðið. Norræn listahátíð var haldin í Barbican-miðstöðinni í Lundúnum í nóvember og desember árið 1992 með þátttöku forseta Íslands og íslenskra listamanna.

8.10. Norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi.

Samningur milli Norðurlandaríkjanna um „norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi“, sem greint var frá í skýrslu samstarfsráðherra í fyrra og felur í sér samkomulag um gagnkvæman aðgang að framhaldsskólum, var undirritaður 4. mars 1992 og hefur nú verið staðfestur. Undirbúin hafa verið drög að hliðstæðum samningi um aðgang að háskólamenntun, og var fyrirhugað að ráðherranefndartillaga um það efni yrði lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í mars 1993. Nú þykir hins vegar sýnt að af því verður ekki þar sem nokkrir þættir málsins, m.a. að því er varðar fjárhagslegan grundvöll slíks samkomulags, reyndust þurfa frekari athugunar við.

8.11. NORDPLUS og NORDPLUS-junior: vaxtarbroddar í norrænu samstarfi.

Á sl. ári lauk rækilegri úttekt á NORDPLUS-styrkjakerfinu sem stofnað var til haustið 1988 og er ætlað að stuðla að nemenda- og kennaraskiptum milli menntastofnana á háskólastigi. Niðurstaða úttektarinnar var að fengist hefði góð reynsla af starfseminni og mælt var með framhaldi hennar og eflingu. Ráðherranefnd menningar- og menntamála hefur á grundvelli úttektarskýrslunnar samþykkt nokkra víkkun á verksviði styrkjakerfisins þannig að heimilt verði innan ákveðinna marka að veita rekstrarstyrki til svokallaðra samstarfsneta sem stofnað er til á grundvelli NORDPLUS-áætlunarinnar. Samkvæmt úttektarskýrslunni hlutu 90 íslenskir námsmenn NORDPLUS-styrk til námsdvalar annars staðar á Norðurlöndum árin 1988–1991, en um 75 námsmenn annars staðar af Norðurlöndum fengu styrk til námsdvalar hér á landi. Á sama tímabili voru um 20 kennarar styrktir til ferðar í hvora átt.

Hliðstætt styrkjakerfi er rekið fyrir framhaldsskólastigið undir nafninu „NORDPLUS-junior“. Úttekt á því var einnig gerð á sl. ári og komist að þeirri niðurstöðu að það hefði komið að góðu gagni. Staðfest hefur verið að kerfið skuli starfrækt áfram til ársins 1996, en það er sami tími og NORDPLUS-áætluninni á háskólastigi hefur verið markaður að sinni.

8.12. Verkmenntun og fullorðinsfræðsla.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að efna til samstarfs um sérskipulagt framhaldsnám fyrir verkmenntakennara. Námskeiðið var með fjarkennslusniði og samsvaraði u.þ.b. einu

ári í fullu námi. Það var haldið í umsjá Gautaborgarháskóla og lauk í ágúst 1992. Fimm íslenskir verkmenntakennarar stunduðu þetta nám.

Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf til eflingar fullorðinsfræðslu var staðfest af ráðherranefnd menningar- og menntamála í mars 1992 að lokinni umfjöllun í Norðurlandaráði. Áætlunin ber yfirskriftina „VOKS FREM" og tekur til áranna 1992–1996.

8.13. Íslenska stafrófið kynnt annars staðar á Norðurlöndum.

Árið 1992 var annað starfsár framkvæmdaáætlunar um málsamvinnu á Norðurlöndum. Innan ramma áætlunarinnar er unnið að margvíslegum samstarfsverkefnum sem varða þátt tungumálanna í norrænum samskiptum. Fjárveiting til framkvæmdaáætlunarinnar árið 1992 nam röskum 3 millj. d.kr. og svipað framlag er áætlað árið 1993. Af þessu fé er m.a. kostuð staða skólaráðgjafa við Norræna húsið í Reykjavík, svo og námskeið á vegum þess um íslenska tungu og menningu fyrir fólk frá Norðurlöndum.

Árið 1992 kom út safn norrænna goðsagna, ætlað til notkunar við kennslu í efstu bekkjum grunnskóla. Bókin heitir á íslensku „Svört verða sólskin", en hún kom einnig út á dönsku, finnsku, norsku og sænsku. Norræn ritnefnd á vegum samtaka móðurmálskennara á Norðurlöndum valdi efnið, en hönnun og útgáfustjórn bókarinnar var í höndum bókaforlagsins „Máls og menningar". Á vegum Norrænnar málstöðvar hefur verið tekið saman upplýsingaefni í formi einblöðungs um sérkenni íslenska stafrófsins og íslenskar nafnvenjur og er ráðgert að senda það í alla grunnskóla annars staðar á Norðurlöndum.

8.14. Norræni vísindaháskólinn.

Haldið er áfram að byggja upp starfsemi Norræna vísindaháskólans (Nordisk Forskeruddannelsesakademi), en svo nefnist stuðningskerfi sem ætlað er að efla samstarf um rannsóknamenntun á Norðurlöndum, m.a. með námskeiðahaldi og veitingu dvalarstyrkja. Styrkir eru einnig veittir til vísindaráðstefna og til að koma á tengslanetum milli vísindamanna. Fjárveiting til Vísindaháskólans nam rúmlega 24 millj. d.kr. árið 1992.

Tvær umfangsmiklar rannsóknaáætlanir eru nú að komast á framkvæmdastig, báðar miðaðar við tímabilið 1993–1997. Samstarfsáætlun um umhverfisrannsóknir var staðfest árið 1991 og fyrstu styrkir til rannsóknaverkefna á grundvelli hennar hafa nú verið ákveðnir. Skipulagsáætlun um samstarf varðandi hugvísindarannsóknir á norðurslóðum var samþykkt haustið 1992 í framhaldi af stefnumörkun ráðherranefndar menningar- og menntamála í desember 1991. Íslensk rannsóknaverkefni koma við sögu í báðum þessum áætlunum.

8.15. Menningarkynning í Lundúnum og víkingasýningar.

Viðamesta verkefni stjórnarnefndarinnar um norræna menningarkynningu erlendis á árinu 1992 var fimm vikna menningarkynning í Lundúnum, en hún hófst í Barbican-menningarmiðstöðinni 10. nóvember undir heitinu „Tender is the North". Kynningin fór fram í Barbican-menningarmiðstöðinni, „Design Museum", „Wigmore Hall" og víðar. Fjöldi íslenskra listamanna, í tónlist, myndlist, leiklist, ljósmyndun, bókmenntum og hönnun, tók þátt í hátíðinni, auk þess sem sýndar voru íslenskar kvikmyndir, en sérstök íslensk myndlistarsýning var haldin samtímis hátíðinni. Listahátíðin var stærsta lista- og menningarkynning sem Norðurlöndin hafa staðið sameiginlega að á Bretlandi og voru þjóðhöfðingjar allra Norðurlanda, sem og Bretlands, viðstaddir opnunarhátíðina.

Viðamiklar víkingaaldarsýningar hafa einnig verið haldnar í París og Berlín, en þær náðu yfir tímabilið 800–1200. Voru þar til sýnis margir fágætir munir frá Íslandi, m.a.

handrit. Dr. Jónas Kristjánsson hélt fyrirlestra um þau og íslenskar bókmenntir og var mikið skrifað um þátt Íslands í erlend blöð.

Nefndin vinnur að tillögum um stefnu til aldamóta. Þróun mála í Evrópu hefur leitt huga nefndarmanna að því að álitlegur kostur geti verið að beina athyglinni að Suður-Evrópu til að efla þar þekkingu og skilning á menningu, listum og þjóðlífi norrænna þjóða. Samtímis er ætlunin að halda áfram kynningarstarfi í öðrum löndum, en tillögur verða lagðar fram síðar.

9. Upplýsingar til Evrópu.

Nefndin um upplýsingar til Evrópu vinnur að því að kynna öðrum Evrópumönnum þjóðlíf, efnahagsmál og stjórnmál Norðurlanda og norræna samvinnu í samrunaþróuninni innan Evrópu. Þriggja ára áætlun lauk um áramótin 1992–1993. Með henni var höfuðáhersla lögð á námsstefnur og heimsóknir til Norðurlanda, en einnig er gefið út fréttabréf á ensku, þýsku og frönsku, auk þess sem hugmyndir eru uppi um að gefa það út á spænsku. Markhóparnir eru fyrst og fremst blaðamenn og áhrifamenn í stjórnsýslu, atvinnulífi og félagasamtökum.

Á árinu 1992 var fréttamönnum erlendra frétta, sem staðsettir eru í Brussel, boðið að fylgjast með Norðurlandaráðsþingi. Fréttamönnum frá Frakklandi og suðrænum Evrópulöndum var boðið til Norðurlanda til að kynna sér byggðastefnu, en starfsbræðrum þeirra frá nágrannalöndum Norðurlanda var gert kleift að fylgjast með fundi umhverfismálaráðherra Norðurlanda í Kirkenes þar sem ráðherrarnir ræddu m.a. við rússneskan starfsbróður sinn um umhverfismál á Kolaskaga og í Barentshafi. Þá hafa verið haldin námskeið fyrir baltneskt fjölmiðlafólk, ráðstefna um norræna samvinnu í St. Pétursborg, sem Eiður Guðnason samstarfsráðherra tók þátt í fyrir Íslands hönd, og í nóvember var námsstefna í Stokkhólmi um „norræna módelið“ með þátttöku blaðamanna frá Eistlandi, Lettlandi, Litáen, Rússlandi, Póllandi, Ungverjalandi og fyrrverandi Tékkóslóvakíu. Einnig hafa verið haldnar námsstefnur um efnahagsmál á Norðurlöndum og veittir styrkir til einstakra blaðamanna til að ferðast um Norðurlöndin til að afla efnis um þjóðlíf og efnahagsmál.

Enskur blaðamaður kom til Íslands haustið 1992 í þeim tilgangi að skrifa fyrir „The Yorkshire Post“ sem er mjög útbreitt á Humberside-svæðinu. Einnig fékk blaðamaður frá „North of Scotland“ sams konar styrk til að skrifa um Ísland og Færeyjar og tengsl landanna við Skotland. Þá fengu tveir menn styrk til að skrifa um tungumál og menningu minnihlutahópa, en þeir beindu athyglinni að Grænlandi, Íslandi, þýskumælandi fólki í Danmörku, Sömum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og sænska minni hlutanum í Finnlandi.

Upplýsinganefndin vinnur að tillögum um áætlun næstu ára og er áhugi innan hennar á að efla upplýsingastarf í Suður-Evrópu, en þar geta hugsanlega farið saman áætlanir nefndarinnar og menningarnefndarinnar. Á fundi upplýsinganefndarinnar í nóvember var vel tekið í hugmyndir um að auka hlut Íslands í næstu áætlun og verður það mál rætt frekar á næsta fundi.

10. Norrænt samstarf um umhverfismál.

10.1. Almennt.

Núverandi samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfismála byggist á umhverfisáætlun frá árinu 1989.

Á árunum 1990 og 1991 var áætlunin endurskoðuð og lagfærð, en á Norðurlandaráðsþinginu í Árósum í nóvember 1992 var endanlega samþykkt ný starfsáætlun um umhverfisvöktun á ytra umhverfi Norðurlanda og gildir sú áætlun fyrir árin 1993–1995. Sú áætlun er mjög yfirgripsmikil og tekur til andrúmsloftsins ásamt eftirliti með vatna- og hafsvæðum. Þar eru leiðbeiningar um þróun langtímaáætlana um umhverfisvöktun. Nýja áætlunin tekur gildi 1. janúar 1993.

Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir fækkun fastanefnda úr 13 í 5 og eru núverandi fastanefndir:

— nefnd um vöktun loftslags og sjávar,
— nefnd um náttúruvernd og útivistarmál,
— nefnd um vöktun og meðferð gagna,
— nefnd um efnavörur og
— nefnd um hreinni tækni.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar var á árinu 1992 varið um 32 millj. d.kr. til umhverfismála

10.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1992 var annað heila starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Megintilgangur félagsins er að stuðla að umhverfisbótum, svo sem bættum mengunarvörnum, í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Starfsemi félagins hefur verið að mótast smátt og smátt og hefur verið fylgt þeim starfsreglum sem gengið var frá á fyrsta starfsári félagsins.

NEFCO leggur til áhættufjármagn, ýmist í mynd hlutafjár eða lána, til verkefna á grundvelli mats á rekstrarskilyrðum og umhverfisáhrifum verkefnisins. Almenn skilyrði fyrir þátttöku í NEFCO í umhverfisverkefnum er að aðilar í því landi þar sem verkefnið er unnið og einnig frá a.m.k. einu Norðurlandanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO er að jafnaði ekki meiri en sem svarar 25% af heildarhlutafé.

Í árslok 1992 hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í 13 verkefnum með áætlaðri fjármögnun að upphæð 5,8 millj. ekna (ECU) (446 millj. ísl. kr.) en heildarfjárfesting í þessum verkefnum er áætluð alls 42,5 millj. ekna (3.270 millj. ísl. kr.). Í árslok hafði um 1 millj. ekna verið greidd út til fjögurra þessara verkefna.

NEFCO hefur hingað til fengið alls um 200 fyrirspurnir um þátttöku í einstökum verkefnum. 81 þessara verkefna hefur hlotið samþykki stjórnar til frekari athugunar. Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 35, Tékkland 7, Slóvakía 4, Eistland 14, Lettland 5, Litáen 4 og Rússland 12. Aðild norrænna fyrirtækja eða annarra aðila í þessum verkefnum skiptast þannig eftir löndum: Danmörk 15, Finnland 21, Ísland 3, Noregur 12 og Svíþjóð 30.

Á árinu ræddi stjórnin um breytingar á stjórnskipulagi NEFCO með það fyrir augum að styrkja starfsemina. Í stjórn NEFCO sátu á árinu 1992 fyrir Íslands hönd Valdimar Jónsson prófessor (aðalmaður) og Páll Líndal ráðuneytisstjóri (varamaður) til 8. apríl ár-

ið 1992 en frá þeim tíma Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri (aðalmaður) og Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóri (varamaður).

10.3. Yfirlit yfir störf vinnunefnda árið 1992.

Loftmengun.

Vinnunefndin um loftmengunarmálefni hafði það verkefni að afla upplýsinga, leita leiða og styðja við aðgerðir sem eru líklegar til að draga úr loftmengun. Starf nefndarinnar hefur einnig beinst mjög að alþjóðlegri samvinnu þar sem markmiðið er að draga úr losun mengunarefna. Ísland hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar frá því árið 1986. Síðasti fundur nefndarinnar var haldinn á Íslandi í október 1992, en frá áramótum 1992–1993 verða vinnunefndirnar um loftmengun og sjávarmengun sameinaðar í eina nefnd.

Unnið hefur verið að því að framfylgja norrænni framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun sem samþykkt var 1990. Áætlunin hefur að geyma markmið, tillögur um aðgerðir og áætlanir sem beinast að því að draga úr alþjóðlegri, svæðisbundinni og staðbundinni mengun fram á næsta áratug. Árið 1991 var kannað hvernig Norðurlandaþjóðunum hefði tekist að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni. Skýrsla um árangurinn, sem gefin var út árið 1992, sýnir að mikið hefur þegar áunnist í þessum málaflokki. Meðal síðustu verka vinnunefndarinnar var að gera sambærilega könnun í lok árs 1992.

Vinnunefndin hefur árlega veitt fé til ýmissa verkefna á sviði loftmengunar. Meðal mikilvægustu verkefnanna, sem unnið hefur verið að, má nefna:

— rannsóknir og upplýsingaöflun um eyðingu ósonlagsins, gróðurhúsaáhrif og hvaða umhverfisvandamál fylgja í kjölfarið,
— rannsóknir og upplýsingaöflun um mengun sem berst langar leiðir milli landa,
— samvinna um að kanna losun og vinna að samræmdum alþjóðlegum aðgerðum til að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og rokgjarnra lífrænna efnasambanda,
— könnun á áhrifum mengunar frá farartækjum og iðnfyrirtækjum á umhverfið.

Árið 1992 var veitt fjármagn í tvö íslensk verkefni, þ.e. til tölvuskráningar eldri veðurfarsgagna og til að rannsaka árstíðabundið flæði koldíoxíðs mili lofts og sjávar og bindingu koldíoxíðs í Atlantshafinu.

Undir nefndinni störfuðu þrjár ráðgefandi vinnunefndir og áttu Íslendingar fulltrúa í tveimur þeirra, þ.e. nefnd sem fjallaði um ósonmálefni og gróðurhúsaáhrif og nefnd sem fjallaði um áhrif loftmengunar.

Vatnsmengun.

Norræna vinnunefndin á sviði vatnsmengunar vann á árinu 1992 að verkefnum sem miðuðu að því að auka þekkingu á ástandi hafsins og að kanna raunhæfa möguleika til skipulagðrar vöktunar til að bæta mengunarvarnir hjá sveitarfélögum og hjá fyrirtækjum.

Hér að neðan er listi yfir verkefni vinnunefndarinnar á árinu:

1. Vöktun í Eystrasalti.
2. Vöktun á Norður-Atlantshafi.
3. Lífræn halógenefni í hafinu.
4. Aðferðir til að reikna ákomu mengunarefna í hafið.
5. Dreifing og niðurbrot varnarefna í umhverfinu.
6. Smá og meðalstór hreinsivirki.
7. Óþéttar fráveitulagnir.

8. Spilliefni í fráveituvatni og seyru.
9. Efnanotkun í ýmsum iðnaði.
10. Skilgreining á „bestu tækni sem völ er á" í völdum iðnaðargreinum.
11. Umhverfisendurskoðun.

Íslendingar tóku þátt í eða höfðu tilkynnt þátttöku í a) verkefni um vöktun Norður-Atlantshafs, b) verkefni um smá og meðalstór hreinsivirki, c) verkefni um aðferðir til að reikna út ákomu mengunarefna, d) verkefni um „bestu tækni sem völ er á" og e) verkefni um umhverfisendurskoðun. Íhuguð var þátttaka í verkefni um óþéttar fráveitulagnir.

Vegna endurskoðunar á norrænni samvinnu á umhverfissviðinu, sem lokið var á árinu, var vinnunefndin lögð niður við lok ársins. Áformuð verkefni, sem ekki voru hafin, voru lögð á hilluna. Hin voru flest flutt til annarra vinnunefnda sem taka ákvörðun um framhald þeirra.

Sjávarmengun.

Á sviði sjávarmengunar starfar samstarfshópur sem fjallar um mengun hafsins. Hlutverk hans hefur verið þrenns konar:

— Að móta samnorræna stefnu á sviði mengunarvarna hafsins.
— Að þróa og fylgja eftir samnorrænum áætlunum um varnir gegn mengun hafsins.
— Að samræma stefnu Norðurlandanna á alþjóðavettvangi á sviði mengunarvarna hafsins.

Samnorræn stefna í mengunarvörnum sjávar er afar mikilvæg til að ná árangri í mengunarvörnum á hafsvæðum umhverfis þessi lönd.

Markmiðum verður að fylgja útfærsla og aðgerðir. Til að meta árangur aðgerða er umhverfisvöktun nauðsynleg. Hún er orðin mjög vaxandi þáttur í norrænu samstarfi um mengunarvarnir sjávar og mun efalítið halda áfram að vaxa enn frekar á komandi árum. Verður þar að leggja áherslu á gildi samræmingar og samvinnu.

Norðurlöndin hafa verið virk í samstarfi á alþjóðavettvangi og oft komið fram sem heild. Nægir þar að nefna samstarf þeirra við gerð nýs samnings um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins. Samningurinn var undirritaður 22. september 1992 og kemur í stað Óslóar- og Parísarsamninganna. Fulltrúar Norðurlandanna hittust ávallt fyrir hvern fund samningsins og fóru yfir sjónarmið landa sinna og leituðust við að samræma stefnu sína.

Á vettvangi Óslóar- og Parísarsamninganna, sem og víðast annars staðar, fylgja Norðurlöndin mjög framsækinni stefnu varðandi verndun hafsins gegn mengun og langflest sjónarmiða þeirra náðu fram að ganga við endurskoðunina. Svipaða sögu er að segja af endurskoðun Lundúnasamningsins sem nú er í vinnslu.

Náttúruvernd og útivistarmál.

Á árinu 1992 var unnið að fjölda mála á vegum vinnunefndar á þessu sviði. Auk tveggja verkefna, sem nefndin vann að sjálf, unnu starfshópar að 19 verkefnum á hennar vegum, ýmist allt árið eða hluta úr því. Þremur þessara verkefna lauk að mestu á árinu og hefur nefndin þegar fjallað um drög að skýrslum um þau. Þau eru endurskoðun á skýrslu (sem gefin hefur verið út tvisvar áður, 1978 og 1982) um dýra- og plöntutegundir sem taldar eru í hættu á Norðurlöndum, endurmenntun fólks sem annast fræðslu um náttúruna (naturvejledere) og rannsóknasemínar um útivistarmál.

Átta verkefnum á samkvæmt áætlun að ljúka árið 1993, og eru horfur á að sú áætlun standist í flestum tilvikum. Meðal þeirra eru aðgerðaáætlun um náttúruvernd á Norður-

löndum, vöktun náttúru Norðurlanda, verndun erfðafræðilegrar fjölbreytni meðal villtra lífvera á Norðurlöndum, vernd strandsvæða og stofnun sjávarfriðlanda og endurskoðun skýrslu frá árinu 1984 um gróðurfar Norðurlanda. Í öllum vinnuhópunum, sem störfuðu að þessum verkefnum, voru íslenskir sérfræðingar.

Þeim tveimur verkefnum, sem nefndin vann sjálf að öllu leyti, lauk báðum á árinu. Hið fyrra var skýrsla um viðbrögð ríkisstjórna og annarra yfirvalda Norðurlanda við ýmsum ráðleggingum sem nefndin hefur beint til þeirra með aðstoð norrænu ráðherranefndarinnar. Hið síðara var að segja álit sitt á og gera athugasemdir við tillögur um uppbyggingu norræns samstarfs á sviði umhverfismála og tilhögun þess í náinni framtíð sem sérstök nefnd á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um umhverfismál samdi, en henni hafði verið falið að gera tillögur um endurskoðun þess starfs. Þessi umsögn beindist einkum að lýsingu á starfssviði náttúruverndar- og útivistarnefndarinnar sjálfrar.

Efnavörur.

Vinnunefndin um efnavörur hefur það hlutverk að vera í forsvari fyrir norrænu starfi á sviði eiturefna og hættulegra efna, gera tillögur til aðgerða og vinna að framgangi þessara mála á Norðurlöndunum. Auk þess er hlutverk nefndarinnar að afla og miðla upplýsingum og reynslu og stuðla að samræmingu verkefna og samvinnu stjórnvalda. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar frá því árið 1989.

Unnið hefur verið að könnun á útbreiðslu skaðlegra efna og mögulegum leiðum til að minnka magn þeirra í umhverfinu. Nú liggja m.a. fyrir skýrslur um blý, kadmíum og kvikasilfur. Stöðugt er unnið að öflun upplýsinga um eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna til að geta unnið áhættumat við notkun efnanna og eru könnuð u.þ.b. átta ný efni á hverju ári.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi vinnunefndir og eiga Íslendingar fulltrúa í tveimur þeirra, þ.e. nefnd sem fjallar um takmörkun á notkun ósoneyðandi efna og nefnd sem vinnur að hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna. Á vegum vinnunefndarinnar um ósoneyðandi efni voru á árinu haldnar ráðstefnur um notkun halóna, halónbanka og um efni sem leyst gætu halóna af hólmi, svo og ráðstefna um notkun vetnisklórflúorkolefna og möguleika á öðrum efnum sem leyst gætu þau af hólmi.

Nefnd um sorp, endurvinnslu og hreinni tækni.

Vinnunefnd hefur fjallað um og undirbúið mál fyrir embættismannanefndina í umhverfismálum (EK-M) á sviði hreinnar tækni, úrgangsmála og endurvinnslu.

Á vegum nefndarinnar eru ýmis verkefni í gangi sem eru styrkt eða kostuð með fé sem hún hefur yfir að ráða. Árið 1992 voru m.a. eftirfarandi verkefni unnin fyrir nefndina eða styrkt af henni:

— hreinni tækni — athugun á rekstri minni fyrirtækja frá sjónarhóli umhverfismála, unnin af Íslendingum,
— framkvæmdaáætlun um umbúðir,
— meðhöndlun á lífrænum úrgangi frá minni sveitarfélögum, verkefni unnið af Íslendingum.

Á vegum nefndarinnar var m.a gefin út skýrsla um kvikasilfur í úrgangi og skýrsla á ensku um líftímagreiningu framleiðsluvara.

Nefndin hefur lagt áherslu á lausnir fyrir eysamfélög sem eiga það sameiginlegt að vera fámenn og dreifðum byggðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á að aðilar í þessum löndum vinni saman.

Norrænt umhverfismerki (heyrir undir NEK).

Norrænt umhverfismerki á framleiðsluvörur var tekið í notkun á árinu. Áfram er unnið að gerð krafna fyrir nýja vöruflokka.

Þá var í júní sl. haldinn í Brussel samráðsfundur Norðurlandanna og Evrópubandalagsins um samræmingu krafna þessara aðila að því er varðar umhverfismerki. Eftirleiðis verður samráðsfundur þessara aðila haldinn einu sinni á ári.

11. Samstarfsáætlun um landbúnaðarmál.

Unnið er samkvæmt áætlun til tíu ára sem samþykkt var árið 1985 á 33. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. NEJS (Nordisk embedsmandskomité for jord- og skogsbruksspörgsmål) vinnur að framgangi þeirrar áætlunar auk annarra verkefna sem upp koma. Auk þeirra verkefna á sviði landbúnaðar og skógræktar, sem áætlunin nær til, er einnig um að ræða samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir um málefni sem eru nátengd landbúnaði. Má þar nefna umhverfismál, ýmis viðsfangsefni tengd iðnaði, manneldismál og byggðamálefni.

Framgangur áætlunarinnar var metinn og á grundvelli endurmatsins var gerð ný áætlun fyrir síðari hluta tímabilsins, þ.e. árin 1990–1995. Í þessari nýju áætlun er áhersla lögð á ný svið, einkum umhverfismál og erlend samskipti.

Forgangsverkefni þessa tímabils eru:

— umhverfismál í landbúnaði,
— norðlæg svæði Norðurlanda,
— erfðaefni og erfðabreytileiki,
— samræming og aðlögun að reglugerðum EB,
— rannsóknir.

Íslendingar taka virkan þátt í sjö verkefnum innan samstarfsáætlunar um landbúnaðarmál. Heiti þeirra eru:

— Samræming á sviði stefnumörkunar í landbúnaði (NKJS).
— Norræni erfðabankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
— Norrænar jurtakynbætur (SNP).
— Norræna samstarfsráðið um búvísindi (NKJ).
— Plöntusjúkdómar og flutningur á plöntum og plöntuhlutum milli landa.
— Norræni erfðabankinn fyrir búfé.
— Bútækni (NTS).

Á árinu 1992 var unnið sérstaklega að framgangi samstarfs Norðurlandanna á sviði hagnýtrar erfðafræði plantna í landbúnaði og garðyrkju. Stofnanirnar Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur og Norrænar jurtakynbætur verði sameinaðar í nýja stofnun sem ber heitið Nordiska Genbanken. Innan veggja þeirrar stofnunar yrðu Íslendingar virkir aðilar að margvíslegum verkefnum. Áfram verður unnið í tveimur nefndum, annars vegar að menntun og þróunaraðstoð á sviði hagnýtrar erfðafræði og hins vegar að auknu vægi þessa fræðslusviðs á vegum NMR.

12. Norrænt samstarf um sjávarútvegsmál.

12.1. Samstarf í sjávarútvegsmálum verði meðal áherslusviðanna sjö.

Með nýlegri ákvörðun forsætisráðherra Norðurlanda um breytingar á skipulagi norrænnar samvinnu verður fyrst og fremst lögð áhersla á sjö samstarfssvið. Sjávarútvegsmál eru eitt þessara sviða og er það ánægjuefni fyrir Íslendinga, enda hefur af þeirra hálfu verið lögð þung áhersla á að svo verði áfram. Forsætisráðherrarnir leggja aukið vægi á pólitískt samstarf og er það í samræmi við þær áherslur sem lagðar voru í nýju samstarfsáætluninni um sjávarútvegsmál sem kemur til framkvæmda árið 1993. Þessar breyttu áherslur í samstarfinu munu leiða til þess að styrkir verða veittir til mun afmarkaðri verkefna en áður.

Á árinu 1992 var alls ráðstafað 9,1 millj. d.kr. í styrki til ýmissa verkefna á sviði sjávarútvegsmála. Af þessum fjármunum var rúmlega 2 millj. d.kr. varið til verkefna á sviði fiskveiðistjórnunar, um 2 millj. d.kr. til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra, um 1,7 millj. d.kr. til rannsóknar á sviði eldis sjávarfiska, um 1,2 millj d.kr. til verkefna á sviði framleiðslu og markaðssetningar sjávarafurða og um 2,2 millj. d.kr. til annarra rannsóknarverkefna og útgáfumála. Íslenskir vísindamenn og stofnanir voru þátttakendur í ýmsum þeim verkefnum sem styrkt voru á árinu 1992 með fé frá norrænu ráðherranefndinni um sjávarútvegsmál.

Í janúarmánuði var haldinn fundur í Stokkhólmi á vegum umhverfisnefndar Norðurlandaráðs þar sem boðaðir voru sjávarútvegs- og umhverfismálaráðherrar Norðurlanda. Á fundinum var rætt um samvinnu á sviði málaflokka ráðherranna, auk þess sem drög að samstarfsáætlun á sviði sjávarútvegsmála voru til umræðu. Auk þess var haldinn fundur þeirra ráðherra á Norðurlöndum sem fara með málefni sjávarspendýra. Markmið þess fundar var að gera tilraun til að samræma sjónarmið landanna varðandi stefnu í nýtingarmálum hvala og sela. Á fundinum var því lýst yfir af öllum fulltrúum að löndin styðji í grundvallaratriðum að allar lifandi auðlindir hafsins verði nýttar á skynsamlegan hátt.

12.2. Ný norræn samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál.

Embættismenn á sviði sjávarútvegsmála og fulltrúar frá samtökum helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi á Norðurlöndum (Nordisk kontaktorgan för fiskerispörgsmål) héldu sinn árlega fund í Þrándheimi í ágústmánuði sl. Á fundinum var skipst á skoðunum um þróun sjávarútvegsmála í hverju landi fyrir sig, auk þess sem ræddar voru leiðir til að efla samstarf hagsmunasamtakanna á ýmsum sviðum.

Þann 5. mars 1992 staðfestu sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda nýja samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál fyrir árin 1993–1996, en drög að áætluninni voru til umfjöllunar á 40. þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Stokkhólmi.

Meginmarkmið norræns samstarfs á sviði sjávarútvegsmála er að stuðla að verndun lifandi auðlinda hafsins og skynsamlegri nýtingu þeirra. Það er jafnframt markmið með samstarfi á sviði sjávarútvegsmála að styrkja stöðu Norðurlandanna og áhrif þeirra á framtíðarstefnumótun sjávarútvegsmála í Evrópu.

Sjávarútvegsráðherrarnir leggja sérstaka áherslu á að koma upp góðu samstarfsneti milli stjórnarstofnana, samtaka sjávarútvegsins og vísindamanna. Þeir hafa og ákveðið að við framkvæmd áætlunarinnar verði sérstakt tillit tekið til þess hve þýðingarmikill sjávarútvegurinn er í efnahagslífi Færeyja, Grænlands og Íslands.

Til að framfylgja samstarfsáætluninni hafa sjávarútvegsráðherrarnir sett fram eftirfarandi forgangsverkefni:

— Að þróa samstarf í því skyni að efla áhrif Norðurlanda á alþjóðlega þróun á sviði sjávarútvegsmála.
— Að gæta hagsmuna sjávarútvegsins í alþjóðlegu samstarfi á sviði umhverfismála, m.a. með því að halda fram kröfunni um nauðsyn þess að takmarka mengun í höfum.
— Að auka skilning á efnahagslegu mikilvægi veiða og vinnslu sjávarafla á Norðurlöndum.
— Að auka samstarf milli hagsmunasamtaka í sjávarútvegi á Norðurlöndunum.
— Að koma á fót samskiptum á sviði sjávarútvegsmála við ríki Austur-Evrópu.
— Að stuðla að svæðisbundinni ákvarðanatöku um nýtingu fiskstofna eftir því sem við á.

Samkvæmt samstarfsáætluninni munu verkefni, sem rúmast innan eftirfarandi sviða, njóta forgangs við ákvörðun styrkveitinga:
— Fiskveiðistjórnun þar sem m.a. er tekið tillit til samstarfs um rannsóknir og nýtingu sameiginlegra stofna.
— Samvinna varðandi eldi sjávarfiska í því skyni að styrkja fiskstofna.
— Verkefni er beinast að því að auka kjörhæfni veiðarfæra.
— Verkefni á sviði vinnslutækni og gæða- og markaðsmála.

13. Starfsemi norrænna embættismannanefnda á vegum dómsmálaráðuneyta.

13.1. Norræna umferðaröryggisráðið.

Meginviðfangsefni norræna umferðaröryggisráðsins (NTR) var útfærsla framkvæmdaáætlunarinnar „Öruggari umferð á Norðurlöndum 1992–1994". Endurskoðuð framkvæmdaáætlun var samþykkt af Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni á árinu 1991. Meðal viðfangsefna má nefna brot á ákvæðum um ökuhraða og lögregluefirlit, nýja ökumenn, ölvunarakstur, óvarða vegfarendur, staðbundið umferðaröryggi og þungaumferð.

Könnuð hefur verið staða norræns samstarfs um umferðaröryggi miðað við gildistöku EES-samningsins og hugsanlega þátttöku fleiri Norðurlandaþjóða í Evrópubandalaginu og breytta mynd hins norræna samstarfs almennt.

NTR hefur staðið fyrir úttekt á umferðaröryggi í Póllandi, fyrrverandi Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi og í Eystrasaltslöndunum og hafa verið gefnar út skýrslur um það. Norrænir umferðaröryggisdagar 1993 munu einnig fjalla um aðlögun umferðar frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Efnt var til norrænnar umferðaröryggisviku þar sem lögreglumenn heimsóttu starfsfélaga sína. Íslenskir lögreglumenn fóru til starfa í Danmörku og Svíþjóð og þaðan komu lögreglumenn til starfa hér.

Á vegum NTR starfar sérstök nefnd að rannsóknum á umferðaröryggi sem fé er veitt til á norrænum fjárlögum. M.a. er þar unnið að rannsóknum er varða starfshætti við umferðareftirlit, ökuhraða, menntun bifreiðastjóra og skilning á umferðarmerkjum. Á árinu komu út tvær skýrslur. Önnur varðar þá þætti sem hafa áhrif á það af hverju menn aka undir áhrifum áfengis en hin notkun farsíma og umferðaröryggi.

13.2. Norrænn samráðshópur um málefni flóttamanna.

Samráðshópur þessi samanstendur af fulltrúum ráðuneyta og stofnana sem fara með málefni flóttamanna, lagalega stöðu þeirra, móttöku þeirra og aðlögun.

Hópurinn stóð að gerð sameiginlegrar norrænnar flóttamannastefnuskrár. Þar er rætt um það sem mannréttindi að mega flytja úr landi og heim aftur. Hins vegar eru það ekki mannréttindi að mega flytja inn í annað land til að setjast þar að. Ríki hafa skyldur gagnvart sínum ríkisborgurum. Iðnríkjunum ber að aðstoða flóttamenn og hjálpa þróunarlöndunum sem taka á móti meiri hluta þeirra. Standa þarf vörð um réttarvernd flóttamanna sem þurfa á vernd að halda. Taka þarf á móti flóttamönnum með sóma, veita þeim öryggi og stuðning og útvega þeim vinnu. Vinna þarf að því að þeir flóttamenn, sem það vilja, geti farið til síns heimalands. Ákvarðanir, sem fela í sér brottflutning, þarf að framkvæma af öryggi og með virðingu.

Samráðshópurinn hefur náið samstarf við fulltrúa frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Samráð og samstarf er varðandi móttöku flóttamanna. Rætt hefur verið um lögfræðileg álitaefni er varða stöðu flóttamanna o.fl. vegna hópflutninga þeirra.

Á verkefnaskrá er m.a. framhald á norrænu kvótasamstarfi í samráði við Flóttamannastofnunina. Ísland hefur þar ekki tilgreindan kvóta, hvorki heildarkvóta né kvóta fyrir einstök lönd, heldur tekur þátt í því eftir atvikum, svo sem áður hefur verið gert. Samráð er haft um reglur um áritunarskyldu og fylgst með efnahags- og lýðræðisþróun í Eystrasaltslöndunum. Fylgst er með þróun mála innan Evrópubandalagsins, m.a. framvindu Dublin-samningsins um fyrsta hæli og fyrirhugaðs samnings EB-ríkjanna um landamæraeftirlit (á ytri landamærum þeirra), með sérstöku tilliti til Norðurlandasamningsins um vegabréfaeftirlit.

13.3. Norrænt ráð um rannsóknir á réttarreglum er varða Evrópusamruna.

Ráði þessu er ætlað að stuðla að rannsóknum á réttarreglum er varða Evrópusamruna. Ráðið var sett á fót árið 1991 og hefur aðsetur í Ósló í tengslum við Norrænu sjóréttarstofnunina.

Ráðið stóð á árinu fyrir tveimur norrænum málþingum. Annars vegar stóð ráðið ásamt Stofnun fyrir alþjóðlega efnahagslöggjöf við Helsingfors-háskólann fyrir rannsóknarþingi um efnahagslega aðlögun í Evrópu dagana 17.–19. apríl. Þá stóð ráðið fyrir málþingi í Stokkhólmi 2. og 3. nóvember þar sem fjallað var um EB-rétt og lögfræðileg viðfangsefni er varða EES-samninginn. Ráðið átti enn fremur hlut að málþingi sem haldið var af miðstöð fyrir EB-rétt við lagadeild Óslóarháskóla í apríl.

Ráðið hefur staðið að samantekt á því hvar staðið er að rannsóknum á EB-rétti á Norðurlöndum og veitt einu bókasafni í hverju landanna fjárstyrk til kaupa á bókum er varða Evrópurétt.

Ákveðið hefur verið að halda málþing á Selfossi 10. og 11. júní nk. Þar verður aðalviðfangsefnið fjárfestingarreglur innan EES, reglur um fjárfestingu í fasteignum og í fiskveiðum og fiskiðnaði og sérstöðu smáþjóða í því sambandi. Einnig verður þar rætt um stöðu ríkisfyrirtækja innan EES og reglur um ríkisstyrki.

14. Norrænt samstarf um jafnréttismál.

14.1. Jafnréttismál snerta öll svið þjóðmála.

Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál hélt þrjá fundi á árinu 1992. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Í fjarveru hennar hefur Birna Hreiðarsdóttir gegnt því starfi og jafnframt verið fulltrúi í embættismannanefndinni.

Eins og í öðrum þáttum norræns samstarfs hefur mikið verið fjallað um framhald þess, ekki síst með tilliti til umræðna um nánari samvinnu Evrópuríkja. Einnig hefur umræðan snúist um það hversu miklum fjármunum skuli varið til þessarar samvinnu.

Í norrænu samstarfi á sviði jafnréttismála hefur verið lögð á það áhersla að jafnréttismál snerti öll svið þjóðmála og því sé mikilvægt að jafnréttismálaráðherrar landanna sjái til þess að umræðan takmarkist ekki við afmörkuð svið þjóðlífsins, heldur séu jafnréttissjónarmið ætíð höfð í huga hvaða málaflokkur sem á í hlut.

14.2. Norræna jafnlaunaverkefnið.

Norræna jafnlaunaverkefnið er viðamesta verkefnið sem unnið er að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Vinna við það hófst á árinu 1989 og var ætlað að standa yfir í fjögur ár, en nú hefur verið ákveðið að því ljúki í tengslum við „Nordisk Forum" í ágúst 1994. Hildur Jónsdóttir, sem verið hefur verkefnisstjóri frá árinu 1990, lét af störfum í lok sl. árs, en ekki hefur verið gengið frá ráðningu nýs verkefnisstjóra.

Sem helstu verkefni innan lands á árinu 1992 má nefna að út kom leiðbeiningarbæklingur á vegum verkefnisins um meðferð kærumála vegna launamisréttis kynja. Bæklingurinn vakti mikla athygli og í kjölfar hans jókst fjöldi kæra hjá kærunefnd jafnréttismála. Í nóvember var svo sýndur í sjónvarpi þáttur um launamál á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins með yfirskriftinni „Til færri fiska metnar".

Á norrænum vettvangi má nefna að á vegum verkefnisins kom út bókin „Lön efter fortjeneste — et spörgsmål om vurdering". Enn fremur kom út annað tölublað kynningarrits norræna jafnlaunaverkefnisins.

Að lokum má geta þess að verkefnisstjórar verkefnisins tóku þátt í vestnorræna kvennaþinginu sem haldið var á Egilsstöðum í ágúst sl. og kynntu þar verkefnið færeyskum og grænlenskum konum.

14.3. Menntun og framamöguleikar kvenna í tölvuiðnaði.

Verkefnið hófst á árinu 1990. Markmið þess var að kanna menntun og framamöguleika kvenna í tölvuiðnaði en norrænar kannanir sýna að fáar konur eru þar í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum. Verkefni þessu átti að ljúka á sl. ári, en ákveðið var að halda því áfram um sinn. Á árinu kom út á vegum verkefnisins rit með yfirskriftinni „I människans tjänst — en rapport som diskuterar kvinnors utvecklings- og karriärmöjligheter i databranchen".

14.4. Hlutverk barnaskólans í samfélagi jafnréttis.

Þetta verkefni er í burðarliðnum og hefur verið samið við norsku barnarannsóknastofnunina um að annast þetta verkefni. Megintilgangur þess er að rannsaka hvernig hægt sé að samræma vinnutíma foreldra og viðveru barna í skólum.

14.5. „Nordisk Forum" 1994.

Fullur skriður komst á undirbúning „Nordisk Forum" á árinu en þingið verður haldið í Åbo í Finnlandi 1.–6. ágúst 1994. Yfirskrift þingsins verður „Líf og vinna kvenna — gleði og frelsi". Valgerður Gunnarsdóttir varaþingmaður er formaður undirbúningsnefndar af Íslands hálfu. Í október var haldin ráðstefna í Åbo þar sem undirbúningsnefndir landanna og fulltrúar hagsmunahópa komu saman og ræddu efni þingsins, en jafnframt voru fulltrúum kynntar aðstæður til þinghalds. „Nordisk Forum" 1994 mun verða stærsta verkefni norrænu ráðherranefndarinnar til þessa, en gert er ráð fyrir 13.500.000

d.kr. til verkefnisins fyrir árin 1992–1995 í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Áætlaður fjöldi þátttakenda er um 10.000, bæði konur og karlar.

14.6. Ráðstefna í Riga í Lettlandi.

Ráðstefnan „Konur — efnahagsmál — stjórnmál" var haldin í Riga í Lettlandi 5.–6. september sl. á vegum norrænu embættismannanefndarinnar í jafnréttismálum, norrænu upplýsingaskrifstofunnar í Riga og aðila frá Eystrasaltslöndunum.

Ráðstefnan var kostuð af sérstökum sjóði á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, svokölluðum „Öst-Europa puljen". Af Íslands hálfu fluttu fyrirlestra á ráðstefnunni Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Sigríður Snævarr sendiherra og Kristín Einarsdóttir alþingismaður. Markmið ráðstefnunnar var að stofna til sambands við konur í þessum löndum með það í huga að aðstoða þær við uppbyggingu jafnréttismála í heimalöndum sínum. Eystrasaltslöndunum hefur þegar verið boðin þátttaka í „Nordisk Forum 1994".

Í framhaldi af ráðstefnunni í Riga heimsóttu fulltrúar frá Eystrasaltslöndunum Finnland og Svíþjóð í nóvember sl. á vegum norrænu embættismannanefndarinnar í jafnréttismálum, en megintilgangur heimsóknarinnar var að kynna gestunum fyrirkomulag jafnréttismála í löndunum.

15. Norrænt samstarf um húsnæðis- og byggingarmál 1992.

Embættismannanefndin um húsnæðis- og byggingarmál (ÄK-bygg) hefur starfað frá árinu 1972. Nefndin hefur á sínum vegum samræmingu samstarfs Norðurlandanna um byggingarrannsóknir, samræmingu byggingarlaga og reglugerða og byggingarstaðla og gæðaeftirlits, auk samstarfs á sviði stefnumótandi þátta húsnæðismálanna.

Norrænt samstarf á vegum embættismannanefndarinnar fer fram á vegum sérstakra samstarfsnefnda. Samstarf um byggingarrannsóknir er á vegum samstarfsnefndar norrænna byggingarrannsóknastofnana (NBS). Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er aðili að þessari nefnd og hefur umsjón með starfi samstarfsnefndarinnar tímabilið 1990–1993. Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Skipulag ríkisins er aðili að þessari nefnd. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Norrænu húsnæðisráðuneytin og stjórnsýslustofnanir húsnæðismála vinna saman að rannsóknarverkefnum er lúta að stefnumótandi þáttum húsnæðismálanna.

Á 40. þingi Norðurlandaráðs var samþykkt að leggja til að tillaga húsnæðisráðherranna um nýja samstarfsáætlun á sviði húsnæðismála fyrir tímabilið 1992–1996 yrði staðfest að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu hjá félagsmálanefnd þingsins. Samstarfsáætlunin var staðfest af húsnæðisráðherrunum 28. júní 1992. Áætlunin skiptist í fjögur verkefnasvið (programområde):

1. *Hið byggða umhverfi.* Aðalatriði þessa sviðs eru rannsóknir varðandi endurbætur og endurbyggingu húsa og endurnýjun íbúðarhverfa.
2. *Húsnæðispólitík.* Á þessu sviði er samstarf og rannsóknir er lúta að stefnumótun húsnæðismála.
3. *Öryggi, heilsa og gæði.* Undir þessum lið eru þættir eins og gæði húsnæðis, gallar og ábyrgð vegna galla sem upp kunna að koma. Sérstök verkáætlun var samþykkt á

þessu sviði sem fjallar um húsasótt. Þar er gert ráð fyrir að afla og miðla upplýsingum um efni í húsum sem geta valdið veikindum eða óþægindum.

4. *Alþjóðlegt samstarf.* Á árinu 1992 hefur verið unnið að breytingum á samstarfinu í kjölfar nýju samstarfsáætlunarinnar. Embættismannanefndin hefur unnið að nánari útfærslu samstarfsáætlunarinnar og lagt drög að verkáætlunum fyrir einstök verksvið. Í verkáætlun, sem fjallar um umhverfi bygginga, er lögð sérstök áhersla á samstarf er lýtur að endurbyggingu og viðhaldi húsa. Verkáætlun um samstarf á sviði stefnumótandi þátta (bostadspolitik) leggur sérstaka áherslu m.a. á húsnæðislán, niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar og skilvirkan lána- og húsnæðismarkað. Gert er ráð fyrir að verkáætlanir einstakra verkefnasviða verði staðfestar á húsnæðisráðherrafundi í lok janúar 1993.

   Undir liðnum alþjóðlegt samstarf var á árinu haldin húsnæðis- og byggingarráðstefna í Vilnius í Litáen í september 1992 auk styrkja sem veittir voru til fræðslustarfs í baltnesku löndunum.

16. Norrænn vinnumarkaður.

16.1. Samstarf á sviði atvinnumála tekur breytingum.

Ástandið á vinnumarkaði á árinu 1992 einkenndist af dýpkun efnahagslægðarinnar í alþjóðlegu efnahagslífi. Áhrifa efnahagslægðarinnar gætir um öll Norðurlönd og kom það m.a. fram í vaxandi atvinnuleysi.

Nýi norræni sáttmálinn um félagslegt öryggi leysti 1. janúar sl. af hólmi norræna samkomulagið um atvinnuleysisbætur sem gert var árið 1985.

Samstarf Norðurlandanna á sviði atvinnumála hefur tekið miklum breytingum á árinu, bæði með tilliti til skipulags og efnislegrar umfjöllunar. Samstarfið byggist nú á nýju skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1992, en grunnurinn að því var lagður með fundi norrænu vinnumálaráðherranna í febrúar 1991. Markmiðið með skipulagsbreytingunum er að auka skilvirkni og hagkvæmni samstarfsins. Þetta er gert með einföldun og hagræðingu, t.d. með því að draga úr skrifræði og fækka nefndum og fundum.

16.2. Vinnumarkaðsmál hafa áfram forgang.

Efnislega hefur öll umfjöllun mótast mjög af hugsanlegri aðild Norðurlandanna að EES eða EB. Þannig hefur bæði verið fjallað um hugsanleg áhrif EES á vinnumarkaðinn, sem og útfærslu einstakra reglugerða og tilskipana eða umfjöllun um nýjar reglugerðir og tilskipanir sem eru á döfinni hjá EB. Norrænt samstarf í vinnumarkaðsmálum er að mörgu leyti fremra en hið evrópska samstarf á þessu sviði. Þess vegna er talið mikilvægt að slá skjaldborg um norrænan vinnumarkað, ekki síst með hliðsjón af því að tengsl norrænu ríkjanna við Evrópubandalagið gætu orðið með ýmsum hætti.

Í „Iloniemi-skýrslunni" er lögð áhersla á að réttindamál almennings séu samstarfssvið sem eigi að hafa forgang í norrænu samstarfi á næstu árum. Í þeim málaflokki eru m.a. vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál.

Hið nýja skipulag, sem áður er getið, felur í sér að vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálin eru sameinuð undir eina yfirstjórn. Yfirstjórnina annast embættismannanefndin sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi. Nefndinni er ætlað að vera stefnumarkandi í vinnumálum eins og í vinnumarkaðsmálum, atvinnumálum, vinnumarkaðsþjónustu, vinnuverndarmálum, vinnuréttarmálum og atvinnulífi. Undir embættismannanefnd-

ina heyra sex undirnefndir sem hafa með faglega umsýslu einstakra málaflokka að gera og stjórna undirbúningi, ráðstefnuhaldi, rannsóknum og könnunum á sínu sviði.

16.3. Sex málaflokkar.

Hlutverk embættismannanefndarinnar er m.a.:

— Að undirbúa fundi vinnumálaráðherranna í norrænu ráðherranefndinni og framkvæma þær ákvarðanir sem ráðherranefndin tekur.
— Að fjalla um og hafa almennt eftirlit með allri samvinnu Norðurlandanna á sviði vinnumarkaðsmála, vinnuverndarmála, atvinnulífs og vinnuréttarmála.
— Að tjá sig um fjárlagatillögur aðalritara skrifstofu ráðherranefndarinnar ásamt því að fara með yfirstjórn samþykktra fjárveitinga fyrir vinnumálasviðið.
— Að meta framvindu þeirra verkefna, sem unnið er að á vinnumálasviðinu, út frá skýrslum einstakra nefnda og úthluta fjármunum til nefndanna í samræmi við þau verkefni sem nefndirnar leggja til að ráðist verði í.
— Að skipuleggja samvinnu landanna á vinnumálasviðinu, þar með talið að setja á fót eða að leggja niður nefndir.

Undir embættismannanefndina heyra sex málefnanefndir sem skipaðar eru sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um vinnumarkaðsmál, vinnumarkaðsrannsóknir, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og fólksflutningamál. Starf nefndanna má að nokkru ráða af helstu hlutverkum þeirra, en þær hafa þó allar gert mun nánari grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

16.4. Atvinnuskipti ungs fólks á Norðurlöndum — NORDJOBB.

Hlutverk nefndar um vinnumarkaðsmál er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um vinnumarkaðsmál.
— Að annast samvinnu Norðurlandanna á sviði vinnumarkaðsmála í samræmi við gildandi samninga á þessu sviði og vera ráðgefandi um samningagerð á þessum sviðum í samræmi við stefnumörkun norrænu ráðherranefndarinnar og embættismannanefndarinnar.
— Að sjá um að framfylgja þeirri stefnumörkun sem gerð er um samvinnu á sviði vinnumiðlunar og öðrum samningum sem ætlað er að efla nánari samvinnu um atvinnuleit og ráðningar milli landa.
— Að tryggja kynningar- og upplýsingastarfsemi um vinnumarkaðsmál í löndunum og upplýsingar til atvinnuleitenda og fyrirtækja til að efla hreyfanleika vinnuafls.
— Að skipuleggja og hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað. Nefndin á einnig að meta og fylgja eftir verkefnum sem eru í gangi eða er lokið.
— Að kynna og upplýsa um samvinnu vinnumarkaðsyfirvalda, bæði í einstökum löndum og milli Norðurlandanna, sem og tengsl við önnur EFTA-ríki, EB-ríki og Austur-Evrópuríki og í öðru alþjóðlegu samhengi.
— Að tryggja upplýsingaflæði á vinnumarkaðssviðinu um útfærslu stjórnvalda á vinnumarkaðsstefnunni og aðferðaþróunina og um tengsl stjórnsýslunnar við lönd og svæði utan Norðurlandanna sem hafa þýðingu fyrir hreyfanleika vinnuafls.
— Að tryggja að menntun fólks sem starfar að vinnumarkaðsstjórnsýslu styrki þróunina á umsýslusviði nefndarinnar.

Helstu verkefni nefndarinnar eru INFO eða „Informationsprojektet" sem er fjölbreytt upplýsingaútgáfa á mörgum sviðum. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „NORDISK ARBETSMARKNAD" sem hefur verið gefið út í sex ár en fjögur blöð voru gefin út á árinu 1992. Annað mikilvægt samfellt verkefni á vegum nefndarinnar er NORDJOBB sem tekur til atvinnuskipta ungs fólks milli Norðurlandanna. Þá eru fjölmörg verkefni er tengjast starfsmenntun og endurmenntun, m.a. VOKS FREM sem er framkvæmdaáætlun til þriggja ára, þ.e. áranna 1992–1995, um menntunarþarfir framtíðarinnar, en áætlunin er samsett af mörgum stærri og smærri verkefnum. Þá er um að ræða verkefni sem staðið hefur í þrjú ár um vinnumiðlun á Norðurlöndum og átti að ljúka á árinu 1992 með tölvuvæddu vinnumiðlunarkerfi. Að lokum má nefna verkefni sem er til stuðnings atvinnulífi í Eystrasaltslöndunum.

16.5. Aðstæður aldraðs fólks á vinnumarkaði.

Hlutverk nefndar um vinnumarkaðsrannsóknir er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um vinnumarkaðsrannsóknir.
— Að tryggja samræmingu og hagkvæma nýtingu á áhugaverðum rannsóknum einstakra landa í þeim tilgangi að byggja upp og framfylgja norrænu fyrirkomulagi á þessu sviði.
— Að skipuleggja og framkvæma þau verkefni sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað af embættismannanefndinni. Nefndin á einnig að meta og fylgja eftir verkefnum sem eru í gangi eða er lokið.
— Að stuðla að dreifingu þeirra norrænu rannsóknaniðurstaðna sem hafa þýðingu fyrir vinnumarkaðsstefnu Norðurlanda. Nefndin á einnig að stuðla að því að vinnumarkaðsrannsóknir annarra landa séu athugaðar í norrænu samhengi.
— Að byggja upp og efla á skipulegan hátt samvinnu norrænna vísindamanna þannig að vísindarannsóknir einstakra landa á þessu sviði nýtist sem best og séu liður í sameiginlegri umfjöllun landanna. Nefndin ber ábyrgð á að embættismannanefndin hafi yfirlit yfir notkun og skiptingu fjárveitinga til innlendrar og norrænnar rannsóknastarfsemi og til rannsókna og kannana í öðru alþjóðlegu samhengi.

Nefndin starfar sem norrænt rannsóknaráð á sviði vinnumarkaðs.

Helsta verkefni nefndarinnar er svokallað „Paraplyprojekt" sem fjallar um valkosti vinnumarkaðarins á 10. áratugnum, en þessu verkefni lauk með ráðstefnu 20.–21. október 1992 þar sem m.a. var fjallað um ungt fólk á vinnumarkaði, aðstæður aldraðs fólks á vinnumarkaði, launamun á Norðurlöndum, atvinnuleysi á Norðurlöndum og hreyfanleika vinnuafls.

Sveigjanleiki á vinnumarkaði og góð starfsævi fyrir alla eru tvö verkefni sem er lokið en eru enn til efnislegrar umfjöllunar. Fyrra verkefnið fjallar um á hvaða hátt hægt er að auka atvinnumöguleikana með sveigjanlegri vinnu og hið síðara fjallar m.a. um að öllum störfum eigi að marka tilgang og að þau eigi að vera þroskandi og hvernig forðast eigi störf sem leiða til atvinnusjúkdóma.

Af nýjum verkefnum má nefna athugun á því hvaða árangursmælikvarða hægt sé að beita til að meta árangurinn af þeim markmiðum sem felast í framsettri vinnumarkaðsstefnu.

16.6. Fækkun vinnuslysa og bætt vinnuumhverfi.

Hlutverk nefndar um vinnuverndarmál er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um vinnuverndarmál.
— Að annast samvinnu Norðurlandanna á sviði vinnuverndarmála í samræmi við vinnuverndarsamning Norðurlandanna og í samræmi við stefnumörkun norrænu ráðherranefndarinnar og embættismannanefndarinnar.
— Að fjalla jöfnum höndum um vinnueftirlit stjórnvalda og gera tillögur um breytingar á reglum einstakra landa eða framkvæmd ef þurfa þykir.
— Að stýra og leggja mat á samstarfsverkefnið „Betra vinnuumhverfi á Norðurlöndum",
— Að skipuleggja og framkvæma þau verkefni sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað. Nefndin á einnig að bera ábyrgð á að meta og fylgja eftir verkefnum sem eru í gangi eða er lokið.
— Að standa jöfnum höndum fyrir samvinnu milli vinnueftirlitsstofnana á Norðurlöndunum, bæði um hrein norræn málefni og málefni er tengjast EB og Austur-Evrópu.
— Að þróa rannsóknir og kannanir á sviði vinnuverndar með tilliti til samræmingar á reglum, þróunar á aðferðum, alþjóðlegra staðla og viðurkenningar, vinnuumhverfis og hagkvæmni, Norðurlanda og EB og samvinnu stjórnvalda og fyrirtækja og í þeim tilgangi að draga úr vinnuslysum og vinnusjúkdómum.

16.7. Ráðstefna um vinnuumhverfi í fiskiðnaði.

Hlutverk nefndar um vinnuverndarrannsóknir er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um vinnuverndarrannsóknir.
— Að vera ábyrg fyrir norrænni samvinnu á sviði vinnuverndarrannsókna með sérstaka áherslu á þau verkefni eða málefni sem gætu byggt upp og framfylgt norrænu fyrirkomulagi á þessu sviði.
— Að skipuleggja og framkvæma þau verkefni sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað af embættismannanefndinni.
— Að stuðla að dreifingu þeirra rannsóknaniðurstaðna sem fást úr einstökum verkefnum, helst gegnum NIVA, en það er norræn stofnun sem sér um framhaldsmenntun á sviði vinnuumhverfismála.
— Að tryggja að forsvarsmenn einstakra rannsóknarverkefna meti og sendi jöfnum höndum skýrslur um framvindu verkefnisins, þannig að nefndin geti útfært heildarmat á verkefnunum og lagt fram tillögur um fjárveitingaþörf eldri og nýrra verkefna til embættismannanefndarinnar.

Mjög mörg verkefni eru á sviði þeirra tveggja nefnda er fjalla um vinnuvernd og rannsóknir á vinnuverndarsviðinu. Á árinu 1992 lauk samtengdum verkefnum undir heitinu „Vinnuumhverfi, heilsa og hagfræði" sem Vinnueftirlitið tók þátt í. Af nýjum verkefnum á árinu 1992 má nefna verkefni sem fjallar um kerfi til að mæla vinnuumhverfi og samanburðarrannsókn á sambandinu milli veikindaforfalla og raunverulegs vinnutíma. Þá má nefna undirbúningsfund og ráðstefnu undir umsjón Vinnueftirlitsins um norrænt vinnuumhverfi sem haldin var í september 1992. Unnið er að undirbúningi ráðstefnu um vinnuumhverfi í fiskiðnaði sem að öllum líkindum verður haldin árið 1994. Á árinu var haldin ráðstefna um konur sem starfa við einhæf störf. Í apríl 1992 var haldin ráðstefna á vegum félagsmálanefndar Norðurlandaráðs í Álaborg um tengsl atvinnuleysis og heilsu.

16.8. Áhrif EB á norrænan vinnumarkað.

Hlutverk nefndar um vinnurétt og atvinnulíf er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um vinnuréttarmál.
— Að standa fyrir rannsóknum og þróun á sviði vinnuréttar og atvinnulífs í þeim tilgangi að byggja upp og framfylgja norrænu fyrirkomulagi á þessu sviði.
— Að stuðla að norrænni samhæfingu í afstöðunni til alþjóðlegrar samvinnu á sviði vinnuréttar og atvinnulífs.
— Að skipuleggja og framkvæma þau verkefni sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað frá embættismannanefndinni.
— Að tryggja að forsvarsmenn einstakra rannsóknarverkefna meti og sendi jöfnum höndum skýrslur um framvindu verkefnisins, þannig að nefndin geti lagt heildarmat á verkefnin og lagt fram tillögur til embættismannanefndarinnar um fjárveitingaþörf eldri og nýrri verkefna.

Helstu verkefni nefndarinnar eru verkefnið NordFram eða „Den nordiska modellens fremtid" sem fjallar um hvaða áhrif alþjóðahyggjan og EB-samhæfingin hafa á vinnumarkaðinn í hinum norrænu löndum. Sérstök áhersla er lögð á meðákvörðunar- og upplýsingarétt starfsmanna við breytingar í fyrirtækjum. Annað verkefni, sem þegar er langt komið, er verkefni um samanburð á vinnurétti á Norðurlöndum sem hefur verið aukið þannig að það nái til samanburðar við vinnurétt EB-ríkja, en samanburður á vinnurétti Norðurlanda lá fyrir í bók árið 1990 undir heitinu „Arbetsrätten i Norden". Stefnt er að því að tengja þessi verkefni saman með ráðstefnu annaðhvort seint á árinu 1993 eða snemma árs 1994. Íslenskir vísindamenn taka þátt í þessum verkefnum. Þriðja verkefnið, sem tengist þessum tveimur, er verkefnið „Samræming norrænnar starfsemi" sem tengist einkum rannnsóknum eða könnunum á áhrifum EES og EB á norrænan vinnumarkað.

Önnur verkefni, sem eru í gangi, nýhafin eða um það bil að ljúka, varða ný rekstrarform til að auka sveigjanleika og vinnugæði í vefnaðariðnaði, fyrirtækjaformið í norrænum vinnurétti og ný rekstrarform fyrirtækja.

16.9. Þátttaka innflytjenda í norrænum samfélögum.

Hlutverk nefndar um fólksflutninga er m.a.:

— Að undirbúa fundi embættismannanefndarinnar um fólksflutninga og í því sambandi tryggja faglegt samband og samhæfingu við önnur norræn samvinnusvið.
— Að standa jöfnum höndum fyrir samvinnu milli Norðurlandanna um flutning vinnuafls og blöndun innflytjenda í norræn samfélög.
— Að skipuleggja og framkvæma þau verkefni sem æskileg eru á faglegu sviði nefndarinnar og ráðstafa því fjármagni sem nefndin fær úthlutað. Nefndin á einnig að bera ábyrgð á að meta og fylgja eftir verkefnum sem eru í gangi eða er lokið.
— Að kynna og upplýsa um samvinnu vinnumarkaðsyfirvalda, bæði í einstökum löndum og milli Norðurlandanna, sem og tengsl við önnur EFTA-ríki, EB-ríki og Austur-Evrópuríki og í öðru alþjóðlegu samhengi,
— Að standa fyrir rannsóknum og kynningum varðandi fólksflutninga og blöndun innflytjenda.

Ísland hefur enn sem komið er ekki tengst verkefnum á vegum þessarar nefndar.

17. Norðurlandasamstarf um heilbrigðis- og almannatryggingamál.

Samvinna á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála er snar þáttur í norrænu samstarfi. Samstarfið nú byggist á áætlun sem ráðherrarnir samþykktu árið 1988.

Umsjónarnefnd þessa starfs, norræna félagsmálanefndin, hefur yfirumsjón með þeim verkefnum sem hér um ræðir. Þessi nefnd heldur fundi að jafnaði þrisvar á ári.

Sex norrænar stofnanir eru reknar samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Norðurlanda og eru þær sem hér segir:

1. **Norræni heilsuverndarháskólinn í Gautaborg (NHV).** Skólinn hefur það hlutverk að veita starfsfólki í heilbrigðisþjónustu framhaldsmenntun. Um er að ræða einstök námskeið, en einnig er hægt að taka meistaragráðu í heilbrigðisfræðum við skólann og doktorsgráðu. Íslendingar eiga fulltrúa bæði í stjórn skólans og námsráði.
2. **Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).** Stofnunin annast stöðlun, rannsóknir og upplýsingastarfsemi um efni til tannviðgerða. Íslendingar eiga einn mann í stjórn stofnunarinnar.
3. **Norræna lyfjanefndin (NLN).** Þessi nefnd vinnur að samræmingu og upplýsingamiðlun í sambandi við lyfjamál á Norðurlöndum. Íslendingar eiga tvo fulltrúa í þessari nefnd.
4. **Norræna nefndin um rannsóknir á áfengi og lyfjum (NAD).** Hlutverk þessarar nefndar er samvinna í sambandi við fíkniefni, bæði lögleg og ólögleg. Þrír Íslendingar hafa tekið þátt í starfi nefndarinnar.
5. **Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).** Hér er um að ræða annars vegar starfsemi til að auka gæði hjálpartækja með prófun og upplýsingastarfi og hins vegar að reyna að nýta möguleika tölvutækni í sambandi við ný hjálpartæki. Íslendingar eiga tvo fulltrúa í nefndinni. Norræna menntasetrið fyrir starfsfólk sem annast blinda og heyrnarlausa (NUD) tengist nú nefndinni.
6. **Norræna nefndin um prófanir á stöðlum rannsóknastofa (NORDKEM).** Gert er ráð fyrir að þetta nefndarstarf leggist niður á næsta ári.

Tvær fastar nefndir starfa á vegum Norðurlanda:

1. **Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).** Nefndin hefur það hlutverk að afla sambærilegra upplýsinga um hagskýrslur og félagsmál á Norðurlöndum og sér um útgáfu bókar um þau efni. Þrír fulltrúar Íslands eru í nefndinni, þar af einn frá Hagstofu Íslands.
2. **Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO).** Nefndin útbýr sambærilegar heilbrigðisskýrslur fyrir Norðurlönd og starfa margar undirnefndir á hennar vegum.

Auk þeirra nefnda, sem hér hefur verið um rætt, má geta um eftirfarandi samstarf:

1. Samvinna um málefni er varða alnæmi.
2. Nefnd sem annast framkvæmdaáætlun Norðurlanda um krabbamein.
3. Nefnd sem tengist samningum um sameiginlegan vinnumarkað.
4. Nefnd sem endurskoðar og hefur eftirlit með norrænum samningum um félagslegt öryggi.
5. Tvær fastanefndir starfa vegna matvæla: Norræna fastanefndin um matvæli (PNUN) og norræna embættismannanefndin um matvælamálefni (EK-LIVS).

Það er ljóst af umræðum í norrænu félagsmálanefndinni að búist er við verulegum breytingum á norrænu samstarfi þegar EES-samvinnan verður að veruleika.

18. Starfsmannaskipti á Norðurlöndum.

18.1. Færeyingar og Grænlendingar með í starfsmannaskiptunum.

Hvergi er í skýrslum um endurmat á norrænni samvinnu getið sérstaklega um starfsmannaskiptin. Samstarfsnefndin um starfsmannaskipti á Norðurlöndum ákvað því að leggja til að starfsemin félli undir eitthvert hinna svonefndu forgangssviða, með þeim rökum m.a. að starfsemin er á vegum stærsta vinnuveitanda á Norðurlöndum. Norðurlönd eru einn vinnumarkaður og sýnt hefur verið fram á með greinilegum og áþreifanlegum hætti hvaða árangur starfsemin hefur borið. Gerð var tillaga um að starfsmannaskiptin heyrðu undir fjórða svið samkvæmt tillögum „Støre-hópsins", þ.e. þegnréttindi („medborgarnas rättigheter").

Ráðherranefndin hefur samþykkt að starfsmannaskiptin skuli einnig ná til Færeyja og Grænlands. Samþykkt hefur verið að breyta starfsreglum samstarfsnefndarinnar með tilliti til þessa.

Fjárveiting til starfsmannaskipta fyrir árið 1993 mun nema 1.889.000 d.kr. Er það óbreytt fjárhæð frá fyrra ári að raungildi. Óráðstafað fé nemur 312.711 d.kr. Ónotuð fjárveiting vegna Færeyja og Grænlands nemur 100.000 d.kr., þannig að til ráðstöfunar eru 2.301.711 d.kr. Fjárhæðin skiptist þannig (Færeyingar og Grænlendingar halda ónotaðri fjárveitingu fyrra árs):

Til ráðstöfunar 1993 (d.kr.)		
Danmörk	14,5%	290.000
Finnland	26,5%	530.000
Færeyjar	2,5%	50.000
(92)	—	50.000
Grænland	2,5%	50.000
(92)	—	50.000
Ísland	5%	100.000
Noregur	19%	380.000
Svíþjóð	30%	600.000
Sveitarstjórnir	—	100.000
Óráðstafað	—	101.711
Samtals		**2.301.711**

19. Norrænt samstarf um samgöngumál.

Norrænt samstarf um samgöngumál fer fyrst og fremst fram í norrænni embættismannanefnd fyrir samgöngumál (NET) sem í eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum ásamt aðstoðarfólki. NET er jafnframt með fasta undirnefnd, norræna nefnd fyrir samgöngurannsóknir (NKTF), og hefur hún fengið til ráðstöfunar umtalsverðan hluta þess fjármagns sem NET hefur yfir að ráða frá norrænu ráðherranefndinni. Starf NET á undangengnu ári hefur að verulegu leyti verið fólgið í endurskoðun norræna samgöngusamningsins frá 1972 og endurmati á norrænu samstarfi í samgöngumálum.

Sérstök embættismannanefnd (EK-T), sem samgönguráðuneytið á fulltrúa í, starfar að ferðamálum. Munurinn á henni og NET er fyrst og fremst sá að ferðamál heyra undir önnur ráðuneyti en samgönguráðuneyti á hinum Norðurlöndunum.

Nefndin ber ábyrgð á framkvæmd norræna ferðamálasamningsins og starfar þar að auki sem vettvangur fyrir skoðanaskipti og umræður til eflingar ferðamála á Norðurlöndum. Einnig vinnur nefndin að samræmingu á vinnu Norðurlandanna að ferðamálum á alþjóðlegum vettvangi.

Óljóst er um starfsemi og framtíð nefndanna tveggja, NET og EK-T, þegar þessi skýrsla er tekin saman.

20. Norrænt samstarf í iðnaðarmálum.

20.1. Þróun iðnaðar á Norðurlöndum.

Mikill samdráttur er í efnahagslífi flestra Norðurlanda. Fjárfesting í iðnaði hefur dregist mjög saman vegna lítillar eftirspurnar, bæði á alþjóða- og heimamarkaði, lágrar arðsemi og minnkandi greiðslugetu. Fjöldi fyrirtækja hefur af þessum sökum orðið að leggja upp laupana og hefur það — ásamt mikilli uppstokkun — leitt til þess að iðnaðarframleiðslan hefur minnkað verulega. Löndin hafa ekki öll gengið í gegnum þetta samtímis. Samkeppnishæfnin hefur batnað vegna þróunar verðlags og launa og það hefur haft hagstæð áhrif á útflutningsþróunina. Sum landanna hafa aukið markaðshlutdeild sína, en önnur geta hægt á skerðingu hennar. Spár benda til þess að útflutningurinn haldi áfram að aukast. Dregið hefur mjög úr fjárfestingum milli Norðurlanda og erlendar fjárfestingar þar hafa verið fremur litlar.

Stefnan í málum atvinnuveganna hefur miðað að áframhaldandi aðlögun að sameiginlegum evrópskum markaði og að málum sem snerta fjármagnsþörf fyrirtækja. Í efnahagsmálum almennt hefur augum einnig verið beint að arðsemi og samkeppnishæfni fyrirtækjanna og það ekki síst vegna alvarlegrar stöðu fjármálastofnana. Í Finnlandi og Svíþjóð eru raunvextir mjög háir vegna kostnaðar við að verja gengi gjaldmiðlanna og vegna verðbólguþróunarinnar. Það hefur svo leitt til þess að opinber starfsemi hefur verið skorin niður og þannig orðið til þess að draga enn frekar úr eftirspurn. Í þessum löndum hafa erfiðleikar fjármálakerfisins einnig orðið til þess að hægja á einkavæðingunni. Óróinn á gjaldeyrismörkuðum hefur og að einhverju leyti náð til Noregs og Danmerkur þótt ástæðurnar þar séu sumpart aðrar.

20.2. Iðnaðarmál á vegum ráðherranefndarinnar.

Samstarfið í iðnaðarmálum hefur verið í höndum ráðherranefndar iðnaðarráðherranna, en embættismannanefndin í iðnaðarmálum annast málatilbúnað. Samstarfið við orkugeirann hefur orðið nánara á árinu því að sömu ráðherrar sjá um báða málaflokkana. Tvær fastar stofnanir á norrænu fjárlögunum falla undir iðnaðarráðherrana, Norræni iðnaðarsjóðurinn og NORDTEST, en að auki hefur verið höfð samvinna við ýmsar opinberar og einkareknar norrænar samstarfsstofnanir.

Stefnan í málum atvinnuveganna hefur verið til endurskoðunar á árinu. Fyrir það fyrsta hefur samstarfið í tæknirannsóknum og þróun tekið grundvallarbreytingum þar sem norræn fyrirtæki geta framvegis tekið þátt í samevrópskum rannsóknaáætlunum á sviði iðnaðarins. Af þeim sökum ákváðu ráðherrarnir á árinu að Norræni iðnaðarsjóðurinn eigi í

framtíðinni að vera viðbót við evrópskar áætlanir en ekki í samkeppni við þær og því fellst ráðherranefndin á nýja stefnuáætlun Norræna iðnaðarsjóðsins.

Í öðru lagi ákvað ráðherranefndin að beina samstarfinu framvegis einkum að því að efla Norðurlöndin sem sannan heimamarkað smáfyrirtækja. Byrjað var á könnun á síðasta ári til þess að framfylgja þessum nýju samstarfsáherslum. Hún tekur til atriða eins og fjármagnsþarfar smáfyrirtækjanna, samvinnu í útflutningsmálum og nauðsynjar innri uppbyggingar.

Í síðasta lagi hefur ráðherranefndin á liðnu ári hrint í framkvæmd norrænni framkvæmdaáætlun í iðnaðarmálum Eystrasaltsríkjanna. Alls var byrjað á 15 verkefnum sem taka til tæknirannsókna og samræmingar, einkaleyfa, rekstrarréttar og starfsþjálfunar í fyrirtækjum (Baltpraktik). Sérstaklega skipaður samhæfingarhópur stjórnar verkinu.

20.3. Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hafði á árinu 1992 um 100 millj. n.kr. til ráðstöfunar til þess að styðja einstök verkefni eða 18 milljónum minna en árið áður.

Starfsemi sjóðsins á árinu var einkum beint að lokum áætlananna þriggja, í líftækni, efnistækni og umhverfistækni, en þeim lýkur í ársbyrjun 1993 þótt sumum verkefnum verði haldið áfram á árinu. Ýmiss konar fundir og málþing voru haldin í tengslum við lok áætlananna og vöktu Norrænir efnisdagar 1992 sérstaka athygli.

Sjóðurinn ákvað að taka upp nýja stefnu og frá og með árinu 1993 er miðað við að bæta upp það sem á vantar í væntanlegu tæknisamstarfi innan EES. Af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar skal verja 75% til þriggja norrænna sérsviða, þ.e. *nýrrar tækni í skógar- og pappírsiðnaði, matvælaiðnaði og orkusparandi flutningum.*

Á síðasta ári var reynt að koma þessari stefnubreytingu í fast form eftir víðtækt samráð og athuganir. Þáttur í því var að meta hvaða samvinnu- og styrkjakerfi væri unnt að aðlaga breytingunni og hver þeirra þyrfti að leggja niður. Sjóðurinn hefur hingað til orðið að leggja niður tvær áætlanir, þ.e. tölfræðisamstarfið á sviði rannsókna og menntamála og námsmannaskipti NORDTEK-áætlunarinnar. Framvegis getur sjóðurinn aðeins staðið að verkefnum sem tengjast á eðlilegan hátt áherslum framtíðarinnar, norrænu sérsviðunum. Þetta á t.d. við um styrki sem sjóðurinn veitir til stöðlunarverkefna og iðnaðarrannsókna.

Áhugi umheimsins á iðnþróun á Norðurlöndum gefur tilefni til þess að styðja áfram útgáfu tímaritsins New Scandinavian Technology sem sjóðurinn kostar ásamt iðntæknistofnunum landanna.

20.4. NORDTEST.

Á fjárhagsáætlun NORDTEST fyrir 1992 voru 14 millj. d.kr. Á árinu var byrjað á 42 verkefnum og 52 nýjar NORDTEST-aðferðir voru viðurkenndar. Heildarfjöldi NORDTEST-aðferða er þá orðinn um 1.200.

Á árinu hélt áfram stöðug endurnýjun starfseminnar og m.a. voru gefnar út nýjar framkvæmdaáætlanir á sérsviðum hljómburðar (aðallega umhverfishávaða), ytra umhverfis og VVS (nær yfir loftræstingu, loftgæði og orkunotkun).

Þróun nýrra skoðunaraðferða var sem fyrr aðalverksvið NORDTEST. Lögð hefur verið aukin áhersla á að hafa áhrif á Evrópusamstarfið með áætlun um norræna þáttinn og með auknum stuðningi við norræna þátttöku í vesturevrópskri samvinnu. Þetta hefur m.a. haft í för með sér aukin norræn áhrif á evrópska staðla. Einnig hefur verið gert í því að koma vinnunni við að tryggja gæði í starfsemi rannsóknastofa á rekspöl, en það er mjög

mikilvægt fyrir evrópska samvinnu að komið sé á traustvekjandi eftirliti með skoðun samkvæmt nýju Evrópustöðlunum. Starf NORDTEST á þessu sviði er nú þekkt á alþjóðavettvangi og norrænar rannsóknastofur eru í fararbroddi í þessari þróun.

NORDTEST hefur auk þess tekið virkan þátt í samstarfinu innan Eurolab, Rilem, ILAC og annarra alþjóðastofnana. Það nær nú einnig til Austur- og Mið-Evrópu, einkum Eystrasaltsríkjanna.

Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna í væntanlegri ársskýrslu og í stefnuáætlun 1991, Måldokument, og í fréttabréfinu NORDTEST Info.

20.5. Nordex.

Nordex er samstarfsvettvangur opinberra eftirlitsstofnana sem sjá um framkvæmd laga um eld- og sprengifimar vörur. Á ársfundinum 1992 var fjallað um skipti á upplýsingum um breytingar á löggjöf og skipulagi viðkomandi stofnana. Helstu slysin voru rædd í því skyni að fá fram hvað betur mætti fara. Formsatriði á landamærum og staðlamál voru einnig til umræðu svo að grundvalla mætti samnorræna afstöðu. Ef þurfa þykir hafa viðkomandi stofnanir óformlegt samband sín á milli og skipa vinnuhópa.

20.6. Norda.

Formlegri samvinnu norrænna vottunarstofnana var komið á fót innan Norda árið 1991.

Með stuðningi ráðherranefndarinnar hélt Norda á liðnu ári málþing fyrir norræna embættismenn, sem og aðra, um „ný eftirlitsform í Evrópu og á Norðurlöndum — ný hlutverk og verkefni yfirvalda". Þátttakendur voru 110 frá öllum Norðurlöndum, en auk þeirra tóku þátt í málþinginu helstu embættismenn framkvæmdastjórnar EB á þessu sviði.

Norda hefur enn fremur verið með áætlun í gangi sem miðar að því að koma á samnorrænni menntun matsmanna vottunarstofnana, sem og leyfisstofnana, m.a. í þeim tilgangi að koma upp hópi hæfra matsmanna. Fyrsta námskeiðið verður væntanlega haldið fyrri hluta ársins 1993.

20.7. Normet.

Normet er frjáls samstarfsstofnun um mælingartækni sem sett var á stofn 1974 að frumkvæði ráðherranefndarinnar. Á árinu 1992 tóku Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð þátt í starfi Normets. Samstarfið er í formi sameiginlegra verkefna mælingartæknistofnana einstakra landa og iðnaðarins.

Unnið var að þróun eins viðamikils verkefnis á síðasta ári, sem hefur að markmiði að bæta gæði mælingartækninnar almennt í fyrirtækjum („Spårbarhet i nordisk industri"/ „Merkjanleiki" í norrænum iðnaði). Stofnað var til verkefnisins eftir að í ljós kom að mikið skorti á að þessu leyti. Normet átti á árinu auk þess þátt í því að skipuleggja 14. norrænu ráðstefnuna um mælingartækni og fínstillingu. Samvinna er og milli Normet og Norda um þjálfun tæknilegra matsmanna fyrir norrænar vottunarstofnanir og á sviði mælitæknilegrar endurskoðunar.

Til þess að aðhæfa sig öðrum norrænum og evropskum stofnunum (Euromet) hefur Normet markað þá stefnu að beita aðferðum Euromets á Norðurlöndum. Við það gefast Normet einnig betri tækifæri til þess að efla þátt mælingartækninnar í gæðastjórnun iðnaðarins.

20.8. Verkefni og styrkir.

Ráðherranefndin veitti á árinu 1992 styrki úr þeim sjóðum sem iðnaðurinn hafði til ráðstöfunar til eftirfarandi verkefna:

— Stöðlun þrýstitanka, 100.000 d.kr.
— Áframhald kortlagningar á jarðfræði Mið-Norðurlanda, 200.000 d.kr.
— Könnun: Líftækni og einkaleyfi, 45.000 d.kr.
— Þróunaráætlun: Vöxtur iðnaðar og byggðaþróun á Norðurlöndum, 105.000 d.kr.
— Norræn samvinna um evrópska skrifstofu á sviði umbúðatækni, 219.000 d.kr.
— Þjálfun gæðatækna fyrir norrænan fataiðnað, 250.000 d.kr.
— Forkönnun á samstarfi norrænu tækniakademíanna, 15.000 d.kr.
— Styrkur til ráðstefnunnar „Nordic Venture Contact Forum" 1992, 50.000 d.kr.
— Málþing: Norrænir atvinnuvegir á breytingatímum, 50.000 d.kr.

20.9. Tilmæli og álitsgerðir Norðurlandaráðs.

20.9.1. Tilmæli.

Norðurlandaráð lagði til í tilmælum nr. 14/92, Styrking Norræna iðnaðarsjóðsins, að gerðar yrðu „viðeigandi ráðstafanir til þess að styrkja stöðu og starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins til gagns fyrir norrænt samstarf í málum atvinnuveganna".

Ráðherraefndin svarar:

„Fjárveitingar á fjárlögum til Norræna iðnaðarsjóðsins hafa verið mikið ræddar í ráðherranefndinni, m.a. vegna þess að fjárveitingar til hans lækka mjög frá og með fjárlögum fyrir 1993 þegar fjárhagslegu framkvæmdaáætluninni lýkur.

Ráðherranefndin kemur til með að meta vandlega hvaða fjármagn þurfi til þess að hrinda megi nýrri stefnu sjóðsins í framkvæmd á viðunandi hátt."

Í tilmælum nr. 16/92, Aðgerðir til þess að örva nýsköpun í atvinnulífinu, mælist Norðurlandaráð til þess við ráðherranefndina að hún láti „kanna og meta aðgerðir til þess að örva starfsemi á sviði uppfinninga og nýsköpunar á Norðurlöndum".

Ráðherranefndin svarar:

„Í tilmælunum er sérstaklega bent á þá hvatningu sem norræn uppfinningaverðlaun eru fyrir nýskapendur og uppfinningamenn. Ráðherranefndin gerir ekki lítið úr þeim áhrifum, en á umbrotatímum norrænnar samvinnu er það ekki reiðubúið að binda fé til nýrra verðlauna næstu árin. Ráðherranefndin er þó hlynnt því að örva nýsköpun í atvinnulífinu á annan hátt. Til að mynda hyggst nefndin sinna sérvandamálum smáfyrirtækja og hvernig unnt sé að örva stofnun nýrra fyrirtækja og nýsköpunarhneigð."

20.9.2. Álitsgerðir.

Í álitsgerð 4/1992/e, í hluta C 2 á sérsviði efnahagsmálanefndar, segir í 4. lið: „Vinna að því að efla samkeppnishæfni Norðurlanda með það að markmiði að gera Norðurlöndin að svæði hagvaxtar og taka í því mið af þýðingu rannsóknastarfseminnar, ekki hvað síst tækni- og iðnaðarrannsókna." Í 5. lið segir: „Stuðla að traustri efnahagsþróun sem tryggt geti og eflt velferðina á Norðurlöndum."

Ráðherranefndin svarar:

„Frá því í ársbyrjun 1993 eiga öll Norðurlöndin aðild að sameiginlegum evrópskum markaði og nefndin telur að það sé ein mesta hvatning sem norrænt atvinnulíf hefur fengið frá stríðslokum. EES-samningurinn gerir norrænu atvinnulífi í heild kleift að taka fullan þátt í iðnaðaráætlunum EB og það fær um leið sömu tækifæri og sömu skilyrði til að taka þátt í stóru evrópsku iðnaðaráformunum. Í atvinnulífi Norðurlanda eru þó viss

sameiginleg svið í ákveðnum greinum sem ekki geta vænst þess að fá stuðning í samevrópskum áætlunum. Ráðherranefndin hefur því falið Norræna iðnaðarsjóðnum að beina starfsemi sinni einkum að stuðningi við þau. Ráðherranefndin vill einnig styðja við bakið á smáum og meðalstórum fyrirtækjum með því m.a. að kanna möguleika á því að bæta úr þörf þeirra á áhættufjármagni með norrænni samvinnu. Að öðru leyti vill ráðherranefndin leggja áherslu á þýðingu þess að kanna, m.a. á norrænum grundvelli, hvað unnt sé að gera til þess að bæta þróunarskilyrði atvinnulífsins almennt. Með því að færa efnahagsmál, atvinnumál og skipulag á ákveðnu sviði undir einn hatt vill ráðherranefndin styrkja og treysta aðgerðir til þess að auka uppgang atvinnuveganna. Ráðherranefndin vill að lokum leggja áherslu á að norrænt atvinnulíf getur einungis þróast í hinni nýju evrópsku samkeppni með styrkri efnahagsstefnu, bættum grundvallarskilyrðum og innri uppbyggingu. Þar er að finna forsendur þess að hægt verði að tryggja og þróa velferðina á Norðurlöndum."

21. Norrænt samstarf um orkumál.

21.1. Almennt.

Á sviði orkumála hefur verið unnið eftir samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1989–1992. Áætlunin tók mið af áætlun fjármálaráðherra Norðurlandanna um hagvöxt og atvinnustig, jafnframt því sem áhersla var lögð á umhverfismál í ljósi skýrslu heimsnefndar Sameinuðu þjóðanna, „Sameiginleg framtíð vor". Í júní 1990 var ákveðið að styrkja samstarfið og leggja höfuðáherslu á eftirtalin svið:

— sameiginlegan norrænan markað fyrir raforku,
— sameiginlegan norrænan markað fyrir jarðgas,
— bætta nýtingu orkunnar, m.a. annars með því að vinna að því að setja reglur um merkingu á heimilistækjum og staðla fyrir þau,
— nýtingu orkulinda sem valda minni mengun,
— samstarf á sviði orkurannsókna og
— alþjóðlegt samstarf.

Fjárveiting norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál af fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar nam rúmum 8 millj. d.kr. Fjárhæð þessari var varið til að kosta norræn samstarfsverkefni og rannsóknir á vegum undirnefnda eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Á vegum embættismannanefndarinnar störfuðu fjórir hópar sem fjölluðu um orkumarkað, orku og umhverfismál, hagkvæma orkunýtingu og orkurannsóknir. Embættismannanefndin og Nordel skiptast reglulega á upplýsingum og árlega er sameiginlegur fundur.

Á árinu var ákveðið að endurskipuleggja samstarfið og efla samvinnu orku- og iðnaðarsviðanna, enda fer sama ráðuneyti með orku- og iðnaðarmál á öllum Norðurlöndum nema í Danmörku, en þar fer sami ráðherra með bæði ráðuneytin. Ákveðið var að sameina embættismannanefndirnar um orku- og iðnaðarmál 1. janúar 1993, samtímis því sem undirhópar, aðrir en orkurannsóknahópurinn, voru lagðir niður.

Mál þessi eru nú í endurskoðun á vegum fulltrúa forsætisráðherra Norðurlanda og einstakra fagráðherra. Framvegis er stefnt að því að haldnir verði sameiginlegir fundir iðnaðar- og orkuráðherra Norðurlanda einu sinni á ári. Jafnframt var ákveðið að auka verulega áherslu á alþjóðlegt samstarf. Í því sambandi er gert ráð fyrir að fjalla í aukn-

um mæli um undirbúning alþjóðlegra samninga, svo sem Orkusáttmála Evrópu og Loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, þróunina innan Evrópubandalagsins, orkuþátt Evrópska efnahagssvæðisins og undirbúning funda í Alþjóðaorkustofnuninni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að.

21.2. Orkumarkaður.

Helstu verkefni á sviði orkumarkaðar og orkuáætlana voru:

— Námsstefna um bestun orkunotkunar á Norðurlöndum var haldin í Noregi í júní.
— Námsstefna um skipulagsform orkufyrirtækja var haldin í Svíþjóð í september.
— Bók um orkuáætlanir á Norðurlöndunum. Meðal annars er fjallað um löggjöf og þætti er lúta að umhverfismálum.
— Mat á áhrifum mismunandi leiða til að draga úr losun koltvísýrings á orkumál og efnahag Norðurlandanna með tilliti til áherslna Norðurlandanna við mótun meginreglna í alþjóðlegum sáttmálum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
— Þróun aðferða við að meta kostnað af raforkuskorti.
— Viðskipti með raforku á Norðurlöndunum og greining á möguleikum til að þróa sameiginlega markað fyrir raforku.
— Samanburður á kostnaði við aukna raforkuvinnslu og raforkusparnað.
— Líkan fyrir norrænan orkumarkað — verkefnið er unnið fyrir orkumarkaðshópinn og orku- og umhverfishópinn.

21.3. Orka og umhverfi.

Helstu verkefni voru:

— Námstefna um aukna notkun endurnýjanlegra orkulinda á Norðurlöndunum var haldin í Danmörku í maí.
— Í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro um umhverfi og þróun var haldin ráðstefna í Noregi í október um leiðir til sjálfbærrar þróunar á orkusviðinu.
— Mat á afleiðingum hugsanlegra veðurfarsbreytinga fyrir vatnsorkukerfið.

Á sviði flutninga var náið samstarf við embættismannanefndirnar um umhverfismál og samgöngumál. Meðal samstarfsverkefna var ráðstefna um möguleika til sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndunum.

21.4. Hagkvæm orkunotkun.

Helstu verkefni, er lúta að hagkvæmri orkunotkun og orkusparnaði, voru:

— Mótun tillagna um að merkja heimilistæki eftir orkunotkun og vinna að því að settir verði staðlar fyrir orkunotkun heimilistækja. Tillögurnar hafa haft mikil áhrif á tillögur innan Evrópubandalagsins á þessu sviði.
— Áhrif þess á orkusparnað að auka upplýsingar sem fram koma á orkureikningum.
— Námsstefna um orkusparnað var haldin í Kaunas í Litáen 3.–4. desember. Þátttakendur voru frá öllum Eystrasaltsríkjunum og Norðurlöndunum.

21.5. Orkurannsóknir.

Meginmarkmiðið með samstarfinu á sviði orkurannsókna er að byggja upp þekkingu á sviði orkumála við háskóla á Norðurlöndunum. Starfað er eftir rannsóknaáætlun sem nær til áranna 1991–1994 og er verkefnið fjármagnað beint af löndunum. Fjárhagsáætlun

fyrir verkefnið var um 22 millj. n.kr. á árinu 1992. Rannsóknaáætlunin nær til eftirtalinna sviða:

— Lífræn orka og umhverfi.
— Efnarafalar.
— Fast eldsneyti.
— Hitaveitur.
— Orka og samfélag.
— Olíutækni.

Um 60 vísindamenn fá árlega styrk til lengri eða skemmri dvalar við norræna skóla eða stofnanir.

22. Afnám tæknilegra viðskiptahindrana.

Stjórnarnefnd um afnám tæknilegra viðskiptahafta hélt fimm fundi á árinu 1992. Auk hefðbundinna mála var fjallað um staðlamál og framtíð nefndarstarfsins með hliðsjón af endurmati á norrænu samstarfi. Þá má m.a. nefna að samráð var haft um undirbúning undir ráðstefnu í Riga í Lettlandi sem ýmsir nefndarmenn tóku virkan þátt í.

Segja má að starfi nefndarinnar í óbreyttri mynd sé að ljúka. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að draga úr þátttöku Íslendinga í starfi nefndarinnar og tengja hana m.a. þátttöku í öðrum fundum um tæknileg viðskiptahöft.

23. Norrænt samstarf um neytendamál.

23.1. Norræn áhrif á stefnu EB í neytendamálum.

Á árinu 1992 hefur norræna samstarfið á sviði neytendamála einkennst af undirbúningnum fyrir EES-samstarfið og hefur gífurleg vinna farið í að aðlaga neytendalöggjöfina reglum EB.

Hinn sameiginlegi markaður mun væntanlega leiða til meiri samkeppni sem aftur á móti þýðir meira vöruúrval og lægra verð. Einnig hafa Norðurlöndin unnið að því að samræma lög og reglur varðandi vöruöryggi að reglum EB og í undirbúningi er að samræma markaðseftirlitið á öllu EES-svæðinu.

Í norrænu embættismannanefndinni um neytendamál (NEK) hefur verið unnið að nýrri áætlun um samstarf á sviði neytendamála og er reiknað með að hún verði samþykkt á næsta ári. Þetta er í þriðja skiptið sem slík áætlun er samin og á hún að gilda fyrir tímabilið 1994–1998. Tilgangurinn með áætluninni er að styrkja þróun neytendamála á Norðurlöndunum og að skapa grundvöll til að hafa áhrif á stefnu EB í neytendamálum. Hluti af vinnu embættismannanefndarinnar fer fram í formi verkefna, en niðurstöður þeirra eru síðan notaðar til að hafa áhrif á hina evrópsku og alþjóðlegu þróun á sviði neytendamála. Af u.þ.b. 35 verkefnum á árinu 1992 hafa íslenskir þátttakendur verið með í 13 þeirra. Um er að ræða rannsóknir, upplýsingasöfnun, ýmsar kannanir og samanburð á milli Norðurlandanna.

Norræn samvinna á sviði neytendamála hefur einkennst af samstarfi milli yfirvalda, neytendasamtaka og neytendastofnana. Í skýrslu forsætisráðherra Norðurlandanna um framtíð norræns samstarfs er boðuð aukin áhersla á pólitískan þátt samstarfsins. Í nýju

áætluninni frá NEK um samstarf á sviði neytendamála er tekið mið af þessari áherslu, en um leið er lagt til að haldið verði áfram að vinna náið með hagsmunaaðilum.

24. Samstarf norrænna hagstofa — hagskýrslugerð.

Hagstofa Íslands tók sem fyrr þátt í hinu reglubundna samstarfi norrænu hagstofanna um hagskýrslugerð. Samstarfið undanfarin ár hefur falist í fundum hagstofustjóra, vinnunefndum um samstarfsverkefni og sameiginleg áhugamál á hinum ýmsum sviðum hagskýrslugerðar og sameiginlegri stjórn á Hagstofu Norðurlandanna í Kaupmannahöfn. Hagstofustjórarnir eiga með sér reglubundna fundi í tengslum við þátttöku þeirra í hagskýrslusamstarfi Evrópuríkja og Sameinuðu þjóðanna. Auk þess hafa á þriggja ára fresti verið haldnir „stórir" hagstofustjórafundir þar sem fjallað hefur verið um ýmis sérstök og mikilvæg málefni og teknar ákvarðanir um samstarf hagstofanna.

Dagana 18.–21. júlí 1992 var haldinn „stór" hagstofustjórafundur á Akureyri. Þessi fundur markaði tímamót þar sem á honum voru teknar ákvarðanir um endurskipulagningu norræna hagskýrslusamstarfsins.

Markmið þess var að draga úr kostnaði, gera samstarfið hnitmiðaðra og ekki síst að samræma það stórauknu hagskýrslusamstarfi Evrópuríkja á grundvelli fyrirhugaðra samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Samstarfið verður einkum þríþætt. Fundir hagstofustjóra, sem haldnir verða í tengslum við Evrópufundi, munu stýra samstarfinu og munu hagstofustjórarnir skiptast á um að vera í fyrirsvari. Þá hefur verið komið á fót samskiptaneti og leysir það starfsnefndir hagstofanna af hólmi. Samskiptanetið greinist í u.þ.b. 40 efnissvið eða hópa og á hver hagstofa fulltrúa á hverju sviði. Hlutverk samskiptahópanna er að miðla upplýsingum milli hagstofanna um starfsemina, nýjungar í henni og fengna reynslu. Þá munu hóparnir, hver á sínu sviði, annast þau norrænu verkefni sem hagstofunum kunna að verða falin af norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Loks er gert ráð fyrir sérstöku samráði á vegum hópanna um þau hagskýrsluverkefni sem Evrópusamstarfið tekur til. Þriðji meginþáttur hagskýrslusamstarfsins hvílir á Hagstofu Norðurlandanna sem gegnir reglubundnu samræmingarhlutverki, undirbýr verkáætlanir og fundi hagstofustjóra og annast sameiginlegar útgáfur.

Þetta samstarf er mjög mikilvægt fyrir íslenska hagskýrslugerð, sérstaklega þar sem það gerir Íslendingum kleift að færa sér í nyt með greiðum hætti margháttaða reynslu norrænu hagstofanna sem allar eru miklu stærri og öflugri en íslenskar hagskýrslustofnanir.

Loks má nefna að í beinu framhaldi af hagstofustjórafundinum á Akureyri var haldið norrænt tölfræðingamót í Reykjavík 22.–25. júlí. Þetta mót var hið 19. í röðinni en slíkar ráðstefnur eru haldnar á þriggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum. Hagstofa Íslands skipulagði og annaðist mótshaldið. Þátttakendur voru um 300 frá öllum Norðurlöndunum, 430 að meðtöldum gestum.

25. Samstarf í byggðamálum.

Ísland er þátttakandi í samstarfi embættismanna í byggðamálum og hefur verið til margra ára. Fulltrúi Íslands í NERP, norrænu embættismannanefndinni í byggðamálum, er Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar. Þá er Byggða-

stofnun aðili að norrænu rannsóknastofnuninni í byggðamálum (NordREFO). Situr sami maður í stjórn stofnunarinnar og gegnir þar formennsku til tveggja ára frá 1. júlí 1992.

Starf NERP á árinu 1992 einkenndist mjög af undirbúningi vegna Evrópska efnahagssvæðisins og vegna umsókna þriggja Norðurlandaríkja um aðild að EB. Undir lok ársins 1991 var samþykkt á ráðherrafundi ný samstarfsáætlun á sviði byggðamála. Þar er áfram lögð áhersla á þátt samstarfs milli héraða en samvinna á því sviði hefur tekið til sín stærsta hlutann af fjárveitingum til málaflokksins. Á næstu árum á að leggja aukna áherslu á þátt rannsókna í samstarfinu.

Á árinu 1992 var unnið við rannsóknarverkefni um sjávarútveg á vegum NordREFO. Þetta er fyrsta verkefnið sem unnið er með þátttöku Færeyja og Grænlands. Verkefnið hefur að markmiði að fjalla um stöðu og möguleika þeirra héraða sem helst byggja afkomu sína á sjávarútvegi á Norðurlöndum. Á árinu kom út á vegum skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn fyrsti áfangi þessa rannsóknastarfs sem er skýrsla með greinargóðri lýsingu á sjávarútvegi þeirra fimm landa sem taka þátt í þessu verkefni, þ.e. Íslands, Grænlands, Færeyja, Noregs og Danmerkur. Ísland hefur einnig tekið þátt í rannsóknarverkefni um byggðir þar sem fólki hefur fækkað mjög á undanförnum árum. Þátttaka Íslands í rannsóknarverkefnum á vegum NordREFO hefur þannig vaxið á undanförnum árum.

26. Norrænt samstarf um upplýsingavinnslu.

26.1. Norræn samráðsnefnd um stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu (AG-data).

Nefnd þessi var skipuð samkvæmt bréfi norrænu ráðherranefndarinnar, dags. 30. september 1991, í framhaldi af tillögum fyrri samráðsnefndar er í daglegu tali var kölluð KO-data. Tillögurnar er að finna í skýrslunni „Framtidiga datapolitiska satsningsområder innan Nordisk ministerråd" sem dagsett er í maí 1991. Ítarlega er greint frá þessum tillögum í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 1991. Verkefnin voru því í raun allnákvæmlega skilgreind fyrir fram og því fjármagni heitið sem talið var þurfa, eða 4,5 millj. d.kr. samtals á starfstímanum. Hin nýja nefnd, AG-data, hefur þannig tiltölulega skýr markmið og fjárhagslegt svigrúm til að koma þeim í framkvæmd. Starfi hennar skal samkvæmt skipunarbréfi ljúka í árslok 1994.

Af hálfu Íslendinga var Jóhann Gunnarsson, deildarstjóri tölvumála í fjármálaráðuneytinu, skipaður í nefndina.

Megináherslur í tillögum KO-data voru sem hér segir:

Talið var æskilegt að Norðurlandaþjóðirnar ættu með sér samstarf um eftirtalda málefnaflokka:

1. Norræna samvinnu í ljósi sameiningar Evrópu.
2. Upplýsingatækni og skilvirkniaukningu í opinberum rekstri.
3. Öryggismál tengd upplýsingatækni.

Í samræmi við ofangreint skulu megináherslur í starfi AG-data-nefndarinnar beinast að því að stuðla að samræmingu norrænna sjónarmiða og aðgerða með tilliti til þess sem er að gerast í EB, einkum hvað varðar notkun upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu, þ.e.

— að hafa frumkvæði um úttektar- og þróunarverkefni, ráðstefnur o.fl. varðandi mikilvæg álitamál tengd upplýsingastefnu,
— að veita norrænum samtökum og stofnunum stuðning og ráðgjöf varðandi upplýsingastefnu.

Hér á eftir verða rifjuð upp helstu verkefni AG-data samkvæmt tillögunni ásamt frásögn af framkvæmd þeirra og stöðu um áramótin 1992–1993. Nokkuð dróst að unnt væri að taka til starfa vegna þess að tilnefning fulltrúa í nefndina barst seint frá Finnlandi. Haldnir hafa verið þrír fundir á árinu, allir í húsakynnum norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

26.2. EB-tengiliður.

Í samræmi við tillögurnar var Emil Bundesen, sérfræðingur í danska fjármálaráðuneytinu, ráðinn í hálft starf sem EB-tengiliður á vegum nefndarinnar með það forgangsverkefni að velja úr og senda tengiliðum í hverju landi upplýsingar um málefni tengd upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu. Jóhann Gunnarsson hefur gegnt hlutverki tengiliðar hér á landi. Meðal efnis, sem borist hefur, er ýmislegt varðandi staðla, beitingu þeirra og undirbúning nýrra tillagna um stöðlun. EPHOS (European Purchasing Handbook for Open Systems) er fyrirferðarmikil í þessu sambandi. Einnig má nefna öryggi upplýsingakerfa og gagna í þeim, meðferð persónuupplýsinga, stofnun sameiginlegs markaðar fyrir upplýsingatækni o.fl.

26.3. Upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu.

Lagt var til að í norrænni samvinnu skyldi ýtt úr vör tilraunaverkefni um mælingu og greiningu árangurs af því að beita upplýsingatækni í stjórnsýslunni. Tillaga um verkefni í þessa veru liggur fyrir frá sænska „Statskontoret", en málið er talið þurfa ítarlegri útfærslu áður en unnt sé að samþykkja fjárveitingu til þess.

Nefndin styrkti undirbúningsvinnu fyrir tvær stuttar ráðstefnur sem haldnar voru í Helsingfors seint á árinu, aðra um skjalasendingar milli tölva (SMT eða EDI), og hina um staðlað form skjala (Open Document Architecture, ODA). Tilgangurinn var að kanna stöðu þessara mála í hverju landi og hvort grundvöllur væri fyrir sameiginlegum aðgerðum á einhverjum sviðum. Margrét Arnórsdóttir, yfirkerfisfræðingur hjá Skýrr, sótti þessar ráðstefnur. Hún flutti erindi um stöðu SMT hér á landi. Í ljós kom að framgangur SMT-tækninnar hjá hinu opinbera hefur verið svipaður hér og í grannlöndunum. Um ODA hefur lítt verið fjallað enn þá hér, en fylgjast þarf með því sem er að gerast. Þar sem skammt er um liðið er ekki komið í ljós hvort stofnað verði til samvinnuverkefna í beinu framhaldi af ráðstefnunum. Niðurstöður og erindi beggja þessara ráðstefna verða gefin út í skýrslum sem aðgengilegar verða hér á landi.

Nokkrar tillögur um minni háttar verkefni í þessum málaflokki hafa borist nefndinni en ekki hlotið stuðning.

Stjórnunarhættir og venjur eru líkar á öllum Norðurlöndum. Því liggur samvinna beint við í þróun kerfa og stefnumótun á þessu sviði. Talsverð samvinna hefur verið um hagsýslu á upplýsingasviðinu, en hana má auka. Lagt var til að nefndin skyldi verja fé til að efla samvinnu af þessu tagi.

Því var efnt til fjölmennrar ráðstefnu í maí sl. í Stokkhólmi um framleiðni í opinberri stjórnsýslu og notkun upplýsingatækni í því skyni. „Statskontoret" stóð fyrir ráðstefnunni en AG-data styrkti undirbúningsvinnu. Markhópur áheyrenda var æðstu stjórnendur, fjármálastjórar og yfirmenn uppplýsingatækni í stofnunum. Það er mat aðstandenda að einmitt þessi hópur hafi mætt vel og að menn hafi almennt talið efni ráðstefnunnar fróðlegt og hvetjandi. Von er á að erindi, sem flutt voru á ráðstefnunni, komi út í bók á næstunni. Jóhann Gunnarsson var í undirbúningsnefnd og sótti þessa ráðstefnu einn Íslendinga. Nokkrum stjórnendum stórra stofnana var boðin þátttaka, en enginn sá

sér færi á að fara. Kappkostað hefur verið að kynna ýmislegt úr þeim hagræðingarboðskap sem þarna var á ferðinni, bæði á fundum með stjórnendum stofnana, í samræðum og á opinberum fundum. Einnig hefur nokkurt upplag verið pantað af áðurnefndri bók til dreifingar.

26.4. Stöðlun upplýsingakerfa.

Í flestum landanna er nú verið að dreifa ábyrgð varðandi kaup og rekstur upplýsingakerfa. Forsenda fyrir slíkri dreifingu er að yfirvöld skilgreini staðla um gerð kerfa og samskipti þeirra á milli og komi þeim á framfæri. Lagt var til að hefja samvinnu um stöðlun í opinberri stjórnsýslu sem verði í höndum hagsýsludeilda landanna. Tilgangurinn er að leiða í ljós sameiginlega afstöðu Norðurlandanna til notkunar staðla varðandi upplýsingatækni. Verkefnið verður að taka mið af frumkvæði EB.

Rædd hafa verið nokkur hugsanleg verkefni í þessu sambandi án þess að ákvarðanir hafi verið teknar. Má nefna samræmd tölvutæk persónuskilríki, en þar er lagaleg staða óljós, svo og „almenningsnet" þar sem Finnar hafa tillögur í undirbúningi.

26.5. Öryggi gagna.

Bæði í einkarekstri og opinberum rekstri er í auknum mæli gefinn gaumur að öryggissjónarmiðum í tengslum við upplýsingakerfi, unnin í tölvum. KO-data taldi slík mál frekar af skipulagslegum toga en tæknilegum og að á Norðurlöndum sé þörf fyrir hertar aðgerðir í málinu.

Í samræmi við tillögur skýrslunnar um að gerð verði forkönnun á stöðu öryggismála upplýsingakerfa í löndum okkar er nú verið að undirbúa á vegum AG-data víðtæka rannsókn á stöðunni í hverju landi fyrir sig. „Statskonsult" (hagsýslustofnun) í Noregi mun stjórna verkinu, en skipuð hefur verið norræn verkefnisstjórn. Af hálfu Íslendinga var ákveðið að leggja ekki til mann í verkefnisstjórnina, en fylgst verður með málinu og upplýsingar veittar, svo að bera megi stöðu okkar saman við nágrannaþjóðirnar.

26.6. Mikilvægt samstarf fyrir Íslendinga.

Fyrir alla vinnu við stefnumörkun og leiðbeiningar um stjórn upplýsingatæknimála í íslenska ríkiskerfinu er ómetanlegt að hafa aðgang að sérfræðingum annarra þjóða og fá tækifæri til að taka þátt í verkefnum af því tagi sem hér hefur verið greint frá. Upplýsingatæknin mun á næstunni bjóða upp á fjölbreytta samskipta- og tjáningarmöguleika sem mikilvægt er að við Íslendingar getum nýtt okkur, enda mun hagkvæmni þess reynast ótvíræð. Að fylgjast með þróun þessara mála og stuðla að nýtingu nýrrar hagnýtrar upplýsingatækni í þágu norrænnar stjórnsýslusamvinnu er eins og af framangreindu má ráða á verksviði AG-data.

27. Norrænt samstarf í þróunarmálum.

27.1. Formleg embættismannanefnd um þróunarmál e.t.v. lögð niður.

Árið 1992 voru haldnir tveir sérstakir fundir í EK-B, hinn fyrri 30. mars í Ósló og hinn síðari 14. september í Stokkhólmi. Auk þess voru haldnir stuttir fundir til undirbúnings dagskrár funda þróunarmálaráðherranna kvöldin fyrir þá fundi eða 3. maí í Helsingfors og 9. nóvember í Ósló.

Aðalumræðuefni á vorfundinum voru tvö. Varðandi afstöðu Norðurlanda á væntanlegri umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro var samþykktur texti þar sem lýst var stuðningi við tillöguna um aukningu framlaga til þróunaraðstoðar sem endurspeglaðist síðan í afstöðu Norðurlanda á Ríó-ráðstefnunni. Hins vegar var þróun mála í sunnanverðri Afríku rædd en þar er þróunaraðstoð Íslands mest. Vissar efasemdir eru komnar upp um gagnsemi þróunarsamstarfs Norðurlanda og SADC-landanna svonefndu. Sum Norðurlanda vilja halda að sér höndum og jafnvel hætta við hið formlega „Nordic SADC-initiative". Þó var samþykkt að stíga ekkert slíkt skref, heldur reyna að vinna með jákvæðu hugarfari að breytingunni, sérstaklega varðandi Suður-Afríkulýðveldið.

27.2. Nýjar skilgreiningar.

Á haustfundinum var eitt aðalumræðuefnið neyðarhjálp og aukin þörf fyrir slíka hjálp, nær og fjær. Í því sambandi kom einnig til umræðu tillaga sem komin er fram um að hugtakið „þróunarland" verði endurskilgreint með það í huga að ýmsir hlutar Austur-Evrópu heyri undir slíka skilgreiningu nú þegar. Þá kom fram gagnrýni á þátt Sameinuðu þjóðanna í neyðarhjálp og hvernig mætti bæta hann. Norðurlöndin leggja að jafnaði um 10% af þróunarframlögum sínum til neyðarhjálpar.

Annað mál, sem var mikið rætt á haustfundinum, var framtíð EK-B í ljósi skýrslu nefndar forsætisráðherranna um norræna samstarfið. Norðmenn (og Finnar) vilja berjast fyrir óbreyttu ástandi meðan hinir telja enga eftirsjá að EK-B og að auðvelt sé að halda áfram samstarfi þó að ekki sé um fastbundna nefnd og reglubundna fundi að ræða.

Næsti fundur í Kaupmannahöfn í vor gæti orðið sá síðasti.

28. Norræni þróunarsjóðurinn.

28.1. Fiskiskip til Malawi og fiskveiðistjórnunarverkefni í Chile.

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 250 millj. SDR (um 22 milljarðar ísl. kr.) og greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn" og kemur síðasti hlutinn til greiðslu árið 1998.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Fram til desember 1992 hefur stjórn sjóðsins veitt vilyrði fyrir lánum til 28 verkefna í 21 þróunarlandi að upphæð 98,6 millj. SDR (um 8,7 milljarðar ísl. kr.).

Eitt lán hefur verið undirritað þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Það er lán til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 millj. SDR (um 246 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Alþjóðabankanum. Samið var við Slippstöðina á Akureyri um smíði rannsóknaskips og fiskiskips til nota á Malawi-vatni. Rannsóknaskipið er komið til Malawi, en verið er að smíða fiskiskipið og búist við að það fari til Malawi vorið 1993. Norræni þróunarsjóðurinn fjármagnaði tækjabúnað í rannsóknaskipinu fyrir 200.000 SDR (um 17,6 millj. ísl. kr.) og fjármagnar fiskiskipið að fullu (695.000 SDR eða um 61 millj. ísl. kr.).

Veitt hefur verið vilyrði fyrir öðru láni til verkefnis þar sem íslensk fyrirtæki eiga hagsmuna að gæta. Það er fiskveiðistjórnunarverkefni í Chile og er lánsupphæðin 2,5 millj. SDR (um 200 millj. ísl. kr.). Norræni þróunarsjóðurinn mun taka þátt í verkefninu ásamt Norræna fjárfestingarbankanum og Alþjóðabankanum. Íslenskt ráðgjafarfyrirtæki hefur undirbúið verkefnið á vegum Alþjóðabankans. Íslensk ráðgjafarfyrirtæki standa vel að vígi til að ná samningum að upphæð um 80 millj. ísl. kr. og samningar um íslenskan hugbúnað og vogakerfi eru taldir geta numið 20 millj. ísl. kr. Verkefninu hefur seinkað en vonast er til að það geti hafist árið 1994.

28.2. Samstarf við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Afríska þróunarbankann.

Undirbúningur er hafinn að samstarfi Norræna þróunarsjóðsins, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Afríska þróunarbankans um fiskveiðiverkefni á Grænhöfðaeyjum. Norræni þróunarsjóðurinn hefur í allnokkrum mæli notað íslenska ráðgjafa við undirbúning fiskveiðiverkefna í fleiri löndum.

Sjóðurinn hefur sex starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson hagfræðingur, en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Stjórnarformaður nú er fulltrúi Íslands, dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

29. Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

29.1. Afkoma.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) skilaði góðum tekjuafgangi árið 1992 þrátt fyrir afturkipp í framleiðslu á Norðurlöndum, lægð í efnahag umheimsins, óróa á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði og hrun bankakerfisins í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Aðalástæður þessarar markverðu niðurstöðu má einkum rekja til eftirfarandi atriða:

1. Bankinn hefur í tiltölulega ríkum mæli lánað til traustra aðila á Norðurlöndunum, fyrirtækja, sjóða og sveitarfélaga, gegn góðum tryggingum.
2. Bankinn hefur hærri lánshæfiseinkunn en jafnvel sjálfir eigendur hans hver um sig, þ.e. ríkissjóðir einstakra Norðurlanda. Þetta er vegna sterkrar eiginfjárstöðu hans með ábyrgð eigenda og uppbyggingar eigin varasjóða. Hann getur því aflað lánsfjár á alþjóðamarkaði á afar hagstæðum kjörum.
3. Bankinn tryggir sig eftir mætti gegn gengisáhættu, eins og mælt er fyrir um í lögum um hann, með lána- og vaxtaskiptum, sem og framvirkum viðskiptum.
4. Þá hefur bankinn gætt hófs í aukningu útlána. Þannig hefur hann ekki nýtt til fulls þá heimild sem hann hefur til þess að lána út 2,5-falt stofnfé sitt.
5. Mikil áhersla hefur verið lögð á áhættumat og sífellt eftirlit með stöðu lánþega.

Reikningseining bankans er í SDR (sérstökum dráttarréttindum), en hver eining þeirra jafngilti 87,89 ísl. kr. 31. desember 1992. Frá og með 1. mars 1993 mun NIB nota eku (ECU) sem reikningseiningu.

Ágóði bankans jókst úr 40 millj. SDR árið 1991 í 45 millj. SDR árið 1992 eða um 11%, samanborið við 8% aukningu milli áranna 1990 og 1991.

Varðandi staðfest og líkleg útlánatöp, sem verða að teljast mjög lítil miðað við allar aðstæður, hefur bankaráð NIB lagt til við norrænu ráðherranefndina að beitt verði eftirfarandi aðferðum:

1. Sannreynd útlánatöp á árinu verði gjaldfærð beint. Þau námu 1 millj. SDR í tveimur verkefnum árið 1992.
2. Líkleg töp útlána á einstökum verkefnum í framtíðinni eru einnig gjaldfærð árið 1992. Þau nema 3,9 millj. SDR, þar af 1,2 millj. SDR vegna útflutningslánaverkefna. Þetta er í fyrsta sinn sem bankinn gjaldfærir líkleg töp.
3. Bankinn horfist einnig í augu við almenna markaðsáhættu vegna ótryggs efnahagsumhverfis. Þess vegna var afskriftasjóður útlána (kreditriskfond) aukinn um 15 millj. SDR árið 1992.
4. Í almennan varasjóð (reservfond) bankans voru lagðar 17. millj. SDR árið 1992.

Þá leggur bankaráðið til að arðsúthlutun nemi 10 millj. SDR, eða 880 millj. ísl. kr., árið 1992 sem er sama arðgreiðsla og árið 1991.

Samkvæmt þessu er eigið fé NIB í árslok 1992 í SDR:

Innborgað stofnfé	200.000.000,00
Varasjóður	210.221.449,68
Afskriftasjóður útlána	106.000.000,00
Afskriftasjóður útflutningslána	9.530.000,00
Samtals eigið fé	**525.751.449,68**

29.2. Almennt um starfsemina.

Útlánaaukning bankans var minni árið 1992 en 1991, bæði innan Norðurlanda og utan. Útborguð lán innan Norðurlanda jukust um 467 millj. SDR árið 1992 en 539 millj. SDR árið 1991. Alþjóðleg lán jukust um 76 millj. SDR árið 1992 en 111 millj. SDR árið áður. Laust fé NIB er drjúgt og nam 1.120 millj. SDR í árslok 1992. Niðurstöðutala efnahagsreiknings nam þá 5.799 millj. SDR.

Ný lán og ábyrgðir á árinu 1992 skiptust þannig á milli Norðurlandanna:

	SDR	%	Fjöldi
Danmörk	45,9	10	5
Finnland	130,3	28	20
Ísland	29,8	6	8
Noregur	30,5	7	3
Svíþjóð	230,1	49	10
Samtals	**477,6**	**100**	**46**

Útlán og ábyrgðir í heild til Norðurlanda í árslok 1992 skiptust þannig:

	SDR	%	Fjöldi
Danmörk	637,3	19,7	63
Finnland	884,4	27,4	192
Ísland	267,9	8,3	67
Noregur	420,1	13,0	62
Svíþjóð	1.003,0	31,1	124
Útlán alls	3.212,6	99,5	508
Ábyrgðir, Svíþjóð	16,5	0,5	1
Samtals lán og ábyrgðir	**3.229,1**	**100,0**	**509**

Af nýmælum í starfsemi bankans ber helst að nefna fjárfestingarlán til Eystrasaltsríkjanna. Sú starfsemi var sett á laggirnar af ríkisstjórnum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í mars 1992. Henni er ætlað að örva fjárfestingu í litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum í Eystrasaltslöndunum. NIB stjórnar annars vegar tæknilegum þróunarsjóði sem nemur 5 millj. ekna en hins vegar stendur hann fyrir fjárfestingarlánum allt að 30 millj. ekna sem eru með fullri ábyrgð ríkisstjórna Norðurlanda. Einnig hefur bankinn áfram tekið þátt í starfi að undirbúningi hreinsunar Eystrasalts.

Árið 1991 samþykkti norræna ráðherranefndin hækkun stofnfjár bankans frá og með 1. apríl 1993 um 800 millj. SDR, úr 1.600 millj. SDR í 2.400 millj. SDR.

Þá hefur bankaráðið ákveðið að fjalla um framtíðarstefnu bankans á fundi í mars 1993. Er þetta gert með sérstöku tilliti til hlutverks bankans með væntanlegri tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins og til þess að meta stöðu hans við breyttar aðstæður á fjármagnsmarkaði.

Hjá bankanum störfuðu 95 manns í árslok 1992, þar af þrír Íslendingar. Bankastjóri hans er Jannik Lindbæk. Í bankaráði sitja af hálfu Íslands Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Magnússon prófessor. Varamenn þeirra eru Tómas Árnason bankastjóri og Ásgeir Jóhannesson forstjóri.

30. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NoPEF).

30.1. Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nordiska projektexportfonden, NoPEF) er að hvetja til samstarfs norrænna fyrirtækja og þátttöku þeirra í útflutningsverkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru arðbær og þjóna hagsmunum Norðurlandanna. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings en annars ekki.

Auk þessarar meginstarfsemi beitir sjóðurinn sér fyrir athugunum sem hafa almenna þýðingu fyrir norrænan verkútflutning. Þannig beitir hann sér fyrir sérstökum könnunum á sóknarfærum í verkútflutningi, svo sem á nýjum mörkuðum eða á nýjum sviðum. Þá getur NoPEF haft frumkvæði að verkútflutningi með því að koma á samstarfi fyrirtækja.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn gengst einnig fyrir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum á sviðum og mörkuðum sem teljast áhugaverð fyrir norrænt atvinnulíf.

30.2. Smá og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

Loks felur Norðurlandaráð sjóðnum tímabundin verkefni af ýmsu tagi. Þannig var sjóðnum falið að ráðstafa um 300 millj. kr. á árunum 1990–1992 til þess að örva útflutning sem stuðlar að umhverfisvernd og nú hefur sjóðnum verið falið að örva fjárfestingu í baltnesku löndunum samkvæmt sérstakri áætlun sem nefnist Baltneska fjárfestingaráætlunin.

Þáttur NoPEF í Baltnesku fjárfestingaráætluninni snýr að stuðningi við athuganir á uppbyggingu smárra og meðalstórra fyrirtækja í baltnesku löndunum í samvinnu við norræn fyrirtæki. Samkvæmt áætluninni hefur sjóðurinn 5 millj. ekna (um 400 millj. ísl. kr.) til ráðstöfunar í þessu skyni á næstu þremur árum.

30.3. 684 verkefni á tíu árum.

NoPEF hefur nú starfað í tíu ár og fjallað um 684 verkefni og þar af samþykkt lán og styrki til 370 verkefna að fjárhæð rúmlega 1 milljarður kr. Á árinu 1992 veitti sjóðurinn styrki til 58 verkefna. Þessi verkefni skiptust þannig á Norðurlöndin og markaðssvæði:

	Fjöldi		Fjöldi
Danmörk	9	Austur-Evrópa	44
Finnland	16	Asía	11
Ísland	2	Suður-Ameríka	2
Noregur	11	Afríka	1
Svíþjóð	13		
Samtals	**58**	**Samtals**	**58**

30.4. 15 íslensk verkefni.

Samtals hafa 15 íslensk verkefni fengið stuðning frá sjóðnum að fjárhæð 35 milljónir króna. Flest verkefnanna hafa tengst sjávarútvegi og orkubúskap, enda hafa Íslendingar haft fram að bjóða þekkingu á þessum sviðum sem er samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. En einnig hefur sjóðurinn styrkt íslensk útflutningsverkefni á öðrum sviðum, nú síðast forathugun á stofnun fyrirtækis um framleiðslu dreypilyfja og skolvökva fyrir sjúkrahús í Litáen. Að auki tengjast íslenskir hagsmunir mörgum almennum verkefnum sem sjóðurinn hefur beitt sér fyrir í þágu atvinnulífs á Norðurlöndum.

Á árinu 1992 veitti NoPEF styrki til tveggja íslenskra verkefna sem eftirtalin fyrirtæki stóðu að:

	Finnsk mörk
Oman-Icelandic Fisheries	481.000
Lyfjaverslun ríkisins	529.000

Verkefni Oman-Icelandic Fisheries er samstarfsverkefni nokkurra íslenskra og sænskra aðila um möguleika á fiskveiði og vinnslu í Oman. Lyfjaverslun ríkisins og Heilsufélagið hf. hafa í undirbúningi stofnun fyrirtækis um framleiðslu dreypilyfja og skolvökva

fyrir sjúkrahús í Litáen. Að auki tengist íslenskt fyrirtæki sænsku verkefni vegna athugunar á fiskvinnslu í Kína.

NoPEF, sem settur var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Af Íslands hálfu sitja í stjórn sjóðsins Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Stefán Friðfinnsson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka. Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur er forstjóri NoPEF.

31. Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn var stofnaður árið 1973. Sjóðurinn verður því 20 ára á árinu 1993. Tilgangur Norræna iðnaðarsjóðsins er að hvetja til norrænnar samvinnu um tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Auk þess á sjóðurinn að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni afurða, framleiðsluferla og þjónustu innan Norðurlanda með þátttöku í verkefnum og áætlunum á sviði tæknirannsókna og iðnþróunar. Sjóðurinn á að starfa með atvinnulífinu, rannsóknaaðilum og yfirvöldum á Norðurlöndum, meðal annars með því að stuðla að aukinni framleiðni í norrænum rannsóknum.

Heildarfjárhæð sérverkefna, sem við tókum þátt í, nam á árinu 1992 389 millj. n.kr. Hlutur sjóðsins í þessum verkefnum var 102,2 millj. n.kr.. Til samanburðar var hlutur sjóðsins árið 1991 123,3 millj. n.kr. af 335 millj. n.kr. Alls var veitt fé til 119 verkefna. Skipting fjárins eftir verkefnasviðum, ásamt hlutfallslegri skiptingu, var eftirfarandi:

Efnistækni	23%
Líftækni	20,5%
Umhverfistækni	9,6%
Samstarf ýmissa aðila	10%
Til ýmissa annarra verkefna	35%

Norræni iðnaðarsjóðurinn er stofnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (iðnaðarráðherra) með aðsetur í Ósló. Árið 1992 störfuðu 17 manns í fullu starfi auk hlutastarfa. Starfsmenn sjóðsins eru frá öllum Norðurlöndum og hjá sjóðnum starfar einn Íslendingur, Snæbjörn Kristjánsson verkfræðingur. Í stjórn sjóðsins af Íslands hálfu sátu árið 1992 Guðmundur Einarsson, Páll Kr. Pálsson til 8. apríl 1992 og Hallgrímur Jónasson frá 9. apríl 1992. Stjórn sjóðsins skipa tveir fulltrúar frá hverju landi.

Á seinni árum hefur þátttaka Íslendinga í verkefnum á vegum sjóðsins aukist. M.a. hefur verið ráðist í verkefni á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Þáttur Íslendinga hefur vaxið með árunum og nam 3% árið 1985, 7% árið 1990, 6% árið 1991 og 5% árið 1992. Hlutur Íslendinga í greiðslum til sjóðsins er 1%.

Starfsemi sjóðsins hefur skipt miklu máli fyrir þróun íslenskrar rannsóknastarfsemi. Á undanförnum árum hafa komið í hlut íslenskra aðila u.þ.b. 60–90 millj. ísl. kr. á ári. Íslensk verkefni sem Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur veitt fé til á undanförnum árum eru á milli 35 og 40 á ári. Stærstu verkefnin, sem fé er veitt til hér á landi, eru á sviði upplýsingatækni, framleiðslutækni og sjálfvirkni í fiskiðnaði, líftækni og efnistækni. Þessi rannsókna- og þróunarvinna hefur skipt miklu máli í íslensku þróunarumhverfi og hefur reynst mikilvægur undirbúningur að þátttöku okkar í evrópsku rannsóknasamstarfi.

Frá miðju ári 1991 hefur stjórn sjóðsins rætt nýja stefnumörkun til næstu ára. Breytingarnar og samrunaferlið í Evrópu munu hafa mikil áhrif á rannsóknir, þróun og nýsköpun. Frá árinu 1986 og 1987 hefur Norræni iðnaðarsjóðurinn beitt kröftum sínum á fjórum breiðum tæknisviðum, þ.e. upplýsingatækni, líftækni, efnistækni og umhverfistækni. Fyrirséð er að Norðurlöndin munu taka þátt í hinu öfluga rannsóknasamstarfi Evrópubandalagsins vegna EES-samninga. Rammaáætlanir Evrópubandalagsins um rannsóknir byggja í mjög grófum dráttum á sömu tækniáherslu. Með hliðsjón af tækniþróuninni innan EB og markaðslegri sérstöðu atvinnulífs á Norðurlöndum taldi stjórn Norræna iðnaðarsjóðsins rétt að breyta áherslum hans. Á síðasta ári var lögð fram ný stefnumörkun fyrir sjóðinn sem miðað er við að taki gildi árið 1993.

Samkvæmt þeirri áætlun munu þrír fjórðu hlutar ráðstöfunarfjár sjóðsins í aðalatriðum verða veittir til þriggja sviða. Lagt er til að árin 1993–1996 verði eftirfarandi þrjú forgangssvið við val rannsókna- og þróunarverkefna:

— Ný tækni í matvælaiðnaði, þar með talinn fiskiðnaður.
— Efnistækni léttra burðarhluta, t.d. úr áli og plasti.
— Ný tækni í skógar- og tréiðnaði.

Með þessum áherslum er leitað jafnvægis milli hagsmuna allra Norðurlandanna. Stefnumörkunin felur auk þess í sér að sjóðurinn hætti að veita lán og ábyrgðir og muni hér eftir aðeins veita styrki, en það er í fullu samræmi við þróunina í starfsemi hans. Langstærsti hluti verkefna sjóðsins nýtur styrkja.

32. Norrænt samstarf í líftækni.

32.1. Samstarfsnefnd um líftækni (NKB).

Norrænu líftækniáætluninni var hrundið af stað eftir samþykkt 36. þings Norðurlandaráðs 1988 og lauk formlega í árslok 1992. Enn er þó unnið að lúkningu nokkurra verkefna. Samstarfsráðherrar Norðurlanda féllust á tillögur stjórnar líftækniáætlunar (NPB) þess efnis að viðhalda þyrfti samræmingarhlutverki því sem stjórnin hefði gegnt eftir að líftækniáætluninni lyki, enda þótt sérstök norræn fjárveiting til starfseminnar minnkaði verulega. Í þessu skyni var komið á laggirnar norrænni samstarfsnefnd um líftækni (Nordisk Koordineringskommitté för Bioteknologi — NKB), og hófst starfsemi hennar 1. janúar 1993. Fulltrúi Íslands í NKB er dr. Jakob K. Kristjánsson hjá Iðntæknistofnun.

32.2. Framhald á norrænu líftækniáætluninni.

Umræður í Norðurlandaráði og á vegum samstarfsráðherra Norðurlanda benda til þess að framhald norræns líftæknisamstarfs verði nú komið undir öðrum aðilum í Norðurlandasamstarfinu, svo sem Norræna iðnaðarsjóðnum (NI) og norrænu landbúnaðar- og skógarnytjanefndinni, og síðan ríkjunum sjálfum. Formlega er því norrænni líftækniáætlun lokið. Þátttakendur í ýmsum verkefnum leita þó leiða til þess að halda áfram árangursríku samstarfi.

Vísindamenn og ýmsir fulltrúar atvinnulífs hafa haldið því fram að þær forsendur, sem leiddu til sérstaks líftækniátaks á Norðurlöndum, séu enn í fullu gildi. Meðal annars hefur verið bent á þann ávinning sem framhald hefði haft til þess að styrkja stöðu Norðurlandanna í aukinni samvinnu á vettvangi vísinda- og tæknisamstarfs Evrópubandalagsins á grundvelli EES-samningsins.

Íslenskir vísindamenn hafa með þátttöku sinni í verkefnum norrænu líftækniáætlunarinnar komist í samstarf við starfsbræður sína í fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlöndum í slíkum mæli að óhugsandi hefði verið án áætlunarinnar. Þannig hafa þeir fengið aðgang að tækniþekkingu og aðstöðu sem ekki hefur verið til staðar hér á landi. Þeir hafa jafnframt getað lagt þessu samstarfi til þá sérfræðikunnáttu sem hér hefur orðið til og ekki er tiltæk annars staðar. Íslenskir vísindamenn hafa með ágætum staðist þann stranga faglega samanburð sem gerður var við val verkefna sem voru hluti af þessu norræna átaki.

Tekist hefur að afla milli 20–30 millj. kr. árlega til íslenskra líftæknirannsókna af verkefnafé norrænu líftækniáætlunarinnar. Í tilfinnanlegum skorti á verkefnafé til rannsókna hér á landi hefur sá möguleiki íslenskra vísindamanna að leita fjár erlendis rýrst til muna.

Verkefni stjórnar norrænu líftækniáætlunarinnar (NPB) fjölluðu m.a. um erfðatækni, líftækni í umhverfismálum, ónæmiskerfi og HUGO — erfðamengi mannsins. Hlutur Norræna iðnaðarsjóðsins í líftækniáætluninni var m.a. verkefni sem snerust um verkfræði eggjahvítuefna, hita- og kuldakærar örverur og ensím úr þeim, líftækni í matvælaiðnaði, líftækni plöntufrumu og framleiðslutækni. Norræna landbúnaðar- og skógarnytjanefndin (NÄJS) hefur að sínu leyti lagt áherslu á að miðla þekkingu, skapa möguleika til samstarfs og styrkja ákveðin verkefni. Eitt stórra verkefna, sem NÄJS hefur kostað og er undir verkstjórn Dana, fjallar um kynákvörðun, varðveislu og stýringu á myndun fósturvísa, m.a. hjá nautgripum.

Í stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar var Eiríkur Baldursson, deildarstjóri Rannsóknaráðs ríkisins, fulltrúi Íslands, en varamaður hans dr. Jakob K. Kristjánsson.

32.3. Siðfræðilegar hliðar líftækni.

Við gerð sameiginlegrar norrænnar líftækniáætlunar var af hálfu stjórnmálamanna mikil áhersla lögð á að siðfræðilegum atriðum yrðu gerð góð skil og umræða um þau vakin, samtímis sem unnið yrði að rannsóknum með líftæknilegum aðferðum. Starfshópur var settur á laggirnar til þess að vekja umræðu um siðferðilegar spurningar sem koma upp við notkun líftæknilegra aðferða í rannsóknum, greiningu, landbúnaði og iðnaði en ekki að setja reglur þar um.

Nefndin var sett á stofn árið 1988. Á Norðurlöndum er þegar rekið víðtækt rannsóknastarf í líftækni. Þetta starf nær yfir frumu- og erfðatækni, læknisfræði, landbúnaðargreinar, fiskrækt, iðnaðarnot af lífrænu hráefni og umhverfisvernd, svo og þýðingu líftækni fyrir þróunarlönd. Noregur einn varði til rannsókna á þessum sviðum 484 millj. n.kr. á árunum 1990–1992. Um það bil helmingurinn af þessari upphæð fór til að koma fótum undir iðnaðarframleiðslu úr lífrænu hráefni.

Norræna ráðherraráðið samþykkti árið 1988 samvinnuáætlun um líftækni og ákvað jafnframt sama ár að setja á stofn sérstaka nefnd til að rannsaka siðfræðileg áhorfsmál í líftæknirannsóknum. Í nefndinni tóku sæti tveir menn frá hverju aðildarlandi Norðurlandaráðs. Henni var sett starfsskrá, og eru þetta aðalatriðin:

1. Safna skal efni um líftæknirannsóknir þar sem sérstaklega hafa komið í ljós álitamál sem ræða þarf.
2. Komast skal að samkomulagi um almennar viðmiðanir til lausnar á slíkum álitamálum.

3. Vinna skal úr ákveðnum álitamálum sem upp koma.
4. Vera skal norrænni samstarfsnefnd um líftæknirannsóknir til fulltingis um mat á áhættuþáttum í rannsóknum.

Nefndin ákvað á fyrstu fundum sínum að hún mundi ekki komast yfir að leysa úr öllum vandamálum á þeim sviðum sem ofangreind starfsskrá nær yfir. Það var því samþykkt að beina athyglinni að völdum dæmum um áhættu í rannsóknum, vinna þessi dæmi til enda og birta síðan niðurstöður og líta svo á að þessi dæmi gætu orðið rannsóknamönnum viðmiðun við tilhögun rannsókna. Það var samdóma álit nefndarmanna að nefndin teldi sér ekki fært að semja almenna og algilda mælikvarða sem síðan væri hægt að nota til að dæma um einstök tilfelli. Aðferðin hlyti að vera sú að rannsaka afmörkuð tilfelli, og síðan yrðu rannsóknamenn að dæma hver fyrir sig um hvort þeir gætu tekið tillit til þeirra greiningaraðferða sem notaðar eru við úrvinnslu dæmisins í þeirra eigin starfi.

Líftækni tekur yfir mjög vítt svið, allt frá örverum og einföldum jurtum til stærstu spendýra og manna. Því var ákveðið að taka dæmi um rannsóknir á mönnum, dýrum, jurtum og örverum.

Líffræðingar og læknar, sem í nefndinni sátu, fengu það verkefni að finna dæmi sem síðan skyldi unnið að.

Niðurstaðan varð sú að valin voru eftirtalin viðfangsefni:

1. Greining erfðagalla sem veldur sjúkdómnum cystic fibrosis.
2. Rannsóknir sem beinast að því að breyta erfðaefni áa svo að úr mjólk þeirra megi einangra efni sem örvar blóðstorknun og hægt er að nota til að hjálpa dreyrasjúkum.
3. Erfðabreyttir tómatar sem hrinda frekar af sér en venjulegir tómatar árásum alls kyns skordýra.
4. Erfðabreyttar örverur sem framleiða skordýraeyðandi efni sem hægt er að dreifa yfir akra í stað eiturefna gegn skordýrum.

Niðurstaðan af vinnu við þessi dæmi var kynnt í skýrslu sem dagsett er í ágúst 1990. Inngangur skýrslunnar er helgaður almennum siðfræðilegum matsreglum. Þar er aðallega byggt á svokallaðri nytjahyggju og lögð á það áhersla að vegið sé og metið hver hefur hag af ákveðinni lausn í málinu.

Athuguð voru í ljósi þessarar siðfræði siðfræðileg vandamál, t.d. þau sem felast í eftirfarandi dæmum:

1. Cystic fibrosis erfist víkjandi og sjúkdómurinn kemur því aðeins fram að gallað gen erfist frá báðum foreldrum. Hægt er að greina gallann í sjúklingum, nýfæddum börnum, sem talin eru í hættu, og í fóstrum. Einnig má greina gallann meðal heilbrigðra arfbera. Greining gallans í sjúklingum og nýfæddum systkinum sjúklinga getur vart talist siðfræðilegt vandamál. Hér er um bætta greiningaraðferð að ræða sem leitt getur til skilvirkari og betri sjúkdómsmeðferðar. Greining á fósturskeiði vekur hins vegar spurningar um réttmæti hugsanlegrar fóstureyðingar. Greining arfbera getur einnig vakið siðfræðilegar spurningar. Í þessu tilfelli eru arfblendnir arfberar fullkomlega eðlilegir og áhrif erfðagallans engin nema maki hafi nákvæmlega sama galla. Greining arfbera er vart tæknilega möguleg nema meðal ættingja þeirra sem þegar hafa greinst með sjúkdóminn og að auki væri kostnaður við slíka greiningu í öðrum en fjölskyldum cystic fibrosis sjúklinga ekki réttlætanlegur.
2. Annað dæmi fjallar um það hvort það er siðfræðilega réttlætanlegt að nota dýr sem tæki til að þjóna læknisfræðilegum hagsmunum manna. Það er nú tæknilega mögulegt að yfirfæra frá mönnum gen fyrir svokallaðan storkuþátt IX (storknunarefni) og

láta það sameinast geni fyrir beta-laktoglóbúlín í frjóvguðu eggi ær. Síðan er storkuþáttur IX einangraður úr mjólkinni. Gert er ráð fyrir að þessar erfðabreyttu ær verði slakar til heilsunnar og einungis notaðar til framleiðslu á þessu eina efni. Vandamálið í þessu tilfelli er hvort réttlætanlegt sé að nýta lifandi verur í þágu iðnaðar og hagsmuna mannsins.

Þriðja og fjórða dæmi eru skyld.

3. Flytja má gen úr bakteríu sem heitir Bacillus thuringiensis í tómata og fá þeir þá í sig eitur sem drepur lirfur er éta blöð plöntunnar. Það er óskaðlegt mönnum. Einnig er fyrirhugað að haga genaflutningnum þannig að eitrið setjist aðeins að í blöðum plöntunnar, og verjist hún þá ásókn skordýra en ávöxturinn verði laus við eitrið.
4. Efnið, sem Bacillus thuringiensis framleiðir, heitir BT-toxín. Taka má genið, sem veldur eiturframleiðslunni, og flytja það í aðra örveru, pseudomonas fluorecens, og dreifa síðan þeirri bakteríu með útsæði. Það hefði í för með sér að skordýr, sem leggðust á jurtirnar, ætu eitrið og dræpust. Í þessu tilfelli er spurningin sú hvort það er algerlega áhættulaust að dreifa þessari erfðabreyttu örveru á akra og tún. Vandamálið er að ekki verður úr því skorið í tilraunastofu. Það verður að gera það með því að dreifa örverunni út í náttúruna. Þá kemur í ljós hvort hún veldur umhverfisskaða eða ekki.

Frá þessum málefnum er skýrt í áfangaskýrslu þeirri sem nefnd var hér að framan.

Að loknu þessu starfi beindi nefndin sér að því að skipuleggja ráðstefnu sem haldin var í Kaupmannahöfn 18.–19. apríl 1991 undir fyrirsögninni: Áhættumat og siðfræði. Þar tóku til máls fyrirlesarar frá öllum Norðurlöndum, bæði nefndarmenn og menn utan hennar. Erindin voru gefin út í sérstöku hefti, *Risk, bioteknologi och etik*, af norræna ráðherraráðinu árið 1992.

Alls eru átta erindi prentuð í þessu hefti. Göran Hermerén talaði um áhættumat. Kari Poikolainen talaði um það hvernig menn skynja hættu. Nils-Eric Sahlin talaði um þá áhættu sem tekin er þegar eiturefni eru framleidd og síðan þegar þau fara að dreifa sér víða um náttúruna. Páll Skúlason fjallaði almennt um afstöðu manneskjunnar til náttúrunnar, Jörgen Steen Nielsen um erfðatækni og siðfræði og Johs. Kjósbakken um nýtingu á örverum til að eyða olíubrák. Matti Sarvas um talaði um nýtt bóluefni gegn hundaæði og loks talaði Lars Rask um erfðabreyttar rófur.

Þá skipulagði nefndin ráðstefnu í Lundi dagana 28.–29. apríl 1992 um einkaleyfi á lífverum. Þetta var fjölmenn ráðstefna og tóku þátt í henni sérfræðingar á sviðum líffræði, lögfræði og siðfræði. Einnig voru blaðamenn viðstaddir. Þótti sú ráðstefna hafa tekist vel. Erindin, sem flutt voru á þessum fundi, voru gefin út af norræna ráðherraráðinu í ársbyrjun 1993. Heftið nefnist *Patent på liv*?

Næsta verkefni nefndarinnar var að skipuleggja ráðstefnu sem halda skal í Helsinki vorið 1993 um notkun eða hagnýtingu erfðabreyttra lífvera. Til undirbúnings var haldinn fundur í Reykjavík 17.–18. september 1992 og annar í Helsingfors 9.–10. desember 1992.

Í árslok 1992 lauk nefnd sú störfum sem stofnuð var 1988. Samkvæmt ákvörðun norræna ráðherraráðsins frá 16. september 1992 ber að leggja niður frá og með 31. desember 1992 áðurnefnda norræna áætlunarnefnd fyrir líftækni. Í staðinn skal koma samræmingarnefnd fyrir líftækni og skal hún starfa í þrjú ár, einn fulltrúi frá hverju landi. Jafnframt var ákveðið að ný norræn nefnd fyrir siðfræðivandamál í líftækni skyldi stofnuð frá og með 1. janúar 1993 og skal hún starfa í þrjú ár. Við þá breytingu gekk prófessor Arnór Hannibalsson út úr nefndinni en umhverfisráðherra Íslands og samstarfsráðherra Norður-

landa, Eiður Guðnason, skipaði dr. Jórunn Erlu Eyfjörð og dr. Erlend Jónsson í hina nýju siðfræðinefnd.

33. Norræna eldfjallastöðin.

33.1. Rannsóknir í eldfjallafræði.

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina og er kostuð af henni. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers frá Finnlandi, en dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stöðinni forstöðu.

Í reglugerð fyrir stöðina frá árinu 1973 er hlutverk hennar skilgreint svo: „Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknasvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar einnig frá öðrum löndum, aðstöðu til rannsókna í eldfjallafræði og tengdum greinum."

33.2. Sjálfvirk vöktunarkerfi í Kröflu, Vestmannaeyjum og á Asoreyjum.

Rannsóknir stofnunarinnar beinast að því að svara spurningum um eðlis- og efnafræðilegar forsendur eldvirkni.

Lega Íslands á eldvirkum úthafshrygg beinir rannsóknum stofnunarinnar inn á þau sérsvið sem varða eiginleika rekhryggja jarðarinnar. Rekhryggir liggja á botni úthafanna og eru alls 60.000 km langir, en Ísland er eina úthafseyjan sem rekhryggur liggur um.

Leitað er svara við spurningum um styrk og broteiginleika jarðskorpunnar, uppruna og þróun bergkviku, flutning kviku til yfirborðs og gagnkvæm áhrif kviku og grannbergsins sem hún snertir. Einnig er leitað svara við spurningum um hegðun eldvirkninnar á fyrri tímum, áhrif eldvirkni á loftslag og áhrif loftslags á eldvirkni, einkum á tímum stórfelldra loftslagsbreytinga á ísöldum.

Svara er leitað við spurningum um áhrif grunnvatns á goshegðun og þau ferli sem skilja á milli sprengigosa og hraungosa.

Öll svör við spurningum af þessu tagi auka skilning á eðli eldvirkninnar og auðvelda búsetu í eldvirkum löndum. Stofnunin leitast við að nýta og auka við þekkingu á eldvirkni með því að þróa og reka viðvörunarkerfi, byggð á hátækni. Sjálfvirk vöktunarkerfi hafa verið sett upp í Kröflu, Vestmannaeyjum og á Asoreyjum, en auk þess á fjölmörgum mælistöðum sem eru endurmældir með mislöngu millibili.

33.3. 100 greinar í alþjóðlegum tímaritum.

Stofnunin leggur áherslu á að birta niðurstöður rannsókna í alþjóðlegum tímaritum sem setja strangar gæðakröfur. Frá upphafi hafa um 100 slíkar greinar verið birtar. Minni áhersla er lögð á birtingu áfangaskýrslna, en um 60 skýrslur hafa verið gefnar út. Rit stofnunarinnar eru gefin út á ensku.

Stofnunin hefur einnig lagt áherslu á að kynna eldfjallafræði í ritum og sjónvarpsþáttum fyrir almenning, bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

33.4. Hvetjandi rannsóknarumhverfi fyrir styrkþega.

Norræna eldfjallastöðin var sett á fót í þeim tilgangi að skapa hvetjandi rannsóknarumhverfi, sem höfðaði til fjölþjóðlegs vísindasamfélags. Stofnunin hefur haft til umráða fimm stöður styrkþega sem stjórn stofnunarinnar skipar í til eins árs í senn með möguleika á framlengingu til allt að þriggja ára. Frá upphafi hafa 55 norrænir vísindamenn dvalið við stofnunina. Hver styrkþegi fær rannsóknarverkefni til úrvinnslu og er til þess ætlast að verkinu ljúki með birtingu á niðurstöðu við lok dvalar. Flestir styrkþegar eru ungt fólk sem hefur nýlokið embættisprófi. Margir nota dvölina við stofnunina til að öðlast æðri menntagráðu, ýmist „licensiat" eða doktorsgráðu við háskóla í heimalandinu.

Það er áberandi að margir af styrkþegum Norrænu eldfjallastöðvarinnar fara til enn frekari sérhæfingar til dvalar við stofnanir utan Norðurlanda. Oftast er ástæðan sú að dvölin við stofnunina leiddi til alþjóðlegra tengsla sem greiddu götu þessa fólks til frekari rannsóknastarfa.

33.5. Mikil aðsókn í rannsóknastöður.

Aðsókn í rannsóknastöður við Norrænu eldfjallastöðina er langt umfram getu stofnunarinnar til að veita styrki. Að jafnaði eru umsóknir þrisvar til fimm sinnum fleiri en hægt er að sinna. Ásókn manna utan Norðurlanda er einnig mikil, en stofnunin hefur enn sem komið er ekki farið inn á þá braut að styrkja aðra en Norðurlandabúa. Stofnunin hefur hins vegar tekið á móti fólki, sem fær styrki eftir öðrum leiðum, t.d. styrkþegum Fulbright-stofnunarinnar bandarísku. Í samvinnu við háskóla í Frakklandi, Bretlandi og Þýskalandi hefur stofnunin haft veruleg afskipti af allmörgum doktorsverkefnum sem voru unnin að hluta til við Norrænu eldfjallastöðina.

Breytingar á samfélögum Austur-Evrópu hafa leitt til þess að norræna ráðherranefndin leggur áherslu á aukna samvinnu við þau, einkum Eystrasaltslöndin. Norræna eldfjallastöðin hefur brugðist við þessum nýju viðhorfum með því að bjóðast til að veita vísindamönnum frá þessum löndum aðstöðu við stofnunina. Fjárveiting fékkst til að bjóða einum manni til ársdvalar og hefur staðan verið auglýst í öllum Eystrasaltslöndunum, en reiknað er með að umsækjandi dvelji við stofnunina frá 1. júní 1993 til 31. maí 1994.

33.6. Krafla eitt sex „tilraunaeldfjalla".

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur átt sæti í nefnd á vegum vísindaráðs Evrópu (European Science Foundation) sem hafði það verkefni að skipuleggja eldfjallarannsóknir í Evrópu á næstu árum. Nefndin hefur skilgreint verkefni sem nefnist „European Volcanology Project (EVOP), en markmiðið er að beina athyglinni fyrst og fremst að sex evrópskum eldfjöllum og leita leiða til að fjármagna dýrari rannsóknir en hingað til hefur verið hægt að gera. Krafla er eitt þessara sex tilraunaeldfjalla. Starf nefndarinnar hefur nú leitt til þess að einn af vísindasjóðum Evrópubandalagsins (Environment 1991–1994) hefur skilgreint eldfjallafræði sem deild í umhverfismálasjóðnum. Kröfluverkefnið verður fjölþjóðleg samvinna með þátttöku vísindamanna frá Frakklandi, Bretlandi, Spáni, Portúgal, Þýskalandi og Grikklandi.

Norræna eldfjallastöðin hafði frumkvæði að því að flestar stofnanir íslenskar á sviði jarðvísinda sendu umfangsmiklar umsóknir til Umhverfismálasjóðs Evrópubandalagsins í janúar 1992. Það var gert í þeirri trú að Ísland væri fullgildur aðili að Umhverfismálasjóðnum allt frá 1991. Þegar til kom reyndist svo ekki vera, en styrkhæfni íslenskra stofnana er háð fullgildingu EES-samningsins. Þáttur Íslendinga er því í biðstöðu, en umsóknirnar verða væntanlega teknar til meðferðar við fullgildingu EES-samningsins. Nor-

ræna eldfjallastöðin er virkur þátttakandi í Kröfluverkefninu en á auk þess stóran hlut í Furnas-verkefninu á Asoreyjum sem búið er að samþykkja.

33.7. Vaxandi stofnun.

Norræna eldfjallastöðin er virkur þátttakandi í verkefni á vegum European Science Foundation sem fjallar um þróun og prófun tækja til símælinga á jarðeðlisfræðilegum breytum. Þátttaka stofnunarinnar er annars vegar rekstur tækja, sem eru hönnuð og smíðuð í stofnuninni, við staðlaðar aðstæður í gamalli kalksteinsnámu í Lúxemborg. Samstarfsaðilar hafa komið tækjum sínum fyrir á þessum stað og geta borið saman hæfni þeirra til ýmiss konar mælinga. Hluti verkefnisins er þróun nýrra skynjara og hönnun tækja, einkum til mælinga á hreyfingum jarðskorpunnar.

Síaukin samvinna við erlendar og innlendar stofnanir ásamt góðum undirtektum ráðherranefndarinnar við beiðnum um fé til tækjakaupa og sérverkefna hafa leitt til stöðugs vaxtar Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

34. Norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir.

Mikilvægasta norræna samstarfsverkefnið um jarðskjálftarannsóknir nú er SIL-verkefnið og er vísað til lýsingar á því verkefni í fyrri skýrslum. SIL-verkefnið felst í því að byggja gagnasöfnunarkerfi til sjálfvirkrar samtímaúrvinnslu jarðskjálftamælinga á Suðurlandsundirlendi, sem og rannsóknum til grundvallar jarðskjálftaspám.

Á árinu hefur verið unnið að því að auka hæfni SIL-gagnasöfnunarnetsins hvað varðar gæði gagna og öryggi í því að nema og vinna úr hinum smæstu hreyfingum. SIL-kerfið hefur verið kynnt á ráðstefnum innan lands á árinu, en einnig á fjölþjóðaráðstefnum í Japan, Bandaríkjunum, fyrrum Tékkóslóvakíu og Finnlandi. Kerfið þykir nú í fremstu röð slíkra kerfa í heiminum og hefur fengið mjög góða dóma sérfræðinga. Miklar líkur eru á að slíkt kerfi verði sett upp í Svíþjóð á næstunni.

Öll gögn frá SIL-kefinu eru opin til rannsókna hvar sem er í heiminum, og eru gögnin víða notuð. Mikilvæg rannsóknarverkefni á grundvelli SIL-gagna eru nú í gangi á Íslandi, í Svíþjóð og í Noregi, öll studd að einhverju leyti af rannsóknafjármagni sem Norðurlöndin hafa veitt sameiginlega til þessa samstarfsverkefnis.

Sótt hefur verið um fjármagn til NorFA til að halda vinnufund (workshop) í nóvember á þessu ári á Íslandi þar sem saman kæmu sem flestir þeirra sem að slíkum verkefnum hafa unnið til að gera sameiginlega úttekt á árangri verkefnisins og leggja drög að nýjum áföngum í þessum rannsóknum. SIL-verkefninu, sem fyrst var veitt fé til árið 1988, lýkur formlega í lok ársins 1993.

Stjórn SIL-verkefnisins hélt fund í Espoo í Finnlandi 4. september sl. í framhaldi af ráðstefnu norrænna jarðskjálftafræðinga þar. Slíkir fundir norrænna jarðskjálftafræðinga eru árlega og er þeim dreift jafnt á Norðurlöndin. Að jafnaði sækja þessar ráðstefnur um 60 jarðskjálftafræðingar frá Norðurlöndunum, auk nokkurra gesta annars staðar frá. Að þessu sinni sóttu tveir Íslendingar ráðstefnuna í Finnlandi. Þess má geta að stofnanir viðkomandi þátttakenda borga allan ferðakostnað vegna þessara ráðstefna.

Á stjórnarfundi SIL í Espoo var gerð eftirfarandi samþykkt: „Í ljósi hins mikla árangurs SIL-kerfisins á Suðurlandsundirlendi leggur stjórnin áherslu á mikilvægi þess að leggja fjármagn í að útvíkka notagildi kerfisins og gera það aðgengilegra fyrir Norðurlöndin."

Nú þegar er farið að útvíkka, til fleiri staða á Íslandi, kerfi sem tengist SIL-kerfinu og nýtur góðs af miðstöð og sjálfvirknibúnaði þess. Komin er upp stöð í Krýsuvík og tvær stöðvar sunnan og austan Mýrdalsjökuls. Uppsetning þessara stöðva hefur verið kostuð af sveitarfélögum og viðlagatryggingu, auk ríkissjóðs, og þær hugsaðar til eftirlits með jarðskjálftum, tengdum eldvirkni. Þegar Almannavarnir lýstu yfir viðbúnaðarstigi vegna hugsanlegs Kötlugoss sl. haust varð sjálfvirkt eftirlit SIL-kerfisins mikilvægt í vöktun eldfjallsins, dag og nótt að segja má. Um svipað leyti var einmitt unnið að gerð viðvörunarkerfis, byggðu á úrvinnslu SIL-kerfisins sem sjálfvirkt gefur til kynna breytingar á virkni á hinum ýmsu jarðskjálftasvæðum og sendir boð um slíkar breytingar. Sótt hefur verið um fjárveitingu til að koma upp eftirlitskerfi SIL-stöðva á Norðurlandi sem nýta mundi SIL-miðstöðina á Veðurstofunni.

Þess má geta að frá því í nóvember hafa farið fram viðræður Veðurstofunnar við m.a. Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnun um að þróa SIL-kerfið og veita aðgang að hugbúnaði þess til að fylgjast með breytingum á jarðhitasvæðum í sambandi við orkuvinnslu. Eru taldar miklar líkur á að hagkvæmt verði að þróa slíkt kerfi upp úr SIL-kerfinu.

35. Norræna húsið.

35.1. 150 þúsund manns komu í Norræna húsið.

Starfsemi Norræna hússins í Reykjavík var að venju mjög fjölbreytt, bæði hvað varðar menningar- og kynningarstarfsemi. Um 150 þús. manns heimsóttu húsið eða tóku þátt í dagskrárliðum af ýmsum toga.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á bókmenntakynningar og var Norræna húsið aðalskipuleggjandi bókmenntahátíðar sem haldin var í þriðja sinn í Reykjavík.

Af öðrum umfangsmiklum dagskráratriðum má nefna norræna vísnahátíð, flutning á leikgerð á Bandamannasögu og málþing um fornar íþróttir á Norðurlöndum og síðasta sumar voru Íslandskynningar daglega með kvikmyndasýningum og fyrirlestrum fyrir norræna ferðamenn.

Barna- og fjölskyldudagskrár urðu æ viðameiri á árinu, og í myndbandasafnið, sem er nýtekið til starfa, bættust fyrst og fremst myndir ætlaðar börnum og unglingum.

Finnland fagnaði 75 ára fullveldi á árinu og af því tilefni var m.a. haldin sýning á glerlist frá Finnlandi frá 1920–1990. Aðrar listsýningar voru m.a. sýningar á verkum Jan Lohman og Bente Hansen frá Danmörku, Ludvig Eikaas frá Noregi, Jüri Arrak frá Eistlandi og málverkasýningar Hjörleifs Sigurðssonar, Hrings Jóhannessonar, Daða Guðbjörnssonar, Helga Þorgils Friðjónssonar, Tuma Magnússonar o.fl.

Haldin voru fimm íslenskunámskeið, tvö sumarnámskeið fyrir norræna gesti og þrjú námskeið fyrir norræna borgara, búsetta á Íslandi. Þessi námskeið voru nýjung í starfsemi hússins og einnig það sérnámskeið um skandinavísk tungumál sem skólaráðgjafi hússins kom á fyrir Íslendinga sem vinna við ferðaþjónustu.

Norræna húsið skipulagði fjórar stórar Íslandskynningar annars staðar á Norðurlöndum: Íslandsviku í Bergen, Vasa og Rovaniemi og íslenskan myndlistarmánuð í Vaxjö.

Upplýsingablaðið „Islandskontakt" var gefið út ársfjórðungslega í 2.000 eintökum á skandinavískum málum og finnsku og í ritröð hússins kom út yfirlit á íslensku um norrænar bókmenntir 1991 og svo bæklingur á finnsku um menningarlíf og samfélag á Íslandi.

Á árinu var skipt um þakklæðningu hússins og var þar með komið í veg fyrir þakleka sem hafði hrjáð bókasafnið lengi. Kostnaður við rekstur Norræna hússins er greiddur samkvæmt fjárveitingu norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárveiting fyrir árið 1992 var u.þ.b. 50 millj. ísl. kr. Fastráðið starfsfólk var 10 manns.

Stjórnarformaður er Finninn Matti Gustafson og forstjóri er Svíinn Lars Åke Engblom.

Tvö fylgiskjöl birtust með skýrslunni í þingskjalinu (lausaskjalinu). Á fskj. I var prentuð ræða sem Davíð Oddsson forsætisráðherra flutti við umræður á Alþingi 29. okt. 1992 um endurmat á norrænni samvinnu og á fskj. II ræða sem Eiður Guðnason umhverfisráðherra flutti samdægurs á Alþingi um sama efni. Ræður þessar eru prentaðar í B-deild Alþt. 1992–93 (d. 2285–90 og d. 2322–27).

702. Fyrirspurn [408. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við tölvuvinnu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hver var kostnaður ríkisins og ríkisfyrirtækja á síðasta ári af aðkeyptri vinnu frá SKÝRR?
2. Hve mikið greiddu stofnanir og fyrirtæki ríkisins einkafyrirtækjum á síðasta ári fyrir vinnu sem tengdist gerð og viðhaldi hugbúnaðar?
3. Hver var kostnaður ríkisins og fyrirtækja þess á síðasta ári af þjónustu tölvufyrirtækja? Auk heildarkostnaðar óskast kostnaður tilgreindur eftir einstökum stofnunum.

Skriflegt svar óskast.

703. Fyrirspurn [409. mál]

til forsætisráðherra um eflingu heimilisiðnaðar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggst forsætisráðherra fylgja eftir tillögum nefndar þeirrar um eflingu heimilisiðnaðar sem skipuð var í ráðherratíð Steingríms Hermannssonar og skilaði skýrslu og tillögum í nóvember 1992?

704. Fyrirspurn [410. mál]

til menntamálaráðherra um bókaútgáfu á vegum ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar bækur voru gefnar út á vegum ríkisstofnana (ríkisstjórnin þar með talin) á síðasta ári?
2. Hversu margar þessara bóka voru boðnar út til útgáfu?

705. Fyrirspurn [411. mál]

til dómsmálaráðherra um Lögregluskóla ríkisins.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Ber embætti lögreglustjóra eða sýslumanna kostnað af námi þeirra lögreglumanna sem eru í Lögregluskólanum á þeirra vegum?

2. Hve margir hafa lokið fyrri hluta skólans en ekki sótt síðari hluta? Hafa þeir einhvern rétt við umsókn um lögreglustörf sem losna?
3. Hversu margir hafa ekki lokið námi af þeirri ástæðu að þeim hefur verið sagt upp starfi áður en námi í skólanum lauk?
4. Býðst þeim að sækja beint um skólavist?

706. Fyrirspurn [412. mál]

til sjávarútvegsráðherra um leigu fiskveiðiheimilda.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hve stór hluti af fiskveiðiheimildum var leigður á sl. fiskveiðiári, hverjir hafa leigt hann og hverjum?

Skriflegt svar óskast.

707. Fyrirspurn [413. mál]

til samgönguráðherra um útboð hjá Vegagerð ríkisins.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hversu mörg útboð hafa þegar farið fram hjá Vegagerð ríkisins í tengslum við hið sérstaka átak ríkisstjórnarinnar í vegagerð og í hvaða verk?
2. Hver er heildarkostnaður framkvæmdanna samkvæmt lægstu tilboðum í þau verk sem þegar hafa verið boðin út og hvert er kostnaðarhlutfall miðað við áætlun, sundurliðað eftir verkefnum?
3. Hve mörg ársverk eru fólgin í þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru samkvæmt atvinnumálaátakinu? Hver eru þau ársverk og hvar verða þau til?

Skriflegt svar óskast.

708. Fyrirspurn [414. mál]

til fjármálaráðherra um Fasteignamat ríkisins.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hefur Fasteignamati ríkisins verið skipuð sérstök stjórn þar sem sveitarfélög eigi fulltrúa?

2. Má vænta þess að starfsemi stofnunarinnar verði færð í meira mæli af höfuðborgarsvæðinu og út á land og þar með nær þeim sem hún þjónar?

709. Lög [304. mál]

um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 473.

710. Fyrirspurn [415. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um mannanöfn, nr. 37/1991.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun laga um mannanöfn í ljósi reynslunnar sem af þeim er fengin?

711. Fyrirspurn [416. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstafanir til orkusparnaðar og til að draga úr mengun frá bensín- og dísilvélum.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða úrræði til orkusparnaðar og til að draga úr mengun frá bensín- og dísilvélum eru til athugunar á vegum ráðuneytisins?
2. Hvaða tillögur hefur umhverfisráðherra lagt fram í ríkisstjórn um aðgerðir sem spara orku og draga úr mengun?
3. Hefur sú nefnd, sem umhverfisráðherra skipaði fyrir ári til að kanna notagildi brennsluhvata á bensín- og dísilvélar til að minnka mengun og spara orku, skilað áliti? Hver var niðurstaðan af starfi nefndarinnar?

712. Svar [259. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Pálsdóttur um fasteignamat.

1. Hvaða reglur gilda um ákvörðun fasteignamats einstakra eigna eða eignarhluta?

Í upphafi er rétt að greina frá þeim lagagrundvelli sem fasteignamatið byggist á. Almennt fasteignamat fer fram samkvæmt lögum nr. 94/1976, um skáningu og mat fast-

eigna, og reglugerð nr. 406/1978 sem á þeim er byggð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laganna skal skráð matsverð fasteignar vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næstum á undan matsgerð miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

Matið er framreiknað árlega og gildir í eitt ár frá 1. des. til 1. des. Framreikningur fer fram skv. 26. gr. laganna, en þar segir að yfirfasteignamatsnefnd skuli í nóvember ár hvert ákveða framreikningsstuðla frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna sem Fasteignamat ríkisins safnar og vinnur úr. Gögnin eru aðallega kaupsamningar um fasteignir sem skylt er að afhenda stofnuninni. Allir kaupsamningar, sem henni berast, eru bornir saman við fasteignamat þeirrar eignar sem verið er að selja, þ.e. reiknað er hlutfallið milli staðgreiðsluverðs og fasteignamats. Samningar með söludegi í sama ársfjórðungi eru síðan flokkaðir eftir því sem við á niður á héruð, sveitarfélög og einstök borgarhverfi í Reykjavík og úr þeim unnið á tölfræðilegan hátt. Yfirfasteignamatsnefndin ákveður síðan framreikning á grundvelli þessara úrvinnslna.

Ráðandi þættir í mati einstakra eigna eða eignarhluta í húsum eru staðsetning húss, stærð, byggingarefni, aldur, innréttingar og innri og ytri frágangur. Einnig ræður miklu hvar á landinu eignin er og í Reykjavík er mat sambærilegra húseigna mismunandi eftir því í hvaða borgarhverfi þær eru.

2. *Við hvað er miðað ef ekki liggja fyrir kaupsamningar um sambærilegar eignir?*

Þegar gangverð samkvæmt kaupsamningum liggur ekki fyrir er leitast við að ákveða matsverðið svo sem í 2. mgr. 17. gr. laganna segir, þ.e.: „Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sambærilegt gangverð með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar."

3. *Hvað getur valdið mismunandi mati á verðmæti sambærilegra fasteigna í sama hverfi, t.d. í Reykjavík?*

Ef eignirnar eru fyllilega sambærilegar og í sama hverfi ætti ekki að vera um mismun á mati að ræða. Hafi endurbætur hins vegar verið gerðar á báðum fasteignunum en einungis önnur þeirra skoðuð af matsmanni fasteignamatsins eftir það er mjög líklegt að mismunur sé á fasteignamati þeirra.

4. *Með hvaða hætti er tekið tillit til aldurs eða ástands einstakra húseigna?*

Í matsforritum fasteignamatsins eru hús afskrifuð milli ára samkvæmt ákveðnum reglum. Þær eru mismunandi eftir því hvort um íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði er að ræða. Í báðum tilvikum gilda mismunandi afskriftareglur um steypt hús og timburhús. Íbúðarhúsnæði er í matinu skipt upp í svonefnda langtímaþætti og millitímaþætti. Langtímaþættir eru undirstöður, veggir, burðarvirki og þak, en millitímaþættir eru þeir þættir sem almennt er skipt um á 20–30 ára fresti, þ.e. innréttingar, gólfefni, hreinlætistæki o.s.frv. Í núverandi afskriftareglum fasteignamatsins eru t.d. langtímaþættir í steinsteyptu íbúðarhúsi án afskrifta fyrstu 20 árin eftir að húsið er byggt en afskrifaðir síðan um 1% ár ári. Millitímaþættirnir í íbúðarhúsnæði eru án afskrifta fyrstu fimm árin eftir skoðun matsmanns fasteignamatsins á eigninni en afskrifast síðan um 3,3% á ári eftir það.

Þegar matsmaður skoðar hús gefur hann millitímaþáttunum gæða- og ástandseinkunnir, sem ganga inn í matsreikningana. Við matið er einnig tekið tillit til gæða og ástands langtímaþáttanna, t.d. ef endurbætur hafa verið gerðar á þeim eða ástand þeirra er mun lakara en almennt gerist um sambærileg hús.

713. Fyrirspurn [417. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bótarétt atvinnulausra í veikindum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Á hvaða lagaheimild byggist sú framkvæmd að greiða ekki atvinnuleysisbætur fyrir veikindadaga þótt bótaþegi njóti ekki sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins?
2. Hvernig er háttað bótarétti þegar atvinnulaust foreldri kemst ekki til vikulegrar skráningar vegna veikinda barna?

714. Fyrirspurn [418. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skráningu og bótarétt atvinnulausra.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Á hverju byggist sú túlkun 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar að umsækjandi um atvinnuleysisbætur skuli ævinlega skrá sig hjá atvinnumiðlun eigi síðar en á sama vikudegi og hann síðast skráði sig, að viðlögðum missi bótaréttar?

715. Fyrirspurn [419. mál]

til félagsmálaráðherra um heimili fyrir börn og ungmenni.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvað líður útgáfu reglna og leiðbeininga um stjórn, starfsfólk og aðbúð á þeim heimilum sem um getur í 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna?
2. Með hvaða hætti hyggst ráðherra tryggja gagnkvæm réttindi og skyldur í samskiptum barnaverndaryfirvalda og þeirra heimila sem rekin eru af öðrum aðilum, svo sem vistforeldrum í sveit?

716. Frumvarp til laga [420. mál]

um breyting á lögum nr. 93 20. nóvemeber 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Sjávarútvegsráðherra er heimilt að krefjast þess að innfluttum sjávarafurðum sé haldið aðgreindum frá innlendum uns þær eru fluttar úr landi.

2. gr.

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra skal ákvarða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli laga þessara.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 kr. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemi hlutfallslegri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1993, þ.e. 189,6 stig.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, er fortakslaust ákvæði um að halda skuli innfluttum sjávarafurðum, sem fluttar eru inn til vinnslu eða umpökkunar en ætlaðar síðan til endurútflutnings, aðgreindum frá innlendum afurðum þar til þær eru fluttar úr landi. Í ljós hefur komið að skilyrðislaus krafa um slíka aðgreiningu getur í mörgum tilfellum leitt til umtalsverðra erfiðleika og mikils kostnaðarauka fyrir framleiðanda vörunnar. Þá er umrædd krafa um aðgreiningu stundum alls ekki framkvæmanleg og má þar t.d. nefna landanir erlendra loðnuskipa í íslenskar fiskimjölsverksmiðjur. Á það skal einnig bent að ákvæði í fríverslunarsamningi Íslands og Evrópubandalagsins heimila framleiðanda vöru, sem telst upprunavara í skilningi fríverslunarsamninga EFTA og Evrópubandalagsins, að nota bókhaldslega aðgreiningu í stað hlutlægrar aðgreiningar vegna notkunar sams konar efnivöru til framleiðslu afurða, sbr. reglugerð nr. 560/1983. Til að framleiðandi fái heimild til að beita bókhaldslegri aðgreiningu verður að liggja fyrir yfirlýsing um að framleitt sé úr sams konar efnivöru og að hlutlæg aðgreining sé óhagkvæm og kostnaðarsöm.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt að breyta lagaákvæðinu þannig að sjávarútvegsráðherra hafi heimild til að krefjast aðgreiningar innflutts hráefnis í vinnslu ef þurfa þykir en þess verði ekki undantekningarlaust krafist. Eru þá sérstaklega höfð í huga þau tilfelli þar sem þörf er á því að innfluttar sjávarafurðir sæti sérstöku eftirliti með tilliti til heilnæmis vörunnar.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, er Fiskistofu falið að sjá um hluta af verkefnum er áður heyrðu til Ríkismats sjávarafurða. Í lögunum er ekki kveðið á um heimild til handa sjávarútvegsráðherra til að ákvarða gjaldskrá fyrir þjónustu sem aðilum í sjávarútvegi er veitt á grundvelli laganna. Slíkt gjaldtökuákvæði var þó í lögum nr. 93/1992. Nokkuð ríkar skyldur eru lagðar á Fiskistofu um þjónustu við sjávarútveginn en stofunni er m.a. ætlað að veita framleiðendum vinnsluleyfi og skoðunarstofum viðurkenningu. Heildarúttekt á innra eftirliti, búnaði og hreinlæti hjá framleiðendum vegna útgáfu vinnsluleyfa er eðli sínu samkvæmt umfangsmikil og kostnaðarsöm. Þá fellur á stofuna mun meira eftirlit í upphafi en reiknað var með þegar frumvarpið var lagt fram þar sem aðlögun að nýju fyrirkomulagi, sem upp verður tekið þegar EES-samningur kemur til framkvæmda, tekur fyrirsjáanlega mun lengri tíma en upphaflega var ráðgert. Stofan mun einnig gefa út ýmis vottorð, svo sem heilbrigðisvottorð og upprunavottorð, sé þess óskað. Því er hér lagt til að sjávarútvegsráðherra hafi heimild til að ákvarða gjaldskrá sem notuð verði til að innheimta tekjur til að standa undir kostnaði af þeirri þjónustu sem Fiskistofa veitir. Samkvæmt lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, skal Fiskistofa viðurkenna starfsemi skoðunarstofa. Sú úttekt, sem Fiskistofa þarf að framkvæma til að geta veitt viðurkenningu, er bæði tímafrek og krefst mikillar nákvæmni. Því er í frumvarpi þessu lagt til að gjald, sem Fiskistofa innheimtir fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu, verði 200.000 kr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með frumvarpinu eru gerðar tvær breytingar á lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Annars vegar er ákvæði um aðgreiningu innfluttra sjávarafurða frá innlendum. Hins vegar er sjávarútvegsráðherra falið að ákveða gjöld fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli laganna.

Frumvarpið hefur því ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

717. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

(Lagt fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Úrskurðir kveðnir upp á grundvelli laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, með áorðnum breytingum, skulu vera aðfararhæfir skv. 3. mgr. 10. gr. laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gildistöku laga nr. 37/1992 lá fyrir nokkur fjöldi úrskurða um upptöku ólöglegs sjávarafla sem kveðnir höfðu verið upp í gildistíð eldri laga, þ.e. laga nr. 32/1976. Við gildistöku nýju laganna voru hin eldri, sem höfðu að geyma heimild til aðfarar vegna nefndra úrskurða, felld úr gildi. Í 10 gr. laga nr. 37/1992 er kveðið á um aðfararhæfi krafna vegna gjaldtöku fyrir ólögmætan sjávarafla samkvæmt þeim lögum. Ljóst er að úrskurðir samkvæmt eldri lögunum halda að fullu gildi sínu. Nokkur vafi er hins vegar talinn leika á því hvort þeir úrskurðir séu aðfararhæfir samkvæmt þessari grein. Með frumvarpi þessu er lagt til að þeim vafa verði eytt.

Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

718. Frumvarp til laga [422. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Við sjúkrahús, sbr. 1.–2. tölul. 1. mgr. 24. gr., skulu starfa trúnaðarmenn sjúklinga. Þeir skulu vera talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Trúnaðarmaður skal hafa samband við sjúkling og aðstandendur hans í upphafi sjúkrahúsdvalar og veita nauðsynlegar upplýsingar um hana.

Trúnaðarmaður skal hafa menntun á sviði heilsugæslu. Þar sem einn trúnaðarmaður starfar skal hann að öðru jöfnu vera hjúkrunarfræðingur að mennt en séu þeir fleiri skal leitast við að velja þá úr sem flestum heilbrigðisstéttum.

Sjúkrahússtjórn annast ráðningu trúnaðarmanns í nánu samráði við félög sjúklinga eða aðstandendur þeirra. Trúnaðarmaður skal að jafnaði koma úr hópi fastráðins starfsliðs

sjúkrahúss og gegna starfi trúnaðarmanns samhliða öðru starfi þar. Laun vegna starfa trúnaðarmanns greiðast úr ríkissjóði.

Við sjúkrahús, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólarhringinn.

Starfsmönnum heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvöldum er skylt að veita trúnaðarmanni allar þær upplýsingar sem sjúklingar og aðstandendur þeirra eiga rétt á samkvæmt lögum. Komi upp ágreiningur um hvort upplýsingar skuli veittar má skjóta honum til úrskurðar landlæknis.

Um þagnarskyldu trúnaðarmanns og viðurlög við brotum á starfsskyldum fer eftir ákvæðum þeirra laga eða reglugerða sem trúnaðarmaður hefur starfsleyfi sitt samkvæmt.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess að honum hafi verið falið að gegna starfanum.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um störf trúnaðarmanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 112. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú flutt í nokkuð breyttri mynd, m.a. í samræmi við ábendingar sem fram hafa komið frá starfsfólki sjúkrahúsa.

Málefni sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa eru nú víða til umfjöllunar og endurskoðunar. Stofnuð hafa verið fjölmörg félög sjúklinga er hafa látið sig varða málefni þeirra á margvíslegan hátt. M.a. hafa þau beint sjónum að andlegri líðan við erfiðar aðstæður. Starfsfólk sjúkrahúsa hefur einnig víða tekið höndum saman og átt frumkvæði að því að fjalla um mál er varða andlega velferð starfsfólks og sjúklinga. Í því sambandi má benda á umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð sem heilbrigðisstéttirnar, sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa látið til sín taka.

Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana, sjúklingum og aðstandendum þeirra, að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra, líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa. Hlutaðeigandi yrði ætlað annað hlutverk en það sem þegar er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunna að koma í mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk, bæði líkamlega og andlega.

Á nokkrum sjúkrahúsum er nú þegar vísir að slíkri starfsemi. Dæmi er um að geðhjúkrunarfræðingar hafi það hlutverk að styðja sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk sjúkrahúss og hefur það gefist mjög vel. Þessi þjónusta er þó takmörkuð við þá sjúklinga og aðstandendur sem sérstök ástæða þykir til að sinna. Brýnt er að uppbygging trúnaðarmannakerfis á sjúkrahúsum verði með hliðsjón af því sem þegar hefur verið gert í þeim efnum á hverjum stað.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu eins og það lá fyrir í upprunalegri mynd. Þær miðast við að tryggja að trúnaðarmaður sé í nánum tengslum við annað starf sem fram fer á viðkomandi sjúkrastofnun og gegni starfi trúnaðarmanns samhliða öðrum skyldustörfum á stofnuninni. Einnig er gefið svigrúm til þess að trúnaðarmenn á stærri sjúkrahúsum komi úr fleiri heilbrigðisstéttum en hjúkrunarfræðinga og hafi þá með sér náið samstarf. Þessi háttur er hafður á til þess að hægt sé að mynda teymi trúnaðarmanna sem hafi góða yfirsýn yfir starfsemi sjúkrahússins og bein tengsl við sem flestar heilbrigðisstéttir.

Auk þessara breytinga er bætt við ákvæði í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að trúnaðarmaður skuli að fyrra bragði hafa samband við sjúkling og aðstandendur hans í upphafi sjúkrahússdvalar.

Menntun íslenskra heilbrigðisstétta er góð og tækjakostur sjúkrastofnana víða fullkominn. Nauðsynlegt er að hyggja að andlegri velferð sjúklinga og aðstandenda þeirra. Frumvarpi þessu er ætlað að vera skref í áttina að því að taka á því mikilvæga máli sem mannleg samskipti á sjúkrahúsum eru og virða rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til að fá fullkomnar upplýsingar og úrlausn mála hjá einum óháðum aðila sem bundinn er trúnaði og hefur þá skyldu fyrst og fremst að liðsinna sjúklingum og aðstandendum þeirra og efla samstarf þeirra við heilbrigðisstéttir.

719. Fyrirspurn [423. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstafanir vegna afnáms aðstöðugjalds.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða sveitarfélög í landinu innheimtu meira en 80% af álögðum aðstöðugjöldum árið 1992?
2. Með hvaða hætti verður komið til móts við þessi sveitarfélög nú í ár vegna afnáms aðstöðugjalds?

720. Fyrirspurn [424. mál]

til félagsmálaráðherra um setningu reglugerðar um samvinnu barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hvað líður setningu reglugerðar um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir, sbr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?

721. Svar [356. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afla línubáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var árlegur heildarafli línubáta á árunum 1980–1992?*
2. *Hvert var árlegt hlutfall línuafla af heildarbolfiskveiði Íslendinga á þeim árum?*
3. *Hver var árleg þorskveiði línubáta á árunum 1980–1992?*
4. *Hvert var árlegt hlutfall þorskveiði á línu af heildarþorskveiði Íslendinga á þeim árum?*
5. *Hver var árlegur afli línubáta í janúar, febrúar, nóvember og desember árin 1980–1992?*
6. *Hvert var árlegt hlutfall línuafla af heildarbolfiskafla í janúar, febrúar, nóvember og desember árin 1980–1992?*

Í meðfylgjandi töflum koma fram svör við framangreindum spurningum. Tafla I er svar við spurningum 1 og 2, í töflu II er spurningum 3 og 4 svarað og loks er spurningum 5 og 6 svarað í töflu III. Allar tölulegar upplýsingar eru unnar af Fiskistofu. Fyrir árin 1980–1991 er alfarið byggt á upplýsingum sem Fiskifélag Íslands safnaði en fyrir árið 1992 er að hluta byggt á upplýsingum sem sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofa söfnuðu. Þar sem aflatölur fyrir almanaksárið 1992 hafa ekki endanlega verið gerðar upp verður að líta á tölur fyrir það ár sem bráðabirgðatölur.

Öll svörin eru miðuð við botnfisk en ekki bolfisk. Þær tegundir, sem um er að ræða, eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, langa, blálanga, keila, steinbítur, þykkvalúra, langlúra, skrápflúra, geirnyt, stórkjafta, sandkoli, gulllax og búrfiskur. Einnig var tekinn með ósundurliðaður afli en hann var óverulegur.

Þá eru öll svörin miðuð við þann afla sem veiddist á línu. Ekki er því tiltekinn sá afli sem bátar, sem stunduðu línuveiðar á umræddu tímabili, öfluðu með öðrum veiðarfærum.

Afli línubáta 1980 - 1992

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla.

Tafla I.	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Línuafli alls	48.250	58.830	57.420	47.160	44.750	41.150	40.640	50.490	59.270	66.750	74.390	74.550	67.180
Botnfiskafli alls	668.500	730.500	690.100	607.400	564.000	585.100	632.300	683.600	697.600	694.900	673.200	654.500	567.700
Hlutfall línuafla (%)	7,22	8,05	8,32	7,76	7,93	7,03	6,43	7,39	8,50	9,61	11,05	11,39	11,83

Tafla II.	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskafli á línu	29.660	43.140	41.970	26.630	27.000	26.010	26.060	34.330	41.740	48.890	50.060	44.710	40.390
Þorskafli alls	434.000	496.000	388.000	300.000	284.000	325.000	369.000	392.000	378.000	356.000	335.000	307.000	256.000
Hlutfall línuafla (%)	6,83	8,70	10,82	8,88	9,51	8,00	7,06	8,76	11,04	13,73	14,94	14,56	15,78

Tafla III.	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Línuafli í janúar	9.218	9.597	5.383	6.699	7.503	10.231	9.002	7.303	8.160	7.035	7.457	9.463	10.529
Botnfiskafli í janúar	42.979	43.830	25.119	30.801	27.887	37.126	37.196	32.717	36.222	35.118	35.646	33.909	34.821
Hlutfall línuafla (%)	21,45	21,90	21,43	21,75	26,91	27,56	24,20	22,32	22,53	20,03	20,92	27,91	30,24
Línuafli í febrúar	6.416	6.385	6.842	7.924	6.366	5.853	8.610	8.715	9.085	7.734	12.322	11.359	7.782
Botnfiskafli í febrúar	62.226	56.336	61.028	52.734	46.994	35.064	70.266	63.707	58.248	50.726	51.445	53.563	37.739
Hlutfall línuafla	10,31	11,33	11,21	15,03	13,55	16,69	12,25	13,68	15,60	15,25	23,95	21,21	20,62
Línuafli í nóvember	7.693	8.574	7.096	4.848	7.057	4.781	4.967	8.845	11.064	13.616	12.862	11.622	9.696
Botnfiskafli í nóvember	39.387	36.231	37.569	32.664	34.665	33.316	35.808	41.645	53.159	51.383	48.434	42.179	40.972
Hlutfall línuafla (%)	19,53	23,66	18,89	14,84	20,36	14,35	13,87	21,24	20,81	26,50	26,56	27,55	23,66
Línuafli í desember	3.800	5.389	5.477	3.519	4.485	4.237	5.159	7.351	5.591	8.390	6.752	7.977	6.317
Botnfiskafli í desember	31.390	31.671	32.408	23.948	27.608	30.622	28.240	33.500	30.571	35.544	36.176	33.101	27.230
Hlutfall línuafla	12,11	17,02	16,90	14,69	16,25	13,84	18,27	21,94	18,29	23,60	18,66	24,10	23,20
Línuafli jan., feb., nóv., des.	27.130	29.950	24.800	22.990	25.410	25.100	27.740	32.210	33.900	36.780	39.390	40.420	33.200
Botnf.afli jan., feb., nóv., des	176.000	168.100	156.100	140.100	137.200	136.100	171.500	171.600	178.200	172.800	171.700	162.800	140.800
Hlutfall línuafla (%)	15,41	17,82	15,89	16,41	18,52	18,44	16,17	18,77	19,02	21,28	22,94	24,83	23,58

722. Svar [357. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afla krókaleyfisbáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið árlegur heildarafli svokallaðra krókaleyfisbáta frá því að núgildandi lög um stjórn fiskveiða tóku gildi?*
2. *Hvernig hefur þessi afli skipst á milli einstakra kjördæma?*
3. *Hver hefur verið heildarafli krókaleyfisbáta í einstökum kjördæmum, í einstökum mánuðum árin 1991–1992?*

Í meðfylgjandi töflum koma fram svör við framangreindum spurningum. Allar upplýsingar í töflunum eru unnar af Fiskistofu úr kvótabókhaldi hennar og sjávarútvegsráðuneytisins. Þar sem aflatölur fyrir síðari hluta almanaksársins 1992 hafa ekki endanlega verið gerðar upp verður að líta á tölur fyrir það ár sem bráðabirgðatölur.

Allar upplýsingarnar eru miðaðar við afla einstakra báta. Upplýsingarnar sýna því afla þeirra báta sem skráðir voru með heimahöfn í tilteknum kjördæmum á árunum 1991 og 1992. Upplýsingarnar sýna hins vegar ekki hvar aflanum var landað.

Afli krókaleyfisbátabáta 1991

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Suðurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	38	13	3	0	0	0	1	6	61
Mars	72	7	16	0	0	0	0	20	115
Apríl	137	9	24	0	0	0	2	25	197
Maí	165	6	25	0	0	0	2	44	242
Júní	183	2	54	0	0	0	0	20	259
Júlí	126	0	102	0	0	0	0	15	243
Ágúst	42	0	41	1	0	0	0	10	94
September	52	15	37	0	0	0	0	31	135
Október	61	57	7	0	0	0	0	69	194
Nóvember	41	80	1	0	0	0	0	36	158
Desember	3	10	1	0	0	0	1	4	19
Samtals	920	199	311	1	0	0	6	280	1.717

Reykjanes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	114	43	14	0	0	0	9	35	215
Mars	214	50	39	2	0	0	42	105	452
Apríl	411	50	55	3	0	0	6	73	598
Maí	482	33	97	2	0	2	16	29	661
Júní	787	10	122	8	0	0	1	14	942
Júlí	617	15	115	7	0	0	0	7	761
Ágúst	110	4	48	3	0	0	0	3	168
September	132	35	97	8	0	0	0	33	305
Október	175	253	50	2	0	0	2	59	541
Nóvember	96	202	7	0	0	0	0	33	338
Desember	25	40	2	0	0	0	0	8	75
Samtals	3.163	735	646	35	0	2	76	399	5.056

Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	26	15	4	0	0	0	1	3	49
Mars	66	9	16	0	0	0	11	7	109
Apríl	121	9	18	0	0	0	11	11	170
Maí	183	13	17	0	0	0	9	6	228
Júní	411	4	33	0	0	0	0	8	456
Júlí	376	5	47	0	0	0	0	4	432
Ágúst	101	1	13	0	0	0	0	1	116
September	87	5	22	0	0	0	0	3	117
Október	66	47	8	0	0	0	0	15	136
Nóvember	54	26	0	0	0	0	0	8	88
Desember	5	21	0	0	0	0	0	4	30
Samtals	1.496	155	178	0	0	0	32	70	1.931

Afli krókaleyfisbátabáta 1991

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Vesturland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	11	0	0	0	0	0	0	0	11
Febrúar	80	11	2	0	0	0	5	4	102
Mars	119	4	6	1	0	0	20	2	152
Apríl	256	1	11	0	0	0	68	8	344
Maí	437	9	11	0	0	0	19	15	491
Júní	802	3	14	1	0	0	0	3	823
Júlí	541	5	36	1	0	0	1	2	586
Ágúst	158	6	16	0	0	0	0	3	183
September	227	49	37	0	0	0	1	15	329
Október	177	121	11	0	0	0	0	23	332
Nóvember	112	80	2	0	0	0	0	16	210
Desember	49	24	0	0	0	0	0	4	77
Samtals	2.969	313	146	3	0	0	114	95	3.640

Vestfirðir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	29	5	2	0	0	0	5	1	42
Mars	55	1	7	0	0	0	36	9	108
Apríl	70	0	8	0	0	0	140	6	224
Maí	249	2	7	0	0	0	154	22	434
Júní	879	2	12	0	0	0	27	5	925
Júlí	1149	2	17	0	0	0	0	6	1174
Ágúst	422	7	9	0	0	0	1	1	440
September	316	27	11	0	0	0	2	1	357
Október	95	53	4	0	0	0	4	5	161
Nóvember	68	30	0	0	0	0	0	3	101
Desember	21	24	0	0	0	0	1	3	49
Samtals	3.353	153	77	0	0	0	370	62	4.015

Norðurl. vestra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	22	3	0	0	0	0	0	4	29
Mars	10	1	0	0	0	0	0	1	12
Apríl	27	3	10	0	0	0	0	4	44
Maí	72	3	4	0	0	0	0	2	81
Júní	122	0	13	0	0	0	0	0	135
Júlí	151	0	100	1	0	0	0	0	252
Ágúst	75	0	15	0	0	0	1	0	91
September	66	0	25	0	0	0	0	1	92
Október	47	9	23	0	0	0	0	2	81
Nóvember	57	4	0	0	0	0	0	3	64
Desember	8	4	0	0	0	0	0	0	12
Samtals	657	27	190	1	0	0	1	17	893

Afli krókaleyfisbátabáta 1991

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Norðurl. eystra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	50	0	1	0	0	0	3	8	62
Mars	43	0	2	0	0	0	1	2	48
Apríl	111	2	13	0	0	0	5	8	139
Maí	343	12	16	0	0	0	7	18	396
Júní	450	17	78	1	0	0	6	12	564
Júlí	471	19	426	3	0	0	1	12	932
Ágúst	233	10	215	1	0	0	4	6	469
September	160	16	331	1	0	0	6	9	523
Október	137	9	167	1	0	0	4	9	327
Nóvember	42	3	35	1	0	0	1	3	85
Desember	16	1	17	0	0	0	0	1	35
Samtals	2.056	89	1.301	8	0	0	38	88	3.580

Austurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	1	0	1	0	0	0	0	0	2
Febrúar	36	2	0	0	0	0	2	4	44
Mars	28	0	6	0	0	0	7	10	51
Apríl	86	2	8	0	0	0	60	18	174
Maí	238	4	13	0	0	0	47	12	314
Júní	490	7	55	0	0	0	11	15	578
Júlí	649	23	175	1	0	0	8	14	870
Ágúst	234	18	44	0	0	0	3	6	305
September	309	43	71	0	0	0	5	15	443
Október	228	66	14	0	0	0	8	23	339
Nóvember	117	27	2	0	0	0	1	7	154
Desember	43	7	1	0	0	0	0	2	53
Samtals	2.459	199	390	1	0	0	152	126	3.327

Allt landið	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	12	0	1	0	0	0	0	0	13
Febrúar	395	92	26	0	0	0	26	65	604
Mars	607	72	92	3	0	0	117	156	1.047
Apríl	1.219	76	147	3	0	0	292	153	1.890
Maí	2.169	82	190	2	0	2	254	148	2.847
Júní	4.124	45	381	10	0	0	45	77	4.682
Júlí	4.080	69	1.018	13	0	0	10	60	5.250
Ágúst	1.375	46	401	5	0	0	9	30	1.866
September	1.349	190	631	9	0	0	14	108	2.301
Október	986	615	284	3	0	0	18	205	2.111
Nóvember	587	452	47	1	0	0	2	109	1.198
Desember	170	131	21	0	0	0	2	26	350
Samtals	17.073	1.870	3.239	49	0	2	789	1.137	24.159

Afli krókaleyfisbátabáta 1992

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Suðurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	17	11	1	0	0	0	0	4	33
Mars	104	19	10	1	0	0	0	55	189
Apríl	152	13	16	1	0	0	0	41	223
Maí	173	6	27	1	0	0	0	23	230
Júní	223	2	30	1	0	0	0	10	266
Júlí	266	4	106	2	0	0	1	25	404
Ágúst	63	0	41	1	0	0	1	10	116
September	43	12	20	4	0	0	2	49	130
Október	53	56	4	2	0	0	3	94	212
Nóvember	53	51	0	0	0	0	3	28	135
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	1.147	174	255	13	0	0	10	339	1.938

Reykjanes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	67	52	7	0	0	0	4	21	151
Mars	306	68	22	3	0	0	25	87	511
Apríl	354	41	41	1	0	0	19	26	482
Maí	806	18	83	3	0	2	2	37	951
Júní	914	7	66	1	0	0	1	9	998
Júlí	1043	7	150	6	0	0	0	13	1219
Ágúst	508	6	98	2	0	0	0	19	633
September	187	39	62	5	0	0	10	19	322
Október	247	175	37	1	0	0	18	76	554
Nóvember	217	190	5	1	0	0	2	35	450
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	4.649	603	571	23	0	2	81	342	6.271

Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	9	18	0	0	0	0	0	3	30
Mars	82	13	7	1	0	0	14	12	129
Apríl	103	3	11	0	0	0	0	4	121
Maí	240	8	20	1	0	0	0	12	281
Júní	330	0	23	1	0	0	0	1	355
Júlí	528	4	49	3	0	0	0	4	588
Ágúst	288	5	26	1	0	0	0	3	323
September	122	13	11	1	0	0	5	4	156
Október	124	50	8	2	0	0	8	20	212
Nóvember	108	54	7	2	0	0	3	11	185
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	1.934	168	162	12	0	0	30	74	2.380

Afli krókaleyfisbátabáta 1992

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Vesturland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	2	7	0	0	0	0	0	0	9
Febrúar	83	21	0	0	0	0	10	6	120
Mars	115	14	3	0	0	0	47	19	198
Apríl	214	3	9	0	0	0	15	5	246
Maí	644	7	7	0	0	0	10	12	680
Júní	691	1	14	0	0	0	1	4	711
Júlí	785	2	40	2	0	0	0	4	833
Ágúst	287	4	19	0	0	0	1	4	315
September	179	35	29	1	0	0	4	12	260
Október	228	100	8	1	0	0	4	27	368
Nóvember	241	78	1	0	0	0	3	19	342
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	3.469	272	130	4	0	0	95	112	4.082

Vestfirðir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	6	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	61	25	2	0	0	0	1	5	94
Mars	154	7	5	0	0	0	58	41	265
Apríl	147	3	9	0	0	0	48	26	233
Maí	621	8	4	0	0	0	11	25	669
Júní	974	4	4	0	0	0	0	8	990
Júlí	1534	11	5	0	0	0	0	19	1569
Ágúst	599	21	4	0	0	0	1	16	641
September	367	55	1	1	0	1	29	5	459
Október	317	69	2	0	0	0	27	11	426
Nóvember	241	40	3	1	0	0	3	8	296
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	5.015	243	39	2	0	1	178	164	5.642

Norðurl. vestra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	8	3	0	0	0	0	0	1	12
Mars	21	1	0	0	0	0	4	4	30
Apríl	22	1	9	0	0	0	8	2	42
Maí	43	1	9	0	0	0	4	10	67
Júní	111	0	8	0	0	0	7	0	126
Júlí	188	1	11	1	0	0	2	0	203
Ágúst	108	1	3	0	0	0	0	3	115
September	107	3	2	0	0	0	3	0	115
Október	84	6	0	0	0	0	5	1	96
Nóvember	79	5	0	0	0	0	1	1	86
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	771	22	42	1	0	0	34	22	892

Afli krókaleyfisbátabáta 1992

Allar tölur eru í tonnum. Miðað er við óslægðan afla

Norðurl. eystra	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	19	0	1	0	0	0	1	2	23
Mars	99	3	3	0	0	0	4	9	118 [1]
Apríl	149	0	16	0	0	0	3	6	174
Maí	357	1	45	1	0	0	1	5	410
Júní	438	4	117	4	0	0	1	3	567
Júlí	613	7	191	12	0	0	0	7	830
Ágúst	449	14	103	3	0	0	0	12	581
September	220	10	130	7	0	0	7	19	393
Október	200	15	128	2	0	0	9	7	361
Nóvember	182	18	35	2	0	0	5	3	245
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2.726	72	769	31	0	0	31	73	3.702

Austurland	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Febrúar	16	1	0	0	0	0	0	2	19
Mars	83	2	7	0	0	0	12	25	129
Apríl	90	1	4	0	0	0	12	36	143
Maí	364	5	31	1	0	1	12	34	448
Júní	382	7	23	0	0	0	18	15	445
Júlí	559	9	97	1	0	0	10	18	694
Ágúst	274	21	43	0	0	0	6	8	352
September	239	65	38	0	0	1	21	7	371
Október	249	112	31	0	0	1	31	16	440
Nóvember	168	51	12	0	0	0	14	12	257
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2.424	274	286	2	0	3	136	173	3.298

Allt landið	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Steinbítur	Annar afli	Afli alls
Janúar	8	7	0	0	0	0	0	0	15
Febrúar	280	131	11	0	0	0	16	44	482
Mars	964	127	57	5	0	0	164	252	1.569
Apríl	1.231	65	115	2	0	0	105	146	1.664
Maí	3.248	54	226	7	0	3	40	158	3.736
Júní	4.063	25	285	7	0	0	28	50	4.458
Júlí	5.516	45	649	27	0	0	13	90	6.340
Ágúst	2.576	72	337	7	0	0	9	75	3.076
September	1.464	232	293	19	0	2	81	115	2.206
Október	1.502	583	218	8	0	1	105	252	2.669
Nóvember	1.289	487	63	6	0	0	34	117	1.996
Desember	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	22.141	1.828	2.254	88	0	6	595	1.299	28.211

723. Fyrirspurn [425. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um vinnumiðlun.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurbótum á núverandi löggjöf um vinnumiðlun?

724. Fyrirspurn [426. mál]

til félagsmálaráðherra um tilsjónarmenn, persónulega ráðgjafa og stuðningsfjölskyldur.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hvernig er ráðningu tilsjónarmanna, persónulegra ráðgjafa og stuðningsfjölskyldna háttað, sbr. 21. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og b-lið 21. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?
2. Hvert er tímakaupið fyrir slíka þjónustu?
3. Hve margar stundir er þjónustan veitt (að jafnaði) í mánuði:
   a. að lágmarki,
   b. að meðaltali,
   c. að hámarki?
4. Eru greiðslur fyrir slíka þjónustu skattskyldar? Ef svo er á hvern hátt er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar?
5. Hafa verið settar reglugerðir um nánari framkvæmd þessara lagaákvæða?

725. Svar [230. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um framkvæmd laga um fullorðinsfræðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra standa að framkvæmd laga um fullorðinsfræðslu?

Fyrir nokkru voru skipaðir fimm fulltrúar í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu. Óskað var eftir tilnefningum frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vinnuveitendasambandi Íslands. Að auki sitja í nefndinni fulltrúi menntamálaráðuneytisins og fulltrúi fræðsluaðila skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Í nefndinni sitja Snorri S. Konráðsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Árni Sigfússon, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldóra J. Rafnar, tilnefnd af Vinnuveitendasambandi Íslands, Albert Einarsson, fulltrúi fræðsluaðila, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og Guðný Helgadóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, og er hún jafnframt formaður.

Samkvæmt 15. gr. laganna setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu. Verður það því eitt

af fyrstu verkefnum nefndarinnar að semja reglugerðardrög. Munu þau væntanlega liggja fyrir á fyrra helmingi næsta árs. Verður þá stefnt að skipun fullorðinsfræðsluráðs, sbr. 3. gr. laganna.

Fjárveiting til fullorðinsfræðslu í fjárlögum næsta árs mun renna til menntunarsjóðs fullorðinna, sbr. 11. gr. laganna. Mun nefndin úthluta styrkjum úr sjóðnum, sbr. 12. gr. laganna.

Að öðru leyti verður nefndinni falið að vinna að framkvæmd laganna eftir því sem tími og fé leyfa.

726. Fyrirspurn [427. mál]

til umhverfisráðherra um pappírsnotkun þjóðarinnar.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Hver er hlutur endurunnins pappírs í heildarpappírsnotkun þjóðarinnar að magni og kostnaði?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstökum aðgerðum sem draga úr pappírsnotkun þjóðarinnar og auka notkun endurunnins pappírs?

727. Svar [367. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um innheimtu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. Hvernig metur ráðherra reynsluna af upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts með tilliti til innheimtuárangurs?

Þau skattkerfi, sem um er fjallað í fyrirspurninni, eru ný eða nýleg og reynsla af þeim því eðlilega takmörkuð. Á það einkum við um reynslu af innheimtu þar sem marktækar upplýsingar liggja af eðlilegum ástæðum ekki fyrir fyrr en alllöngu eftir að viðkomandi skattlagningartímabili er lokið. Auk greiðslufrests, sem fyrir hendi kann að vera, er áætluð gjaldskylda fyrst eftir lok hvers tímabils ætíð veruleg og kröfur, sem ekki verða innheimtar, miklar.

Þrátt fyrir tiltölulega stuttan reynslutíma má draga nokkrar ályktanir af innheimtu á fyrstu fjórum árum staðgreiðslu og fyrstu tveimur árum virðisaukaskatts. Í þessu efni verður þó að fara varlega og nauðsynlegt er að hafa í huga ýmis atriði sem gera það að verkum að innheimtutölur og innheimtuhlutföll eru ekki einhlítir mælikvarðar á árangur eða ástand í innheimtumálum.

Óhjákvæmilegt er að í jafnviðamiklum kerfum og hér um ræðir — í hvoru um sig eru innheimtir um og yfir 40 milljarðar kr. — verði á hverjum tíma nokkrar eftirstöðvar. Auk krafna, sem ekki innheimtast á réttum tíma af ýmsum orsökum, er stór hluti eftirstöðva á hverjum tíma kröfur sem innheimtast alls ekki eða aðeins að óverulegum hluta af tilgreinanlegum ástæðum.

Annars vegar er hér um að ræða áætlanir skattstjóra á þá aðila sem skila ekki skýrslum um virðisaukaskatt eða skilagreinum staðgreiðslu á réttum tíma. Áætlanir þessar eru m.a. notaðar til að knýja fram skil á skýrslum og skilagreinum. Þær eru yfirleitt verulega hærri en raunveruleg álagning verður þegar gögn berast. Nokkurn tíma getur tekið að fá rétt skýrsluskil og í mörgum tilvikum fást þau alls ekki, t.d. vegna þess að viðkomandi aðili er hættur starfsemi. Af þessum ástæðum sitja inni í kerfinu umframáætlanir sem safnast upp í eftirstöðvum. Í nýju kerfi fara eftirstöðvar því vaxandi fyrstu árin eða þar til breytingar á áætlunum eða afskrift eldri krafna nær jafnvægi við nýjar áætlanir.

Hins vegar eru kröfur á aðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Eftir að bú er tekið til skipta geta innheimtumenn ríkissjóðs fátt gert annað til innheimtu en að bíða skiptaloka. Kröfurnar koma þó fram sem óinnheimtar kröfur þar til þær verða greiddar við skipti, sem sjaldan er, eða eru afskrifaðar í framhaldi af skiptalokum. Eins og kunnugt er geta skipti á þrotabúi dregist mjög lengi og safnast þessar kröfur þá upp sem eftirstöðvar. Eins og í fyrra tilvikinu líður nokkur tími í nýju kerfi þar til jafnvægi kemst á milli krafna í gjaldþrotabú og afskrifta.

Þá má nefna þriðja atriðið er skekkir enn frekar allar venjulegar mælingar á innheimtuárangri en það eru dráttarvextir. Dráttarvextir eru reiknaðir á allar gjaldfallnar ógreiddar kröfur, þar með taldar umframáætlanir og kröfur í gjaldþrotabú. Þeir safnast því einnig upp í kerfinu og ýkja þær skekkjur sem að framan eru raktar.

Þessi atriði, sem hér hafa verið talin, gera það að verkum að mæling innheimtu, eins og hún er oftast gerð, sbr. t.d. skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1991, er órökrétt og getur aðeins leitt til rangrar niðurstöðu að mati fjármálaráðuneytisins. Í skýrslunni eru allar ógreiddar kröfur í árslok, þar á meðal umframáætlanir, kröfur í þrotabú og dráttarvextir á þessar kröfur, reiknaðar sem hlutfall af heildarkröfum sem til innheimtu voru á árinu. Aðferð þessi er bersýnilega ófullnægjandi. Sem dæmi má nefna að væri í eitt skipti gerð skattakrafa í þrotabú sem næmi 10% af árlegri heildarálagningu ársins yrði innheimtan í byrjun 90% en færi síðan árlega lækkandi þar til búskiptum væri lokið, jafnvel þótt allar aðrar skattakröfur á þeim árum innheimtust að fullu á réttum gjalddögum. Sú niðurfærsla krafna, sem Ríkisendurskoðun gerir, lagfærir þessar skekkjur að einhverju marki en breytir ekki grundvallaratriðum aðferðarinnar.

Fjármálaráðuneytið hefur í mati sínu á innheimtuárangri beitt annarri aðferð en Ríkisendurskoðun. Í henni eru lagðar til grundvallar þær skattakröfur sem myndast á hverju ári og athugað hverjar þeirra hafi innheimst að liðnum tilteknum tíma frá árslokum. Þannig er t.d. skoðuð álagning virðisaukaskatts á veltu tiltekins árs og athugað hvað innheimst hafi af henni á miðju árinu á eftir eða í lok þess árs. Þannig fæst raunhæfur samanburður á milli ára. Enn fremur heldur ráðuneytið höfuðstól álagningar aðgreindum frá viðurlögum og dráttarvöxtum og sérgreinir áætlanir skattstjóra og kröfur í þrotabú eftir því sem upplýsingar leyfa. Ráðuneytið telur að þessi aðferð hafi tvímælalausa kosti umfram þá aðferð sem fyrr er lýst og gefi viðunandi mynd af ástandi innheimtu og breytingum milli ára.

Hér á eftir er gerð grein fyrir innheimtu virðisaukaskatts og staðgreiðslu með þessari aðferð og tölum sem ráðuneytið hefur tekið saman. Eru þær byggðar á upplýsingum úr Ríkisbókhaldinu og skattkerfinu sem unnar hafa verið á síðustu missirum.

Innheimta staðgreiðslu árin 1988–1991.

Staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp í ársbyrjun 1988. Samtímis voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem miðuðu að því að einfalda

álagningu tekjuskatts á einstaklinga, m.a. með það fyrir augum að staðgreiðslan yrði sem næst væntanlegri álagningu og sem einföldust í framkvæmd. Þegar allt er metið verður vart annað sagt en að framkvæmd hafi tekist vel. Til merkis um það er m.a. að ekki hafa verið gerðar teljandi breytingar á þessu kerfi og tillögur um breytingar á því hafa ekki verið uppi.

Tiltækar tölur um innheimtu staðgreiðslu bera ekki með sér aðgreiningu á milli álagningar samkvæmt skilagreinum launagreiðenda og áætlana skattstjóra. Þær gefa hins vegar kost á að halda dráttarvöxtum aðgreindum frá höfuðstól og eru þær tölur, sem hér birtast, án þeirra. Eins eru kröfur í þrotabú sérgreindar og hægt að meta áhrif þeirra. Tölurnar eru allar miðaðar við stöðu mála 1. apríl 1992, nema tölur ársins 1991 sem eru miðaðar við stöðu í byrjun september 1992. Tölurnar eru því ekki fyllilega sambærilegar á milli ára en gefa engu að síður góða mynd af stöðu innheimtunnar.

Tölurnar miðast við þá staðgreiðslu sem lögð var á launagreiðslur hvers árs um sig. Í fyrstu töflunni er gerð grein fyrir höfuðstól staðgreiðslu 1988–1991. Áætlanir skattstjóra á þá aðila, sem ekki skiluðu skilagreinum, eru meðtaldar og tekið er tillit til breytinga sem gerðar hafa verið á álagningunni. Þá sýnir taflan hvað innheimst hafði af þessum höfuðstól og hverjar eftirstöðvar voru á sama tíma. Þá eru innheimta og eftirstöðvar sýndar sem hlutfall af höfuðstól.

Staðgreiðsla 1988–1991, höfuðstóll álagningar og innheimta.

Ár (Upphæðir eru í m.kr.)	Álagning, höfuðstóll	Innheimt af höfuðstól 1. apríl 1992[1)]	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls	Áætlað innheimtu-hlutfall %	Eftirstöðvar 1. apríl 1992 hlutfall %[1)]
1988	20.651	20.344	308	98,51	1,49
1989	25.019	24.649	370	98,52	1,48
1990	30.757	30.307	449	98,54	1,46
1991	34.491	34.003	488	98,59	1,41
Samtals	**110.918**	**109.303**	**1.615**	**98,54**	**1,46**

[1)] 6. september 1992 fyrir árið 1991.

Eins og fram kemur er innheimtuhlutfallið nánast hið sama fyrir árin 1988–1990 eða rúmlega 98,5%. Eftirstöðvar sem hlutfall af álagningu eru því svipaðar frá ári til árs og hafa farið lækkandi ef eitthvað er. Þær eru samtals um 1,6 milljarðar kr. fyrir fjögur fyrstu ár staðgreiðslunnar en álagning þessara ára var alls um 111 milljarðar kr.

Gjaldþrot hafa að sjálfsögðu veruleg áhrif á stöðu innheimtu. Af þeim 1,6 milljörðum kr., sem ekki höfðu innheimst, sbr. framangreint, var rúmlega helmingur kröfur í þrotabú. Tölur um kröfur í þrotabú vegna 1991 lágu ekki fyrir en af rúmlega 1,1 milljarði óinnheimtra krafna vegna áranna 1988–1990 voru yfir 800 millj. kr. kröfur í þrotabú en tæplega 300 millj. kr. eru óinnheimtar kröfur á aðra. Í eftirfarandi töflu hafa þrotabú verið tekin út úr gagnagrunninum. Taflan lítur þannig breytt svo út fyrir árin 1988–1990.

Staðgreiðsla 1988–1990, höfuðstóll álagningar og innheimta.

Ár (Upphæðir eru í m.kr.)	Álagning, höfuðstóll án áætlana.	Innheimt af höfuðstól 1. apríl 1992	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls	Áætlað innheimtu-hlutfall %	Eftirstöðvar 1. apríl 1992 hlutfall %
1988	18.569	18.532	36	99,81	0,19
1989	23.175	23.094	81	99,66	0,34
1990	29.204	29.028	176	99,40	0,60
Samtals	**70.948**	**70.654**	**293**	**99,59**	**0,41**

Eins og taflan sýnir eru eftirstöðvar frá árunum 1988–1990 hjá öðrum en þrotabúum 0,2–0,6% af höfuðstól álagningar eða um 300 millj. kr. af um 71 milljarðs kr. álagningu á sömu aðila. Mismun talnanna virðist fyrst og fremst mega rekja til mislangs tíma frá álagningu þar sem oft tekur langan tíma að ljúka sumum málum, hvort sem er með breytingu á áætlun, innheimtu eða afskrift kröfu. Á talnalegum forsendum virðist ekki að marktæk breyting hafi orðið á innheimtu staðgreiðslu á árinu 1991.

Innheimta virðisaukaskatts árin 1990 og 1991.

Virðisaukaskattur hefur verið lagður á frá ársbyrjun 1990 og liggur nú fyrir reynsla á innheimtu hans tvö fyrstu árin. Hér á eftir er gerð grein fyrir árangri í innheimtu virðisaukaskatts árin 1990 og 1991 með talnalegum upplýsingum frá Ríkisbókhaldi og úr skattkerfinu. Þær tölur eru frábrugðnar þeim tölum sem eru í ríkisreikningi fyrir sömu ár. Hér er miðað við þann skatt sem lagður er á veltu hvors árs, 1990 og 1991, og hvað hafi innheimst af honum í hvoru tilviki 31. desember árið eftir. Í ríkisreikningi er hins vegar miðað við þær kröfur sem gjaldfallnar eru í lok álagningarárs. Nákvæmt talnalegt samræmi við ríkisreikning er því ekki fyrir hendi sem breytir því þó ekki að með góðu móti má bera saman niðurstöðurnar.

Eins og fram hefur komið eru það einkum áætlanir skattstjóra, skuldir gjaldþrotabúa og áfallnir dráttarvextir sem leiða til skekkju þegar verið er að meta innheimtu. Í þeim tölum, sem notaðar voru, lá ekki fyrir sérgreining á vanskilum þrotabúa og eru þau því talin með öðrum vanskilum. Aftur á móti var unnt að sérgreina dráttarvexti og eru þeir ekki taldir með. Jafnframt er gerð grein fyrir áhrifum af áætlunum skattstjóra.

Í eftirfarandi töflu er sýnd álagning virðisaukaskatts á veltu áranna 1990 og 1991 og hvað innheimst hafði af henni þegar ár var liðið frá lokum álagningarárs. Álagning ársins 1991 með leiðréttingum til 31. desember 1992 lá fyrir. Þar sem álagning fyrir árið 1990, eins og hún stóð í árslok 1991, var ekki tiltæk var notuð álagning á árið 1990 með breytingum og leiðréttingum til 5. mars 1992.

Virðisaukaskattur, höfuðstóll og innheimta.

Ár (Upphæðir eru í m.kr.)	Höfuðstóll álagningar án álaga[1)]	Innheimt 31. des. árið eftir	Eftirstöðvar höfuðstóls	Innheimtu-hlutfall %
1990	38.980	38.078	902	97,7
1991	44.118	42.834	1.284	97,1
Samtals	**83.098**	**80.912**	**2.186**	**97,4**

[1)] 5. mars 1991 fyrir árið 1990, 31. desember 1992 fyrir árið 1991.

Óinnheimtar eftirstöðvar vegna þessara ára eru tæplega 2,2 milljarðar kr. af álagningu að fjárhæð rúmlega 83 milljarðar kr. og nema því um 2,6%. Í þessum tölum eru meðtaldar kröfur á þrotabú sem ekki reyndist unnt að sérgreina og áætlanir sem vikið verður að síðar.

Hvað innheimtuhlutfallið varðar er gott samræmi milli þessarar niðurstöðu og talna Ríkisendurskoðunar vegna ársins 1990, enda er það fyrsta ár skattsins og ekki er farið að gæta skekkju vegna uppsöfnunar. Mismunur á hlutfallslegri innheimtu áranna 1990 og 1991 er ekki stórfelldur og allur annar en lesa má í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sé að auki tekið tillit til þess að áætlanir skattstjóra hafa áhrif á innheimtutölur verður enn hæpnara að draga slíka ályktun.

Áætlanir skattstjóra eru m.a. notaðar til að knýja fram skil á skýrslum og eru oft fjarri endanlegri álagningu. Í byrjun mars 1991 voru áætlanir fyrir árið 1990 um 651 millj. kr. en 31. desember 1992 voru áætlanir fyrir árið 1991 um 907 millj. kr. Í eftirfarandi töflu er reynt að meta áhrif áætlana á innheimtuhlutfall. Er það gert á þann hátt að áætlanir eru dregnar frá álagningu. Enn fremur er miðað við að allar innborganir hafi verið vegna álagningar samkvæmt skýrslum en ekki vegna áætlana. Áætlanir eru því einnig dregnar frá eftirstöðvum.

Virðisaukaskattur, höfuðstóll án áætlana og innheimta.

Ár (Upphæðir eru í m.kr.)	Áætlanir skattstjóra	Höfuðstóll álagningar án áætlana[1)]	Innheimt 31. des. árið eftir	Áætlaðar eftirstöðvar án áætlana	Áætlað innheimtu-hlutfall
1990	651	38.329	38.078	251	99,3
1991	907	43.211	42.834	377	99,1
Samtals	**1.558**	**81.540**	**80.912**	**628**	**99,2**

[1)] 5. mars 1991 fyrir árið 1990, 31. desember 1992 fyrir árið 1991.

Sé gengið út frá þessari forsendu reiknast eftirstöðvar vegna álagningar beggja áranna samtals rúmlega 600 millj. kr. eða innan við 1% af álagningu og enginn marktækur munur er á milli áranna 1990 og 1991.

Í útreikningi þessum var gert ráð fyrir að ekkert hefði innheimst upp í áætlanir skattstjóra þótt reikna megi með því að eitthvað sé um það. Innheimtuhlutfallið er af þeim sökum ofmetið hér í stað þess að vera vanmetið í fyrra dæminu. Með tilliti til þess má með góðri vissu fullyrða að raunverulegt innheimtuhlutfall liggi á milli talna þessara tveggja dæma og sé sem hér segir 20. ágúst eftir lok álagningarárs:

Vegna ársins 1990: 97,7–99,3%.

Vegna ársins 1991: 97,1–99,1%.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að þegar tekið er tillit til umframáætlana séu óinnheimtar eftirstöðvar álagningar innan við 2% og um eða innan við 1,5 milljarðar kr. samtals vegna tveggja ára og að munur á milli áranna sé ekki verulegur. Í þessum eftirstöðvum eru kröfur á þrotabú meðtaldar en þær voru ekki sérgreindar að þessu sinni. Miðað við reynslu af staðgreiðslu gætu slíkar kröfur verið um helmingur eftirstöðvanna og innheimtuárangur væri þá svipaður og hann er í staðgreiðslunni.

Ekki er vafi á því að tölur, reiknaðar samkvæmt þessari aðferð, eru betri mælikvarði á innheimtuárangur en þær tölur sem Ríkisendurskoðun hefur notað í skýrslum sínum. Munar allmiklu á þeim og ekki verður með neinum skynsamlegum rökum sýnt fram á að

veruleg breyting til hins verra hafi orðið í innheimtu virðisaukaskatts á milli áranna 1990 og 1991 eins og lesa má úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. Munur á milli ára er langt frá því að geta verið marktækur. Sé engu að síður litið svo á að hann sé um 0,4%, sem er mismunur miðtalna talnabilanna hér að framan, má rekja um 160 millj. kr. hækkun á eftirstöðvum milli ára til breytinga á innheimtu en ekki rúman milljarð króna eins og Ríkisendurskoðun virðist ganga út frá.

Áhrif áætlana eru nokkru meiri síðara árið en hið fyrra. Áætlanir vaxa milli ára úr um 650 millj. kr. fyrir árið 1990 í um 900 millj. kr. fyrir árið 1991. Virðist mega rekja það til eðlilegra ástæðna en ekki til verri skýrsluskila. Má draga þá ályktun af samanburði álagningartalna á milli ára sem sýndur eru í töflunni hér á eftir ásamt breytingum á innheimtu höfuðstóls og endurgreiðslum vegna matvöru, vinnu á byggingarstað og til sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Virðisaukaskattur, höfuðstóll og innheimta árin 1990–1991.

	1990 m.kr.	1991 m.kr.	Breyting milli ára m.kr.	%
Álagður virðisaukaskattur	38.980	44.118	5.138	13,2
Virðisaukaskattur án áætlana	38.329	43.211	4.882	12,7
Innheimt af álagningu	38.078	42.834	4.756	12,5
Endurgreiðslur	2.342	2.570	228	9,7
Innheimta — endurgreiðslur	35.736	40.264	4.528	12,7

Tafla þessi ber með sér að álagningartölur án áætlana vaxa meira milli ára en sem nemur almennum verðlags- og veltubreytingum í þjóðfélaginu og bendir það ekki til lakari skattskila. Álagning með áætlunum hækkar enn meira sem er eðlilegt í nýju kerfi af þessu tagi en gæti einnig bent til virkari skattheimtu. Breytingar á innheimtutölum benda til þess að innheimta hafi ekki versnað. Endurgreiðslur úr kerfinu vaxa hins vegar minnst á milli ára sem bendir ekki til þess að séu þær sá veikleiki sem Ríkisendurskoðun telur.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við gagnrýni Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings á framkvæmd innheimtumála, sbr. skýrslu þessara aðila við endurskoðun ríkisreiknings 1991?*

Í skýrslu um ríkisreikning fyrir árið 1991 fjalla Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings um innheimtu ríkissjóðstekna á því ári. Eru þar gerðar ýmsar réttmætar athugasemdir og veittar gagnlegar ábendingar. Engu að síður er framsetning sumra talna í skýrslunni hæpin og sumar ályktanir í henni varhugaverðar, einkum þegar höfð er í huga túlkun þeirra í meðferð fjölmiðla og annarra sem ekki hafa aðstöðu til að leggja raunhæft mat á niðurstöðurnar.

Mat Ríkisendurskoðunar á innheimtu hefur að áliti fjármálaráðuneytisins veilur sem óhjákvæmilega leiða til rangrar niðurstöðu og hæpinna ályktana. Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir liggur veilan í þeirri aðferð að blanda saman innheimtutölum margra ára og bæta eftirstöðvum fyrri ára við innheimtustofn þess árs sem fjallað er um hverju sinni og notaður er við að reikna innheimtuhlutfall. Þessi aðferð leiðir óhjákvæmilega til rangrar niðurstöðu um árangur innheimtu og breytingar á henni. Staðgreiðsla og virðisaukaskattur eru nýleg tekjuöflunarkerfi sem gerir það að verkum að veilur þessar bjaga niðurstöður meira en ella væri.

Sú aðferð, sem Ríkisendurskoðun notar til að meta innheimtuárangur, leiðir til vafasamrar niðurstöðu a.m.k. í tveimur veigamiklum atriðum. Annars vegar verða eftirstöðvar ofmetnar sem nemur umframáætlunum og töpuðum kröfum. Vöxtur eftirstöðva fyrstu árin í nýjum kerfum mælist mikill án þess að innheimta hafi versnað. Hins vegar mun innheimtuhlutfall, eins og Ríkisendurskoðun reiknar það, fara stöðugt lækkandi ár frá ári þar til vissu marki er náð. Á það einnig við þótt innheimta sé stöðug og góð. Ályktanir á þeim grundvelli um breytingar á innheimtuárangri á milli ára verða því marklitlar.

Um innheimtu virðisaukaskatts.

Á bls. 48 í skýrslu Ríkisendurskoðunar er fjallað um innheimtu virðisaukaskatts. Þar segir svo: „Álagður virðisaukaskattur til innheimtu á árinu 1991 nam alls 47.991 milljón króna. Upp í þá fjárhæð innheimtust 39.217 milljónir króna eða 81,7%. Ef tekið er tillit til ógjaldfallinna eftirstöðva að fjárhæð 6.527 milljónir króna er innheimtuhlutfallið 94,6%. Innheimtuhlutfall 1990 var um 97% en þessi samanburður er af ýmsum ástæðum ekki marktækur, m.a. vegna þess að þetta var fyrsta árið sem skatturinn var innheimtur."

Hér er því slegið föstu að innheimtuhlutfallið sé 94,6% og hafi versnað um nærri 2,5% frá árinu áður. Þess er vissulega réttilega getið að þessi samanburður er ekki marktækur. Ástæðan er þó ekki sú sem Ríkisendurskoðun telur. Ástæðan er einfaldlega sú að aðferðin, sem notuð er, felur í sér þá grundvallarskekkju, eins og bent var á í upphafi, að safna upp eftirstöðvum liðinna ára og bæta þeim við innheimtustofn nýs árs. Innheimtuhlutfallið lækkar milli ára þótt innheimtan sé óbreytt eða jafnvel batni.

Til samanburðar við tölur Ríkisendurskoðunar eru þær tölur, sem raktar eru í svari við fyrri hluta fyrirspurnarinnar og sýna að innheimta virðisaukaskatts árin 1990 og 1991 er að teknu tilliti til umframáætlana og gjaldþrota 98–99% af álagningu hvors árs um sig þegar ár er liðið frá lokum þess.

Á sömu blaðsíðu í skýrslunni segir enn fremur: „Þrátt fyrir að innheimtuhlutfall sé vel viðunandi hafa gjaldfallnar eftirstöðvar rúmlega tvöfaldast á milli áranna 1990 og 1991 og hefur þá verið tekið tillit til niðurfærslu eftirstöðva í árslok 1991 að fjárhæð 607 milljónir króna." Í framhaldi þessa texta segir á næstu síðu: „Þó svo að áætlanir séu stór hluti eftirstöðva er hér um mjög alvarlega þróun sem nauðsynlegt er að sporna við strax."

Úr þessu verður ekki lesið annað en að það sé álit Ríkisendurskoðunar að innheimta hafi versnað svo að eftirstöðvar hafi tvöfaldast. Eftirstöðvar hafa að vísu tvöfaldast en ekki vegna verri innheimtu. Skýringin er einfaldlega sú að í árslok 1990 stóðu í bókunum eftirstöðvar eins árs, fyrsta árs virðisaukaskattsins. Í árslok 1991 standa í bókunum eftirstöðvar tveggja ára, þ.e. áranna 1990 og 1991. Staðreyndin er sú að mestur hluti eftirstöðva hvers árs eru áætlanir skattstjóra og vanskil gjaldþrota aðila og eru eftirstöðvar tveggja ára því eðlilega hærri en eftirstöðvar eins árs og skýrir það hækkun bókfærðra eftirstöðva milli ára.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir bendir reynsla af innheimtu virðisaukaskatts á tveimur fyrstu árum þess kerfis til þess að um ári eftir síðasta gjalddaga vegna hvors árs hafi náðst að innheimta um u.þ.b. 98% af höfuðstól álagningar þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til áætlana. Gera má ráð fyrir að á sama tíma séu eftirstöðvar af höfuðstól án umframáætlana 500–700 millj. kr. vegna hvors árs. Þar af er einhver hluti hjá aðilum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Skilvirkni hefur ekki hrakað milli ára, álagning og innheimta hafa aukist umfram verðlags- og veltubreytingar en endurgreiðslur lækkað að tiltölu.

Niðurstöður þessar, sem nánar eru sýndar og rökstuddar hér að framan, sýna að mat Ríkisendurskoðunar á innheimtu virðisaukaskatts er ekki rétt og gefur sem slíkt ekki tilefni til sérstakra aðgerða.

Um innheimtu staðgreiðslu.

Reynsla af innheimtu staðgreiðslu á fyrstu fjórum árum hennar er um margt hliðstæð því sem fram hefur komið varðandi virðisaukaskatt og verður í heild að teljast viðunandi. Eftirstöðvar af höfuðstól álagningar þessara ára alls voru um mitt þetta ár um 1,6 milljarðar kr. sem eru tæplega 1,5% af álögðum höfuðstól. Þar af er á annan milljarð króna kröfur í þrotabú lögaðila. Að þrotabúum frátöldum eru eftirstöðvar höfuðstóls vegna áranna 1988–1990 innan við 300 millj. kr. sem er innan við 0,5% af þeim rúmlega 70 milljörðum sem lagðir voru á í staðgreiðslu á þessum árum.

Eins og tölur þessar sýna og nánar var útlistað hér að framan eru ályktanir Ríkisendurskoðunar um innheimtu staðgreiðslu og eftirstöðvar ekki á traustum grunni reistar og gefa sem slíkar ekki tilefni til sérstakra aðgerða. Fjármálaráðuneytið mun hins vegar taka til athugunar ábendingu Ríkisendurskoðunar um ábyrgð ríkisins á vanskilum á staðgreiðslu og uppgjör við sveitarfélögin.

Almennt um innheimtu.

Þótt almennt ástand í innheimtu þessara mikilvægu tekjustofna megi teljast vel viðunandi má vafalaust enn bæta það. Þá fer ekki hjá því að finna megi einstök tilvik og framkvæmdamáta sem rétt er að endurmeta. Ábendingar Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings um ýmislegt það sem betur má fara eru því þarfar.

Fjármálaráðuneytið hefur á undanförnum missirum lagt áherslu á innheimtumál. Upplýsingum um innheimtu er safnað reglulega og miðlað til innheimtumanna ríkissjóðs og þær eru kynntar á fundum með þeim. Liður í eftirliti ráðuneytisins með innheimtu er einnig að senda innheimtumönnum ríkissjóðs með reglulegu millibili yfirlit yfir innheimtuframvindu vegna þeirra aðila sem eru í mestum vanskilum.

Innheimtumenn ríkissjóðs vinna eftir þeim reglum sem þeim eru settar í lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þeir hafa engu að síður nokkurt svigrúm og geta að einhverju marki hagað innheimtuaðgerðum með tilliti til þess hvernig þeir telja að hagsmunum ríkissjóðs sé best borgið hverju sinni. Fjármálaráðuneytið telur slíkt svigrúm nauðsynlegt og geta leitt til betri innheimtu en ella væri þótt óneitanlega felist einnig í því ákveðin áhætta.

Fjármálaráðuneytið mun halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í innheimtumálum og leitast við að treysta þann góða árangur sem náðst hefur og bæta hann þar sem úrbóta er þörf. Það mun enn efla samstarf við innheimtumenn ríkissjóðs, miðla til þeirra upplýsingum og samræma störf þeirra að því er tekur til þess hvernig og hvenær skuli beita þeim innheimtuúrræðum sem hverju sinni eru fyrir hendi lögum samkvæmt. Fjármálaráðuneytið mun í starfi þessu gaumgæfa þær ábendingar Ríkisendurskoðunar sem á rökum eru reistar og til bóta mega horfa.

Árangur af innheimtu skatta ræðst m.a. af þeim viðhorfum sem gjaldendur hafa til skattlagningar og innheimtu þeirra. Er mikilvægt að þeir geti treyst því að ekki sé gert upp á milli manna og að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum. Það traust þarf að byggja upp með því að miðla til gjaldenda raunsannri mynd af ástandi í þessum málum og viðleitni stjórnvalda til að bæta það sem aflaga fer. Sú mynd, sem almenningur fær af þessum málum, mótast m.a. af umfjöllun fjölmiðla. Hún byggir að mestu á

upplýsingum sem opinberir aðilar veita með einum eða öðrum hætti. Ekki fer hjá því að skýrslur Ríkisendurskoðunar vega hér þungt og hafa vegna stöðu þeirrar stofnunar mikil áhrif.

Af þessum sökum er mikilsvert að í skýrslu sem þeirri, sem hér um ræðir, sé þess gætt að draga upp raunsanna mynd af því ástandi sem fjallað er um. Einhliða umfjöllun um neikvæð atriði og neikvæða túlkun efnisatriða — eins þótt hún stafi af ófullkomnum efnistökum — er til þess eins fallin að veikja tiltrú gjaldenda og missir marks sem aðhald að þeim sem vinna að innheimtumálum.

728. Frumvarp til laga [428. mál]

um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu.

Flm.: Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem stundað hafa sjósókn á eigin fari, námsmenn, einyrkjar og aðrir sem ekki hafa verið á almennum vinnumarkaði en hafa verið atvinnulausir í fjórar vikur eiga rétt á atvinnuleysisbótum þótt þeir uppfylli ekki vinnuskilyrði laga þessara og þótt þeir séu ekki félagsmenn í stéttarfélagi.

Til að meta hvort viðkomandi á rétt til bóta samkvæmt þessari grein skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setja reglur er tryggi réttindi hins atvinnulausa og hagsmuni bótagreiðanda í senn. Getur stjórnin sett slíkar almennar reglur og falið forstjóra að tryggja að unnið verði eftir þeim að fengnu samþykki félagsmálaráðherra. Reglurnar byggjast á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, og lögum þessum.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Stjórn sjóðsins ræður forstjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs til fjögurra ára í senn en forstjórinn ræður síðan aðra starfsmenn sjóðsins. Forstjóri ber ábyrgð á sjóðsvörslu, reikningshaldi og daglegri afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar.

Handbært fé skal ávaxtað á þeim kjörum sem best teljast að mati forstjóra og sjóðsstjórnar á hverjum tíma.

3. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk framlags skv. 1. mgr. greiðir ríkissjóður sérstakt framlag til þeirra atvinnuleysisbóta og réttinda sem kveðið er á um í þessum lögum.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

6. Sanna með fullnægjandi hætti að mati stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að viðkomandi uppfylli ákvæði 4. gr. og hafi verið atvinnulaus í fjórar vikur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sex vikur“ í 1. mgr. kemur: sex mánuði.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ef sá sem hefur unnið sér rétt til bóta veikist skal hann gera grein fyrir veikindum sínum með læknisvottorði. Hann heldur þá bótum uns veikindagreiðslur taka við samkvæmt ákvæðum annarra laga eða kjarasamninga.

c. 3. mgr. orðast svo:

Nú hefur einstaklingur fengið atvinnuleysisbætur samkvæmt þessari grein, en námi lýkur ekki innan þeirra sex mánaða sem kveðið er á um í 1. mgr. og skal þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að veita stuðning áfram á sömu kjörum og samkvæmt sömu reglum og gilda samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Veiti Lánasjóðurinn ekki lán út á þá starfsþjálfun eða nám sem viðkomandi stundar getur sjóðsstjórnin samþykkt að veita sama stuðning áfram til viðkomandi einstaklings í formi láns til 25 ára sem ber ekki vexti. Reglur um lánveitingar setur stjórn sjóðsins á grundvelli fjárveitinga hverju sinni sem ákveðnar skulu vera í fjárlögum fyrir hvert ár og bætast við þau framlög sem kveðið er á um í 15. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setur skráningarreglur samkvæmt þessari grein. Nú veikist umsækjandi og heldur hann þá bótarétti sínum enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði þótt hann komist ekki til skráningarstaðar.

7. gr.

Á eftir orðunum „starfskjör öll“ í fyrri málsgrein 6. tölul. 21. gr. laganna kemur: þar á meðal vinnutími.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. 3. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „4%“ í 2. mgr. kemur: 12%.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þeir sem fá rétt til atvinnuleysisbóta skv. 4. gr. þessara laga og uppfylla því ekki skilyrði laganna um vinnutíma eða aðild að stéttarfélögum geta þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar fengið hámarksbætur sem hér segir:

1. Fyrstu fjórar vikur bótatímans fjórðung bóta en þó fullar bætur fyrir hvert barn.
2. Næstu fjórar vikur hálfar bætur en þó óskertar bætur fyrir hvert barn.
3. Eftir átta vikur skv. 1. og 2. tölul. fullar bætur og óskertar bætur fyrir hvert barn.

Nú getur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sannað að umsækjandi hafi aðeins unnið hluta vinnu næstliðin fimm ár eða lengur og skal þá meta réttindahlutfall umsækjandans út frá þeim vinnutíma.

10. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði VI. kafla er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að taka ákvörðun um einföldun þessa úthlutunarkerfis enda sé réttur umsækjenda aldrei fyrir borð borinn. Þannig getur stjórn sjóðsins ákveðið að fela tilteknum aðila, verkalýðsfélagi eða samtökum verkalýðsfélaga, sveitarfélagi eða samtökum þeirra, alla framkvæmd skráningar atvinnuleysis og úthlutunar og útborgunar atvinnuleysisbóta á sama svæðinu enda verði ákvörðun um það tekin samhljóða í stjórn sjóðsins.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

11. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sveitarfélög starfrækja vinnumiðlun hvert hjá sér eða í sameiningu eftir nánara samkomulagi samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélögin reka í sameiningu Landsskrifstofu vinnumiðlana sem nær yfir landið allt og safnar saman upplýsingum um atvinnuástand af landinu öllu. Landsskrifstofan er starfrækt í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og vinnumálaskrifstofu þess og ráðgjafarnefnd skv. 3. gr. laga nr. 18/1985. Landsskrifstofan skal

a. hafa sem best samstarf við vinnumiðlunarskrifstofur um land allt,
b. hafa á reiðum höndum upplýsingar um atvinnutækifæri og atvinnutilboð,
c. hafa frumkvæði að könnun á því hvaða atvinnutilboð kunna að vera væntanleg,
d. fylgjast með starfsemi vinnumálaskrifstofa og vinnumiðlana og gera ráðstafanir til að tryggja að fylgt sé lagaákvæðum um vinnumiðlun á hverju svæði,
e. hafa forustu um að fram fari reglulega rannsóknir á félagslegum og sálrænum afleiðingum atvinnuleysis fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa.

12. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðgjafarnefnd vinnumiðlunarinnar getur einnig að eigin frumkvæði gert tillögur til aðila vinnumarkaðarins, t.d. í tengslum við kjarasamninga, með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, hvort sem það felst í því að stofna til nýrra atvinnutækifæra eða í því að jafna betur en gert er þeirri vinnu sem unnin er í landinu á hverjum tíma.

Ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar ræður framkvæmdastjóra Landsskrifstofu vinnumiðlana en framkvæmdastjórinn annað starfslið. Framkvæmdastjóri Landsskrifstofunnar er ráðinn til fjögurra ára í senn.

13. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Nú ákveður einstaklingur eða félag að setja á stofn ráðningarstofu eða ráðningarfyrir-

tæki og skal þá viðkomandi hafa til þess leyfi frá félagsmálaráðherra. Leyfið er háð skilyrðum um samstarf við vinnumiðlanir landsins alls eftir því sem kostur er. Ráðgjafarnefnd skv. 3. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun, setur reglur um leyfisveitingar og skilyrði fyrir leyfisveitingunum.

III. KAFLI
Breyting á IX. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

14. gr.

Á eftir 53. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytis skal í störfum sínum leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

1. yfirlit yfir vinnumarkaðinn eins og hann er og líklega þróun hans,
2. eftirlit með því að lögum um atvinnuleysistryggingar sé fylgt,
3. umsjón með því að lögum um vinnumiðlun sé framfylgt.

Félagsmálaráðherra ræður framkvæmdastjóra vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Framkvæmdastjóri vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins kallar reglulega saman samstarfsfundi með framkvæmdastjóra Landsskrifstofu vinnumiðlunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá skulu stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar hittast a.m.k. tvisvar á ári til að fara yfir þá málaflokka sem lög þessi fjalla um.

15. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Vinnumálaskrifstofan getur falið Landsskrifstofu vinnumiðlunar samkvæmt lögum þessum að sinna þeim verkefnum sem vinnumálaskrifstofunni eru ætluð.

16. gr.

Í stað 55. gr. laganna, sbr. 1ög nr. 95/1992, kemur ný grein er orðast svo:

Atvinnurekanda er skylt, nema sérstakar aðstæður hamli, að gera vinnumiðlun umdæmis grein fyrir því hvort ætlunin er að bæta við störfum á næstu tveimur mánuðum. Öll fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga skulu kynna starfstækifæri á sínum vegum til Landsskrifstofu og til vinnumiðlunar sveitarfélaganna.

Ráðgjafarnefndin, sem starfar skv. 3. gr. laga um vinnumiðlun, skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1993. Skulu þá lög nr. 96/1990, nr. 18/1985 og nr. 13/1979 gefin út að nýju með þeim breytingum sem á þeim verða samkvæmt þessum lögum svo og samkvæmt eldri lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkistjórnin skal frá og með gildistöku laga þessara láta hefja samræmda heildarendurskoðun þeirra laga sem breytt er með lögum þessum. Skal endurskoðuninni lokið fyrir 1. janúar 1995 og frumvarp síðan lagt fyrir Alþingi innan átta vikna.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er byggt á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, en gert er ráð fyrir viðbótarákvæðum í lögin án þess að hrófla við þeim í grundvallaratriðum. Þá eru gerðar tillögur um breytingar á lögunum um vinnumiðlun og um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., um vinnumarkaðsmál.

Lögin um atvinnuleysistryggingar eru barn þess tíma er hér var full atvinna. Nú hefur þjóðin fengið að kynnast öðru. Lögin gera í núverandi mynd sinni ekki ráð fyrir að hér sé um að ræða langvarandi atvinnuleysi. Þess vegna er þar miðað við svokallaðan biðtíma í 16 vikur án bóta. Þá er í lögunum miðað við stéttarfélög og aðild að þeim, en ekki gert ráð fyrir að einyrkjar, atvinnurekendur, námsmenn eða aðrir slíkir geti einnig orðið atvinnulausir. Atvinnuleysisbætur eiga auðvitað að vera almennur réttur, mannréttindi, sem fólk á að fá óháð því hvort viðkomandi er aðili að stéttarfélagi eða ekki.

Ekki er hróflað við núverandi kerfi í frumvarpinu að öðru leyti en því að fluttar eru tillögur um lagfæringar á lögunum, bæði til að tryggja betur réttindi atvinnulausra og til að einfalda kerfið í því skyni að draga úr skriffinnsku og seinagangi sem oft er erfitt fyrir þá atvinnulausu. Hér er byggt á þeirri grundvallarstefnu að allir eigi rétt á bótum á þeim forsendum að þjóðfélagið allt ber ábyrgð á því að við búum hér við hagkerfi sem getur haft í för með sér atvinnuleysi eins og dæmin hafa nú sannað.

Aðalbreytingarnar, sem hér er gert ráð fyrir, eru sem hér segir:

1. Lagt er til að allir eigi rétt á atvinnuleysisbótum, enda hafi viðkomandi verið atvinnulaus í fjórar vikur — ef hann fellur ekki undir ákvæði laganna að öðru leyti. Er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins setji að öðru leyti vinnureglur um réttindi þess fólks sem hér um ræðir umfram það sem lögin kveða á um að öðru leyti vegna þeirra sem eiga rétt af því að þeir eru í stéttarfélögum. Verður að gera ráð fyrir að sömu reglur gildi um bótaupphæðir, enda er byggt á því að núverandi kerfi með hlutabótum breytist nokkuð.
2. Lagt er til að sextán vikna tíminn án bóta falli niður og þar með séu ekki lengur tímamörk á því hversu lengi einstaklingurinn getur fengið atvinnuleysisbætur.
3. Lagt er til að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun en ekki inni í kerfi Tryggingastofnunar ríkisins. Ástæðan er sú að atvinnuleysi er nú svo víðtækt vandamál að nauðsynlegt er að sjálfstæð stofnun fjalli um málið auk þess sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að atvinnuleysistryggingar verði fluttar frá tryggingamálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins.
4. Lagt er til að bætur fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda verði 12% af kauptaxta í stað 4% nú.
5. Lagt er til að ríkissjóður greiði sérstaklega þann umframkostnað sem frumvarp þetta hefði í för með sér ef að lögum verður.
6. Í gildandi lögum missir hinn atvinnulausi rétt til bóta ef hann er veikur. Hér er miðað við að hann haldi bótarétti uns hann kemst á bætur samkvæmt kjarasamningi eða öðrum lögum. Það er þá hlutverk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að tryggja að viðkomandi njóti réttar síns annars staðar áður en hann er strikaður út af atvinnuleysisskrá.
7. Lagt er til að sá sem hefur nám eða tekur þátt í viðurkenndri starfsþjálfun á atvinnuleysistíma geti haldið bótum í allt að sex mánuði í stað sex vikna nú. Að sex mánuðum loknum er stjórn sjóðsins heimilt að breyta stuðningnum í lán þannig að viðkomandi verði í svipaðri stöðu og þeir sem fá lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það er þá hlutverk stjórnar sjóðsins að tryggja að viðkomandi einstaklingur

komist inn á lánakerfi LÍN áður en réttur hans til atvinnuleysisbóta fellur niður.

8. Lagt er til að heimilt verði að breyta úthlutunar-, skráningar- og útborgunarkerfinu frá því sem nú er enda fallist stjórn sjóðsins á það með samhljóða atkvæðum. Núverandi kerfi er þungt í vöfum og ógagnsætt. Það er nóg lagt á hvern þann mann sem missir atvinnuna þó ekki bætist við sú áþján sem felst í því að þurfa að ganga í gegnum frumskóg stimplana og pappírsfjöll til þess að geta náð þeim takmörkuðu fjármunum sem felast í atvinnuleysisbótunum.

   Hér er því opnað fyrir þann möguleika að skráning atvinnuleysis, útreikningur bóta og útborgun fari fram á einum stað þar sem einnig mætti hugsa sér að hafa vinnumiðlunina sem starfar samkvæmt sérstökum lögum.

9. Lagt er til að breytingar verði gerðar á gildandi lögum um vinnumiðlun sem hér segir:
   a. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót skrifstofu er hafi með höndum samræmingu vinnumiðlunarstarfs um land allt. Skal þessi skrifstofa, er nefnist Landsskrifstofa vinnumiðlana, hafa eftirfarandi aðalverkefni:
      — að sjá um samræmingu á vinnumiðlun sveitarfélaganna og tryggja með samkomulagi við sveitarfélögin að vinnumiðlun sé alls staðar starfrækt og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög,
      — að fylgjast grannt með þróun vinnumála í landinu að því er varðar vinnumarkaðinn eins og hann er á hverjum tíma, atvinnutækifæri og síðan atvinnuleysið,
      — að hafa forustu um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.
   b. Gert er ráð fyrir að ráðgjafarnefnd vinnumiðlunar geti haft frumkvæði að tillögum sem lagðar verða fyrir aðila vinnumarkaðarins í kjarasamningum um fjölgun atvinnutækifæra og jöfnun þeirrar vinnu sem fyrir er í landinu.
   c. Landsskrifstofan annist enn fremur þau verkefni sem falin eru vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins samkvæmt gildandi lögum, en vinnumálaskrifstofunni verði síðan færð ný verkefni.

10. Þá er gerð tillaga um breytingar á lögum um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og að skrifstofan skipti starfsemi sinni í þrjú aðalsvið. Hún skal fylgjast með
    a. vinnumarkaðnum eins og hann er og veita upplýsingar um þróun hans eins og ætla má að hún verði,
    b. starfsemi Landsskrifstofu vinnumiðlana og vinnumiðlunar sveitarfélaganna eftir því sem þörf krefur,
    c. framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar.

    Miðað er við að ráðinn verði framkvæmdastjóri vinnumálaskrifstofunnar sem afmarki þannig skýrar en ella sérstöðu vinnumálaskrifstofunnar sem sjálfstæðs aðila. Ekki þarf því endilega að gera ráð fyrir að vinnumálaskrifstofan verði inni í húsnæði félagsmálaráðuneytisins. Mætti hugsa sér að öll sú starfsemi, sem fjallað er um í frumvarpi þessu, hafi miðstöð á einum og sama staðnum.

Frumvarpið, ef að lögum verður, mun að sjálfsögðu hafa veruleg útgjöld í för með sér. Kerfi vinnumiðlunar og atvinnuleysisbóta á Íslandi er vanþróað af þeim eðlilegu ástæðum að hér hefur ekki verið stórfellt atvinnuleysi fyrr en nú. Í frumvarpinu er byggt á þeirri forsendu að veitt verði fé til sérstakra verkefna á fjárlögum hverju sinni. Þá er gert ráð fyrir aukningu á kostnaði vegna þess að hlutabætur eru felldar niður eftir tiltekinn

tíma. Enn fremur mun það að sjálfsögðu hafa kostnað í för með sér að einyrkjar, námsmenn og aðrir slíkir hópar, sem eru utan stéttarfélaga og hafa e.t.v. aldrei haft vinnu, fái nú rétt til atvinnuleysisbóta. Ekki er ljóst hver sá fjöldi fólks er sem þarna um ræðir, en talað hefur verið um þúsundir einstaklinga. Vissa fæst ekki í þeim efnum fyrr en með framkvæmdinni. Þá hlýst einhver aukakostnaður af því að gert er ráð fyrir að breyta stjórnkerfinu sjálfu og að það heyri allt undir félagsmálaráðuneyti. Flutningsmenn eru tilbúnir til að fallast á sérstaka tekjuöflun í því skyni að standa undir atvinnuleysistryggingunum og annarri starfsemi sem þetta frumvarp hefur í för með sér ef að lögum verður. En í heildina er hér tekið á mannréttindamáli sem þjóðfélagið hlýtur að bera kostnað af, auk þess sem vinnumiðlun, sem er virk, mun skila þjóðarbúinu beinum arði í peningum til lengri og skemmri tíma litið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þegar í stað hefjist samræmd heildarendurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu og að endurskoðuninni ljúki fyrir lok ársins 1994. Gera verður ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins og samtök atvinnulausra verði kvödd til í því skyni að hafa áhrif á samningu frumvarps um heildarlöggjöf á þessu sviði.

Flutningsmenn ræddu fjölmarga aðra möguleika til breytinga á rétti þeirra sem ekki hafa atvinnu, t.d. sérstakar húsnæðisbætur þeim til handa. Þau mál verður að taka til sérstakrar skoðunar því atvinnulausir eru nú hundruðum saman að missa íbúðir sem hefur óhjákvæmilegar afleiðingar og alvarlegar fyrir allt efnahagskerfið. Þá var það rætt hvort ekki væri nauðsynlegt að hækka meira en hér er gerð tillaga um bætur fyrir hvert barn á framfæri hins atvinnulausa. Hér var þó ákveðið að staldra við tölu sem er í raun þreföldun frá gildandi lögum — en er samt lág.

Með frumvarpinu fylgir skýrsla um málefni atvinnulausra þar sem fram koma margs konar tillögur. Þá hafa einstakir aðilar verið flutningsmönnum til ráðuneytis og komið á framfæri fjölmörgum öðrum tillögum sem verður gerð grein fyrir í framsöguræðu.

Flutningsmenn telja að með þessu frumvarpi sé kominn traustur umræðugrundvöllur fyrir Alþingi um þau mál, sem hér um ræðir, í heild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að þeir sem hafa sannanlega verið atvinnulausir næstliðnar fjórar vikur fái atvinnuleysisbætur þótt þeir uppfylli ekki önnur skilyrði laganna um aðild að stéttarfélögum og fleira.

Þá er hér lagt til að lögin í heild, svo og þau lög sem gert er ráð fyrir að breyta í frumvarpinu, verði undir stjórn félagsmálaráðherra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður verði sjálfstæð stofnun og stjórnin ráði honum forstjóra til fjögurra ára í senn. Þar með verði starfsemi sjóðsins tekin út úr Tryggingastofnun ríksins og eru rökin aðallega þau að starfsemi sjóðsins sé svo viðamikil í því mikla atvinnuleysi sem nú er að ekki samrýmist hlutverki hans að vista hann og starfsemi hans innan annarrar stofnunar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sjóðurinn haldi tekjum sínum en ríkissjóður greiði sérstaklega og umfram þau lög sem nú eru í gildi þann kostnað sem fellur til vegna þess frum-

varps sem hér er flutt, ef samþykkt yrði. Má segja að kostnaðurinn sé tvenns konar. Annars vegar lögbundin hækkun bóta með breytingu bóta vegna barna og með fjölgun þeirra sem fá aðild að sjóðnum. Hins vegar er kostnaður sem fer eftir því hve mikið fé er veitt til verkefnisins á fjárlögum hverju sinni. Með þessari framsetningu er miðað við í raun að það hrikalega atvinnuleysi, sem nú er um að ræða, sé tímabundið.

Um 4. gr.

Hér er lögð sú sönnunarbyrði á umsækjanda að hann sýni fram á að hafa verið atvinnulaus í fjórar vikur. Stjórn sjóðsins er síðan ætlað að setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Er víða gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé ætlað að móta framkvæmdareglur í stað þess að stafa það á lögbókina í smáatriðum hvað sjóðsstjórnin á að gera.

Um 5. gr.

Í a-lið greinarinnar er gerð tillaga um að þeir sem stunda náms- eða starfsþjálfun skv. 18. gr. geti fengið atvinnuleysisbætur í sex mánuði í stað sex vikna nú. Hafi viðkomandi ekki lokið námi á sex mánuðum geti hann annaðhvort farið inn á lánakerfi námsmanna eða fengið lán úr sjóðnum sem verði verðtryggð en beri ekki vexti.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að umsækjandi missi rétt til atvinnuleysisbóta ef hann veikist. Þetta er fráleitt ákvæði og mætti hugsa sér að veikindaréttur manna væri sá sami í atvinnuleysi og atvinnu. Í b-lið greinarinnar er hins vegar farin sú leið að ætla mönnum atvinnuleysisbætur uns þeir komast á aðrar bætur samkvæmt samningum eða lögum. Verður að ætla stjórn sjóðsins að tryggja hagsmuni hans við þessar aðstæður.

Um 6. gr.

Hér er rýmkuð staða umsækjanda í veikindum frá því sem er í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Hér er gerð sú breyting að bætt er við upptalningu laganna orðunum „þar á meðal vinnutími“ til að undirstrika að fólk getur haldið bótum þótt það hafni vinnu sem unnin er á allt öðrum tíma en hentar umsækjanda vegna heimilisaðstæðna.

Um 8. gr.

Með þessum tillögum er felldur niður bótalausi tíminn, sextán vikurnar, og virðist um það almenn samstaða að við núverandi aðstæður sé þetta fyrirkomulag óviðunandi.

Um 9. gr.

Í a-lið þessarar greinar felst ein meginbreyting frumvarpsins. Nú fær umsækjandi 83 kr. á dag með hverju barni á framfæri. Hér er gert ráð fyrir að sú upphæð verði um 250 kr. á dag fyrir hvert barn, en ekki er gerð tillaga um að hækka bótaupphæðirnar að öðru leyti.

Í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð er gert ráð fyrir hlutabótum handa atvinnulausu fólki með hliðsjón af því hve lengi viðkomandi hefur verið á vinnumarkaði næstliðin missiri. Í b-lið greinarinnar er gerð tillaga um að nokkur aðdragandi eigi sér einnig stað þar til þeir sem nú eru utan laganna komast á bætur og hafi þeir unnið hluta úr starfi næstliðin fimm ár frá umsókn verði tekið tillit til þess við ákvörðun atvinnuleysisbóta. Í þessu sambandi er stjórn sjóðsins ætlað að móta reglur sem séu í senn sanngjarnar gagnvart þeim sem ekki hefur vinnu og tryggi hagsmuni sjóðsins.

Um 10. gr.

Einn helsti vandi atvinnuleysistryggingannа í dag, og sérstaklega umsækjendanna sjálfra, er það hve kerfið er flókið og þungt í vöfum. Hér er gert ráð fyrir að heimila stjórn sjóðsins að sameina alla þessa þætti, skráningu, útreikning og útborgun, á einum stað, enda takist um þá ákvörðun full samstaða í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Um 11. gr.

Í II. kafla er fjallað um vinnumiðlun. Þar er gert ráð fyrir óbreyttri skipan að öðru leyti en því að mynduð verði Landsskrifstofa vinnumiðlana sem samræmi störfin eins og kostur er. Landsskrifstofan starfi undir stjórn ráðgjafarnefndarinnar sem starfar samkvæmt gildandi lögum um vinnumiðlun. Í greininni er rækilega talið upp hver verða eigi verkefni Landsskrifstofunnar.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráðgjafarnefndin skuli ekki einungis annast verkefni frá degi til dags, eins og þau falla til, heldur eigi hún líka að sinna stefnumótun og standa fyrir beinni tillögugerð til úrbóta í tengslum við gerð kjarasamninga.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir einkaaðilar sem vilja reka ráðningarstofur eða vinnumiðlun þurfi til þess sérstakt leyfi frá félagsmálaráðherra. Leyfið verði þá bundið tilteknum skilyrðum enda setji ráðgjafarnefndin um það efni almennar reglur.

Um 14. gr.

Í þriðja kaflanum er fjallað um þau lagaákvæði sem breytt verði í lögum um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Í þessari grein er kveðið á um víðtækara verkefni skrifstofunnar, svo og að forráðamenn þeirra aðila, sem fjallað er um í frumvarpi þessu, komi saman til fundar reglulega til að samræma störf sín.

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að vinnumálaskrifstofa ráðuneytisins geti falið Landsskrifstofunni að annast verkefnin sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lögð sú lagaskylda á opinbera aðila að fara með öll störf sem losna fyrir vinnumiðlanir. Þá er lagt á einkaaðila að gera hið sama nema sérstakar aðstæður hamli. Nú er ljóst að erfitt er að koma þessu við að því er varðar einkaaðilana, en með reglubundnu samstarfi við atvinnurekendur á að vera unnt að koma þessari reglu á einnig hvað þá áhrærir.

Um 17. gr.

Þar sem hér er um viðamikla lagasetningu að ræða er gert ráð fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en eftir sex mánuði frá því að frumvarpið er flutt. Við afgreiðslu málsins gæti orðið nauðsynlegt að færa gildistökutímann enn frekar til.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lögð áhersla á að öll þau lög, sem hér um ræðir, verði skoðuð og að flutt verði fyrir árslok 1994 nýtt frumvarp á grundvelli heildarendurskoðunar. Í frumvarpinu, sem hér er flutt, er gerð tillaga um bráðabirgðaskipan mála sem gildi meðan atvinnuleysið er jafnhrikalegt og tölur bera vott um.

Fylgiskjal I.

NÝ LEIÐ ÍSLENDINGA

Tillögur í efnahagsmálum. Sóknaraðgerðir í atvinnulífi.

(Samþykkt þingflokks Alþýðubandalagsins í október 1992.)

Aðstæður eru nú um margt óvenju erfiðar í íslenskum þjóðarbúskap og mikið umrót er í efnahagslífi umheimsins. Atvinnuleysi er vaxandi og virðist vera að festast í sessi um land allt.

Í sjávarútvegi og fleiri undirstöðuatvinnugreinum er mikill taprekstur og gjaldþrot tíð. Samdráttur er í ýmsum greinum iðnaðar, landbúnaði og þjónustugreinum. Stöðnun eða afturför ríkir á flestum sviðum atvinnulífsins á sama tíma og störfum er fækkað í velferðarþjónustu.

Við slíkar aðstæður er ríkari þörf en nokkru sinni fyrir bjartsýna sóknarstefnu í íslenskum þjóðarbúskap, sóknarstefnu sem getur á nýjan leik blásið mönnum kjark í brjóst og skapað skilyrði til þróunar í framfaraátt.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur því ákveðið að setja fram tillögur í efnahags- og atvinnumálum sem unnar hafa verið á undanförnum vikum. Tillögurnar fela í sér aðgerðir í íslenskum þjóðarbúskap til að skapa ný störf og auka verðmætasköpun um leið og lögð er áhersla á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi.

Sá vandi, sem við er að glíma, er mikill og djúpstæður. Á honum verður að taka af fyllsta raunsæi og jafnframt með kjarki og bjartsýni. Landsmenn allir verða að horfast af hreinskilni í augu við það sem gera þarf.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins er reiðubúinn til viðræðna um nauðsynlegar aðgerðir og nýja stjórnarstefnu við alla stjórnmálaflokka, samtök launafólks og atvinnulífs og aðra þá sem málið varðar.

Við göngum til þeirra viðræðna með opnum huga og leggjum fram eftirfarandi tillögur til umræðu og umfjöllunar.

I. NÝR GRUNDVÖLLUR: SAMHÆFING OG SAMVINNA

1. Markmið tillagna Alþýðubandalagsins er að skapa samstöðu um nýjan grundvöll í hagstjórninni jafnframt því sem birt er ítarleg skrá yfir sérstakar aðgerðir á helstu sviðum efnahagslífsins. Nýjar hugmyndir þurfa að koma í staðinn fyrir það afskiptaleysi sem einkennt hefur landsstjórnina á undanförnum missirum og sótt hefur fyrirmynd sína til Bretlands og Bandaríkjanna þar sem stjórnvöld hafa trúað því í rúman áratug að markaðurinn og einkavæðingin mundu leysa öll vandamál. Kenningin var sú að stjórnvöld ættu hvergi að koma nálægt þróun atvinnulífsins. Þau áttu að láta lítið til sín taka í efnahagsmálum. Þessi leið hefur leitt hagkerfi Bandaríkjanna og Bretlands í miklar ógöngur og reynslan af þessari stefnu á Íslandi á undanförnum missirum hefur verið á sama veg.

2. Íslendingar þurfa nú **þjóðarsátt um nýja leið**, leið samhæfingar og samvinnu.

Kjarni hennar þarf að vera þessi:

— Stjórnvöld samhæfi aðgerðir sínar og áherslur fyrirtækjanna.
— Sóknarlínur atvinnulífsins séu mótaðar með samráði og samstarfi.
— Framleiðsla vöru og þjónustu og áhersla á útflutning og gjaldeyrissköpun séu drifkrafturinn í hagkerfinu og njóti forgangs í fjármögnun og skattalögum.

— Langtímauppbygging á tilteknum forgangssviðum verði leiðarljós í fjárfestingum og starfsemi lánastofnana.
— Sameiginleg sókn á erlenda markaði verði ráðandi í samskiptum fyrirtækja.
— Viðurkennt verði að traustar samgöngur, öflugt heilbrigðiskerfi, menntun, rannsóknir, starfsþjálfun og markaðsþekking séu forsenda hagvaxtar og nauðsynleg ef atvinnulífið á að hafa almenn skilyrði til að sækja fram.

3. Sú stefna, sem hér er lýst, byggir á eftirfarandi viðhorfum:
— Að opnir stjórnunarhættir séu lykillinn að árangri í sókn fyrirtækja, atvinnulífs og þjóðarbúskapar.
— Að lýðræðisleg þátttaka starfsfólks í ákvörðunum atvinnulífsins tryggi að þjóðin í heild sé reiðubúin að taka þátt í lausn djúpstæðra erfiðleika.
— Að víðtæk ábyrgð í fyrirtækjum, í atvinnugreinum og í stjórnsýslu sé áhrifaríkt tæki til að skapa nauðsynlegt aðhald.

4. Þær auðlindir, sem Íslendingar geta helst nýtt til nýrrar sóknar í atvinnulífinu, eru:
— Fiskstofnarnir og önnur auðævi hafsins.
— Orka fallvatna, jarðhitinn og ómenguð vatnsból.
— Landið og óspillt náttúra.
— Hugvit, hæfni, menntun og menning.

5. Lykilorðin í hinum nýja grundvelli hagstjórnarinnar eru:
— Samhæfing — sóknarlínur — framleiðsla — útflutningur — sparnaður — viðskiptasiðferði — bjartsýni.

II. AÐGERÐIR Í EFNAHAGSMÁLUM OG ATVINNULÍFI

1. Ný atvinnuþróunarstefna.

1A. Bætt almenn rekstrarskilyrði atvinnulífsins.

1A.1. Veruleg **lækkun vaxta**, m.a. með aðgerðum í peningamálum eins og lækkun bindiskyldu innlánsstofnana í Seðlabankanum sem gerir lækkun útlánsvaxta og vaxtamunar bankanna mögulega.

1A.2. **Stöðugleiki í verðlagsmálum** verði tryggður með stöðugleika í nafngengi krónunnar og almennu samkomulagi aðila vinnumarkaðar og ríkisvalds um jöfnunaraðgerðir í skattamálum og á sviði félagslegrar þjónustu sem bæti kjör hinna verst settu en feli ekki í sér breytingar á almennu launastigi.

1A.3. **Bætt samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs og lækkun raungengis** með lækkun tilkostnaðar, afnámi aðstöðugjalds og lægri verðbólgu en í samkeppnislöndum.

1.B. Aðgerðir til að örva atvinnustarfsemi.

1B.1. **Aukning fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga** og aðrar aðgerðir til að örva atvinnulífið verði fjármagnaðar með hátekjuþrepi í tekjuskatti, skattlagningu fjármagnstekna og sérstöku sameiginlegu átaki sveitarfélaga.

1B.2. **Aðstöðugjald verði afnumið.** Í staðinn fái sveitarfélög rýmri heimildir til að ákveða útsvar samkvæmt eigin mati, leggja á umhverfisgjöld og nýta m.a. bifreiðaeign og umferð sem skattstofn ásamt því að innleiða breytileg fasteignagjöld.

1C. Samstarf um atvinnuþróun.

1C.1. **Samhæfing aðgerða** samtaka atvinnulífs og opinberra aðila til að móta sóknarfæri sem auka hagvöxt og efla útflutning.

1C.2. **Sérstakar skattaívilnanir** verði ákveðnar vegna markaðs- og þróunarstarfsemi í tengslum við útflutning.

1C.3. **Auknar samgöngubætur** stuðli að þróun atvinnu- og þjónustusvæða sem séu nægilega stór til að verða grundvöllur sérhæfðar nýsköpunar í atvinnulífinu.

1C.4. **Fyrirtækjanet** um samstarf á útflutningsmörkuðum.

1D. Aukin framlög til rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Framlög á fjárlögum til rannsóknar- og þróunarstarfsemi verði aukin. Með breytingum á skattalögum verði fyrirtæki hvött til þess að verja meira fjármagni til þessarar nýsköpunar.

1E. Efling menntakerfis og starfsþjálfunar í atvinnulífi.

Menntun er forsenda hagvaxtar í framtíðinni. Í því skyni þarf einkum:

— að efla menntakerfið,
— að auka veg verkmenntunar með sérstöku samstarfsátaki atvinnulífs og skóla,
— að efla starfsþjálfun í atvinnulífinu og auka endurmenntun og fullorðinsfræðslu.

2. Jöfnunaraðgerðir — sátt á vinnumarkaði.

2.1. Aðgerðir til að örva atvinnulífið og bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja munu auka atvinnu launafólks. Byrðarnar af þessum aðgerðum verða fyrst og fremst lagðar á þá sem **betur mega sín** með ákvörðunum um hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt.

2.2. Til að tryggja árangur af þessum aðgerðum og varðveita jafnframt þann stöðugleika, sem náðst hefur, er mikilvægt í ljósi þeirra erfiðu ytri skilyrða, sem fram undan eru, að ná samkomulagi um **lítt breytt almennt launastig í landinu.** Það útilokar þó ekki leiðréttingar launa á afmörkuðum sviðum sem aðilar ná samkomulagi um.

2.3. Til að tryggja slíka launastefnu og milda áhrifin af hærri sköttum sveitarfélaga í framhaldi af afnámi aðstöðugjalds á kjör launafólks yrði beitt **jöfnunaraðgerðum** í skattamálum og á sviði félagslegrar þjónustu sem jafnframt mundu bæta kjör þeirra verst settu. Aukin útgjöld vegna þessara jöfnunaraðgerða gætu verið á bilinu 800–1.500 m.kr. Ákveðið verði í samráði við samtök launafólks hvernig þeirri upphæð verði varið. Í því sambandi má nefna hugmyndir eins og

— húsaleigubætur eða aðrar aðgerðir til að lækka húsnæðiskostnað,
— hækkun barnabóta lágtekjufólks,
— lækkun greiðslubyrði og affalla í húsnæðiskerfinu.

3. Varðveisla stöðugleika — jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

3.1. Stöðugleiki í verðlagsmálum verði varðveittur með stöðugleika í gengismálum og samkomulagi því á vinnumarkaði sem áður er lýst. Jafnframt verði forsendur stöðugs gengis styrktar til lengri tíma með því að koma á fót **gjaldeyrismarkaði** þar sem breytingar á framboði og eftirspurn eftir gjaldeyri hefði áhrif á gengi krónunnar og því þannig leyft að hreyfast innan ákveðna marka.

3.2. Stöðugleikinn verði enn fremur tryggður með því að **halli hins opinbera verði ekki aukinn** vegna þeirra aðgerða sem hér eru gerðar tillögur um þar sem aukin

útgjöld, sem af þeim hljótast, verða fjármögnuð með breytingum á skattakerfi sem skili fjármagninu á næstu **16–24 mánuðum**. Tillögugerðin er því miðuð við að **erlendar skuldir þjóðarbúsins hafi ekki aukist** þegar aðgerðirnar eru komnar að fullu til framkvæmda.

3.3. Aðgerðirnar gætu aukið viðskiptahallann til að byrja með þar sem auknar opinberar framkvæmdir skila sér fljótt í almennri aukningu þjóðarútgjalda. En þegar fram í sækir mun **draga úr viðskiptahallanum** vegna aðgerða sem auka útflutning og draga úr neyslu. Atvinnulíf og útflutningsstarfsemi örvast og raungengi lækkar á nokkrum tíma.

4. Ríkisfjármál.

4.1. Þegar efnahagslífið er í mikilli lægð er ekki óeðlilegt að halli sé á ríkissjóði. Aðgerðirnar verða þó að miðast við að góðar líkur séu á að **hallinn eyðist samhliða uppsveiflu í efnahagslífinu.**

4.2. Stefnt skal að því að **halla ríkissjóðs verði eytt á 3–5 árum** samfara því að atvinnulífið taki við sér.

4.3. Á næstu árum verði lögð höfuðáhersla á **endurskipulagningu útgjalda ríkissjóðs** með því að draga úr óþarfa útgjöldum, endurmeta ýmsa starfsemi ríkisins og millifærslur en styrkja undirstöður velferðarþjónustunnar.

4.4. **Sjálfstæði ríkisstofnana og valddreifing** í opinberum búskap verði leiðarljós í endurskipulagningu ríkiskerfisins. Jafnframt verði stofnanir gerðar ábyrgari fyrir rekstri sínum.

5. Aðgerðir í skattamálum.

Eftirfarandi aðgerðir í skattamálum felast í tillögunum:

5.1. Hátekjuskattþrep í tekjuskatti.

5.2. Skattlagning fjármagnstekna.

5.3. Afnám aðstöðugjalds.

5.4. Sveitarfélög fá rýmri heimildir til álagningar útsvars og fasteignagjalda auk heimildar til álagningar bifreiðaskatta og umhverfisgjalda.

5.5. Skattaívilnanir til fyrirtækja vegna markaðs- og þróunarstarfsemi í tengslum við útflutning og til hlutabréfakaupa á næstu tveimur árum í fyrirtækjum í útflutningsgreinum.

5.6. Skattaívilnanir til að örva rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

5.7. Strangara skattaeftirlit og skipulagðar herferðir gegn skattsvikum og til að treysta betri innheimtu skatta.

6. Opinberar framkvæmdir.

Á tímum samdráttar og atvinnuleysis er skynsamlegt og hagkvæmt fyrir **ríki og sveitarfélög** að ráðast í nýframkvæmdir sem eru brýnar og vinna einnig að margvíslegu viðhaldi og endurnýjun opinberra mannvirkja. Verkútboð skila á slíkum tímum hagstæðari tilboðum sem leiða til minni útgjalda vegna framkvæmda sem nauðsynlegar eru í nútíð eða næstu framtíð. Slíkur sparnaður getur numið 10–20% af heildarkostnaði og jafnvel réttlætt lántökur þar eð hann gerir meira en að vega upp vaxtakostnaðinn.

Þess vegna er skynsamlegt að snúast gegn samdrættinum með margvíslegum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga á næstu missirum og leitast við að velja framkvæmdir sem eru vinnuaflsfrekar. Má þar nefna sem dæmi:

6.1. **Viðhald og viðgerðir á opinberum byggingum**, svo sem menningarstofnunum, skólum og sjúkrahúsum og **ljúka við byggingar** sem komnar eru svo nálægt lokaáfanga að með **flýtingu framkvæmda** sé hægt að taka þær í notkun innan tíðar.
6.2. **Umbætur í umhverfismálum og aðbúnaði á ferðamannastöðum.** Þannig er í senn stuðlað að náttúruvernd og aukinni ferðamannaþjónustu.
6.3. **Framkvæmdir í frárennslismálum og sorpeyðingu.**
6.4. **Viðhald vega, brúa og annarra samgöngumannvirkja** og **nýframkvæmdir í vegagerð** sem stækka atvinnusvæði og þjónustukjarna.

7. Endurskipulagning í sjávarútvegi.

Til að draga úr skipulagskreppu sjávarútvegsins, lagfæra rekstrarskilyrði útgerðar og fiskvinnslu og stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu í greininni verði einkum lögð áhersla á eftirfarandi:

7.1. Víðtæk sátt um **nýja fiskveiði- og sjávarútvegsstefnu** sem stuðli að verndun og endurreisn fiskstofnanna og hæfilegri afkastagetu fiskveiðiflotans. Slík stefna stuðli að því að aflinn sé sóttur og unninn á sem hagkvæmastan hátt og að byggðarlög njóti nálægðar við fiskimið. Jafnframt verði miðað við aukna atvinnu við fullvinnslu aflans. Í hinni nýju fiskveiðistefnu verði tryggt að allar tegundir veiðiskipa, smábátar sem og togarar, njóti kosta sinna og fjölbreyttir þróunarmöguleikar haldist opnir.
7.2. Afnám aðstöðugjalds og **lækkun vaxta og raungengis** mun bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins.
7.3. **Fjárhagslegri endurskipulagningu með lengingu lána** og skuldum breytt í **hlutafé og víkjandi lán** án þess að ógna öryggi bankakerfisins.
7.4. **Raforkuverð til fiskvinnslu verði lækkað** í ljósi mikillar umframafkastagetu raforkukerfisins og stöðu fiskvinnslunnar sem stórkaupanda.
7.5. Aðstöðumunur fiskvinnslunnar á hafi úti og í landi verði jafnaður, m.a. með skattkerfisbreytingum.
7.6. Hinn stóri fiskiskipafloti verði nýttur í auknum mæli til að **efla veiðar á vannýttum fiskstofnum** og **á djúpslóð** og til **veiða á fjarlægum miðum** með samkomulagi við fyrirtæki og stjórnvöld í öðrum heimsálfum.
7.7. Stofnaður verði sérstakur **söknarsjóður til að fjármagna markaðsleit og samvinnuverkefni með erlendum fyrirtækjum í sjávarútvegi.** Viðskiptabankar sjávarútvegsfyrirtækjanna, Fiskveiðasjóður og sölusamtök í sjávarútvegi verði aðalhluthafar í slíkum sjóði.
7.8. **Rannsóknir á fiskstofnum**, bæði hefðbundnum og vannýttum, verði stórlega efldar og um leið verði lagður grundvöllur að víðtækum athugunum á afleiðingum mismunandi **veiðiaðferða** og kostum og göllum hinna ólíku útgerðarhátta.

8. Efling iðnaðar og þjónustugreina.

Vaxandi atvinnuleysi á síðustu mánuðum er ekki síst í iðnaði og þjónustugreinum. Þess vegna eru margvíslegar aðgerðir til að styrkja atvinnu og sóknargrundvöll iðnaðar og þjónustugreina mikilvægur þáttur í nýrri sókn.

8.1. Starfskilyrði íslenskra skipasmíðastöðva verði gerð sambærileg því sem gerist hjá erlendum keppninautum með því að leggja **jöfnunargjald á smíðar og skipaviðgerðir erlendis** þar sem útlendu fyrirtækin njóta margvíslegra ríkisstyrkja og búa við niðurgreidd lánakjör.

8.2. Komið verði á fót **forgangskerfi íslenskra skipasmíðastöðva hjá lánastofnun sjávarútvegsins** til að tryggja að hin miklu viðhalds- og endurnýjunarverkefni sem tengjast íslenska fiskiskipaflotanum verði sem mest unnin hér innan lands.

8.3. **Aukin markaðsstarfsemi fyrir íslenska ferðamannaþjónustu.** Hlutfallslega litlar upphæðir geta tryggt betri nýtingu fjárfestingar í hótelum og samgöngutækjum og á þann hátt verði stuðlað að því að ferðamannaþjónustan geti skapað um 2.000 ný störf á næstu árum án mikils tilkostnaðar.

8.4. **Útflutningur sérfræðikunnáttu, fagþekkingar og verkkunnáttu.** Komið á samstarfi fjölmargra smárra rekstraraðila um samfellt markaðsátak og kynningu erlendis á því hugviti og þekkingu sem Íslendingar geta boðið. Með verkefnum íslenskra sérfræðinga erlendis fylgja margvísleg tækifæri til að selja íslenskar framleiðsluvörur. Unnt er að tvinna saman **útflutning á hugviti og handverki** og skapa þannig nýja sókn líkt og gert hefur verið hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar.

8.5. Komið verði á fót **fyrirtækjanetum sem byggjast á samvinnu og skipulagðri sérhæfingu** fyrirtækja í skyldum greinum og/eða nágrannahéruðum. Slíkt skipulag hefur verið grundvöllur nýrra iðnaðarsvæða og þjónustukjarna víða um Evrópu.

8.6. Samtök atvinnulífs, fjölmiðlar, ríkisstofnanir, sveitarfélög og samtök launafólks taki höndum saman um **samfellda herferð um að íslenskar iðnaðarvörur og íslensk þjónusta hafi forgang** í viðskipta- og verslunarákvörðunum almennings og fyrirtækja. Þannig verði komið á skipulagðri samvinnu til að endurheimta markaðshlutdeild íslensks iðnaðar.

8.7. Íslensk **menning, handmennt** og **listiðn** búa yfir miklum möguleikum til að þróa útflutningsstarfsemi og einnig gjaldeyrisskapandi greinar á heimaslóðum. Menning þjóða — **bókmenntir, málverk, kvikmyndir, tónlist** — er í vaxandi mæli ein af **auðlindum atvinnulífsins** og skapar sérstöðu og margvíslega möguleika á alþjóðamarkaði.

9. Matvælaframleiðsla.

Íslendingar hafa mikla möguleika til að vinna trausta markaði fyrir matvæli, bæði heimamarkað og útflutningsmarkað. Þótt hefðbundnar greinar íslensks landbúnaðar gangi nú í gegnum erfitt aðlögunartímabil er ljóst að umhverfisvænar íslenskar landbúnaðarafurðir geta búið við traustan markaðssess í framtíðinni og ómenguð íslensk vatnsból geta orðið einhver mikilvægasta auðlind okkar í útflutningi á nýrri öld.

Til að stuðla að arðbærri þróun í matvælaframleiðslu má nefna:

9.1. Vöruþróun og fullvinnslu í íslenskum matvælaiðnaði, jafnt fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings.

9.2. Kynning á kostum Íslands sem **framleiðanda hágæðavöru** með aukinni þátttöku í vörukynningum og samkeppni erlendis.

9.3. Bætt starfsskilyrði og traustari þróunarforsendur fyrir **útflutning á vatni** og drykkjarvörum.

9.4. **Framkvæmd á fyrirheitum um stuðningsaðgerðir** vegna aðlögunar hefðbundinnar búvöruframleiðslu að markaðsaðstæðum og þar með verði sköpuð ný störf, m.a. við landgræðslu og skógrækt.

10. Uppstokkun í banka- og sjóðakerfi.

10.1. Starfsemi banka í eigu ríkisins verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri og tryggja heilbrigða yfirstjórnun þeirra.

10.2. Dreifing útlána bankastofnana verði endurskoðuð með það að markmiði að stuðla að öryggi þeirra og eðlilegri áhættudreifingu.
10.3. Fjárfestingarlánasjóðum í eigu ríkisins verði fækkað með sameiningu og endurskoðun verkefna.
10.4. Bankaeftirlit verði aukið, gert virkara og fært í nútímahorf.

11. Markmið: ný störf.

Markmið þeirra aðgerða sem lýst er hér á undan er að snúa vörn í sókn í atvinnumálum og skapa ný störf á mörgum sviðum. Störfin þurfa í senn að vera arðbær og fela í sér sérstakar áherslur á þau byggðarlög og atvinnugreinar þar sem atvinnuleysið er hvað mest. Á sumum svæðum ber helst á atvinnuleysi í starfsgreinum þar sem konur eru fjölmennastar og þá ber að taka sérstakt tillit til þess.

Þótt erfitt sé að áætla með nákvæmni þann fjölda nýrra starfa sem gæti falist í framangreindum aðgerðum og tillögum hefur athugun leitt í ljós að ekki sé óraunhæft að miða við að hægt sé á þennan hátt að skapa **1.200–1.800 ný störf á næstu átta til tólf mánuðum**. Þessi fjöldi gæti skipst á eftirfarandi greinar:

— 250 ný störf á ári í ferðaþjónustu.
— 200–300 störf verði endurheimt á fyrsta ári í skipasmíðaiðnaði og skipaviðgerðum.
— 400–500 störf vegna viðhalds og byggingarframkvæmda hjá ríki og sveitarfélögum, vegna framkvæmda við úrbætur í samgöngumálum, svo sem vegagerð og brúargerð, og við framkvæmdir í frárennslismálum og sorpeyðingu.
— 100–200 störf við úrbætur í aðbúnaði á ferðamannastöðum, við landgræðslu, skógrækt og aðrar umhverfisumbætur.
— 100–200 störf vegna fullvinnslu verkefna í fiskvinnslu og sjávarútvegi.
— 100–150 ný störf í greinum sem sækja fram vegna hagstæðra tilboða á innlendri orku til viðbótarnotenda og vegna aukinnar framleiðslu í greinum eins og matvælaiðnaði og drykkjarvöruframleiðslu.
— 150–250 störf við velferðarþjónustu, einkum vegna aukinnar umönnunar aldraðra, m.a. í formi heimilisaðstoðar á vegum sveitarfélaga.

Auk þessara starfa má einnig reikna með margfeldisáhrifum sem nái til fleiri atvinnugreina. Í hagfræðilegum athugunum er reiknað með að margfeldisáhrifin geti á sumum sviðum orðið jafnvel tvö- til þreföld. Heildaráhrifin af stefnubreytingunni, nýr andi í atvinnulífinu og almenn bjartsýni í þjóðlífinu, mundu auk þess renna sterkari stoðum undir traustara almennt atvinnustig.

12. Fjármögnun og fjármagnsráðstöfun.

Í grófum dráttum má skipta fjárhagshlið aðgerðanna eins og þær snúa að ríkissjóði í tvennt: fjármögnun og fjármagnsráðstöfun.

12.1. **Fjármögnun**	Millj. kr.
a) Fjármagn til atvinnuskapandi aðgerða, sbr. fjárlagafrumvarp fyrir 1993	2.000
b) Hátekjuþrep í tekjuskatti	700–1.100
c) Fjármagnstekjuskattur	1.500–2.000
d) Sparnaður atvinnuleysisbóta	800–1.000
Samtals	5.000–6.100

12.2 **Fjármagnsráðstöfun**	Millj. kr.
a) Framkvæmdir	3.000
b) Jöfnunaraðgerðir	800–1.500
c) Markaðsaðgerðir í atvinnulífi	500
d) Skattaívilnanir	300–600
e) Velferðarstörf	400–500
Samtals	5000–6100

Grundvallarforsenda er að erlendar skuldir þjóðarbúsins hafi ekki aukist þegar aðgerðirnar eru að fullu komnar til framkvæmda.

Önnur fylgiskjöl, sem fylgdu tillögunni og birt voru í þingskjalinu (lausaskjalinu), voru:

II. Samantekt um málefni atvinnulausra, atvinnuleysisskráningu, vinnumiðlun og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis. Janúar 1993. Samantektin var unnin á vegum nefndar sem upphaflega var skipuð á vegum Landssamtaka atvinnulausra, en hefur starfað sjálfstætt síðan.

III. *Hagstofa Íslands:* Upplýsingar úr Landshögum Íslands 1992. Töflur yfir meðalvinnutíma á viku eftir störfum, vinnuaflsnotkun og hlutfallslega skiptingu vinnuafls eftir atvinnugreinum, vinnuaflsnotkun eftir atvinnuvegum og landshlutum, skráða atvinnulausa og hlutfall þeirra af mannafla eftir mánuðum og eftir landshlutum og kyni. Hagskýrslur Íslands III, 8.

IV. *Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytis:* Yfirlit um atvinnuástandið, 12. febrúar 1993.

V. *Kópavogskaupstaður, atvinnumáladeild:* Nokkrir punktar um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

VI. Tillögur Norræna verkalýðssambandsins (NFS) um atvinnumál. Ósló 2. mars 1993.

729. Skýrsla [429. mál]

umhverfisráðherra um mótun stefnu í umhverfismálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Á leið til sjálfbærrar þróunar.
Stefna og framkvæmdir ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum.

Formáli

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks segir m.a. að ríkisstjórnin muni vinna að mótun framsýnnar stefnu í umhverfismálum. Í samræmi við þetta markmið skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra þann 22. maí 1992 sérstaka nefnd ríkisstjórnarflokkanna til að undirbúa mótun framsýnnar stefnu í umhverfismálum sem taki tillit til þarfa samfélagsins og alþjóðlegra skuldbindinga og hafi að leiðarljósi að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar. Í nefndinni voru; Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Gunnlaugur Stefánsson alþingismaður, Haukur Helgason skólastjóri, og Sigurður M. Magnússon forstöðumaður. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Ibsen, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Á síðustu árum hafa viðhorf til umhverfismála og þá einkum til lausnar þeim umhverfisvanda sem blasir víða við, tekið róttækum breytingum. Þessi breyttu viðhorf hafa m.a. komið fram í stefnumótun stjórnvalda í mörgum ríkjum hins vestræna heims þar sem gerðar hafa verið víðtækar langtímaáætlanir sem miða að því að ná fram grundvallarbreytingum á samskiptum manns og umhverfis.

Í samstarfi þjóðanna, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hafa hin nýju viðhorf átt vaxandi fylgi að fagna undir kjörorðinu sjálfbær þróun (sustainable development). Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiró 3. - 14. júní 1992, markaði tímamót í þessa veru. Á ráðstefnunni voru staðfest fjölmörg hinna nýju viðhorfa og lagður grunnur að nánu samstarfi þjóðanna um framkvæmdir í umhverfismálum á næstu árum.

Í yfirlýsingu ráðstefnunnar, Ríóyfirlýsingunni, eru staðfestar nokkrar grundvallarreglur sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun og ríki heims eru hvött til að taka upp og innleiða á öllum sviðum þjóðlífsins. Ráðstefnan samþykkti jafnframt víðtæka framkvæmdaáætlun, Dagskrá 21 (Agenda 21), sem hefur að geyma leiðir og markmið sem þjóðum heims ber að stefna að til að stuðla að sjálfbærri þróun um heim allan.

Ríkisstjórn Íslands tók virkan þátt í Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun og átti verulegan þátt í að móta niðurstöðu ráðstefnunnar í ákveðnum þáttum framkvæmdaáætlunarinnar, m.a. um verndun hafsins, meðhöndlun geislavirks úrgangs og á sviði orkumála. Jafnframt er það ætlun ríkisstjórnarinnar að taka fullan þátt í að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar og ná fram þeim markmiðum sem ráðstefnan setti fram.

Sú stefnumótun sem hér er birt er unnin í samræmi við þá stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem birt er í Hvítbók hennar og með hliðsjón af niðurstöðum Ríóráðstefnunnar. Við gerð hennar byggði nefndin á skýrslu umhverfisráðuneytisins, *Ísland, umhverfi og þróun,* og skýrslu OECD um stöðu og framkvæmd umhverfismála á Íslandi. Hér er um að ræða grunn sem lagður verður til grundvallar við gerð ítarlegrar framkvæmdaáætlunar í umhverfis- og þróunarmálum sem taka mun til allra þátta íslensks samfélags. Áætlunin verður unnin undir stjórn umhverfisráðherra í nánu samráði við önnur ráðuneyti, sveitarfélög, hagsmunasamtök og önnur samtök áhugafólks um umhverfisvernd. Að því er stefnt að framkvæmdaáætlunin nái fram til aldamóta og að lokið verði gerð einstakra þátta hennar fyrir mitt ár 1994.

Inngangur

1 Umhverfismál eru meðal brýnustu velferðarmála mannkyns. Á undanförnum árum hafa þjóðir heims hafið gagngerða endurskoðun á umhverfismálum og tengslum þeirra við þróun. Ný stefna er í mótun, nýjar venjur og ný lífsviðhorf. Athyglin beinist að ástandi og skilyrðum hins náttúrulega umhverfis og því hvernig hægt er að tryggja til frambúðar vistfræðilegar forsendur frekari þróunar.

2 Hreint umhverfi og óspillt náttúra eru meðal verðmætustu lífsgæða. Fáum blandast hugur um hve mikilvægt það er fyrir þjóðina að eiga til frambúðar öruggan aðgang að ómenguðum og gjöfulum náttúruauðlindum, en óspillt náttúra og útivistarsvæði, fjarri ys og þys hins daglega amsturs, eru einnig mikilvæg lífsgæði. Það má heldur ekki gleymast að okkur ber skylda til að vernda náttúrulega og menningarlega arfleifð þjóðarinnar svo niðjar okkar eigi þess kost að njóta hennar. Náttúruauðlindir landsins, lífríki þess, loft, láð og lögur, eru sameign þjóðarinnar. Okkur ber að haga nýtingu þeirra þannig að þau lífsgæði sem þau veita varðveitist sem best jafnt fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

3 Sameinuðu þjóðirnar hafa gert sjálfbæra þróun að markmiði sem öllum þjóðum og einstaklingum ber að stefna að. Sjálfbær þróun er rökrétt svar við breyttum efnahagsforsendum, ástandi umhverfis og viðhorfum almennings. Sjálfbær þróun miðar að því að örva framfarir, auka hagvöxt og bæta lífskjör án þess að ganga of nærri umhverfinu og auðlindum náttúrunnar.

4 Nýafstaðin Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiró í júní 1992, skuldbindur þjóðir heims til aukinnar ábyrgðar í umhverfismálum og þátttöku í framgangi sjálfbærrar þróunar um heim allan. Við erum öll hluti af sameiginlegu vistkerfi. Verndun andrúmslofts, sjávar og lífríkis jarðar krefst samræmdra aðgerða um heim allan. Samþykktir ráðstefnunnar, Ríóyfirlýsingin um umhverfi og þróun og Dagskrá 21, veita leiðsögn um alþjóðlega samvinnu að því marki.

5 Umhverfið er síbreytilegt og áhrif mannsins á hið náttúrulega umhverfi eru sífellt að breytast. Hið sama á við um þau umhverfismál sem við er að etja, viðhorf til þeirra, vísindalega þekkingu og félagsleg og efnahagsleg skilyrði sjálfbærrar þróunar. Því verður stefnumótun að vera sveigjanleg þannig að jafnan sé unnt að bregðast við breyttum aðstæðum og nýjum sjónarmiðum með skjótum og viðeigandi hætti.

6 Árvekni, forvarnir og varúð eru jafnan þær leiðir sem eru farsælastar og hagkvæmastar í umhverfismálum. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að umhverfisvandamál skuli leysa við upptök þeirra. Hún mun því stuðla að því, m.a. með beitingu hagrænna stjórntækja, að framleiðslu- og neysluhættir þjóðarinnar breytist í samræmi við grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar. Ríkisstjórnin mun leggja sérstaka áherslu á að stjórnarráðið og stofnanir ríkisins gefi gott fordæmi jafnt í daglegum ákvörðunum og starfsemi sem í langtíma stefnumótun.

7 Stefna ríkisstjórnarinnar er að leggja grunn að þróun sem fær staðist til frambúðar, með því:

- Að efla aðgerðir sem koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum manna og dýra á náttúrulegt umhverfi, bæta umhverfið og eftir megni að koma í veg fyrir, draga úr eða tefja óæskilegar breytingar á umhverfi okkar af völdum náttúruafla.
- Að stuðla að því að umsvif, mannvirkjagerð og þróun atvinnuvega valdi sem minnstri röskun og gangi hvergi of nærri umhverfi og náttúruauðlindum landsins.
- Að marka stefnu í alþjóðasamvinnu um umhverfis- og þróunarmál, sem stuðlar

jafnt að því að tryggja hagsmuni þjóðarinnar, umhverfisöryggi á alþjóðavettvangi og verndun vistkerfa jarðar.

Ástand og horfur

8 Því er oft haldið fram að við Íslendingar eigum því láni að fagna að búa í lítt snortnu náttúrulegu umhverfi. Borið saman við meginlönd Evrópu og Norður-Ameríku er mengun hér á landi lítil. Samt sem áður búum við við nokkur alvarleg umhverfisvandamál.

9 – Talið er að þau landgæði sem felast í gróðri og jarðvegi landsins hafi rýrnað a.m.k. um 80% frá upphafi landnáms. Gróður þekur nú aðeins um fjórðung landsins og birkiskógar og kjarr aðeins um 1%. Minna en tíundi hluti núverandi gróðurs er í jafnvægi við ríkjandi gróðurskilyrði.

10 – Veiðiþol mikilvægasta fiskstofnsins á Íslandsmiðum, þorskstofnsins, hefur á undanförnum árum farið minnkandi. Frá því við fengum fullan yfirráðarétt yfir öllum helstu fiskimiðum okkar hefur sókn aukist á sama tíma og nýliðun í sumum mikilvægustu nytjastofnunum hefur verið lítil. Ástand þorskstofnsins má rekja til bæði lélegrar nýliðunar og aukinnar sóknar.

11 – Áætlað er að um 47% af afla vinnsluskipa sé hent á rúmsjó og 15% af afla ísfiskskipa. Magn ónýtts úrgangs frá rækju-, humar- og skelfiskveiðum er umtalsvert, en talið er að um 60% aflans, mestmegnis skel, sé hent, að mestu í fjörur og á víðavangi.

12 – Mikilvægum náttúruminjum stafar vaxandi ógn af ágangi ferðamanna. Sem dæmi um svæði má nefna Dimmuborgir, Lakagígasvæðið, Landmannalaugar, Námaskarð, Eldgjá, Hveravelli og Þingvelli.

13 – Á undanförnum fjörutíu árum hefur votlendissvæðum á láglendi fækkað mjög, og hefur það haft áhrif á gróður og dýraríki á þessum svæðum. Nú eru aðeins fá óspillt votlendissvæði á láglendi.

14 – Af 483 háplöntutegundum sem dafna hér á landi eru 14 taldar vera í hættu. Af þeim eru 11 friðlýstar. Af 72 fuglategundum sem verpa reglulega hér á landi eru 14 taldar vera í hættu. Auk þess er hér á landi fjöldi sjaldgæfra tegunda plantna og fugla.

15 – Íslenskri flóru og fánu getur stafað hætta af erfðablöndun við innfluttar tegundir.

16 – Áætlað er að alls falli til um 200.000 tonn af heimilis- og framleiðsluúrgangi á ári. Um 10% af þessu sorpi fer til endurvinnslu og um 50% er fargað á viðunandi hátt. Því lætur nærri að um 40% af sorpi sé fargað á óviðunandi hátt.

17 – Um 1.310 tonnum af spilliefnum, sem árlega falla til hér á landi, er safnað saman til viðunandi förgunar eða endurnýtingar. Þetta er einungis um fjórðungur af því heildarmagni spilliefna sem til fellur, sem talið er vera um 4.700 tonn á ári. Meðferð og förgun sóttmengaðs úrgangs er ófullnægjandi.

18 – Ástand frárennslismála er víða óviðunandi með tilliti til heilbrigðis- og umhverfisverndarsjónarmiða. Víða ná holræsi ekki niður fyrir stórstraumsfjöruborð og losun eitur- og spilliefna í fráveitur er algeng.

19 – Mikilvægum grunnvatnslindum stafar hætta af mengun frá vaxandi þéttbýli, stórauknum ferðamannastraumi, útivist og byggð orlofs- og sumarbústaða. Þessi þróun þrengir að grunnvatnssvæðum, sem áður voru varin frá náttúrunnar hendi, og eykur hættu á mengun sem valdið gæti óbætanlegum skaða á þessari mikilvægu auðlind þjóðarinnar.

20 – Vaxandi neysluvatnsþörf, einkum í matvælaiðnaði og vegna útflutnings vatns,

kann að leiða til röskunar á mikilvægum náttúruminjum. Að frátöldum þeim grunnvatnslindum sem nýttar eru á Reykjanesskaga, á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslu, eru stærstu grunnvatnsuppspretturnar á stöðum með sérstæða náttúru sem ekki má spilla, t.d. í námunda við Þingvelli og Mývatn, og á afskekktum stöðum á hálendinu.

21 – Verulega hefur dregið úr notkun ósóneyðandi efna á undanförnum árum. Þannig hefur notkun klórflúorkolefna minnkað um 50%, miðað við árið 1986, og notkun halóna um 68%. Útstreymi gróðurhúsaloftegunda af manna völdum er hins vegar umtalsvert hérlendis miðað við mannfjölda, eða um 5,2 tonn kolefna á íbúa. Þar vegur útstreymi koltvíoxíðs mest, eða um 2,4 tonn kolefna á íbúa, sem samsvarar 46% af heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Hlutur fiskiskipaflotans og samgangna vegur hvað mest í útstreymi koltvíoxíðs, eða um 61%. Hvað aðrar gróðurhúsaloftegundir varðar, þá koma þær mest frá iðnaði, eða 74%.

Nýjar forsendur - nýjar leiðir

22 Verndun umhverfis er helsta forsenda þess að þjóðin njóti til frambúðar hagsældar, velferðar og heilbrigðis. Traust og varanleg velsæld byggir á efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sem virðir jafnt skilyrði hins náttúrulega og hins manngerða umhverfis.

23 Umhverfið er eins og hver annar auður. Ef það er ekki ávaxtað og nýtt skynsamlega eða því spillt með mengun eða á annan hátt, þá blasir við beinn þjóðhagslegur skaði. Ástand umhverfis og efnahagsþróun verða ekki aðskilin. Þróun sem byggir á rányrkju og veldur mengun og umhverfisspjöllum kann að veita skjótan hagnað, en þegar til lengri tíma er litið, rýrir slík þróun afkomumöguleika þjóðarinnar, og dregur úr heilbrigði hennar og velferð.

Sjálfbær þróun

24 Til skamms tíma hefur það sjónarmið ráðið ríkjum að umhverfisvernd og hagvöxtur væru ósættanlegar andstæður. Efnahagsþróun Vesturlanda frá dögum iðnbyltingarinnar, og sér í lagi eftir síðari heimsstyrjöld, hefur ýtt undir þessa skoðun. Aukinni framleiðslu og neyslu hefur fylgt vaxandi mengun og úrgangur og gengið hefur verið ótæpilega á auðlindir náttúrunnar.

25 Á seinustu tveimur áratugum hefur nýtt viðhorf rutt sér til rúms, og fer fylgi við það sívaxandi á meðal almennings, stjórnvalda og fræðimanna. Hagþróun þarf ekki að vera í andstöðu við umhverfisvernd, auk þess sem hagvöxtur og bætt lífsskilyrði eru að jafnaði nauðsynlegar forsendur umhverfisverndar. Framfarir í vísindum og tækni auka skilning okkar á því náttúrulega samhengi sem allt líf á jörðinni byggist á og gerir okkur mögulegt að laga athafnir okkar að skilyrðum umhverfisins. Við mat á hagvexti ber að taka tillit til áhrifa þróunar á náttúruleg gæði. Þetta viðhorf hefur verið kennt við hugtakið sjálfbær þróun.

26 Sjálfbær þróun er nýtt viðhorf, sem beinir sjónum okkar að nýsköpun sem er samofin verndun náttúruauðlinda og aðhlynningu umhverfis, og skapar þannig skilyrði fyrir hagsæld og velmegun sem fær staðist til frambúðar. Grunnhugsun sjálfbærrar þróunar er að samræma umhverfisvernd og þróun. Verndun umhverfis og þróun eru hvorki aðskilin né ósamræmanleg verkefni.

27 Stefna sem hefur sjálfbæra þróun að leiðarljósi tryggir að vaxandi hagkerfi hafi traustar vistfræðilegar rætur, og að hlúð sé að þeim rótum svo þær geti staðið undir vexti um ófyrirsjáanlega framtíð. Í stað magns og sóunar komi gæði og ending. Framkvæmdir

verði byggðar á bestu fáanlegri tækni og vísindalegum niðurstöðum. Nýr og breyttur hagvöxtur er þannig forsenda þessa nýja viðhorfs. Vöxtur sem stuðlar að því að treysta, endurnýja og varðveita umhverfi jarðar og auðlindir hennar, jafnframt því að auka félagslegan og efnahagslegan jöfnuð, öryggi og jafnrétti.

28 Sjálfbær þróun felur þannig í sér að við lögum athafnir okkar og lífsviðhorf, þ.m.t. nýtingu náttúruauðlinda, neyslu, framleiðslu og þjónustu, að skilyrðum umhverfisins. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar á að vera þáttur í allri athöfn og stjórnsýslu. Þegar ákvarðanir eru teknar skal viðhorfum umhverfisverndar gert jafn hátt undir höfði og félagslegum og efnahagslegum hagsmunum. Sjónarmið umhverfisverndar verða að vera fastur þáttur í áætlunum, framkvæmdum, sem og í daglegum rekstri heimila, fyrirtækja og stjórnvalda.

Meginreglur

29 Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar staðfestir þau sjálfsögðu mannréttindi að sérhver einstaklingur eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og farsæld. Þessum rétti fylgir jafnframt skýlaus skylda einstaklingsins til þess að leggja sitt af mörkum til verndar umhverfinu. Þessi grundvallarregla felur einnig í sér rétt komandi kynslóða til sömu lífsgæða og þess að njóta og ráðstafa hinni sameiginlegu arfleifð okkar.

30 Fjórar meginreglur eiga að stuðla að því að þessum réttindum og skyldum verði fullnægt í umgengni okkar við umhverfið.

- *Sérhver einstaklingur á rétt á*
  + *upplýsingum um umhverfið,* ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála, og um áætlanir og ákvarðanir sem kunna að hafa áhrif á umhverfið,
  + *þátttöku í ákvörðunum* er snerta nánasta umhverfi hans.
- *Varúðarreglan* (precautionary principle) undirstrikar þau sannindi að þekkingu okkar, bæði vísindalegri þekkingu og tæknikunnáttu, eru takmörk sett. Þegar ástæða er til að ætla að framkvæmdir eða starfsemi kunni að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, skal ekki í þær ráðist fyrr en sýnt er að svo sé ekki.
- *Mengunarbótareglan* (polluter pays principle) kveður á um að þeir sem menga eða spilla umhverfinu af ásettu ráði eða óafvitandi greiði kostnað við að bæta skaðann og kostnað vegna aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Reglan felur jafnframt í sér að þeir sem hyggja á framkvæmdir, eða starfsemi sem getur haft mengun eða umhverfisspjöll í för með sér, greiði kostnað við mat á umhverfisáhrifum og umhverfiseftirlit.
- *Nytjagreiðslureglan* (user pays principle) felur í sér að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir sér til ávinnings eða ánægju, greiði þann kostnað sem til fellur við verndun og viðhald þessara náttúruauðlinda, þ.m.t. eftirlit með þeim, stjórnun nytja og mat á starfsemi og framkvæmdum.

Ný nálgun

31 Þróun sem tekur mið af verndun umhverfisins verður ekki innleidd með boðum og bönnum. Slík breyting verður að byggjast á skilningi og samstöðu þjóðarinnar og virkri samvinnu stjórnvalda, hagsmunaaðila, félagssamtaka og heimila. Auk laga og reglna er þörf á fjölbreyttum, virkum og hagkvæmum aðferðum sem byggjast á forvörnum og hafa jákvæð áhrif á daglega hegðun einstaklinga, heimila, stofnana og fyrirtækja. Þannig verða sjónarmið umhverfisverndar og grundvallarhugsun sjálfbærrar þróunar sjálfsagður og ófrávíkjanlegur þáttur í öllum mannlegum athöfnum.

32 Sex almennar aðferðir eru undirstaða nýrrar nálgunar.
- *Umhverfismat* er faglegt og óhlutbundið mat á umhverfisáhrifum meiriháttar framkvæmda. Því er ætlað að koma í veg fyrir að framkvæmdir valdi óþarfa umhverfisröskun eða tjóni. Það stuðlar jafnframt að skoðanaskiptum stjórnvalda og almennings á hlutlægari forsendum og einingu um nauðsynlegar framkvæmdir.
- *Hagræn stjórntæki* svo sem umhverfisskattar og skilagjöld, eru í mörgum tilvikum skilvirkari og hagkvæmari en boð og bönn. Notkun þeirra stuðlar að sjálfbærri þróun með því að skapa efnahagslega hvata fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að laga neyslu, framleiðslu og viðskipti að skilyrðum hins náttúrulega umhverfis.
- *Framleiðsluhættir og tækni* sem draga eins og frekast er kostur úr óæskilegum umhverfisáhrifum vöru og þjónustu við framleiðslu, neyslu og förgun. Þróun slíkra framleiðsluhátta og tækni byggir á að öll hönnun taki mið af lífsferli vöru og þjónustu allt frá upphafi til enda.
- *Aðlögun stjórnsýslu* að sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar þannig að á sérhverju stjórnsýslustigi verði fullt tillit tekið til umhverfis og samræmis gætt í umhverfis- og þróunarmálum.
- *Lýðræðislegt samráð* við einstaklinga og byggðarlög við stjórnun og stefnumótun er varðar umhverfi þeirra og við að leysa þau félagslegu og efnahagslegu vandamál sem kunna að skapast vegna aðgerða í umhverfismálum.
- *Alþjóðleg samvinna* um stefnumótun, vöktun og aðgerðir á sviði umhverfis- og þróunarmála.

Gerendur

33 Umhverfisvernd og sjálfbær þróun verða ekki tryggð af stjórnvöldum einum sér, og því síður af einu ráðuneyti. Án almenns skilnings og vilja til að vernda umhverfið, verður lagabókstafur og áætlanagerð staðlausir stafir. Við berum hvert um sig og sameiginlega ábyrgð á ástandi umhverfisins og verndun þess. Með daglegum athöfnum okkar, framkvæmdum og neyslu höfum við stöðugt áhrif á umhverfið til góðs eða ills.
- *Stjórnvöld* hafa eftirlit með ástandi umhverfis, setja reglur um umgengni við það, og skapa almenn skilyrði sjálfbærrar þróunar.
- *Einstaklingar, heimili og fyrirtæki* hafa frá degi til dags hvað mest áhrif á umhverfið með neyslu, framleiðslu vöru og þjónustu og myndun úrgangs. Sjálfbær þróun byggist öðru fremur á frumkvæði þeirra og þátttöku.
- *Fræðslu- og menntastofnanir, fjölmiðlar og félagasamtök* gegna lykilhlutverki í að vekja þjóðina til vitundar um umhverfismál og að veita stjórnvöldum og framkvæmdaraðilum aðhald við stefnumótun, töku ákvarðana og framkvæmdir er kunna að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

Markmið

34 Markmið ríkisstjórnarinnar er að Ísland verði um næstu aldamót hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu. Stefna hennar er að verndun lífríkis landsins og umhverfi þess verði haft að leiðarljósi í þróun atvinnuvega jafnt sem á sviði umhverfismála.

Verndun andrúmslofts og sjávar

35 – Gerðar verða ráðstafanir til að draga enn frekar úr notkun ósóneyðandi efna. Stefnt verður að því að notkun klórflúorkolefna sem nú eru á lista Montrealbókunarinnar

minnki um 75% fyrir 1994, miðað við notkun árið 1986, og verði hætt fyrir 1996, og að notkun halóna á lista bókunarinnar verði hætt fyrir 1994. Áfram verður þó heimilað að nota endurunnin og endurnýtt efni og ný efni í einstökum undantekningartilvikum vegna bráðanotkunar í samræmi við ákvæði Montrealbókunarinnar.

36 – Stefnt er að því að staðbundin loftmengun og gróðurhúsaáhrif vegna innlendrar neyslu verði ekki meiri við lok aldarinnar en var á árinu 1990. Í því augnamiði verður
+ skilgreint svo fljótt sem auðið er raunhæft markmið fyrir einstakar lofttegundir (CO_2, NO_x, SO_2 og VOC),
+ dregið úr olíunotkun fiskiskipaflotans, svo og bensín- og olíunotkun samgöngutækja og vinnuvéla og stuðlað að aukinni notkun raforku í stað olíu og kola í iðnaði,
+ stuðlað að notkun hreinni tækni í iðnaði og samgöngum,
+ hraðað úrbótum í sorpförgun og allri lághitabrennslu sorps hætt,
+ gerðar úrbætur í meðferð húsdýraáburðar,
+ landgræðsla og skógrækt aukin.

37 – Gerðar verða ráðstafanir til að hætt verði losun þungmálma, lífrænna þrávirkra efna og annarra eitur- og spilliefna frá iðnaði og heimilum í frárennsli eins fljótt og mögulegt er.

38 – Unnið verður markvisst að því að bæta viðbúnað vegna mengunaróhappa í íslenskri lögsögu og komið verður upp fyrir árslok 1995 aðstöðu og skipulögðum viðbúnaði til varnar mengunarslysum í öllum höfnum landsins.

Nýting náttúruauðlinda

39 – Stefnt verður að því að nýting náttúruauðlinda til lands og sjávar verði sjálfbær sem fyrst. Unnið verður markvisst að því að
+ stuðla að vexti ofnýttra fiskistofna og hámarka þannig afkastagetu þeirra fyrir aldamót,
+ stöðva gróður- og jarðvegseyðingu fyrir aldamót og endurnýja eftir megni það sem tapast hefur af gróðri og jarðvegi landsins.

Verndun kjörlenda, dýra og jurta

40 – Unnið verður að því að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Einkum verður lögð áhersla á friðlýsingu mýrlenda, strandsvæða, miðhálendis og annarra óbyggðra svæða.

41 – Gerð verður áætlun um flokkun verndaðra svæða og meðferð þeirra m.t.t. eðlis friðlýsingar.

Sorpförgun og fráveitur

42 – Unnið verður að því að förgun sorps um land allt verði árið 1995 í samræmi við gildandi kröfur um umhverfisvernd.

43 – Skipulögð verður söfnun spilliefna fyrir landið allt fyrir árið 1995.

44 – Stefnt verður að því að draga úr sorpmyndun um 50% fyrir aldamót, með aukinni endurnýtingu, endurvinnslu og minni notkun umbúða.

45 – Stuðlað verður að því að framkvæmdir í frárennslismálum verði hafnar um allt land ekki síðar en árið 1995.

Sögulegar minjar og menningarverðmæti

46 – Umhverfismál varða einnig hið manngerða umhverfi. Ríkisstjórnin leggur sérstaka áherslu á að við mat á umhverfisáhrifum meiriháttar framkvæmda, mannvirkjagerð og við gerð skipulagsáætlana verði fullt tillit tekið til verndunar sögulegra minja og menningarverðmæta.

Alþjóðleg samvinna

47 – Lögð verður áhersla á markvissa þátttöku í samvinnu ríkja um vernd umhverfisins á grundvelli samþykkta Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Megináherslan verður lögð á þau svið sem snerta mest hagsmuni þjóðarinnar og þar sem þekking og reynsla er fyrir hendi.

48 – Gert verður átak til að bæta framkvæmd þeirra skuldbindinga sem gengist hefur verið undir með aðild að alþjóðasamningum og alþjóðastofnunum á sviði umhverfismála. Sérstök áhersla verður lögð á að sinna þeim rannsókna- og upplýsingaskyldum sem kveðið er á um í alþjóðlegum samningum og samþykktum.

49 – Stuðlað verður að aukinni alþjóðlegri samvinnu um umhverfisrannsóknir á Norður-Atlantshafssvæðinu.

50 – Unnið verður markvisst að því að þróunaraðstoð nemi a.m.k. 0,4% af vergri landsframleiðslu fyrir aldamót.

Bættar forsendur

51 Vísindaleg þekking, tækniþróun, menntun og ábyrgð eru forsendur markvissra ákvarðana og framkvæmda í þágu umhverfisverndar. Virk samstaða upplýstrar þjóðar er skilyrði þess að umhverfismál verði ekki út undan í hinu daglega amstri og að viðhorfa og hagsmuna þjóðfélagsþegna sé jafnan gætt við stefnumótun og framkvæmdir er miða að framgangi sjálfbærrar þróunar.

Umhverfisvöktun og upplýsingamiðlun

52 Reglubundið eftirlit og skilvirk miðlun upplýsinga eru forsendur markvissra ákvarðana og framkvæmda einstaklinga og fyrirtækja jafnt sem hins opinbera á sviði umhverfis- og þróunarmála. Umhverfisvöktun og upplýsingamiðlun eru jafnframt skilyrði þess að hægt sé að meta árangur framkvæmda og áætlana í þágu umhverfisverndar.

53 – Sérstök áhersla verður lögð á að ljúka sem fyrst
  + heildstæðri áætlun um umhverfisvöktun,
  + skipulagi yfir vistun og miðlun upplýsinga um umhverfismál,
  + gerð þjóðhagsstærða og reikninga sem taka mið af ástandi umhverfis og nýtingu náttúruauðlinda.

54 – Fyrir Alþingi liggur til afgreiðslu lagafrumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda á sviði umhverfismála. Þar er meðal annars kveðið á um að gefin skuli út reglulega skýrsla um ástand og þróun umhverfismála.
  + Aukin verður upplýsingaskylda fyrirtækja í einkaeign um áhrif starfsemi þeirra á umhverfið.
  + Hvatt verður til aukins innra umhverfiseftirlits fyrirtækja (eco-auditing/environmental auditing).

55 – Ísland er aðili að norrænu samstarfi um umhverfismerkingar. Sérmerking vöru sem uppfyllir þau skilyrði að vera lítt eða óskaðleg umhverfinu mun hafa jákvæð áhrif á neysluvenjur og þróun hreinnar framleiðslutækni, þjónustu og neysluvarnings.

+ Átak verður gert til að kynna þessar merkingar betur neytendum og fyrirtækjum.

Rannsóknir og þróun

56 Hagkvæm tækni og þekking eru frumskilyrði þess að laga megi atvinnuvegi að sjálfbærri þróun. Árið 1990 námu opinber framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði umhverfismála tæplega 4% af heildarframlögum.

57 – Opinberir rannsóknasjóðir og rannsóknastofnanir atvinnuveganna geri að forgangsverkefni rannsóknir á sviði hreinnar tækni, endurvinnslu, sorpförgunar, sjálfbærrar auðlindanýtingar og mengunarvarna.

58 – Sérstök áhersla verður lögð á að efla grunnrannsóknir og vöktun á sviði umhverfismála.

59 – Tryggð verður aðild umhverfisráðuneytis að stjórnum Vísindaráðs og Rannsóknaráðs hvað varðar mótun og framkvæmd rannsóknarstefnu og fjármögnun umhverfisverkefna.

60 – Háskóli Íslands stuðli að auknu rannsóknarstarfi og framboði á námskeiðum á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar, jafnt á sviði hugvísinda sem raunvísinda.

Menntun og fræðsla

61 Aukin menntun og fræðsla á sviði umhverfismála er forsenda fyrir farsælli sambúð manns og náttúru. Skilningur á umhverfismálum dregur úr þeirri tilhneigingu að hagnýta gæði náttúrunnar til að fullnægja stundar hagsmunum. Markviss umhverfisfræðsla felur í sér, að sérhver einstaklingur hljóti almenna fræðslu um nánasta umhverfi sitt og þær hættur sem að umhverfinu steðja vegna mannlegra umsvifa. Hún felur jafnframt í sér að gera hverjum einstaklingi ljóst, að meðferð umhverfismála snertir alla þætti samfélagsins og alla einstaklinga, líf þeirra og heilsu, jafnt núlifandi sem komandi kynslóða.

62 – Æskilegt er að umræða og fræðsla um umhverfismál fari fram í tengslum við öll viðfangsefni nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Hins vegar, í ljósi þess hve fræðsla um umhverfismál er skammt á veg komin og þekking bæði kennara og skólayfirvalda misjöfn, er nauðsynlegt að gera tímabundið átak um umhverfismennt.

+ Efld verður þjálfun kennara í kennslu í umhverfis- og þróunarmálum og samið verður handhægt kennsluefni á þessu sviði.

+ Umhverfismennt verður gerð að sérstökum námsþætti í grunnskólum, auk þess sem áfram verður unnið að því að gera umhverfisfræðslu að virkum lið í öllum námsgreinum á grunnskólastigi.

+ Aukin verður fræðsla og umræða um umhverfismál í framhalds- og sérskólum. Sérstök áhersla verður lögð á umhverfismenntun í tækni og viðskiptanámi og í öðrum sérskólum á sviðum sem hafa áhrif á umhverfi og framgang sjálfbærrar þróunar.

63 – Náttúrusöfn gegna mikilvægu hlutverki í fræðslu almennings um náttúru landsins og umgengni við hana. Ný lög um náttúrufræðistofnun skapa betri skilyrði fyrir aukið fræðsluhlutverk náttúrusafna með því að heimila stofnun náttúrusetra og stofa víða um land.

+ Efld verða tengsl náttúrusafna og skóla og sköpuð skilyrði fyrir markvisst samstarf þeirra á milli.

64 – Fyrirtæki verða hvött til að móta umhverfisstefnu og gera umhverfisfræðslu að hluta í almennri starfsþjálfun til að auka áhuga og hæfni starfsfólks til að haga

störfum sínum á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu.

65 – Gert verður átak í fræðslu og upplýsingamiðlun til almennings um umhverfismál. Sérstök áhersla verður lögð á náttúruvernd, umgengni við náttúruna, mengunarvarnir, endurvinnslu og endurnýtingu og sjálfbæra nýtingu náttúrulegra auðlinda með megináherslu á hvað einstaklingurinn getur gert til þess að bæta umhverfið í sínu daglega lífi.

Árvekni, þátttaka og ábyrgð

66 Virk þátttaka eflir áhuga og eykur skilning einstaklinga á umhverfisvernd. Hið sama á við um aukin skoðanaskipti og miðlun upplýsinga. Brýn nauðsyn er á að efla ábyrgð og árvekni þjóðarinnar á sviði umhverfismála. Þetta á ekki aðeins við um framkvæmd umhverfisstefnu, heldur og einnig við undirbúning og ákvarðanatöku um framkvæmdir á sviði umhverfismála. Þannig verður stuðlað að því að sjónarmið umhverfisverndar fari ekki forgörðum þegar undirbúnar eru aðgerðir og framkvæmdir á sviði efnahags-atvinnu- og félagsmála.

67 – Aukin upplýsingamiðlun örvar einstaklinga til að temja sér ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu. Þannig verður og einnig stuðlað að því að þeir aðstoði stjórnvöld við ákvarðanatöku og veiti þeim og framkvæmdaraðilum aðhald um framkvæmdir er kunna að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

68 – Stofnað verður umhverfisþing sem boðað verður til reglulega. Þingið kemur í stað Náttúrverndarþings og verður ekki í beinum tengslum við Náttúruverndarráð. Þingið verður umræðuvettvangur stjórnvalda, vísinda- og fræðimanna, hagsmunasamtaka og annarra félags- og stjórnmálasamtaka um umhverfismál og sjálfbæra þróun.

69 – Hvatt verður til að stofnuð verði samsvarandi umhverfisþing í hverju kjördæmi. Þau verði vettvangur umræðu um umhverfismál og þróun í héraði.

70 – Stofnuð verður samráðsnefnd ráðuneytanna undir forsæti umhverfisráðuneytisins til að efla samræmingu og samvinnu stjórnarráðsins á sviði umhverfis- og þróunarmála og auka ábyrgð stjórnenda á hverju stjórnsýslustigi.

Nýbreytni í framkvæmd

71 Umhverfisvernd er jafnan best tryggð með forvörnum. Skýrar reglur um ábyrgð og skyldur gegna þar lykilhlutverki. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þörf er á sveigjanlegum aðferðum til að ná settum markmiðum og auka hagkvæmni í umhverfisvernd. Umhverfismat og hagræn stjórntæki skipa þar stærstan sess. Nauðsyn skipulegs viðbúnaðar við umhverfisóhöppum verður jafnframt sífellt augljósari.

Löggjöf

72 Frá stofnun umhverfisráðuneytisins hefur verið unnið að endurskoðun löggjafar um málefni sem eru á verksviði þess, með það að markmiði að staðfesta vernd sem meginreglu á sviði umhverfismála.

73 – Í undirbúningi er frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisrétt.

74 – Við endurskoðun laga og reglugerða verður tekið tillit til grundvallarreglna sjálfbærrar þróunar og þannig leitast við að innleiða umhverfisvitund í alla þætti og á öll svið stjórnsýslunnar.

75 – Við endurskoðun stjórnarskrárinnar verður tryggður jafn réttur allra til heilnæms umhverfis nú og í framtíðinni svo og verndun umhverfis svo það fái að þróast með eðlilegum hætti.

76 – Lögð verður áhersla á að tryggja skaðabótarétt þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum umhverfisskaða.

Umhverfismat

77 Með gerð umhverfismats er stefnt að því að koma í veg fyrir óbætanlega eða nauðsynjalausa umhverfisröskun vegna meiriháttar framkvæmda. Það gegnir einnig lykilhlutverki við að miðla upplýsingum um slíkar framkvæmdir og gefur almenningi kost á að koma athugasemdum á framfæri við stjórnvöld.

78 – Frumvarp til laga um umhverfismat liggur nú fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Hagræn stjórntæki

79 Umhverfismarkmiðum er jafnan betur náð til frambúðar með því að skapa efnahagsleg skilyrði þess að neytendur, framleiðendur og viðskiptaaðilar sjái sér hag í að laga neyslu sína, framleiðslu og viðskipti að markmiðum umhverfisverndar og reglum sjálfbærrar þróunar. Slíkar aðgerðir eru kostnaðarminni fyrir hið opinbera og hagkvæmari fyrir neytendur og fyrirtæki. Þær hvetja til frumkvæðis og nýbreytni og gefa sérhverjum kost á að leita eigin leiða til að ná settum markmiðum.

80 – Hafin verður gagngerð endurskoðun skattalaga og opinberra gjalda til að laga neyslu, atvinnulíf og hagkerfi að kröfum sjálfbærrar þróunar.

Eftirlit og löggæsla

81 Virkt eftirlit og löggæsla er enn eitt frumskilyrði þess að hrinda megi í framkvæmd öflugri umhverfisvernd.

82 – Löggæsla mun í auknum mæli sinna umhverfisvernd og umhverfisbrotum.

83 – Löggæsla á friðlýstum svæðum, hálendi og öðrum óbyggðum svæðum verður efld með aukinni þátttöku héraðslögreglu.

84 – Eflt verður eftirlit með ferðum og athöfnum skipa innan mengunarlögsögunnar.

85 – Fræðsla í umhverfisrétti verður gerð að áfanga í menntun löggæslumanna.

Viðbrögð og viðbúnaður við umhverfisóhöppum

86 Óhöpp og slys eiga sér jafnan stað. Viðbúnaður og skipulegar áætlanir draga úr afleiðingum þeirra.

87 – Unnið er að því að bæta viðbúnað vegna mengunaróhappa í íslenskri lögsögu og að koma upp aðstöðu og viðbúnaði til varnar mengunarslysum í öllum höfnum landsins. Stefnt er að því að því verði lokið fyrir árslok 1995.

88 – Hafið verður samstarf við hlutaðeigandi stofnanir, fyrirtæki og starfsmannafélög um að efla forvarnir og auka viðbúnað við umhverfisóhöppum á vinnustöðum.

89 – Unnið verður að gerð áætlana um viðbrögð við mengunaróhöppum. Haft verður náið samstarf við hlutaðeigandi opinberar stofnanir.

90 – Gerðar verða ráðstafanir til að bæta meðferð, merkingar og annað öryggi í flutningi eitur- og spilliefna.

91 – Í samræmi við mengunarbótaregluna verða fyrirtæki, hvort sem þau eru í einkaeign eða eigu hins opinbera, gerð fjárhagslega ábyrg fyrir þeim kostnaði sem hlýst af viðbrögðum við umhverfisóhöppum sem verða vegna framkvæmda og starfsemi á þeirra vegum.

Umhverfisvernd

92 Þótt sjálfbær þróun feli í sér að sjónarmið umhverfisverndar verði virkur þáttur í öllum mannlegum athöfnum, mun stefnumótun og eftirlit á sviði umhverfismála eftir sem áður skipa stóran sess á verksviði stjórnvalda. Stjórn skipulags- og byggingarmála, náttúruverndar og mengunarvarna, myndar þann stjórnsýslulega ramma sem mótar reglur um daglega umgengni við umhverfið.

Skipulags- og byggingarmál

93 Framkvæmd skipulagsmála í þéttbýli er víðast hvar að komast í viðunandi horf. Skipulagsmál í strjálbýli eru skemur á veg komin. Breytt notkun jarða í sveitum, svo sem til fiskeldis, útivistar og framkvæmda á sviði orlofs- og sumarbústaða og ferðaþjónustu, kallar á frekari aðgerðir í skipulagsmálum strjálbýlis.

94 – Skipulags- og byggingarlög verða endurskoðuð með sérstöku tilliti til sjónarmiða umhverfisverndar og til að styrkja stjórn þess málaflokks.

95 – Hraðað verður gerð svæðisskipulaga og stefnt að því að þeim verði lokið um land allt fyrir árslok 1998. Sérstök áhersla verður lögð á skráningu og verndun náttúruminja og menningarverðmæta.

96 – Unnið verður svæðisskipulag fyrir miðhálendið í náinni samvinnu umhverfisyfirvalda og sveitarstjórna og lögð áhersla á að bæta framkvæmd og stjórn skipulags- og byggingarmála þar.

Náttúruvernd

97 Á Náttúruminjaskrá eru 258 svæði og staðir sem hafa náttúruverndargildi og ekki njóta friðlýsingar. Náttúruminjum, gróðri, jarðmyndunum og mikilvægum kjörlendum dýra og jurta stafar nú mikil ógn af mengun og átroðningi sem fylgir auknum ferðamannastraumi. Hreinlætisaðstaða á vinsælum ferðamannastöðum er ónóg. Merkingar, göngustígar og leiðbeiningar eru víðast hvar ófullnægjandi, og landvarsla ónóg.

98 – Verið er að endurskoða stjórnunarþátt Náttúruverndarlaga í ljósi stofnunar umhverfisráðuneytisins.

99 – Í undirbúningi er frumvarp til laga um leyfisveitingar og eftirlit með notkun, losun og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vara sem innihalda þær.

100 – Unnið verður markvisst að fjölgun þjóðgarða og friðlýstra svæða. Sérstök áhersla verður lögð á friðlýsingu mýra og flóa, fjara, miðhálendis og annarra óbyggðra svæða, þar sem slík friðlýsing er talin hafa gildi fyrir lífríki, vísindi, fræðslu og útivist. Stofnaðir verða nýir þjóðgarðar, sjávargarðar, sem taka til fjöru, sjávar, botns og eyja.

101 – Með umsjón þjóðgarðsins á Þingvöllum verður farið með sama hætti og annarra þjóðgarða og allir þjóðgarðar landsins verða undir einni og sömu stjórn.

102 – Fyrir Alþingi liggur nýtt lagafrumvarp um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem markar nýja stefnu í almennri afstöðu til villtra dýra. Með lögunum er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr skuli njóta verndar. Veiðar eru aðeins heimilaðar til nytja, ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar, eða til þess að koma í veg fyrir tjón.

103 – Stefnt verður að því að fjármagna, eins og kostur er, landvörslu, framkvæmdir og þjónustu á friðlýstum og öðrum vernduðum svæðum, með þjónustugjöldum. Þegar Náttúruverndarráð telur það vera fýsilegan kost, skal því heimilað að leigja einstök friðlýst svæði félagasamtökum eða einkaaðilum. Því fylgi kvöð um land-

vörslu og þjónustu og að allar framkvæmdir á viðkomandi svæði hljóti samþykki Náttúruverndarráðs.

104 – Lögð verður áhersla á aukið frumkvæði og ábyrgð sveitarstjórna við að skipuleggja, í samráði við yfirvöld skipulags- og náttúruverndarmála, útivistarsvæði og verndun náttúruminja í héraði, þ.m.t. viðunandi þjónustu við ferðamenn, lagningu stíga og landvörslu.

Mengunarvarnir

105 Mengun hér á landi þegar á heildina er litið er enn sem komið er óveruleg, í samanburði við önnur iðnvædd lönd. Lífríki og vistkerfi landsins eru hins vegar viðkvæmari en víða annars staðar og því þörf á árvekni. Minnkun sorps og staðbundinnar mengunar, ásamt úrbótum í sorphirðu- og frárennslismálum, eru á meðal mest aðkallandi verkefna á sviði mengunarvarna hér á landi. Til að ná þessum markmiðum verður lögð áhersla á að breyta framleiðsluháttum og neysluvenjum.

106 – Með eftirtöldum aðgerðum verður stuðlað að því að minnka það heildarmagn sorps sem til fellur í landinu:
+ Lögfest verður, í samræmi við mengunarbótaregluna, að framleiðendur og innflytjendur verði ábyrgir fyrir umbúðum vöru.
+ Hagrænum stjórntækjum verður beitt til að hvetja fyrirtæki og heimili til að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu.

107 – Í ljósi þeirrar jákvæðu reynslu sem er af skilagjöldum á drykkjarvöruumbúðir verður slíkum gjöldum beitt í ríkari mæli til að stuðla að aukinni endurvinnslu, endurnýtingu og bættri förgun úrgangs.
+ Lokið er gerð frumvarps til laga um meðferð brotamálma og skilagjöld á ökutæki og farandvinnuvélar.
+ Unnið er að gerð frumvarps um umhverfisgjöld á efni sem geta orðið að hættulegum úrgangi til að draga úr notkun þeirra og fjármagna söfnunarkerfi spilliefna sem nær til alls landsins.

108 – Unnið hefur verið náið með sveitarfélögum um framkvæmdir til úrbóta í sorphirðu í héraði.
+ Stuðlað verður að því að sorpförgun um land allt verði árið 1995 í samræmi við skilyrði umhverfis og heilbrigðisyfirvalda.
+ Til að stuðla að aukinni flokkun sorps, verða sveitarfélög hvött til að bæta þjónustu við heimilin við söfnun þess. Sveitarfélög verða jafnframt hvött til að breyta sorphirðugjöldum þannig að þau hvetji til minnkunar á sorpi og aukinnar endurvinnslu og endurnýtingar.

109 – Mengunarvarnarreglugerð hefur verið endurskoðuð. Ákvæði hennar hafa verið gerð skýrari og fækkað hefur verið verulega starfsleyfisskyldum framkvæmdum og starfsemi. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að settum mengunarvarnarreglum og viðmiðunarmörkum um mengun verði náð með ströngum viðurlögum og umhverfisgjöldum á mengun og mengandi hrá- og vinnsluefni. Þannig verður stuðlað að aukinni notkun hreinni tækni.
+ Unnið er að áframhaldandi endurskoðun reglugerðarinnar og er stefnt að því að henni verði lokið fyrir mitt ár 1993.

110 – Verið er að ljúka úttekt á fráveitum í sveitarfélögum landsins og unnið er að stefnumörkun um úrbætur.
+ Stuðlað verður að því að framkvæmdir í frárennslismálum verði hafnar um land allt ekki síðar en árið 1995.

111 – Til að draga úr staðbundinni loftmengun hafa strangar reglur verið settar um varnir

gegn mengun frá útblæstri bensínknúinna fólksbíla. Þær munu einkum draga úr mengun kolmónoxíða, köfnunarefnisoxíðs og kolvetna.

+ Í ljósi þeirrar jákvæðu reynslu sem er af verðmismunun á bensíni eftir blýinnihaldi, verður hagrænum stjórntækjum beitt til að stuðla að aukinni notkun rafmagns í stað olíu og kola í iðnaði, verðmyndun á nýjum ökutækjum með tilliti til mengunar og aukinni notkun rafmagns úr landi í skipum í höfnum og þurrkví.
+ Settur verður staðall um hámark mengandi efna í olíu sem flutt er til landsins.

112 – Ábyrgð sveitarfélaga verður aukin, eftir því sem aðstæður leyfa, með því að flytja til þeirra fleiri verkefni á sviði mengunarvarna og eftirlit með þeim.

113 – Sérstakt átak verður gert um fræðslu fyrir almenning og fyrirtæki um mikilvægi mengunarvarna og hvað einstaklingar og fyrirtæki geta gert af sjálfsdáðum til að draga úr mengun og sorpmyndun og bæta meðferð og flokkun sorps og hættulegs úrgangs, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangsefna.

Verndun og nýting náttúruauðlinda

114 Á sviði auðlindanýtingar eru tengsl umhverfisverndar og hagsældar augljós. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að nýting náttúruauðlinda verði sjálfbær sem fyrst.

115 – Í því skyni verður
+ stjórnun á meðferð og nýtingu náttúruauðlinda bætt og vísindalegur grunnur hennar efldur,
+ það meginregla að kostnaður við eftirlit með náttúruauðlindum og rannsóknum á þeim skuli greiddur af þeim sem nýta auðlindina,
+ haft náið samráð við þá sem nýta auðlindina og hagsmuna hafa að gæta við nýtingu hennar.

Landnot og nýting

116 Á síðari árum hefur orðið æ ljósari nauðsyn landsskipulags, sem tekur til skipulags samgangna, fjarskipta, orkuveitna, þróun atvinnuvega, náttúruverndar og friðunar óbyggðra svæða, landnotkunar, landnýtingar og þróunar byggðar. Slíkt landsskipulag samræmir stefnu ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga, og stuðlar að sjálfbærri landnýtingu.

117 – Verið er að þróa nýjar aðferðir við skipulagsgerð til að stuðla að bættum landnotum og nýtingu. Þar er um að ræða víðtækt landfræðilegt upplýsingakerfi byggt á stafrænum grunni. Með þessu kerfi er lagður grundvöllur að gerð landsskipulags, svæðisskipulaga og annarra landnýtingaáætlana sem taka jafnt tillit til umhverfis- og hagkvæmnissjónarmiða.
+ Áhersla verður lögð á áframhaldandi þróun þessa upplýsingakerfis.

118 Það er stefna ríkisstjórnarinnar að stöðva fyrir aldamót eyðingu gróðurs og jarðvegs og endurnýja eftir megni það sem tapast hefur.

119 – Gerðar verða ráðstafanir til að
+ efla hlutverk yfirvalda landgræðslumála í skipulagi og stjórnun beitar og úrskurðarvald þeirra um ástand tiltekinna svæða, nauðsyn úrbóta og friðun einstakra svæða,
+ landeigendur og notendur verði ábyrgir fyrir meðferð og ástandi þess lands sem er í þeirra umsjá,
+ landgræðslustarfið verði fyrst og fremst miðað við aðgerðir á svæðum þar sem

gróður og jarðvegur liggja undir skemmdum og síðar við að endurheimta landkosti á gróðurvana svæðum,
+ lausaganga búfjár verði aðeins leyfð þar sem og þegar sýnt er að ekki leiði til rýrnunar landgæða.

120 – Hraðað verður gerð gróðurkorta fyrir allt landið, þannig að því verkefni verði lokið fyrir árslok 1995. Það gerir kleift að vakta gróður landsins og meta árangur og aðferðir í landgræðslu og gróðurvernd. Á þeim grundvelli verður gerð hagkvæmnisáætlun til að ákvarða, með hliðsjón af umhverfis- og efnahagslegum sjónarmiðum, forgangsverkefni í landgræðslumálum.

121 – Greitt verður fyrir því að áhugasamir einstaklingar og félög fái landsvæði í fóstur á jörðum sem ríkið hefur umráð yfir í því skyni að leggja sitt af mörkum til landgræðslu og skógræktar.

Vatnsbúskapur

122 Vatn er auðlind. Síaukin nýting þess til útflutnings, matvælaframleiðslu, fiskeldis, veiða og orkuvinnslu, ítrekar nauðsyn þess að varúðar sé gætt í vatnsbúskap landsins.

123 – Unnið er að gerð frumvarps til laga um vatnsvernd sem nær til nytjavatns, jafnt yfirborðs- sem grunnvatns. Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar svo og vernd nytjavatnsauðlindarinnar til frambúðar.

124 – Könnuð verður gerð landsáætlunar um vernd og nýtingu grunnvatns, vatnsfalla, vatna og jarðhitasvæða.

125 – Verið er að endurskoða reglur um fiskeldi með það fyrir augum að koma skipulagi þess og leyfisveitingu fyrir fiskeldisstöðvar í skilvirkari farveg. Stofnsetning og rekstur fiskeldisstöðva verður aðeins heimiluð þegar sýnt er að ekki hljótist af því óæskileg áhrif fyrir lífríki viðkomandi vatnasvæðis.

126 – Gerðar verða ráðstafanir til að takmarka flutning á fiskistofnum á milli vatnasvæða þar sem aðrir stofnar sömu tegundar eru fyrir.

Sjávarauðlindir

127 Þótt íslenskt efnahagslíf byggi að mestum hluta á sjávarútvegi, er vísindaleg vitneskja um hafið í kringum landið, lífríki þess og vistkerfi, ónóg. Ríkisstjórnin leggur sérstaka áherslu á að efla hafrannsóknir og vísindalega þekkingu til að stuðla að sjálfbærri nýtingu einstakra tegunda og betri vernd lífríkis sjávar.

128 – Til að tryggja viðhald fjölbreytileika og hámarksframleiðni sjávarlífvera og kjörlenda, verður lögð sérstök áhersla á að
+ meta og treysta vísindalegan grunn veiðistjórnunar,
+ hraða fjölstofnarannsóknum á heildarsamhengi lífríkis sjávar og áhrifum veiða á einstakar tegundir,
+ efla rannsóknir á áhrifum veiðitækja og aðferða á lífríki og vistkerfi sjávar.

129 – Hafið er umfangsmikið rannsóknarverkefni á útbreiðslu og magni botndýra innan efnahagslögsögunnar og tengslum þeirra við aðrar lífverur sjávar. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki 1998.

Byggðaþróun og umhverfismál

130 Síðastliðna áratugi hefur búsetuþróun einkennst af stöðugum flutningi fólks til höfuðborgarsvæðisins og nágrennis. Þar búa nú um 57% þjóðarinnar. Ör þéttbýlismyndun þrengir að mikilvægum grunnvatnslindum, náttúruminjum og kjörlendum dýra og

plantna. Hún hefur og í för með sér aukna staðbundna mengun á tiltölulega litlu svæði. Til að mynda eru á höfuðborgarsvæðinu saman komin um 56% af ökutækjum landsmanna.

131 Það er stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja búsetuskilyrði á landsbyggðinni með almennum aðgerðum og í samræmi við markmið og grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar og greiða fyrir aðlögun þeirra að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Í því skyni verður sérstök áhersla lögð á að efla samvinnu við heimamenn og auka samvinnu sveitarfélaga.

132 – Sveitarfélög verða hvött til að móta hver um sig framsýna stefnu í umhverfismálum og að samþykkja framkvæmdaáætlun sem er í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

133 – Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verða sérstaklega hvött til að efla samvinnu um
+ sjálfbæra nýtingu og vernd grunnvatns,
+ vernd kjörlenda dýra og plantna,
+ enn frekari aðgerðir til að stuðla að bættum almenningssamgöngum.

Aðlögun atvinnuvega að sjálfbærri þróun

134 Auðlindir Íslands eru einkum auðugt sjávarlíf, gróður landsins, jarðhiti og orka fallvatna, stórbrotin náttúrufegurð og síðast en ekki síst, vel menntuð þjóð. Nú er svo komið að fyrst nefndu tvær auðlindirnar, sem borið hafa þungann af framþróun og velmegun þjóðarinnar, eru nær fullnýttar og í sumum tilvikum hefur verið of nærri þeim gengið.

135 Stefnumörkun í umhverfismálum hefur óhjákvæmilega áhrif á þróun atvinnuvega. Varanleg velferð þjóðarinnar er undir því komin að við lögum atvinnuhætti og byggðaþróun að skilyrðum náttúrunnar. Gæta verður aðhalds í þróun undirstöðuatvinnuveganna svo vistfræðilegar forsendur þeirra verði tryggðar um ókomna framtíð. Beina verður nýsköpun í farveg umhverfisvæns iðnaðar og þjónustu og nýta þannig auðugar orkulindir landsins, stórbrotið landslag og menntun þjóðarinnar.

136 – Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu láta vinna, í samráði við hagsmunaaðila, áætlun fyrir hverja atvinnugrein, sem miðar að því að laga atvinnuvegaþróun að grundvallarreglum sjálfbærrar þróunar.

Sjávarútvegur

137 Mikil umskipti hafa orðið í sjávarútvegi á sl. áratug. Þorskstofninn hefur farið minnkandi og nýliðun sumra mikilvægra fiskistofna hefur verið lítil undanfarin ár. Á sama tíma hefur ný veiðitækni og endurnýjun og breytingar á fiskiskipastól landsmanna leitt til aukinnar afkastagetu flotans. Þrátt fyrir aðgerðir til orkusparnaðar hefur ekki dregið úr heildarolíunotkun fiskiskipastólsins, m.a. vegna vaxandi notkunar orkufrekra veiðiaðferða.

138 – Aðlögun sjávarútvegs að sjálfbærri þróun skal meðal annars miða að því að
+ hámarka afrakstur fiskistofna með því að tryggja að afli úr einstökum tegundum fari ekki fram úr veiðiþoli þeirra,
+ stuðla að skynsamlegri nýtingu sjávarspendýra,
+ stuðla að þróun og notkun veiðitækja sem minnka aukaafla og fara betur með vistkerfi sjávar,
+ bæta nýtingu hráefna og fullnýta aflann eftir megni,
+ draga úr olíunotkun og þar með loftmengun fiskiskipastólsins,

+ letja notkun orkufrekra veiðiaðferða og veiðitækja sem sýnt er að skaði vistkerfi sjávar og gæði afla.

139 – Að þessum markmiðum verður unnið m.a. með beitingu hagrænna stjórntækja.

Landbúnaður

140 Ómengað umhverfi, náttúruvernd og gjöfulir beitarhagar eru hagsmunamál bænda, jafnt fyrir afurðasölu, nytjar sem og ferðaþjónustu. Undanfarin ár hafa bændur unnið með stjórnvöldum að því að laga búvöruframleiðslu að breyttum aðstæðum. Þessi samvinna hefur dregið úr beitarálagi. Aukin umræða og þekking hefur vakið bændur enn frekar til meðvitundar um ábyrgð þeirra og hlutverk í að vernda og auka verðmæti landsins og náttúru þess.

141 – Ofbeit heyrir þó enn ekki sögunni til. Á sama tíma og mikil fækkun hefur orðið á sauðfé veldur aukin umferð hrossa áhyggjum vegna vaxandi beitarálags og átroðnings á vissum svæðum.

+ Lausaganga búfjár verður aðeins leyfð þar sem og þegar sýnt er að ekki leiði til rýrnunar landgæða.

+ Stuðlað verður að því að bændur sem hætta hefðbundnum búskap eða draga úr framleiðslu fái fleiri verkefni en nú er á sviði landgræðslu, skógræktar og náttúruverndar.

142 – Mengun af völdum landbúnaðar er óveruleg þegar litið er á landið í heild. Niðurstöður rannsókna gefa þó til kynna staðbundna mengun á þéttbýlum landbúnaðarsvæðum.

+ Gerð verður athugun á því hvort íslenskur landbúnaður uppfylli þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar og þá einkum er varðar staðbundna jarðvegs-, vatns- og grunnvatnsmengun.

143 – Talsvert hefur verið dregið úr framræslu og ræktun votlendis á seinustu árum, en verulegur hluti votlendis á láglendi hefur tapast og tekið breytingum vegna framræslu á undanförnum fjörutíu árum.

+ Hætt verður að veita opinbera styrki til framræslu og viðhalds framræslukerfa, nema að undangengnu umhverfismati.

Orkuvinnsla

144 Átak var gert á áttunda og níunda áratugnum til að auka notkun innlendra orkugjafa í staða innflutts eldsneytis. Nú er svo komið að innlendar orkulindir hafa svo til algjörlega komið í stað olíu við hitun húsa og á sviðum þar sem það hefur verið talið fjárhagslega hagkvæmt. Á öðrum sviðum, sem falla tæknilega vel að nýtingu innlendra orkugjafa, hefur ekki náðst nægilegur árangur í að draga úr notkun innflutts eldsneytis. Vatnsafl og jarðvarmi eru endurnýjanlegir orkugjafar. Nýting þeirra er ekki einasta þjóðhagslega hagkvæm, hún skapar skilyrði fyrir hreinni iðnaði og samgöngum. Hún hefur og ekki í för með sér þá mengun sem jafnan fylgir brennslu jarðefnaeldsneyta og er því meðal forgangsverkefna á leið til sjálfbærrar þróunar.

145 Virkjun vatnsfalla og jarðhita er þó ekki með öllu skaðlaus umhverfinu, en mögulegt er að skipuleggja áframhaldandi nýtingu þannig að ekki þurfi að koma til verulegra árekstra við umhverfisjónarmið. Flest þeirra umhverfisvandamála sem fylgja virkjun vatnsfalla og jarðvarma er hægt að leysa með skipulagi, staðarvali og hönnun.

146 – Til að stuðla að bættri orkuvinnslu m.t.t. verndunar umhverfis er unnið að

+ gerð áætlunar um nýtingu vatnsfalla næstu áratugi, þar sem jafnt tillit er tekið til náttúruverndar og nýtingarsjónarmiða,

+ úttekt á áhrifum jarðvarmavirkjunar á umhverfi, m.a. varma- og efnamengun

afrennslisvatns og útstreymi mengandi efna, og gerð tillagna um leiðir til að draga úr þessum áhrifum.

Iðnaður og þjónusta

147 Iðnaður, og þá einkum orkufrekur iðnaður sem byggir á notkun endurnýjanlegra orkugjafa, og ýmis þjónusta eru þeir vaxtarmöguleikar sem geta skapað skilyrði fyrir stöðugri efnahagsþróun og fjölbreyttari atvinnuháttum á Íslandi. Með auknum skilningi neytenda á mikilvægi umhverfisverndar, vex markaður fyrir umhverfisvænar vörur og þjónustu sem byggja á hreinni framleiðslutækni.

148 – Hagrænum stjórntækjum verður beitt til að stuðla að
+ aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu og kola,
+ notkun hreinni framleiðslutækni.

Samgöngur

149 Umfang samgangna hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna áratugi. Einkum hefur fjöldi bifreiða í einkaeign aukist mikið, en hann hefur meira en þrefaldast á síðastliðnum tveimur áratugum. Nú er svo komið að það er að meðaltali eitt ökutæki á hverja tvo íbúa. Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi mengun andrúmslofts og staðbundna menguń á þéttbýlum stöðum, og eykur annað álag á viðkvæmt vistkerfi landsins vegna gerðar samgöngumannvirkja.

150 – Með tilkomu laga um umhverfismat vegna meiriháttar framkvæmda verður tryggt að fullt tillit sé tekið til sjónarmiða umhverfisverndar við gerð samgöngumannvirkja.

151 – Með hagrænum stjórntækjum verður stuðlað að því að draga úr mengun frá samgöngum með því að hvetja til orkusparnaðar og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa í stað olíu og bensíns.

Ferðaþjónusta

152 Áhugi á útivist og sókn ferðamanna í að njóta stórbrotinnar náttúru landsins fer vaxandi og skapar nýja og aukna möguleika fyrir atvinnugreinina. Sívaxandi ferðamannastraumur í óbyggðir, og til vinsælla ferðamannastaða þar sem þjónusta er lítil sem engin, kallar á aðgerðir til að tryggja vernd þeirrar auðlindar sem náttúra landsins er.

153 – Vaxandi samvinna er með yfirvöldum ferða- og náttúruverndarmála og annarra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi ferðaþjónustu.
+ Aukin verður ábyrgð sveitarfélaga, og þeirra sem reka ferðaþjónustu, á náttúruvernd og uppbyggingu nauðsynlegrar þjónustu við ferðamenn á umráðasvæðum þeirra.

154 – Upplýsingamiðlun til ferðamanna verður aukin og ráðgjöf fyrir aðila sem sinna ferðaþjónustu.

155 – Leitað verður leiða til að leggja umhverfisgjöld á farartæki sem ferðamenn koma með til landsins.

Alþjóðleg samvinna

156 Niðurstöður Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun leiða til vaxandi alþjóðlegrar samvinnu um verndun umhverfisins. Vaxandi skilningur og áhugi

almennings og stjórnvalda um heim allan beinist í sömu átt. Ljóst er að umhverfismál og lausn á þeim vandamálum sem við jörðinni og heimsbyggðinni blasa verða meðal helstu viðfangsefna alþjóðastjórnmála á næstu árum. Þar er einna brýnastur sá vandi sem blasir við mörgum þróunarríkjum og hann munu þau ekki leysa án utanaðkomandi aðstoðar og víðtækrar alþjóðlegrar samvinnu.

157 – Haldið verður áfram markvissri þátttöku í alþjóðlegri og svæðisbundinni samvinnu í umhverfismálum einkum á sviði loftlagsbreytinga, um verndun hafsins og um náttúruvernd. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að
+ varúðarreglan verði höfð að leiðarljósi í alþjóðasamstarfi,
+ leysa eigi umhverfisvandamál við upptök þeirra, fyrst og fremst með breyttum neysluháttum og nýrri tækni,
+ miða skuli við staðbundin þolmörk umhverfis (critical load) í aðgerðum til að draga úr mengun,
+ við gerð alþjóðasamninga sé tillit tekið til séraðstæðna ríkja og aðgerða sem stuðla að sjálfbærri þróun.

158 – Áhersla verður lögð á að efla evrópska samvinnu um umhverfisvernd og samvinnu þjóða um verndun lífríkis á norðurslóðum (Rovaniemiferlið).

159 – Staðið verður vörð um forræði þjóðarinnar yfir náttúruauðlindum landsins og sjálfsákvörðunarrétt hennar um sjálfbæra nýtingu þeirra.

160 – Lögð verður áhersla á að treysta enn frekar framkvæmd þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með alþjóðlegum samningum og samþykktum á sviði umhverfismála, þ.m.t. að sinna upplýsingaskyldum gagnvart alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum.

161 – Aðstoð við þróunarlönd verður aukin í samræmi við niðurstöður Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun.

162 – Áhersla verður lögð á að stuðla að aðlögun alþjóðaviðskipta að sjálfbærri þróun. Þetta verður gert með því að styðja alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að
+ efla viðskiptahætti sem virða skilyrði hins manngerða og náttúrulega umhverfis,
+ koma í veg fyrir að aðgerðir í umhverfismálum leiði til óréttmætra hafta í alþjóðlegum viðskiptum,
+ laga alþjóðaviðskipti að þörfum þróunarlanda.

Umhverfisöryggi á alþjóðvettvangi

163 Umhverfisspjöll eru alvarlegur og vaxandi alþjóðlegur vandi. Á undanförnum árum hefur samvinna þjóða farið vaxandi til að draga úr auknum gróðurhúsaáhrifum, þynningu ósónlagsins og súru regni, bæta meðferð og förgun hættulegs úrgangs og auka verndun kjörlenda, dýra og plantna. Ísland tekur virkan þátt í þessari samvinnu.

164 – *Andrúmsloft:* Þótt hlutur Íslands í mengun andrúmslofts sé lítill miðað við önnur þróuð lönd er hlutdeild okkar miðað við mannfjölda umtalsverð. Til að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um verndun andrúmsloftsins þá stefnir ríkisstjórnin að því að fullgilda fyrir vorið 1993, rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og breytingar sem gerðar hafa verið á Montrealbókun Vínarsamningsins um efni sem valda rýrnun ósónlagsins. Í samræmi við markmið þessara samninga
+ verður gefin út ný reglugerð um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna sem eru á lista Montrealbókunarinnar,
+ starfar sérfræðinganefnd að því að meta útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi og að leita leiða til að draga úr koltvíoxíðmengun og útstreymi annarra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum,

+ verður könnuð lögfesting koltvíoxíðskatta,
+ verður aukin landgræðsla og skógrækt til að vega upp á móti útstreymi koltvíoxíðs.

165 – *Sjór:* Lífríki hafsins er ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Verndun hafsins gegn mengun er því á meðal mikilvægustu forgangsverkefna í umhverfismálum. Ríkisstjórnin stefnir að því að fullgilda eins fljótt og auðið er nýjan fjölþjóðasamning um verndun Norð-Austur Atlantshafsins, hinn svonefnda OSPAR-samning. Hún stefnir einnig að því að fullgilda fyrir vorið 1993 Kaupmannahafnarsamninginn um gagnkvæma aðstoð Norðurlandanna vegna meiriháttar olíu- og efnamengunarslysa á sjó og nýlegan tímamótasamning um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó, hinn svonefnda OPRC-samning.

+ Í samræmi við ákvæði þessara samninga er unnið að því að bæta eftirlit með mengunaróhöppum á sjó og viðbúnað við þeim.

166 – *Mengun sem berst á milli landa:* Ríkisstjórnin stefnir að því að fullgilda eins fljótt og auðið er Baselsamninginn um eftirlit með flutningi hættulegra úrgangsefna á milli landa og förgun þeirra. Einnig er verið að kanna fullgildingu á tveimur bókunum við Genfarsamninginn um loftmengun sem berst langar leiðir á milli landa. Þetta eru Sofiabókunin um takmörkun á útstreymi köfnunarefnisoxíða og Genfarbókunin um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna.

167 – *Kjörlendi, dýr og jurtir:* Það er stefna ríkisstjórnarinnar að taka virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu um náttúruvernd. Í því skyni stefnir ríkisstjórnin að því að fullgilda fyrir vorið 1993 Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Jafnframt stefnir hún að því að fullgilda fyrir árslok 1993 nýjan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika og nýlegar breytingar á Ramsarsamningnum um verndun votlenda. Einnig er verið að kanna hvort tímabært sé að fullgilda Washingtonsamninginn um alþjóðlega verslun með dýr og plöntur sem eru í útrýmingarhættu og Bonnsamninginn um verndun fartegunda villtra dýra.

+ Unnið hefur verið að víðtækum breytingum á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum í samræmi við Bernarsamninginn.
+ Frekari rannsóknir á áhrifum starfsemi Kísiliðjunnar á lífríki Mývatns standa nú yfir og verður á grundvelli þeirra metið hvort áframhaldandi námavinnsla muni valda skaða á lífríki vatnsins og hvort hún sé andstæð þeim skuldbindingum sem felst í aðild Íslands að Ramsarsamningnum. Í framhaldi af því verður ákvörðun tekin um framhald námavinnslunnar.

168 – *Svæðisbundin vöktun:* Svæðisbundin vöktun gegnir lykilhlutverki í alþjóðlegri samvinnu um umhverfisvernd. Ísland hefur gerst aðili að tveimur mikilvægum svæðisbundnum vöktunarkerfum. Vöktun sjávarmengunar í norðausturhluta Atlantshafs í samræmi við samþykkt aðila að Oslóar- og Parísarsamningunum og vöktun lífríkis og mengunar á norðurslóðum í samvinnu þjóða sem eiga land á norðurslóðum (Rovaniemiferlið).

Þróunaraðstoð

169 Á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun var samþykkt að leggja aukna áherslu á aðstoð iðnríkja við þróunarlönd til að aðstoða þau við að ná tökum á aðsteðjandi umhverfisvanda og komast á braut sjálfbærrar þróunar. Framlag Íslands til þróunaraðstoðar nam 0.13% af vergri þjóðarframleiðslu árið 1991. Þetta er mun lægra hlutfall en tíðkast á meðal annarra vestrænna ríkja.

170 – Það er stefna ríkisstjórnarinnar að þróunaraðstoð nemi árlega fyrir næstu aldamót a.m.k. 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Þessu markmiði verður náð með því að auka framlög um 20% ár hvert. Áhersla verður lögð á að miða þróunaraðstoð við kröfur sjálfbærrar þróunar og til eflingar þróunarsamvinnu á þeim sviðum sem Ísland hefur á að skipa sérþekkingu og reynslu, s.s. á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, nýtingu jarðvarma og virkjun fallvatna, og eftirliti með jarðskjálfta- og eldvirkni. Ennfremur verður lögð sérstök áhersla á að styðja við aukna menntun og réttindi kvenna.

Í hnotskurn

171 Með þeirri stefnu í umhverfismálum sem hér er lögð fram, er leitast við að varða veginn til framtíðar með því að reisa vegvísa og setja grundvallarreglur um umgengni okkar við umhverfið. Í henni felast markmið og þar eru skilgreindar æskilegar leiðir en jafnframt er leitast við að skapa svigrúm og skilyrði sem hvetja einstaklinga, heimili, félagasamtök og fyrirtæki til frumkvæðis og ábyrgðar. Þannig er hvatt til samstöðu og samvinnu um sjálfbæra þróun.

172 Í framangreindri framkvæmdaáætlun skipa eftirtalin markmið stærstan sess:
- Að draga úr staðbundinni mengun, myndun úrgangs og mengun andrúmslofts.
- Að ljúka úrbótum í sorp- og frárennslismálum.
- Að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.
- Að bæta gróðurvernd og landgræðslu.
- Að styrkja verndun kjörlenda, dýra og plantna.
- Að styrkja búsetu á landsbyggðinni í samræmi við markmið og grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar.
- Að auka þátttöku í alþjóðlegri samvinnu á sviði umhverfis- og þróunarmála.

173 Til að ná ofangreindum markmiðum er lögð rík áhersla á að virkja almenning, félagasamtök, fyrirtæki og opinbera aðila til að vinna að umhverfisvernd og stuðla að framgangi sjálfbærrar þróunar. Í því skyni er sérstök áhersla lögð á að efla forvarnir og markvissa notkun hagrænna stjórntækja, og að samræma og efla umhverfisrannsóknir, vöktun og upplýsingamiðlun.

730. Fyrirspurn [430. mál]

til menntamálaráðherra um starf og eignir húsmæðraskóla.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða kennsla fer fram í þeim húsmæðraskólum sem enn starfa og hvernig skiptist kostnaður við þá kennslu milli
   a. ríkisins,
   b. sveitarfélaga,
   c. nemenda?
2. Hvernig hefur eignum þeirra húsmæðraskóla, sem lagðir hafa verið niður, verið ráðstafað og hverjir annast þær:
   a. húsnæði,
   b. innanstokksmuni og gjafir?
3. Hverjir eru eigendur einstakra húsmæðraskóla?
4. Hvaða áform eru uppi um varðveislu eða nýtingu á þeim merka menningararfi kvenna sem er að finna innan veggja húsmæðraskólanna, svo og þeirra húsa sem byggð voru sem húsmæðraskólar í öllum landsfjórðungum?

Skriflegt svar óskast.

731. Fyrirspurn [431. mál]

til fjármálaráðherra um launagreiðslur ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar fengu greidd laun frá ríkinu árið 1992 að upphæð 3 millj. kr. eða meira (átt er við samanlögð grunnlaun, fasta yfirvinnu, aðra yfirvinnu, þóknunareiningar, aðrar þóknanir, bílastyrki, nefndarlaun og önnur laun)?
2. Hversu margir karlar eru í þessum hópi og hve margar konur?
3. Hver eru samanlögð grunnlaun þessa hóps, hver eru samanlögð heildarlaun (sjá 1. lið) og hvernig skiptast þessar upphæðir milli kynja?
4. Hjá hvaða stofnunum vinna þessir einstaklingar?

Skriflegt svar óskast.

732. Fyrirspurn [432. mál]

til fjármálaráðherra um dagpeninga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar fengu greidda dagpeninga frá ríkinu að upphæð 400 þús. kr. eða meira á árinu 1992?
2. Hversu margir einstaklingar fengu dagpeninga að upphæð 400 þús. kr. eða meira
   a. til ferða innan lands,
   b. til utanferða,
   c. til ferða bæði innan lands og utan?

Skriflegt svar óskast.

733. Fyrirspurn [433. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Fyrirhugar ríkisstjórnin að láta fara fram heildarendurskoðun á lögum og skipan lífeyrissjóða?
2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstakri endurskoðun á lífeyrismálum æðstu embættismanna ríkisins, auk ráðherra og alþingismanna?

734. Fyrirspurn [434. mál]

til viðskiptaráðherra um skipan samkeppnisráðs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar eru helstu ástæður þess að ráðherra kaus að skipa framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands einn fimm aðalmanna í samkeppnisráð?
2. Óttast ráðherra ekki að álitamál kunni að rísa um hæfi framkvæmdastjórans, sbr. ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um að ráðsmenn skuli vera „óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til“?

735. Fyrirspurn [435. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun laga um ferðamál.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður þeirri endurskoðun lagaákvæða um ferðamál sem ráðherra upplýsti í upphafi embættisferils síns að yrði forgangsverkefni?
2. Hyggst ráðherra endurflytja eða nýta að einhverju leyti tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og frumvarp til laga um ferðaþjónustu sem unnin voru af stjórnskipaðri nefnd með fulltrúum hagsmunaaðila og mönnum úr öllum flokkum og flutt á Alþingi veturinn 1990–1991?

736. Fyrirspurn [436. mál]

til samgönguráðherra um störf nefndar til að bæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður störfum nefndar fulltrúa samgöngu- og fjármálaráðuneyta sem gera á tillögur um bætt starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, þar með talið að gera tillögur um að létta álögum af greininni?
2. Var erindisbréfi nefndarinnar breytt í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja virðisaukaskatt á ýmsar greinar ferðaþjónustu sem áður voru undanþegnar?

737. Tillaga til þingsályktunar [437. mál]

um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu (VES).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 20. nóvember 1992 var haldinn í Róm fundur utanríkisráðherra aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins með fulltrúum ríkja sem boðin hafði verið aðild, auka- eða áheyrnaraðild, að samtökunum. Umhverfisráðherra, Eiður Guðnason, sótti fundinn fyrir hönd Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra og undirritaði á fundinum skjal um aukaaðild lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs og lýðveldisins Tyrklands að Vestur-Evrópusambandinu, ásamt utanríkisráðherrum tveggja síðastnefndra ríkja.

Aukaaðildarskjalið er pólitísk yfirlýsing ríkjanna sem hlut eiga að máli, en ekki lagalega bindandi samningur. Skjalið er birt sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari, sameiginlegar bókanir birtast í fskj. II, en yfirlýsing formennskuríkisins í fskj. III og A-hluti III. kafla Petersberg-yfirlýsingarinnar í fskj. IV.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi lýsi stuðningi við aukaaðild Íslands að VES.

Skilgreining aukaaðildar.

Nauðsynlegt er að greina á milli aukaaðildar og aðildar að Vestur-Evrópusambandinu. Aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu eru ekki aðilar að stofnsamningi þess, hinum endurskoðaða Brussel-samningi, og eru ákvæði hans því ekki bindandi fyrir þá. Aukaaðilar fá því ekki þau réttindi og hafa heldur ekki þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í stofnsamningi VES.

Af þessum ástæðum geta aukaaðilar hvorki beitt V. gr. (varnarskuldbindingar) né VIII. gr. (samráð vegna aðsteðjandi hættu) stofnsamningsins. Þeir eru því ekki skuldbundnir til að taka þátt í aðgerðum VES. Vestur-Evrópusambandið hefur hvorki öryggisskuldbindingar né varnarskyldur gagnvart ríkjum sem hlotið hafa aukaaðild.

Aukaaðildarskjalið er að miklu leyti efnislega samhljóða Petersberg-yfirlýsingu Vestur-Evrópusambandsins frá 19. júní 1992, en þar segir m.a. að aukaaðildarríki geti tekið fullan þátt í fundum ráðs, vinnuhópa og undirnefnda VES með eftirfarandi skilmálum:

— takmarka má þátttöku í fundum við aðildarríki ef meiri hluti þeirra eða helmingur, ásamt formennskuríki, óskar þess;
— þeir hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki að því er varðar verkefni sem flutt hafa verið til VES frá öðrum stofnunum, að því tilskildu að aukaaðilar hafi verið aðilar að þeim stofnunum;
— þeir hafa rétt til að taka til máls, en geta ekki hindrað ákvarðanir sem aðildarríki eru sammála um;
— þeir geta gerst aðilar að ákvörðunum sem aðildarríki taka;
— þeir geta tengst varnaráætlanadeild með föstum tengilið;
— leggi þeir til herlið geta þeir tekið þátt í hernaðaraðgerðum VES á sama grundvelli og aðildarríki;
— þeir samþykkja efnislega að fullu A-hluta III. kafla Petersberg-yfirlýsingarinnar;
— þeir munu tengjast fjarskiptaneti VES (WEUCOM);
— gert er ráð fyrir að þeir greiði fjárframlag til VES.

Aukaaðilar geta þannig tekið fullan þátt í ráði og öllum nefndum Vestur-Evrópusambandsins og hafa því góða möguleika á að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri. Jafnframt geta þeir tengst ákvörðunum sambandsins hverju sinni. Aukaaðilar geta á hinn bóginn ekki hindrað ákvarðanir sem samstaða hefur náðst um á meðal aðildarríkja.

Ísland tekur ekki þátt í hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins þar sem landið hefur ekki eigin her. Á þetta atriði bentu fulltrúar Íslands í viðræðum um aukaaðild.

Gert er ráð fyrir að aukaaðild Íslands, Noregs og Tyrklands að VES taki gildi þegar Grikklandi verður formlega veitt aðild að samtökunum, en þangað til verða ríkin þrjú „virkir áheyrnaraðilar“, eins og það er orðað í aukaaðildarskjalinu.

Ísland, NATO og VES

Atlantshafsbandalagið hefur ítrekað lýst stuðningi við það markmið að Vestur-Evrópusambandið verði þróað til að efla hina evrópsku stoð bandalagsins. Kemur slíkur stuðningur m.a. fram í yfirlýsingu leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Róm 1991 sem ruddi braut fyrir boði VES til evrópskra aðildarríkja bandalagsins sem ekki höfðu tengst VES. Litið var svo á að kysu einstök aðildarríki Atlantshafsbandalagsins í Evr-

ópu að standa utan VES kynni það að torvelda aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum.

Verði raunin sú að Atlantshafsbandalagið verði, þegar frá líður, fyrst og fremst vettvangur tvíhliða samráðs Vestur-Evrópusambandsins annars vegar og ríkja Norður-Ameríku hins vegar eiga evrópsk aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem ekki tengjast Vestur-Evrópusambandinu, á hættu að einangrast innan bandalagsins. Tengsl við VES í formi aðildar, auka- eða áheyrnaraðildar, gera ríkjum þessum kleift að taka þátt í samráði um afstöðu Evrópuríkja til málefna Atlantshafsbandalagsins.

Aukaaðild veitir Íslandi rétt til þátttöku í umfjöllun Evrópuríkja um öryggis-og varnarmál og möguleika á að koma sjónarmiðum sínum, m.a. um mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið, á framfæri, en það er ekki síst þýðingarmikið vegna vaxandi ábyrgðar Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum.

Bæði í Vestur-Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu beinist athyglin nú í auknum mæli að öryggi sunnanverðrar Evrópu. Þátttaka Íslands og Noregs í VES stuðlar að því að aukið tillit verði tekið til norðurslóða í umfjöllun um öryggismál Evrópuríkja.

Sem dæmi um starfsemi Vestur-Evrópusambandsins á sviði öryggismála fram að þessu má nefna samræmingu á flotaeftirliti á Persaflóa vegna styrjaldar Íraks og Írans og aðgerðir aðildarríkja VES vegna innrásar Íraks í Kúvæt. Einnig hefur VES annast eftirlit með refsiaðgerðum gegn Serbíu og Svartfjallalandi á Adríahafi í samvinnu við Atlantshafsbandalagið.

Líkur benda til að eitt af meginverkefnum Vestur-Evrópusambandsins á næstu árum verði að annast friðargæslu og tilheyrandi hjálparstarfsemi í umboði Sameinuðu þjóðanna eða Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) vegna svæðisbundinna átaka. Með aukaaðild að VES fær Ísland þannig nýtt færi á að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

Ísland á þess kost að fá aðgang að geimeftirlits- og gervihnattamiðstöð VES þegar tilraunatímibili hennar líkur árið 1995. Hugsanlegt er að miðstöðin veiti möguleika á að fylgjast með ýmsum þáttum umhverfismála og mun það skýrast frekar að tilraunatímabilinu loknu.

Höfuðstöðvar Vestur-Evrópusambandsins voru fluttar frá Lundúnum til Brussel í byrjun þessa árs. Þá var fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu falið að annast þátttöku í VES. Slíkt fyrirkomulag samrýmist vel þeirri grundvallarstefnu Íslands að þátttaka landsins í Vestur-Evrópusambandinu byggist fyrst og fremst á nánum tengslum þess við Atlantshafsbandalagið.

Aukaaðildarríki þurfa að greiða árlega fjárframlag til VES, en framlög verða endanlega ákveðin innan tíðar.

Þegar á heildina er litið hefur aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu ýmsan ávinning í för með sér fyrir Ísland, en fáar kvaðir eða skuldbindingar.

Framvinda viðræðna.

Viðræður Vestur-Evrópusambandsins undir forustu Ítalíu og ríkja, sem boðin var aðild, aukaaðild eða áheyrnaraðild, hófust með sameiginlegum fundi þeirra í Róm í júlí 1992. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var tekið skýrt fram að þau nálguðust VES og boð þess um aukaaðild með hliðsjón af þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og mikilvægi öryggismálasamvinnu Evrópu og Norður-Ameríku í bandalaginu. Áhersla var lögð á að Ísland hefði ekki eigin her og tæki þarafleiðandi ekki þátt í hernaðaraðgerðum VES.

Viðræðurnar héldu áfram í september sl. í Lundúnum undir forustu Ítalíu af hálfu Vestur-Evrópusambandsins. Í viðræðunum lögðu fulltrúar Íslands á það áherslu að mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið kæmi fram í texta aukaaðildarskjalsins og að tekið yrði sérstaklega fram í aukaaðildargögnum að aukaaðild að VES hefði á engan hátt áhrif á skuldbindingar ríkja Atlantshafsbandalagsins samkvæmt stofnsamningi þess. Bráðabirgðasamkomulag um aukaaðildargögnin náðist á fundi í Lundúnum 10. nóvember sl. Aukaaðildarskjalið var, eins og fyrr segir, undirritað á ráðherrafundi Vestur Evrópusambandsins í Róm 20. nóvember sl.

Aukaaðildargögnin eru fjögur:

1. Aukaaðildarskjalið þar sem tilgreindir eru skilmálar aukaaðildar.
2. Bókun við aukaaðildarskjalið þar sem skýrð eru nánar einstök efnisatriði í aukaaðildarskjalinu.
3. Sérstakar yfirlýsingar formennskuríkis, en komið er til móts við áhersluatriði einstakra aukaaðildarríkja í þeim.
4. Petersberg-yfirlýsingin, en aukaaðilar staðfesta í aukaaðildaskjalinu að þeir fallist á kafla III. A. í yfirlýsingunni.

Þessi gögn eru hjálögð sem fylgiskjöl.

Saga og verkefni VES

Vestur-Evrópusambandið var stofnað árið 1948 af Frakklandi, Benelux-löndunum og Bretlandi í kjölfar þess óvissuástands, sem skapaðist eftir heimsstyrjöldina síðari. Tilgangurinn var að efla efnahagslega og félagslega samvinnu aðildarríkjanna og leggja jafnframt grunninn að varnarsamvinnu þeirra. Stofnun Vestur-Evrópusambandsins greiddi fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949. Hins vegar dró mjög úr störfum VES eftir stofnun bandalagsins.

Vestur-Þýskaland fékk inngöngu í VES árið 1954 og voru þá gerðar breytingar á stofnsamningnum, Brussel-samningnum, sem felast í því að tengsl VES við Atlantshafsbandalagið eru skilgreind. Síðan er jafnan vísað til endurskoðaðs Brussel-samnings (modified Brussel's Treaty).

Á fundi VES í Róm 1984 var gerð tilraun til að glæða samtökin lífi að nýju og efla Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum. Þremur árum síðar, á haustfundi VES í Haag 1987, var samþykkt stefnuskrá í öryggis- og varnarmálum. Þar er m.a. lögð áhersla á ágæti ríkjandi varnarfyrirkomulags. Síðar fengu Spánn og Portúgal aðild að sambandinu.

Yfirstjórn VES er í höndum ráðherraráðsins sem hittist reglulega tvisvar á ári, en dagleg stjórn er hjá fastaráðinu sem hefur nú aðsetur í Brussel. Reglulegt samráð fer einnig fram í tveimur vinnuhópum háttsettra embættismanna. Jafnframt fæst sérstakur vinnuhópur við þjálfun starfsmanna til að annast eftirlit með framkvæmd samningsins um hefðbundin herafla í Evrópu (CFE). Þessu starfi tengist sameiginleg geimeftirlits- og gervihnattamiðstöð á Spáni sem ætlað er að fylgjast með vígbúnaði, hættuástandi og umhverfisógnum.

Þingmannasambandi Vestur-Evrópusambandsins, sem staðsett er í París, var komið á fót skömmu eftir stofnun VES. Ráðið gefur þingmannasambandinu árlega skýrslu um störf sín. Fulltrúar í þingmannasamkomu VES eru þeir þingmenn sem sitja ráðgjafaþing Evrópuráðsins.

Maastricht-fundurinn.

Þáttaskil urðu í sögu Vestur-Evrópusambandsins á fundi þess í Maastricht sem haldinn var í tengslum við sögulegan leiðtogafund Evrópubandalagsins í byrjun desember 1991, en á fyrrnefnda fundinum tóku aðildarríkin veigamiklar ákvarðanir um aukið hlutverk og náin tengsl VES við Atlantshafsbandalagið og fyrirhugað nánara pólitískt samband Evrópubandalagsríkjanna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í ákvörðunum Vestur-Evrópusambandsins frá Maastricht að sambandið fái það hlutverk að annast varnarmálaþáttinn í sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópubandalagsins, en hún á, þegar tímar líða, að taka til allra þátta sem snerta öryggi þess, þar á meðal sameiginlegrar varnarstefnu og jafnvel sameiginlegra varna. Um er að ræða hugsanlegt framtíðarmarkmið og gæti langur tími liðið áður en því verður náð.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í niðurstöðum fundarins að Vestur-Evrópusambandið verði þróað til að efla Evrópustoðina í Atlantshafsbandalaginu á þann veg að hlutverk og ábyrgð Evrópuríkja í bandalaginu aukist. Fyrirhugað er að aðildarríki VES efli samráð um málefni, sem til umfjöllunar eru í Atlantshafsbandalaginu og varða sameiginlega hagsmuni þeirra, með það fyrir augum að koma með samræmda afstöðu inn í umræður um þessi málefni á vettvangi bandalagsins þar sem endanlegar ákvarðanir verði teknar.

Í þriðja lagi var ákveðið að bjóða EB-ríkjunum þremur, sem ekki eru í VES (Danmörk, Grikkland og Írland), aðild eða áheyrnaraðild. Öðrum Evrópuríkjum (Íslandi, Noregi og Tyrklandi), sem eru í Atlantshafsbandalaginu, en ekki í EB, var boðin aukaaðild. Þessi ríki áttu ekki kost á áheyrnaraðild. Á þennan hátt var stefnt að því að öll aðildarríki EB og öll Evrópuríki í Atlantshafsbandalaginu tækju þátt í störfum Vestur-Evrópusambandsins og lætur því að líkum að það geti orðið mun umfangsmeiri vettvangur fyrir umfjöllun um öryggismál Evrópuríkja en áður hefur þekkst.

Petersberg-yfirlýsingin.

Á fyrstu mánuðum ársins 1992 skilgreindi Vestur-Evrópusambandið nánar hvað felst í ákvörðunum þess frá Maastricht. Á ráðherrafundi VES í Bonn í júní sl. tóku aðildarríki frekari ákvarðanir um eflingu tengsla VES við önnur ríki í EB og Atlantshafsbandalaginu, en einnig um hernaðarlegt hlutverki sambandsins og ýmis framkvæmdaratriði.

Samkvæmt ákvörðun um væntanlegt hernaðarlegt hlutverk Vestur Evrópusambandsins geta hersveitir aðildarríkja þess tekið þátt í sameiginlegum vörnum skv. 5. gr. í Atlantshafssáttmálanum og V. gr. í endurskoðuðum Brussel-samningi. Auk þess geta þær annast:

— neyðaraðstoð og hjálparstarfsemi;
— friðargæslu;
— hernaðaraðgerðir í tengslum við stjórnun á hættutímum, þar á meðal aðgerðir til að koma á friði.

Til að annast skipulagningu þessara hernaðarlegu verkefna var stofnuð sérstök varnaráætlanadeild.

Ákvörðun um tengsl við önnur ríki í EB og önnur evrópsk aðildarríki Atlantshafsbandalagsins tekur m.a. til réttinda og skyldna ríkja sem fá aukaaðild. Þar segir að aukaaðilar geti tekið fullan þátt í fundum ráðs Vestur-Evrópusambandsins, vinnuhópa og undirnefnda samkvæmt ákveðnum skilmálum. Þessi hluti Petersberg-yfirlýsingarinnar varð síðar meginefni aukaaðildarskjalsins sem undirritað var 20. nóvember sl.

Hvað varðar ýmis framkvæmdaratriði var ákveðið að ráð VES í Brussel ætti jöfnum höndum að fást við pólitísk mál og öryggis- og varnarmál, auk þess að stjórna allri starfsemi sambandsins.

Að lokum var kveðið á um sérstök tengsl við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Af lýðveldum Sovétríkjanna fyrrverandi ná þessi samskipti enn einungis til Eystrasaltríkjanna þriggja. Hér er að nokkru leyti um að ræða tengsl hliðstæð þeim sem komið hefur verið á í Norður-Atlantshafssamstarfsráðinu.

Fylgiskjal I.

Skjal um aukaaðild lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs og lýðveldisins Tyrklands að Vestur-Evrópusambandinu.

1. Utanríkisráðherrar aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins og utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Tyrklands áttu fund í Róm 20. nóvember 1992. Þeir staðfestu enn á ný þær skuldbindingar ríkjanna sem beinast að því að tryggja frið og öryggi í Evrópu. Þeir lýstu í því sambandi ánægju með þróun evrópskrar samkenndar á sviði öryggis og varnarmála. Í ásetningi sínum að koma tengslum Vestur-Evrópusambandsins og annarra Evrópuríkja innan Atlantshafsbandalagsins á nýjan grundvöll í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi í Evrópu, með hliðsjón af hlutverki Vestur-Evrópusambandsins sem leiðar til að styrkja Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins, vísuðu þeir til yfirlýsingar ráðherrafundar Vestur-Evrópusambandsins í Maastricht 10. desember 1992, þar sem þessum ríkjum var boðið að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu.

2. Í þessu samhengi vísuðu þeir til boðs utanríkisráðherra Þýskalands og þáverandi formanns ráðs Vestur-Evrópusambandsins 30. júní 1992 til lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs og lýðveldisins Tyrklands um að hefja viðræður um hugsanlega aukaaðild þeirra að Vestur-Evrópusambandinu. Í skoðanaskiptum þessum hefur verið staðfest að lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland fallast á þann ásetning aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins að efla hlutverk Vestur-Evrópusambandsins þegar litið er til lengri tíma fram til sameiginlegrar evrópskrar varnarmálastefnu sem samrýmist stefnu Atlantshafsbandalagsins og að þau fallast að öllu leyti á A-lið III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar.

Að viðræðunum loknum staðfestu utanríkisráðherrar Vestur-Evrópusambandsins þá ósk að lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland gerðust aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu.

Enn fremur töldu ráðherrarnir að í aukaaðild þessara landa fælist mikilvægt skref til að styrkja Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins og þar með sjálf tengslin yfir Atlantshafið í anda yfirlýsingar Rómarfundarins um frið og samvinnu frá 8. nóvember 1991.

3. Í samræmi við þetta, og án þess að eftirtalin atriði feli í sér breytingar á endurskoðuðum Brussel-samningi, gerast lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Geta þau, enda þótt þau séu ekki aðilar að endurskoðuðum Brussel-samningi, tekið fullan þátt í fundum ráðs Vestur-Evrópusambandsins — með fyrirvara hvað snertir ákvæði VIII. gr. — svo og starfshópum þess og undirstofnunum, eins og nánar er lýst hér á eftir:

— Að ósk meiri hluta aðildarríkja, eða helmings aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, má takmarka þátttöku við aðildarríki,
— þau njóta málfrelsis, en geta ekki komið í veg fyrir samróma ákvarðanir aðildarríkja,
— þau mega tengjast ákvörðunum aðildarríkja og geta tekið þátt í að framkvæma þær nema meiri hluti aðildarríkja, eða helmingur aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, ákveði annað,
— lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland geta tengst varnaráætlanadeild með föstum tengilið,
— þau munu, á sama grundvelli og fullgild aðildarríki, taka þátt í þeim hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins sem þau leggja herlið til,
— þau verða tengd við fjarskiptakerfi aðildarríkjanna (WEUCOM) hvað snertir fjarskipti varðandi fundi og störf sem þau taka þátt í,
— þau verða beðin um að leggja fram fé til þarfa samtakanna.

Af hagkvæmnisástæðum verða geimverkefni takmörkuð við núverandi aðildarríki til 1995 er tilraunaþætti rekstrar gervihnattamiðstöðvarinnar lýkur. Meðan á þeim þætti stendur verða ný aðildar- og aukaaðildarríki látin fylgjast með þeim störfum Vestur-Evrópusambandsins sem varða geimverkefni. Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að aukaaðilar geti tekið þátt í síðari geimverkefnum um leið og ákvarðanir eru teknar um að halda þeim áfram.

4. Lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland munu eiga sama rétt og bera sömu skyldur og ríki með fulla aðild hvað snertir störf sem flutt eru til Vestur-Evrópusambandsins frá öðrum vettvangi eða stofnunum sem þau eiga þegar aðild að.

5. Lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur og lýðveldið Tyrkland munu verða aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu á þeim degi er lýðveldið Grikkland verður aðili að Vestur-Evrópusambandinu. Fram til þess tíma verður litið á lýðveldið Ísland, konungsríkið Noreg og lýðveldið Tyrkland sem virka áheyrnaraðila að Vestur-Evrópusambandinu.

Fylgiskjal II.

Sameiginleg bókun, samþykkt í tengslum við aukaaðildarskjal í ráðherraráði Vestur-Evrópusambandsins í Róm 20. nóvember 1992.

— Þar sem aukaaðilar eru ekki aðilar að hinum endurskoðaða Brussel-samningi varðar sú tilvísun til samþykkis aukaaðila að öllu leyti, sem gerð er í A-kafla III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar, ekki X. gr. samningsins.

— Í 5. undirlið 3. tölul. aukaaðildarskjalsins segir að aukaðilar muni á sama hátt og aðildarríki taka þátt í þeim hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins sem þau leggja herlið til. Undir orðalagið að leggja herlið til kann að falla það að séð sé fyrir aðstöðu til birgðaaðdráttar og annarri aðstöðu í verulegum mæli. Ef aukaaðilar taka þátt í hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins sem eiga rætur að rekja til ákvarðana aðild-

arríkja koma þátttökuríkin á grundvelli hvers tilviks fyrir sig á þeirri tilhögun sem fylgt verður um framkvæmd aðgerðanna.

— Málfrelsi fylgir tillöguréttur.

— Til fullrar þátttöku heyrir þátttaka í fundum ríkjahópa samkvæmt sömu reglum og gilda um þátttöku í fundum ráðs Vestur-Evrópusambandsins og annarra stofnana.

— Það er undirskilið að reglur þessa skjals um aukaaðild skerða ekki réttindi og skyldur samkvæmt gildandi þjóðréttarsamningum.

— Ráðið mun taka fullt tillit til öryggishagsmuna aukaaðila.

Fylgiskjal III.

Yfirlýsingar formennskuríkis, teknar úr yfirliti um umræður milli Vestur-Evrópusambandsins og þeirra þriggja Evrópuríkja utan þess sem einnig eru í Atlantshafsbandalaginu.

1. Varnaráætlanadeild.

„Í svari sínu við fyrirspurn fulltrúa Tyrklands gat formennskuríkið þess að samkvæmt Petersberg-yfirlýsingunni geta þau ríki sem gerast aukaaðilar í framtíðinni tengst varnaráætlanadeild með föstum tengilið.

Af þessu leiðir að slíkri tilhögun verður komið á hvað snertir Tyrkland og hvert það aukaaðildarríki annað sem þess óskar.“

2. Upplýsingar til aukaaðildarríkja.

„Í svari sínu til fulltrúa þeirra ríkja sem óska aukaaðildar staðfesti formennskuríkið að engar hömlur yrðu á upplýsingum milli aðildarríkja og aukaaðildarríka og upplýsingar þar að lútandi um lokaða fundi yrðu tímanlega veittar.“

3. Yfirlýsing um „gildandi þjóðréttarsamninga“.

„Í svari sínu við spurningu fulltrúa Íslands staðfesti formennskuríkið að með orðunum „gildandi þjóðréttarsamningar“ í bókun þeirri, sem samþykkt hefði verið í tengslum við aukaaðildarskjalið, væri m.a. átt við Atlantshafssáttmálann.“

Fylgiskjal IV.

Ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins.
(Bonn, 19. júní 1992.)

Úr Petersberg-yfirlýsingunni.

III. Um samskipti Vestur-Evrópusambandsins og þeirra Evrópuríkja utan þess sem aðild eiga að pólitísku sambandi Evrópu eða Atlantshafsbandalaginu.

A. Er yfirlýsingin hafði verið gefin í Maastricht hinn 10. desember 1991 í tengslum við sameiningarsamning Evrópu minntust ráðherrar ríkja Vestur-Evrópusambandsins þeirra gundvallarsjónarmiða sem samskipti fullra aðildarríkja og aukaaðildarríkja skulu byggð á:

— Að leyst sé úr ágreiningi milli þeirra á friðsamlegan hátt í samræmi við þær skuldbindingar sem leiðir af hinum endurskoðaða Brussel-samningi, Atlantshafssáttmálanum, sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, skuldbindingum sem gengist hefur verið undir samkvæmt lokaskjali Helsinki-ráðstefnunnar og Parísaryfirlýsingunni, svo og öðrum almennt viðurkenndum meginviðhorfum og reglum þjóðaréttar.

— Að ekki sé gripið til valdbeitingar eða hótunar um valdbeitingu eins og sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða gerir ráð fyrir.

Ráðherrarnir lögðu einnig áherslu á að þær skuldbindingar um öryggi og varnir, sem aðildarríkin eru bundin innan Vestur-Evrópusambandsins annars vegar og Atlantshafsbandalagsins hins vegar, styrki hverjar aðra og að þau ríki, sem játast undir III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar, muni ekki draga þær inn í deilur milli aðildarríkja innan hvorugra samtakanna.

B. Í Maastricht-yfirlýsingu sinni hinn 10. desember 1991 lögðu aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins til að aðildarríkjum sameinaðrar Evrópu yrði boðið að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu samkvæmt þeim skilyrðum er samkomulag yrði um eins og gert er ráð fyrir í samræmi við XI. gr. hins endurskoðaða Brussel-samnings eða áheyrnaraðilar ef þess væri óskað. Um leið var öðrum Evrópuríkjum innan Atlantshafsbandalagsins boðin aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu er veitti þeim kost á að taka fullan þátt í störfum þess.

Í samræmi við III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar urðu ráðherrarnir sammála um að er þeim ríkjum, er áhuga sýndu, væri boðin aðild, áheyrnaraðild eða aukaaðild, yrði eftirfarandi tekið fram:

Aðildarríki:

Aðildarríki sameinaðrar Evrópu, sem þekkst hafa boð um aðild að Vestur-Evrópusambandinu, skuldbinda sig til

— að virða, í samræmi við þau meginsjónarmið og gildi sem öll aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins aðhyllast, Brussel-samninginn frá 1948 eins og honum var breytt hinn 23. október 1954, bókanir með honum og tengd skjöl, svo og þá samninga sem aðildarríkin hafa gert með sér samkvæmt þeim samningi,

— að taka jákvætt tillit til umsaminna atriða, ákvarðana og reglna sem hlotið hafa samþykki á þann hátt sem samningurinn gerir ráð fyrir og yfirlýsinga sem gefnar hafa verið frá Rómaryfirlýsingunni hinn 27. október 1984 að telja,

— að byggja Vestur-Evrópusambandið upp sem varnarþátt hinnar sameinuðu Evrópu og tæki til að styrkja hina evrópsku meginstoð Atlantshafsbandalagsins í samræmi við skuldbindingu þá sem gengist var undir hinn 10. desember 1991 með yfirlýsingunni um hlutverk Vestur-Evrópusambandsins og samskipti þess við hina sameinuðu Evrópu og Atlantshafsbandalagið er fylgir sameiningarsamningi Evrópu og
— að samþykkja að öllu leyti efni III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar er mun verða hluti aðildarbókunar.

Áheyrnaraðilar:

Aðildarríkin hinnar sameinuðu Evrópu er þekkst hafa boð um áheyrnaraðild,
— geta, enda þótt þau séu ekki aðilar að hinum endurskoðaða Brussel-samningi og með fyrirvara um ákvæði VIII. gr. hans, sótt fundi Vestur-Evrópusambandsins, en að ósk meiri hluta aðildarríkja, eða helmings aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, má takmarka fundarsókn á ráðsfundum við ríki sem aðild eiga,
— mega sækja fundi starfshópa samkvæmt boði þar um,
— mega ávarpa fundi samkvæmt boði ef þess hefur verið óskað,
— munu eiga sama rétt og bera sömu skyldur og ríki með aðild hvað snertir störf sem flutt eru til Vestur-Evrópusambandsins frá öðrum vettvangi eða stofnunum sem þau eiga þegar aðild að.

Aukaaðildarríki:

Önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. sem þekkst hafa boð um að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu, geta, enda þótt þau séu ekki aðilar að hinum endurskoðaða Brussel-samingi, tekið fullan þátt í fundum ráðs Vestur-Evrópusambandsins — með fyrirvara hvað snertir ákvæði VIII. gr. samningsins — svo og starfshópum þess og undirstofnunum, eins og nánar er lýst hér á eftir:
— Að ósk meiri hluta aðildarríkja, eða helmings aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, má takmarka þátttöku við aðildarríki,
— þau munu geta tengst varnaráætlanadeild með föstum tengilið,
— þau munu eiga sama rétt og bera sömu skyldur og ríki með aðild hvað snertir störf sem flutt eru til Vestur-Evrópusambandsins frá öðrum vettvangi eða stofnunum sem þau eiga þegar aðild að,
— þau munu njóta málfrelsis, en geta ekki komið í veg fyrir samróma ákvarðanir aðildarríkja,
— þau mega tengjast ákvörðunum aðildarríkja og geta tekið þátt í að framkvæma þær nema meiri hluti aðildarríkja, eða helmingur aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, ákveði annað,
— þau munu á sama grundvelli og aðildarríki taka þátt í þeim hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins sem þau leggja herlið til,
— þau munu að öllu leyti samþykkja efni A-kafla III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar er verður hluti aukaaðildarskjalsins,
— þau verða tengd við fjarskiptakerfi aðildarríkjanna (WEUCOM) hvað snertir fjarskipti varðandi fundi og störf sem þau taka þátt í,
— þau verða beðin um að leggja fram fé til þarfa samtakanna.

Geimverkefni:

Af framkvæmdaástæðum verða geimverkefni takmörkuð við núverandi aðildarríki til 1995 er tilraunaþætti rekstrar gervihnattamiðstöðvarinnar lýkur. Meðan á þeim þætti stendur verða ný aðildarríki og aukaaðildarríki látin fylgjast með þeim störfum Vestur-Evrópusambandsins sem varða geimverkefni. Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að aukaaðilar geti tekið þátt í síðari geimverkefnum um leið og ákvarðanir eru teknar um að halda þeim áfram.

Umboð:

C. Ráðherrarnir fólu fastaráðinu að undirbúa viðræður við viðkomandi ríki.

Ráðherrarnir staðfestu þá ósk sína að nauðsynlegum samningum yrði lokið fyrir árslok 1992.

738. Tillaga til þingsályktunar [438. mál]

um staðsetningu björgunarþyrlu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson,
Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir 1. september 1993.

Greinargerð.

Alþingi hefur á síðustu tveimur árum veitt ráðherra heimild í 6. gr. fjárlaga til að semja um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Í umræðum á Alþingi í lok febrúar sl. lýsti forsætisráðherra því yfir að samið yrði um þyrlukaup á næstu mánuðum. Því er ljóst að breytinga er að vænta á þeim tækjabúnaði sem þyrlan hefur yfir að ráða til björgunar úr lofti. Þyrlukostur Landhelgisgæslunnar er að öllu jöfnu staðsettur í Reykjavík. Þá hefur varnarliðið á Keflavíkurflugvelli yfir fjórum þyrlum að ráða og von er á þeirri fimmtu. Ætlunin mun vera að auka enn frekar samstarf við björgunarsveit varnarliðsins um björgunarmál. Í ljósi þessa er tímabært að endurskoða staðsetningu björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar með það fyrir augum að viðbragðstími til fjarlægra landshluta verði styttri. Benda má á að fyrir Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi er mikill floti fiskiskipa á veiðum á ýmsum árstímum, auk flutningaskipa á leið til og frá Evrópu. Það tekur þyrlu drjúgan tíma að komast til þessara svæða þegar á þarf að halda. Ætla má að þyrla Landhelgisgæslunnar sé eina og hálfa til þrjár klukkustundir á leiðinni austur fyrir land ef flogið er með ströndinni. Flugtími þyrlunnar er einnig áætlaður um þrjár klukkustundir til Grímseyjar miðað við að flogið sé út fyrir Vestfirði. Má því færa sterk rök fyrir því að önnur staðsetning björgunarþyrlu mundi henta betur með tilliti til þessara landshluta og veiðisvæða fyrir norðan land og austan. Það er því rétt að menn hugi nú að hentugri staðsetningu björgunarþyrlu þegar til stendur að kaupa fullkomna þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Sú staðsetning hlýtur að miðast við að þyrlan þjóni sem best öryggi allra landsmanna. Við staðsetningu þyrlukostsins þarf einnig að taka tillit til sívaxandi hlutverks þessara tækja í björgun þegar slysfarir verða á landi og flytja þarf slasað fólk m.a. frá hálendinu til byggða og undir læknishendur.

Rétt þykir að Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg eigi hlut að þessari úttekt vegna þess hve stóran hlut björgunarsveitir eiga að björgun á sjó og landi og vegna þess hve brýnt er að skipulag samvinnu þeirra við Landhelgisgæsluna sé sem fullkomnast.

739. Svar [373. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um aukinn þátt bænda í landgræðslu og skógræktarstarfi.

1. *Hefur þátttaka bænda í landgræðslu og skógræktarstarfi verið aukin í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. mars 1991?*

Í þingsályktuninni frá 11. mars 1991 segir: „Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að auka þátt bænda í landgræðslu og skógræktarstarfi . . . "

Landgræðsla ríkisins: Landgræðslan hefur falið bændum í verulega auknum mæli framkvæmd verkefna við uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar.

Skógrækt ríkisins: Mikil aukning hefur orðið í þátttöku bænda í skógrækt hin síðari ár.

2. *Ef svo er, hvaða verkefni hafa verið færð frá ríkisstofnunum til bænda á þessum tíma?*

Landgræðsla ríkisisins: Um er að ræða verkefni við stöðvun jarðvegseyðingar, jöfnun rofabarða, uppgræðslu heimalanda, frærækt, fræöflun og uppsetningu og viðhald girðinga. Sjá nánar svar við 8. lið.

Skógrækt ríkisins: Sú aukning, sem verið hefur á skógræktarframkvæmdum síðustu tvö árin, er fyrst og fremst tengd nytjaskógrækt á bújörðum bænda og er Héraðsskógaverkefnið besta dæmið um það. Þá hefur verið um að ræða vinnu í skógum Skógræktar ríkisins við grisjun, skógarhögg, girðingarvinnu og vinnu í gróðrarstöðvum sem unnin er að meira og minna leyti af bændum úr sveitum í nágrenni við stöðvar Skógræktar ríkisins.

Gerðir hafa verið nytjaskógasamningar við bændur á 69 jörðum á Suðurlandi, í Borgarfirði, Eyjafirði, Þingeyjarsýslu og Skagafirði og á vegum Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði eru 60 býli samningsbundin.

3. *Hve margir bændur hafa þessi verkefni með höndum og hversu háum fjárhæðum hefur verið varið til verkefnanna af hálfu ríkisins?*

Landgræðsla ríkisins: Fjöldi bænda, sem hafði auknar tekjur vegna þeirrar stefnu Landgræðslunnar að auka þátt bænda í landgræðslustarfi, sbr. „Stefnumið í landgræðslu", var um 130 á árinu 1992. Kostnaður við þessi verkefni nam um 25 millj. kr. Sjá nánar svar við 8. lið.

Skógrækt ríkisins: Fjöldi bænda, sem tekur þátt í skógræktarstörfum á vegum Skógræktar ríkisins í lengri eða skemmri tíma ár hvert, er umtalsverður. Árið 1992 voru það 58 manns og var launakostnaður við þessi verkefni 19 millj. kr. Samtals vinna bændur á 69 jörðum eftir samningi við nytjaskógrækt á bújörðum á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi fyrir 15 millj. kr. Á Fljótsdalshéraði eru 80 bændur sem vinna við Héraðsskógaáætlun. Þar var unnið fyrir 51,5 millj. kr. á síðasta ári. Samtals gera þetta 85 millj. kr. sem að verulegum hluta renna til bænda.

4. *Hversu mörg verkefni, unnin af ríkisstofnunum, hafa verið færð til garðyrkjubænda frá samþykkt þingsályktunarinnar?*

Skógrækt ríkisins: Garðyrkjubændur í Eyjafirði og á Suðurlandi framleiða plöntur fyrir Rannsóknastöðina á Mógilsá í svonefnt iðnviðarverkefni og eins fyrir nytjaskógrækt á bújörðum. Þá hafa skógræktarbændur á Fljótsdalshéraði reist gróðrarstöð á Egilsstöðum og framleiða þeir megnið af plöntunum í Héraðsskógaverkefnið eða 1.200.000 plöntur á ári.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að plöntuframleiðsla og sala Skógræktar ríkisins flytjist til garðyrkjubænda og annarra bænda? Ef svo er, með hvaða hætti verður staðið að slíkri framkvæmd?*

Plöntuframleiðsla Skógræktar ríkisins er nú til sérstakrar athugunar á vegum landbúnaðarráðherra, m.a. í þeim tilgangi að auka svigrúm garðyrkjubænda og fyrirtækja í plöntuframleiðslu. Fyrsta skrefið felst í því að aðgreina gróðrarstöðvar Skógræktar ríkisins frá annarri starfsemi, bæði bókhaldslega og rekstrarlega, og gera til þeirra arðsemiskröfur þannig að þær starfi á eðlilegum samkeppnisgrundvelli við einkafyrirtæki. Síðan koma útboð á plöntuframleiðslu til álita og hugsanlega leiga eða sala á einstökum gróðrarstöðvum en slíkar ákvarðanir hafa enn ekki verið teknar.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að taka tillit til staðsetningar og þeirrar atvinnusköpunar sem fylgja þessari starfsemi.

6. *Áformar ráðherra að flytja önnur verkefni, unnin af ríkisstofnunum, til bænda? Ef svo er, hvaða verkefni eru það þá?*

Ekki eru sérstök áform uppi um flutning verkefna önnur en þau að auka enn frekar þátt bænda í uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar ásamt fræöflun. Bændur munu t.d. taka að sér enn fleiri verkefni á árinu 1993 sem áður voru unnin með landgræðsluflugvélunum. Slík vinna hentar mörgum bændum vel sem hlutastarf þar eð þeir geta nýtt vélar sem þeir þurfa að eiga hvort eð er vegna búrekstrarins.

7. *Hver voru framlög 1992 til landgræðslu og skógræktarverkefna í tengslum við búvörusamning?*

Landgræðsla ríkisins: Í bókun VI í búvörusamningnum er tekið fram að „slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar". Fjárveiting til landgræðslustarfa bænda árið 1992 var ekki sérgreind í fjárlögum, en landbúnaðarráðuneytið óskaði eftir því að veittar yrðu a.m.k. 13 millj. kr. til launa og vélakostnaðar bænda á því ári. Fjármunir þessir voru teknir af þeim lið sem áður var landgræðsluáætlun og heitir nú 04-234-120 Sérstök verkefni á uppgræðslusvæðum.

Skógrækt ríkisins: Framlög til skógræktar í tengslum við búvörusamning 1992 voru undir liðnum 04-231-170 Skógræktarstörf bænda samkvæmt fjárlögum 47,5 millj. kr. Þess ber að geta að í bókun VI í búvörusamningnum er tekið fram að „slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar". Undir þennan lið er búið að færa viðfangsefni sem voru sérstakir fjárlagaliðir áður, en það eru liðirnir 04-231-181 Nytjaskógrækt á bújörðum og 04-270-630 Landgræðsluverkefni í skógrækt.

8. Til hvaða verkefna fóru þau og hverjir unnu þau verkefni?

Landgræðsla ríkisins.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni sem skipulögð voru 1992 í samráði við Stéttarsamband bænda og landbúnaðarráðuneyti með hliðsjón af búvörusamningnum. Auk þessara verkefna hafa margir bændur unnið um árabil að ýmsum landgræðsluverkefnum.

Uppgræðsla heimalanda: Markmið þessa verkefnis er að græða ógróið eða lítt gróið land í heimahögum til að geta minnkað álag á gróðurfarslega viðkvæmum svæðum. Slík uppgræðsla verður um leið til að bæta búrekstraraðstöðu og lækka þar með framleiðslukostnað, auk þess að glæða áhuga bænda almennt á verndun þeirra auðlinda sem fólgnar eru í jarðvegi og gróðri.

Alls tóku 92 bændur á helstu uppblásturssvæðum landsins þátt í þessu verkefni. Þeir dreifðu 250 tonnum af áburði auk grasfræs á um 750 hektara af örfoka eða illa förnu landi. Bændur greiða helming áburðarkostnaðar.

Laun og vélaleiga til bænda, áburður og grasfræ, nam alls 11.761 þús. kr.

Fræöflun: Um tíu bændur tóku þátt í vinnu við fræöflun sem fór m.a. fram í Múlasýslum, Vestur-Skaftafellssýslu og í Rangárvallasýslu.

Laun og vélaleiga til bænda námu um 1.500 þús. kr.

Stöðvun jarðvegseyðingar: Allmargir bændur tóku þátt í verkefnum við uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar sem m.a. voru unnin í Skútustaðahreppi, á Hólsfjöllum og víðar í Þingeyjarsýslum, Múlasýslum og á Suðurlandi. Í flestum tilvikum tóku bændur að sér tilgreind verkefni, sem yfirleitt voru áður unnin með flugvélum, gegn ákveðnu gjaldi.

Uppsetning og viðhald girðinga: Nánast öll girðingarvinna á vegum stofnunarinnar var á árinu 1992 unnin af bændum eða öðrum íbúum viðkomandi svæða. Á árinu 1992 var helst um að ræða girðingar í Þingeyjarsýslum og Austur-Skaftafellssýslu.

Skógrækt ríkisins.

Eftirfarandi er yfirlit yfir verkefni sem skipulögð voru af Skógrækt ríkisins 1992 með hliðsjón af búvörusamningnum.

Nytjaskógrækt á bújörðum, 15 millj. kr.: Verkefni á 69 býlum víða um land. Verkefnin eru aðallega gróðursetning og sjá bændur að verulegu leyti um þann verkþátt. Plönturnar, sem notaðar eru, koma frá ýmsum aðilum: gróðrarstöðvum skógræktarfélaga, gróðrarstöðinni Barra hf., gróðrarstöðvum Skógrækt ríkisins, garðyrkjubændum og bændum sjálfum.

Landgræðsluskógaverkefni, 8 millj. kr.: Framleiðsla á plöntum í landgræðsluskógaverkefnið.

Úttektir og rannsóknir á birkiskóglendi Íslands, 7 millj. kr.: Verkefni unnið á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Launuð störf bænda 17,5 millj. kr.: Vinna við verkefni og störf á vegum Skógræktar ríkisins. Um er að ræða störf í gróðrarstöðvum, við girðingaviðhald, kjarrhreinsun og grisjun í ungskógi, skógarhögg og viðarvinnsla.

740. Frumvarp til laga [439. mál]

um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bæta eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands á árinu 1993 með allt að 2.000 m.kr. framlagi úr ríkissjóði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum, með víkjandi láni eða með öðrum jafngildum hætti. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag á stuðningi ríkissjóðs í samningi milli hans og bankans.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 2.000 m.kr. á árinu 1993 í því skyni sem ákveðið er í 1. gr.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 51. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hlutverk hans er annars vegar að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. og hins vegar að veita viðskiptabanka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku með samþykki ráðherra. Áður en stjórn sjóðsins veitir víkjandi lán úr honum skal hún leita samþykkis viðskiptaráðherra.

Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs vegna innstæðutrygginga nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Ný málsgrein, er verður 4. mgr., bætist við 51. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, og orðast svo:

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

5. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og lántöku Tryggingarsjóðs sparisjóða samtals að fjárhæð allt að 3.000 m.kr.

6. gr.

Það er skilyrði fyrir ráðstöfunum til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana samkvæmt lögum þessum að gerður verði samningur milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi stofnunar hins vegar um það til hvaða ráðstafana hún skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu.

7. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd 3., 4. og 6. gr. með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gripið verði til þrenns konar aðgerða til að styrkja eiginfjárstöðu banka og sparisjóða hér á landi. Í fyrsta lagi fjárhagsstuðningur ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, í öðru lagi breyting á hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka þannig að hann geti, líkt og Tryggingarsjóður sparisjóða, veitt lán til að efla eiginfjárstöðu bankanna og í þriðja lagi heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum tryggingarsjóðanna tveggja í því skyni að veita víkjandi lán til innlánsstofnana.

Á undanförnum missirum hefur eiginfjárstaða Landsbanka Íslands farið stöðugt versnandi. Það stafar bæði af almennum samdrætti í efnahagslífi landsmanna og ekki síður af samdrætti í sjávarútvegi. Sem stærsti og mikilvægasti atvinnuvegabanki landsins hefur Landsbankinn orðið að axla þungar byrðar af þessum sökum. Þrátt fyrir að bankinn hafi lagt umtalsverðar fjárhæðir til hliðar á afskriftareikning útlána á mánuði hverjum á árinu 1992 er orðið ljóst að það dugir ekki til. Nýjustu upplýsingar um afkomu mikilvægra viðskiptavina bankans benda til að síðasta ár hafi verið mörgum þeirra þungt í skauti.

Undir lok síðasta árs ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að Seðlabanki Íslands veitti Landsbankanum víkjandi lán að fjárhæð 1.250 m.kr. til að bæta eiginfjárstöðu hans. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar var tekið fram að stuðningur við bankann tengdist áformum um að breyta bankanum í hlutafélag í eigu ríkisins og almennum aðgerðum til að styrkja stöðu atvinnulífs í landinu. Ríkisstjórnin setti það skilyrði fyrir fyrirgreiðslunni að Landsbankinn hrinti í framkvæmd á árinu 1993 skipulegri áætlun til þess að bæta eiginfjárstöðu og afkomu sína, m.a. með almennri hagræðingu í rekstri, fækkun útibúa, aðhaldi í útlánum og lækkun erlendra endurlána.

Greinargerð bankastjórnar Landsbankans um bætta afkomu og eiginfjárstöðu bankans barst í lok janúar sl. Samkomulag náðist um það milli viðskiptaráðherra og bankastjórnar Landsbankans að sérfræðingar úr Landsbanka og Seðlabanka færu yfir einstaka þætti í greinargerð bankastjórnarinnar og gerðu viðskiptaráðuneytinu og bankastjórn og bankaeftirliti Seðlabankans grein fyrir framkvæmd rekstraráætlunar Landsbankans í nánari atriðum. Þessari vinnu er ekki lokið.

Til þess að ársreikningur Landsbankans fyrir árið 1992 gefi viðunandi mynd af stöðu hans þannig að endurskoðendur bankans, ríkisendurskoðandi og viðskiptaráðherra geti staðfest ársreikninginn er talið nauðsynlegt að afskriftareikningur útlána verði 4.500 m.kr. miðað við árslok 1992. Samkvæmt því yrði hlutfall eigin fjár undir lögbundnu 8% lágmarki þrátt fyrir 1.250 m.kr. víkjandi lán sem Seðlabankinn veitti Landsbankanum undir lok ársins 1992. Í athugasemdum með áritun endurskoðenda, ríkisendurskoðanda og ráðherra verður þess getið að ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir því að eiginfjárhlutfall bankans verði hækkað yfir lögbundið lágmark og að frumvarp þar að lútandi hafi verið lagt fram á Alþingi. Er þetta talið nauðsynlegt til að engar efasemdir vakni meðal innlendra og erlendra viðskiptavina og lánardrottna bankans um að ríkissjóður axli ábyrgð á starfsemi bankans.

Að mati endurskoðenda bankans og ríkisendurskoðanda er æskilegt að auka afskriftir útlána enn frekar á þessu ári en þegar hefur verið nefnt, eða í allt að 5.800 m.kr. Þessi mikla hækkun á afskriftaþörf bankans kallar á fyrirgreiðslu ríkisins við bankann.

Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveðið að leita heimildar Alþingis til að bæta eiginfjárstöðu Landsbankans með tvennum hætti:

a. Allt að 2.000 m.kr. fjárhagsaðstoð frá ríkissjóði.
b. Allt að 1.000 m.kr. víkjandi lán úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Lagaákvæðum um sjóðinn verði breytt í þessu skyni.

Að meðtöldu víkjandi láni frá Seðlabankanum í lok síðasta árs felst í ofangreindum aðgerðum allt að 4.250 m.kr. heildarfyrirgreiðsla við Landsbankann.

Fyrirgreiðsla við bankann er háð því skilyrði að viðræður hefjist milli Landsbankans og Búnaðarbanka Íslands í því skyni að bankarnir skipti á eignarhlutum sínum í greiðslukortafyrirtækjum og eignarleigufyrirtækjum sem þeir eiga báðir hlut í þannig að fyrirtækin komist að meiri hluta í eigu annars hvors bankans í stað þess að báðir séu minnihlutaeigendur í þeim öllum. Við þá breytingu teljast eignarhlutar hvors banka að fullu til eigin fjár þeirra í stað þess að dragast frá því eins og nú er, sbr. 36. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1992, um breytingu á þeim. Einnig verður rætt við aðra eigendur þessara fyrirtækja.

Fyrirgreiðslan er einnig háð því skilyrði að gerður verði samningur milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og Landsbankans hins vegar um það til hvaða ráðstafana bankinn skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu. Í samningnum verður kveðið á um eftirlit með framkvæmd hans. Veruleg hagræðing í rekstri bankans er mikilvæg forsenda fyrir því að eiginfjárstaða hans verði góð til frambúðar.

Efnahagserfiðleikar undanfarinna ára hafa haft slæm áhrif á afkomu annarra innlánsstofnana en Landsbankans. Ríkisstjórninni telur því rétt að grípa til almennra aðgerða sem gera það mögulegt að efla eiginfjárstöðu annarra innlánsstofnana. Í því skyni hefur ríkisstjórnin ákveðið að Tryggingarsjóði viðskiptabanka verði, á hliðstæðan hátt og nú þegar gildir um Tryggingarsjóð sparisjóða, heimilt að veita viðskiptabönkum víkjandi lán. Í því skyni verður sjóðunum heimilað að taka lán með ríkisábyrgð að fjárhæð allt að 3.000 m.kr. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður viðskiptabanka veiti Landsbankanum allt að 1.000 m.kr. víkjandi lán. Þá verður skipuð nefnd til að semja tillögur um eflingu sjóðannna í framtíðinni og hugsanlega sameiningu þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að eiginfjárstaða Landsbankans verði efld um allt að 2.000 m.kr. með framlagi úr ríkissjóði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum, með víkjandi láni úr ríkissjóði eða með öðrum jafngildum hætti. Telja verður heppilegt að kveða ekki í greininni á um nákvæma útfærslu á fjárstuðningi ríkissjóðs við bankann heldur verði hún í höndum viðskiptaráðherra að höfðu samráði við fjármálaráðherra og Seðlabankann. Til að víkjandi lán geti talist til eigin fjár bankans þarf það að uppfylla skilyrði 4. mgr. 36. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1992, um breytingu á þeim. Víkjandi lán, sem Landsbankinn tekur, má hæst nema helmingi af eigin fé bankans að láninu frátöldu.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs fái lántökuheimild vegna þeirrar fjárhæðar sem um ræðir í 1. gr. Eðlilegt þykir að leita strax eftir þessari lántökuheimild fremur en að leita eftir henni síðar í sérstöku frumvarpi eða frumvarpi um breytingu á lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Ákvörðun um beitingu þessarar lántökuheimildar hefur ekki verið tekin.

Um 3. gr.

Samkvæmt 51. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka að tryggja full skil á innstæðum þegar skipt er búi viðskiptabanka. Hér er lagt til að sjóðnum verði einnig heimilt að veita viðskiptabönkum víkjandi lán í því skyni að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Í því skyni er lagt til að 51. gr. viðskiptabankalaga verði breytt. Tryggingarsjóðnum verður hins vegar ekki heimilað veita víkjandi lán af því fé sem ætlað er til að standa skil á innstæðum við slit viðskiptabanka heldur er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins í þessu skyni.

Um 4. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða hefur mjög rúmar lagaheimildir til að veita sparisjóðum stuðning. Hann hefur hins vegar ekki heimild til að taka lán. Hér er lagt til að ákvæði þess efnis verði sett í sparisjóðalögin, enda verði lánsfénu einungis varið til að veita sparisjóðum víkjandi lán í því skyni að bæta eiginfjárstöðu þeirra.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að veita ríkisábyrgð á lán sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða taka að því hámarki sem tilgreint er í greininni.

Um 6. gr.

Fyrirgreiðsla við innlánsstofnanir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er háð því skilyrði að gerður verði samningur milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi innlánsstofnunar um það til hvaða ráðstafana stofnunin skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu. Í samningnum verður kveðið á um eftirlit með framkvæmd hans.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

741. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér heimild samgönguráðherra til að leyfa innflutning á gröfupramma sem ekki uppfyllir aldursskilyrði laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum. Á fund nefndarinnar komu Ari Guðmundsson frá Siglingamálastofnun ríkisins og Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgönguráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. mars 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Sturla Böðvarsson.
Guðni Ágústsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.

742. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til hjúskaparlaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað fjallað ítarlega um málið. Á fundi hennar komu Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Ragnar Hall hrl., Sigríður Ingvarsdóttir og Helgi E. Jónsson frá Dómarafélagi Íslands og Sigurður Sveinsson, fyrrverandi borgarfógeti. Þá var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá biskupi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands, Jafnréttisráði, Kaþólsku kirkjunni á Íslandi, Krossinum, Kvennaráðgjöfinni, Kvenréttindafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Siðmennt, Sýslumannafélagi Íslands, Veginum, Vottum Jehóva og Andlegu þjóðarráði Bahá'ía á Íslandi.

Frumvarp þetta er til meðferðar í nefndinni öðru sinni. Sifjalaganefnd sá sem fyrr um samningu þess og tók hún tillit til margra ábendinga er bárust frá umsagnaraðilum á 115. löggjafarþingi. Ekki tókst allsherjarnefnd að ljúka meðferð málsins á því þingi vegna þess hve seint það barst. Hins vegar var nauðsynlegt að ákvæði frumvarpsins, sem snertu aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds í héraði, tækju gildi fyrir 1. júlí 1992. Voru þau ákvæði ásamt nokkrum öðrum því sett í sérstakt frumvarp sem nefndin flutti og samþykkt var sem lög nr. 39/1992.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að leysa af hólmi tvenn lög um málefni hjóna, lög nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, og lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Með því að fella þessa tvo lagabálka saman í einn þykir yfirsýn yfir þessa löggjöf verða gleggri. Frumvarpið hefur að geyma nokkur nýmæli en einnig eru ákvæði þess

gerð einfaldari og skýrari en í gildandi lögum, bæði að efni og skipan.

Í I. kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði og ákvæði um efnissvið laganna. Þar er m.a. ákvæði um jafnstöðu hjóna og segir þar að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum.

Hjónavígsluskilyrði eru talin í II. kafla. Þar er m.a. lagt er til að hjúskapartálmar er lúta að hjúskap andlega fatlaðra manna falli niður, svo og tengdra manna.

Í III. kafla eru reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum og í IV. kafla eru reglur um hjónavígsluna og vígslumenn. Í V. kafla eru ákvæði um ógildingu hjúskapar.

Um hjónaskilnaði er fjallað í VI. kafla en ákvæði hans hafa mörg hver verið lögfest í lögum nr. 39/1992, þ.e. 33., 34., 36., 37., 41., 43. og 44. gr. frumvarpsins. Nýmæli er að finna í 40. gr. en þar er fjallað um líkamsárás eða kynferðisbrot annars hjóna sem bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim. Ef um slík tilvik er að ræða getur hitt hjóna þegar krafist lögskilnaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Á það við þegar verknaður er framinn, gerð tilraun til hans eða maki sýnir atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um verknaðinn. Ákvæðinu er breytt frá fyrra frumvarpi og greint sérstaklega frá hvoru tilviki fyrir sig, líkamsárás og kynferðisbroti. Er ætlandi að ákvæðið horfi til aukinnar verndar innan fjölskyldu, þ.e. fyrir maka og börn, og búa réttlætissjónarmið hér að baki. Þess má geta að norsk og dönsk lög kveða á um líkamsárás sem lögskilnaðarástæðu en þar er ekki kveðið á um kynferðisbrot. Þá er nýmæli í 42. gr., en þar er felld niður skylda til að leita um sættir með hjónum sem ákveðið hafa að leita skilnaðar nema þau eigi ósjálfráða börn. Á það er þó lögð áhersla að þau munu ávallt eiga þess kost að leita sátta.

Í VII. kafla er fjallað um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar. Ákvæði þar eru einfaldari í sniðum en hliðstæð ákvæði laga nr. 60/1972 og laga nr. 20/1923.

Þá er fjallað um eignir hjóna í VIII. kafla. Þar eru nokkur nýmæli. Taldar eru upp í 53. gr. þær eignir sem um er að ræða og í 55. gr. er kveðið á um það hvernig séreign geti myndast.

Um forræði maka á eign sinni er fjallað í IX. kafla. Skv. 60. gr. þarf skriflegt samþykki maka til ráðstöfunar á fasteign sem ætluð er sem bústaður fyrir fjölskylduna eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra. Í 64. gr. segir að sé óskað þinglýsingar á löggerningi skv. 60. gr. þurfi skjalið að geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar frá sé í hjúskap og ef svo er, hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna. Ákvæðið er nýmæli. Í nefndinni urðu umræður um hvort beita ætti réttarúrræðum ef ákvæðum 64. gr. væri ekki sinnt. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 2. mgr. 64. gr. og 2. mgr. 133. gr. þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Enn fremur er bent á ákvæði 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, þar sem kveðið er á um vísun skjals frá þinglýsingu. Loks var rætt allnokkuð í nefndinni um hversu betur hjón væru sett ef bæði væru skráð sem þinglýstir eigendur að fasteign.

Í X. kafla er fjallað um skuldaábyrgð hjóna og eru meginreglur hans óbreyttar frá gildandi lögum.

Í XI. kafla er kveðið á um samninga milli hjóna o.fl. Þar eru reglur um gjafir milli hjónaefna og hjóna, séreignir samkvæmt kaupmála sem hjón gera með sér og um aðrar séreignir. Í kaflanum eru ýmis nýmæli. Um hæfi til kaupmálagerðar, form þeirra og reglur um skráningu kaupmála o.fl. er fjallað í XII. kafla.

Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar er fjallað í XIII. kafla og eru ákvæðin lítið breytt frá gildandi lögum. Um fjárskipti vegna hjúskaparslita er fjallað í XIV. kafla og

má þar finna ýmis nýmæli. Má nefna ákvæði 101. gr. um tímamark það sem miðað skal við þegar ákvarða á eignir og skuldir. Enn fremur gætir nýmæla í 102. gr. þar sem kveðið er á um verðmæti sem falla utan skipta samkvæmt kröfu maka. Ef ósanngjarnt þykir að ákveðnum verðmætum sé haldið utan skipta er heimilt að bæta maka það með fjárgreiðslum. Þá eru í 104. gr. talsverð frávik frá helmingaskiptareglunni skv. 103. gr.

Í XV. og XVI. kafla eru reglur um réttarfar í hjúskaparmálum og meðferð þeirra og úrlausn fyrir stjórnvöldum en þau ákvæði voru lögfest með lögum nr. 39/1992.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að 16. og 17. gr. verði breytt þannig að þar sé kveðið á um skráð trúfélög. Mun það vera nákvæmara því að samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, verða trúfélög að vera skráð til þess að prestar þeirra eða forstöðumenn geti framkvæmt embættisverk, þar á meðal hjónavígslu.

Í öðru lagi verði lagfærð tilvísun í 2. mgr. 43. gr.

Loks verði orðalagi 2. mgr. 69. gr. breytt til þess að gera það þjálla.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 17. mars 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.		Jón Helgason.

743. Breytingartillögur [273. mál]

við frv. til hjúskaparlaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, SigG, BBj, EKJ, JHelg).

1. Við 16. gr. Á undan orðinu „trúfélags“ komi: skráðs.
2. Á undan orðinu „trúfélaga“ í fyrirsögn 17. gr. komi: skráðra.
3. Við 17. gr. Í stað orðanna „hérlendra trúfélaga“ í 1. mgr. komi: skráðra trúfélaga hér á landi.
4. Við 43. gr. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. komi: 1. málsl. 1. mgr.
5. Við 69. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

   Ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samingurinn lá utan heimildar maka til samningsgerðar eins og á stóð verður hitt hjónanna eigi bundið við samninginn.

744. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986 og lög nr. 25/1990.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Frumvarpið var sent til umsagnar utanríkismálanefndar sem gerði ekki athugasemdir við það.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. mars 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Jón Helgason.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Sigbjörn Gunnarsson.	

745. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til l. um Skálholtsskóla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara. Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Collegium musicum, guðfræðideild Háskóla Íslands, héraðsnefnd Árnesinga, menntamálaráðuneytinu, Prestafélagi Íslands, prófastinum í Árnessýslu og söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Markmið frumvarps þessa er að treysta starfsemi skólans og efla tengsl kirkju og þjóðlífs. Gert er ráð fyrir að Skálholtsskóli heyri undir þjóðkirkjuna en ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt samkomulagi þar um, sjá fskj. I með frumvarpinu. Lagt er til að kirkjuráð skipi skólaráð til fjögurra ára í senn og að skólinn starfi einkum á þremur sviðum; guðfræði-, kirkjutónlistar- og fræðslusviði.

Málið var einnig lagt fram á 115. löggjafarþingi en því hefur verið breytt og mestu ágreiningsefnin sniðin af.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 17. mars 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Jón Helgason.	Sigbjörn Gunnarsson.
	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	

746. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Jón Reyni Magnússon, framkvæmdastjóra Síldarverksmiðja ríkisins. Stuðst var við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Síldarverksmiðjum ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Vélstjórafélagi Íslands, svo og álitsgerð frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum. Í fyrsta lagi verði heimili og varnarþing Síldarverksmiðjanna á Siglufirði. Í öðru lagi verði stjórn félagsins skipuð fimm mönnum. Loks er lagt til að stofnun hlutafélagsins og niðurfellingu laga um Síldarverksmiðjur ríkisins verði seinkað um þrjá mánuði vegna þess hve langt er liðið á þetta löggjafarþing.

Vegna afgreiðslu frumvarps þessa telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fram fari könnun á því hvernig treysta megi forsendur frjálsrar verðmyndunar á bræðslufiski úr fiskiskipum. Í því sambandi verði kannað sérstaklega hvort slíkt megi gera með opinberri skráningu kaupverðs.

Alþingi, 17. mars 1993.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Hjálmar Jónsson.

747. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÖS, ÁRÁ, GAK, GHall, HjálmJ).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „hlutafélag“ í 1. málsl. komi: með heimili og varnarþing á Siglufirði.
2. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „1. maí 1993“ í fyrri málslið komi: 1. ágúst 1993.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Stjórn hlutafélagsins skal skipuð fimm mönnum.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „1. maí 1993“ komi: 1. ágúst 1993.

748. Breytingartillaga [42. mál]

við brtt. á þskj. 405 [Umhverfismál og upplýsingamiðlun].

Frá umhverfisnefnd.

Við 10. lið. Í stað orðanna „öðlast gildi 1. janúar 1993“ komi: öðlast þegar gildi.

749. Frumvarp til laga [440. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

4. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviþjóðar hins vegar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;
5. bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;
6. bókun um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Inngangsorð og 1.–7. gr. bókunarinnar, sem vísað er til í 4. tölul. 1. gr., um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi. Sama

gildir um ákvæði 15. gr. bókunarinnar er varða 81. og 82. gr. EES-samningsins, 21. gr. bókunarinnar, að svo miklu leyti sem greinin á við meginmál samningsins, og 22. gr. hennar.

Þau ákvæði bókunarinnar, sem vísað er til í 3. mgr., eru prentuð sem fskj. V með lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. gr. laganna öðlast gildi um leið og bókunin, sem vísað er til í 4. tölul. 1. gr., öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal V.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

OG

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ kveðið er á um það í 2. mgr. 129. gr. EES-samningsins að samningsaðilar skuli fullgilda eða samþykkja hann í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn;

ÞAR EÐ hinir undirritunaraðilarnir að EES-samningnum halda enn fast við markmið hans og eru staðráðnir í að hrinda samningnum í framkvæmd eins fljótt og auðið er;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag EES-samningsins;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku EES-samningsins gagnvart Furstadæminu Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf nokkrar breytingar á EES-samningnum sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

ÞAR EÐ æskilegt er að hafa meðal slíkra breytinga ákvæði sem sýnir vilja samningsaðila til að gera Sviss kleift að taka þátt í EES síðar meir;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi viðbótarbókun:

1. gr.

1. EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi daginn sem bókun þessi öðlast gildi, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu, aðildarríkja þeirra og Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi þann dag sem EES-ráðið ákveður og að því tilskildu að

— EES-ráðið hafi ákveðið að skilyrði b-liðar 121. gr. EES-samningsins, nánar tiltekið um að góð framkvæmd EES-samningsins raskist ekki, hafi verið fullnægt; og
— EES-ráðið hafi tekið viðeigandi ákvarðanir, einkum að því er varðar beitingu þeirra ákvarðana gagnvart Liechtenstein sem EES-ráðið og sameiginlega EES-nefndin hafa þegar tekið.

3. Liechtenstein skal vera heimilt að eiga þátt í ákvörðunum EES-ráðsins skv. 2. mgr. hér að framan.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt EES-samninginn og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS“ sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 2. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:
hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Furstadæmið Liechtenstein.

3. EES-samningnum skal enn fremur breytt í samræmi við 3.–20. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Í 120. gr. komi orðin „bókunum 41 og 43“ í stað „bókunum 41, 43 og 44“.

4. gr.

Í 1. mgr. 126. gr. komi orðin „Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar“ í stað „Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss“.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 128. gr. komi eftirfarandi:

Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, og Ríkjasambandinu Sviss eða öðru Evrópuríki sem gengur í EFTA heimilt, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 129. gr. komi eftirfarandi:

3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Í 11. tölul. bókunar 1 um altæka aðlögun komi „gildistökudag“ í stað „3. mgr. 129. gr.“

---

15. gr.

Eftirfarandi ákvæði EES-samningsins:

— a-, b-, d-, e- og f-liðir 81. gr.;
— 82. gr.;
— fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. bókunar 30;
— a-, b- og c-liðir 1. mgr. 1. gr., 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr. í bókun 31 og
— bókun 32

öðlast gildi 1. janúar 1994.

---

21. gr.

Ákvæði, tilvísanir, sérstök aðlögun, tímabil og dagsetningar sem varða Liechtenstein í EES-samningnum, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast þá fyrst gildi er samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, hefur öðlast gildi gagnvart Liechtenstein í samræmi við 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

22. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- eða samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., hafi komið fullgildingar- eða samþykktarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að síðustu skjölunum hefur verið komið í vörslu. Sé þeim hins vegar komið í vörslu þegar færri en fimmtán dagar eru að upphafi næsta mánaðar öðlast bókun þessi ekki gildi fyrr en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjölunum var komið í vörslu.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi þegar það hefur komið fullgildingarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu, þann dag sem EES-ráðið ákveður með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til þess að fullgilda þrjár bókanir. Sú fyrsta er við EES-samninginn en hinar tvær við fylgisamninga hans, annars vegar samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og hins vegar samninginn um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Samningarnir þrír voru undirritaðir í Óportó 2. maí 1992, en bókanirnar voru undirritaðar í Brussel 17. mars 1993. Nauðsynlegt reyndist að gera þessar bókanir þegar ljóst varð að Sviss mundi ekki gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Gert var ráð fyrir þessu fyrirkomulagi í 129. gr. EES-samningsins og samþykktum við hana.

Bókanirnar þrjár breyta allar samningunum sem þær eiga við. Breytingarnar eru einkum þrenns konar: (a) ákvæði sem varða aðild Sviss að Evrópska efnahagssvæðinu eru numin brott, (b) gildistökuákvæðum er breytt þannig að gildistaka samninganna frestast til 1. júlí 1993 eða síðar og (c) sérákvæði eru sett um gildistöku aðildar Liechtensteins eins og nánar verður útskýrt.

1. Bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Þær breytingar á EES-samningnum, sem þessi bókun felur í sér fyrir utan brottfall ákvæða er varða Sviss, eru:

a. Gildistaka EES-samningsins breytist þannig að hún miðast við gildistöku bókunarinnar. Bókunin öðlast gildi 1. júlí 1993, enda hafi allir aðilar fullgilt EES-samninginn og bókunina fyrir þann tíma. Ef það dregst hjá einhverju ríki frestast gildistakan þar til síðasta aðildarríkið hefur fullgilt bókunina, sbr. nánar ákvæði 22. gr. hennar. Ekki er kveðið á um lokafrest til fullgildingar eins og gilti í EES-samningnum og engin ný ráðstefna stjórnarerindreka er nauðsynleg.

b. Sérákvæði eru sett um gildistöku EES-samningsins gagnvart Liechtenstein, m.a. vegna tollabandalags Sviss og Liechtensteins sem þessi ríki verða að semja um að nýju. Gildistakan miðast við þann dag sem EES-ráðið ákveður.
c. Þátttaka EFTA-ríkja í rammaáætlun EB, einstökum áætlunum og öðrum verkefnum, t.d. á sviði rannsókna og þróunar sem kveðið er á um í 81. gr. EES-samningsins, frestast til 1. janúar 1994. Sama á við um kostnaðarþátttöku EFTA-ríkjanna. Í samþykktum með 15. gr. bókunarinnar segir að gildistaka þessara ákvæða EES-samningsins sé háð tæknilegum erfiðleikum við fjárlagagerð EB. Hins vegar verður sérfræðingum EFTA-ríkjanna heimilt að taka tímabundið þátt í nefndum, sem ákvæðin taka til, fram að 1. janúar 1994.
d. Gerð er breyting á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar til þróunar og uppbyggingar efnahagslega verr staddra svæða innan EB samkvæmt bókun 38 við EES-samninginn. Heildarupphæðir lána (1.500 milljónir ECU) og styrkja (500 milljónir ECU) eru óbreyttar þrátt fyrir brotthvarf Sviss. Á móti kemur að vaxtaafsláttur af lánunum lækkar úr 3% niður í 2%. Þetta þýðir að framlag Íslands gæti hækkað úr u.þ.b. 68 milljónum kr. í allt að 85 milljónir kr. á ári á fimm ára tímabilinu frá gildistöku EES-samningsins. Óvíst er þó hvort raunverulega verður um hækkun að ræða þar eð búast má við að vegna lækkunar vaxtaniðurgreiðslna úr 3% í 2% verði lánsumsóknir færri en ella hefði verið. Fjárfestingarbanki Evrópubandalagsins hefur sjálfur yfir miklum og vaxandi sjóðum að ráða til að veita lán til framkvæmda á fátækustu svæðum bandalagsins og kjör bankans verða í flestum tilvikum sambærileg eða betri en þau sem nú standa til boða með stuðningi EFTA-ríkjanna. Strangar reglur gilda um val á verkefnum og undirbúning þeirra og getan til lántöku er ekki ótakmörkuð, jafnvel þótt vextir séu niðurgreiddir um 2% frá því sem tíðkast á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

Bókuninni við EES-samninginn fylgir viðauki, sbr. 20. gr. hennar. Þar eru greindar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á viðaukum við EES-samninginn vegna brotthvarfs Sviss, þ.e. ákvæði sem varða Sviss eru felld brott.

Samningsaðilar að bókuninni gáfu út sameiginlega yfirlýsingu sem henni fylgir þar sem harmað er að Sviss skuli ekki vera aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar segir að sæki Sviss síðar um aðild skuli þátttaka þess byggjast á niðurstöðum í upphaflega EES-samningnum, tvíhliða samningum gerðum á sama tíma og hugsanlegum breytingum á þeim.

Í lokagerð með bókuninni eru taldar upp þær yfirlýsingar við EES-samninginn sem falla úr gildi vegna þess að Sviss er ekki lengur aðili að samningnum.

2. Bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Með þessari bókun eru gerðar sambærilegar breytingar og með bókuninni um breytingu á EES-samningnum, þ.e. ákvæði varðandi Sviss eru tekin út, gildistaka samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA miðast við nýja gildistöku EES-samningsins og sérákvæði eru sett varðandi gildistöku samningsins fyrir Liechtenstein.

Auk þessa hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar:

a. Fjölda eftirlitsfulltrúa í eftirlitsstofnun EFTA og dómurum EFTA-dómstólsins er fækkað úr sjö í fimm. Bæði eftirlitsfulltrúum og dómurum skal fjölgað í sex þegar samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein.

b. Úrskurðir dómstólsins teljast gildir ef þrír eða fimm dómarar taka þátt í umfjöllun, í stað fimm eða sjö áður. Þar sem fjöldi dómara verður að standa á oddatölu þýðir þetta að eftir að samningurinn tekur gildi gagnvart Liechtenstein (og ef enginn dómari forfallast) verður einn dómari að víkja í hverju máli samkvæmt starfsreglum sem dómurinn setur sér.

3. Bókun um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

Sama gildir um þessa bókun og næstu bókun á undan. Hún breytir samningnum um fastanefnd EFTA þannig að ákvæðin um Sviss eru tekin út, gildistaka samningsins miðast við nýja gildistöku EES-samningsins og sérákvæði eru sett um gildistökuna gagnvart Liechtenstein.

Í samþykkt með 1. gr. bókunarinnar segir að Liechtenstein geti að jafnaði tekið þátt í störfum fastanefndarinnar án atkvæðisréttar þar til EES-samningurinn tekur gildi gagnvart Liechtenstein.

Með bókuninni fylgir yfirlýsing Liechtenstein um að furstadæmið muni endurgreiða EFTA-ríkjunum, sem eru aðilar að EES, það fé sem þau hafa lagt út til þess að greiða hlut Liechtensteins í fjármagnskerfinu, sbr. bókun 38 við EES-samninginn.

Loks fylgir viljayfirlýsing aðila að bókuninni um að ef Sviss gerist aðili að EES-samningnum í framtíðinni eigi Sviss að endurgreiða þeim þau viðbótarfjárútlát sem þau urðu fyrir vegna þess að Sviss fullgilti ekki EES-samninginn.

Um leið og samkomulag náðist um efni viðbótarbókunar við EES-samninginn vegna brotthvarfs Sviss ákváðu samningsaðilar að láta ákvæði tvíhliða samninga um landbúnaðarmál á grundvelli bókunar 42 við EES-samninginn koma til framkvæmda frá 15. apríl 1993 tímabundið og á grundvelli gildandi fríverslunarsamninga aðila. Verður það gert hér á landi með heimild í 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessa grein er bætt við heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd þrjár bókanir: Um breytingu á EES-samningnum, samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA og samningnum um fastanefnd EFTA.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að þau ákvæði bókunarinnar um breytingu á EES-samningnum, sem breyta meginmáli hans, skuli öðlast lagagildi. Enda segir í lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, að meginmál EES-samningsins skuli öðlast lagagildi um leið og hann sjálfur tekur gildi. Hið sama gildir um bókun 1 við EES-samninginn um altæka aðlögun.

Um 3. gr.

Þessi grein er hliðstæð 4. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Heimildin til þess að fullgilda bókanirnar öðlast þegar gildi, en bókunin um breytingu á EES-samningnum öðlast lagagildi, að svo miklu leyti sem hún á við meginmál EES-samningsins og bókun 1, um leið og samningurinn sjálfur öðlast gildi að því er Ísland varðar, að öllum líkindum 1. júlí 1993.

Frumvarpi þessu fylgja:

1. Bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
   Viðauki.
   Lokagerð.
   Sameiginleg yfirlýsing.
   Samþykktir.
   Yfirlýsing Frakklands.
2. Bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
   Samþykkt.
3. Bókun um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.
   Samþykkt.
   Yfirlýsing ríkisstjórnar Furstadæmisins Liechtensteins.
   Viljayfirlýsing.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

OG

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ kveðið er á um það í 2. mgr. 129. gr. EES-samningsins að samningsaðilar skuli fullgilda eða samþykkja hann í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn;

ÞAR EÐ hinir undirritunaraðilarnir að EES-samningnum halda enn fast við markmið hans og eru staðráðnir í að hrinda samningnum í framkvæmd eins fljótt og auðið er;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag EES-samningsins;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku EES-samningsins gagnvart Furstadæminu Liechtenstein;

ÞAR EÐ tilteknar breytingar á EES-samningnum eru nauðsynlegar sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

ÞAR EÐ æskilegt er að hafa meðal slíkra breytinga ákvæði sem sýnir vilja samningsaðila til að gera Sviss kleift að taka þátt í EES síðar meir;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi daginn sem bókun þessi öðlast gildi, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu, aðildarríkja þeirra og Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi þann dag sem EES-ráðið ákveður og að því tilskildu að

— EES-ráðið hafi ákveðið að skilyrði b-liðar 121. gr. EES-samningsins, nánar tiltekið um að góð framkvæmd EES-samningsins raskist ekki, hafi verið fullnægt; og
— EES-ráðið hafi tekið viðeigandi ákvarðanir, einkum að því er varðar beitingu þeirra ákvarðana gagnvart Liechtenstein sem EES-ráðið og sameiginlega EES-nefndin hafa þegar tekið.

3. Liechtenstein skal vera heimilt að eiga þátt í ákvörðunum EES-ráðsins skv. 2. mgr. hér að framan.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt EES-samninginn og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS“ sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 2. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:
hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Furstadæmið Liechtenstein.

3. EES-samningnum skal enn fremur breytt í samræmi við 3.–20. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Í 120. gr. komi orðin „bókunum 41 og 43“ í stað „bókunum 41, 43 og 44“.

4. gr.

Í 1. mgr. 126. gr. komi orðin „Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar“ í stað „Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss“.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 128. gr. komi eftirfarandi:

Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, og Ríkjasambandinu Sviss eða öðru Evrópuríki sem gengur í EFTA heimilt, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 129. gr. komi eftirfarandi:

3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Í 11. tölul. bókunar 1 um altæka aðlögun komi „gildistökudag“ í stað „3. mgr. 129. gr.“

8. gr.

Í 2. neðanmálsgrein V. viðbætis og 3. neðanmálsgrein VI. viðbætis við bókun 4 um upprunareglur komi orðin „Svíþjóð“ og „sænska“ í stað „Sviss“ og „svissneska“.

9. gr.

Í bókun 5 um fjáröflunartolla (Liechtenstein, Sviss):
— falli orðið „Sviss“ niður í fyrirsögninni;
— falli orðin „og Sviss“ og „Sviss eða“ niður í 1. og 2. mgr.

10. gr.

Í stað bókunar 6 um söfnun lögboðins varaforða í Sviss og Liechtenstein komi eftirfarandi:

BÓKUN 6
UM SÖFNUN LÖGBOÐINS VARAFORÐA Í LIECHTENSTEIN

Þegar alvarlegur birgðaskortur ríkir í Liechtenstein má fella inn í áætlun um lögboð-

inn varaforða nauðsynlegar framleiðsluvörur fyrir lífsafkomu þegnanna séu þær ekki framleiddar í nægilega ríkum mæli eða alls ekki í Liechtenstein og eru þess eðlis að hægt er að geyma þær sem varaforða.

Í Liechtenstein skal, við framkvæmd þessarar áætlunar, hvorki með beinum né óbeinum hætti gert upp á milli innfluttra framleiðsluvara frá hinum samningsaðilunum og innlendra framleiðsluvara sem eru svipaðar eða koma í stað þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

11. gr.

Í bókun 8 um ríkiseinkasölur falli orðin „Sviss og“ niður.

12. gr.

Í bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir:

— falli orðin „og Sviss“ niður í 1. og 2. mgr. 2. gr. í 1. viðbæti og orðið „mega“ verði „má“ í 2. mgr.;
— falli orðin „Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.“ niður í 3. viðbæti.

13. gr.

Í bókun 15 um aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein):

— falli orðin „Sviss og“, „Sviss né“ og „Sviss eða“ niður í fyrirsögninni, 1. og 2. mgr. 8. gr. og 11. gr.;
— ákvæði 2.–4. gr. og 1. mgr. 9. gr. falli niður.

14. gr.

Í bókun 16 um ráðstafanir á sviði félagslegs öryggis varðandi aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein):

— falli orðin „Sviss og“ og „Sviss eða“ niður í fyrirsögninni, 1. og 2. gr. og 1. málsl. og a-lið 3. gr.;
— falli orðin „fimm hundruð að því er varðar Sviss og“ niður í c-lið 3. gr.;
— falli ákvæði 4. gr. niður.

15. gr.

Eftirfarandi ákvæði EES-samningsins:

— a-, b-, d-, e- og f-liðir 81. gr.;
— 82. gr.;
— fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. bókunar 30;
— a-, b- og c- liðir 1. mgr. 1. gr., 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr. í bókun 31 og
— bókun 32

öðlist gildi 1. janúar 1994.

16. gr.

Í bókun 38 um fjármagnskerfið:

— komi orðið „tvö“ í stað „þrjú“ í 2. mgr. 2. gr.;

— komi eftirfarandi í stað 5. mgr. 2. gr.:

5. Heildarupphæð lána sem til greina koma vegna vaxtaafsláttarins sem kveðið er á um í 1. gr. skal vera 1.500 milljónir ECU og skal þeim skipt í jafna hluta yfir fimm ára tímabil frá 1. júlí 1993. Gangi EES-samningurinn í gildi eftir þann dag skal tímabilið vera fimm ár frá gildistökunni.

— komi eftirfarandi í stað 1. mgr. 3. gr.:

1. Heildarupphæð styrkja sem kveðið er á um í 1. gr. skal vera 500 milljónir ECU sem skiptist í jafna hluta yfir fimm ára tímabil frá 1. júlí 1993. Gangi EES-samningurinn í gildi eftir þann dag skal tímabilið vera fimm ár frá gildistökunni.

17. gr.

Í bókun 41 um gildandi samninga falli eftirfarandi niður:

29.4.1963/
3.12.1976 Alþjóðaráð til varnar mengun í Rín. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.

3.12.1976 Verndun Rínar gegn efnamengun. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.

18. gr.

Ákvæði bókunar 44 um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss varðandi vöruflutninga á vegum og járnbrautum falli niður.

19. gr.

Á viðbæti við bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín verða eftirtaldar breytingar:

15.**387R0822:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87:

— Í aðlögunarlið b)
falli ákvæðið niður;

— í aðlögunarliðum d), f), m) og n)
falli orðin „, Sviss (og)“ og „og Sviss“ niður;

— í aðlögunarlið k), b-lið
falli orðin „Sviss eða“ niður;

22.**389R2392:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89:

— Í aðlögunarlið a)
falli orðið „, Sviss“ niður;

— í aðlögunarlið c)
falli orðin „Sviss og“ niður;

26.**390R3201:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90:

— Í aðlögunarliðum c), d) og f)
falli ákvæðin niður.

20. gr.

I.–IX. viðauka, XII., XIII., XVI. og XVIII.–XXII. viðauka við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við bókun þessa.

21. gr.

Ákvæði, tilvísanir, sérstök aðlögun, tímabil og dagsetningar sem varða Liechtenstein í EES-samningnum, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast þá fyrst gildi er samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, hefur öðlast gildi gagnvart Liechtenstein í samræmi við 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

22. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- eða samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., hafi komið fullgildingar- eða samþykktarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að síðustu skjölunum hefur verið komið í vörslu. Sé þeim hins vegar komið í vörslu þegar færri en fimmtán dagar eru að upphafi næsta mánaðar öðlast bókun þessi ekki gildi fyrr en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjölunum var komið í vörslu.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi þegar það hefur komið fullgildingarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu, þann dag sem EES-ráðið ákveður með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.

VIÐAUKI
SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 20. GR. BÓKUNAR UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

I.–IX. viðauka, XII., XIII., XVI. og XVIII.–XXII. viðauka við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

I. I. VIÐAUKI, HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

Ákvæði um Sviss og Liechtenstein undir fyrirsögninni „**AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM**“ ásamt sjálfri fyrirsögninni falli niður.

B. **I. kafli, Dýr**

— Inngangur kaflans

— 3. mgr.

Í stað orðanna „frá því að níu mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins og í síðasta lagi frá 1. janúar 1994“ komi „frá 1. janúar 1994 eða frá því að sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins, eftir því hvor dagsetningin er síðar“.

— Í stað dagsetninganna varðandi EFTA-ríkin samkvæmt sérstökum aðlögunarákvæðum, er tengjast gerðunum sem um getur í kaflanum, komi eftirfarandi:

— í stað dagsetninganna „1. janúar 1993“ og „31. desember 1992“ komi „gildistökudagur samningsins“ og „dagurinn fyrir gildistökudag samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. apríl 1993“ komi „fyrsti dagur annars mánaðar eftir gildistöku samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1993“ komi „fyrsti dagur fjórða mánaðar eftir gildistöku samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. september 1993“ komi „dagsetningin sem kveðið er á um í 3. mgr. inngangsins að I. kafla, Dýr, í I. viðauka við samninginn“.

1. **364L0432:** Tilskipun ráðsins 64/432/EBE:
- aðlögunarliður a)
„Sviss: Kanton/canton/cantone“ falli niður;
- aðlögunarliðir d), e) og g)
„Sviss/“ falli niður;
- aðlögunarliður f)
orðin „Sviss/“ og „Vétérinaire de contrôle/Veterinario di controllo“ falli niður.

3. **390L0426:** Tilskipun ráðsins 90/426/EBE:
- aðlögunarliður b)
orðin „Sviss/“ og „Vétérinaire de contrôle/Veterinario di controllo“ falli niður.

4. **390L0539:** Tilskipun ráðsins 90/539/EBE:
- aðlögunarliður b)
orðin „CH eða“ og „Sviss/“ falli niður;
- aðlögunarliður g)
„Sviss/“ falli niður.

12. **385L0511:** Tilskipun ráðsins 85/511/EBE:
- aðlögunarliður a)
„Sviss/“ falli niður; og
í stað orðanna „Eidgenössisches Institut für Viruskrankheiten und Immunprophylaxe, Mittelhäusern“ komi „—“;
- aðlögunarliður b)
„Sviss/“ falli niður.

14. **380L0217:** Tilskipun ráðsins 80/217/EBE:
- aðlögunarliður a)
„Sviss/“ falli niður.

18. **364L0433:** Tilskipun ráðsins 64/433/EBE:
- aðlögunarliður j)
„CH -“ falli niður.

20. **371L0118:** Tilskipun ráðsins 71/118/EBE og

21. **377L0099:** Tilskipun ráðsins 77/99/EBE:
- aðlögunarliður c)
„CH -“ og „CH/“ falli niður.

23. **389L0437:** Tilskipun ráðsins 89/437/EBE:
- aðlögunarliður f)
„CH/“ falli niður.

34. **391L0495:** Tilskipun ráðsins 91/495/EBE:
- aðlögunarliður e)
„CH,“ falli niður.

66. **389L0610:** Tilskipun ráðsins 89/610/EBE:
- aðlögunarliður
„Sviss/“ falli niður.

C. **II. kafli, Fóður**
- Inngangsorð, 1. mgr.
í stað orðanna „skulu Sviss og Liechtenstein“ standi „skal Liechtenstein“.
- Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1993“, sem um getur að því er varðar EFTA-ríkin í sérstöku aðlögunarákvæðunum er tengjast gerðunum sem um getur í kaflanum, komi „gildistökudagur samningsins“.

3. **377L0101:** Tilskipun ráðsins 77/101/EBE og

4. **379L0373:** Tilskipun ráðsins 79/373/EBE:
- undanþága, annar undirliður
orðin „Sviss og“ falli niður; og
„geta“ verði „getur“.

II. II. VIÐAUKI, TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN

A. I. kafli, Vélknúin ökutæki

1. **370L0156:** Tilskipun ráðsins 70/156/EBE:
   - aðlögunarliður
     orðin „„Typengenehmigung“/„approbation du type“/„approvazione del tipo“ í svissneskum lögum“ falli niður.
2. **370L0157:** Tilskipun ráðsins 70/157/EBE:
   - aðlögunarliðir a) og b)
     „CH = Sviss,“ falli niður.
8. **370L0388:** Tilskipun ráðsins 70/388/EBE,
9. **371L0127:** Tilskipun ráðsins 71/127/EBE,
17. **374L0483:** Tilskipun ráðsins 74/483/EBE,
19. **376L0114:** Tilskipun ráðsins 76/114/EBE,
22. **376L0757:** Tilskipun ráðsins 76/757/EBE,
23. **376L0758:** Tilskipun ráðsins 76/758/EBE,
24. **376L0759:** Tilskipun ráðsins 76/759/EBE,
25. **376L0760:** Tilskipun ráðsins 76/760/EBE,
26. **376L0761:** Tilskipun ráðsins 76/761/EBE,
27. **376L0762:** Tilskipun ráðsins 76/762/EBE,
29. **377L0538:** Tilskipun ráðsins 77/538/EBE,
30. **377L0539:** Tilskipun ráðsins 77/539/EBE,
31. **377L0540:** Tilskipun ráðsins 77/540/EBE,
32. **377L0541:** Tilskipun ráðsins 77/541/EBE og
39. **378L0932:** Tilskipun ráðsins 78/932/EBE:
   - aðlögunarliður
     orðin „14 fyrir Sviss“ falli niður.
40. **378L1015:** Tilskipun ráðsins 78/1015/EBE:
   - aðlögunarliður a)
     orðin „„Typengenehmigung“/„approbation du type“/„approvazione del tipo“ í svissneskum lögum“ falli niður.
   - aðlögunarliður b)
     orðin „14 fyrir Sviss“ falli niður.
41. **380L0780:** Tilskipun ráðsins 80/780/EBE:
   - aðlögunarliður
     orðin „„Typengenehmigung“/„approbation du type“/„approvazione del tipo“ í svissneskum lögum“ falli niður.
44. **388L0077:** Tilskipun ráðsins 88/77/EBE:
   - aðlögunarliður
     orðin „14 fyrir Sviss“ falli niður.

B. **II. kafli, Landbúnaðardráttarvélar**

1. **374L0150:** Tilskipun ráðsins 74/150/EBE:
 - aðlögunarliður
 orðin „„Typengenehmigung“/„approbation du type“/„approvazione del tipo“ í svissneskum lögum“ falli niður.
11. **377L0536:** Tilskipun ráðsins 77/536/EBE,
13. **378L0764:** Tilskipun ráðsins 78/764/EBE,
17. **379L0622:** Tilskipun ráðsins 79/622/EBE,
20. **386L0298**: Tilskipun ráðsins 86/298/EBE,
22. **387L0402:** Tilskipun ráðsins 87/402/EBE og
23. **389L0173:** Tilskipun ráðsins 89/173/EBE,
 - aðlögunarliður
 orðin „14 fyrir Sviss“ falli niður.

C. **III. kafli, Lyfti- og flutningabúnaður**

2. **384L0528:** Tilskipun ráðsins 84/528/EBE:
 - aðlögunarliður
 orðin „CH fyrir Sviss,“ falli niður.

D. **VI. kafli, Byggingarsvæði og -búnaður**

8. **386L0295:** Tilskipun ráðsins 86/295/EBE og
9. **386L0296:** Tilskipun ráðsins 86/296/EBE:
 - aðlögunarliður
 orðin „CH fyrir Sviss,“ falli niður.

E. **VIII. kafli, Þrýstihylki**

2. **376L0767:** Tilskipun ráðsins 76/767/EBE:
 - aðlögunarliður
 orðin „CH fyrir Sviss,“ falli niður.

F. **IX. kafli, Mælitæki**

1. **371L0316:** Tilskipun ráðsins 71/316/EBE:
 - aðlögunarliður a)
 orðin „CH fyrir Sviss,“ falli niður;
 - aðlögunarliður b)
 „CH,“ falli niður.
6. **371L0348:** Tilskipun ráðsins 71/348/EBE:
 - aðlögunarliður
 orðin „1 Rappen/1 centime/1 centesimo (Sviss)“ falli niður.
12. **375L0106:** Tilskipun ráðsins 75/106/EBE:
 - aðlögunarliður a)
 orðin „Sviss og“ falli niður.

G. **XIV. kafli, Áburður**

1. **376L0116:** Tilskipun ráðsins 76/116/EBE:
- aðlögunarliðir a) og b)
„og Sviss“ falli niður.

H. **XIX. kafli, Almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana**

1. **383L0189:** Tilskipun ráðsins 83/189/EBE:
- aðlögunarliður g)
„SNV (Sviss)“ og „CES (Sviss)“ ásamt heimilisföngum falli niður.

I. **XXVII. kafli, Brenndir drykkir**

1. **389R1576:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89:
- aðlögunarliður h)
6. Þrúguhratsbrennivín
eftirfarandi falli niður:
„- Baselbieter Marc“
„- Grappa del Ticino/Grappa Ticinese“
„- Grappa della Val Calanca“
„- Grappa della Val Bregaglia“
„- Grappa della Val Mesolcina“
„- Grappa della Valle di Poschiavo“
„- Marc d'Auvernier“
„- Marc de Dôle du Valais“;
7. Ávaxtabrennivín
eftirfarandi falli niður:
„- Aargauer Bure Kirsch“
„- Abricotine du Valais/Walliser Aprikosenwasser“
„- Baselbieterkirsch“
„- Baselbieter Zwetschgenwasser“
„- Bernbieter Birnenbrand“
„- Bernbieter Kirsch“
„- Bernbieter Mirabellen“
„- Bernbieter Zwetschgenwasser“
„- Bérudges de Cornaux“
„- Emmentaler Kirsch“
„- Freiämter Theilersbirnenbranntwein“
„- Freiämter Zwetschgenwasser“
„- Fricktaler Kirsch“
„- Kirsch de la Béroche“
„- Luzerner Birnenträsch“
„- Luzerner Kirsch“
„- Luzerner Theilersbirnenbranntwein“
„- Luzerner Zwetschgenwasser“
„- Mirabelle du Valais“

„- Rigi Kirsch“
„- Seeländer Pflümliwasser“
„- Urschwyzerkirsch“
„- William du Valais/Walliser Williams“
„- Zuger Kirsch“;
9. Maríuvandarbrennivín
eftirfarandi falli niður:
„9. Maríuvandarbrennivín
- Gentiane du Jura“;
11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum
eftirfarandi falli niður:
„11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum
- Genièvre du Jura“;
14. Líkjör
eftirfarandi falli niður:
„- Bernbieter Griottes Liqueur“
„- Bernbieter Kirschen Liqueur“
„- Genépi du Valais“;
15. Brenndir drykkir
eftirfarandi falli niður:
„- Bernbieter Cherry Brandy Liqueur“
„- Bernbieter Kräuterbitter“
„- Eau-de-vie d'herbes du Jura“
„- Gotthard Kräuterbranntwein“
„- Luzerner Chrüter (Kräuterbranntwein)“
„- Vieille lie du Mandement“
„- Walliser Chrüter (Kräuterbranntwein)“.

III **III. VIÐAUKI, SKAÐSEMISÁBYRGÐ**

385L0374: Tilskipun ráðsins 85/374/EBE:
- iii-liður í aðlögunarlið a) falli niður;
- aðlögunarliður b)
orðin „Sviss og“ falli niður.

IV **IV. VIÐAUKI, ORKA**

1. og 2. viðbætir:
„Sviss“ ásamt færslum fyrir Sviss undir Fyrirtæki og Flutningskerfi falli niður.

V **V. VIÐAUKI, FRELSI LAUNÞEGA TIL FLUTNINGA**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**
- orðin „og Sviss“ falli niður.

B. 3. **368L0360:** Tilskipun ráðsins 68/360/EBE:
- ii-liður í aðlögunarlið e)
„svissnesku/svissneskir“ falli niður.

VI **VI. VIÐAUKI, FÉLAGSLEGT ÖRYGGI**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**
- I. mgr.
orðin „og Sviss“ falli niður.

B. 1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71:
- aðlögunarliður b)
ákvæðið falli niður;
- aðlögunarliðir g), h), i), j), m) og n)
færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliðir k) og l)
fyrirsagnir og ákvæði eftirfarandi færslna falli niður:
84, 101, 117, 132, 146, 159, 160, 161, 162, 163, 164, 165, 166, 167, 168, 169, 170, 171;
- aðlögunarliður o)
færslan „16.“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72:
- aðlögunarliðir a), b), c), d), e), f), g), h) og k)
færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

20. **383Y0117:** Ákvörðun nr. 117 og

21. **383Y1112(02):** Ákvörðun nr. 118:
- aðlögunarliður
færslan „Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

34. **C/281/88/bls. 7:** Ákvörðun nr. 135:
- aðlögunarliður
færsla „s)“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

35. **C/64/88/bls. 7:** Ákvörðun nr. 136:
- aðlögunarliður
færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

C. TILHÖGUN ÞÁTTTÖKU EFTA-RÍKJANNA Í FRAMKVÆMDARÁÐINU UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA OG Í ENDURSKOÐUNAR-NEFNDINNI SEM KOMIÐ ER Á Í TENGSLUM VIÐ RÁÐIÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 101. GR. SAMNINGSINS
Orðin „og Sviss“ falli niður.

VII **VII. VIÐAUKI, GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**
Orðin „og Sviss“ falli niður.

B. **Kafli A, Almennt kerfi**
1. **389L0048:** Tilskipun ráðsins 89/48/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.

C. **Kafli B, Lögfræðistörf**

2. **377L0249:** Tilskipun ráðsins 77/249/EBE:
- aðlögunarliður
færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

D. **Kafli C, Lækningar og skyld starfsemi**

4. **375L0362:** Tilskipun ráðsins 75/362/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður;
- aðlögunarliður a)
færslan „s) *í Sviss:*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður b)
færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður c)
færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður;
- aðlögunarliður d)
færslan „*hitabeltislækningar:*“ og færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður.
5. **375L0363:** Tilskipun ráðsins 75/363/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.
6. **386L0457:** Tilskipun ráðsins 86/457/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.
8. **377L0452:** Tilskipun ráðsins 77/452/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður;
- aðlögunarliður a)
færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður b)
færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.
9. **377L0453:** Tilskipun ráðsins 77/453/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.
10. **378L0686:** Tilskipun ráðsins 78/686/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður;
- aðlögunarliður a)
færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður b)
færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

- aðlögunarliður c) 1.
  færslan „- í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

11. **378L0687:** Tilskipun ráðsins 78/687/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.

12. **378L1026:** Tilskipun ráðsins 78/1026/EBE:
- aðlögunarliður
  færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

14. **380L0154:** Tilskipun ráðsins 80/154/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður;
- aðlögunarliður a)
  færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður b)
  færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

15. **380L0155:** Tilskipun ráðsins 80/155/EBE:
- undanþágan vegna Sviss falli niður.

17. **385L0433:** Tilskipun ráðsins 85/433/EBE:
- aðlögunarliður a)
  færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

E. **Kafli D, Byggingarlist**

18. **385L0384:** Tilskipun ráðsins 85/384/EBE:
- aðlögunarliður a)
  færslan „r) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

F. **Kafli E, Verslun og milliliðir**

22. **364L0224:** Tilskipun ráðsins 64/224/EBE:
- aðlögunarliður
  færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

28. **374L0557:** Tilskipun ráðsins 74/557/EBE:
- aðlögunarliður
  færslan „— *í Sviss:*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

G. **Kafli G, Greinar sem tengjast flutningum**

38. **382L0470:** Tilskipun ráðsins 82/470/EBE:
- aðlögunarliður
  færslan „*Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

H. **Kafli I, Önnur svið**

43. **367L0043:** Tilskipun ráðsins 67/43/EBE:
- aðlögunarliður
  færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

VIII **VIII. VIÐAUKI, STAÐFESTURÉTTUR**

Aðlögun á tilteknum sviðum
Orðin „og Sviss“ falli niður.

IX **IX. VIÐAUKI, FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA**

A. **I. kafli, Vátryggingar**

2. **373L0239:** Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE:
- aðlögunarliður a)
færslan „g) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;
- aðlögunarliður b)
færslan „— fyrir Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

11. **379L0267:** Fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE:
- aðlögunarliður b)
færslan „— í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

13. **377L0092:** Tilskipun ráðsins 77/92/EBE:
- aðlögunarliðir a) og b)
færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

B. **II. kafli, Bankar og aðrar lánastofnanir**

21. **386L0635:** Tilskipun ráðsins 86/635/EBE:
- aðlögunarliður
orðin „og Sviss“ falli niður.

C. **III. kafli, Verðbréfaþing og verðbréf**

24. **379L0279:** Tilskipun ráðsins 79/279/EBE:
- aðlögunarliður
í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og
í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

25. **380L0390:** Tilskipun ráðsins 80/390/EBE:
- aðlögunarliður b)
í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og
í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

26. **382L0121:** Tilskipun ráðsins 82/121/EBE:
- aðlögunarliður
í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og
í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

27. **388L0627:** Tilskipun ráðsins 88/627/EBE:
- aðlögunarliður
„Sviss“ falli niður.

28. **389L0298:** Tilskipun ráðsins 89/298/EBE:
- aðlögunarliður b)
„Sviss“ falli niður.

29. **389L0592:** Tilskipun ráðsins 89/592/EBE:
- aðlögunarliður a)
„Sviss“ falli niður.

X XII. VIÐAUKI, FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

1. **388L0361:** Tilskipun ráðsins 88/361/EBE:
- aðlögunarliður d)
fjórði undirliður falli niður;
fimmti undirliður
orðin „og Sviss“ falli niður.

XI XIII. VIÐAUKI, FLUTNINGASTARFSEMI

A. Aðlögun á tilteknum sviðum

- II. mgr.
fimmti undirliður falli niður.

B. I. kafli, Flutningar á landi

1. **370R1108:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70:
- aðlögunarliður
viðbæturnar A.2 JÁRNBRAUTIR og B. VEGIR
færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður.

12. **389R4060:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89:
- aðlögunarliður b) falli niður.

13. **375L0130:** Tilskipun ráðsins 75/130/EBE:
- síðasti málsliður aðlögunarinnar falli niður.

C. II. kafli, Flutningar á vegum

14. **385L0003:** Tilskipun ráðsins 85/3/EBE:
- önnur málsgrein aðlögunarinnar falli niður;
- aðlögunarliður, þriðja málsgrein
í stað orðanna „Austurríki og Sviss skulu“ komi „Austurríki skal“.

16. **377L0143:** Tilskipun ráðsins 77/143/EBE:
- aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

20. **385R3820:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og

21. **385R3821:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85:
- aðlögunarliður b) falli niður.

22. **376L0914:** Tilskipun ráðsins 76/914/EBE:
- aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

23. **388L0599:** Tilskipun ráðsins 88/599/EBE:
- aðlögunarliður
í stað orðanna „Austurríki og Sviss skulu“ komi „Austurríki skal“.

25. **362L2005:** Fyrsta tilskipun ráðsins:
- aðlögunarliður b)
orðin „og Sviss“ falli niður.

26. **376R3164:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3164/76:
- aðlögunarliður b)
orðin „og Sviss“ falli niður.

28. **374L0561:** Tilskipun ráðsins 74/561/EBE:
- aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

34. **372R1172:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1172/72:
- aðlögunarliður
- „Sviss (CH),“ falli niður.

D. **IV. kafli, Flutningar á skipgengum vatnaleiðum**

46. **387L0540:** Tilskipun ráðsins 87/540/EBE:
- aðlögunarliður
eftirfarandi falli niður:
„Sviss skal koma tilskipuninni til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995.“

47. **382L0714:** Tilskipun ráðsins 82/714/EBE:
- aðlögunarliður
II. kafli
Svæði 3
færslan „*Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

E. **VI. kafli, Almennt flug**

62. **390R2343:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90:
- aðlögunarliður
færslan „Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

XII **XVI. VIÐAUKI, OPINBER INNKAUP**

1. **371L0304:** Tilskipun ráðsins 71/304/EBE:
- aðlögunarliður b)
annar undirliður falli niður;
þriðji undirliður
í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“.

2. **371L0305:** Tilskipun ráðsins 71/305/EBE:
- aðlögunarliður a)
annar undirliður falli niður;

þriðji undirliður
í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;
- aðlögunarliður c)
orðin „og Sviss“ falli niður;
þriðji undirliður falli niður;
- aðlögunarliður e)
færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

3. **377L0062:** Tilskipun ráðsins 77/62/EBE:
- aðlögunarliður a)
annar undirliður falli niður;
þriðji undirliður
í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;
- aðlögunarliður c)
orðin „og Sviss“ falli niður;
þriðji undirliður falli niður;
- aðlögunarliður h)
færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

4. **390L0531:** Tilskipun ráðsins 90/531/EBE:
- aðlögunarliður a)
annar undirliður falli niður;
þriðji undirliður
í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;
- aðlögunarliður e)
- orðin „og Sviss“ falli niður;
þriðji undirliður falli niður.

5. **389L0665:** Tilskipun ráðsins 89/665/EBE og

6. **371R1182:** Reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971:
- aðlögunarliður a)
annar undirliður falli niður;
þriðji undirliður
í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“.

1. og 3. viðbætir:
- færslan „VII. Í SVISS:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

2. og 4.–13. viðbætir:
- færslan „SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

XIII XVIII. VIÐAUKI, ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Á VINNUSTÖÐUM, VINNURÉTTUR OG JAFNRÉTTI KYNJANNA

18. **376L0207:** Tilskipun ráðsins 76/207/EBE:
- aðlögunarliður
orðin „Sviss og“ falli niður.

24. **380L0987:** Tilskipun ráðsins 80/987/EBE:
- aðlögunarliður b)
færslan „F. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

XIV XIX. VIÐAUKI, NEYTENDAVERND

Aðlögun á tilteknum sviðum
„Sviss“ falli niður.

XV XX. VIÐAUKI, UMHVERFISMÁL

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**
„Sviss og“ falli niður.

B. **III. kafli, Loft**

19. **388L0609:** Tilskipun ráðsins 88/609/EBE:
- aðlögunarliðir b) og c)
færslan „Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

C. **V. kafli, Úrgangur**

31. **384L0631:** Tilskipun ráðsins 84/631/EBE:
- aðlögunarliður b)
orðin „og CH fyrir Sviss“ falli niður.

XVI XXI. VIÐAUKI, HAGSKÝRSLUGERÐ

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**
- 1. mgr.
„Sviss“ falli niður.

B. **Iðnaðarskýrslur**

1. **364L0475:** Tilskipun ráðsins 64/475/EBE:
- aðlögunarliður b)
ákvæðið falli niður;
- aðlögunarliðir d) og e)
orðin „og Sviss“ falli niður.
2. **372L0211:** Tilskipun ráðsins 72/211/EBE:
- aðlögunarliður c)
ákvæðið falli niður.
3. **372L0221:** Tilskipun ráðsins 72/221/EBE:
- aðlögunarliður b)
ákvæðið falli niður;

- aðlögunarliður d)
orðin „og Sviss“ falli niður;
- aðlögunarliður e)
orðin „Sviss og“ falli niður og „þurfa“ verði „þarf“.

4. **378L0166:** Tilskipun ráðsins 78/166/EBE:
- aðlögunarliður e)
orðin „og Sviss“ falli niður.

C. **Flutningaskýrslur**

5. **378L0546:** Tilskipun ráðsins 78/546/EBE:
- aðlögunarliður a)
ákvæðið falli niður;
- aðlögunarliður b)
orðin „Sviss og“ og „Schweiz/Suisse/Svizzera og“ falli niður;
- aðlögunarliður c)
orðin „Sviss og“ falli niður í öðrum landahópnum; og
„Sviss“ bætist við á undan orðinu „Búlgaría“ í þriðja landahópnum;
- aðlögunarliður g)
orðin „og Sviss“ falli niður;
- aðlögunarliður h)
ákvæðið falli niður.

6. **380L1119:** Tilskipun ráðsins 80/1119/EBE:
- aðlögunarliður a)
orðin „Sviss og Liechtenstein“ og „Schweiz/Suisse/Svizzera og Liechtenstein“ falli niður;
- aðlögunarliður b)
í staðinn fyrir fyrirsögnina „II. EFTA-ríki“ komi „II. EFTA-EES-ríki“;
orðin „18. Sviss og Liechtenstein“ falli niður;
„18. Sviss“ komi strax á eftir fyrirsögninni „III. Evrópulönd utan EES“;
- aðlögunarliður d)
í staðinn fyrir orðin „EFTA-lönd“ komi „EFTA-EES-lönd“.

7. **380L1177:** Tilskipun ráðsins 80/1177/EBE:
- aðlögunarliður a)
skammstafanirnar „SBB/CFF/FFS“ og „BLS“, ásamt fullu heiti, falli niður;
- aðlögunarliður b)
orðin „Sviss
Schweiz/Suisse/Svizzera“ falli niður;
- aðlögunarliður c)
„17. Sviss“ falli niður undir fyrirsögninni „II. EFTA-ríki“ og komi strax á eftir fyrirsögninni „B. Lönd utan EES“;
í stað fyrirsagnarinnar „II. EFTA-ríki“ komi „II. EFTA-EES-ríki“.

D. **Verslunarskýrslur**

8. **375R1736:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75:
 - aðlögunarliður b), 3. mgr.
 eftirfarandi falli niður
 „Sviss og Liechtenstein mynda eitt hagskýrslusvæði.“;
 - aðlögunarliður h) ákvæðið falli niður.
9. **377R0546:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 546/77:
 - aðlögunarliðir a) og b)
 færslan „Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.
16. **388R0455:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88:
 - aðlögunarliður
 orðin „fyrir Sviss: CHF 1 000“ falli niður.

E. **Mannfjölda- og félagsmálaskýrslur**

18. **376R0311:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76:
 - aðlögunarliður a)
 orðin „og Sviss“ falli niður.

F. **Þjóðhagsreikningar — verg landsframleiðsla**

19. **389L0130:** Tilskipun ráðsins 89/130/EBE:
 - aðlögunarliður b)
 orðin „og Sviss“ falli niður.

G. **Flokkunarkerfi**

20. **390R3037:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90:
 - aðlögunarliður
 orðin „og Sviss“ falli niður.

H. **Landbúnaðarskýrslur**

21. **372L0280:** Tilskipun ráðsins 72/280/EBE:
 - aðlögunarliður b)
 „Sviss: —“ falli niður;
 - aðlögunarliðir c), e) og f)
 orðin „og Sviss“ falli niður.
22. **372D0356:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE:
 - aðlögunarliður a)
 „Sviss: Eingöngu eitt svæði“ falli niður;
 - aðlögunarliður b)
 orðin „og Sviss“ falli niður.

23. **388R0571:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88:
- aðlögunarliður e)
færslur B.04, E og J.17
orðin „og Sviss“ falli niður.
- aðlögunarliður f)
ákvæðið falli niður;
- aðlögunarliðir g) og h)
orðin „og Sviss“ falli niður.

24. **390R0837:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90:
- aðlögunarliður b)
„Sviss —“ falli niður;
- aðlögunarliður d)
orðin „og Sviss“ falli niður.

I. **Fiskiskýrslur**

25. **391R1382:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1382/91:
- aðlögunarliður a)
í stað fyrirsagnarinnar „EFTA“ komi „EFTA-EES-ríki“.

J. **Orkuskýrslur**

26. **390L0377:** Tilskipun ráðsins 90/377/EBE:
- aðlögunarliðir a), b) og d)
orðin „og Sviss“ falli niður.

XVII XXII. VIÐAUKI, FÉLAGARÉTTUR

A. **Aðlögunartímabil**
orðin „Sviss og“ falli niður.

B. 1. **368L0151:** Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE:
- aðlögunarliður
færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

2. **377L0091:** Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE:
- aðlögunarliður a)
færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

3. **378L0855:** Þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE:
- aðlögunarliður a)
færslan „— Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

4. **378L0660:** Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE:
- aðlögunarliður a)
færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

6. **383L0349:** Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE:
- aðlögunarliður
færslan „s) í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

9. **389L0667:** Tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE:
- aðlögunarliður
færslan „— í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

LOKAGERÐ

Fulltrúar með fullu umboði

EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,

sem nefnast hér á eftir „bandalagið“, og

KONUNGSRÍKISINS BELGÍU,
KONUNGSRÍKISINS DANMERKUR,
SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,
LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,
KONUNGSRÍKISINS SPÁNAR,
LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,
ÍRLANDS,
LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,
STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR,
KONUNGSRÍKISINS HOLLANDS,
LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,
HINS SAMEINAÐA KONUNGSRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

samningsaðilar að stofnsáttmála EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU og stofnsáttmála KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,
sem nefnast hér á eftir „aðildarríki EB“,

og

fulltrúar með fullu umboði
LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,
LÝÐVELDISINS FINNLANDS,
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,
KONUNGSRÍKISINS NOREGS,
KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR,

sem nefnast hér á eftir „EFTA-ríkin“,
er koma saman í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar árið nítján hundruð níutíu og þrjú til undirritunar bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa samþykkt eftirfarandi texta:

I. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið;

II. viðaukann sem er kveðið á um í 20. gr. bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fylgir þeirri bókun.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa samþykkt sameiginlegu yfirlýsinguna sem fylgir þessari lokagerð.

Enn fremur hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna fallist á samþykktirnar sem fylgja þessari lokagerð og eru bindandi.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga yfirlýsingu ríkisstjórnar Frakklands sem fylgir þessari lokagerð.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga að tilvísanir til Sviss í eftirtöldum sameiginlegum yfirlýsingum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 eru fallnar úr gildi:

3. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögunartímabil vegna útgáfu skjala varðandi sönnun á uppruna

og

8. Sameiginleg yfirlýsing um vöruflutninga á vegum.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa einnig í huga að eftirtaldir samningar í samþykktum frá samningaviðræðunum sem fylgja lokagerðinni, er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992, eru fallnir úr gildi:

- vegna bókunar 16 og VI. viðauka,
- vegna VII. viðauka (varðandi verkfræðinga „Stiftung der Schweizerischen Register der Ingenieure").

Þeir hafa fallist á að í samþykktinni „vegna bókunar 47" skuli orðin „bandalagsins og Sviss og" falla niður.

Loks hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna í huga með hliðsjón af yfirlýsingunum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 að:

I. eftirtaldir yfirlýsingar eru fallnar úr gildi:
   10. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisráðstafanir;
   11. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

12. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um að koma á framhaldsnámi í byggingarlist við æðri tækniskóla;
16. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um notkun öryggisákvæðisins í sambandi við fjármagnsflutninga;
17. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
34. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um fjáröflunartolla;
36. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum;

II. í eftirtöldum yfirlýsingum er yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss eða yfirlýsing Evrópubandalagsins með tilvísun til Sviss fallin úr gildi:
2. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um áfengiseinkasölur;
13. Yfirlýsing ríkisstjórna Austurríkis og Sviss um hljóð- og myndmiðlun;
14. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um stjórnsýsluaðstoð;
15. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
33. Yfirlýsing Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir;
35. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um tvíhliða samninga.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

1. Þótt skylt sé að virða að öllu leyti niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss 6. desember 1992 þykir samningsaðilum að EES-samningnum miður að sökum þess að Sviss er ekki þátttökuríki var ekki unnt að stofna EES með þeim samningsaðilum sem upphaflega var stefnt að.

2. Samningsaðilarnir að EES-samningnum hafa tekið tillit til þess að yfirvöld í Sviss hafa ekki vísað því með öllu frá að síðar kunni að verða af þátttöku í EES. Þeir munu fagna þátttöku Sviss í EES og eru reiðubúnir til að hefja samningaviðræður leggi Sviss fram umsókn skv. 128. gr. EES-samningsins eins og henni er breytt með bókuninni um breytingu á EES-samningnum.

3. Þátttaka Sviss í EES síðar ætti að byggjast á niðurstöðunum í upphaflega EES-samningnum og tvíhliða samningum gerðum á sama tíma og á þeim breytingum sem hugsanlega verða gerða síðar á þessum samningum.

SAMÞYKKTIR

Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna 15. gr.

gildistaka ákvæðanna sem um getur í 15. gr. er háð tæknilegum erfiðleikum við fjárlagagerð og skal vera með fyrirvara um tvíhliða eða marghliða samvinnu á umræddum sviðum og hefur ekki frekari áhrif á samvinnuna sem um getur í 85. gr. EES-samningsins.
Til að tryggja rétta gildistöku ákvæðanna, sem um getur í 15. gr., er sérfræðingum

EFTA-ríkjanna heimilt, á tímabilinu til 1. janúar 1994, að taka tímabundið þátt í nefndunum sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við stjórnun eða þróun á starfsemi bandalagsins á þeim sviðum sem þessi ákvæði taka til.

Hvert EFTA-ríki um sig skal standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Vegna 20. gr.

IV. viðauki (Orka)

8. **390L0547**: Tilskipun ráðsins 90/547/EBE og
9. **391L0296**: Tilskipun ráðsins 91/296/EBE

í hugtakinu „viðskipti innan EFTA“ merkir „EFTA“ þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi;

XIV. viðauki (Samkeppni)

1. **389R4064**: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89

í hugtökunum „hagsmuni EFTA“, aðlögunarliðir a), b) og h), „velta innan EFTA“, aðlögunarliðir b) og j), og „íbúar EFTA“, aðlögunarliður j), merkir „EFTA“ þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR FRAKKLANDS

Frakkland vekur athygli á því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gildir ekki um lönd og yfirráðasvæði handan hafsins er tengjast efnahagsbandalagi Evrópu samkvæmt ákvæðum sáttmálans um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR OG
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ samningurinn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn né samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og því munu þessir samningar ekki gilda um Sviss;

ÞAR EÐ bókun um breytingu á EES-samningnum er undirrituð sama dag og bókun þessi;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf nokkrar breytingar á samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. Samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi þann dag sem bókun þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi fyrir Liechtenstein og að því tilskildu að undirritunaraðilar bókunar þessarar hafi tekið viðeigandi ákvörðun um beitingu ákvarðana og annarra ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS“ sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn komi eftirfarandi:
„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Furstadæmið Liechtenstein.“

3. Samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn skal enn fremur breytt í samræmi við 3.–8. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 7. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skulu skipa fimm eftirlitsfulltrúar sem skulu kosnir á grundvelli hæfni sinnar og vera sannanlega óháðir.“

4. gr.

Eftirfarandi komi í stað 28. gr.:

„28. gr.

EFTA-dómstólinn skipa fimm dómarar.“

5. gr.

Þegar samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein skal fjölga fulltrúum í eftirlitsstofnun EFTA og dómurum í EFTA-dómstólnum.

6. gr.

Eftirfarandi komi í stað 29. gr.:

„29. gr.

EFTA-dómstóllinn skal starfa fullskipaður. Úrskurðir dómstólsins teljast einungis gildir ef tala dómara hans stendur á oddatölu við umfjöllun. Úrskurðir dómstólsins teljast gildir ef þrír dómarar taka þátt í umfjöllun. Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna geta, að beiðni dómstólsins, með samhljóða samkomulagi, heimilað honum að koma á fót deildum.“

7. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 30. gr.:

„Skipa skal að nýju í hluta dómaraembættanna á þriggja ára fresti. Nýskipun tekur til tveggja og þriggja dómara á víxl. Velja skal þá tvo dómara sem skipt er um eftir fyrstu þrjú árin með hlutkesti.“

8. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 53. gr.:

3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

9. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Bókun þessi skal fullgilt af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum um það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og að því tilskildu að allir samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr.

1. gr. bókunar þessarar, hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi daginn sem EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar allir samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar, hafa komið öllum fullgildingarskjölum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu, eftir því hvor dagurinn er síðar.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein, að því tilskildu að Liechtenstein hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og bókunar þessarar í vörslu og með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.

SAMÞYKKT

Undirritunaraðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna bókunar 4

að því er varðar hugtökin „hagsmuni EFTA“ og „EFTA-fyrirtæki“ merkir orðið „EFTA“ þau EFTA-ríki þar sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls hefur öðlast gildi.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR OG
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ samningurinn um fastanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefndur samningurinn um fastanefndina, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn né samninginn um fastanefndina og því munu þessir samningar ekki gilda um Sviss;

ÞAR EÐ bókun um breytingu á EES-samningnum er undirrituð sama dag og bókun þessi;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag samningsins um fastanefndina;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku samningsins um fastanefndina að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf breytingar á samningnum um fastanefndina sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. Samningurinn um fastanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi þann dag sem bókun þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal samningurinn um fastanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi fyrir Liechtenstein og að því tilskildu að undirritunaraðilar bókunar þessarar hafi tekið viðeigandi ákvörðun um beitingu ákvarðana og annarra ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt samningnum um fastanefndina gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt samninginn um fastanefndina og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS“ sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins um fastanefndina komi eftirfarandi: „hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, Furstadæmið Liechtenstein.“

3. Samningnum um fastanefndina skal enn fremur breytt skv. 3. gr.

3. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 14. gr.:

3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna.

4. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á ensku, finnsku, íslensku, norsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Bókun þessi skal fullgilt af samningsaðilum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum um það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og að því tilskildu að allir samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar, hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi daginn sem EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar allir samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar, hafa komið öllum fullgildingarskjölum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu, eftir því hvor dagurinn er síðar.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein, að því tilskildu að Liechtenstein hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um fastanefndina og bókunar þessarar í vörslu og með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.

SAMÞYKKT

Undirritunaraðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna 2. mgr. 1. gr.

áður en samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein getur Liechtenstein að jafnaði, og sé ekki annað ákveðið af fastanefndinni, tekið þátt í störfum fastanefndarinnar, þó án atkvæðisréttar.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNAR FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Ríkisstjórn Furstadæmisins Liechtensteins mun við gildistöku EES-samningsins gagnvart Liechtenstein endurgreiða ríkisstjórnum Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar þær fjárhæðir sem þær hafa lagt út samkvæmt EES-samningnum til að greiða hlut Liechtensteins í fjármagnskerfinu.

VILJAYFIRLÝSING

Ríkisstjórnir Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar eru sammála um að viðbótarfjárhæðir, sem þær hafa lagt út samkvæmt bókuninni um breytingu á EES-samningnum vegna þess að Sviss fullgilti ekki EES-samninginn, verði endurgreiddar gerist Ríkjasambandið Sviss aðili að EES-samningnum. Frá þeim degi, sem Ríkjasambandið Sviss verður aðili að EES-samningnum, skal reikna framlög hinna EFTA-ríkjanna eins og upphaflega var mælt fyrir um í EES-samningnum sem var undirritaður í Óportó 2. maí 1992.

750. Svar [264. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ársreikninga sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða sveitarstjórnir höfðu ekki lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans fyrir árið 1991 fyrir lok júlí sl., sbr. ákvæði 88. gr. sveitarstjórnarlaga?

Félagsmálaráðuneytið hefur ekki undir höndum áreiðanlegar upplýsingar um hvaða dag hvert og eitt sveitarfélag lauk afgreiðslu ársreikninga sinna. Hart hefur hins vegar verið gengið eftir því að sveitarfélögin skiluðu ársreikningunum til ráðuneytisins og beitt þeim viðurlögum sem 88. gr. sveitarstjórnarlaganna gerir ráð fyrir, þ.e. að stöðva greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags ef það hefur ekki skilað ársreikningum sínum.

Þau framlög, sem einkum er hægt að nota í þessu skyni, eru tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög. Á sl. ári voru tekjujöfnunarframlögin greidd sveitarfélögum í lok október og þjónustuframlög í lok nóvember. Þegar farið var yfir skil ársreikninganna í tengslum við greiðslu umræddra framlaga höfðu eftirtalin 13 sveitarfélög ekki skilað ársreikningum 1991 til félagsmálaráðuneytisins, Hagstofu Íslands eða Sambands íslenskra sveitarfélaga: Breiðuvíkurhreppur, Haukadalshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Rauðasandshreppur, Nauteyrarhreppur, Þverárhreppur, Akrahreppur, Fljótahreppur, Tunguhreppur, Nesjahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Biskupstungnahreppur.

Við yfirferð nú eftir síðustu áramót áttu eftirtalin fimm sveitarfélög enn eftir að skila ársreikningum 1991: Haukadalshreppur, Nauteyrarhreppur, Akrahreppur, Fljótahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.

751. Svar [265. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

1. *Hvaða sveitarstjórnir luku gerð fjárhagsáætlunar á þessu ári fyrir lok janúarmánaðar?*

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er ekki gerð krafa um að sveitarstjórnir skili fjárhagsáætlunum sínum til félagsmálaráðuneytisins eða tilkynningum um hvenær þær eru gerðar eða afgreiddar. Þessar upplýsingar liggja því ekki fyrir í ráðuneytinu og ekki heldur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2. *Hvaða sveitarstjórnir sóttu um lengri frest samkvæmt ákvæðum 75. gr. sveitarstjórnarlaga og hvenær luku þær gerð fjárhagsáætlunar?*

Eftirtaldar sveitarstjórnir sóttu um og fengu frest á afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 1992: Stykkishólmsbær til 17. febrúar, Eyrarsveit til 15. mars, Suðureyrarhreppur til 31. mars, Ísafjarðarkaupstaður til 13. febrúar og Búðahreppur til 31. mars.

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvort viðkomandi sveitarstjórnir hafi lokið gerð áætlananna innan tilskilins frests en gengur út frá því að svo hafi verið.

3. *Hvaða sveitarstjórnir gerðu þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins á fyrsta ári yfirstandandi kjörtímabils og hverjar þeirra endurskoðuðu þá áætlun við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 1992?*

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, er ekki gerð krafa um að sveitarstjórnir skili þriggja ára áætlunum til félagsmálaráðuneytisins. Ekki liggja því fyrir í ráðuneytinu tæmandi upplýsingar um gerð slíkra áætlana hjá sveitarfélögunum á yfirstandandi kjörtímabili en samkvæmt þeim upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað, hafa eftirtalin sveitarfélög gengið frá slíkum áætlunum: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnesbær, Bessastaðahreppur, Kjalarneshreppur, Mosfellsbær, Njarðvíkurbær, Keflavíkurbær, Hafnahreppur, Gerðahreppur, Sandgerðisbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Grindavík, Innri-Akraneshreppur, Laxárdalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Ólafsvík, Neshreppur utan Ennis, Andakílshreppur, Borgarnesbær, Stykkishólmur, Helgafellssveit, Eyrarsveit, Patrekshreppur, Bíldudalur, Ísafjörður, Súðavík, Bolungarvík, Flateyrarhreppur, Þingeyrarhreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Árneshreppur, Skagaströnd, Blönduósbær, Sauðárkrókur, Hofshreppur, Seyluhreppur, Akureyri, Glæsibæjarhreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Hálshreppur, Eyjafjarðarsveit, Húsavík, Bárðdælahreppur, Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur, Dalvík, Árskógshreppur, Hríseyjarhreppur, Ólafsfjörður, Siglufjörður, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Eiðahreppur, Seyðisfjörður, Vopnafjörður, Reyðarfjörður, Búðahreppur, Breiðdalshreppur, Stöðvarhreppur, Eskifjörður, Neskaupstaður, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur, Höfn, Nesjahreppur, Hofshreppur, Bæjarhreppur, Djúpavogshreppur, Geithellnahreppur, Beruneshreppur, Hveragerðisbær, Vestmannaeyjar, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur, Ölfushreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Skeiða-

hreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Ásahreppur, Rangárvallahreppur, Holtahreppur, Hvolhreppur, Fljótshlíðarhreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.

Ráðuneytið gengur út frá því að miklu fleiri sveitarfélög hafi gengið frá slíkum áætlunum þótt staðfestingar á því liggi ekki fyrir í ráðuneytinu. Í ráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um hvaða sveitarstjórnir hafa endurskoðað þriggja ára áætlanir við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 1992.

752. Svar [144. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um aðild ríkisfyrirtækja og stofnana að VSÍ.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða stofnanir og fyrirtæki, sem eru að meiri hluta til í eigu ríkisins, eru eða hafa verið í Vinnuveitendasambandi Íslands og frá hvaða tíma?*
2. *Hve háa fjárhæð hafa þessar stofnanir og fyrirtæki greitt til Vinnuveitendasambands Íslands árin 1990, 1991 og 1992, sundurliðað eftir árum, stofnunum og fyrirtækjum?*

Þar sem fjármálaráðuneytið hefur ekki þær upplýsingar handbærar sem óskað er eftir í fyrirspurninni var hverju ráðuneyti fyrir sig skrifað og beðið um upplýsingar. Í svörum ráðuneytanna kom eftirfarandi fram:

Forsætisráðuneytið: Engar stofnanir, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

Utanríkisráðuneytið: Eitt fyrirtæki: Íslenskir aðalverktakar.

Greiðslur til VSÍ:	*1990*	*1991*	*1992*
	3.452.972	4.000.952	3.690.536

Menntamálaráðuneytið: Engar stofnanir eða fyrirtæki, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

Landbúnaðarráðuneytið: Eitt fyrirtæki, Áburðarverksmiðja ríkisins, frá 15. maí 1984.

Greiðslur til VSÍ	*1990*	*1991*	*1992*
	753.704	831.424	829.080

Sjávarútvegsráðuneytið: Eitt fyrirtæki, Síldarverksmiðjur ríkisins.

Greiðslur til VSÍ:	*1990*	*1991*	*1992*
	325.101	649.910	298.242

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: Engar stofnanir, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið: Engar stofnanir eða ríkisfyrirtæki, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: Engar stofnanir, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

Fjármálaráðuneytið: Tvö fyrirtæki, Skallagrímur hf. og Slippstöðin Oddi hf.

Greiðslur til VSÍ:	*1990*	*1991*	*1992*
Skallagrímur hf.	252.290	261.105	242.873
Slippstöðin Oddi hf.	1.121.470	1.013.066	1.089.689

Samgönguráðuneyti: Engar stofnanir, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Fimm fyrirtæki: Rafmagnsveitur ríkisins frá 26. mars 1984, Sementsverksmiðja ríkisins frá 10. maí 1984, Íslenska járnblendifélagið hf. frá 26. september 1978, Kísiliðjan hf. frá 10. júlí 1984 og Steinullarverksmiðjan hf. frá 1. janúar 1989.

Greiðslur til VSÍ:	*1990*	*1991*	*1992*
Rafmagnsveitur ríkisins	1.006.288	1.107.824	1.222.704
Sementsverksmiðja ríkisins	727.817	681.528	662.446
Íslenska járnblendifélagið hf.	1.495.976	1.599.448	775.962
Kísiliðjan hf.	173.466	187.344	182.099
Steinullarverksmiðjan hf.	171.230	206.037	196.810

Hagstofa Íslands: Engar stofnanir eða ríkisfyrirtæki, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.
Umhverfisráðuneytið: Engar stofnanir eða ríkisfyrirtæki, sem aðild eiga að VSÍ, heyra undir ráðuneytið.

753. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hluti hennar með því að það verði samþykkt.
Nefndin fékk umsagnir um málið frá bæjarstjórn Akraness og Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríkisins, auk þess sem stuðst var við umsagnir frá síðasta þingi.

Alþingi, 18. mars 1993.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Tómas Ingi Olrich. Sigríður A. Þórðardóttir.

Einar K. Guðfinnsson. Pálmi Jónsson.

754. Svar [361. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um öryggi í óbyggðaferðum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:
Hvað hafa stjórnvöld aðhafst í framhaldi af ályktun Alþingis frá 22. febrúar 1990 um að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum og áliti nefndar sem skipuð var á grundvelli hennar?

Nefndin fjallaði í störfum sínum einkum um eftirtalin atriði sem gætu stuðlað að auknu öryggi í óbyggðaferðum: fræðslu og upplýsingar, tilkynningarþjónustu eða tilkynningarskyldu, tryggingar, eftirlit og löggæslu, leit og björgun og fjarskipti.

Flestir viðmælendur nefndarinnar voru sammála um að ekki sé rétt að takmarka rétt manna til ferðlaga með boðum og bönnum. Slík forsjárhyggja væri síst til þess fallin að bæta öryggi í óbyggðaferðum. Öryggi í óbyggðaferðum verði fyrst og fremst bætt með fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum til ferðafólks, auk hugsanlegrar tilkynningarskyldu.

Enn fremur þurfi fjarskipti að vera með þeim hætti að ferðmönnum verði gert skylt að tryggja sig áður en lagt er í óbyggðaferðir.

Nefndin taldi ekki þörf á sérstakri lagasetningu eða reglum hér að lútandi en taldi þörf á bættri skipulagningu og samræmingu á starfsemi þeirra aðila sem að þessum málum vinna.

Fræðsla.

Besta ráðið til að tryggja öryggi ferðamanna er með upplýsingum og fræðslu áður en ferð hefst. Hér á landi eru margir aðilar sem veita fræðslu um ferðalög og gefa út fræðsluefni. Nauðsynlegt er hins vegar að samræma þessa fræðslu og lagði nefndin til að Upplýsingamiðstöð ferðamála hefði forustu í þeim efnum í nafni Ferðamálaráðs og annarra er að skrifstofunni standa.

Útgáfa fræðsluefnis. Töluvert er til af góðu aðgengilegu fræðsluefni fyrir ferðamenn á Íslandi. Skipuleggjendur ferðaþjónustu hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir mikilvægi þess að gefa út greinargóðar upplýsingar um hálendið, um útbúnað, leiðaval og hættur. Ferðmálaráð hefur t.d. gefið út bækling um hálendisferðir á fjórum erlendum tungumálum. Þessi bæklingur hefur verið endurútgefinn og endurbættur. Einnig hefur upplagið verið aukið.

Myndefni. Nefndin lagði til að einu sinni á dag yrðu birtar upplýsingar á íslensku og ensku um veður, ástand vega o.fl. Ferðamálaráð hefur í samvinnu við Ríkisútvarpið birt fréttir, veðurspá og veðurlýsingu á ensku og íslensku fyrir ferðamenn yfir mesta ferðamannatímann í júní, júlí og ágúst.

Skilti og merkingar. Nefndin taldi það mjög til bóta ef merkingar á hálendinu yrðu bættar til að tryggja betur öryggi ferðamanna. Samstarfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins, sem í eiga sæti fulltrúar frá Vegagerð Íslands, Ferðamálaráði, Náttúruverndarráði og Slysavarnafélagi Íslands, hefur unnið gott starf varðandi merkingar á hálendinu. Þessi hópur stóð fyrir því að á síðasta sumri voru sett upp 80 skilti og merkingar á hálendinu. Sett voru skilti við öll þekkt vöð og aðvörunarmerki við óbrúaðar ár. Enn fremur voru flestar aðkomuleiðir inn á hálendið merktar. Þessi samstarfshópur er nú með á lokastigi útgáfu sérstaks ferðabæklings sem á að verða tilbúinn fyrir sumarið og er hvort tveggja fjallvegakort og upplýsingabæklingur fyrir ferðamenn. Auk þess vinnur Vegagerð ríkisins nú að því að flokka og merkja fjallvegi eftir tegundum.

Dreifing fræðsluefnis. Eins og áður hefur verið minnst á var upplag hálendisbæklingsins aukið, m.a. til þess að geta dreift honum víðar en nú, t.d. við komu Smyrils og á allar bílaleigur.

Landabréf. Góð kort af landinu og einstökum hlutum þess eru meðal mikilvægustu hjálpartækja ferðmanna. Í máli viðmælenda nefndarinnar kom fram að kortaútgáfa Landmælinga Íslands sé í góðu lagi og skilningur stofnunarinnar á þörfum ferðamanna mikill. Einnig má nefna að Vegagerð ríkisins hefur haldið þeim upptekna hætti að gefa út kort um ástand fjallvega sem kemur út vikulega á sumrin.

Tilkynningarþjónusta.

Starfrækt hefur verið tilkynningarþjónusta fyrir ferðamenn frá vorinu 1985. Að henni standa Landsbjörg og Securitas.

Tryggingar.

Aðstæður hafa ekki breyst á þann veg að ástæða sé til að áskilja kaup á tryggingu til þess að standa undir kostnaði við hugsanlega leit.

Eftirlit lögreglu.

Meðal atriða, sem lögreglan hefur tekið upp í Lögregluskóla ríkisins, er leit að fólki í snjóflóðum, og í fjárlagatillögum næsta árs verður sótt um fjárveitingu til að festa kaup á stöngum og búnaði til þessa verkefnis. Þá hafa lögreglustjórar verið hvattir til þess að fylgjast með ferðamönnum, einkum þeim sem ferðast í bifreiðum, þegar allra veðra er von. Vélsleðaferðir eru sérstakt áhyggjuefni því að þrátt fyrir góðan útbúnað og leitsögukerfi, GPS, sem mjög margir hafa, eru slys og óhöpp allt of tíð, einkum í tilvikum þegar ekið er fram af hengjum eða menn lenda í sprungum.

Leit og björgun.

Nefndin taldi allgott skipulag vera fyrir hendi varðandi leit að fólki sem hefur týnst eða er saknað. Auk tveggja stórra björgunaraðila, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar (áður Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita), taka Landhelgisgæslan, lögreglan og fleiri aðilar iðulega þátt í leit.

Fjarskipti.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að mikið öryggi væri í því fólgið að hafa farsíma með í óbyggðaferðum, sérstaklega ef um væri að ræða burðartæki með rafhlöðum. Oftast má finna staði þar sem samband næst, jafnvel þótt sambandslaust sé í vegarslóðum, t.d. þar sem þeir liggja um skörð.

Meðal kosta farsímakerfisins er að öll símtöl eru skráð. Fulltrúar Póst- og símamálastofnunar hafa mælt með farsíma eða talstöðvarsambandi á tíðni 2.790 á metrabylgju (Gufunesradíó).

Mikið átak hefur verið gert hjá Pósti og síma í að fjölga radíóstöðvum. Frá áramótum 1989–1990 hafa bæst við 31 radíóstöð víðs vegar um landið, þannig að farsímakerfið hefur þést til muna og öryggi ferðamanna aukist.

755. Tillaga til þingsályktunar [441. mál]

um lagaráð Alþingis.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun Háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi.

Greinargerð.

Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál er snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál ogs alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd, skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Alþingismenn geta leitað ráðgjafar hjá skrifstofu Alþingis og enn fremur geta þingflokkarnir leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum eða annars staðar. Loks hafa ráðuneytin á sínum snærum lögfræðinga og leita einnig ráðgjafar annars staðar.

Þetta er þó ekki nægilegt þegar um viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða. Enginn óháður aðili er til staðar til að fást við slík mál. Að sjálfsögðu eru starfsmenn þingflokka háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Að sjálfsögðu kemur til tortryggni hjá stjórnarandstöðu varðandi álit frá mönnum ráðherra og þingmenn annarra flokka kunna að rengja niðurstöður frá starfsmönnum þingflokks.

Ríkisendurskoðun var þar til 1987 deild í fjármálaráðuneyti og laut stjórn fjármálaráðherra. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að óháðri sjálfstæðri stofnun undir Alþingi. Engum blandast hugur um að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við það að verða óháð fjármálaráðherra og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjármálaráðherra. Þannig er Ríkisendurskoðun orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti.

Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og fylgir yfirlitið, dags. 5. september 1991, hér með sem fskj. II.

Í öllum þessum ríkjum hvílir sú *skylda* á þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum.

Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur, í samráði við þingskapalaganefndina, notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytis. Þetta hefur valdið gagnrýni og eru uppi hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytis gætu verið vilhöll. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Pauls Nyrups Rasmussens er kveðið á um stofnun lagaráðs: „Ríkisstjórnin mun í samráði við þingflokkana leggja fram frumvarp til laga um lagaráð. Lagaráðið skal vera ráðgefandi um meginálitamál, sérstaklega hvað varðar túlkun stjórnarskrár, skyldur vegna mannréttinda og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.“

Ekki leikur vafi á að sú skipan, sem Alþingi hefur búið við, er ófullnægjandi og ekki svo markviss sem víðast annars staðar. Að vísu getur Hæstiréttur dæmt endanlega í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Þetta er óskynsamleg skipan. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál strax er frumvarp væri til meðferðar. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að á Alþingi væru samþykkt lög er einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má að lokum geta að árið 1929 voru sett lög um laganefnd, nr. 48 frá 14. júní. Þessi lög hafa aldrei verið virk og sú skipan sem þar var ákveðin er ekki markviss, sjá fskj. I.

Nauðsyn ber til að koma upp sjálfstæðum óháðum aðila á vegum Alþingis til að fjalla um lögfræðileg álitamál og með því mætti forðast langvinnar deilur um viðkvæm úrlausnarefni.

Fylgiskjal I.

Lög um laganefnd, nr. 48 14. júní 1929.

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og millþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherzlu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Fylgiskjal II.

Lagaskrifstofa danska þingsins:

Minnisblað um lögfræðilegt og stjórnskipunarlegt eftirlit og sérfræðiþekkingu sem beitt er í tengslum við löggjafarstörf í nokkrum Evrópulöndum.
(5. september 1991.)

I. INNGANGUR

1. Bakgrunnur rannsóknarinnar.

Á fundi þingskapanefndar 30. janúar 1991 var þeirri spurningu varpað fram hvort auka ætti sérfræðiþekkingu á sviði stjórnskipunar og lagatæknilegra atriða í tengslum við löggjafarstörfin. Í því sambandi var fjallað um hvort sú aukning ætti að koma fram í starfi á vegum ríkisstjórnar eða þingsins eða með því að komið yrði á fót sjálfstæðri starfsemi. Ákveðið var að byrja á að leita upplýsinga í öðrum Evrópulöndum og vega þær og meta.

Á grundvelli þessa hefur skrifstofa þingsins fengið upplýsingar frá þjóðþingum Svíþjóðar, Noregs, Finnlands, Hollands, Bretlands, Þýskalands og Frakklands. Þar sem upplýsingar frá Hollandi eru enn mjög takmarkaðar verður umfjöllun um þær sleppt.

2. Samantekt.

Fyrra málið, sem skv. II. kafla verður reynt að varpa ljósi á, er eftirlit með hvort lagafrumvörp séu í samræmi við stjórnarskrár, almenn og opinber réttarsjónarmið og gildandi rétt. Einnig verður fjallað um tímasetningu og skipulag eftirlitsins.

Í Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Þýskalandi eru stjórnarfrumvörp skoðuð á sérstökum stjórnarskrifstofum, oftast á vegum dómsmálaráðuneytis, áður en þau eru lögð fram með tilliti til þess hvort þau fara í bága við stjórnarskrána og hvort þau séu lagatæknilega rétt. Í Svíþjóð, Finnlandi og Frakklandi getur, eða á, ríkisstjórnin að kalla eftir umsögn ráðs sem er sjálfstætt að einhverju leyti (Lagrådet og Conseil d'État) áður en frumvarpið er lagt fram.

Í öllum áðurnefndum löndum virðist hvíla sú skylda á þingforseta að sjá til þess að lagafrumvörp, sem lögð eru fram, samræmist stjórnarskrá. Þó virðist sem ekki hafi komið til þess í neinu landanna að hvert einstakt frumvarp hafi verið rannsakað nákvæmlega.

Komi upp vafi meðan frumvarp er til meðferðar á þingi um að það samræmist stjórnarskrá er í Svíþjóð hægt að leita til lagaráðsins (Lagrådet). Í Noregi geta viðkomandi nefndir, með samþykki forsætisnefndar, og í Finnlandi stjórnarskrárnefndin leitað eftir lögfræðiaðstoð og ráðgjöf um málið utan þingsins. Í Frakklandi og Þýskalandi getur stjórnarskrárráð/dómstóll gert endanlega út um málið.

Að lokum eru í III. kafla upplýsingar um aðstæður í Danmörku og í því sambandi gerð grein fyrir hugmyndum um stofnun „lagaráðs" þegar núgildandi stjórnarskrá var sett.

Síðara málið, sem fjallað er um, sbr. IV. kafla, er aðstoð við þingmenn við gerð lagafrumvarpa og breytingartillagna. Á grundvelli umræðna á fundi í þingskapanefnd hefur umfjöllunin að mestu takmarkast við lagatæknilega aðstoð en ekki aðstoð við efnislega samningu frumvarpa, hvort sem um er að ræða upplýsingaöflun eða stjórnmálalegar umræður.

Það fyrirkomulag, sem hér er lýst, felst að mestu í aðstoð starfsmanna ráðuneytanna, þingsins og þingflokkanna, auk utanaðkomandi aðstoðar, t.d. frá sjálfstæðum samtökum eða stofnunum.

Í tengslum við þennan kafla er einnig (í V. kafla) gefin lýsing á aðstæðum í Danmörku til viðmiðunar.

II. RANNSÓKNIR UTAN LANDS Á SAMRÆMI LAGAFRUMVARPA VIÐ STJÓRNARSKRÁR OG RÉTTARFAR ALMENNT

Þær lýsingar á aðstæðum í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi, sem fara hér á eftir, eru byggðar á þeim svörum sem bárust við spurningalista sem lagaskrifstofan lét gera. Auk þess er vísað í grein úr tímaritinu „Constitutional and Parliamentary Information" (1982, bls. 43–71) þar sem fjallað er um rannsókn sem gerð var 1981 af Samtökum skrifstofustjóra þinga (Control of the Constitutionality of Laws).

Þrátt fyrir spurningarnar, sem sendar voru, er mikill munur á svörunum sem bárust. Í lýsingu landanna er fylgt eftirfarandi flokkun:

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.
b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.
c. Eftirlit sem óháður aðili annast meðan frumvarp er til meðferðar eða eftir að frumvarp hefur verið samþykkt.

Ekki reyndist gerlegt á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust að nota þessa flokkun fyrir öll löndin í öllum liðum.

1. Svíþjóð.

a–b. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram og rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Lagaráðið (Lagrådet), sem í sitja dómarar úr Hæstarétti og úr æðsta stjórnsýsludómstól, dæmir um hvort lagafrumvarp fylgi stjórnskipunarlögum og réttarkerfi almennt. Ráðið heyrir formlega undir ríkisstjórn en er í raun sjálfstætt þar eð starfsmenn ráðsins eru valdir af dómstólunum tveimur. Lagaráðið gefur einungis umsagnir um frumvörp sem send eru ráðinu frá ríkisstjórn eða þingnefnd. Minni hluti nefndar (5 þingmenn af 17) getur einnig óskað eftir áliti lagaráðs. Þó getur meiri hluti neitað slíkri ósk ef sú töf, sem verður á afgreiðslu máls af þessum sökum, veldur vandræðum.

Umsögn lagaráðsins, sem ekki er bindandi fyrir ríkisstjórnina eða þingið, skal fylgja stjórnarfrumvarpinu eða nefndaráliti þegar þeim er útbýtt. Ef ríkisstjórnin eða nefndin fer ekki eftir því sem lagaráðið mælir með skulu fylgja frumvarpi eða nefndaráliti ástæður þess.

Lagaráðið starfar samkvæmt stjórnskipunarlögum og sérlögum.

2. Noregur.

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.

Lagadeild dómsmálaráðuneytisins fer yfir öll stjórnarfrumvörp áður en þau eru lögð fram. Yfirferð felur m.a. í sér að bera lagafrumvarp saman við stjórnarskipunarlög og réttarfar almennt. (Undantekning: skattalagafrumvörp.) Engin samsvarandi skipulögð rannsókn fer fram á lagafrumvörpum þingmanna.

b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Ef ein af nefndum Stórþingsins óskar eftir því að lagafrumvarp eða breytingartillaga séu metin með tilliti til stjórnskipunarlaga o.s.frv. getur hún óskað eftir að viðkomandi ráðuneyti vinni eða láti vinna slíkt mat. Nefndin getur enn fremur, með leyfi forsætisnefndar Stórþingsins, fengið álit frá óháðum aðila með sérfræðiþekkingu (svo sem lagaprófessor eða lagadeild háskóla). Þetta á einnig í einstaka tilvikum við um frumvörp sem dómsmálaráðuneytið hefur þegar lagt sitt mat á.

3. Finnland.

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.

Þegar drög liggja fyrir að stjórnarfrumvarpi er venjulega leitað eftir áliti, m.a nokkurra ráðuneyta, og yfirleitt er í áliti frá dómsmálaráðuneyti gerð athugasemd um hvort lagafrumvarp samræmist stjórnarskipunarlögum ef þörf þykir.

Áður en forseti sendir lagafrumvarp til þingsins til framlagningar getur ríkisstjórnin óskað eftir áliti lagarannsóknarráðsins (Laggranskningsrådet) auk Hæstaréttar og hins æðsta stjórnsýsludómstóls. Eftir svörunum að dæma virðist ástæða þess að óskað er eftir slíku áliti ekki vera stjórnskipunarlegs eðlis heldur hvort frumvarp sé samið í samræmi við almennar réttarreglur.

Í lagarannsóknarráði eiga sæti þrír fulltrúar. Þar af eru tveir dómarar í Hæstarétti og einn frá stjórnsýsludómstólnum. Í Finnlandi starfar ráðið einungis við undirbúning stjórnarfrumvarpa. Finnska þjóðþingið getur ekki snúið sér beint til ráðsins, en þó er síðar hægt að nýta sérfræðiþekkingu ráðsmanna meðan málið er til meðferðar í stjórnarskrárnefndinni, sbr. eftirfarandi.

b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Forseta finnska þjóðþingsins ber að tryggja að frumvarp, sem brýtur í bága við stjórnarskrána og ekki er lagt fram sem frumvarp til stjórnarskipunarlaga (og er ætlað að hljóta meðferð sem slíkt), verði ekki tekið á dagskrá. Hann nýtur aðstoðar stjórnarskrárnefndar þingsins sem er fastanefnd sem í er kjörið með hlutfallskosningu. Reglan er sú að forseti lítur á álit nefndarinnar sem bindandi og hagar gjörðum sínum alltaf í samræmi við afstöðu nefndarinnar.

Finnska þingið eða sú nefnd, sem hefur frumvarpið til meðferðar áður en það kemur til umræðu í þingsalnum, ákveður með atkvæðagreiðslu hvort óska eigi eftir áliti stjórnarskrárnefndar. Sem stendur eru einungis þau þingmannafrumvörp send til stjórnarskrárnefndar sem líklegt þykir að fái afgreiðslu. (Eins og í Svíþjóð fer frumvarpið til meðferðar í nefnd áður en það er tekið til meðferðar í þingsal.)

Sé einhver vafi á að mál samræmist stjórnskipunarlögum kallar stjórnarskrárnefnd til þann embættismann ráðuneytis sem er ábyrgur fyrir samningu frumvarpsins og alla jafna þrjá prófessora í stjórnskipunarrétti auk annarra sérfróðra manna en það ræðst af hverju máli fyrir sig. Þegar um erfið mál er að ræða eru venjulega einnig kölluð til þau hagsmunasamtök eða þeir hópar sem frumvarpið snertir. Það kemur einnig fyrir að stjórnarskrárnefnd kalli til þá sem sitja í lagarannsóknaráðinu, sbr. framangreint.

Það sem nefnt er hér að framan á einnig við um rannsóknir á öðrum atriðum er varða lagafrumvörp. Meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu er það í fyrstu umferð verkefni þeirrar nefndar sem hefur málið að kanna þessi atriði, en í sérstökum tilfellum get-

ur nefndin óskað eftir áliti stjórnarskrárnefndar um almenn sjónarmið (réttarvernd) eða áliti laganefndar (meginreglur varðandi refsirétt og réttarfar).

4. Bretland.

a–b. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram og rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Í Bretlandi er enginn opinber aðili sem rannsakar hvort lagafrumvarp sé í samræmi við almennar réttarreglur áður en það er lagt fram í þingi. Bretland hefur ekki enn formlega stjórnarskrá.

Embættismönnum þingsins ber að kanna hvort lagafrumvarp uppfylli kröfur þingskapa í hvívetna.

Við gerð lagafrumvarpa leitast „Parliamentary Counsel" — sem þrátt fyrir nafnið er stjórnarskrifstofa sem annast frágang allra stjórnarfrumvarpa — við að tryggja að ákvæði frumvarpsins séu í samræmi við almennan stjórnskipunar- og stjórnsýslurétt o.fl. „Parliamentary Counsel" vinnur með sömu markmið í huga að gerð breytingartillagna við þingmannafrumvörp sem hlotið hafa efnislega afgreiðslu eftir 2. umr.

c. Eftirlit sem óháður aðili annast meðan frumvarp er til meðferðar eða eftir að frumvarp hefur verið samþykkt.

Ef í ljós kemur eftir að lög hafa verið samþykkt að ekki er samræmi milli EB-laga og landslaga kveða dómstólar upp úrskurð um málið en þó aðeins á grundvelli þess máls sem lagt er fyrir dómstóla.

5. Þýskaland.

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.

Áður en stjórnarfrumvarp er lagt fram er á vegum dómsmálaráðherra rannsakað hvort frumvarpið er formlega rétt. Í þessu sambandi er ekki aðeins rannsakað hvort frumvarpið sé í samræmi við stjórnskipunarlög heldur einnig hvort það falli að réttarkerfinu í heild. Enn fremur eru könnuð tengsl frumvarps og annarra laga. Auk þess er farið yfir frumvarpið með tilliti til lagatækni o.fl. Vegna tímaskorts er þó venjan sú að dómsmálaráðuneytið beinir athyglinni fyrst og fremst að lagatæknihlið frumvarpsins.

b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Komi upp vafi í Bundestag eða Bundesrat um hvort frumvarp sé í samræmi við stjórnarskipunarlög er hægt að óska eftir áliti dómsmálanefndar viðkomandi þingdeildar.

Þegar þingið hefur samþykkt frumvarp getur forseti sambandslýðveldisins lagt það fyrir stjórnlagadómstólinn (Bundesverfassungsgericht) og það er þáttur í svokallaðri „Organstreit", sbr. hér á eftir.

c. Eftirlit sem óháður aðili annast meðan frumvarp er til meðferðar eða eftir að frumvarp hefur verið samþykkt.

Stjórnlagadómstóllinn getur kannað eftir á hvort fylgt hafi verið forms- og efnisreglum stjórnarskrár og heimildum við setningu og gildistöku laga, alþjóðasáttmála, þingskapa og löggjafar einstakra fylkja.

Falli málið undir hugtakið „Abstrakt Kontrol" getur ríkisstjórnin, fylkisstjórn eða einn þriðji hluti þingmanna sambandsþingsins höfðað mál.

Sé um „Organstreit“ að ræða getur sambandsforseti, ríkisstjórnin, sambandsþingið eða sambandsráðið lagt málið fyrir, svo og einstakir þingmenn eða hópar (svo framarlega sem deilan snýst um að verja réttindi þeirra).

Auk þess geta allir borgarar höfðað mál af þeirri gerð sem nefnist „Verfassungsbeschwerde“.

Stjórnlagadómstólnum er skipt í tvær deildir og í hvorri sitja átta fulltrúar. Helmingur fulltrúanna í hvorri deild er valinn af Bundestag (sambandsþinginu), en hinn helmingurinn af Bundesrat. Þrír fulltrúar í hvorri deild eru valdir úr Hæstarétti (sambandsríkjanna eða fylkja).

Stjórnlagadómstóllinn starfar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

6. Frakkland.

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.

Stjórnarfrumvarp er, áður en það er lagt fram á þingi, lagt fyrir ráð (Conseil d'État) sem rannsakar hvort það er í samræmi við stjórnarskrá og auk þess getur ráðið lagt fram mat á gildi ákvæða frumvarpsins.

Ráðið hefur einnig með höndum verkefni sem líkja má við stjórnlagadómstól eða áfrýjunardómstól og sinnir þannig starfi ráðgjafa ríkisstjórnarinnar. Formlega heyrir ráðið undir dómsmálaráðuneytið en lýtur þó ekki valdi ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórninni ber ekki skylda til að hlíta þeim ályktunum ráðsins sem ekki eru aðgengileg opinberlega.

Ráðið rannsakar hvorki þingmannafrumvörp né breytingartillögur lögfræðilega fyrir fram (hvort sem þær koma frá ríkisstjórn eða þingmönnum).

Ráðið starfar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Samkvæmt hefð ber forsetum þjóðþingsins annars vegar og öldungadeildarinnar hins vegar að tryggja að í lagafrumvörpum séu ekki ákvæði sem brjóta í bága við stjórnarskrána.

c. Eftirlit sem óháður aðili annast meðan frumvarp er til meðferðar eða eftir að frumvarp hefur verið samþykkt.

Lagafrumvarp, sem samþykkt hefur verið á þingi, er hægt að leggja fyrir stjórnlagaráðið (Conseil constitutionel) áður en það staðfest. Þetta gerist sjálfkrafa ef frumvarpið fjallar um breytingar á ákvæðum stjórnarskrár, svo og um þingsköp beggja deilda. Með tilliti til annarra lagafrumvarpa geta forseti, forsætisráðherra, forseti öldungadeildar, forseti þjóðþingsins, 60 þingmenn á þjóðþinginu (af 577) eða 60 þingmenn öldungadeildar (af 321) lagt málið fyrir ráðið.

Stjórnlagaráðið kannar hvort frumvarp sé í samræmi við stjórnarskrá og önnur stjórnlagaákvæði. Úrskurður hennar er bindandi og ekki er hægt að áfrýja honum til annars dómstóls.

Af níu fulltrúum ráðsins velja forseti lýðveldisins og forsetar deildanna tveggja þrjá fulltrúa hver. Forseti lýðveldisins velur formann ráðsins. Fulltrúarnir eru valdir til níu ára og verða ekki endurskipaðir.

Stjórnlagaráðið starfar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

III. RANNSÓKNIR Í DANMÖRKU Á SAMRÆMI LAGAFRUMVARPS VIÐ STJÓRNARSKRÁ OG RÉTTARFAR ALMENNT

Til samanburðar verður hér lýst því fyrirkomulagi sem er í Danmörku og auk þess fjallað um hugleiðingar um stofnun lagaráðs í sambandi við setningu nýrrar stjórnarskrár árið 1953.

1. Fyrirkomulagið í Danmörku.

a. Rannsóknir gerðar áður en frumvarp er lagt fram.

Lagadeild dómsmálaráðuneytis, sem stofnuð var 1958, fer yfir stjórnarfrumvörp.

Embættismenn þjóðþingsins á nefndaskrifstofu og lagaskrifstofu aðstoða og leiðbeina við samningu þingmannafrumvarpa. Þetta á einnig við um leiðbeiningar í málum er varða stjórnarskipun.

b. Rannsóknir gerðar af þingi eða ríkisstjórn meðan frumvarp er til meðferðar í þinginu.

Komist forseti þingsins að því, að höfðu samráði við þingskapanefndina, að frumvarp brjóti í bága við stjórnarskrá leggur hann til við þingið að málinu verði vísað frá. Greidd eru atkvæði umræðulaust. Við úrskurð í málum sem þessum nýtur forseti aðstoðar embættismanna frá lagaskrifstofu þingsins og nefndadeild, en auk þess hafa mál af þessu tagi verið rædd við starfsmenn dómsmálaráðuneytisins.

Nefndir þingsins fara líka stundum fram á rannsókn á því hvort lagafrumvarp eða breytingartillaga sé í samræmi við stjórnarskrá. Þetta gerist venjulega með þeim hætti að spurningum er beint til viðkomandi ráðherra eða dómsmálaráðherra.

c. Eftirlit sem óháður aðili annast meðan frumvarp er til meðferðar eða eftir að frumvarp hefur verið samþykkt.

Í Danmörku hefur ekki verið komið á fót óháðri stofnun sem á bindandi hátt getur fjallað um mál sem aðilar að löggjafarstarfinu hafa vakið máls á við meðferð lagafrumvarpa. Hins vegar er litið svo á að almennir dómstólar séu hæfir til að skera úr um hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrá. Slíks úrskurðar verður þó ekki leitað á stjórnmálalegum eða fræðilegum grunni heldur við úrlausn venjulegs dómsmáls.

2. Umræður í Danmörku árið 1953 við setningu nýrrar stjórnarskrár.

Einhugur sá er ríkti um að leggja ætti landsþingið niður varð til þess árið 1946 að umræður hófust í stjórnarskrárnefndinni um þörfina á nýjum stofnunum eða starfsreglum til að tryggja vandaða lagameðferð í þjóðþinginu. Í þessu sambandi var skoðað hvort stofna ætti sérstakt „Lovråd“ (lagaráð) tengt þjóðþinginu til að fara yfir lagafrumvörp eftir að þau hefðu verið til umræðu í nefndum, sbr. athugasemdir við stjórnarskrárfrumvarpið í Rigsdagstidende 1952–53, 1. hefti, viðauka A, dálki 3559. Ekki er þess getið í skýrslu stjórnarskrárnefndarinnar hvernig slíkt ráð skyldi skipað. Umfjöllun gæti þó bent til þess að átt væri við nefnd sem í væru þingmenn sem nytu lögfræðilegrar aðstoðar. Stjórnarskrárnefndin var þó þeirrar skoðunar að þingið ætti að „kveða nánar á um reglur um eftirlit sem tryggja ætti að lagafrumvörp yrðu sem skýrust og byggð á traustum lögfræðilegum grunni“. Forsætisráðherra gerði um þetta athugasemd þegar stjórnarskrárfrumvarpið var lagt fram, sbr. Rigsdagstidende 1952–53, 1. hefti, umræður, dálk 2017. Hann sagði að sérfróðir menn hefðu bent á að efnisleg og formleg yfirferð mála, sem fara átti fram í lagaráði, „gæti allt eins farið fram í nefndum þingsins og væri það jafn-

vel betra. Þingmenn í stjórnarskrárnefndinni sáu hættuna á því að slík nefnd gæti fest í sessi sem einhvers konar yfirþing eða tekið á sig ábyrgð sem ríkisstjórnin ætti að bera gagnvart þinginu.“

Í staðinn fyrir lagaráð lagði stjórnarskrárnefndin til að í stjórnarskránni skyldi vera grein er orðaðist svo: „Þjóðþingið lætur í té nauðsynlega lögfræðilega aðstoð við meðferð lagafrumvarpa og ályktunartillagna. Nánari reglur skulu settar í þingsköpum.“ Þetta ákvæði féll þó brott við meðferð í landsþinginu, því þótti ofaukið, en eins og fram kemur í Juridisk Grundbog, 2. bindi, bls. 104, urðu þó sjónarmið þau, sem lágu að baki ákvæðinu, til þess að efla skrifstofu þjóðþingsins á seinni hluta 6. áratugarins.

IV. AÐSTOÐ VIÐ ÞINGMENN VIÐ SAMNINGU LAGAFRUMVARPA OG BREYTINGARTILLAGNA

Eftirfarandi er byggt á þeim svörum sem bárust:

1. Svíþjóð.

Þingmenn sænska þingsins geta fengið aðstoð við samningu lagafrumvarpa í upplýsinga- og rannsóknadeild þingsins. Auk þess geta embættismenn nefndanna aðstoðað að einhverju leyti, en framlag þeirra kemur þó vanalega til þegar meðferð málsins er komin vel á veg, þ.e. þegar frumvörp þingmanna eða þingsályktunartillögur eru komnar til meðferðar í nefndunum. Loks eru þingflokkar með skrifstofur þar sem starfa m.a. lögfræðingar sem aðstoða við samningu frumvarpa. Þar við bætist möguleiki á aðstoð utan þingsins, t.d. hjá ýmsum samtökum.

Venjulega eru þeir fáir sem hægt er að leita til við samningu yfirgripsmikilla lagafrumvarpa, en auðvelt er að verða við beiðni um aðstoð við minni háttar breytingar á lögum eða gerð breytingartillagna.

Ef um er að ræða nýja löggjöf eða yfirgripsmiklar breytingar á lagafrumvarpi láta flutningsmenn sér oft nægja að gera grein fyrir ástæðum er liggja að baki flutningi frumvarpsins og markmiðum með því. Varðandi lagatexta er annaðhvort farið fram á að nefndin semji hann eða að þingið álykti að fela ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp í samræmi við hugmyndir er fram koma í þingsályktunartillögu. Í slíkum dæmum er sjaldgæft að nefndaskrifstofur fullvinni lagatexta ef ekki er útlit fyrir að þingið muni samþykkja frumvarpið.

2. Noregur.

Þingmenn fá nær eingöngu aðstoð á skrifstofum þingflokka við samningu þingmannafrumvarpa, en þeir geta að einhverju leyti leitað aðstoðar hjá einstaklingum eða stofnunum utan þingsins. Þingflokkaskrifstofurnar safna gögnum og aðstoða við gerð breytingartillagna við stjórnarfrumvörp. Í einhverjum tilvikum veitir skrifstofa þingsins aðstoð og á þetta einkum við um lagafrumvörp sem varða þingið.

Ef nefnd, sem hefur stjórnarfrumvarp til meðferðar, vill gera breytingartillögu við það er venjan sú að safna gögnum um málið og fá lagatæknilega aðstoð í viðkomandi ráðuneyti. Að vissu leyti á þetta einnig við um breytingartillögur sem minni hluti nefndarinnar vill gera.

Nefndaritarar veita nefndunum eða einstökum nefndahlutum mikla aðstoð við að safna upplýsingum og þeir veita einnig einhverja lagalega aðstoð, mismikla eftir menntun starfsmannanna.

Sú athugun, sem gerð er á skrifstofu þingsins á öllum nefndarálitum áður en þau eru prentuð, felur m.a. í sér takmarkaða lagatæknilega yfirferð.

3. Finnland.

Hugmyndir og upprunalegur texti þingmannafrumvarps geta orðið til í nefndavinnu innan stjórnsýslunnar, hjá hagsmunasamtökum, í sveitarstjórn eða hjá einstaklingi eða þingmanni.

Þingmannafrumvörp eru almennt fullunnin á skrifstofum flokkanna eftir fyrirmælum þingmanns eða þingflokks, óháð því hvaðan upprunalegi grunnurinn að frumvarpinu er kominn. Þar er starfsfólkið flest lögfræðimenntað. Á lokavinnslustigi er lögð sérstök áhersla á lagatæknilega hlið texta frumvarpsins. Að einhverju leyti er líka um könnun að ræða á efni frumvarpa. Í raun er samvinna milli skrifstofa flokkanna og skrifstofu þingsins. Þegar vafamál rísa leita starfsmenn flokkaskrifstofa til embættismanna.

Þegar þingmannafrumvarp hefur verið afhent skrifstofu þingsins er farið yfir lagatæknihlið frumvarpsins og í því sambandi einnig hvers konar meðferð frumvarpið skal sæta.

4. Bretland.

a. House of Commons.

Þingmannafrumvörp eru fyrst og fremst á ábyrgð viðkomandi þingmanna, en þó er mögulegt að leita eftir aðstoð stofnana utan þingsins og á lögmannastofum (lögmannastofum sem bjóðast til að vinna drög að lagafrumvörpum). Auk þess býður ríkisstjórn þingmönnum stjórnarflokksins víðtækari aðstoð í formi upplýsinga og annars konar aðstoð við gerð minni háttar lagafrumvarpa sem ekki komast fyrir á dagskrá ríkisstjórnar. Auk þess eru sex fulltrúar á skrifstofu þingsins sem veita ríkisstjórn og stjórnarandstöðu lögfræðilega ráðgjöf og öllum einstökum þingmönnum. Embættismenn fara yfir öll lagafrumvörp og breytingartillögur áður en þau eru lögð fram til að tryggja að þau séu í samræmi við þingsköp. Embættismenn veita einnig þingmönnum aðstoð við vinnslu lagafrumvarpa og breytingartillagna. Ef útlit er fyrir að þessi frumvörp verði samþykkt eru embættismenn á lagaskrifstofu ríkisstjórnar (Parliamentary Counsel) mönnum einnig innan handar og ráðherrar leggja til breytingar samkvæmt ráðum frá þeim.

b. House of Lords.

Samningu á lagafrumvörpum og ályktunartillögum annast þingmenn eða sérfræðingar sem flokkurinn hefur ráðið eða „þrýstihópar“ utan þingsins sem þingmaður leitar til. Auk þess veita aðstoð þrír fulltrúar á skrifstofu.

5. Þýskaland.

a. Bundestag.

Samkvæmt þýskum stjórnskipunarrétti geta einungis „Bundestags midte“ lagt fram frumvörp en ekki einstakir þingmenn. Með „Bundestags midte“ er átt við hóp þingmanna (óháð þingflokkum), ekki minni en 5% þingmanna.

Við samningu frumvarpa má leita eftir aðstoð ríkisstjórnarinnar eða ráðuneytis en ekki er þeim skylt að veita aðstoð, t.d. faglega eða ritstjórnarlega. Þingmenn leita því eftir aðstoð hjá eigin starfsmönnum eða starfsmönnum þingflokka eða til sérfræðiþjónustu á skrifstofu þingsins.

b. Bundesrat.

Sérhver þingmaður í Bundesrat stýrir sínu ráðuneyti í eigin fylki og hefur þar af leiðandi aðgang að allri tæknilegri og lögfræðilegri aðstoð við samningu lagafrumvarpa í eigin ráðuneyti, þ.e. hjá embættismönnum fylkisstjórnarinnar.

6. Frakkland.

Embættismenn þjóðþingsins veita þingmönnum aðstoð. Þeir eru til taks fyrir þingmenn við öll verkefni sem varða þingstörf og auk þess aðstoðar starfsfólk á skrifstofum flokkanna og aðrir starfsmenn.

V. AÐSTOÐ VIÐ DANSKA ÞINGMENN VIÐ SAMNINGU LAGAFRUMVARPA OG BREYTINGARTILLAGNA

Til samanburðar er fjallað um aðstæður í Danmörku:

Þingmenn geta leitað eftir aðstoð við samningu lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna og breytingartillagna hjá embættismönnum í nefndum þingsins og þeir geta enn fremur leitað ráða hjá lagaskrifstofunni og í sumum dæmum í ráðuneytum. Á bókasafni og upplýsinga- og rannsóknadeild geta þingmenn fengið aðstoð við söfnun þeirra upplýsinga sem þarf við samningu frumvarpsins. Auk þess veita starfsmenn á skrifstofum þingflokkanna aðstoð og ritarar þingmanna. Þingmönnum er einnig gert kleift að leita eftir upplýsingum og aðstoð sérfróðra manna utan þings í gegnum þingflokkana og með sérfræðifé þeirra.

756. Nefndarálit [439. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti nefndarinnar er fylgjandi því að gripið sé til nauðsynlegra aðgerða til að styrkja stöðu Landsbankans og tryggja með óyggjandi hætti að hann standist allar þær kröfur sem til hans eru gerðar. Er hér bæði átt við hlutverk hans sem stærsta og langmikilvægasta viðskiptabanka atvinnuveganna í landinu, sérstaklega sjávarútvegsins, en einnig hinar nýju alþjóðlegu viðmiðunarreglur um eiginfjárhlutfall lánastofnana (BIS-reglur).

Legið hefur fyrir um nokkurt skeið að staða Landsbankans væri tæp í þessu sambandi. Fátt hefði því átt að koma á óvart í þessu efni og má minna á athugasemdir bankaeftirlitsins undanfarin ár, svo og upplýsingar um eiginfjárhlutfall bankans þegar svonefndar BIS-reglur voru lögfestar á sl. ári. Tæpt eiginfjárhlutfall Landsbankans með tilliti til þess hlutverks sem hann hefur í íslenska bankaheiminum, svo og tilkoma BIS-reglnanna, er því ekkert sem er að koma til sögunnar nú. Á hinn bóginn má benda á að staða bankans um þessar mundir er að ýmsu leyti góð. Þannig er lausafjárstaðan ein sú besta í langan tíma og bankinn hefur ekki þurft að greiða Seðlabanka refsivexti upp á síðkastið eins og áður tíðkaðist.

Það sem hefur breyst til hins verra, og það svo um munar, eru hinar almennu aðstæður í efnahags- og atvinnulífi landsmanna. Bankinn deilir að sjálfsögðu kjörum með fyrirtækjum og heimilum í landinu hvað afkomu snertir og vaxandi erfiðleikar og áföll í atvinnulífinu og hjá heimilunum endurspeglast í stóraukinni afskriftarþörf bankanna.

Minni hluti nefndarinnar telur hins vegar aðferðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli stórlega ámælisverðar. Verulega skortir á að undirbúningur málsins hafi verið með þeim hætti sem skyldi í svo vandasömu og viðamiklu máli. Þannig er ýmislegt óljóst um útfærslu aðgerðanna, áhrif þeirra á innbyrðis samkeppnisstöðu lánastofnana og á orðstír bankakerfisins inn á við sem út á við. Athuga hefði þurft mun betur en gert hefur verið þær leiðir sem til greina koma í þessu sambandi. Annars staðar á Norðurlöndum hefur yfirleitt verið valin sú leið að ríkið hefur yfirtekið hluta af ótryggustu útlánum eða eignum bankanna og síðan séð um að koma þeim í verð eftir atvikum. Ríkið eða sjóðir á þess vegum taka þannig að sér hluta þeirra verkefna sem annars hefðu kallað á aukna afskriftarþörf bankanna. Þessa aðferð hefði að mati minni hlutans átt að skoða betur. Einnig hefur verið nefndur sá möguleiki að fjársterkir sjóðir yrðu sameinaðir bankanum og efnahagur hans þannig styrktur. Því fer fjarri að það hafi verið skoðað til fulls hvort ekki hefði verið réttara að fara a.m.k. að hluta til slíkar leiðir hér.

Sú leið, sem ríkisstjórnin hyggst fara, hefur það í för með sér að færa verður geysiháar fjárhæðir gegnum rekstrarreikning bankans yfir í afskriftarreikning útlána og gera bankann upp að sama skapi með miklu rekstrartapi. Slíkt tap er að sjálfsögðu afar óheppileg útkoma fyrir bankann til að sýna út á við sem inn á við.

Verst er þó það óðagot og hræðsluástand sem ríkisstjórnin skapaði sl. þriðjudag með flausturslegum vinnubrögðum. Enga brýna nauðsyn bar til þeirra taugaveiklunarlegu viðbragða og atburða sem urðu þennan eftirmiðdag. Því miður er næsta víst að þetta moldviðri hefur skaðað orðstír landsins út á við og getur orðið til þess að veikja lánstraust og gera lánskjör landsmanna erlendis óhagstæðari.

Minni hlutinn telur að rétt sé að gera ákveðnar breytingar á frumvarpinu og eru fluttar um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali og vísast til þess. Helstu atriði breytingartillagnanna eru annars þessi:

1. Lagt er til að í 1. gr. verði skýrt tekið fram að hluti af þeim 2 milljarða kr. stuðningi, sem Landsbankinn fær frá eiganda sínum, ríkinu, geti komið til gegnum yfirtöku ríkisins á útlánum eða eignum bankans sem leiðir til þess að staða hans styrkist.

2. Í öðru lagi verði teknar strax upp rýmri heimildir banka og sparisjóða til að yfirtaka eignir og taka þátt í rekstri, sem annars er ekki á þeirra verksviði, til að gæta hagsmuna sinna þegar svo ber undir, sbr. 45. gr. fyrirliggjandi frumvarps um viðskiptabanka.

3. Þá eru fluttar tillögur um breytingar á 3. og 5. gr. frumvarpsins sem fela það í sér að um leið og hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er breytt og honum er heimilað að veita víkjandi lán til að aðstoða banka sem eiga í erfiðleikum er gert skýrt að til þurfi að koma samþykki ráðherra og Alþingis. Ákvæðum 5. gr. er breytt í samræmi við þetta í það horf að veitt er heimild til að ábyrgjast lántöku Tryggingarsjóðsins allt að 1 milljarði kr. sem er sú upphæð sem ákveðið hefur verið að veita Landsbankanum nú.

4. Þá er loks lagt til að 6. gr. frumvarpsins falli brott. Engin ástæða er til að lögbinda ákvæði um slíka samningagerð. Ákvæði frumvarpsins eru í formi heimilda og ráðherrar hafa því öll tök á að tryggja, m.a. með samningum eftir því sem þurfa þykir, að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar samfara veittri aðstoð. Ekki verður séð að ástæða sé til að setja upp eitthvert viðbótareftirlit eða tilsjón umfram það sem þegar er heimilt samkvæmt lögum.

Minni hlutinn mun styðja þær greinar frumvarpsins sem lúta beint að aðstoðinni við Landsbankann, eins þótt breytingartillögur minni hlutans varðandi þetta atriði nái ekki fram að ganga. Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu þeirra náist breytingarnar ekki fram og þá einnig við afgreiðslu frumvarpsins í heild.

Alþingi, 18. mars 1993.

Steingrímur J. Sigfússon.

757. Nefndarálit [439. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Finn Sveinbjörnsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Halldór Guðbjarnason, bankastjóra Landsbanka Íslands, Árna Tómasson, löggiltan endurskoðanda Landsbanka Íslands, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Sigurð Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða, Stefán Pálsson, bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, Val Valsson, bankastjóra Íslandsbanka, Jóhannes Nordal og Birgi Ísleif Gunnarsson, bankastjóra Seðlabanka Íslands.

Nefndin hefur haldið þrjá fundi um þetta mál og reynt að hraða störfum sínum eins og unnt er til að flýta þessu brýna máli. Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um þrenns konar aðgerðir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana og traust á þeim og fellst meiri hluti nefndarinnar á nauðsyn þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða fjárhagsstuðning ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, í öðru lagi breytingu á hlutverki Tryggingarsjóðs viðskiptabanka þannig að hann geti, líkt og Tryggingarsjóður sparisjóða, veitt lán til að efla eiginfjárstöðu bankanna og í þriðja lagi heimild fyrir ríkisábyrgð á lántökum tryggingarsjóðanna tveggja í því skyni að veita víkjandi lán til innlánsstofnana. Meiri hluti nefndarinnar bendir á nokkur atriði varðandi frumvarpið:

Hlutverk tryggingarsjóða viðskiptabanka og sparisjóða breytist með þessum lögum og er því brýnt að flýta endurskoðun ákvæða um sjóðina. Fram kom af hálfu forráðamanna bankanna að skoða þyrfti samsetningu stjórnar sjóðsins með tilliti til hins breytta hlutverks. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laga um tryggingarsjóði viðskiptabanka og sparisjóða og mun taka það mál til meðferðar við umfjöllun nefndarinnar á frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Meiri hluti nefndarinnar telur að komi til frekari lánveitinga í samræmi við 5. gr. frumvarpsins sé eðlilegt að hafa samráð um það við efnahags- og viðskiptanefnd.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. telur meiri hluti nefndarinnar að ekki sé nauðsynlegt að setja á stofn nýjan eftirlitsaðila.

Að gefnu tilefni vill meiri hluti nefndarinnar benda á nýtt frumvarp um viðskiptabanka og sparisjóði sem nú er til umfjöllunar í nefndinni en þar eru m.a. ákvæði sem snúa að því að veita viðskiptabönkum og sparisjóðum ótvíræðari lagaheimildir en nú gilda til

þess að tryggja viðskiptahagsmuni sína með þátttöku í starfsemi fyrirtækja. Nefndin mun leggja áherslu á að hraða meðferð þess.

Alþingi, 18. mars 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Guðjón Guðmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.
Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.		Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.

758. Breytingartillögur [439. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS).

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „jafngildum hætti“ í fyrri málslið 1. gr. komi: svo sem með yfirtöku eigna eða útlána sem bæti stöðu bankans.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   29. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, orðast svo:
   Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.
   Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 26.–28. gr. ef slík þátttaka er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð og sé liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu.
3. 3. gr. orðist svo:
   Í stað 1. mgr. 51. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hlutverk hans er annars vegar að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. og hins vegar að veita viðskiptabanka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Áður en stjórn sjóðsins ákveður að veita víkjandi lán úr sjóðnum skal hún leita samþykkis viðskiptaráðherra og Alþingis.
   Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr.
5. Við 6. gr. Greinin falli brott.

759. Fyrirspurn [442. mál]

til menntamálaráðherra um einsetna skóla.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvaða grunnskólar í landinu eru nú einsetnir?

Skriflegt svar óskast.

760. Fyrirspurn [443. mál]

til menntamálaráðherra um skólamáltíðir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur völ á skólamáltíðum?

Skriflegt svar óskast.

761. Frumvarp til laga [42. mál]

um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings.

2. gr.

Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar sem varða umhverfi og náttúruauðlindir. Enn fremur er átt við upplýsingar um starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á fyrrgreind atriði.

3. gr.

Einstaklingur eða lögaðili, sem óskar upplýsinga um umhverfismál, skal senda skriflega beiðni til viðkomandi stjórnvalds þar sem greint skal með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er og annað er máli skiptir.

Stjórnvald, sem í hlut á, skal afgreiða beiðni innan fjögurra vikna frá móttökudegi.

4. gr.

Áður en veittar eru upplýsingar samkvæmt lögum þessum er varða mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja eða sem varða einkahagi manna skal leita álits viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings.

5. gr.

Grundvallarmarkmið laga þessara, sbr. 1. gr., er að tryggja rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál en þó er heimilt að synja beiðni um slíkar upplýsingar, að öllu leyti eða hluta, ef rökstudd ástæða er til að ætla að upplýsingagjöfin geti haft skaðleg áhrif á:

a. öryggi ríkisins,
b. alþjóðasamskipti,
c. mál sem eru í rannsókn eða á undirbúningsstigi,
d. mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja, að meðtöldum hugverkarétti,
e. einkahagi manna,
f. umhverfisvernd.

Heimilt er að synja beiðni um upplýsingar sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Skylt er stjórnvaldi að rökstyðja synjun skv. 1. og 2. mgr.

6. gr.

Heimilt er að kæra ákvörðun um synjun á aðgangi að upplýsingum til hlutaðeigandi ráðherra innan sex vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt ákvörðunin.

Áður en ráðherra úrskurðar skv. 1. mgr. skal gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum að.

7. gr.

Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi en talið er rétt að afla og láta í té og er þá stjórnvaldi, sem í hlut á, heimilt að taka sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir slíka þjónustu.

Stjórnvald skal gera þeim er upplýsinga óskar grein fyrir því gjaldi sem viðkomandi getur þurft að greiða.

8. gr.

Stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skulu halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um umhverfismál og umhverfisvernd og tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar almenningi.

9. gr.

Umhverfisráðherra skal árlega birta opinberlega skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi.

Enn fremur skulu stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála að því leyti sem þær snerta almannahagsmuni.

10. gr.

Heimilt er umhverfisráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd á lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

762. Breytingartillögur [273. mál]

við frv. til hjúskaparlaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (AÓB, KHG).

1. Við 40. gr. Niðurlag síðari málsliðar 1. mgr., „enda sé verknaður framinn af ásettu ráði“ o.s.frv., falli brott.
2. Við 54. gr. Við fyrri málslið bætist: og skal skrá hana á nöfn beggja hjóna.

763. Lög [439. mál]

um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 740.

764. Lög [42. mál]

um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 761.

765. Lög [239. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 308.

766. Lög [261. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986 og lög nr. 25/1990.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 342.

767. Lög [297. mál]

um Skálholtsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 462.

768. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til hjúskaparlaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á tveimur þingum og fjallað ítarlega um það. Minni hluti nefndarinnar styður þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu á milli þinga, svo og breytingartillögur meiri hlutans, en þar er nánast eingöngu um minni háttar lagfæringar að ræða. Minni hlutinn styður efni frumvarpsins í meginatriðum en flytur breytingartillögu við tvær greinar frumvarpsins.

Eðlilegt verður að telja að steypa lögum nr. 60/1972 og nr. 20/1923 saman í einn bálk og sömuleiðis að fella inn í hann lög nr. 39/1992 er einkum vörðuðu breytingar á ákvæðum laga um hjúskap vegna þeirrar stjórnkerfisbreytingar sem gerð var á sl. ári.

Fyrri breytingartillaga minni hlutans er við 40. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 1. mgr. greinarinnar endi á orðunum „krafist lögskilnaðar“ og niðurlag málsgreinarinnar falli brott. Þar er leitast við að skilgreina hvers konar ofbeldi telst nógu alvarlegt til að heim-

ila lögskilnað án tafa. Ofbeldi er alltaf alvarlegt og því er slík flokkun óþörf og óæskileg. Í skýringum við greinina stendur m.a.: „Um líkamsárás er hér miðað við að hún sé allalvarleg . . .“ Enn fremur segir: „Minni háttar líkamsmeiðingar falla utan marka ákvæðisins.“ Flokkun ofbeldis í „minni háttar“ og „meiri háttar“ er bæði erfitt matsatriði og gæti vakið þá hugsun að stundum sé ofbeldi ekkert sérlega alvarlegt. Undir slíkt getur minni hlutinn engan veginn tekið. Hins vegar styður minni hlutinn þá breytingu, sem gerð hefur verið á frumvarpinu frá upprunalegri gerð þess, að taka sérstaklega fram að í 40. gr. sé bæði átt við kynferðislegt ofbeldi og annað ofbeldi.

Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu, m.a. er varða sameiginlega ábyrgð hjóna á heimilishaldi, eignum og skuldbindingum. Þau styður minni hlutinn en telur of skammt gengið. Rétt hefði verið að kveða á um samráð hjóna hvað varðar aðrar fjárhagslegar skuldbindingar en veðsetningu eigna þeirra, sbr. 61. og 62. gr. frumvarpsins. Um það náðist hins vegar ekki samstaða í nefndinni. Verði þetta frumvarp að lögum óbreytt mun það t.d. merkja að ef annað hjóna er skráð fyrir fasteign getur það tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar, svo sem með því að skrifa upp á lán, án vitundar eða samþykkis hins. Kröfuhafar geta gengið að eigninni til greiðslu slíkrar skuldar án þess að það hjóna, sem ekki er skráð fyrir fasteigninni, geti rönd við reist. Þetta er óbreytt frá núgildandi lögum en minni hluti allsherjarnefndar telur það allsendis óviðunandi að annað hjóna geti skert hjúskapareign hins með því að gangast í ábyrgð fyrir aðra. Fram kom hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytis o.fl. að ákvæði 59. gr. frumvarpsins um tilhlýðilega meðferð á hjúskapareign gerðu slíkt athæfi ekki ólöglegt. Minni hluti allsherjarnefndar ákvað að fara þá leið að flytja breytingartillögu við 54. gr. laga til að tryggja að hjón væru bæði skrifuð fyrir allri hjúskapareign þannig að annað þeirra gæti aldrei ráðstafað meiru en sínum helmingi hjúskapareignar. Tillagan er á þskj. 762 (2. liður). Minni hlutinn leggur til að greinin orðist svo: „Eign maka verður hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars *og skal skrá hana á nöfn beggja.* Á þetta við um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða öðlast síðar og gegnir einu með hverjum hætti eignar er aflað að lögum.“

Í umræðum um frumvarpið í allsherjarnefnd komu upp nokkur álitamál en minni hlutinn lætur að sinni nægja að flytja þær tvær breytingartillögur sem á undan eru nefndar. Reynslan mun án efa skera úr um hvernig lögin reynast, bæði þau nýmæli sem í þeim er að finna og eldri ákvæði sem misjafnlega vel hefur gengið að framfylgja.

Alþingi, 19. mars 1993.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, frsm. Kristinn H. Gunnarsson.

769. Svar [400. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu mikið fækkaði umsóknum um námslán fyrir veturinn 1992–1993 miðað við veturinn 1991–1992,*

a. *til náms erlendis,*
b. *til náms á Íslandi?*

2. *Hversu mikið fækkaði umsóknum um námslán milli skólaáranna 1991–1992 og 1992–1993,*
a. *frá konum,*
b. *frá körlum?*
3. *Í hvaða námsgreinum má greina mesta fækkun lánsumsókna?*

Þróun lánþegafjölda LÍN

Fækkun milli skólaáranna 1991–1992 og 1992–1993.

Sambærilegar tölur eru ekki tiltækar um tölu umsækjenda hjá LÍN vegna skólaáranna 1991–1992 og 1992–1993. Ástæðan er sú að litið var á alla sem voru á námslánum skólaárið 1990–1991 sem umsækjendur á næsta skólaári, þ.e. 1991–1992. Margt af því fólki hætti af eðlilegum ástæðum sem lánþegar, þ.e. fólk sem lauk námi.

Eina leiðin til þess að svara fyrirspurninni er að bera saman tölu lánþega LÍN á skólaárinu 1991–1992 og tölu gildra umsókna á yfirstandandi skólaári. Ljóst er þó að allir sem eiga gilda umsókn nú verða ekki lánþegar sjóðsins, m.a. vegna hárra tekna eða að menn hafi hætt við að hefja nám.

Samanburður, sem gerður er á meðfylgjandi fylgiskjali samkvæmt framansögðu, leiðir eftirfarandi í ljós:

Fækkun milli skólaára:

	Konur	Karlar
Námsmenn á Íslandi	221	74
Námsmenn erlendis	100	97
Samtals	**321**	**174**

Samtals þýðir þetta fækkun um 495 manns. Eins og áður segir má gera ráð fyrir að lánþegum fækki meira en þetta þegar úthlutun er lokið á námsárinu, sbr. fyrrgreindar forsendur samanburðarins. Áður hafa starfsmenn LÍN áætlað að lánþegum sjóðsins muni fækka um nálægt 700 milli fyrrnefndra skólaára. Líklegt er að fækkunin verði ívið meiri, en raunveruleg niðurstaða þessa samanburðar liggur ekki fyrir fyrr en í sumar eða haust.

Athugun hefur einnig verið gerð á sömu forsendum á því hversu margir námsmenn taka lán í fyrsta sinn (lánþegar 1991–1992 og umsækjendur 1992–1993). Niðurstaðan er sem hér segir:

	1991–1992	1992–1993	Fækkun
Konur:			
Námsmenn á Íslandi	890	829	61
Námsmenn erlendis	203	148	55
Karlar:			
Námsmenn á Íslandi	1.057	917	140
Námsmenn erlendis	193	148	45

Varðandi breytingar á fjölda umsókna eftir námsgreinum skulu hér tilgreindar nokkrar fjölmennar námsgreinar sem má greina mesta fækkun í milli námsáranna 1991–1992 og 1992–1993:

	1991–1992	1992–1993	Fækkun
Viðskiptafræði	564	514	50
Hjúkrunarfræði	325	300	25
Kennaranám	301	271	30

Hins vegar eru dæmi um námsgreinar þar sem nemendum fjölgar milli námsáranna 1991–1992 og 1992–1993:

	1991–1992	1992–1993	Fjölgun
Sálarfræði	193	247	54
Stjórnmálafræði	127	142	15
Sjúkraþjálfun	63	83	20

Frekari dæmi um fækkun í einstökum námsgreinum eða fjölgun koma fram á hjálögðu fylgiskjali.

Nokkrar vísbendingar um ástæður fækkunar lánþega LÍN

Stórfelld fjölgun lánþega LÍN átti sér stað síðustu ár. Til marks um það hve þessi sveifla var mikil og snögg má benda á að námsmönnum hér á landi, sem fengu aðstoð sjóðsins, fjölgaði á þremur árum frá skólaárinu 1988–1989 til og með skólaárinu 1991–1992 um 2.735 manns eða 69% á þremur árum.

Þrennt einkennir öðru fremur þessa miklu fjölgun síðustu ár:

Í fyrsta lagi átti þessi þróun sér stað nær einvörðungu vegna námsmanna á Íslandi.

Í öðru lagi fjölgaði námsmönnum með börn á framfæri og einnig konum hlutfallslega mikið.

Í þriðja lagi er ljóst að margt fólk hóf nám að nýju á þessum árum eftir lengra eða skemmra námshlé.

Ljóst er að mikilvæg ástæða fyrir fækkun lánþega LÍN er sú að margir af þeim sem hófu nám þegar framangreind fjölgunarsveifla átti sér stað hafa lokið námi. Ekki var hægt að búast við að slík aukning héldi áfram og ætti sér stað til frambúðar. Eðli málsins samkvæmt hlaut að draga úr aukningu án þess að til kæmu breytingar á reglum sjóðsins.

Námsmönnum með börn á framfæri fækkaði þá eðlilega hlutfallslega meira en einstaklingum þar sem fjölgun lánþega á sínum tíma átti að miklu leyti rætur að rekja til þessa hóps. Þetta á bæði við um einstæða foreldra og sambúðarfólk með börn á framfæri.

Síðar kann að vera hægt að færa rök fyrir því að fækkun lánþega LÍN megi að einhverju leyti rekja til breyttra laga og reglna um sjóðinn. Um slíkt er einfaldlega ekki hægt að fullyrða að svo komnu máli ef tiltækar upplýsingar eru hafðar að leiðarljósi.

Fylgiskjal.

Þar sem allir lánþegar námsárið 1990–1991 voru sjálfkrafa umsækjendur á námsárinu 1991 eru ekki til sambærilegar tölur um fjölda umsækjenda milli námsáranna 1991–1992 og 1992–1993. Það sem er hins vegar hægt að gera er að bera saman lánþega 1991–1992 og gildar umsóknir 1992–1993.

Ljóst er að allir, sem eru með gildar umsóknir í dag, námsárið 1992–1993, koma ekki til með að verða lánþegar. Ástæður þess eru einkum tvær. Námsmenn sækja um án þess að hefja nám eða námsmenn skila ekki tilskildum árangri. Samkvæmt ársskýrslum síðustu ára liggur þetta hlutfall á milli 85–90% samkvæmt þeim reglum sem þá giltu. Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda kvenna og karla á Íslandi og erlendis fyrir þessi tvö námsár.

	Konur	Karlar	Samtals
Námsárið 1991–1992:			
Erlendis	1.077	1.377	2.454
Ísland	2.898	2.823	5.721
Námsárið 1992–1993:			
Erlendis	977	1.280	2.257
Ísland	2.677	2.749	5.426

Ef sömu aðferð er beitt við val úrtaks og að ofan og athugað í hvaða greinum greina má mesta fækkun milli þessara námsára fæst eftirfarandi:

Námsgrein	1991–1992	1992–1993	Fækkun
Byggingartæknifræði	69	63	6
Búfræði	41	36	5
Fatahönnun	35	27	8
Fataiðn	24	19	5
Fjölmiðlun	86	65	21
Flugnám	28	9	19
Flugrafeindavirkjun	25	14	9
Franska	52	36	18
Fóstrunám	176	163	13
Förðun	22	7	15
Garðyrkja	27	12	15
Grafík	24	15	9
Hjúkrunarfræði	325	300	25
Hljóðfærakennaranám	23	4	12
Hárgreiðsla	72	51	21
Hótelstjórnun	36	27	9
Húsasmíði	62	43	19
Iðnaðartæknifræði	67	57	10
Kennaranám	301	271	30
Kvikmyndafræði	9	6	3
Leikhúsfræði	12	9	3
Líffræði	148	138	10
Markaðsfræði	65	46	19
Múrsmíði	22	15	7
Námsráðgjöf	11	2	9
Prentsmíði	27	21	6
Rafeindavirkjun	138	95	43
Sagnfræði	113	97	16
Skipstjórn	98	71	27

Uppeldis- og kennslufræði	32	19	13
Viðskiptafræði	564	514	50

Nokkur dæmi um námsgreinar sem hefur fjölgað í:

Námsgrein	1991–1992	1992–1993	Fjölgun
Alþjóðasamskipti/utanríkisþjónusta	20	25	5
Auglýsingagerð	8	11	3
Byggingarfræði	8	11	3
Byggingarverkfræði	71	85	14
Búvísindi	14	23	9
Eðlisfræði	33	41	8
Gullsmíði	5	10	5
Hagfræði	113	121	8
Kerfisfræði	40	68	28
Kjólasaumur	1	12	11
Ljósmyndun	39	55	16
Rekstrarfræði	72	86	14
Sjúkraþjálfun	63	83	20
Stjórnmálafræði	127	142	15
Sálarfræði	193	247	54

Ef skoðað er hvernig skiptingin milli kynja er meðal þeirra námsmanna sem eru að taka lán í fyrsta skipti og út frá sömu forsendum og að ofan fæst:

	Konur	Karlar	Samtals
Námsárin 1991–1992:			
Erlendis	203	193	396
Ísland	890	1.057	1.947
Námsárin 1992–1993:			
Erlendis	148	148	296
Ísland	829	917	1.746

770. Frumvarp til laga [444. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arnar Gunnlaugsson, verkamaður í Keflavík, f. 28. desember 1948 í Reykjavík.
2. Cariglia, John Julius, nemi á Akureyri, f. 14. ágúst 1974 á Akureyri.
3. Cariglia, Nicholas John, læknir á Akureyri, f. 6. desember 1946 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4. Gledhill, Margrét, talsímavörður í Reykjavík, f. 29. nóvember 1966 á Englandi.
5. Jarotram, Kanlaya, verkakona í Hveragerði, f. 30. nóvember 1966 í Tælandi.
6. Kemtiko, Gertraude Maria, fóstra á Seltjarnarnesi, f. 20. nóvember 1936 í Austurríki.
7. Knowles, Roy David, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 3. júlí 1958 á Englandi.

8. Nielsen, Jens Jørgen Fischer, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 1. janúar 1917 í Danmörku.
9. Niclasen, Ása Thurid, húsmóðir í Grindavík, f. 7. apríl 1943 í Færeyjum.
10. Terrazas, Anna Lísa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 13. mars 1969 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
11. Zamudio Ayjarí, Redy Luz, leiðsögumaður á Ísafirði, f. 14. október 1961 í Perú.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á þessu þingi. Hið fyrra var borið fram á haustþingi og var samþykkt í desember.

771. Fyrirspurn [445. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimahlynningu.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvernig er háttað heimahlynningu fyrir krabbameinssjúka,
   a. í Reykjavík,
   b. utan Reykjavíkur?
2. Hver eru framtíðaráform ráðuneytisins varðandi þróun þessarar þjónustu?
3. Hver er áætlaður kostnaður við heimahlynningu borið saman við kostnað við legu á sjúkrahúsi?

772. Fyrirspurn [446. mál]

til félagsmálaráðherra um embætti umboðsmanns barna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns barna en frumvarpi þess efnis var vísað til ríkisstjórnarinnar 15. maí 1992?

773. Frumvarp til laga [447. mál]

um alferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga, sem gerðir eru á milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala, um kaup á alferðum, svo og um aðra viðskiptahætti þar að lútandi.

2. gr.

Í lögum þessum merkja eftirfarandi hugtök:

Alferð er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst næturgisting:

a. flutningur,
b. gisting,
c. önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er viðbót við flutning eða gistingu og tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.

Ferðaheildsali er sá sem setur saman alferð og býður hana til sölu, hvort heldur beint eða gegnum ferðasmásala.

Ferðasmásali er sá sem býður til sölu alferð sem ferðaheildsali hefur sett saman.

Farkaupi er einstaklingur eða lögpersóna sem:

a. gerir samning um kaup á alferð (aðalsamningsaðili),
b. aðalsamningsaðilinn semur um kaup á alferð fyrir,
c. fengið hefur alferð framselda frá aðalsamningsaðila eða þeim sem aðalsamningsaðili samdi um kaup á alferð fyrir.

II. KAFLI
Gerð og efni samnings.

3. gr.

Í bæklingum og auglýsingum um alferðir skal tilgreina verð og veita allar upplýsingar sem ferðina snerta á greinargóðan og nákvæman hátt. Upplýsingar í bæklingi eru bindandi fyrir ferðaheildsala, nema breytingar hafi verið tilkynntar farkaupa áður en samningur er gerður, samkomulag hafi orðið um breytingar eða verðbreytingar séu heimilaðar skv. 7. gr.

4. gr.

Samninga um kaup á alferðum skal gera skriflega eða á annan hátt sem er ótvíræður og aðgengilegur fyrir farkaupa. Skal farkaupi fá afrit af samningnum.

Áður en samningur um alferð er gerður, veitir ferðaheildsali eða smásali farkaupa almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til vegabréfa og vegabréfsáritana að því er varðar hlutaðeigandi ríki og frest til að útvega slíkt, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina og dvölina. Skulu þær upplýsingar veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt.

Ferðaheildsali eða smásali skal einnig veita farkaupa, áður en alferð hefst, nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð verði farin. Skulu þær upplýsingar veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt.

III. KAFLI
Afpöntun, framsal og verðbreytingar á alferð.

5. gr.

Afpanti farkaupi alferð, sem hann hefur keypt, getur seljandi krafist þóknunar sem er ákveðin með tilliti til þess hvenær afpantað er og hvers eðlis alferðin er. Áður en samningur er gerður skal farkaupa tilkynnt hvaða skilmálar gilda um afpantanir.

Farkaupi hefur rétt til að afpanta alferð og fá endurgreitt verð ef stríðsaðgerðir, borgarastyrjöld, lífshættulegir smitsjúkdómar eða aðrir atburðir, sem hafa afgerandi áhrif á framkvæmd alferðar, eiga sér stað á áfangastað eða nálægt honum þegar a.m.k. 14 dagar eða færri eru til brottfarar. Í slíkum tilvikum á farkaupi kröfu á því að fá endurgreitt verð alferðar að frádregnu staðfestingargjaldi. Þetta gildir þó ekki ef farkaupi hefði mátt sjá fyrir um ofangreinda atburði og ástand er samningur var gerður.

Áður en samningur um alferð er gerður skal seljandi veita farkaupa upplýsingar um það hvaða möguleikar eru á að gera tryggingarsamning eða tryggja sig á annan hátt gegn fjárhagslegu tjóni í þeim tilvikum að farkaupi getur ekki tekið þátt í alferð.

6. gr.

Þegar farkaupi getur ekki nýtt sér alferð getur hann framselt bókun sína til aðila sem fullnægir þátttökuskilyrðum. Ferðaheildsali eða ferðasmásali skulu fá vitneskju um þetta með sanngjörnum fyrirvara áður en ferðin hefst.

Framseljandi alferðar og framsalshafi eru þá sameiginlega, og hvor í sínu lagi, ábyrgir gagnvart ferðaheildsala eða smásala að því er varðar greiðslu á eftirstöðvum og öllum aukakostnaði er kann að leiða af slíku framsali.

7. gr.

Verð það, sem sett er fram í samningnum, skal haldast óbreytt, nema því aðeins að í samningnum sé það skýrt tekið fram að hugsanlegt sé að verð hækki eða lækki og tilgreint sé nákvæmlega hvernig reikna skuli út hið breytta verð og einungis heimila breytingar á:

1. flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði,
2. álögum, sköttum eða gjöldum fyrir tiltekna þjónustu, svo sem lendingargjöld eða gjöld fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og á flugvöllum,
3. gengi því sem á við um hina tilteknu alferð.

Síðustu 20 dagana fyrir brottfarardag má ekki hækka verð það sem í samningnum segir.

IV. KAFLI
Vanefndir ferðaheildsala eða ferðasmásala og réttindi farkaupa.

8. gr.

Geri ferðaheildsali breytingar á alferð áður en hún hefst ber honum að tilkynna það farkaupa svo fljótt sem unnt er. Sé um verulega breytingu að ræða ber farkaupa að tilkynna ferðaheildsala eða smásala eins fljótt og unnt er, hvort hann óski eftir að rifta samningnum eða gera viðbótarsamning er tilgreini þær breytingar sem gerðar eru á upphaflega samningnum og áhrif þeirra á verð og önnur kjör.

Um leið og farkaupa er tilkynnt um breytingar á alferð skal upplýsa hann um tilkynningarskyldu hans skv. 1. mgr. og um afleiðingar þess að sinna henni ekki. Eins skal upplýsa hann um það hvert ber að beina slíkri tilkynningu.

9. gr.

Ef farkaupi riftir samningi skv. 1. mgr. 8. gr. eða ef ferðaheildsali aflýsir ferðinni á farkaupi rétt á að fá endurgreidda alla þá upphæð sem greidd hefur verið samkvæmt samningnum eða taka í staðinn aðra sambærilega alferð að gæðum eða betri ef ferðaheildsali eða smásali getur boðið slík skipti. Ef ferðin, sem boðin er í staðinn, er ódýrari fær farkaupi verðmismuninn endurgreiddan. Ef ferðin er dýrari greiðir farkaupi mismuninn.

10. gr.

Verði farkaupi fyrir tjóni vegna verulegra breytinga á ferðinni eða vegna þess að ferð hafi verið aflýst á hann rétt á skaðabótum, nema því aðeins að:

1. ferðinni sé aflýst vegna þess að fjöldi skráðra þátttakenda sé minni en sú lágmarkstala sem til þarf og farkaupa sé tilkynnt um aflýsingu skriflega, innan ákveðins frests sem samið hefur verið um fyrir fram eða
2. ferðinni sé aflýst eða breytt vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem sá er ber þær fyrir sig fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar þeirra.

11. gr.

Ef alferðin fullnægir ekki ákvæðum alferðarsamnings getur farkaupi krafist þess að ráðin sé bót á því, nema það hafi í för með sér óeðlilegan kostnað eða veruleg óþægindi fyrir ferðaheildsala eða smásala. Ef ekki er hægt að bæta úr því sem á vantar eða einungis með lakari þjónustu á farkaupi rétt á verðlækkun á ferðinni sem jafngildir mismuninum á þeirri þjónustu sem samið var um og þeirri sem veitt var.

Ef það kemur í ljós eftir að ferð er hafin að verulegur hluti þeirrar þjónustu, sem samningur kveður á um, er ekki veittur eða er verulega ófullnægjandi getur farkaupi rift samningnum, nema seljandi ráði bót á vandanum innan sanngjarnra tímamarka. Ef flutningur er þáttur alferðar í því tilviki getur farkaupi krafist þess að vera fluttur sér að kostnaðarlausu til þess staðar þar sem alferð hófst eða á annan stað sem aðilar hafa samið um.

12. gr.

Ferðaheildsali og ferðasmásali bera sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd samningsins, hvort sem hún er í höndum þeirra sjálfra eða annarra þjónustuaðila.

13. gr.

Verði farkaupi fyrir meiðslum eða eignatjóni vegna þess að alferð er ófullnægjandi á hann rétt á skaðabótum, nema því aðeins að vanefnd á framkvæmd samnings verði ekki rakin til vanrækslu seljanda eða annars þjónustuaðila af því að vanefndirnar eru:

1. sök farkaupa,
2. sök þriðja aðila sem ekki tengist veitingu þeirrar þjónustu sem samið var um og eru ófyrirsjáanlegar eða óhjákvæmilegar,
3. vegna óviðráðanlegra aðstæðna (force majeure) eða atburðar sem seljandi eða veitandi þjónustunnar gátu með engu móti séð fyrir eða komið í veg fyrir.

14. gr.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali geta takmarkað skaðabætur, sem þeim ber að greiða skv. 13. gr., í samræmi við takmarkanir sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem gilda um alferðir eða hluta þeirra.

V. KAFLI
Kvartanir.

15. gr.

Farkaupi verður að tilkynna þeim er hann gerði alferðarsamning við eða fulltrúa hans, eins fljótt og kostur er, um hverja þá vanefnd er hann verður var við á framkvæmd samnings. Þessa skyldu verður að taka skýrt fram í samningnum.

VI. KAFLI
Skyldur farkaupa.

16. gr.

Farkaupa ber að hlíta lögum og reglum um alferðir og fyrirmælum fararstjóra og starfsmanna annarra þjónustuaðila við framkvæmd alferðarsamnings.

Sé um að ræða verulegar vanefndir farkaupa á skyldum hans skv. 1. mgr. getur ferðaheildsali eða ferðasmásali útilokað hann frá frekari þátttöku í viðkomandi alferð eða komið í veg fyrir að hann hefji hana og krafið hann um fullt verð fyrir ferðina. Ef ferð er hafin verður farkaupi sjálfur að standa straum af viðbótarkostnaði sem leiðir af útilokun hans frá ferðinni.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

17. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga, m.a. um efni upplýsingabæklings til farkaupa, afpöntunarskilmála og aðrar upplýsingar um alferðir og atriði sem taka þarf fram í samningi.

18. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Samkeppnisstofnunar.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi. Lög þessi gilda ekki um alferðir sem samið hefur verið um fyrir gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt um EES og ferðamál.

Með lagafrumvarpi þessu er lögfest efni tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka, sem tilgreind er í viðauka með samningi um Evrópska efnahagssvæðið milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um aðild að Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.

Tilskipunin er 7. gerð XIX. viðauka með samningnum. (tilvísunarnúmer í viðaukann er 390L0314). Með samningi um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til að koma í íslenskan rétt þeim gerðum sem þar eru taldar upp í viðaukum.

Við samningu frumvarps þessa var ákveðið að fara svipaða leið og önnur ríki á Norðurlöndum með setningu sérstakra laga sem byggð eru á áðurnefndri tilskipun Evrópubandalagsins og er frumvarp þetta efnislega samhljóða þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram á löggjafarsamkomum annarra ríkja á Norðurlöndum.

Um ferðamál almennt er fjallað í VI. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, „Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins“, einkum í 78. og 79. gr. Einnig er í 8. gr. 31. bókunar með samningnum fjallað um nánari samvinnu og aðgerðir á sviði ferðamála.

Í VII. viðauka samningsins er fjallað um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Til að mynda er í G-lið 38. tölul. þess viðauka fjallað um aðgerðir á sviði ferðamála. Í I-lið 43. tölul. sama viðauka er fjallað um samvinnu og aðgerðir er varða rekstur veitinga- og gististaða.

II. Aukin neytendavernd.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbinda samningsaðilar sig til að taka upp ýmsar reglur á sviði neytendaverndar og hafa aðildarríkin sett sér það markmið að á hinum innri markaði ríki víðtæk neytendavernd. Aukið frelsi í viðskiptum á því ekki að vera á kostnað nauðsynlegrar neytendaverndar.

Í inngangi að tilskipun Evrópubandalagsins er m.a. á það bent að ferðaþjónusta gegni æ stærra hlutverki í efnahagslífi aðildarríkja bandalagsins. Alferðir eru undirstöðuatriði í ferðaþjónustu. Slík þjónusta hlyti hvatningu til frekari vaxtar og grósku ef samþykktar væru sameiginlegar lágmarksreglur þannig að atvinnugreinina mætti stunda í bandalaginu sem heild. Þetta yrði þó ekki aðeins til hagsbóta fyrir ríkisborgara bandalagsins er keyptu alferðir sem væru settar saman á grundvelli slíkra reglna, heldur mundi það einnig laða að ferðamenn úr löndum utan bandalagsins er sæktust eftir alferðum er uppfylltu viðurkennda staðla.

Löggjöf Evrópubandalagsins á sviði neytendaverndar er víðtækari en íslensk löggjöf og því er nauðsynlegt að setja nýjar reglur á því sviði.

Engar sérstakar reglur hafa gilt um viðskipti með alferðir hér á landi. Neytendavernd í ferðaþjónustu byggir einkum á IV. kafla laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Þar eru ákvæði um ferðaskrifstofur, rekstrarleyfi, tryggingarfé o.fl. Reglugerð nr. 266/1978 um almennar ferðaskrifstofur tekur einnig til þessa sviðs. Þá er og um að ræða tvær auglýsingar; nr. 328/1990 um ferðaskrifstofur og auglýsingu nr. 23/1990 um tryggingarfé

ferðaskrifstofa. Einnig er vísað til reglugerðar nr. 21/1985 um leiguflug, en þar eru ýmis ákvæði farkaupanum til verndar.

Löggjöf um skipulag ferðamála er nú í endurskoðun þar sem m.a. verður lögð aukin áhersla á vernd neytenda.

Hjá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa (FÍF) hafa verið í gildi reglur um almenna ferðaskilmála milli ferðaskrifstofanna og þeirra er kaupa ferðir. Ferðaskilmálar þessir voru settir einhliða af Félagi íslenskra ferðaskifstofa og síðast samþykktir með breytingum á fundi hjá þeim 3. febrúar 1993, sbr. fskj. III.

Breytingar þær, er síðast voru samþykktar á fundi hjá FÍF, eru að mestu í anda þessa frumvarps, enda höfðu forráðamenn samtakanna tilskipun Evrópubandalagsins og drög að lagafrumvarpi þessu til viðmiðunar. Í eldri ferðaskilmálum var m.a. heimilt að undanskilja flugvallaskatta, innlenda og erlenda, svo og forfallagjald í auglýstu verði. Þess í stað mátti tilkynna fjárhæð þessara þátta sérstaklega. Með síðustu breytingum ferðaskilmálanna skuldbinda ferðaskrifstofurnar sig til að auglýsa eitt verð ferðar í fjölmiðlum þar sem innifalin eru öll gjöld er farkaupi þarf að greiða í alferðinni. Einnig var sett inn í nýjustu ferðaskilmálana ákvæði um framsal alferðarbókunar til einhvers annars aðila. Þá var einnig í samræmi við frumvarp þetta sett inn ákvæði er bannar verðbreytingar á alferð síðustu tuttugu dagana fyrir brottför. Með breytingunum var einnig numið brott ákvæði um að ferðaskrifstofurnar beri ekki ábyrgð á vanefndum sem upp kunna að koma vegna annarra þjónustuaðila sem veita þjónustu samkvæmt alferðarsamningi. Að öðru leyti er vísað til ferðaskilmála FÍF í fskj. III.

Er hér einnig vísað til reglna, sem Verðlagsstofnun (nú Samkeppnisstofnun) setti 1. febrúar 1992, um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum, sbr. fskj. IV.

Drög að þessu lagafrumvarpi voru send til umsagnar Félags íslenskra ferðaskrifstofa og til Verðlagsstofnunar (nú Samkeppnisstofnunar). FÍF gerði nokkrar athugasemdir og vonast er til að þeim hafi flestum verið komið til skila í frumvarpi þessu. Verðlagsstofnun hafði hins vegar engar athugasemdir við frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni gildir frumvarpið annars vegar um samninga milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala og hins vegar um aðdraganda samningsgerðarinnar, þar með taldar auglýsingar og kynningar á ferðum. Auk þess fjallar frumvarpið um afleiðingar vanefnda á samningi um alferð. Við það er miðað að lög þessi séu ófrávíkjanleg þannig að óheimilt er að setja reglur farkaupanum í óhag, hins vegar er ferðaheildsala eða ferðasmásala í sjálfsvald sett að veita farkaupa betri vernd. Lögin taka jafnt til alferða sem farnar eru hér á landi og erlendis.

Um 2. gr.

Í frumvarpi þessu er hugtakið *alferð* notað um fyrir fram ákveðna samsetningu ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst næturgisting. Þessi atriði eru: flutningur, gisting og önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er viðbót við flutning eða gistingu og tekur til verulegs hluta af ferðinni.

Fyrir fram ákveðin samsetning tekur jafnt til ferða eins og þeim er lýst í bæklingum eða verðskrám ferðaskrifstofa og þegar gerð er breyting á ferð að ósk farþega. Þá get-

ur samsetning alferðar átt sér stað um leið og bókun er gerð og ekki skiptir máli að sala allra atriða alferðar eigi sér stað á sama tíma.

Rökin fyrir því að nota hugtakið alferð í stað pakkaferðar eru einkum þau að hugtakið alferð hefur verið notað í íslenskum rétti um sambærilegar ferðir. Þannig var hugtakið alferð notað í reglugerð um leiguflug nr. 21/1985, sbr. II. kafla, einkum 7. og 8. gr. Í 7. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Alferð nefnist leiguflug þar sem allt hið leigða rými skal notað eingöngu til flutnings á farþegum og farangri þeirra.“ Síðan eru talin upp í 8. gr. þau atriði er fram þurfa að koma svo að um alferð sé að ræða. Vakin er athygli á því að hugtakið er notað í þrengri merkingu í leiguflugsreglugerðinni en í frumvarpi þessu.

Einnig notaði flugorðanefnd samgönguráðuneytisins, sem lauk störfum árið 1992, hugtakið alferð með sama hætti og gert er í þessu frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er notað hugtakið *ferðaheildsali* um þann er setur saman alferð og selur hana eða býður til sölu, hvort heldur beint eða gegnum ferðasmásala. Er það þýðing á enska hugtakinu „tour organizer“. Hugtakið ferðaheildsali í skilningi frumvarps þessa nær fremur yfir bæði ensku hugtökin „tour operator“ (ferðaskipuleggjandi) og „tour organizer“ (ferðaheildsali).

Þessi hugtök í íslenskri ferðaþjónustu hafa verið nokkuð á reiki, enda ferðamarkaðurinn lítill og sem fyrr segir hafa engin sérstök lög verið til um alferðir. Þannig hefur hugtakið „framleiðandi“ verið algeng málnotkun yfir hugtakið „tour organizer“ í íslenskri ferðaþjónustu.

En hver er munurinn á ferðaskipuleggjanda (tour organizer) og ferðaheildsala (tour operator)? Munurinn er sá að hinn fyrrnefndi er skipuleggjandi alferða í öllum tilvikum. Hinn síðarnefndi er einnig í söluhlutverkinu. Í skilningi frumvarpsins er ferðaheildsali hvort tveggja.

Ferðasmásali er sá sem selur eða býður til sölu alferð sem ferðaheildsali hefur sett saman. Í upphaflegri þýðingu tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 er enska hugtakið „retailer“ þýtt sem ferðasmásali. Hugtakið ferðasmásali í frumvarpi þessu svipar til „travel agency“ í enskri hugtakanotkun.

Hugtakið *farkaupi* hefur mjög sambærilega merkingu og hugtakið „neytandi“ hefur í íslenskri málnotkun. Í tilskipun Evrópubandalagsins er hugtakið „consumer“ notað. Hins vegar var talið betra að nota hugtakið farkaupi. Vakin er athygli á því að hugtakið nær ekki einungis yfir þann aðila er gerir samning um kaup á alferð, eða þann sem aðalsamningsaðilinn semur um kaup á alferð fyrir, heldur einnig þann aðila sem aðalsamningsaðili, eða sá sem samið hefur verið fyrir, hefur framselt alferð til.

Orðið „farkaupi“ hefur ekki verið notað áður í þessari merkingu en Íslensk málstöð hefur mælt með notkun þess.

Um 3. gr.

Mikilvægur þáttur verndar farkaupa í alferðarviðskiptum er að tryggja að ferðaheildsali eða ferðasmásali gefi ekki villandi upplýsingar og að bæklingar, sem farkaupi fær í hendur, veiti réttar og greinargóðar upplýsingar.

Rétt er að taka fram að með þessu ákvæði er ekki verið að skylda ferðaheildsala eða ferðasmásala til að gefa út bæklinga. Einungis er verið að tryggja að ef slíkt upplýsingaefni er gefið út gildi um það samræmdar reglur.

Í áðurnefndri tilskipun um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka eru settar fram ákveðnar reglur um að í upplýsingabæklingi um alferðir skuli tilgreina á læsilegan, skiljanlegan og greinargóðan hátt bæði verð og fullnægjandi upplýsingar varðandi eftirtalin atriði:

a. ákvörðunarstað og þau samgöngutæki sem notuð eru, eiginleika þeirra og gæðaflokk;
b. tegund gistingar, staðsetningu, gæða- eða þægindaflokk og helstu einkenni, samþykkt hennar og ferðamannaflokkun samkvæmt reglum hlutaðeigandi gistiríkis;
c. ráðgerðar (innifaldar) máltíðir;
d. ferðaáætlun;
e. almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréf og vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara þeirra ríkja sem í hlut eiga og heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina og dvölina;
f. fyrirframgreiðslu, tilgreinda fjárhæð eða hundraðshluta heildarverðs sem greiða þarf fyrir fram, sem og hvenær skuli greiða eftirstöðvarnar;
g. hvort krafist er lágmarksfjölda fólks til þess að af ferðinni verði og í því tilviki hvenær farkaupa skuli tilkynnt um niðurfellingu ferðar í síðasta lagi.

Í ákvæðum hér að ofan er vísað til gæða- eða þægindaflokkunar gististaða og helstu einkenni, samþykkt gististaða og ferðamannaflokkun samkvæmt reglum hlutaðeigandi gistiríkis. Á það skal bent að á Íslandi er ekki til nein gæða- eða þægindaflokkun fyrir gisti- og veitingastaði. Í 8. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, eru þó gististaðir flokkaðir niður, en ekki samkvæmt gæða- eða þægindaflokkun sem um er rætt í tilskipun Evrópubandalagsins.

Ljóst er að ekki er hægt að gera sömu kröfu um magn upplýsinga í auglýsingum og í ferðabæklingum. Þannig er krafan um að „veita allar upplýsingar sem ferðina snerta á greinargóðan og nákvæman hátt“ ekki eins rík í auglýsingum, t.d. í dagblöðum, og í útgáfu bæklinga. Aðalatriðið er að farkaupi eigi greiðan aðgang að upplýsingum um alferð. Hins vegar er eðlilegt að setja samræmdar reglur um þau atriði er taka þarf fram í auglýsingum alferða. Auglýsingar mega t.d. ekki vera villandi fyrir farkaupa; eitt sameiginlegt verð þarf að koma fram í auglýsingu alferðar, en ekki sundurliðað verð með tilvísunum og neðanmálsathugasemdum sem er til þess fallið að villa um fyrir væntanlegum farkaupum. Á sama hátt er óeðlilegt að auglýsa verð alferðar miðað við ákveðinn fjölda kaupenda eða viðbótarþjónustu sem farkaupa er skylt að kaupa með alferðinni.

Ein gerða EES-samningsins fjallar um þetta atriði með beinum hætti. Það er tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar. Hún er í XIX. viðauka er fjallar um neytendavernd. Er vísað til nánari ákvæða hér að lútandi í þeirri tilskipun.

Í fskj. IV með frumvarpi þessu eru reglur sem fyrrum Verðlagsstofnun (nú Samkeppnisstofnun) setti 1. febrúar 1992 um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum, en 3. gr. frumvarps þessa er í anda þeirra reglna.

Í 17. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir heimild til handa samgönguráðherra til að setja nánari reglur um upplýsingar er fram þurfa að koma í auglýsingum og ferðabæklingum.

Um 4. gr.

Í viðskiptum sem þessum er afar mikilvægt að samningar séu formbundnir og að tryggt sé að farkaupi fái ítarlegar upplýsingar um tilhögun ferðar. Farkaupi þarf að geta gengið að skráðum samningsskilmálum er gilda um alferðina. Auðvelt ætti að vera að koma þessu í kring með kröfu um að allir samningsskilmálar séu skráðir í því formi að skiljanlegt sé og farkaupa tiltækt og að hann fái afrit af því.

Rökin fyrir kröfunni um skriflega alferðarsamninga eru ekki eingöngu nauðsynleg upplýsingaskylda heldur einnig þau að vegna eðlis þessara viðskipta og möguleikanum á vanefndum og hugsanlegum skaðabótakröfum þykir rétt að formbinda samningsgerðina.

Í viðauka með tilskipun Evrópubandalagsins um alferðir eru talin upp eftirfarandi atriði sem tilgreina þarf *í samningi um alferðir*:

a. ákvörðunarstað(i) ferðar og, þar sem um dvöl er að ræða, tímabil þau sem við á, með dagsetningum;
b. samgöngutæki sem nota á, eiginleika þeirra og gæðaflokk, dagsetningar, tímasetningar og brottfarar- og heimkomustaði;
c. þegar gisting er innifalin í pakkanum, staðsetning hennar, ferðamanna- eða þægindaflokk, helstu eiginleika, hvort hún er í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis og ráðgerðar máltíðir sem innifaldar eru í alferðinni;
d. hvort tiltekinn fjölda þátttakenda þarf til þess að af ferðinni verði og í því tilviki, hvenær frestur til að tilkynna farkaupa um hugsanlega aflýsingu ferðarinnar rennur út;
e. ferðaáætlunin/leiðin;
f. heimsóknir, skoðunarferðir eða önnur þjónusta sem er í umsömdu verði heildarpakkans;
g. nafn og heimilisfang ferðaheildsalans, ferðasmásalans og vátryggjanda, þar sem það á við;
h. verð pakkans, vísbending um möguleika á endurskoðun verðs skv. 7. gr., gengi þess gjaldmiðils sem á við um alferðina og vísbending um hugsanlegar álögur, skatta eða sérstakar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu (lendingargjöld, að ganga frá borði eða fara frá borði í höfnum og á flugvöllum, ferðamannaskattar) þegar slík útgjöld eru ekki innifalin í pakkanum;
i. greiðsluáætlun og greiðslutilhögun;
j. sérstakar kröfur sem farkaupi hefur kunngert ferðaheildsala eða ferðasmásala við bókun og báðir hafa samþykkt;
k. frestur sá er farkaupi hefur til þess að setja fram kvörtun um vanefndir á framkvænd eða um ranga framkvæmd samningsins.

Í 2. mgr. er vísað til upplýsinga sem ferðaheildsala eða ferðasmásala er skylt að láta farkaupa í té, skriflega eða á annan viðeigandi hátt, fyrir samningsgerð. Um er ræða almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til vegabréfa og vegabréfsáritanir, að því er varðar hlutaðeigandi ríki, og frest til að útvega slíkt, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina. Eðlilegt verður að teljast að slíkar upplýsingar séu veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt áður en samningur er undirritaður.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali skal einnig veita farkaupa áður en alferð hefst nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð verði farin. Skulu þær upplýsingar veittar skriflega eða á annan ótvíræðan hátt, með góðum fyrirvara, fyrir brottför. Í 4. gr. áðurnefndrar tilskipunar Evrópubandalagsins um alferðir eru þessar upplýsingar taldar upp. Þessi atriði eru eftirfarandi:

„i) tíma og staði þar sem höfð er viðdvöl á leiðinni og tengiferðir ásamt nánari upplýsingum um það rými sem ferðamanninum er ætlað, þ.e. klefa eða legurúm í skipi eða svefnklefa í lest;

ii) nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa skipuleggjanda og/eða ferðasmásala á hverjum stað eða, sé ekki um það að ræða, ferðaskrifstofur á þeim stöðum sem neytandi í erfiðleikum gæti leitað til. Þar sem ekki eru neinir slíkir fulltrúar eða ferðaskrifstofur verður engu að síður að láta neytanda í té neyðarsímanúmer eða einhverjar aðrar upplýsingar er geri honum kleift að hafa samband við ferðaheildsala og/eða ferðasmásalann;

iii) þegar um er að ræða ferðir ólögráða barna til útlanda eða dvöl þeirra erlendis, upplýsingar er gera kleift að ná beinu sambandi við barnið eða ábyrgðaraðila á þeim stað er barnið dvelst;

iv) upplýsingar um tryggingarsamninga er gera megi til að mæta kostnaði við aðstoð, þar með talinn flutning aftur til heimalands, ef slys eða veikindi ber að höndum."

Gert er ráð fyrir því í 17. gr. frumvarpsins að samgönguráðherra setji nánari ákvæði um áðurnefnd atriði í reglugerð.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að farkaupi eigi rétt á því, við tilteknar aðstæður, að falla frá samningi um alferð fyrir brottför. Í greininni er gert ráð fyrir að farkaupi geti afpantað alferð sem hann hefur keypt en þó getur seljandi krafist þóknunar í ákveðnum tilvikum ef farkaupi afpantar. Skal sú upphæð ákveðin með tilliti til þess hvenær afpantað er og hvers eðlis alferðin er.

Vegna neytendaverndar er einnig áréttuð í 1. mgr. upplýsingaskylda ferðaheildsala og ferðasmásala. Líkt og kveðið er á um í 4. gr. skal farkaupa tilkynnt áður en samningur er gerður hvaða skilmálar gilda um afpantanir alferðar.

Þær aðstæður kunna að koma upp að farkaupa er gert ómögulegt að fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum. Um er að ræða ástand á áfangastað eða nálægt honum, svo sem stríðsaðgerðir, borgarastyrjöld, lífshættulegir smitsjúkdómar eða aðrir atburðir sem hafa afgerandi áhrif á framkvæmd alferðar. Við slíkar aðstæður verður að teljast eðlilegt að farkaupi hafi rétt á að afpanta alferð og fá endurgreitt verð. Hér er miðað við þegar 14 dagar eða færri eru til brottfarar. Í slíkum tilvikum ætti farkaupi að eiga rétt á að fá endurgreitt verð alferðar að frádregnu staðfestingargjaldi. Hafi farkaupi hins vegar mátt sjá fyrir um ofangreinda atburði og ástand er samningur var gerður gildir þetta þó ekki.

Í 3. mgr. 5. gr. er ítrekuð upplýsingaskylda ferðaheildala og ferðasmásala. *Áður en samningur um alferð er gerður* skal veita farkaupa upplýsingar um það hvaða möguleikar eru á að gera tryggingarsamning eða tryggja sig á annan hátt til að mæta fjárhagslegu tjóni í þeim tilvikum að farkaupi getur ekki tekið þátt í alferð. Þetta er enn fremur eitt þeirra atriða sem ferðaheildsala eða ferðasmásala er gert skylt að upplýsa farkaupa um skv. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er sett inn ákvæði um að hægt sé að framselja *bókun* alferðar. Þó er gert ráð fyrir að farkaupi geti einungis framselt bókunina til aðila er uppfyllir skilyrði til þátttöku í alferðinni.

Á framsali alferðar eru annmarkar. Hugsanlegt er að þeir aðilar, er selja þjónustu í alferð, hafi sett ákveðin skilyrði í upphafi og að það sé ekki á valdi ferðaheildsala eða ferðasmásala að breyta þeim. Einn helsti annmarkinn eru þær reglur er gilda um framsal flugfarseðla bæði hjá Alþjóðasambandi flugfélaga (IATA) og Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Samkvæmt þeim er flugfarseðill ekki framseljanlegur þegar búið er að gefa hann út, sjá einkum 1. tölul. d 3. gr. „Almennra flutningsskilmála farþega og farangurs IATA", mars 1988. Þetta er m.a. vegna þess að farseðill er ekki eingöngu staðfesting á sæti í flugvél heldur einnig kvittun fyrir tryggingu. Framsalsheimildin gildir því aðeins þangað til flugfarseðill er gefinn út. Hér er einnig vísað til athugasemda með 14. gr. frumvarps þessa.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú meginregla að ekki megi breyta umsömdu verði alferða nema við ákveðnar kringumstæður sem ekki eru á valdi ferðaheildsala eða ferðasmásala og slíkt sé beinlínis heimilað í samningnum, sbr. athugasemdir með 4. gr. frumvarpsins. Þessi atriði eru breytingar á: flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði; sköttum eða gjöldum fyrir tiltekna þjónustu, svo sem lendingargjöldum eða gjöldum fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og á flugvöllum, og gengi þess gjaldmiðils sem á við um hina tilteknu ferð.

Athuga ber að heimild til verðbreytinga gildir jafnt til hækkunar eða lækkunar á umsömdu verði alferðar. Farkaupi skal þannig njóta góðs af gengisbreytingum eða öðrum breytingum á verði alferðar allt fram að tuttugu dögum fyrir brottför.

Heimild til verðhækkunar gildir þó ekki síðustu 20 dagana áður en alferð hefst. Gengisbreytingar og aðrar breytingar á því tímabili geta því ekki breytt verði alferðarinnar nema hugsanlega til verðlækkunar. Þetta ákvæði, sem er nýlunda í íslenskum ferðaskilmálum, er þýðingarmikið skref í átt til aukinnar neytendaverndar.

7. gr. frumvarps þessa er samhljóða 4. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að tilkynna skuli farkaupa allar breytingar sem verða á alferð áður en hún hefst. Ef breyting er veruleg á farkaupi þess kost að rifta samningnum eða gera viðbótarsamning vegna breytinganna. Ef farkaupi óskar ekki að taka þátt í breyttri alferð á hann þess ætíð kost að rifta samningnum og fá endurgreitt allt það sem hann hefur lagt út, sbr. 9. gr. og 10. gr. Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við 5. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að farkaupi eigi rétt á endurgreiðslu á allri upphæðinni sem hann hefur greitt ferðaheildsala eða smásala samkvæmt samningi um alferð. Þetta á þó einungis við þegar hann riftir samningi vegna breytinga á alferð skv. 8. gr. og þegar ferða-

heildsali eða ferðasmásali aflýsir alferð án þess að fullnægt sé skilyrðum um lausn undan ábyrgð skv. 10. gr. Jafnframt getur farkaupi tekið í staðinn sambærilega alferð að gæðum eða betri ef ferðaheildsali eða smásali geta boðið slík skipti.

Um 10. gr.

Verði farkaupi fyrir tjóni vegna verulegra breytinga á alferð skv. 8. gr. eða aflýsinga á alferð á hann rétt á bótum, en hér eru nefnd tvö tilvik þar sem ferðaheildsali eða ferðasmásali skulu leystir undan ábyrgð.

Í fyrsta lagi um að ræða þau tilvik þegar alferð er aflýst vegna þess að færri hafa skráð sig í alferðina en nemur þeirri lágmarkstölu sem ferðaheildsali hefur tilskilið. Forsenda þess að þessu ákvæði verði beitt er sú að ferðaheildsali hafi upplýst þegar samningur er gerður að farið sé fram á lágmarkstölu þátttakenda til þess að af ferð geti orðið. Einnig að upplýst hafi verið hvaða dag ber að láta farkaupa vita í síðasta lagi ef ferðinni er aflýst. Þótt það sé ekki sagt berum orðum í tilskipuninni að skyldu beri til að upplýsa um nákvæma lágmarkstölu þátttakenda hlýtur það þó að vera skilyrði þess að ákvæðið hafi merkingu í reynd. Þetta skilyrði kemur reyndar skýrt fram í ákvæðunum um lausn undan ábyrgð þar sem notað er orðalagið „sú lágmarkstala sem ferðaheildsali hefur krafist“. Enn fremur væri mikil hætta á því að ferðaheildsalar komi sér hjá þessu ákvæði ef þeir þurfa ekki að gefa upp hvaða lágmarksþátttöku er krafist til þess að hægt sé að framkvæma alferðina. Því ber ferðaheildsalanum skylda til að gefa upp þann lágmarksfjölda, sem krafist er, þótt ef til vill geti verið erfitt að meta það fyrir fram. Til þess að ferðaheildsalar eða ferðasmásalar teljist lausir undan ábyrgð hlýtur að mega krefjast þess að talan sé ákvörðuð með sanngirni. Enn fremur er forsenda þess að ferðaheildsali eða ferðasmásali séu lausir undan ábyrgð að farkaupi sé upplýstur um að alferðinni hafi verið aflýst áður en sá frestur rennur út sem er veittur þegar samningur er gerður.

Í öðru lagi eru ferðaheildsali og ferðasmásali enn fremur lausir undan ábyrgð á því að alferð hafi verið aflýst ef aflýsingin er af völdum ófyrirsjáanlegra aðstæðna (force majeure). Með ófyrirsjáanlegum aðstæðum er átt við aðstæður sem sá er þær ber fyrir sig fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar. Í þessu sambandi telst yfirbókun ekki til ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Dómstóll Evrópubandalagsins hefur sett það fordæmi að hugtakið „force majeure“ vísar einkum til utanaðkomandi aðstæðna sem gera verknað óframkvæmanlegan. Þótt það sé ekki gert að skilyrði í hugtakinu að verknaðurinn sé óframkvæmanlegur með öllu er kveðið á um að um algerlega óvenjulega og ófyrirsjáanlega erfiðleika sé að ræða sem eru óháðir vilja viðkomandi persónu og með engu móti hægt að sjá fyrir um þótt öll sú aðgát hafi verið við höfð sem með sanngirni má krefjast. Miklar kröfur eru gerðar til þeirrar persónu eða fyrirtækis sem þarf að sýna fram á að um „force majeure“ sé að ræða. „Force majeure“ getur ekki byggst á mistökum starfsmanna eða annarra sem viðkomandi ber ábyrgð á.

Hér koma til greina skaðabætur vegna aukaútgjalda, sem og útgjalda vegna bólusetningar, vegabréfsáritunar, trygginga og fleiri atriða sem reynast óþörf. Enn fremur kemur til greina að greiða útgjöld vegna barnapössunar, gæslu dýra, afleysinga í fyrirtæki eða landbúnaði o.s.frv., að því tilskildu að farkaupi verði að standa straum af þessum kostnaði, þó svo ekkert verði af ferðinni. Farkaupa ber þó skylda til að koma í veg fyrir tjón eftir mætti.

Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að fylgt sé sama fordæmi og hingað til að ekki sé hægt að krefjast skaðabóta fyrir hugsanlegt tjón sem felst í því að alferð á sér ekki stað eins og samið var um.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um úrræði farkaupa ef í ljós kemur eftir brottför að ferðin fullnægir ekki ákvæðum samningsins. Farkaupann skiptir það mestu að alferðin reynist í samræmi við þann samning sem gerður hefur verið og að leyst verði úr þeim hnökrum sem upp kunna að koma sem fyrst, þannig að farkaupi verði fyrir sem minnstum óþægindum. Ef ekki er unnt að bæta úr því sem á vantar eða þjónustan, sem veitt er, er minna virði en sú sem samið var um á farkaupi rétt á hlutfallslegum afslætti.

Einungis í undantekningartilvikum ber að veita farkaupa riftunarrétt eftir að ferð er hafin og þarf þá að vera um að ræða verulegar vanefndir á framkvæmd samningsins. Tækifæri til riftunar á þessum tíma getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir ferðaheildsala og ferðasmásala og því eðlilegt að farkaupi eigi frekar rétt á bótum en rétt til riftunar ef ákvæðum samnings um alferð er ekki fullnægt.

Bætur vegna ágalla, sem koma í ljós eftir að ferð er hafin, geta náð til þeirra viðbótarútgjalda sem lenda á farkaupa vegna þeirra, t.d. útgjalda vegna flutninga, neyslu eða annarrar þjónustu sem var hluti umsaminnar alferðar, en ekki var boðið upp á eða reyndist svo ábótavant að farkaupi varð að leggja fram viðbótarútgjöld til að öðlast umsamda þjónustu. Leiði seinkun á heimkomu til þess að farkaupi glati vinnulaunum ætti hann rétt á bótum samkvæmt venjulegum skaðabótareglum. Hvað varðar tjón á eignum eða meiðsli á mönnum vísast til 13. gr.

Um 12. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að ferðaheildsali og ferðasmásali beri báðir ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd samningsins, óháð því hvort hún er í höndum þeirra sjálfra eða annarra þjónustuaðila. Ákvæði þetta er í samræmi við 1. tölul. 5. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins, en þar kemur fram að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ferðaheildsali eða ferðasmásali beri ábyrgð gagnvart farkaupa á því að staðið sé við framkvæmd þeirra skuldbindinga sem samningurinn kveður á um, hvort sem ferðaheildsala eða ferðasmásala ber að annast framkvæmdina sjálfir eða hún er í höndum annars þjónustuaðila. Slíkar reglur mega ekki takmarka rétt ferðaheildsala eða ferðasmásala til þess að krefjast efnda af hálfu annarra þjónustuaðila.

Ferðaskilmálum Félags íslenskra ferðaskrifstofa hefur þegar verið breytt til samræmis við ákvæði 12. gr., sbr. fskj. III. Í fyrri ferðaskilmálum var skýrt kveðið á um að íslenskar ferðaskrifstofur bæru enga ábyrgð á vanefndum annarra þjónustuaðila samkvæmt samningum.

Um 13. gr.

Hér verður farkaupi fyrir tjóni af öðrum sökum en þeim sem getið er um í 10. gr. vegna þess að alferð var ófullnægjandi. Hann á þá rétt á skaðabótum nema ferðaheildsali eða ferðasmásali geti sýnt fram á að tjónið sé ekki vegna vanrækslu, hvorki af hans hálfu né nokkurs aðila sem falin hefur verið framkvæmd hluta af alferðinni, t.d. flutningsaðila eða hóteleiganda. Í þessu efni miðast við að ferðaheildsali eða ferðasmásali hafi valið viðkomandi þjónustuaðila en ekki farkaupi. Hafi farkaupi t.d. valið sérstakt hótel

sem ferðaheildsali eða ferðasmásali hefur engin viðskiptatengsl við, heldur einungis pantað að ósk farkaupa, á bótaábyrgðin ekki við.

Ekki er um að ræða hvers kyns meiðsli eða tjón sem farkaupi kann að verða fyrir í alferðinni, heldur einungis þau sem farkaupi verður fyrir vegna þess að ekki hefur verið staðið við samninginn. Verði farkaupi fyrir meiðslum við að nota þjónustu sem ekki er hluti af alferðinni, t.d. bíl sem farkaupi hefur sjálfur leigt, kveða reglur tilskipunarinnar á um að ferðaheildsali eða ferðasmásali beri ekki skaðabótaábyrgð vegna þeirra meiðsla sem farkaupi kann að verða fyrir vegna galla í farartækinu.

Ferðaheildsali eða ferðasmásali eru enn fremur leystir undan ábyrgð ef farkaupi á sjálfur sök á að ekki er staðið við samning eða um sé að ræða óviðráðanlegar aðstæður.

Í samræmi við venjulegar reglur í skaðabótarétti ber farkaupa að sýna fram á að alferðin hafi verið gölluð, að um tjón eða slys hafi verið að ræða og að orsakasamhengi sé þarna á milli. Enn fremur ber að nota venjuleg sjónarmið um hvað er við hæfi.

Tilskipunin segir ekkert til um það fyrir hvaða tjónaliði tjónþoli getur krafist skaðabóta og hvernig meta skal skaðabætur. Samkvæmt frumvarpi þessu getur farkaupi hins vegar krafist bóta fyrir vanefndir á samningi, þ.e. þá tjónaliði sem rekja má til vanefnda á samningi.

Um 14. gr.

Samkvæmt 14. gr. er heimiluð takmörkun á bótum í samræmi við alþjóðlega samninga um þjónustu þá sem felst í alferðum. Þannig er hægt að takmarka skaðabætur í samræmi við þá alþjóðlegu flutningasamninga sem Ísland hefur staðfest. Hér kemur einkum til álita Varsjársamningurinn frá 1929 um alþjóðlega loftflutninga.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í tilskipun Evrópubandalagsins, 2. mgr. 5. gr., að aðildarríkin geti takmarkað bætur samkvæmt samningum ef um er að ræða annað tjón en meiðsli á mönnum. Tekið er sérstaklega fram í tilskipuninni að slík takmörkun megi þó ekki vera ósanngjörn.

Um 15. gr.

Eðlilegt verður að teljast að farkaupi þurfi að tilkynna ferðaheildsala eða ferðasmásala, eða fulltrúa þeirra, eins fljótt og kostur er og á fullnægjandi hátt, um vanefndir á samningi svo að úr megi bæta. Í 4. tölul. 5. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins er skýrt ákvæði um þessa tilkynningarskyldu farkaupa og að þessir samningsskilmálar séu formbundnir. Þetta kemur einnig fram í k-lið viðauka er fylgir með tilskipuninni.

En hvert á farkaupi að beina kvörtuninni? Í 4. gr. frumvarps þessa og 4. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins er sett fram krafa um að ferðaheildsali eða ferðasmásali veiti farkaupa, áður en alferð hefst, nánari upplýsingar um þau atriði sem eru nauðsynleg til að alferð verði farin. Til að farkaupi geti komið fram kvörtunum um vanefndir þarf ferðaheildsali eða ferðasmásali að hafa veitt þessar upplýsingar. Þessi atriði eru m.a.: nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa skipuleggjanda og/eða ferðasmásala á hverjum stað eða, sé ekki um það að ræða, ferðaskrifstofur á þeim stöðum sem farkaupi í erfiðleikum gæti leitað til. Þar sem ekki eru neinir slíkir fulltrúar eða ferðaskrifstofur verður engu að síður að láta neytenda í té neyðarsímanúmer eða einhverjar aðrar upplýsingar er geri honum kleift að hafa samband við ferðaheildsalann og/eða ferðasmásalann.

Gert er ráð fyrir því í 17. gr. frumvarpsins að samgönguráðherra geti sett nánari ákvæði um áðurnefnd atriði í reglugerð.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um skyldur farkaupa meðan á alferð stendur. Þessar skyldur, sem upp eru taldar, eru ekki tæmandi. Heimilt er að kveða nánar á um skyldur farkaupa í alferðarsamningi og þá eftir því hvers eðlis ferðin er.

Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í tilskipun Evrópubandalagsins, en eðlilegt er að samfara þeim réttindum, sem frumvarp þetta veitir farkaupa, beri hann einnig skyldur lögum samkvæmt. Jafnframt eru ákvæði í loftferða- og siglingalögum um skyldur farkaupa í þessum efnum.

Um 17. gr.

Eðlilegt verður að teljast að ýmis framkvæmdaratriði laga þessara verði ákveðin með reglugerð. Í greininni er samgönguráðherra heimilað að setja nánari reglur um framkvæmdina og talin eru upp þau atriði sem helst er ástæða til að fjalla nánar um í reglugerð. Það eru t.d. ákvæði um innihald upplýsingabæklings til viðskiptavinar og þau atriði sem taka þarf fram í alferðarsamningi.

Um 18. gr.

Þótt samgönguráðuneytið fari með yfirumsjón ferðamála að íslenskum lögum falla neytendamál að öllu jöfnu undir Samkeppnisstofnun, sbr. samkeppnislög, nr. 8/1993. Hér er lagt til að eftirlit með framkvæmdinni verði í höndum Samkeppnisstofnunar.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 20. gr.

Ákvæðið um gildistöku þarfnast ekki nánari skýringar.

Fylgiskjal 1.

23. 6. 90 Stjórnartíðindi EB Nr. L 158/59

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. júní 1990

um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka

(90/314/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100.gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

í samvinnu við Evrópuþingið ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt meginmarkmið bandalagsins er að koma á til fullnustu innri markaðnum sem ferðamannaþjónusta er mikilvægur hluti af.

Landslög í aðildarríkjunum um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka, hér á eftir nefnt „pakkar", greinir talsvert á og verulegur munur er á venjum í þessu efni milli aðildarríkja, sem leiðir til hindrana á frelsi til að veita þjónustu varðandi pakka og til röskunar á samkeppni milli þeirra er reka slíka starfsemi í hinum ýmsu aðildarríkjum.

Verði komið á sameiginlegum reglum um pakka mun það stuðla að því að útrýma þessum hindrunum og þar með að því að koma á sameiginlegum þjónustumarkaði, er geri þeim er reka slíka starfsemi í einu aðildarríki kleift að bjóða fram þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum og neytendum kleift að njóta sambærilegra skilyrða er þeir kaupa pakka í hvaða aðildarríki sem er.

Í b-lið 36. mgr. í viðauka við ályktun ráðsins frá 19. maí 1981, um aðra áætlun Evrópubandalagsins um stefnumörkun að því er varðar neytendavernd og miðlun upplýsinga til neytenda ([4]), er óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að hún geri meðal annars könnun á ferðalögum og ferðamannaþjónustu og leggi fram viðeigandi tillögur, ef ástæða þykir til, með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir neytendavernd og til þeirra áhrifa er mismunurinn á löggjöf aðildarríkjanna hefur á eðlilega starfsemi sameiginlega markaðarins.

Í ályktun um stefnu bandalagsins varðandi ferðalög og ferðamannaþjónustu frá 10. apríl 1984 ([5]) fagnaði ráðið því frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar að vekja athygli á mikilvægi ferðalaga og ferðamannaþjónustu og gaf gaum að fyrstu viðmiðunarreglum framkvæmdastjórnarinnar varðandi mörkun sameiginlegrar stefnu bandalagsins um ferðalög og ferðamannaþjónustu.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins er bar yfirskriftina „Nýr hvati að stefnu varðandi neytendavernd" og var samþykkt með ályktun ráðsins 6. maí 1986 ([6]), er tilgreint í 37. mgr., meðal ráðstafana sem framkvæmdastjórnin leggur til, að löggjöf um pakka verði samræmd.

Ferðamannaþjónusta gegnir æ stærra hlutverki í efnahagslífi aðildarríkjanna. Pakkakerfið er undirstöðuatriði í ferðamannaþjónustu. Ferðapakkaþjónusta í aðildarríkjunum hlyti hvatningu til frekari vaxtar og grósku ef samþykkt væri að minnsta kosti eitthvert lágmark sameiginlegra reglna í því skyni að atvinnugreinina mætti stunda í bandalaginu sem heild. Þetta yrði ekki aðeins til hagsbóta fyrir ríkisborgara bandalagsins er keyptu pakka sem settir væru saman á grundvelli slíkra reglna, heldur myndi það einnig laða að ferðamenn úr löndum utan bandalagsins er sæktust eftir pökkum er uppfylltu viðurkennda staðla.

Munur sá sem er á reglum um neytendavernd í hinum ýmsu aðildarríkjum dregur úr áhuga neytenda í einu aðildarríki á að kaupa pakka í öðru aðildarríki.

Letjandi áhrif af þessu eru einkum þau að gera neytendur fráhverfa því að kaupa pakka utan eigin aðildarríkis, og áhrifin eru meiri í þessu tilliti en gagnvart öflun annars konar þjónustu, vegna þess að í pakka er um að ræða sérhæfða þjónustu, sem yfirleitt tekur til eyðslu verulegra fjármuna fyrirfram, sem og þess að þjónustan er yfirleitt veitt í öðru ríki en því sem neytandinn er búsettur í.

Rétt er að neytandi njóti verndar samkvæmt tilskipun þessari án tillits til þess hvort hann er beinn samningsaðili, framsalshafi eða einn úr tilteknum hópi sem annar aðili hefur gert samning fyrir um pakka.

Rétt er að þeim sem setja saman pakka og/eða selja hann í smásölu sé skylt að tryggja að í skýringum með pakka er þeir skipuleggja eða selja séu ekki gefnar villandi upplýsingar

([1]) Stjtíð. EB nr. C 96, 12. 4. 1988, bls. 5.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 69, 20. 3. 1989, bls. 102 og Stjtíð. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 102, 24. 4. 1989, bls. 27.
([4]) Stjtíð. EB nr. C 165, 23. 6. 1981, bls. 24.
([5]) Stjtíð. EB nr. C 115, 30. 4. 1984, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB nr. C 118, 7. 3. 1986, bls. 28.

og að bæklingar sem neytendur fá í hendur veiti skiljanlegar og greinargóðar upplýsingar.

Neytandinn þarf að geta gengið að skráðum samningsskilmálum er gilda um pakkann. Auðvelt er að koma þessu í kring með því að gera kröfu um að allir samningsskilmálar séu skráðir á blað í því formi að skiljanlegt sé og neytandanum tiltækt og að hann fái afrit af því.

Rétt er að neytanda sé heimilt við tilteknar aðstæður að framselja bókun honum til handa varðandi pakka til þriðja aðila sem þess er fús.

Verð sem ákveðið er í samningi ætti ekki að breytast í grundvallaratriðum nema í því tilviki að breyting til hækkunar eða lækkunar sé skýrt heimiluð í samningum. Rétt er þó að slík breyting sé jafnan háð tilteknum skilyrðum.

Neytandi ætti að eiga rétt á því, við tilteknar aðstæður, að falla frá samningi um pakkaferð fyrir brottför.

Gera ber skilmerkilega grein fyrir rétti þeim er neytanda ber við þær aðstæður að skipuleggjandi pakka aflýsi honum fyrir tiltekinn brottfarardag.

Rétt er að skipuleggjandi hafi tilteknum skyldum að gegna gagnvart neytanda, í því tilviki að verulegar vanefndir á veitingu þeirrar þjónustu sem neytandi hefur samið um eigi sér stað eftir brottför hans, eða ef skipuleggjandi gerir sér grein fyrir því að hann muni ekki geta útvegað verulegan hluta umsaminnar þjónustu.

Skipuleggjandinn og/eða smásalinn sem er aðili að samningnum ættu að bera ábyrgð gagnvart neytandanum á því að staðið verði við allar skuldbindingar samkvæmt samningnum. Enn fremur ættu skipuleggjandi og/eða smásali að vera skaðabótaskyldir vegna tjóns sem neytandinn verður fyrir vegna vanefnda á framkvæmd eða rangri framkvæmd samnings nema því aðeins að gallar á framkvæmd samningsins verði hvorki raktir til vanefnda af þeirra hálfu né annarra þjónustuaðila.

Í þeim tilvikum er skipuleggjandi og/eða smásali eru gerðir ábyrgir fyrir vanefndum á framkvæmd eða rangri framkvæmd þjónustu sem varðar pakka, ætti slík skaðabótaábyrgð að vera takmörkuð í samræmi við alþjóðasamninga sem við eiga um slíka þjónustu, þar á meðal Varsjársamninginn frá 1929 um alþjóðlega loftflutninga, Bernarsamninginn frá 1961 um flutninga með lestum, Aþenusamninginn frá 1974 um flutninga á sjó og Parísarsamninginn frá 1962 um skaðabótaskyldu gistihúsaeigenda. Enn fremur ætti að vera kleift að takmarka skaðabótaskyldu samkvæmt pakkasamningi að því er varðar tjón, annað en meiðsli á mönnum, að því tilskildu að slíkar takmarkanir séu ekki ósanngjarnar.

Rétt er að gera tilteknar ráðstafanir um upplýsingar til neytenda og hvernig fara skuli með kvartanir.

Það yrði bæði neytendum og ferðapakkaatvinnugreininni til hagsbóta ef skipuleggjendur og/eða smásalar væru skyldaðir til að leggja fram fullnægjandi sönnun um tryggingarfé gegn hugsanlegu gjaldþroti.

Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að setja eða hafa áfram í gildi strangari ákvæði um ferðapakka, neytendum til verndar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið tilskipunar þessarar er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um pakka sem seldir eru eða boðnir til sölu innan yfirráðasvæðis bandalagsins.

2. gr.

Í tilskipun þessari merkir:

1. „pakki" fyrirfram ákveðna samsetningu ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða þegar hann er seldur eða boðinn til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 tíma eða í henni felst næturgisting:

   a) flutnings;

   b) gistingar;

   c) annarrar þjónustu við ferðamenn sem ekki er viðbót við flutninga eða gistingu og tekur til verulegs hluta pakkans.

   Það leysir ekki skipuleggjanda eða smásala undan skyldum sínum samkvæmt tilskipun þessari þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir ýmsa þætti pakkans;

2. „skipuleggjandi" einstakling er setur saman pakka, oftar en stöku sinnum, og selur þá eða býður til sölu, hvort heldur beint eða gegnum smásala;

3. „smásali" einstakling er selur eða býður til sölu pakka sem skipuleggjandi hefur sett saman;

4. „neytandi" einstakling er tekur eða samþykkir að taka pakka („aðalsamningsaðili"), eða hver sá sem aðalsamningsaðili samþykkir að kaupa pakkann fyrir („aðrir rétthafar") eða hver sá sem aðalsamningsaðili eða einhver hinna rétthafanna framselur pakkann til („framsalshafi");

5. „samningur" samning þann er tengir neytandann skipuleggjandanum og/eða smásalanum.

3. gr.

1. Skýringar er skipuleggjandi eða smásali lætur neytanda í té, mega ekki fela í sér neins konar villandi upplýsingar um pakkaverð hans eða nokkur önnur skilyrði varðandi samninginn.

2. Þegar neytanda er látinn í té bæklingur, skal í honum tilgreina á læsilegan, skiljanlegan og greinargóðan hátt bæði verð og fullnægjandi upplýsingar varðandi:

a) ákvörðunarstað og þau samgöngutæki sem notuð eru, eiginleika þeirra og gæðaflokk;

b) tegund gistingar, staðsetningu, gæða- eða þægindaflokk og helstu einkenni, samþykkt hennar og ferðamannaflokkun samkvæmt reglum hlutaðeigandi gistiríkis innan bandalagsins;

c) ráðgerðar máltíðir;

d) ferðaáætlun;

e) almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréf og vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara aðildarríkis þess eða þeirra ríkja sem í hlut eiga og heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina og dvölina;

f) fyrirframgreiðslu, tilgreinda fjárhæð eða hundraðshluta heildarverðs sem greiða þarf fyrirfram, sem og hvenær skuli greiða eftirstöðvarnar;

g) hvort krafist er lágmarksfjölda fólks til þess að af pakkanum verði og í því tilviki, hvenær neytandanum skuli tilkynnt um afturköllun pakka í síðasta lagi.

Atriði þau er fram koma í bæklingnum eru bindandi fyrir skipuleggjanda eða smásala, nema því aðeins:

— að breytingum á þeim atriðum hafi verið skilmerkilega komið á framfæri við neytandann áður en samningurinn var gerður, en í því tilviki skal það tekið fram í bæklingnum,

— breytingar séu gerðar síðar, eftir samkomulag samningsaðila þar um.

4. gr.

1. a) Skipuleggjandi og/eða smásali skal láta neytandanum í té, skriflega eða á annan viðeigandi hátt, áður en samningurinn er gerður, almennar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru um vegabréf og vegabréfsáritanir að því er varðar ríkisborgara hlutaðeigandi aðildarríkis eða ríkja, einkum um frest til að útvega slíkt, auk upplýsinga um heilbrigðisráðstafanir sem krafist er fyrir ferðina og dvölina.

b) Skipuleggjandi og/eða smásali skulu einnig láta neytandanum í té, skriflega eða á annan viðeigandi hátt, eftirfarandi upplýsingar með góðum fyrirvara fyrir brottför:

i) tíma og staði þar sem höfð er viðdvöl á leiðinni og tengiferðir ásamt nánari upplýsingum um það rými sem ferðamanninum er ætlað, þ.e. klefa eða legurúm um borð í skipi eða svefnklefa í lest;

ii) nafn, heimilisfang og. símanúmer fulltrúa skipuleggjanda og/eða smásala á hverjum stað eða, sé ekki um það að ræða, ferðaskrifstofur á þeim stöðum sem neytandi í erfiðleikum gæti leitað til.

Þar sem ekki eru neinir slíkir fulltrúar eða ferðaskrifstofur verður engu að síður að láta neytanda í té neyðarsímanúmer eða einhverjar aðrar upplýsingar er geri honum kleift að hafa samband við skipuleggjandann og/eða smásalann;

iii) þegar um er að ræða ferðir ólögráða barna til útlanda eða dvöl þeirra erlendis, upplýsingar er gera kleift að ná beinu sambandi við barnið eða ábyrgðaraðila á þeim stað er barnið dvelst;

iv) upplýsingar um tryggingarsamning er gera megi til að mæta kostnaði við uppsögn samnings af hálfu neytanda eða kostnaði við aðstoð, þar með talinn flutning aftur til heimalands, ef slys eða veikindi ber að höndum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að um samninginn gildi eftirfarandi meginreglur:

a) eftir því um hvernig pakka er að ræða, skal samningurinn innihalda að minnsta kosti þau atriði sem skráð eru í viðauka;

b) allir skilmálar samningsins skulu settir fram skriflega eða á hvern þann annan hátt sem er neytandanum skiljanlegur og tiltækur og þeim verður að koma á framfæri við hann áður en samningurinn er gerður. Neytandinn skal fá eintak af þessum skilmálum;

c) ákvæði b-liðar útilokar ekki síðbúna framkvæmd pantana eða samninga sem gerðir eru á síðustu stundu.

3. Þegar neytanda er fyrirmunað að nýta sér pakka, getur hann framselt bókun sína, hafi hann áður látið skipuleggjanda eða smásala vita um áform sín með sanngjörnum fyrirvara fyrir brottför, einstaklingi sem fullnægir öllum skilyrðum sem um pakkann gilda. Framseljandi pakkans og framsalshafi eru þá sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgir gagnvart skipuleggjanda eða smásala sem er aðili að samningum að því er varðar greiðslu á eftirstöðvum og hverjum þeim aukakostnaði er kann að leiða af slíku framsali.

4. a) Verð það sem sett er fram í samningnum skal haldast óbreytt nema því aðeins að í samningum sé skýrt tekið fram að hugsanlegt sé að verð hækki eða lækki og tilgreint sé nákvæmlega hvernig reikna skuli út hið breytta verð og einungis heimila breytingar á:

— flutningskostnaði, þar með töldum eldsneytiskostnaði,

— álögum, sköttum eða sérgreiðslum sem lagðar eru á fyrir tiltekna þjónustu, svo sem lendingargjöld eða gjöld fyrir að fara um borð eða frá borði í höfnum og flugvöllum,

— gengi því sem á við um hinn tiltekna pakka.

b) Síðustu tuttugu dagana fyrir tilsettan brottfarardag má ekki hækka verð það sem í samningnum segir.

5. Sjái skipuleggjandi sig tilneyddan til þess fyrir brottför að breyta verulega einhverjum meginskilmálum samnings,

svo sem verði, skal hann tilkynna neytanda það eins fljótt og unnt er til þess að hann geti þá tekið ákvarðanir samkvæmt því og þá meðal annars:

— annaðhvort fallið frá samningnum bótalaust,

— eða samþykkt viðauka við samninginn er tilgreini þær breytingar sem gerðar eru á honum og áhrif þeirra á verðið.

Neytandinn skal tilkynna skipuleggjanda eða smásala um ákvörðun sína eins fljótt og unnt er.

6. Ef neytandinn fellur frá samningnum samkvæmt 5. mgr. eða ef skipuleggjandi aflýsir pakka fyrir umsaminn brottfarardag af hvaða ástæðu sem vera kann, annarri en af völdum neytandans, skal neytandinn eiga rétt á:

a) annaðhvort að taka í staðinn annan pakka sambærilegan að gæðum eða betri ef skipuleggjandi og/eða smásalinn geta boðið honum slík skipti. Ef pakki sá sem boðinn er í staðinn er lakari skal skipuleggjandinn greiða neytandanum verðmismuninn;

b) eða að fá endurgreitt eins fljótt og unnt er allt það fé er hann hefur greitt samkvæmt samningnum.

Í því tilviki á hann rétt á því, eftir því sem við á, að fá bætur frá annaðhvort skipuleggjanda eða smásala, samkvæmt því sem löggjöf hlutaðeigandi ríkis kveður á um, fyrir vanefndir á samningi, nema því aðeins að:

i) ástæðan fyrir aflýsingunni sé sú að fjöldi skráðra þátttakenda sé minni en sú lágmarkstala sem til þarf og neytanda sé tilkynnt um aflýsinguna skriflega, innan þess frests sem tilgreindur er í pakkalýsingu; eða

ii) aflýsingin, að frátalinni yfirbókun, sé af völdum óviðráðanlegra aðstæðna (force majeure), sem sá er þær ber fyrir sig fær engu um ráðið og hefði ekki getað komið í veg fyrir afleiðingar þeirra þótt öll aðgát hefði verið viðhöfð.

7. Í því tilviki að eftir brottför sé ekki látinn í té verulegur hluti þeirrar þjónustu sem umsamin er, eða ef skipuleggjandi gerir sér grein fyrir því að honum muni reynast ókleift að útvega verulegan hluta þeirrar þjónustu sem láta á í té, skal skipuleggjandinn gera aðrar viðeigandi ráðstafanir, neytandanum að kostnaðarlausu, til þess að hægt sé að halda pakkanum áfram, og eftir því sem við á bæta neytandanum muninn á þeirri þjónustu sem boðin var og hinni sem veitt er.

Ef ekki er unnt að gera slíkar ráðstafanir eða neytandinn samþykkir þær ekki og hefur til þess fulla ástæðu, skal skipuleggjandinn, eftir því sem við á, láta neytandanum í té, honum að kostnaðarlausu, jafngildan flutning aftur á brottfararstað eða til annars staðar á heimleiðinni sem neytandinn samþykkir og bæta honum þetta eftir því sem við á.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að skipuleggjandi og/eða smásali sem eru aðilar að samningi beri ábyrgð gagnvart neytandanum á því að staðið sé við framkvæmd þeirra skuldbindinga sem samningurinn kveður á um, án tillits til þess hvort skipuleggjanda og/eða smásala beri að annast framkvæmdina sjálfir eða hún sé í höndum annarra þjónustuaðila, án þess að þetta brjóti í bága við rétt skipuleggjanda og/eða smásala til þess að krefjast efnda af hálfu téðra annarra þjónustuaðila.

2. Að því er varðar þann skaða er neytandinn verður fyrir vegna vanefnda á framkvæmd eða rangri framkvæmd samningsins, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að skipuleggjandinn og/eða smásalinn séu skaðabótaskyldir vegna slíks, nema því aðeins að vanefndirnar á framkvæmd eða röng framkvæmd samnings verði ekki rakin til vanrækslu þeirra né annars þjónustuaðila, af því að:

— vanefndirnar á framkvæmd samningsins eru neytandanum að kenna,

— vanefndirnar eru að kenna þriðja aðila sem ekki tengist veitingu þeirrar þjónustu sem samið var um og eru ófyrirsjáanlegar eða óhjákvæmilegar.

— vanefndirnar eru vegna óviðráðanlegs atburðar (force majeure) eins og skilgreint er í annarri undirgrein (ii) 6. mgr. 4. gr. eða rekjanlegar til atburðar sem skipuleggjandinn og/eða smásalinn eða veitandi þjónustunnar gátu með engu móti séð fyrir eða komið í veg fyrir, þótt öll aðgát væri við höfð.

Í þeim tilvikum er segir í öðrum og þriðja undirlið skulu skipuleggjandi og/eða smásali sem eru aðilar að samningnum skyldir til að veita neytanda í erfiðleikum skjóta aðstoð.

Að því er varðar skaðabætur er leiðir af vanefndum á framkvæmd eða rangri framkvæmd þjónustu þeirrar sem pakkinn tekur til, geta aðildarríkin heimilað takmörkun á bótum í samræmi við alþjóðlega samninga um slíka þjónustu.

Að því er varðar tjón annað en meiðsli á mönnum er leiðir af vanefndum á framkvæmd eða rangri framkvæmd þjónustu þeirrar er samningurinn tekur til, geta aðildarríkin heimilað takmörkun á bótum samkvæmt samningnum. Slík takmörkun skal ekki vera ósanngjörn.

3. Með fyrirvara um fjórðu undirgrein 2. mgr., má ekki með samningsákvæði veita neina undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr.

4. Neytandinn verður að tilkynna um hverja þá vanefnd er hann verður var við á framkvæmd samnings þegar í stað til veitanda þeirrar þjónustu er um ræðir og til skipuleggjanda og/eða smásala skriflega eða á annan viðeigandi hátt eins fljótt og kostur er.

Þessa skyldu verður að taka skýrt og ótvírætt fram í samningnum.

6. gr.

Komi upp kvörtun, ber skipuleggjanda og/eða smásala eða fulltrúa þeirra á þeim stað er um ræðir, sé honum til að dreifa, að leggja sig fram um að leysa málið fljótt og vel.

7. gr.

Skipuleggjandinn og/eða smásalinn sem er aðili að samningnum skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir heimflutning neytandans ef til gjaldþrots kynni að koma.

8. gr.

Aðildarríki geta tekið upp ný eða eldri strangari ákvæði á því sviði er tilskipun þessi tekur til, neytandanum til verndar.

9. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1992. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjóminni það þegar í stað.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði er tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. júní 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

D. J. O'MALLEY

forseti.

VIÐAUKI

Atriði sem taka ber fram í samningi ef þau eiga við um pakka þann er um ræðir:

a) ákvörðunarstað(i) ferðar og, þar sem um dvöl er að ræða, tímabil þau sem við á, með dagsetningum;

b) samgöngutæki sem nota á, eiginleika þeirra og gæðaflokk, dagsetningar, tímasetningar og brottfarar- og heimkomustaði;

c) þegar gisting er innifalin í pakkanum, staðsetningu hennar, ferðamanna- eða þægindaflokk, helstu eiginleika, hvort hún er í samræmi við reglur hlutaðeigandi gistiríkis innan bandalagsins og ráðgerðar máltíðir;

d) hvort tiltekinn fjölda þátttakenda þarf til þess að af ferðapakka verði og í því tilviki, hvenær frestur til að tilkynna neytanda um hugsanlega aflýsingu rennur út;

e) ferðaáætlunin/leiðin;

f) heimsóknir, skoðunarferðir eða önnur þjónusta sem felst í umsömdu heildarverði pakkans;

g) nafn og heimilisfang skipuleggjanda, smásala og vátryggjanda þar sem það á við;

h) verð pakkans, vísbending um möguleika á endurskoðun verðs samkvæmt 4. mgr. 4. gr. og vísbending um hugsanlegar álögur, skatta eða sérstakar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu (lendingu, það að ganga um borð eða fara frá borði í höfnum og á flugvöllum, ferðamannaskattar) þegar slík útgjöld eru ekki innifalin í pakkanum;

i) greiðsluáætlun og greiðslutilhögun;

j) sérstakar kröfur sem neytandinn hefur kunngert skipuleggjanda eða smásala við bókun og sem báðir hafa samþykkt;

k) frestur sá er neytandinn hefur til þess að setja fram kvörtun um vanefndir á framkvæmd eða um ranga framkvæmd samningsins.

Fimm fylgiskjöl voru birt með frumvarpinu í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um fskj. 2, 3 og 4 vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Á fskj. 2 var sama tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins og á fskj. 1, en í enskri útgáfu Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB, nr. L 142, 9.6. 1988, bls. 19). Á fskj. 3 voru birtar reglur um almenna ferðaskilmála milli ferðaskrifstofa og þeirra er kaupa ferðir. Ferðaskilmálar þessir voru settir einhliða af Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og samþykktir með breytingum á fundi hjá þeim í febrúar 1993. Á fskj. 4 voru birtar reglur, sem Verðlagsstofnun (nú Samkeppnisstofnun) setti 1. febr. 1992, um samræmdar verðupplýsingar o.fl. í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum.

Fylgiskjal 5.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um alferðir.

Með frumvarpinu er sett löggjöf um alferðir, en hér er um að ræða sólarlandaferðir og aðrar svokallaðar pakkaferðir. Frumvarpið felur í sér ýmis ákvæði um neytendavernd á þessu sviði. Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins er Samkeppnisstofnun falin framkvæmd laganna en áður hafði Verðlagsstofnun farið með mál sem þessi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

774. Tillaga til þingsályktunar [448. mál]

um lendingar ferjuflugvéla á Rifi.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Guðjón Guðmundsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun flugvallarins á Rifi á Snæfellsnesi til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Í því skyni skipi ráðherra nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar Flugmálastjórnar og heimamanna. Skal nefndin gera úttekt á flugvellinum og tillögur að úrbótum, svo og hvernig fá megi erlenda ferjuflugmenn til að nota flugvöllinn. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 1995.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á hve margir flugvellir úti á landi eru vannýttir á meðan mikið álag er á Reykjavíkurflugvelli. Þar sem mikil nauðsyn er á að nýta sem best þau mannvirki, sem fyrir eru í landinu, er eðlilegt að athugað sé hvort

ekki megi nýta eitthvað af ónýttum flugvöllum til móttöku ferjuflugvéla. Samkvæmt skilgreiningu samgönguráðuneytisins er ferjuflug „þegar loftfari er flogið (venjulega án farþega eða farms) milli staða, til dæmis til afhendingar nýjum eiganda eða milli viðhaldsstöðvar og heimaflugvallar". Það sem í daglegu tali er nefnt ferjuflug er einkaflug, leiguflug eða annað þjónustuflug og ferjuflug. Á árunum 1988–1992 voru skráðar lendingar minni flugvéla (með hámarksmassa undir 5.700 kg), sem höfðu viðkomu hér á landi, alls 12.322 eða 2.464,4 að meðaltali á ári. Árið 1988 voru 1.420 (62,4%) lendingar á Reykjavíkurflugvelli en 854 (37,6%) á Keflavíkurflugvelli. Lendingum ferjuflugvéla í Reykjavík hefur síðan fækkað ár frá ári og voru þær á því síðasta 1.126 (47,8%) á móti 1.231 (52,2%) í Keflavík. Ástæður þess má eflaust rekja til aukins kennslu- og einkaflugs í Reykjavík, auk umræðna í tengslum við flugslys við Reykjavíkurflugvöll um staðsetningu vallarins og þá hættu sem fylgir aðflugi og lendingum ferjuflugvéla á honum.

Á flugvellinum á Rifi á Snæfellsnesi eru tvær flugbrautir og báðar með bundnu slitlagi. Önnur er 1.000 metra löng með olíumöl sem slitlagi og er búin flugbrautar- og aðflugshallaljósum. Hin er 800 metra löng þverbraut með klæðningu sem slitlagi.

Staðsetning flugvallarins á Rifi er að mörgu leyti heppileg til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Er því eðlilegt að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun hans í þessu skyni. Minni erlendar flugvélar geta lent á flugvellinum í samræmi við brautarlengdir og burðarþol flugbrauta. Hins vegar þyrfti væntanlega að bæta aðflugs- og snjóhreinsibúnað og eldsneytisafgreiðslu á vellinum ætti að auka notkun hans til móttöku á erlendum ferjuflugvélum. Þá þyrfti einnig að lengja opnunartíma vallarins og auka veðurupplýsingagjöf. Allt kostar þetta nokkra peninga. Því er hér lagt til að ráðherra skipi nefnd með þátttöku Flugmálastjórnar og heimamanna, auk annarra til að gera úttekt á flugvellinum og gera tillögur að úrbótum, þannig að leiða megi í ljós hagkvæmni þessara ráðstafana. Rétt þykir að nefndin skili áliti eigi síðar en 1. janúar nk.

775. Frumvarp til laga [449. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Úr heiti I. kafla laganna falla niður orðin „framsal sakamanna".

2. gr.

2. málsl. 3. tölul. 6. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

1. málsl. 7. tölul. 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1981, orðast svo: Fyrir hátt-semi sem greinir í alþjóðasamningi frá 18. desember 1979 um varnir gegn töku gísla.

4. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. laganna falla niður.

5. gr.

Ný grein, 8. gr. a laganna, orðast svo:

Nú hefur maður hlotið refsidóm í ríki þar sem brot var framið, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., eða í ríki sem er aðili að samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970 og skal þá ekki höfða mál á hendur honum, dæma hann né fullnægja viðurlögum hér á landi fyrir sama brot og hann var dæmdur fyrir í því ríki ef:

1. hann var sýknaður,
2. dæmdum viðurlögum hefur þegar verið fullnægt, verið er að fullnægja þeim, þau eru fallin niður eða hafa verið gefin upp í samræmi við lög í því ríki þar sem dómur var kveðinn upp,
3. hann hefur verið sakfelldur án þess að refsing eða önnur viðurlög hafi verið ákvörðuð.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um brot sem falla undir 4. gr. og 1. tölul. 6. gr. nema refsimál hafi verið höfðað í hinu ríkinu að ósk íslenskra stjórnvalda.

6. gr.

Ný grein, 8. gr. b laganna, orðast svo:

Ef höfðað er mál á hendur manni hér á landi fyrir brot sem hann hefur þegar sætt viðurlögum fyrir í öðru ríki skal ákveða viðurlögin hér að sama skapi vægari eða láta þau eftir atvikum falla niður að því leyti sem viðurlögunum hefur þegar verið fullnægt í því ríki.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Frumvarp þetta um breyting á almennum hegningarlögum er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma. Meginefni þess varðar breytingar á 8. gr. almennra hegningarlaga um heimildir til að reka sakamál hér á landi þegar hlutaðeigandi maður hefur hlotið refsidóm í öðru ríki vegna sama brots. Breytingar á þessari grein, sbr. 4.–6. gr. frumvarpsins, eru taldar nauðsynlegar vegna væntanlegrar fullgildingar á samningi frá 28. maí 1970 um alþjóðlegt gildi refsidóma. Í 1.–3. gr. frumvarpsins er lagt til að nokkur ákvæði í I. kafla almennra hegningarlaga verði felld niður eða þau lagfærð. Um þessi atriði er nánar fjallað í athugasemdum við viðkomandi greinar.

Samningurinn frá 28. maí 1970 um alþjóðlegt gildi refsidóma skiptist í fjóra hluta. Í I. hluta hans eru skilgreiningar á hugtökum, í II. hluta er fjallað um fullnustu evrópskra refsidóma, í III. hluta um alþjóðleg áhrif evrópskra refsidóma og í IV. hluta hans eru lokaákvæði. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma er gerð grein fyrir efni samningsins og er íslensk þýðing hans prentuð sem fylgiskjal með því frumvarpi.

Eins og áður segir er í III. hluta samningsins, 53.–57. gr., fjallað um alþjóðleg áhrif evrópskra refsidóma. Þessi hluti samningsins hefur sjálfstætt gildi og varðar ekki samskipti ríkja vegna fullnustu dóma sem um er fjallað í II. hluta. Í III. hluta samningsins eru ákvæði sem fela í sér að refsidómur, sem kveðinn er upp í einu samningsríki, skuli sjálfkrafa hafa ákveðin réttaráhrif í öðru samningsríki. Ákvæði þessa hluta samningsins

tengjast efnislega ákvæðum í I. kafla almennra hegningarlaga um gildissvið refsilaga og eru því lagðar til breytingar á þeim kafla hegningarlaganna sem nauðsynlegar eru taldar til að unnt verði að fullgilda samninginn.

II. Um efni III. hluta samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Samkvæmt a-lið 1. gr. samningsins merkir evrópskur refsidómur „sérhverja endanlega ákvörðun sakadóms samningsríkis að lokinni málsmeðferð samkvæmt sakamálaréttarfari".

Í fyrri kafla þessa hluta samningsins, 53.–55. gr., er fjallað um svokölluð „ne bis in idem" áhrif eða neikvæð réttaráhrif slíkra refsidóma. Efni þeirrar reglu er, eins og latneska heitið gefur til kynna, að hindra að maður verði oftar en einu sinni dæmdur fyrir sama verknað.

Samkvæmt 53. gr. samningsins er samningsríki ekki heimilt að ákæra, dæma eða fullnægja refsingu gagnvart manni ef dómi vegna sama verknaðar hefur þegar verið fullnægt eða verið er að fullnægja honum í öðru samningsríki eða ef það hefur ekki verið hægt vegna fyrningar. Það sama gildir ef hann hefur verið sýknaður, náðaður eða veitt sakaruppgjöf vegna sama verknaðar í öðru samningsríki og ef dómstóll í öðru samningsríki hefur sakfellt mann án þess að dæma hann til refsingar.

Samkvæmt greininni er samningsríki ekki bundið af þessari reglu ef verknaðurinn beinist gegn opinberum starfsmanni, opinberri stofnun eða öðru á vegum hins opinbera í því ríki eða ef sá sem verknaðinn framdi hafði sjálfur opinbera stöðu þar. Það sama gildir um það ríki sem verknaðurinn var framinn í. Þessar tvær undantekningar frá „ne bis in idem" reglunni byggja á því að hlutaðeigandi ríki hafi í þessum tilvikum sérstakra hagsmuna að gæta umfram önnur ríki sem réttlæti aðra málsmeðferð í því ríki. Undantekningarnar eiga ekki við ef ríkið hefur sjálft óskað eftir málsmeðferð í öðru ríki.

Samkvæmt 54. gr. skal draga allan þann tíma, sem hinn dæmdi hefur sætt frelsissviptingu vegna fullnustu erlends refsidóms, frá þeim viðurlögum sem kunna að verða dæmd í öðru samningsríki ef nýtt mál er höfðað þar vegna sama verknaðar.

Í 55. gr. er kveðið á um að ákvæði samningsins um „ne bis in idem" skuli ekki standa því í vegi að samningsríki setji í eigin lög ákvæði sem ganga lengra í þá átt að innleiða „ne bis in idem" áhrif í sambandi við erlenda refsidóma.

Í síðari kafla III. hluta samningsins, 56.–57. gr., eru ákvæði um að hvaða leyti tekið skuli tillit til refsidóms, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki, við ákvörðun refsingar í öðru samningsríki vegna annars afbrots og um áhrif evrópsks dóms um réttindasviptingu í öðru samningsríki.

Í 56. gr. er kveðið á um að samningsríki skuli lögleiða ákvæði sem það telur þörf á til þess að dómstólar þess geti við ákvörðun refsingar tekið tillit til refsidóms vegna annars afbrots sem upp er kveðinn í öðru samningsríki. Ákvæðið hefur fyrst og fremst gildi varðandi ítrekunaráhrif erlendra dóma. Samkvæmt greininni skal samningsríki ákveða hvort slíkir dómar eigi að hafa að öllu eða aðeins nokkru leyti sömu áhrif og innlendir dómar hafa. Í greinargerð með samningnum kemur fram að ákvæðið skuli ekki túlkað á þann hátt að samningsríki geti alfarið hafnað að taka tillit til erlendra refsidóma. Ákvæðið á aðeins við þegar hinn dæmdi hefur komið fyrir dóm áður en evrópskur refsidómur var kveðinn upp og á því ekki við um útivistardóma.

Í 57. gr. er ákvæði um að samningsríki skuli lögleiða ákvæði sem það telur þörf á til þess að unnt sé að taka tillit til evrópsks refsidóms þannig að hægt sé að nokkru eða öllu leyti að beita réttindasviptingu sem lög þess tengja við innlenda dóma. Eins og í 56.

gr. samningsins á ákvæðið aðeins við þegar hinn dæmdi hefur komið fyrir dóm áður en evrópskur refsidómur var kveðinn upp. Samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir að nýtt afbrot hafi verið framið.

Samkvæmt f-lið í viðauka I við samninginn er unnt að gera fyrirvara við annan hvorn kafla þessa hluta samningsins. Þessi heimild hefur verið túlkuð þannig að unnt sé að gera fyrirvara við hlutaðeigandi kafla í heild eða aðeins að hluta til.

Þegar Noregur fullgilti samninginn var gerður sá fyrirvari að beiting fyrri kafla III. hluta samningsins er ekki viðurkenndur að því leyti sem ákvæði hans koma í veg fyrir málsmeðferð í Noregi vegna afbrots sem framið var af manni sem var norskur ríkisborgari eða búsettur í Noregi á þeim tíma þegar afbrotið var framið. Það sem liggur að baki fyrirvaranum er að norskir sérhagsmunir eða siðferðisviðhorf geti í þessum tilvikum krafist málsmeðferðar í Noregi. Sérstaklega er haft í huga að maður hafi verið sýknaður eða hlotið mjög væga refsingu í öðru samningsríki fyrir verknað sem mun þyngri refsing liggur við í Noregi og eru í því sambandi nefnd t.d. fíkniefnabrot, brot gagnvart fjölskyldumeðlimum, svo sem ólögmætt brottnám barns, eða afbrot sem fela í sér stríðsglæpi.

Svíþjóð viðurkennir ekki beitingu ákvæða kaflans að því leyti sem þau koma í veg fyrir málsmeðferð í Svíþjóð vegna alvarlegra afbrota sem samkvæmt sænskum lögum hafa í för með sér a.m.k. fjögurra ára fangelsi og að því leyti sem þau koma í veg fyrir fullnustu í Svíþjóð á refsingu sem þegar hefur verið dæmd í Svíþjóð. Það sem liggur að baki seinni fyrirvaranum er að unnt sé að fullnægja viðurlögum í Svíþjóð sem dæmd hafa verið þar áður en dómur var kveðinn upp fyrir sama verknað í öðru samningsríki. Þetta byggist á því að „ne bis in idem“ ákvæði samningsins eiga ekki aðeins við um höfðun máls heldur líka fullnustu. Af því leiðir að ef aðili, sem hlotið hefur dóm í samningsríki, kemst af einhverjum ástæðum undan fullnustu, t.d. vegna þess að hann flýr land, en er síðar dæmdur fyrir sama verknað í öðru samningsríki, er ekki hægt að fullnægja eldri dómnum í því ríki þar sem hann var kveðinn upp, jafnvel þótt yngri dómurinn hafi verið sýknudómur.

Við fullgildingu samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma af hálfu Íslands er ekki gert ráð fyrir að gerður verði fyrirvari. Ákvæði íslensku hegningarlaganna ganga lengra í þá átt að viðurkenna „ne bis in idem“ áhrif erlendra refsidóma en ákvæði sænskra og norskra hegningarlaga. Eru íslensku hegningarlögin mjög hliðstæð dönsku hegningarlögunum að þessu leyti en Danmörk gerði ekki fyrirvara við samninginn. Við fullgildingu samningsins af hálfu Danmerkur var dönsku hegningarlögunum breytt og hafa þær breytingar verið hafðar til hliðsjónar við gerð 4.–6. gr. frumvarpsins.

III. Almennt um frumvarpið.

Vegna ákvæða 53. gr. samningsins er nauðsynlegt að bæta við gildandi ákvæði í 8. gr. almennra hegningarlaga um „ne bis in idem“ áhrif erlendra refsidóma.

Í 3. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um „ne bis in idem“ áhrif erlendra refsidóma. Ákvæðið er efnislega skylt 53. gr. samningsins en gildissvið þess er þrengra þar sem það takmarkast við að sakborningur hafi verið sýknaður, refsidómi yfir honum fullnægt eða refsing felld niður í því ríki þar sem brot var framið.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað 3. mgr. 8. gr. hegningarlaga komi ný grein sem verði 8. gr. a. Greinin er samin með hliðsjón af 53. gr. samningsins en felur einnig í sér efnisatriði núgildandi 3. mgr. 8. gr. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að núverandi 4. mgr. 8. gr. verði sjálfstæð grein, 8. gr. b, en þær efnisbreytingar, sem lagðar eru

til á þeirri grein, eru nánar skýrðar í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins.

Ekki er talin þörf á að breyta ákvæðum almennra hegningarlaga vegna síðari kafla III. hluta samningsins. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga er dómstólum heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi. Þetta ákvæði er talið fullnægjandi vegna ákvæða 56. gr. samningsins.

Ekki er talið að túlka beri 57. gr. samningsins þannig að skylt sé að setja almennar reglur vegna hennar. Líta verður svo á að kröfum samningsins sé fullnægt ef unnt er á vissum sviðum, hvort sem bein lagafyrirmæli liggja fyrir eða ekki, að taka tillit til evrópsks refsidóms sem felur í sér réttindasviptingu á sama hátt og íslensks. Í þessu sambandi er rétt að benda á 105. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, þar sem segir að ef íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað sem samkvæmt umferðarlögum hefði varðað sviptingu ökuréttinda megi svipta hann þeim réttindum hér á landi í sérstöku opinberu máli og komi þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 101.–104. gr. umferðarlaga sem fjalla um sviptingu ökuréttinda o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að úr fyrirsögn I. kafla laganna verði felld niður orðin „framsal sakamanna". Með 28. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, var 9. gr. almennra hegningarlaga, sem fjallaði um framsal sakamanna, felld brott. Þá láðist að lagfæra heiti I. kafla laganna til samræmis við það. Í þessu sambandi er rétt að nefna að ákvæði 10. gr. varða ekki framsal heldur íslenska refsilögsögu gagnvart mönnum sem framseldir hafa verið hingað til lands frá öðru ríki.

Um 2. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að 2. málsl. 3. tölul. 6. gr. laganna verði felldur brott en þar segir að mál samkvæmt þessum tölulið skuli þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara.

Ákvæðið er óþarft þar sem meginreglan er sú samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála að ríkissaksóknari tekur ákvörðun um málshöfðun.

Þessi hluti 3. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga mun eiga sér þá sögulegu skýringu að þegar unnið var að gerð frumvarpsins til almennra hegningarlaga á fjórða tug aldarinnar var jafnframt unnið að frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála þar sem gert var ráð fyrir sérstökum saksóknara en það frumvarp sá aldrei dagsins ljós. Á þessum tíma fóru dómarar með ákæruvald og var hugmyndin sú að þeir hefðu ekki ákæruvald ef ákvæði þessa töluliðar ætti við heldur hinn nýi saksóknari.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að orðalag í 1. málsl. 7. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1981, verði breytt til samræmis við orðalag í 4.–6. tölul. greinarinnar. Ekki er um efnisbreytingar að ræða.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna verði felldar niður. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ný grein, 8. gr. a, komi í stað 3. mgr. og í 6. gr. er lagt til að núverandi 4. mgr. verði sjálfstæð grein, 8. gr. b, auk þess sem gerðar eru tillögur um breytingar á greininni sem nánar eru skýrðar í umfjöllun um þá grein.

Um 5. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ný grein, 8. gr. a, komi í stað núgildandi 3. mgr. 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal ekki höfða mál hér á landi á hendur manni, dæma hann eða fullnægja þegar dæmdum viðurlögum gagnvart honum fyrir sama afbrot og hann hefur hlotið dóm fyrir í öðru ríki þar sem brot var framið eða í ríki sem er aðili að samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma, enda séu þau skilyrði, sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. greinarinnar, til staðar.

Samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma merkir refsidómur það að niðurstaða máls sé ákvörðuð með dómi eða annarri úrlausn dómstóls sem tekin er eftir að mál hefur hlotið meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála í viðkomandi ríki. Samkvæmt þessu fellur ákvörðun um viðurlög, sem eru ákvörðuð hér á landi skv. 1. mgr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, undir hugtakið. Þykir rétt að hugtakið refsidómur sé í þessari grein skýrt eins og í samningnum.

Samkvæmt upphafi 1. mgr. er miðað við að refsidómur hafi verið kveðinn upp í því ríki þar sem brot var framið. Þessi takmörkun um brotastað á ekki við ef dómur hefur verið kveðinn upp í ríki sem er aðili að samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Takmörkun á heimild til að höfða mál hér á landi, dæma eða fullnægja viðurlögum er bundin þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. málsgreinarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. er miðað við að dómþoli hafi verið sýknaður. Í því sambandi skiptir ekki máli af hvaða ástæðum hann var sýknaður í öðru ríki. Ákvæðið á við þótt sýknað hafi verið vegna þess að verknaðurinn var ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis. Það á einnig við þegar sýknað er vegna sambærilegra ástæðna og tilgreindar eru í 15. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. geðveiki o.s.frv. Sama gildir þegar öryggisráðstöfunum hefur verið beitt.

Ákvæði 2. tölul. er ætlað að ná yfir þau tilvik sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 53. gr. samningsins. Miðað er við að dæmdum viðurlögum hafi þegar verið fullnægt, verið sé að fullnægja þeim, þau hafi fallið niður eða verið gefin upp í samræmi við lög þess ríkis þar sem dómur var kveðinn upp. Það er forsenda að viðurlögum hafi verið fullnægt á eðlilegan hátt. Ákvæðið stendur því ekki í vegi fyrir að nýtt mál verði höfðað hér á landi ef dómþoli hefur komist undan viðurlögum, sem dæmd hafa verið í öðru ríki, með því að flýja. Í slíkum tilvikum á skv. 6. gr. frumvarpsins að draga frá þann hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt. Eðlilegra gæti verið að fullnusta viðurlaganna væri flutt í slíkum tilvikum en að nýtt mál væri höfðað hér á landi. Samt verður að hafa í huga að flutningur á fullnustu viðurlaga milli ríkja er háður ýmsum skilyrðum sem íslenska ríkið hefur ekki eitt forræði á, svo sem að í sumum tilvikum verður fullnusta ekki flutt nema samkvæmt beiðni þess ríkis þar sem viðurlög voru ákvörðuð og í öllum tilvikum þarf það ríki að samþykkja flutninginn og stundum dómþoli líka. Rök geta því verið fyrir nýrri málsmeðferð hér á landi.

Með hugtakinu viðurlögum í 2. tölul. er einnig átt við skilorðsbundnar refsingar. Ekki er heimilt að sækja mann til sakar meðan hann heldur skilorð samkvæmt erlenda dómnum. Þegar talað er um að viðurlög séu fallin niður er átt við fyrningu og þegar sagt er að þau hafi verið gefin upp er átt við náðun og uppgjöf sakar. Ef kveðinn hefur upp dómur hér á landi og viðurlög dæmd sem ekki hefur verið fullnægt og síðar er kveðinn upp dómur í öðru ríki vegna sama verknaðar er ekki heimilt að fullnægja eldri viðurlögunum hér á landi ef skilyrðum 1.–3. tölul. greinarinnar er fullnægt hvað varðar erlenda dóminn.

Í 3. tölul. er miðað við að sakborningur hafi verið sakfelldur án þess að refsing eða önnur viðurlög hafi verið ákveðin. Undir þennan tölulið falla einnig þau tilvik þegar ákvörðun um refsingu hefur verið frestað skilorðsbundið. Sama gildir ef hún er ekki ákvörðuð vegna ákvæða í lögum þess ríkis, þar sem dómur er kveðinn upp, sem eru sambærileg við 16. gr. almennra hegningarlaga. Ef öryggisráðstöfunum er beitt í slíkum tilvikum eiga ákvæði töluliðarins þó ekki við.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gilda ákvæði 1. mgr. ekki þegar refsilögsaga íslenskra stjórnvalda byggist á 4. gr. eða 1. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga nema refsimál hafi verið höfðað í hinu ríkinu að ósk íslenskra stjórnvalda. Þessi ákvæði taka mið af 2. og 3. mgr. 53. gr. samningsins og byggja á því að ríki, þar sem verknaður var framinn og ríki sem hefur opinberra hagsmuna að gæta, eigi að hafa heimild til að sækja mann til sakar þótt hann hafi sætt dómi í öðru ríki fyrir sama brot. Fyrirvarinn um að íslensk stjórnvöld hafi ekki sjálf óskað eftir málsmeðferð í erlenda ríkinu er nýmæli í íslenskum refsirétti og byggist á samningnum.

Um 6. gr.

Vegna þeirra breytinga á 3. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga, sem frumvarpið felur í sér, þykir rétt að núverandi efnisákvæði 4. mgr. 8. gr. verði sett í sjálfstæða grein. Í greininni eru lagðar til þær efnisbreytingar á núgildandi 4. mgr. 8. gr. að í stað þess að taka eigi tillit til refsinga, sem maður hefur hlotið í öðru ríki og þegar hefur verið fullnægt, eigi að taka tillit til viðurlaga sem hann hefur hlotið í öðru ríki og þegar hefur verið fullnægt. Með þessari rýmkun á ákvæðinu er t.d. heimilt að taka tillit til öryggisráðstafana sem maður hefur sætt í öðru ríki, upptöku eigna o.s.frv.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

776. Frumvarp til laga [450. mál]

um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. HLUTI
GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum, sem Ísland hefur gert við önnur ríki og með heimild í lögum þessum, má fullnægja hér á landi eftirtöldum viðurlagaákvörðunum:

a. Ákvörðunum dómstóla um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki með dómi eða annarri úrlausn að lokinni málsmeðferð samkvæmt lögum um réttarfar í sakamálum.
b. Ákvörðunum stjórnvalda um fésektir, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki.

Í samræmi við samninga skv. 1. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort fullnusta á ákvörðunum íslenskra dómstóla um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna verði falin stjórnvöldum í öðrum ríkjum. Sama gildir um innheimtu sekta, framkvæmd réttindasviptingar eða upptöku eignar samkvæmt lögreglustjórasátt sem sakborningur hefur samþykkt.

2. gr.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970 gilda ákvæði 5.–21., 28.–37. og 40.–42. gr. laga þessara.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um flutning dæmdra manna, frá 21. mars 1983, gilda ákvæði 22.–25., 28.–34., 38. og 40.–42. gr. laga þessara.

Heimilt er að gera tvíhliða eða marghliða samninga við ríki, sem fullgilt hafa samninga skv. 1. eða 2. mgr., um viðbætur við þá til þess að auðvelda framkvæmd meginreglna þeirra.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvernig fari um könnun þess hvort fullnægja megi erlendum viðurlagaákvörðunum hér á landi eða íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis. Ákvæði 26.–34. og 39.–42. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, þótt ekki sé í gildi samningur skv. 1. gr., að fullnægja megi hér á landi samkvæmt lögum þessum viðurlagaákvörðun um sektir, frjálsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna sem íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur hlotið samkvæmt dómi eða annarri ákvörðun dómstóls í öðru ríki. Með sama hætti er heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að ákveða að fullnusta á viðurlagaákvörðun íslensks dómstóls um sektir, frjálsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna, sem maður með ríkisborgararétt eða fasta búsetu í öðru ríki hefur hlotið hér á landi, verði falin stjórnvöldum í því ríki.

Þegar ákveðið er að flytja fullnustu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 4. mgr. 2. gr. eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um fullnustu viðurlaga eða aðrar aðgerðir sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl.

5. gr.

Með evrópskum refsidómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun sem fullnægja má samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Með útivistardómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun skv. 1. mgr. sem tekin er án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögum samkvæmt ákvörðuninni hafi komið sjálfur fyrir dóm við meðferð málsins.

Þegar í lögum þessum er fjallað um viðurlög er, nema annað sé tekið fram, átt við fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar og upptöku eigna.

2. HLUTI
FULLNUSTA ERLENDRA VIÐURLAGAÁKVARÐANA HÉR Á LANDI
I. KAFLI
Fullnusta evrópskra refsidóma hér á landi.
A. Skilyrði fyrir fullnustu.

6. gr.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsidómi, nema samkvæmt beiðni stjórnvalda í öðru ríki.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsidómi ef:

a. dómurinn er ekki endanlegur eða ef ekki er unnt að fullnægja honum að lögum þess ríkis sem biður um fullnustu,
b. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, er ekki refsiverður að íslenskum lögum eða dómþoli hefði ekki, af öðrum ástæðum en greinir í g-lið 1. mgr. 7. gr., bakað sér refsiábyrgð hér á landi ef verknaðurinn hefði verið framinn hér,
c. dómþoli er ekki búsettur hér á landi nema fullnusta hér auki líkur á félagslegri endurhæfingu hans eða um frjálsræðissviptingarviðurlög sé að ræða sem unnt er að fullnægja í framhaldi af fullnustu annarra slíkra viðurlaga hér á landi eða dómþolinn sé frá Íslandi,
d. fullnusta hér á landi væri andstæð grundvallarreglum íslenskra laga,
e. fullnusta hér á landi væri andstæð þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins,
f. dómur fyrir sama afbrot hefur þegar gengið hér á landi eða sakborningur þegar gengist undir lögreglustjórasátt fyrir það,
g. dómþoli hefur með endanlegum dómi, sem kveðinn hefur verið upp í öðru ríki en því sem biður um fullnustu, verið sýknaður eða dæmdur til viðurlaga fyrir sama verknað sem þegar hefur verið fullnægt eða verið er að fullnægja eða viðurlög hafa fallið niður vegna fyrningar, náðunar eða sakaruppgjafar í því ríki. Sama gildir ef dómþoli hefur í slíkum dómi verið sakfelldur en honum ekki gerð sérstök refsing,
h. fullnusta hér á landi væri að öðru leyti andstæð samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

7. gr.

Heimilt er að hafna beiðni um fullnustu á evrópskum refsidómi ef:

a. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, telst stjórnmálaafbrot eða varðar við herlög,
b. gild ástæða er til að ætla að dómur hafi gengið eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða stjórnmálaskoðana dómþola,
c. rannsókn stendur yfir hér á landi vegna verknaðar sem leiddi til viðurlaganna, ákæra hefur verið gefin út, ákveðið hefur verið að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórasátt eða tekin hefur verið ákvörðun um að höfða ekki mál vegna verknaðarins,
d. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, var ekki framinn í því ríki sem biður um fullnustu,
e. ekki er talið unnt að fullnægja viðurlögunum hér á landi,
f. telja má að ríki, sem biður um fullnustu, geti fullnægt viðurlögunum,
g. dómþoli var ekki orðinn 15 ára gamall þegar afbrotið var framið,
h. viðurlög teldust fyrnd ef beitt væri ákvæðum 83. og 83. gr. a almennra hegningarlaga.

Hafi í því ríki, sem biður um fullnustu, verið framkvæmd aðgerð sem rýfur fyrningu samkvæmt lögum þess ríkis skal sú aðgerð hafa sömu áhrif hér á landi þegar metið er hvort h-liður 1. mgr. eigi við.

8. gr.

Ef viðurlög í erlendum dómi eru ákvörðuð fyrir tvö eða fleiri afbrot og eigi er heimilt að fullnægja þeim vegna þeirra allra skal fallist á beiðni varðandi þau afbrot sem heimilt er að fullnægja, enda sé í dómnum eða í beiðni um fullnustu tilgreint hvaða hluti viðurlaganna eigi við um það eða þau afbrot sem fullnægja skilyrðum um fullnustu viðurlaga hér á landi.

B. Könnun á beiðni um fullnustu.

9. gr.

Beiðni um fullnustu erlendrar viðurlagaákvörðunar skal send dómsmálaráðuneytinu.

Telji ráðuneytið augljóst að beiðnin varði ekki evrópskan refsidóm eða að ekki sé heimilt að fullnægja dómnum hér á landi vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. skal þegar hafna beiðninni. Ef um útivistardóm er að ræða skal þó ekki hafna beiðni af þeirri ástæðu einni að hann sé ekki endanlegur.

Dómsmálaráðuneytið kannar hvort hafna beri beiðni vegna ástæðna er greinir í einstökum liðum 1. mgr. 7. gr.

Sé beiðni ekki þegar hafnað skal hún send ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

10. gr.

Ríkissaksóknari leggur málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur nema annað leiði af 16. eða 19.–21. gr. Ef beiðnin lýtur að upptöku á eignum annars manns en dómþola skal höfðað sérstakt mál gegn þeim manni nema hann hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins í erlenda ríkinu.

Dómþola skal gefinn kostur á að tjá sig um fullnustubeiðni og skal hann yfirheyrður fyrir dómi ef hann óskar þess. Ef dómþoli er sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu skal dómurinn þó, að honum fjarstöddum, meta hvort hafna beri beiðni, sbr. 1. mgr. 11. gr., þótt hann hafi óskað eftir því að koma fyrir dóm.

11. gr.

Í málum, sem lögð eru fyrir héraðsdóm skv. 10. gr., ákveður hann hvort hafna beri beiðni vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. eða b- eða h-liða 1. mgr. 7. gr.

Dómstóllinn metur ekki að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðarins.

12. gr.

Telji dómurinn að heimilt sé að fullnægja viðurlögunum hér á landi ákveður hann, í samræmi við ákvæði 13.–15. gr. laga þessara, ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

Hafi dómurinn metið hvort skilyrði séu til þess að fallast á beiðni að dómþola fjarstöddum, vegna þess að hann var sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu, skal þó ekki ákvarða ný viðurlög fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að koma fyrir dóm.

13. gr.

Hafi frjálsræðissvipting verið dæmd í erlenda dómnum má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en í þeim dómi. Þetta á við þótt frjálsræðissviptingin sé styttri en stysta frjálsræðissvipting sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum.

Séu viðurlögin sektir ákveður dómstóllinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, sektarfjárhæð sem í íslenskum krónum samsvarar þeirri sekt sem dæmd var. Fjárhæðin skal þó ekki fara fram úr þeirri hámarkssektarfjárhæð sem liggur við sambærilegu afbroti samkvæmt íslenskum lögum.

Í stað fésekta samkvæmt erlendri viðurlagaákvörðun má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en fésektir.

14. gr.

Þegar viðurlög eru ákvörðuð skv. 13. gr. skal, að því leyti sem unnt er, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt, þar með talið þess tíma sem dómþoli hefur verið í haldi eða gæsluvarðhaldi vegna afbrotsins í erlenda ríkinu eða hér á landi. Að teknu tilliti til þessa tíma er heimilt að ákveða vægari viðurlög en ella yrðu ákveðin fyrir afbrotið eða að viðurlög verði að öllu leyti felld niður.

15. gr.

Hafi tiltekin fjárhæð eða verðmæti verið gerð upptæk í erlenda dómnum ákveður dómurinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Ef upptæka fjárhæðin er hærri en sú fjárhæð sem gerð yrði upptæk samkvæmt íslenskum lögum ef málið væri rekið hér á landi skal dómurinn lækka fjárhæðina til samræmis við réttarframkvæmd hér á landi.

Hafi munur verið gerður upptækur í erlenda dómnum skal hann því aðeins gerður upptækur hér að íslensk lög heimili slíka eignaupptöku vegna sambærilegs afbrots.

Ef upptaka bitnar á öðrum manni en dómþola skal dómurinn því aðeins taka ákvörðun um upptöku að hún væri heimil samkvæmt íslenskum lögum ef málið hefði verið rekið fyrir dómstólum hér á landi.

16. gr.

Varði beiðni eingöngu innheimtu sekta eða upptöku eigna er ríkissaksóknara heimilt, í stað þess að leggja málið fyrir dóm skv. 10. gr., að kanna sjálfur skilyrði þess að fullnægja megi ákvörðun hér á landi og gefa dómþola kost á að ljúka málinu að hætti 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fallist dómþoli ekki á þessa málsmeðferð leggur ríkissaksóknari málið fyrir dóm skv. 1. mgr. 10. gr.

C. Þvingunaraðgerðir.

17. gr.

Hafi ríki, sem fullgilt hefur samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma, beðið um fullnustu viðurlaga getur ríkissaksóknari ákveðið að dómþoli skuli handtekinn og lagt fyrir dóm beiðni um að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Sama gildir ef ríki hefur tilkynnt dómsmálaráðuneytinu að það ætli að biðja um fullnustu viðurlaga og óskað eftir að dómþoli verði handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Skilyrði þess að heimilt sé að handtaka dómþola og úrskurða hann í gæsluvarðhald eru:

a. að verknaðurinn sem hann er dæmdur fyrir geti að íslenskum lögum varðað þyngri refsingu en 1 árs fangelsi og
b. að ástæða sé til að ætla að hann hyggist koma sér undan fullnustu viðurlaganna eða, ef um útivistardóm er að ræða, að óttast megi að hann spilli sakargögnum.

Í stað gæsluvarðhalds getur ríkissaksóknari lagt fyrir dóm beiðni um að úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála verði beitt. Heimilt er að beita þeim úrræðum þótt viðurlög við broti að íslenskum lögum séu vægari en um getur í a-lið 2. mgr.

Heimilt er óháð eðli brots og viðurlögum að handtaka og úrskurða dómþola í gæsluvarðhald eða beita hann úrræðum skv. 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef hann hefur ekki fasta búsetu hér á landi og ástæða er til að ætla að hann muni yfirgefa landið til að komast undan fullnustu viðurlaganna.

Gæsluvarðhaldi skal ljúka í síðasta lagi þegar samanlagður gæsluvarðhaldstími hér á landi og sá tími, sem dómþoli hefur verið í haldi erlendis, er orðinn jafnlangur og sá tími sem hann var dæmdur til frjálsræðissviptingar samkvæmt erlenda dómnum. Þegar dómþoli er úrskurðaður í gæsluvarðhald áður en beiðni um fullnustu berst skal hann látinn laus þegar hann hefur verið í haldi í 18 daga og beiðni um fullnustu hefur ekki borist innan þess tíma.

18. gr.

Hafi verið beðið um fullnustu á evrópskum refsidómi er heimilt að leggja hald á eign sem gerð er upptæk samkvæmt honum ef heimilt væri að leggja hald á eignina samkvæmt íslenskum lögum væri málið rekið hér á landi. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um haldlagningu. Ákvæði X. kafla laga um meðferð opinberra mála um tryggingarráðstafanir eiga við um fullnustu evrópskra refsidóma.

D. Sérákvæði um útivistardóma.

19. gr.

Þegar ríkissaksóknara er send til meðferðar beiðni um fullnustu á útivistardómi skal hann annast um að dómþola verði tilkynnt um dóminn og fullnustubeiðni og að honum verði bent á að hann geti innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar gert kröfu til ríkissaksóknara um endurupptöku málsins. Setji dómþoli ekki fram slíka kröfu skal með málið farið samkvæmt ákvæðum 10.–16. gr.

Krefjist dómþoli innan tilskilins frests að málið verði endurupptekið af viðkomandi dómstóli í erlenda ríkinu endursendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu gögn málsins sem endursendir gögnin til stjórnvalda í erlenda ríkinu og tilkynnir þeim um kröfuna.

Krefjist dómþoli þess að með málið verði farið fyrir íslenskum dómstóli eða krefjist hann endurupptöku máls án þess að tilgreina hvar hann óski að með málið verði farið leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur sem metur hvort taka eigi málið upp að nýju.

20. gr.

Þegar krafa skv. 3. mgr. 19. gr. berst héraðsdómi gefur dómurinn út fyrirkall til dómþola um að mæta við þinghald í málinu. Án samþykkis dómþola má þinghald ekki fara fram fyrr en liðnir eru 21 dagur frá því að honum var birt fyrirkallið.

Mæti dómþoli ekki enda þótt honum hafi verið birt fyrirkall eða telji dómurinn af öðrum ástæðum ekki rök til endurupptöku málsins skal kröfu dómþola hafnað. Þegar slík ákvörðun er orðin endanleg skal farið með málið í samræmi við 10.–16. gr.

Ef dómurinn verður við kröfu um endurupptöku er honum heimilt að meta skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðar, svo og beiðni um fullnustu útivistardóms, þótt ekki væri unnt að höfða mál vegna hans hér á landi vegna ákvæða almennra hegningarlaga um refsilögsögu eða aðeins mætti höfða það samkvæmt sérstökum fyrirmælum dómsmálaráðherra eða annarra aðila og án þess að tekið sé tillit til ákvæða almennra hegningarlaga um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Skilyrði refsiábyrgðar skulu metin samkvæmt íslenskum lögum með sama hætti og ef sambærilegt afbrot væri framið hér á landi. Rannsókn og aðrar aðgerðir, vegna málsmeðferðar erlendis samkvæmt lögum þess ríkis, skulu viðurkenndar þannig að þær hafi sama gildi og þær hefðu farið fram hér á landi. Slíkum aðgerðum skal þó ekki veitt víðtækara gildi en þær höfðu samkvæmt lögum í erlenda ríkinu.

21. gr.

Endurupptaki dómstóll í erlenda ríkinu mál skv. 19. gr., að kröfu dómþola, fellur beiðni um fullnustu viðurlaganna niður. Hafni erlendi dómstóllinn því að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný og sé slík ákvörðun endanleg skal með málið farið skv. 10.–16. gr.

II. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

22. gr.

Heimilt er að fullnægja hér á landi viðurlögum sem fela í sér frjálsræðissviptingu og hafa verið dæmd eða ákvörðuð á annan hátt af dómstóli vegna refsiverðs verknaðar í ríki sem fullgilt hefur samninginn um flutning dæmdra manna, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi,
b. að dómþoli hafi samþykkt að viðurlögum verði fullnægt hér á landi,
c. að verknaðurinn, sem viðurlögin voru dæmd fyrir, sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum,
d. að eftir sé að fullnægja a.m.k. 6 mánuðum af viðurlagatíma, þegar beðið er um fullnustu hér á landi eða sérstakar ástæður mæli með að fullnusta verði flutt hingað til lands,
e. að dómurinn sé endanlegur.

Að uppfylltum öðrum skilyrðum en d-liðar 1. mgr. er heimilt að fullnægja hér á landi ótímabundnum viðurlögum.

Beiðni erlendra stjórnvalda um fullnustu hér á landi skal send dómsmálaráðuneytinu sem kannar hvort skilyrði séu til þess að verða við henni.

Dómsmálaráðuneytið getur einnig óskað eftir því við erlent ríki að fullnusta fari fram hér á landi.

23. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlögum skv. 1. mgr. 22. gr. skal annaðhvort:

a. halda áfram að fullnægja erlendu viðurlögunum eða
b. breyta viðurlögunum þannig að í stað viðurlagaákvörðunar erlenda dómsins verði ákvörðuð ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

Dómsmálaráðuneytið ákveður í hverju tilviki hvort viðurlögum verði fullnægt hér samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr.

24. gr.

Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. a-lið 1. mgr. 23. gr. skal fullnægja viðurlögunum án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot.

Dómsmálaráðuneytið skal breyta viðurlögunum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Ekki skal breyta tímalengd viðurlaganna nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

25. gr.

Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. felur dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara að leggja málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur til ákvörðunar á nýjum viðurlögum í stað hinna erlendu.

Þegar ný viðurlög eru ákvörðuð skal:

a. ekki meta að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðarins,

b. ekki breyta viðurlögum, sem fela í sér frjálsræðissviptingu, í fjárhagsleg viðurlög,
c. miða við þau viðurlög sem yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum,
d. ekki ákvarða þyngri viðurlög en í erlendu viðurlagaákvörðuninni þótt þau séu vægari en vægustu viðurlög sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot að íslenskum lögum,
e. láta að fullu koma til frádráttar þann hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt.

Sé dómþoli fluttur hingað til lands áður en viðurlög eru ákvörðuð samkvæmt þessari grein er heimilt og skal að jafnaði úrskurða hann í gæsluvarðhald þar til endanlegur dómur liggur fyrir. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru hans.

III. KAFLI
Fullnusta annarra erlendra viðurlagaákvarðana hér á landi.

26. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðunum samkvæmt heimild í 4. mgr. 2. gr. getur dómsmálaráðuneytið, á grundvelli samkomulags við annað ríki, ákveðið hvernig ákvæðum I. og IV. kafla eða II. og IV. kafla 2. hluta laga þessara skuli beitt í samskiptum Íslands og hlutaðeigandi ríkis enda þótt í slíkri ákvörðun felist frávik frá ákvæðum þessara kafla laganna.

27. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðun skv. 3. gr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort ný viðurlög skuli ákvörðuð hér á landi. Þegar það er gert ákveður ráðuneytið jafnframt hvort mál skuli lagt fyrir dóm skv. I. eða II. kafla 2. hluta laganna. Í slíkum tilvikum gilda almenn ákvæði þessara kafla um það hvernig ákvarða skuli ný viðurlög.

Þegar ekki eru ákvörðuð ný viðurlög skal dómsmálaráðuneytið breyta viðurlögunum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Viðurlögunum skal fullnægt án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot. Þegar um frjálsræðissviptingu er að ræða skal ekki breyta tímalengd hennar nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

Innheimta má sektir þótt sektarfjárhæð sé hærri en hæstu sektir sem dæmdar yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot. Það sama gildir um upptöku eigna.

Ekki er heimilt að fullnægja viðurlögum samkvæmt þessari grein á þann hátt að þau verði talin þyngri en viðurlögin sem voru dæmd eða ákvörðuð í erlenda ríkinu. Við ákvörðun á viðurlögum skal, að því leyti sem unnt er og í samræmi við samkomulag við hlutaðeigandi erlent ríki, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt í erlenda ríkinu. Þegar um frjálsræðissviptingu er að ræða skal taka tillit til þess hluta hennar sem þegar hefur verið fullnægt og þess tíma sem dómþoli var í haldi eða gæsluvarðhaldi í erlenda ríkinu eða hér á landi vegna afbrotsins.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

28. gr.

Lög um meðferð opinberra mála gilda um meðferð mála og beitingu þvingunarúrræða eftir því sem við getur átt nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Fullnusta viðurlaga, sem fer fram hér á landi samkvæmt lögum þess, skal framkvæmd í samræmi við almennar reglur íslenskra laga um fullnustu sambærilegra viðurlaga hér á landi nema annað sé ákveðið í lögum þessum eða samningum við erlend ríki.

29. gr.

Þegar ríkissaksóknari leggur mál fyrir héraðsdóm Reykjavíkur til þess að meta hvort fullnægja megi erlendri viðurlagaákvörðun hér á landi eða til þess að ákvarða ný viðurlög skal það gert án þess að gefin sé út ákæra í málinu.

Héraðsdómur tekur ákvörðun í málinu með dómi.

30. gr.

Nú er dómþoli sviptur frelsi í erlenda ríkinu á þeim tíma er hann er fluttur til Íslands til þess að fullnægja megi viðurlögum sem dæmd eða ákvörðuð hafa verið í erlenda ríkinu og er þá ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi vegna fullnustu viðurlaga né skerða frelsi hans á annan hátt vegna annars afbrots en þess sem beiðnin um fullnustu lýtur að og framið var áður en hann var fluttur hingað til lands nema stjórnvöld í erlenda ríkinu hafi samþykkt það eða dómþoli hafi samfellt í 45 daga átt þess kost að yfirgefa Ísland en ekki gert það eða komið hingað til lands á ný eftir að hafa yfirgefið landið.

Ákvæði 1. mgr. skulu þó eigi hindra að hann verði sendur úr landi, honum vísað brott eða að gerðar verði ráðstafanir til að rjúfa fyrningu sakar.

31. gr.

Fullnusta skal stöðvuð ef erlenda ríkið tilkynnir að það hafi fallist á beiðni dómþola um náðun, veitt honum sakaruppgjöf eða endurupptekið erlenda dóminn eða það tilkynnir að í því ríki hafi verið tekin önnur ákvörðun sem samkvæmt lögum þess ríkis leiðir til þess að eigi sé lengur heimilt að fullnægja viðurlögunum.

32. gr.

Sé um sektarrefsingu að ræða er eigi heimilt að innheimta hér á landi þann hluta sektar sem dómþoli hefur greitt stjórnvöldum í erlenda ríkinu. Ákvarðanir um afborganir eða fresti á greiðslu sektar, sem teknar hafa verið af stjórnvöldum í erlenda ríkinu áður en beðið var um fullnustu hér á landi, halda gildi sínu.

Heimilt er að ákveða vararefsingu vegna sekta sem fullnægja á hér á landi samkvæmt lögum þessum ef slíkt er heimilt samkvæmt lögum þess ríkis sem bað um fullnustu. Þetta á ekki við ef það ríki hefur tekið fram að eigi skuli ákvarða slíka vararefsingu.

Sektir, sem innheimtar eru samkvæmt lögum þessum, svo og peningar og munir sem gerðir eru upptækir samkvæmt ákvæðum laganna, eru eign ríkissjóðs. Hafi munur verið gerður upptækur hér á landi getur dómsmálaráðuneytið, samkvæmt beiðni þess ríkis sem bað um fullnustu, samþykkt að hann verði afhentur því ríki.

33. gr.

Sakarkostnaður, sem fellur til hér á landi vegna málsmeðferðar í framhaldi af beiðni um að fullnægt verði hér á landi erlendum viðurlögum, skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin réttargæsluþóknun, saksóknar- og málsvarnarlaun.

Þegar útivistardómur er endurupptekinn, að kröfu dómþola, er heimilt í samræmi við almennar reglur laga að dæma hann til greiðslu sakarkostnaðar.

Heimilt er að endurkrefja dómþola um kostnað vegna flutnings hans hingað til lands.

34. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlendu ríki, samþykkt að útlendingur, sem flytja á milli ríkja samkvæmt ákvæðum í samningi skv. 1. gr. vegna fullnustu eða málsmeðferðar, verði fluttur um íslenskt yfirráðasvæði enda sé hann fluttur vegna viðurlagaákvörðunar sem unnt væri að fullnægja samkvæmt íslenskum lögum. Við slíkan gegnumflutning skal frjálsræðissvipting halda sér nema erlenda ríkið biðji um að dómþoli verði látinn laus. Sé hann hafður í haldi skal með hann farið hér á landi svo sem almennt gildir um handtekna menn eða gæsluvarðhaldsfanga.

3. HLUTI
FULLNUSTA ÍSLENSKRA VIÐURLAGAÁKVARÐANA ERLENDIS
I. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

35. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og ætla má að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

36. gr.

Ef erlent ríki er beðið um að fullnægja viðurlögum samkvæmt útivistardómi og dómþoli setur þar fram kröfu um að íslenskur dómstóll taki málið upp að nýju leggur ríkissaksóknari, eftir að honum hafa borist gögn málsins, það fyrir þann héraðsdóm sem kvað upp útivistardóminn. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 1. mgr. 20. gr.

Sé kröfu um endurupptöku synjað og sé sú ákvörðun endanleg skal ríkissaksóknari þegar tilkynna það dómsmálaráðuneytinu sem tilkynnir stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þá ákvörðun.

Sé fallist á kröfu um endurupptöku skal beiðni um fullnustu erlendis þegar afturkölluð.

37. gr.

Þegar dómþoli er kvaddur til að mæta fyrir dóm hér á landi vegna kröfu hans um endurupptöku máls og hann yfirgefur erlenda ríkið af þeirri ástæðu er ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi til að fullnægja viðurlögum eða að öðru leyti skerða frelsi hans vegna annars afbrots, sem framið var áður en hann yfirgaf erlenda ríkið nema þess hafi verið getið í fyrirkalli að slíkum aðgerðum kynni að verða beitt, hann hafi samþykkt það skriflega eða honum hafi samfellt í 15 daga, eftir að íslenskur dómstóll tók endanlega ákvörðun vegna kröfu

hans um endurupptöku, verið unnt að yfirgefa landið en hann ekki gert það eða komið hingað á ný eftir að hafa yfirgefið landið án þess að hann hafi verið kvaddur fyrir dóm vegna kröfu sinnar um endurupptöku málsins.

Fallist dómþoli skriflega á þær aðgerðir sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu þau stjórnvöld, sem taka ákvörðun um þær aðgerðir, senda dómsmálaráðuneytinu afrit eða ljósrit af samþykki dómþola og skal ráðuneytið þegar tilkynna stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þetta.

II. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

38. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í a–e-liðum 1. mgr. 22. gr. og ætla má að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

III. KAFLI
Fullnusta samkvæmt öðrum samningum eða einstökum ákvörðunum.

39. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum á grundvelli samninga skv. 4. mgr. 2. gr. eða með heimild í 1. mgr. 3. gr.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að skilyrði fyrir flutningi í viðkomandi samningi kæmu í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlagaákvörðunum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

40. gr.

Þegar þess hefur verið farið á leit við erlent ríki að það fullnægi viðurlögum er ekki heimilt að hefja fullnustu sömu viðurlaga hér á landi nema dómþoli sé hér í gæsluvarðhaldi eða um sé að ræða viðurlög sem fela í sér frjálsræðissviptingu.

Fullnægja skal þó viðurlögunum hér á landi ef beiðni um fullnustu erlendis er afturkölluð áður en erlenda ríkið tilkynnir að það ætli að taka beiðnina til efnislegrar meðferðar eða þegar erlenda ríkið tilkynnir að það hafni beiðni um fullnustu. Sama gildir ef erlenda ríkið hættir við að fullnægja viðurlögunum eða eigi er unnt að fullnægja þeim þar.

41. gr.

Þegar beðið er um fullnustu erlendis á íslenskri viðurlagaákvörðun er felur í sér frjálsræðissviptingu og dómþoli er sviptur frelsi hér á landi eða er hér staddur skal flytja hann til erlenda ríkisins eins fljótt og unnt er eftir að það ríki hefur tilkynnt að það fallist á beiðni um fullnustu og hefur heitið að virða meginreglur 30. gr. um þann sem sviptur er frelsi í erlendu ríki og fluttur hingað til lands nema íslensk stjórnvöld hafi veitt samþykki skv. 42. gr.

42. gr.

Þegar fullnægja á íslenskri viðurlagaákvörðun erlendis, sbr. 41. gr., getur dómsmálaráðuneytið samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlenda ríkinu samþykkt, án tillits til takmarkana skv. 30. gr. og án tillits til þess hvort erlenda ríkið hafi gefið slíkt heiti sem um er getið í 41. gr., að dómþoli verði ákærður, dæmdur eða sviptur frelsi í því ríki til þess að fullnægja megi viðurlögum eða beittur þvingunarúrræðum eða frelsi hans takmarkað á annan hátt vegna annars afbrots sem framið var áður en hann var fluttur til erlenda ríkisins og ekki var dæmt í þeim dómi sem beðið var um fullnustu á í erlenda ríkinu. Slíkt samþykki er einungis heimilt að veita ef unnt hefði verið að framselja dómþola til viðkomandi ríkis vegna afbrotsins og gildir það jafnvel þótt framsal kæmi ekki til greina vegna ákvæða um lágmarkstíma dæmdra viðurlaga.

Sé það augljóst af því sem fram kemur í beiðninni að eigi sé heimilt að veita umbeðið samþykki skal dómsmálaráðuneytið þegar hafna henni. Í öðrum tilvikum skal ríkissaksóknari tilkynna dómþola um beiðnina og samkvæmt beiðni hans leggja málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur til þess að meta hvort lagaskilyrði séu til staðar svo að verða megi við henni. Telji dómurinn að lagaskilyrði séu ekki fyrir hendi skal beiðninni hafnað.

4. HLUTI
GILDISTAKA O.FL.

43. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

45. gr.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma nema hún hafi verið ákvörðuð eftir að samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis. Dómsmálaráðuneytið getur þó ákveðið samkvæmt samkomulagi við viðkomandi ríki að ákvæði samningsins gildi einnig um ákvarðanir sem teknar voru áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

Samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun sem tekin var áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Á vegum Evrópuráðsins hafa verið gerðir tveir samningar um fullnustu refsidóma. Sá eldri um alþjóðlegt gildi refsidóma var gerður í Haag 28. maí 1970 og sá yngri um flutning dæmdra manna í Strassborg 21. mars 1983. Báðir samningarnir voru undirritaðir af Íslands hálfu 19. september 1989.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að fullgilda framangreinda samninga. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir að unnt sé að fullnægja hér á landi öðrum erlendum viðurlagaákvörðunum en falla undir framangreinda samninga, bæði samkvæmt öðrum tvíhliða eða marghliða samningum við erlend ríki og einnig samkvæmt einstökum dómum eða ákvörðunum sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi hafa hlotið í öðru ríki sem ekki hefur gert samning við Ísland um gagnkvæma fullnustu refsidóma. Jafnframt eru hliðstæð ákvæði um heimild til að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis.

Megintilgangur Evrópuráðssamninganna er að gera fullnustu viðurlagaákvörðunar mögulega í öðru ríki en þar sem ákvörðunin var tekin. Fullnusturíki er þá oftast heimaríki dómþola. Að baki samningunum búa mannúðarsjónarmið og refsigæslusjónarmið. Það eru annars vegar hagsmunir dómþola af að fá að afplána refsingu í heimalandi sínu og jafnframt það sjónarmið að með þeim hætti sé auðveldara að vinna að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir komu út í þjóðfélagið á ný. Hins vegar er það sjónarmið að samningarnir stuðli að því að unnt sé að láta mann, sem flúið hefur land eða sætt útivistardómi, taka út refsingu sem hann hefur hlotið í öðru ríki. Á þessu sviði sem og mörgum öðrum hefur þörf á alþjóðlegri samvinnu aukist undanfarin ár í kjölfar aukinna samskipta og ferðalaga milli ríkja sem m.a. leiðir til þess að afbrot eru oftar en áður framin af mönnum sem ekki eru búsettir í því ríki sem afbrotið er framið í.

Efni samninganna er nátengt og er því lagt til að sett verði í ein lög ákvæði sem gera það mögulegt að fullgilda þá báða. Raunar má segja að yngri samningurinn hafi verið gerður til fyllingar hinum eldri sem uppfyllti ekki að öllu leyti þær væntingar sem til hans voru gerðar. Ástæðan er einkum sú að hann hefur að geyma flóknar og nákvæmar reglur um málsmeðferð og af þeim ástæðum hefur aðild að honum ekki orðið eins víðtæk og vonast var til í upphafi.

Við gerð samningsins um flutning dæmdra manna var farin sú leið að hafa einfaldari reglur en í eldri samningnum til að tryggja einfaldari og skjótvirkari málsmeðferð. Ákvæði yngri samningsins eru flest rammaákvæði sem veita svigrúm til mats. Í honum eru ekki ákvæði sem fela í sér skyldu fyrir samningsríki til að verða við beiðni um flutning á fullnustu. Það er hins vegar meginreglan samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma en í honum eru einnig nákvæmar reglur um skilyrði fyrir flutningi á fullnustu og á hvaða grundvelli sé unnt að synja beiðni. Samkvæmt honum getur eingöngu það ríki þar sem ákvörðun er tekin (dómsríkið) óskað eftir flutningi á fullnustu en samkvæmt hinum samningnum getur dómþoli og ríki sem hann er ríkisborgari í (fullnusturíkið) einnig sett fram beiðni um fullnustu í því ríki.

Efni samninganna skarast að nokkru leyti en þrátt fyrir það eru gild rök til að fullgilda þá báða. Eldri samningurinn hefur mun víðtækara gildissvið en sá yngri. Þannig á hann við um fullnustu fleiri viðurlagategunda, þ.e. refsivistar, öryggisráðstafana, fésekta, eignaupptöku og réttindasviptinga, en yngri samningurinn tekur aðeins til refsivistar og öryggisráðstafana. Í þessu sambandi er enn fremur rétt að benda á að þróun alþjóðasamvinnu um fullnustu viðurlaga er í þá átt að auka möguleika á fullnustu annarra viður-

laga en eingöngu viðurlaga sem fela í sér óskilorðsbundna refsivist. Það takmarkar einnig gildissvið yngri samningsins að það er skilyrði fyrir beitingu hans að dómþoli samþykki flutning. Aftur á móti eru það rök fyrir fullgildingu hans að mun fleiri ríki hafa fullgilt hann en eldri samninginn.

Samkvæmt íslenskum lögum er ekki heimilt að fullnægja erlendum refsidómum nema dómum sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl., nr. 69/1963. Þau lög byggja á þeirri meginreglu að færa skuli þá refsingu, sem dæmd hefur verið í þessum löndum og fullnægja má hér á landi, til samsvarandi refsitegundar samkvæmt íslenskum lögum og um jafnlangan tíma. Frumvarpið mun ekki hafa áhrif á gildi þessara laga. Lögin um fullnustu norrænna refsidóma gilda ekki um öryggisráðstafanir, sbr. VII. kafla almennra hegningarlaga, og því munu samningarnir gilda í innbyrðis samskiptum milli Norðurlandanna hvað þær snertir.

Það er meginregla samkvæmt samningunum að hvert ríki skuli bera þann kostnað sem á fellur vegna samninganna í því ríki, sbr. 14. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 5. mgr. 17. gr. samningsins um flutning dæmdra manna. Fullnusturíkið ber því allan kostnað vegna fullnustu og getur ekki endurkrafið dómsríkið um hann. Samningarnir fela því í sér kostnaðarskuldbindingar en ólíklegt er að kostnaður verði mikill í raun hér á landi þar sem málafjöldi verður ef að líkum lætur ekki mikill og einnig má hugsa sér að einhver kostnaður sparist vegna flutnings fullnustu úr landi.

II. Samningurinn um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Hinn 28. maí 1970 var í Haag gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Eftirtalin 7 ríki hafa fullgilt samninginn: Austurríki, Danmörk, Holland, Kípur, Noregur, Svíþjóð og Tyrkland.

Eftirtalin 8 ríki hafa undirritað samninginn: Belgía, Þýskaland, Grikkland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal og Spánn.

Samningurinn skiptist í fjóra hluta. Í I. hluta, sem er aðeins ein grein, eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í samningnum. Efnisákvæði samningsins eru í II. og III. hluta hans. Þetta frumvarp snertir fyrst og fremst ákvæði II. hluta samningsins, sbr. 2.–52. gr. Í honum eru ákvæði um fullnustu evrópskra refsidóma, svo sem um skilyrði fyrir fullnustu og áhrif þess að hún er flutt milli ríkja, hvernig haga eigi beiðnum um flutning og reglur um útivistardóma og stjórnvaldsákvarðanir um viðurlög „ordonnance pénale". Í III. hluta samningsins, 53.–57. gr., er fjallað um alþjóðleg áhrif refsidóma. Hann skiptist í tvo kafla. Sá fyrri fjallar um neikvæð áhrif refsidóma, „ne bis in idem", þ.e. að hvaða leyti refsidómur, sem kveðinn er upp í samningsríki, skuli koma í veg fyrir að dæmt verði í sama málinu í öðru samningsríki. Í þeim seinni eru ákvæði um að hvaða leyti tekið skuli tillit til erlendra refsidóma, t.d. þegar dómþoli hefur sætt dómi í öðru samningsríki vegna annars afbrots. Vegna ákvæða í þessum hluta samningsins er samhliða þessu frumvarpi flutt frumvarp um nauðsynlegar breytingar á almennum hegningarlögum. Í IV. hluta samningsins, 58.–68. gr., eru hefðbundin lokaákvæði um undirritun, fullgildingu o.s. frv.

II. hluti samningsins felur almennt í sér að samningsríki er skylt að fullnægja refsidómi sem gengið hefur í öðru samningsríki samkvæmt beiðni síðarnefnda ríkisins. Getur bæði staðið svo á að hinn dæmdi sé enn þá í dómsríkinu, en talið sé heppilegt vegna hagsmuna hans og félagslegrar endurhæfingar að hann afpláni refsingu sína í öðru ríki

sem oftast væri heimaland hans, eða hann dveljist í því ríki sem óskað er eftir að fullnusta fari fram í, t.d. vegna þess að hann hefur flúið þangað eða um útivistardóm er að ræða. Eins og áður sagði getur samningurinn átt við um frelsissviptingarviðurlög, þar á meðal öryggisgæslu, sektir, eignaupptöku og réttindasviptingu, sbr. 2. gr. Það er forsenda fyrir flutningi að fram komi beiðni frá því ríki þar sem viðurlög voru ákvörðuð (dómsríki), sbr. 3. gr. Það er enn fremur skilyrði að afbrotið sé bæði refsivert samkvæmt lögum dómsríkis og fullnusturíkis, sbr. 4. gr. Dómsríki er aldrei skylt að leggja fram beiðni um flutning fullnustu. Hins vegar er það meginreglan að fullnusturíki skuli verða við beiðni nema einhver af þeim synjunarástæðum, sem tilgreindar eru í samningnum, eigi við, sbr. 4.–7. gr. hans. Í 5. gr. eru tilgreindar aðstæður sem verða að vera fyrir hendi til þess að dómsríki geti lagt fram beiðni um flutning fullnustu. Að minnsta kosti einu af þeim skilyrðum, sem þar eru tilgreind, verður að vera fullnægt. Algengasta ástæðan fyrir beiðni er búseta hins dæmda í fullnusturíki.

9. gr. felur í sér takmarkanir á heimild fullnusturíkis til að lögsækja mann vegna eldra afbrots eða fullnægja viðurlögum vegna slíks afbrots.

Framkvæmd fullnustu, þar á meðal veiting reynslulausnar, skal fara að lögum fullnusturíkis, sbr. 10. gr. Bæði ríkin geta veitt sakaruppgjöf og náðun en aðeins dómsríkið getur tekið ákvörðun um endurupptöku máls.

Fullnusturíki skal bera kostnað vegna fullnustu, sbr. 14. gr.

Í 15.–20. gr. eru ákvæði um hvernig haga skuli beiðnum um fullnustu. Meginreglan er sú að samskipti ríkja skuli fara fram milli dómsmálaráðuneyta ríkjanna, sbr. 15. gr.

Í 31.–36. gr. eru ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir, svo sem um heimildir til handtöku og beitingu gæsluvarðhalds.

Í 37.–52. gr. eru nánari ákvæði um ákvörðun um fullnustu. Ef stjórnvöld í fullnusturíki telja skilyrði til að verða við beiðni skal málið lagt fyrir dómstól í því ríki til ákvörðunar viðurlaga. Ef um er að ræða fullnustu á sekt eða eignaupptöku er ákvörðun stjórnvalds fullnægjandi svo framarlega sem hægt er að skjóta henni til dómstóla, sbr. 37. gr. Hinn dæmdi skal eiga rétt á að koma fyrir dóm áður en ákvörðun er tekin, sbr. 39. gr. Dómstólar í fullnusturíki skulu kanna hvort fullnægt sé skilyrðum samningsins fyrir fullnustuflutningi, sbr. 40. gr. Þeir skulu leggja sönnunarfærslu í hinum erlenda dómi til grundvallar án nánari skoðunar, sbr. 42. gr., en hins vegar eiga þeir að færa viðurlög til samræmis við eigin lög og venjubundna framkvæmd. Þetta á ekki við um útivistardóma og stjórnvaldsákvarðanir, „ordonnance pénale“. Sá sem sætt hefur slíkum ákvörðunum á rétt á því að málið verði endurupptekið annaðhvort fyrir dómstóli í fullnusturíki eða í því ríki þar sem ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr., og rétt á lögfræðiaðstoð við rekstur slíks máls samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis, sbr. 27. gr. Um útivistardóma og „ordonnance pénale“ gildir enn fremur sú sérregla að ákvarðanirnar geta verið grundvöllur fyrir beiðni um fullnustuflutning strax eftir að þær hafa verið teknar, sbr. 22. gr. Sú meginregla gildir um ákvörðun viðurlaga í fullnusturíki að viðurlög mega ekki verða þyngri þegar allt er metið en þau viðurlög sem voru ákvörðuð í dómsríkinu. Hins vegar hafa dómstólar heimild til að milda dæmd viðurlög til samræmis við venjubundna framkvæmd í því ríki, sbr. 44. gr.

Samningurinn gildir aðeins um fullnustu viðurlaga sem voru ákvörðuð eftir að hann tók gildi milli hlutaðeigandi ríkja, sbr. 68. gr. hans.

III. Samningurinn um flutning dæmdra manna.

Hinn 21. mars 1983 var í Strassborg gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna.

Eftirtalin 22 ríki hafa fullgilt hann: Austurríki, Bahama, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Kanada, Kípur, Lúxemborg, Malta, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tékkóslóvakía, Tyrkland og Þýskaland.

Eftirtalin 5 ríki hafa undirritað hann: Ungverjaland, Ísland, Írland, Liechtenstein og Portúgal.

Samningurinn er 25 greinar.

Í 1. og 2. gr. eru skilgreiningar og almennar grundvallarreglur. Í 2. mgr. 2. gr. kemur fram að dæmdur maður getur látið í ljós ósk um að verða fluttur til annars samningsríkis til að afplána viðurlög sem hann hefur verið dæmdur til og í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að bæði dómsríki og fullnusturíki geta einnig lagt fram ósk þar að lútandi.

Í 3. gr. eru tilgreind skilyrði fyrir flutningi. Mikilvægasta skilyrðið er að dómþoli sé ríkisborgari fullnusturíkisins. Í 4. mgr. 3. gr. kemur fram að samningsríki getur með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins skilgreint hvernig það sem fullnusturíki telji að túlka beri hugtakið ríkisborgari. Verður það gert hvað Ísland varðar þannig að menn, sem hér eru búsettir, geti fallið undir hugtakið.

Það er skilyrði að dómur sé endanlegur og að hinn dæmdi eigi eftir að afplána a.m.k. sex mánuði þegar beiðni er lögð fram. Það sem liggur að baki þessari reglu er að endurhæfingarsjónarmið þau, sem samningurinn byggir á, geti tæpast verið fyrir hendi ef skammur tími er eftir af afplánun. Samningsríki geta þó í sérstökum tilvikum samþykkt flutning enda þótt dómþoli eigi eftir að afplána skemmri tíma en sex mánuði, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Það er ófrávíkjanlegt skilyrði að hinn dæmdi eða ef við á löglegur fyrirsvarsmaður hans samþykki flutning. Það er enn fremur skilyrði að athöfn sú eða athafnaleysi, sem dæmt var fyrir, sé refsivert samkvæmt lögum fullnusturíkis og að bæði dómsríki og fullnusturíki samþykki flutning.

Í 4. gr. eru ákvæði um upplýsingar sem samningsríki skulu veita hinum dæmda og hvort öðru í sambandi við beiðni um flutning. Samningsríki skal veita dæmdum manni, sem samningurinn getur átt við um, upplýsingar um efni hans. Jafnframt skal skýra honum frá öllum aðgerðum og ákvörðunum vegna beiðni um flutning.

Í 5. og 6. gr. eru ákvæði um hvernig haga skuli beiðni um flutning og hvaða gögn samningsríki skulu senda hvort öðru vegna beiðni. Meginreglan er sú að samskipti milli ríkja skuli fara fram milli dómsmálaráðuneyta ríkjanna.

Í 7. gr. er áréttað að samþykki hins dæmda skuli gefið af fúsum og frjálsum vilja og hvernig staðfesta eigi að svo sé.

Í 8. og 9. gr. eru ákvæði um réttaráhrif flutnings. Mælt er fyrir um að fullnusturíki skuli annaðhvort færa dæmd viðurlög með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds til samræmis við eigin lög eða halda áfram fullnustu þeirra viðurlaga sem ákvörðuð voru í dómsríkinu.

Í 10. og 11. gr. er gerð nánari grein fyrir þessum tveimur leiðum, þ.e. annars vegar áframhaldandi fullnustu, sbr. 10. gr., og hins vegar breytingu á viðurlögum, sbr. 11. gr. Fullnusturíki skal samkvæmt beiðni skýra dómsríki fyrir fram frá hvorri aðferðinni það hyggst beita, sbr. 2. mgr. 9. gr. Samningsríki geta líka farið þá leið að binda sig alfarið við aðra hvora aðferðina með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. Slík yfirlýsing leiðir til þess að samningurinn

getur ekki átt við í samskiptum ríkja sem hafa bundið sig hvort við sína aðferð og getur því þrengt gildissvið hans.

Í 12. og 13. gr. eru ákvæði um hvenær dómsríkið og fullnusturíkið geti veitt náðun, sakaruppgjöf, mildað refsingu og endurskoðað dóma.

Í 14. og 15. gr. eru ákvæði um lok fullnustu og í 16. gr. um skyldur samningsríkja til að heimila að menn séu fluttir um landsvæði þeirra vegna flutnings á fullnustu.

Í 17.–25. gr. eru m.a. ákvæði um hvaða tungumál eigi að nota í samskiptum ríkja vegna samningsins og um kostnað í sambandi við flutning. Einnig hefðbundinn lokaákvæði um undirritun og fullgildingu samningsins o.fl. Samningurinn getur skv. 21. gr. hans átt við um fullnustu viðurlaga hvort sem þau hafa verið ákvörðuð fyrir eða eftir gildistöku samningsins milli hlutaðeigandi ríkja.

IV. Um ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í fjóra hluta.

Í fyrsta hluta, 1.–5. gr., eru ákvæði um gildissvið. Þar eru ákvæði m.a. um það hvaða erlendu viðurlagaákvörðunum er heimilt að fullnægja hér á landi.

Annar hluti samningsins, 6.–34. gr., fjallar um fullnustu erlendra refsidóma hér á landi. Hann skiptist í fjóra kafla.

Í I. kafla, 6.–21. gr., eru ákvæði um fullnustu viðurlagaákvarðana sem falla undir samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma. Kaflanum er skipt upp í fjóra undirkafla.

Í undirkafla A, 6.–8. gr., er fjallað um skilyrði þess að heimilt sé að fullnægja evrópskum refsidómi hér á landi. Í undirkafla B, 9.–16. gr., eru ákvæði um það hvernig beiðni um fullnustu skuli könnuð og um meðferð mála í því sambandi. Í undirkafla C, 17.–18. gr., eru ákvæði um í hvaða tilvikum og að uppfylltum hvaða skilyrðum sé heimilt að beita dómþola þvingunaraðgerðum, svo sem handtöku eða gæsluvarðhaldi, vegna beiðni um flutning á fullnustu. Í undirkafla D, 19.–21. gr., eru sérákvæði um málsmeðferð þegar beðið er um fullnustu á útivistardómi, þ.e. dómi þar sem dómþoli hefur ekki verið viðstaddur réttarhöld í málinu.

Í II. kafla annars hluta, 22.–25. gr., eru ákvæði um það þegar fullnægt er hér á landi viðurlagaákvörðunum á grundvelli samningsins um flutning dæmdra manna og í III. kafla, 26.–27. gr., eru ákvæði um það þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en um alþjóðlegt gildi refsidóma og um flutning dæmdra manna og þegar fullnægt er hér á landi erlendum viðurlagaákvörðunum án þess að til staðar sé tvíhliða eða marghliða samningur við viðkomandi ríki um fullnustu refsidóma.

Í IV. kafla, 28.–34. gr., eru ýmis sameiginleg ákvæði um málsmeðferð þegar erlendum viðurlagaákvörðunum er fullnægt hér á landi.

Þriðji hluti frumvarpsins, 35.–42. gr., fjallar um fullnustu íslenskra viðurlagaákvarðana erlendis. Hann skiptist í fjóra kafla.

Í I. kaflanum, 35.–37. gr., eru ákvæði um fullnustu samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma. Í II. kafla, 38. gr., um fullnustu samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna og í III. kafla, 39. gr., um fullnustu samkvæmt öðrum samningum eða einstökum ákvörðunum þegar ekki er í gildi samningur við viðkomandi ríki. Í IV. kafla, 40.–42. gr., eru sameiginleg ákvæði um málsmeðferð við fullnustu íslenskra viðurlagaákvarðana erlendis.

Í fjórða hluta frumvarpsins, 43.–45. gr., eru ákvæði um gildistöku, heimild til setningar reglugerðar o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er það almennt skilyrði þess að fullnægja megi erlendum viðurlagaákvörðunum hér á landi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að í gildi sé tvíhliða eða marghliða samningur um fullnustu refsidóma milli Íslands og hlutaðeigandi ríkis.

Í a- og b-liðum eru síðan talin upp þau viðurlög sem heimilt er að fullnægja hér á landi á grundvelli framangreindra samninga. Samkvæmt a-lið er heimilt að fullnægja viðurlögum um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna þegar slík viðurlög eru ákveðin af dómstólum að lokinni meðferð í samræmi við réttarfar í sakamálum í viðkomandi ríki. Skiptir í þessu sambandi ekki máli hvort slík viðurlagaákvörðun dómstóls er tekin með dómi eða annars konar úrlausn, enda sé slík úrlausn í samræmi við réttarfarslög í viðkomandi ríki. Samkvæmt b-lið er einnig heimilt að fullnægja hér á landi ákvörðunum stjórnvalda um viðurlög sem fela í sér greiðslu sekta, upptöku eigna eða réttindasviptingar, t.d. sviptingu ökuréttinda, enda séu ákvæði í viðkomandi samningi, sem Ísland hefur fullgilt, um að ákvæði hans taki einnig til slíkra stjórnvaldsákvarðana.

Samkvæmt b-lið 1. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma skulu verknaðir, sem ekki eru taldir afbrot, en sem fjallað er um í lagaákvæðum þeim sem tilgreind eru í viðauka II við samninginn, taldir til afbrota samkvæmt samningnum að því tilskildu að þar sem ákvæði þessi fela stjórnvaldi ákvörðunarvald geti maður sá, sem í hlut á, borið málið undir dómstól. Þetta þýðir m.a. að ef stjórnvöld í erlendu ríki ákvarða viðurlög fyrir verknað sem telst afbrot hér á landi, en ekki er samkvæmt lögum þess ríkis hægt að bera þá ákvörðun undir dómstóla, þá verður slíkri viðurlagaákvörðun ekki fullnægt hér á landi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. samningsins skal fullnusta á viðurlögum, sem ákvörðuð eru með „ordonnance pénale", vera háð sömu reglum og fullnusta annarra dóma nema annað sé tekið fram í samningnum. Samkvæmt g-lið 1. gr. samningsins merkir „ordonnance pénale" sérhverja ákvörðun sem tekin er í öðru samningsríki og er tilgreind sem slík í viðauka III við samninginn. Lögreglustjórasáttir skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála falla undir þetta hugtak. Reglurnar um fullnustu á „ordonnance pénale" taka samkvæmt samningnum til sömu viðurlaga og heimilt er að fullnægja samkvæmt dómum. Í framkvæmd kemur þó varla til að viðurlög, sem fela í sér frjálsræðissviptingu, séu ákvörðuð með þessum hætti og tekur b-liður 1. mgr. mið af því.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að dómsmálaráðuneytið ákveði í samræmi við áðurgreinda samninga hvort íslenskum viðurlögum um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna, sem ákvörðuð eru af dómstólum, hvort heldur er með dómi eða viðurlagaákvörðun skv. 1. mgr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, verði fullnægt í öðru ríki. Ef í samningi eru ákvæði um fullnustu á viðurlögum samkvæmt stjórnvaldsákvörðunum er einnig heimilt að fela viðkomandi ríki að fullnægja lögreglustjórasáttum skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda hafi sakborningur fallist á slík viðurlög. Í þessu sambandi skal tekið fram að samkvæmt samningunum um alþjóðlegt gildi refsidóma og um flutning dæmdra manna er aldrei skylt að fara þess á leit við annað ríki að það fullnægi viðurlögum. Ekki er hægt að útiloka að íslensk stjórnvöld taki í öðrum samningum á sig skyldu til að flytja fullnustu á viðurlögum til annars ríkis við sérstakar aðstæður. Er því orðalag í upphafi 2. mgr. með þeim hætti að dómsmálaráðuneytið ákveði í samræmi við samninga skv. 1. mgr. hvort fullnusta verði falin stjórnvöldum í öðru ríki.

Um 2. gr.

Meginefni þessarar greinar er að tilgreina hvaða ákvæði frumvarpsins gildi þegar fullnusta á viðurlögum er flutt milli ríkja á grundvelli samninga skv. 1. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um það hvaða ákvæði frumvarpsins gildi þegar viðurlagaákvörðun er fullnægt hér á landi eða beðið er um fullnustu í öðru ríki á grundvelli samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma. Þegar fullnusta á viðurlögum er flutt milli ríkja samkvæmt ákvæðum samningsins þarf bæði Ísland og hlutaðeigandi ríki að hafa fullgilt samninginn eða gerst aðili að honum með öðrum hætti í samræmi við ákvæði 58. og 59. gr. samningsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvaða ákvæði frumvarpsins gildi þegar viðurlagaákvörðun er fullnægt hér á landi eða beðið er um fullnustu í öðru ríki á grundvelli samningsins um flutning dæmdra manna.

Í 3. mgr. er ákvæði um að heimilt sé að gera tvíhliða eða marghliða samninga við ríki, sem fullgilt hafa framangreinda tvo samninga, um viðbætur við þá til að auðvelda framkvæmd meginreglna þeirra. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 64. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 2. mgr. 22. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Í 4. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðuneytið ákveði, þegar erlendum viðurlögum er fullnægt hér á landi samkvæmt öðrum samningum en tilgreindir eru í 1. eða 2. mgr., hvernig könnuð verði skilyrði þess að fullnægja megi hér á landi erlendum viðurlögum sem falla undir ákvæði viðkomandi samnings eða íslenskum viðurlögum erlendis samkvæmt sömu samningum. Í slíkum samningum eru ávallt ákvæði um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að unnt sé að biðja annað ríki um að fullnægja viðurlögum. Er hér átt við hvernig þau skilyrði verði könnuð en ekki er gert ráð fyrir að sett verði sérstök lög þótt aðrir samningar en tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. greinarinnar verði fullgiltir. Í þessari málsgrein eru jafnframt ákvæði um að almenn ákvæði frumvarpsins um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi og íslenskra viðurlaga erlendis gildi, eftir því sem við getur átt, þegar viðurlögum er fullnægt á grundvelli slíkra samninga. Æskilegt er að ákvæði í slíkum samningum verði sem sambærilegust við ákvæði um könnun skilyrða samkvæmt þeim samningum er tilgreindir eru í 1. og 2. mgr.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í umfjöllun um 1. gr. er það almennt skilyrði þess að fullnægja megi erlendri viðurlagaákvörðun hér á landi að í gildi sé samningur milli Íslands og viðkomandi ríkis um fullnustu refsidóma. Í þessari grein er lagt til að dómsmálaráðuneytinu geti verið heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ákveða að erlendri viðurlagaákvörðun verði fullnægt hér á landi enda þótt samningur sé ekki í gildi. Samkvæmt greininni þarf þeim skilyrðum að vera fullnægt að ráðuneytið telji að sérstakar ástæður séu fyrir hendi, að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi og að viðurlagaákvörðunin sé tekin af dómstóli.

Megintilgangur þessarar greinar er að heimila fullnustu á viðurlögum, sem Íslendingar hljóta í erlendu ríki, hér á landi þótt milli Íslands og þess ríkis, þar sem viðurlög voru ákvörðuð, sé ekki í gildi samningur um flutning á fullnustu. Slíkur flutningur á fullnustu viðurlaga getur þó ekki farið fram nema bæði ríkin samþykki það. Þótt ekki sé getið um það í greininni er ekkert því til fyrirstöðu að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði að flutningi dæmds manns samkvæmt henni.

Þá er í greininni einnig gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytinu sé heimilt að ákveða

að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í öðru ríki að uppfylltum sömu skilyrðum og þegar erlendum viðurlögum er fullnægt hér á landi samkvæmt greininni. Þetta ákvæði er sett m.a. vegna þess að líklegt er að viðkomandi ríki óski eftir gagnkvæmri tilhögun.

Þegar flutningur á fullnustu fer fram samkvæmt þessari grein gilda almenn ákvæði frumvarpsins um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi og íslenskra viðurlaga erlendis eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þessarar greinar geta einnig átt við þegar gerður hefur verið almennur samningur við annað ríki um flutning á fullnustu með ákvæði um að hann gildi einungis um viðurlög sem ákvörðuð eru eftir gildistöku hans. Þá væri unnt í einstökum tilvikum, ef sérstakar ástæður mæla með því, að taka ákvörðun um flutning á fullnustu viðurlaga sem ákvörðuð voru fyrir gildistöku samningsins. Samkvæmt ákvæðinu er einnig heimilt að flytja fullnustu á viðurlögum sem ákvörðuð eru áður en ákvæði frumvarpsins verða að lögum. Ef á reyndi væri það forsenda að viðkomandi dómþoli samþykki flutninginn.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl., nr. 69/1963, gangi framar ákvæðum frumvarpsins.

Samkvæmt þeim lögum er heimilt að fullnægja hér á landi sektarrefsingu sem aðila hefur verið gerð í þessum ríkjum og gagnkvæmt. Sama gildir um ákvarðanir, sem varða upptöku eigna, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðra manna til tryggingar sektargreiðslum, eignaupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum.

Sama gildir um fullnustu refsivistar samkvæmt dómum sem kveðnir hafa verið upp annars staðar á Norðurlöndum og gagnkvæmt.

Lögin um fullnustu á norrænum refsidómum taka ekki til fullnustu á öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegingarlaga, en unnt væri að fullnægja slíkum viðurlögum, sem ákvörðuð eru í öðru norrænu ríki, á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er skilgreining á hugtakinu „evrópskur refsidómur“ eins og það er notað í ákvæðum frumvarpsins. Það er skilgreint þannig að átt sé við dóm eða aðra ákvörðun sem fullnægja má samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma. Með annarri ákvörðun er bæði átt við ákvarðanir dómstóla um viðurlög án þess að um dóm sé að ræða, sbr. hér á landi ákvarðanir um viðurlög skv. 1. mgr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála og stjórnvaldsákvarðanir um viðurlög, sbr. það sem áður sagði um „ordonnance pénale“. Skilgreining hugtaksins á einungis við um viðurlög sem ákvörðuð eru í ríki sem er aðili að samningnum. Vakin er athygli á því að í frumvarpinu er hugtakið notað í víðtækari merkingu en í samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma, sbr. skilgreiningu hugtaksins í a-lið 1. gr. samningsins, að því leyti að það er einnig látið ná yfir „ordonnance pénale“. Í viðauka III með samningnum er listi yfir þau viðurlög sem falla undir hugtakið „ordonnance pénale“ í einstökum samningsríkjum. Samkvæmt 62. gr. samningsins eru samningríki skuldbundin til að tilkynna jafnóðum um allar lagabreytingar sem varða þessar ákvarðanir.

Í 2. mgr. er hugtakið útivistardómur skilgreint. Átt er við viðurlagaákvörðun samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma sem tekin er með dómi eða annarri ákvörðun dóms eða stjórnvalds án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögunum hafi

sjálfur komið fyrir dóm. Meðferð málsins þarf að hafa farið fram í samræmi við lög um réttarfar í sakamálum í viðkomandi ríki.

Í 3. mgr. er skilgreint hvernig hugtakið viðurlög er notað í ákvæðum frumvarpsins. Ef ekki er annað tekið fram á það við um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar og upptöku eigna, en það eru þau viðurlög sem heimilt er að flytja fullnustu á milli ríkja samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að evrópskum refsidómi verði ekki fullnægt hér á landi nema samkvæmt beiðni stjórnvalda í öðru ríki og er sú krafa í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins. Með öðru ríki er átt við ríki þar sem ákvörðun um viðurlög var tekin. Í þessu sambandi skal tekið fram að ríki er aldrei skylt að óska eftir því við annað ríki að það fullnægi viðurlögum samkvæmt ákvæðum samningsins jafnvel þótt það geti ekki sjálft fullnægt þeim.

Í a–h-liðum eru síðan tilgreind þau skilyrði sem verða að vera til staðar svo að fullnægja megi erlendri viðurlagaákvörðun hér á landi.

Samkvæmt a-lið verður evrópskum refsidómi ekki fullnægt hér á landi nema hann sé endanlegur og er það ákvæði í samræmi við a-lið 1. gr. samningsins þar sem evrópskur refsidómur er skilgreindur sem endanleg ákvörðun sakadóms samningsríkis að lokinni málsmeðferð samkvæmt sakamálaréttarfari. Þegar sagt er að dómur sé endanlegur er átt við dóm sem ekki verður áfrýjað og heimilt er að fullnægja í dómsríkinu eða dóm æðra eða æðsta dómstigs viðkomandi ríkis og er það í samræmi við 1. mgr. 3. gr. samningsins. Í 16. gr. samningsins er ákvæði um að stjórnvöld í ríki, sem biður um fullnustu, skuli staðfesta að heimilt sé að fullnægja viðurlögunum.

Í samningnum er gerð undantekning varðandi þetta skilyrði þegar um er að ræða fullnustu á útivistardómi eða „ordonnance pénale“. Samkvæmt 22. gr. samningsins má þegar eftir uppkvaðningu slíkra viðurlaga senda þau til annars ríkis í þeim tilgangi að þeim verði fullnægt þar og til að dómþola verði tilkynnt um þessi viðurlög. Ríki, sem beiðni er beint til, er ekki heimilt að hafna slíkri beiðni á þeirri forsendu einni að viðurlögin séu ekki endanleg, sbr. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b-lið þarf verknaðurinn sem leiddi til viðurlaganna í erlenda ríkinu einnig að vera refsiverður samkvæmt íslenskum lögum og áskilið er að dómþoli hefði bakað sér refsiábyrgð samkvæmt íslenskum lögum hefði verknaðurinn verið framinn hér á landi. Þó er sú undantekning gerð að það kemur ekki ófrávíkjanlega í veg fyrir flutning að sakborningur hefði ekki bakað sér refsiábyrgð vegna þess að hann hefur ekki náð sakhæfisaldri, sbr. tengsl þessa ákvæðis við g-lið 7. gr. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 4. gr. samningsins.

Samkvæmt c-lið er það meginregla að erlendum viðurlögum verði ekki fullnægt hér á landi ef dómþoli er ekki búsettur hér á landi. Í þessum lið eru gerðar þrjár undantekningar frá þessari reglu. Í fyrsta lagi ef fullnusta hér á landi eykur líkur á félagslegri endurhæfingu dómþola, í öðru lagi ef um er að ræða viðurlög sem fela í sér frjálsræðissviptingu og unnt er að fullnægja þeim hér á landi í tengslum við fullnustu annarra slíkra viðurlaga hér og í þriðja lagi ef dómþolinn er frá Íslandi. Ákvæðin í c-lið eru í samræmi við a–d-liði 5. gr. samningsins. Erfitt er að gefa nákvæma skilgreiningu á því hvað átt sé við með orðasambandinu, „að dómþolinn sé frá Íslandi“, en um er að ræða þýðingu á „state of origin“, sbr. d-lið 5. gr. samningsins. Samkvæmt athugsemdum við hann er ekki eingöngu átt við að maður hafi ríkisborgararétt í hlutaðeigandi landi heldur einnig að

hann hafi búið í landinu um lengri tíma. Ólíklegt er að nokkurn tíma reyni á þetta ákvæði en gera yrði strangar kröfur um tengsl dómþola við Ísland, a.m.k. ef hann teldi sjálfur að hann væri ekki frá Íslandi. Með því að fullnusta auki líkur á félagslegri endurhæfingu dómþola er átt við þau tilvik þegar líklegt er að hann setjist að hér á landi eftir að viðurlögum hefur verið fullnægt.

Samkvæmt d-lið er ekki heimilt að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi ef fullnusta hér væri andstæð grundvallarreglum íslenskra laga. Þetta ákvæði er í samræmi við a-lið 6. gr. samningsins.

Samkvæmt e-lið er ekki heimilt að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi ef fullnusta væri andstæð þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins. Þetta ákvæði er í samræmi við d-lið 6. gr. samningsins.

Í f- og g-liðum eru ákvæði um að ekki sé heimilt að fullnægja viðurlögum hér á landi ef fullnusta hér væri andstæð reglum samningsins um „ne bis in idem“ sem um er fjallað í 53.–55. gr. samningsins. Þessi ákvæði eru í samræmi við 7. gr. samningsins.

Kröfur samningsins um viðurkenningu á „ne bis in idem“ hafa í för með sér að ríki, sem fær beiðni um fullnustu viðurlaga, má ekki verða við henni ef dómþoli hefur með dómi í því ríki sem beðið er um fullnustu eða öðru samningsríki verið sýknaður eða dæmdur til viðurlaga fyrir sama verknað og þeim viðurlögum hefur þegar verið fullnægt eða verið er að fullnægja þeim. Sama gildir ef viðurlögin hafa fallið niður vegna fyrningar, náðunar eða sakaruppgjafar í því ríki eða dómþoli verið sakfelldur en honum ekki gerð sérstök refsing. Vegna reglna samningsins um „ne bis in idem“ er talið rétt að setja ákvæði um að þessi tilvik útiloki fullnustu erlendrar viðurlagaákvörðunar hér á landi. Þessi ákvæði geta einnig haft í för með sér að dómur vegna sama verknaðar, sem kveðinn er upp í ríki sem ekki er aðili að samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma, getur verið grundvöllur fyrir synjun um fullnustu viðurlaga. Í greininni er ákvæðinu um „ne bis in idem“ skipt upp í tvo stafliði. Í f-lið eru ákvæði um gildi íslenskra dóma og lögreglustjórasátta og í g-lið eru ákvæði um gildi dóma sem kveðnir eru upp í öðru ríki en því sem biður um fullnustu.

Í h-lið er ákvæði um að ekki sé heimilt að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi ef það væri talið að öðru leyti andstætt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma. Þetta ákvæði getur t.d. átt við þegar viðurlög eru ákvörðuð af stjórnvaldi og ekki er hægt að kæra þá ákvörðun til dómstóls. Hugsanlegt er að fleiri tilvik en talin eru upp í a–g-liðum geti samkvæmt samningnum komið í veg fyrir að heimilt sé að fullnægja erlendri viðurlagaákvörðun hér á landi og er þetta ákvæði því sett.

Um 7. gr.

Auk þeirra atriða, sem skv. 6. gr. koma í veg fyrir að unnt sé að fullnægja evrópskum refsidómi hér á landi, eru í a–h-liðum þessarar greinar tilgreind atriði sem geta verið grundvöllur þess að synjað sé um fullnustu á evrópskum refsidómi en ekki er skylt að hafna beiðni þótt þau séu til staðar.

Samkvæmt a-lið er heimilt að hafna beiðni ef verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, telst stjórnmálaafbrot eða varðar við herlög. Þetta ákvæði er í samræmi við b-lið 6. gr. samningsins.

Samkvæmt b-lið er heimilt að hafna beiðni ef gild ástæða er til að ætla að dómur hafi gengið eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða stjórnmálaskoðana dómþola. Er þetta ákvæði í samræmi við c-lið 6. gr. samningsins. Vakin er athygli á því að í upphafi þessa stafliðar er talað um gilda ástæðu. Er þar um að ræða

þýðingu á enska texta samningsins þar sem talað er um „substantial grounds".

Samkvæmt c-lið er heimilt að hafna beiðni ef rannsókn stendur yfir hér á landi vegna verknaðar sem leiddi til viðurlaganna, ákæra hefur verið gefin út, ákveðið hefur verið að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórasátt eða tekin hefur verið ákvörðun um að höfða ekki mál vegna verknaðarins. Þetta ákvæði er í samræmi við e- og f-liði 6. gr. samningsins. Í athugasemdum við þessa liði samningsins kemur fram að heimilt er að synja um fullnustu vegna þessara atriða þótt rannsókn hafi ekki hafist í ríki, sem beðið er um fullnustu, fyrr en beiðni um fullnustu viðurlaganna barst og beiðnin hafi verið ástæða þess að rannsókn hófst.

Samkvæmt d-lið er heimilt að hafna beiðni ef verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, var ekki framinn í því ríki sem biður um fullnustu. Þetta ákvæði er í samræmi við g-lið 6. gr. samningsins.

Samkvæmt e-lið er heimilt að hafna beiðni ef ekki er talið unnt að fullnægja viðurlögunum hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við h-lið 6. gr. samningsins. Hér er t.d. átt við þau tilvik að dómþoli finnist ekki hér á landi.

Samkvæmt f-lið er heimilt að hafna beiðni ef telja má að ríki, sem biður um fullnustu, geti sjálft fullnægt viðurlögunum. Þetta ákvæði er í samræmi við j-lið 6. gr. samningsins. Þetta ákvæði er sett til að hvetja samningsríki til samstarfs um mat á því hvar haganlegast sé að fullnægja viðurlögunum með tilliti til hagsmuna dómþóla. Ákvæðið á helst við þegar aðstæður hafa breyst eftir að beðið hefur verið um flutning á fullnustu.

Samkvæmt g-lið er heimilt að hafna beiðni ef dómþoli var ekki orðinn 15 ára gamall þegar afbrotið var framið. Þetta ákvæði er í samræmi við k-lið 6. gr. samningsins. Samkvæmt 14. gr. almennra hegningarlaga er ekki heimilt að dæma mann til refsingar hér á landi ef hann var ekki orðinn 15 ára þegar afbrot var framið. Þetta er ein af grundvallarreglum II. kafla hegningarlaga um almenn refsiskilyrði. Sakhæfisaldur er almennt mismunandi í Evrópu og það eru því gild rök til að heimilt sé að meta hvort flytja eigi hingað til lands fullnustu viðurlaga sem Íslendingur hefur hlotið í erlendu ríki áður en hann varð 15 ára, sbr. að þessi tilvik eru undanþegin í b-lið 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þegar viðurlög eru ákvörðuð hér á landi á ný vegna verknaðarins er heimilt í þessum tilvikum að taka eðlilegt tillit til ungs aldurs dómþola.

Samkvæmt h-lið er heimilt að hafna beiðni ef viðurlög teldust fyrnd samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um fyrningu viðurlaga. Þetta ákvæði er í samræmi við l-lið 6. gr. samningsins. Taka ber fram í þessu sambandi að þótt sök væri fyrnd samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga leiðir það ekki til þess að heimilt væri að synja um fullnustu samkvæmt þessu ákvæði.

Samkvæmt 2. mgr. skulu aðgerðir, sem gerðar voru í ríkinu sem bað um fullnustu til þess að rjúfa fyrningu samkvæmt lögum þess ríkis, hafa sömu áhrif hér á landi þegar metið er hvort viðurlög eru fyrnd skv. h-lið 1. mgr. Þetta ákvæði er í samræmi við 8. gr. samningsins.

Um 8. gr.

Þegar í erlendum dómi er dæmt fyrir fleiri en einn verknað er meginreglan sú að þeir þurfa allir að vera refsiverðir samkvæmt íslenskum lögum og dómþoli að hafa bakað sér refsiábyrgð vegna þeirra allra að íslenskum lögum hefðu verknaðirnir verið framdir hér á landi. Þótt þessi skilyrði séu ekki uppfyllt varðandi alla verknaðina er samt heimilt að fullnægja þeim hluta viðurlaganna sem eru fyrir verknaði sem uppfylla framangreind skilyrði ef í viðurlagaákvörðuninni er tilgreint hvaða hluti viðurlaganna er vegna þeirra

verknaða sem uppfylla skilyrðin eða slík tilgreining er í beiðni erlendu stjórnvaldanna. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal beiðni um fullnustu erlendrar viðurlagaákvörðunar send dómsmálaráðuneytinu og er það í samræmi við 1. mgr. 15. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðuneytið þegar hafna beiðni ef beðið er um fullnustu á dómi sem ekki fellur undir ákvæði samningsins og jafnframt gera nokkurs konar forkönnun á því hvort hafna beri beiðni samkvæmt a–h-liðum 2. mgr. 6. gr. Ef talið er að ekki sé heimilt að fullnægja viðurlagaákvörðuninni hér á landi, af þeim ástæðum sem þar eru tilgreindar, skal beiðni þegar hafnað. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að ekki sé heimilt að hafna beiðni um að fullnægja útivistardómi af þeirri ástæðu einni að hann sé ekki endanlegur. Þetta ákvæði er í samræmi við 22. gr. samningsins.

Samkvæmt 3. mgr. kannar dómsmálaráðuneytið hvort hafna beri beiðni af ástæðum er tilgreindar eru í einstökum liðum 1. mgr. 7. gr. Ráðuneytið hefur endanlegt ákvörðunarvald um hvort beiðni verði hafnað samkvæmt ákvæðum 7. gr., með þeirri undantekningu þó að héraðsdómur skal kanna hvort heimilt sé að fullnægja viðurlögum vegna ákvæða í b- og h-liðum 7. gr.

Sé beiðni ekki hafnað eftir könnun dómsmálaráðuneytisins skv. 2. eða 3. mgr. skal ráðuneytið senda ríkissaksóknara beiðnina til frekari meðferðar.

Um 10. gr.

Samkvæmt upphafi 1. mgr. leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur, nema annað leiði af ákvæðum 16. eða 19.–21. gr. frumvarpsins, en héraðsdómur skal kanna hvort skilyrði laganna fyrir því að fullnægja megi viðurlögunum hér á landi séu uppfyllt og ákvarða ný viðurlög í stað þeirra erlendu í samræmi við íslenska lagaframkvæmd, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði er í samræmi við 37. gr. samningsins. Rétt er að benda á að skv. 28. gr. frumvarpsins gilda lög um meðferð opinberra mála við meðferð þessara mála nema annað sé tekið fram í ákvæðum frumvarpsins.

Í 1. mgr. er einnig ákvæði um að ef beiðni um fullnustu lýtur að eignum annars manns en dómþola skuli höfða sérstak mál gegn þeim manni nema hann hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins í erlenda ríkinu.

Samkvæmt 2. mgr. skal dómþola gefinn kostur á að tjá sig um fullnustubeiðni og hann yfirheyrður fyrir dómi ef hann óskar þess. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 39. gr. samningsins. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. samningsins er í þessari málsgrein gerð sú undantekning frá meginreglunni um að dómþola skuli gefinn kostur á að koma fyrir dóm að ef hann er sviptur frelsi í því ríki sem biður um fullnustu skal dómstóll meta að honum fjarstöddum hvort skilyrði séu til að fullnægja viðurlögunum hér á landi, en fresta skal ákvörðun nýrra viðurlaga, sbr. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Rökin fyrir þessari undantekningarreglu eru þau að ekki skuli flytja dómþola hingað til lands fyrr en dómstóll hefur metið hvort skilyrði séu til að fullnægja viðurlögunum hér á landi. Væri hann fluttur hingað til lands fyrr væri sú áhætta tekin að flytja yrði hann til baka ef dómstóll teldi að hafna bæri beiðni.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um það hvaða skilyrði skuli metin af dómstólnum og er lagt til að hann meti hvort ákvæði 2. mgr. 6. gr. og b- og h-liða 7. gr. standi því í vegi að fullnægja megi erlendu viðurlögunum hér á landi. Er þetta ákvæði í samræmi við 40. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. metur dómstóllinn ekki að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðarins. Þetta ákvæði er í samræmi við 42. gr. samningsins þar sem segir að ríki, sem beðið er um fullnustu, skuli hlíta niðurstöðum um málavöxtu eins og þær koma fram í ákvörðuninni eða á er byggt í henni. Þetta er ein af þeim meginreglum sem gilda þegar fullnusta á viðurlögum er flutt milli ríkja, þ.e. að ekki er heimilt að meta á ný í því ríki sem beðið er um að fullnægja viðurlögunum hvort dómþoli er sekur um þann verknað sem hann er dæmdur fyrir. Þegar héraðsdómur metur hvort fullnægja megi erlendum viðurlögum hér á landi er hann bundinn af sakarmati erlenda dómstólsins eða stjórnvaldanna. Sérreglur eru um útivistardóma hvað þetta snertir, sbr. 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Héraðsdómur skal taka ákvörðun með dómi, sbr. 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla samningsins að þegar dómstóll telur heimilt að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi skuli hann ákvarða ný viðurlög í stað þeirra erlendu. Nýju viðurlögin skulu vera eins og þau viðurlög sem yrðu dæmd samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot. Í 13.–15. gr. frumvarpsins eru nánari ákvæði um það þegar ný viðurlög eru ákvörðuð. Þetta ákvæði er í samræmi við það sem kemur beint fram í 1. mgr. 44. gr. samningsins og óbeint í 1. mgr. 45. og 1. mgr. 46. gr. samningsins. Af reglu 1. mgr. leiðir að þegar ný viðurlög eru ákvörðuð geta þau verið annars eðlis en þau sem ákvörðuð voru í erlenda ríkinu og þegar um frjálsræðissviptingu er að ræða getur tímalengd hennar verið önnur en í erlenda ríkinu.

Þegar dómstóll hefur metið að dómþola fjarstöddum hvort skilyrði séu til að fallast á beiðni um að erlendum viðurlögum verði fullnægt hér á landi skal skv. 2. mgr. ekki ákvarða ný viðurlög fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að koma fyrir dóm. Í athugasemdum við 10. gr. er nánar gerð grein fyrir forsendum þessarar reglu.

Um 13. gr.

Í þessari grein er fjallað nánar um það þegar erlendum frjálsræðissviptingar- og sektarviðurlögum er breytt.

Samkvæmt 1. mgr. skal gæta þess þegar erlendri viðurlagaákvörðun, sem felur í sér frjálsræðissviptingu, er breytt að íslensku viðurlögin séu ekki þyngri en þau erlendu. Þegar erlendu viðurlögin eru vægari en vægustu viðurlög sem liggja við afbrotinu samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða vægari viðurlög en samkvæmt íslenskum lögum. Þetta ákvæði er undantekning frá meginreglu 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins um að ákvarða skuli hér á landi viðurlög sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 44. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal breyta erlendum sektarviðurlögum í íslenskar krónur með þeim hætti að íslenska fjárhæðin samsvari þeirri erlendu miðað við kaupgengi viðkomandi gjaldmiðils þegar ákvörðun um viðurlög er tekin hér á landi. Þó má slík sekt ekki fara fram úr þeirri hámarkssekt sem liggur við sambærilegu afbroti samkvæmt íslenskum lögum. Ákvæðið er í samræmi við 45. gr. samningsins.

Í 3. mgr. er áréttuð sú meginregla samningsins að í stað fésekta megi ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en fésektir.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein skal, þegar ný viðurlög eru ákvörðuð hér á landi, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt í erlenda ríkinu og þess tíma sem dómþoli hefur verið í haldi eða gæsluvarðhaldi vegna sama afbrots hvort heldur er hér á landi eða erlendis. Þessi regla er í samræmi við 3. mgr. 44. gr. samningsins. Ákvæði þessarar greinar eru að því leyti frábrugðin reglum íslenskra laga um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, að hér er gert ráð fyrir því að taka skuli tillit til framangreindra atriða í samræmi við íslenskar reglur þegar viðurlögin eru ákvörðuð í stað þess að þessi tími komi til frádráttar eftir að viðurlög hafa verið dæmd. Í greininni er einnig lagt til að þegar tekið hafi verið tillit til þessa tíma megi ákvarða vægari viðurlög en liggja við sambærilegu afbroti hér á landi, þ.e. að ef lágmarksrefsing liggur við afbrotinu samkvæmt íslenskum lögum megi fara niður úr því lágmarki.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hvernig með eigi að fara þegar tiltekin fjárhæð eða verðmæti eru gerð upptæk. Gildir þá sama regla og þegar breyta á erlendum sektarviðurlögum í íslenskar krónur, sbr. 2. mgr. 13. gr., þ.e. að ákvarða skal íslensku fjárhæðina þannig að hún samsvari þeirri erlendu miðað við kaupgengi viðkomandi gjaldmiðils þegar ákvörðun um viðurlög er tekin hér á landi. Þar sem ekki er í íslenskum lögum tilgreind hámarksfjárhæð sem gera má upptæka er í þessari málsgrein jafnframt sett sú takmörkun að ef upptæka fjárhæðin er hærri en sú fjárhæð sem gerð yrði upptæk samkvæmt íslenskum lögum, ef málið væri rekið hér á landi, skuli dómurinn lækka fjárhæðina til samræmis við réttarframkvæmd hér. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 45. gr. samningsins. Samkvæmt íslenskum lögum verður eignaupptaka ekki ákvörðuð í stað refsingar. Er því ekki ástæða til að taka upp í þessa grein frumvarpsins ákvæði 2. mgr. 45. gr. samningsins um að leggja eignaupptöku að jöfnu við önnur viðurlög.

Samkvæmt 2. mgr. skal munur sem gerður er upptækur í erlenda dómnum því aðeins gerður upptækur hér að íslensk lög heimili slíka eignaupptöku vegna sambærilegs afbrots. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 46. gr. samningsins. Af sömu ástæðu og tilgreind er í síðustu málsgrein um 2. mgr. 45. gr. samningsins eru ákvæði 2. mgr. 46. gr. hans ekki tekin upp í frumvarp þetta.

3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að ef beiðni um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi varði eingöngu innheimtu sekta eða upptöku eigna sé ríkissaksóknara sjálfum heimilt að kanna skilyrði fyrir fullnustu viðurlaganna hér á landi og breyta þeim í íslensk viðurlög í stað þess að leggja málið fyrir dóm. Skilyrði þess, að honum sé heimilt að fara þessa leið, er að heimilt sé samkvæmt íslenskum lögum að ljúka málinu skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Með tilvísun til þessarar greinar er bæði átt við að afbrot sé þess eðlis að heimilt sé að ljúka málinu með þessum hætti og að viðurlög fari ekki fram úr þeim viðurlögum sem heimilt er að beita þegar þetta ákvæði er notað.

Samkvæmt 2. mgr. skal ríkissaksóknari leggja málið fyrir dómstól, í samræmi við ákvæði frumvarpsins, fallist dómþoli ekki á þessa málsmeðferð.

Samkvæmt 37. gr. samningsins er sú málsmeðferð, sem hér er tilgreind, heimiluð um sektir og upptöku eigna ef unnt er að bera slíka ákvörðun undir dómstól. Í þessari grein frumvarpsins er þessi heimild löguð að íslenskri réttarframkvæmd að öðru leyti en því að samkvæmt greininni er það ríkissaksóknari sem tekur ákvörðun um hvort þessi heimild verði notuð og breytir viðurlögunum, en skv. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála eru það lögreglustjórar sem bjóða sakborningi að ljúka máli að hætti þeirrar greinar. Ef sakborningur fellst ekki á þessa málsmeðferð fer málið fyrir dómstóla og er talið að áskilnaði samningsins um málskot til dómstóla sé þar með fullnægt.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um beitingu þvingunaraðgerða í tengslum við fullnustu á evrópskum refsidómi hér á landi. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru samin með hliðsjón af 31.–33. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. getur ríkissaksóknari ákveðið að dómþoli skuli handtekinn og lagt fyrir dóm kröfu um að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Skilyrði þess er að ríki hafi beðið um fullnustu viðurlaga hér á landi eða það hafi tilkynnt dómsmálaráðuneytinu að það hyggist biðja um fullnustu viðurlaga hér á landi og óskað eftir því að dómþoli verði handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Í a- og b-liðum 2. mgr. eru tilgreind þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo heimilt sé að handtaka dómþola og úrskurða hann í gæsluvarðhald. Til þess að þessum úrræðum verði beitt þarf skilyrði a-liðar ávallt að vera fullnægt og a.m.k. öðru þeirra skilyrða sem tilgreind eru í b-lið.

Samkvæmt a-lið þarf verknaður að íslenskum lögum að varða þyngri refsingu en eins árs fangelsi. Er þar um að ræða strangari skilyrði en skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar er miðað við að verknaður geti varðað fangelsisrefsingu. Þessi tímamörk eru valin með hliðsjón af þeim tímamörkum sem gilda um verknaði sem geta leitt til framsals sakamanna skv. 3. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 32. gr. samningsins er miðað við að gæsluvarðhald sé heimilt samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu.

Auk þess skilyrðis, sem greinir í a-lið, þarf skv. b-lið einnig að vera ástæða til að ætla að dómþoli hyggist koma sér undan fullnustu viðurlaganna eða, ef um útivistardóm er að ræða, hætta á að hann spilli sakargögnum. Þessi ákvæði eru í samræmi við b-lið 1. mgr. 32. gr. samningsins.

Samkvæmt 3. mgr. getur ríkissaksóknari í stað gæsluvarðhalds krafist þess að úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála verði beitt, þ.e. að lagt verði fyrir dómþola að halda sig á ákveðnu svæði, honum bönnuð brottför af landinu o.s.frv. Þótt slíkt ákvæði sé ekki í samningnum þykir rétt að slík heimild sé til staðar þegar t.d. bann við brottför úr landi telst nægileg trygging fyrir nærveru dómþola. Hér er einnig lagt til að þessum úrræðum megi beita þótt brot varði minna en eins árs fangelsisrefsingu, sbr. a-lið 2. mgr.

Í 4. mgr. er lagt til að heimilt verði að beita dómþola þvingunaraðgerðum án þess að skilyrði a-liðar 2. mgr. sé uppfyllt þegar hann hefur ekki fasta búsetu hér á landi og ástæða er til að óttast að hann muni yfirgefa landið til að komast undan fullnustu. Dómþoli verður þó ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald samkvæmt þessu ákvæði nema brot hans varði fangelsisrefsingu, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála m.a. um það hvenær gæsluvarðhaldi skuli ljúka eða dómþoli látinn laus. Í 5. mgr. er sérákvæði um lok gæsluvarðhalds sem úrskurðað er samkvæmt heimild í þessari grein. Samkvæmt ákvæðinu skal hann látinn laus þegar samanlagður gæsluvarðhaldstími hans hér á landi og sá tími, sem hann hefur verið sviptur frelsi í erlenda ríkinu, er orðinn jafnlangur og sá tími sem hann var dæmdur til frjálsræðissviptingar í erlenda dómnum. Þetta ákvæði er í samræmi við a-lið 2. mgr. 33. gr. samningsins.

Í 6. mgr. er einnig sérákvæði um lok gæsluvarðhalds í þeim tilvikum þegar dómþoli er úrskurðaður í gæsluvarðhald áður en formleg beiðni um fullnustu hefur borist en þá skal hann látinn laus er hann hefur verið í haldi í 18 daga og beiðni um fullnustu hefur ekki borist innan þess tíma. Þessi tímamörk reiknast frá því að dómþoli var handtekinn vegna kröfu um gæsluvarðhald samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Þetta ákvæði er í samræmi við b-lið 2. mgr. 33. gr. samningsins.

Um 18. gr.

Í þessari grein er lagt til að ríkissaksóknara sé heimilt að taka ákvörðun um að leggja hald á eign ef hún er gerð upptæk í dómi sem beðið er um að fullnægja. Samkvæmt greininni er skilyrði haldlagningar að heimilt væri að leggja hald á eignina samkvæmt íslenskum lögum væri málið rekið hér á landi. Í greininni eru einnig ákvæði um að heimilt sé að beita ákvæðum X. kafla laga um meðferð opinberra mála um tryggingarráðstafanir ef slíkar ráðstafanir eru taldar nauðsynlegar. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 36. gr. samningsins.

Um 19. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru sérákvæði um það þegar beiðni lýtur að fullnustu á útivistardómi. Útivistardómur er skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins dómur eða ákvörðun sem tekin er án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögum hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins. Í slíkum tilvikum getur útivistardómur einnig tekið til viðurlaga samkvæmt „ordonnance pénale“. Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. samningsins teljast þó ekki til útivistardóma í skilningi samningsins útivistardómar, sem staðfestir hafa verið eða kveðnir upp eftir að dómþoli hefur krafist endurupptöku í dómsríkinu, eða útivistardómur sem kveðinn er upp af áfrýjunardómstól eftir að dómþoli hefur áfrýjað dómi hins lægra dómstigs.

Í 1. mgr. eru ákvæði um upphafsaðgerðir ríkissaksóknara þegar beiðni lýtur að fullnustu á útivistardómi. Í stað þess að leggja málið fyrir dóm til ákvörðunar um hvort fullnægja megi viðurlögunum hér á landi skal hann senda dómþola tilkynningu um dóminn og fullnustubeiðnina. Í slíkri tilkynningu skal ríkissaksóknari gefa dómþola kost á innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar að krefjast endurupptöku á málinu og tilgreina að slík krafa skuli send ríkissaksóknara. Berist slík krafa ekki skal með málið farið skv. 10.–16. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessarar málsgreinar eru í samræmi við ákvæði 23. og 29. gr. samningsins. Í 23. gr. eru nákvæmari ákvæði um innihald tilkynningar til dómþola. Í stað þess að öll þau atriði, sem þar koma fram, séu talin upp í ákvæðum laganna þykir eðlilegra að ákvæði þar að lútandi séu sett í reglugerð skv. 43. gr. frumvarpsins. Í 29. gr. segir að krefjist dómþoli ekki endurupptöku á útivistardómi skuli litið svo á að máli hafi verið lokið eftir að ákærði hafi komið fyrir dóm og eru lokaákvæði 1. mgr. í samræmi við það.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um hvernig bregðast eigi við þegar dómþoli krefst endur-

upptöku á útivistardómi. Ákvæðin eru í samræmi við 1. mgr. 24. gr. samningsins. Í málsgreininni er einnig ákvæði um að þegar mál vegna endurupptöku erlends útivistardóms er rekið hér á landi skuli málsmeðferð fara fram fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Um 20. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru sérákvæði um málsmeðferð fyrir héraðsdómi þegar hann fær til meðferðar kröfu um endurupptöku á erlendum útivistardómi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að þegar héraðsdómur fái til meðferðar kröfu um endurupptöku erlends útivistardóms skuli hann gefa út fyrirkall til dómþola um að mæta í því þinghaldi þegar krafa hans er tekin til meðferðar og að slíkt þinghald megi ekki án samþykkis dómþola fara fram fyrr en 21 dagur er liðinn frá því að honum var birt fyrirkallið. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 26. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal kröfu dómþola um endurupptöku hafnað ef hann mætir ekki til þinghalds þótt hann hafi móttekið fyrirkall eða þegar dómstóllinn telur ekki ástæðu til að endurupptaka málið. Þegar slík ákvörðun er endanleg skal fjalla um beiðni um fullnustu samkvæmt almennum reglum frumvarpsins. Þessi ákvæði eru í samræmi við 2. mgr. 26. gr. samningsins.

Þegar héraðsdómur ákveður að fallast á kröfu dómþola um að endurupptaka málið skal hann skv. 3. mgr. meta skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum með sama hætti og sambærilegt afbrot hefði verið framið hér á landi. Slíkt mat skal fara fram án tillits til þess hvort unnt hefði verið að höfða mál hér á landi vegna ákvæða almennra hegningarlaga um refsilögsögu eða aðeins samkvæmt sérstökum fyrirmælum dómsmálaráðherra eða annarra aðila. Ákvæði almennra hegningarlaga um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga skulu ekki eiga við. Þegar héraðsdómur hefur ákveðið að endurupptaka erlenda útivistardóminn er litið svo á að hann sé ógildur, sbr. 3. mgr. 26. gr. samningsins.

Ein af meginreglum samningsins er að sá verknaður, sem leiddi til viðurlaganna í erlenda ríkinu, sé jafnframt afbrot samkvæmt íslenskum lögum ef verknaðurinn hefði verið framinn hér á landi. Ef það kæmi í ljós að sá verknaður, sem leiddi til útivistardómsins, væri ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum ber að sýkna þann sem framdi verknaðinn.

Þegar héraðsdómur telur að sakborningur, sem hlaut útivistardóminn, sé sekur og ákveður að dæma hann til refsiábyrgðar skulu viðurlög ákveðin í samræmi við íslenska dómvenju og í samningnum er ekkert sem hindrar að hann hljóti hér á landi þyngri viðurlög en samkvæmt útivistardómnum.

Ákvæði 3. og 4. málsl. 3. mgr. eru í samræmi við 4. mgr. 26. gr. samningsins.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það þegar krafa um endurupptöku á útivistardómi er tekin fyrir hjá erlendum dómstóli. Ef sá dómstóll endurupptekur málið fellur beiðni um fullnustu útivistardómsins hér á landi niður og er það í samræmi við 3. mgr. 25. gr. samningsins. Ef erlendi dómstóllinn hafnar að endurupptaka málið, og slík ákvörðun er endanleg, skal hér á landi litið á dóminn sem endanlegan og beiðni um fullnustu dómsins meðhöndluð í samræmi við það og er þetta í samræmi við 2. mgr. 25. gr. samningsins.

Um 22. gr.

Í þessari grein og 23.–25. gr. frumvarpsins er fjallað um fullnustu á erlendum viðurlögum hér á landi samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

Sá samningur fjallar eingöngu um flutning á fullnustu viðurlaga sem fela í sér frjálsræðissviptingu. Samkvæmt samningnum er það skilyrði fyrir flutningi á fullnustu slíkra viðurlaga að viðurlögin hafi verið dæmd eða ákvörðuð með öðrum hætti af dómstólum vegna refsiverðra verknaða.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlögum sem fela í sér frjálsræðissviptingu og ákvörðuð hafa verið með þeim hætti sem hér að framan greinir í ríki sem fullgilt hefur samninginn um flutning dæmdra manna. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hugtakið viðurlög er í þessari grein og 23.–25. gr. frumvarpsins notað í þrengri merkingu en samkvæmt skilgreiningu þess í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Í a–e-liðum 1. mgr. eru tilgreind þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo heimilt sé að fullnægja hér á landi erlendum viðurlögum samkvæmt greininni og er ekki heimilt að fullnægja viðurlögunum hér nema þeim sé öllum fullnægt. Þessi ákvæði eru í samræmi við 3. gr. samningsins. Þessi skilyrði eru, með þeirri undantekningu er greinir í síðari hluta d-liðar, hlutlæg og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Að baki frávikinu í d-lið liggja fyrst og fremst mannúðarsjónarmið.

Eins og fram kemur í 2. mgr. er heimilt að fullnægja ótímabundnum viðurlögum. Í þeim tilvikum er erfitt að meta hvað dómþoli eigi eftir að vera lengi sviptur frjálsræði og þótti því ákvæði 2. mgr. nauðsynlegt til skýringa.

Í 3. mgr. eru ákvæði um að beiðnir um fullnustu viðurlaga hér á landi samkvæmt þessari grein skuli sendar dómsmálaráðuneytinu og að ráðuneytið kanni hvort skilyrði séu til að fullnægja viðurlögunum hér á landi samkvæmt samningnum. Eins og áður kom fram er slík könnum fólgin í því að staðreyna hvort ákveðin hlutræn skilyrði séu uppfyllt. Þar sem samningurinn felur ekki í sér skyldu til að verða við beiðni er hugsanlegt að dómsmálaráðuneytið taki ákvörðun um að synja beiðni, enda þótt skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samningsins er það meginregla að beiðnir um fullnustu viðurlaga skuli sendar beint milli dómsmálaráðuneyta viðkomandi ríkja. Í samningnum eru engin ákvæði um hvernig skilyrði þess að fullnægja megi erlendum viðurlögum skuli könnuð í því ríki sem beðið er um fullnustu. Það þýðir í reynd að hverju ríki er í sjálfsvald sett að ákvarða hvernig slík könnun fer fram.

Samkvæmt 4. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að erlendum viðurlögum, sem Íslendingur eða maður búsettur hér á landi hefur hlotið, verði fullnægt hér á landi. Þetta er í samræmi við 3. mgr. 2. gr. samningsins en samkvæmt því ákvæði geta bæði dómsríki og fullnusturíki óskað eftir flutningi á fullnustu.

Um 23. gr.

Samkvæmt 9. gr. samningsins skal fullnægja erlendum viðurlögum í fullnusturíkinu annaðhvort með þeim hætti að fullnustu erlendu viðurlaganna er haldið áfram eða þeim er breytt til samræmis við þau viðurlög sem ákvörðuð yrðu í því ríki fyrir sambærilegt afbrot.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samningsins getur ríki, þegar það fullgildir samninginn, tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að það hyggist gagnvart öðrum aðilum einungis beita annarri hvorri framangreindra aðferða við fullnustu viðurlaga.

Almennt verður að telja æskilegra frá íslenskum sjónarmiðum að erlendum viðurlög-

um verði breytt til samræmis við þau viðurlög sem ákvörðuð yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot. Að útiloka þann möguleika að unnt sé að halda áfram fullnustu erlendra viðurlaga, án þess að þeim sé breytt til samræmis við íslenska dómvenju, hefur þann ágalla að koma í veg fyrir að Ísland geti flutt fullnustu til þeirra ríkja, eða tekið við íslenskum dómþolum frá þeim ríkjum sem einungis heimila áframhaldandi fullnustu. Slíkur fyrirvari takmarkar gildi samningsins. Ástæða þess að samningurinn gerir ráð fyrir að heimilt sé að beita einungis annarri hvorri aðferðinni við flutning á fullnustu er sú að í sumum ríkjum eru stjórnarskrárákvæði sem takmarka rétt viðkomandi ríkja til að fallast á báðar aðferðirnar. Slík takmörkun er ekki í íslensku stjórnarskránni. Það að haldið sé áfram fullnustu erlendra viðurlaga, án þess að þeim sé breytt, getur leitt til þess að dómþoli afpláni hér mun þyngri viðurlög en hann hefði hlotið ef dæmt hefði verið í málinu hér á landi. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að enginn verður fluttur milli ríkja vegna fullnustu nema hann hafi samþykkt það sjálfur.

Með framangreind sjónarmið í huga er í þessari grein lagt til að unnt sé að velja milli þessara tveggja leiða í hverju tilviki fyrir sig og að það verði dómsmálaráðuneytið sem ákveði hvor aðferðin verði notuð.

Um 24. gr.

Í þessari grein eru nánari ákvæði um það þegar fullnustu á erlendum viðurlögum er haldið áfram hér á landi án þess að þeim sé breytt. Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. samningsins.

Í 1. mgr. er ákvæði um að heimilt sé að fullnægja viðurlögunum hér á landi án tillits til þess hvort þau séu þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot.

Í 1. málsl. 2. mgr. er lagt til að dómsmálaráðuneytið breyti viðurlögunum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Hér er átt við að erlendu viðurlögunum verði breytt í íslenska refsivistartegund, þ.e. annaðhvort varðhald eða fangelsi eða öryggisgæslu eða aðra gæslu skv. VII. kafla almennra hegningarlaga ef um það er að ræða. Ákvæðið er sambærilegt við upphafsákvæði 4. gr. laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl., nr. 69/1963. Ýmis álitaefni geta komið upp þegar túlka á hvers eðlis erlendu viðurlögin eru. Má þar til nefna að íslensk lög hafa ekki unglingafangelsi sem sérstaka viðurlagategund.

Í 2. og 3. málsl. 2. mgr. eru ákvæði um að tímalengd erlendu viðurlaganna skuli vera óbreytt þegar þeim er fullnægt hér á landi nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að dæma fyrir viðkomandi afbrot. Í þeim tilvikum skal laga tímalengdina að því hámarki.

Um 25. gr.

Í þessari grein eru nánari ákvæði um það þegar erlendu viðurlögunum er breytt og ný viðurlög ákvörðuð fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 11. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. felur dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara að leggja málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur til ákvörðunar á nýjum viðurlögum í stað hinna erlendu. Dómurinn á ekki, eins og þegar fullnusta er flutt samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi

refsidóma, að meta hvort skilyrði séu til að fullnægja viðurlögunum hér á landi heldur eingöngu að ákvarða ný viðurlög í stað þeirra erlendu. Í a–e-liðum í 2. mgr. eru tilgreind atriði sem dómstóllinn verður að taka tillit til þegar ný viðurlög eru ákvörðuð. Þau þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 3. mgr. er heimild til að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald hér á landi þegar hann er fluttur hingað til lands áður en ný viðurlög eru ákvörðuð og ákvæði um að slíkt skuli að jafnaði gert þar til aðfararhæfur dómur liggur fyrir hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 11. gr. samningsins. Takmarkanir á heimild til beitingar gæsluvarðhalds samkvæmt þessari grein eru ekki aðrar en þær sem fram koma í 65. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að viðkomandi afbrot varði fangelsisrefsingu.

Um 26. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi í samræmi við aðra tvíhliða eða marghliða samninga, sem Ísland kann að gera við önnur ríki, um gagnkvæma fullnustu viðurlaga.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að dómsmálaráðuneytið ákveði í samræmi við slíka samninga hvernig ákvæðum I. og IV. kafla eða II. og IV. kafla 2. hluta frumvarpsins skuli beitt í samskiptum við hlutaðeigandi ríki jafnvel þótt í slíkri ákvörðun kunni að felast frávik frá ákvæðum þessara kafla frumvarpsins. Í þessu felst heimild til að beita hluta af ákvæðum frumvarpsins þegar viðurlögum er fullnægt hér á landi í samræmi við slíka samninga. Ef og þegar slíkir samningar eru gerðir við önnur ríki er gert ráð fyrir að ákvarðað verði með reglugerð, sbr. 43. gr. frumvarpsins, hvernig ákvæðum frumvarpsins verði beitt í slíkum tilvikum.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi samkvæmt heimild í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. án þess að í gildi sé samningur milli Íslands og þess ríkis þar sem viðurlögin voru ákvörðuð. Flutningur á fullnustu viðurlaga skv. 3. gr. frumvarpsins getur aldrei átt sér stað, nema með samþykki þess ríkis þar sem þau voru ákvörðuð. Í slíku samþykki geta falist skilyrði um hvernig fullnustunni verði háttað hér á landi. Einnig er hugsanlegt að viðkomandi ríki og Ísland geri með sér samkomulag um hvernig haga skuli fullnustunni hér á landi.

Með hliðsjón af framansögðu er í 1. mgr. lagt til að dómsmálaráðuneytið ákveði, og þá oftast í samræmi við samkomulag við viðkomandi ríki, hvort erlendu viðurlögunum verði fullnægt hér á landi samkvæmt efni sínu eða þeim breytt til samræmis við þau viðurlög sem ákvörðuð yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot væri það framið hér. Í þessari málsgrein er jafnframt lagt til að ráðuneytið ákveði hvort mál skuli lagt fyrir dóm í samræmi við I. eða II. kafla 2. hluta frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi samkvæmt efni sínu. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 24. gr. frumvarpsins og er vísað til athugasemda við þá grein. Þó skal tekið fram að skv. 3. gr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að fullnægja hér á landi ákvörðunum um fésektir, upptöku eigna eða réttindasviptingar, en um slík viðurlög er ekki að ræða skv. 24. gr.

Í 3. mgr. eru ákvæði um að heimilt sé að innheimta hér á landi erlendar sektir þótt þær séu hærri en hæstu sektir sem dæmdar yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot og að það sama gildi þegar um er að ræða upptöku á eignum.

Í 4. mgr. kemur fram sú meginregla að ekki megi fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi með þeim hætti að þau teldust þyngri en í erlenda ríkinu og að taka skuli tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt í erlenda ríkinu.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ákvæði laga um meðferð opinberra mála gildi um meðferð mála og beitingu þvingunarúrræða eftir því sem við getur átt og ef annað er ekki tekið fram í ákvæðum frumvarpins þegar fjallað er um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi eða þegar erlendum viðurlögum, sem fullnægja á hér, er breytt af dómstólum til samræmis við íslenska dómvenju. Í fjölmörgum greinum frumvarpsins eru lögð til frávik frá reglum þessara laga en að því leyti, sem slík frávik eru ekki nefnd, gilda almenn ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Á þetta t.d. við um réttarstöðu sakbornings, rétt hans til réttargæslumanns eða verjanda, kæruheimildir, áfrýjun ákvarðana o.s.frv. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að ákvæði XXII. kafla laga um meðferð opinberra mála um endurupptöku dæmdra mála eiga ekki við. Ekki þykir ástæða til að setja sérstakt ákvæði þar um heldur leiðir það af þeim ákvæðum frumvarpsins sem segja að íslenskir dómstólar meti ekki að nýju hvort skilyrðum refsiábyrgðar vegna verknaðarins sé fullnægt.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að fullnusta erlendra viðurlaga hér á landi fari fram í samræmi við almennar reglur íslenskra laga um fullnustu sambærilegra viðurlaga hér á landi nema annað sé ákveðið í ákvæðum frumvarpsins eða samningum við erlend ríki. Á þetta m.a. við um réttarstöðu afplánunarfanga þegar fullnægt er hér á landi erlendum viðurlögum sem fela í sér frjálsræðissviptingu, veitingu reynslulausnar o.s.frv. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði 10. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 3. mgr. 9. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að ríkissaksóknari skuli ekki gefa út ákæru. Ástæða þess er m.a. sú að þegar gefin er út ákæra felst í meðferð þess máls fyrir dómstólum að dómurinn metur hvort ákæruði uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðar en meginreglan er sú að slíkt mat fer ekki fram í málum sem lögð eru fyrir dóm samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er ákvæði um að héraðsdómur taki ákvörðun með dómi. Nauðsynlegt þykir að ótvírætt sé hvers eðlis ákvörðun dóms í málum samkvæmt frumvarpinu sé og er eðlilegast að slík ákvörðun sé í formi dóms. Er þá ótvírætt hvaða gildi slík ákvörðun hefur þegar fullnægja á henni og um heimildir og málsmeðferð ef henni er áfrýjað til Hæstaréttar. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar krafist er gæsluvarðhalds, eða beitingar annarra þvingunarúrræða, á grundvelli ákvæða frumvarpsins gilda almenn ákvæði laga um meðferð opinberra mála um form slíkra úrlausna.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að svokölluð „sérregla“ gildi þegar menn eru fluttir til Íslands til að fullnægja erlendum viðurlögum hér á landi. Í reglunni felst að ekki er heimilt að ákæra mann eða dæma eða takmarka á nokkurn hátt frelsi hans hvort heldur er vegna rannsóknar máls eða fullnustu viðurlaga vegna annars afbrots en fullnægja á viðurlögum fyrir hér á landi samkvæmt erlenda dómnum, enda hafi slíkt afbrot verið framið áður en maðurinn var fluttur hingað til lands. Þessi takmörkun á heimild til málsmeðferðar eða fullnustu viðurlaga fellur niður ef erlenda ríkið samþykkir að falla frá þess-

um skilyrðum eða þegar dómþoli hefur í samfellt 45 daga átt þess kost að yfirgefa Ísland eftir að fullnustu viðurlaga lauk eða hann hefur yfirgefið landið en komið hingað á ný.

Þetta er meginregla sem gildir almennt þegar menn, sem sviptir eru frjálsræði, eru fluttir milli landa.

Ákvæðið byggist á 9. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma en það ákvæði á sér fyrirmynd í 14. gr. Evrópusamnings um framsal sakamanna frá 1957. Varðandi framsal hefur þessi regla verið lögfest hér á landi í 10. gr. almennra hegningarlaga, 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, og 7. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962. Samkvæmt 6. gr. laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl., nr. 69/1963, gildir reglan þegar íslenskum viðurlögum er fullnægt í þessum ríkjum.

Í 2. mgr. eru undantekningarákvæði frá meginreglu 1. mgr. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 2. mgr. 9. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Um 31. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins skal viðurlögum fullnægt hér á landi í samræmi við almennar reglur íslenskra laga.

Í þessari grein frumvarpsins felst það frávik frá framangreindri meginreglu að stöðva skuli fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi ef erlenda ríkið tilkynnir að það hafi fallist á beiðni dómþola um náðun, veitt honum sakaruppgjöf eða enduruppteki erlenda dóminn, eða ef í því ríki hafa verið teknar ákvarðanir sem samkvæmt lögum þess ríkis leiða til þess að eigi sé lengur heimilt að fullnægja viðurlögunum.

Hér er um að ræða reglu sem almennt gildir þegar fullnusta viðurlaga er flutt milli ríkja, sbr. 12. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 14. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. eru sérákvæði um það þegar fullnusta á erlendum sektarrefsingum er flutt hingað til lands. Samkvæmt ákvæðinu á ekki að innheimta hér á landi þann hluta sektar sem greiddur hefur verið stjórnvöldum í erlenda ríkinu. Ef þar hafa verið teknar ákvarðanir um afborganir eða fresti á greiðslu áður en fullnusta viðurlaganna var flutt hafa slíkar ákvarðanir sama gildi hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 45. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að heimilt sé að beita vararefsingu þegar erlendum sektum er fullnægt hér á landi. Skilyrði þess eru að vararefsing sé heimil samkvæmt lögum erlenda ríkisins og að það ríki hafi ekki tekið fram að eigi skuli ákvarða vararefsingu hér á landi. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 48. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Samkvæmt 3. mgr. renna innheimtar sektir, svo og peningar og munir sem gerðir eru upptækir hér á landi vegna fullnustu á erlendum viðurlögum hér, til ríkissjóðs. Í ákvæðinu er jafnframt lagt til að dómsmálaráðuneytið geti samkvæmt beiðni erlends ríkis afhent því muni sem gerðir hafa verið upptækir hér á landi samkvæmt erlendri viðurlagaákvörðun og er hér sérstaklega haft í huga að viðkomandi munur hafi sérstakt gildi í erlenda ríkinu. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 47. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sakarkostnaður, sem til fellur hér á landi vegna málsmeðferðar í framhaldi af beiðni um að fullnægt verði hér á landi erlendum viðurlögum, skuli greiddur úr ríkissjóði. Þykir þetta ákvæði vera í samræmi við þá meginreglu að staða dómþola skuli ekki vera verri en í dómsríkinu þótt viðurlögum sé fullnægt hér á landi.

Í 2. mgr. er undantekningarregla frá ákvæðum 1. mgr. um erlenda útivistardóma sem enduruppteknir eru hér á landi að kröfu dómþola. Í slíkum tilvikum skulu almennar reglur um greiðslu sakarkostnaðar gilda.

Í 3. mgr. er heimildarákvæði um að endurkrefja megi dómþola um kostnað vegna flutnings hans hingað til lands. Ákvæðið á sér stoð í greinargerð með 17. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Um 34. gr.

Í þessari grein er fjallað um svokallaðan „gegnumflutning“, þ.e. þegar flytja á mann, sem sviptur er frelsi í einu ríki, til annars ríkis til að fullnægja þar viðurlögum. Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að flytja slíkan mann um íslenskt yfirráðasvæði. Skilyrði fyrir samþykki er að unnt væri að fullnægja viðurlögunum hér á landi. Þá er í greininni heimild til að hafa viðkomandi mann í haldi hér á landi og kveðið á um að með hann skuli fara eftir því sem gildir um handtekna menn eða gæsluvarðhaldsfanga. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við 13. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 16. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Um 35. gr.

Í þessari grein er lagt til að dómsmálaráðuneytið ákveði hvort erlent ríki verði beðið um að fullnægja íslenskum viðurlögum samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma og að slík beiðni skuli ekki sett fram ef talið er að erlenda ríkið telji sér óheimilt að fullnægja viðurlögunum vegna þeirra atriða er greinir í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt samningnum er samningsríki aldrei skylt að leggja fram beiðni.

Um 36. gr.

Í þessari grein eru sérákvæði um málsmeðferð hér á landi þegar erlent ríki er beðið um að fullnægja dómi sem kveðinn hefur verið upp hér á landi skv. 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð opinberra mála og það ríki hefur verið beðið um að fullnægja viðurlögunum áður en dómurinn hefur verið birtur og dómþoli krefst þess að málið verið endurupptekið hér á landi. Greinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 37. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að svokölluð „sérregla“ gildi þegar dómþoli er kvaddur hingað til lands vegna kröfu hans um endurupptöku máls skv. 36. gr. Um þessa reglu er fjallað í athugasemdum um 30. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 30. gr. að öðru leyti en því að hér er ekki gert ráð fyrir samþykki erlenda ríkisins heldur þarf að geta þess í fyrirkalli til dómþola að ráðgert sé að beita hann þvingunaraðgerðum eða fullnægja viðurlögum vegna annarra afbrota en dæmd voru í þeim dómi sem hann hefur krafist endurupptöku á. Þá er einnig heimilt að grípa til aðgerða ef hann hefur ekki yfirgefið landið innan 15 daga frá því að dómur tók endanlega afstöðu til kröfu hans um endurupptöku. Í greininni er einnig gert ráð fyrir að hann geti fallist skriflega á þær aðgerðir sem um er fjallað í greininni og ef

það er gert skuli dómsmálaráðuneytinu þegar tilkynnt um það og skal ráðuneytið skýra erlendum stjórnvöldum frá slíku samþykki.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það þegar erlent ríki er beðið um að fullnægja íslenskum viðurlögum samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði 35. gr., sbr. athugasemdir við þá grein, að öðru leyti en því að skv. 3. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort fallist verði á beiðni erlendra stjórnvalda um að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í því ríki. Þetta ákvæði er sett til samræmis við ákvæði 3. mgr. 2. gr. samningsins.

Um 39. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 35. og 38. gr. frumvarpsins og fjallar um fullnustu á íslenskum viðurlögum erlendis samkvæmt öðrum samningum en um alþjóðlegt gildi refsidóma og um flutning dæmdra manna og þegar ekki er í gildi samningur við viðkomandi ríki um fullnustu viðurlaga.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að ekki megi fullnægja hér á landi sömu viðurlögum og erlent ríki hefur verið beðið um að fullnægja. Í málsgreininni eru þó undantekningar frá þessari reglu þegar dómþoli er hér í gæsluvarðhaldi eða um er að ræða viðurlög sem fela í sér frjálsræðissviptingu. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 11. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 8. gr. samningsins um flutning dæmdra manna.

Í 2. mgr. er ákvæði um að fullnægja skuli viðurlögunum hér ef beiðni um fullnustu þeirra er afturkölluð áður en erlenda ríkið tilkynnir að það ætli að taka beiðnina til efnislegrar athugunar. Þetta ákvæði getur átt við ef í ljós kemur að dómþoli, sem talinn var dvelja erlendis, er staddur hér á landi. Sama gildir þegar erlenda ríkið tilkynnir að það hafni beiðni um fullnustu íslenskra viðurlaga, það hættir við að fullnægja viðurlögunum eða getur eigi fullnægt þeim, t.d. af því að dómþoli strýkur úr afplánun og yfirgefur það ríki. Í þessum tilvikum er heimilt að fullnægja viðurlögunum hér á landi.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það þegar maður, sem sviptur er frjálsræði hér á landi, er fluttur til annars ríkis til afplánunar í því ríki. Í greininni eru ákvæði um að slíkur flutningur skuli fara fram eins fjótt og unnt er eftir að erlenda ríkið hefur fallist á að fullnægja viðurlögunum og lýst því yfir að það muni virða sérregluna sem fjallað er um í 30. gr., nema íslensk stjórnvöld hafi veitt samþykki skv. 42. gr.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að dómsmálaráðuneytið geti veitt undanþágu frá „sérreglunni“ þegar maður sem dæmdur er hér á landi er fluttur til annars ríkis til fullnustu þar á viðurlögum sem fela í sér frjálsræðissviptingu. Skilyrði þess að veita megi slíkt samþykki eru samkvæmt greininni þau að unnt væri að framselja hann til viðkomandi ríkis vegna afbrotsins. Frá þeim reglum má þó víkja þegar fullnægja á dæmdum viðurlögum og þau viðurlög fela í sér frjálsræðissviptingu í skemmri tíma en fjóra mánuði sem er almenna reglan varðandi framsal til fullnustu refsivistar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að dómsmálaráðuneytið hafni beiðni ef augljóst er að eigi sé unnt að verða við henni. Í öðrum tilvikum skal ríkissaksóknari tilkynna dómþola um beiðnina og ef hann óskar skal ríkissaksóknari leggja málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur sem metur hvort skilyrði séu til að verða við henni. Þetta ákvæði er í samræmi við þær reglur sem gilda um meðferð framsalsmála.

Um 43. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða frumvarpsins.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 45. gr.

Samkvæmt 68. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma er ekki heimilt að fullnægja viðurlögum nema þau hafi verið ákvörðuð eftir að samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er í samræmi við þessa reglu. Í 2. málsl. 1. mgr. er dómsmálaráðherra þó veitt heimild, í samræmi við samkomulag við viðkomandi ríki, til að ákveða að samningurinn geti gilt varðandi ákvarðanir sem teknar voru fyrir gildistöku samningsins.

2. mgr. er í samræmi við 21. gr. samningsins um flutning dæmdra manna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Tvö fylgiskjöl voru birt með frumvarpinu í þingskjalinu (lausaskjalinu). Á fskj. I var prentaður samningur (á íslensku) um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var 28. maí 1970 í Haag og á fskj. II samningur (á íslensku) um flutning dæmdra manna sem gerður var 21. mars 1983 í Strassborg. Báðir samningarnir voru gerðir á vegum Evrópuráðsins.

Þessir samningar birtast báðir (á íslensku og ensku) með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma á þskj. 895, 537. mál 116. löggjafarþings, bls. 4952–4987 í A-deild Alþt. 1992–93.

777. Frumvarp til hjúskaparlaga. [273. mál]

(Eftir 2. umr., 23. mars.)

Samhljóða þskj. 369 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Stofna má til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni skráðs trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.

17. gr. hljóðar svo:

2. Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu, svo og prestar og forstöðumenn annarra skráðra trúfélaga hér á landi sem fengið hafa löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess.

Prestar þeir, er greinir í lögum nr. 62/1990, eru löggildir vígslumenn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum biskups, hvort aðrir prestar, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, séu löggildir vígslumenn.

Þjóðkirkjupresti, sem látið hefur af prestsembætti, er rétt að gefa saman hjón, að fenginni heimild tiltekins prests þjóðkirkju er kannað hefur hjónavígsluskilyrði og tekist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

43. gr. hljóðar svo:

E. Skilnaðarkjör.

Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir sýslumanni eða dómara.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 36. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur sett nánari reglur um umleitun skv. 1. mgr.

69. gr. hljóðar svo:

Meðan sambúðin varir er hvoru hjóna heimilt gagnvart þriðja manni að gera á ábyrgð beggja samninga sem venjulegir eru vegna sameiginlegs heimilishalds, svo og vegna þarfa barna og sérþarfa þess maka er stendur að samningi. Þetta gildir einnig um leigu húsnæðis sem ætlað er til sameiginlegs heimilis hjónanna. Slíkir samningar teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna nema atvik segi öðruvísi til.

Ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samingurinn lá utan heimildar maka til samningsgerðar eins og á stóð verður hitt hjónanna eigi bundið við samninginn.

778. Frumvarp til laga [451. mál]

um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93).

1. gr.

Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfi, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt.

2. gr.

Hafi Skipstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn annars vegar og stjórn Herjólfs hf. hins vegar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða vinnutilhögun, kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Herjólfs hf. og eftirtalinna stéttarfélaga: Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun vinnutilhögunar, kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 2. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við svohljóðandi ályktun sem bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti samhljóða á fundi sínum 16. mars sl.:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að óska eftir við ríkisstjórn Íslands að flutt verði frumvarp til laga á Alþingi til að binda enda á kjaradeilur, verkfall og verkbann, á ms. Herjólfi.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að óhjákvæmilegt er að í lögunum verði tekið á kjarasamningum allra stéttarfélaga sem aðild eiga að deilunni og málið þannig leyst í heild sinni.

Það er orðið mjög brýnt fyrir Vestmannaeyinga að þessari deilu ljúki sem fyrst því að skipið er helsta samgöngutæki Eyjanna og hefur verið úr rekstri í sex vikur nú þegar og ekki er útlit fyrir að lausn finnist í deilunni."

Verkfall stýrimanna á Herjólfi hófst 3. febrúar og hefur skipið legið bundið við bryggju í Vestmannaeyjum frá þeim degi. Á Herjólfi eru tvö stöðugildi stýrimanna. Sáttatilraunir, bæði hjá ríkissáttasemjara og milli deiluaðila sjálfra, hafa verið árangurslausar og eru engar líkur á lausn deilunnar í bráð. Stjórn Herjólfs hf. ákvað því 16. mars með samþykki framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands að leggja verkbann á alla skipverja á ms. Herjólfi frá og með 24. mars nk.

Ljóst er því að vinnustöðvun stýrimanna hefur þegar haft áhrif á atvinnuöryggi annarra skipverja, auk þess sem atvinnuöryggi þeirra sem með beinum eða óbeinum hætti hafa atvinnu af rekstri og þjónustu skipsins er teflt í tvísýnu.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða þýðingu rekstur Herjólfs hefur fyrir íbúa Vestmannaeyja, en honum er ætlað að halda uppi daglegum áætlunarferðum milli lands og eyja. Verkfallið hefur þegar valdið margvíslegri röskun og tjóni, vöruskorts er farið að gæta og aðdrættir allir dýrari en ella. Brýna nauðsyn ber því til að binda enda á deilurnar sem stöðva siglingu Herjólfs milli lands og eyja.

779. Frumvarp til laga [452. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður: Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga húsaleigugjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum í stað beins kostnaðar, enda sé íbúðarhúsnæðið nýtt til eigin nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi skattalögum mega einstaklingar ekki telja til gjalda neinn kostnað af öflun tekna eins og gildir um menn með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og um lögaðila. Tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði eru skattskyldar og hefur ekki verið lagaheimild til þess að draga leiguútgjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum. Hins vegar er heimilt skv. 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga að draga beinan kostnað við íbúðarhúsnæði frá leigutekjum.

Í 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna segir að af íbúðarhúsnæði, sem skattaðili á og notar til eigin þarfa, skuli hvorki reikna tekjur né gjöld. Er með frumvarpinu leitað leiða til að útfæra nánar þetta ákvæði.

Oft háttar svo til að menn þurfa að flytja milli byggðarlaga eða landshluta, t.d. vegna tímabundinna starfa eða náms. Við slíkar aðstæður getur verið verulega íþyngjandi fyrir íbúðareigendur að vera knúnir til þess af skattalegum ástæðum að selja eigin íbúð í heimabyggð og tryggja sér með kaupum húsnæði á þeim stað sem flutt er til. Dæmi eru um það að einstaklingar, sem þannig flytjast tímabundið milli landshluta, greiði mun hærri leigugjöld fyrir íbúð en sem nemur leigutekjum af eigin húsnæði í heimabyggð. Eru þeim þó í slíku tilfelli reiknaðar leigutekjur til skattlagningar. Sprettur af þessu bagaleg mismunun eftir búsetu.

Með þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, verða tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði jafnaðar út með leiguútgjöldum. Verði tekjur af útleigu eigin húsnæðis umfram leiguútgjöld er gert ráð fyrir að með slíkar tekjur verði farið samkvæmt ákvæðum laganna um skatta á tekjur utan atvinnurekstrar.

Tillagan snertir 7. gr. laganna og ber þar til tvennt. Annars vegar er verið að útfæra nánar ákvæði 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna um skattalega meðferð eigin íbúðarhúsnæðis. Hins vegar verður með þessari breytingu ekki til sjálfstæður frádráttarliður og er því ekki efni til að fella þessa breytingu inn í 30. gr. laganna þar sem skilgreindir eru sjálfstæðir frádráttarliðir frá tekjum utan atvinnurekstrar.

Ekki er gerð tillaga um að þessi breyting nái aðeins til tímabundinnar útleigu á eigin íbúðarhúsnæði. Verið er að útvíkka skattalega stöðu eigin íbúðarhúsnæðis eins og hún er skilgreind í 7. gr. Af ýmsum ástæðum getur verið hagstætt fyrir einstakling að leigja út eigin íbúðarhúsnæði í lengri eða skemmri tíma og tryggja sér íbúðarhúsnæði með leigu. Er ekki talin vera sérstök ástæða til þess að skattaleg meðferð eigin íbúða komi í veg fyrir slíkan sveigjanleika í húsnæðismálum.

780. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og eigi orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Orðið „vinnutilhögun“ á eftir orðunum „skuli ákveða“ í 1. mgr. falli brott.

2. Við 3. gr. Orðið „vinnutilhögunar“ í fyrri málsgrein falli brott.

Alþingi, 23. mars 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Árni M. Mathiesen.
Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.	Guðni Ágústsson.
	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	

781. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar telur að höggva þurfi á þann hnút sem myndast hefur í deilu stýrimannafélags Íslands við stjórn Herjólfs hf.

Herjólfur er aðalsamgöngutæki Vestmannaeyinga og ekki við það unandi að sú þjónusta, sem hann veitir, liggi niðri vikum saman. Það er hins vegar skoðun fyrsta minni hlutans að ekki komi til greina að setja lög sem taka til annarra starfsmanna en þeirra sem hafa átt í verkfalli. Fyrsti minni hlutinn flytur þess vegna eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr.

a. Orðin „Skipstjórafélag Íslands“ og orðin „Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn“ í 1. mgr. falli brott.
b. Í stað orðanna „skipverja á ms. Herjólfi“ í 1. mgr. komi: stýrimanna á ms. Herjólfi sem eru í verkfalli.
c. Orðin „eftirtalinna stéttarfélaga: Skipstjórafélags Íslands“ og orðin „Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum“ falli brott.

Fyrsti minni hlutinn telur að kalla hefði átt málsaðila til viðræðna við þingnefnd til að fá á því staðfestingu að ekki sé mögulegt að leysa málið án lagasetningar og heyra álit þeirra á meðferð málsins á Alþingi. Verði breytingartillögur fyrsta minni hlutans felldar mun undirritaður sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 1993.

Jóhann Ársælsson.

782. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Annar minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að gripið sé til lagasetningar til að binda enda á verkfall stýrimanna á ms. Herjólfi. Kvennalistinn hefur ávallt andmælt því harðlega að ríkisvaldið grípi inn í vinnudeilur og kjarasamninga, enda hafa íslensk stjórnvöld margsinnis fengið áminningu frá Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna slíkra aðgerða og ríkið orðið að greiða háar upphæðir vegna dóma sem á það hafa fallið.

Íslendingar verða að temja sér aðrar reglur við lausn vinnudeilna en lagasetningar og leita leiða sem ásættanlegar eru fyrir alla aðila.

Þá er þess að geta að með þessu frumvarpi er gripið inn í kjarasamninga stéttarfélaga sem ekki eiga í vinnudeilum með því að setja þau undir gerðardóm en slíkt er ólíðandi.

Það þarf að leysa þann mikla vanda sem steðjar að Vestmanneyingum en hér er ekki farin rétt leið til þess.

Því munu þingkonur Kvennalistans greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Alþingi, 23. mars 1993.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

783. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73/1984.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn frá samgönguráðuneytinu Þórhall Jósefsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra. Þá komu á fund nefndarinnar Guðmundur Ólafsson, forstöðumaður Fjarskiptaeftirlits ríkisins, Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri, og Þorvarður Jónsson, framkvæmdastjóri Póst- og símamálastofnunar. Nefndinni bárust umsagnir frá Fjarskiptaeftirliti ríkisins, Póst- og símamálastofnun, Verslunarráði Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, flugmálastjóra og Tölvumiðstöð sparisjóðanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Breytingin á 1. gr. felur annars vegar í sér að orðin „með sjónmerkjum“ eru felld brott úr skilgreiningu á hugtakinu fjarskipti, enda teljast sjónmerki falla undir aðra þætti skilgreiningarinnar. Þá er bætt við greinina skilgreiningu á hugtakinu „fjarskiptavirki“ þannig að áfram gildi sama skilgreining og notuð er í 1. gr. laga nr. 73/1984.
2. Nokkrar breytingar eru lagðar til við 2. gr. Með breytingunni á 2. mgr. er ætlað að skýrt verði að einkarétti ríkisins er ætlað að ná til talsímaþjónustu á almennum fjar-

skiptanetum. Þá er lagt til að upprööun málsgreina breytist að nokkru, án efnisbreytinga. Einnig að við greinina bætist ný 5. mgr. þess efnis að ekki þurfi sérstakt leyfi til að annast sölu á notendabúnaði en það er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga og þykir rétt að halda því í frumvarpinu. Loks er gerð tillaga um nýja málsgrein þar sem kveðið verði á um að ráðherra geti veitt ákveðnum aðilum heimild til að stofna og reka fjarskiptanet enda verði það til eigin nota eingöngu. Þannig getur leyfishafi t.d. ekki nýtt slíkt leyfi í atvinnuskyni eða selt aðgang að fjarskiptanetum.

3. Breytingin á 3. gr. felur í sér áréttingu þess að þegar fluttur verður inn fjarskiptabúnaður, sem skoðaður hefur verið af viðurkenndri prófunarstofu, verður ekki gert ráð fyrir að Fjarskiptaeftirlitið endurmeti þá skoðun heldur nægir staðfesting þess á að viðkomandi prófunarstofa sé viðurkennd.
4. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 4. gr. þar sem ráðherra verði heimilað að ákveða með almennri reglugerð uppsetningu jarðstöðva til móttöku á sjónvarpsefni til eigin nota. Þannig mun ekki þurfa leyfi ráðherra fyrir hverja einstaka jarðstöð heldur nægir viðurkenning frá Fjarskiptaeftirlitinu um að hver stöð fyrir sig uppfylli tæknilegar kröfur.
5. Breytingin á gildistökuákvæði 7. gr. byggist á því að þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér, þykja eðlilegar og til bóta án tillits til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin vill árétta þann skilning á gjaldtökuákvæðum þessa frumvarps að við ákvörðun gjalda verði jafnræðis gætt þannig að samkeppnisaðilum verði ekki mismunað og að mið verði tekið af kostnaði við fjarskiptaþjónustu.

Frumvarpinu fylgir ekki kostnaðaráætlun frá fjármálaráðuneytinu og er hún því birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Alþingi, 23. mars 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Sturla Böðvarsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.
Guðni Ágústsson.	Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjarskipti.

Með frumvarpi þessu er lögum nr. 73/1984, um fjarskipti, breytt til samræmis við ákvæði samnings um hið Evrópska efnahagssvæði. Innan Evrópubandalagsins hefur verið unnið markvisst að því að auka samkeppni á sviði fjarskipta.

Helsti kostnaðarþáttur frumvarpsins er að fjarskiptaeftirlitsdeild Póst- og símamálastofnunar verður gerð að sjálfstæðri stofnun, *Fjarskiptaeftirliti ríkisins*. Það er gert til að aðskilja alfarið rekstur og eftirlit í þessari grein. Fyrstu skrefin í þá átt hafa reyndar þegar verið tekin þar sem fjarskiptaeftirlitsdeildin er mjög sjálfstæð starfseining innan Póst- og símamálastofnunar.

Samkvæmt upplýsingum samgönguráðuneytis er rekstrarkostnaður fjarskiptaeftirlitsdeildarinnar um 70 m.kr. á ári og endurheimtist eingöngu með gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Gera má ráð fyrir að kostnaður aukist um 5–10 m.kr. við þessa breytingu og mun gjaldskrá *Fjarskiptaeftirlitsins* hækka sem því nemur.

Að teknu tilliti til þess verður ekki séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

784. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73/1984.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „eða með sjónmerkjum“ í lokamálslið 1. mgr. falli brott.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „talsímaþjónustu“ í 2. efnismgr. komi: á almennum fjarskiptanetum.
   b. Í stað 3.–6. efnismgr. komi fimm málsgreinar er orðist svo:
   Samgönguráðherra setur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Þau skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt verði jafnræðis. Rökstuðningur skal fylgja synjun leyfisumsóknar.
   Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu sem er í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur.
   Ekki þarf sérstakt leyfi til að annast sölu á notendabúnaði.
   Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að selja sérhverja tegund fjarskiptaþjónustu og búnað að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda gagnvart öðrum aðilum.
   Samgönguráðherra getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptanet til eigin nota eingöngu sem ekki verða nýtt fyrir aðra aðila og ekki tengd almennum fjarskiptanetum.
3. Við 3. gr. Við fyrri efnismálsgrein bætist nýr málsliður sem orðist svo: Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Fjarskiptaeftirlitinu fullnægjandi.

4. Við 4. gr. Á eftir 1. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Ráðherra getur heimilað með reglugerð að einstaklingar, félög og stofnanir setji upp jarðstöðvar til móttöku á sjónvarpsefni til eigin nota.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

785. Frumvarp til laga [453. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignamats ríkisins. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar.

Stjórn Fasteignamats ríkisins mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Fasteignamati ríkisins er heimilt að innheimta gjald hjá þeim sem óskar endurskoðunar.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 14. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Gjald skv. 1. mgr. skal taka mið af því umfangi upplýsinga sem keyptar eru og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim.

Fasteignamati ríkisins er heimilt, gegn gjaldi, að framkvæma önnur möt en hið eiginlega fasteignamat skv. 1. mgr. 19. gr. Fasteignamati ríkisins er einnig heimilt, gegn gjaldi, að veita almenningi, fyrirtækjum, stofnunum o.fl. þjónustu á sviði skráningar og mats fasteigna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Fasteignamati ríkisins er heimilt að innheimta gjald hjá matsbeiðanda fyrir vinnu við slíka endurskoðun.
b. 3. mgr. fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 er gert ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins verði gert að B-hluta stofnun. Í frumvarpi þessu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, í samræmi við þessa fyrirætlan. Í frumvarpinu er kveðið á um heimildir til handa Fasteignamati ríkisins til að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu. Þá er kveðið á um að sett verði á fót stjórn Fasteignamats ríkisins sem hafi eftirlit með störfum stofnunarinnar, móti starf hennar og innra skipulag og geri tillögur að gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að einn stjórnarmaður verði skipaður samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, enda hafa sveitarfélög verulega hagsmuni af starfi Fasteignamats ríkisins, þar sem fasteignagjöld, sem er mikilvægur tekjustofn sveitarfélaga, eru grundvölluð á fasteignamati.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem tilgangur með frumvarpi þessu er að gera Fasteignamat ríkisins að B-hluta stofnun er felldur niður 3. málsl. 1. mgr. 6. gr., þar sem kveðið er á um að Fasteignamat ríkisins sé A-hluta stofnun.

Um 2. gr.

Hér er felldur niður málsliður sem kveður á um að forstjóri ákveði innra skipulag Fasteignamats ríkisins. Samkvæmt þessu frumvarpi er þetta hlutverk falið stjórn Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að skipa eigi sérstaka stjórn yfir Fasteignamati ríkisins. Gert er ráð fyrir að stjórn þessi, sem skipuð er þremur mönnum og þar af einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, vinni í nánu samstarfi með forstjóra. Núverandi ákvæði 8. gr. fellur niður en þar var ákvæði um ráðgefandi nefnd, en það ákvæði hefur í reynd aldrei komist í framkvæmd.

Um 4.–6. gr.

Ákvæði um gjaldtökuheimildir. Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gildistökuákvæði.

786. Frumvarp til laga [451. mál]

um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

(Eftir 2. umr., 23. mars.)

1. gr.

Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfi, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt.

2. gr.

Hafi Skipstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn annars vegar og stjórn Herjólfs hf. hins vegar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Herjólfs hf. og eftirtalinna stéttarfélaga: Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 2. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1993.

787. Lög [451. mál]

um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 786.

788. Svar [412. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Karls Steinars Guðnasonar um leigu fiskveiðiheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve stór hluti af fiskveiðiheimildum var leigður á sl. fiskveiðiári, hverjir hafa leigt hann og hverjum?

Um flutning aflamarks á milli fiskiskipa gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim ákvæðum er heimilt að flytja aflamark milli skipa sömu útgerðar og skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, enda hafi það skip sem aflamarkið er flutt til aflahlutdeild af þeirri tegund sem um ræðir. Sama gildir um flutning aflamarks milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um að ræða jöfn skipti á aflaheimildum. Flutningur á aflamarki samkvæmt ofansögðu öðlast gildi þegar Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli. Allur annar flutningur á aflamarki er óheimill nema með samþykki Fiskistofu og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Til viðbótar við framangreindan flutning á aflamarki er skv. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða heimilt að flytja aflahlutdeild á milli fiskiskipa. Breyting á aflahlutdeild fiskiskipa innan fiskveiðiársins breytir ekki sjálfkrafa aflamarki skipsins fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs. Hins vegar fylgir yfirleitt flutningi aflahlutdeildar samsvarandi flutningur á aflamarki. Flutningur á aflamarki, sem tengist flutningi aflahlutdeildar, er flokkaður í kvótabókhaldinu með sama hætti og flutningur á aflamarki innan ársins. Til að skýra þetta nánar má taka tvö dæmi. Fyrra dæmið væri um útgerð sem endurnýjar gamalt fiskiskip með nýju. Þegar nýja skipið kemur til landsins fær það alla aflahlutdeild eldra skipsins. Auk þess eru eftirstöðvar af aflamarki fiskveiðiársins fluttar af eldra skipinu yfir á það nýja. Sú færsla er í kvótabókhaldinu flokkuð sem flutningur á aflamarki milli skipa í eigu sama aðila. Síðara dæmið væri um tvö útgerðarfyrirtæki, A og B. Fyrirtækin gera með sér samning á miðju fiskveiðiári um að flytja tiltekna aflahlutdeild af fiskiskipi í eigu fyrirtækis A yfir á fiskiskip í eigu fyrirtækis B. Þá kemur tvennt til. Í fyrsta lagi getur verið að fyrirtækin komi sér saman um að helmingur af aflamarki fiskveiðiársins, sem tilheyrir viðkomandi aflahlutdeild, verði fluttur með aflahlutdeildinni. Í því tilviki yrði sá flutningur á aflamarki flokkaður sem flutningur á milli skipa í eigu óskyldra fyrirtækja. Í öðru lagi gætu fyrirtækin komið sér saman um að fyrirtæki A héldi aflamarkinu út fiskveiðiárið þannig að fyrirtæki B nyti ekki góðs af aukinni aflahlut-

deild fyrr en við upphaf næsta fiskveiðiárs eða við næstu úthlutun aflaheimilda.

Þeir sem óska eftir að flytja aflamark á milli fiskiskipa þurfa að fylla út sérstök eyðublöð sem Fiskistofa lætur í té. Á eyðublaðinu koma fram upplýsingar um tegund millifærslu, þ.e. hvort um sé að ræða skip í eigu sama aðila, hvort um sé að ræða jöfn skipti á aflaheimildum o.s.frv., upplýsingar um það hve mikið magn af einstökum tegundum eigi að flytja frá tilteknu skipi yfir á annað skip og loks undirskrift þess sem óskar eftir flutningi aflaheimildanna. Engra fjárhagslegra upplýsinga er krafist.

Að höfðu samráði við fyrirspyrjanda eru meðfylgjandi töflur settar fram sem svar við fyrirspurninni. Í töflu 1 koma fram upplýsingar um hreinan (nettó) flutning aflamarks af botnfiski milli útgerða (miðað er við slægðan fisk) á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 1991 og lauk 31. ágúst 1992. Í töflu 2 koma fram sambærilegar upplýsingar fyrir þær sérveiðitegundir sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Ef mínus er fyrir framan tölurnar þýðir það að meira hefur verið flutt frá en til skipa í eigu viðkomandi aðila. Ef talan er 0 þýðir það að jafnmikið hefur verið flutt til og frá skipum í eigu viðkomandi útgerðar.

Við athugun á þessum upplýsingum er einkum tvennt sem ber að athuga. Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að allar aflaheimildir eru skráðar á skip en ekki fyrirtæki. Við vinnslu á slíkum töflum verður því að byggja á skipaskrá eins og hún var á tilteknum degi. Við gerð meðfylgjandi taflna var byggt á skipaskrá eins og hún var 31. ágúst 1992. Hafi aðili t.d. keypt skip í lok fiskveiðiársins og það skip fengið flutt til sín aflamark fyrr á fiskveiðiárinu er nýi eigandinn skráður fyrir þeim flutningi í töflunum. Slík tafla gefur því einungis hárréttar upplýsingar ef sami eigandi átti skipið allt tímabilið. Í öðru lagi er rétt að benda á að inni í þessum tölum kann að vera flutningur á aflamarki sem tengist flutningi á aflahlutdeild. Eins og að framan greinir stafar það af því að aflahlutdeild og það aflamark, sem kann að fylgja aflahlutdeildinni, eru flutt hvort í sínu lagi.

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Aðalbjörg sf	Reykjavík	134.655	-5.080	-4.000	-2.560	-3.877	7.609	128.368
Aðalbjörn Haraldsson	Seyðisfjörður	-20.000	-5.700	0	0	0	0	-26.555
Aðalbjörn Sigurlaugsson	Ólafsfjörður	-5.370	-106	-2.910	-454	0	0	-7.249
Aðalsteinn G. Þ. Gíslason	Patreksfjörður	6.000	-6.059	-1.408	0	0	0	-1.728
Aðalsteinn Haraldsson	Akranes	14.233	-20.800	0	0	0	0	-9.687
Aðalsteinn Sæmundsson	Hafnarfjörður	-37.357	-7.610	-2.297	0	0	0	-47.349
Adolf Magnússon	Vestmannaeyjar	-2.000	2.000	0	0	0	0	300
Agnar Smári Einarsson	Reykjavík	230.259	33.000	0	-67.000	0	-20.000	226.339
Agnar Vilhjálmsson	Þórshöfn	-1.200	0	385	0	0	0	-992
Ágúst Björn Hinriksson	Hafnarfjörður	-21.104	-1.812	0	0	0	0	-23.188
Ágúst Bogason	Djúpivogur	6.319	956	0	-33	0	0	7.405
Áki Hermann Guðmundsson	Bakkafjörður	-2.900	-1.430	0	0	0	0	-4.545
Akkur H.F.	Fáskrúðsfjörður	-48.156	-186	-3.413	0	0	7.560	-44.770
Albert Ómar Geirsson	Seyðisfjörður	-57.141	-10.118	0	0	0	0	-68.777
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	951.044	146.494	216.382	253.974	226.787	-25.490	1.480.886
Álfur S.F.	Fáskrúðsfjörður	-14.500	0	0	0	0	0	-14.500
Andrés Friðrik Árnmarsson	Reyðarfjörður	-12.000	0	0	0	0	-1.200	-12.864
Andri Sigurður Jónsson	Reykjavík	-20.736	0	-84	0	0	0	-20.781
Andvaraútgerðin sf	Ísafjörður	-77.000	-1.000	-2.480	0	0	-6.500	-84.169
Angela Ragnarsdóttir	Raufarhöfn	-29.787	-314	-9.434	0	0	0	-35.242
Anton Bogason	Eskifjörður	-11.496	165	0	0	0	0	-11.306
Ari Már Þorkelsson	Siglufjörður	-8.500	0	0	0	0	0	-8.500
Ari Þórðarson	Reykjavík	-26.054	-684	-5.125	-841	0	0	-29.953
Ármann D. Árnason	Neskaupstaður	-19.273	-3.231	-940	0	0	-523	-23.873
Ármann Eydal Albertsson	Garður	-6.673	0	0	0	0	0	-6.673
Ármann Herbertsson	Neskaupstaður	-23.759	-1.702	89	0	0	-10.000	-32.868
Arnar Barðason	Suðureyri	-1.348	0	0	0	0	0	-1.348
Arnar Kristjánsson	Ísafjörður	-30.711	-653	-1.623	0	0	-24	-32.356

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Arnarnúpur h.f.	Þingeyri	209.000	-29.828	42.400	6.000	68.000	10.366	255.117
Arnarvör h/f	Ísafjörður	-238.476	-35.355	-62.598	-5.773	1.527	0	-314.235
Árnes h/f	Þorlákshöfn	150.675	55.250	-1.274.198	45.600	0	-226.494	-618.234
Árni Árnason	Sandgerði	-2.000	9.000	-1.850	0	0	0	7.351
Árni Eyfjörð Halldórsson	Akureyri	6.500	-9.000	0	0	0	0	-3.850
Árni F. Vikarsson	Kópavogur	29.247	11.411	0	0	0	0	42.370
Árni h/f,fiskverkun	Ólafsfjörður	-104.365	-579	-983	-1.138	-2.380	-1.364	-108.676
Árni Heimir Jónsson	Reykjavík	-3.000	0	0	0	0	0	-3.000
Árni Ingibjörnsson	Keflavík	0	-2.870	-11.900	-2.400	0	0	-10.711
Árni Jóhannesson	Reykjavík	-13.500	0	-750	0	0	0	-13.905
Árni Jón Sigurðsson	Seyðisfjörður	-30.000	0	0	0	0	0	-30.000
Árni Pétursson	Raufarhöfn	3.259	-400	500	70	0	0	3.098
Árni Sigurðsson	Húsavík	-16.000	1.000	0	0	0	0	-14.850
Árni Sveinbjörnsson	Neskaupstaður	-5.000	0	2.000	0	0	0	-3.920
Árni Sæmundsson	Ólafsfjörður	-2.378	0	2.000	0	0	0	-1.298
Arnþór Pálsson	Raufarhöfn	-1.500	-700	-800	0	0	0	-2.737
Ársæll Egilsson	Tálknafjörður	6.768	-1.878	-2.584	-76	0	-69	3.132
Ásbjörg Albertsdóttir	Reykjavík	-53.340	-13.424	0	0	0	0	-68.778
Ásbjörn Magnússon	Drangsnes	-24.000	0	-994	-62	0	0	-24.562
Ásbjörn Þorgilsson	Gjögur	-21.000	-3.870	-2.310	0	0	0	-26.698
Ásdís Hannibalsdóttir	Neskaupstaður	2.469	0	0	0	0	0	2.469
Ásgeir Ásgeirsson	Ólafsfjörður	-47.444	0	-3.700	0	0	0	-49.442
Ásgeir Gunnar Jónsson	Stykkishólmur	-1.500	0	0	0	0	0	-1.500
Ásgeir Samúelsson	Akranes	57.892	8.216	0	18	0	-15	67.337
Ásgeir Valdemarsson	Grundarfjörður	1.486	647	0	-230	0	-40	2.107
Ástvaldur Pétursson	Hvammstangi	38.100	1.593	0	0	0	-3.719	37.254
Ásver h/f	Blönduós	-16.294	0	0	0	0	0	-16.294
Ásþór Sigurðsson	Húsavík	-439	-1.500	-8.766	-100	0	0	-6.939

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Atli Árnason	Seyðisfjörður	-17.126	0	-3.000	0	0	0	-18.746
Atli Wilson	Neskaupstaður	-4.392	4.100	-1.370	0	0	-231	-583
Auðbjörg h.f.	Þorlákshöfn	-82.713	85.026	-431.251	-21.241	3.746	-53.313	-262.281
Auðbjörg s.f.	Akureyri	-138.000	-36.722	-150.072	-10.000	0	-2.000	-266.809
Auðunn Benediktsson	Kópasker	-65.000	-1.500	-1.700	-2.386	0	-9	-68.628
Auðunn h.f.	Vestmannaeyjar	321.990	171.348	124.387	97.045	0	15.368	637.063
Austfirðingur H.F.	Eskifjörður	-23.930	-1.806	-1.488	0	0	0	-26.810
Bakki h/f	Ólafsvík	54.966	-24.559	1.854	-8.178	-2.500	-19.290	8.733
Baldur h.f.	Bolungavík	-106.433	-67.992	43.195	-79.400	28.236	30.413	-152.190
Baldur h.f.	Vestmannaeyjar	-5.000	-164.700	-10.000	0	0	-35.000	-225.005
Baldur Hjörleifsson	Hrísey	-6.630	1.000	-3.333	147	0	0	-7.220
Baldur Hólmsteinsson	Raufarhöfn	-19.000	-2.000	0	0	0	0	-21.300
Baldur Sigurðsson	Djúpivogur	-34.000	0	0	0	0	0	-34.000
Baldvin Nielsen	Keflavík	-14.600	4.000	-3.247	0	0	-51	-11.790
Bára s.f.útgerð	Hellissandur	-58.398	-10.051	0	0	0	-1.004	-70.680
Barðstrendingur hf.	Patreksfjörður	-38.712	-2.347	0	-4.758	75	-2.511	-45.117
Bassi hf,útgerðarfélag	Hólmavík	-50.000	-8.800	-14.000	902	0	-29.500	-88.550
Benedikt Ágústsson	Reykjavík	0	4.000	0	0	0	0	4.600
Bergey h/f	Hofsós	2.289	-12.181	-12.180	-1.089	0	-41.165	-48.382
Bergmundur Ögmundsson	Ólafsvík	37.000	14.000	0	0	0	-14.000	43.020
Bergsteinn Garðarsson	Akureyri	-9.500	1.100	0	0	0	0	-8.235
Bergsveinn Gestsson	Stykkishólmur	-3.530	0	0	0	0	0	-3.530
Bergsveinn Jóhannesson	Ólafsvík	9.100	1.100	-3.900	0	0	9.000	14.739
Bergur h.f.	Vestmannaeyjar	-151.818	18.465	-60.474	-1.330	0	-18.134	-176.841
Bergþór Guðjónsson	Akranes	-1.402	5.000	0	0	0	0	4.348
Bersi sf.	Garðabær	185.300	29.395	3.873	0	0	1.158	222.029
Birgir Albertsson	Stöðvarfjörður	-17.320	3.310	17	0	0	0	-13.504
Birgir Guðmundsson	Djúpivogur	-8.000	0	0	0	0	0	-8.000

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Birgir Jónsson	Akranes	15.000	0	0	0	0	0	15.000
Birgir Lúðvíksson	Húsavík	3.500	0	0	0	0	0	3.500
Birkir Birgisson	Höfn	-20.195	-252	-2.338	0	0	0	-21.747
Birna Hjaltalín Pálsdóttir	Bolungavík	-11.657	-1.057	-841	0	0	-2.205	-14.914
Birtingur h/f	Neskaupstaður	-137.195	-3.417	-4.911	-5.035	-980	0	-146.527
Bjarg h/f	Patreksfjörður	69.182	-29.367	-8.542	-5.392	0	3.078	30.803
Bjarnfinnur Jónsson	Selfoss	-14.557	-2.511	4.974	41	0	0	-14.742
Bjarni Baldursson	Ísafjörður	-11.709	-916	-851	0	0	0	-13.222
Bjarni Björnsson	Hafnarfjörður	-48.356	0	-3.319	0	0	0	-50.148
Bjarni E. Magnússon	Vopnafjörður	-29.124	-1.810	-1.135	0	0	-15	-31.829
Bjarni Garðarsson	Höfn	-4.400	500	1.600	0	0	0	-2.961
Bjarni Guðmundsson	Neskaupstaður	-5.000	0	0	0	0	0	-5.000
Bjarni Gústafsson	Akranes	-21.329	-7.230	0	0	0	0	-29.644
Bjarni J Guðmundsson	Raufarhöfn	-15.801	0	-3.926	0	0	0	-17.921
Bjarni Jónsson h.f	Reykjavík	-1.442	21.880	617	0	0	0	24.053
Bjarni Ólafsson	Ólafsvík	3.900	0	0	0	0	0	3.900
Bjarni S. Hákonarson	Patreksfjörður	-25.826	139	-4.981	-636	0	0	-28.617
Bjarni Þ. Bergmann	Keflavík	-8.000	0	-12.000	7.480	0	0	-11.413
Bjarni Þórðarson	Hellissandur	-2.855	0	0	0	0	0	-2.855
Björgólfur Björnsson	Hellissandur	0	-3.000	24.750	0	0	0	9.915
Björgvin Sveinsson	Neskaupstaður	-9.099	118	0	0	0	0	-8.963
Björn Elías Ingimarsson	Ísafjörður	-20.000	1.000	0	0	0	0	-18.850
Björn Jónatan Björnsson	Patreksfjörður	-13.982	2.216	0	0	0	-2.003	-12.876
Björn Lúðvíksson	Raufarhöfn	0	0	5.000	0	0	0	2.700
Björn Sigurður Ólafsson	Siglufjörður	-30.085	-579	-314	0	0	0	-30.920
Bliki h.f.	Dalvík	752.146	195.818	308.234	21.991	47.550	38.388	1.213.724
Borg h.f.	Hrísey	-436.716	-44.274	-73.550	-12.380	0	-14.829	-543.101
Borgarey h.f.	Þorlákshöfn	81.257	58.007	-45.802	0	0	0	123.232

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Borgey h.f.	Höfn	-120.067	-26.849	7.366	-488.289	-140.000	-23.500	-462.084
Bragi Sigurðsson	Húsavík	-5.394	-4.942	19	5	0	3	-11.063
Bragi Vilhjálmsson	Hofsós	3.000	0	0	0	0	0	3.000
Brimnes h/f	Flateyri	166.066	4.164	-31.669	-41.904	1.431	-42	137.544
Brynjar Baldursson	Djúpivogur	-11.430	0	0	0	0	0	-11.430
Brynjar Baldvinsson	Akureyri	0	-278	-251	0	0	0	-455
Brynjar Bergmann Péturson	Grindavík	-40.031	-2.199	-717	0	0	0	-42.947
Búðanes h.f.	Ísafjörður	79.274	1.266	61	596	122	528	81.473
Búlandstindur h.f.	Djúpivogur	-5.928	7.997	-31.222	41.193	0	-5.269	-496
Byggðastofnun	Reykjavík	21.634	3.787	0	0	0	0	25.989
Böðvar Ingvason	Akranes	1.053	0	-2.000	0	0	0	-27
Börkur Jónsson	Akranes	-3.244	-3.811	0	0	0	0	-7.627
Dagur Brynjólfsson	Hafnarfjörður	18.113	5.492	-24.168	0	0	2.577	13.234
Dalplast h/f	Búðardalur	-3.789	0	0	0	0	0	-3.789
Dan H.F.	Flateyri	18.000	0	-1.950	0	0	0	16.947
Daníel Pétursson	Hvammstangi	-21.671	-1.655	-1.500	0	0	-7.287	-29.631
Davíð Kristjánsson	Þingeyri	302	0	0	0	0	0	302
Djúpmynd hf Reykjavík	Mosfellsbær	-21.834	-7.225	-31	0	0	-15.881	-41.594
Drafnir h.f.	Reykjavík	2.000	17.984	611	0	0	0	23.012
Drangavík h/f	Kópavogur	-84.500	-12.097	0	-2.000	3.000	-11.000	-105.052
Dröfn h.f.	Patreksfjörður	22.600	4.700	0	0	0	4.000	30.885
Dvergur h.f.	Ólafsvík	80.000	0	-5.400	0	0	33.336	101.086
Dynjandi hf,útgerð	Hnífsdalur	-12.105	30.000	-1.400	0	0	0	21.639
Dyrhólaey h.f.	Vestmannaeyjar	73.546	696	2.292	0	0	0	75.584
Dýri h/f	Bolungavík	-13.760	20.600	-4.800	0	0	-6.000	3.018
Dögun h.f.	Sauðárkrókur	-327.482	-65.328	-150.143	-15.937	-1.589	0	-491.333
Eggert Bergm. Halldórsson	Stykkishólmur	-5.257	677	-12	0	0	0	-4.485
Eggert Björnsson	Stykkishólmur	-22.620	0	0	0	0	0	-22.620

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Egill Kristjánsson	Suðureyri	-16.652	0	0	0	0	0	-16.652
Eiður Marinósson	Vestmannaeyjar	6.000	-6.558	-1.000	0	0	0	-2.082
Einar Árnason	Akranes	-4.000	-3.000	0	0	0	0	-7.450
Einar Björn Einarsson	Höfn	183	0	0	0	0	0	183
Einar G. Þórðarson	Vogar	-6.000	0	-1.700	0	0	0	-6.918
Einar Guðjón Kristjánsson	Höfn	-10.733	2.094	0	0	0	0	-8.325
Einar Gylfason	Akureyri	-15.147	-801	-235	0	0	-248	-16.374
Einar Háldánarson	Neskaupstaður	-32.268	-3.118	3.000	0	0	32.200	-11.050
Einar Halldórsson	Reykjavík	-2.840	-966	-150	0	0	0	-4.032
Einar Halldórsson	Ísafjörður	-26.046	-4.120	-2.370	0	0	0	-32.064
Einar Haraldsson	Grindavík	284	0	500	0	0	0	554
Einar Jónsson	Njarðvík	3.482	8.469	5.013	4.000	0	-400	17.280
Einar Jónsson	Patreksfjörður	-20.000	-3.500	0	0	0	-2.000	-25.465
Einar Kristjánsson	Akranes	46.116	20.165	0	0	0	0	69.306
Einar Þórarinn Magnússon	Keflavík	243.594	22.241	9.290	-10.600	0	0	269.842
Eirík Böðvarsson	Ísafjörður	-34.800	-6.000	0	0	0	0	-41.700
Eirík Jónsson	Höfn	-12.000	3.000	0	0	0	0	-8.550
Eirík Marteinsson	Húsavík	1.585	15	0	0	0	0	1.602
Eirík Ólafsson	Hafnarfjörður	12.570	2.812	-2.000	-4.500	0	0	12.879
Eirík Þorleifsson	Höfn	1.859	2.275	-1.030	-30	0	0	3.907
Eldey h.f.útgerðarfélag,Garði	Keflavík	454.658	310.089	250.592	179.029	-18.000	-48.000	972.822
Eldhamar h/f	Grindavík	-25.111	2.700	3.621	8.959	0	0	-16.377
Elfar Þór Tryggvason	Borgarfjörður	-58.000	0	0	0	0	0	-58.000
Elías Ketilsson	Bolungavík	-2.000	0	0	0	0	0	-2.000
Elvar Örn Unnsteinsson	Höfn	-907	0	-3.779	-408	0	0	-3.115
Emil M. Andersen	Vestmannaeyjar	32.967	20.834	-58.000	0	0	0	25.606
Emil Þórðarson	Keflavík	-10.530	-754	-21.971	0	0	0	-23.261
Enni h.f.	Ólafsvík	41.333	-22.000	0	0	0	104.000	90.913

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Erlendur Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-7.700	1.500	0	0	0	0	-5.975
Erling O. Guðmundsson	Drangsnes	-20.000	0	-2.967	0	0	0	-21.602
Erlingur Guðmundsson	Garðabær	-48.000	-8.928	-261	0	0	0	-58.408
Erlingur Ævar Jónsson	Þorlákshöfn	125.365	-40.500	-6.000	-41	0	-2.000	74.093
Eskey h.f.	Höfn	227.069	7.706	-29.397	-17.364	0	11.500	221.217
Eyjavík h.f.	Vestmannaeyjar	206.631	119.242	159.519	15.080	-793	18.261	448.675
Eymar Einarsson	Akranes	17.500	9.800	0	0	0	223	28.931
Eyrún S.Óskarsdóttir	Reykjavík	11.326	23.000	0	0	0	0	37.776
Eysteinn Gunnarsson	Neskaupstaður	0	4.538	0	0	0	0	5.219
EYTT AF KVÓTASKRÁ OG	Reykjavík	-324.720	-14.954	-19.883	-901	0	-17.623	-365.712
Eyþór Björgvinsson	Sandgerði	-7.951	-2.989	0	0	0	0	-11.388
Eyþór Margeirsson	Kópasker	12.285	0	0	0	0	0	12.285
Eyþór Þórarinsson	Garðabær	-12.000	0	0	0	0	0	-12.000
Fáfnir h.f.	Þingeyri	-148.602	-55.517	-16.790	-6.000	35.017	9.000	-192.981
Farsæll h.f.	Grindavík	-970	-3.200	2.640	-760	0	10.250	3.844
Farsæll h.f.	Grundarfjörður	172.086	-32.639	-17.781	-18.421	0	-3.920	114.574
Fax h.f.	Kópavogur	85.406	4.017	-1.027	0	0	0	89.471
Faxaberg s/f	Hafnarfjörður	77.919	-1.312	-2.601	-1.422	0	393	74.706
Faxamjöl h/f	Reykjavík	-91.081	-5.000	0	0	4.888	0	-93.409
Féfang h.f.	Reykjavík	-66.544	-15.439	-4.967	-3.027	0	-33	-88.246
Fengur h.f.	Ólafsvík	-231.172	-31.708	-63.087	-21.445	0	61.302	-266.358
Ferskur fiskur h/f	Reykjavík	-1.285	0	0	0	0	0	-1.285
Festi h.f.	Grindavík	-91.582	-53.070	-19.612	-31.046	-3.185	-409	-178.456
Finnbjörn Guðjónsson	Garður	-31.050	-12.318	-9.290	0	0	0	-50.232
Finnbogi Jakobsson	Bolungavík	-19.891	-68	-250	0	0	0	-20.104
Finnbogi Jónsson	Fáskrúðsfjörður	-7.000	0	0	0	0	0	-7.000
Finnur Gærdbo	Ólafsvík	-5.444	25.331	718	30	0	-5.020	20.472
Finnur Þórðarson	Neskaupstaður	-10.618	9.624	33.847	0	0	0	18.727

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.fgildi (kíló)
Fiskanes h.f.	Grindavík	553.434	-11.260	-101.673	-58.500	38.000	0	488.197
Fiskiðja Sauðárkróks h/f	Sauðárkrókur	-343.726	-59.475	-146.774	-10.241	0	-6.027	-499.918
Fiskiðjan Bjarg h.f.	Bakkafjörður	-76.877	-25.200	47.000	929	0	-10.503	-87.658
Fiskiðjan Freyja h.f.	Suðureyri	90.881	-5.657	0	0	-104.713	33.138	34.936
Fiskiver s.f.	Eyrarbakki	38.400	8.000	0	-12.800	0	-4.400	39.184
Fiskv. Kristjáns Guðbergssonar	Keflavík	5.415	7.671	-405	-1.613	0	-50	13.321
Fiskverkun Jóhanesar og Helga	Dalvík	-7.755	368	18.141	0	0	18	2.477
Fjólmundur Fjólmundsson	Hofsós	6.070	835	1.750	0	0	0	7.975
Flói h.f	Patreksfjörður	104.117	10.588	-11.500	-4.500	-3.500	0	105.788
Flosi Bjarnason	Neskaupstaður	-8.000	0	1.000	0	0	0	-7.460
Flosi Jakobsson	Bolungavík	70.391	12.068	-7.250	0	0	0	80.354
Freymundur s.f.	Vestmannaeyjar	106.400	-17.700	3.900	0	0	0	88.151
Freyr Reynisson	Sandgerði	-14.656	0	0	0	0	0	-14.656
Friðberg Emanúelsson	Bolungavík	-7.300	4.310	-717	0	0	-900	-3.379
Friðgeir Höskuldsson	Drangsnes	-66.500	0	0	0	-3.000	0	-68.600
Friðjón Árnason	Reykjavík	0	500	0	0	0	0	575
Friðrik Pétur Guðmundsson	Þórshöfn	-12.100	-3.594	0	-136	0	0	-16.289
Friðrik Rósmundsson	Eskifjörður	25.527	1.806	1.488	0	0	0	28.407
Friðrik Þórir Magnússon	Akranes	75.349	11.619	0	0	0	0	88.711
Friðþjófur h.f.	Eskifjörður	-24.500	-41.000	-63.200	-3.500	0	-5.100	-110.885
Frímann Jóhannsson	Akureyri	-40.088	0	-528	0	0	-10.398	-47.860
Frosti h.f.	Grenivík	477.943	-142.285	-27.294	30.577	12.993	21.056	336.368
Frosti h.f.	Súðavík	-351.348	-70.516	-82.122	-55.490	-105.409	-197	-573.466
G. Ben. s.f.	Akureyri	48.000	11.339	-59.749	-9.400	9.368	-190	31.342
Garðar Brynjólfsson	Keflavík	-24.100	3.370	0	0	0	0	-20.225
Garðar Garðarsson	Keflavík	-86.000	16.000	0	0	0	0	-67.600
Garðar Guðmundsson h.f.	Ólafsfjörður	-135.053	-13.364	-6.220	0	0	0	-153.780
Garðar H. Björgvinsson	Hveragerði	8.026	-9.438	-750	0	0	0	-3.233

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Garðar Sigurpálsson	Hrísey	9.000	0	900	0	0	0	9.486
Garðaskjól h.f.	Reykjavík	-24.775	-3.055	-64	0	0	-139	-28.423
Garðey h.f.	Höfn	154.387	536.992	236.592	213.238	-29.045	-33.499	942.664
Geir Gíslason	Hafnarfjörður	-6.000	294	-252	0	0	0	-5.798
Geir h/f	Þórshöfn	-118.000	1.500	162.761	0	0	-6.000	-32.704
Gísli Garðarsson	Neskaupstaður	-24.300	-6.095	-419	-364	0	38.643	-3.862
Gísli Gíslason	Hellissandur	-7.200	-1.300	0	0	0	0	-8.695
Gísli Jóhannesson	Reykjavík	-74.000	-5.000	-2.800	-12.200	-12.000	0	-94.664
Gísli Jón Kristjánsson	Ísafjörður	-10.480	-25.269	-11.427	0	0	-31.749	-68.569
Gísli Matthíasson	Bíldudalur	-17.927	-1.026	-722	0	0	-1.338	-20.460
Gísli O. Ólafsson	Sandgerði	-6.824	0	-20	0	0	0	-6.835
Gísli Sigmarsson	Vestmannaeyjar	41.800	71.163	1.332	873	0	3.500	127.235
Gísli Valur Einarsson	Vestmannaeyjar	95.930	3.044	2.465	0	0	20.000	115.162
Gísli Þorvaldsson	Höfn	-11.500	-10.000	0	0	0	0	-23.000
Gjögur h.f.	Grindavík	184.779	138.919	243.515	57.765	-82.326	-37.365	415.187
Grandi h.f.	Reykjavík	-993.089	-216.813	29.277	-710.167	30.445	-6.900	-1.501.439
Grímur Ársælsson	Hafnarfjörður	-9.247	6.744	0	0	0	0	-1.491
Grímur M. Steindórsson	Kópavogur	-12.000	0	0	0	0	0	-12.000
Grunnvíkingur hf,Reykjavík	Kópavogur	49.779	25.710	-1.908	0	0	0	78.315
Græðir h.f.	Bolungavík	-29.969	1.553	-46	-1.202	-25.000	0	-46.201
Guðbergur Ólafsson	Keflavík	-11.415	-171	0	0	0	0	-11.612
Guðbergur Sigursteinsson	Vogar	-700	3.000	0	0	0	0	2.750
Guðbjörn Ingvarsson	Garður	-1.163	0	-3.155	0	0	0	-2.867
Guðbjörn Sigurpálsson	Fáskrúðsfjörður	-24.508	-2.341	-18	0	0	-36	-27.236
Guðfinnur Birgisson	Akranes	114.556	11.750	399	12	0	0	128.289
Guðjón Atli Steingrímsson	Akureyri	4.798	0	60	0	0	0	4.830
Guðjón Gíslason	Eskifjörður	-16.994	-993	-13	0	0	0	-18.143
Guðjón Guðjónsson	Vopnafjörður	-10.500	-1.000	0	0	0	0	-11.650

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Guðjón Gunnarsson	Króksfjarðarnes	-8.062	0	0	0	0	0	-8.062
Guðjón S Guðjónsson	Reykjavík	-3.100	0	0	0	0	0	-3.100
Guðjón Sigurður Sveinsson	Vopnafjörður	-12.394	-242	0	0	0	0	-12.672
Guðjón Theódórsson	Akranes	32.640	-18.494	-7.465	-1.138	0	-223	6.714
Guðlaugur Hákon Þórðarson	Bíldudalur	3.855	-5.200	-2.420	0	0	-900	-4.080
Guðlaugur Óli Þorláksson	Akureyri	17.480	0	-1.330	-300	0	0	16.639
Guðm. Rósmundsson o.fl.	Bolungavík	31.500	14.700	0	0	0	0	48.405
Guðmann Jóhannsson	Akureyri	-20.038	-72	0	0	0	18	-20.108
Guðmundur A. Ingimarsson	Suðureyri	-19.843	0	0	0	0	0	-19.843
Guðmundur Ágústsson	Vogar	1.000	0	0	0	0	0	1.000
Guðmundur Benidiktsson	Reykjavík	-23.007	-9.585	-1.590	0	0	0	-34.888
Guðmundur E. Magnússon	Ólafsvík	-55.000	-7.000	0	0	0	0	-63.050
Guðmundur Eiríksson	Höfn	-10.935	3.121	-7.577	-79	0	0	-11.470
Guðmundur Guðjónsson	Húsavík	-5.823	0	-39	-31	0	0	-5.857
Guðmundur Guðmundsson h.f.	Hólmavík	-30.720	0	0	0	-1.539	0	-31.797
Guðmundur Gunnarsson	Reykjavík	-40.000	-16.500	2.500	0	0	66.543	-9.714
Guðmundur Jakobsson o. fl.	Bolungavík	-31.122	1.122	0	0	0	0	-29.832
Guðmundur Jónsson	Hafnarfjörður	-10.800	9.000	0	0	0	0	-450
Guðmundur Karl Tómasson	Grindavík	3.800	549	6.000	-2.500	0	-20.000	-7.754
Guðmundur Karvel Pálsson	Hafnarfjörður	-9.426	-17.907	0	0	0	0	-30.019
Guðmundur Kristinsson	Kópasker	-3.454	0	-86	0	0	0	-3.500
Guðmundur Kristjánsson	Stykkishólmur	4.700	1.000	0	0	0	0	5.850
Guðmundur Lúðvíksson	Raufarhöfn	-26.028	-1.863	-9.433	0	0	0	-33.264
Guðmundur R Guðmundsson	Drangsnes	-20.290	-5.134	-812	0	0	-28	-26.653
Guðmundur R. Hallgrímsson	Keflavík	421.341	28.906	-92.262	0	-38.078	66	378.154
Guðmundur Ragnarsson	Vopnafjörður	-15.900	-3.000	0	0	0	0	-19.350
Guðmundur Runólfsson h.f.	Grundarfjörður	29.923	31.916	168.959	125.191	-51.000	6.040	177.841
Guðmundur V. Hallbjörnsson	Suðureyri	8.359	-4.428	0	0	0	0	3.267

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.fgildi (kfló)
Guðmundur Þorleifsson	Neskaupstaður	-7.500	0	-500	0	0	32.100	15.342
Guðmundur Þorsteinsson	Grindavík	76.053	5.130	171.742	3.820	-47.841	183	142.902
Guðni Hörðdal Jónasson	Patreksfjörður	-19.222	-696	-2.272	0	0	0	-21.249
Guðni Kristján Ásgrímsson	Vopnafjörður	-40.973	0	0	0	0	0	-40.973
Guðni Olafsson	Ólafsfjörður	-27.420	-116	-1.794	0	0	-87	-28.585
Guðni S. Sumarliðason	Ólafsvík	-5.083	-1.082	-187	0	0	0	-6.428
Guðni Þórarinn Sigurðsson	Vopnafjörður	-33.937	-3.297	-157	0	0	0	-37.813
Guðrún sf.	Ólafsfjörður	105.000	8.000	-15.000	7.500	-1.270	23.500	125.206
Gullberg h.f.	Seyðisfjörður	170.782	32.499	577	0	51.000	-591	243.742
Gunnar A. Arnórsson	Ísafjörður	-18.524	0	-2.064	0	0	0	-19.639
Gunnar Ágústsson	Ólafsfjörður	-11.130	0	-594	-209	0	0	-11.536
Gunnar Árnason	Vestmannaeyjar	-2.857	9.810	-316	0	0	-48	8.219
Gunnar Ásgeirsson	Höfn	-29.125	-1.760	242	0	0	-33	-31.042
Gunnar Berg Ólafsson	Grindavík	-13.800	-249	0	0	0	0	-14.086
Gunnar Guðmundsson	Hafnarfjörður	-12.568	-8.012	-1.191	0	0	-13	-22.434
Gunnar Guðmundsson	Patreksfjörður	-9.000	0	0	0	0	0	-9.000
Gunnar Gunnarsson	Húsavík	-15.510	0	0	0	0	0	-15.510
Gunnar Hámundarson h.f.	Garður	206.315	8.287	2.250	0	0	-1.100	216.268
Gunnar Hörður Garðarsson	Garður	-12.000	-2.000	0	0	0	0	-14.300
Gunnar I. Hafsteinsson	Reykjavík	476.824	316.152	-41.460	-94.000	0	-33.836	755.108
Gunnar Jónsson	Keflavík	-7.000	0	-1.000	0	0	0	-7.540
Gunnar Karl Garðarsson	Bíldudalur	-43.721	-1.348	-3.711	0	0	-1.943	-48.674
Gunnar Sigurðsson	Djúpivogur	-4.760	0	0	0	0	0	-4.760
Gunnar Svavarsson	Keflavík	-2.300	3.370	3.856	151	0	0	3.720
Gunnar Sveinsson	Skagaströnd	-25.879	-4.721	0	0	0	-48.985	-66.577
Gunnar Þór Guðmundsson	Höfn	1.661	1.359	-2.600	0	0	0	1.820
Gunnar Þorsteinsson	Reyðarfjörður	-2.356	-1.053	-171	0	0	-2.861	-5.719
Gunnar Örn Ólafsson	Garðabær	-100.741	-45.146	-32.340	67.322	-2.000	-30.709	-166.031

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Gunnarstindur hf.	Stöðvarfjörður	-4.340	-70.880	-106.200	-1.471	0	-1.642	-144.985
Gunnlaugur Ólafsson	Vestmannaeyjar	209.815	116.288	-151.774	-10.000	0	-112.597	176.418
Gunnlaugur Sigurðsson	Neskaupstaður	-50.000	1.500	220	0	0	0	-48.156
Gunnlaugur Sveinbjörnsson	Sandgerði	-611	0	-102	-1.803	0	0	-1.405
Gunnvör h.f.	Ísafjörður	210.310	-5.551	12.411	127	75.000	19.554	277.259
Gylfi Sigurðsson	Skagaströnd	-6.200	0	0	0	0	-16.284	-17.924
Gylfi Þór Eiðsson	Eskifjörður	-6.256	2.370	-1.800	0	0	0	-4.503
Háanes h/f	Patreksfjörður	28.696	-14.640	-13.596	-3.414	-6.207	-187	-1.361
Hafald hf	Garður	10.000	4.500	-6.000	0	0	0	11.935
Hafboði h/f	Hafnarfjörður	10.909	251.155	15.465	190.411	-150.000	18	281.170
Hafnarnes h.f.	Þorlákshöfn	647.282	68.000	-114.400	-16.100	0	-31.100	634.713
Hafnfirðingur h.f.	Hafnarfjörður	212.104	19.710	-6.763	0	0	0	231.118
Hafsteinn Esjar Stefánsson	Höfn	1.827	4.571	1.733	0	0	0	8.019
Hafsteinn Guðmundsson	Hólmavík	-39.500	-10.000	0	0	-4.000	0	-53.800
Hafsteinn Ingólfsson	Keflavík	0	-4.000	-2.600	0	0	-160	-6.119
Hafsteinn R. Magnússon	Njarðvík	-45.672	-15.177	-12.174	-2.178	0	-11	-70.600
Hafsúlan h.f.	Hvammstangi	-23.130	-3.600	-23.447	0	0	-948	-40.614
Hafþór Hafsteinsson	Flatey	-5.900	-1.180	-132	0	0	0	-7.328
Haförninn h/f	Akranes	40.000	35.000	-75.500	-109.000	-29.000	40.000	3.290
Hákon Erlendsson	Hellissandur	-920	0	0	0	0	0	-920
Hald h.f.útgerð	Selfoss	207.682	92.500	79.580	129.736	0	15.000	421.022
Halfdan Kristjansson	Akranes	13.233	-5.448	0	0	0	0	6.968
Halldór A. Halldórsson	Seyðisfjörður	-15.000	0	0	0	0	0	-15.000
Halldór Árnason	Patreksfjörður	-12.900	-2.600	0	0	0	0	-15.890
Halldór G. Guðmundsson	Reykjavík	-9.700	11.569	0	0	0	0	3.604
Halldór Ingi Dagsson	Garður	-14.000	0	0	0	0	0	-14.000
Halldór S. Þórðarson	Keflavík	54.400	7.500	8.000	0	0	0	67.345
Halldór Þorsteinsson	Neskaupstaður	-34.858	-885	-71	0	0	0	-35.914

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Halldóra Guðjónsdóttir	Hólmavík	-2.003	0	0	0	0	0	-2.003
Hallgrímur Arason	Eskifjörður	-26.311	-1.900	0	0	0	0	-28.496
Hallgrímur Guðfinnsson	Reykjavík	-6.000	0	0	0	0	0	-6.000
Hallgrímur Steinarsson	Þorlákshöfn	-15.652	-2.000	1.207	0	0	0	-17.300
Hannes Kristjánsson	Tálknafjörður	-10.500	0	0	0	0	0	-10.500
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	-49.600	-8.000	8.000	-1.100	0	-4.500	-58.171
Hans Alfreð Kristjánsson	Kópasker	3.000	-200	0	0	0	0	2.770
Haraldur Böðvarsson h.f.	Akranes	891.172	1.762	656.281	-12.788	-92.727	-60.151	1.134.129
Haraldur Gíslason	Vestmannaeyjar	-22.250	-25.700	-23.000	-4.000	0	236	-65.695
Haraldur Guðmundsson o.fl.	Ólafsvík	49.000	8.000	-2.500	0	0	-5.500	52.890
Haraldur h.f.	Dalvík	292.381	40.116	-168.221	-35.221	272	740	233.958
Haraldur Jóhannsson	Grímsey	-21.475	-3.394	-1.918	0	0	0	-26.414
Haraldur Sigmarsson	Seyðisfjörður	-96.323	-10.100	-159	0	0	-309	-108.246
Haraldur Traustason	Vestmannaeyjar	12.889	2.771	2.338	0	0	228	17.502
Haraldur Þorgeirsson	Hafnarfjörður	0	15.000	0	-4.102	0	0	15.568
Hari S.F.	Bessastaðahreppur	-4.215	9.700	-2.500	0	0	-216	5.434
Hartmann Kristjánsson	Dalvík	-4.670	-14.120	500	0	0	0	-20.638
Haukafell s.f.	Höfn	213.473	78.689	-123.521	38.964	0	65.424	300.345
Haukur Jónsson	Eyrarbakki	70.466	762	2.076	0	0	0	72.463
Haukur Jónsson	Siglufjörður	-21.000	0	0	0	0	0	-21.000
Haukur Runólfsson h.f.	Höfn	30.900	15.500	-14.000	-1.500	0	0	40.550
Héðinn Sverrisson	Reykjahlíð	16.968	17	507	81	0	0	17.295
Heiðar Rafn Baldvinsson	Grenivík	90.052	3.580	0	2.101	0	-20.000	80.630
Heiðar Runólfsson	Vopnafjörður	-14.318	-786	-11	0	0	0	-15.228
Heimir Bessason	Húsavík	-14.700	-42	-9.380	0	0	0	-19.814
Helga Jónsdóttir	Akureyri	3.155	0	0	0	0	0	3.155
Helgi Friðgeirsson	Reykjavík	-23.600	-4.900	0	0	0	0	-29.235
Helgi Hallsson	Akureyri	-20.897	-1.280	0	-1.200	0	0	-22.861

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Helgi Héðinsson	Húsavík	230	389	900	8	0	0	1.167
Helgi Kristjánsson	Húsavík	-6.054	-197	-2.995	0	0	0	-7.898
Helgi Sigurður Jónasson	Reykjavík	-7.590	-469	-1.097	0	0	0	-8.722
Henning Friðriksson	Stokkseyri	294.233	-20.911	41.152	5.700	0	-39.866	266.041
Henning Jóhannesson	Grímsey	0	0	-5.000	0	0	0	-2.700
Hermann Björn Haraldsson	Akureyri	1.922	-70	0	0	0	-11.491	-6.432
Hermann Guðmundsson	Hella	-2.700	0	0	0	0	0	-2.700
Hermann M. Sigurðsson	Ólafsvík	-3.342	-867	-530	0	0	0	-4.625
Hermann Skúlason	Ísafjörður	-26.311	2.636	-116	0	0	-2.803	-25.360
Hermann Æ. Aðalsteinsson	Bakkafjörður	-36.681	0	0	0	0	0	-36.681
Hermundur h/f útgerð	Reykjavík	75.215	9.036	4.990	900	0	0	88.670
Hilmar Ágústsson	Raufarhöfn	-3.067	-81	-265	0	0	0	-3.303
Hilmar Jónsson	Djúpivogur	13.520	0	0	0	0	0	13.520
Hilmir h.f.	Reykjavík	0	0	0	0	-79.500	0	-55.650
Hjálmar Gunnarsson	Grundarfjörður	70.147	-20.000	-14.900	-3.326	0	0	37.737
Hjálmar H. Eyþórsson	Keflavík	0	0	0	0	0	-1.246	-897
Hjálmar Höskuldur Hjálmarsson	Hofsós	-61.479	0	-34	0	0	0	-61.497
Hjálmar Randversson	Dalvík	5.000	0	-900	0	0	0	4.514
Hjördís h/f	Keflavík	-27.077	25.128	1.232	0	0	-34.724	-22.516
Hjörtur Árnason	Neskaupstaður	-4.500	1.500	0	0	0	0	-2.775
Hjörtur Arnfinnsson	Neskaupstaður	-16.214	13.914	22.200	0	0	-2.200	10.191
Hjörtur Bjarnason	Ísafjörður	-16.000	0	0	0	0	0	-16.000
Hjörtur Sigurðsson	Stykkishólmur	1.600	0	-1.800	0	0	0	628
Hlaðir hf,útgerð	Grenivík	-98.000	18.000	18.600	-3.700	-1.700	-1.700	-71.187
Hlaðsvík h.f.	Suðureyri	-785.072	-146.661	-166.402	-423.226	-196.924	-16.082	-1.366.538
Hleðra h/f	Hafnarfjörður	-6.968	13.165	2.361	-250	-250	139	9.269
Hlein h/f	Hólmavík	-92.000	-8.000	0	-728	0	-97	-101.568
Hlein s/f	Akureyri	0	0	-613	0	0	0	-331

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Hlynur Þór Ingólfsson	Raufarhöfn	0	0	3.000	0	0	0	1.620
Hlöðver Sigurðsson	Akranes	11.115	-7.285	0	0	0	0	2.737
Hólanes h/f	Skagaströnd	-19.274	-6.473	-1.013	0	0	95	-27.197
Hólmaborg h/f	Eskifjörður	-38.639	-7.400	0	0	-50.244	0	-82.320
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	-22.741	-54.477	418.052	-1.010	6.929	2.136	146.333
Hólmar V. Gunnarsson	Þorlákshöfn	-151.915	-41.907	-274.350	-22.759	0	-1.694	-358.808
Hólmgrímur Sigvaldason	Þingeyri	95.558	2.386	-4.000	0	0	-14.000	86.062
Hólmi h.f.	Eskifjörður	-113.934	79.065	93.440	-72.181	-10.000	-746	-9.683
Hólmsteinn h.f.	Garður	36.000	9.300	-13.600	0	0	0	39.351
Hólmsteinn Helgason h.f.	Raufarhöfn	-8.562	6.000	3.298	-1.000	0	0	-291
Hólmur h.f.	Stykkishólmur	-2.019	0	0	0	0	0	-2.019
Hóp h.f.	Grindavík	30.800	55.340	28.468	5.147	-2.977	147	109.946
Hópsnes h.f.	Grindavík	577.269	212.780	-85.556	49.105	8.000	-3.749	798.800
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	Eskifjörður	-86.361	38.440	102.716	68.201	184.244	-831	169.647
Hraðfr.h. Norðurtangi h.f.	Ísafjörður	1.212.913	176.568	321.216	36.502	174.141	115.228	1.809.252
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	Fáskrúðsfjörður	-22.115	-101.503	252.174	9.333	67.771	-2.896	46.512
Hraðfr.hús Tálknafj. h.f.	Tálknafjörður	18.341	-4.451	6.026	7.980	7.634	12.640	34.193
Hraðfrystih.Grundafjarðar h/f	Grundarfjörður	-290.606	-201.182	-247.617	-269.336	-17.767	-60.662	-822.220
Hraðfrystihús Hellissands	Hellissandur	240.673	24.305	-71.300	6.000	0	-8.800	226.246
Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf	Tálknafjörður	-42.154	-8.431	-170	0	0	0	-51.941
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	Þórshöfn	308.731	67.360	27.202	-160.114	174.734	26.026	476.290
Hrafn Oddsson og fl.	Vestmannaeyjar	84.058	-51.635	90.000	18.580	0	-24.425	63.310
Hrafn Ragnarsson	Ólafsfjörður	20.800	-1.242	-1.693	0	0	-2.611	16.578
Hreinn Björgvinsson	Vopnafjörður	-16.956	-2.565	0	0	0	0	-19.906
Hreinn Hreinsson	Reykjavík	2.840	5.566	150	0	0	0	9.322
Hreinn Þórðarson	Bíldudalur	-3.969	0	0	0	0	0	-3.969
Hrísey h.f.	Höfn	115.000	24.000	-16.000	-19.000	-7.000	-69.700	71.086
Hróbjartur Gunnarsson	Reykjavík	-9.900	-3.002	-105	0	0	0	-13.409

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.fgildi (kfló)
Hrói h.f.	Ólafsvík	82.347	33.600	-3.700	-4.376	-700	-13.092	107.279
Hrólfur Gunnarsson	Reykjavík	-226.976	-57.244	-88.500	-24.200	0	2.446	-348.757
Hrönn h.f.	Ísafjörður	-50.803	-159.979	30.221	-158.227	488.773	28.624	79.418
Hrönn Hafsteinsdóttir	Flatey	-30.594	0	-83	0	0	0	-30.639
Huginn h.f.	Vestmannaeyjar	4.328	-741	-9.520	41.000	14.324	400	25.460
Húnaröst h.f.	Reykjavík	13.786	87.066	61.967	-11.091	0	47.000	176.667
Hvalur h.f.	Hafnarfjörður	31.825	60.000	150.000	741.800	-54.161	0	448.050
Hvammsfell h.f.	Garðabær	55.167	-10.000	-15.000	-3.500	0	45.187	66.667
Hælsvík h.f.	Grindavík	19.500	27.600	15.000	2.010	0	13.250	69.704
Höfðavík h/f	Hólmavík	65.457	5.343	0	0	0	-585	71.180
Höfði h.f.	Húsavík	-815.430	-150.554	-154.538	-68.981	-56.288	-42.373	-1.170.210
Hörður I. Þorgeirsson	Raufarhöfn	-16.210	-12	-276	0	0	0	-16.373
Hörður Karlsson	Stykkishólmur	-12.000	0	0	0	0	0	-12.000
Hörður Þorsteinsson	Reykjavík	-12.000	8.230	-2.300	0	0	0	-3.778
Hörgeyri hf	Vestmannaeyjar	546.635	13.328	27.500	9.660	0	-11.218	572.696
Höskuldur Skarphéðinsson	Garðabær	-26.844	-38	-763	0	0	0	-27.300
Indriði Úlfsson	Akureyri	-1.920	0	0	0	0	0	-1.920
Ingi Magnfreðsson	Ísafjörður	1.597	-568	9	-108	0	0	904
Ingibjörg Jóhannsdóttir	Fáskrúðsfjörður	-4.674	-57	-398	0	0	-4	-4.957
Ingimundur h/f	Reykjavík	121.000	9.100	-174.000	0	17.300	-1.858	48.277
Ingimundur Ingimundarson	Reykjavík	-92.167	-5.194	0	0	6.000	0	-93.940
Ingimundur Sigurðsson	Ólafsfjörður	-17.821	-1.196	-1.411	0	0	0	-19.958
Ingólfur Hilmar Árnason	Húsavík	-33.458	-11.986	6.363	65	0	-1.486	-44.849
Ingólfur Þorleifsson	Bolungavík	2.600	0	-2.000	0	0	0	1.520
Ingvar Guðmundsson o.fl.	Eskifjörður	-10.000	9.500	0	0	0	0	925
Ingvar Jónasson	Bakkafjörður	-6.000	3.700	0	0	0	0	-1.745
Ingvar Matthíasson	Akranes	-66.961	-12.988	-5.966	0	0	-7.046	-90.192
Ingvar Þ. Gunnarsson	Eskifjörður	-14.458	-1.594	0	0	0	0	-16.291

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Ingvi Árnason	Akureyri	-2.000	0	0	0	0	1.000	-1.280
Ísdjúp h/f	Reykjavík	-7.732	-8.588	0	0	0	0	-17.608
Ísfélag Vestmannaeyja hf	Vestmannaeyjar	-966.567	-908.425	-517.941	906.651	-164.527	-68.864	-2.083.968
Íshaf h.f.	Húsavík	525.003	-66.223	320.164	56.198	-197.546	14.003	516.576
Ísleifur h.f.	Vestmannaeyjar	36.295	43.182	35.324	45.364	0	0	123.629
Ísnes h.f.	Keflavík	160.727	8.250	-101.891	-9.801	0	-209	111.024
Ívar Björgvinsson	Djúpivogur	-19.000	0	0	0	0	0	-19.000
Jakob Kristinsson	Bíldudalur	-5.200	-500	-450	0	0	0	-6.018
Jakob Þorsteinsson	Reykjavík	-7.167	0	-2.290	0	0	0	-8.404
Jens Guðbjörnsson	Hafnarfjörður	-3.500	0	0	0	0	0	-3.500
Jens Kristjánsson	Fáskrúðsfjörður	-4.400	0	0	0	0	0	-4.400
Jens Óskarsson o.fl.	Grindavík	0	-5.863	0	0	0	3.595	-4.154
Jóhann Egilsson	Mjóifjörður	-49.000	-4.500	0	0	0	0	-54.175
Jóhann Guðbrandsson	Hofsós	34.384	909	397	0	0	0	35.644
Jóhann Guðbrandsson	Sandgerði	74.221	2.536	217	0	0	50.000	113.255
Jóhann Guðfinnsson	Grindavík	-2.200	0	0	0	0	0	-2.200
Jóhann Halldórsson	Vestmannaeyjar	134.500	123.100	18.600	117.600	0	10.000	341.525
Jóhann Hauksson	Húsavík	-10.906	-17	-1.407	-45	0	0	-11.704
Jóhann Jóhannsson	Bakkafjörður	-45.462	-1.438	0	0	0	-18	-47.129
Jóhann Jónsson	Siglufjörður	-2.515	0	-77	-191	0	0	-2.635
Jóhann Króknes Torfason	Ísafjörður	-64.409	-3.990	-326	0	0	0	-69.174
Jóhann Pétursson	Keflavík	-18.000	-870	-1.000	0	0	0	-19.541
Jóhann Samsonarson	Hafnarfjörður	-3.673	0	0	0	0	0	-3.673
Jóhann Sigurbjörnsson	Hrísey	-232.574	-9.046	-49.074	-4.856	-1.551	-5.016	-276.165
Jóhann Stefánsson	Grenivík	-2.000	0	0	0	0	0	-2.000
Jóhannes Eyleifsson	Akranes	2.500	-2.885	0	0	0	0	-818
Jóhannes Gíslason	Keflavík	-21.202	-2.020	-1.133	0	0	-28	-24.157
Jóhannes Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-21.200	6.700	0	0	0	1.000	-12.775

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.fgildi (kfló)
Jóhannes Jóhannesson	Ólafsvík	-44.167	-2.000	-1.363	0	0	0	-47.203
Jóhannes Magnússon	Grímsey	-5.768	0	-3.792	0	0	0	-7.816
Jóhannes Ólafsson	Akranes	9.880	4.349	0	0	0	0	14.881
Jóhannes S. Haraldsson	Króksfjarðarnes	-7.900	0	0	0	0	0	-7.900
Jón Á Stefánsson	Mjóifjörður	3.000	0	0	0	0	0	3.000
Jón Aðalsteinn Kjartanson	Borgarfjörður	-14.200	0	0	0	0	0	-14.200
Jón Árni Sigurðsson	Króksfjarðarnes	-5.632	0	0	0	0	0	-5.632
Jón B. Gunnarsson	Húsavík	-6.657	-2.230	-1.643	-152	0	0	-10.171
Jón Bergkvistsson	Fáskrúðsfjörður	-19.500	4.000	-800	0	0	-100	-15.404
Jón Björnsson	Reykjavík	-9.000	0	0	0	0	0	-9.000
Jón Elías Vagnsson	Hnífsdalur	-27.954	0	-1.212	0	0	0	-28.608
Jón Finnbogason	Fáskrúðsfjörður	-8.000	0	0	0	0	0	-8.000
Jón G.Helgason o.fl.	Höfn	-17.570	19.880	-138.020	-10.310	-955	62.500	-29.134
Jón Guðjónsson	Seltjarnarnes	-3.443	0	-974	0	0	0	-3.969
Jón Guðmann Guðmundsson	Ísafjörður	-4.960	0	-41	0	0	0	-4.982
Jón Guðmundsson	Grindavík	4.000	0	-12.500	0	0	0	-2.750
Jón Guðmundsson	Vestmannaeyjar	-8.000	-682	-1.000	-1.134	0	0	-9.789
Jón Guðni Hafdal	Reykjavík	-960	0	0	0	0	-18	-973
Jón Helgason	Borgarfjörður	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Jón Ísfeld Karlsson	Garðabær	-171.954	-34.799	-6.829	-3.383	-3.877	47.935	-185.248
Jón Karlsson	Djúpivogur	-10.561	-2.483	665	0	0	31.716	9.778
Jón Kristinn Antonísusson	Djúpivogur	-1.880	0	0	0	0	0	-1.880
Jón Kristjánsson	Stöðvarfjörður	-12.000	0	0	0	0	0	-12.000
Jón Magnússon	Patreksfjörður	1.545	-577	-1.687	0	0	0	-30
Jón Ólafsson	Hólmavík	0	-2.731	0	0	0	0	-3.141
Jón Ómar Finnsson	Raufarhöfn	-28.850	-19.741	9.843	0	0	0	-46.237
Jón Rafn Oddsson	Ísafjörður	-16.500	0	0	0	0	0	-16.500
Jón S. Halldórsson	Akureyri	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.fgildi (kfló)
Jón Sigurðsson	Akureyri	-5.000	0	0	0	0	0	-5.000
Jón Sigurðsson	Reykjavík	-47.208	1.805	-819	0	0	0	-45.575
Jón Sigurðsson	Ólafsfjörður	-1.963	0	-1.148	0	0	0	-2.583
Jón Sigurður Eiríksson	Sauðárkrókur	-5.000	-58	-389	0	0	0	-5.277
Jón Sveinbjörnsson	Neskaupstaður	-9.500	0	0	0	0	80	-9.442
Jón Sveinsson	Höfn	-5.800	-1.100	7.000	-300	0	0	-3.408
Jón Traustason	Akranes	-26.002	23.700	1.687	0	-775	23.163	18.299
Jón Trausti Jónsson	Reykjavík	-9.391	8.300	0	0	0	0	154
Jónas Benediktsson	Fáskrúðsfjörður	-16.000	0	-31	0	0	0	-16.017
Jónas Georgsson	Akranes	-1.575	-391	0	-108	0	-41	-2.098
Jónas Pálsson	Raufarhöfn	-1.562	-60	315	-26	0	0	-1.472
Jónas Þór Einarsson	Hofsós	-26.408	0	-397	0	0	-1.616	-27.786
Jónas Þór Guðmundsson	Eskifjörður	-6.000	-1.000	0	0	0	0	-7.150
Jónas Þórðarson	Kópasker	-10.000	-2.410	0	-10	0	0	-12.776
Jósef Valgeirsson	Njarðvík	-5.028	-799	0	-16	0	0	-5.953
Jósef Vernharðsson	Hnífsdalur	-26.787	0	0	0	0	0	-26.787
Jósep Sigurðsson	Seyðisfjörður	-6.500	-5.200	0	0	0	0	-12.480
Júlíus Guðmundsson	Garður	-6.000	-300	-400	0	0	0	-6.561
Júlíus Magnússon	Ólafsfjörður	-1.900	0	0	0	0	1.000	-1.180
Júpíter h/f	Bolungavík	-74.376	-3.469	0	-287	142.029	-11.446	12.696
Jökull h.f.	Raufarhöfn	-350.942	-165.194	132.781	-179.575	-152.666	-21.529	-665.206
Jökull h.f.	Skagaströnd	28.363	3.716	1.013	0	0	-1.900	31.815
Kaldbakur h/f	Grenivík	-49.589	-15.524	-6.075	-1.236	0	0	-71.229
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfjörður	-38.000	0	0	0	0	-1.083	-38.780
Karl Kristján Garðarsson	Hafnarfjörður	-18.324	-8.113	-23	0	0	0	-27.666
Karl Levi Jóhannesson	Reykjavík	356	0	-234	0	0	0	230
Karl Sigurður Njálsson	Garður	15.692	0	10.000	0	0	0	21.092
Karl Sveinsson	Borgarfjörður	5.500	5.450	0	0	0	0	11.768

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Keflavík h.f.	Sandgerði	-162.729	-131.445	-177.229	-41.752	-1.301	-2.164	-429.182
Kinn h/f	Vestmannaeyjar	-35.666	-12.719	-5.806	-1.034	0	-135	-53.949
Kjartan H. Björnsson	Sandgerði	-32.626	-4.075	0	-110	0	-6	-37.362
Kjartan Heiðberg Björgvinsson	Seyðisfjörður	-20.000	0	0	0	0	0	-20.000
Kjartan Kjartansson	Reykjavík	-448	15.048	0	0	0	0	16.857
Kjartan Lárus Pétursson	Eskifjörður	4.953	130	129	0	0	1	5.173
Kjartan Sigurðsson	Keflavík	-12.000	-7.000	0	0	0	0	-20.050
Kjartan Þorgrímsson	Þórshöfn	-45.771	-10.296	-1.934	0	0	-21.926	-74.442
Kleifar h.f.	Vestmannaeyjar	81.223	255.804	159.201	366.321	500	60.829	655.705
Knarrareyri h/f	Húsavík	42.986	33.059	24.463	0	-2.466	-24.000	75.208
Knútur Bj0rgvinsson	Seyðisfjörður	-20.000	0	0	0	0	0	-20.000
Knútur Knútsson	Reykjavík	-6.979	-35	0	0	0	0	-7.019
Kolbeinstangi h.f.	Vopnafjörður	-265.000	-34.500	-78.559	-10.000	-8.000	-21.808	-372.499
Konráð Gíslason	Ísafjörður	0	0	-148	0	0	0	-80
Konráð Guðmundur Eggertsson	Ísafjörður	-56.500	7.300	0	0	0	-700	-48.609
Korri h.f.	Húsavík	-318.753	-14.431	18.670	-1.753	689	-7.000	-330.543
Kristbjörn Árnason	Húsavík	3.020	-2.910	7.426	0	0	36	3.709
Kristgeir Kristinsson	Akranes	-5.000	0	0	0	0	0	-5.000
Kristín Þorsteinsdóttir	Hafnarfjörður	-18.400	4.000	0	0	0	0	-13.800
Kristinn B. Steinarsson	Kópasker	-500	0	0	0	0	0	-500
Kristinn E Nikulásson	Flatey	-21.741	-250	-1.039	0	0	0	-22.590
Kristinn Finnsson	Akranes	-700	-5.002	0	0	0	0	-6.452
Kristinn Ingvarsson	Neskaupstaður	-20.557	-2.085	-43	0	0	0	-22.978
Kristinn J. Friðþjófsson	Hellissandur	34.700	22.180	-68.000	20.500	0	8.798	38.227
Kristinn Jónsson	Patreksfjörður	-327	0	0	0	0	0	-327
Kristinn Konráðsson	Siglufjörður	-18.000	0	0	0	0	0	-18.000
Kristinn Pétursson	Höfn	-725	0	0	0	0	0	-725
Kristinn S. Kristinsson	Kópavogur	155.360	-18.222	30.436	2.600	0	0	151.906

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Kristján Eggertsson	Hafnir	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Kristján Einarsson	Sandgerði	-7.000	0	-37.500	500	0	0	-27.045
Kristján Guðmundsson h/f	Hellissandur	486.932	34.833	-326.432	-23.050	723	-4.892	338.250
Kristján Hannesson	Akureyri	3.500	-100	0	0	0	0	3.385
Kristján Jónsson	Höfn	-2.500	0	8.000	0	0	0	1.820
Kristján L Runólfsson	Kópavogur	51.460	20.987	-2.025	0	0	0	74.502
Kristján Ólafsson o.fl.	Vopnafjörður	-43.063	0	0	0	0	24.000	-25.783
Kristján Óskarsson	Vestmannaeyjar	108.350	-18.098	-4.998	-1.200	0	33.676	108.593
Kristjana Ólafsdóttir	Ísafjörður	-41.275	0	0	0	0	0	-41.275
Kristmundur Halldórsson	Ólafsvík	10.000	532	400	-313	0	0	10.699
Kristófer Jónasson	Ólafsvík	16	0	-520	-1.260	0	0	-781
Krossey h.f.	Höfn	-4.893	79.340	33.241	10.030	0	11.500	116.690
Krossvík h.f.	Akranes	-60.500	-10.837	260.000	109.000	-71.000	0	62.427
Landsbanki Ísl.Fáskrúðsf.	Fáskrúðsfjörður	-22.000	560	-403	0	0	0	-21.574
Landsbanki Íslands	Reykjavík	-20.462	-1.289	-956	0	0	-26	-22.479
Langanes h/f	Húsavík	179	-5.000	-1.938	-9.729	-92.273	0	-75.198
Lárus Guðmundsson	Grundarfjörður	19.500	52.000	1.000	-1.089	-2.326	-2.435	76.012
Leif Halldórsson	Patreksfjörður	-10.000	-8.400	-2.560	0	0	0	-21.042
Leiti hf. fiskverkun	Hnífsdalur	-800	0	0	0	0	0	-800
Lind h.f.	Reykjavík	-33.761	-26.474	-92	0	0	0	-64.256
Lindarskip h.f.	Reykjavík	-17.395	18.673	20.137	53	0	-383	14.699
Ljósavík H.F.	Þorlákshöfn	-108.000	12.500	28.000	601.000	0	0	167.905
Logi Jóhannsson	Akranes	6.000	-7.500	0	0	0	0	-2.625
Lýsing H.F.	Reykjavík	-31.051	-3.154	11.143	2.400	0	0	-27.677
Magnús Andrésson	Húsavík	6.018	1.608	-56	117	0	6	7.889
Magnús Björgvinsson	Garður	45.673	36.000	-34.240	0	0	87.716	131.739
Magnús Gamalíelsson h.f.	Ólafsfjörður	-473.799	12.525	89.799	96.047	325.319	-2.435	-145.554
Magnús h.f.	Flateyri	67.500	1.500	-850	0	0	0	68.766

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Magnús Hólm Sigurðsson	Akranes	-4.233	0	0	0	0	0	-4.233
Magnús Ingimarsson	Reykjavík	21.064	2.144	301	0	0	3	23.694
Magnus Jonsson	Patreksfjörður	-70.938	-6.517	-3.375	0	0	0	-80.255
Magnús Ólafsson	Hellissandur	-2.000	-600	-633	-30	0	0	-3.044
Magnús Snorrason	Bolungavík	-56.614	26.200	-815	-1.779	0	-1.059	-28.416
Magnús Þorgilsson	Ísafjörður	-15.245	-6.426	-2.558	0	0	0	-24.016
Magnús Þorsteinsson	Borgarfjörður	-14.887	-1.159	-2.328	0	0	40.583	11.743
Máni hf,fiskverkun	Neskaupstaður	-58.469	17.000	0	0	0	43.041	-7.929
Manus H.F.	Garðabær	-6.000	-2.500	0	0	0	0	-8.875
Marinó Davíðsson	Reykjavík	-5.000	0	0	0	0	0	-5.000
Marinó Eggertsson	Kópasker	-8.000	0	0	0	0	0	-8.000
Marinó Jónsson	Bakkafjörður	-38.294	-70	-1.364	0	0	0	-39.111
Marino Medos	Vestmannaeyjar	-9.000	-2.500	11.000	0	0	0	-5.935
Markós h/f,Útgerð	Þorlákshöfn	-3.459	114.104	9.810	0	0	34.900	158.186
Marteinn Haraldsson h/f	Siglufjörður	65.055	0	1.942	640	0	0	66.366
Marver h.f.	Stokkseyri	157.065	34.364	195.619	0	-1.307	0	301.303
Mattías Óskarsson	Vestmannaeyjar	-14.951	-12.443	-174.048	-35.039	0	-15.800	-148.988
Meinert Jóhannes Nilssen	Njarðvík	-5.000	0	0	0	0	0	-5.000
Meitillinn h.f.	Þorlákshöfn	-514.714	-14.030	-11.213	-254.799	-158.000	430	-751.662
Meleyri h.f.	Hvammstangi	-153.424	-791	-4.058	-1.050	-3.400	-18.820	-172.886
Miðfell h.f.	Hnífsdalur	-96.097	-104.750	-14.254	4.356	11.475	28.648	-193.812
Miðnes h.f.	Sandgerði	-337.545	-267.815	150.991	191.423	-25.166	-24.293	-520.621
Morten Christian Holm	Suðureyri	-6.000	0	0	0	0	0	-6.000
Mótun H.F.	Hafnarfjörður	-40.852	-2.513	-2.465	0	0	0	-45.073
Muggur h/f	Hvammstangi	339.370	37.211	23.762	-1.885	-853	27.870	413.691
Mummi h/f	Njarðvík	158.221	13.000	-180.000	-185.477	-1.924	-7.440	-6.778
Mýrdælingur H.F.	Vík	-33.619	-282	-13.525	-411	0	0	-41.415
Nafir h/f	Grenivík	-106.753	-43.331	-4.223	-36.013	-793	36.075	-148.211

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Naustavík s/f	Akureyri	-4.078	6.539	-1.645	0	0	0	2.554
Nesver hf	Hellissandur	-68.115	-5.800	-1.989	-2.276	0	13.000	-67.432
Nesver s/f	Hellissandur	-8.910	23.648	-3.380	12.540	-18	-49.366	-13.955
Níels Jónsson s.f.	Akureyri	0	0	-9.000	0	0	0	-4.860
Níels Sigurjónsson	Fáskrúðsfjörður	-7.100	0	0	0	0	0	-7.100
Njáll h/f	Garður	-317.803	-99.007	11.972	23.975	0	-204.329	-562.483
Njáll Halldórsson	Bakkafjörður	-42.000	1.300	0	0	0	0	-40.505
Njall Helgason	Mosfellsbær	0	0	0	-2.000	0	0	-820
Njörður h.f.	Hrísey	-287.768	-34.755	-98.713	-8.039	-8.133	-13.271	-399.585
Nónborg h.f.	Mosfellsbær	6.763	3.156	3.155	0	0	-33.142	-11.766
Nökkvi hf	Blönduós	-33.000	0	0	0	-115.496	0	-113.847
Nökkvi s/f	Ísafjörður	-76.205	0	0	0	0	-10.408	-83.699
Oddeyrin h/f	Akureyri	-286.814	-88.025	-160.931	-12.744	0	-974	-480.872
Oddi h/f	Patreksfjörður	545.173	-20.273	-19.492	1.283	-13.371	193	502.639
Oddur G. Jóhannsson	Siglufjörður	-8.295	0	-252	0	0	0	-8.431
Oddur Jónsson	Siglufjörður	26.000	0	0	0	0	0	26.000
Óðinn Gunnarsson	Siglufjörður	-9.700	-75	0	-100	0	0	-9.827
Ólafur Ármann Sigurðsson	Húsavík	-28.133	-16.298	12.400	241	0	-7.813	-45.706
Ólafur Arnar Hallgrímsson	Borgarfjörður	29.779	1.750	34	0	0	0	31.810
Ólafur Baldvinsson	Grenivík	-500	0	0	0	0	0	-500
Ólafur Guðjón Eyjólfsson	Ísafjörður	-32.837	0	0	0	0	-519	-33.211
Ólafur Guðjónsson	Vestmannaeyjar	61.371	360	4.026	0	0	500	64.319
Ólafur Guðmundur Jóhannsson	Grímsey	-3.000	0	21.605	0	0	0	8.667
Ólafur Hallgrímsson	Akranes	-37.996	-8.216	0	-18	0	0	-47.452
Ólafur M. Sigmundsson	Vestmannaeyjar	0	2.000	1.250	0	0	0	2.975
Ólafur Magnússon	Patreksfjörður	0	-2.000	0	0	0	0	-2.300
Ólafur Pétursson	Reykjavík	0	9.761	-2.556	0	0	-323	9.612
Ólafur Steingrímsson	Patreksfjörður	-15.030	0	0	0	0	0	-15.030

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.fgildi (kíló)
Ólafur Steinþórsson	Þingeyri	1.200	0	0	0	0	0	1.200
Ólafur Veturliði Þórðarson	Þingeyri	2.500	0	0	0	0	0	2.500
Ólafur Þ. Jónsson	Hafnarfjörður	0	-2.000	0	0	0	-558	-2.702
Olgeir Ingimundarson	Akranes	-152	-36.596	0	0	0	0	-42.237
Óli B. Gunnarsson	Akureyri	0	0	1.200	0	0	0	648
Óli Bjarni Ólason	Grímsey	36.444	11.482	0	0	0	0	49.648
Óli Ólafsson	Neskaupstaður	-40.500	-1.500	0	-342	0	0	-42.365
Óli Ólason	Grímsey	12.400	0	-14.500	0	0	0	4.570
Óli Þorsteinsson	Þórshöfn	-31.000	-3.000	-2.000	0	0	0	-35.530
Ómar Ólafsson	Fljót	-24.500	-1.196	0	0	0	0	-25.875
Ómar Sverrisson	Vestmannaeyjar	-10.340	0	-5.418	-1.501	0	-10	-13.888
Ós h.f.	Vestmannaeyjar	56.234	-30.180	-248.488	141.000	0	-13.200	-64.351
Óskar Arnarsson	Reykjavík	170.362	3.012	25.200	0	0	-6.000	183.114
Óskar Guðmundsson	Seltjarnarnes	24.000	14.000	-17.000	0	0	0	30.920
Óskar Ingibersson	Keflavík	7.028	21.499	2.000	16	-23.812	0	16.170
Óskar Kristinsson	Vestmannaeyjar	42.000	-17.000	-112.500	0	0	50.718	-1.783
Óskar Þórarinsson	Vestmannaeyjar	94.329	-127.000	-100.864	-8.500	0	-20.400	-124.361
Óskar Þórhallsson	Keflavík	231.900	-35.500	-62.571	-4.100	4.307	0	158.621
Ottó Wathne h.f.	Seyðisfjörður	-44.014	-48.940	100.000	0	0	0	-46.295
Otur h.f.	Dalvík	15.000	5.000	11.050	0	0	0	26.717
Páll Ágústsson	Seyðisfjörður	-17.186	-1.060	0	0	0	0	-18.405
Páll Björsson	Þingeyri	-5.200	-5.300	-1.610	0	0	0	-12.164
Páll Guðmundsson	Höfn	8.856	2.585	-4.270	0	0	0	9.523
Pálmar Þorsteinsson	Hafnarfjörður	-25.715	4.014	0	0	0	0	-21.099
Pálmi Hafþór Halldórsson	Súðavík	-9.922	0	-910	0	0	0	-10.413
Pétur Einarsson	Vogar	-7.238	0	-562	0	0	0	-7.541
Pétur Guðmundsson	Siglufjörður	-1.500	0	0	0	0	0	-1.500
Pétur Ingi Vigfússon	Hellissandur	51.736	592	-2.645	0	0	70	51.039

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Pétur Jakobsson	Bolungavík	900	0	-1.250	0	0	0	225
Pétur Pétursson	Borgarnes	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Pétur R. Sighvatsson	Sauðárkrókur	-1.765	0	-649	-20	0	0	-2.124
Pétur Runólfsson	Bolungavík	27.585	4.125	0	0	0	0	32.329
Pétur Sigurður Viðarsson	Hellissandur	-3.882	-2.444	0	0	0	0	-6.693
Pétur Stefánsson	Kópavogur	-30.928	-16.166	-69.704	1.435	8.443	-17	-80.673
Pólarsfld h.f.	Fáskrúðsfjörður	91.608	28.375	9.000	0	-800	0	128.539
Ragnar Ágústsson	Vogar	-15.950	0	-38	0	0	0	-15.971
Ragnar B. Johansen	Reykjavík	-13.158	-880	-617	0	0	0	-14.503
Ragnar G. Ragnarsson	Keflavík	-41.000	8.000	0	0	0	44.000	-120
Ragnar Guðjónsson	Hellissandur	66.402	-4.036	0	0	0	-1.098	60.970
Ragnar Hálfdánarson	Bolungavík	7.661	2.516	-340	0	0	0	10.371
Ragnar Hjaltason	Hafnarfjörður	-4.504	1.977	-400	0	0	0	-2.446
Ragnar I. Jakobsson	Bolungavík	1.122	-1.122	0	0	0	0	-168
Ragnar Leifur Þrúðmarsson	Höfn	-27.000	-3.700	-4.500	-770	0	0	-34.001
Ragnar Olsen	Hellissandur	-31.000	-4.000	-2.000	0	0	0	-36.680
Ragnar Tómasson	Raufarhöfn	-3.066	0	-298	0	0	0	-3.227
Rán h.f.	Dalvík	-80.400	25.000	0	0	-2.000	0	-53.050
Rani H.F.	Þingeyri	-15.000	7.000	0	0	0	-1.250	-7.850
Reykey h/f Útgerðarfélag	Patreksfjörður	-88.900	-9.199	-2.986	-4.356	-775	-4.648	-106.766
Reykjaborg h.f.	Reykjavík	-10.000	-13.000	0	0	-850	18.000	-12.585
Reykjanes H.F.	Garður	10.000	12.000	304	0	0	0	23.964
Reynald Þorvaldsson	Keflavík	-26.619	14.400	0	0	0	0	-10.059
Reynir Gunnarsson	Þingeyri	12.299	-4.521	-2.185	0	0	4	5.923
Reynir Jóhannsson	Grindavík	-56.294	0	0	0	40.013	0	-28.285
Reynir Níelsson	Fáskrúðsfjörður	-7.218	300	-150	0	0	0	-6.954
Rif hf	Hrísey	-191.929	2.570	4.028	-2.972	-20.778	7	-202.556
Rúnar Benjamínsson	Ólafsvík	-1.500	-700	-3.000	-9.000	0	5.200	-3.871

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Runólfur Hallfreðsson	Akranes	-51.700	-5.915	-3.000	-15.000	-30.000	0	-87.272
Rækjan H.F.	Hólmavík	-21.000	-449	-1.861	0	0	0	-22.521
Rækjunes/Björgvin h.f.	Stykkishólmur	-46.476	3.000	-25.343	-1.080	0	2.300	-55.498
Rækjuver h.f.	Bíldudalur	-136.111	-6.802	-470	-87	0	-5.503	-148.185
Salómon Sigurðsson	Ísafjörður	600	836	0	0	0	-123	1.473
Saltver h.f.	Keflavík	72.046	83.654	189.385	936	-197	12	270.771
Samherji h.f.	Akureyri	-1.018.324	-245.192	-276.232	-2.582.946	783.985	-33.968	-1.984.135
Samúel Kristjánsson	Súðavík	-3.234	-1.857	-824	0	0	0	-5.815
Samvinnusjóður Íslands h.f.	Reykjavík	-84.102	-14.197	-1.197	0	0	-161	-101.191
Sandvík s/f	Sauðárkrókur	-2.070	-1.130	-3.400	0	0	9.605	1.710
Selháls s.f.	Grindavík	88.800	-1.000	-47.000	4.200	0	0	63.992
Selnes H.F.	Breiðdalsvík	31.471	-1.614	-2.086	0	0	11.235	36.578
Sigdór Ólafur Sigmarsson	Reykjavík	-1.108	-267	0	0	0	0	-1.415
Sigfinnur Gunnarsson	Höfn	-7.000	0	0	0	0	0	-7.000
Sigfus Johannesson	Grímsey	49.134	-5.000	-1.270	0	0	60.513	86.268
Sigfús Vilhjálmsson	Mjóifjörður	3.000	0	0	0	0	0	3.000
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	-32.808	-46.458	138.635	-42.973	-151.000	-2.000	-136.131
Sigluberg h/f	Grindavík	-228.170	-38.838	-97.336	-10.610	0	-636	-330.203
Sigmann Tryggvason	Hrísey	-3.000	0	-1.700	0	0	0	-3.918
Sigmar Ægir Björgvinsson	Seltjarnarnes	-14.000	-900	-900	0	0	0	-15.521
Sigurbjörg Jónsdóttir	Hólmavík	1.543	-2.543	0	0	-597	-101	-1.872
Sigurbjörn Björnsson	Vopnafjörður	-19.492	-3.500	0	0	0	0	-23.517
Sigurbjörn s.f.	Grímsey	14.453	1.797	300	0	0	-13.400	7.034
Sigurður Ágústsson h.f.	Stykkishólmur	-40.864	-2.452	-52.000	24.302	0	-14.400	-72.168
Sigurður B Jónsson	Akureyri	2.000	0	0	0	0	0	2.000
Sigurður Bergsson	Akureyri	-13.155	-550	0	0	0	0	-13.788
Sigurður Bjarni Hjartar	Bolungavík	-41.922	33.137	-5.500	0	0	0	-6.784
Sigurður Finnbogason	Seyðisfjörður	-32.000	1.610	0	0	0	0	-30.149

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Sigurður Friðbjarnarson	Húsavík	-1.385	350	1.500	475	0	0	22
Sigurður Friðriksson	Keflavík	187.031	26.010	717	0	0	-1.000	216.610
Sigurður G. Jónsson	Þórshöfn	-5.000	6.755	-9.000	0	0	8.000	3.668
Sigurður Guðjónsson	Djúpivogur	-524	-1.480	0	0	0	0	-2.226
Sigurður Guðnason	Hellissandur	34.000	-317	0	0	0	-2.600	31.763
Sigurður Gunnarsson	Húsavík	5.500	1.200	-4.000	-900	0	500	4.711
Sigurður Jensson	Reykjavík	-1.410	0	0	0	0	0	-1.410
Sigurður Jonsson	Húsavík	-26.462	-2.683	-2.307	0	0	0	-30.793
Sigurður Jónsson	Djúpivogur	12.300	0	0	0	0	0	12.300
Sigurður Jónsson	Kópavogur	0	6.263	0	0	0	0	7.202
Sigurður Jónsson	Þingeyri	-500	-530	0	0	0	0	-1.110
Sigurður Kristjánsson	Húsavík	1.404	36	0	19	0	0	1.453
Sigurður Kristjónsson	Hellissandur	123.759	49.929	2.122	0	0	-4.133	179.347
Sigurður Ólafsson	Keflavík	-4.000	0	0	0	0	0	-4.000
Sigurður Ólafsson	Ísafjörður	-15.200	0	0	0	0	0	-15.200
Sigurður Ólafsson h.f.	Höfn	189.500	21.533	-20.314	0	0	-3.327	200.898
Sigurður Óskarsson	Vestmannaeyjar	-16.000	0	0	0	0	0	-16.000
Sigurður Runólfsson	Reykjavík	0	0	0	0	0	0	0
Sigurður Sigurðsson	Húsavík	100	0	0	0	0	0	100
Sigurður Steinarr Konráðsson	Neskaupstaður	-6.000	0	0	0	0	0	-6.000
Sigurður Úlfarsson	Fáskrúðsfjörður	-18.100	1.000	-392	0	0	0	-17.162
Sigurður Þorkelsson	Neskaupstaður	3.000	0	0	0	0	0	3.000
Sigurður Ölversson	Neskaupstaður	-3.000	-1.205	1.758	0	0	-212	-3.589
Sigurgeir Kristjánsson	Garðabær	-12.000	-470	-16.700	-150	0	0	-21.620
Sigurjón Kristjánsson	Húsavík	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Sigurjón Ólafsson	Vestmannaeyjar	1.629	-360	-26	0	0	0	1.201
Sigurvin Magnússon	Suðureyri	-13.000	0	0	0	0	0	-13.000
Sigvaldi Loftsson	Akranes	-18.000	-2.000	0	0	0	0	-20.300

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Sigvaldi Þorleifsson h/f	Ólafsfjörður	-195.470	47.000	22.300	2.000	0	-18.500	-141.878
Sildarvinnslan h.f.	Neskaupstaður	-376.711	154.752	-201.796	205.377	200.980	-20.953	-97.912
Sjávarborg h.f.	Kópavogur	-165.000	-40.950	-51.630	-90.790	19.474	-50	-263.601
Sjófang h.f.	Reykjavík	115.000	910	180.830	-15.000	-10.080	519	200.862
Sjólastöðin hf	Hafnarfjörður	-60.497	-16.280	549.049	799.700	-516.657	-2.400	181.757
Sjóli h.f.	Reykjavík	49.750	-23.500	-5.000	0	0	1.000	20.745
Sjöfn h.f.	Grenivík	-33.753	-1.573	0	-211	0	0	-35.648
Skagfirðingur h/f	Sauðárkrókur	-325.860	-12.678	389.514	-715.997	-224.080	1.609	-579.358
Skagstrendingur h.f.	Skagaströnd	-73.685	-664.334	104.585	-482.925	-6	-26.709	-998.427
Skarphéðinn Árnason	Akranes	56.426	15.155	1.700	0	0	0	74.772
Skinney h.f.	Höfn	-57.700	-37.935	-119.171	-20.570	0	-58.000	-215.871
Skipaklettur h.f.	Reyðarfjörður	-215.807	-24.610	288.376	322.455	-87.940	3.982	-14.870
Skjöldur h/f	Sauðárkrókur	170.187	-13.080	217.053	-440.015	-272.739	16.826	-86.855
Skjöldur Þorgrímsson	Reykjavík	0	2.000	0	0	0	0	2.300
Skotta hf,útgerð	Hafnarfjörður	33.406	12.732	2.900	0	0	0	49.614
Skúli Kristjánsson	Kópavogur	0	1.800	0	0	0	0	2.070
Skúli Magnússon	Grindavík	-17.800	-300	-1.000	1.000	0	0	-18.275
Skúli Þór Jónsson	Kópasker	-9.510	0	0	0	0	0	-9.510
Skutull h/f	Njarðvík	19.161	13.077	1.855	0	0	-2.000	33.761
Skæringur Georgsson	Vestmannaeyjar	-1.891	-1.152	-199	0	0	-1	-3.324
Slaga hf	Grindavík	-1.595	9.204	5.313	-454	0	409	11.967
Smári Bent Jóhannsson	Bíldudalur	-12.779	0	-92	0	0	0	-12.829
Smári Jónas Lúðvíksson	Hellissandur	-6.800	0	0	0	0	0	-6.800
Smári s.f.	Siglufjörður	184	0	0	0	0	0	184
Smári sf	Ólafsfjörður	-9.500	0	-500	0	0	0	-9.770
Snorri Agnarsson	Reykjavík	-37.070	6.224	0	0	0	0	-29.912
Snorri Guðjónsson	Akureyri	-2.000	0	0	0	0	0	-2.000
Snorri Snorrason	Dalvík	328.545	57.254	15.913	2.291	-2.435	-37.384	375.298

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kfló)	Ýsa (kfló)	Ufsi (kfló)	Karfi (kfló)	Grálúða (kfló)	Skarkoli (kfló)	Þ.ígildi (kfló)
Snorri Sturluson	Suðureyri	25.738	-16	-1.592	-1.100	0	-108	24.331
Snæbjörn Árnason	Bíldudalur	0	0	0	0	0	0	0
Snæbjörn Gíslason	Patreksfjörður	6.000	-5.000	-1.916	0	0	0	-785
Snæfell s.f.	Vestmannaeyjar	170.722	4.388	35.282	46.767	0	-22	213.979
Snæfellingur h/f	Ólafsvík	-447.115	30.318	139.410	324.481	-26.740	-2.200	-224.233
Soffanías Cecilsson	Grundarfjörður	40.000	-42.000	0	0	0	0	-8.300
Sofus Gjöveraa	Neskaupstaður	-1.500	0	0	0	0	0	-1.500
Sólbakki hf	Keflavík	-103.794	2.057	5.380	4.539	7.739	67.594	-42.577
Sólborg h.f.	Fáskrúðsfjörður	-70.600	-44.000	-175.000	-7.000	0	-20.000	-232.970
Sólborg hf.	Stykkishólmur	193.471	678	-16.000	-20.000	0	-400	177.123
Sólheim s.f.	Neskaupstaður	-34.168	7.574	4.224	0	0	77.514	32.633
Sólrún h.f.	Akureyri	51.596	45.238	-19.910	-3.107	-6.746	952	87.558
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur	-24.349	-5.335	-687	0	0	0	-30.855
Stafnes h/f	Keflavík	524.347	17.442	-114.484	1.207	0	11.531	491.381
Stálskip h.f.	Hafnarfjörður	98.756	45.198	21.097	122.100	0	-10.787	204.420
Stefán Albertsson	Vogar	-22.870	-4.803	-894	0	0	-1.707	-30.105
Stefán Arnórsson	Djúpivogur	3.274	1.161	0	-360	0	-207	4.313
Stefán Baldvinsson	Akureyri	-8.000	0	0	0	0	0	-8.000
Stefán Einarsson	Seltjarnarnes	134.509	-1.303	-5.000	1.853	0	-26.000	112.350
Stefán Einarsson	Siglufjörður	-63.300	-2.697	-9.739	0	0	0	-71.661
Stefán Guðmundsson	Djúpivogur	-10.500	0	0	0	0	0	-10.500
Stefán Ingólfsson	Bolungavík	-32.565	1.012	-2.383	-375	0	-189	-32.978
Stefán Rögnvaldsson h.f.	Dalvík	-318.877	1.714	-28.846	-21.703	-4.031	-1.775	-345.481
Stefán S. Óskarsson	Fáskrúðsfjörður	-3.900	0	0	0	0	0	-3.900
Stefán Stefánsson	Dalvík	-33.740	-4.547	-2.597	0	0	0	-40.371
Stefnir Einar Magnússon	Bakkafjörður	-57.800	-2.000	0	0	0	0	-60.100
Steinar Birgisson	Reykjavík	171.696	-3.299	14.638	0	0	-3.300	173.431
Steinar Hilmarsson	Bakkafjörður	-5.600	-500	0	0	0	0	-6.175

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Steinarr H.F.	Keflavík	-93.075	-40.055	-15.094	-485	0	-114	-147.570
Steinbjörg h.f.útgerð	Tálknafjörður	-54.772	-2.300	0	-1.089	-500	79.300	-1.117
Steindór H. Sigurðsson	Akureyri	-17.159	-5.676	-439	-665	0	0	-24.196
Steindór Kristinn Oliversson	Akranes	629	2.230	0	0	0	0	3.194
Steingrímur Valdimarsson	Akureyri	-3.000	0	-60	0	0	0	-3.032
Steinunn h.f.	Ólafsvík	302.608	22.464	-5.495	22.163	-2.300	2.890	335.032
Stígandi h/f	Vestmannaeyjar	149.880	40.000	-30.000	521.200	0	0	393.372
Straumnes h/f	Patreksfjörður	19.839	-400	0	-870	-793	-93	18.400
Studeó s/f	Keflavík	-8.927	0	0	0	0	0	-8.927
Stuðlaberg sf útgerð	Grenivík	500	0	-1.000	0	0	-471	-379
Sturla Hjaltason	Raufarhöfn	-18.000	-1.200	-11.000	0	0	0	-25.320
Sturla Sigtryggsson	Kópasker	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Súlan h/f	Akureyri	-140.116	-23.962	-18.000	-8.000	2.000	0	-179.272
Sund hf,hraðfrystihús	Ísafjörður	27.715	10.901	-35.262	-16.000	39	0	14.677
Svalan H.F.	Höfn	-33.567	-5.206	-1.639	0	0	0	-40.439
Svanur h/f	Stykkishólmur	36.000	9.200	-21.000	-1.302	0	-10.800	26.930
Svanur Jónsson	Reykjavík	7.000	0	-13.461	0	0	0	-269
Svavar Ágústsson	Seltjarnarnes	55.600	-66.981	-2.113	-1.242	0	123.016	65.493
Svavar Ingibersson	Sandgerði	-3.000	2.000	156	0	0	0	-616
Svavar Kristinsson	Eskifjörður	-18.000	-1.000	0	0	0	5.000	-15.550
Svavar Óskarsson	Garður	-200	0	-304	-38	0	0	-380
Sveinbjörn Þórarinsson	Reyðarfjörður	2.000	6.000	0	0	0	0	8.900
Sveinlaugur Hannesson	Vogar	-3.000	0	-10.000	-1.900	0	0	-9.179
Sveinn Björnsson o.fl.	Garður	2.500	-2.000	-2.056	38	0	0	-895
Sveinn Halldórsson	Vestmannaeyjar	175	122	37	0	0	1	336
Sveinn Jónsson	Vestmannaeyjar	-9.607	-834	0	0	0	0	-10.566
Sveinn Magnússon	Eyrarbakki	17.000	15.000	0	0	0	0	34.250
Sveinn S. Steinarsson	Reykjavík	115.656	-32.800	0	0	-3.967	-4.000	72.279

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Sveinn Sveinsson	Vopnafjörður	-11.585	-9	-55	0	0	0	-11.625
Sveinn Þ. Sigurjónsson	Grindavík	-18.683	-1.987	-5.033	0	0	0	-23.686
Sverrir Björnsson	Siglufjörður	-10.410	0	0	0	0	0	-10.410
Sverrir Garðarsson	Bíldudalur	23.774	-3.156	121	0	0	-13.415	10.551
Sverrir Ingi Jónsson	Stöðvarfjörður	-6.694	-1.783	1	0	0	-192	-8.882
Sverrir Jóhannesson	Fáskrúðsfjörður	-35.300	-700	0	0	0	0	-36.105
Sverrir Ólason	Siglufjörður	-3.000	0	0	0	0	0	-3.000
Sæberg h.f.	Ólafsfjörður	-55.546	-23.310	103.387	151.530	179.870	-2.836	159.471
Sæbjörg h/f	Grímsey	16.500	0	0	0	0	11.265	24.611
Sædís h.f.	Ólafsfjörður	8.212	30.100	79.472	-17.599	3.000	-25.800	62.050
Sædór h.f., Siglufirði	Reykjavík	-53.511	-25.200	-44.000	-94.800	0	2.000	-143.679
Sæfell h.f.	Stykkishólmur	23.774	-2.800	-33.200	-5.700	0	-7.260	-4.938
Sæhamar h/f	Vestmannaeyjar	491.484	197.146	124.398	128.364	1.000	27.485	858.495
Sælingur hf,Keflavík	Keflavík	0	9.643	-2.400	0	0	-10.743	2.058
Sæljómi h.f.	Sandgerði	-50.000	0	-2.156	0	0	0	-51.164
Sæmundur Þórðarson	Vogar	58.000	43.400	0	0	0	0	107.910
Særún h/f	Blönduós	-291.706	-82.838	-167.500	-10.000	220	0	-481.366
Sævar Jónsson	Neskaupstaður	-5.582	1.363	3.585	0	0	0	-2.079
Sævar Nielsson	Fáskrúðsfjörður	-10.400	-800	0	0	0	0	-11.320
Sævar Óskarsson	Grindavík	-39.030	-63.300	360	-107	0	-9.730	-118.680
Tangi h.f.	Vopnafjörður	176.164	-395	62.044	80.000	126.000	10.800	337.990
Tindfell h/f	Ólafsvík	-138.676	-3.259	347	1.877	-5.427	22.181	-129.295
Togaraútgerð Ísafjarðar h/f	Ísafjörður	-5.284	0	0	0	-152.695	0	-112.171
Tómas Sæmundsson	Reykjavík	64.349	5.335	-24.313	0	0	-7.000	52.315
Torfi Björnsson	Ísafjörður	-43.942	0	-830	0	0	-12.980	-53.736
Torfi hf	Flateyri	-48.940	-5.394	-1.864	-31	0	283	-55.959
Trausti Jóhannsson	Akureyri	-3.000	0	0	0	0	0	-3.000
Trausti s.f.	Akureyri	7.966	-1.230	-1.085	-3.181	0	-7.800	-955

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Trefjaplast hf	Blönduós	-41.935	-6.588	-1.916	0	0	0	-50.546
Trefjar H.F.	Hafnarfjörður	-23.221	768	628	0	0	0	-21.999
Tryggvi Guðmundsson	Ísafjörður	-64.400	300	0	0	0	0	-64.055
Tryggvi Gunnarsson	Flatey	-2.900	0	0	0	0	0	-2.900
Tryggvi Gunnlaugsson	Djúpivogur	0	2.000	-4.200	-800	0	0	-296
Tryggvi Högnason	Akranes	-13.000	-1.200	-1.687	0	0	-257	-15.476
Tryggvi Pálsson	Reykjavík	-4.103	0	0	-293	0	0	-4.223
Tryggvi Valsteinsson	Akureyri	-8.211	0	0	0	0	0	-8.211
Tungufell h.f.,útgerðarfélag	Ólafsvík	115.775	-5.144	13.565	-16.800	-4.000	-8.883	101.101
Ufsaberg h.f.	Vestmannaeyjar	-85.929	-74.000	-70.000	-4.000	-1.500	-5.000	-215.119
Unnsteinn Guðmundsson	Höfn	-667	0	4.600	-200	0	0	1.735
Útg.fél. Akureyringa h.f.	Akureyri	-183.445	312.914	942.784	798.900	187.951	117.228	1.229.028
Útg.félagið Njörður h.f.	Kópavogur	167.007	40.570	96.292	41.467	-40.608	-2.016	252.785
Útg.félagið Vísir h.f.	Sandgerði	30.500	16.000	44.000	0	-74.000	0	20.860
Útgerðarf. Flateyrar h.f.	Flateyri	194.837	49.701	114.884	2.691	-131.431	1.717	224.368
Útgerðarfél. Dalvíkinga h/f	Dalvík	-216.799	59.076	581.703	-293.877	318.062	-44.827	235.136
Útgerðarfél. Jökull s.f.	Sauðárkrókur	8.976	8.911	4.562	-2.609	2.165	-8.774	15.816
Útgerðarfélag Bílddælinga hf	Bíldudalur	-264.361	-32.915	-198.927	210.000	-298.579	6.938	-527.544
Útgerðarfélag K.E.A.	Hrísey	389.561	-80.389	-105.411	-26.373	-53.649	63.983	237.892
Útgerðarfélag Patreksfjarðar hf.	Patreksfjörður	535.086	140.758	105.151	-46.766	1.500	51.342	772.581
Útgerðarfélagið Barðinn h.f.	Kópavogur	-59.937	-252.006	-97.974	974	2.749	4.106	-397.370
Útgerðarfélagið Drífa	Vestmannaeyjar	45.000	0	0	0	0	-19.000	31.320
Útnes h.f.	Hellissandur	117.643	-23.749	-7.000	-4.000	-3.200	-1.900	81.304
Útvík	Hafnarfjörður	13.360	-1.375	-1.185	0	0	0	11.139
Valafell h.f.	Ólafsvík	285.470	35.028	3.287	-48.890	0	-25.000	289.482
Valbjörn h.f.	Sandgerði	-7.000	-10.000	42.461	0	0	-18.000	-8.531
Valdimar Axelsson	Keflavík	-17.099	-597	-391	0	0	0	-17.997
Valdimar E.Geirsson	Akranes	72.949	22.509	-1.623	0	0	0	97.958

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Valdimar h.f.	Vogar	99.773	-32.546	-114.824	41.965	-638	-83.877	-43.292
Valdimar Traustason	Grímsey	-2.400	-355	0	0	0	0	-2.808
Valdís Guðnadóttir	Akranes	-833	11.500	0	0	0	0	12.392
Valeik h.f.	Ólafsfjörður	220.188	24.458	-24.561	0	0	0	235.052
Valgeir Kr. Guðmundsson	Neskaupstaður	-20.780	-40	426	0	0	-2.928	-22.704
Valtýr Þorsteinsson h.f.	Akureyri	-50.400	-4.500	0	250	9.450	0	-48.858
Valur h.f.	Reykjavík	-55.636	-4.487	-175	0	0	0	-60.891
Valur Þór Guðjónsson	Akranes	-15.961	1.386	-129	0	0	0	-14.437
Varkollur h.f.	Ólafsvík	-174.428	-29.000	-1.900	-20.556	-5.833	0	-221.315
Vél-boði hf,vélaverslun	Hafnarfjörður	-22.472	-3.373	-1.940	0	0	0	-27.399
Ver,útgerð	Keflavík	-8.500	2.500	-1.800	-151	0	0	-6.659
Vestri h/f	Patreksfjörður	159.438	3.142	-44.525	0	-66.629	1.150	93.196
Viðar Sæmundsson	Hafnarfjörður	-42.063	11.785	-1.998	0	0	-3.000	-31.749
Víðir Þór Herbertsson	Ólafsvík	-8.680	1.213	-2.644	0	0	-583	-9.133
Vigfús Davíðsson	Vopnafjörður	-17.997	-5.240	-679	0	0	23	-24.373
Vík s.f.	Skagaströnd	38.749	3.641	0	0	0	38.269	70.490
Víkurhraun h.f.	Grindavík	19.277	0	3.425	-1.669	0	3.073	22.655
Vilhelm Steinarsson	Kópasker	1.000	0	0	0	0	0	1.000
Vilhjálmur Hendriksson	Akranes	-2.000	-3.000	0	0	0	0	-5.450
Vilhjálmur Sveinsson	Hafnarfjörður	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Vilmundur Reimarsson	Bolungavík	-8.000	7.000	0	0	0	0	50
Vilmundur Þorgrímsson	Seyðisfjörður	-9.100	0	-1.400	0	0	0	-9.856
Vinnslustöðin hf	Vestmannaeyjar	-364.834	98.658	302.324	924.929	-229.147	17.296	143.149
Vísir h.f.	Grindavík	197.852	-41.600	59.241	-48.110	-59.500	-17.703	107.881
Völusteinn h.f.	Bolungavík	-8.438	-35.489	-17.938	82.447	-145.387	-20.963	-141.998
Ýmir h/f	Bíldudalur	55.590	3.200	0	0	0	35.400	84.758
Þinganes h.f.	Höfn	48.725	228.648	32.831	44.625	0	4.360	350.834
Þór h.f.útgerðarfélag	Eskifjörður	-10.542	6.105	0	0	0	-5.000	-7.121

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.fgildi (kíló)
Þórarinn Stefánsson	Raufarhöfn	-1.221	-1.550	1.000	0	0	0	-2.464
Þórarinn Þorsteinsson	Reykjavík	-33.932	-7	-3.198	0	0	0	-35.667
Þorbergur Guðmundsson	Raufarhöfn	2.000	0	-4.846	0	0	0	-617
Þorbergur Jóhannesson	Ísafjörður	0	3.599	0	0	0	0	4.139
Þorbergur Jóhannsson	Þórshöfn	-8.000	8.900	15.385	0	0	9.000	17.023
Þorbjörn h.f.	Grindavík	-31.160	68.551	-50.524	-327.085	466.399	38.369	240.391
Þórdís hf.útgerðarfélag	Blönduós	-167.000	-27.862	-73.800	-38.000	0	-31.300	-277.009
Þórður Ásgeirsson	Húsavík	-9.598	-3.211	0	0	0	0	-13.291
Þórður Jónsson h/f,útgerð	Bíldudalur	9.225	1.016	0	0	0	48.900	45.601
Þórður Júlíusson	Ísafjörður	-43.707	-3.802	-815	-127	0	-3.251	-50.912
Þórður Kr. Jóhannesson	Hafnarfjörður	-28.810	10.189	-4.001	-327	0	0	-19.387
Þórður Pétursson	Húsavík	-2.550	0	493	-250	0	0	-2.386
Þórður Rafn Sigurðsson	Vestmannaeyjar	-21.722	42.136	-172.988	138.000	-2.800	-14.061	-22.183
Þórður Sigurðsson	Þingeyri	-29.200	-2.570	0	0	0	0	-32.156
Þórður Sveinsson	Reyðarfjörður	-12.922	-531	0	0	0	0	-13.533
Þórður Þórðarson	Akranes	-4.000	5.000	0	0	0	0	1.750
Þorgeir Brimir Hjaltason	Raufarhöfn	8.514	12	276	0	0	0	8.677
Þorgeir Þorvaldsson	Húsavík	-10.000	0	0	0	0	0	-10.000
Þorgils Gunnlaugsson	Dalvík	-1.500	-500	-60	0	0	0	-2.107
Þórhallur Frímannsson	Garður	23.455	21.614	4.321	0	0	11	50.652
Þórir h/f	Vestmannaeyjar	-30.000	-41.653	-3.855	-41.355	0	-14.421	-107.321
Þórir s.f.	Sauðárkrókur	0	2.836	-439	-1.286	0	0	2.497
Þorlákur Sigurðsson	Grímsey	-16.180	0	-300	0	0	0	-16.342
Þorleifur Ingólfsson	Bolungavík	16.406	8.307	-1.410	0	0	-603	24.763
Þorleifur Pálsson	Ísafjörður	-2.000	0	0	-1.000	0	0	-2.410
Þormóður rammi h.f.	Siglufjörður	446.700	-96.830	-58.503	-1.847.856	-379.621	16.734	-707.553
Þorri hf útg.félag	Akureyri	-30.277	-3.446	0	0	0	-34.814	-59.306
Þórsberg h/f	Tálknafjörður	257.750	25.684	-1.383	-7.914	-634	89.303	347.149

TAFLA 1

Hreinn flutningur á botnfiskaflamarki milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Þorskur (kíló)	Ýsa (kíló)	Ufsi (kíló)	Karfi (kíló)	Grálúða (kíló)	Skarkoli (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Þórsnes h.f.	Stykkishólmur	294.136	4.794	-268	10.120	0	-8.941	297.216
Þorsteinn Auðunn Pétursson	Dalvík	-63.792	-9.770	-1.766	0	0	-89	-76.045
Þorsteinn H. Guðbjörnsson	Suðureyri	-21.064	-16	-301	0	0	-3	-21.247
Þorsteinn Óskarsson	Grindavík	-38.068	-27.227	-1.294	0	0	-6.387	-74.676
Þorsteinn Þorvaldsson	Reykjavík	-12.415	0	-4.238	0	0	0	-14.704
Þorvaldur Eiríksson	Þorlákshöfn	-68.057	-21.937	-4.147	0	0	-10	-95.531
Þorvaldur halldórsson	Garður	0	0	0	0	0	0	0
Þorvaldur Ólafsson	Garðabær	27.000	5.000	5.000	0	0	0	35.450
Þorvaldur Þ. Baldvinsson	Dalvík	-19.269	-3.341	-1.163	0	0	-83	-23.799
Þorvarður J. Guðbjartsson	Hellissandur	-792	-24	0	0	0	0	-820
Þráinn Hjartarson	Patreksfjörður	-12.400	16.000	0	0	0	12.000	14.640
Þráinn Sigurðsson	Djúpivogur	-11.490	-500	0	0	0	0	-12.065
Þráinn Sigurðsson	Vestmannaeyjar	-43.023	-2.061	3.793	1.128	0	-43	-42.913
Þróttur h.f.	Grindavík	-19.221	15.500	0	-5.000	16.437	4.000	10.940
Æður h/f	Hvammstangi	-27.800	-2.900	-800	0	0	-2.400	-33.295
Ægir Hafsteinsson	Vestmannaeyjar	114.716	-870	8.162	0	0	0	118.123
Ægir Már Elísson	Grundarfjörður	132	0	0	0	0	0	132
Ægir s/f	Akranes	11.501	25.000	0	0	0	0	40.251
Ögmundur Pétursson	Borgarnes	-30.620	2.920	727	-140	0	0	-26.927
Ögurvík h.f.	Reykjavík	-812.500	-12.000	-120.000	1.305.000	862.470	0	247.679
Önglar H.F.,útgerð	Sandgerði	-7.700	-9.000	-10.600	0	0	0	-23.774
Önundur Kristjánsson	Raufarhöfn	-35.000	0	0	-1.179	0	-187	-35.618
Örn Hjörleifsson	Hellissandur	134.727	10.061	0	0	0	21.625	161.867
Öryggi s/f	Húsavík	-16.316	-59	-59	0	0	0	-16.416
Öxl h.f.	Grindavík	10.235	-16.967	-42.808	-10.746	0	4.597	-33.489

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Aðalbjörg sf	Reykjavík	0	0	0	-45.930	0	-50.523
Agnar Smári Einarsson	Reykjavík	0	0	-4.752	0	0	-68.096
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	0	0	0	62.341	0	68.575
Arnar Kristjánsson	Ísafjörður	0	0	0	7.409	0	8.150
Arnarnúpur h.f.	Þingeyri	0	0	0	-227.035	0	-249.739
Arnarvör h/f	Ísafjörður	-1.220.000	0	0	-82.000	0	-248.800
Árnes h/f	Þorlákshöfn	-1.526.000	0	-18.793	-175.549	0	-660.788
Árni h/f,fiskverkun	Ólafsfjörður	0	0	0	123.000	0	135.300
Ásbjörn Magnússon	Drangsnes	0	0	0	2.506	0	2.757
Ásver h/f	Blönduós	0	0	0	-38.931	0	-42.824
Auðbjörg h.f.	Þorlákshöfn	-1.098.000	0	0	126.423	0	-3.675
Auðbjörg s.f.	Akureyri	0	0	0	245.476	0	270.024
Auðunn h.f.	Vestmannaeyjar	122.000	0	-3.660	0	0	-36.588
Bakki h/f	Ólafsvík	0	0	0	-7.100	0	-7.810
Barðstrendingur hf.	Patreksfjörður	0	0	0	265.058	-679.960	-819
Bassi hf,útgerðarfélag	Hólmavík	0	0	0	27.408	0	30.149
Bergey h/f	Hofsós	0	0	0	100.000	0	110.000
Bergur h.f.	Vestmannaeyjar	0	2.969.000	-217	-265.013	0	-116.484
Birtingur h/f	Neskaupstaður	0	0	0	-110.000	0	-121.000
Bliki h.f.	Dalvík	0	0	0	-183.583	0	-201.941
Borg h.f.	Hrísey	-1.098.000	0	-7.867	-82.407	0	-346.122
Borgarey h.f.	Þorlákshöfn	0	0	-2.000	0	0	-28.660
Borgey h.f.	Höfn	-390.000	0	-11.690	-67.648	0	-292.631
Brimnes h/f	Flateyri	0	0	0	-3.038	0	-3.342
Búðanes h.f.	Ísafjörður	0	0	0	-52.801	0	-58.081
Búlandstindur h.f.	Djúpivogur	510.000	0	0	134.000	0	213.700
Daníel Pétursson	Hvammstangi	0	0	0	2.000	0	2.200
Drangavík h/f	Kópavogur	0	0	0	-409.500	0	-450.450

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Dvergur h.f.	Ólafsvík	0	0	0	2.000	0	2.200
Dynjandi hf,útgerð	Hnífsdalur	0	0	0	39.990	0	43.989
Dýri h/f	Bolungavík	0	0	0	-7.710	0	-8.481
Dögun h.f.	Sauðárkrókur	-1.220.000	0	0	-296.219	0	-484.441
Eggert Björnsson	Stykkishólmur	0	0	0	0	50.000	21.500
Einar Þórarinn Magnússon	Keflavík	0	0	1.614	0	0	23.129
Eiríkur Ólafsson	Hafnarfjörður	0	0	0	-23.919	0	-26.311
Eldey h.f.útgerðarfélag,G	Keflavík	-1.098.000	0	0	-8.000	0	-151.540
Eldhamar h/f	Grindavík	0	0	0	-237.539	-107.500	-307.518
Enni h.f.	Ólafsvík	0	0	0	-46.000	0	-50.600
Erling O. Guðmundsson	Drangsnes	0	0	0	-47.197	0	-51.917
Erlingur Ævar Jónsson	Þorlákshöfn	0	0	3.022	0	0	43.305
Eskey h.f.	Höfn	-1.098.000	0	1.000	0	0	-128.410
Eyjavík h.f.	Vestmannaeyjar	0	0	-2.127	-57.230	0	-93.433
EYTT AF KVÓTASKRÁ	Reykjavík	0	0	0	-174.044	0	-191.448
Farsæll h.f.	Grundarfjörður	0	0	0	-16.360	0	-17.996
Faxamjöl h/f	Reykjavík	0	2.690.000	0	31.471	0	196.018
Fengur h.f.	Ólafsvík	-1.220.000	0	-1.214	0	0	-175.997
Festi h.f.	Grindavík	4.966.000	3.715.000	0	-92.000	0	767.280
Fiskanes h.f.	Grindavík	221.000	335.000	6.159	12.000	0	150.288
Fiskiðja Sauðárkróks h/f	Sauðárkrókur	0	0	-9.181	0	0	-131.564
Fiskiðjan Bjarg h.f.	Bakkafjörður	0	0	0	-51.656	0	-56.822
Fiskiver s.f.	Eyrarbakki	0	0	2.146	0	0	30.752
Flosi Jakobsson	Bolungavík	0	0	0	-9.562	0	-10.518
Freymundur s.f.	Vestmannaeyjar	0	0	730	0	0	10.461
Friðgeir Höskuldsson	Drangsnes	0	0	0	25.673	0	28.240
Friðþjófur h.f.	Eskifjörður	1.680.000	0	0	218	0	218.640
Frosti h.f.	Grenivík	0	0	0	813	0	894

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Frosti h.f.	Súðavík	0	0	0	325.332	0	357.865
G. Ben. s.f.	Akureyri	102.000	0	0	179.235	0	210.419
Garðar Guðmundsson h.f.	Ólafsfjörður	0	600.000	0	30.000	0	69.000
Garðey h.f.	Höfn	0	0	-19.651	-174.655	0	-473.719
Geir h/f	Þórshöfn	-1.098.000	0	0	-11.319	0	-155.191
Gísli Jóhannesson	Reykjavík	0	-13.161.000	0	577.633	0	-154.264
Gísli Jón Kristjánsson	Ísafjörður	0	0	0	-33.000	107.500	9.925
Gísli Sigmarsson	Vestmannaeyjar	0	0	0	79.300	0	87.230
Gjögur h.f.	Grindavík	-1.098.000	3.715.000	-7.561	569.270	0	598.008
Grandi h.f.	Reykjavík	0	0	0	83.774	0	92.151
Græðir h.f.	Bolungavík	-1.098.000	0	0	-18.503	0	-163.093
Guðm. Rósmundsson o.fl.	Bolungavík	0	0	0	10.000	0	11.000
Guðmundur Ásgeirsson	Bíldudalur	0	0	0	0	-44.444	-19.111
Guðmundur Guðmundsson	Hólmavík	0	0	0	-13.705	0	-15.076
Guðmundur Karl Tómasso	Grindavík	0	0	0	-29.370	0	-32.307
Guðmundur Þorsteinsson	Grindavík	-810.000	0	0	-140.554	0	-259.909
Guðrún sf.	Ólafsfjörður	0	0	0	-18.500	0	-20.350
Gunnar Karl Garðarsson	Bíldudalur	0	0	0	30.000	0	33.000
Gunnar Sveinsson	Skagaströnd	0	0	0	85.898	0	94.488
Gunnar Örn Ólafsson	Garðabær	0	0	0	-55.967	0	-61.564
Gunnlaugur Ólafsson	Vestmannaeyjar	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Gunnvör h.f.	Ísafjörður	0	0	0	39.887	0	43.876
Gylfi Sigurðsson	Skagaströnd	0	0	0	-77.300	0	-85.030
Háanes h/f	Patreksfjörður	0	0	0	-51.828	0	-57.011
Hafboði h/f	Hafnarfjörður	0	0	0	101.000	0	111.100
Hafnarnes h.f.	Þorlákshöfn	-1.398.000	0	9.531	0	0	-45.161
Hafnfirðingur h.f.	Hafnarfjörður	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Hafsteinn Guðmundsson	Hólmavík	0	0	0	4.109	0	4.520

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Hafsúlan h.f.	Hvammstangi	0	0	0	-2.000	0	-2.200
Haförninn h/f	Akranes	0	0	0	-7.921	0	-8.713
Halldór S. Þórðarson	Keflavík	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	0	0	-800	0	0	-11.464
Haraldur Böðvarsson h.f.	Akranes	4.492.000	-419.000	0	271.370	0	857.327
Haraldur Gíslason	Vestmannaeyjar	0	0	-300	0	0	-4.299
Haraldur Guðmundsson o.	Ólafsvík	0	0	0	-53.100	0	-58.410
Haraldur h.f.	Dalvík	-1.098.000	0	0	-141.655	0	-298.561
Haraldur Traustason	Vestmannaeyjar	0	0	1.600	0	0	22.928
Haukafell s.f.	Höfn	-1.098.000	0	13.801	-4.903	0	49.635
Haukur Runólfsson h.f.	Höfn	1.172.000	0	0	-95.500	0	47.310
Henning Friðriksson	Stokkseyri	0	0	729	-51.720	0	-46.445
Hilmir h.f.	Reykjavík	0	5.600.000	0	-240.000	0	72.000
Hlaðir hf,útgerð	Grenivík	-504.000	0	0	50.000	0	-10.520
Hleðra h/f	Hafnarfjörður	0	0	0	25.481	0	28.029
Hlein h/f	Hólmavík	0	0	0	15.763	0	17.339
Hólanes h/f	Skagaströnd	0	0	0	-122.540	0	-134.794
Hólmaborg h/f	Eskifjörður	0	7.584.000	0	143.867	0	613.294
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	0	0	0	111.516	0	122.668
Hólmar V. Gunnarsson	Þorlákshöfn	0	0	-13.069	-22.424	0	-211.945
Hólmgrímur Sigvaldason	Þingeyri	0	0	-3.454	5.280	0	-43.688
Hólmur h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	0	195.362	84.006
Hóp h.f.	Grindavík	-592.000	0	0	56.554	0	-14.751
Hópsnes h.f.	Grindavík	25.000	0	2.000	-70.000	0	-45.090
Hraðfr.h. Eskifjarðar h.f.	Eskifjörður	1.746.000	1.807.000	0	98.979	0	444.277
Hraðfr.h. Norðurtangi h.f.	Ísafjörður	0	0	0	-7.931	0	-8.724
Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarða	Fáskrúðsfjörður	0	0	0	-157.486	0	-173.235
Hraðfrystihús Hellissands	Hellissandur	0	0	0	219.538	0	241.492

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Hrafn Oddsson og fl.	Vestmannaeyjar	0	0	971	0	0	13.914
Hreinn flutningur aflamarks á milli fyrirtækja fiskveiðiárinu 1.september 1991 - 31.ágúst 1992							
Hrísey h.f.	Höfn	0	0	2.340	-160.767	0	-143.312
Hrói h.f.	Ólafsvík	0	0	0	120.000	0	132.000
Hrólfur Gunnarsson	Reykjavík	0	0	0	-5.604	0	-6.164
Hrönn h.f.	Ísafjörður	0	0	0	-75.000	0	-82.500
Huginn h.f.	Vestmannaeyjar	0	-1.670.000	0	167.160	0	83.676
Húnaröst h.f.	Reykjavík	0	1.766.000	0	-121.130	0	-27.283
Höfðavík h/f	Hólmavík	0	0	0	-101.727	0	-111.900
Höfði h.f.	Húsavík	0	0	0	605.841	0	666.425
Hörgeyri hf	Vestmannaeyjar	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Ingimundur h/f	Reykjavík	-2.196.000	4.000.000	0	1.148.099	0	1.217.429
Ingimundur Ingimundarso	Reykjavík	0	2.250.000	0	-157.606	0	-38.367
Ísfélag Vestmannaeyja hf	Vestmannaeyjar	1.870.000	5.380.000	4.167	-814.451	0	-270.283
Ísleifur h.f.	Vestmannaeyjar	2.787.000	5.672.000	0	-308.000	0	363.830
Ísnes h.f.	Keflavík	0	0	1.073	638	0	16.078
Jens Óskarsson o.fl.	Grindavík	0	0	0	36.538	0	40.192
Jóhann Sigurbjörnsson	Hrísey	0	0	0	-6.217	0	-6.839
Jón G.Helgason o.fl.	Höfn	-1.349.000	0	7.955	-16.813	0	-79.869
Jón Ísfeld Karlsson	Garðabær	0	0	0	-61.738	0	-67.912
Jón Rafn Oddsson	Ísafjörður	0	0	0	10.000	0	11.000
Jón Traustason	Akranes	0	0	0	-31.500	0	-34.650
Júpíter h/f	Bolungavík	0	3.621.000	0	14.604	0	233.324
Jökull h.f.	Skagaströnd	0	0	0	-19.492	240.000	81.759
Karl Sigurður Njálsson	Garður	0	0	0	2.736	0	3.010
Keflavík h.f.	Sandgerði	344.000	-2.000.000	0	-166.306	0	-258.217
Kleifar h.f.	Vestmannaeyjar	0	0	9.813	-57.263	0	77.631
Knarrareyri h/f	Húsavík	0	0	8.220	-59.032	0	52.857

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Konráð Guðmundur Egger	Ísafjörður	0	0	0	220	0	242
Korri h.f.	Húsavík	-1.220.000	0	0	567.085	0	465.194
Kristinn J. Friðþjófsson	Hellissandur	-1.098.000	0	0	30.000	0	-109.740
Kristinn S. Kristinsson	Kópavogur	0	0	3.640	0	0	52.161
Kristján Guðmundsson h/f	Hellissandur	-3.538.000	0	-9.289	-283.100	375.231	-743.112
Krossey h.f.	Höfn	0	0	3.000	-31.530	0	8.307
Langanes h/f	Húsavík	0	-11.285.000	0	440.797	0	-192.223
Lárus Guðmundsson	Grundarfjörður	0	0	0	-16.084	0	-17.692
Ljósavík H.F.	Þorlákshöfn	0	0	0	-235.000	0	-258.500
Magnús Gamalíelsson h.f.	Ólafsfjörður	0	0	0	54.524	0	59.976
Magnús Snorrason	Bolungavík	0	0	0	-67.500	0	-74.250
Markós h/f,Útgerð	Þorlákshöfn	0	0	0	-12.751	0	-14.026
Marver h.f.	Stokkseyri	0	0	6.720	-50.890	0	40.319
Meleyri h.f.	Hvammstangi	0	0	0	-368.640	0	-405.504
Miðfell h.f.	Hnífsdalur	0	0	0	7.710	0	8.481
Miðnes h.f.	Sandgerði	0	0	1.019	0	0	14.602
Muggur h/f	Hvammstangi	0	0	0	-1.054.040	0	-1.159.444
Mummi h/f	Njarðvík	0	0	0	-62.312	0	-68.543
Nafir h/f	Grenivík	0	0	0	22.737	0	25.011
Nafn aðila	Útgerðarstaður	(kíló)	(kíló)	(kíló)	(kíló)	(kíló)	(kíló)
Naustavík s/f	Akureyri	0	0	0	-14.000	0	-15.400
Nesver s/f	Hellissandur	0	0	0	41.500	0	45.650
Njáll h/f	Garður	-1.098.000	0	1.100	-64.956	0	-198.429
Njörður h.f.	Hrísey	-1.098.000	0	0	-173.382	0	-333.460
Nökkvi hf	Blönduós	0	0	0	48.070	0	52.877
Nökkvi s/f	Ísafjörður	0	0	0	-28.423	0	-31.265
Oddeyrin h/f	Akureyri	0	0	0	-173.394	0	-190.733
Oddi h/f	Patreksfjörður	0	0	0	-122.389	0	-134.628

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.fgildi (kíló)
Ólafur Guðjón Eyjólfsson	Ísafjörður	0	0	0	-27.289	0	-30.018
Ós h.f.	Vestmannaeyjar	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Óskar Ingibersson	Keflavík	-1.220.000	0	0	0	0	-158.600
Óskar Þórhallsson	Keflavík	-222.000	0	0	23.429	0	-3.088
Otur h.f.	Dalvík	0	0	0	41.125	0	45.238
Pétur Runólfsson	Bolungavík	0	0	0	89.044	-195.362	13.943
Pétur Stefánsson	Kópavogur	0	-14.420.000	0	897.435	0	121.979
Pólarsíld h.f.	Fáskrúðsfjörður	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Ragnar G. Ragnarsson	Keflavík	0	0	0	-19.600	0	-21.560
Rán h.f.	Dalvík	0	0	0	101.000	0	111.100
Reykey h/f Útgerðarfélag	Patreksfjörður	0	0	0	-63.698	179.960	7.315
Reynir Jóhannsson	Grindavík	4.820.000	900.000	0	159.201	0	855.721
Rif hf	Hrísey	0	0	0	133.421	0	146.763
Runólfur Hallfreðsson	Akranes	329.000	2.104.000	0	-26.000	0	140.410
Rækjan H.F.	Hólmavík	0	0	0	10.245	0	11.270
Rækjunes/Bjögvin h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	0	129.690	55.767
Rækjuver h.f.	Bíldudalur	0	0	0	-3.942	0	-4.336
Saltver h.f.	Keflavík	122.000	0	0	-30.867	0	-18.094
Samherji h.f.	Akureyri	-1.220.000	0	0	-394.976	0	-593.074
Samúel Kristjánsson	Súðavík	0	0	0	33.800	0	37.180
Selháls s.f.	Grindavík	0	0	-1.798	0	0	-25.765
Selnes H.F.	Breiðdalsvík	0	0	0	29.562	0	32.518
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	0	0	0	126.000	0	138.600
Sigluberg h/f	Grindavík	16.319.000	-1.235.000	0	-488.595	0	1.509.916
Sigurbjörg Jónsdóttir	Hólmavík	0	0	0	-2.320	0	-2.552
Sigurbjörn s.f.	Grímsey	0	0	0	95.300	0	104.830
Sigurður Ágústsson h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	219.000	459.987	438.694
Sigurður Bjarni Hjartar	Bolungavík	0	0	0	-1.300	0	-1.430

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Sigurður Ólafsson h.f.	Höfn	460.000	0	2.877	0	0	101.027
Sigvaldi Þorleifsson h/f	Ólafsfjörður	0	0	0	-122.000	0	-134.200
Sildarvinnslan h.f.	Neskaupstaður	5.031.000	-1.852.000	0	-77.664	0	457.480
Sjávarborg h.f.	Kópavogur	0	0	0	389.500	0	428.450
Sjófang h.f.	Reykjavík	-528.000	0	0	-54.500	0	-128.590
Skagstrendingur h.f.	Skagaströnd	0	0	6.156	28.050	0	119.070
Skinney h.f.	Höfn	632.000	0	781	-113.250	0	-31.223
Snorri Snorrason	Dalvík	0	0	0	236.700	0	260.370
Snæbjörn Árnason	Bíldudalur	0	0	0	0	0	0
Snæfell s.f.	Vestmannaeyjar	-955.000	0	0	0	0	-124.150
Soffanías Cecilsson	Grundarfjörður	0	0	0	-49.954	0	-54.949
Sólbakki hf	Keflavík	2.440.000	-2.421.000	0	91.308	0	272.379
Sólborg h.f.	Fáskrúðsfjörður	-1.098.000	0	0	91.761	0	-41.803
Sólborg hf.	Stykkishólmur	0	0	0	401	-179.690	-76.826
Sólrún h.f.	Akureyri	0	0	0	-56.460	0	-62.106
Stafnes h/f	Keflavík	-1.220.000	0	0	-160.975	0	-335.673
Stefán Einarsson	Seltjarnarnes	0	0	4.065	0	0	58.251
Stefán Rögnvaldsson h.f.	Dalvík	0	0	0	111.500	0	122.650
Steinbjörg h.f.útgerð	Tálknafjörður	0	0	0	-24.659	0	-27.125
Steinunn h.f.	Ólafsvík	0	0	0	22.000	0	24.200
Stígandi h/f	Vestmannaeyjar	-1.098.000	0	-8.000	0	0	-257.380
Straumnes h/f	Patreksfjörður	0	0	0	-27.672	0	-30.439
Súlan h/f	Akureyri	0	900.000	0	172.500	0	243.750
Sund hf,hraðfrystihús	Ísafjörður	-894.000	0	0	15.500	0	-99.170
Svanur h/f	Stykkishólmur	-1.135.000	0	0	0	141.498	-86.706
Sveinn Björnsson o.fl.	Garður	0	0	0	-2.736	0	-3.010
Sveinn S. Steinarsson	Reykjavík	0	0	4.012	0	0	57.492
Sverrir Garðarsson	Bíldudalur	0	0	0	-30.000	0	-33.000

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Sædís h.f.	Ólafsfjörður	-2.196.000	0	0	402.003	0	156.723
Sædór h.f., Siglufirði	Reykjavík	0	0	0	-13.900	0	-15.290
Sæfell h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	1.560	-96.000	-39.564
Sæhamar h/f	Vestmannaeyjar	1.252.000	0	0	-87.871	0	66.102
Særún h/f	Blönduós	122.000	0	0	141.040	0	171.004
Tindfell h/f	Ólafsvík	0	0	0	138.240	0	152.064
Togaraútgerð Ísafjarðar h/	Ísafjörður	0	0	0	-10.000	0	-11.000
Tómas Sæmundsson	Reykjavík	0	0	-242	0	0	-3.468
Trausti s.f.	Akureyri	0	0	0	59.000	0	64.900
Tryggvi Guðmundsson	Ísafjörður	0	0	0	20.000	0	22.000
Tungufell h.f.,útgerðarféla	Ólafsvík	664.000	0	0	-13.000	0	72.020
Ufsaberg h.f.	Vestmannaeyjar	2.714.000	2.408.000	0	-167.233	0	313.344
Útg.félagið Njörður h.f.	Kópavogur	0	-1.411.000	5.583	-19.500	0	-26.106
Útg.félagið Vísir h.f.	Sandgerði	-70.000	0	0	167.000	0	174.600
Útgerð Arnars h.f.	Stykkishólmur	0	0	0	0	72.100	31.003
Útgerðarfél. Jökull s.f.	Sauðárkrókur	0	0	0	86.086	0	94.695
Útgerðarfélag K.E.A.	Hrísey	0	0	0	-224.817	0	-247.299
Útgerðarfélag Patreksfjarð	Patreksfjörður	0	0	0	-71.956	0	-79.152
Útgerðarfélagið Barðinn h	Kópavogur	-2.196.000	0	0	241.590	0	-19.731
Útgerðarfélagið Drífa	Vestmannaeyjar	0	0	1.200	0	0	17.196
Útnes h.f.	Hellissandur	0	0	0	83.962	0	92.358
Valafell h.f.	Ólafsvík	0	0	0	69.000	0	75.900
Valdimar E.Geirsson	Akranes	0	0	0	-2.802	0	-3.082
Valdimar h.f.	Vogar	-1.426.000	0	0	215.335	0	51.489
Valeik h.f.	Ólafsfjörður	0	0	0	-16.175	0	-17.793
Valtýr Þorsteinsson h.f.	Akureyri	0	1.311.000	0	115.000	0	205.160
Varkollur h.f.	Ólafsvík	-664.000	0	0	-35.000	0	-124.820
Vík s.f.	Skagaströnd	0	0	0	-92.366	0	-101.603

TAFLA 2

Hreinn flutningur á aflamarki sérveiðitegunda milli aðila á fiskveiðiárinu
1. september 1991 - 31. ágúst 1992

Nafn aðila	Útgerðarstaður	Síld (kíló)	Loðna (kíló)	Humar (kíló)	Rækja (kíló)	Skel (kíló)	Þ.ígildi (kíló)
Víkurhraun h.f.	Grindavík	0	0	0	-61.538	0	-67.692
Vinnslustöðin hf	Vestmannaeyjar	4.916.000	1.071.000	10.642	-211.687	0	622.984
Vísir h.f.	Grindavík	-2.200.000	0	8.043	-10.172	0	-181.933
Ýmir h/f	Bíldudalur	0	0	0	0	0	0
Þinganes h.f.	Höfn	-2.290.000	0	4.000	37.395	0	-199.246
Þorbjörn h.f.	Grindavík	519.000	0	0	-279.794	0	-240.303
Þórdís hf.útgerðarfélag	Blönduós	0	0	0	73.640	0	81.004
Þórður Jónsson h/f,útgerð	Bíldudalur	0	0	0	0	44.444	19.111
Þórður Rafn Sigurðsson	Vestmannaeyjar	-1.098.000	0	0	0	0	-142.740
Þórir h/f	Vestmannaeyjar	0	0	-4.971	0	0	-71.234
Þormóður rammi h.f.	Siglufjörður	0	-17.107.000	0	-246.629	0	-1.297.712
Þórsberg h/f	Tálknafjörður	0	0	0	-137.716	0	-151.488
Þórsnes h.f.	Stykkishólmur	-2.306.000	0	0	153.000	-692.816	-429.391
Þróttur h.f.	Grindavík	606.000	6.583.000	0	64.242	0	544.426
Örn Hjörleifsson	Hellissandur	0	0	0	-4.204	0	-4.624
Öxl h.f.	Grindavík	0	0	-9.073	0	0	-130.016

789. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er samþykkur því að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Minni hlutinn hafði vænst þess að hægt yrði að ná samkomulagi um þau ágreiningsmál sem uppi voru um málið en því miður hefur það ekki tekist. Minni hlutinn flytur því allar sömu breytingartillögur og komu fram frá honum við umfjöllun málsins á síðasta þingi. Þau efnisatriði, sem minni hluti nefndarinnar gerir athugasemdir við, eru eftirfarandi:

1. Sala eigna.
   Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að veita heimild til að selja allt fyrirtækið. Eðlilegt er að í upphafi sé gefin heimild til að selja allt að 40% af hlutafénu, en ríkisstjórnin þurfi að fá heimild Alþingis til að selja meira og jafnframt til sölu á einstökum verksmiðjum. Verksmiðjurnar skipta miklu máli fyrir afkomu fólks á þeim stöðum þar sem þær eru. Minni hlutinn telur eðlilegt að áður en ákvarðanir eru teknar um að selja meiri hluta félagsins eða einstakar verksmiðjur sé skylt að leita samþykkis Alþingis.
2. Kjör stjórnar.
   Minni hlutinn telur að eðlilegt sé að Alþingi kjósi stjórnarmenn fyrirtækisins sem eignarhlutur ríkisins gefur rétt til, svo lengi sem ríkið á meiri hluta í fyrirtækinu.
3. Efnahagsreikningur og skattaleg staða.
   Ekkert liggur fyrir um hvert er mat á eignum fyrirtækisins. Eðlilegast hefði verið að áður en málið er afgreitt sé kynntur upphafsefnahagsreikningur hins nýja fyrirtækis. Jafnframt er eðlilegt að félagið yfirtaki rekstrartöp Síldarverksmiðja ríkisins frá fyrri árum. Þótt heimild sé veitt fyrir fjármálaráðherra að yfirtaka hluta af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins liggur ekkert fyrir um hvort sú heimild verður notuð. Vonandi getur fyrirtækið greitt skuldir sínar sjálft án þess að ríkið komi þar til. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga hafnarmannvirki sem aðrar verksmiðjur hafa ekki þurft að byggja. Ríkið hefur þurft að kosta til þeirra mannvirkja í gegnum tíðina og væri eðlilegt að þessi hafnarmannvirki væru keypt þannig að staða Síldarverksmiðja ríkisins væri svipuð og gerist um aðrar verksmiðjur í landinu.
4. Samstarf við heimamenn.
   Ávallt koma upp margvísleg samstarfsmál þar sem staðbundin þekking verður að vera fyrir hendi og því er nauðsynlegt að í samþykktum félagsins séu ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd. Það þarf að tryggja að heimamenn komi að stjórn fyrirtækisins og hafi þar eðlileg ítök. Það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna byggðarlaganna heldur jafnframt fyrir fyrirtækið sem heild.
5. Réttindi starfsmanna.
   Verulegur ágreiningur hefur verið uppi um réttindi starfsmanna. Í því sambandi vísast til greinargerðar sem fylgir með nefndarálitinu. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því við umfjöllun þess á síðasta þingi að fá að ræða við fulltrúa BSRB áður en frumvarpið væri afgreitt frá nefnd. Því var hafnað og vilyrði gefin um slíkar viðræður síðar. Þær viðræður fóru fram og í þeim kom í ljós alger andstaða fulltrúa BSRB við þessa meðferð á réttindamálum starfsmanna SR. Minni hluti nefndarinn-

ar leggur því til að 7. gr. frumvarpsins falli niður og leitað verði samninga við starfsmenn um þessi ágreiningsmál.

Minni hluti nefndarinnar flytur breytingartillögur á þskj. 797 og að þeim samþykktum getur hann fallist á að styðja frumvarpið. Fulltrúi samtaka um Kvennalista, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 22. mars 1993.

Jóhann Ársælsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Stefán Guðmundsson.

Með nefndarálitinu í þingskjalinu (lausaskjalinu) voru birt tólf fylgiskjöl. Um þau fylgiskjöl vísast til þskj. 872 [202. mál] bls. 5172–5181, 5183, 5185–5209 í A-deild Alþt. 1991–92.

Í fskj. I í þskj. 789 (lausaskjalinu) voru að auki þrjár töflur:

Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda:

Móttaka loðnuverksmiðja á haustvertíð 1992.

	Mótt. tonn
F&L, Grindavík	8.096
Njörður, Sandgerði	
Faxamjöl, Reykjavík	170
H. Böðvarsson, Akranesi	16.705
E. Guðfinnsson, Bolungarvík	324
SR, Siglufirði	40.685
Hrh. Ólafsfjarðar	108
Krossanes, Akureyri	17.667
SR, Raufarhöfn	29.878
Hst. Þórshafnar	15.945
Lón, Vopnafirði	3.269
Hafsíld, Seyðisfirði	2.312
SR, Seyðisfirði	22.638
SV, Neskaupstað	28.395
Hraðfrysihús Eskifjarðar	22.840
SR, Reyðarfirði	1.517
Höfn, Hornafirði	
FES, Vestmannaeyjum	875
FIVE, Vestmannaeyjum	1.109
Færeyjar	
Löndun frá síðustu skýrslu	
* Endanleg löndunartala ekki tiltæk	
Móttekin tonn	212.533
Haustvertíð	212.533
Heidarveiði á loðnuvertíð 1992–93	
Heildarloðnukvóti	639.597
Eftirstöðvar loðnukvóta	427.172
Landanir erlendra skipa	
SR, Raufarhöfn	2.886
Hst. Þórshöfn	846
Haustvertíð, íslensk og erlend skip	**216.157**

Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda:

Móttaka loðnuverksmiðja á vetrarvertíð 1993.
(19. til 22. mars 1993.)

	Bátur sem hefur landað	Veiði-dagur	Lönd. tonn	Veiði-reitur	St. mótt. tonn	Bátur væntanlegur	Veiði-dagur	Áætl. tonn
F&L, Grindavík					21.064			
Njörður hf.					8.315			
Eyrarmjöl, Þorlákshöfn					1.619			
Faxamjöl, Reykjavík	Keflvíkingur	19/3	301		23.642			
	Faxi	20/3	616					
H. Böðvars. Akranesi	Helga 2	20/3	914	423	20.542			
	Örn	20/3	449	423				
	Keflvíkingur	21/3	395	423				
E. Guðf. Bolungarv.					9.594			
SR, Siglufirði					40.618			
Hrh. Ólafsfjarðar					1.918			
Krossan. Akureyri	Þórður Jónass	21/3	515		11.369			
SR Raufarhöfn					25.400			
Hst. Þórshafnar					13.578			
Lón Vopnafirði					10.057			
Hafs. Seyðisfirði					13.303			
SR, Seyðisfirði					46.986			
SV. Neskaupstað					36.257			
H. Eskifjarðar	Hólmaborg	22/3	434		48.896			
H. Fáskrúðfjaðar					1.710			
SR. Reyðarfirði					20.417			
Ósland hf. Höfn					11.834			
Ísfélag Vestm. hf.					27.021	Guðmundur		850
Vinnslustöðin hf.	Albert	22/3	663	474	40.851			
	Ísleifur	22/3	695	474				
Færeyjar					4.417			
Löndun frá síðustu skýrslu			4.982					850
* Endanleg löndunartala ekki tiltæk								
Móttekin tonn					439.408			
Haustvertíð					212.533			
Vetrarvertíð					439.408			
Heildarafli á loðnuvertíð 1992–93					651.941			
Heildarloðnukvóti					820.000			
Eftirstöðvar loðnukvóta					168.059			
Landanir erlendra skipa								
SR, Raufarhöfn					2.886			
Hst. Þórshöfn					846			
Eskifjörður					541			
SR Seyðisfirði					457			

Síldarverksmiðjur ríkisins:

Loðnuvertíðin 1992–1993.
(24. mars 1993.)

1. Haust 1992

	Loðna (tonn)	Síld (tonn)	Mjöl (tonn)	Lýsi (tonn)
Siglufjörður	40.682		6.798	5.920
Raufarhöfn	32.767		5.641	5.145
Seyðisfjörður	22.636	6.626	5.236	4.204
Reyðarfjörður	1.518		223	195
Samtals S.R.	97.602	6.626	17.898	15.464

Hlutur S.R. í landaðri loðnu af íslenskum skipum á haustvertíð 1992 var 44.6% eða 94.716 tonn af 212.329 tonnum. Meðalverð greitt af S.R. var kr. 4.089 per tonn.

2. Vetur 1993

	Loðna (tonn)	Síld (tonn)	Mjöl (tonn)	Lýsi (tonn)
Siglufjörður	40.619		7.375	2.274
Raufarhöfn	25.400		4.682	1.954
Seyðisfjörður	47.042		8.826	3.243
Reyðarfjörður	20.252		3.634	1.647
Samtals	133.313		24.517	9.118

Hlutur S.R. í landaðri loðnu af íslenskum skipum á vetrarvertíð 1993 var 30.6% eða 132.855 tonn af 434.426 tonnum. Meðalverð greitt af S.R. var kr. 3.624 per tonn.

Vertíðin 1992-93 í heild.

Samtals tók S.R. á móti 227.571 tonni af loðnu á vertíðinni 1992-93 eða 35.2% af heildarmagninu sem varð 646.755 tonn af 820.000 tonna heildarkvóta. Meðalverð, sem S.R. greiddu á vertíðinni var kr 3.820 per tonn.

Hér fer á eftir skrá yfir fylgiskjölin:

I. Umsögn Síldarverksmiðja ríkisins, 12. mars 1992, ásamt fylgigögnum.

II. Umsögn hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps, 7. mars 1992.

III. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, 4. mars 1992.

IV. Umsögn Vélstjórafélags Íslands, 10. mars 1992.

V. Umsögn Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda, 5. mars 1992.

VI. Umsögn hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, 4. mars 1992.

VII. Umsögn Sjómannasambands Íslands, 17. mars 1992.

VIII. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, 10. mars 1992.

IX. Umsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana, 17. febrúar 1992, ásamt fylgigögnum.

X. Álit Almennu málflutningsstofunnar sf. á 7. gr. frumvarps til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins með tilliti til 14. gr. laga nr. 38/1954, 7. apríl 1992.

XI. Bréf sjávarútvegsráðuneytis til Helga Bergs: Skipun nefndar til að endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins, 15. febrúar 1989.

XII. Álit nefndar til að endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins, 11. september 1989, ásamt fylgigögnum.

790. Frumvarp til laga [454. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 1.600 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 2.400 milljónir SDR. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum, sbr. 2. og 3. gr. samþykkta bankans, um 7,2 milljónir SDR og leggja þar af fram allt að jafnvirði 243 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu) á árunum 1993–1995.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 6. gr. samþykkta bankans og bæta við þær grein 6b sem fjalli um sérstaka lánafyrirgreiðslu til Eystrasaltsríkja (BIL-lán) og takast á hendur ábyrgðir í því sambandi að fjárhæð allt að jafnvirði 300 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu).

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 4. og 9. gr. samþykkta bankans, þess eðlis að bankinn miði framvegis reikningshald sitt við evrópsku myntheininguna ecu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur samþykkt þrjár breytingar á samþykktum Norræna fjárfestingarbankans.

Í fyrsta lagi samþykkti ráðherranefndin 11. desember 1991 að auka hlutafé bankans í 2.400 milljónir SDR sem er hækkun um 800 milljónir SDR.

Í öðru lagi samþykkti ráðherranefndin 27. apríl 1992 aðstoð við Eystrasaltsríkin sem annars vegar er fólgin í því að koma á fót tækniaðstoðarsjóði með höfuðstól að fjárhæð 5 milljónir ecu og hins vegar að Norðurlandaríkin ábyrgist að fullu fjárfestingarlán til aðila í Eystrasaltsríkjunum fyrir allt að jafngildi 30 milljóna ecu, en bankanum er falin framkvæmd málsins.

Í þriðja lagi samþykkti ráðherranefndin 14. maí 1992 tillögu um að breyta reikningshaldi bankans á þann veg að framvegis verði miðað við evrópsku mynteininguna ecu í stað þess að miða við sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR. Tekur breytingin gildi 1. mars 1993.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á þessum breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samþykkt ráðherranefndarinnar frá 11. desember 1991 hljóðar þannig:

„Samstarfsráðherrarnir ákváðu að hækka stofnfé Norræna fjárfestingarbankans um 800 milljónir SDR í 2.400 milljónir SDR frá 1. 4. 1993 og að breyta 2. og 3. gr. samþykkta bankans til samræmis við framlagða tillögu (165/91).“

Í tillögunni var gert ráð fyrir að inngreitt hlutafé aðildarríkjanna næmi alls 30 milljónum SDR en aðrar 30 milljónir SDR verði yfirfærðar úr varasjóði bankans. Hluti Íslands í aukningu stofnfjárins um 800 milljónir SDR er 0,9% eða 7,2 milljónir SDR og nemur hluti Íslands í stofnfénu eftir aukninguna 22,8 milljónum SDR. Innborgað stofnfé á árunum 1993–95 nemur samtals 243 þúsundum SDR eða um 22 milljónum króna.

Eftir að reikningseiningu bankans hefur verið breytt úr SDR í ecu verða greiðslur inntar af hendi í ecu og verður þá fjárhæðin í ecu miðað við gengi þessara reikningseininga 1. mars 1993.

Um 2. gr.

Samþykkt ráðherranefndarinnar frá 27. apríl 1992 um aðstoð við Eystrasaltsríkin er fimmþætt. Nafn verkefnisins er skammstafað BIP sem stendur fyrir enska heitið „Baltic Investment Program“. Í fyrsta lagi er það fólgið í því að komið er á fót sérstökum tækniaðstoðarsjóði í vörslu Norræna fjárfestingarbankans og er stofnfé hans að fjárhæð 5 milljónir ecu. Sjóðnum er m.a. ætlað að greiða kostnað við að koma á fót fjárfestingarbönkum í Eystrasaltsríkjunum þremur og hafa þeir þegar verið stofnaðir. Heita þeir Eistneski fjárfestingarbankinn (EstIB), Lettneski fjárfestingarbankinn (LatIB) og Litáíski fjárfestingarbankinn (LIB). Eistneski fjárfestingarbankinn er að hefja starfsemi sína, en unnið er að undirbúningi starfseminnar hjá hinum bönkunum, m.a. með þjálfun starfsfólks o.fl.

Í öðru lagi er settur á fót sérstakur sjóður við Norræna verkefnaútflutningssjóðinn NOPEF að fjárhæð 5 milljónir ecu og skal nota hann til þess að kosta forathuganir og arðsemisútreikninga á fjárfestingum í Eystrasaltsríkjum, fyrst og fremst með undirbúning á sameiginlegum verkefnum þarlendra og norrænna fyrirtækja í huga.

Í þriðja lagi er settur á stofn sérstakur sjóður við Evrópska endurreisnar- og þróunar-

bankann í London EBRD að fjárhæð 5 milljónir ecu og er tilgangur hans að veita styrki til undirbúnings verkefna, einkavæðingar og stjórnunarfræðslu í Eystrasaltsríkjum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að Norðurlandaríkin ábyrgist að fullu lántökur vegna veitingar fjárfestingarlána í Eystrasaltsríkjunum, samtals að fjárhæð 30 milljónir ecu, þar sem fjár verði aflað af Norræna fjárfestingarbankanum, en ráðstöfun þessi er gerð í samráði framangreindra banka og Norræna fjárfestingarbankans. Sérstakur reikningur verður við bankann í þessu sambandi, skammstafaður BIL eftir enska heitinu „Baltic Investment Loans".

Í fimmta lagi er komið á fót sérstökum sjóði hjá EBRD fyrir áhættufjárfestingu sem getur veitt lán til, fjárfest í eða veitt ábyrgðir til fjárfestinga í Eystrasaltsríkjunum. Mun bankinn veita fé úr eigin sjóðum til viðbótar við fé úr hinum sérstaka sjóði og auk þess er gert ráð fyrir að fleiri aðilar komi hér til aðstoðar.

Á lánsfjárlögum ársins 1993 er heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að ábyrgjast lántökur Norræna fjárfestingarbankans samkvæmt framanskráðu, allt að 22 m.kr., en auk þess er nauðsynlegt að afla heimildar Alþingis til að breyta 6. gr. samþykkta bankans og bæta við þær grein 6b, sem fjallar sérstaklega um BIL-þátt Eystrasaltsverkefnisins.

Í 6. gr. samþykktanna bætist við svohljóðandi málsgrein:

„Bankanum er heimilt að veita sérstök fjárfestingarlán (ábyrgðir vegna fjárfestingarlána) til Eystrasaltsríkja samkvæmt gr. 6b allt að fjárhæð er nemur mótvirði 30 milljóna ecu."

Við samþykktirnar bætist ný grein 6b, svohljóðandi:

„Lán og ábyrgðir fyrir lánum sem veitt eru vegna fjárfestinga í Eystrasaltsríkjum má veita að fengnu samþykki stjórnarinnar sem sérstök fjárfestingarlán eða sérstakar ábyrgðir fyrir lánum. Aðildarríkin ábyrgjast að bæta bankanum tap af þessum sökum um allt að 100% að eftirfarandi fjárhæðum:

Danmörk 6,180 milljónir ecu, Finnland 6,720 milljónir ecu, Ísland 0,3 milljónir ecu, Noregur 5,490 milljónir ecu og Svíþjóð 11,310 milljónir ecu. Greiðsla er gjaldkræf að ósk stjórnar í samræmi við samning sem gerður er milli bankans og einstakra aðildarríkja."

Um 3. gr.

Um 3. gr. þarf ekki að hafa mörg orð. Þær breytingar, sem þar er fjallað um, þ.e. breytingar á 2., 4. og 9. gr., eru í því fólgnar að evrópska mynteiningin ecu kemur í stað sérstakra dráttarréttinda Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, SDR, og skilgreiningin á mynteiningunni er byggð á skilgreiningu Evrópubandalagsins.

Sökum vaxandi þýðingar evrópsku mynteiningarinnar á fjármálamörkuðum og fyrir viðskiptavini Norræna fjárfestingarbankans þykir nú rétt að gera þá breytingu að reikningar bankans miðist við hana í stað þess að miðast við SDR. Breytingin tekur gildi frá 1. mars sl. og verður breytingin á reikningum bankans miðuð við hlutfallið milli verðmætis SDR og ecu á þeim degi. Fyrst um sinn nær þessi breyting þó ekki til lána sem bankinn veitir vegna verkefnaútflutnings eða af svokölluðum BIL-reikningi, en aðildarríki bankans ábyrgjast að bæta bankanum tap af þeim lánum um allt að 90%.

Greiðslur aðildarríkjanna vegna hækkunar á stofnfé bankans verða inntar af hendi í ecu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

791. Frumvarp til laga [455. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra getur á sama hátt ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að skipulagi miðhálendis Íslands. Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands var lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarp þetta var byggt á skýrslu um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála og lögð var fram á 113. löggjafarþingi.

Í athugasemdum með frumvarpinu um skipulags- og byggingarmál á miðhálendi landsins eru raktar forsendur þess að talið er nauðsynlegt að setja lagaákvæði um skipulagsmál og byggingareftirlit fyrir miðhálendið. Þar kemur m.a. fram að framkvæmd mála hefur verið tilviljunarkennd og að óvissa ríkir um mörk sveitarfélaga. Ástand þetta er óviðunandi ekki síst í ljósi vaxandi áhuga á útivist og ferðamennsku á miðhálendi Íslands sem getur m.a. leitt til stórfelldra náttúruspjalla á viðkvæmum stöðum ef ekkert er að gert.

Í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tekið fram að „hálendið verði afmarkað og settar reglur um skipulags- og byggingarmál þar".

Leitað hefur verið ýmissa leiða til þess að koma lagi á þessi mál og fá formlegan grundvöll fyrir afgreiðslu byggingarmála miðhálendis. Landsvirkjun hefur t.d. um árabil borið allar sínar framkvæmdir á hálendinu undir Náttúruverndarráð og á síðustu árum hefur Landsvirkjun kynnt skipulagsstjórn ríkisins fyrirhugaðar framkvæmdir. Landsvirkjun áformar í náinni framtíð að leggja 4–500 km háspennulínu m.a. um hálendið, frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar og þaðan suður um að Sigölduvirkjun. Þar sem línan er á svæði innan staðarmarka sveitarfélaga fer um málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum, en hins vegar er óljóst hvernig málsmeðferð skuli hagað þar sem mörk sveitarfélaga eru óljós. Óljóst er t.d. hversu langt inn á hálendið lögsaga sveitarfélaga nær. Auk mannvirkjagerðar opinberra aðila, svo sem raflína og vegarslóða, hafa hvers konar byggingarframkvæmdir á síðustu árum færst í vöxt á hálendinu. Umferð ferðamanna hefur stóraukist og fjallaskálar ýmissa ferðafélaga og björgunarsveita, svo og einstaklinga hafa risið á víð og dreif. Ekki hefur alltaf verið fjallað um byggingar þessar í byggingarnefndum og sveitarstjórnum og sárasjaldan hefur komið til kasta skipulagsstjórnar ríkisins eins og þó er kveðið á um þegar byggt er þar sem skipulagsuppdráttur er ekki fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964.

Allar byggingarframkvæmdir á hálendinu, hvort sem þær eru umfangsmiklar eða minni háttar, breyta umhverfinu. Því er nauðsynlegt að um þær sé fjallað á sama hátt og framkvæmdir innan sveitarfélaga. Þá er ekki síður nauðsynlegt að slík umfjöllun taki mið af heildstæðri skipulagsáætlun er taki til allra þátta núverandi og fyrirhugaðrar landnotkunar.

2. Breyting á gildandi skipulagslögum.

Ágreiningur virðist ekki ríkja um að hefja beri gerð heildstæðra skipulagsáætlana fyrir miðhálendi landsins og að virkt eftirlit þurfi með byggingarframkvæmdum þar og mannvirkjagerð hvers konar. Hins vegar komu fram veigamiklar mótbárur við frumvarpið um stjórn skipulags- og byggingarmála á miðhálendi Íslands sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi. Einkum var andstaða við það ákvæði að setja á fót sérstaka stjórnarnefnd skipulags- og byggingarmála. Sveitarfélög, sem telja sig hafa lögsögu á miðhálendinu, settu fram kröftug mótmæli og telja að verið sé að skerða rétt sveitarfélaga.

Umhverfisráðherra boðaði því til fundar 19. nóvember 1992 með fulltrúum þeirra sveitarfélaga, sem lögsögu eiga að miðhálendi landsins, til að ræða hvernig koma megi á samræmdri stjórn skipulags- og byggingarmála á svæðinu. Á fundinum voru kynntar hugmyndir um breytingar á frumvarpinu í ljósi þeirrar óánægju sem fram var komin. Þá var einnig kynnt sú hugmynd að leggja frumvarpið ekki fram að nýju en leita í þess stað lausna innan ramma gildandi laga. Fram kom á fundinum að sveitarstjórnirnar teldu sig færar um að annast skipulags- og byggingarmál á hálendinu á sama hátt og þær önnuðust þennan málaflokk í byggð. Lögðu sveitarstjórnarmenn á það ríka áherslu að frumvarpið yrði ekki lagt fram að nýju á Alþingi, en í þess stað yrði skoðaður sá möguleiki að gera heildstæða skipulagsáætlun fyrir miðhálendið á grundvelli gildandi skipulagslaga.

Það virðist eðlilegt að slíkt sé gert á grunni lagagreina um samvinnunefndir um skipulagsmál nærliggjandi sveitarfélaga, en slíkar skipulagsáætlanir hafa hlotið nafnið svæðisskipulag og er unnt með vísan til 16., 17., og 18. gr. gildandi skipulagslaga að leita staðfestingar ráðherra á slíkum áætlunum. Til þess að taka af allan vafa um slíka málsmeðferð, m.a. í ljósi þess að skipulag miðhálendis mun aðeins taka til hluta þeirra sveitarfélaga sem land eiga að hálendinu, er nauðsynlegt að gera breytingu á gildandi lögum.

Um skipan samvinnunefnda um gerð svæðisskipulags, eins og slíkar nefndir heita nú, eru í 3. gr. skipulagslaga svohljóðandi ákvæði:

„Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar."

Þar sem 40 sveitarfélög liggja að miðhálendinu mundi þetta þýða að samvinnunefnd

um gerð svæðisskipulags á miðhálendinu yrði skipuð 81 fulltrúa. Það segir sig sjálft að svo stór nefnd mundi eiga í erfiðleikum með að koma málum í framkvæmd. Væri hins vegar unnt að skipa slíka samvinnunefnd með einum fulltrúa frá hverri héraðsnefnd sem hlut á að máli yrði öll framkvæmd viðráðanlegri en ella. Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, eru:

1. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu.
2. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu.
3. Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu.
4. Héraðsnefnd Mýrasýslu.
5. Héraðsnefnd Skagfirðinga.
6. Héraðsnefnd Eyjafjarðarsýslu.
7. Héraðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu.
8. Héraðsnefnd Múlasýslna.
9. Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu.
10. Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.
11. Héraðsnefnd Rangárvallasýslu.
12. Héraðsnefnd Árnessýslu.

Til þess að gera þessa leið mögulega þarf að breyta 3. gr. skipulagslaga þannig að heimilt sé að í samvinnunefnd um svæðisskipulag sitji fulltrúar héraðsnefnda í stað sveitarstjórna og er það lagt til í frumvarpi þessu.

Eitt af fyrstu verkum samvinnunefndar mun verða að skilgreina mörk miðhálendisins á þeim forsendum að þau miðist í aðalatriðum við línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Þá þarf nefndin einnig að skýra að hvaða leyti svæðisskipulag miðhálendisins sé frábrugðið hefðbundnu svæðisskipulagi sem nær til alls lands þeirra sveitarfélaga sem að því standa. Svæðisskipulag miðhálendisins mundi aðeins ná til þess svæðis sem er ofar byggð, þ.e. ofan heimalanda. Enn fremur kæmi vel til greina að nefndin gerði tillögur um mörk sveitarfélaga á miðhálendinu í þeim tilvikum þar sem mörk eru á einhvern hátt óljós. Þannig yrði lagður frekari grunnur að framkvæmd og eftirliti sveitarstjórna með skipulags- og byggingarmálum á miðhálendi Íslands.

Í febrúar 1990 voru prentuð sem handrit drög Landmælinga Íslands og embættis skipulagsstjóra ríkisins að skiptingu alls landsins í sveitarfélög. Áður hafði ekki verið gerð tilraun til að skipta öllu miðhálendinu milli sveitarfélaga. Verkefni samvinnunefndarinnar verður m.a. að yfirfara þessi drög með tilliti til miðhálendisins með það að markmiði að niðurstaða fáist sem hægt verði að staðfesta á tilskilinn hátt að fenginni umsögn þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Í svæðisskipulagi miðhálendisins verður kveðið á um þá þætti sem snerta svæðið í heild og tengsl þess við aðra landshluta. Þar er m.a. átt við þætti sem snúa að samgöngum, orkuveitum, fjarskiptum, landnotkun og landnýtingu, náttúruvernd og ferðamálum.

Í svæðisskipulaginu verður tekin afstaða til skipulags á friðlýstum svæðum og öðrum svæðum og stöðum þar sem slíkt er talið nauðsynlegt t.d. vegna náttúrufars, söguhelgi og áningar ferðamanna. Þetta á bæði við um þá staði sem nú þegar eru mikið sóttir, svo sem Hveravelli, Nýjadal, Kerlingarfjöll og Landmannalaugar, sem og aðra staði sem tillaga yrði gerð um. Sérstaklega verða afmörkuð þau svæði þar sem gera verður deiliskipulag áður en til framkvæmda kemur. Þar verður kveðið nánar á um fyrirkomulag byggðar, fjallaskála, virkjunarmannvirki, ferðaþjónustu o.fl.

Farið yrði með tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins samkvæmt gildandi skipulagslögum og reglugerð. Þegar samvinnunefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipu-

lagi ásamt rökstuddri greinargerð mun tillagan verða send hlutaðeigandi sveitarstjórnum til umfjöllunar. Ef sveitarstjórnir vilja gera athugasemd við tillöguna senda þær hana samvinnunefnd sem vinnur úr þeim athugasemdum sem berast. Samvinnunefnd óskar að því loknu eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa tillöguna skv. 17. og 18. gr. skipulagslaga. Hafi einhver sveitarstjórn gert breytingartillögu sem samvinnunefnd getur ekki fallist á boðar skipulagsstjórn til fundar með samvinnunefnd og fulltrúum þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á. Náist ekki samkomulag ákveður skipulagsstjórn hvort tillaga verður lögð fram.

Áætlað er að kostnaður við gerð hálendisskipulags verði u.þ.b. 15 millj. kr. og skiptist á þrjú ár. Þar að auki er reiknað með að kostnaður vegna einstakra sérverkefna (kortagerð, gróðurrannsóknir o.fl.) sem vinna þyrfti í tengslum við skipulagsgerðina gæti numið 5 millj. kr.

Heildarkostnaður yrði samkvæmt því 20 millj. kr. eða 6,7 millj. kr. á ári í þrjú ár. Ef reiknað er með að ríkið greiði helming kostnaðar á móti héraðsnefndunum yrði kostnaður á hverja héraðsnefnd 833 þús. kr. eða 277 þús. kr. á ári í þrjú ár.

Það er mat umhverfisráðherra að flýta beri eins og unnt er skipulagsgerð fyrir miðhálendið og finna þeirri vinnu lögformlegan farveg. Því er hér valið, m.a. samkvæmt óskum sveitarstjórna sem í hlut eiga, að gera sérstaka breytingu á gildandi skipulagslögum. Ætla má að breyting þessi geti tekið gildi talsvert áður en ný skipulags- og byggingarlög geta orðið að veruleika.

Þá er rétt að taka fram að með þessari lausn er einungis fengist við skipulagsþátt vandans, en eftir er að leita leiða til að styrkja byggingareftirlit á hálendinu. Í gildandi byggingarlögum er heimildarákvæði um svæðisbyggingarnefndir sem einungis er nýtt mjög afmarkað. Til þess að styrkja byggingareftirlit á hálendinu kemur mjög til greina að sveitarfélög myndi svæðisbyggingarnefndir á þessu landsvæði.

Frumvarpið, eins og það birtist hér, var sent skipulagsstjórn ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeim 40 sveitarstjórnum, sem lögsögu eiga á miðhálendinu, til umsagnar. Athugasemdir við þá lagabreytingu, sem lögð er til, bárust aðeins frá þremur sveitarstjórnum, aðrir samþykktu breytingartillöguna eða sáu ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hana.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að kostnaður við gerð hálendisskipulags er áætlaður um 20 m.kr. og að 10 m.kr. komi í hlut ríkissjóðs miðað við jöfn skipti kostnaðar með héraðsnefndum. Fjármálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þetta kostnaðarmat.

792. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins og í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að setja reglugerð um innflutning, sölu, notkun, örugga meðhöndlun og förgun eiturefna og hættulegra efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni umhverfisráðherra í tilefni af framkvæmd Vínarsamningsins um vernd ósonlagsins og Montreal-bókunarinnar sem gerð var 16. september 1987. Umhverfisráðherra hefur ekki lagaheimild til útgáfu reglna til að tryggja framkvæmd samningsins hér á landi. Kveður frumvarpið á um að umhverfisráðherra fái slíka heimild.

Ísland er aðili að Vínarsamningnum um verndun ósonlagsins og Montreal-bókuninni við hann sem gerð var 16. september 1987. Alþingi ályktaði í maí 1989 að heimila ríkisstjórn að staðfesta samninginn og bókunina. Samkvæmt fyrstu ákvæðum Montreal-bókunarinnar skuldbinda aðildarþjóðir sig til að draga úr notkun tilgreindra klórflúorkolefna um 20% fyrir árið 1993 og um 50% fyrir árið 1998 miðað við notkun árið 1986 og jafnframt að tryggja að notkun svokallaðra halóna verði ekki meiri í viðkomandi löndum árið 1992 en hún var 1986. Í ljósi nýrra upplýsinga um ástand ósonlagsins var ákveðið á fundum aðildarríkja samningsins í Lundúnum í maí 1990 og í Kaupmannahöfn í nóvember 1992 að herða verulega ákvæði Montreal-bókunarinnar.

Tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda þær breytingar við Montreal-bókunina, sem samþykktar voru í Lundúnum, hefur verið lögð fram á þessu löggjafarþingi en búið er að uppfylla þær skuldbindingar sem breytingar þessar kveða á um. Breytingin á Montreal-bókuninni, sem gerð var í Kaupmannahöfn 1992, felur í sér að banni við notkun tiltekinnar klórflúorkolefna var flýtt um fjögur ár. Í stað þess að miða við 1. janúar árið 2000 er nú miðað við 1. janúar 1996. Jafnframt skal notkunin hafa dregist saman um 75% fyrir 1. janúar 1994 miðað við notkun árið 1996. Notkun halóna verður ekki heimil eftir 1. janúar 1994 en áður var miðað við að bannið tæki gildi árið 2000.

Íslendingar hafa verið í hópi þeirra þjóða sem mesta áherslu hafa lagt á að draga úr notkun ósoneyðandi efna og hefur verulegur árangur náðst hér á landi á því sviði. Til að Íslendingar geti uppfyllt þær skuldbindingar, sem nú felast í Montreal-bókuninni, þarf að setja nýjar reglur um notkun ósoneyðandi efna sem samræmast síðustu breytingum á samningnum. Eðlilegt er að umhverfisráðherra setji slíkar reglur þar sem framkvæmd samningsins er á verksviði umhverfisráðuneytisins. Þótt umhverfisráðuneytið fari með mál

sem varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og á legi samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, ásamt síðari breytingum, skortir umhverfisráðherra lagaheimild til að setja nauðsynlegar reglur um notkun ósoneyðandi efna.

Lagabreytingin, sem hér er lögð til, miðar að því að veita umhverfisráðherra slíka heimild. Búið er að leggja drög að reglugerð um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna sem sett verður á grundvelli laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ef frumvarp þetta verður samþykkt. Brýnt er vegna þeirra mörgu aðila sem hagsmuna hafa að gæta vegna innflutnings og sölu á ósoneyðandi efnum að reglugerðin verði kynnt sem allra fyrst. Stefnt er að gildistöku hennar eigi síðar en um mitt ár 1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umhverfisráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerð samkvæmt lögum um eiturefni og önnur hætturleg efni. Tilgangur heimildar þessarar er sá að hægt verði að framkvæma þá þætti mengunarvarna sem tengjast innflutningi, sölu og notkun á hættulegum efnum og efnasamböndum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. á ósonlagið svokallaða. Með þessu er m.a. átt við að efni verði skilgreind sem hættuleg efni, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, feli notkun þeirra í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra vegna skaðlegra áhrifa á umhverfið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

793. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um endurreisn urriðastofns í Efra-Sogi og Þingvallavatni.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðni Ágústsson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að setja á fót nefnd til að meta með hvaða hætti er kleift að endurreisa urriðastofninn og urriðaveiði í Efra-Sogi og Þingvallavatni.

Nefndin skal m.a. meta hvort unnt sé að opna aftur fyrir rennsli Sogsins í hinum náttúrulega árfarvegi milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns að hluta eða öllu leyti en í farveginum og aðdraganda hans voru áður mikilvægustu hrygningar- og uppeldissvæði urriðans í vatnakerfi Þingvallavatns.

Greinargerð.

Þingvallavatn og vatnakerfi þess eru efalítið ein dýrmætasta perlan í íslenskri náttúru. Á síðustu árum hafa miklar alþjóðlegar rannsóknir verið gerðar á lífríki vatnsins undir stjórn Péturs M. Jónassonar, prófessors við Kaupmannahafnarháskóla. Mikil þekking hefur safnast saman um lífið í vatninu og hafa niðurstöður verið birtar í fjölda tímarita og veglegri bók sem hlotið hefur góðar undirtektir. Fá stöðuvötn hafa verið eins ítarlega rannsökuð í heiminum og Þingvallavatn.

Í líffræðilegu tilliti hefur vatnið alþjóðlegt gildi, m.a. vegna þess að það er hið eina í heiminum, svo vitað sé, þar sem fjögur vel aðgreind afbrigði bleikju *(Salvelinus alp-*

inus), murta, sílableikja, kuðungableikja og dvergbleikja, hafa þróast. Jafnframt er Þingvallavatn mjög gjöfult veiðivatn og hefur afli sum árin náð 10 kg á hektara sem er mikill afrakstur og með því hæsta sem þekkist í vatni á norðlægum slóðum. Uppistaðan í veiðinni er murtan sem er langalgengasta bleikjuafbrigðið og á síðustu 30 árum hefur aflinn oftast verið á bilinu 40–70 tonn. Hins vegar eru talsverð áraskipti í aflabrögðum, og þannig féll murtuafli í tvígang niður í 10 tonn, á tímabilinu 1967–1968 og frá 1986 fram til þessa dags. Frá upphafi aldarinnar hefur murtuveiði verið umtalsverð búbót fyrir bændur í kringum vatnið.

Auk bleikjunnar í Þingvallavatni þreifst til langs tíma víðfrægur urriðastofn *(Salmo trutta)* í Efra-Sogi þar sem hið tilkomumikla afrennsli Þingvallavatns lá áður fyrr niður í Úlfljótsvatn. Svo gott veiðiorð fór af Efra-Soginu að þegar á miðri 19. öld sældust efnamiklir útlendingar eftir veiðiréttindum í afrennslinu. Á tímabilinu 1860–1917 var veiðirétturinn í höndum Breta og Dana sem komu hingað á hverju sumri til silungsveiða, og sóttust þeir einkum eftir stórurriðanum. Urriðinn í Efra-Sogi náði fáheyrðri stærð og veiðibækur staðfesta að urriðar milli 20 og 30 pund hafi verið tíðir í veiðinni. Skýringar vísindamanna á hinni miklu urriðaveiði eru einkum þær að í og við Efra-Sog hafi verið hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir hrygningu og uppvöxt urriðans og er sérstaklega vísað til botngerðarinnar með breytilegum grófleika malar, mikils og stríðs straums sem þó var mismunandi vegna fjölbreytileika í stærð botngrjótsins og síðast en ekki síst gífurlegrar mergðar af bitmýi (Similium vittatum) sem urriðinn er þekktur fyrir að sækja í. Straumvatn er forsenda fyrir þroskun bæði urriðahrogna og bitmýs.

Árið 1959 var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns á milli Kaldárhöfða og Dráttarhlíðar þvergirt með miðlunarstíflu og virkjunin í Steingrímsstöð tekin í notkun. Með þessum aðgerðum þurrkaðist árfarvegurinn í Efra-Soginu nánast alveg upp, bitmýið hvarf og urriðinn var sviptur öllum helstu forsendum fyrir góðum þrifum. Á þjóðhátíðardaginn 1959 urðu enn kaflaskil. Þann dag brast varnargarður fyrir framan inntaksgöngin í Steingrímsstöð og vatnsflaumur með tvöföldu magni Sogsins æddi niður í gegnum göngin og út í Úlfljótsvatn. Við þetta rask hurfu líklega síðustu leifar af riðastöðvum urriðans við útfallið sem hefðu getað haldið uppi einhverjum hluta urriðastofnsins við mynni Efra-Sogsins.

Það leikur enginn vafi á því að með virkjun Steingrímsstöðvar og stíflun Efra-Sogs eyðilagðist mikilfenglegt og merkilegt vistkerfi í og við hið náttúrulega útfall milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Eftirsjáin felst ekki eingöngu í fögru umhverfi og gjöfulli veiði á stórum urriða og bleikju. Erfðafræðirannsóknir benda til þess að urriðinn í Þingvallavatni sé af svokölluðu „fyrsta landnámi“, en slíkir stofnar eru á fallanda fæti og fáir eftir í Evrópu. Það eitt sér er talin ærin ástæða til að viðhalda urriðanum. Jafnframt hafa vísindamenn bent á að vistkerfi Sogsins, að urriðanum meðtöldum, hafi átt sinn þátt í árþúsunda þróun hinna sérstæðu bleikjuafbrigða í Þingvallavatni, fjarri íhlutun mannsins. Ekki er hægt að útiloka að stíflun Sogsins raski þessu náttúrulega ferli. Vísindamenn hafa einnig bent á að urriðinn, sem er mikil fiskiæta, hafi hugsanlega virkað sem hemill á stóra murtuárganga og dregið þannig úr sveiflum í stofnstærð og vaxtarhraða. Þetta samspil tegundanna er reyndar tilgáta sem ekki hefur verið sannreynd. Sé hún rétt má vera að virkjun Efra-Sogs hafi valdið nokkrum búsifjum fyrir murtuveiðibændur. Þá eru ótalin ýmis önnur hugsanleg áhrif á vistkerfi vatnsins, t.d. áhrif snöggra sveiflna á vatnshæð og hækkunar á vatnsborði.

Úrbætur.

Eðlilegt er að leitað sé leiða til að bæta þann skaða sem orðið hefur og grunur leikur á í kjölfar virkjunar á Efra-Sogi. Ýmsir möguleikar koma til greina til að reisa við urriðann sem áður hafðist við í Efra-Sogi og Þingvallavatni og er því nauðsynlegt að skoða þá til hlítar. Að undanförnu hafa líffræðingar á vegum Landsvirkjunar, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og Hólaskóla fjallað um nokkrar leiðir í þessum efnum. Talið er að út frá líffræðilegu sjónarmiði sé nærtækast að kanna möguleika á aðgerðum í og við Efra-Sogið, þar á meðal þann kost að opna á ný fyrir rennsli í gegnum Efra-Sog. Í nefndinni, sem lagt er til að umhverfisráðherra skipi til að meta leiðirnar, er rétt að fulltrúar úr röðum framangreindra stofnana ættu þar sæti ásamt fulltrúum Náttúruverndarráðs, Veiðifélags Þingvallavatns og iðnaðarráðuneytis.

Þótt ætla mætti að efni tillögunnar félli undir svið landbúnaðarráðuneytisins er áhersla hennar á vistfræðilega og líffræðilega verndun. Því er eðlilegt að leggja til að umhverfisráðherra skipi nefndina. Hitt er rétt að árétta að um málið þarf að nást víðtæk samvinna allra viðkomandi ráðuneyta.

794. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að freista þess að ná fram þeim breytingum á lögum um meðferð opinberra mála sem svokölluð nauðgunarmálanefnd lagði til að gerðar yrðu. Eru þær helstar að tryggja endurgjaldslausan aðgang þolenda kynferðisbrota að löglærðum talsmanni, auka tillitssemi í garð brotaþola við málsmeðferð og tryggja greiðslu þeirra bóta sem brotaþola eru dæmdar.

Málið á sér langa forsögu því að 22. maí 1984 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar frá þingkonum Kvennalistans um að skipa nefnd til að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum. Nefndin var skipuð skömmu síðar og samkvæmt erindisbréfi átti hún m.a. að skoða „löggjöf og lagaframkvæmd sem tengist því sviði sem fjallað er um í þingsályktuninni“. Nefndin skilaði tillögum sínum í viðamikilli skýrslu sem út kom árið 1989 og skipti hún tillögunum upp í fjóra meginþætti.

Í fyrsta lagi lagði hún til að gerðar yrðu umtalsverðar breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en sá kafli fjallar um kynferðisbrot. Lagði nefndin reyndar fram frumvarp til slíkra laga. Síðar var unnið mun ítarlegra frumvarp sem lagt var fram þrisvar sinnum áður en lögunum var loks breytt á síðasta þingi.

Í öðru lagi lagði nefndin til að gerðar yrðu talsverðar breytingar á þágildandi lögum um meðferð opinberra mála. Þar lagði hún hins vegar ekki fram neinn frumvarpstexta en taldi rétt að tekin yrði afstaða til meginstefnu áður en farið væri út í frumvarpsgerð. Þótt ný lög um meðferð opinberra mála hafi verið samþykkt á Alþingi 12. mars 1991 vantar enn talsvert upp á að þær réttarbætur, sem nefndin lagði til, hafi náð fram að ganga eins og vikið verður að síðar. Af þeim sökum er þessi þingsályktunartillaga nú flutt.

Í þriðja lagi lagði nefndin til að komið yrði á fót neyðarmóttöku þar sem boðið yrði upp á samræmda og markvissa þjónustu og aðstoð við fórnarlömb kynferðisbrota og annarra ofbeldisbrota. Þessi neyðarmóttaka hefur nú loksins verið sett á stofn og er það fagnaðarefni þó að aðdragandi þess hafi verið langur.

Í fjórða lagi lagði nefndin til að haldin yrðu námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu um áhrif kynferðisbrota á brotaþola og kynnt hvernig best verði staðið að rannsókn og meðferð slíkra mála. Vegna undirbúnings neyðarmóttöku hefur starfsfólk slysadeildar Borgarspítala og Rannsóknarlögreglu ríkisins sótt þjálfunarnámskeið en mikilvægt er að starfsfólk og aðrir, sem að þessum málum koma, eigi kost á reglubundinni endurmenntun. Einnig þarf að gera ráð fyrir þessari fræðslu í grunnnámi starfsfólks heilbrigðisstétta og lögreglumanna.

Markmið flutningsmanna þessarar tillögu er að ýta á eftir þeim réttarbótum sem nefndin lagði til að gerðar yrðu með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála. Í skýrslu nefndarinnar voru þessar tillögur helstar:

1. Að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur.
2. Að vikið verði frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola. Sönnunarfærsla um fyrri kynhegðun brotaþola verði almennt útilokuð nema hún teljist hafa verulega þýðingu í máli sem til umfjöllunar er.
3. Að tilgreint verði tæmandi í lögum hvenær ákæruvaldið megi falla frá saksókn. Einnig verði sett ákvæði um rökstuðning fyrir niðurfellingu í meiri háttar málum og hverjum hún skuli kynnt.
4. Að endurskoðuð verði gildandi lagaákvæði um meðferð mála fyrir dómstólum í því skyni að veita þrotaþolum aukna vernd og stuðning. Þannig öðlist brotaþoli skýlausan rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktun dyrum, heimiluð verði skýrslutaka af brotaþola án návistar hins brotlega og ákveðnar reglur verði settar um fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar um brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til þess að birta þær.
5. Brotaþola verði tryggð greiðsla þeirra bóta sem dómstólar dæma honum eða henni með því að ríkissjóður greiði bæturnar og endurkrefji síðan dómþola.

Sumar þessara tillagna rötuðu með einum eða öðrum hætti inn í þau lög um meðferð opinberra mála sem samþykkt voru á Alþingi árið 1991 og áður er minnst á. Þannig er nú tilgreint í lögunum hvenær falla megi frá saksókn (112.–114. gr.) en ekki er gerð krafa um annan rökstuðning en þann að í tilkynningu ákæranda skuli tiltekið við hvaða lagagrein ákvörðun um niðurfellingu styðjist. Í núgildandi lögum er kveðið á um að dómari geti ákveðið að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum, m.a. til hlífðar brotaþolum (8. gr.), hann geti bannað opinbera frásögn af atriðum sem fram koma í þinghaldi (10. gr.)

og hann geti vikið sakborningi úr þinghaldi meðan skýrsla er tekin af vitni (59. gr.) en ekki er að sjá að brotaþoli eigi nokkra kröfu eða rétt á slíkri tillitssemi. Það er skoðun flutningsmanna að þennan rétt þurfi að skilgreina.

Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um hversu erfitt það hefur reynst fórnarlömbum kynferðisbrota að fá greiddar þær bætur sem þeim eru dæmdar af dómstólum. Virðist það regla fremur en undantekning að slíkar bætur innheimtist bæði seint og illa. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar frá Sólveigu Pétursdóttur o.fl. um að skipuð verði nefnd til að kanna hvort ríkissjóður eigi að ábyrgjast greiðslur slíkra bóta. Að mati flutningsmanna er nauðsynlegt að niðurstaða varðandi þetta atriði liggi fyrir hið fyrsta svo að hægt verði að ganga þannig frá málum að fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis þurfi ekki, ofan á allt annað, að eyða orku, tíma og fjármunum í að eltast við bótagreiðslur frá mönnum sem þau vilja síst af öllu hafa nokkuð saman við að sælda.

Eins og fyrr sagði hefur verið opnuð neyðarmóttaka fyrir fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Neyðarmóttakan er á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og var hún formlega opnuð 8. mars sl., á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Er þetta tvímælalaust stórt skref í þá átt að bæta meðferð þeirra sem fyrir slíku verða en samt er ekki nóg að gert. Á neyðarmóttökunni stendur þeim sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi til boða aðstoð ef þeir ákveða að kæra. Þar verður málsleið skýrð út og Rannsóknarlögreglan kölluð til. Væri það tvímælalaust til að efla þennan þátt starfseminnar og gera neyðarmóttökuna að þeirri réttarbót sem að var stefnt ef starfsfólk neyðarmóttökunnar gæti kallað til löglærðan talsmann sem aðstoðaði þá sem þangað leita, allt frá upphafi máls og þar til niðurstaða dómsyfirvalda lægi fyrir.

Með tillögunni var birtur sem fylgiskjal kafli úr skýrslu nauðgunarmálanefndar, **Rannsókn og meðferð nauðgunarmála**, Reykjavík 1989. Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) og skýrslu nauðgunarmálanefndar, bls. 41–50.

795. Fyrirspurn [459. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsnám í listgreinum.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve margir stunda nú nám erlendis sem skilgreint er sem framhaldsnám í listgreinum (eftir greinum)?
2. Hverjir leggja mat á, og hvernig, hvort um er að ræða nám erlendis sem alls ekki verður stundað á Íslandi?
3. Hve margir sóttu um lán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna til náms í listgreinum erlendis haustið 1992 en fengu ekki úthlutun og á hvaða forsendum var þeim hafnað? Hvernig skiptast þeir á greinar?

4. Eru einhver úrræði fyrir hendi og þá hver fyrir þá sem ekki komast að hjá þeim sérskólum hér á landi þar sem fjöldatakmörkunum er beitt en óska eftir sem áður að stunda nám í við komandi greinum?

Skriflegt svar óskast.

796. Fyrirspurn [460. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda og samsetningu lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem stunda nám í listgreinum erlendis.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hversu margir fengu lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna til náms í listgreinum erlendis og í hvaða greinum
   a. 1991–92,
   b. 1992–93?
2. Hve margir þeirra hófu nám og í hvaða greinum:
   a. 1991–92,
   b. 1992–93?

Skriflegt svar óskast.

797. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (JÁ, HÁ, SJS, StG).

1. 3. gr. orðist svo:

   Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi. Heimilt er að selja allt að 40% hlutafjár, þó ekki fyrstu þrjú árin. Til frekari sölu þarf samþykki Alþingis og jafnframt þarf Alþingi að heimila sölu einstakra verksmiðja.

   Stjórn er skipuð fimm mönnum og skal sá fjöldi stjórnarmanna, sem ríkið á rétt til samkvæmt hlutabréfaeign sinni á hverjum tíma, kosinn hlutfallskosningu á Alþingi svo lengi sem ríkið er meirihlutaeignaraðili. Eftir það tilnefnir sjávarútvegsráðherra stjórnarmenn af hálfu ríkisins.

2. Við 4. gr. bætist við nýr málsliður er orðist svo: Félagið tekur við eftirstöðvum rekstrartaps Síldarverksmiðja ríkisins eins og það verður í lok síðasta rekstrarárs þeirra, sbr. 7. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, og má draga það frá tekjum eftir ákvæðum þeirra laga þar til það hefur verið jafnað.
3. Við 6. gr. bætist við þrír nýir málsliðir er orðist svo: Í samþykktum skal ákveða að í félaginu skuli vera sérstök samstarfsnefnd. Skal nefndin tilnefnd af sveitarstjórnum þar sem félagið rekur framleiðslustarfsemi, einn fulltrúi frá hverri. Nefndin skal vera félagsstjórninni til ráðuneytis um þau málefni er sérstaklega varða hagsmuni þessara sveitarfélaga og tryggja samstarf stjórnar félagsins og viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni skal nefndin halda fundi með stjórn félagsins og framkvæmdastjóra eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
4. Við 7. gr. Greinin falli brott.
5. Við 9. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Fjármálaráðherra er jafnframt heimilt að semja um kaup á hafnarmannvirkjum í eigu Síldarverksmiðja ríkisins.

798. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. mars 1993.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Jóhann Ársælsson.	Jörgína Jónsdóttir.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Vilhjálmur Egilsson.

799. Fyrirspurn [461. mál]

til samgönguráðherra um vegaframkvæmdir í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá Jörgínu Jónsdóttur.

Hvað er fyrirhugað til að bæta akvegasamband þéttbýlisstaðanna í Vestur-Barðastrandarsýslu við ferjuhöfnina á Brjánslæk?

800. Fyrirspurn [462. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuþátttöku kvenna á landsbyggðinni.

Frá Jörgínu Jónsdóttur.

1. Hver eru helstu verkefni sem studd voru með fjárveitingum árið 1992 af fjárlagaliðnum 07-981 Vinnumál 1.70 Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni?
2. Hvernig skiptast þessar fjárveitingar eftir kjördæmum?
3. Hvert er mat ráðuneytisins á gildi þessa verkefnis fyrir atvinnuuppbyggingu kvenna á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.

801. Fyrirspurn [463. mál]

til félagsmálaráðherra um vinnu ungmenna á vínveitingastöðum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Á hvern hátt er fylgst með því að ungmenni, 18 ára og yngri, starfi ekki á vínveitingahúsum, sbr. ákvæði 3. mgr. 58. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna?
2. Hve mikið er um að brotið sé gegn ákvæðum laganna?
3. Hvaða viðurlögum er beitt í málum af þessu tagi?

802. Frumvarp til laga [464. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Slysavarnafélagi Íslands að flytja inn björgunarbát.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands að flytja inn björgunarbát þótt eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu leggur samgöngunefnd til að þrátt fyrir 12 ára aldursmark 21. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, verði Slysavarnafélagi Íslands heimilað að flytja inn björgunarbát. Engin undanþáguheimild er í lögunum frá ákvæði 21. gr.

og þarfnast innflutningur skipa eldri en 12 ára og skráning þeirra hér á landi því sérstakrar lagaheimildar.

Björgunarbáturinn Arwed Emminghaus var smíðaður í Þýskalandi árið 1965 og var staðsettur um árabil í Cuxhaven. Um er að ræða sérsmíðaðan björgunarbát sem hefur aldrei verið notaður til annarra verkefna en björgunarstarfa.

Báturinn var smíðaður fyrir þýska björgunarfélagið Deutsche Gesellschaft zur Rettung Schiffbrüchiger með sérstöku leyfi ríkisstjórnar Þýskalands, en var tekinn úr notkun félagsins í lok janúar sl.

803. Frumvarp til laga [465. mál]

um kynningu á efni reglugerða sem fela í sér fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð og sveitarfélög.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Feli frumvarp til laga, sem lagt er fram á Alþingi, í sér heimild til ráðherra að setja reglugerð skal frumvarpinu fylgja greinargerð um efni hennar og skýring á þeim fjárskuldbindingum og fjárútlátum sem af kunna að hljótast fyrir ríki og sveitarfélög.

2. gr.

Þegar ráðherra hefur staðfest reglugerð og hún verið birt í Stjórnartíðindum skal fjármálaráðherra láta meta þær fjárskuldbindingar og fjárútlát fyrir ríki og sveitarfélög sem í henni felast. Ráðherra skal gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir þessu mati með skýrslu innan átta vikna frá því að reglugerðin var birt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alþingi markaði þá stefnu með setningu nýrra þingskapalaga vorið 1991 að efla skyldi eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Samkvæmt því hefur fastanefndum þingsins verið veitt aukið svigrúm til starfa og nú er þeim m.a. heimilt að fjalla að eigin frumkvæði um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eftirlit þingsins með setningu reglugerða verði eflt. Árlega heimilar þingið framkvæmdarvaldinu að setja fjölda reglugerða með stoð í lögum. Í mörgum tilvikum er þó ekki ljóst þegar heimild er veitt hvernig þessu valdi verði beitt eða hvaða fjárskuldbindingu það muni hafa í för með sér fyrir ríki eða sveitarfélög. Verði af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið mun framkvæmdarvaldið þurfa í ríkara mæli en áður að setja reglugerðir svo að koma megi í framkvæmd gömlum og nýjum ákvæðum samningsins. Líklegt er að reglugerðir verði settar með stoð í gömlum lagaheimildum og þeim beitt á annan hátt en til stóð þegar þau lög voru sett. Og ekki er loku fyrir það skotið að sumar reglugerðanna hafi í för með sér verulegan kostnað fyrir ríki og sveitarfélög sem Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að

fjalla um eða taka afstöðu til. Flutningsmönnum þykir því tímabært að lögtaka ákvæði sem eiga að tryggja að þingið fái greinargóðar upplýsingar um þær reglugerðir sem fyrirhugað er að setja og um þær fjárskuldbindingar sem reglugerðir hafa í för með sér.

Reglugerðir varða almenning, fyrirtæki og sveitarfélög oft meira en sjálf lögin sem þær byggjast á, og þess vegna þykir eðlilegt að frumvörpum til laga fylgi greinargerðir um þær reglugerðir sem gert er ráð fyrir að verði heimilaðar. Með því gefst þingnefndum betra tækifæri en áður til að meta reglugerðarákvæði frumvarpa og fylgjast með því hvernig ráðherrar fara með það umboð sem þingið veitir þeim.

Flutningsmenn telja einnig eðlilegt að fjárlaganefnd þingsins hafi tök á að fylgjast með þeim fjárskuldbindingum sem felast í reglugerðum sem settar eru þannig að tryggt sé að tillit sé tekið til þeirra við gerð fjárlaga. Verði af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægara en áður að fjárlaganefnd þingsins geti fylgst með þessum skuldbindingum, enda viðbúið að reglugerðavaldi verði beitt með öðrum hætti en áður hefur tíðkast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að öllum frumvörpum til laga, sem lögð verða fram á Alþingi, fylgi sérstök greinargerð um þær reglugerðir sem gert er ráð fyrir að settar verði. Í greinargerð skal tíunda efni reglugerðarinnar og skýra sérstaklega þann kostnað sem hún kann að hafa í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skal fjármálaráðherra láta meta fjárskuldbindingar og fjárútlát sem felast í sérhverri reglugerð sem sett er. Hann skal jafnframt gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir þeim innan átta vikna frá því að reglugerðin birtist í Stjórnartíðindum. Ákvæði þetta þykir eðlilegt til að nefndin geti með skipulegum hætti fylgst með þessum kostnaði og tekið tillit til hans við gerð fjárlaga. Ákvæðið gerir nefndinni einnig kleift að veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald og möguleika á virku eftirliti með því hvernig ráðherrar fara með það umboð sem þeim hefur verið veitt með heimild til að setja reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

804. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Landbúnaðarnefnd fjallaði þá um málið og bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarþingi, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Páli A. Pálssyni, fyrrverandi yfirdýralækni, og Dýralæknafélagi Íslands.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar afgreiddi hún málið til landbúnaðarráðuneytisins

með ósk um að þar yrði frumvarpið endurskoðað, m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem fyrir lágu hjá landbúnaðarnefnd. Frumvarpið er því endurflutt með tilliti til ábendinga er bárust frá fyrrgreindum umsagnaraðilum.

Á fund nefndarinnar komu Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Páll A. Pálsson, fyrrverandi yfirdýralæknir, Sigurður Sigurðarson dýralæknir og Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir. Þá bárust nefndinni enn á ný umsagnir frá Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum og búnaðarþingi.

Í frumvarpi þessu er öllum ákvæðum um varnir og útrýmingu sjúkdóma skipað í einn lagabálk í stað þess að áður giltu ákvæði ýmissa laga um varnir og útrýmingu ákveðinna sjúkdóma, t.d. berklaveiki, mæðiveiki og riðuveiki. Nefndin telur að þessar breytingar séu mikið til bóta og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lögð er til breyting á 3. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að taka fram að varúðarskylda héraðsdýralækna vegna nýrra dýrasjúkdóma eigi ekki aðeins við um sjúkdóma erlendis frá heldur eigi sömu sjónarmið einnig við um smit á milli sóttvarnarsvæða.
2. Breytingin á 7. gr. varðar aðeins orðalag greinarinnar og þarfnast því ekki skýringa.
3. Lagt er til að 11. gr. verði orðuð upp nýtt. Breytingin felur í sér að yfirdýralæknir fær heimild til að takmarka eða banna flutning dýra og hluta, jafnt innan sóttvarnarsvæða sem á milli þeirra, ef hætta er á að smitefni eða aðrir sjúkdómsvaldar geti borist til ósýktra staða. Þá er lagt til að heimild yfirdýralæknis takmarkist við að hætta sé á útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra enda er erfitt að meta hvenær „stórfellt tjón“ geti átt sér stað.
4. Lögð er til sú breyting á 12. gr. að í stað þess að þeir er fá afnotarétt af landi vegna uppsetningar nýrra varnarlína greiði bætur til þess er missir afnotaréttinn verði greiðsla bótanna á ábyrgð ríkissjóðs.
5. Breytingin á 13. gr. felur í sér að aðeins skuli leita umsagnar hjá heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags eigi að urða þær afurðir er greinin tekur til.
6. Breytingin á 15. gr. felur annars vegar í sér að bætt er við greinina nokkrum atriðum er kveðið skal á um í reglugerð varðandi sæðistöku o.fl. Hins vegar er lagt til að tekin verði af tvímæli um að ráðherra sé skylt, en ekki aðeins heimilt, að setja reglur um heilbrigðiskröfur sem eru gerðar varðandi þau dýr sem notuð eru sem fósturmæður.
7. Lagt er til að orðið „sveitarsjóði“ í 19. gr. verði í fleirtölu til að taka af allan vafa um að fleiri en eitt sveitarfélag geti þurft að greiða kostnað við uppsetningu, rekstur og viðhald aukavarnarlína.
8. Breytingin á 27. gr. felur í sér skilgreiningu á verksviði dýrasjúkdómanefndar. Auk þess er lagt til að efni 2. mgr., um svæðisnefnd, verði sameinað ákvæðum nýrrar 28. gr.
9. Lagt er til að í stað 28. gr. frumvarpsins, sem fellur efnislega brott, komi ný grein annars efnis. Frumvarpið felur í sér að lög nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu á þeim, ásamt síðari breytingum, falla brott. Nokkur atriði þeirra laga eru ekki í frumvarpi þessu, svo sem ákvæði um fjárskipti og fjárskiptafélög. Eftir nánari skoðun og með tilliti til umsagna, er nefndinni bárust, er lagt til að í 28. gr. verði ákvæði, sem áður var í 2. mgr. 27. gr., um svokallaðar svæðisnefndir, enda er litið svo á að svæðisnefnd svipi í eðli sínu til þeirra fjárskiptafélaga sem störfuðu samkvæmt lögum nr. 23/1956. Hlutverk svæðisnefnda er betur skilgreint og kveðið er á um samstarf við dýrasjúkdómanefnd um fram-

kvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns o.fl. Í 2. mgr. er lagt til að áfram verði í lögum skylda til sölu líflamba, sbr. 32. gr. laga nr. 23/1956. Takmarkast ákvæðið við sauðfé enda gæti verið óhægt um vik að fá nægilegan fjölda líflamba kæmi til umfangsmikilla fjárskipta. Sömu sjónarmið eiga vart við um aðrar búfjártegundir.

10. Breytingin á 31. gr. varðar gildistöku og þarfnast ekki skýringa.
11. Breytingar á viðaukum við frumvarpið gera ráð fyrir að við tilkynningarskylda sjúkdóma í viðauka 1 bætist tveir nýir sjúkdómar og 13 tegundir sjúkdóma að auki sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði skráðir í viðauka 2. Við nánari skoðun þótti skipan þessi eðlilegri þar sem útrýming þessara sjúkdóma kynni að reynast erfiðari hér á landi en dæmi eru um erlendis.

Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds rita undir nefndarálitið með fyrirvara um skipan dýrasjúkdómanefndar samkvæmt frumvarpinu. Þeir styðja þá skipan að yfirdýralæknir hafi forustu nefndarinnar með höndum en telja eðlilegra að það samband sem er samkvæmt gildandi lögum á milli sauðfjársjúkdómanefndar og Alþingis, sbr. 4. gr. laga nr. 23/1956, hefði einnig haldist varðandi dýrasjúkdómanefnd.

Alþingi, 20. mars 1993.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Guðni Ágústsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Eggert Haukdal, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

805. Breytingartillögur [287. mál]

við frv. til l. um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „berast til landsins“ í lok 3. mgr. komi: eða milli sóttvarnarsvæða.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „nú óþekkta“ komi: áður óþekkta.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Yfirdýralækni er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.
4. Við 12. gr. Í stað orðanna „þeim er landið fá“ í síðasta málslið fyrri málsgreinar komi: ríkissjóði.
5. Við 13. gr.
   a. Orðin „og viðkomandi heilbrigðiseftirlits“ í síðari málslið fyrri málsgreinar falli brott.
   b. Við fyrri málsgrein bætist nýr málsliður er orðist svo: Við urðun þeirra skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra setur reglur um sæðistöku og sæðingar, töku eggja og fósturvísa, meðferð þeirra og innlögn í dýr. Einnig um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísa sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá setur landbúnaðarráðherra reglur um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru varðandi þau dýr sem notuð eru sem fósturmæður.
7. Við 19. gr. Í stað orðsins „sveitarsjóði“ komi: sveitarsjóðum.
8. Við 27. gr.
   a. Við fyrri málsgrein bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Dýrasjúkdómanefnd skal vera ráðgefandi um aðgerðir til útrýmingar dýrasjúkdómum og hvers konar sóttvarnir sem hefta útbreiðslu þeirra. Þá skal hún hlutast til um stofnun svæðisnefnda og hafa eftirlit með starfrækslu varnarlína og viðhaldi þeirra.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
9. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er landbúnaðarráðherra heimilt, að fenginni tillögu dýrasjúkdómanefndar, að skipa þriggja manna svæðisnefnd er verði yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins. Svæðisnefnd hefur ásamt dýrasjúkdómanefnd forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, hreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sótthreinsun.
   Fjáreigendum, sem hafa heilbrigt sauðfé, ber skylda til að selja öll gimbrarlömb er þeir hafa til förgunar og hrútlömb eftir þörfum til þeirra fjáreigenda sem hafa fjárskipti skv. 1. mgr.
10. Við 31. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.
11. Við viðauka 1 bætist eftirtaldir sjúkdómar:
   Fósturlát í ám — Endemic Abortion of Ewes (EAE)
   Gulusótt í kúm — Redwater in calves
12. Eftirtaldir sjúkdómar færist úr viðauka 2 í viðeigandi flokka í viðauka 1:
   Smitandi legbólga í hrossum — Cont. equine metritis (CEM)
   Smitandi blóðleysi í hrossum — Equine inf. anemia (EIA)
   Smitandi kverka- og barkabólga í nautgripum — IBR/IPV
   Smitandi slímhúðarpest í nautgripum — MD/BVD
   Smitandi hvítblæði í nautgripum — Enzootic leucosis
   Bítlaveiki í sauðfé — Hairy shaker disease, Border disease
   Bláeyra — Porcine respiratory and reproductive syndrome
   Fuglaberklar — Avian tuberculosis
   Veiruskita í mink — Viral enteritis (mink)
   Hérasótt — Rabbit fever (Tularemia)
   IPN-veiki — Inf. pancreatic necrosis
   IHN-veiki — Inf. hemtopoietic necrosis
   VHS-veiki — Viral haemorh. septicaemia

806. Fyrirspurn [466. mál]

til utanríkisráðherra um viðskipti varnarliðsins á Íslandi við íslenska verktaka og verslanir á árinu 1992.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvaða verktakar, verslanir og önnur íslensk fyrirtæki eiga í viðskiptum við varnarliðið, um hvers konar viðskipti er að ræða og hvert er umfang viðskiptanna?
2. Hve lengi hafa viðskiptin átt sér stað? Var til þeirra stofnað að frumkvæði varnarliðsins eða á annan hátt?
3. Hafa þau fyrirtæki öll sérstök leyfi varnarmáladeildar ráðuneytisins til viðskipta við varnarliðið og ef svo er hvenær voru þau leyfi út gefin?

Skriflegt svar óskast.

807. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu á þessu ári. Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna.

Greinargerð.

Árlega gengst Þjóðleikhúsið fyrir fjölda leiksýninga, jafnt á innlendum sem erlendum verkum. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur og á ári hverju marga tónleika. Flutningur þessara menningarverka á sér þó oftast stað í Reykjavík, enda er Þjóðleikhúsið þar og Sinfóníuhljómsveitin með starfsaðstöðu sína í borginni. Aðrir landsmenn en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eiga því erfiðara um vik með að njóta þeirra sýninga og tónleika, sem í boði eru, í jafnríkum mæli og æskilegt væri. Með flutningi þingmáls þessa er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að leita leiða til að landsmenn allir geti sem best notið listflutnings Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutningsmönnum er ljóst að hér er ekki um það að ræða að ríkissjónvarpið flytji öll verk sem þessir aðilar flytja á ári hverju, en einhver þeirra skulu þó ætíð flutt.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, sbr. 14. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þá er Þjóðleikhúsið eign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1978, og greiðist kostnaður af rekstri þess úr ríkissjóði, sbr. 18. gr. laganna. Ríkissjóður greiðir 56% rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpið 25%, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Hlutur Ríkisútvarpsins greiðist af menningarsjóðsgjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi, sbr. 11. gr. laga. nr. 68/1985.

Forsvarsmenn Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa eftir megni reynt að sinna öllum landsmönnum, t.d. með leikferðum, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1978, og tónleikahaldi um land allt. En betur má ef duga skal. Allir landsmenn eiga rétt á að njóta verka þessara aðila. Það má m.a. auðveldlega gera með því að sjónvarpa frá leiksýningum og tónleikum þeirra. Til þess er ríkissjónvarpið rétti aðilinn, enda í eigu allra landsmanna. Slíkar sjónvarpssendingar tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og hafa gefist vel. Þá hefur ríkissjónvarpið lítillega reynt fyrir sér á þessu sviði með góðum árangri.

Ríkisútvarpið, sjónvarp hóf útsendingar sínar 30. september 1966 og hefur því starfað í tæp 27 ár. Starfsemi þess hefur tekið miklum breytingum frá upphafi og er í stöðugri þróun, enda háð tíðaranda hverju sinni. Ríkissjónvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu, enda sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar. Því er eðlilegt að það sjái um flutning verka Þjóðleikshússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar í sjónvarpi. Rétt þykir einnig að fela menntamálaráðherra að athuga með hverjum öðrum hætti starfsemi Þjóðleikshússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti náð sem best til allra landsmanna, svo og starfsemi annarra hliðstæðra stofnana, t.d. Íslensku óperunnar og Leikfélags Reykjavíkur.

808. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn frá samgönguráðuneytinu Davíð Stefánsson og Ragnhildi Hjaltadóttur. Þá bárust nefndinni umsagnir á 115. löggjafarþingi frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Vinnuveitendasambandi Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vegagerð ríkisins, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, bifreiðstjórafélaginu Frama, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ferðamálaráði og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lagðar eru til tvær breytingar á 2. gr. frumvarpsins sem báðar taka til 2. gr. laga nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Í fyrsta lagi er lagt til að nýr töluliður bætist við greinina sem taki til „ferða fram og til baka“. Samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins um farþegaflutninga milli landa með langferða- og áætlunarbifreiðum er farþegaflutningum skipað í þrjá flokka eftir eðli þeirra, þ.e. í reglubundna flutninga, óreglubundna flutninga og ferðir fram og til baka. Í lögum nr. 53/1987 er að finna fyrstu tvo flokkana en ekki þann síðasta. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði þessa efnis í lögunum þannig að flutningsaðilar allra aðildarríkja EES-samningsins eigi einnig hvað þennan flokk ferða varðar jafnan rétt að markaðinum án mismununar vegna þjóðernis eða staðfestu.

Í öðru lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við 2. gr. laganna þar sem lögfest verði ákveðin skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta fengið leyfi til fólksflutninga samkvæmt þeim. Innan Evrópska efnahagssvæðisins verða samræmd skilyrði hvað varðar aðgang að starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum, sbr. ákvæði til-

skipunar EB nr. 74/561 ásamt viðauka. Þar er einnig að finna nánari skilgreiningar á hvað átt er við með kröfum um „fullnægjandi fjárhagsstöðu“ og „starfshæfni“ en aftur á móti eiga aðildarríki sjálf að ákvarða hvað felist í skilyrðinu um „óflekkað mannorð“.

Markmiðið með áðurgreindum skilyrðum er að tryggja hæfi þeirra sem stunda farþegaflutninga, auka gæði þjónustunnar í þágu neytenda, flutningsaðila og efnahagslífsins almennt og að stuðla að auknu öryggi á vegum.

Loks er lagt til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í mörgum greinum frumvarpsins er að finna ákvæði þar sem samgönguráðherra eru veittar heimildir til að setja reglugerðir á sviði flutninga að því leyti sem nauðsynlegt verður vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ljóst er að á grundvelli ákvæða EES-samningsins munu nýjar og breyttar reglur, er falla undir valdsvið löggjafans, koma fyrir Alþingi til umfjöllunar. Aðrar reglur verða teknar upp í landsrétt með útgáfu stjórnvaldsreglna, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin hefur skoðað ítarlega þær gerðir EES-samningsins er standa að baki framsalsheimildum þessa frumvarps, en þær gerðir miðast við 1. ágúst 1991, og telur ekki ástæðu til að takmarka valdsvið ráðherra á grundvelli þeirra. Í þeim gerðum felast framkvæmdaratriði sem ekki þarfnast lagasetningar og eru í mörgum tilfellum mjög tæknilegs eðlis. Verði aftur á móti um verulegar breytingar á gerðum þessum eða viðbætur við þær að ræða er gert ráð fyrir að heimildir ráðherra til setningar reglugerða á viðkomandi sviði verði endurmetnar. Undir skilgreininguna á „verulegar breytingar“ mundi sem dæmi falla tilvik þar sem nýjar gerðir eða breyttar samrýmast ekki þeim heildarsjónarmiðum varðandi flutningamál sem Ísland hefur ákveðið að fylgja með samþykkt EES-samningsins. Framkvæmdin ein getur leitt í ljós hvort á ákvæði þetta mun reyna. Tilvist þess út af fyrir sig hlýtur þó að kalla á árvekni löggjafans um framkvæmd þeirra heimilda sem frumvarpinu er ætlað að veita.

Alþingi, 25. mars 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Sturla Böðvarsson.

Árni M. Mathiesen. Árni Johnsen.

809. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, SigG, StB, ÁMM, ÁJ).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987.
   1. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
      a. Í stað orðsins „þrenns“ í fyrsta málslið kemur: ferns.
      b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., sem orðast svo:
         Leyfi til ferða fram og til baka milli landa felur í sér leyfi til að aka með hóp farþega frá ákveðnum brottfararstað til tiltekins ákvörðunarstaðar og til baka aftur, með endurteknum ferðum.

c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Til að öðlast leyfi skv. 1. gr. laganna þarf leyfishafi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
1. Hafa óflekkað mannorð.
2. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu.
3. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

2. Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði fólksflutninga með langferðabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

2. Við frumvarpið bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Heimildir samgönguráðherra til að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum skulu teknar til endurskoðunar verði verulegar breytingar á gerðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem lög þessi miðast við, eða viðbætur við þær.

810. Fyrirspurn [468. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um Þjóðleikhús.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Eru uppi einhver áform um að endurskoða lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús?

811. Frumvarp til laga [469. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978, sbr. lög nr. 63 24. maí 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

5. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
Við embætti sýslumannsins í Reykjavík skal halda sérstaka lausafjárskrá sem nær til landsins alls. Þegar skjal, er varðar lausafé, hvort sem það er skráningarskylt eða ekki, er afhent til þinglýsingar í viðkomandi þinglýsingaumdæmi skal þinglýsingarstjóri þess umdæmis senda lausafjárskránni tilkynningu um móttöku slíks skjals og allar nauðsynlegar upplýsingar sem skjalið varða. Skal haga færslu í skrána þannig að unnt sé að gefa úr henni eignar- og veðbókarvottorð hvar sem veðskjali hefur verið þinglýst. Dómsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um tilhögun þessara tilkynninga, færslu í lausafjárskrána og miðlun upplýsinga úr henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um samningsveð og fylgir því. Það frumvarp gerir ráð fyrir auknum möguleikum manna til þess að setja lausafé að sjálfsvörsluveði sem ósundurgreind heildarsöfn muna eins og nánar er rakið í skýringum athugasemda við 1. gr. frumvarps til veðlaga. Þar er á það bent að ýmsar hættur geti verið slíkum veðsetningum samfara og sé því nauðsynlegt að búa svo um hnútana að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Til þess að auka öryggi við sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé og koma í veg fyrir mistök og misferli við veðsetningu slíkra réttinda er lögð til sú breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988, að sett verði á laggirnar lausafjárskrá sem nær til landsins alls (landsskrá) og er það meginefni frumvarps þessa. Ætti með þessu móti að vera dregið úr þeim hættum sem annars geta verið samfara auknum sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skal við embætti sýslumannsins í Reykjavík halda umrædda landsskrá. Tilkoma landsskrárinnar breytir ekki gildandi reglum þinglýsingalaga um það hvar skjöl, sem varða réttindi yfir lausafé, skulu afhent til þinglýsingar. Eiginleg þinglýsing fer því ekki fram við landsskrána.

Hagkvæmt þykir að sýslumaðurinn í Reykjavík haldi umrædda skrá, enda er það embætti best búið til þess að annast slíka skráningu og miðlun upplýsinga úr henni. Er hér í raun verið að lögmæla svipað fyrirkomulag og gilt hefur samkvæmt lögum nr. 63/1988 um tilkynningarskyldu þinglýsingarstjóra til Bifreiðaskoðunar Íslands að því viðbættu að hér er til þess ætlast að skrárhaldari gefi út eignar- og veðbókarvottorð sem vera skulu jafngild vottorðum útgefnum af þinglýsingarstjóra þeim er skjali þinglýsti. Er þá við það miðað ef frumvarp þetta verður að lögum að tilkynningarskylda samkvæmt lögum nr. 63/1988 falli niður, enda þá ekki ástæða til þess að Bifreiðaskoðun Íslands haldi sérstaka skrá um veðsetningar bifreiða.

Við það er miðað að þinglýsingarstjóri í viðkomandi þinglýsingaumdæmi sendi landsskránni tilkynningu um móttöku skjals og allar nauðsynlegar upplýsingar um það jafnskjótt og skjal berst til þinglýsingar. Ætti slíkt ekki að verða vandkvæðum bundið með nútíma tölvutækni og tölvusamtengingu þinglýsingaembættanna. Tilkoma skrár þessarar breytir í engu skyldum þinglýsingarstjóra samkvæmt þinglýsingalögum, sbr. t.d. 3. gr. þinglýsingalaga.

Ítrekað skal að skylda þinglýsingarstjóra til þess að tilkynna þinglýsingu skjals, sem varðar ráðstöfun réttinda yfir lausafé, nær ekki einvörðungu til skráningarskylds lausafjár eins og bifreiða, skipa og loftfara, heldur og til þess lausafjár sem ekki er skráningarskylt. Ef frumvarp þetta og frumvarp til veðlaga verða að lögum nær tilkynningarskyldan samkvæmt þessu t.d. til þess þegar stofnað er sjálfsvörsluveð í einstökum lausafjármunum, sbr. 1. mgr. 23. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettur er færanlegur vélbúnaður í verktakastarfsemi, sbr. 28. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsett er búfé, rekstrarvörur landbúnaðar, afurðir og uppskera, sbr. 30. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettur er afli, afurðir og rekstrarvörur sjávarútvegs, sbr. 32. gr. frumvarps til veðlaga; þegar veðsettar eru vörubirgðir, sbr. 33. gr. frumvarps til veðlaga, og þegar stofnað er til vörureikningsveðs, sbr. 47. gr. frumvarps til veðlaga. Hins vegar nær tilkynningarskyldan ekki til þeirra tilvika þegar rekstrartæki eru veðsett með fasteign, sbr. t.d. 24. gr. frumvarps til veðlaga.

Við það er miðað að umrædd skrá nái ekki einvörðungu til sjálfsvörsluveðsetninga í lausafé heldur einnig til aðfarargerða og kvaða sem lagðar eru á lausafé þannig að hún

verði tæmandi um öll höft sem hvíla kunna á lausafé. Að svo miklu leyti sem sölu eða annarri yfirfærslu eignarréttar að lausafé er þinglýst ber einnig að færa slíkt í skrána. Færslur, sem snerta fyrst og fremst viðkomandi einstakling en ekki endilega tilteknar eignir, svo sem lögræðissvipting og almennt umboð, geta og átt heima í skrá þessari.

Í niðurlagsákvæði 1. gr. segir að dómsmálaráðherra skuli með reglugerð setja nánari reglur um tilhögun tilkynninga til landsskrárinnar, færslu í skrána og miðlun upplýsinga úr henni. Þykja ákvæði um slík útfærsluatriði betur eiga heima í reglugerð en í þinglýsingalögunum sjálfum.

Í 2. gr. segir að lög þessi öðlist gildi 1. október 1993 og er það sami gildistökudagur og í fyrrnefndu frumvarpi til laga um samningsveð. Er af augljósum ástæðum æskilegt að hvor tveggja þessi lög öðlist gildi á sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um samningsveð og fylgir því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við embætti sýslumannsins í Reykjavík skuli halda sérstaka lausafjárskrá sem nær til landsins alls. Eiginleg þinglýsing fer ekki fram við þessa landsskrá heldur skulu skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar í viðkomandi þinglýsingaumdæmi, send lausafjárskránni ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum. Í frumvarpinu er kveðið á um að færslu í skrána skuli haga þannig að unnt sé að gefa úr henni eignar- og veðbókarvottorð hvar sem veðskjali hefur verið þinglýst. Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um færslu í skrána og miðlun upplýsinga úr henni.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs verði tvíþættur. Annars vegar tímabundinn kostnaður við að koma á fót skráningarkerfi og hugsanleg tölvubúnaðarkaup og hins vegar kostnaður vegna reksturs skrárinnar. Erfitt er að gera sér grein fyrir þessum kostnaði þar sem það fer að öllu leyti eftir því hvernig verður staðið að uppbyggingu slíkrar skrár, en í frumvarpinu og greinargerð með því er ekki tekið á framkvæmdalegum atriðum. Þrjár leiðir sýnast færar. Í fyrsta lagi að setja á stofn skrá við sýslumannsembættið í Reykjavík þar sem yrðu handfærðar þinglýsingar sem berast frá öðrum sýslumannsembættum. Í öðru lagi að koma á nettengingu allra sýslumannsembætta þannig að allar upplýsingar færast vélrænt inn í skrána hjá sýslumanninum í Reykjavík. Þinglýsingarkerfi bifreiða er þegar í notkun um allt land. Í þriðja lagi er hægt að nýta það kerfi og nota SKÝRR sem miðil. Gera má ráð fyrir að kostnaður ykist helst hjá sýslumanninum í Reykjavík en kostnaðarauki annarra sýslumannsembætta yrði óverulegur. Á það skal bent að eins og er eru einungis fá sýslumannsembætti þannig tengd að þau geti verið í beinu tölvusambandi við sýslumannsembættið í Reykjavík.

Fjármálaráðuneytið leggur áherslu á að vandað verði til áætlunar um framkvæmd þessa frumvarps þar sem það getur haft veruleg áhrif á hvort og þá hve mikill kostnaðarauki ríkissjóðs yrði verði það að lögum. Einnig vill ráðuneytið mælast til þess að orðalag frumvarpsins verði ekki þannig að það teljist skylda að vista umrædda skrá beinlínis undir þaki sýslumannsembættisins í Reykjavík enda þótt það beri á henni ábyrgð.

812. Frumvarp til laga [470. mál]

um samningsveð.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.
Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.
Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. gr.
Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár, enda sé um það samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot eru heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega, nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI

Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
b. húsa og annarra bygginga og mannvirkja sem reist hafa verið eða verða á landi eða lóð,
c. lausafjár sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar sem veðsetningin nær til og
d. sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda sem heyra til hinni veðsettu eign.

2. Um veðsetningu rekstrartækja ásamt fasteign í atvinnurekstri gilda ákvæði III. kafla laga þessara.

17. gr.

Afmörkun veðréttar í varanlegum afnotarétti lands og húsa o.fl. sem á landi eru.

1. Veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nær til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi.

2. Reglur b- og c-liða 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 16. gr. eiga hér einnig við.

18. gr.

Veðsetning aðgreindra eignarhluta.

1. Veðréttur í eignarhluta í fjölbýlishúsi nær til:

a. þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og

b. tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði, svo sem atvinnu- og verslunarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Réttarvernd.

Veðréttur samkvæmt kafla þessum öðlast réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verður áfram í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

20. gr.

Yfirtaka veðskuldar.

1. Nú tekur kaupandi fasteignar í samningi við seljanda að sér greiðslu veðskuldar sem hvílir á hinni seldu eign. Verður kaupandi þá við þinglýsingu afsals skuldbundinn gagnvart veðhafa og seljandi þá jafnframt laus undan skuldbindingu sinni ef ákvæði er þess efnis í veðbréfinu að skuldin gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Þó er veðhafa heimilt að krefja fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðbréfinu meðan veðhafi hefur ekki fengið tilkynningu um skuldskeytinguna og þinglýsingu afsals kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum þessu til sönnunar. Seljandi á rétt til þess að veðhafi áriti veðbréfið um skuldskeytinguna.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. mgr. verða skuldaraskipti því aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa að hann samþykki skuldaraskiptin í samningi við hinn nýja eiganda veðsins.

III. KAFLI
Um samningsveð í lausafé.
A. Almenn ákvæði.

21. gr.

Meginregla um réttarvernd.

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

22. gr.

Handveð.

1. Heimilt er að stofna til handveðréttar í lausafé.

2. Handveðréttur öðlast réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða aðila sem

tekið hefur að sér að hafa umráð veðsins fyrir veðhafa þannig að eigandinn sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum. Það jafngildir afhendingu í þessu sambandi þegar afhentur hefur verið lykill að húsnæði þar sem veðið er geymt eða gerðar hafa verið aðrar sambærilegar ráðstafanir sem leiða til þess að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu.

3. Ef veðið er í umráðum annars en eiganda á gildistíma veðsetningarinnar öðlast handveðréttur einnig réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um veðsetninguna og um það að eigandinn ráði ekki yfir veðinu. Ef umráðamaður neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna.

4. Veðsetning á handveðrétti öðlast réttarvernd við það að hið veðsetta lausafé er afhent framveðhafa. Reglur 2. og 3. mgr. eiga hér einnig við.

23. gr.

Sjálfsvörsluveð í lausafé.

1. Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðréttar í einstökum lausafjármunum.

2. Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflegan gerning. Um réttarvernd slíks veðréttar gilda ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé.

3. Reglur 20. gr. um yfirtöku veðskuldar eiga við með sama hætti þegar skráningarskyldu lausafé er afsalað.

B. Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð.

24. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna þar sem reksturinn fer fram.

2. Með rekstrartækjum er átt við vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annan útbúnað.

3. Veðréttur í rekstrartækjum, sem á hvílir söluveð, nær til þess réttar sem veðsali á hverju sinni í viðkomandi hlut.

4. Veðréttur í rekstrartækjum samkvæmt þessari grein nær hvorki til skráningarskylds lausafjár né heldur þeirra verðmæta sem verða veðsett samkvæmt ákvæðum 28., 29., 30., 31. og 32. gr.

5. Veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þau eru á hverjum tíma. Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar sem rekstrarlega séð eru aðskildar og þar sem atvinnureksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni er heimilt að veðsetja rekstrartæki hverrar einingar sérstaklega.

6. Eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðsamningur er í gildi.

25. gr.

Rekstraraðili.

Með rekstraraðila er átt við:

a. sérhvern þann aðila sem hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur, svo sem

hlutafélag, samvinnufélag, sameignarfélag, samlagsfélag eða firma einstaks manns,

b. aðra aðila sem hafa atvinnurekstur með höndum þótt eigi sé reksturinn í hagnaðarskyni, svo sem sjúkrahús, barnaheimili, skóla, söfn, íþrótta- og afþreyingarstofnanir, félagsmála-, mannúðarstofnanir og aðrar álíka stofnanir.

26. gr.

Réttarvernd.

Rekstrarveð öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum.

27. gr.

Framsal veðsettra rekstrartækja.

1. Veðsali getur skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa.

2. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfu hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

3. Þegar rekstrartæki hafa verið seld í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra fellur veðrétturinn í tækjunum brott.

4. Ef eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinu veðsetta tók um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. með ráðstöfun sinni.

5. Um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. laga þessara gilda ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

C. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

28. gr.

1. Rekstraraðila, sem stundar verktakastarfsemi, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sem heyrir atvinnurekstri hans til og ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum.

2. Veðréttur í vélbúnaði skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað eiganda í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3. og 5. mgr. 24. gr., 25. gr., 26. gr. og ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. um framsal eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

D. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

29. gr.

Rekstrartæki og greiðslumark.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Þegar jörð er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til greiðslumarks jarðar.

5. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

30. gr.

Bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskera.

1. Þeim sem stunda atvinnurekstur í landbúnaði er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni tiltekna flokka bústofns síns. Með bústofni í þessu sambandi er t.d. átt við sauðfé, hross og nautgripi; alifugla, svín og loðdýr; seiði, eldisfisk og hafbeitarfisk.

2. Framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni rekstrarvörur, afurðir og uppskeru sem veðsali á eða eignast kann.

3. Við veðsetningu skv. 1. og 2. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

4. Veðréttur í afurðum og bústofni öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

5. Um framsal á bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru, sem veðsett hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., gilda einnig, eftir því sem við geta átt, ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

E. Veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

31. gr.

Búnaður skipa og veiðiheimildir.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Afli, afurðir og rekstrarvörur.

1. Útgerðarmönnum, framleiðendum sjávarafurða og þeim sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar.

2. Við veðsetningu skv. 1. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

3. Veðréttur í afla, rekstrarvörum og afurðum öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

4. Við veðsetningu skv. 1. mgr. gilda um framsal ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

F. Veð í vörubirgðum.

33. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Rekstraraðilum er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir atvinnurekstrar síns.

2. Með vörubirgðum er átt við það sem rekstraraðilinn á eða eignast kann af:

a. hráefni, vörum í vinnslu, fullunnum vörum og verslunarvörum,
b. rekstrarvörum og öðrum vörum sem notaðar eru í atvinnurekstrinum,
c. búnað utan um framleiðsluvörur rekstrarins.

3. Veðrétturinn má ná til vörubirgða veðsala í heild eða til nánar tilgreinds hluta birgðanna sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hlutum þeirra og telja má sjálfstæða heild. Nær veðrétturinn þá til vörubirgðanna eða hluta þeirra eins og þær eru á hverjum tíma.

4. Veðréttur í vörubirgðum nær ekki til þeirra verðmæta sem ákvæði 28.–32. gr. taka til.

34. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í vörubirgðum skv. 33. gr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

2. Um veðrétt í vörubirgðum gilda ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr.

G. Söluveð.

35. gr.

Hverjar kröfur unnt er að tryggja.

Í tengslum við sölu lausafjár er heimilt að semja um veðrétt í hinu selda (söluveð) til tryggingar:

a. kröfu seljanda til endurgjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði eða
b. láni sem þriðji maður hefur veitt kaupanda til greiðslu kröfu þeirrar sem nefnd er í staflið a, í heild eða að hluta, enda hafi lánveitandi greitt lánsfjárhæðina beint til seljanda.

36. gr.

Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

37. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja án samþykkis þess veðhafa sem söluveð á, sbr. þó 36. gr.

38. gr.

Réttarvernd og fullnusta.

1. Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður

skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.

2. Til þess að söluveð í skráningarskyldum lausafjármunum öðlist réttarvernd verður að auki að þinglýsa veðinu á blað veðsala í þinglýsingabók, sbr. ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga þessara. Þetta gildir þó ekki um fylgifé slíks lausafjár.

3. Í samningi verður að greina sérstaklega þau verðmæti sem veðrétturinn skal ná til og það kaupverð eða þá lánsfjárhæð sem tryggja skal. Ef fleiri hlutir en einn eru keyptir með söluveði í einu lagi nær veðrétturinn til allra hlutanna til tryggingar allri þeirri fjárhæð sem kaupandinn skuldar.

4. Ef samið er um söluveð bæði til tryggingar kröfu seljanda og til tryggingar láni sem þriðji maður hefur veitt skal líta svo á að veðréttir þessir séu jafnstæðir nema annað leiði af samningi.

5. Þegar vanskil verða á greiðslu krafna þeirra sem greinir í 35. gr. getur veðhafi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu, enda hafi hann áskilið sér þá heimild í söluveðssamningi. Rifti veðhafi söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningnum eða á grundvelli almennra reglna getur hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala.

39. gr.

Viðskeyting.

Söluveð fellur brott ef söluhlutur er skeyttur við fasteign eða annan aðalhlut á þann hátt að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar.

40. gr.

Umbætur.

Söluveð fellur brott ef endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli söluhlutarins eða verðmæti eftir að hann var afhentur kaupanda.

41. gr.

Fyrning.

Krafa sú, sem tryggð er með söluveði, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er hún varð gjaldkræf. Óþinglýst söluveð til tryggingar slíkri kröfu fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist.

42. gr.

Um rétt sem jafna má til söluveðs.

1. Ef seljandi eða sá sem veitt hefur lán til kaupa á hlut hefur áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverðið eða lánið er að fullu greitt eða hann hefur áskilið sér rétt til þess að taka hlutinn við greiðslufall skal með slíkan samning farið sem þar sé um söluveðssamning að ræða.

2. Leigusamninga eða svipaða samninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds, ber að skoða sem samninga um sölu og söluveð ef það er ætlunin að leigjandinn verði eigandi hlutarins eftir að hafa greitt ákveðinn fjölda leigugreiðslna.

3. Þótt eigi sé það ætlunin að leigjandinn verði eigandi eða hafi rétt til þess að verða eigandi gilda með sama hætti ákvæði 35. og 37.–40. gr. Hvað varðar skilyrði 3. mgr. 38. gr. er nægjanlegt að tilgreindur sé leiguhlutur, leigutími og einstakar leigugreiðslur.

IV. KAFLI
Samningsveð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum.

A. Viðskiptabréf.

43. gr.

Viðskiptabréf má setja að handveði eða sjálfsvörsluveði. Ef viðskiptabréf er sett að handveði gilda um réttarvernd veðsetningarinnar, eftir því sem við geta átt, ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Til þess að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verður að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

B. Innlausnarbréf.

44. gr.

1. Heimilt er að veðsetja kröfur eða réttindi samkvæmt innlausnarbréfi þótt eigi sé það viðskiptabréf.

2. Veðréttur skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd í samræmi við reglur um handveð, sbr. ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Veðsetning veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

C. Almennar fjárkröfur.

45. gr.

Hverjar almennar fjárkröfur verða veðsettar.

1. Almenna fjárkröfu, sem maður á á hendur nafngreindum skuldara, er heimilt að veðsetja. Hið sama á við um almenna fjárkröfu sem tiltekinn aðili kemur til með að eignast á hendur nafngreindum skuldara í sérstöku réttarsambandi.

2. Með almennri fjárkröfu er átt við fjárkröfu sem hvorki er viðskiptabréfskrafa né krafa samkvæmt innlausnarbréfi.

46. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd við það að skuldarinn fær tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

2. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

D. Vörureikningsveð.

47. gr.

1. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja þær almennu kröfur sem hann á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins. Er þá eigi nauðsynlegt að skuldari sé nafngreindur.

2. Skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu.

3. Samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað rekstraraðila í lausafjárbók.

4. Ákvæði 25. gr. eiga við um samninga samkvæmt þessari grein. Ákvæði 4. gr. eiga hér ekki við.

V. KAFLI

Um gildistöku, brottfallin lög o.fl.

48. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. október 1993 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

3. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta er flutt af dómsmálaráðherra. Upphafleg drög að frumvarpinu voru samin af Þorgeiri Örlygssyni prófessor. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur verið leitað umsagnar m.a. eftirtalinna aðila: Lögmannafélags Íslands, sýslumannsins í Reykjavík, sjávarútvegsráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, réttarfarsnefndar, Verslunarráðs Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Stéttarsambands bænda, Verktakasambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda. Frumvarpið hefur síðan verið yfirfarið af þeim prófessor Þorgeiri og Markúsi Sigurbjörnssyni prófessor, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið.

Við samningu frumvarpsins var nokkur hliðsjón höfð af þeirri endurskoðun sem Norðmenn gerðu á sínum veðlögum árið 1980, bæði hvað varðar efni réttarreglnanna og framsetningu þeirra. Þá hefur og verið litið til þeirra breytinga sem Danir hafa á undanförnum árum gert á réttarreglum þeim um veðsetningar sem fram koma í dönsku þinglýsingalögunum. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið að íslenskum aðstæðum og er nánari grein gerð fyrir því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

Frumvarpi þessu fylgir frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988. Mælir það frumvarp fyrir um stofnun sérstakrar lausafjárskrár sem nær til landsins alls og halda skal við embætti sýslumannsins í Reykjavík. Eru ástæður þess nánar raktar í athugasemdum með því frumvarpi og í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þessa og vísast þangað.

II.

Íslensku veðlögin frá 1887 og breytingar á þeim.

Gildandi íslensk lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887, þ.e. lög nr. 18 frá 4. nóvember 1887. Frá setningu veðlaganna hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þeim, bæði til þess að svara nýjum þörfum sem til hafa komið á síðustu áratugum vegna breyttra atvinnuhátta og af öðrum ástæðum. Má hér t.d. vísa til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum 1927, 1929, 1930, 1933, 1953, 1960, 1986 og 1989. Enn fremur hafa eftir gildistöku veðlaganna verið sett sérlög sem mælt hafa fyrir um sérstakar veðsetningarheimildir ákveðnum atvinnugreinum til handa, sbr. t.d. lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Flestir, sem til þekkja, munu sammála um að hvorki veðlögin í upphaflegri mynd sinni né heldur framangreindar breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim, nægi til þess að svara nútímaþörfum. Er þá einkanlega átt við það að gildandi íslenskar réttarreglur á sviði veðréttar svari hvorki þörfum atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda og þar

með eftirspurn þeirra eftir lánsfé, né heldur veiti reglurnar lánastofnunum og öðrum lánveitendum nægjanlegt öryggi við lánveitingar.

Frumvarp það til nýrra íslenskra laga um samningsveð, sem hér liggur fyrir, hefur það að meginmarkmiði að bæta úr framangreindum annmörkum með því að laga íslensk veðlög að nútíma atvinnu- og viðskiptaháttum. Þá má og segja að gildistaka nýrra laga um aðför og nauðungarsölu 1. júlí 1992, þ.e. laga nr. 90/1989 og laga nr. 90/1991, kalli á ýmsar breytingar á reglum um samningsveðsetningar eins og nánar er rakið í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

III.
Meginefni veðlaganna frá 1887.

Í raun er efni íslensku veðlaganna frá 1887 afar fábrotið, bæði hvað varðar efnisreglur um veðsetningar og reglur um fullnustu veðkrafna. Þegar frá eru talin ákvæði 6.–8. mgr. 4. gr. laganna um heimild til lækkunar þinglestrar- og stimpilgjalda og um undanþágur frá slíkum gjöldum má flokka efni laganna með eftirfarandi hætti:

a. Fyrst er að geta ákvæða laganna um **handveð**. Er þar annars vegar um að ræða þá réttarfarsreglu 1. gr. laganna sem veitir handveðhafa beina uppboðsheimild, en lagaákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Hins vegar er hvað handveð varðar það efnisákvæði 2. gr. að lánardrottinn missi eigi kröfu sína þótt handveð glatist nema vangæslu hans sé um að kenna.

b. Í annan stað hafa veðlögin að geyma reglur um **bann við allsherjarveðsetningu**, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr., og reglur um **bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna**, sbr. 2. mgr. 4. gr.

c. Í þriðja lagi hafa lögin að geyma ýmsar **undantekningar frá reglu 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna**. Er hér annars vegar um að ræða ákvæði 3.–4. mgr. 4. gr. og 9. gr. og hins vegar ákvæði 5. og 6. gr.

Um önnur atriði en þau sem greind eru í a–c-liðum hér að framan fjalla íslensku veðlögin ekki, en rétt er að taka fram að mikilvægar veðsetningarheimildir er að finna í sérlögum, t.d. lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, og lögum nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

IV.
Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga.

Auk þeirra almennu atriða, sem nefnd voru í I–III hér að framan, eru það eftirtalin atriði sem einkum gera það aðkallandi að sett verði ný veðlög hér á landi:

Í fyrsta lagi er það svo að ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð er að finna á víð og dreif í löggjöfinni og eru ákvæði þessi frá ýmsum tímum. Hið elsta þessara ákvæða var lengi opið bréf frá 11. desember 1869 handa Íslandi er nákvæmar kveður á um innheimtu á kröfum með forgangsréttindi hjá þeim mönnum sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu, en ákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1989. Nýjasta breyting, sem gerð hefur verið á veðlögunum, er hins vegar frá árinu 1989, sbr. lög nr. 9/1989. Má telja af því réttarbót ef helstu ákvæðum íslenskrar löggjafar um samningsveð verður safnað saman í einn lagabálk.

Í öðru lagi ber að hafa í huga að íslensku veðlögin verða tæpast talin almenn veðlög í eiginlegum skilningi, svo sem yfirlitið í kafla III ber með sér, því lögin láta ósvarað mörgum helstu álitaefnum á sviði veðréttarins. Er í nýjum veðlögum full þörf á að taka

til úrlausnar ýmis veðréttarleg álitaefni sem réttarframkvæmdinni einni hefur verið látið eftir að móta.

Í þriðja lagi er það svo að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á veðlögunum frá setningu þeirra og áður eru nefndar, eru margar til komnar vegna þrýstings frá einstöku atvinnugreinum sem hafa mikla þörf fyrir rekstrarfé, t.d. sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, og óskað hafa eftir auknum heimildum til þess að veðsetja rekstrartæki sín og vörubirgðir. Hefur löggjafinn með breytingum þessum smátt og smátt verið að rýmka undanþágurnar frá ákvæðum 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna.

Þótt lagabreytingar þessar hafi án efa komið þeim atvinnugreinum til góða sem breytingarnar gagngert varða og þær því verið réttlætanlegar á sínum tíma verður ekki fram hjá því horft að þær hafa, þegar til lengri tíma er litið, leitt til þess að einstakar atvinnugreinar í landinu búa við ólík kjör hvað varðar veðsetningarheimildir. Verður sá munur, sem nú er á aðstöðu atvinnugreinanna að þessu leyti, tæpast réttlættur. Má og benda á dæmi þess úr réttarframkvæmdinni að óljósar heimildir í þessum efnum hafa haft óheppilegar afleiðingar í för með sér. Virðist við framangreindar breytingar á veðlögunum meira hafa verið hugsað um að leysa bráðan vanda tiltekinna atvinnugreina eða veita ákveðnum lánveitendum aukið öryggi í stað þess að huga að heildstæðum lausnum er kæmu öllum jafnt til góða.

Í fjórða lagi er það svo að með breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum hafa skapast nýjar aðstæður og þarfir sem gildandi lög svara ekki. Þá hafa orðið til réttindi sem höfundar veðlaganna árið 1887 leiddu eðlilega ekki hugann að, hvort og þá jafnframt að hvaða marki unnt væri að veðsetja, eins og t.d. greiðslumark í landbúnaði og veiðiheimildir í sjávarútvegi. Er full þörf á því að bregðast við slíkum nýjum aðstæðum og setja reglur um veðsetningu slíkra réttinda sem ekki þekktust áður.

V.

Almenn sjónarmið við endurskoðun veðlaganna.

Eins og rakið er í upphafi almennra athugasemda hefur frumvarp þetta það að markmiði að bæta úr vanköntum þeim sem eru á gildandi íslenskum veðlögum og laga veðreglurnar að breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum. Var sú leið farin, eins og frumvarpið ber með sér, að semja frá grunni ný lög í stað þess að semja viðbætur við gildandi lög.

Við þá endurskoðun gildandi veðlaga, sem er grundvöllur frumvarps þessa, hefur verið til margra atriða að líta:

1. Fyrsta atriðið, sem taka þurfti afstöðu til, var það hvert skyldi verða gildissvið nýrra íslenskra veðlaga, þ.e. hvort lögin skyldu fjalla um samningsveð einvörðungu eða um samningsveð, dómveð og lögveð. Norsku veðlögin frá 1980 fjalla ekki einungis um samningsveð, heldur einnig um dómveð og lögveð.

Frumvarp þetta hefur einungis að geyma reglur um samningsveðsetningar, enda þörfin fyrir endurskoðun lagareglna um samningsveðsetningar mun brýnni en setning almennra reglna um lögveð og dómveð. Þá má og benda á að ýmis ákvæði íslensku þinglýsingalaganna og nýju lögin um aðför og nauðungarsölu, sem tóku gildi 1. júlí 1992, draga úr þörf þess að settar verði almennar reglur um aðfararveð og lögveð í íslensk veðlög.

2. Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að skoða veðréttindi í samhengi við önnur tryggingarréttindi, en einskorða ekki athugunina við þau réttindi ein sem hefðbundið er að kalla veðréttindi. Hefur í þessu samhengi verið hugað að því hvort ekki sé

rétt að skipa ýmsum tryggingarréttindum, sem samstöðu eiga með veðréttindum, á borð með þeim. Bera þessa merki t.d. ákvæði III. kafla frumvarpsins um söluveð.

3. Þá verður við endurskoðun sem þessa að taka afstöðu til þess hversu rúmar veðsetningarheimildirnar eiga almennt séð að vera. Á það við bæði gagnvart veðsala sjálfum og gagnvart öðrum kröfuhöfum hans en veðhöfum. Gagnvart veðsala er spurningin í þessum efnum fyrst og fremst sú hversu langt er forsvaranlegt að teygja veðsetningarheimildirnar þegar mið er tekið af þeim fullnustumöguleikum sem fyrir hendi eru hverju sinni. Geta of rúmar veðsetningarheimildir verið háskalegar fyrir skuldara og fjölskyldu hans. Leiða hagsmunir þessara aðila til þess að einhverjum takmörkunum verða veðsetningarheimildirnar að sæta. Þetta sjónarmið leiðir þó fremur til takmarkana á því með hvaða hætti verðmæti verða veðsett en til takmarkana á því hversu mikið verði veðsett. Sér þessa sjónarmiðs stað í ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

4. Gagnvart kröfuhöfum er álitaefnið um veðsetningarheimildir fyrst og fremst það, hversu víðtækar heimildir skuldari eigi að hafa til þess að binda eignir sínar til tryggingar skuldum sem hann stendur í við ákveðna kröfuhafa. Er eðlilegt að sú spurning vakni, hvort þeir kröfuhafar, sem ekki hafa aflað sér eða ekki hafa átt þess kost að afla sér sérstakrar tryggingar fyrir kröfum sínum, eigi ekki líka að eiga einhverja möguleika til þess að fá fullnustu krafna sinna. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að veðsamningur hefur ekki einungis áhrif á hagsmuni samningsaðilanna, þ.e. veðhafa og veðsala, heldur getur samningurinn haft afgerandi áhrif á hagsmuni þriðja manns, þ.e. bæði annarra veðhafa og þeirra kröfuhafa skuldara sem ekki eiga veðréttindi til tryggingar kröfu sinni.

Hafa í þessu sambandi komið upp vangaveltur um það að e.t.v. sé rétt að takmarka veðsetningarheimildirnar þannig að veðréttur geti einungis náð til ákveðins hluta af verðmæti veðsins svo tiltekinn hundraðshluti þess geti jafnan runnið til almennra kröfuhafa.

Ýmis vandkvæði eru þessu þó samfara, t.d. þau að þar með er dregið úr verðmæti veðsins sem tryggingar séð frá sjónarhóli veðhafa, en slíkt skerðir að sjálfsögðu möguleika eiganda veðsins til þess að fá lán með tryggingu í veðandlaginu. Hefur sjónarmiðum í þessa átt því yfirleitt verið hafnað, t.d. nú síðast við endurskoðun norsku veðlaganna. (Ot. prp. nr. 39 1977–78, bls. 19). Hagsmuni þeirra sem ekki eiga þess kost að afla kröfum sínum verndar, t.d. launþega, verður að verja með öðrum hætti. Má í því sambandi benda á lög nr. 52/1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

VI.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum munu helstu breytingar á íslenskum reglum um samningsveðsetningar verða þessar:

1. Gildi taka almenn lög sem að meginstefnu til ná til allra samningsveðsetninga, en lagaákvæði um samningsveðsetningar er nú að finna dreifð í ýmsum lögum eins og áður er rakið og eru þau frá ýmsum tímum. Þannig er við það miðað að úr gildi falli lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, haldi óbreytt gildi sínu og eru ástæður þess nánar raktar í skýringum við 2. gr.

2. Heimildir til veðsetninga í þágu atvinnuveganna verða rýmkaðar til mikilla muna ef frumvarpið verður að lögum. Felast breytingarnar **annars vegar** í því að heimildin til þess að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda, sbr. ákvæði 24. gr., en nær

ekki einungis til tiltekinna rekstraraðila, eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. **Hins vegar** felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þá verður og heimild til slíkra veðsetninga hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut, heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

3. Lögfestar verða reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handveð ef frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaganna sem áður er getið.

4. Lögfestar verða reglur um ýmis þýðingarmikil almenn atriði sem sett ákvæði skortir um í gildandi rétt. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði frumvarpsins um töku arðs af veði, afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, eindögun veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og afmörkun veðréttar.

5. Eytt verður óvissu um það, hver er gildandi réttur í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði 20. gr. frumvarpsins um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum við 20. gr. frumvarpsins.

6. Lögfestar verða réttarreglur um eignarréttarfyrirvara sem í frumvarpinu er kallaður **söluveð**, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur og því full þörf á að setja skýrar reglur um. Skipar frumvarpið söluveði (eignarréttarfyrirvara) í flokk „venjulegra“ veðréttinda, með ákveðnum frávikum þó. Eins er í frumvarpinu leyst úr ýmsum veðréttarlegum álitaefnum sem upp geta komið í tengslum við leigusamninga og aðra samninga sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds.

7. Lögfestar verða almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti. Er í frumvarpinu m.a. tekin afstaða til þess, hverra tryggingaráðstafana er þörf þegar kröfuréttindi eru veðsett, en full þörf er á að eyða óvissu í þeim efnum.

8. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að lögfestar verði réttarreglur um svokallað „factoring“ eða vörureikningsveð sem svo er nefnt í frumvarpinu, en þar er um það tilvik að ræða, þegar rekstraraðili framselur, framselur í tryggingarskyni eða veðsetur þær almennu fjárkröfur sem hann fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins.

9. Enn má nefna að í gildandi réttarreglur skortir ákvæði um það að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum. Sér þess stað í ákvæðum 27. gr. frumvarpsins.

10. Loks er þess að geta að í sérstökum kafla frumvarpsins, þ.e. II. kafla, er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa það verðmæti sem mesta þýðingu hefur við veðsetningar í dag, en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá eru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd. Er í frumvarpinu tekin afstaða til þess, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett; hvernig afmarka beri veðréttinn; fjallað er um veðsetningu í varanlegum afnotarétti lands og húsa;

um veðsetningu aðgreindra eignarhluta, réttarvernd; auk þess sem almenn ákvæði I. kafla um t.d. útlausnarrétt og skipti á veðskuldum eiga við um fasteignir.

Nánari grein fyrir þeim atriðum, sem hér hafa verið nefnd, er gerð í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og vísast til þeirra.

VII.
Um nokkrar meginreglur frumvarpsins.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum meginreglum og meginsjónarmiðum sem frumvarp þetta byggir á.

1. Formkröfur við ákveðnar veðsetningar.

Eðlilegt er að þeirri spurningu sé varpað fram, hvort ekki sé rétt í nýjum veðlögum að gera það að skilyrði fyrir gildi sjálfsvörsluveðsamninga að þeir skuli jafnan vera skriflegir. Má færa það fram til stuðnings slíkri reglu að hún sé til þess fallin að skapa aukið öryggi í samskiptum veðhafa og veðþola og gagnvart þriðja manni.

Gegn slíkri reglu mæla hins vegar þau rök að það er almennt séð ekki skilyrði fyrir gildi samninga milli aðila að íslenskum rétti að þeir séu skriflegir. Bæði fasteignum, lausafé og ýmiss konar réttindum, eins og t.d. kröfuréttindum, verður afsalað með munnlegum samningi og hægt er að stofna til afnotaréttinda yfir fasteignum og lausafé þótt eigi séu samningar um það efni skriflegir. Eru þá vandséð rök þess að krafan um skriflegan gerning gildi um veðréttindi ein óbeinna eignarréttinda.

Þá má og til viðbótar benda á að það að afla veðsamningi réttarverndar er einn mikilvægasti þátturinn í því að veita veðhafa það öryggi sem veðsetningum er almennt ætlað að tryggja, einkanlega gagnvart skuldheimtumönnum veðsala. Þegar um sjálfsvörsluveðréttindi er að ræða verður réttarvernd yfirleitt ekki náð, nema veðsamningur sé skjalfestur, sbr. reglur um þinglýsingar. Má því segja að með áskilnaði um tiltekna réttarvernd er hægt að ná sama árangri og kröfunni um skriflegan gerning er ætlað að tryggja.

Með framangreind rök í huga byggir frumvarpið á þeirri meginreglu að það sé ekki skilyrði fyrir gildi veðgernings **í millum aðila** að gerningurinn sé skriflegur.

Í 23. gr. frumvarpsins ræðir um stofnun sjálfsvörsluveðs í lausafé, en um slíkan veðrétt skal gera skriflegan gerning. Um rök fyrir reglunni vísast til athugasemda við 23. gr., en þar er í raun verið að vísa til þeirrar reglu sem fram kemur í 22. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. 5. mgr. 47. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins er það og gert að skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega, og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda. Um þýðingu þessa skilyrðis vísast til athugasemda við 38. gr.

2. Sérgreiningarreglan.

Við setningu veðlaganna árið 1887 var sérstaklega að því stefnt að reisa skorður við mistnotkun á almennri veðsetningu (generalpant) sem svo var kölluð, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. laganna. Afleiðing reglunnar er sú að veðréttur verður ekki stofnaður í öllu því sem veðsali á eða eignast kann, en slíkar veðsetningar voru tíðkaðar fyrir gildistöku laganna. Þóttu veðsetningar þessar háskalegar fyrir aðra skuldheimtumenn veðþola þar sem þær lögðu tiltölulega lítið haft á veðþolann og honum var eftir sem áður heimilt að ráðstafa einstökum eignum sínum. Þýðing veðréttarins kom hins vegar ekki í ljós fyrr en við gjaldþrot og skapaði þá veðhafanum forréttindaaðstöðu við búskiptin.

Þá var að því stefnt við setningu veðlaganna árið 1887 að reisa skorður við sjálfs-

vörsluveðsetningu í heildarsafni muna, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. Þjónar regla þessi sama tilgangi og regla 1. mgr. 4. gr. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31).

Með ákvæðum 1. og 2. mgr. 4. gr. veðlaganna var lögfest hin svokallaða sérgreiningarregla í íslenskum veðrétti (specialitetsprinsipp). Afleiðing af lögfestingu reglunnar er sú að sjálfsvörsluveð verður einungis stofnað í einstaklega tilteknum eignum og verður að gera nægilega skýra grein fyrir því í veðbréfinu hver hin veðsetta eign er og sé um fleiri eignir að ræða verður að telja þær allar upp í veðbréfi og auðkenna hverja einstaka nægilega. Misbrestur þessa hefur verið talinn hafa þær afleiðingar í för með sér að veðsetningin sé ógild. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31–32 og bls. 83–84, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 26–27).

Veðlögin gerðu þó frá upphafi ákveðnar undantekningar frá framangreindri meginreglu um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna. Annars vegar er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði tiltekin heildarsöfn muna sem fylgifé fasteignar, skips eða loftfars sem stofnað er til sjálfsvörsluveðréttar yfir enda þótt ekki sé um fylgifé að ræða samkvæmt almennum reglum, sbr. t.d. ákvæði 5. gr. og ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. Hins vegar er heimilt í nokkrum tilvikum að setja að sjálfsvörsluveði út af fyrir sig, þ.e. án þess að jafnframt séu veðsett réttindi yfir fasteign, skipi eða loftfari, ákveðin heildarsöfn, sbr. 3. og 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. veðlaganna.

Óhætt er að segja að sérgreiningarreglan í núverandi mynd sinni þjóni vel tilgangi sínum. Hún getur þó aldrei með öllu komið í veg fyrir að veðsali setji að veði allt það sem hann á. Reglan kemur hins vegar í veg fyrir að slíkt gerist ósundurgreint í einum og sama veðgerningnum. Þykja þetta nægjanleg rök til þess að haldið er í regluna í frumvarpi þessu, sbr. ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við þá grein, er hér um skilyrði fyrir gildri veðstofnun að ræða.

3. Tilgreiningarreglan.

Önnur hlið sérgreiningarreglunnar er sú, hvort setja eigi það skilyrði að upphæð veðkröfu þurfi jafnan að koma fram í veðbréfi. Víða erlendis gildir sú regla, a.m.k. hvað varðar veð í fasteignum, að upphæð veðkröfu eða a.m.k. hámark hennar verður að vera ákveðin. Hefur regla þessi í íslenskum fræðiritum ýmist verið nefnd sérgreiningarregla (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 20) eða **tilgreiningarregla** (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24). Í Noregi er reglan nefnd sérgreiningarregla (specialitetsprinsipp) (Sandvik, Kruger og Giertsen, Norsk Panterett, bls. 56), en í dönskum rétti er talað um „individualisering af pantekravet“ (W.E. von Eyben, Panterettigheder, bls. 122).

Í reglu þessari, sem í frumvarpinu er nefnd tilgreiningarregla, sbr. 4. gr. frumvarpsins, felst eins og áður segir að tilgreina verður í veðskjali upphæð veðkröfu. Styðst reglan við þau rök að æskilegt sé að menn geti fengið vissu um það hversu háar veðskuldir hvíli á eignum, einkum þeir sem veð taka í eign. Fyrir setningu þinglýsingalaga, nr. 39/1978, var ekki talið að slík regla gilti að íslenskum rétti. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 20). Slík regla var hins vegar að nokkru tekin í lög við gildistöku þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. 23. gr. þeirra laga. Hefur það ákvæði verið skýrt svo að tilgreina verði, þegar veðbréf eiga í hlut, í gjaldgengri mynt, íslenskri eða erlendri, hvert sé verðmæti þeirrar aðalgreiðslu sem veðið á að tryggja, en í tryggingarbréfum megi láta sitja við hámarksfjárhæð greiðslu. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24).

Tilgreiningarreglan er í sjálfu sér ekki trygging fyrir því að skuldbinding sú, sem veðið á að tryggja, sé í raun og veru til. Þá kemur reglan heldur ekki í veg fyrir að raunveruleg skuld sé lægri en tilgreind veðkrafa. Reglan er þó almennt til þess fallin að stuðla að fastari skipan veðlána og hún spornar að vissu marki við því að lánardrottnum sé ívilnað sviksamlega. Erfiðara er að koma við svikum ef ákveðinni hámarksfjárhæð er til að dreifa. Viss viðvörun fyrir lánardrottna felst í því að þinglýst hefur verið mjög hárri hámarksupphæð, þ.e. upphæð sem eftir atvikum og fjárhag veðþola er óeðlilega há. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 25).

Með þessi rök í huga er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að reglan verði tekin upp í veðlög, en regla frumvarpsins er að nokkru sama efnis og 23. gr. þinglýsingalaga. Er í sjálfu sér ekkert athugavert við það að reglan komi bæði fram í veðlögum og þinglýsingalögum. Um skýringu á nánara inntaki reglunnar vísast til athugasemda við 4. gr. Frá meginreglu 4. gr. eru gerðar ýmsar undantekningar sem fram koma í 5. gr.

Krafan um tilgreiningu fjárhæðar veðkröfu beinist að **réttarverndinni**, þ.e. um er að ræða skilyrði fyrir réttarvernd. Samningurinn er gildur milli aðila þótt kröfunni sé ekki fullnægt, en hann veitir takmarkaða réttarvernd.

4. Áhættusjónarmið.

Það liggur í eðli veðréttarins sem tryggingarréttar að verðmæti veðsins á því tímamarki, þegar til fullnustu kemur, er það sem skiptir öllu máli fyrir veðhafa. Atvik, sem leiða til þess að verðmæti veðsins rýrnar, geta því haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir veðhafa.

Ýmis atvik geta leitt til þess að verðmæti veðsins rýrnar eða verður að engu. Má þar bæði nefna tilviljunarkennda atburði og atvik sem rekja má til hátternis veðþola, veðhafa eða þriðja manns. Þá má og í þessu samhengi nefna það að verðmæti veðsettrar eignar getur rýrnað smátt og smátt við venjubundna notkun eignar.

Sett ákvæði hefur skort í íslenskan rétt um það hver eigi að bera áhættuna af eyðileggingu eða rýrnun veðsins ef frá er talið það ákvæði 2. gr. veðlaganna að eigi missi lánardrottinn kröfu sína þótt handveð glatist nema vangæslu hans sé um að kenna. Nokkur áhöld hafa verið um það hvernig skilja beri ákvæði þetta.

Ólafur Lárusson taldi (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 48) að ekki yrði hjá því komist að beita reglunni þannig að vangæsla veðhafa á varðveislu veðsins hefði þær afleiðingar að **veðkrafan** félli niður ef hún leiddi til þess að veðið glataðist. Gaukur Jörundsson telur (Um veðréttindi, bls. 40) að þrátt fyrir orðalag 2. gr. veðlaganna nái ábyrgð veðhafa á skyldu til varðveislu veðsins tæpast lengra en svo að hann verði að bæta það tjón, sem af hefur hlotist, eftir atvikum með því að veðkrafan verði lækkuð sem því nemur.

Talið hefur verið samkvæmt íslenskum rétti að handveðhafa beri að gæta þess að vinna ekki spjöll á veðinu. Skylda hans er þó talin ná lengra þar sem hann verður einnig að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til varðveislu þess. Að öðrum kosti getur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart veðþola. Þegar um sjálfsvörsluveð í fasteign og lausafé er að ræða verður veðþoli að annast viðhald veðsins. Hann má ekki haga notum sínum þannig að veðið hljóti tjón af eða verði fyrir eyðileggingu eða sliti sem fer fram úr því sem eðlilegt er. Þá má hann heldur ekki rýra verðgildi veðsins. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 42 og bls. 68). Reglur 2. og 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins byggja á sömu sjónarmiðum og hér hafa verið rakin.

Í 8. gr. frumvarpsins er reynt að marka skýrar línur um áhættuna af eyðileggingu eða

rýrnun veðandlagsins. Af ákvæðum 1. mgr. 8. gr. leiðir að það er veðtryggingin sem tapast en ekki veðkrafan, sjá nánar skýringar við 8. gr.

Í tengslum við reglur um áhættuskipti hefur 2. mgr. 8. gr. að geyma ákvæði um bótaskyldu veðhafa og veðsala á „grundvelli almennra skaðabótareglna eða á sérstökum grundvelli". Handveðhafi getur t.d. orðið bótaskyldur gagnvart veðþola ef hann vanrækir varðveisluskyldu sína skv. 3. mgr. 8. gr. (Sandvik, Kruger og Giertsen, bls. 274).

5. Framsal og veðsetning á veðrétti.

Framsal veðréttar hefur í för með sér skipti á kröfuhöfum í veðréttarsambandinu. Slík aðilaskipti verður skuldari almennt að sætta sig við þótt þau geti verið honum til óhagræðis. Frumvarpið byggir á þeirri meginreglu sem fram kemur í 10. gr. að gagnvart veðsala geti veðhafi framselt veðrétt sinn eða sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum. Um skýringar á reglunni vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins.

6. Sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé.

Þess var áður getið að við samningu frumvarps þessa var höfð hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á dönskum og norskum veðréttarreglum, einkum breytingum í Noregi. Að einu leyti er þó verulegur munur á frumvarpinu og norsku lögunum, en það er varðandi samningsveðsetningar í lausafé.

Réttarreglum um samningsveð er misjanlega skipað meðal einstakra þjóða. Stafar það af því að óheft heimild til veðsetninga og ákvörðunar um fyrirkomulag þeirra hefur óhjákvæmilega í för með sér öryggisleysi í fjárhagslegum samskiptum manna. Hefur þetta sjónarmið leitt til þess að heimildin til veðsetninga er víðast hvar bundin ýmiss konar takmörkunum og á það ekki hvað síst við um sjálfsvörsluveð í lausafé, en víðtæk heimild til slíkra veðsetninga hefur þótt mjög háskaleg eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum við III. kafla frumvarpsins.

Í íslenskum rétti hefur sú meginregla gilt að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé eru heimilar, en leitast hefur verið við að haga þeim veðsetningum þannig að af þeim stafi ekki hætta. Svipuð viðhorf hafa verið ríkjandi í Danmörku. Í Noregi og ýmsum öðrum ríkjum hefur hins vegar verið byggt á því sem meginreglu að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé séu óheimilar. Þessari meginreglu var haldið í Noregi við endurskoðun veðlaganna árið 1980, þ.e. lausafé verður að meginstefnu til einungis sett að handveði, þótt frá því séu gerðar nokkrar undantekningar varðandi veðsetningarheimildir atvinnuveganna.

Þar sem síst virðist ástæða til þess að íslenskum rétti að þrengja heimildir til þess að setja lausafé að sjálfsvörsluveði er við það miðað í frumvarpinu að lausafé verði hvort heldur sem er handveðsett eða það sett að sjálfsvörsluveði, sbr. 21.–23. gr. frumvarpsins. Þó er leitast við sem fyrr að haga reglunum þannig að af sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé stafi ekki hætta og þá einkum fyrir almenna kröfuhafa veðsala. Er nánari grein gerð fyrir því í almennum athugasemdum við III. kafla og í skýringum við einstakar greinar þess kafla.

7. Um veðsetningar í heildarsafni muna.

Þótt frumvarpið miði við það að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé séu heimilar byggir frumvarpið eigi að síður á því eins og gert er í gildandi rétti að óheimilt sé að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni. Hefur slíkt verið nefnt veðsetning í heild-

arsafni muna (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31). Regla þessi kemur fram í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Frá 2. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga eru ýmsar undantekningar, sbr. t.d. ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. og ákvæði 9. gr. um veðsetningu búfjár til tryggingar rekstrarlánum. Af líkum toga eru og ákvæði 5. og 6. gr. um veðsetningu lausafjár með fasteignum og skipum.

Regla 2. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga kemur óbreytt fram í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er þar við það miðað að óheimilt sé, umfram það sem veðlög eða önnur lög heimila, að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni.

Frá meginreglu þessari eru þó gerðar ýmsar veigamiklar undantekningar í frumvarpinu. Koma þessar undantekningar **annars vegar** fram í 24., 29. gr. og 31. gr., þar sem heimilað er að setja að sjálfsvörsluveði tiltekin lausafjárverðmæti ásamt fasteign eða skipi. Fjallar 24. gr. almennt um svokallað rekstrarveð, þ.e. veðsetningu lausafjármuna, sem notaðir eru í atvinnurekstri, ásamt fasteign þeirri, þar sem atvinnureksturinn fer fram. Í 29. gr. er fjallað um slíkar veðsetningar í landbúnaði og í 31. gr. um tilteknar veðsetningarheimildir í sjávarútvegi.

Hins vegar koma þessar undantekningar fram í 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins þar sem heimilað er að setja að sjálfsvörsluveði safn muna, en þó án þess að samtímis séu veðsett réttindi yfir fasteign. Er í 28. gr. heimilað að veðsetja saman færanlegan vélbúnað sem notaður er í verktakastarfsemi. Í 30. gr. ræðir um veðsetningu bústofns, rekstrarvara, afurða og uppskeru í landbúnaði, en í 32. gr. ræðir um veðsetningu á afla, afurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs. Í 33. gr. er rekstraraðilum hins vegar veitt almenn heimild til þess að veðsetja vörubirgðir rekstrar síns.

8. Um uppfærslurétt og útlausnarrétt.

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 var í sjálfu sér viðurkennt að þörf væri á því að setja í lög reglur um uppfærslurétt réttlægri samningsveðhafa í fasteign. Að áliti nefndar þeirrar, sem samdi frumvarp til veðlaganna, var hins vegar talið eðlilegra að slíkum ákvæðum yrði skipað í þinglýsingalög og þar sem sérstök nefnd hafði verið sett á laggirnar til þess að endurskoða norsku þinglýsingalögin voru ekki sett ákvæði um slíkan uppfærslurétt í veðlögin.

Það þykir af ýmsum ástæðum ekki eðlilegt að skipa lagareglum um uppfærslurétt í veðlög. Fyrst er þess að geta að á reglur um uppfærslurétt getur reynt gagnvart fleiri óbeinum eignarréttindum en veðréttindum einum. Þá ber og að hafa í huga að reglur um uppfærslurétt eru í raun spurning um forgangsvernd síðari rétthafa þegar önnur réttindi fyrri rétthafa, eins og t.d. veðréttindi, falla brott eða þrengjast. Því þykir eðlilegra að miða við að reglum um uppfærsluréttindi síðari veðhafa verði skipað í þinglýsingalög og verður það því að bíða endurskoðunar þeirra laga. Er nánar að þessu vikið í almennum athugasemdum við I. kafla frumvarpsins og vísast þangað.

Hins vegar hefur frumvarpið að geyma í 14. gr. ákvæði um útlausnarrétt veðhafa og vísast til athugasemda við 14. gr. um efni þess réttar og skilyrðin fyrir beitingu hans.

9. Framsal einstakra muna út úr löglega veðsettu heildarsafni.

Þess er áður getið í almennum athugasemdum að möguleikar manna til þess löglega að veðsetja heildarsöfn muna aukast verulega ef frumvarp þetta verður að lögum. Óljóst er samkvæmt gildandi rétti, hver höft slík veðsetning setur á heimildir veðþola til þess

að ráðstafa með löggerningi einstökum munum út úr heildarsafninu. Er nauðsynlegt í frumvarpi þessu að marka með skýrum hætti reglur í þessum efnum.

Sú meginregla, sem frumvarpið byggir á, kemur fram í 1. mgr. 27. gr. þess. Þar er meginreglan sú að veðsali geti skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun veðtryggingu veðhafa. Er þá við það miðað í 3. mgr. 27. gr. að veðrétturinn falli brott þegar veðhafi hefur ekki lengur umráð hins veðsetta. Heimild veðsala til þess að skipta út eða framselja einstök verðmæti fellur niður eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerða til innheimtu veðkröfu, sbr. 2. mgr. 27. gr.

Í 4. mgr. 27. gr. ræðir um afleiðingar þess að veðsali hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta. Öðlast veðhafi þá veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinu veðsetta tók, um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. 27. gr. með ráðstöfun sinni.

Sömu reglur og hér voru raktar eiga jafnan við þegar heildarsöfn hafa samkvæmt frumvarpinu verið löglega sett að sjálfsvörsluveði, sbr. ákvæði 28.–32. gr. og ákvæði 33. gr. Vísast um röksemdir fyrir reglunum til athugasemda við greinar þessar.

10. Sérgreining einstakra muna þegar veðsett eru heildarsöfn.

Af ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir að haldið er í þá meginreglu íslensks réttar að sjálfsvörsluveð verði einungis sett í einstaklega ákveðnum munum. Verður því í veðbréfi að gera nægilega grein fyrir því, hver hin veðsetta eign er, og sé um fleiri eignir að ræða verður almennt að telja þær allar upp í veðbréfinu og auðkenna hverja einstaka þeirra nægilega.

Þess er hins vegar áður getið að frumvarp þetta mun, ef að lögum verður, auka mjög möguleika manna til þess að veðsetja heildarsöfn muna, ýmist ein sér eða saman með fasteign. Þegar svo hagar til er við það miðað í frumvarpinu að slaka megi á framangreindri kröfu um sérgreiningu hvers einstaks munar. Styðst þetta sjónarmið annars vegar við þau rök að eðlilegt sé að slaka á kröfunni um sérgreiningu hvers einstaks munar samfara auknum heimildum til þess að veðsetja heildarsöfn og hins vegar að erfitt geti verið og til trafala að koma nægjanlegri sérgreiningu við hverju sinni.

Þannig kemur fram í athugasemdum við 26. gr. frumvarpsins að þegar veðsett eru rekstrartæki ásamt fasteign samkvæmt heimild 24. gr. þurfi ekki að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega í viðkomandi veðbréfi, heldur nægi að taka fram í veðbréfinu að veðsett sé tiltekin fasteign, þar sem atvinnureksturinn fer fram, ásamt rekstrartækjum í heild, eins og þau eru á hverjum tíma. Um nánari skýringar á reglunni og rök fyrir henni vísast til athugasemda við 26. gr. frumvarpsins og auk þess til skýringa við 28., 29., 30. og 34. gr.

VIII.
Tengsl veðreglna við reglur um aðför.

Þess er áður getið að ákveðið samspil er á milli efnisreglna um veðréttindi og reglna um aðför. Þarf t.d. að samræma reglur veðlaganna og reglur aðfararlaganna varðandi framkvæmd aðfarar í fasteignum sem veðsettar verða ásamt rekstrartækjum, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Er í 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins vísað til reglna 42. gr. laga um aðför, nr.

90/1989, um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. Skulu reglur þær ekki raktar frekar hér, en vísað er til athugasemda við 24. og 27. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins, þ.e. 1.–14. gr. er gert ráð fyrir lögfestingu ýmissa almennra reglna á sviði veðréttar. Eiga reglur kaflans við um allar samningsveðsetningar, hvert svo sem veðandlagið er. Sumar þessara reglna hafa gilt hér á landi lögfestar, t.d. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við allsherjarveðsetningu (svokallað generalpant), sem er sama efnis og 1. mgr. 4. gr. veðlaganna frá 1887 og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við því að setja að sjálfsvörsluveði safn samkynja muna (heildarsöfn muna), en sú grein er sama efnis og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Þá hafa aðrar reglur I. kafla verið taldar gilda hér á landi ólögfestar, t.d. að nokkru leyti ákvæði 7. gr. um afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, og ákvæði 8. gr. frumvarpsins um áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta. Enn eru í kaflanum settar fram reglur, sem óljóst er, að hve miklu leyti hafa gilt hér á landi, sbr. t.d. 14. gr. frumvarpsins um útlausnarrétt.

Í íslenskum rétti er ekki til að dreifa settum lagaákvæðum um skipti á veðskuldum og um uppfærslurétt réttlægri samningsveðhafa, þegar veðréttindi rétthærri veðhafa falla niður eða þrengjast. Þegar samningsákvæðum sleppir, hefur verið talið, að réttarstaðan hvað uppfærsluréttinn varðar ráðist fyrst og fremst af eðli máls og meginreglum laga, þ.e. hvað best verði talið henta hagsmunum þeirra aðila, sem í hlut eiga, svo og veðsetningum í heild sinni, auk meginsjónarmiða laga og lögfræði. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 46).

Heppilegra er, að reglur um svo þýðingarmikið atriði sé að finna í settum lögum, og má segja, að reglur um uppfærslurétt og skipti á veðskuldum eigi þá heima með ákvæðum um útlausnarrétt. Um þau efni er þó ekki að finna reglur í frumvarpi þessu, og liggja til þess tvenns konar rök. Í fyrsta lagi þau, að reglur um skipti á veðskuldum og uppfærslurétt varða fyrst og fremst forgangsvernd réttinda, og er því eðlilegt, að reglum um slík atriði sé fremur skipað í þinglýsingalög en almenn veðlög. Í öðru lagi eru þau rök, að reglur um uppfærslurétt varða ekki einvörðungu veðréttindi heldur og fleiri kvaðir og eignahöft en veðréttindi. Mælir það einnig með því, að reglum um það efni sé skipað í þinglýsingalög fremur en almenn veðlög. Með þessi rök í huga hefur frumvarpið ekki að geyma reglur um uppfærslurétt og skipti á veðskuldum, og munu því um það efni áfram gilda ólögfestar reglur.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna skilgreiningar á nokkrum grundvallarhugtökum, sem fyrir koma í frumvarpinu. Skilgreiningarnar hafa það fyrst og fremst að markmiði að lýsa almennum einkennum frumvarpsins og gildissviði þess. Þá sést og af skilgreiningunum, hvert er samhengið milli helstu hugtaka, sem á er byggt í frumvarpinu. Auk skilgreininga þeirra, sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins eru ýmis önnur hugtök, sem hafa sérhæfðari merkingu, skýrð í öðrum greinum, t.d. í 2. mgr. 24. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstrartæki; 25. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstraraðili; 2. mgr. 29. gr., þar sem skilgreint er hugtakið rekstrartæki í skilningi þess ákvæðis og 2. mgr. 33. gr., þar sem skilgreint er hugtakið vörubirgðir.

Í veðlögunum frá 1887 er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu veðréttur. Í fræðiritum (t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 13) eru það talin megineinkenni veðréttinda, að þau heimili veðhafa að krefja veðþola um fjárgreiðslu og forgangsrétt til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af verðmæti tiltekinnar eignar, veðsins. Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 16) skilgreinir hugtakið á svipaðan hátt. Hann segir, að veðréttindi séu réttindi, sem veiti heimild til þess að krefja um fjárgreiðslu og til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af peningaverði ákveðinnar eignar, og gangi þessi réttur veðhafa fyrir rétti almennra kröfuhafa.

Hugtakið veðréttur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er skilgreint með svipuðum hætti. Þar kemur fram, að með veðrétti í frumvarpinu sé átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu). Hugtaksskilgreining þessi nær í sjálfu sér yfir öll veðréttindi, en í þessu sambandi skal minnt á, að frumvarp þetta fjallar einvörðungu um samningsveðsetningar, svo sem nánar er rakið í almennum athugasemdum hér að framan.

Veðsetning fasteignar, þar sem eigandi (veðþoli) býr á eigninni og hefur áfram not hennar, er dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu, sbr. síðari málsliður 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Veð í vörubirgðum skv. 33. gr. frumvarpsins er einnig dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu samkvæmt frumvarpinu, og hinu sama gegnir um söluveð, sbr. 38. gr. frumvarpsins, en þá veðsetningu verður í eðli sínu að telja sjálfsvörsluveðsetningu (Norsk Panterett, bls. 325).

Dæmi um handveðsetningu er það hins vegar, þegar einstakir lausafjármunir eru afhentir veðhafa til umráða, sbr. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Einnig þegar viðskiptabréf er afhent banka til tryggingar endurgreiðslu láns, sbr. ákvæði 43. gr. frumvarpsins. Það einkennir veðrétt þennan, að veðsali er sviptur umráðum veðsins á virkan hátt, þ.e. hann missir umráð hins veðsetta. Er með því lögð áhersla á, að girt sé fyrir, að veðþoli geti ráðið yfir veðinu, og er þar fyrst og fremst átt við umráð og hagnýtingu án löggernings. Rétt er að hafa í huga, að umráðasvipting getur samkvæmt frumvarpinu gerst án þess að veðandlagið sé beinlínis afhent veðhafa, sbr. nánar ákvæði 22. gr. Umráðasvipting er því það, sem einkennir handveðið. Þegar veðsettar eru almennar fjárkröfur, öðlast veðhafi réttarvernd við það, að skuldara kröfunnar er tilkynnt um veðsetninguna, sbr. 46. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, aukast að miklum mun möguleikar manna til þess að setja lausafjárverðmæti að sjálfsvörsluveði, og á það sérstaklega við um sjálfsvörsluveð í hinum svokölluðu heildarsöfnum muna, sbr. 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins. Þar sem ýmsar hættur geta verið slíkum veðsetningum samfara, er nauðsynlegt að búa svo um hnútana, að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Til þess að auka öryggi við sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé og reyna þannig að koma í veg fyrir mistök og misferli við veðsetningu slíkra réttinda, er samhliða frumvarpi þessu flutt frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

Meginefni þess frumvarps er það, að við embætti sýslumannsins í Reykjavík, sbr. lög nr. 92/1989, verði haldin sérstök landsskrá yfir þinglýstar sjálfsvörsluveðsetningar og aðfarargerðir í lausafé, hvort sem umrætt lausafé er skráningarskylt eða ekki. Þegar skjal, sem varðar veð í lausafé, er afhent til þinglýsingar, skulu þinglýsingarstjórar senda landsskránni tilkynningu um móttöku slíks skjals og allar nauðsynlegar upplýsingar, er skjalið varða.

Dómsmálaráðuneytinu er ætlað að setja reglur um nánari tilhögun þessara tilkynn-

inga, færslu þeirra í landsskrána og upplýsingagjöf úr henni, en haga skal færslu í skrána þannig, að hægt sé að gefa veðbókarvottorð með afhendingu ljósrits úr skránni. Tilkoma landsskrár þessarar breytir ekki gildandi reglum þinglýsingalaga um það, hvar skjölum, er varða réttindi yfir lausafé, skal þinglýst, sbr. 40., 43. og 47. gr. þinglýsingalaga. Fer því þinglýsing ekki fram við landsskrána, nema hvað varðar skjöl, sem afhenda ber til þinglýsingar í Reykjavík. Þykir hagkvæmt, að sýslumaðurinn í Reykjavík haldi skrá þessa og veiti upplýsingar úr henni. Er hér í raun verið að lögmæla svipað fyrirkomulag og gilt hefur samkvæmt lögum nr. 63/1988 um tilkynningarskyldu þinglýsingarstjóra til Bifreiðaskoðunar Íslands að því viðbættu, að hér getur skrárhaldari gefið út veðbókarvottorð, og það þótt skjali hafi ekki verið þinglýst í umdæmi hans. Ef framangreint frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum verður að lögum, falla úr gildi lög nr. 63/1988.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru almenn ákvæði um gildissvið frumvarpsins, þ.e. að hvaða marki ákvæði þess, ef að lögum verða, eru frávíkjanleg og um stöðu þeirra gagnvart sérlögum.

Rétt þykir, að það komi fram í almennu veðlögunum, hvort og að hvaða marki lögin eru frávíkjanleg. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna **með samningi** „. . . nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum“. Ófrávíkjanleg ákvæði í frumvarpinu eru t.d. 2. mgr. 2. gr.; 3. gr.; 3. mgr. 9. gr.; 2. mgr. 15. gr.; 18. gr. og að auki allar reglur frumvarpsins um réttarvernd. Dæmi um ákvæði frumvarpsins, sem berum orðum eru frávíkjanleg, er t.d. ákvæði 3. mgr. 6. gr.; 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. verður veðréttur einungis stofnaður, þannig að gildi hafi að lögum, að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum. Áskilnaður þessi lítur bæði að því, hver verðmæti verða veðsett og með hvaða hætti. Af ákvæðinu leiðir í fyrsta lagi, að samningar um veð í öðrum fjárverðmætum en þeim, sem nefnd eru í veðlögum eða öðrum lögum, eru ógildir, einnig milli aðilanna. Þá felst það í áskilnaði 2. mgr. 2. gr., að veðréttur verður einungis stofnaður með þeim hætti, sem lög leyfa. Er reyndar sérstaklega tekið fram í 3. mgr. 3. gr., að sjálfsvörsluveðsetningar í heildarsafni muna séu aðeins heimilar að því marki, sem veðlög eða sérlög heimila.

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir, að ákvæði laganna víki fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum. Eins og rakið er í almennum athugasemdum gerir frumvarp þetta t.d. ráð fyrir því, að lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, haldi óbreytt gildi sínu. Frumvarpið byggir á þeirri forsendu, að ákvæði veðlaganna eigi í sjálfu sér við um allar veðsetningar, þar með talin veðsetningu loftfara. Ákvæði sérlaga geti hins vegar mælt á annan veg um einstök atriði, t.d. um stofnun, skráningu, réttarvernd og forgangsáhrif veðs. Ganga þá ákvæði slíkra sérlaga hvað þau atriði varðar framar almennum ákvæðum frumvarpsins. Það hlýtur þó jafnan að vera lögskýringaratriði hverju sinni, sem á reynir, hversu langt sérlög ganga og hvenær almenn ákvæði veðlaga grípa inn í.

Um 3. gr.

Í 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram hin svokallaða sérgreiningarregla, sem nánar er vikið að í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Regla 1. mgr. er sama efnis og regla 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um bann við allsherjarveðsetningu, þ.e. bann við veðetningu í öllu því, sem maður á eða eignast kann. Er hér mælt fyrir um tiltekið gildisskilyrði veðsetningar, þ.e. með ákvæðinu er verið að setja

samningsfrelsi um veðsetningar vissar skorður. Gegnir hinu sama um ákvæði 3. mgr. 3. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, en sú frumvarpsgrein er að mestu sama efnis og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Þótt segja megi, að efni 2. mgr. 3. gr. leiði af almennum reglum, þykir rétt að orða slíka reglu í veðlögum. Veðsetning, sem brýtur gegn ákvæðinu, getur verið ógildanleg í heild eða að hluta, en niðurstaða í þeim efnum ræðst af efni þeirrar lagareglu eða þess samningsákvæðis, sem takmarkar réttinn til þess að ráðstafa viðkomandi réttindum.

Regla 3. gr. frumvarpsins hefur, eins og áður segir, að geyma fyrirmæli, er varða gildisskilyrði veðsetninga. Tilgreiningarreglan, sem fram kemur í 4. og 5. gr., hefur á hinn bóginn ekki að geyma reglur um gildisskilyrði, heldur varða þau ákvæði réttarvernd, svo sem nánar verður skýrt í athugasemdum við þær greinar.

Um 4. gr.

Með frumvarpsgrein þessari, sem er að nokkru sama efnis og 23. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, er lagt til, að lögfest verði í íslenskum rétti hin svokallaða tilgreiningarregla, sem nánar er vikið að í almennum athugasemdum.

Ákvæði 23. gr. laga nr. 39/1978 hafa verið skilin þannig, að tilgreina verði, þegar um veðskjöl er að ræða, í ákveðinni gjaldgengri mynt, hvert sé verðmæti aðalgreiðslu samkvæmt þeirri skuldbindingu, sem veðið á að tryggja, en í tryggingarbréfum megi þó láta sitja við hámarksfjárhæð greiðslu. Hins vegar er ekki fyllilega ljóst samkvæmt íslenskum rétti, hvort hámarksfjárhæð sú, sem tilgreind er í tryggingarbréfi, er heildargreiðsla, þannig að t.d. kostnaður við innheimtu kröfu og vextir falli þar undir. Gaukur Jörundsson (Um veðréttindi, bls. 24) telur líklegra, að tilgreining hámarksfjárhæðar í tryggingarbréfum feli í sér heildargreiðslu. Allmikið er tíðkað hér á landi í tryggingarbréfum, að til viðbótar tryggingu fyrir tiltekinni hámarksfjárhæð kröfu áskilji veðhafar sér að auki tryggingu fyrir vöxtum og kostnaði. Virðist ekki amast við því í réttarframkvæmdinni, því slíkum bréfum er þinglýst athugasemdalaust og farið virðist eftir slíkum áskilnaði bréfa við úthlutun uppboðsandvirðis.

Í Danmörku hefur 3. mgr. 10. gr. þinglýsingalaganna, sem er fyrirmynd 23. gr. íslensku þinglýsingalaganna, verið túlkuð svo, að hámarksfjárhæð í tryggingarbréfi sé heildargreiðsla (sjá t.d. Lene Pagter Kristensen. Tinglysningsloven, bls. 150). Til þess að veðbréfi verði þinglýst þar í landi, verður veðbréfið annaðhvort að greina ákveðna fjárhæð eða ábyrgðin að vera takmörkuð við ákveðið hámark. Í síðastnefnda tilvikinu er ekki hægt að áskilja sér tryggingu fram yfir hámarksfjárhæðina, hvorki fyrir vöxtum né kostnaði við innheimtu kröfu (sjá t.d. Knud Illum, Tinglysning, bls. 100, og W.E. von Eyben, Panterettigheder, bls. 124).

Í Noregi gildir á hinn bóginn sú regla, að þótt tryggingarbréf greini hámarksfjárhæð, er ekkert því til fyrirstöðu, að veðið standi að auki til fullnustu vöxtum og kostnaði við innheimtu kröfu (sjá t.d. Sjur Brækhus, Omsetning og kreditt 2, bls. 230 og 232).

Sú tilhögun, sem gildir í Danmörku og hér var lýst, hefur ýmsa kosti og helstan þann, að viðsemjendur veðþola geta þá treyst því, þegar um tryggingarbréf með hámarksfjárhæð er að ræða, að veðið standi einvörðungu til fullnustu þeirri hámarksfjárhæð, sem tilgreind er, og ekki öðrum greiðslum. Til þess er hins vegar að líta, að framkvæmd hér á landi virðist hafa verið með öðrum hætti, og verður ekki séð, að af þeirri framkvæmd hafi skapast vandkvæði. Má og segja, m.a. með hliðsjón af reglu b-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að það eigi að vera tiltölulega auðvelt fyrir væntanlega viðsemjendur veðþola að ganga úr skugga um, hverjir vextir og kostnaður geti fallið á skuld til viðbótar til-

greindri hámarksfjárhæð í tryggingarbréfi. Því er við það miðað í frumvarpi þessu, að áskilnað 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu hámarksfjárhæðar beri að skilja á þann veg, að til viðbótar tilgreindri hámarksfjárhæð í tryggingarbréfum standi veðsett eign til fullnustu vöxtum og kostnaði, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 5. gr.

Áskilnaður 1. mgr. 4. gr. um, að geta verði fjárhæðar aðalkröfu í veðsamningi eða hámarks hennar, lýtur að skilyrðum þess, að afla veðsamningi réttarverndar gagnvart þriðja manni. Samningur, sem fullnægir ekki skilyrði 1. mgr. 4. gr., getur í sjálfu sér verið gildur milli aðilanna, en samningurinn nýtur hins vegar takmarkaðrar réttarverndar gagnvart þriðja manni.

Regla 1. mgr. 4. gr. á einungis við, þegar um er að ræða samningsveð, sem öðlast réttarvernd við þinglýsingu. Ákvæði á því ekki við um handveð. Þá á ákvæðið hvorki við um veð í almennum fjárkröfum, sbr. 45. gr., né heldur söluveð, ef frá er talið söluveð í skráningarskyldu lausafé, sbr. 2. mgr. 38. gr. Þegar um söluveð er að ræða, eiga við ákvæði 3. mgr. 38. gr., og þjónar það ákvæði sama tilgangi og ákvæði 4. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. er lagt til, að fjárhæð veðkröfu megi tilgreina hvor heldur sem er í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu, sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum, eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

Fræðimenn hafa skýrt 23. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sem vikið er að hér að framan, svo, að tilgreina verði a.m.k. hámarksfjárhæð aðalgreiðslu í ákveðinni gjaldgengri mynt (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24). Þegar tekið er tillit til þess, að á síðari árum hafa verið teknar upp ýmsar reiknieiningar, sem miðast við gengi margra gjaldmiðla, svo sem eins og SDR (sérstök dráttarréttindi) og ECU (European Currency Unit), og að ekki er óalgengt, að lán séu veitt, sem miðast við slíkar reiknieiningar, þykir nauðsynlegt að gera ráð fyrir því í lögum, að veðkröfur megi tilgreina í slíkum reiknieiningum. Verður að telja, að það sé hvorki í ósamræmi við 23. gr. þinglýsingalaga né heldur ákvæði laga um nauðungarsölu varðandi uppboðsheimildir og ákvæði laga um aðför varðandi aðfararheimildir.

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til, að sérstaklega verði tiltekið, að heimilt sé í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé fyrirmælum um tilgreiningu á gengi eða tegund og grunntölu verðtryggingar fylgt.

Talið hefur verið í íslenskum rétti, að slík ólögfest heimild sé fyrir hendi (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24), enda hefur það verið tíðkað í réttarframkvæmdinni. Eðlilegt þykir hins vegar, að það sé beinlínis tekið fram í lögum, að slík heimild sé fyrir hendi.

Um 5. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er gert ráð fyrir því, að lögfestar verði ákveðnar undantekningar frá þeirri meginreglu 4. gr. frumvarpsins, að það sé skilyrði réttarverndar veðréttinda, að fjárhæð veðkröfu þurfi að vera tilgreind eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið á að tryggja.

Sjónarmið þau, sem búa því að baki að undanskilja ákveðnar kröfur frá áskilnaði 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu fjárhæðar eða hámarksfjárhæðar, eru mismunandi. Í fyrsta lagi má nefna, að um er að ræða kröfur, sem að jafnaði fylgja aðalkröfu sem viðbót, eins og t.d. vextir og kostnaður. Í öðru lagi er um að ræða kröfur, sem hagkvæmt er, þegar litið er til veðandlagsins sjálfs og hagsmuna veðhafa, að viðurkenna forgangsrétt fyrir, eins og t.d. kröfur vegna greiðslu vátryggingariðgjalda. Um þessi tilvik gildir, að erfitt get-

ur verið að afmarka fjárhæð kröfu nákvæmlega á því tímamarki, sem máli skiptir skv. 4. gr.

Þýðing 5. gr. felst ekki í því, að hún sé heimild þess, að veðrétturinn nái til þeirra krafna, sem þar eru upptaldar, heldur í hinu, að þegar umræddar kröfur fylgja tiltekinni aðalkröfu, er það ekki nauðsynlegt skilyrði réttarverndar að tilgreina tiltekna fjárhæð eða tiltekna hámarksfjárhæð. Engar reglur eru settar fram um það í frumvarpinu, hvenær umræddar kröfur skulu fylgja aðalkröfu. Ákvörðun um það efni byggir á túlkun á veðsamningi aðila. Í 5. gr. kemur fram, að kröfur þær, sem þar getur, fylgi aðalkröfu, nema annað leiði af samningi.

Um a-lið.

Í a-lið 5. gr. kemur fram, að krafa veðhafa vegna kostnaðar við innheimtu veðkröfu fellur utan áskilnaðar 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu fjárhæðar eða hámarksfjárhæðar. Skal í þessum efnum minnt á þá reglu 2. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, að aðför til fullnustu þeim kröfum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustugerðum.

Í því orðalagi a-liðar, að um sé að ræða kostnað af innheimtu veðkröfu, felst ákveðin takmörkun. Með því er fyrst og fremst átt við lögboðin gjöld og annan kostnað, sem jafnan fylgir aðfarargerð og nauðungarsölu eignar og kröfuhafi hefur greitt og getur endurkrafið skuldara um. Hér má sem dæmi nefna réttargjöld, kostnað af öflun dómsendurrita og birtingarkostnað. Þá tekur umrætt orðalag og til málskostnaðar í máli, sem veðhafa er nauðsynlegt að höfða til þess að afla sér aðfararheimildar og innheimtukostnaðar, í þeim tilvikum þar sem ekki er um að ræða veðbréf með beinni uppboðsheimild.

Um b-lið.

Samkvæmt reglum, sem taldar eru gilda hér á landi ólögfestar, er veðréttur talinn ná til aukagreiðslna eins og vaxta og dráttarvaxta, þótt ekki sé við samningsákvæði að styðjast (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 28, og Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 21).

Þótt það sé meginregla samkvæmt gildandi rétti, að veðréttur nái til aukagreiðslna eins og vaxta, sætir sá veðréttur ákveðnum takmörkunum hvað forgangsrétt varðar. Í lögum nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, segir að sé skuldunauti veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignaveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá haldist ekki forgangsréttur veðhafa fyrir vöxtunum gagnvart síðari veðhöfum lengur en í eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga. Er tilgangur reglu þessarar sá að koma í veg fyrir, að veðhafi geti veitt skuldara óhæfilega gjaldfresti á kostnað annarra veðhafa. Þeir vextir, sem umfram eru árið, færast aftar í veðröðinni.

Samkvæmt forsögu sinni og upphaflegum tilgangi tekur umrætt lagaákvæði til samningsvaxta, en það hefur í framkvæmd einnig verið látið ná til dráttarvaxta. Er ekki talið skipta máli, hvort gjaldfrestur hefur verið veittur berum orðum eða með aðgerðarleysi. Hafa lögin í framkvæmd (t.d. í úrskurðum varðandi nauðungarsölu) verið túlkuð þannig, að forgangsréttur til vaxtanna nái til þeirra vaxta, sem falla í gjalddaga á einu ári fram að því tímamarki, að beiðni um nauðungarsölu er móttekin. Þetta þýðir með öðrum orðum, svo dæmi sé nefnt, að sé beiðni um nauðungarsölu móttekin 15. maí 1992, nær forgangsréttur veðhafa til þeirra vaxta, sem falla í gjalddaga frá 15. maí 1991 og síðar. Eins og áður segir, er tilgangur reglu laga nr. 23/1901 sá að koma í veg fyrir, að veðhafi geti veitt skuldara óhæfilega gjaldfresti á kostnað annarra veðhafa. Regla laganna auðveldar mönnum að ganga úr skugga um, hverjar skuldbindingar hvíla á tilteknum veðréttum

eignar, og hún veitir í raun tryggingu fyrir því, að ekki hvíli á eignum aðrar skuldir en þær, sem hægt er að ganga úr skugga um með nokkurri vissu, hve miklar eru. Verður ekki annað séð, en regla laga nr. 23/1901 hafi að þessu leyti gefist vel í framkvæmd, og þykir því ekki í frumvarpi þessu ástæða til að leggja til breytingu þar á, að öðru leyti en því, að ekki þykir rétt að einskorða regluna við þau veðréttarsambönd, þar sem fasteignaveð er fyrir skuld. Á reglan því við, hvert svo sem veðandlagið er. Í 48. gr. frumvarpsins er lagt til, að lög nr. 23/1901 falli úr gildi, þar sem reglu b-liðar 5. gr. er ætlað að koma í hennar stað.

Um c-lið.

Í c-lið 5. gr. kemur fram, að áskilnaður 1. mgr. 4. gr. nær ekki til kröfu, sem þannig er til komin, að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af veðsettri eign, og um er að ræða iðgjald, sem fallið hefur í gjaldaga á einu ári fyrir það tímamark, sem nefnt er í b-lið, þ.e. á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu eignar var sett fram.

Brunatryggingar og aðrar skaðatryggingar gegna þýðingarmiklu hlutverki í flestum veðréttarsamböndum, þar sem þær draga að mun úr áhættu veðhafa. Til þess að tryggja hagsmuni sína og forðast tjón, getur veðhafi þurft að grípa til þess ráðs að greiða vátryggingariðgjöldin, ef veðsali gerir það ekki sjálfur. Þar sem greiðsla vátryggingariðgjaldsins kemur ekki bara þeim veðhafa til góða, sem iðgjaldið greiðir, heldur og öðrum, sem veð eiga í sömu eign, er ljóst, að sá veðhafi, sem greitt hefur iðgjaldið, verður að njóta einhverra tryggingarréttinda hvað endurkröfu hans varðar.

Af ákvæðum c-liðar leiðir, að veðhafi, sem greitt hefur vátryggingariðgjald, nýtur sama forgangsréttar hvað varðar þá fjárhæð, sem hann hefur greitt í iðgjald, og veðréttur hans varðandi aðalkröfu nýtur. Þetta getur að sjálfsögðu leitt til þess, að tryggingarréttindi annarra veðhafa skerðast, og af þeirri ástæðu m.a. verður undantekningarregla c-liðar að sæta ákveðnum takmörkunum. Á undantekningarregla þessi fyrst og fremst við um brunatryggingu og aðra skaðatryggingu, sem er nauðsynleg til þess að vernda hagsmuni veðhafa í veðandlaginu. Það verður háð mati hverju sinni, hvað hér fellur undir.

Óeðlilegt er, að unnt sé að safna upp iðgjaldagreiðslum þeim, sem um ræðir í c-lið. Því gildir sú takmörkun, að undanþáguheimildin nær til iðgjaldagreiðslna fyrir eitt ár fram að því tímamarki, sem nefnt er í b-lið. Í því felst, að það eru aðeins iðgjöld í eitt ár, reiknað fram að því tímamarki, sem um ræðir í b-lið, sem njóta forgangsréttar án sérstaks áskilnaðar eða tilgreiningar.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram sú skýringarregla, að kröfur þær, sem nefndar eru í ákvæðinu, fylgja aðalkröfu og njóta sama forgangsréttar og hún, svo fremi sem önnur niðurstaða verður ekki leidd af samningi þeim, sem stofnaði til veðréttarins. Er þetta í samræmi við gildandi rétt, a.m.k. hvað varðar þær kröfur, sem greinir í a- og b-liðum. Í því orðalagi frumvarpsgreinarinnar, „. . . nema annað leiði af samningi . . .“ felst, að það þarf ekki að koma fram í veðsamningi berum orðum, að umræddar viðbótarkröfur fylgi ekki aðalkröfu, heldur nægir, að út frá því hafi verið gengið í millum aðila, að veðandlagið standi einvörðungu til fullnustu aðalkröfunni, þótt ekki hafi það verið orðað sérstaklega.

Um 6. gr.

Talið er samkvæmt gildandi rétti, að það fari fyrst og fremst eftir samningi aðila, hvernig háttað sé afstöðu veðréttinda til arðs af veðsettri eign, og gildir það bæði um borgaralegan arð og náttúrulegan arð. Með borgaralegum arði er venjulega átt við end-

urgjald fyrir afnot og hagnýtingu, sem eigandi hefur heimilað öðrum af veðsettri eign, t.d. leigugjald og vextir. Með náttúrulegum arði er venjulega átt við verðmæti, sem við hagnýtingu eignar eru frá henni skilin, svo sem ull af fé, hey af túni, möl úr námu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Ekki er ávallt unnt að komast að niðurstöðu um það á grundvelli skýringa á veðsamningi, hvernig háttað sé afstöðu veðréttinda til arðs af veðsettri eign. Hafa í því sambandi ýmsar viðmiðunarreglur verið orðaðar, bæði hvað varðar sjálfsvörsluveðsetningar og handveðsetningar, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 30–31.

Um 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins byggir á því, að eigandinn eigi, þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða, að hirða arð af veðinu, nema um annað hafi verið samið. Er það í samræmi við gildandi reglur, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Ekki þykir ástæða til að setja í frumvarpið sérstakar reglur um töku arðs af handveðsettri eign. Er í fyrsta lagi erfitt að setja fram reglu, sem átt getur við í öllum tilvikum, auk þess sem þau tilvik eru afar fátíð, þar sem reynir á rétt til töku arðs af handveðsettu lausafé. Er eðlilegast, að úr slíkum álitaefnum leysi aðilar í samningum sínum, t.d. þannig að veðhafi eigi rétt til arðs af veðsettri eign á meðan hann hefur vörslur hennar. Rétt er þó að vekja á því athygli, að ákvæði 2. mgr. eiga samkvæmt orðalagi sínu bæði við um sjálfsvörsluveðsetningar og handveðsetningar, þegar um kröfur er að ræða, sbr. orðalagið: „Sá, sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið . . . “

Um 2. mgr.

Regla 2. mgr. 6. gr. um veð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum er sérregla, sem gengur framar reglu 1. mgr. í þeim tilvikum, þar sem krafa er sett að sjálfsvörsluveði. Samkvæmt reglu 2. mgr. 6. gr. getur veðhafi, sem á veð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum krafið um og móttekið, vexti, arð og afborganir, sem falla til á gildistíma veðsetningar. Þeim fjárhæðum, sem hann þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu **gjaldfallinnar** kröfu til vaxta, afborgunar eða höfðustóls. Hins vegar þurfa aðilar að semja um það sérstaklega, ef veðhafi á að geta haldið hjá sér t.d. vöxtum fyrir **ógjaldfallinni** kröfu á hendur veðsala.

Ef innleysa ber handveðsett skjal eða kröfu, er aðstaðan hins vegar önnur. Veðtryggingin fellur brott við innlausn, og því verður veðhafi að geta haldið hjá sér innlausnarfjárhæðinni, einnig til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Því er orðuð sérregla um innlausnarbréf í 4. málsl. 2. mgr. 6. gr.

Hækkun hlutafjár í hlutafélagi með útgáfu svonefndra jöfnunarhlutabréfa verður án þess að greitt sé nýtt fé inn til félagsins. Þar sem til verða fleiri hlutir í félaginu en áður, er sú hætta fyrir hendi, að verðmæti hlutanna minnki. Því getur verið nauðsynlegt, að veðréttur í hlutabréfum nái einnig til hins hækkaða hlutafjár, hvort sem gefin hafa verið út ný hlutabréf eða ekki, ef veðhafi á að njóta þess öryggis, sem hann mátti reikna með í upphafi. Þykir eðlilegt, að veðhafi og veðsali semji um þetta atriði í veðsamningi. Tekið skal fram, að með 5. málsl. 2. mgr. 6. gr. er ekki verið að breyta þeirri reglu, sem hér á landi er talin gilda, að atkvæðisréttur fylgi ekki veðrétti í hlutabréfum.

Hvað varðar veð í kröfum þá skal hér til samanburðar minnt á ákvæði 3. mgr. 44. gr. aðfararlaganna nýju, en þar kemur fram, að fjárnám í veðbréfi eða kröfu taki til arðs og vaxta, nema annað sé tekið fram.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við gildandi rétt, en veðþoli hefur verið talinn hafa heimild til þess að hafa umráð og afnot veðandlagsins, þrátt fyrir veðsetninguna. Við það er miðað, að aðilar geti samið á annan veg. Þá geta ákvæði aðfararlaga takmarkað heimild veðþola til þess að hafa umráð veðsetts verðmætis, sbr. t.d. 56. og 57. gr. aðfararlaganna nýju, sem takmarkað geta rétt gerðarþola til umráða yfir eign, sem aðför hefur verið gerð í.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru í samræmi við ólögfestar reglur, sem hér á landi hafa verið taldar gilda í þeim efnum, sem þar er um fjallað, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 38.

Í 4. mgr. er lögð sú skylda á herðar veðsala að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt, sem lög áskilja eða venja er til. Með orðalaginu „ . . . á þann hátt, sem lög áskilja . . . “ er verið að minna á, að í vissum tilvikum leiðir skyldu til vátryggingar beint af lögum. Þannig má sem dæmi nefna 4. gr. laga nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík. Þar segir, að skylt sé að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast skv. 1. gr. laganna. Í 7. gr. laga nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands, segir að skylt sé að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög, eru allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt þeim lögum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í. Í d-lið 2. gr. laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, segir m.a. að skylt sé að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma.

Þótt ekki sé við lagaskyldu að styðjast, hefur sú venja víða myndast í ákveðnum lögskiptum, að veðþoli er skyldur til að halda hinu veðsetta vátryggðu. Stundum gera stöðluð form veðbréfa ráð fyrir slíku, t.d. þegar um er að ræða veðsetningu afurða, þegar lán eru veitt til greiðslu hráefnis og vinnulauna. Ljóst má vera, að veð í rekstrartækjum og vörubirgðum koma til með að gegna þýðingarmiklu hlutverki í lánastarfsemi hér á landi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Til greina gæti komið að skylda veðsala til þess að halda slíkum veðandlögum jafnan vátryggðum. Ekki þykir þó að svo stöddu ástæða til í almennum veðlögum að mæla fyrir um slíkt, og er því ekki gengið lengra en að leggja slíka skyldu á veðþola, þar sem venja er til slíks í tilteknum lögskiptum. Eru það slík tilvik, sem höfð eru í huga með orðunum „ . . . á þann hátt, sem . . . venja stendur til.“ Í því felst, að í ólögfestum tilvikum er veðþola almennt séð ekki skylt að vátryggja veðið, nema þar sem venja hefur myndast í þeim efnum í tilteknum lögskiptum.

Um 8. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum, hefur skort skýrar reglur um það í íslenskan rétt, hver eigi að bera áhættuna af því, að veðsettur hlutur ferst eða skemmist af tilviljun. Er, eins og þar kemur fram, ekki öðrum almennum ákvæðum til að dreifa en 2. gr. veðlaganna, og áhöld hafa verið um það, hvernig skýra ber það ákvæði. Með ákvæðum 8. gr. frumvarpsins er reynt að skapa skýrari línur í þeim efnum.

Í 1. mgr. er fjallað um skiptingu áhættu milli eiganda og veðhafa, þegar veðandlag-

ið ferst eða skemmist af tilviljun. Er reglan sú, að eigandinn ber sitt tjón, og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi. Inntak reglunnar er það, að það er veðtryggingin en ekki veðkrafan, sem skerðist eða fellur brott. Af því leiðir, að þótt veðsettur hlutur farist eða skemmist af tilviljun, leiðir það eitt samkvæmt frumvarpinu ekki til ábyrgðar veðþola gagnvart veðhafa, án þess að annað og meira komi til. Hagsmunir veðhafa geta hins vegar verið tryggðir í slíkum tilvikum með ákvæðum e-liðar 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að veðhafi getur sagt upp veðskuldinni, þ.e. krafist eindögunar hennar, ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun. Það er þó háð því, að veðtrygging hans skerðist verulega vegna þeirra atvika, sem þar um ræðir. Í því felst, að þótt veðhafi geti ekki krafið veðþola um skaðabætur vegna þess, að hið veðsetta hefur farist eða skemmst af tilviljun, getur hann krafist eindögunar veðkröfunnar, þótt gjalddagi sé ekki kominn, ef því skilyrði er fullnægt, að veðtryggingin skerðist verulega.

Í 2. mgr. ræðir um það, hvenær veðhafi og veðþoli geta orðið skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum. Samkvæmt ákvæðinu geta þeir í fyrsta lagi orðið bótaskyldir samkvæmt almennum skaðabótareglum og í öðru lagi getur skaðabótaábyrgð stofnast á sérstökum grundvelli, eins og það er orðað, en með því orðalagi er t.d. átt við ábyrgð samkvæmt sérstakri lagareglu eða samningsákvæði. Handveðhafi gæti t.d. orðið bótaskyldur, ef hann sýnir af sér aðgæsluleysi við varðveislu veðsins, eða í því tilviki, þar sem hann vanrækir að vátryggja veðið, þótt hann hafi skuldbundið sig til þess með samningi. Þá er og hugsanlegt, að veðhafinn hafi í samningi tekið á sig víðtækari skyldur til varðveislu veðsins en leiðir af reglu 7. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er, að veðlög hafi að geyma reglur um það, hvenær veðskuld gjaldfellur eða heimilt er að líta á hana sem gjaldfallna. Er um það fjallað í 9. gr. frumvarpsins, þ.e. hvenær heimilt er við ákveðnar aðstæður að líta svo á, að veðskuld sé gjaldfallin, þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu.

Efni greinarinnar skiptist í þrennt. Í 1. mgr. 9. gr. er að finna upptalningu atvika, sem leitt geta til þess, að heimilt er að krefjast eindögunar veðskuldar, þ.e. segja skuldinni upp vegna tiltekinna atvika, þótt eigi sé kominn umsaminn gjalddagi kröfu. Í 2. mgr. kemur fram sú takmörkun á uppsagnarréttinum, að í ákveðnu tilviki verður veðhafi að beina áskorun til veðþola um réttar efndir, áður en heimildarinnar verður neytt. Í 3. mgr. ræðir um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála um eindögun veðskuldar, og kemur þar fram sama regla og gildir skv. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Í réttarframkvæmd hér á landi hafa myndast ákveðnar reglur um eindögun eftirstöðva skulda, þar með talinna veðskulda, þegar skuldari eða veðþoli vanefnir skyldur sínar. Gjaldfellingarákvæði í veðskuldabréfum geta oft verið mjög hörð í garð skuldara, og er tilhneiging til þess að túlka þau ekki fortakslaust eftir orðanna hljóðan. Á það einkum við, þegar greiðsludráttur er óverulegur og hefur ekki haft í för með sér tjón fyrir veðhafa, enda hafi veðþola hvorki brostið getu né vilja til greiðslu, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 51–52. Lögfesting 9. gr. frumvarpsins kemur ekki til með að breyta ólögfestum gildandi rétti að þessu leyti.

Um 1. mgr.

Upptalninguna í 1. mgr. 9. gr. má flokka með fernum hætti. Í fyrsta lagi er um að ræða tilvik, sem flokka má til beinna vanefnda af hálfu lántaka, þ.e. a- og d-liðir, þar sem skyldan til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega, og þegar eig-

andi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti skyldur sínar skv. 7. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi eru tilvik, sem líta má á sem eins konar forsendubrest, þ.e. b- og e-liðir, þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala hins veðsetta, eða þegar veðið eyðilegst eða skemmist af tilviljun, og það leiðir til þess, að veðtryggingin skerðist verulega. Í þriðja lagi er um að ræða tilvik, sem hefur samstöðu með greiðsluþroti, þ.e. c-liður, þar sem ræðir um það, að bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta. Í fjórða lagi (f-liður) er um það tilvik að ræða, þar sem veðið er selt, enda hafi veðsali áskilið sér í veðbréfi heimild til eindögunar af því tilefni, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins hefur í raun á sér einkenni frávíkjanlegrar uppsagnarreglu, og er efni hennar því ekki takmarkað við það eitt að reisa skorður við uppsagnarákvæðum, sem of langt ganga. Í þessu felst, að þótt hefðbundið uppsagnarákvæði skorti í veðbréf, verður ákvæðum frumvarpsins beitt sem heimild til uppsagnar við t.d. verulegan greiðsludrátt.

Í a-lið 1. mgr. ræðir um heimild til uppsagnar, þegar skyldan til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega. Það eitt nægir ekki, að farið hafi verið fram úr umsömdum gjalddaga, heldur verður greiðsludráttur að vera þannig, að hann veiti heimild til uppsagnar. Um mat í þeim efnum verður að vísa til almennra riftunarreglna, þar sem heildarmat á aðstæðum er látið ráða.

Í b-lið 1. mgr. ræðir um rétt til uppsagnar, þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala hins veðsetta, eins og það er orðað. Í veðskuldabréfum hér á landi er allmikið tíðkað að hafa ákvæði þess efnis, að heimilt sé að gjaldfella veðskuld, t.d. „ . . . ef aðrir skuldheimtumenn veðþola ganga að veðinu . . .“ eða „ . . . ef leitað er fullnægju í veðinu fyrir greiðslu, er gengur fyrir skuld þessari . . . “, svo einhver dæmi séu nefnd. Er veðhafi með slíkum ákvæðum í raun að áskilja sér rétt til uppsagnar gagnvart veðþola vegna vanefnda veðþolans við annan kröfuhafa. Þess er fyrst að geta, að viðmiðunarmörk eins og þau, sem að framan voru tilgreind, eru óljós og hefur það valdið vafa, hvernig túlka beri slík ákvæði í framkvæmd. Í annan stað geta ákvæði sem þessi verið hörð í garð skuldara, ef reynt er að fylgja þeim bókstaflega. Í b-lið er tekið af skarið um það, að það sé skilyrði fyrir gjaldfellingu eða eindögun veðskuldar í slíkum tilvikum, að ákveðin hafi verið nauðungarsala hins veðsetta. Nægir þannig ekki, að beiðni um nauðungaruppboð hafi komið fram.

Til samanburðar skal þess getið, að í Noregi er heimildin til eindögunar heldur rýmri í þessu tilviki og miðast við, að veðið hafi verið „ . . . satt til tvangsauksjon . . . “, en þá er talið nægja, að beiðni um nauðungarsölu hafi verið samþykkt (Norsk Panterett, bls. 116).

Samkvæmt 42. gr. b) dönsku þinglýsingalaganna eru skilyrðin hins vegar þrengri en lagt er til í frumvarpi þessu. Þar segir, að þrátt fyrir ákvæði í veðbréfi, geti veðhafi ekki krafist eindögunar höfuðstóls af því tilefni, að 1) ógreiddir eru skattar og gjöld eða gjaldfallnar greiðslur til annarra veðhafa; 2) gert er fjárnám í eigninni; 3) veðhafi tekur veðið til afnota samkvæmt sérstakri heimild (tages til brugeligt pant); 4) tekin er fyrir í rétti beiðni um nauðungarsölu eignarinnar; 5) bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta eða 6) að bú skuldara er tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú. Regla þessi kom inn í dönsku þinglýsingalögin 1979 samhliða breytingum, sem gerðar voru á ákvæðum dönsku réttarfarslöggjafarinnar um nauðungarsölu. Er markmiðið með ákvæðinu m.a. að reyna að tryggja, að sem hæst verð fáist fyrir eign við nauðungarsölu, með því að koma í veg

fyrir, að háar fjárhæðir gjaldfalli vegna nauðungarsölumeðferðarinnar. Þykir ekki sanngjarnt, að nauðungarsalan leiði til þess, að skuldir annarra kröfuhafa, sem ekki eru í vanskilum, gjaldfalli. Þá þykir þrenging heimilda til eindögunar til þess fallin að auka líkur á því, að komast megi hjá nauðungarsölu með því að selja eignir frjálsri sölu.

Í c-lið 1. mgr. er heimiluð eindögun skuldar, þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta. Þykir ekki óeðlilegt í slíku tilviki að heimila veðhafa að beita vanefndaúrræðum, í þessu tilviki eindögun eftirstöðva skuldarinnar. Má segja, að hér búi að baki hagkvæmnisjónarmið. Gjaldþrot leiðir til heildaruppgjörs, þar sem eigur skuldara ganga til fullnustu þeirra krafna, er á honum hvíla. Er þá hagkvæmt, að veðhafi geti einnig fengið greiðslu allrar kröfu sinnar, þótt umsaminn lánstími sé ekki á enda kominn. Þar við bætist, að forsendur fyrir lánveitingu eru brostnar við gjaldþrot skuldara. Er heimildin í c-lið mjög í samræmi við tíðkanleg ákvæði í veðskuldabréfum hér á landi.

Í d-lið 1. mgr. ræðir um heimild til eindögunar veðskuldar, þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða tilvik, sem snýr beint að öryggi veðtryggingarinnar fyrir veðhafa. Ákvæðið á við um sjálfsvörsluveð, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 7. gr. Hér er það skilyrði, að veðþoli vanefni skyldur sínar verulega. Það mundi t.d. teljast veruleg vanefnd, ef veðþoli vanrækir með öllu að vátryggja hið veðsetta, og eins gæti ónóg vátrygging leitt til sömu niðurstöðu. Erfiðara getur hins vegar verið að meta það í öðrum tilvikum, hvort skilyrðum d-liðar 1. mgr. 9. gr. er fullnægt, en úrslitum ræður, hvort vanefnd er veruleg. Vanrækt viðhald veðsettrar eignar til langs tíma getur talist veruleg vanefnd, ef það leiðir til þess, að tryggingarréttindi veðhafa skerðast verulega. Kemur það beint fram í 2. mgr. 7. gr. auk þess sem 1. og 4. mgr. 7. gr. hafa það að markmiði að vernda veðhafa gegn því, að veðtrygging hans skerðist.

Í e-lið 1. mgr. kemur fram sú regla, að veðhafi getur krafist eindögunar, þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun. Hér er eingöngu átt við eyðileggingu eða skemmd á veðandlaginu sem slíku, þannig að t.d. verðmætisrýrnun, sem er að rekja til breytinga á markaðsverði veðandlagsins, getur ekki heimilað eindögun samkvæmt þessum staflið. Það er skilyrði eindögunar, að veðtryggingin skerðist verulega af þeim ástæðum, sem hér eru greindar. Ef veðandlagið er vátryggt og vátryggingin nær til umrædds tjóns, er eindögun skv. e-lið 1. mgr. ekki heimil.

Í f-lið 1. mgr. kemur fram, að veðhafi geti krafist eindögunar kröfu sinnar, þegar veðið er selt, enda hafi hann áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi. Það er meginregla, að kröfuhafi þurfi ekki að sæta því, að skuldaraskipti verði að kröfunni, nema kröfuhafi samþykki það. Því hefur það verið gildandi réttarregla, að þó svo að eigendaskipti verði að hinu veðsetta, leiði það ekki til þess, að fyrri eigandi leysist undan ábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Veðhafi hefur með sama hætti brýna hagsmuni af því, hver er eigandi hins veðsetta. Rétt þykir því að gera tillögu um það, að veðhafi, sem hefur áskilið sér það í samningi, hafi heimild til að gjaldfella veðkröfuna, ef eigendaskipti verða að hinu veðsetta. Ekki þykir þó ástæða til þess að veita slíka gjaldfellingarheimild í öðrum tilvikum en þegar sérstakt samningsákvæði liggur til grundvallar.

Um 2. mgr.

Ljóst má vera, að eindögun veðkröfu, áður en kominn er fyrir fram ákveðinn gjalddagi kröfu, getur valdið skuldara ýmiss konar erfiðleikum. Því er svo ákveðið í 2. mgr., að eindögunar verður ekki krafist skv. d-lið 1. mgr., fyrr en veðhafi hefur með hæfilegum fyrirvara skorað á eiganda og veðsala að efna skyldur sínar réttilega. Fyrr verður eindögun ekki beitt. Er hér verið að leggja til að ákveðnu marki lögfestingu á aðvörunar-

skyldu kröfuhafa gagnvart skuldara, áður en vanefndaúrræðum verður beitt (svokölluð nachfrist-regla).

Ákvæði um aðvörunarskyldu kröfuhafa gagnvart skuldara í tilefni vanefnda sem forsendu fyrir beitingu vanefndaúrræða, eru fá í íslenskum rétti, sbr. þó t.d. ákvæði húsaleigulaga um riftun leigusamninga, reglur um riftun vinnusamninga o.s.frv. Þá skal og í þessu sambandi vakin athygli á ákvæðum 7. gr. aðfararlaganna nýju um greiðsluáskorun sem skilyrði aðfarar.

Um 3. mgr.

Sjálfstæð þýðing 3. mgr. 9. gr. er í sjálfu sér takmörkuð, en þjónar þeim tilgangi að minna á, að um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála í veðbréfum fari eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 7/1936, með síðari breytingum. Með því að taka þetta fram í ákvæðinu er og á það minnt, að koma má fram andmælum gegn framgangi aðfarar eða nauðungarsölu á þessum grundvelli fyrir sýslumanni og eftir atvikum héraðsdómi í kjölfarið.

Á ógildingu reynir að líkindum fyrst og fremst gagnvart uppsagnarákvæðum í veðsamningum, sem víkja frá eða ganga lengra en heimilt er samkvæmt lögunum, og er ógildingarreglunni því skipað í 9. gr. Rétt er þó að minna á, að gildissvið ógildingarreglunnar er ekki takmarkað við gjaldfellingarákvæðin ein sér. Það er ekki einvörðungu almennt efni uppsagnar- eða gjaldfellingarákvæðisins, sem hér er haft í huga, heldur ekki síður aðstaðan á því tímamarki, þegar lánveitandi (veðhafi) beitir ákvæðinu í þeim tilgangi að ná fram fullnustu. Það leiðir af 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, að 3. mgr. 9. gr. er ófrávíkjanlegt ákvæði.

Um 10. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins ræðir um heimild veðþola til þess að ráðstafa veðandlaginu með löggerningi. Í 10. gr. er hins vegar fjallað um heimild veðhafa til þess að ráðstafa veðréttindunum með löggerningi, þ.e. til þess að framselja eða veðsetja veðrétt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. er meginreglan sú, að gagnvart veðþola er veðhafa slíkt framsal heimilt, nema annað leiði af samningi eða lögum. Ákvæðið fjallar um heimild veðhafa til framsals gagnvart veðþola, en um réttarstöðu annarra, sem hagsmuni kunna að eiga í veðandlaginu, fer eftir almennum reglum um réttarvernd viðkomandi réttinda.

Framsal veðréttar getur átt sér stað samtímis framsali kröfu þeirrar, sem veðið á að tryggja, og er án efa tíðast þannig staðið að framsali veðréttinda. Einnig getur slíkt framsal átt sér stað við það, að veðrétturinn er skilinn frá kröfunni, sem að baki býr, eftir atvikum þannig, að framseld er veðkrafa, sem engin persónuleg ábyrgð fylgir, en þar er um sjaldgæf tilvik að ræða. Þess má finna dæmi úr löggjöf, að gert sé ráð fyrir því, að aðilaskipti geti orðið að veðréttindum, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

Eðli málsins samkvæmt getur það haft ýmiss konar óhagræði í för með sér fyrir skuldara og eiganda veðandlagsins, þegar veðhafaskipti verða. Á hér hið sama við eins og þegar framseldar eru óveðsettar kröfur, en aðilaskipti geta orðið að slíkum kröfuréttindum. Hér reynir því mjög á sömu sjónarmið, bæði í kröfuréttarlegu og veðréttarlegu tilliti. Þegar um framsal almennra krafna er að ræða, verður skuldari að sæta því, að einungis hluti kröfu hans sé framseldur eða krafa hans framseld mörgum kröfuhöfum. Gagnstætt því sem fram kemur í 1. mgr. 11. gr. er á því byggt í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, að ekkert standi því í vegi, að veðrétturinn skiptist á fleiri hendur, t.d. í tengslum við framsal á hluta kröfunnar ásamt tilsvarandi hluta veðtryggingarinnar.

Það fer eftir ákvæðum löggjafarinnar á hverjum tíma, hverjar takmarkanir eru á heim-

ild kröfuhafa til þess að framselja kröfu sína, en um sumar kröfur gildir sú regla, að kröfuhafaskipti geta ekki orðið að þeim. Rök þau, sem búa að baki banni við framsali á kröfunni sjálfri, mæla þá einnig með því, að aðilaskipti geti ekki orðið að réttinum, sem tryggir kröfuna. Því er í 2. mgr. 10. gr. orðuð sú regla, að verði krafa sú, sem tryggja skal, ekki framseld, gildi hið sama um veðrétt til tryggingar kröfunni.

Í ákvæðum 3. mgr. felst, að framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt en heimildarmaður hans átti. Traustfangsreglur geta þó leitt til annarrar niðurstöðu.

Um 11. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar er í samræmi við þá reglu, sem talin er gilda hér á landi, að veðsetning sé því hvorki til fyrirstöðu, að hinu veðsetta sé afsalað, sbr. ákvæði 1. mgr., né heldur að stofnað sé til annars konar réttinda yfir því með löggerningi, t.d. réttlægri veðréttinda eða afnotaréttinda, sbr. ákvæði 2. mgr. Regla þessi byggir á því sjónarmiði, að veðréttur veðhafa fylgi veðandlaginu, hver svo sem eigandi þess er. Gagnvart veðhafa á það því almennt séð ekki að skipta máli, hver er eigandi veðandlagsins.

Heimild til framsals skv. 1. mgr. á við, „ . . . nema annað leiði af samningi . . . “ eins og segir í ákvæðinu. Er þessu orðalagi ætlað að ná til þeirra tilvika, þar sem ráðstöfunarheimildin með löggerningi er ekki takmörkuð berum orðum, en slíka takmörkun má t.d. leiða af forsendum samnings. Ákvæði laga geta takmarkað rétt veðþola til þess að framselja veðsett verðmæti.

Ákvæði veðsamnings geta takmarkað heimild veðþola til þess að ráðstafa veðandlaginu með löggerningi, t.d. þannig að veðið verði alls ekki selt eða það ekki selt án samþykkis veðhafa. Slíkt samningsákvæði er bindandi í millum aðila. Eins kunna ákvæði laga að takmarka heimild manns til þess að framselja veðsett verðmæti, eins og áður er rakið.

Síðari málsliður 1. mgr. hefur það að markmiði að tryggja, að sérstökum hlutum veðandlagsins eða fylgifé þess verði ekki afsalað, nema samþykki veðhafa komi til. Slíkt afsal gæti í vissum tilvikum leitt til þess, að veðréttur veðhafa í því, sem frá hefur verið skilið, yrði ekki gerður gildandi gagnvart nýjum eiganda vegna traustfangsreglna, auk þess sem slík skipting veðandlagsins getur haft ýmiss konar óhagræði í för með sér fyrir veðhafann. Þykir því rétt að áskilja samþykki hans í þeim efnum, nema þegar slíkt getur gerst án þess að því fylgi hætta fyrir veðhafa, t.d. þegar nýr hlutur kemur í staðinn fyrir eldri hlut o.s.frv. Er hér í raun ekki um breytingu á gildandi rétti að ræða, því talið hefur verið, að t.d. eigandi fasteignar geti ekki skilið frá eigninni hluta af henni þannig að veðrétturinn nái ekki til þess hluta eftir sem áður, t.d. ekki selt byggingarlóð úr landi veðsettrar jarðar. Veðhafinn mundi halda veðrétti sínum í hinum fráskilda hluta eignarinnar eftir sem áður, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 29.

Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar hagga ekki við ákvæðum laga um skipting fasteignaveðslána, nr. 39/1937.

Um 12. gr.

Ekkert er því til fyrirstöðu, og er reyndar mjög algengt, að margir sjálfstæðir hlutir eða mörg sjálfstæð fjárverðmæti séu sett að veði til tryggingar einni og sömu skuldinni. Á Norðurlandamálum hefur slík veðsetning verið kölluð „sameiginlegt veð“ (fellespant, sampant, solidarpant eða korrealpant). Ástæður slíkrar veðtöku eru oftast þær, að hvert einstakt veðandlag nægir ekki til að tryggja viðkomandi kröfu, og þarf því fleiri verð-

mæti saman til þess að tryggja endurgreiðslu kröfunnar. Er þá bæði til, að hin mismunandi veðandlög eru í eigu sama veðþola eða þau eru í eigu fleiri veðþola en eins; þau geta ýmist verið sömu eða ólíkrar tegundar; og um sameiginlegt veð getur verið að ræða, þótt ábyrgð veðþolanna á veðkröfunni sem slíkri sé með ólíkum hætti.

Á ýmis álitaefni getur reynt, þegar um sameiginlegt veð er að ræða. Þau helstu eru, hvort veðhafi þurfi að ganga að öllum veðandlögunum samtímis eða hvort honum sé heimilt að ganga að hverju þeirra fyrir sig og þá eftir atvikum í ákveðinni röð; hvernig háttað er endurkröfurétti veðþolanna sín í milli; og hvað verður um veðréttindi annarra kröfuhafa, þegar tiltekinn veðhafi leitar fullnustu í ákveðnu veðandlagi fyrir stærri hluta kröfu sinnar en á endanum hefði átt að lenda á því veðandlagi.

Um 1. mgr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um veðtöku með framangreindum hætti, og er hún þar kölluð sameiginlegt veð. Reglan, sem þar kemur fram, er í samræmi við gildandi rétt, því talið hefur verið, að eigi veðhafi veðrétt í fleiri eignum fyrir sömu veðskuld, sé honum frjálst að ganga að hverri þeirra, sem hann vill til fullnustu veðskuldinni, sbr. Hrd. 1936. 348. Hann getur þannig gengið að einni eigninni til fullnustu allrar kröfunnar eða þeim fleirum saman. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 42).

Er hér í raun um sama fyrirkomulag að ræða og þegar fleiri einstaklingar eru solidariskt ábyrgir fyrir greiðslu sömu skuldarinnar. Hefur slíkt á Norðurlandamálum verið nefnt „solidarisk pantheftelse“ eða „tinglig solidaransvar“. Veðkröfunni er með öðrum orðum ekki skipt þannig, að veðhafi geti einvörðungu leitað fullnustu í tilteknu veðandlagi fyrir ákveðnum hluta kröfu sinnar. Skal í þessu sambandi bent á ákvæði 209. gr. siglinglaganna, en þar segir, að sá, sem hafi fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, geti gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Í reglu frumvarpsgreinarinnar felst, að það er að meginstefnu til háð ákvörðun veðhafa, hvort hann gengur að öllum veðandlögunum samtímis eða að hverju þeirra fyrir sig í ákveðinni röð. Ræður þá ákvörðun hans, hvort þau eru boðin upp öll samtímis eða hvert fyrir sig, nema því aðeins að reglur annarra laga takmarki slíkan rétt. Ákvörðunarvaldi veðhafa í þessum efnum eru þó þær skorður settar, að hann verður að ákveðnu marki að taka tillit til hagsmuna annarra, sem réttindi eiga yfir sama verðmæti og beita rétti sínum þannig, að hann valdi ekki öðrum óþarfa tjóni.

Regla 1. mgr. 12. gr. er frávíkjanleg. Er aðilum því heimilt að semja um takmarkanir í þessum efnum, m.a. með tilliti til þess fyrir hversu stórum hluta kröfu hægt er að leita fullnustu í tilteknu veðandlagi; í hvaða röð veðhafi skal leita fullnustu í fleiri veðandlögum o.s.frv.

Taka verður afstöðu til þess hverju sinni, þegar á reynir, hvað telst sjálfstætt fjárverðmæti í skilningi 1. mgr. 12. gr. Ef rekstrartæki eru t.d. veðsett með fasteign þeirri, þar sem rekstur fer fram, sbr. t.d. 24. gr. frumvarpsins, eru rekstrartækin í raun ósjálfstæður hluti sama veðandlagsins. Slík tilvik falla ekki undir ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Um sameiginlegt veð í skilningi greinarinnar er hins vegar að ræða, þegar veðþoli hefur sett að sjálfsvörsluveði fasteign sína og að auki til tryggingar sömu kröfu sett að handveði veðbréf. Þá er og um sameiginlegt veð að ræða, þegar fleiri aðilar en einn hafa sett að veði hver sitt veðandlagið.

Ekki er í frumvarpsgreininni berum orðum fjallað um endurkröfurétt eins veðþola á hendur öðrum, þegar svo hagar til, að veðhafi neytir valréttar síns skv. 1. mgr. 12. gr. Þegar kröfuhafi (C) fær greiðslu þá, sem honum ber, og veðrétturinn átti að tryggja, er tilgangi veðréttarins náð, og fellur hann þá niður. Þetta á fyrst og fremst við, ef það er

skuldarinn sjálfur (B) sem greiðir. Ef þriðji maður (A) greiðir veðskuldina, er talið samkvæmt gildandi rétti, að veðrétturinn haldist í sumum tilvikum. Ef þriðji maður (A) greiðir vegna þess, að honum bar skylda til þess, hann er t.d. ábyrgðarmaður að skuld, eða vegna þess að hann gætti réttmætra hagsmuna sinna, er hann greiddi, þá er talið, að hann fái aðgangskröfu á hendur skuldaranum (B), og er almennt talið, að aðgangskröfunni (þ.e. kröfu A á hendur B) fylgi sömu tryggingarréttindi og þau, er fylgdu hinni innleystu kröfu (þ.e. kröfu C á hendur B). Nýtur greiðandinn (A) þá sama veðréttar og sá maður naut, sem hann greiddi til (þ.e. C), og sé hin innleysta krafa forgangskrafa við gjaldþrot, gegnir hinu sama um endurkröfuna, sbr. t.d. Hrd. 1987. 693, sjá Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 71; Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 99–100, og Henry Ussing, Obligationsretten, 4. útg., bls. 19. Er við það miðað, að sömu reglur og hér voru raktar, gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum, og má segja, að slíka reglu leiði þá af ákvæðum 1. mgr. 12. gr.

Rök þeirrar reglu, að tryggingarréttindi fylgi endurkröfunni í framangreindum tilvikum (þ.e. kröfu A á hendur B) hafa m.a. verið talin þau, að með þessum hætti verði endurkröfurétturinn virkari. Auk þess hefur verið bent á, að aðrir kröfuhafar verða ekki verr settir en þeir hefðu orðið, ef upphaflegur kröfuhafi (C) hefði sjálfur haldið sig að viðkomandi skuldara (B), sjá t.d. Ussing, Obligationsretten, bls. 19. Sá veðþoli, sem greiðir til veðhafa, meira en honum bar samkvæmt innbyrðis réttarsambandi veðþolanna, á rétt til endurgreiðslu þess, sem umfram er frá hinum veðþolunum, og er þá sanngirnismál, að hann eigi veðrétt fyrir endurkröfu sinni.

Um 2. mgr.

Ef val veðhafa skv. 1. mgr. 12. gr. ætti að ráða úrslitum um það, hver af fleiri eigendum eða fleiri veðþolum skal að lokum bera byrðarnar af greiðslunni til veðhafa, mætti segja, að tilviljun ein réði í þeim efnum. Þá kynnu menn að freistast til þess að bjóða veðhafa borgun fyrir að leita ekki fullnustu í veðandlagi í eigu þeirra eða í veðandlagi, sem þeir eiga síðari veðrétt í. Sú aðstaða, sem hér kemur upp, er í raun sú sama, og þegar um persónulega „solidariska“ ábyrgð á greiðslu kröfu er að ræða, og það hefur lent á einum eða fleiri aðilum að greiða alla skuldina. Því er eðlilegt, að viðbrögðin séu hin sömu í báðum tilvikum af hálfu löggjafans, þ.e. reynt að koma í veg fyrir óheppilegar afleiðingar af valrétti kröfuhafa með því að mæla fyrir um reglur, sem gilda skulu um eftirfarandi uppgjör. Tilgangur endurkröfunnar er í báðum þessum tilvikum að dreifa þunganum af greiðslunni á einstaka eigendur og síðari veðhafa, þannig að niðurstaðan verði, eftir því sem kostur er, í sem bestu samræmi við innbyrðis réttarsamband þeirra.

Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um innbyrðis réttarstöðu þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum veðandlögum, þegar um sameiginlegt veð er að ræða. Byggir ákvæðið á því, að veðhafi neyti réttar síns skv. 1. mgr. 12. gr. til þess að ganga einvörðungu að einu veðandlaginu. Getur slíkt augljóslega haft áhrif á réttindi annarra, sem hagsmuni eiga í því veðandlagi, sem fullnustu er leitað í, þ.e. bæði eigandans og þeirra, sem eiga réttlægri veðréttindi, síðari veðhafa.

Í 2. mgr. 12. gr. kemur fram sú regla, að hafi veðhafi fengið fullnustu í aðeins einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim, sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag, eigi aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því, sem umfram er. Ákvæðið á við, hvort heldur sem veðþoli greiðir af fúsum og frjálsum vilja eða fullnustuúrræðum hefur verið beitt.

Regla 2. mgr. 12. gr. byggir á því, eins og áður segir, að veðhafi hafi neytt þess rétt-

ar síns skv. 1. mgr. að leita eingöngu fullnustu í einu af mörgum veðandlögum fyrir allri veðkröfunni. Vera kann, að veðandlögin séu í eigu mismunandi aðila eða eins og sama aðilans, en aðstaðan sé hins vegar þannig, að á hinum einstöku veðandlögum hvíli önnur og ólík veðréttindi. Af valrétti veðhafa getur þá leitt, að hann fái í einu veðandlaginu annaðhvort fullnustu allrar kröfu sinnar eða a.m.k. fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim, sem samkvæmt réttarsambandi milli aðila skyldi falla á það veðandlag.

Af 2. mgr. 12. gr. leiðir, að endurkröfuveðréttur samkvæmt þeirri grein getur orðið virkur, þótt veðandlög þau, sem standa til fullnustu ákveðinni kröfu, séu **í eigu sama aðilans.** Í slíkum tilvikum eru það síðari veðhafar, sem geta gert kröfu til endurkröfuveðréttar samkvæmt ákvæðinu í öðrum veðandlögum, þegar val fyrri veðhafa leiðir til þess, að þeir fá ekki að fullu greiðslu af andvirði þess veðandlags, sem fyrri veðhafi hefur leitað fullnustu í. Af „ . . . réttarsambandinu milli aðila . . . “, þ.e. milli fyrri veðhafa (samveðhafa) og síðari veðhafa, verður yfirleitt ekkert ráðið um inntak endurkröfunnar, en sú frávíkjanlega regla hefur verið orðuð í norskum rétti, að síðari veðhafi eigi þá rétt til þess í gegnum endurkröfuveðrétt sinn að verða eins settur og hann hefði orðið, ef fyrri veðhafi (samveðhafi) hefði fengið hlutfallslega fullnægju af öllum veðandlögunum (Sjur Brækhus, Omsetning og kreditt, 2, bls. 182).

Ef veðandlögin eru **í eigu mismunandi aðila**, sem einnig eru persónulega ábyrgir fyrir greiðslu skuldarinnar, gilda um uppgjör endurkröfuveðréttarins sömu reglur og um hina persónulega endurkröfu. (Sjur Brækhus, bls. 182).

Oftast yrði það án efa eigandi veðandlags, sem kemur til með að beita endurkröfuveðrétti skv. 2. mgr. 12. gr. En ekkert er því til fyrirstöðu, eins og áður er fram komið, að annar veðhafi í því veðandlagi, sem fullnustu var leitað í, geti beitt endurkröfuveðrétti samkvæmt ákvæðinu, þegar veðréttur hans hefur þrengst eða er að engu orðinn vegna fullnustunnar.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. leiðir til þess, eins og áður segir, að aðrir veðhafar í því veðandlagi (Y), sem fullnustu var leitað í og því næst eigandi þess, ganga inn í veðrétt veðhafa í öðru veðandlagi (X) fyrir þeim hluta veðkröfunnar, sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila hefði átt að falla á þetta veðandlag (X), þ.e. fyrir þeim hluta veðkröfunnar, sem greiddur hefði verið af söluandvirði (X), ef veðhafi hefði einnig gengið að því.

Til skýringar því, hvernig regla 2. mgr. 12. gr. getur virkað í framkvæmd, skal nefnt eftirfarandi dæmi:

A og B skulda C sameiginlega 500.000 kr. Til tryggingar skuldinni hefur C veð í fasteigninni (X), sem er eign A, og að auki veð í fasteigninni (Y), sem er í eigu D, ættingja B. Síðar er eignin (Y) veðsett E á öðrum veðrétti. Skuldin við C lendir í vanskilum, og C ákveður að leita einvörðungu fullnustu í (Y), þar sem verðmæti þeirrar eignar nægir til þess að C fái kröfu sína greidda að fullu.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins gengur E fyrst og því næst D inn í veðrétt C í eigninni (X) fyrir þeim 250.000 kr., sem gengið er út frá að sé sú fjárhæð, sem greidd hefði verið af söluandvirði eignarinnar (X), ef C hefði gengið að báðum eignunum og þær hefðu hvor um sig selst fyrir 250.000 kr. eða hærri fjárhæð.

Það skiptir ekki máli í dæminu hér að framan varðandi endurkröfuveðrétt skv. 2. mgr. 12. gr., þótt D samkvæmt réttarsambandi aðila beri enga ábyrgð á greiðslu veðkröfunnar sem slíkrar, en A sé hins vegar ábyrgur fyrir greiðslu allrar skuldarinnar. Hér hefur D orðið fyrir útgjöldum sem eigandi veðandlags en ekki sem skuldari veðkröfunnar. Endurkröfuveðréttur sá, sem um er fjallað í 2. mgr. 12. gr. er veðréttur en ekki per-

sónuleg krafa. Hvort persónuleg krafa fylgir jafnframt, lýtur ekki ákvæðum 2. mgr. 12. gr. heldur öðrum lögmálum. Regla 2. mgr. 12. gr. gildir því án tillits til þess, hvort sem sá, sem endurkröfuveðrétt á, er persónulega ábyrgur fyrir umræddri skuld og hvort sem persónuleg krafa fylgir endurkröfuveðrétti hans eða ekki.

Rökin, sem búa að baki reglu 2. mgr., eru þau að það eigi ekki að vera undir vali veðhafa á fullnustuaðferð komið, hver á endanum eigi að bera ábyrgð á greiðslu veðkröfunnar eða á hvern hátt ábyrgðin skiptist, þegar um fleiri ábyrga er að ræða.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um forgangsáhrif, þegar svo hagar til, að fleiri en einn eiga veðrétt í sama fjárverðmæti. Meginregla sú, sem frumvarpið byggir á, er í samræmi við gildandi ákvæði íslenskra laga um forgangsáhrif ósamrýmanlegra réttinda, þ.e. að eldri réttur gangi fyrir yngra rétti (prior tempore, potior jure), en sú regla er ekki einskorðuð við veðréttindi. Það er aðeins í undantekningartilvikum, sem á meginregluna reynir, þ.e. þegar fleiri en einn eiga veðrétt í sömu eign og enginn hefur aflað rétti sínum verndar, t.d. með þinglýsingu í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

Ýmis atriði geta samkvæmt gildandi reglum og frumvarpinu leitt til frávika frá meginreglu þessari. Í fyrsta lagi er það svo, að koma verður við ákveðnum tryggingarráðstöfunum til verndar tilteknum réttindum. Þannig er það skilyrði réttarverndar handveðréttinda, að umráðasvipting eigi sér stað, og samkvæmt þinglýsingalögum verður að þinglýsa réttindum yfir fasteign til þess að þau haldi gildi sínu gagnvart grandlausum viðsemjendum og gagnvart skuldheimtumönnum eiganda. Rétthafi, sem ekki tryggir réttindi sín með slíkum ráðstöfunum, getur átt það á hættu að réttur hans verði að víkja. Yngri viðsemjendur, sem vita um tilvist eldri óþinglýstra réttinda, verða þó að virða hin eldri réttindi, sbr. 19. og 29. gr. þinglýsingalaga. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57). Frumvarpið byggir einnig á þessu sjónarmiði. Af öðrum lagaákvæðum, sem hér geta haft þýðingu, skal einnig minnt á 32. gr. þinglýsingalaga, en samkvæmt þeirri grein er réttarvernd lögveðréttinda ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað.

Í öðru lagi er lagt til grundvallar í frumvarpsgreininni, að með samningi sé unnt að kveða á um, hvar í forgangsröð veðhafi skuldi standa. Veðhafi getur þannig samið um það við eiganda veðandlagsins, að hann standi að baki ákveðinni fjárhæð eða að baki ákveðinni kröfu. Veðhafi getur einnig samið um það gagnvart öðrum veðhöfum, að hann skuli standa annars staðar í forgangsröð, en hann á rétt til samkvæmt almennum reglum, hvort heldur sem er með alla kröfu sína eða einvörðungu hluta hennar. Af slíkum samningsákvæðum getur þá leitt, að eldri rétthafi standi að baki yngri rétthafa. Skal í þessu sambandi bent á 1. mgr. 12. gr. þinglýsingalaga: „Nú gefur veðhafi ... eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti ... eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum ...“. Byggir frumvarpið á því sama sjónarmiði og þarna kemur fram, þ.e. að semja megi um aðra forgangsröð réttinda, en leiða mundi af almennum reglum, sjá Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57.

Ef tveir eða fleiri ósamrýmanlegir samningsveðréttir eru afhentir til þinglýsingar sama dag, eru þeir jafnstæðir að þinglýsingargildi, sbr. 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu, að aðilar semji um að standa samhliða á tilteknum veðrétti, þótt ekki sé orðið um það sérstök regla. Þegar tveir eða fleiri veðhafar hafa samið um það að standa samhliða á ákveðnum veðrétti, er yfirleitt um það samið þeirra í milli eða leiðir af forsendum samnings, í hve stórum hluta af verðmæti veðandlagsins hver um

sig getur leitað fullnustu í. Skal í þessu sambandi minnt á ákvæði 1. mgr. 38. gr. aðfararlaganna nýju, þar sem fram kemur sú meginregla, að ekki skuli taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur að nægja muni fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Um 14. gr.

Þótt ekki sé við sett lagaákvæði að styðjast, hefur verið talið í íslenskum rétti, að veðhafi geti með vissum skilyrðum leyst til sín veðréttindi annarra veðhafa, sem veð eiga í sömu eign, þ.e. leyst þá út. Útlausnarréttur af þessu tagi hefur verið talinn eiga rætur sínar að rekja til fullnustuaðferða á fyrri tímum, sem fólust í því, að veðhafi tók veðið til eignar. Þegar síðari veðhafi gekk að veðinu í slíkum tilvikum, var óhjákvæmilegt að það gerðist með þeim hætti, að hann leysti fyrri veðhafa út.

Það eru einkum síðari veðhafar, sem hagsmuni geta haft af því að leysa til sín veðréttindi fyrri veðhafa, enda getur staða þeirra orðið ótrygg, þegar fyrri veðhafar leita fullnustu. Þjóna reglur um útlausn þá þeim tilgangi að stöðva framhald fullnustuaðgerðar, sem byrjað hefur.

Óljóst hefur þótt samkvæmt íslenskum rétti, hver eru hin nánari skilyrði slíks útlausnarréttar. Þó hefur verið talið, að ekki komi til greina að viðurkenna útlausnarrétt, fyrr en veðkrafa sú, sem útlausnin beinist að, er komin í gjalddaga. Það eitt hefur þó ekki verið talið nægjanlegt, og er yfirleitt við það miðað, að útlausnarréttur geti því aðeins átt rétt á sér, að veðhafi sá, sem útlausnin beinist að, hafi byrjað fullnustuaðgerðir, sjá Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 64, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 50.

Í 14. gr. frumvarpsins er fjallað um útlausnarrétt, skilyrði hans og forgangsrétt, þegar fleiri veðhafar vilja neyta útlausnarréttar. Í 1. mgr. er við það miðað, að útlausnarrétti verði ekki beitt, fyrr en veðhafi sá, sem útlausnin beinist að, hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu. Felst að öllum líkindum í þessu, að hert er á skilyrðunum, því samkvæmt frumvarpsgreininni nægir ekki, að t.d. beiðni um aðför hafi verið sett fram. Þá er það skilyrði sett, að veðhafi, sem beita vill útlausnarrétti, verði að gera skuldina upp að fullu, þ.e. með greiðslu hennar allrar í reiðufé. Þannig mundi það ekki nægja, að einungis yrði gerður upp sá hluti skuldar, sem er í vanskilum.

Sá, sem beitir útlausnarrétti og leysir kröfu til sín, tekur yfir bæði veðkröfuna og hinn útleysta veðrétt, þ.e. hann gengur að öllu leyti inn í rétt hins og nýtur framvegis sama veðréttar og hann. Með þessu er komið í veg fyrir, að veðréttindi síðari veðhafa færist upp.

Það eru bæði fyrri veðhafar, þeir sem eiga samhliða veðrétt og síðari veðhafar, sem neytt geta útlausnarréttar. Vilji fleiri en einn neyta réttarins, gengur sá fyrir, sem fremstur er í forgangsröð. Oftast eru það án efa síðari veðhafar, sem mesta hagsmuni hafa af því að beita útlausnarrétti, en vel eru þau tilvik hugsanleg, að fyrri veðhafi geti haft hagsmuni af því að leysa til sín veðréttindi síðari veðhafa. Þegar um samhliða veðrétt er að ræða, á hvorugur forgangsrétt fram yfir hinn. Afleiðingin hlýtur þá að vera sú, að báðir geti gert kröfu til þess að beita útlausnarrétti.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma sérreglur um samningsveð í fasteignum. Sumar reglur kaflans hafa verið taldar gilda ólögfestar hér á landi, t.d. ýmsar reglur, sem fram koma í 15.–19. gr. Þá er að finna í kaflanum reglur, sem óljóst er hvort gilt hafi hér á landi, sbr. ákvæði 20. gr. um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en um það efni, sem 20. gr. fjallar um,

hefur dómaframkvæmd verið á reiki og fræðiskoðanir óljósar, svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við 20. gr.

Samningar um afnotaveð hafa aldrei verið tíðkaðir að neinu ráði hér á landi. Víða erlendis var þess háttar veðsetning hins vegar tíðkuð, og hún fólst í því, að menn notuðu afnotasamninga í tryggingarskyni. Veðþoli fékk þá veðhafa eign til umráða, þannig að veðhafi mátti hirða af henni arðinn, annaðhvort sem afborgun af höfuðstól veðskuldarinnar eða sem vexti af henni eða sem hvort tveggja. Þessarar tegundar veðsetningar gætti mest á síðari hluta miðalda, m.a. vegna þess, að með þessum hætti töldu menn sig hafa fundið leið til þess að komast í kringum bann kirkjulaga við því að taka vexti af dauðu fé, sjá t.d. Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 3–4.

Í norsku veðlögin frá 1980 voru tekin upp ákvæði um afnotaveð. Þótti ekki ástæða til þess að girða fyrir heimildir manna til þess að semja um þess háttar veðsetningar. Ekki þykir í frumvarpi þessu ástæða til þess að fylgja fordæmi norsku veðlaganna að þessu leyti, enda hefur þörf fyrir slíka veðsetningu ekki gert sérstaklega vart við sig hér á landi. Þá er og til þess að líta, að veðþoli og veðhafi eiga þess kost að semja um aðrar fullnustuaðferðir í fasteignum en þær, sem tíðkanlegar eru. Má hér sem dæmi nefna aðferðir eins og þær, að veðið falli til veðhafa eftir mati eða fyrir fyrir fram ákveðið verð, eða að það falli til hans án endurgjalds. Þess ber þó að geta í sambandi við slíka samninga, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, kunna að setja slíkum samningsákvæðum skorður, auk þess sem hafa ber í huga, að slíkar fullnustuaðferðir hafa ekki sömu réttaráhrif og nauðungaruppboð. Þannig er t.d. talið, að veðréttindi síðari veðhafa standa eftir óhögguð.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er um það fjallað, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett samkvæmt ákvæðum II. kafla, og hvernig háttað er heimild til veðsetningar afmarkaðra hluta fasteigna, þegar skipting fasteignar er háð samþykki opinberra aðila.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. 15. gr. er tekin afstaða til þess, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett. Er það orðað svo, að eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verði veðsett eftir reglum kaflans.

Með **eignarrétti** í frumvarpsgreininni er átt við hinn beina eignarrétt yfir fasteigninni. **Sérstök réttindi** yfir fasteign geta verið mjög margvísleg, en við það er miðað, að heimildin til veðsetningar slíkra réttinda ráðist almennt af því, hvort um framseljanleg réttindi er að ræða eða ekki. Ef engar takmarkanir gilda á heimildinni til þess að framselja slík réttindi, eru að sama skapi líkur til, að unnt sé að veðsetja réttindin. Með sérstökum réttindum í þessu sambandi er t.d. átt við afnotarétt og veðrétt. **Eignarhlutdeild** í fasteign getur tekið til sameignarréttinda. Sjá um það efni t.d. Hrd. 1986. 374 varðandi heimild manns til þess að veðsetja eignarhlutdeild sína í fasteign, sem var í óskiptri sameign hans og annars aðila, en í dómi Hæstaréttar sagði m.a. um það efni : „ . . . Var varnaraðila heimilt að veðsetja eignarhluta sinn í hinni óskiptu sameign, enda veitir veðsetningin veðhafa eigi meiri rétt til eignarinnar en veðsali á . . . “, sjá um veðsetningu eignarhlutdeildar í sameign Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 26, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 19.

Takmarkanir kunna að vera á heimild manns til þess að ráðstafa sérstökum réttindum og hlutdeild í sameign, og getur þær ýmist verið að rekja til samnings, sem til slíkra réttinda hefur stofnað eða ákvæða laga. Þannig geta t.d. verið ákvæði um það í samn-

ingi, að hlutdeild í sameign verði ekki framseld; hún verði aðeins framseld með samþykki eða einungis framseld tilteknum aðilum, og gildir þá hið sama um veðsetningu. Um allar slíkar takmarkanir gildir það á hinn bóginn, að sá aðili, sem takmarkanirnar gilda til hagsbóta fyrir, getur veitt samþykki sitt til veðsetningar.

Lög geta takmarkað heimild manns til þess að veðsetja sameignarréttindi og sérstök réttindi með ýmsum hætti. Þannig má um sameignarréttindi sem dæmi nefna, að íbúð í fjölbýlishúsi fylgir hlutdeild í sameign hússins, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Samkvæmt 5. mgr. 5. gr. verður slík hlutdeild ekki skilin frá íbúðunum. Hlýtur hið sama þá að gilda um veðsetningu hlutdeildarinnar, þ.e. hún verður ekki veðsett sérstaklega, enda gæti slík veðsetning leitt til aðilaskipta að þeim réttindum.

Hvað varðar lagalegar takmarkanir á heimild til ráðstöfunar sérstakra réttinda yfir fasteign má í dæmaskyni nefna ákvæði V. kafla laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990, en kafli þessi fjallar um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar. Í almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign. Samkvæmt 2. mgr. 89. gr. stofnast með leigusamningi með kauprétti persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Er tekið fram, að réttur þessi sé ekki framseljanlegur og erfist ekki. Ef leigutaki tilkynnir, að hann hyggist neyta kaupréttar, skal gerður skriflegur kaupsamningur, sbr. 1. mgr. 90. gr. Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki, sbr. 5. mgr. 90. gr. Samkvæmt 9. mgr. 90. gr. er kaupanda óheimilt að veðsetja kaupleiguíbúð, meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag til framkvæmdaraðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins bannar sem slíkt ekki veðsetningu aðgreindra hluta fasteignar. Hins vegar er ljóst, að veðsetning á hluta fasteignar getur leitt til aðilaskipta að þeim hluta. Í einstaka lögum, t.d. 31. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, og 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er skipting fasteignar háð samþykki opinberra aðila. Þannig segir í 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, að óheimilt sé á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Í 3. mgr. 12. gr. jarðalaga segir, að til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta, þurfi samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins hefur það að markmiði að tryggja, að ekki verði farið í kringum ákvæði sem þessi með því að koma á aðilaskiptum með veðsetningum og nauðungarsölu. Samningar, sem fara gegn fyrirmælum 2. mgr. 15. gr. eru ógildir.

Um 16. gr.

Frumvarpsgreinin afmarkar veðrétt í fasteign, og er ákvæðið frávíkjanlegt, sbr. orðalagið: „Ef annað leiðir ekki af samningi ...“. Veðrétturinn er afmarkaður á grundvelli veðsamningsins. Ef veðrétturinn er hins vegar síðar framseldur, er ekki útilokað, að framsalshafi hljóti meiri veðréttindi en framseljandi átti. Slíkt gerist hins vegar á grundvelli traustfangsreglna og fellur því utan sviðs 16. gr. Um traustfangsreglur sjá Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 24, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 20.

Ákvæði 16. gr. byggja á þeirri forsendu, að hús, byggingar og önnur mannvirki á lóð séu í eigu veðsala. Ekki er fjallað um veðsetningu mannvirkja, sem eru í eigu annarra en

veðsala. Skiptir í slíkum tilvikum mestu máli, hvort réttur þriðja manns nýtur verndar gagnvart veðhafa, eða, ef litið er á málið frá hinu sjónarhorninu, hvort veðhafinn geti unnið traustfangsrétt.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nær veðréttur í fasteign til lands eða lóðar. Er þetta í samræmi við þá skilgreiningu á fasteignarhugtakinu, að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt.

Í b-lið 1. mgr. 16. gr. kemur fram sú túlkunarregla, að veðsetning nái til húsa, bygginga og annarra mannvirkja, sem reistar hafa verið eða verða á landi eða lóð. Það er engan veginn sjálfgefið, að veðréttur eigi í þessum tilvikum bæði að ná til þeirra bygginga, sem fyrir hendi eru, þegar til veðsetningar er stofnað, og þeirra, sem síðar eru reistar. Má segja, að veðhafi hljóti með því hagnað, sem hann hefur ekki látið neitt endurgjald fyrir. Til þess er hins vegar að líta, að oftast er það svo, að nýjar byggingar koma í stað eldri, og það gæti leitt til vandkvæða við fullnustuna, ef veðrétturinn nær ekki líka til nýrra bygginga og mannvirkja. Því er lagt til í frumvarpinu, að veðrétturinn nái bæði til þeirra mannvirkja, sem fyrir hendi eru, þegar til veðsetningar er stofnað, og þeirra, sem síðar kunna að verða reistar. Gildir þetta, nema aðilar hafi samið á annan veg. Þessi regla er í samræmi við gildandi rétt, sjá um það efni dóm Landsyfirréttarins í Lyfrd. V. 608 og Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 37, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 29. Þá verður og að telja reglu þessa í bestu samræmi við 1. mgr. 26. gr. þinglýsingalaganna, en þar kemur fram sú regla, að sá, sem hafi þinglýsta eignarheimild að eign, njóti einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þar á meðal byggingum, sem reistar hafa verið eða **reistar verða** á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa, eins og segir í því ákvæði.

Við ákvörðun þess, hvað séu hús, aðrar byggingar og mannvirki á landi eða lóð í skilningi 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, hlýtur meginviðhorfið að vera, hvort byggingarnar eða mannvirkin eru af varanlegri gerð, þannig að verðmæti þeirra sé að miklum mun meira sem hluti fasteignarinnar en sem sjálfstætt verðmæti.

Við ákvörðun þess, hvað sé venjulegt fylgifé fasteignar í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. verður að byggja á hefðbundnum sjónarmiðum um það, hvað telst fylgifé fasteigna við kaup og sölu þeirra.

Ákvæði d-liðar 1. mgr. 16. gr. tekur til sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda, sem heyra til hinni veðsettu eign. Hins vegar tekur ákvæðið ekki til slíkra réttinda, er heyra eigandanum til sem persónulegur réttur hans.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um veðsetningu í varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu er. Þeir samningar, sem hér munu án efa tíðast falla undir, eru hinir svokölluðu grunnleigu- og þá einkum erfðafestusamningar, þar sem land er selt á leigu, m.a. til bygginga.

Í frumvarpsgreininni felst sú regla, að veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landi eru, taki til allra þeirra réttinda, sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi. Er þá að sjálfsögðu lagt til grundvallar, að um sé að ræða afnotaréttindi, sem séu framseljanleg.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. þinglýsingalaga gildir sú regla, að erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, sem

leigurétturinn tekur til, nema annars sé sérstaklega getið. Er regla 17. gr. frumvarpsins í samræmi við umrætt ákvæði þinglýsingalaga.

Mjög er það misjafnt varðandi einstakar tegundir afnotasamninga, hvort réttindi samkvæmt þeim eru framseljanleg eða ekki samkvæmt reglum, er um slíka samninga gilda. Verður við beitingu þessa ákvæðis að hafa slíkar reglur að leiðarljósi. Skal í því sambandi annars vegar bent á grunnleigusamningana. Er leigutaka slíkra samninga að jafnaði heimilt að veðsetja og selja hús og mannvirki á leigulóðinni ásamt leiguréttindum. Samkvæmt 56. gr. laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, gildir hins vegar sú meginregla, að leigutaka er óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala.

Um 18. gr.

Samkvæmt 7. gr. laga um fjölbýlishús, nr. 59/1976, er sérhver íbúð í fjölbýlishúsi, ásamt því, sem henni fylgir sérstaklega og eignarhluta sínum í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna. Ákvæði 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins fjallar um veðsetningu slíkrar fasteignar (íbúðar). Nær veðsetningin annars vegar til þeirrar einingar (íbúðar), sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og hins vegar nær veðsetningin til þeirrar hlutdeildar, sem viðkomandi eining á í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi. En eins og rakið var í skýringum við 15. gr. verður hlutdeild í sameign fjölbýlishúss ekki skilin frá íbúðunum, og af því leiðir, að hlutdeildin verður heldur ekki veðsett sérstaklega, enda gæti það leitt til aðilaskipta.

Í 2. mgr. er tekið fram, að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði, t.d. atvinnu- og verslunarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

Um 19. gr.

Sjálfsvörsluveðsetning er sú aðferð við veðsetningu fasteigna, sem nánast eingöngu er tíðkuð hér á landi. Þó er í sjálfu sér talið heimilt að handveðsetja fasteignir þannig að veðhafi fái umráð fasteignar. Er þá talið, að gæta verði þinglýsingarreglna til þess að veðrétturinn njóti fullkominnar réttarverndar og að umráðasvipting ein sér geti ekki komið að gagni. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 37).

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 voru uppi hugmyndir um að leiða í lög, að sjálfsvörsluveðsetning væri eina aðferðin, sem leyfilegt væri að viðhafa, þegar um veðsetningu fasteigna væri að ræða. Frá því var þó horfið. (Ot. prp. nr. 39, 1977–1978, bls. 102).

Þótt handveðsetning fasteigna sé án efa ekki mjög raunhæft tilvik, þykir ekki ástæða til í nýjum veðlögum að banna veðsetningu þeirra með þeim hætti. Má og benda á, að í kringum slíkt veðsetningarbann væri auðvelt að fara með samningi, sem væri einhvers konar sambland af sjálfsvörsluveðs- og leigusamningi. Því byggir frumvarpið á þeirri forsendu, að handveðsetning fasteigna sé í sjálfu sér heimil, þótt ekki sé það sagt berum orðum í frumvarpinu.

Það, sem hins vegar skiptir mestu máli, er að taka af skarið um það, hverra tryggingarráðstafana er þörf við veðsetningu fasteigna. Samkvæmt því segir í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins, að veðréttur í fasteign öðlist réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók. Á það við, hvort heldur sem fasteign er sett að sjálfsvörslu- eða handveði. Í síðari málslið 1. mgr. felst sú líkindaregla, að veðréttur í fasteign sé sjálfsvörsluveðréttur. Það verður því að semja um það sérstaklega, ef veðhafinn á að hafa einhver umráð hins veðsetta.

Um heimild til framsals á veðrétti í fasteign gilda almenn ákvæði 10. gr. frumvarps-

ins. Á það skal minnt í þessu sambandi, að í 30. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, kemur fram sú regla, að hafi veðbréfi verið þinglýst, þarf ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gernings (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar stofnað er til hennar með því að setja veðbréfið að handveði.

Um 20. gr.

Eins og áður er fram komið, hefur dómaframkvæmd verið á reiki um það hér á landi, að hve miklu leyti kaupandi fasteignar, sem tekur að sér greiðslu áhvíldandi veðskuldar, verður jafnframt persónulegur skuldari umræddrar skuldar. Úrlausn þessa getur haft þýðingu, þegar þannig hagar til, að verðmæti veðandlagsins nægir af einhverjum ástæðum ekki til fullnustu þeirrar kröfu, sem veðið átti að tryggja.

Í gömlum dómi, Hrd. 1936. 294, var talið, að kaupandi fasteignar, sem tók að sér greiðslu áhvílandi veðskuldar, hefði orðið persónulega skuldbundinn gagnvart kröfuhafa. Var talið, að sú skuldbinding hefði stofnast við það, að kaupandinn tók við afsali fyrir hinni veðsettu eign með ákvæði þess efnis, að hann skyldi taka að sér greiðslu skuldarinnar, og lét þinglýsa afsalinu. Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 56 og 61) féllst ekki á þá niðurstöðu. Taldi Ólafur, að til þess að veðhafi fengi persónulega kröfu á hendur hinum nýja eiganda, yrði annaðhvort nýi eigandinn að taka að sér skuldina gagnvart veðhafanum eða fyrri eigandinn að hafa framselt veðhafanum rétt sinn gagnvart hinum nýja eiganda.

Árið 1981 gekk í Hæstarétti dómur, Hrd. 1981. 1040, sem veitti vissa vísbendingu um, að á því væri byggt í íslenskum rétti, að samþykki kröfuhafa væri forsenda þess, að slík skuldaraskipti gætu orðið. Í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar í Hrd. 1983. 691 var hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. byggt á sömu reglu og í Hrd. 1936. 294. Sagði í þeim dómi m.a.:

„. . . Af dómi Hæstaréttar 10. júní 1936 (Hrd. VII. bindi, bls. 294) þykir mega draga þá ályktun, að kaupandi fasteignar, sem tekur að sér í kaupsamningi eða afsali, sem hann lætur þinglýsa, greiðslu veðskuldar, sem á hinni seldu eign hvílir, verður við kaupin eigi aðeins veðþoli, heldur einnig samskuldari að veðskuldinni, þó að hinn fyrri skuldari verði að sjálfsögðu ekki leystur undan skuldbindingu sinni, nema skuldareigandi samþykki . . . “

Á því álitaefni, sem hér um ræðir, hefur í nokkrum tilvikum verið tekið í sérlagaákvæðum, er gilda um ákveðnar lánastofnanir og sjóði. Það einkennir efni flestra þessara lagaákvæða, að lánveitanda, sem veitt hefur lán gegn veði í þar tilgreindum veðandlögum, er heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða að hluta, ef eigendaskipti verða að veðandlaginu:

1. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, nr. 60/1928.

Í 11. gr. laganna segir, að heimilt sé veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti. Í 12. gr. segir, að vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skuli hann leita samþykkis landsbankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Sambærileg ákvæði eru í lögum nr. 122/1935, lögum nr. 94/1941 og lögum nr. 34/1979 um sama efni.

Reglur laga nr. 73/1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, eru hins vegar með öðrum hætti. Í 2. mgr. 11. gr. segir, að verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skuli kaupandi þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin, og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði. Er slík lánsyfirtaka ekki stimpilskyld. Í 12. gr. eru talin ýmis atvik, sem valda því, að bankastjórn er heimilt að að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins og án uppsagnar, og meðal þeirra atvika er það, að nýr kaupandi vanrækir að taka lánið að sér.

2. Lög um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, nr. 48/1966.

Í 10. gr. er ákvæði þess efnis, að heimilt er að heimta lán endurgreitt að nokkru eða fullu, ef eigendaskipti verða að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni.

3. Lög um Iðnlánasjóð, nr. 68/1967, sbr. nú lög nr. 76/1987.

Í 18. gr. þeirra laga segir, að verði eigendaskipti að eign, sem veðsett sé Iðnlánasjóði, sé stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skuli bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

4. Lög um Stofnlánadeild samvinnufélaga, nr. 45/1972.

Samkvæmt 10. gr. þeirra laga er heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða fullu, ef eigendaskipti verða að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni.

5. Lög um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976.

Samkvæmt 21. gr. laganna er heimilt að telja lán eða eftirstöðvar fallnar í gjalddaga án uppsagnar, „. . . . við eigendaskipti að veði fyrir láni . . . “

6. Lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nr. 34/1979.

Í 9. gr. laganna segir: „Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir . . . “

7. Lög um Landflutningasjóð, nr. 62/1979.

Þar segir í 6. gr., að verði eigendaskipti að eign, sem veðsett sé landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, sé stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skuli bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.

8. Reglugerð um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti vegna kaupa eða sölu á notuðum íbúðum og kaupa, sölu eða byggingar á nýjum íbúðum nr. 217/1990.

Í 15. gr. reglugerðarinnar segir, að verði eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbréfadeildarinnar, skuli liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hafi húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

Auk framangreindra lagákvæða skal þess getið, að ýmsar lánastofnanir hafa í stöðluðum lánssamningsformum sínum ákvæði þess efnis, að heimilt sé að fella skuld í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar, m.a. ef eigendaskipti verða að veðinu, sem valda

skuldaraskiptum án samþykkis veðhafa. Í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er slík ákvæði ekki að finna, en lengi vel voru í veðsamningum lífeyrissjóðsins ákvæði þess efnis, að heimilt væri að gjaldfella lán, ef eigendaskipti yrðu að eign veðsettri sjóðnum. Slíkan áskilnað er ekki lengur að finna í stöðluðum veðskjölum sjóðsins, en eftir sem áður lítur sjóðurinn svo á, að upphaflegur lántaki sé ekki laus undan persónulegri skuldbindingu sinni gagnvart sjóðnum, nema samþykki sjóðsins komi til. Í f-lið 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er það gert að skilyrði fyrir eindögun veðskuldar í tilefni eigendaskipta að veðandlaginu, að veðhafi hafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

Fyrir gildistöku veðlaganna í Noregi árið 1980 var talið, að með yfirtöku veðskuldar í kaupsamningi tæki kaupandi fasteignar á sig persónulega ábyrgð á greiðslu veðskuldarinnar, þótt ekki kæmi til sérstakt samþykki kröfuhafa. Gat kröfuhafi samkvæmt því byggt rétt á samningi skuldara og þriðja manns og valið á milli þess, hvort hann beindi kröfu sinni að upphaflegum skuldara eða hinum nýja eiganda. Kröfuhafi var hins vegar bundinn af vali sínu, og ef hann t.d. valdi hinn nýja eiganda, varð sá skuldbundinn gagnvart kröfuhafa og hinn fyrri eigandi varð laus úr persónulegri ábyrgð sinni.

Í Danmörku hefur gagnstæð regla við hina eldri norsku reglu lengi gilt, sbr. 2. mgr. 39. gr. þinglýsingalaganna dönsku, þ.e. að kröfuhafi getur ekki byggt beinan rétt á samningi skuldara og þriðja manns. Frá meginreglunni eru þó undantekningar, sem fram koma í 1. mgr. 39. gr. þinglýsingalaganna, en þar segir, að taki kaupandi fasteignar (framsalshafi) í samningi við seljanda (framseljanda) yfir veðskuld í eign, og sé ákvæði þess efnis í bréfinu, að skuldin gjaldfalli ekki, þrátt fyrir eigendaskipti að veðandlaginu, sé framsalshafinn, þegar hann hefur fengið þinglýst afsali, skuldbundinn í stað framseljandans og hinn síðarnefndi laus undan skuldbindingum sínum gangvart veðhafa. Þó getur veðhafi krafið fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðskuldabréfinu, meðan veðhafinn hefur ekki móttekið tilkynningu um yfirtökuna og þinglýsingu afsals til kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum því til sönnunar. Framseljandi getur krafist þess, að veðhafinn áriti veðskuldabréfið um skuldaraskiptin. Í 2. mgr. 39. gr. kemur fram, að í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 1. mgr. 39. gr., öðlist skuldayfirtaka fyrst gildi gagnvart veðhafa, að gerður sé um það efni samningur milli veðhafa og hins nýja eiganda um yfirtöku skuldarinnar. Slíkum samningi verður komið á með áritun á skuldabréfið.

Við gildistöku veðlaganna í Noregi árið 1980 tóku Norðmenn upp breyttar reglur um yfirtöku veðskuldar í fasteignakaupum. Inntak hinnar nýju reglu er í meginatriðum það, að seljandi og kaupandi fasteignar geta ekki einhliða ákveðið skuldaraskipti án alls atbeina frá kröfuhafa. Upphaflegur skuldari getur samkvæmt þessari reglu því aðeins losnað undan skuldbindingum sínum við veðhafa, að hann greiði honum sjálfur eða semji beint við hann um skuldskeytinguna. Gera lögin ráð fyrir því, að skuldskeytinguna beri þannig að, að framseljandinn snúi sér til kröfuhafans með fyrirspurn um það, hvort kröfuhafinn vilji samþykkja framsalshafann sem skuldara í sinn stað. Samþykki kröfuhafinn það, felst í samþykki hans tvennt: a) framseljandinn losnar undan skuldbindingum sínum gagnvart kröfuhafa, og b) framsalshafinn verður skuldbundinn.

Vegna þeirrar réttaróvissu, sem hér á landi er um það, hverjar reglur gildi um persónulega yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, þykir nauðsynlegt í frumvarpi þessu að taka af skarið um það, hver regla skuli gilda í þessum efnum.

Reglur dönsku þinglýsingalaganna og norsku veðlaganna um yfirtöku hinnar persónulegu ábyrgðar á veðkröfunni byggja á sama meginsjónarmiði, þ.e. að skuldskeyting geti aðeins orðið með samþykki veðhafa, en aðferðir laga þessara við að afla samþykkisins eru misjafnar, eins og rakið var hér að framan.

Í 20. gr. frumvarps þessa er byggt á sama meginviðhorfi og fram kemur í Danmörku og Noregi, þ.e. að skuldskeyting geti að meginstefnu til aðeins orðið með samþykki kröfuhafa. Um aðferðina við að afla samþykkisins er fylgt fyrirmynd dönsku þinglýsingalaganna, enda þykir hún einfaldari í framkvæmd og í meira samræmi við þau sérlagaákvæði, sem nefnd voru hér að framan en norska reglan. Er það samkvæmt þessu lagt í vald aðila veðsamnings að semja um það fyrir fram, hvort skuldaraskipti geti orðið.

Varðandi skýringu á 20. gr. frumvarpsins er rétt að hafa í huga, að ákvæðið fjallar aðeins um yfirtöku á hinni persónulegu skuldarábyrgð við eigendaskipti, en ekki um það, hvort veðskuld gjaldfalli við eigendaskipti.

Telja verður, að ákvæði 2. mgr. 20. gr. sé í samræmi við meginreglur íslensks réttar um skuldaraskipti, sbr. sérlagaákvæðin, sem nefnd voru hér að framan, þ.e. að til skuldaraskipta þurfi almennt samning kröfuhafa og nýs eiganda. Þykir rétt í frumvarpi þessu að byggja áfram á þessari meginreglu, þannig að ljóst megi vera, að samningur kaupanda og seljanda einn sér um yfirtöku kaupanda á veðskuld geti almennt ekki skapað kröfuhafa beinan rétt á hendur kaupanda. Getur kröfuhafi samkvæmt því almennt séð ekki öðlast beinan rétt á hendur kaupanda, fyrr en kaupandi hefur skuldbundið sig beint gagnvart honum. Að sama skapi er seljandi ekki laus, fyrr en kaupandinn hefur skuldbundið sig beint gangvart veðhafa.

Ákvæði 1. mgr. felur hins vegar í sér frávik frá meginreglunni og nær til þess tilviks, þar sem ákvæði er í veðbréfi þess efnis, að veðskuld gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veði. Er tilgangurinn með þessari undantekningu sá að auðvelda skuldaraskipti, þannig að seljandi verði ekki persónulega ábyrgur gagnvart veðhafa, jafnvel löngu eftir að sala hefur átt sér stað. En þar sem regla 1. mgr. er frávíkjanleg, er ekkert því til fyrirstöðu, að í veðbréfi sé ákvæði þess efnis, að seljandi verði persónulega skuldbundinn gagnvart veðhafa, þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Ef aðilar veðsamnings hafa ekki tekið afstöðu til þess í veðbréfinu, hvort skuld gjaldfalli við eigendaskipti, gildir hin almenna regla 2. mgr.

Það, sem einkennir 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins er það, að samningur veðþola og kaupanda fasteignar um yfirtöku kaupandans á veðskuldinni, skapar beinan rétt fyrir kröfuhafa á hendur kaupandanum frá þinglýsingu afsals. Er hér því um eiginlegt þriðjamannsloforð að ræða. Það er þó forsenda skuldskeytingar skv. 1. mgr. 20. gr., að ákvæði sé þess efnis í veðbréfi, að það gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veði.

Ef kaupsamningur hefur ekki að geyma ákvæði þess efnis, að kaupandinn skuli vera persónulega ábyrgur gagnvart veðhafanum, verður kaupandinn hvorki skuldbundinn gagnvart seljandanum til þess að greiða skuldir hans við veðhafa, né heldur öðlast veðhafinn beinan rétt á hendur kaupandanum.

Í 1. mgr. er við það miðað, að skuldskeytingin öðlist gildi frá og með þinglýsingu afsals til kaupanda. Ef kaupsamningi er fyrst þinglýst, verður að líta svo á, að bæði kaupandi og seljandi séu persónulega skuldbundnir gagnvart kröfuhafa, þar til afsali hefur verið þinglýst, en eftir það verði kaupandinn einn skuldbundinn. Ef kaupsamningi er rift vegna vanefnda seljanda, fellur skuldbinding kaupanda eðli málsins samkvæmt niður.

Tilkynning skv. 1. mgr. 20. gr. getur verið hvort heldur sem er munnleg eða skrifleg, en af sönnunarástæðum er ráðlegt að senda skriflega tilkynningu.

Um III. kafla.

Þriðja kafla frumvarpsins, sem fjallar um samningsveð í lausafé, er eftir bókstöfum skipt niður í sjö undirkafla, en þeir eru:

A: Hefur að geyma almenn ákvæði um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé (21. gr.) og ákvæði um samningsveð í einstökum lausafjármunum, þ.e. handveð (22. gr.) og sjálfsvörsluveð (23. gr.).

B: Fjallar um veð í rekstrartækjum, rekstrarveð (24.–27. gr.).

C: Fjallar um veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi (28. gr.).

D: Fjallar um veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum (29. og 30. gr.).

E: Fjallar um veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs (31.–32. gr.).

F: Fjallar um veð í vörubirgðum (33.–34. gr.).

G: Fjallar um svokallað söluveð eða eignarréttarfyrirvara (35.–42. gr.).

Ef frumvarp þetta verður að lögum munu helstu breytingar á íslenskum veðrétti koma fram í ákvæðum þessa kafla, eins og áður er rakið í almennum athugasemdum með frumvarpinu og ofangreindar undirkaflafyrirsagnir bera með sér.

Óheft heimild til veðsetninga og ákvörðunar um fyrirkomulag þeirra getur leitt af sér öryggisleysi í fjárhagslegum samskiptum manna. Á það ekki hvað síst við um sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé, en víðtæk heimild til slíkra veðsetninga hefur þótt mjög háskaleg. Er sums staðar á því byggt, t.d. í Noregi, að óheimilt sé að setja lausafé að sjálfsvörsluveði. Þróunin hefur þó víðast hvar verið sú, að vikið hefur verið frá slíkum reglum, þegar nauðsynlegt hefur reynst að nota lausafé sem tryggingu, þar sem handveðsetningum verður ekki við komið.

Í íslenskum rétti hefur lengi gilt sú meginregla, að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé eru heimilar, en leitast er við að haga veðsetningum um þær þannig, að af þeim stafi ekki hætta. Í III. kafla frumvarpsins er á því byggt, sbr. 22. og 23. gr., að lausafé verði bæði sett að handveði og sjálfsvörsluveði. Hins vegar er í frumvarpinu, eins og í gildandi rétti, reynt að haga reglum um slíkar veðsetningar þannig, að af þeim stafi ekki hætta. Um þær gildir nú svokölluð **birtingarregla**, en í henni felst, að kunngera ber veðsetningu lausafjár með þinglýsingu, sbr. ákvæði 2. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga, svo veðsetningin haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins, og gagnvart skuldheimtumönnum. Byggir frumvarpið einnig á því að þinglýsa beri sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé, sbr. 2. mgr. 23. gr., sem fjallar um sjálfsvörsluveðsetningu einstakra lausafjármuna, og ákvæði 26. gr.; 2. mgr. 28. gr.; 3. mgr. 29. gr.; 4. mgr. 30. gr.; 2. mgr. 31. gr.; 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 34. gr., sem varða sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsöfnum muna.

Þá gildir nú um þessar veðsetningar svokölluð **sérgreiningarregla**. Í þeirri reglu felst annars vegar það, að óheimilt er að veðsetja allt það, sem menn eiga eða kunna að eignast og hins vegar það, að óheimilt er að setja að sjálfsvörsluveði safn samkynja muna. Koma reglur þessar fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. veðlaganna. Er á þessum sömu sjónarmiðum byggt í frumvarpinu, sbr. ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Af ákvæðum 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir að veðsetningar í heildarsöfnum muna eru óheimilar umfram það sem frumvarpið eða önnur lög kunna að leyfa. Er þar byggt á sömu reglu og fram kemur í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Má því segja að frumvarpið byggi á sömu meginreglu og ákvæði gildandi laga, en hins vegar mundi frumvarpið, ef lögfest yrði, leiða til þess, að verulega yrðu rýmkaðar heimildir til þess að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja notkunar og

auðkenndir eru einu almennu nafni. Ættu undanþáguheimildir þessar að koma atvinnuvegunum til góða með því að fjölgað yrði þeim lausafjárverðmætum, sem veðsett yrðu sem heildarsöfn muna. Jafnframt eru slíkar veðsetningarheimildir til þess fallnar að auka öryggi lánastofnana og annarra, sem við lánveitingar fást. Er nánari grein gerð fyrir þessum sjónarmiðum í almennum athugasemdum hér að framan og í athugasemdum við einstakar greinar III. kafla og vísast þangað.

Til yfirlits skal hér getið með hverjum hætti III. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir að lausafé verði veðsett:

I. Handveð í einstökum munum, sbr. 22. gr.
II. Sjálfsvörsluveð í einstökum lausafjármunum, sbr. 23. gr.
III. Sjálfsvörsluveðsetningar í tilteknum heildarsöfnum muna:
1. Veðsetning heildarsafna ásamt fasteign, loftfari eða skipi:
   a. Veð í rekstrartækjum, þ.e. almennt rekstrarveð, sbr. 24.–27. gr.
   b. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, sbr. 29. gr.
   c. Veð í búnaði skipa, sbr. 31. gr.
   d. Veð í varahlutum loftfara, sbr. 24. gr. laga nr. 21/1966.
2. Veðsetning tiltekinna heildarsafna sérstaklega:
   a. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi, sbr. 28. gr.
   b. Veð í bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru landbúnaðar, sbr. 30. gr.
   c. Veð í afla, afurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs, sbr. 32. gr.
   d. Veð í vörubirgðum, sbr. 33.–34. gr.

IV. Söluveð (eignarréttarfyrirvari), sbr. 35.–42. gr.

A.
Almenn ákvæði.

Um 21. gr.

Í 21. gr. frumvarpsins segir að um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fari eftir ákvæðum laganna og eftir því, sem ákveðið sé í öðrum lögum. Vegna tilvísunar frumvarpsgreinarinnar til annarra laga skal minnt á það sem fram kemur í athugasemdum við 23. gr. frumvarpsins um ákvæði annarra laga sem þýðingu kunna að hafa í þessu sambandi.

Um 22. gr.

Í íslenskum rétti hefur fá sett lagaákvæði verið að finna um handveð, ef frá eru talin ákvæði 1. og 2. gr. veðlaganna frá 1887. Ákvæði 1. gr. veðlaganna hafði ekki að geyma efnisreglu heldur réttarfarsreglu, en þar sagði, að handveðhafi hefði heimild til þess að láta selja veðið á uppboði, ef skuld sú, sem veðið ætti að tryggja, væri eigi borguð á gjalddaga. Mælti greinin síðan fyrir um það, með hverjum hætti skyldi staðið að slíkri uppboðssölu. Með 90. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, var 1. gr. veðlaganna felld úr gildi. Ákvæði 2. gr. veðlaganna hefur hins vegar að geyma þá efnisreglu, að eigi missi lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæslu hans sé um að kenna.

Í frumvarpsgreininni er lagt til, að lögfestar verði ýmsar efnisreglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttar. Eru þær í flestu í samræmi við þær reglur, sem taldar eru gilda hér á landi óskráðar.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. þarfnast ekki skýringa, en í 2. mgr. segir, að handveðréttur öðlist réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða annars, sem tekið hefur að sér

að hafa umráð þess. Hér er um að ræða skilyrði fyrir réttarvernd, en ekki gildisskilyrði veðsetningarinnar sem slíkrar. Er hér fylgt því sjónarmiði, sem nú er talið gilda samkvæmt íslenskum rétti, að veðsamningur geti verið gildur milli aðila, þótt tryggingarráðstafana hafi ekki verið gætt. Réttarverndin er hins vegar við slíkar aðstæður takmörkuð. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 34).

Í 2. mgr. er það sett sem skilyrði fyrir réttarvernd, að veðið sé afhent veðhafa, þannig að veðhafi sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum, og rætt er um aðrar sambærilegar ráðstafanir, sem leiða til þess, að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu. Til samræmis við þær reglur, sem taldar eru gilda, er hér fyrst og fremst átt við umráð og hagnýtingu án löggernings, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 34. Um ráðstöfun veðþola á veðandlaginu með löggerningi gilda hins vegar almennar reglur 11. gr. frumvarpsins, en samkvæmt gildandi rétti er talið, að veðþoli geti ráðstafað veðandlaginu með löggerningi með þeim takmörkunum, sem leiðir af réttindum veðhafa.

Ekki er það skilyrði skv. 3. mgr., að tilkynning sé skrifleg, þótt augljóst sé af sönnunarástæðum, að varlegra er fyrir veðhafa að senda skriflega tilkynningu. Markmið tilkynningarinnar er að gera þriðja manni það ljóst, að hann megi ekki afhenda veðþola hið veðsetta. Við það tímamark skal miða, að tilkynningin sé komin til þriðja manns. Er það nægjanlegt, og þarf þriðji maður því ekki berum orðum að hafa samþykkt að varðveita veðandlagið. Ef þriðji maður hins vegar neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa, öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna, eins og berum orðum segir í ákvæðinu sjálfu. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hverjar ástæður eru fyrir því, að þriðji maður hefur umráð hins veðsetta, t.d. hvort um lán, leigu, veðsetningu, geymslu o.s.frv. er að ræða. Þannig má t.d. hugsa sér, að eigandi hlutar hafi stofnað til handveðréttar til handa A í tiltekinni eign sinni. Regla 3. mgr. hefur í slíku tilviki þá þýðingu, að það ætti að vera tiltölulega áhættulítið fyrir B að lána eigandanum fé gegn réttlægri handveðrétti í þessu sama veðandlagi. Um svipaðar reglur dansks réttar, sjá t.d. W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg., bls. 355.

Hvað varðar reglu 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins skal minnt á þá reglu, sem fram kemur í 30. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar segir berum orðum, að heimilt sé að stofna til sjálfsvörsluveðs í einstökum lausafjármunum. Er það svipað orðalag og fram kemur í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins hvað handveð varðar.

Í 2. mgr. kemur fram, að stofnun sjálfsvörsluveðs í einstökum lausafjárverðmætum sé formbundin, því gera skal bréflegan gerning um veðstofnunina. Þá segir, að um réttarvernd slíks veðréttar gildi ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé. Þinglýsing er samkvæmt þessu forsenda þess, að veðbréf (veðréttur) haldi gildi gagnvart grandlausum síðari viðsemjendum, og gagnvart skuldheimtumönnum, sbr. 2. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga. Gerningur getur verið gildur milli aðila, þótt eigi hafi honum verið þinglýst, en hann nýtur þá takmarkaðrar réttarverndar.

Í tilvísun 2. mgr. 23. gr. til reglna þinglýsingalaga felst enn fremur, að veðbréfi, sem ekki er gefið út af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður skv. 22. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, ekki þinglýst, nema undirskrift þess sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteigna-

sala eða tveimur vitundarvottum. Fylgja ber formkröfu þessari stranglega, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 81, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 66.

Um veðsetningu viðskiptabréfa, innlausnarbréfa og almennra krafna gilda ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Í frumvarpinu er ekki hróflað við ákvæðum gildandi laga um veðsetningu skráningarskylds lausafjár, en lagaákvæði þessi eru:

a. Um veðsetningu loftfara gilda ákvæði laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966.
b. Um veðsetningu skipa, sem eru 5 rúmlestir eða stærri, og eru skráningarskyld samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, gilda ákvæði V. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
c. Um veðsetningu skipa, sem eru minni en 5 rúmlestir, og skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 115/1985, gilda ákvæði VI. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
d. Um veðsetningu skrásettra bifreiða gilda ákvæði VII. kafla laga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988.

Þá skal þess og getið í þessu sambandi, að um veðsetningu skipa, sem ekki eru skráningarskyld, gilda ákvæði VII. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988.

Á efni 3. mgr., sem fjallar um persónulega ábyrgð við yfirtöku veðskulda, hefur áður verið minnst í tengslum við 20. gr. frumvarpsins og vísast þangað. Þó er rétt að hafa í huga að í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins er við það miðað, að skuldskeyting í fasteignakaupum verði við þinglýsingu afsals, þ.e. þá er seljandi fasteignar laus og kaupandinn skuldbundinn gagnvart veðhafa. Um skrásettar bifreiðar gildir sú regla skv. 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988, að ekki þarf að þinglýsa eignarheimild að skrásettri bifreið, heldur er eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Samkvæmt þessu verður, þegar um skrásettar bifreiðar er að ræða, að miða skuldskeytinguna við það tímamark, er eignarheimild er skráð í ökutækjaskrá.

B.
Rekstrarveð.

Um 24. gr.

Ákvæðin um rekstrarveð í undirkafla B í III. kafla, þ.e. ákvæði 24.–27. gr. munu, ef að lögum verða, hafa í för með sér verulegar breytingar á gildandi íslenskum rétti um möguleika þeirra, sem atvinnurekstur stunda, til að veðsetja lausafé ósundurgreint með fasteignum. Meginefni kaflans kemur fram í 1. mgr. 24. gr., og felst í því, að þegar rekstraraðili veðsetur fasteign, sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja. Í þessu felst með öðrum orðum að heimilt er að veðsetja rekstrartækin með fasteigninni, enda sé fullnægt því skilyrði, að fasteignin sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga.

Samkvæmt gildandi lögum eru það aðeins þeir, sem veðsetja verksmiðjur og annað iðnaðarhýsi, sem mega veðsetja vélar, önnur iðnaðaráhöld eða verkefni með fasteigninni, sbr. 1. mgr. 6. gr. veðlaganna. Sambærileg heimild kemur og fram í 5. gr. veðlaganna, en samkvæmt því ákvæði er heimilt að semja svo um, að jörð skuli fylgja auk jarðarhúsa og kúgilda önnur tiltekin hús, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti. Heimildir af svipuðum toga er annars vegar að finna í 2. mgr. 6. gr. veðlaganna, en þar kemur fram, að með skipi megi veðsetja auk venjulegs fylgifjár, aðra

lausafjármuni, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu. Hins vegar er slíkar heimildar að finna í 24. gr. laga nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum, þar sem heimilað er að veðsetja varahluti flugvéla ásamt flugvél samkvæmt sérstökum reglum, er um slíkar veðsetningar gilda.

Framangreindar heimildir gildandi réttar til að veðsetja lausafjármuni með fasteign (skipi eða loftfari) eru tæmandi taldar. Aðrir en þeir, sem berum orðum eru nefndir í lagaákvæðum þessum, hafa því ekki samkvæmt íslenskum rétti heimild til þess að veðsetja rekstrartæki ósundurgreind með fasteignum.

Í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir verulegum breytingum á reglum gildandi laga. Felst breytingin í því, að þegar veðsettar eru fasteignir, sem varanlega eru útbúnar með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, er heimilt að semja svo um, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrartækja. Er heimild til veðsetningar með þessum hætti samkvæmt frumvarpinu því ekki bundin við iðnrekendur og bændur (ásamt útgerðaraðilum og eigendum loftfara), eins og nú er samkvæmt íslenskum rétti. Ákvæði þetta afnemur í sjálfu sér ekki reglu 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, en rýmkar hins vegar verulega undanþáguheimildir gildandi laga. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að í reglum gildandi réttar felst ákveðin mismunun gagnvart atvinnugreinunum í landinu, þar sem sumum þeirra er heimilt að veðsetja rekstrartæki ósundurgreind með fasteignum en öðrum atvinnugreinum ekki. Verður sá munur, sem er á aðstöðu hinna ólíku atvinnugreina að þessu leyti, tæpast réttlættur. Hefur frumvarpsgreinin það að markmiði að eyða þessum mismun. Þá má og á það benda, að þegar veðsettar hafa verið fasteignir í rekstri samkvæmt gildandi rétti, hefur eftir á oft þurft að taka afstöðu til þess, hvort tiltekin tæki og búnaður teldust til almenns fylgifjár viðkomandi fasteignar eða sjálfstæð fjárverðmæti og þar með sjálfstætt veðandlag, en mat í þeim efnum getur verið vandasamt. Ætti ákvæði frumvarpsgreinarinnar að vera til þess fallið að eyða óvissu í þeim efnum.

Gegn veðsetningarfyrirkomulagi þessu má e.t.v. færa fram þau rök, að það geti leitt til þess, að veðréttindi í fasteignum og lausafé rekstraraðila safnist á hendur tiltölulega fárra aðila, þannig að svigrúm til þess að afla sér lánsfjár gegn veði í lausafé skerðist. Að einhverju leyti kann það að eiga við rök að styðjast, en til þess er þó að líta, að hér er um heimildarákvæði að ræða, og svo hitt, að veðréttur samkvæmt frumvarpsgreininni nær ekki til framleiðslu og vörubirgða.

Við samningu frumvarpsins var sá möguleiki hugleiddur að heimila veðsetningu rekstrartækja sem sérstaks heildarsafns muna, þ.e. án þess að samtímis væru veðsett réttindi yfir fasteign. Þegar litið er hins vegar til þess, að frumvarpið byggir á meginreglunni um bann við sjálfsvörsluveðsetningu heildarsafns muna, sbr. 3. mgr. 3. gr., og að því gættu, að reglan um veðsetningu rekstrartækja byggir á því viðhorfi, að veðsetning rekstrartækja ásamt fasteign sé almennt til þess fallin að auka verðmæti veðréttinda í fasteignum í rekstri, þykir þessi háttur heppilegri. Af þessu leiðir því, að rekstrartæki í skilningi 1. mgr. 24. gr. verða ekki veðsett saman sem sérstakt ósundurgreint heildarsafn, þótt einstakir munir verði hins vegar veðsettir. Veðsetning rekstrartækjanna í heild gæti að vísu farið fram í einu og sama veðbréfinu, en þá þyrfti að auðkenna sérhvert verðmæti.

Ákvæði 5. og 6. gr. gildandi veðlaga veita heimild til þess að semja svo um, að tiltekin lausafjárverðmæti, sem almennt verða ekki talin til fylgifjár fasteigna, skuli fylgja fasteign við veðsetningu hennar, sbr. orðalag 5. gr. „ . . . rétt svo um að semja . . . “ og orðalag 6. gr. „ . . . rétt . . . að semja svo um . . . “ Heimildin skv. 24. gr. laga um skrá-

setningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, er með líku sniði, en þar segir, að skrásetja megi veðrétt, sem einnig taki yfir varahluti í eigu eiganda loftfars. Ákvæði 3. og 4. gr. í norsku veðlögunum veitir heimild til slíkrar veðsetningar. Þarf því að taka það sérstaklega fram í veðbréfi, að rekstrartækin fylgi fasteigninni, ef veðrétturinn á einnig að ná til þeirra. Í 1. mgr. 37. gr. dönsku þinglýsingalaganna er hins vegar á því byggt, að þegar fasteign er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, beri að líta svo á, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrarbúnaðar og rekstrartækja, sem heyra atvinnurekstrinum til, nema um annað hafi verið samið.

Í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er byggt á sama sjónarmiði og fram kemur í norsku lögunum, þ.e. að veðréttur í fasteign, þar sem atvinnurekstur er stundaður, nái einnig til þeirra rekstrartækja, sem heyra atvinnurekstrinum til, ef um það hefur verið samið, enda sé fullnægt því skilyrði, að viðkomandi fasteign sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga.

Rök þau, er búa að baki reglu 1. mgr. 24. gr. eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er þess að geta, að fasteignir, þar sem atvinnurekstur er stundaður, eru oft og tíðum mjög sérhæfðar og sérstaklega útbúnar með þarfir viðkomandi atvinnurekstrar í huga. Eru fasteignir og rekstrartæki þá hönnuð sem ein heild og því oft eðlilegt, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrartækjanna. Í öðru lagi ber að hafa í huga, að það getur verið vandkvæðum bundið að skilja rekstrartækin frá fasteigninni, án þess að slíkt hafi í för með sér eyðileggingu eða rýrnun á bæði fasteigninni og rekstrartækjunum. Í þriðja lagi er þess að geta, að það er almennt til þess fallið að auka verðmæti veðréttar í fasteign, ef rekstrartæki fylgja með, og í raun má segja, að veðréttur í fasteign, þar sem atvinnurekstur er stundaður, getur oft og tíðum verið harla lítils virði, ef rekstrartækin, eins og þau eru skilgreind í frumvarpsgreininni, fylgja ekki með við veðsetningu fasteignarinnar.

Með atvinnurekstri í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er átt við starfsemi, sem felur í sér **framleiðslu, sölu eða þjónustu** og hefur það að markmiði að skapa þeim tekjur, sem reksturinn stundar. Undir hugtakið framleiðendur í þessum skilningi mundu t.d. falla þeir, sem stunda framleiðslu í sjávarútvegi og hvers konar iðnaði. Undir atvinnurekstur, sem felur í sér sölu, fellur bæði smásala og heildsala, og undir þjónustustarfsemi t.d. hótel- og veitingahúsarekstur. Þess verður að krefjast, að reksturinn hafi ákveðið merkjanlegt umfang og sé stundaður nokkuð samfellt. Um skýringar á hugtakinu rekstraraðili vísast að öðru leyti til athugasemda við 25. gr.

Svo ákvæði 1. mgr. 24. gr. eigi við, þarf því skilyrði að vera fullnægt, að viðkomandi fasteign sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga. Ber að leggja ríka áherslu á, að þessu skilyrði sé fullnægt, enda er hér um undantekingu að ræða frá hinni almennu reglu 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við sjálfsvörsluveðsetningum í heildarsöfnum muna.

Útbúnaðurinn þarf samkvæmt þessu að koma fram með afgerandi hætti og hafa þýðingu fyrir eignina sem heild, þótt ekki sé nauðsynlegt að hann sjáist hið ytra. Hinn varanlegi útbúnaður getur t.d. náð til innréttinga fasteignar og sérstaks búnaðar í innréttingum. Ekki skiptir máli, hvort atvinnurekstur er byrjaður eða ekki, en það er hins vegar skilyrði, að búnaðurinn þjóni atvinnurekstrinum sem slíkum, en sé ekki til persónulegra nota.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er það orðað svo, að veðsetning rekstrarveðs gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna, þar sem reksturinn fer fram. Með fasteign er átt við land og þær byggingar, sem rekstrarlega séð eru ein eining. Hljóta almennar viðmiðanir að ráða í þeim efnum, hvað sé fasteign. Sá áskilnaður frumvarps-

greinarinnar, að veðsetning gerist samtímis veðsetningu fasteignar, felur það í sér, að veðsali verður að eiga eignarrétt að eða hafa framseljanlegan afnotarétt yfir viðkomandi fasteign til þess að geta veðsett rekstrartæki og búnað ásamt fasteigninni með heimild í ákvæði þessu.

Í 2. mgr. 24. gr. er það tilgreint, hvað séu **rekstrartæki** þeirra, sem stunda framleiðslu, sölu eða þjónustu. Eru þar nefndar vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annar útbúnaður. Hugtakið getur spannað allt frá skrifstofuvélum og skrifstofubúnaði í skrifstofuhúsnæði til prentvéla í prentsmiðju og færibanda og lyftara í frystihúsi eða sláturhúsi.

Hafa ber í huga að 24. gr. frumvarpsins tekur bara til rekstrartækja, en **ekki** til **framleiðslu, vörubirgða eða afurða**, en að veðsetningu slíkra verðmæta er vikið í 30., 32. og 33. gr. Skal í þessu sambandi vakin athygli á því, að í 6. gr. gildandi veðlaga er þeim, sem veðsetur verksmiðjur og önnur iðnaðarhýsi heimilt að semja svo um, að vélar, iðnaðaráhöld **og verkefni** skuli fylgja fasteigninni. Hvað verkefni varðar, er ekki óalgengt, að t.d. skipasmíðastöðvar, sem byggja skip fyrir eigin reikning í þeim tilgangi að selja síðar, veðsetja fasteignir skipasmíðastöðvarinnar ásamt verkefni því, sem unnið er að. Í frumvarpi þessu er við það miðað, að verkefnið fylgi ekki með við veðsetningu fasteigna, sbr. 2. mgr. 24. gr., heldur verði sérstakt veðandlag, sbr. ákvæði 33. gr. frumvarpsins um veð í vörubirgðum og framleiðslu.

Í 4. mgr. 24. gr. er tekið fram, hvaða lausafé verður ekki veðsett sem rekstrarveð. Í fyrsta lagi verður skráningarskylt lausafé ekki veðsett sem rekstrarveð. Hvað t.d. bifreiðar varðar má nefna, að þær tengjast yfirleitt ekki rekstri með sama hætti og lausafé það, sem telst til rekstrartækja í skilningi 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi verða rekstrartæki landbúnaðar ekki veðsett sem rekstrarveð skv. 24. gr., en um veðsetningu þeirra sem rekstrartækja gilda ákvæði 29. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi verður búnaður skipa ekki veðsettur sem rekstrarveð skv. 24. gr., en um veðsetningu hans gilda ákvæði 31. gr.

Í ákvæðum 5. mgr. 24. gr. frumvarpsins felst, að veð í rekstrartækjum er veð í heildarsafni (svokallað tingsinnbegrep á Norðurlandamálum), þ.e. veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þessi verðmæti eru á hverjum tíma. Þá er og heimilt að veðsetja hluta rekstrartækjanna, ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem eru rekstrarlega séð aðskildar, og þar sem reksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni. Þegar rekstrartæki eru veðsett með þessum hætti að hluta, nær veðrétturinn einnig til þeirra fasteigna, þar sem viðkomandi hluti rekstrarins fer fram.

Í 6. mgr. 24. gr. kemur fram sú regla, að eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum, verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðssamningur er í gildi. Er í þessum efnum byggt á svipuðum sjónarmiðum og fram koma í 2. mgr. 42. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, en samkvæmt því ákvæði verður fjárnám ekki gert í fylgifé fasteignar, skips eða loftfars einu út af fyrir sig nema með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifé hafi **áður** sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því. Ef unnt væri að veðsetja einstök rekstrartæki, eftir að til rekstrarveðs hefur verið stofnað, og afla þeim veðrétti réttarverndar, væri staða samningsveðhafa gerð til muna betri en staða aðfararveðhafa. Þykir því eðlilegt að miða við, að veðsetningarheimildin sæti takmörkunum að þessu leyti.

Um 25. gr.

Í greininni kemur fram skilgreining á því, hverjir teljist til rekstraraðila í skilningi 24. gr. frumvarpsins. Hefur sú skilgreining þýðingu fyrir veðsetningarheimildir skv. 24., 28. og 33. gr. frumvarpsins. Þá hefur skilgreining 25. gr. einnig þýðingu varðandi skýringu 47. gr. frumvarpsins, því samkvæmt þeirri grein eru það aðeins rekstraraðilar, sem hafa heimild til að gera samning um „factoring".

Upptalning 25. gr. á rekstraraðilum er ekki tæmandi, og er hugsunin sú, að ákvæðið nái til allra þeirra, sem hafa einhvers konar rekstur eða þjónustu með höndum. Í a-lið eru taldir upp aðilar, sem yfirleitt hafa rekstur með höndum í hagnaðarskyni, en í b-lið þeir, sem almennt stunda ekki atvinnurekstur í hagnaðarskyni, þótt undantekningar kunni að vera þar í frá.

Eðli rekstrar skiptir ekki máli. Hugtakið „rekstraraðili" getur t.d. náð til lækna, tannlækna og ýmissa þjónustuaðila, og ekki skiptir máli, hvort um skráðan rekstraraðila er að ræða í firmaskrá eða hlutafélagaskrá.

Um 26. gr.

Veð í rekstrartækjum samkvæmt framansögðu öðlast réttarvernd, þegar réttinum er þinglýst í fasteignabók ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign. Ber að miða forgangsáhrifin við afhendingu skjals til þinglýsingar, sbr. 1. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Nær veðrétturinn þá bæði til fasteignarinnar og rekstrartækjanna. Þarf þá ekki að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega í viðkomandi veðbréfi, heldur nægir að taka fram í veðbréfi, að veðsett sé tiltekin fasteign, þar sem atvinnureksturinn fer fram, ásamt rekstrartækjunum í heild, eins og þau eru á hverjum tíma. Sambærileg regla gildir skv. 3.–5. gr. í norsku veðlögunum, en samkvæmt því ákvæði er það ekki skilyrði, að rekstrartækin séu sundurgreind, heldur nægir að vitna til þess í veðskjali, að þau séu veðsett með heimild í hinu tilvitnaða lagaákvæði. Sjá um norskan rétt Tore Sandvik o.fl., Norsk Panterett, 2. útg., bls. 61. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að 37. gr. dönsku þinglýsingalaganna afmarkar það, hvaða verðmæti teljast fylgifé fasteignar samkvæmt veðsamningi án þess að gera þurfi um það sérstakt samkomulag, sjá um danskan rétt Lene Pagter Kristensen, Tinglysningsloven, bls. 276.

Þótt ekki þurfi samkvæmt framansögðu að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega með sundurgreindri upptalningu þeirra, getur af sönnunarástæðum verið heppilegt, að þeim sé með einhverjum hætti lýst. Ekkert er því til fyrirstöðu, að þeim sé gróflega lýst, annaðhvort í veðskjalinu sjálfu eða sérstöku fylgiskjali. Eins gæti nákvæmari sundurgreining komið fram á sérstöku skjali, sem ekki þarf endilega að fylgja með við þinglýsingu. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður að gera þá kröfu til þinglýsingarframkvæmdar, að það komi fram með ótvíræðum hætti í fasteignabók og á veðbókarvottorðum, að tiltekin fasteign sé veðsett ásamt rekstrartækjum, m.a. með tilvísun til viðkomandi lagagreinar. Þá ber og að gæta þess í veðskjölum, ef neytt er þeirrar heimildar, sem fram kemur í niðurlagi 5. mgr. 24. gr., þ.e. að veðsetja rekstrartæki tiltekinnar einingar sérstaklega, að fram komi um hvaða einingu er að ræða.

Þar sem rekstrartæki verða bæði veðsett ásamt fasteign og sérstaklega, getur síðari viðsemjanda veðsala verið þörf á að kanna bæði fasteigna- og lausafjárbók við athugun á því, hvort rekstrartæki eru veðsett.

Um 27. gr.

Talið hefur verið í íslenskum rétti (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 68), að þegar um lögmætt sjálfsvörsluveð í heildarsafni muna er að ræða, hafi veðþoli að einhverju marki heimild til þess að ráðstafa einstökum hlutum úr safninu, án þess að fá samþykki veðhafa. Nauðsynlegt er hins vegar að skapa skýrari línur í þeim efnum, og er það gert í frumvarpsgreininni hvað varðar veðsetningu rekstrartækja.

Í 1. og 2. mgr. er fjallað um heimildir veðsala til þess að afhenda eða skipta út einstökum munum úr heildarsafninu. Meginsjónarmiðið er það, að veðsali hafi slíka heimild, svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa. Hlýtur viðmiðun í þessum efnum að vera háð mati hverju sinni. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun samkvæmt lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfunnar, hefur veðsali ekki lengur heimild til þess að skipta út eða framselja veðsett rekstrartæki, nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Þykir heppilegt í þessu sambandi að miða við það tímamark, þegar veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun, enda skal hún send með sannanlegum hætti, þ.e. ábyrgðarbréfi eða símskeyti, sbr. t.d. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að veðréttur í rekstrartækjum, sem seld hafa verið eða skipt hefur verið út í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr., fellur niður. Þykir slíkt fyrirkomulag ekki varhugavert, enda má í sumum tilvikum benda á, að nýir hlutir koma í stað gamalla o.s.frv., þegar veðþoli neytir heimildar 1. mgr., og er það þá til þess fallið að auka verðmæti veðréttarins fyrir veðhafa.

Í 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um það tilvik, þegar eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr. framselt öðrum hið veðsetta. Er meginreglan þá sú, að veðréttur veðhafa færist yfir á kröfu seljandans til endurgjalds úr hendi kaupanda. Sá, sem við hinu veðsetta tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, ef hann hefur greitt hana veðsala, áður en veðréttur í henni var fallin niður. Ábyrgð hans er þó bundin því skilyrði, að hann hafi vitað eða mátt vita, að veðsali fór með ráðstöfun sinni út fyrir heimild 1. mgr.

Í 5. mgr. segir að um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. gildi ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Í því lagaákvæði kemur fram sú regla að þegar fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, teljist það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifjár slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi og þess, sem síðar verður til.

Tilvísun 5. mgr. 27. gr. frumvarpsgreinarinnar til lagaákvæðis þessa felur það í sér í fyrsta lagi, að fjárnám í fasteign á grundvelli veðbréfs telst ná til rekstrartækjanna sem sérstaks fylgifjár, ef neytt hefur verið þeirrar heimildar, sem um ræðir í 1. mgr. 24. gr. til þess að gera lausaféð að sérstöku fylgifé fasteignarinnar.

Í öðru lagi felur tilvísun 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins til 42. gr. laga nr. 90/1989 það í sér, að fjárnám verður því aðeins gert í rekstrartækjunum einum út af fyrir sig, að fyrir liggi samþykki þess eða þeirra veðhafa, sem eiga veðrétt í fasteigninni og rekstrartækjunum, nema rekstrartækið hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga, að kröfuhafi getur út af fyrir sig farið þá leið að fá gert fjárnám í senn í rekstrartækjum og fasteign, en það væri samrýmanlegt ákvæðum 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins og 42. gr. aðfararlaga. Í þeim efnum þarf að taka tillit til tvenns. Annars vegar að 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins felur ekki í sér sérstaka heim-

ild til þess fyrir kröfuhafa, og getur hann því eingöngu farið þessa leið, ef fasteignin ein er ekki næg trygging fyrir kröfu hans og rekstartækjanna væri þá einnig þörf til að tryggja kröfu hans, en við mat í þessu færi eftir almennum reglum 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 38. gr. aðfararlaga. Hins vegar verður að hafa í huga að ákvæði 27. gr. frumvarpsins breyta því ekki að kröfuhafi verður berum orðum að fá fjárnám bæði í fasteign og rekstrartækjum, ef sú á að verða niðurstaðan. Fjárnám í fasteigninni einni næði þannig ekki til rekstrartækjanna, enda eru rekstrartækin sérstakt fylgifé með fasteigninni en ekki almennt fylgifé, sem ákvæði 42. gr. aðfararlaga ná til.

C.
Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er rekstraraðilum, sem stunda verktakastarfsemi, veitt heimild til þess að setja að sjálfsvörsluveði sérstaklega, en ekki ásamt fasteignum, færanlegan vélbúnað, sem notaður er í atvinnurekstrinum. Er hér átt við vélbúnað, sem ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum.

Veðréttur sá, sem hér um ræðir, er veðréttur í heildarsafni muna. Felur 28. gr. því í sér frávik frá meginreglu 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Veðrétturinn öðlast skv. 2. mgr. 28. gr. réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók. Eins og í 3.–8. gr. í norsku veðlögunum frá 1980, sem að nokkru er fyrirmynd frumvarpsgreinarinnar, er við það miðað, að ekki þurfi að sérgreina hvert einstakt verðmæti með tegundarheiti og verksmiðjunúmeri, heldur nægi að taka fram í veðbréfi, að veðsettur sé færanlegur vélbúnaður verktakans samkvæmt heimild í 28. gr. Af sönnunarástæðum getur verið ráðlegt að taka fram, annaðhvort í veðskjali eða sérstöku fylgiskjali, tegundir og tölu tækjanna hér um bil, svo sem það er orðað í 24. gr. laga nr. 21/1966. Um norskan rétt sjá Tore Sandvik o.fl., Norsk Panterett, bls. 83.

Af tilvísun 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins til 5. mgr. 24. gr. leiðir m.a., að ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem rekstrarlega séð eru aðskildar er heimilt að veðsetja vélbúnað hverrar einingar sérstaklega. Þarf þá að koma fram í veðbréfi, um hvaða rekstrareiningu er að ræða.

Með færanlegum vélbúnaði í skilningi ákvæðisins er átt við tæki eins og jarðýtur, skurðgröfur, krana o.s.frv., sem ekki eru skráningarskyld ökutæki skv. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Samkvæmt því ákvæði eru skráningarskyld ökutæki bifreiðar, bifhjól, torfærutæki, dráttarvélar og eftirvagnar, sem eru 500 kg að eigin þyngd, svo og hjólhýsi og tjaldvagnar. Þá segir í því ákvæði, að dómsmálaráðherra geti fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla. Samkvæmt lagaákvæðinu eru ekki öll tengitæki og allar vinnuvélar skráningarskyldar, heldur er öryggissjónarmiðum ætlað að ráða um skráningu. Skal í þessu sambandi minnt á skilgreiningu 2. gr. umferðarlaga á hugtakinu vinnuvél en þar segir:

„Vinnuvél:

a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.“

Til grundvallar veðsetningarheimild þessari liggur það sjónarmið, að verktakastarfsemi er fjárfrekur atvinnurekstur, sem kallar á mikið rekstrarfé. Eru verktakafyrirtækin yfirleitt með stærstan hluta viðskipta sinna við einn tiltekinn viðskiptabanka. Þykir það þjóna hagsmunum bæði lánveitanda og lántaka í slíkum tilvikum, að verktakafyrirtækjunum sé heimilt að setja lánardrottnum sínum að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sinn, án þess að tilgreina þurfi sérstaklega hvern einstakan hlut. Nær þá veðrétturinn til vélbúnaðarins í heild eins og hann er á hverjum tíma.

Hugtakið rekstraraðili í 28. gr. frumvarpsins er sömu merkingar og í 24. gr., og vísast um skýringar til athugasemda við það ákvæði, að því þó gættu, að hér er viðmiðunin sú, að rekstraraðili stundi verktakastarfsemi. Veðsetningarheimildin nær til færanlegs vélbúnaðar, sem notaður er í verktakastarfsemi rekstraraðila. Vélbúnaður, sem fellur utan marka 28. gr., verður eftir atvikum veðsettur sem rekstrartæki skv. 24. gr. ásamt fasteignum eða sérstaklega samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr.

Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem rekstrarlega séð eru sjálfstæðar, leiðir það af tilvísun 3. mgr. 28. gr. til 5. mgr. 24. gr. frumvarpsins, að heimilt er að veðsetja færanlegan vélbúnað, sem tilheyrir tiltekinni sjálfstæðri rekstrareiningu sérstaklega. Tilvísunin þýðir hins vegar ekki það, að verðmætin verði veðsett sem rekstrarverð ásamt fasteignum, enda þykja rök ekki liggja til þess, að hinn færanlegi vélbúnaður verði veðsettur með fasteignum.

D.
Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

Um veðsetningarheimildir í þágu landbúnaðar er nú fjallað í fjórum greinum veðlaganna:

a. **Afurðalánaveð**, sbr. 4. mgr. 4. gr. Þar er framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem hafa vörurnar til sölumeðferðar, veitt heimild til þess að veðsetja afurðir og rekstrarvörur, sem veðsali á eða eignast kann, án tillits til verkunar eða framleiðslustigs. Er þetta sérstök sjálfsvörsluveðsetning, sem felur í sér veðsetningu í heildarsafni muna.
b. Heimild til að veðsetja **með jörð** auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús, áhöld, búsgögn og heyforða þann, sem á jörð er í hvert skipti, sbr. 5. gr. Er hér um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu lausafjár ásamt fasteignum, þ.e. tiltekið lausafé, sem ekki er fylgifé fasteignar í venjulegum skilningi, er samkvæmt þessu ákvæði heimilt að gera að sérstöku fylgifé.
c. **Rekstrarlánaveð**, sbr. 9. gr. Veitir ákvæðið bændum heimild til þess að veðsetja tiltekna flokka búfjár síns einu nafni til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn. Er hér um að ræða sérstaka sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna.
d. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. er **leiguliða** heimilt að setja landsdrottni að sjálfsvörsluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.
e. Heimild **ábúanda ríkisjarðar** til þess að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa, sbr. 2. mgr. 15. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1988.

Auk framangreindra ákvæða kemur fram sérstök veðsetningarheimild bændum til handa í lögum nr. 31/1930, um sveitabanka, en þau lög hafa aldrei komið til framkvæmda. Samkvæmt þeim lögum er bændum heimilt að setja bankanum að veði, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann, einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, framleiðslutæki og jarðarafurðir, sbr. 14. og 20. gr. þeirra laga. Lík heimild var í 2. gr. laga nr. 17/1934, um Kreppulánasjóð, en samkvæmt því ákvæði var bændum heimilt að veðsetja Kreppulánasjóði með einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, sem þeir ættu eða kynnu að eignast, svo og fóðurbirgðir, sem þeir kynnu að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé. Enn fremur mátti lántakandi veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn sín, innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, jafnt þau er hann á, er veðsetningin fer fram, og þau, sem hann eignst síðar. Heimild þessi var mjög víðtæk varðandi það, hvað veðsetja mátti, en hún var aftur takmörkuð á þann veginn, að hún náði aðeins til veðsetninga til handa þessari einu lánastofnun, Kreppulánasjóði.

Í norsku veðlögunum frá 1980 teljast áhöld, búfénaður og afurðir í landbúnaði ekki til rekstrarveðs í skilningi 2.–4. gr., sem fjallar um rekstrarveð, heldur eru þessi verðmæti sérstakt veðandlag, sem heimilt er að setja sérstaklega að sjálfsvörsluveði, þ.e. án þess að samtímis sé veðsettur eignar- eða afnotaréttur til fasteignar. Er þar um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna. Í dönsku þinglýsingalögunum er hins vegar við það miðað, að veðsetning fasteigna í landbúnaði taki einnig til rekstrarbúnaðar og rekstrartækja ásamt áhöfn, afurðum og annarri framleiðslu, nema öðru vísi hafi verið samið. Eru með þessum hætti í dönsku lögunum tiltekin lausafjárverðmæti, sem ekki teljast fylgifé fasteignar í venjulegum skilningi, gerð að sérstöku fylgifé.

Um 29. gr.

Þegar jörð er sett að veði, hefur samkvæmt gildandi lögum verið litið svo á, að veðrétturinn nái til lands jarðarinnar og að auki til kúgilda og jarðarhúsa, sem eru talin fylgifé jarðar (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 36). Með heimild í 5. gr. veðlaganna er svo heimilt við veðsetningu jarðar að láta tiltekin önnur verðmæti fylgja jörð, en þar er um að ræða önnur tiltekin hús á jörð, áhöld, búsgögn og heyforða, sem á henni er í hvert skipti.

1. mgr. 29. gr. frumvarpsins er orðuð með öðrum hætti en 5. gr. gildandi laga, þótt í raun sé ekki um verulega efnisbreytingu að ræða. Þar kemur fram sú regla, að við veðsetningu jarðar sé heimilt að semja svo um, að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau, sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Gerist veðsetning rekstrartækjanna samtímis veðsetningu jarðarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins nær veðréttur í rekstrartækjum, rekstrarveð, ekki til þeirra verðmæta, sem veðsett verða skv. 29. gr. frumvarpsins. Þykir af ýmsum ástæðum, m.a. sögulegum, rétt að skipa veðsetningarheimildum landbúnaðar, þar með talið hvað varðar rekstrartæki sérstaklega í frumvarpinu. Má t.d. benda á að veðréttur í rekstrartækjum skv. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins nær m.a. til innbús. Eiga tæpast við sömu sjónarmið um veðsetningu innbús, þegar í hlut eiga annars vegar almennir rekstraraðilar og hins vegar bændur. Ber í þessum efnum að hafa í huga, að árið 1952 var flutt á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á veðlögunum. Miðaði frumvarp þetta að því að heimila bændum að veðsetja, eins og í lögum um Kreppulánasjóð, einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er þeir ættu eða kynnu að eignast. Sama skyldi og gilda um veðsetningu fóðurbirgða. Þá skyldi bændum og heimilt að veðsetja í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsali ætti, þegar veð-

setning færi fram og það, er hann síðar kynni að eignast. Frumvarpið var samþykkt, en með verulegum breytingum þó, og varð það að 9. gr. gildandi laga. Samkvæmt því ákvæði er bændum einungis heimilt að veðsetja einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, en slík heimild á hvorki við um fóðurbirgðir né búsgögn innan húss. (Alþt. 1952, A, bls. 1063).

Með atvinnurekstri í landbúnaði er í 1. mgr. 29. gr. átt við hefðbundinn búskap og nýrri búgreinar eins og t.d. fiskeldi.

Í 2. mgr. er skilgreint, hvað átt sé við með rekstrartækjum landbúnaðar. Eru þar nefnd í dæmaskyni áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum. Rétt er að taka fram, að innbú á sveitaheimilum fellur ekki undir skilgreiningu 2. mgr. Þar undir geta hins vegar fallið heyvinnuvélar í hefðbundnum búrekstri eins og heyhleðsluvagnar, heyblásarar, heybindivélar, sláttuvélar, múgavélar og færibönd auk ýmissa annarra áhalda, véla og tækja, sem notuð eru við búrekstur. Hins vegar nær hugtakið rekstrartæki í skilningi 2. mgr. 29. gr. ekki til þeirra ökutækja, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum. Þá nær skilgreiningin og yfir vélar og tæki, sem notuð eru við rekstur fiskeldisstöðva, hvort heldur sem er utan húss eða innan, en í tíð gildandi laga hefur nokkur vafi verið í þeim efnum.

Veð í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd, þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum, sbr. 3. mgr. 29. gr. Í þessu sambandi skal bent á, að ábúanda ríkisjarðar er skv. 2. mgr. 15. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1988, heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa. Getur hann þá, ef frumvarp þetta verður að lögum, veðsett ábýlisjörðina ásamt rekstrartækjum.

Við veðsetningu rekstrartækja í landbúnaði gildir sama regla og á er byggt í 24. og 28. gr. frumvarpsins, þ.e. að ekki þurfi í veðbréfi að sérgreina hvert einstakt tæki, heldur nægi að taka þar fram, að rekstrartækin séu veðsett ásamt fasteigninni. Af sönnunarástæðum er hins vegar ráðlegt að gera einhverja grein fyrir því, hver verðmæti er hér um að ræða, hvort sem sú lýsing kæmi fram í veðbréfi eða sérstöku fylgiskjali. Vísast um þetta atriði til þeirra sjónarmiða sem fram koma í skýringum við 26. og 28. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er að því álitaefni vikið, hver áhrif veðsetning jarðar hefur á heimild veðsala til þess að ráðstafa greiðslumarki jarðar. Er með ákvæði þessu veitt heimild til þess að semja svo í veðbréfi, að veðréttur í jörð nái einnig til greiðslumarks jarðar. Slíkt samningsákvæði felur eðli málsins samkvæmt í sér takmarkanir á heimild veðþola til þess að skilja greiðslumark frá jörð, en eðlilegast þykir að leggja það á aðila veðsamnings að taka afstöðu til þessa atriðis í veðsamningi.

Samkvæmt gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um framleiðslustjórnun í landbúnaði er með vissum takmörkunum heimilt að framselja greiðslumark. Greiðslumarkið getur því innan marka þessara heimilda gengið kaupum og sölum, og það er unnt að leigja. Það getur því sem slíkt haft í sér fólgið mikið verðmæti. Það varðar því þann miklu, sem veðrétt á í jörð, að greiðslumarkið verði ekki skilið frá jörðinni, enda sýna dæmin, að markaðsverð jarða, sem ekki hafa greiðslumark, er að öllu jöfnu allt annað og miklu lægra en þeirra jarða, sem greiðslumark hafa. Má því til sanns vegar færa, að óheft heimild eiganda jarðar til þess að skilja greiðslumark frá jörð, án alls samráðs við þá, sem eiga veðrétt í jörðinni, geti leitt til mjög verulegrar rýrnunar veðsins og skert þá tryggingu, sem veðréttinum er ætlað að veita. Þykir regla 4. mgr. 29. gr. því styðjast við auðsæ sanngirnisrök.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um veð í bústofni, en í 2. mgr. um veð í rekstrarvörum landbúnaðar, afurðum og uppskeru. Er í báðum tilvikum um sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna að ræða, þar sem heimildin til veðsetningar er ekki bundin því skilyrði, að jafnframt sé stofnað til veðs í réttindum yfir fasteign. Af ákvæðum 1. og 2. mgr. leiðir, að í veðbréfi nægir að sérgreina veðandlagið með þeim hætti, að fram komi tegund þess og tala hér um bil. Er það í raun sama regla og fram kemur í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga, þegar veðsettir eru einu nafni tilteknir flokkar búfjár og afurðir og rekstrarvörur landbúnaðar.

Heimildir 1. og 2. mgr. 30. gr. til veðsetningar á bústofni, rekstrarvörum og afurðum er ekki nýmæli samkvæmt frumvarpinu, því slíka heimild er nú að finna í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga. Heimildin til veðsetningar skv. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga nær til þess, að verið sé að veita ríkissjóði, bönkum eða öðrum lánastofnunum veð í hinum tilgreindu veðandlögum, og skv. 9. gr. gildandi laga er veðsetningarheimild þeirrar greinar takmörkuð við það, að verið sé að veita bönkum og sparisjóðum veð í hinu tilgreinda veðandlagi. Takmörkun þessi studdist í upphafi við þau rök annars vegar, að með henni væri síður hætta á, að þessi veðsetning yrði misbrúkuð og hins vegar, að því aðeins væri ástæða til að veita lánveitanda þau forréttindi, sem veðið veitti, að hann hefði lánað féð til þess að afla þess verðmætis, sem veðsetja átti, og með því tekið á sig að nokkru áhættuna af rekstrinum (Alþt. 1927, A, þskj. 301, bls. 480). Þessi rök þykja ekki eiga við í dag, og því er slíka takmörkun ekki að finna í 30. gr. frumvarpsins. Á heimildin því við, hver svo sem veðhafinn er. Þá er og í frumvarpsgreininni horfið frá þeirri takmörkun gildandi réttar, að binda veðsetningarheimild þessa við það, að um sé að ræða tryggingu fyrir láni, sem veitt er út á hin veðsettu verðmæti. Á veðsetningarheimildin því við, hver svo sem skuldin er.

Í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga koma fram takmarkanir á gildistíma veðsetningar. Er í 9. gr. miðað við veðsetningarheimild í eitt ár og í 4. mgr. 4. gr. í eitt ár eða fjögur ár eftir því hvert veðandlagið er. Veðsetningarheimild þessi var í upphafi veitt sjávarútveginum til hagsbóta, þótt landbúnaður bættist síðar við, og studdist tímatakmörkunin við þau rök, að heimildin næði til veðsetningar á verðmætum, sem sum væru ekki orðin til (svo sem óveidds afla), og þætti af þeirri ástæðu rétt að binda hana við ákveðið, tiltölulega stutt tímabil, sem í upphafi var eitt útgerðartímabil, en var síðar breytt í eitt ár. (Alþt. 1927, A, þskj. 519, bls. 836 og Alþt. 1960, A, þskj. 178, bls. 426). Tímatakmarkanir þessar hafa það í för með sér, að reglulega verður að endurnýja veðsamningana með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Samkvæmt 6. mgr. 4. gr. gildandi laga er fjármálaráðuneytinu að vísu heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þessum, og skv. 7. mgr. 4. gr. gildandi laga, eru víxlar til framlengingar afurðalánum, sem Seðlabankinn endurkaupir, undanþegnir stimpilgjaldi. Hvað sem slíkum heimildum líður, þykir ekki í frumvarpinu ástæða til þess að takmarka með lögum veðsetningarheimildirnar með þessum hætti. Þykir eðlilegra að leggja það í vald aðilanna sjálfra að semja fyrir fram um afmarkaðan gildistíma veðsetningar, ef þeir sjá ástæðu til.

Í 1. mgr. er nefnt í dæmaskyni, hvað teljist bústofn í skilningi ákvæðisins. Sú upptalning er ekki tæmandi. Þar er það nefnt, að hafbeitarfiskur teljist búfé, en skv. 4. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga hefur það þótt vafa undirorpið, hvort og þá jafnframt með hvaða hætti veðsetningarheimild þeirrar greinar nær til hafbeitar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda er þetta í raun mjög svipuð veðsetningarheimild og er í 4. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er sama efnis og regla 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa. Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar er vitnað til 1.–4. mgr. 27. gr. frumvarpsins hvað varðar heimild til framsals einstakra verðmæta úr heildarsafni, og vísast til skýringa við þá grein.

E.
Veðréttur í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

Þess er getið í athugasemdum við 29. og 30. gr., að rétt þyki af ýmsum ástæðum, m.a. sögulegum, að skipa veðsetningarheimildum landbúnaðar sérstaklega. Á hið sama við um samningsveðsetningar í siglingum og sjávarútvegi. Þá þykir það og gleggra til yfirlits að haga efnisskipan með þessum hætti.

Um 31. gr.

Frumvarpsgreinin veitir heimild til þess að semja svo um, þegar skip er veðsett, að skipinu skuli fylgja auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé, sem ætlað er til notkunar á skipi, en teljst ekki til fylgifjár þess í venjulegum skilningi.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 2. mgr. 6. gr. gildandi veðlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 46/1933. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til þeirra laga (Alþt. 1933, A, þskj. 395, bls. 840–841), er gildissvið ákvæðisins skýrt rækilega. Þar segir, að þegar skrásett skip sé selt að sjálfsvörsluveði, fylgi allt venjulegt fylgifé þess með í veðinu. Hvert sé venjulegt fylgifé skips, sé ákveðið eftir því, hvaða hlutir venjulega eru látnir fylgja skipi í kaupum og sölum, og yfirleitt muni vera litið svo á, að það séu eigi aðrir hlutir en þeir, sem nauðsynlegir séu til þess að skipið geti farið ferða sinna, og þó eigi allir þeir hlutir. Segl og reiði, vél og nauðsynlegir vélahlutir, skipsbátar, akkeri og festi séu þannig fylgifé skipsins, en aftur á móti t.d. ekki siglingaáhöld. Og það, sem meira máli skipti, margt annað, sem ætlað sé til nota í skipi til annars en sjálfrar siglingar skips, sé ekki venjulegt fylgifé, t.d. veiðarfæri, nótabátar á síldveiðiskipum, ýmis búsgögn, er í skipinu þurfi að hafa, olíu- og kolabirgðir, föst legufæri, er skipinu kunni að vera ætlað að nota o.fl. Þessa muni sé ekki hægt að veðsetja með skipinu. Veð í þeim verði aðeins veitt sem venjulegt sjálfsvörsluveð í lausafé. Hér sé farið fram á sams konar heimild til að veðsetja þessa muni með skipinu eins og veitt sé í 5. og 6. gr. veðlaganna til að veðsetja lausafjármuni með jörðum og með verksmiðjum. Fjármunir þessir séu oft mikils virði, og það mundi því auka veðgildi skipanna drjúgum, ef unnt væri að veðsetja þá með skipum, og oft muni þeir keyptir fyrir fé, sem tryggt sé með veði í skipinu, og sé þá eðlilegra, að tryggingin nái einnig til þeirra. Þess skuli getið, að því er snerti kola- og steinolíubirgðir skips, að ekki sé til þess ætlast, að veðið nái til annars en þess forða, sem sé á skipinu í hvert skipti, og nái það því eigi til birgða þeirra af vörum þessum, sem útgerðin eigi í landi. Um aðra muni sé veðrétturinn aftur á móti ekki bundinn við það, að þeir séu í skipinu, þegar að því sé gengið, ef þeir séu ætlaðir til notkunar í því. Veðið geti því t.d. náð til varavörpu eða varanótar, er skipinu fylgi, en geymd sé í landi. Ákvæði 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins byggja á þeim sjónarmiðum, sem hér komu fram.

Ákvæði 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins þarfnast ekki skýringa, en í 3. mgr. 31. gr. er tekið fram, að þegar skip er sett að veði, er heimilt að semja svo um í veðbréfi, að veðrétturinn nái einnig til veiðiheimilda skips. Slíkt samningsákvæði felur eðli málsins samkvæmt í sér takmarkanir á heimild veðþola til þess að skilja veiðiheimild frá skipi. Þykir eðlilegast að leggja það á herðar aðila veðsamnings að taka afstöðu til þessa atriðis í veðsamningi. Er þetta sama regla og fram kemur í 4. mgr. 29. gr. frumvarpsins varðandi veðsetningu bújarðar og greiðslumarks.

Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og reglugerð nr. 367/1991 er heimilt að framselja veiðiheimildir skips að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Veiðiheimildirnar geta því samkvæmt þessum heimildum gengið kaupum og sölum og unnt er að leigja þær, og geta þær sem slíkar því haft í sér fólgið mikið verðmæti. Það getur því varðað þann miklu, sem veðrétt á í skipi, að veiðiheimildirnar verði ekki frá skipinu skildar, enda sýna dæmin, að markaðsverð skipa, sem ekki hafa veiðiheimildir, er allt annað og miklu lægra en þeirra, sem veiðiheimildir hafa. Má því til sanns vegar færa, að óheft heimild eiganda skips til þess að skilja veiðiheimild frá skipi, án alls samráðs við þá, sem eiga veðrétt í skipinu, getur leitt til mjög verulegrar rýrnunar veðsins og skert þá tryggingu, sem veðréttinum er ætlað að veita.

Þótt lög nr. 38/1990 mæli fyrir um heimildir til framsals veiðiheimilda skipa, láta lögin ósagt með öllu, hver áhrif það hafi á veðrétt þeirra, sem veð eiga í skipi, að veiðiheimildirnar eru framseldar. Hefur þetta leitt til þess, að lánastofnanir eru tregar til þess að veita útgerðaraðilum lán gegn veði í fiskiskipum. Þykir því í almennum veðlögum nauðsynlegt að taka af skarið í þessum efnum til þess að eyða því öryggisleysi, sem nú ríkir.

Um 32. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um heimildir útgerðarmanna, framleiðenda sjávarafurða og þeirra, sem eignast hafa vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, til þess að veðsetja afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar. Er hér um sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna að ræða.

Veðsetningarheimildin kemur fram í 1. mgr., og er í raun sama heimild og nú kemur fram í 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Heimildin samkvæmt frumvarpsgreininni er þó rýmri að því leyti til, að hún er ekki takmörkuð við það, að verið sé að veita ríkissjóði, bönkum eða öðrum lánastofnunum veð í hinum tilgreindu veðandlögum til tryggingar lánum, sem tekin eru út á verðmætin. Þá er heimildin heldur ekki bundin tímatakmörkunum. Má um þetta efni vísa til skýringa við 30. gr. frumvarpsins.

Efni 2. mgr. er hið sama og efni 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ákvæði 3. mgr. þarfnast heldur ekki skýringa, og um skýringar á 4. mgr. vísast til skýringa við 5. mgr. 30. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr.

F.

Veð í vörubirgðum.

Um 33. gr.

Ákvæði 33.–34. gr. frumvarpsins fjalla um veð í vörubirgðum. Er skv. 33. gr. heimilt að setja vörubirgðir að sjálfsvörsluveði sem heildarsafn muna. Almennt ákvæði hefur skort í íslenskan rétt um heimildir rekstraraðila til þess að setja vörubirgðir sínar að sjálfsvörsluveði einu nafni, en takamarkaðar heimildir í þá átt er að finna í lögum nr.

21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum, (varahlutabirgðir með loftfari); lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, (hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar), auk þeirra heimilda, sem fram koma í 4. mgr. 4. gr. og 6. gr. gildandi laga (afli, afurðir, rekstrarvörur, verkefni).

Í frumvarpi þessu þykir ekki rétt að hagga við reglu 24. gr. laga nr. 21/1966, enda er hún sérstaks eðlis. Ákvæðum 29.–32. gr. frumvarpsins er hins vegar ætlað að leysa af hólmi reglur 4., 5. og 6. gr. gildandi laga, og 33.–34. gr. frumvarpsins er m.a. ætlað að koma í stað laga nr. 47/1972, en þær frumvarpsgreinar eru þó til muna víðtækari en efni laga nr. 47/1972.

Samkvæmt lögum nr. 47/1972 er iðnfyrirtækjum heimilt að setja bönkum eða sparisjóðum að sjálfsvörsluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn. Var við setningu laga þessara að því stefnt að veita iðnfyrirtækjum hliðstæða heimild og framleiðendur landbúnaðar- og sjávarafurða höfðu þá til að setja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörsluveði ótiltekið safn hráefna og vara í vinnslu og fullunnar. Með iðnfyrirtækjum var átt við iðju og iðnaðarfyrirtæki einstaklinga og félaga, án tillits til rekstrarforma (Alþt. 1971–72, þskj. 581, bls. 1473–1474).

Frumvarpsgreinin er víðtækari en ákvæði laga nr. 47/1972 að því marki sem nú skal greint:

a. Veðsetningarheimild gildandi laga er bundin við iðnfyrirtæki, en frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir almennri veðsetningarheimild til handa þeim, sem stunda atvinnurekstur.
b. Heimild gildandi laga er tímabundin, þ.e. við eitt ár í senn, en slíka takmörkun er ekki að finna í frumvarpsgreininni.
c. Þá er veðandlagið skilgreint rýmra í frumvarpinu en í gildandi lögum. Í gildandi lögum er talað um hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, en í frumvarpinu er viðmiðunin hráefni, vörur í vinnslu, fullunnar vörur, verslunarvörur, rekstrarvörur og aðrar vörur, sem notaðar eru í rekstrinum og auk þess búnaður um framleiðsluvörurnar.
d. Heimild gildandi laga er bundin við það, að um sé að ræða banka eða sparisjóði sem lánveitendur. Slík takmörkun er ekki í frumvarpinu.

Í 33. gr. frumvarpsins er rekstraraðilum veitt heimild til þess að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir rekstrar síns. Er hér, eins og áður er rakið, um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna. Með rekstraraðila er átt við rekstraraðila skv. 25. gr. frumvarpsins, og vísast um skýringu á því hugtaki til athugasemda við 24. og 25. gr., en eins og þar kemur fram, er um að ræða þá aðila, sem stunda framleiðslu, sölu eða þjónustu. Sérreglur gilda hins vegar samkvæmt frumvarpinu um heimildir rekstraraðila í landbúnaði og sjávarútvegi til þess að veðsetja afla, afurðir og rekstrarvörur og eiga ákvæði 33.–35. gr. því ekki við um þá aðila.

Í 2. mgr. er skilgreint, hvað átt sé við með vörubirgðum. Í 1. gr. laga nr. 47/1972 er heimild iðnfyrirtækja bundin við hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar. Í frumvarpsgreininni er hins vegar rætt um hráefni, vörur í vinnslu, tilbúnar vörur, fullunnar vörur og verslunarvörur, auk þess sem heimildin nær einnig til rekstrarvara og búnaðar utan um vörurnar. Í athugasemdum við 24. gr. frumvarpsins er vikið að reglu 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, sem veitir heimild til þess að veðsetja verkefni með fasteign. Úr framkvæmd í tíð gildandi réttar er þar nefnt það dæmi, þegar skipasmíðastöðvar veðsetja fasteignir sínar ásamt smíðaverkefni, sem þær vinna að. Af ákvæðum 24. gr. leiðir, eins og þar er

rakið, að slík verkefni verða ekki veðsett sem rekstrartæki með fasteign. Þykir eðlilegra að skipa slíkum verðmætum á bekk með vörubirgðum og mundi t.d. skipasmíðaverkefni þá falla undir a-lið 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins.

Af ákvæðum 3. mgr. 33. gr. leiðir, að veð í vörubirgðum er veð í heildarsafni muna, þ.e. veðrétturinn nær til vörubirgðanna eins og þær eru á hverjum tíma. Þá nær veðrétturinn og til birgðanna í heild sinni, nema veðsettur hafi verið nánar tilgreindur hluti birgðanna, sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hluta þeirra og telja má sjálfstæða heild. Heimildin til að veðsetja hluta birgðanna er einkum sett með hagsmuni þeirra rekstraraðila í huga, sem reka framleiðslu eða rekstur á fleiri stöðum en einum. Þá má einnig hugsa sér, að slík veðsetning að hluta geti átt sér stað, þar sem tiltekinn rekstraraðili framleiðir ólíkar vörur á mismunandi stöðum og er með aðskildar vörugeymslur.

Um 34. gr.

Í 34. gr. mælir fyrir um réttarvernd veðs í vörubirgðum. Kemur þar fram, að veðrétturinn öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Veð í vörubirgðum skv. 33. gr. er veð í ósundurgreindu heildarsafni muna, eða ótilteknu safni eins og það er orðað í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Hvað sérgreiningu veðandlagsins í veðskjali varðar, þá nægir almennt að fram komi tegund vörubirgðanna og tala hér um bil.

Í 2. mgr. 34. gr. segir, að um veðrétt í vörubirgðum gildi ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. Er viðmiðunin samkvæmt því sú, að veðsali hafi heimild til þess að selja vörur, sem heyra til veðsettum vörubirgðum, í samræmi við það sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri, eða það skerði ekki að mun veðtryggingu veðhafa. Hér er að sjálfsögðu um matskennda viðmiðun að ræða, sem skoða verður og meta í hverju einstöku tilviki. Meginviðhorfið er það, að veðrétturinn sé því ekki til fyrirstöðu, að selt sé út úr veðsettum birgðum, svo lengi sem salan er í samræmi við það, sem eðlilegt er í viðkomandi rekstri. Smásali, sem veðsett hefur vörubirgðir sínar, svo eitthvert dæmi sé nefnt, verður eðli málsins samkvæmt að selja úr birgðunum í daglegum rekstri sínum. Hinu sama gegnir um framleiðanda tiltekinnar verslunarvöru. Hann verður eðlilega að koma framleiðslu sinni á markað í samræmi við það, sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri og er veðrétturinn því ekki til fyrirstöðu. Framsal umfram það, sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri, er hins vegar óheimilt. Með sama hætti er framsal óheimilt, ef það er til þess fallið að skerða veðtryggingu veðhafa. Á það skal bent í þessu sambandi, að veðhafi getur að sjálfsögðu gætt hagsmuna sinna, ef þörf krefur, með samkomulagi við veðsala um, að greiðslur frá þriðja manni fyrir andvirði vara, sem seldar hafa verið úr veðsettum vörubirgðum, renni að einhverju leyti eða öllu um hendur veðhafa, þar til veðskuld er að fullu greidd.

Heimild til framsals vörubirgða er bundin sömu takmörkunum og fram koma í 2. mgr. 27. gr. Í því felst, að eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfu, hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að afhenda vörur, sem heyra til veðsettum vörubirgðum.

G.
Söluveð.

Í lausafjárkaupum, sérstaklega afborgunarkaupum, hefur lengi verið tíðkað, að seljandi geri þann fyrirvara, að kaupandi öðlist ekki eignarrétt að söluhlut, fyrr en hann hefur efnt kaupsamninginn og þá fyrst og fremst með greiðslu kaupverðsins. Í því felst m.a.

sá áskilnaður seljanda, að hann heimti hlutinn aftur, ef vanefndir verða af hálfu kaupanda. Kaupandi getur þá ekki ráðstafað hlutnum, t.d. með sölu eða veðsetningu, fyrr en eignarréttarfyrirvarinn er fallinn niður. Brot á því getur varðað refsingu sem fjárdráttur eða svik. Þá hefur jafnvel verið talið, að þótt kaupandi slíks hlutar sé í góðri trú, mundi hann í flestum tilvikum vera skyldur til þess að skila eigandanum hlutnum, sjá þó Hrd. 1966. 231. Sett lagaákvæði hefur á hinn bóginn skort í íslenskan rétt um eignarréttarfyrirvara. Á það bæði við um hina kauparéttarlegu hlið afborgunarsamninga með eignarréttarfyrirvara og um réttarvernd þeirra tryggingarréttinda, sem í eignarréttarfyrirvara felst.

Eignarréttarfyrirvari felur í sér tryggingarráðstöfun, sem að mörgu leyti svipar til veðstofnunar. Hafa því oft verið uppi raddir um það, að um þessi réttindi bæri að beita réttarreglum um veð. Hefur þá einkum verið haft í huga, hvort ekki væri rétt að krefjast sömu tryggingarráðstafana til þess að eignarréttarfyrirvarinn geti orðið bindandi fyrir viðsemjendur og skuldheimtumenn kaupanda. Sú hefur þó ekki orðið niðurstaðan í íslenskum rétti, og að uppfylltum vissum skilyrðum er eignarréttarfyrirvari af hálfu seljanda bindandi fyrir síðari viðsemjendur og skuldheimtumenn kaupanda, þótt ekki hafi verið gætt réttarreglna um stofnun sjálfsvörsluveðs í lausafé.

Ákvæðin í undirkafla G í III. kafla fjalla um svokallað söluveð og rétt sem jafna má til söluveðs. Söluveð samkvæmt frumvarpinu er veðréttur í hinu selda til tryggingar láni sem seljandi eða annar lánveitandi hefur veitt til kaupa. Er hægt að áskilja sér slíkan veðrétt í þeim tilvikum, þegar allt kaupverðið er greitt í einu lagi eftir afhendingu söluhlutar, og þegar söluverðið er greitt með afborgunum.

Með söluveði er því fyrst og fremst átt við tryggingarréttindi þau, sem hingað til hafa verið talin felast í eignarréttarfyrirvara í lausafjárkaupum (pactum reservati dominii), sbr. upphafsákvæði 35. gr. frumvarpsins. Má því segja, að hugtakið söluveð í skilningi frumvarpsins sé í raun nýtt heiti á þekktum réttindum, þ.e. þeim tryggingarrétti, sem felst í eignarréttarfyrirvara. Er í frumvarpinu við það miðað, að eignarréttarfyrirvari sé tryggingarréttur, sem í flestu eigi samstöðu með veðréttindum og beri að skipa í flokk með þeim. Samkvæmt því er í frumvarpinu farið með eignarréttarfyrirvara (söluveð) sem hver önnur sjálfsvörsluveðréttindi í lausafé, með ákveðnum frávikum þó. Með ákvæðum kaflans er þess vegna stefnt að því að leysa af hólmi gildandi ólögfestar reglur um hina tryggingarréttarlegu hlið eignarréttarfyrirvara.

Á síðustu árum hafa verið teknar upp fleiri aðferðir en beiting eignarréttarfyrirvara til þess að tryggja greiðslu endurgjalds við fjármögnun ýmissa lausafjárkaupa. Má þar sem dæmi nefna svokallaðar fjármögnunarleigur og kaupleigur. Af ákvæðum 42. gr. frumvarpsins leiðir, að ákvæði þessa kafla ná einnig til þeirra samninga, sem falla undir skilgreiningu 1. gr. laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, sbr. 2. og 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins, þegar um sölu lausafjár er að ræða.

Í kaflanum er m.a. mælt fyrir um skilyrði þess, að stofnað verði til gilds söluveðs, sem svo er kallað (35. og 36. gr.); um ráðstöfunarheimild veðsala (37. gr.); um form og efni söluveðsssamningsins og skilyrði réttarverndar (38. gr.) og um fullnustuleiðir veðhafa (5. mgr. 38. gr.). Af ákvæðum kaflans leiðir, að ekki skiptir máli svo ákvæði kaflans eigi við, hvort aðilar hafa kosið að kalla samning sinn samning um söluveð, samning um kaup með eignarréttarfyrirvara eða öðru heiti, sbr. 42. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins er það skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð, að veðsamningurinn sé skriflegur. Það er hins vegar einungis í undantekningartilvikum skilyrði fyrir réttarvernd, að samningnum sé þinglýst, en það er í því tilviki, þegar um er að ræða söluveð í skráningarskyldum lausafjármunum, sbr. 2. mgr. 38. gr. Gilda þá almennar reglur um réttarvernd og forgangsáhrif.

Tryggingarréttur seljanda lausafjár, sem selt hefur verið með eignarréttarfyrirvara, felst nú í því að heimta hlutinn aftur, eftir atvikum með aðstoð fógeta, ef kaupandinn stendur ekki í skilum með greiðslur kaupverðs. Í ákvæðum frumvarpsins felst sú rýmkun, sbr. 5. mgr. 38. gr., að söluveðhafi getur valið milli tveggja fullnustuleiða. Hann getur annars vegar krafist nauðungarsölu hins veðsetta eftir þeim almennu reglum, sem gilda um nauðungarsölu lausafjár. Hins vegar getur hann farið þá leið að rifta söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningi eða á grundvelli almennra riftunarreglna. Getur hann í því tilviki krafist afhendingar hins veðsetta úr höndum veðsala. Þá verður að beita þeim reglum um uppgjör í millum aðila, sem hingað til hefur verið fylgt.

Um 35. gr.

Í 35. og 36. gr. frumvarpsins er gildissvið reglna um söluveð markað. Í 35. gr. kemur fram, að grundvöllur söluveðs sé samningur um sölu lausafjár, og þar kemur einnig fram, hvers konar kröfur unnt er að tryggja með söluveði. Er þar um að ræða kröfu seljanda til endurgjalds fyrir seldan hlut ásamt vöxtum og kostnaði. Við það er miðað í ákvæðinu, að raunveruleg sala hafi átt sér stað og að söluverðmætið verði sérgreint, og skiptir þá ekki öllu máli, hverju nafni aðilar kalla samning sinn. Sem dæmi um kostnað, sem unnt er að tryggja með söluveði, má nefna útgjöld seljanda vegna geymslu, umbúnaðar, flutnings og uppsetningu hins selda.

Af ákvæðum b-liðar 35. gr. leiðir, að auk seljanda geta lánveitendur kaupanda tryggt rétt sinn með söluveði, sbr. orðalagið: „ . . . láni, sem þriðji maður hefur veitt kaupanda . . . “. Skilyrði gilds söluveðs samkvæmt þessari heimild er það, að lánveitandi greiði lánið beint til seljanda, þannig að lánsfjárhæðin fari ekki um hendur kaupanda. Í þessari heimild felst að öllum líkindum veruleg rýmkun á sviði gildandi reglna um eignarréttarfyrirvara.

Einungis verður stofnað til söluveðs í lausafé, sbr. það orðalag 35. gr., að í tengslum við sölu lausafjár, sé heimilt að semja um veðrétt í hinu selda. Er það og meginregla, að allt lausafé megi setja að söluveði, en frá því gilda þó undantekningarnar, sem koma fram í 36. gr. Til söluveðs samkvæmt þessum kafla frumvarpsins verður ekki stofnað, þegar um sölu fasteigna er að ræða, en rétt er hins vegar að hafa í huga, að seljandi fasteignar getur skv. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, áskilið sér veðrétt yfir hinni seldu eign. Gengur sá réttur framar réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngri eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldri eiganda, og skjalið, sem gefur þetta til kynna er í síðasta lagi afhent samtímis skjali því, er heitir viðsemjanda yngri eiganda réttindunum.

Í 35. gr. er á því byggt, að aðilar semji gagngert um söluveð í samningi sínum, sbr. orðalagið „ . . . heimilt að semja . . . “. Seljandi getur því ekki einhliða áskilið sér söluveð þannig að bindandi sé fyrir kaupanda eða þann, sem leiðir rétt sinn frá honum. Við mat á gildi staðlaðra samningsskilmála í þessu sambandi verður að líta til almennra reglna um það efni.

Um 36. gr.

Sú meginregla gildir skv. 35. gr. frumvarpsins að söluveð verður stofnað í öllu lausafé, nema sérstök takmörkun sé þar gerð á. Heimilt er að stofna til söluveðs í skráningarskyldu lausafé, t.d. bifreið, skipi eða flugvél, en gæta verður þinglýsingarreglna, sbr. 2. mgr. 38. gr. Er með þessu verið að koma í veg fyrir, að á slíkum verðmætum geti annars vegar hvílt óþinglýst söluveð og hins vegar þinglýst veð í viðeigandi réttindaskrá. Þótt ekki verði stofnað til óþinglýsts söluveðs í skráningarskyldu lausafé, er skv. 1. mgr. hægt að stofna til söluveðs í fylgifé slíks lausafjár, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 38. gr.

Samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. er ekki heimilt að stofna til söluveðs í hlutum, sem kaupandi hefur heimild til þess að selja áfram, endurselja, áður en hlutirnir eru að fullu greiddir seljanda. Þegar litið er til hagsmuna almennra kröfuhafa kaupanda og þeirra, sem í grandleysi öðlast rétt yfir hlutunum með samningi við kaupanda, verður að telja það varhugavert, að hægt sé að stofna til söluveðs í slíkum verðmætum. Um heimild kaupanda í þessum efnum fer eftir samningi aðila.

Bann við stofnun söluveðs samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. tekur ekki til þeirra tilvika, þar sem kaupanda er heimilt „... að selja hlut, eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins“. Í slíkum tilvikum má nota söluveð sem tímabundna tryggingu fyrir endurgjaldskröfunni. Er með þessu haldið í þetta tryggingarform við sölu efnis, hrávöru og eininga, sem ætlunin er að selja að lokum sem hluta eða þátt endanlegrar framleiðslu, eftir að fram hafa farið endurbætur og viðskeyting. Sem dæmi tilvika, er hér geta falli undir má t.d. nefna verktakaframkvæmdir, skipasmíðar og þess háttar. Söluveð getur þá hvílt á hlut á framleiðslustigi, en fellur burt, þegar endurbótum eða viðskeytingu er lokið. Einföld uppsetning hins keypta og aðrar slíkrar ráðstafanir mundu ekki teljst endurbætur í skilningi ákvæðisins.

Um 37. gr.

Í 37. gr. kemur fram sú regla, að hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja, án samþykkis þess veðhafa, sem söluveð á. Er regla frumvarpsgreinarinnar í samræmi við ólögfestar reglur, sem taldar eru gilda á þessu sviði. Bann við sölu og veðsetningu samkvæmt þessu ákvæði getur eðli málsins samkvæmt ekki náð til þeirra tilvika, sem falla undir fyrri málslið 36. gr., en þar er fjallað um þau tilvik, þegar kaupanda hlutar er heimilt að selja söluhlutinn áfram, þótt kaupverðið sé ekki að fullu greitt. Í slíkum hlutum verður ekki, svo gilt sé, stofnað til söluveðs.

Regla 37. gr. frumvarpsins felur samkvæmt framansögðu í sér frávik frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 11. gr. frumvarpsins, þ.e. að veðréttur sé því eigi til fyrirstöðu, að hinu veðsetta sé afsalað, nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Samkvæmt 37. gr. frumvarpsins gildir gagnstæð regla varðandi söluveð, þ.e. veðrétturinn er því til fyrirstöðu, að hinu selda verði afsalað eða það veðsett, nema samþykki söluveðhafa liggi fyrir. Kaupandi hefur samkvæmt þessu ekki ráðstöfunarrétt með löggerningi yfir hinu keypta, fyrr en hann hefur að fullu gert upp við seljanda. Regla 37. gr. frumvarpsins á við, hvort sem söluveðhafinn er seljandi eða lánveitandi, sbr. a- og b- liði 35. gr. frumvarpsins. Ráðstafanir kaupanda, sem andstæðar eru ákvæðum 37. gr. frumvarpsins, geta leitt til refsiábyrgðar kaupanda.

Um 38. gr.

Um réttarvernd söluveðs er fjallað í 38. og 39. gr. Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. er það skilyrði réttarverndar, að samningur sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutar til kaupanda. Er þessi áskilnaður nauðsynlegur af sönnunarástæðum og til þess að fyrirbyggja málamyndagerninga. Krafan um skriflegan samning felur það í sér, að fyrir liggi samningur um söluveð, sem undirritaður er af báðum aðilum. Þinglýsing er hins vegar ekki skilyrði fyrir réttarvernd, nema í undantekningartilvikum, sbr. það sem fram kemur í almennum athugasemdum við undirkafla G í III. kafla frumvarpsins og í skýringum við 35. gr.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. um þinglýsingu tekur til allra þeirra lausafjárverðmæta, sem skráningarskyld eru. Vísast um þetta efni að öðru leyti til athugasemda við 23. og 35. gr. Í orðalaginu „. . . að auki . . .“ felst, að jafnframt verður skilyrðum 1. mgr. að vera fullnægt, þ.e. kröfunni um skriflegan gerning og um tímamark afhendingar og að auki því skilyrði, að samið hafi verið um söluveð.

Í 3. mgr. er fjallað um efni söluveðssamningsins. Í samningnum skal bæði sérgreina veðandlagið og tilgreina fjárhæð þeirrar kröfu, sem veðinu er ætlað að tryggja. Þó er ekki nauðsynlegt að sérgreina sérstaklega þá vaxta- eða kostnaðarkröfu, sem greinir í a-lið 35. gr. Ef fram kemur í samningi þeim, sem liggur til grundvallar viðskiptum aðila, hvaða verðmæti hafa verið seld með greiðslufresti, ætti ekki að koma að sök, þótt veðréttarins sé getið á öðru skjali.

Í 4. mgr. er fjallað um það tilvik, þegar saman rekast veðréttindi seljanda og lánveitanda, og báðir hafa samið um söluveð í hlutnum. Getur það t.d. gerst, þegar lánveitandi lánar kaupanda fyrir hluta kaupverðsins. Eru þá veðréttir þessara aðila jafnstæðir, nema um annað hafi verið samið. Er þá miðað við það, sem veðhafarnir hafa samið sín í milli, þ.e. seljandi og lánveitandi.

Samkvæmt 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar á söluveðhafi tveggja kosta völ til þess að gera veðrétt sinn gildandi. Hann getur annars vegar krafist afhendingar hins selda, eftir atvikum með aðstoð sýslumanns, eftir þeim reglum, sem hingað til hafa verið taldar gilda í þeim efnum. Hins vegar er honum kostur að krefjast nauðungarsölu á hinu veðsetta án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar eftir sömu reglum og gilda um slíka sölu samkvæmt lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, en þar eru hafðar í huga reglur 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. þeirra laga. Af því leiðir, að áður en nauðungarsölu verður krafist, og eftir að krafa er komin í gjalddaga, skal veðhafi beina greiðsluáskorun til veðþola eftir reglum þeim, sem fram koma í 9. gr. laga nr. 90/1991. Velji söluveðhafi að rifta samningi um söluveð vegna vanefnda kaupanda og krefjist afhendingar hlutarins, kunna að rísa álitaefni um skyldur hans gagnvart þeim, sem öðlast hafa óbein eignarréttindi í hlutnum, t.d. veðréttindi á grundvelli reglunnar í 37. gr. frumvarpsins. Ekki þykir ástæða til þess að setja sérstakar reglur um réttarstöðu söluveðhafa í slíkum tilvikum, enda verður að telja, að hann yfirtaki eftir því sem við getur átt, þær skyldur, sem á kaupanda hlutar hafa hvílt. Þannig mundi söluveðhafi yfirtaka skyldur kaupanda um meðferð á hlut, skyldu til að vátryggja hlut o.fl., svo fremi sem þessar skyldur hafa hvílt á kaupanda gagnvart veðhafanum. Mundu um þetta gilda almennar reglur.

Um 39. gr.

Í 39. og 40. gr. er fjallað um tilvik, sem leitt geta til þess, að söluveð falli niður. Er í 39. gr. fjallað um viðskeytingu, og getur ákvæðið haft þýðingu, þegar um söluveð í hlutum og fylgifé er að ræða. Sjónarmið það, sem fram kemur í ákvæðinu, er í samræmi við ólögfestar reglur íslensks réttar um viðskeytingu, sem dómstólar hafa mótað. Talið er óheppilegt út frá samfélagsleglum sjónarmiðum að spilla eða eyða verðmætum, ef aðrir kostir eru fyrir hendi, sjá til athugunar Hrd. 1966. 231.

Í ákvæðinu er við það miðað, að tvær ástæður geti leitt til brottfalls söluveðs. Annars vegar það, að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér að skilja hlut eða fylgifé frá aðalhlut **eða** slíkur aðskilnaður mundi hafa í för með sér ósanngjarna verðmætisrýrnun. Fyrri viðmiðunin nær til þeirra tilvika, þar sem aðskilnaður hefur mikinn kostnað í för með sér, en seinni viðmiðunin nær til þeirra tilvika, þar sem aðskilnaður er í sjálfu sér framkvæmanlegur, en mundi aftur leiða til þess, að aðalhluturinn yrði verðlítill eða verðlaus og erfitt getur reynst að útvega annan hlut í stað þess, sem fjarlægður var.

Um 40. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um söluveð í verðmætum, t.d. hráefni, sem kaupandinn mun umbreyta með einhverjum hætti í starfsemi sinni. Má sem dæmi nefna planka og borð í húsgagnaframleiðslu, stálplötur í skipasmíðum og pappír í prentsmiðjum. Er þá álitaefnið, hvort veðrétturinn nái til lokaframleiðslunnar.

Samkvæmt frumvarpsgreininni geta tvær ástæður leitt til þess, að söluveðréttur í þeim verðmætum, sem hér um ræðir, fellur brott. Það er í þeim tilvikum, þegar endurbætur eða tilkostnaður leiða til verulegra breytinga á eðli hlutarins eða verðmæti, eftir að hann var afhentur kaupanda. Erfitt er að nefna dæmi um verulega breytingu á eðli eða verðmæti hlutar, og verða dómstólar að móta reglur í þeim efnum. Sem dæmi um verulega breytingu á eðli hlutar má þó nefna það tilvik, þegar stálplötur hafa verið skornar niður í tiltekinn skipsskrokk.

Umbætur, viðskeyting eða breytingar á eðli hlutar geta hvort heldur sem er átt sér stað, þar sem ætlunin er að selja hlut áfram og í þeim tilvikum, þar sem kaupandinn að eigin frumkvæði umbreytir hlut án þess að hafa endursölu í huga. Er í frumvarpsgreininni ekki greint á milli þessara tilvika, en það leiðir af ákvæðum 2. mgr. 36. gr., að **réttur** kaupanda til endursölu í slíkum tilvikum (bæði skv. 39. og 40. gr.) stendur því ekki í vegi, að um söluveð verði samið.

Um 41. gr.

Samkvæmt gildandi rétti verður sennilega litið á eignarréttarfyrirvara sem hlutbundinn rétt (hlutaréttartryggingu). Seljandinn hefur áskilið sér eignarrétt að hinu selda og eignarréttindi fyrnast ekki. Þannig var og aðstaðan í Noregi, en þar var þessum reglum breytt við gildistöku nýrra fyrningarlaga 1979 og við gildistöku veðlaganna 1980.

Í frumvarpsgreininni er bæði fjallað um fyrningu kröfu þeirrar, sem söluveðið á að tryggja, og fyrningu söluveðsins sjálfs. Samkvæmt fyrri málslið 43. gr. fyrnist krafan til endurgjaldsins á fjórum árum frá því hún varð gjaldkræf. Er það sami fyrningarfrestur og gildir vegna krafna út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé fasteignar. Þykir ekki ástæða til þess að lögmæla lengri fyrningarfrest kröfunnar en almennt gildir við sölu lausafjár.

Um fyrningu veðréttarins segir í síðari málslið 43. gr. frumvarpsins að óþinglýst söluveð falli úr gildi um leið og krafan fyrnist. Er það sama regla og gildir skv. 3. mgr. 1. gr. fyrningarlaganna, en þar segir, að sjálfsvörsluveðréttur í lausafé falli úr gildi um leið og krafan fyrnist. Brottfall veðréttarins er hér einskorðað við óþinglýst söluveð. Af þessari takmörkun leiðir, að hafi söluveðinu verið þinglýst, gildir meginregla upphafsákvæðis 3. mgr. 1. gr. fyrningarlaganna, þ.e. veðrétturinn fyrnist ekki. Þetta gæti t.d. haft þýðingu við söluveð í bifreiðum, en slíku söluveði verður þinglýst, sbr. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Ekki þykir í frumvarpinu ástæða til þess að kveða sérstaklega á um slit á fyrningarfresti kröfu þeirrar, sem söluveð á að tryggja. Er við það miðað, að í þeim efnum gildi almennar reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905, ákvæði laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 42. gr.

Í 42. gr. eru ákveðin tryggingarréttindi sett á borð með söluveði. Af ákvæðum 1. mgr. leiðir, að þegar samið hefur verið um tryggingarréttindi fyrir endurgjaldi hins selda í formi eignarréttarfyrirvara eða réttar til að taka söluhlut til baka, ber með slíka samninga að fara sem samninga um söluveð. Gilda þá um slíka samninga ákvæði 35.–41. gr. Skiptir þannig engu máli, þótt seljandi hafi áskilið sér eignarréttarfyrirvara í stað veðréttar (söluveðs).

Af 2. mgr. 42. gr. leiðir, að reglurnar um söluveð skulu einnig að öllu leyti gilda um „leigusamninga eða svipaða samninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds . . . ef það er ætlunin, að leigjandinn verði eigandi hlutarins eftir að hafa greitt ákveðinn fjölda leigugreiðslna“. Svo ákvæðið eigi við, þarf samningur í raun að tryggja greiðslu endurgjalds. Leigusamningar, sem ekki hafa slíkt að markmiði, falla þá utan gildissviðs ákvæðisins. Mundu hér undir geta fallið svokallaðir **kaupleigusamningar** skv. 1. gr. laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, en það eru eignarleigusamningar, sem veita leigutaka sjálfkrafa rétt til þess að eignast hið leigða í lok leigutíma. Orðið **eignarleiga** í lögum nr. 19/1989 er notað sem samheiti yfir þá starfsemi, sem þau lög taka til og er íslensk þýðing á enska orðinu „leasing“.

Samkvæmt lögum nr. 19/1989 einkennir það eignarleigusamninga, að þeir kveða á um ákveðinn lágmarksleigutíma og sérstaka skilmála um eignar- eða afnotarétt. Er við það miðað samkvæmt lögunum, að hinir sérstöku skilmálar flytji ýmsar eignarréttarlegar skyldur frá formlegum eiganda hlutarins til leigutaka, og er viðurkennt, að staða eiganda sé þá orðin slík, að leigusali hafi í raun aðeins eignarrétt, er svari til veðréttar í hinu leigða.

Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. munu enn fremur þýðingarmestu reglurnar um söluveð (þar með taldar reglurnar um réttarvernd) gilda um leigusamninga, sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds, „ . . . þótt eigi sé það ætlunin, að leigjandinn verði eigandi eða hafi rétt til þess að verða eigandi . . . “ Undir þetta tilvik mundu geta fallið svokallaðir **fjármögnunarleigusamningar** skv. 1. gr. laga nr. 19/1989, en það eru eignarleigusamningar, þar sem leigusali hefur afsalað sér að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs, sem tengist eignarrétti leigusala, en leigusali heldur þó eignarrétti. Þegar um „hreina“ fjármögnunarleigu er að ræða, hefur leigusali það hlutverk að fjármagna kaup viðskiptavina á ýmsum hlutum eða tækjum, er hann kann að vanhaga um, án þess að láta af hendi hinn formlega eignarrétt. Ekki er útilokað, að svokölluð **rekstrarleiga** skv. 1. gr. laga nr. 19/1989 geti fallið hér undir, en með rekstrarleigu í lögum nr. 19/1989 er átt

við það, sem í ensku lagamáli er kallað „operating lease“. Segir í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga, að markmið slíkra samninga sé að tryggja eiganda rétt til þess að veita tiltekna þjónustu varðandi hlut, svo sem viðhalds- og viðgerðarþjónustu o.þ.h. Leigutími sé yfirleitt styttri, enda oftast gert ráð fyrir því, að hlutir þessir verði endurnýjaðir fljótlega, t.d. vegna örra tækniframfara.

Það eru einungis ákvæði 36. gr. og fyrningarreglur 41. gr., sem ekki eiga við um þá leigusamninga, þar sem ekki er ætlunin að leigusali verði eigandi í lok leigutíma skv. 3. mgr. 43. gr. Ástæða þess, að 36. gr. gildir ekki um þetta tilvik er sú, að leigutaki er ekki eigandi hins leigða og hefur því í engum tilvikum heimild til þess að selja hlut áfram. Þá geta fyrningarreglur 41. gr. heldur ekki átt við um þetta tilvik. Hér er um leigusamning að ræða, sem að vísu er gerður til tryggingar endurgreiðslu, en eigi að síður er við það miðað, að eignarréttur haldist hjá leigusala, og því getur eignarréttur leigusala eðli málsins samkvæmt ekki fyrnst.

Í 2. og 3. mgr. 42. gr. er leigusamningum þeim, sem þar um ræðir, skipað á borð með söluveði, en þó ekki að öllu leyti. Þótt 2. mgr. 38. gr. bjóði, að þinglýsa skuli söluveði, sem byggist á eignarleigusamningi til þess að afla veðinu réttarverndar, þegar um skráningarskylt lausafé er að ræða, er það ekki því til fyrirstöðu, að leigusali geti jafnframt fengið eignarheimild sinni þinglýst og hana skráða, t.d. í bifreiðaskrá. Það er því leigusali, sem er skráður eigandi, t.d. bifreiðar í bifreiðaskrá og þinglýsingabók. Til hans ber því að beina tilkynningum og öðru, er bifreiðina varðar, sbr. ákvæði 34. og 47. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978.

Af tilvísun 42. gr. til reglna um söluveð leiðir, að brottfallsregla 39. gr. stendur því í vegi, að eignarrétti leigusala verði beitt gagnvart síðari viðsemjendum og kröfuhöfum leigutaka, þegar leiguhlutur hefur verið skeyttur þannig við aðalhlut, að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar. Sama á við, þegar endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli hins leigða, sbr. ákvæði 40. gr., sem einnig gilda.

Þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins um skriflegan leigusamning, sjá einnig ákvæði 8. gr. laga nr. 19/1989, og þinglýsingu hans, er samningurinn gildur milli aðila og heldur gagnvart grandsömum þriðja manni, en skortir réttarvernd gagnvart skuldheimtumönnum og grandlausum viðsemjendum leigutaka.

Almennt um IV. kafla.

Megineinkenni veðréttar er það, að um er að ræða forgangsrétt til að leita fullnustu fyrir tiltekinni greiðslu í ákveðinni eign, veðinu. Að baki hugtakinu veðréttindi býr því það, að ákveðinn aðili á forgangsrétt til að taka fjárhagslegt verðmæti einhverrar greiðslu af verði tiltekinnar eignar. Af því er talið leiða, að veðréttindi geti aðeins stofnast í eignum, sem hafa fjárhagslegt gildi, en á móti kemur, að unnt er að stofna til veðréttinda yfir hvers konar eignum, sem hafa fjárhagslegt gildi, þar með töldum kröfuréttindum.

Heildstæð ákvæði skortir hins vegar í íslenskan rétt um það, hver kröfuréttindi verða veðsett og hverjar tryggingarráðstafnir eru nægjanlegar til verndar slíkum rétti. Úr þessu er bætt í IV. kafla frumvarpsins, sem fjallar um veðsetningu viðskiptabréfa, innnlausnarbréfa og almennra krafna. Þá hefur kaflinn og að geyma reglur um „factoring“ eða vörureikningsveð. Ef frumvarp þetta verður að lögum, koma auk reglna IV. kafla almennar reglur frumvarpsins til með að gilda um veðréttindi í kröfum, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiði af eðli máls.

Það fer eftir því, hvers konar kröfuréttindi eiga í hlut, hverjar tryggingarráðstafanir eru nauðsynlegar til verndar veðrétti í kröfum. Er ýmist byggt á því, að umráðasviptingu eða áritun þurfi (viðskiptabréf); tilkynningu til skuldara (almennar fjárkröfur) eða þinglýsingu (vörureikningsveð). Af ákvæðum IV. kafla leiðir, að unnt er samkvæmt frumvarpi þessu að stofna til veðréttar í kröfuréttindum með eftirfarandi hætti:

1. Handveð í viðskiptabréfakröfum, sbr. 43. gr.
2. Sjálfsvörsluveð í viðskiptabréfakröfum, sbr. 43. gr.
3. Handveð í innlausnarbréfum, sbr. 44. gr.
4. Samningsveð í almennum fjárkröfum, þar sem veðréttur öðlast réttarvernd við tilkynningu til skuldara, sbr. 45.–46. gr.
5. Þinglýst vörureikningsveð (factoring), skv. 47. gr.

IV. kafla er eftir bókstöfum skipt niður í undirkafla, þ.e. kafla A, sem fjallar um veð í viðskiptabréfakröfum; kafla B, sem fjallar um veð í innlausnarbréfum; kafla C, sem fjallar um veð í almennum fjárkröfum, og kafla D, sem fjallar um vörureikningsveð (factoring).

A.
Viðskiptabréf.

Um 43. gr.

Samkvæmt norsku veðlögunum, sbr. 4.–10. gr., gildir sú regla að einvörðungu verður stofnað til handveðs í viðskiptabréfum. Gilda þá um réttarvernd slíks veðs almennar reglur veðlaganna um handveðsetningar. Í 22. gr. dönsku skuldabréfalaganna er það gert að skilyrði fyrir veðsetningu viðskiptabréfs, að veðhafi fái bréfið í hendur, en áritun á bréfið um rétt hans nægir ekki (W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg., bls. 354). Hér á landi er töluvert tíðkað að taka handveð í viðskiptabréfum, og af ákvæðum 5. mgr. 48. gr. íslensku þinglýsingalaganna er ljóst, að ekkert er því til fyrirstöðu í sjálfu sér að stofna til sjálfsvörsluveðs í viðskiptabréfi, en á það er minnt í ákvæðinu, að réttaráhrif þinglýsingar gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna. Er í ljósi þessa við það miðað í 43. gr. frumvarpsins, að bæði verði stofnað til handveðs og sjálfsvörsluveðs í viðskiptabréfum.

Réttarreglur um það, með hvaða hætti kröfur verða veðsettar, eru óljósar að gildandi rétti. Er þá sérstaklega átt við, hverjar tryggingarráðstafanir er rétt að áskilja, til þess að veðréttur í kröfum öðlist réttarvernd. Vafalaust hefur verið talið, að fullgilt **handveð** stofnist í skriflegum kröfum, þar með töldum viðskiptabréfakröfum, ef skuldari er sviptur umráðum skjalsins, sem krafan hefur verið fest á, og skuldara jafnframt tilkynnt um veðsetninguna. Meira vafamál hefur hins vegar þótt, hvort slaka megi svo á kröfum, að áritun um handveðsetningu á viðskiptabréf dugi ein út af fyrir sig og tilkynning til skuldara, ef aðrar kröfur eiga í hlut.

Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi bls. 45–46) lagði áherslu á, að veðþoli væri sviptur ekki aðeins réttinum til að ráða yfir veðinu svo í bága færi við rétt handveðhafans, heldur og möguleikanum til þess. Væri hann sviptur vörslum veðsins missti hann þar með umráðamöguleikann, en hann gæti misst þann möguleika með ýmsum öðrum hætti, og að áliti Ólafs jafngilti vörsluskiptum hver sú ráðstöfun, sem svipti veðþola þessum möguleika. Því átti að hans áliti að nægja áritun á viðskiptabréf, þótt bréfið færi ekki úr vörslum veðþola, og sama væri að segja um það, ef skuldara kröfu væri tilkynnt um veðsetningu hennar, og skipti þá ekki máli, hvort krafan væri munnleg eða skrifleg. Hafa íslenskir dómstólar byggt á þessu sjónarmiði, þ.e. að tilkynning til skuldara og árit-

un á viðskiptabréf nægi til veðstofnunar. Hefur slíkt stundum verið nefnt handveðsígildi eða handveðréttarígildi (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 37). Sjá Hrd. 1940. 291, Hrd. 1967. 78 og Hrd. 1969. 921.

Áður er gerð grein fyrir því, hverjar reglur gilda í Danmörku og Noregi um tryggingarráðstafanir, þegar viðskiptabréfskrafa er sett að handveði. Reglur danskra og norskra laga þykja í þeim efnum skýrari og síður til þess fallnar að valda óvissu og misskilningi en þær reglur, sem íslenskir fræðimenn og dómstólar hafa mótað. Því er að fyrirmynd hinna erlendu laga lagt til í frumvarpinu, að upp verði tekin sú regla hér á landi, að réttarvernd veðsetningar viðskiptabréfs, þegar um handveðsetningu er að ræða, sé háð því, að umráðasvipting eigi sér stað með þeim hætti, sem greinir í 2.–4. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Nægir því ekki, ef frumvarpið verður að lögum, að árita viðskiptabréfið um veðsetninguna.

Ef viðskiptabréf er sett að sjálfsvörsluveði, eru réttaráhrifin háð því, að bréfið sjálft sé áritað um veðsetninguna. Þykir rétt í þessum efnum að halda reglu 5. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, en orða regluna einnig í veðlögunum, til öryggis og mönnum til leiðbeiningar.

Í 43. gr. frumvarpsins er hugtakið viðskiptabréf ekki skilgreint, en við það er miðað, að lögð verði til grundvallar sama skilgreining og stuðst hefur verið við í íslenskum rétti fram til þessa, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Kaflar úr kröfurétti, Reykjavík, MCMLXV, bls. 61. Fer það eftir því, hversu viðskiptum manna er háttað á hverjum tíma, hvaða bréf teljast til viðskiptabréfa, þannig að þörf sé á, að sama regla gildi um þau og gilda um skuldabréf. Getur það breyst með breyttum viðskiptaháttum. Verður það hlutverk dómstóla á hverjum tíma að móta reglur í þeim efnum.

B.
Innlausnarbréf.

Um 44. gr.

Ákvæði 44. gr. frumvarpsins veita heimild til þess að veðsetja kröfur og réttindi samkvæmt innlausnarbréfi. Innlausnarbréf hefur verið skilgreint sem skjal, kröfuréttarlegs eðlis, sem veitir manni (skuldara) rétt til að neita að inna skyldu af hendi til sérhvers þess, sem ekki hefur skjalið undir höndum með sýnilegri formlegri heimild. Felst í þessu, að skuldarinn getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu, að skjalinu verði framvísað, það afhent eða það áritað um greiðslu. Til innlausnarbréfa hafa m.a. verið talin alls konar aðgöngumiðar, farseðlar eða póstávísanir. Innlausnarbréf eru ekki viðskiptabréf.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er heimilt að setja innlausnarbréf að handveði, og þegar innlausnarbréf er sett að handveði, öðlast veðrétturinn réttarvernd í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins, þ.e. við umráðasviptingu. Í norsku veðlögunum er það jafnframt gert að skilyrði, að send sé tilkynning til þess aðila, sem skuldbundinn er samkvæmt skjalinu. Í Danmörku gildir sú regla um réttarvernd, bæði gagnvart síðari viðsemjendum og skuldheimtumönnum, að veðhafi fái innlausnarbréfið í hendur. Ekki þykir ástæða til að taka upp tilkynningarskyldu að fyrirmynd norsku laganna, og byggir frumvarpið því á þeirri reglu, að vörslusvipting sé nægjanleg til réttarverndar.

C.
Almennar fjárkröfur.

Um 45. gr.

Í 45. gr. er fjallað um veðsetningu almennra krafna, en með almennum fjárkröfum er átt við aðrar kröfur en viðskiptabréfakröfur og kröfur samkvæmt innlausnarbréfum, sbr. 2. mgr. 45. gr. Er í 1. mgr. 45. gr. rætt um það, hverjar almennar kröfur verða veðsettar, en í 46. gr. ræðir um réttarvernd slíks veðréttar.

Veðsetningarheimildin skv. 1. mgr. 45. gr. er hvorki bundin við það, að krafa sé gjaldkræf né heldur hitt, að hún sé til orðin, sbr. orðalagið „ . . . kemur til með að eignast . . . “. Heimildin nær til fjárkrafna almennt, þ.e. hvort sem um er að ræða kröfur, sem stofnast innan eða utan samninga. Þá nær heimildin og til krafna af sviði opinbers réttar, t.d. krafa um eignarnámsbætur, að því marki, sem lög eða aðrar réttarheimildir takmarka ekki heimild manns til þess að veðsetja slíkar kröfur.

Tilgreiningarregla 4. gr. frumvarpsins gildir hér ekki, þar sem þinglýsing er ekki skilyrði réttarverndar. Það er að sjálfsögðu forsenda fyrir heimild til veðsetningar, að um sé að ræða framseljanlega kröfu. Takmarkanir í lögum eða samkvæmt samningi á heimild til framsals hefur því einnig þýðingu varðandi heimild til veðsetningar. Kröfu í erlendri mynt er unnt að veðsetja, sbr. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Hvað almennar fjárkröfur varðar, hefur það verið talið nægja til fullrar réttarverndar, að skuldara kröfu sé tilkynnt um veðsetningu hennar, og hefur þá ekki verið talið skipta máli, hvort krafa er munnleg eða skrifleg (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 46 og bls. 83). Regla 46. gr. frumvarpsins byggir á þessu sama sjónarmiði, en þar segir, að veðréttur í almennum kröfum öðlist réttarvernd við það, að skuldarinn fái tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

Nauðsynlegt er, að tilkynning til skuldara sé gerð með sannanlegum hætti. Í Noregi er það tíðkað af bönkum og öðrum lánastofnunum, sem taka veð í almennum fjárkröfum, að láta skuldara undirrita yfirlýsingu um, að honum sé kunnugt um veðsetninguna og að hann falli frá rétti til þess að beita skuldajafnaðarrétti gagnvart veðþola vegna krafna, sem skuldarinn kann að eiga á hendur veðþolanum. Þá er það og tíðkað, að skuldari staðfesti með undirritun sinni, að hann sé því aðeins laus undan greiðsluskuldbindingu sinni samkvæmt kröfunni, að greiðslan sé innt beint af hendi til veðhafa.

Í norsku veðlögunum frá 1980 er að finna ítarlegar reglur um ráðstöfunarrétt yfir veðsettum kröfum og um uppgjör, þegar veðsett krafa hefur verið framseld, sbr. 4.–6. gr. og 4.–8. gr. í norsku lögunum. Er það meginviðhorf norsku laganna, að veðsali almennrar fjárkröfu glati við veðsetninguna flestum heimildum sínum sem kröfuhafi hinnar veðsettu kröfu, og jafnframt að veðsetning kröfunnar veiti veðhafa í flestu sömu réttarstöðu og hann hefði hlotið, ef hann hefði fengið kröfuna framselda til eignar, sjá Tore Sandvik, o.fl., Norsk Panterett, 2. útg. 1982, bls. 381. Í dönskum rétti gilda ólíkar reglur hinum norsku. Þar er byggt á því meginviðhorfi, að heimildir veðsala sem kröfuhafa til þess að ráðstafa veðsettri kröfu takmarkist með þeim hætti, að hagsmunum veðhafans sé ekki stefnt í hættu. Getur veðsali samkvæmt því engar þær ráðstafanir gert, sem stefna fullnustumöguleikum veðhafa í hættu. Ráðstöfunarheimildum veðhafa eru og sömu skorður settar í dönskum rétti, og getur veðhafi engar þær ráðstafanir framkvæmt, sem stefnt geta hagsmunum veðsala í hættu, þegar veðrétturinn er niður fallinn, sjá W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg. 1987, bls. 364.

Þótt margt sé óljóst samkvæmt gildandi íslenskum rétti um ráðstöfunarheimildir veðhafa og veðþola, þegar veðsett hefur verið almenn fjárkrafa, verður ekki séð þörf þess að lögfesta reglur um það efni í anda hinna norsku laga. Eru og líkur til, að gildandi reglur íslensks réttar eigi meiri samstöðu með dönsku reglunum en þeim norsku. Byggir frumvarpið á þeirri forsendu, ef það verður að lögum, að leggja beri til grundvallar sömu reglur og fylgt hefur verið í íslenskum rétti hingað til um ráðstöfunarheimildir veðhafa og veðþola veðsettrar kröfu.

D.
Vörureikningsveð.

Um 47. gr.

Vörureikningsveð (factoring) hefur á síðustu árum rutt sér mjög til rúms bæði hérlendis og erlendis sem fjármögnunaraðferð í viðskiptalífinu. Felst þessi aðferð í því, að viðskiptaaðilar slá lán út á viðskiptakröfur sínar hjá fjármögnunarfyrirtækjum, sem taka að sér innheimtu krafna, ráðstöfun þeirra og greiðslu til kröfuhafa að frádreginni þóknun. Er þá yfirleitt þannig frá málum gengið, að kröfueigandi framselur fjármögnunarfyrirtækinu kröfuna, en skuldara er send tilkynning um framsalið og um það, hvar og hverjum hann skuli greiða, sbr. t.d. Hrd. 1985. 1339. Er þá algengt, að kröfuhafi ábyrgist gagnvart fjármögnunarfyrirtækinu greiðslu kröfunnar, og með reglulegu millibili fer fram uppgjör í millum framseljanda og framsalshafa.

Í 47. gr. frumvarpsins ræðir um „factoring“ eða vörureikningsveð, eins og það er nefnt í frumvarpinu. Þar er um að ræða veð í almennum kröfum, sem rekstraraðili á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta hans. Getur veðrétturinn þannig náð til þeirra útistandandi krafna, sem fyrir hendi eru og þeirra, sem síðar koma til. Samkvæmt frumvarpinu er þinglýsing forsenda réttarverndar slíkra veðsamninga.

Bankar geta hagnýtt sér vörureikningsveð eða „factoring“ og það geta einnig aðrir lánveitendur, hvort heldur er um einkaaðila að ræða eða aðila, sem hafa atvinnu sína af lánveitingum. Það er hins vegar ekki skilyrði, að til slíks veðs sé stofnað í tengslum við lánveitingu til tryggingar endurgreiðslu þess. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að eldri kröfuhafar, sem eiga útistandandi kröfur á hendur rekstraraðila, geti hagnýtt sér vörureikningsveð til þess að tryggja endurgreiðslu krafna sinna.

Reglurnar um vörureikningsveð í frumvarpinu eiga sér að ýmsu leyti fyrirmynd í norsku veðlögunum frá 1980, en þó ekki að öllu leyti. Reglurnar eru og að ýmsu leyti frábrugðnar öðrum reglum IV. kafla um veð í almennum fjárkröfum:

Í fyrsta lagi er það svo, að heimildin til þess að nýta sér veðsetningu með þessum hætti er takmörkuð við þá, sem eru rekstraraðilar, en það fer eftir ákvæðum 25. gr. frumvarpsins, hverjir eru rekstraraðilar. Einstaklingar, sem vilja slá lán út á útistandandi kröfur, verða því að fylgja fyrirmælum 45. og 46. gr. frumvarpsins, þar sem þeir teljast ekki til rekstraraðila. Þá er það skilyrði, að um sé að ræða almennar fjárkröfur, sem rekstraraðili á eða fær í rekstri sínum. Engar takmarkanir gilda hins vegar um það, hverjir geta tekið veð í slíkum kröfum, og slík veðtaka eða framsal þarf ekki nauðsynlega að vera tilkomin í tengslum við lánveitingar, eins og áður er rakið.

Í öðru lagi gildir tilgreiningarregla 2. mgr. 4. gr. ekki, þegar um vörureikningsveð er að ræða. Þá má segja að eins og 47. gr. frumvarpsins er orðuð sé af hagkvæmnisástæðum erfitt að koma við nafngreiningu á skuldara, þar sem unnt er að stofna til veðs í öllum þeim almennu kröfum, sem rekstraraðilinn „... á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins ...“ Er það enda beinlínis tekið fram í 1. mgr. 47. gr. i.f., að

ekki sé nauðsynlegt, að skuldari sé nafngreindur. Vörureikningsveð verður þannig stofnað í öllum kröfum, sem til verða í aðgreindum hluta rekstrar, hvort heldur sem þeirri aðgreiningu liggja til grundvallar landfræðilegar ástæður eða ástæður, sem er að rekja til framleiðslu eða sölu á ólíkum sviðum.

Í þriðja lagi eru reglurnar um réttarvernd vörureikningsveðs ólíkar þeim reglum, sem almennt gilda um réttarvernd almennra fjárkrafna samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt 46. gr. nægir það til réttarverndar, þegar um almennar fjárkröfur er að ræða, að skuldara sé tilkynnt um veðsetninguna, en í 47. gr. er á því byggt, að þinglýsa þurfi vörureikningsveði í lausafjárbók svo það öðlist réttarvernd gagnvart þriðja manni. Tilkynning nægir því ekki til þess að skapa veðréttinum réttarvernd gagnvart þriðja manni, þótt tilkynning sé hins vegar nauðsynleg til þess að tryggja, að krafan sé gerð upp við veðhafa/framsalshafa (t.d. fjármögnunarfyrirtæki) en ekki við rekstraraðilann (kröfuhafann). Áskilnaðurinn um þinglýsingu styðst m.a. við þau rök, að vörureikningsveð er veð í heildarsafni muna, þ.e. vörureikningum veðsala eins og þeir eru á hverjum tíma með þeirri takmörkun einni, að veðsali getur takmarkað gildissvið veðsamningsins við aðgreindan hluta rekstrarins. Þykir þetta því öruggari tryggingarráðstöfun en tilkynning til skuldara.

Það eru eins og áður segir einungis rekstraraðilar, sem geta gert samninga skv. 47. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 47. gr. kemur fram sú regla, að skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa, ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu. Þykir regla þessi eðlileg af tilliti til hagsmuna skuldara. Þá er tilkynning eins og áður segir nauðsynleg til þess að stýra greiðslum til veðhafa.

Veðsamningur öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók. Meginreglan er sú, að réttur samkvæmt þinglýstum vörureikningsveðsamningi gengur framar yngri réttindum, hvort heldur sem þar er um að ræða réttindi, sem stofnast hafa með samningi eða fullnustugerðum skuldheimtumanna.

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 var nokkur umræða um það, hvernig haga ætti reglum um réttarvernd vörureikningsveðs gagnvart veði í einstökum kröfum, sem tilheyra heildarkröfum rekstraraðila. Í tillögum nefndar þeirrar, er samdi upphaflegt frumvarp til veðlaga (Sivillovbokutvalget), var við það miðað, að þinglýst vörureikningsveð gengi framar veði í einstökum kröfum, ef vörureikningsveðsamningnum hefði verið þinglýst, áður en skuldari fékk tilkynningu um veðsetningu umræddrar kröfu. (Om Pant, Raadsegn 8, Bergen 1970, bls. 108).

Í frumvarpi norska dómsmálaráðuneytisins til veðlaga, sem lagt var fram á Stórþinginu 1977–1978, sbr. Ot. prp. nr. 39 Om Pantelov, var á annarri reglu byggt en þeirri, sem „Sivillovbokutvalget" lagði til. Þar var við það miðað, að þótt vörureikningsveðsamningi hefði verið þinglýst, viki réttur samkvæmt samningnum ávallt fyrir rétti grandlauss þriðja manns yfir tiltekinni kröfu, sem tilheyrði heildarkröfum rekstraraðilans, að því tilskildu að þriðji maður hefði aflað veðrétti sínum í kröfunni réttarverndar með þeim hætti, sem segir í 48. gr., þ.e. með tilkynningu til skuldara. Var frumvarpið þannig samþykkt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 4.–10. gr. í norsku lögunum. Er þá ekki talið skipta máli, hvort til veðréttarins hefur verið stofnað fyrir eða eftir þinglýsingu vörureikningsveðsamningsins, og ekki er gerður greinarmunur eftir því, hvort veðsali og skuldari eru í góðri trú eða ekki. Styðst reglan við þau rök, að veðhafi (framsalshafi) samkvæmt vörureikningsveðsamningi eigi þess jafnan kost að koma í veg fyrir réttindaárekstur af þessu tagi

með því að stimpla vörureikninginn, áður en hann er sendur skuldara, og öðlist vörureikningsveðhafi (factor) þá réttarvernd frá því tímamarki, er skuldari móttekur vörureikninginn (faktura), sjá nánar Ot. prp. nr. 39, 1977–1978, bls. 133.

Fyrirkomulag það, sem valið var í Noregi og að framan er lýst, þykir ekki alls kostar heppilegt. Í fyrsta lagi er þess að geta, að þegar einstakar kröfur eru framseldar eða veðsettar eftir stofnun vörureikningsveðs, hlýtur veðsali (framseljandi) yfirleitt að vera í vondri trú. Í öðru lagi felst í reglu þessari frávik frá þeirri meginreglu, sem gildir um framsal almennra krafna, að framsalshafi öðlist ekki meiri rétt en framseljandi átti. Í þriðja lagi er staða skuldara að ýmsu leyti gerð erfið, því hann fær tilkynningu um veðsetningu tiltekinnar kröfu, sem hann áður hefur fengið fyrirmæli um, að hann skuli gera upp við fjármögnunaraðilann (factor), en á skuldara er á hinn bóginn ekki lögð tilkynningarskylda af þessu tilefni. Í fjórða lagi leiðir það af þessu fyrirkomulagi norsku laganna, að vörureikningsveðhafi verður í raun að viðhafa tvenns konar tryggingarráðstafanir til verndar rétti sínum gagnvart þriðja manni, þ.e. annars vegar þinglýsingu og hins vegar tilkynningu til skuldara. Með þessi rök í huga þykir heppilegra að miða við það í frumvarpi þessu, að þinglýsing nægi í öllum tilvikum til þess að vernda rétt vörureikningsveðhafa gagnvart síðar stofnuðum réttindum yfir einstökum kröfum.

Ekki þykir ástæða til þess að kveða sérstaklega á um ráðstöfunarrétt yfir kröfum þeim, sem hafa verið veðsettar skv. 47. gr. Það er fyrst og fremst sammningur aðila sem kveður á um réttarstöðuna að þessu leyti.

Almennt um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gildistöku, brottfallin lög og framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. er við það miðað að lögin öðlist gildi 1. október 1993. Vegna þess samspils, sem er á milli reglna frumvarpsins og reglna hinna nýju laga um aðför og nauðungarsölu, sem gildi öðluðust 1. júlí 1992, er nauðsynlegt að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi sem fyrst, og þykir því ekki rétt að fresta gildistöku laganna lengur en til 1. október 1993. Eiga lögin þá við um þá veðsamninga, sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Um samninga þá, sem til er stofnað fyrir gildisöku laganna, gilda hins vegar ákvæði eldri laga.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi veðlögin frá 1887. Einnig falla úr gildi lög nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, en regla b-liðar 5. gr. frumvarpsins kemur í stað þeirra laga. Þá falla og úr gildi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Í 3. mgr. 48. gr. er tekið af skarið um það, að framkvæmd laga þessara heyri undir dómsmálaráðherra. Til þess liggja þau rök, að almennar efnisreglur um samningsveðréttindi tengjast þinglýsingarreglum og réttarfarsreglum um aðför og nauðungarsölu, en framkvæmd hinna þriggja síðastnefndu laga heyrir undir dómsmálaráðherra. Er því eðlilegt að framkvæmd allra þessara laga sé á einni og sömu hendinni.

Þess skal hér getið, sem reyndar kemur fram í skýringum við 1. gr. frumvarpsins, að samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988, og fylgir það frumvarpi þessu. Samkvæmt því frumvarpi skal setja á laggirnar sérstaka landsskrá yfir veðsetningar í lausafé, hvort heldur um er að ræða skráningarskylt lausafé eða ekki. Um ástæður þess vísast til athugasemda við það frumvarp og til skýringa við 1. gr. þessa frumvarps.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að sameina ýmis ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð og að aðlaga íslensk veðlög nútíma atvinnu- og viðskiptaháttum. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Frumvarpinu fylgir hins vegar frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sem mælir fyrir um stofnun sérstakrar lausafjárskrár sem nær til landsins alls. Það frumvarp getur haft í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en vísað er til umsagnar um það.

813. Frumvarp til laga [471. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum, að fengnu samþykki þeirra, orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram. Þá getur launþegi ákveðið að orlofslaun hans verði greidd jafnharðan á sérstakan orlofsreikning launþega hjá banka eða sparisjóði, enda sé tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við launþega við upphaf orlofstöku.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1993.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting á ákvæði 7. gr. laganna að launþegi geti sjálfur ákveðið hvar og hvernig hann geymir orlofsfé sitt. Hann getur valið milli þess að geyma það í því fyrirtæki sem hann starfar hjá eða ávaxta það hjá þeim banka eða sparisjóði sem hann kýs. Eina skilyrðið í tillögugreininni er að bankinn eða sparisjóðurinn tryggi að áunnin orlofslaun verði gerð upp við upphaf orlofstöku.

Lagt er til að lagabreytingin öðlist gildi við upphaf næsta orlofsárs.

814. Svar [413. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur um útboð hjá Vegagerð ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg útboð hafa þegar farið fram hjá Vegagerð ríkisins í tengslum við hið sérstaka átak ríkisstjórnarinnar í vegagerð og í hvaða verk?*
2. *Hver er heildarkostnaður framkvæmdanna samkvæmt lægstu tilboðum í þau verk sem þegar hafa verið boðin út og hvert er kostnaðarhlutfall miðað við áætlun, sundurliðað eftir verkefnum?*
3. *Hve mörg ársverk eru fólgin í þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru samkvæmt atvinnumálaátakinu? Hver eru þau ársverk og hvar verða þau til?*

Svar við 1. og 2. lið kemur fram á meðfylgjandi töflu þar sem sýnt er yfirlit yfir útboðin verk, kostnaðaráætlun hins útboðna verks og tilboðsupphæð verktaka sem samið hefur verið við. Í þremur síðustu verkunum er þó ósamið og þá tilgreint lægsta tilboð.

Mun erfiðara er að gefa nákvæm svör við 3. lið. Reynt hefur þó verið að meta fjölda ársverka og má ætla að hann liggi á bilinu 350–400. Er þá aðeins tekin með bein vinna við verkefnin og þjónusta við tæki. Hér er miðað við þá viðbót sem áætlað er að komi í ár, 1.550 m.kr. Giska má á að 70–80% þessara ársverka komi í hlut verkamanna, iðnaðarmanna og verkstjórnenda. Það sem þá er eftir fer til að sinna skrifstofuhaldi og stjórnun verktaka svo og tæknilegum undirbúningi og eftirliti með framkvæmdum.

Ekki er unnt að segja neitt ákveðið um hvar á landinu þessi ársverk verða til. Verkin verða öll boðin út og samkvæmt þeirri reynslu, sem þegar er komin, er dreifing verktaka mikil en þó eru mörg verkefni ekki komin í útboð enn þá. Þá er einnig nokkuð misjafnt hvernig verktakar haga málum varðandi ráðningu starfsmanna.

Flýtingarverk.
(10. mars 1993.)

Verk	Opnunardagur	Tilboðs-upphæð verktaka þús. kr.	Kostnaðar-áætlun Vegagerðarinnar þús. kr.	Hlutfall %	Athugasemdir
Ólafsfjarðarvegur norðan Dalvíkur . . .	12.10.92	26.336	44.960	59	
Brú yfir Elliðaár á Arnarnesvegi	19.10.92	(óg.69.805)	(óg.101.576)		Gjaldþrot
Vesturlandsvegur um Hellistungur . . .	19.10.92	26.660	45.848	58	
Norðurlandsvegur um Bakkaselsbrekku	26.10.92	44.749	84.870	53	
Þingvallavegur, Búrfellsvegur–Heiðará	9.11.92	12.747	25.000	51	
Suðurlandsvegur um Kúðafljót, vatnaveitingar	9.11.92	4.648	7.570	61	
Kúðafljót, smíði stálbita	14.12.92	12.265	16.279	75	
Efnisvinnsla á Suðurlandi	15.02.93	16.950	25.525	66	
Vestfjarðavegur um Suðurá á Bröttubr.	22.02.93	10.800	16.923	64	
Brú y/Elliðaár á Arnarnesvegi (2. útboð)	22.02.93	64.800	93.429	69	
Austurlandsvegur, Kvíá–Hnappavellir	8.03.93	16.942	25.851	66	Ósamið
Breiðholtsbraut, Elliðavatnsvegur–Jaðarsel	8.03.93	127.064	172.495	74	Ósamið
Suðurlandsvegur, Skálm–Eldvatn . . .	8.03.93	105.957	149.758	71	Ósamið
Samtals, vegið meðaltal		**469.918**	**708.508**	**66**	

815. Fyrirspurn [472. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggst ríkisstjórnin flýta byggingu húsnæðis fyrir matvælaiðjubraut Menntaskólans í Kópavogi með tilliti til þeirrar áherslu sem nú er lögð á fullnýtingu og úrvinnslu hráefnis og að auka svo sem unnt er verðmæti þess og þar með fjölga störfum í matvælaframleiðslu?

816. Fyrirspurn [473. mál]

til fjármálaráðherra um skattframtöl.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve stór hópur skattgreiðenda fékk áætlaðan skatt árin 1991 og 1992 sökum þess að ekki var skilað skattframtali eða framtal talið ófullnægjandi? Hefur sá hópur stækkað borið saman við fyrri ár?
2. Að hve miklu leyti er um sömu skattgreiðendur að ræða og ekki skiluðu skattframtali árin 1991 og 1992 borið saman við síðustu ár á undan?
3. Hvernig er hópurinn, sem áætlað var á, samsettur, þ.e.
   a. launþegar,
   b. atvinnurekendur, skipt á helstu atvinnugreinar?
4. Hvað líður þeirri breytingu á framkvæmd álagningar tekjuskatts á einstaklinga utan rekstrar, sem ráðherra boðaði í svari við fyrirspurn 7. nóvember 1991, að skattyfirvöld útbúi skattframtöl á grundvelli fyrirliggjandi gagna sem prentuð verði á þau eyðublöð sem einstaklingum eru send?

Skriflegt svar óskast.

817. Fyrirspurn [474. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og við Lánasýslu ríkisins.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mikill var kostnaðurinn við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs á árinu 1992 samanborið við árin 1987–1991? Óskað er eftir að kostnaðurinn sé sundurliðaður.

2. Hver er kostnaðurinn við starfsemi Lánasýslu ríkisins frá því að hún var sett á stofn og hverjir eru helstu kostnaðarliðirnir?

Skriflegt svar óskast.

818. Fyrirspurn [475. mál]

til menntamálaráðherra um skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga í Austurlandskjördæmi.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hvaða svæði í Austurlandskjördæmi njóta ekki viðunandi sjónvarpsskilyrða eða sendinga Rásar 2?
2. Hvaða áform eru uppi um að bæta skilyrðin þar sem þau eru ófullnægjandi?
3. Mun Ríkisútvarpið semja við Póst og síma um afnot af ljósleiðara til þess að bæta útsendingar útvarps og sjónvarps og ef svo er, hvenær er niðurstöðu að vænta af þeim samningum?

Skriflegt svar óskast.

819. Lög [464. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Slysavarnafélagi Íslands að flytja inn björgunarbát.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 802.

820. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Skúlason og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands og Sigurlaugu Gunnlaugsdóttur, Kristin H. Gunnarsson og Stefán Stefánsson frá Suður-Afríkusamtökunum.

Með samþykkt laga um viðskiptabann við Suður-Afríku sýndu íslensk stjórnvöld samstöðu með ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem fordæmdu kerfisbundin mannréttinda-

brot hvíta minni hlutans í Suður-Afríku. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1990 ályktun þar sem ákveðið var að beita Suður-Afríku viðskiptaþvingunum þar til fullsýnt væri að umbótaþróuninni yrði ekki snúið við. Nú standa mál svo að mannréttindabrot eru ekki lengur framin í skjóli stjórnvalda, kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin og samkomulag hefur náðst í viðræðum ríkisstjórnar Suður-Afríku og Afríska þjóðarráðsins (ANC) um stjórn landsins til aldamóta og gert er ráð fyrir þingkosningum á næsta ári þar sem kynþættir verða jafnrétthair. Í ljósi þessa verður ekki önnur ályktun dregin en að framhald verði á umbótaþróuninni.

Viðskiptabann Íslendinga hafði fyrst og fremst pólitíska þýðingu en engin merkjanleg áhrif á efnahagslífið í Suður-Afríku. Hefur bannið því ekkert gildi nú þegar nágrannaþjóðir okkar og mikilvægir viðskiptaaðilar Suður-Afríku hafa aflétt því. Eðlilegt er því að íslensk fyrirtæki búi við sambærileg skilyrði og samkeppnisaðilar í öðrum ríkjum. Má af því tilefni nefna að Norðurlönd hafa afnumið eða eru að afnema viðskiptabannið hjá sér, sbr. yfirlit í fylgiskjali.

Eftir sem áður verður vopnaviðskiptabann við Suður-Afríku samkvæmt bindandi ályktunum öryggisráðsins virt að fullu. Inn- og útflutningur vopna er óheimill hérlendis nema með sérstöku leyfi dómsmálaráðuneytisins og mun, ef á reynir, verða höfð hliðsjón af ályktunum öryggisráðsins komi beiðni um slík viðskipti fram.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. mars 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. Árni R. Árnason. Sigríður A. Þórðardóttir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir. Tómas Ingi Olrich.

Fylgiskjal.

Utanríkisráðuneytið:

Yfirlit um afstöðu nokkurra landa til viðskiptabanns gegn Suður-Afríku.
(25. mars 1993.)

Viðskiptabannið var afnumið í *Danmörku* 17. mars 1992 og 10. júlí í *Bandaríkjunum*. Ríki *Evrópubandalagsins* hafa einnig afnumið viðskiptabann gagnvart Suður-Afríku.

Finnsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið við Suður-Afríku í júní 1991. Enn er í gildi bann við fjárfestingum. Utanríkismálanefnd þingsins fjallar nú um afnám fjárfestingarbannsins. Nokkrir nefndarmenn í utanríkismálanefnd Finnlands dvöldust í Suður-Afríku dagana 27. febrúar til 5. mars og lýsti formaður utanríkisnefndarinnar því yfir við það tækifæri að síðustu leifar viðskiptabannsins, þ.e. bann við fjárfestingum, yrði afnumið innan skamms. Í framkvæmd fá hins vegar öll finnsk fyrirtæki undanþágu frá banninu við fjárfestingum í Suður-Afríku.

Sænsk stjórnvöld hafa lagt til að viðskiptabannið verði afnumið og er málið nú til meðferðar í sænska þinginu. Ingvar Carlson, formaður sænskra jafnaðarmanna, hefur

lýst því yfir að hann styðji þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Litið er á yfirlýsingu hans sem opinbera stefnu sænska jafnaðarmannaflokksins. Þó að Svíar aflétti ekki banni gegn fjárfestingum skal tekið fram að sænsk fyrirtæki, sem voru í viðskiptum við Suður-Afríku áður en bannið kom til, fá undanþágu frá viðskiptabanninu, enda sé sýnt fram á að viðskiptin skapi Svíum atvinnu.

Norsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið frá 15. mars sl. Áfram verður bann við sölu á olíu, enda er Noregur olíuframleiðsluríki og beitti sér ötullega fyrir að öryggisráðið samþykkti ályktun um olíuviðskiptabann við Suður-Afríku á sínum tíma og samþykkti sérstök lög þar sem olíusala og flutningur á olíu til Suður-Afríku voru bönnuð. Öryggisráðið samþykkti hins vegar aldrei ályktun um olíuviðskiptabann. Noregur hefur setið í nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um olíuviðskiptabann gegn Suður-Afríku frá upphafi, en hefur hins vegar nýlega sagt sig úr þeirri nefnd. Þá hefur flutningur á olíu annarra landa verið heimilaður með norskum flutningsskipum og er búist við að olíuviðskiptabannið verði að fullu afnumið á næstu mánuðum.

Kanadísk stjórnvöld eru enn fylgjandi viðskiptabanni en fylgjast náið með stjórnmálaþróuninni í Suður-Afríku.

821. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp ríkisstjórnarinnar um afnám viðskiptabanns við Suður-Afríku. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn telur hins vegar ekki rétt að fella viðskiptabannið niður fyrr en samkomulag liggur fyrir um dagsetningu lýðræðislegra kosninga í Suður-Afríku. Minni hlutinn flytur á sérstöku þingskjali breytingu á 2. gr. frumvarpsins sem binda mundi gildistökuna við staðfest samkomulag um kjördag.

Eftir vandlega athugun veturinn 1987–1988 var lagt til við Alþingi að bann yrði sett á viðskipti við Suður-Afríku. Var það samþykkt 20. maí 1988. Í þessu var fylgt fordæmi flestra vestrænna þjóða sem vildu með slíku sýna sterka andúð á stöðugum mannréttindabrotum hvíta minni hlutans.

Viðskiptahagsmunir Íslendinga voru sáralitlir og vafalaust hefur viðskiptabann okkar haft mjög lítil eða engin efnahagsáhrif í Suður-Afríku. Viðskiptabannið var fyrst og fremst táknrænt og undirstrikaði sterka andstöðu við mannréttindabrotin og samúð með þeim sem þau þurfa að þola.

Góðar breytingar hafa orðið í Suður-Afríku. Mjög erfiðar og vandasamar viðræður hafa um nokkurt skeið verið á milli hvíta minni hlutans og svarta meiri hlutans um afnám aðskilnaðarstefnunnar og lýðræðislegar kosningar sem hefur reyndar verið lofað. Dregið hefur úr mannréttindabrotum þó að ofbeldisverk séu enn daglegt brauð.

Þessi þróun hefur orðið til þess að ýmis lönd hafa afnumið viðskiptabannið að stórum hluta. Enn gildir þó víðast bann við sölu olíu og vopna og við fjárfestingu. Önnur lönd telja ekki tímabært að afnema viðskiptabannið, t.d. Svíþjóð og Kanada.

Á ráðstefnu Afríska þjóðarráðsins sem haldið var í Jóhannesarborg dagana 19. til 21. febrúar sl., þar sem mættir voru 650 erlendir gestir, var ályktað að ekki væri tímabært að afnema viðskiptabannið fyrr en „. . . tilkynnt hefði verið samþykkt dagsetning kosninga“.

Að áliti minni hlutans verður stuðningi við mannréttindi ekki fórnað fyrir viðskiptahagsmuni. Því leggur minni hlutinn til að fylgt verði nýlegri samþykkt Afríska þjóðarráðsins.

Alþingi, 24. mars 1993.

Steingrímur Hermannsson, frsm. Ólafur Ragnar Grímsson. Páll Pétursson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

822. Breytingartillaga [300. mál]

við frv. til l. um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar (StH, ÓRG, PP, ISG).

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar samkomulag liggur fyrir um lýðræðislegar kosningar í Suður-Afríku.

823. Fyrirspurn [476. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimili fyrir alfatlaða.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver var byggingarkostnaður heimilis fyrir alfatlaða sem byggt var í landi Reykjalundar?
2. Hvernig var byggingin fjármögnuð, með
   a. söfnunarfé,
   b. framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra,
   c. öðru?
3. Hvenær var húsið fullbyggt?
4. Hvað var gert ráð fyrir mörgum vistmönnum við hönnun hússins?
5. Hvenær verður húsið tekið í notkun?

824. Tillaga til þingsályktunar [477. mál]

um valfrelsi í lífeyristryggingum.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1980 þannig að

a. starfandi menn ráði sjálfir til hvaða lífeyrissjóðs eða samsvarandi stofnunar þeir greiða iðgjöld eða kaupa lífeyristryggingu hjá,
b. bönkum, sparisjóðum og tryggingafélögum verði leyft að starfa á sviði lífeyristrygginga og veita þjónustu sem samsvarar þjónustu lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu verði ekki hróflað við skyldu launamanna og sjálfstæðra atvinnurekenda til kaupa á lífeyristryggingu hjá lífeyrissjóði eða samsvarandi stofnun og ekki verði gerðar minni kröfur til annarra stofnana sem selja lífeyristryggingar en gerðar eru til lífeyrissjóða.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um það hvernig skyldutryggingunni, svo og skylduaðildinni, skuli fullnægt. Þegar lög þessi voru sett voru um það bil tíu ár liðin frá því að launþegar og atvinnurekendur höfðu samið um aðild launþega að lífeyrissjóðum og í sjálfu sér eðlilegt að kveða á um skyldutryggingu allra sem launatekna afla. Lífeyrissjóðir höfðu þá fest sig í sessi á grundvelli stéttarfélagsaðildar. Á þessum tíma var fjármagnsmarkaður mjög vanþróaður og ávöxtun fjár var í hefðbundnum farvegi, þ.e. aðallega í útlánum til sjóðfélaga.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í nýútkominni skýrslu bankaeftirlitsins um starfsemi lífeyrissjóða á árinu 1991 koma fram ýmsar fróðlegar upplýsingar um rekstur einstakra sjóða. Tvö atriði í rekstri lífeyrissjóðs, sem stjórnendur hans hafa veruleg áhrif á, eru annars vegar ávöxtun fjár hans og hins vegar rekstrarkostnaður. Þessi atriði hafa mikil áhrif á getu hans til að sinna meginverkefni sínu, þ.e. að greiða sjóðfélögum og aðstandendum þeirra lífeyri. Það kemur skýrt fram í þessari skýrslu að raunverulegur munur er á árangri einstakra sjóða að þessu leyti og raunar svo mikill að ekki er viðunandi fyrir sjóðfélaga þeirra sjóða sem njóta lakastrar ávöxtunar eða bera mestan rekstrarkostnað. Munur á milli sjóða að þessu leyti mun valda verulegum mun á þeim lífeyri sem sjóðirnir greiða og það er ekki á nokkurn hátt verjandi að lögum sé á þann veg skipað að tilteknir hópar manna séu skikkaðir til að greiða iðgjöld til og ávinna sér lífeyrisréttindi í sjóðum sem vegna lélegrar stjórnunar (eða stærðar) koma til með að greiða mun lægri lífeyri en almennt gerist og miklu lægri lífeyri en hjá þeim sjóðum sem bestum árangri ná.

Verði einstaklingum gefinn kostur á að velja sér lífeyrissjóð til þess að fullnægja skyldutryggingu sinni er ljóst að það verður lífeyrissjóðunum meiri hvatning til samkeppni um að ávaxta fé á sem hagstæðastan hátt, svo og að gera reksturinn eins hagfelldan og kostur er. Þetta yrði einnig hvati að frekari samruna lífeyrissjóða, en þótt nokkuð hafi miðað þar í rétta átt þarf að gera miklu betur á því sviði.

Þá hlýtur mjög að koma til álita að heimila fleirum en lífeyrissjóðum að keppa á þessum markaði, t.d. tryggingafélögum, bönkum og sparisjóðum. Þetta er algengt erlendis og ekkert því til fyrirstöðu að það sé gert hér. Mjög eðlilegt er að stofnanir á þessu sviði veiti sveigjanlegri tryggingavernd en nú tíðkast, þannig að einstaklingarnir geti lagað hana að þörfum sínum. Stofnanir, sem fengju heimildir til þess að veita lífeyristryggingar, yrðu hins vegar að uppfylla mjög ströng skilyrði að því er varðar fjárhagsstyrk. Það verður vissulega að gera mjög ríkar kröfur til þeirra aðila sem veita viðtöku 10% allra launagreiðslna í landinu.

825. Fyrirspurn [478. mál]

til forsætisráðherra um einkavæðingu og tekjumarkmið fjárlaga.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver hefur árangur einkavæðingar verið til þessa?
2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin ná fram tekjumarkmiðum fjárlaga 1993 með sölu ríkisfyrirtækja með hliðsjón af því að breytingum á ríkisbönkunum og sölu hluta hefur verið slegið á frest?

Skriflegt svar óskast.

826. Nefndarálit [274. mál]

um till. til þál. um breyt. á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og Þóri Ibsen frá umhverfisráðuneytinu. Þá sendi nefndin tillöguna umhverfisnefnd þingsins til umsagnar. Í umsögn umhverfisnefndar, dags. 12. mars sl., er lagt til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 25. mars 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Páll Pétursson.	Tómas Ingi Olrich.	Sigríður A. Þórðardóttir.

827. Frumvarp til laga [479. mál]

um eftirlaunaréttindi launafólks.

Flm.: Guðni Ágústsson, Finnur Ingólfsson, Halldór Ásgrímsson.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd eftirlaunasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. að veita viðtöku eftirlaunaframlögum frá launamönnum til sameiginlegrar fjárfestingar í verðbréfum og fasteignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og sjá launamönnum fyrir vátryggingavernd samkvæmt reglugerð viðkomandi eftirlaunasjóðs,
2. að greiða launamanni eftirlaun og vátryggingabætur eftir þeim reglum er fram koma í reglugerð viðkomandi eftirlaunasjóðs.

II. KAFLI
Starfsleyfi eftirlaunasjóða, stofnun og skráning.

2. gr.

Starfsemi samkvæmt lögum þessum verður einungis stunduð af eftirlaunasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara og fengið hafa starfsleyfi fjármálaráðherra.

Skilyrði fyrir starfsleyfi eru sem hér segir:

1. Eftirlaunasjóðurinn sé löglega stofnaður, sbr. 4. gr.
2. Eftirlaunasjóðurinn hafi yfir að ráða við stofnun minnst 50 millj. kr. eða a.m.k. 500 aðilar hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldu laganna til að greiða eftirlaunaframlag sitt í eftirlaunasjóðinn.
3. Reglugerð sjóðsins fullnægi ákvæði 1. mgr. 19. gr.
4. Rekstraraðili fullnægi skilyrðum 18. gr.
5. Endurskoðun sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja reglugerð eftirlaunasjóðs og aðrar þær upplýsingar sem ráðherra ákveður. Áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og tryggingaeftirlits.

3. gr.

Eftirlaunasjóðum með fullgilt starfsleyfi er einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1 gr. Önnur starfsemi er eftirlaunasjóðum óheimil.

Eftirlaunasjóðum er einum heimilt og rétt, eftir því sem við verður komið, að nota orðið „eftirlaunasjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Óheimilt er að breyta eftirlaunasjóðum samkvæmt lögum þessum í fyrirtæki sem lögin taka ekki til.

4. gr.

Eftirlaunasjóð skal stofna sem hlutafélag samkvæmt lögum um hlutafélög. Ákvæði þeirra laga gilda að svo miklu leyti sem við getur átt að þessum lögum slepptum.

5. gr.

Uppfylli eftirlaunasjóður ekki skilyrði laga þessara til að öðlast starfsleyfi skal umsókn synjað.

Ráðherra getur synjað um leyfi til reksturs eftirlaunasjóðs hafi stjórnarmenn sjóðsins eða framkvæmdastjórar rekstraraðila

1. verið dæmdir fyrir refsiverðan verknað sem ætla má að skapi hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína,
2. sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni ekki sinna starfi sínu á forsvaranlegan hátt.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun skv. 2. mgr. skal leitað umsagnar bankaeftirlits.

6. gr.

Synjun fjármálaráðherra á leyfi skv. 5. gr. skal rökstudd skriflega og send umsækjanda, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

7. gr.

Ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um starfsleyfi eftirlaunasjóðs. Í tilkynningunni skal koma fram nafn sjóðsins, stjórnarmanna og endurskoðenda auk nafns rekstraraðila. Óheimilt er að veita viðtöku eftirlaunaframlögum fyrr en tilkynning hefur verið birt. Hefji eftirlaunasjóður ekki starfsemi innan tólf mánaða frá veitingu starfsleyfis fellur það úr gildi.

8. gr.

Bankaeftirlitið skal halda sérstaka skrá yfir eftirlaunasjóði sem hlotið hafa starfsleyfi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna eftirlaunasjóðs og hverjir séu endurskoðendur hans. Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstraraðila.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um þær upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI
Skilgreiningar.

9. gr.

Með *launum* er í lögum þessum átt við hvers konar endurgjald fyrir vinnuframlag samkvæmt vinnusamningi eða verktakasamningi.

Með *launamanni* er átt við hvern þann sem þiggur laun frá atvinnurekenda eða úr eigin atvinnurekstri.

Með *atvinnurekanda* er átt við þann er hefur einstaklinga á launaskrá.

Með *lífeyrissjóði* er átt við sjóð sem starfar samkvæmt reglugerð og samþykktum sem settar hafa verið af stofnendum sjóðsins og staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneytinu skv. 2. gr. laga nr. 55/1980 eða starfa á grundvelli laga.

Verðbréf er skilgreint á sama hátt og fram kemur í 1. tölul. 1. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

IV. KAFLI
Skylduaðild að eftirlaunasjóðum. — Valfrelsi um eftirlaunasjóð.

10. gr.

Öllum launamönnum á aldrinum 16 til 67 ára er rétt og skylt að eiga aðild að eftirlaunasjóði.

11. gr.

Launamenn velja sér eftirlaunasjóð samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Vátryggingavernd.

12. gr.

Eftirlaunasjóði er skylt að hafa eftirfarandi lágmarksvátryggingavernd hjá vátrygginga- eða líftryggingafélagi:

1. Örorkutryggingu sem vátryggir viðkomandi gegn slysi eða sjúkdómi bæði í vinnu og frítíma ef um sannanlega óvinnufærni er að ræða fram til 67 ára aldurs. Þegar um tímabundna örorku er að ræða þarf vátryggingarfjárhæð að vera að lágmarki 10.000 kr. á viku en með þriggja mánaða biðtíma og tveggja ára bótatíma.

   Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast sem eingreiðsla í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina, sbr. 4. mgr. þessa töluliðar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% gildir tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% þrefalt. Bætur fyrir 100% varanlega örorku verða 225% af vátryggingarfjárhæðinni.

   Bætur eru ekki greiddar fyrir lægri varanlega örorku en 25%.

Lágmark vátryggingarfjárhæðar:	16–35 ára	8.000.000 kr.
	36–50 ára	4.000.000 kr.
	51–60 ára	2.000.000 kr.
	61–67 ára	1.000.000 kr.

2. Lífeyristryggingu sem greiðir launamanni eftirlaun frá 67 ára aldri svo lengi sem hann lifir en fellur niður að honum látnum. Hafi launamaður valið sér eftirlaunasjóð, þar sem söfnun hans er séreign, verður launamaður að greiða helming eftirlaunaframlagsins til kaupa á lífeyristryggingu samkvæmt þessum tölulið sem tekur til þess tímamarks að fyrirséð er að greiðslu séreignasjóðs lýkur.

   Þegar réttindi lífeyristryggingarinnar nema 40.000 kr. eftirlaunum á mánuði fellur niður skylda til kaupa á vátryggingunni.

   Vátryggingarfjárhæðir breytast samkvæmt lánskjaravísitölu.

   Það er á ábyrgð eftirlaunasjóðs að ofangreind lágmarksvátryggingavernd samkvæmt þessari grein sé fyrir hendi.

VI. KAFLI
Eftirlaunaframlagið.

13. gr.

Reiknigrunnur að eftirlaunaframlagi er öll laun. Eftirlaunaframlag af reiknigrunni skal vera að lágmarki 13%. Hlutfall eftirlaunaframlagsins milli launamanns og atvinnurekanda er háð kjarasamningum þessara aðila á hverjum tíma. Eftirlaunaframlag er eign launamanns.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns framlagi þess og standa viðkomandi eftirlaunasjóði skil á því ásamt mótframlagi sínu.

Launamaður skal einungis greiða eftirlaunaframlag í einn eftirlaunasjóð á hverjum tíma.

14. gr.

Sé reiknigrunnur grundvallaður á eigin atvinnurekstri ákvarðast eftirlaunaframlagið samkvæmt nýjasta skattframtali eða ákvörðun skattstjóra uppfært til þess tíma sem framlagið tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul reiknigrunnsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

VII. KAFLI
Skattareglur.

15. gr.

Eftirlaunaframlag launamanns skv. 13. gr. er undanþegið tekjuskatti. Skattundanþága samkvæmt þessari grein getur þó ekki orðið hærri en 7% af launum.

Greiðsla eftirlauna úr eftirlaunasjóði eða vátryggingabætur eru hins vegar tekjuskattsskyldar. Séu vátryggingabætur greiddar út sem eingreiðsla eru slíkar bætur undanþegnar tekjuskatti.

Á skattskýrslu er launamanni skylt að geta um réttindi sín í eftirlaunasjóði. Þar skal koma fram til hvaða eftirlaunasjóðs eftirlaunaframlag er greitt og hver áunnin réttindi launamanns eru hjá sjóðnum.

VIII. KAFLI
Stjórn og skipulag eftirlaunasjóða.

16. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum eftirlaunasjóða. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda. Aðalfund skal halda árlega, en boða skal til hans með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir launamenn sem greitt hafa í sjóðinn. Atkvæðisréttur sjóðfélaga fer eftir inneign þeirra við síðustu áramót. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála.

Reglugerð sjóðsins má breyta á aðalfundi hljóti breytingarnar samþykki tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða, enda hafi tillögur til breytinga á reglugerð fylgt fundarboði.

17. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum reglugerðar og skal skipuð fimm mönnum, þremur frá sjóðfélögum en tveimur frá rekstraraðila. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og reglugerð sjóðsins, þar á meðal að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri og hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 2. mgr. Fjármálaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn eftirlaunasjóðs mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn rekstraraðila eftirlaunasjóðs skv. 18. gr.

IX. KAFLI
Rekstraraðilar.

18. gr.

Starfræksla eftirlaunasjóðs skal falin rekstraraðila sem hlotið hefur viðurkenningu fjármálaráðuneytisins að undangenginni umsögn bankaeftirlits. Viðurkenningu sem rekstraraðilar geta hlotið:

1. Lífeyrissjóðir.
2. Líftryggingafélög.
3. Viðskiptabankar.
4. Sparisjóðir.
5. Verðbréfafyrirtæki.

Fyrirtæki skv. 1. mgr., sem teljast rekstraraðilar, mega reka einn eða fleiri eftirlaunasjóði. Stjórn eftirlaunasjóðs og rekstraraðili skulu gera með sér samstarfssamning þar sem fram kemur m.a. umsýsluþóknun rekstraraðila.

Erlend fyrirtæki skv. 1.–5. tölul. 1. mgr., sem hafa starfsleyfi hérlendis lögum samkvæmt, geta öðlast viðurkenningu sem rekstraraðilar.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að skipta um rekstraraðila án samþykkis stjórnar rekstraraðila. Þó getur fjármálaráðuneytið samþykkt skipti á rekstraraðila sé brotið gegn reglugerð sjóðsins og fyrirséð að réttindi sjóðfélaga skerðast verulega.

Fjármálaráðuneyti ber að fá greinargerðir beggja aðila og umsögn bankaeftirlitsins áður en ákvörðun er tekin um hvort heimila skuli skipti á rekstraraðila.

X. KAFLI
Reglugerð.

19. gr.

Hver eftirlaunasjóður skal hafa reglugerð sem staðfest er af fjármálaráðuneytinu. Í henni skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

a. nafn eftirlaunasjóðs, heimili og varnarþing,
b. nafn rekstraraðila og heimili og ákvæði um það hvernig skipt verður um hann,
c. fjárfestingarstefna,
d. hver hefur rétt til að skuldbinda eftirlaunasjóðinn,
e. hvernig háttað skal meðferð eignarhluta í öðrum fyrirtækjum, svo sem hverjir fari með atkvæði sjóðsins,
f. hvernig reikna skal út inneign hvers sjóðfélaga þegar um slíkt er að ræða,
g. hvernig ráðstafa skal arði eða hagnaði af eignum sjóðsins,
h. hvernig háttað er vali stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins og hvert er hlutverk stjórnar,
i. hvort hægt er að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skal að breytingum staðið,
j. hvernig háttað er greiðslu eftirlaunaframlags í sjóðinn,
k. hvernig háttað er flutningi réttinda í og úr sjóðnum,
l. hvernig háttað er viðurlögum gagnvart sjóðfélaga vegna brota á reglugerð sjóðsins,
m. hvernig eftirlaunasjóði verður slitið,
n. hvernig háttað er viðurlögum gagnvart stjórn eða starfsmönnum eftirlaunasjóðs vegna brota á reglugerð sjóðsins,
o. hvaða tryggingar sjóðfélögum standa til boða,
p. hvernig útgreiðslu bóta verður háttað.

Breytingar á reglugerðum eftirlaunasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins að undangenginni umsögn bankaeftirlitsins. Breytingarnar skulu staðfestar séu þær í samræmi við lög, enda séu þær að öðru leyti í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga og engar aðrar fullgildar ástæður mæli gegn staðfestingu. Breytingar öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema fjármálaráðuneytið ákveði annað. Tilkynning um breytingar skal birt í Lögbirtingablaði.

Eftirlaunasjóður skal tilkynna sjóðfélögum um hverja breytingu á samþykktum sjóðsins og jafnframt auglýsa hana opinberlega.

XI. KAFLI
Fjárfestingarstefna.

20. gr.

Eftirlaunasjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega og er opinn almenningi. Sé markaðurinn utan Evrópska efnhagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.
2. Í nýútgefnum framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum fyrir útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eða að þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóði heimilt:

1. að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eigum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur,
2. að fjárfesta í skuldaskjölum sjóðfélaga vegna lána með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði sem nemur allt að 15% af eignum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem heimila eftirlaunasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

Eftirlaunasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

21. gr.

Eftirlaunasjóðum ber skylda til að fjárfesta að lágmarki 5% af eignum sínum í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi enda séu engar hömlur á viðskiptum með eignarhluti í félaginu. Félagið skal vera skráð á Íslandi og með höfuðstöðvar þar en má hafa starfsemi erlendis.

Eftirlaunasjóður má ekki eignast meira en 10% eignarhlut í einstöku félagi, með eða án atkvæðisréttar.

22. gr.

Eftirlaunasjóðum er heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði með allt að 10% eigna sinna. Eftirlaunasjóðum er óheimilt að fjárfesta í atvinnuhúsnæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en 18 mánuðum frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu

lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirlitinu sem getur krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

23. gr.

Heildarfjárfesting skv. 2.–3. mgr. 20. gr. og 22 gr. má aldrei fara fram úr 30% af eignum eftirlaunasjóðs.

24. gr.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 25. gr. Fjárfesti eftirlaunasjóðurinn meira en 5% í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eftirlaunasjóði heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagsvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur bankaeftirlitið heimilað eftirlaunasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti eftirlaunasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samanlagt verðmæti þess konar fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar eftirlaunasjóðs í verðbréfum, útgefnum af sama útgefanda, aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

25. gr.

Bankaeftirlitið getur heimilað eftirlaunasjóði að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 24. gr. telji bankaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum sjóðfélaga.

Fjárfestingar eftirlaunasjóðs skv. 1 mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum eftirlaunasjóðs.

Bankaeftirlitið getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

26. gr.

Rekstraraðila er óheimilt að leggja gjöld eða kostnað á viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna eftirlaunasjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstraraðila eða öðru félagi sem rekstraraðili er tengdur vegna sameiginlegra stjórna eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

27. gr.

Eftirlaunasjóður má ekki eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,
2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,
3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

28. gr.

Fari fjárfesting eftirlaunasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki jafnan náð innan sex mánaða.

Bankaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu sjóðfélaga.

29. gr.

Eftirlaunasjóðir mega ekki fjárfesta í lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

30. gr.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að taka lán nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Skammtímalán, allt að 10% af eignum sjóðsins, til að standa straum af réttindum launamanns í sjóðnum.
2. Lán, allt að 10% af eignum sjóðsins, til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lán skv. 1. mgr. mega hæst nema 15% af eignum eftirlaunasjóðs.

Eftirlaunasjóði er óheimilt að veita lán til annarra en sjóðfélaga eða ganga í ábyrgð fyrir aðra eða taka á sig aðrar skuldbindingar en greindar eru í þessari grein.

31. gr.

Í viðskiptum stjórnenda og starfsmanna eftirlaunasjóðs, rekstraraðila, svo og maka þeirra, skal gæta eftirtalinna atriða:

1. að viðskiptin séu sérstaklega skráð.
2. að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitnu.

XII. KAFLI
Innganga í og brottvikning úr eftirlaunasjóði.

32. gr.

Fullnægi launamaður skilyrðum reglugerðar um inngöngu er eftirlaunasjóði óheimilt að hafna aðild að sjóðnum. Sé launamaður metinn öryrki þegar við inngöngu í eftirlaunasjóðinn getur sú örorka ekki orðið tilefni bótaskyldu eftirlaunasjóðs heldur einungis sú örorka sem verður til eftir inngöngu. Hafi viðkomandi fengið inngöngu í eftirlaunasjóð er óheimilt að vísa honum úr sjóðnum nema brotið sé gegn reglugerð hans.

XIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

33. gr.

Stjórnir eftirlaunasjóðs og rekstraraðila hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og góða reikningsskilavenju. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár eftirlaunasjóðs er almanaksárið. Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnum eftirlaunasjóðs og rekstraraðila. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita hann með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglur settar samkvæmt þeim. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu eftirlaunasjóðs.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi eftirlaunasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningum. Bankaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

34. gr.

Ársreikningur eftirlaunasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn eftirlaunasjóðs eða rekstraðila, vera starfsmaður þeirra aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun. Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum eftirlaunasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstraraðila sem nauðsynleg eru við endurskoðun hjá eftirlaunasjóði.

35. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglur og reglugerð eftirlaunasjóðs. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri eftirlaunasjóðs, greiðslutryggingu eða öðrum atriðum er veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur sjóðsins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka til endurskoðanda rekstraraðila eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur eftirlaunasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun, en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. kemur fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað og jafnframt hvernig verðmati á fasteignum í eigu sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð eftirlaunasjóðs og rekstraraðila.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaeftirlitið ákveður skal einnig sent því og skal það liggja frammi á starfsstöð eftirlaunasjóðs og rekstraraðila.

Auk ársreiknings eftirlaunasjóðs samkvæmt þessari grein skal einnig senda bankaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga rekstraraðila eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum félögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda til hagsýslugerða, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

XIV. KAFLI
Eftirlit.

37. gr.

Bankaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi eftirlaunasjóða og jafnframt eftirlit með því að starfsemi rekstraraðila sé í samræmi við lög þessi. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem að mati bankaeftirlitsins eru nauðsynleg. Bankaeftirlitið leitar upplýsinga hjá tryggingaeftirliti um rekstur vátryggingaverndar eftirlaunasjóða.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi eftirlaunasjóðs eða rekstraraðila brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðar eða reglna settra samkvæmt þeim eða séu að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

XV. KAFLI
Afturköllun leyfis.

38. gr.

Skylt er fjármálaráðherra að afturkalla starfsleyfi eftirlaunasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

39. gr.

Hafi eftirlaunasjóðir eða rekstraraðili í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum bankaeftirlitsins skv. 2. mgr. 37. gr. hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi eftirlaunasjóðs að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn á meintu broti eftirlaunasjóðs á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundasakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag sjóðfélaga.

40. gr.

Afturköllun á starfsleyfi eftirlaunasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi eftirlaunasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars eftirlaunasjóðs.

XVI. KAFLI
Lífeyrissjóðir.

41. gr.

Ákvæði IV., VI. og VII. kafla laga þessara taka til réttinda sjóðfélaga í lífeyrissjóðum og einnig starfsemi lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðum er heimilt að öðru leyti að breyta starfsemi sinni til samræmis við lög þessi.

Breyti lífeyrissjóður hins vegar starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara og slík starfsemi rúmast ekki innan reglugerðar lífeyrissjóðsins ber honum að breyta reglugerð sinni til samræmis við lög þessi.

Óheimilt er að breyta samþykktum, reglugerðum, vinnureglum eða venjum lífeyrissjóða með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga, ríkisbanka eða lögaðila til rýmkunar á inntökuskilyrðum nýrra sjóðfélaga eftir gildistöku laga þessara nema það samrýmist lögum þessum og hljóti staðfestingu fjármálaráðuneytis skv. 19. gr.

Eftirlaunasjóði er heimilt að yfirtaka rekstur lífeyrissjóðs að undangenginni úttekt á eignum og tryggingastærðfræðilegri úttekt á skuldbindingum lífeyrissjóðsins. Við slíka yfirtöku verða eignir lífeyrissjóðsins að nægja fyrir skuldbindingum.

XVII. KAFLI
Ágreiningur.

42. gr.

Verði ágreiningur um réttindi eða skyldur aðila samkvæmt lögum þessum úrskurðar fjármálaráðuneytið að fenginni greinargerð deiluaðila. Uni málsaðilar ekki úrskurði ráðuneytisins geta deiluaðilar leitað til dómstóla.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

43. gr.

Verði vanskil á greiðslu framlags skv. VI. kafla laga þessara skulu vangoldin framlög innheimt með vanskilavöxtum frá gjalddaga sem heimilaðir eru samkvæmt lögum. Vangoldin framlög má fullnusta skv. 10. tölul. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

44. gr.

Kröfur um framlög samkvæmt lögum þessum njóta forgangsréttar í þrotabú atvinnurekenda skv. 4. tölul. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

45. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

XIX. KAFLI
Viðurlög.
46. gr.

Haldi atvinnurekandi eftir eftirlaunaframlagi, hvort heldur er launamanns eða atvinnurekanda, og standi þannig ekki skil á eftirlaunaframlagi til viðurkennds eftirlaunasjóðs samkvæmt lögum þessum, varðar slíkt brot refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

47. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

XX. KAFLI
Gildistaka.
48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Við gildistöku þeirra falla niður 2.–5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Orðin „eftirlaun og lífeyrir“ í 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, falla brott.

Greinargerð.

Tilgangur.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er að breyta því fyrirkomulagi sem nú ríkir í skipan lífeyristrygginga landsmanna og færa það í nútímalegra horf. Örar breytingar hafa orðið á íslensku þjóðfélagi undanfarin ár, bæði efnahagslegar og félagslegar, og er ekki séð fyrir endann á þeim. Að undanförnu hefur því æ oftar verið haldið fram í umræðum að skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum sé brot á mannréttindum og í því sambandi hefur verið vísað til mála sem farið hafa fyrir mannréttindadómstól Evrópu. Jafnvel hafa verið færð rök að því að stjórnarskráin verndi val á lífeyrissjóði.

Hér á landi er ekki til heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða sem um þessar mundir eru 88. Um suma þessara sjóða gilda lög frá Alþingi en um aðra gilda reglugerðir og samþykktir sem settar hafa verið af stofnendum sjóðanna. Eftirlit og opinber skráning hafa til skamms tíma verið afar bágborin og hlýtur það að vera umhugsunarefni hvers vegna þessi mikilvægi málaflokkur hefur orðið út undan í lagasetningu.

Við undirbúning þessa frumvarps hafa flutningsmenn notið aðstoðar Baldurs P. Erlingssonar lögfræðings og Arnar Gústafssonar viðskiptafræðings. Bjarni Ármannsson, forstöðumaður fjárvörslu- og markaðssviðs Kaupþings, og Gunnar Birgisson hagfræðingur aðstoðuðu við samningu XI. kafla.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir efnahagslegu ástandi lífeyrissjóðakerfisins á Íslandi, en vert er að geta hér nokkurra atriða sem gera nýja lagasetningu nauðsynlega.

— Lágar og ónógar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Algengustu greiðslur úr lífeyrissjóðum eru nú á bilinu 20–40 þús. kr. eða jafnvel lægri. Þetta þýðir að obbinn af lífeyrisþegum fær tæplega 50 þús. kr. þegar bótum Tryggingastofnunar hefur verið bætt við.
— Efnahagslegt umhverfi hér á landi hefur breyst afar hratt á undanförnum árum. Meðan verðbólga lék hér lausum hala reyndist sjóðunum afar erfitt að tryggja nægilega raunávöxtun þess fjármagns sem þeir höfðu undir höndum. Hár rekstrarkostnaður og uppsafnaður fortíðarvandi margra lífeyrissjóða veldur því að við mörgum þeirra blasir ekkert annað en gjaldþrot.
— Erfitt er fyrir sjóðina að standa undir skuldbindingum sínum. Sem dæmi um þann vanda, sem sjóðunum er búinn á næstu áratugum sýna spár um fjölda 65 ára sem hlutfall af vinnubæru fólki á Íslandi árin 1990–2040 að hlutfallið eykst úr 16% í 33%, eða um 106,3%. Lengri lífdagar Íslendinga setja þannig óvænt strik í reikninginn.
— Hlutfall greiðslna í lífeyrissjóði annars staðar á Norðurlöndum er í öllum tilvikum mun hærra en hér á landi. Þrátt fyrir það sjá þarlendir sjóðir fram á erfiðleika við að standa við skuldbindingar sínar.
— Verði ekki gripið í taumana er fyrirsjáanlegt að framfærslubyrði hins opinbera mun stóraukast. Í ljósi þessara staðreynda og þeirrar þróunar, sem gætir víðast í nágrannalöndunum og hér á landi um skerðingu á almannatryggingakerfinu, er ljóst að við núverandi fyrirkomulag er ekki hægt að una öllu lengur.
— Hafa þarf í huga að í lífeyrissjóðakerfinu á að felast félagslegt öryggi, þar á meðal framfærsla öryrkja og ellilífeyrisþega. Bregðist lífeyrissjóðakerfið mun þessi framfærslubyrði falla á ríkið.
— Í núverandi lífeyrissjóðakerfi er ákveðið misrétti. Tilteknir aðilar geta valið sér sjóð meðan aðrir eru skyldaðir til að greiða í sjóð síns stéttarfélags sem skilar lakari réttindum. Þeir aðilar, sem geta valið sér sjóð, eru í flestum tilvikum stjórnendur og forráðamenn fyrirtækja og sjálfstæðir atvinnurekendur. Þessir aðilar hafa í raun byggt upp rekstur séreignasjóðanna.
— Hlutverk lífeyrissjóðanna í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar í dag er afar mikilvægt. Sem dæmi um þetta má nefna að heildareignir lífeyrissjóðanna um áramót 1991–1992 voru 37% af peningasparnaði landsmanna að því er segir í ársskýrslu Seðlabankans. Í ljósi þessara staðreynda og að framtíð lífeyrissjóðakerfisins er óviss verði ekkert að gert er mikilvægi lagasetningar um framtíðarskipan þessara mála augljóst.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að launamanni beri skylda til að greiða í eftirlaunasjóð en velji sér eftirlaunasjóðinn sjálfur og velji jafnframt þá lágmarksvátryggingavernd sem honum hentar að tilteknu lágmarki slepptu. Í þessu felst grundvallarbreyting þar sem launamaður ræður engu í núgildandi fyrirkomulagi um það hvar eftirlaun hans eru ávöxtuð eða hvernig. Frumvarp þetta leysir ekki þann ógnvænlega fortíðarvanda sem að lífeyrissjóðunum steðjar en kemur í veg fyrir frekari öfugþróun í lífeyrissjóðsmálum landsmanna.

Frumvarpið kveður á um stofnun svokallaðra eftirlaunasjóða sem hafi það í fyrsta lagi eingöngu að markmiði að veita viðtöku eftirlaunaframlögum frá launamönnum til sameiginlegrar fjárfestingar í verðbréfum eða fasteignum samkvæmt fyrir fram kunn-

gerðri fjárfestingarstefnu og sjá launamönnum fyrir vátryggingavernd samkvæmt reglugerð viðkomandi eftirlaunasjóðs. Í öðru lagi er það markmið eftirlaunasjóðs að greiða launamanni eftirlaun og vátryggingabætur eftir þeim reglum er fram koma í reglugerð viðkomandi sjóðs. Gert er ráð fyrir að eftirlaunasjóður kaupi lágmarksvátryggingavernd sem er skylda samkvæmt frumvarpinu eða víðtækari vernd af vátrygginga- eða líftryggingafélagi. Eftirlaunasjóður er stofnaður sem hlutafélag, er sérstakur lögaðili með sérstaka stjórn og sérstakt ársuppgjör og sjálfstætt aðildarhæfi. Fimm menn sitja í stjórn eftirlaunasjóðs, þrír frá sjóðfélögum en tveir frá rekstraraðila.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að tiltekin fyrirtæki hafi heimildir til reksturs eftirlaunasjóða. Hér er um að ræða núverandi lífeyrissjóði, viðskiptabanka, sparisjóði, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki. Um alla þessa aðila eru til ítarleg lög, að lífeyrissjóðunum undanskildum. Þessir aðilar hafa með höndum víðtæka starfsemi í þjóðfélaginu og ætti þátttaka þeirra í eftirlaunakerfi landsmanna að styrkja þá enn frekar.

Með þessari breyttu skipan á að myndast samkeppni milli þeirra aðila sem heimildir hafa til reksturs eftirlaunasjóða. Þetta kerfi mun hvetja þessa aðila til að fjárfesta fé launamanns á sem arðbærastan hátt með sem minnstum tilkostnaði.

Eftirlaunasjóðir starfa á grundvelli reglugerða sem staðfestar eru af fjármálaráðuneyti. Launamaður velur sér sjóð m.a. á grundvelli þessara reglugerða sem eiga að innihalda tiltekin atriði samkvæmt frumvarpinu sem þannig ættu að auðvelda launamanni valið.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðilar fjárfesti fyrir hönd sjóðanna á grundvelli þeirra reglugerða sem fjármálaráðherra hefur samþykkt. Það felur í sér að viðskiptabankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir og verðbréfafyrirtæki ávaxti fjármagn með líkum hætti og verið hefur. Þannig nýtist fagþekking þessara aðila í hinu nýja eftirlaunakerfi landsmanna, en í núverandi lífeyrissjóðakerfi er því haldið fram að mjög skorti á fagþekkingu rekstraraðila lífeyrissjóðanna. Með frumvarpi þessu er rennt styrkari stoðum undir rekstur líftryggingafélaga þar sem gert er ráð fyrir þátttöku þeirra í hinu nýja eftirlaunakerfi með rekstri lífeyristrygginga.

Eins og fram hefur komið er eftirlaunasjóði skylt að hafa lágmarksvátryggingavernd. Hér er annars vegar átt við örorkutryggingu sem tryggir viðkomandi gegn slysum eða sjúkdómum, bæði í vinnu og frítíma. Vátryggingin verður bæði að taka tillit til tímabundinnar örorku og varanlegrar örorku. Hins vegar er skylt að að hafa lífeyristryggingu sem greiðir launamanni eftirlaun frá 67 ára aldri eða síðar, svo lengi sem hann lifir, en fellur niður að honum látnum. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á eftirlaunasjóð að hafa framangreinda vernd, þar sem öllum mönnum er þörf að hafa slíka vernd óháð fjölskylduaðstæðum. Gæta verður að því að hér er einungis um lágmarksvernd að ræða sem auka þarf við svo hún teljist viðunandi.

Launamanni er hins vegar ekki skylt samkvæmt frumvarpinu að hafa vátryggingavernd sem samsvarar maka- og barnabótum lífeyrissjóðanna, enda háð fjölskylduaðstæðum og fjárhag hver sú vernd á að vera eða hvort þörf er fyrir hana. Það er því lagt í vald hvers og eins að ákveða hvaða þörf hann hefur fyrir þessa vernd.

Eins og að framan getur er 10% eftirlaunaframlag talið vera alls ófullnægjandi. Þessi prósenta skiptist þannig að launamaður greiðir 4% en atvinnurekandi 6%. Prósentan kom til í frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins og náði til dagvinnulauna. Síðan var samið um að framlagið næði til allra launa. Ljóst var þegar í upphafi að 10% framlagið væri ófullnægjandi og á það enn frekar við nú. Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og aukið langlífi hefur orðið þess valdandi að 10% duga engan veginn til að standa undir

skuldbindingum lífeyrissjóðanna. Algengt er að miða tekjur manna sem komnir eru á eftirlaun við 60–80% hlutfall af þeim launum sem þeir höfðu þar sem umsvif manna eru minni þegar eftirlaunaaldri er náð. Til þess að þetta hlutfall launatekna náist þarf eftirlaunaframlag að aukast verulega. Sé miðað við 2–3% raunvexti er talið að eftirlaunaframlag ætti að vera á bilinu 12–15% af launum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlaunaframlag hækki í 13%. Það er hins vegar háð kjarasamningum stéttarfélaga og vinnuveitenda hvernig þessi prósenta skiptist innbyrðis milli atvinnurekanda og launamanns, enda samningsatriði milli þessara aðila. Í 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er kveðið á um að „eftirlaun og lífeyrir“ séu skattskyldar tekjur. Launamaður greiðir síðan tekjuskatt af eftirlaunum eða lífeyri við ráðstöfun hans og er þannig um tvísköttun að ræða. Gert er ráð fyrir að gerðar verði breytingar á þessu, framlag launamanns í eftirlaunasjóð verði undanþegið tekjuskatti við inngreiðslu í sjóðinn að tilteknu hámarki, en sköttun eigi sér stað þegar launamaður fær eftirlaunaframlagið til ráðstöfunar.

Hér er um viðamikla breytingu að ræða. Launamaður getur þannig haft sömu ráðstöfunartekjur eftir hækkun eftirlaunaframlagsins þar sem það er undanþegið tekjuskatti allt að 7% af launum. Verði eftirlaunaframlag undanþegið tekjuskatti allt að 7% af launum verður hið opinbera af nær 2.500 millj. kr. skatttekjum. Á móti vinnst þó ýmislegt fyrir hið opinbera:

— Staða Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins batnar verulega þegar til lengri tíma litið og þar með munu áfallnar skuldbindingar ríkisins þar minnka, en þær námu 56.110 millj. kr. 1989.
— Aukinn langtímasparnaður leiðir til minni neyslu og þar með verða áhrifin á greiðslujöfnuð við útlönd jákvæð.
— Aukinn styrkur lífeyrissjóðanna til að standa við skuldbindingar sínar mun leiða til þess að framfærslubyrði ríkisins mun minnka þegar til lengri tíma er litið og þar með útgjöld þess vegna Tryggingastofnunar. Þannig má gera ráð fyrir að áhrif þessarar skattbreytingar verði jákvæð í heild sinni.

Rétt er að benda á að hægt er að auka eftirlaunaframlög með öðrum hætti en getið er hér að framan. Þannig eru launatengd gjöld í atvinnurekstri 1% framlag í sjúkrasjóði og 0,25% framlag í orlofsheimilasjóði verkalýðsfélaganna sem spyrja má hvort ekki væri betur komið í eftirlaunasjóðum. Þannig mætti auka inngreiðslur í eftirlaunasjóði enn frekar án nýrra álaga á atvinnufyrirtækin.

Samkvæmt frumvarpinu er eftirlaunasjóðum heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og fasteignum. Eftirlaunasjóðum ber hins vegar að fjárfesta 70% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum og íslensku atvinnulífi. Þannig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eftirlaunasjóðum beri skylda til að fjárfesta að lágmarki 5% af eignum í íslensku atvinnulífi. Með þeim hætti er tryggt að nýtt fjármagn fáist í atvinnulíf landsmanna. Þar sitji allir eftirlaunasjóðir við sama borð. Grundvöllur þess að byggð haldist í þessu landi er sá að fyrir hendi sé heilbrigt atvinnulíf og aðgengi þess að fjármagni sé tryggt. Æ fleirum er raunar að verða ljóst að þátttaka eftirlaunasjóða í atvinnulífinu er nauðsyn. Ef næg atvinna er ekki fyrir hendi má búast við að innstreymi verði bágborið í sjóðina þannig að sterkt atvinnulíf er forsenda tilvistar þeirra eins og áður greinir. Með þeim hætti geta stjórnir eftirlaunasjóðanna og launamenn sjálfir haft veruleg áhrif á þá atvinnustefnu sem í landinu er á hverjum tíma.

Tiltekið óréttlæti viðgengst í núverandi lífeyrissjóðakerfi. Af 76 sameignarsjóðum eru 17 með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og ríkisbanka og þrír með ábyrgð hlutafélaga en

56 án allra ábyrgða. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að þessari tilhögun sé breytt. Ástæða þess er sú að í mörgum tilvikum er litið á þessar ábyrgðir sem launa- eða starfskjör launamanns. Umræddar bakábyrgðir styrkja mjög þá sjóði sem hana hafa, en vekja upp spurningar um þær skuldbindingar sem á ábyrgðaraðilann falla ef viðkomandi lífeyrissjóður á ekki fyrir skuldbindingum. Þar sem eftirlaunasjóðir og þeir lífeyrissjóðir, sem ekki hafa ábyrgðir þriðja aðila, yrðu ósamkeppnisfærir við hina sem slíka ábyrgð hafa þegar valfrelsi launamanns yrði að veruleika er sérstaklega kveðið á um bann við rýmkun inntökuskilyrða í lífeyrissjóði með ábyrgð þriðja aðila nema að það samrýmist frumvarpinu.

Ástand lífeyrissjóðakerfisins í dag.

— Í landinu starfa 88 lífeyrissjóðir, þar af 76 sameignasjóðir og 12 séreignasjóðir.
— Iðgjöld til sjóðanna árið 1991 námu 14,5 milljörðum króna.
— Fjármunatekjur námu samtals 11,4 milljörðum króna.
— Útgreiðslur árið 1991 námu 7,4 milljörðum króna.
— Inngreiðslur samtals árið 1991 námu 36,9 milljörðum króna.
— Ráðstöfunarfé ársins 1991 nam 29,5 milljörðum króna.
— Rekstrarkostnaður ársins 1991 nam 632 milljónum króna.
— Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 157,5 milljörðum króna.

Það er engin nýlunda að gerðar séu athugasemdir við núverandi lífeyrissjóðakerfi. Árið 1976 var skipuð 17 manna nefnd sem gera átti tillögur um nýskipan í lífeyrissjóðakerfinu, og skilaði hún áliti árið 1987. Nefndin gerði tillögu um samræmda löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna. Það frumvarp hefur enn ekki hlotið samþykki Alþingis.

Nýverið sendi bankaeftirlitið frá sér skýrslu þar sem gerð var tilraun til úttektar á stöðu lífeyrissjóðakerfisins. Eins og fram kemur í skýrslunni er forsenda þess að unnt sé að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu lífeyrissjóðanna að fyrir liggi úttekt tryggingastærðfræðinga á sjóðunum. Mikill misbrestur er á að úttektir þessar hafi farið fram. Af þeirri ástæðu og mismunandi ávöxtunarprósentu er afar erfitt að meta framtíðarskuldbindingar sjóðanna. Fram kemur í skýrslunni að hjá mörgum lífeyrissjóðum vanti mikið upp á að eignir standi undir skuldbindingum og að engar líkur virðast á að viðkomandi sjóðir geti unnið sig út úr vandanum. Þannig er ástatt um flesta af þeim 88 sjóðum sem getið er um í skýrslunni.

Hvað er til ráða fyrir þessa sjóði? Lífeyrissjóðirnir geta í fyrsta lagi skert réttindi, í öðru lagi hækkað iðgjöld og í þriðja lagi lækkað rekstrarkostnað. Eðli tveggja fyrsttöldu aðgerðanna er þannig að um leið og rekstrarafkoma sjóðanna batnar skerðast réttindi sjóðfélaganna. Hlutverk og markmið lífeyrissjóðanna er að tryggja sjóðfélaga sína og fjölskyldur þeirra gegn áföllum af völdum dauða, með maka- og barnalífeyri, og fyrir starfsmissi af völdum slysa eða veikinda með örorkulífeyri og sómasamlegu framfærslufé þegar lífeyrisaldri er náð. Fyrir þessar breytingar áttu sjóðirnir erfitt með að ná þessum markmiðum sínum en eftir breytingarnar er þetta markmið enn fjarlægara. Hvað varðar þriðja úrræði lífeyrissjóðanna, að lækka rekstrarkostnaðinn, dugar það skammt eitt sér. Skoðum þessi úrræði aðeins nánar.

Skerðing réttinda.

Flestir lífeyrissjóðanna hafa þegar skert réttindi sjóðfélaga verulega. SAL-sjóðirnir breyttu um áramótin 1991–1992 viðmiðunarvísitölu lífeyris úr launa- yfir í lánskjaravísitölu. Skerðing þessi er mun meiri en sýnist í fyrstu. Reynsla undanfarinna ára bendir til þess að laun hækki að jafnaði nálægt 1% á ári umfram lánskjaravísitölu. Þannig hefur þetta í för með sér að sjóðirnir telja sig nú geta reiknað með 3% framtíðarraunávöxtun eigna í stað 2% áður. Hér er því um mjög mikla skerðingu að ræða, og spyrja má hvort eigendur sjóðanna geri sér grein fyrir þessari miklu skerðingu.

Sjóðirnir hafa hækkað viðmiðunaraldur lífeyrisþega úr 67 í 70 ára aldur. Þá hefur réttur karla og kvenna til makalífeyris einnig verið skertur verulega. Kunnugt er að margir lífeyrissjóðir hafa að undanförnu íhugað að skerða réttindi til örorkubóta þar sem slíkar greiðslur eru þungar mörgum sjóðanna.

Hækkun iðgjalda.

Í dag nemur iðgjald til sjóðanna 10% af launum. Hversu mikið skortir á að iðgjöld dugi fer eftir ávöxtun eigna. Álitið er að SAL-sjóðirnir þurfi a.m.k. 12% iðgjald af launum ef unnt er að ávaxta eignir sjóðanna með 2% ávöxtun á ári umfram launabreytingar. Við 1% ávöxtun umfram laun virðist nauðsynlegt iðgjald vera 17% en 23% ef ávöxtun eigna svarar nákvæmlega til launabreytinga.

Lækkun kostnaðar.

Rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna árið 1991 var 632 millj. kr. Ljóst er að kostnaðarhlutfall lækkar eftir því sem sjóðirnir stækka. Þannig kemur fram í skýrslu bankaeftirlitsins að kostnaðarhlutfall þetta er afar mismunandi eftir sjóðum. Þá er einnig ljóst að ávöxtunarmöguleikar sjóðanna batna eftir því sem þeir eru stærri. Þannig hníga öll rök að því að sjóðirnir sameinist í einu eða öðru formi. Þessi þróun er þegar byrjuð þó í litlum mæli sé. Enda þótt þetta sé skynsamlegt eru ýmis ljón í veginum. Sjóðirnir standa afar misjafnlega og sameining er því erfið af þeim sökum. Þá er einnig um „hreppasjónarmið“ að ræða þar sem forráðamenn sjóðanna eru ekki tilbúnir að gefa eftir þau áhrif sem þeir hafa í gegnum sjóðina. Af þessum sökum má búast við að þessi leið verði afar torfarin.

Í allri þessari umræðu verður að hafa það í huga að þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í núverandi lífeyriskerfi, sporna við öllum róttækum breytingum. Hér er um að ræða stéttarfélög og stjórnir og forráðamenn lífeyrissjóðanna. Þegar lög um lífeyri eru skoðuð kemur á óvart að löggjöfin er takmörkuð og ómarkviss. Orsakanna fyrir þessu er vafalítið að leita í því hvernig þróun lífeyrismála hefur átt sér stað hérlendis, þ.e. í samningum stéttarfélaga og vinnuveitenda. Jafnframt má ætla að hugsunarháttur okkar Íslendinga eigi einhverja sök hér á.

Hvað hafa lífeyrissjóðirnir að geyma? Þeir eiga eignir upp á 157,5 milljarða kr. árið 1991. Tryggingasjóðir allra vátryggingafélaga í landinu eiga til viðmiðunar 13 milljarða kr. Eignir tryggingasjóða allra vátryggingafélaga í landinu samsvara því rúmum 8% af eignum lífeyrissjóðanna. Verðbréfaeign allra verðbréfasjóða í landinu er 10 milljarðar kr. sem svarar rúmum 6% af eignum lífeyrissjóðanna.

En til hvers er verið að bera þetta saman? Hvað hefur löggjafinn gert? Í stað þess að setja heilsteypta löggjöf um lífeyrissjóði, sem hafa að geyma 157 milljarða kr. af eignum launafólks, hefur hann sett ítarleg lög um verðbréfasjóði og vátryggingafélög. Það var ekki fyrr en með lögum nr 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, að bankaeftirlitinu var falið eftirlit með lífeyrissjóðunum. Þannig hefur fjármálakerfi með 157 milljarða kr. innan borðs verið eftirlitslítið hingað til. Af þessu er ljóst að löngu er orðið tímabært að sett séu lög um eftirlaunasjóði landsmanna.

Tilhögun núverandi lífeyrissjóða.

Í núverandi lífeyrissjóðskerfi eru fjórar tegundir bóta:

Ellilífeyrir. Venjulega er ellilífeyrisaldur 70 ár en sjóðfélögum er í sjálfsvald sett hvenær á aldrinum 67–75 ára þeir hefja töku lífeyris. Það er ekki skilyrði að sjóðfélagi láti af starfi. Réttindi eru reiknuð í stigum og til grundvallar stigum er notaður tiltekinn kauptaxti. Flestir sjóðanna nota næstlægsta taxta Dagsbrúnar. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og nokkrum öðrum sjóðum er lífeyrisaldur 65 ár. Algengast er að krafist sé a.m.k. fimm ára iðgjaldagreiðslu áður en réttinda fer að gæta.

Makalífeyrir. Maki sjóðfélaga öðlast rétt til makalífeyris við andlát sjóðfélaga hafi hinn látni verið fullgildur félagi í sjóðnum. Við útreikning makalífeyris er tekið tillit til hver réttindi hins látna hefðu orðið hefði hann lifað. Makalífeyrir getur varað ævilangt í undantekningartilvikum.

Barnabætur. Almennt er barnalífeyrir greiddur vegna fráfalls sjóðfélaga hafi hann notið örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt til hans iðgjöld a.m.k. sex mánuði af tólf mánuðum fyrir andlátið. Barnalífeyrir greiðist til 18 ára aldurs.

Örorkulífeyrir. Samkvæmt bótaákvæðum stærsta hluta lífeyrissjóðanna er það skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris að umsækjandi hafi greitt iðgjöld til hlutaðeigandi sjóðs undanfarandi þrjú almanaksár og a.m.k. sex mánuði af næstu tólf mánuðum áður en örorka átti sér stað. Réttindi miðast við áunnin stig. Bætur greiðast ekki ef örorka er metin minni en 40%. Sé örorka minni en 100% greiðast bætur hlutfallslega. Engu skiptir hvort örorka verður af völdum slyss eða sjúkdóms.

Tilhögun frumvarpsins.

Samkvæmt framansögðu kveða reglugerðir lífeyrissjóðanna á um fjórþætta vernd. Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á þessari skipan. Samkvæmt frumvarpinu getur launamaður valið sér hina hefðbundnu lífeyrissjóðavernd eins og lýst er hér að framan. Hann getur hins vegar einnig valið sér annars konar vernd, víðtækari eða rýrari en að framan getur. Þar sem engir tveir einstaklingar eru eins er eðlilegt að launamaður velji þá vernd sem honum hentar. Það gerir hann með vali á eftirlaunasjóði.

Lítum nánar á valmöguleikana sem fyrir hendi verða ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Ellilífeyrir.

Markmiðið með ellilífeyri lífeyrissjóðanna er að tryggja framfærslu sjóðfélagans (og fjölskyldu hans) þegar eftirlaunaaldri er náð. Eftirlaun eða lífeyrir getur orðið til á þrenns konar hátt samkvæmt frumvarpi þessu, þ.e. launamaður getur valið eftirfarandi eftirlaunavernd.

Í fyrsta lagi getur launamaður fengið eftirlaun (ellilífeyrir) sem söfnun með lágmarkslífeyristryggingavernd skv. 12. gr. frumvarpsins. Dæmi um slíkt form eru núverandi séreignasjóðir þar sem eftirlaunaframlagið er eign launamannsins. Eftirlaunin mynda í fyrsta lagi höfuðstólinn sem verður til við reglubundin eftirlaunaframlög. Í öðru lagi verða eftirlaunin til við ávöxtun höfuðstólsins á söfnunartímanum. Sé rekstraraðili eftirlaunasjóðs banki, sparisjóður eða verðbréfafyrirtæki mundi ellilífeyrir myndast með þessum hætti.

Í öðru lagi getur launamaður fengið eftirlaun (ellilífeyrir) með tryggingarþætti eins og í sameignarlífeyrissjóðum (gegnumstreymissjóðum). Í sameignarsjóði fer eftirlaunaframlagið til sjóðsmyndunar en úr sjóðnum eru síðan greiddar bætur eftir þeim reglum sem reglugerð sameignarsjóðsins eða eftirlaunasjóðsins setur.

Í þriðja lagi getur launamaður fengið lífeyristryggingu sem er víðtækari en lágmarksverndin og brúar bilið milli hreins séreignarsjóðs og sameignarsjóðs allt eftir því hvernig og hversu mikil tryggingavernd er valin í hverju tilviki. Þannig getur launamaður t.d. valið sér tryggingavernd þar sem lífeyrir hans fellur annaðhvort niður að honum látnum eða rennur til maka hans og/eða barna að honum látnum. Fjölskylduaðstæður og val launamanns í þessum efnum hefur áhrif á ávöxtun.

Þeir rekstraraðilar, sem samkvæmt frumvarpi þessu hafa heimildir til að reka vátryggingarþátt ellilífeyris, eru núverandi sameignarsjóðir og líftryggingafélög. Hins vegar geta aðrir rekstraraðilar boðið upp á slíka tryggingu. Þannig geta stjórnir eftirlaunasjóða, sem séreignasjóðir, bankar, sparisjóðir eða verðbréfafyrirtæki eru rekstraraðilar að, keypt slíka vátryggingavernd.

Rétt er að nefna að fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp sem heimilar bönkum og sparisjóðum að stofna og reka vátryggingafélög.

Maka- og barnabætur.

Markmið með maka- og barnabótum lífeyrissjóðanna er að tryggja fjölskyldur sjóðfélaga gegn fjárhagslegum áföllum og tryggja framfærslu þeirra við andlát sjóðfélaga.

Í frumvarpi þessu er eins og áður sagði ekki gert ráð fyrir að launamanni sé skylt til kaupa á vernd sem kallast maka- eða barnabætur eða sambærilega vernd. Fjölskylduaðstæður eða fjárhagslegar skuldbindingar eru mismunandi þannig að þörfin er mismunandi.

Jafnframt er rétt að benda á það að velji launamaður þá leið að byggja upp ellilífeyri eingöngu með söfnun eykst fjárhæð sjóðsins eftir því sem á ævina líður. Ef launamaður deyr eftir langa starfsævi getur hinn uppsafnaði sjóður dugað til framfærslu eftirlifandi eða sem vörn gegn fjárhagslegum skakkaföllum. Deyi hann hins vegar eftir stutta starfsævi dugar uppsafnaði sjóðurinn í fæstum tilvikum enda sparnaður skammt á veg kominn, uppeldi barna yfirstandandi og fjárhagslegar skuldbindingar í mörgum tilvikum verulegar. Þannig er nauðsynlegt fyrir launamann, sem velur þá leið að byggja upp séreignarsjóð, að tryggja sig ef andlát ber að höndum, en sú þörf minnkar með aldrinum.

Sé sú leið valin að byggja upp ellilífeyri í sameignarsjóði gildir hið sama og hér að framan að því frátöldu að séreign sjóðfélaga myndast ekki. Þörfin fyrir tryggingu vegna andláts byggir því eingöngu á framfærslu og fjárþörf eftirlifandi.

Líftryggingar, sem greiða út vátryggingarfjárhæð við andlát hins tryggða, nefnast dánaráhættutryggingar og eru stærstur hluti reksturs líftryggingafélaga hérlendis.

Örorkubætur.

Markmið með örorkubótum lífeyrissjóðanna er að bæta tímabundinn eða varanlegan missi starfsorku sjóðfélaga vegna slysa eða sjúkdóma. Í sjálfu sér gildir það sama um þörf örorkubóta og áhættulíftryggingar fyrir aðila sem hefur valið sér séreignarleiðina við uppbyggingu eftirlaunasjóðs. Þó verður að gæta að því að reglur geta kveðið á um það að örorka þurfi að vera að varanleg og jafnframt að tilteknu lágmarki ef heimilt á að vera að fá greiddan út eftirlaunasjóð, hluta hans eða allan sjóðinn. Jafnframt fer þörfin fyrir örorkuvernd ekki eftir fjölskylduhögum, þ.e. hjúskaparstöðu eða barneign. Það er því almennt svo að launamaður hefur þörf fyrir tiltekna lágmarksörorkuvernd.

Af þessum sökum kveður frumvarpið á um skyldu til kaupa á lágmarksörorkuvernd. Hér er um að ræða vernd sem tryggir launamann ef slys eða sjúkdómur veldur óvinnufærni þannig að viðkomandi geti ekki framfleytt sér eða sínum. Gæta verður að því að hér er einungis um að ræða lágmarksvátryggingavernd sem nauðsynlegt er að auka við ef hún á að vera viðunandi.

Vátryggingar, sem tryggja gegn tímabundnum eða varanlegum missi starfsorku, kallast sjúkra- eða slysatryggingar eftir því hvort tryggja á starfsmissinn vegna slyss eða sjúkdóms og eru starfræktar í vátryggingafélögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er starfsemi eftirlaunasjóðs skilgreind. Um er að ræða tvíþætta starfsemi. Annars vegar er tekið við eftirlaunaframlögum frá launamönnum og fjárfest í verðbréfum og fasteignum eftir fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Hugtakið launamaður er skilgreint í 9. gr. Gert er ráð fyrir að eftirlaunasjóðir fjárfesti aðeins í framseljanlegum verðbréfum og fasteignum. Eftirlaunasjóðir hafa þannig heimild til að fjárfesta í fasteignum en svo er ekki um verðbréfasjóði. Eftirlaunasjóður skal jafnframt fjárfesta í íslensku atvinnulífi samkvæmt frumvarpi þessu. Í IX. kafla frumvarpsins er sérstaklega kveðið á um fjárfestingarstefnu eftirlaunasjóða. Hins vegar er gert ráð fyrir að reglugerð hvers sjóðs tilgreini hvernig sjóðurinn ætlar að fjárfesta innan ramma laganna. Fjármálaráðuneytið skal síðan staðfesta reglugerð, m.a. með fjárfestingarstefnu í huga, en fjármálaráðherra fer með starfsemi eftirlaunasjóða. Það er jafnframt hlutverk eftirlaunasjóða að sjá sjóðfélaga fyrir tiltekinni vátryggingavernd sem getur verið mismunandi milli sjóða. Kveðið er á um grunnvernd í V. kafla frumvarpsins og er það lágmarksvernd sem öllum er nauðsynleg. Eftirlaunasjóði ber að kaupa lágmarksvátryggingavernd eða viðbótarvernd hjá vátrygginga- eða líftryggingafélagi. Hins vegar er það hlutverk eftirlaunasjóðs að greiða launamanni eftirlaun eða aðrar þær bætur sem réttindi sjóðfélaga segja til um samkvæmt reglugerð eftirlaunasjóðsins.

Gert er ráð fyrir að form eftirlaunasöfnunar geti verið mismunandi að öðru leyti. Slíkt fari eftir þeirri „vöru“ sem boðið er upp á af viðkomandi eftirlaunasjóði. Þannig geta tímamörk útgreiðslu verið mismunandi eftir reglugerð eftirlaunasjóðs. Þetta er samningsatriði eftir því hvað reglugerð eftirlaunasjóðs segir til um. Þannig gæti viðkomandi hætt að vinna 65 ára eða 60 ára allt eftir því hvaða „vöru“ (samning) hann keypti af sjóðnum. Sjóðir geta boðið mismunandi vátryggingavernd. Sjóður gæti boðið upp á líftryggingar vegna maka og barnabóta til viðbótar við slysa- og sjúkratryggingar vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku og lífeyristryggingu. Á sama hátt má sjá fyrir sér mimunandi vátryggingarupphæðir eftir sjóðum að lágmarksfjárhæðum slepptum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er getið um skilyrði fyrir stofnun eftirlaunasjóðs. Um er að ræða fimm atriði. Í 1. tölul. er sett það skilyrði að eftirlaunasjóður sé stofnaður sem hlutafélag. Lög um hlutafélög gilda því að þessu lagafrumvarpi slepptu.

Í 2. tölul. eru gerðar fjárhagslegar kröfur til eftirlaunasjóðs við stofnun hans. Annars vegar er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi stofnframlag að fjárhæð 50 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þetta fé sé til ráðstöfunar fyrir sjóðinn án nokkurra hamla. Hins vegar er hægt að uppfylla skilyrðið með því að 500 aðilar skuldbinda sig til að greiða eftirlaunaframlög í viðkomandi sjóð. Með þessum hætti myndast sjóðstreymi strax við stofnun sjóðsins. Nauðsynlegt er að gera fjárhagslega kröfu til sjóðsins þar sem sjóðurinn er sjálfstæður lögaðili. Þannig getur eftirlaunasjóður haft sjálfstætt aðildarhæfi að dómsmáli. Jafnframt mun fjárhagskrafa takmarka möguleika manna til að stofna sjóði. Sé hins vegar tiltekinn fjöldi manna, þ.e. 500 aðilar sem lýst hafa vilja sínum til að greiða í tiltekinn eftirlaunasjóð, með tiltekna reglugerð án þess að ofangreint fjármagn standi að baki eru ekki rök til að banna slíkt. Launamaðurinn er eigandi að eftirlaunaframlagi sínu og ræður hvað hann gerir við það. Hins vegar verður slíkur sjóður að uppfylla önnur skilyrði laganna, þar á meðal um ákveðinn rekstraraðila.

Ákvæði 3. tölul. kveður á um að reglugerð fullnægi ákvæðum 1. mgr. 19. gr. Þetta ákvæði þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 5. tölul. er endurskoðun falin löggiltum endurskoðanda. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Ofangreind skilyrði ættu í reynd að takmarka fjölda sjóða en um leið að gera starfandi eftirlaunasjóði ófluga. Fjármálaráðuneytið veitir starfsleyfi fyrir eftirlaunasjóði að undangenginni umsögn bankaeftirlits og tryggingaeftirlits. Nauðsynlegt er að leita álits tryggingaeftirlits þar sem starfsleyfið byggir á mati á reglugerð sem hefur að geyma hluti sem eru vátryggingalegs eðlis. Jafnframt hefur tryggingaeftirlit eftirlit með líftryggingafélögum sem geta verið rekstraraðilar eftirlaunasjóða.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt bann við annarri starfsemi eftirlaunasjóðs en um getur í 1. gr. Telja verður eðlilegt að ekki sé blandað annarri starfsemi inn í starfsemi eftirlaunasjóða og þannig aukin áhætta á skerðingu réttinda sjóðfélaga. Eftirlaunasjóður veitir viðtöku eftirlaunaframlögum sem eru eign launamanns og framfærslufé launamanns síðar á ævinni. Hvernig farið er með þetta framlag launa varðar launamann miklu enda um mikla fjármuni að ræða. Með sérhæfingu eftirlaunasjóða á að myndast sérþekking á fjárfestingu eftirlaunaframlags sem lýtur m.a. sérsjónarmiðum varðandi fjárfestingarstefnu.

Gert er ráð fyrir að einungis eftirlaunasjóðum sé heimilt að nota orðið „eftirlaunasjóður“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum. Ákvæðið á að fyrirbyggja misskilning og rugling og eins til að koma í veg fyrir að aðilar geti villt á sér heimildir.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um í hvaða félagsformi ber að starfrækja efirlaunasjóði. Gert er ráð fyrir að einungis sé hægt að starfrækja sjóði í hlutafélagsformi. Um eftirlaunasjóði gilda því lög um hlutafélög eftir því sem við getur átt. Eftirlaunasjóður er því sérstakur lögaðili, með sjálfstæða stjórn, sérstakt ársuppgjör og sjálfstætt aðildarhæfi.

Það mætti hugsa sér annað félagsform fyrir eftirlaunasjóði, svo sem „sjálfseignarstofnun“, en slíkt félagsform hefur ekki eins ítarlegan lagaramma að baki og hlutafélagaformið. Eins hefði mátt hugsa sér að eftirlaunasjóðir væru einungis í formi „eftirlaunareikninga“ í viðskiptabönkum. Ef slíkt væri gert mundu eftirlaunaframlög launamanna renna inn í efnahag viðskiptabankans og hætta væri á að fjármagn sjóðanna glataðist ef viðskiptabanki yrði t.d. gjaldþrota.

Um 5. gr.

Ákvæðin eru efnislega sambærileg ákvæðum í lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Um athugasemdir vísast til athugasemda við 4.–7. gr. þeirra laga.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna skilgreiningar á meginhugtökum. Vakin er athygli á skilgreiningu lífeyrissjóða sem á að ná yfir alla starfandi lífeyrissjóði.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu allra launþega að eiga aðild að eftirlaunasjóði. Hér er því með öðrum orðum verið að kveða á um skyldu viðkomandi til að greiða hluta launa sinna í eftirlaunasjóð. Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55 frá 1980, gera jafnframt kröfu um skyldu til greiðslu í lífeyrissjóð.

Með lögum þessum er ekki ætlunin að undanskilja neinn þann aðila sem þiggur laun, hvaða nafni sem þau nefnast, á tilteknu aldursbili. Aldursbilið er í lögunum ákvarðað frá 16 ára afmælisdegi til þess dags þegar launamaður verður 67 ára. Skylda til greiðslu eftirlaunaframlags fellur niður ef viðkomandi hættir störfum og hefur ekki launatekjur fyrir tilgreint tímamark.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um þá meginreglu að sá aðili, sem þiggur launin, launamaðurinn, ákveði hvar hann á sinn eftirlaunasjóð. Samkvæmt þessu ræður atvinnurekandinn engu um þetta. Eftirlaunaframlagi launamannsins er ætlað að tryggja framfærslu launamannsins á ævinni. Af þessum sökum er eðlilegt að launamaðurinn sjálfur ráðstafi þessu framlagi og beri þannig ábyrgð á ávöxtun þess. Hér fer saman vald til ráðstöfunar og hagsmunir en þessi tengsl hefur skort í núverandi lífeyrissjóðakerfi.

Í núgildandi lögum, nr. 55 frá 1980, er mælt fyrir um skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum. Samkvæmt þeim lögum var meginreglan sú að aðildin var einskorðuð við lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Sú meginregla er með lögum þessum afnumin.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um það að eftirlaunasjóði sé skylt að hafa eftirfarandi lágmarksvátryggingavernd hjá vátrygginga- eða líftryggingafélagi. Um er að ræða tiltekna lágmarksvernd sem öllum launamönnum er nauðsynleg. Hér er annars vegar gert ráð fyrir sjúkra- og slysatryggingu og hins vegar lífeyristryggingu. Þessar vátryggingar eru öllum mönnum nauðsynlegar. Þar sem maka- og barnabætur eru háðar þörfum hvers og eins er ekki lögð sú skylda á launamann að kaupa slíka vátryggingu. Hér er það lagt í vald launamanns að meta sína þörf fyrir maka- og barnabætur. Jafnframt verður launamaður að meta hvort lágmarksvátryggingavernd sé nægjanleg vernd. Skylda til kaupa á lífeyristryggingu höfðar sérstaklega til þeirra sem velja sér eftirlaunasjóð sem er séreignarsjóður og eiga það á hættu að klára séreign sína.

Rétt er að benda á að núverandi lífeyrissjóðir þurfa ekki að uppfylla skilyrði laganna um lágmarksvátryggingavernd enda hafa þeir tiltekna vátryggingavernd í reglugerðum sínum.

Reynt er að haga vátryggingaupphæðum í samræmi við þörf. Þannig er vátryggingafjárhæðum skipt upp í fjögur aldursbil enda verður þörfin fyrir örorkutryggingu minni eftir því sem aldurinn færist yfir. Þegar um séreign er að ræða er fjárhæðin orðin veruleg á síðari stigum starfsævinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi fái hlutfallslega hærri bætur þegar um háa örorku er að ræða en ef hún er lítil. Til að lækka iðgjald örorkutryggingarinnar en frekar er gert ráð fyrir að ekki verði greiddar bætur fyrir lægri örorku en 25%. Samkvæmt 12. gr. fá launamenn á aldursbilinu 16–35 ára eftirfarandi bætur eftir örorkumati:

25%	varanlegur öryrki	2.000.000 kr.
50%	varanlegur öryrki	6.000.000 kr.
75%	varanlegur öryrki	12.000.000 kr.
100%	varanlegur öryrki	18.000.000 kr.

Samkvæmt greininni fengju launamenn á aldursbilinu 51–60 ára eftirfarandi bætur samkvæmt mati:

25%	varanlegur öryrki	500.000 kr.
50%	varanlegur öryrki	1.500.000 kr.
75%	varanlegur öryrki	3.000.000 kr.
100%	varanlegur öryrki	4.500.000 kr.

Vátryggingarfjárhæðir eru miðaðar við lánskjaravísitölu þar sem verðmæti eigna hækkar með sömu vísitölu í flestum tilvikum.

Það er á ábyrgð eftirlaunasjóða að þessi tiltekna lágmarksvernd sé fyrir hendi.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um að öll laun, eins og þau eru skilgreind í frumvarpinu, séu notuð sem grundvöllur undir eftirlaunaframlagið. Kveðið er á um að eftirlaunaframlagið skuli vera að lágmarki 13% af reiknigrunni. Hér er um 3% hækkun að ræða enda talið að núverandi hlutfall launa sé ekki nægjanlegt til að fullnægja kröfum launamanna til sómasamlegra eftirlauna. Það er lagt í vald aðila vinnumarkaðarins, stéttarfélaga og vinnuveitenda, að ákvarða innbyrðis skiptingu eftirlaunaframlagsins. Hér er þess sérstaklega getið að allt eftirlaunaframlagið sé „eign“ launamanns að öllu leyti, þ.e. bæði hlutur launamanns sjálfs og atvinnurekanda. Vegna þessa er hægt að beita refsiviðurlögum vegna 13% eftirlaunaframlagsins að fullu. Þessi breyting ætti að gera innheimtu og fullnustu refsingar virkari í framkvæmd en nú.

Ef launamaður vill greiða umfram 13% framlagið er atvinnurekanda ekki skylt að gera slíkt hið sama nema fyrir liggi sérstök samningsákvæði milli atvinnurekanda og launamanns.

Samkvæmt 2. mgr. helst sú skylda atvinnurekanda að halda eftir eftirlaunaframlagi og greiða það til viðkomandi eftirlaunasjóðs. Með breytingu á meginreglunni um skyldu til greiðslu í tiltekinn lífeyrissjóð þannig að launamaður geti valið sér eftirlaunasjóð getur atvinnurekandi þurft að greiða framlög til margra eftirlaunasjóða í stað eins eða tveggja samkvæmt gömlu reglunni. Með tilkomu tölvukerfa og nútímalaunabókhalds er hér ekki um mikla fyrirhöfn að ræða eftir að búið er að breyta þessu í eitt skipti hjá starfsmannahaldi viðkomandi atvinnurekanda.

Launamaður hefur einungis heimild til að greiða í einn eftirlaunasjóð hverju sinni. Launamaður getur þannig ekki skipt eftirlaunaframlagi á milli tveggja eða fleiri sjóða. Það kemur hins vegar fram í reglugerð hvers eftirlaunasjóðs hvernig háttað er flutningi réttinda úr sjóðnum. Slík skilyrði geta þannig verið mismunandi eftir sjóðum.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að eftirlaunaframlag launamanns sé undanþegið tekjuskatti. Í 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 frá 1981, með síðari breytingum, eru eftirlaun og lífeyrir skattskyldar tekjur. Gert er ráð fyrir að þetta breytist samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins. Ákvæðið setur þak á skattfrelsið, þ.e. 7% af launum. Nauðsynlegt er að gera þetta til að koma í veg fyrir þá freistingu aðila vinnumarkaðarins að hafa hlutfall launamanns hátt og umfram það sem eðlilegt er til að ná fram verulegu skattahagræði.

Greiðsla eftirlauna úr eftirlaunasjóði, eða vátryggingabætur, er hins vegar skattskyld. Séu vátryggingabætur greiddar út sem eingreiðsla eru slíkar bætur skattfrjálsar eins og verið hefur. Þetta þýðir að eftirlaun launamanns eru einungis sköttuð einu sinni en ekki tvísköttuð eins og nú.

Gert er ráð fyrir að tekið verði upp það nýmæli að launamaður geti um það á skattskýrslu sinni hvar hann vísti eftirlaunaframlag sitt og hversu mikil réttindi hann hefur áunnið sér. Þetta er gert svo að hægt verði að fylgjast með því hvort viðkomandi uppfyllir skyldu laganna um greiðslu eftirlaunaframlags í tiltekinn sjóð og eins hvort launamaður uppfyllir skilyrði laganna um lágmarksvátryggingavernd. Vilji menn tengja réttindi launamanns í eftirlaunasjóði við réttindi í almannatryggingakerfi er nauðsynlegt að hafa ofangreindar upplýsingar.

Um 16. gr.

Æðsta vald í málefnum eftirlaunasjóða er aðalfundur. Aðalfundur kýs stjórn sem fer með vald milli aðalfunda. Allir sjóðfélagar hafa rétt til setu á aðalfundi en atkvæðisréttur fer eftir inneign. Með þessum hætti eru það þeir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta sem ráða mestu um starfsemi sjóðsins. Aðalfundur tekur afstöðu til ársreikninga sjóðsins.

Um 17. gr.

Stjórn sjóðsins er kosin á aðalfundi en í henni eiga sæti fimm menn, þrír frá sjóðfélögum en tveir frá rekstraraðila. Það hefði mátt hugsa sér að allir stjórnarmenn væru úr röðum sjóðfélaga en frá slíku var horfið þar sem þátttaka rekstraraðila getur leitt til þess að vægi faglegra sjónarmiða verði meira en ella hefði orðið. Fulltrúar rekstraraðila hafa jafnframt með höndum daglegan rekstur sjóðsins og ættu því að þekkja vel til, sérstaklega hvað varðar markaðsaðstæður. Hlutverk stjórnar er að hafa almennt eftirlit með starfsemi sjóðsins, að hún sé í samræmi við lög og reglugerð hans. Stjórnarmenn geta bakað sér ábyrgð skv. 47 gr. ef þeir brjóta gegn starfsskyldum sínum hvað þetta varðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að fram komi í reglugerð viðkomandi sjóðs hvernig háttað er viðurlögum vegna brota á reglugerð ef stjórn eða starfsmenn brjóta gegn reglugerð sjóðsins. Stjórnarmenn í eftirlaunasjóðum verða að uppfylla almenn hæfisskilyrði. Þó er ekki gerð sú krafa að stjórnarmaður sé íslenskur ríkisborgari, heldur getur hann verið ríkisborgari aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Að fenginni sérstakri heimild fjármálaráðherra getur ríkisborgari ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins fengið heimild til setu í stjórn eftirlaunasjóðs.

Gerð er sú krafa að stjórnarmenn eftirlaunasjóðs séu ekki í stjórn rekstraraðila. Þetta er gert til að tryggja sjálfstæði eftirlaunasjóðs í ákvörðunum og eins til að gæta hagsmuna sjóðfélaga sem best.

Um 18. gr.

Með þessari lagagrein er kveðið á um það hverjir megi starfrækja eftirlaunasjóð. Um er að ræða lífeyrissjóði, líftryggingafélög, viðskiptabanka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki. Það er sammerkt öllum þessum félagaformum, að lífeyrissjóðunum undanskildum, að að baki þeim býr ítarleg löggjöf sem kveður m.a. á um eftirlit með þessum aðilum. Gert er ráð fyrir að stjórnir eftirlaunasjóða geri samstarfssamning við einn af ofangreindum aðilum um rekstur eftirlaunasjóðs. Fjárhæð umsýsluþóknunar fer eftir samkeppni eftirlaunasjóða. Umsýsluþóknun er tekin af ávöxtunartekjum eftirlaunasjóðsins og ef ávöxtun er ekki til jafns við aðra og jafntraust munu launamenn ekki velja viðkomandi sjóð. Umsýsluþóknun ræðst einnig af getu rekstraraðila til að ná sem bestri fjárfestingu eigna hverju sinni miðað við aðra sjóði.

Enda þótt frumvarpið kveði á um verulegar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða er gengið út frá því að þeir geti í fyrsta lagi starfað áfram í óbreyttu formi. Í öðru lagi getur eftirlaunasjóður yfirtekið lífeyrissjóð. Í þriðja lagi geta lífeyrissjóðir verið rekstraraðilar eftirlaunasjóðs skv. 18. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi getur lífeyrissjóður breytt starfsemi sinni í samræmi við lögin og kallast þá eftirlaunasjóður. Þannig eru lífeyrissjóðunum veittir möguleikar til að eflast og dafna í samkeppni við aðra eftirlaunasjóði.

Gert er ráð fyrir að erlendir aðilar hafi sömu tækifæri og innlendir til að starfrækja eftirlaunasjóði og er þetta í samræmi við lög hins Evrópska efnahagssvæðis.

Um 19. gr.

Hver eftirlaunasjóður hefur reglugerð. Launamaður velur sér eftirlaunasjóð m.a. á grundvelli reglugerðarinnar. Þar koma fram helstu atriði sem varða sjóðfélaga miklu.

Í 17. gr. er sérstaklega kveðið á um að tiltekin atriði verði að vera í reglugerð. Þetta er gert svo að launamaður geti borið saman reglugerðir mismunandi eftirlaunasjóða og þannig valið sér sjóð. Mjög mikilvægt atriði er fjárfestingarstefnan sem mun verða mismunandi milli sjóða en þó innan ramma laganna.

Breyta má reglugerð á aðalfundi ef tiltekinn meiri hluti er fyrir ákvörðuninni. Ef slíkt er gert verður að fara með breytingar með sérstökum hætti sem getið er í 2. og 3. mgr. greinarinnar. Þessi aðferð er nauðsynleg þar sem sjóðfélagi hefur valið sér sjóð á ákveðnum forsendum sem breytast ef til vill með breyttri reglugerð. Hann telur ef til vill að rétt sé að flytja sig úr sjóðnum vegna þessa.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla frumvarpsins varðandi fjárfestingarstefnu eftirlaunasjóða. Samkvæmt frumvarpinu er eftirlaunasjóðum gert að fjárfesta að langmestu leyti í framseljanlegum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Um þetta er fjallað í 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar. Ætlast er til að fjárfestingar eftirlaunasjóða í verðbréfum sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. séu að lágmarki 70% af eignum eftirlaunasjóðsins. Markmiðið er að verðmæti eigna eftirlaunasjóðsins liggi ætíð sem skýrast fyrir, bæði til að mæta óvæntu sjóðsflæði á hverjum tíma og eins til að reiknigrunnur til að mæta skuldbindingum sé ætíð sem skýrastur.

Í 1. tölul. 1. mgr. er fjallað um fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárfestingarnar eru ekki bundnar við ákveðna markaði eða lönd, en sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann. Í 2. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til fjárfestingar í nýútgefnum framseljanlegum verðbréfum sem hafa ekki verið skráð eða tekin til sölu á einhverjum þeirra markaða sem fjallað var um í umfjöllun um 1. tölul. ákvæðisins. Þessi heimild er hins vegar bundin því skilyrði að í skilmálum vegna útgáfu verðbréfanna sé kveðið á um að skráningar verði óskað á opinberum markaði eða þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan árs frá útgáfu þeirra. Ákvæðinu er ætlað að veita eftirlaunasjóðum svigrúm til að fjárfesta í nýjum verðbréfaútgáfum en eftir sem áður er ætlast til þess að veðskipti með þau hefjist innan tiltölulega skamms tíma frá útgáfu. Verði ekki af skráningu verðbréfa samkvæmt þessum tölulið innan settra tímamarka telst skilyrðum ákvæðisins ekki fullnægt. Hins vegar kynni eftirlaunasjóði eftir sem áður að vera heimilt að eiga verðbréfin áfram, enda séu sameiginlegt verðmæti þeirra innan þeirra takmarkana sem settar eru í 2.–4. mgr. 20. gr.

Í 2. mgr. er eftirlaunasjóðum veitt undanþága frá meginreglu til að fjárfesta í annars konar skuldaskjölum en getið er um í 1. mgr. Með fjárfestingum í verðbréfum, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er eftirlaunasjóðum veitt svigrúm til fjárfestinga án þess að skerða hagsmuni sjóðfélaga eða ganga gegn grundvallarsjónarmiði frumvarpsins um áhættudreifingu.

Í 1. tölul. 2. mgr. er eftirlaunasjóði heimilað að fjárfesta allt að 10% eigna sinna í öðrum tegundum verðbréfa en getið er um í 1. mgr. Telja verður eðlilegt, a.m.k. meðan verðbréfamarkaðurinn hér á landi er ekki fullkomnari en raun ber vitni, að veitt sé svigrúm til fjárfestinga sem lúti ekki jafnströngum kröfum og krafist er samkvæmt meginreglu frumvarpsins.

Í 2. tölul. 2. mgr. er eftirlaunasjóðum heimilað að fjárfesta í skuldaskjölum sjóðfélaga vegna lána með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði sem nemur allt að 15% af eignum. Telja verður eðlilegt að hafa lagarammann nokkuð víðan hvað þetta atriði snertir. Markaðsverð á íbúðarhúsnæði er nokkuð þekkt á hverjum tíma og telja verður eðlilega stefnumörkun af hálfu eftirlaunasjóðsins sjálfs hvort hann lánar sínum sjóðfélögum vegna

íbúðarkaupa eða ekki. Ekki er þó eðlilegt að hlutfall þessarar tegundar fjárfestingar sé hærra en 15% með tilliti til áhættudreifingar.

Til skýringar á 3. og 4. mgr. vísast til laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Um 21. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er eftirlaunasjóðum skylt að fjárfesta í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi að því skilyrði uppfylltu að ekki séu neinar hömlur á viðskiptum með eignarhluti í viðkomandi félagi. Ætlast er því til að slíkar fjárfestingar falli undir 1. mgr. 20. gr. Markmiðið með lágmarki þessu er að efla íslensk fyrirtæki og sjóðirnir séu að ákveðnu marki þátttakendur í áhætturekstri íslenskra fyrirtækja. Dreifing milli einstakra fjárfestingarkosta á hins vegar að tryggja að með þessu ákvæði sé ekki á neinn hátt vegið að meginreglu frumvarpsins er lýtur að áhættudreifingu. Fjárfestingar eftirlaunasjóða eru í eðli sínu langtímafjárfestingar og því er eðlilegt að hluti eigna sjóðanna sé fjárfestur í íslensku atvinnulífi. Einnig er kveðið á um hámark eignarhlutar í einstökum félögum.

Í 1. mgr. er lágmark fjárfestingar í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi sett 5%. Ekki mega vera neinar hömlur á viðskiptum með eignarhluti í félaginu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eftirlaunasjóði sé óheimilt að eignast meira en 10% í ákveðnu félagi með eða án atkvæðisréttar. Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja áhættudreifingu fjárfestinga auk þess að stuðla að því að með slíkum fjárfestingum séu arðsemissjónarmið látin ráða ferðinni.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er eftirlaunasjóðum heimilað að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í íbúðarhúsnæði. Jafnframt er eftirlaunasjóðum bannað að fjárfesta í atvinnuhúsnæði.

Hér er um nýjung að ræða. Ekki er talið óeðlilegt að eftirlaunasjóðir hafi val til að fjárfesta 10% af sínum eignum í íbúðarhúsnæði. Víða erlendis, sérstaklega þar sem stöðugleiki með tilliti til verðbreytinga er mikill, er hluti eigna lífeyrissjóða í fasteignum. Þetta opnar eftirlaunasjóðum einnig þann möguleika að leigja út íbúðir til sinna félagsmanna að ákveðnu marki og nýta þannig sínar fjárfestingar betur en ella í þágu sjóðfélaga. Ætlast er til að fjárfestingar eftirlaunasjóða í atvinnurekstri eigi sér stað með þeim hætti er getið er um í 21. gr. og því ekki eðlilegt að fjárfesta með beinum hætti í húsnæði til atvinnustarfsemi.

Í 2. mgr. kemur fram að eftirlaunasjóði er heimilt að yfirtaka eignir, jafnvel þótt um sé að ræða meira en 10% af eignum, til að fullnusta kröfur, þ.e. til að verja hagsmuni sína, enda sé eignin seld jafnskjótt og talið er hagkvæmt og eigi síðar en átján mánuðum frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu skal tilkynna bankaeftirlitinu sem getur krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Um 23. gr.

Í 23. gr. kemur fram að heildarfjárfesting skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. og 22. gr. má ekki fara fram úr 30% af eignum eftirlaunasjóðs. Summa einstakra liða er 35% en út frá grundvallarsjónarmiði frumvarpsins um áhættudreifingu er talið ráðlegt að summa þessara liða fari ekki yfir 30%. Þannig er betur tryggt að sjóðurinn geti staðið við ófyrirséð

sjóðsflæði á hverjum tíma. Eftirlaunasjóðir munu því að meginreglu, þ.e. 70% eigna, fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum skv. 1. mgr. 21. gr., þar á meðal framseljanlegum eignarhlutum í íslensku atvinnulífi.

Um 24. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 21. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 25. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 26. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 23. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 27. gr.

Í 27. gr. koma fram takmarkanir á fjárfestingum eftirlaunasjóða sem eru gerðar til að tryggja enn betur áhættudreifinguna í sjóðnum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 24. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, eftir því sem við á.

Um 28. gr.

Hér er sú meginregla sett að annmarkar í fjárfestingu eftirlaunasjóðs verði lagfærðir á skömmum tíma nema sérstök tilvik með tilliti til hagsmuna sjóðfélaga réttlæti lengri tímalengd og þá samkvæmt heimild bankaeftirlitsins.

Um 29. gr.

Ekki er talin ástæða til að eftirlaunasjóðir fjárfesti í lausafjármunum, nema sem lýtur að starfsemi sjóðsins.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla um bann við lántökum eftirlaunasjóða nema í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi gerir ákvæðið ráð fyrir að veita megi heimild til 10% skammtímaláns til að standa straum af réttindum launamanns, sbr. 1. tölul. Slíkt á þó einungis að gilda í skamman tíma, enda er stærstur hluti sjóðsins í vel áhættudreifðum sjóði þar sem auðvelt er að losa eignir til að mæta skuldbindingum. Í öðru lagi veitir 2. tölul. heimild til lántöku vegna fjárfestingar í fasteignum sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins, svo sem til fullnustu kröfu. Eðli málsins samkvæmt er ekki rétt að binda slík lán við skammtímalán.

Í 2. mgr. kemur fram frekari takmörkun á lánaheimildum eftirlaunasjóðs um að hæst megi lán skv. 1. mgr. nema 15% samanlagt. Þetta er gert til að minnka áhættu sjóðsins og sníða honum þrengri stakk með tilliti til lánveitinga.

Í 3. mgr. kemur fram að eftirlaunasjóði er óheimilt að veita lán til annarra en sjóðfélaga, enda er það ekki hlutverk sjóðsins að veita öðrum en sjóðfélögum lán. Þá er eftirlaunasjóði óheimilt að ganga í ábyrgð fyrir aðra eða taka að sér aðrar skuldbindingar en að framan getur. Hér er átt við t.d. lífeyrisskuldbindingar starfsmanna eftirlaunasjóða sem hluta af launakjörum.

Um 31. gr.

Ástæða þykir til að settar séu verklagsreglur um viðskipti stjórnenda og starfsmanna eftirlaunasjóðs rekstraraðila, svo og maka þeirra. Þykir rétt að slíkar reglur séu skýrar til að ekki komi til hagsmunaárekstra milli þessara aðila og eigenda sjóðsins.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að tiltekin rök verði að vera fyrir hendi svo að hafnað sé aðild að eftirlaunasjóði. Eigi slíkt sér ekki stoð í reglugerð er óheimilt að hafna aðild eða vísa manni úr sjóðnum. Ekki er algert bann við brottrekstri úr eftirlaunasjóði þar sem þannig getur staðið á að eðlilegt getur talist að vísa viðkomandi úr sjóðnum, t.d. ef viðkomandi er uppvís að svikum. Sérstök staða kemur upp ef launamaður er öryrki þegar hann sækir um inngöngu í sjóðinn. Slíkt leiðir ekki til synjunar á aðild að sjóðnum heldur einungis til skerðingar á rétti til örorkubóta hvað varðar þessa tilteknu örorku.

Um XIII. kafla.

Í XIII. kafla frumvarpsins er fjallað um ársreikning og endurskoðun hjá eftirlaunasjóðum. Ákvæðin eru efnislega samhjóða 29.–32 gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, að öðru leyti en því að í 36. gr. er lögð sú skylda á endurskoðanda að skila sérstakri skýrslu um það hvernig verðmati fasteigna í eigu sjóðsins er háttað. Ákvæðin eru byggð á hliðstæðum ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, og ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins.

Um 33.–36. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar að efni til.

Um 37. gr.

Greinin er samhjóða 33. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, að því viðbættu að bankaeftirlitið fær með ákvæðinu heimild til að afla upplýsinga hjá tryggingaeftirliti um rekstur vátryggingaverndar eftirlaunasjóða. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað ítarlega og með skýrum hætti um afturköllun fjármálaráðherra á þegar veittum starfsleyfum. Ákvæðin eru samhljóða lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

38.–40. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að núverandi lífeyrissjóðir hætti starfsemi heldur starfi áfram. Í þessari lagagrein eru tekin af öll tvímæli um það hvort núverandi lífeyrissjóðir þurfi að breyta starfsemi eða reglugerðum sínum til samræmis við hin nýju lög.

Gert er ráð fyrir að IV., VI. og VII. kafli gildi um réttindi sjóðfélaga í núverandi lífeyrissjóðum og þá um leið um starfsemi lífeyrissjóðanna. Að öðru leyti gilda eftirfarandi reglur. Haldist starfsemi lífeyrissjóðs óbreytt fyrir og eftir gildistöku laga þessara er kveðið á um það að óþarfi sé að breyta reglugerð til samræmis við þessi lög. Sé hins vegar fyrirhugað að breyta starfssviði sjóðsins má reglugerð sjóðsins ekki fara í bága við lög þessi.

Af sameignarsjóðum eru 17 með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og ríkisbanka og þrír með ábyrgð hlutafélaga en 56 án ábyrgðar launagreiðanda eða annarra aðila samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins um lífeyrissjóði sem gefin var út 1992.

Með 3. mgr. 41. gr. er girt fyrir það að þessir lífeyrissjóðir geti eða séu skuldbundir til að taka við nýjum sjóðfélögum samkvæmt öðrum inntökuskilyrðum en tíðkuðust við gildistöku laganna. Ekki er útlit fyrir að þessir sjóðir hafi áhuga á að rýmka núverandi inntökuskilyrði, heldur frekar hitt að launamenn vilji vera í slíkum sjóðum. Fyrir það er girt með þessu ákvæði. Sé ekki lagt bann við rýmkun inntökuskilyrða, þ.e. að fleiri aðilar en nú geti óskað inngöngu og fengið hana, væru aðrir lífeyrissjóðir ósamkeppnishæfir við þessa sjóði. Jafnframt stendur eftir að allflestir þessir sjóðir standa ekki undir skuldbindingum sínum, þannig að á ábyrgðaraðila munu hugsanlega falla háar fjárhæðir. Ekki getur talist rétt að auka við ábyrgðir þessara aðila með lögum þessum. Í frumvarpinu er gerður sá fyrirvari að ef það samrýmist lögum þessum og slík breyting hefur fengið staðfestingu ráðherra geti komi til þess að rýmka megi inntökuskilyrði ofangreindra sjóða.

Samkvæmt ofansögðu getur starfsemi lífeyrissjóðs í fyrsta lagi orðið óbreytt frá því sem nú er. Í öðru lagi getur hann stofnað eftirlaunasjóð skv. 18. gr. Í þriðja lagi getur lífeyrissjóður breytt starfsemi sinni til samræmis við frumvarpið. Í fjórða lagi er heimilt samkvæmt frumvarpinu að yfirtaka rekstur lífeyrissjóðs. Þetta verður að gera að undangenginni úttekt tryggingastærðfræðings á skuldbindingum sjóðsins. Ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum samkvæmt úttekt verður að skerða réttindi þar til jafnvægi kemst á.

Um 42. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að deiluaðilar geti skotið máli sínu til ráðuneytisins til úrskurðar. Rökin fyrir þessari málsmeðferð eru þau að brýna nauðsyn ber til þess fyrir launamann, atvinnurekanda eða eftirlaunasjóðinn að fá skjóta úrlausn mála. Sé hins vegar ekki vilji til að lúta ákvörðun ráðuneytisins geta deiluaðilar skotið málinu til þar til bærra dómstóla.

Um 43.–45. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um refsiviðurlög þegar ekki eru staðin skil á eftirlaunaframlagi. Það hefur verið venja að kæra atvinnurekanda fyrir fjárdrátt einungis vegna hlutar launamanns í eftirlaunaframlagi, þ.e. vegna 4% framlagsins en ekki 6%.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að allt eftirlaunaframlagið, þ.e. 13%, sé eign launamanns og þannig sé um fjárdrátt að ræða vegna alls eftirlaunaframlagsins, þ.e 13%.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 42. gr. laga, nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Í eftirlaunasjóðum geta verið miklir fjármunir. Brot á starfsskyldum og lagaákvæðum geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjóðfélagana sem treyst hafa viðkomandi til að gæta hluta launa sinna. Af þessum sökum er nauðsynlegt að kveða ítarlega á um þetta efni.

Um 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

828. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

19.2. Heilsuverndarstöð í Reykjavík skal starfrækt sem sérstök heilsuverndarstofnun fyrir landið allt og er hlutverk hennar eftirfarandi:
1. Umsjón með heilsuverndarstarfi í landinu og samræming heilsuverndar.
2. Þróun heilsuverndarstarfs, rannsóknir og kennsla heilbrigðisstétta á sviði heilsuverndar.
3. Að annast tiltekna þætti heilsugæslu og heilsuverndar í Reykjavíkurlæknishéraði og Reykjaneslæknishéraði samkvæmt samkomulagi við stjórnir heilsugæslustöðva í þeim héruðum og að fengnu samþykki ráðherra.
4. Að annast forvarnastarf og hýsa opinbera starfsemi á því sviði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

19.3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn heilsuverndarráð. Ráðið skal vera ráðherra og stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík til ráðgjafar um hvaðeina er við kemur heilsuvernd. Í ráðið skulu skipaðir níu fulltrúar. Manneldisráð, áfengisvarnaráð, tóbaksvarnanefnd, tannverndarráð og landsnefnd um alnæmisvarnir tilnefna einn fulltrúa hver. Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar skal tilnefna þrjá fulltrúa fyrir þær heilsuverndargreinar sem starfræktar eru á Heilsuverndarstöðinni og ekki eiga sérstakan fulltrúa í ráðinu. Ráðherra skipar formann heilsuverndarráðs án tilnefningar.

2. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

21.3. Um stjórn heilsugæslu í Reykjavík gildir eftirfarandi:
1. Stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík skulu skipaðar fimm mönnum. Einn stjórnarmanna skal skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður. Hann skal vera búsettur í umdæminu. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu borgarstjórnar og einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna í umdæminu.

2. Stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík, sbr. 2. mgr. 19. gr., skal skipuð af ráðherra eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Stjórnina skipa tveir fulltrúar tilnefndir af Reykjavíkurborg, einn fulltrúi kosinn af starfsmönnum stöðvarinnar og tveir fulltrúar skipaðir af heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal annar vera formaður.
3. Ráðherra setur reglur um kjör fulltrúa starfsmanna í stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík og í stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík.
4. Stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík ráða forstjóra heilsugæslu- og heilsuverndarstarfs í Reykjavík. Forstjóri skal hafa sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. og fer um mat á hæfni skv. 30. gr.
5. Ráðherra setur reglugerð í samráði við héraðslækni um fyrirkomulag og samvinnu heilsugæslustöðva innan Reykjavíkurhéraðs. Þar skal m.a. kveðið á um ráðningu forstjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi heilsuverndarlög, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæði 1. tölul. til bráðabirgða í lögum nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, sbr. samfelld lög nr. 97/1990, var kveðið á um að heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt heilsuverndarlögum, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skyldi haldast óbreytt frá því sem það var við gildistöku laganna þar til heilsugæslustöðvar hefðu verið skipulagðar til að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1991.

Ráðherra var falið að skipa þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur sem í umboði ráðherra annaðist rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og gerði í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavík tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar.

Ætlast var til að skipulag þessa efnis kæmi til framkvæmda 1. janúar 1992 og að frá og með þeim tíma féllu úr gildi heilsuverndarlög sem fyrr eru nefnd.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar lagði fram tillögur sínar í nóvember 1991, en ekki vannst tími til að taka afstöðu til þeirra fyrir 1. janúar 1992.

Í staðinn var ákvæði laganna um heilsuverndarstarf í Reykjavík framlengt um eitt ár, sbr. lög nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Nýrri stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar var, auk þess að annast rekstur hennar, falið að vinna að endanlegri gerð áætlunar um framtíðarhlutverk stöðvarinnar.

Sú vinna hefur nú farið fram í samráði við heilbrigðisráðuneytið og ráðuneytið hefur samþykkt þann starfsramma sem tillögurnar frá nóvember 1991 gera ráð fyrir.

Með vísun til þess sem hér hefur verið sagt að framan er ekki lengur ástæða til að bíða með að ákvarða Heilsuverndarstöð Reykjavíkur fastan lagalegan sess í samræmi við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem í reynd tók gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að Heilsuverndarstöð í Reykjavík verði ákveðið sérstakt verksvið og er það þríþætt:

1. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöð í Reykjavík hafi umsjón með heilsuverndarstarfi í landinu, samræmi heilsuverndarstarfið og annist þróun heilsuverndarstarfs, rannsóknir og kennslu.
2. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöðin annist tiltekna þætti heilsgæslu og heilsuvernd í Reykjavíkurlæknishéraði og Reykjaneslæknishéraði samkvæmt samkomulagi við stjórnir heilsugæslustöðva í þeim héruðum og að fengnu samþykki ráðherra.
3. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Heilsuverndarstöðin annist forvarnastarf og hýsi ýmsa opinbera starfsemi á því sviði samkvæmt ákvörðun ráðherra. Hér er átt við t.d. manneldisráð, áfengisvarnaráð, tóbaksvarnanefnd, landsnefnd um alnæmisvarnir og tannheilsumál. Í sambandi við tannheilsumál er gert ráð fyrir sameiningu umsjónar með skólatannlækningum í Reykjavík því tannheilsustarfi sem unnið hefur verið í heilbrigðisráðuneyti og því umsjónarstarfi sem unnið hefur verið í Tryggingastofnun ríkisins af tryggingatannlækni í tannheilsudeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Sem faglegur ráðgjafaraðili er gert ráð fyrir að skipað verði heilsuverndarráð sem verði ráðherra og stjórn stöðvarinnar til ráðgjafar. Í ráðinu verða níu fulltrúar, þrír frá þeim heilsuverndargreinum sem starfræktar eru nú í Heilsuverndarstöðinni en síðan er gert ráð fyrir fulltrúum frá manneldisráði, áfengisvarnaráði, tóbaksvarnanefnd, tannverndarráði og landsnefnd um alnæmisvarnir. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi formann án tilnefningar.

Hlutverk heilsuverndarráðs er svo sem fyrr segir að vera hinn faglegi ráðgjafar- og umsjónaraðili heilsuverndarstarfs í landinu.

Um 2. gr.

Í þessari lagagrein er gert ráð fyrir að 3. mgr. 21. gr. gildandi laga umorðist og er gerð sú breyting að sett er sérstök stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík sem skipuð er af ráðherra eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg, einum fulltrúa kosnum af starfsmönnum stöðvarinnar og tveimur fulltrúum sem skipaðir eru af ráðherra án tilnefningar og verður annar þeirra formaður.

Þá er gert ráð fyrir því að stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík ráði forstjóra heilsugæslu og heilsuverndarstarfs í Reykjavík því eðlilegt þykir að einn forstjóri sé fyrir heildarstarfseminni og að stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík hafi aðild að því máli á sama hátt og heilsugæslustöðvar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 1993. Við gildistöku þessara laga er gert ráð fyrir að heilsuverndarlög, nr. 44/1955, sbr. breytingu nr. 28/1957, falli úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 75/1990, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem hafa verið felld inn í lög nr. 97/1990. Í bráðabirgðaákvæðinu var kveðið á um að heilsuverndarstarf í Reykjavík skuli fara eftir lögum nr. 44/1955.

Í 1. gr. frumvarpsins er hlutverk Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík skilgreint. Helstu nýmæli eru þau að Heilsuverndarstöðin annast umsjón með heilsuvernd í landinu öllu og ýmis starfsemi er flutt til stöðvarinnar. Kveðið er á um skipun níu fulltrúa í heilsuverndarráð og er það nýlunda.

Að mati fjárlagaskrifstofu hafa umræddar breytingar í 1. gr. frumvarpsins ekki í för með sér aukin útgjöld. Um hreinan tilflutning verkefna er að ræða og eiga fjárveitingar að fylgja þeim. Ætla má að nokkur hagræðing hljótist af því að flytja starfsemi nefnda og ráða á einn stað ef rétt er haldið á málum. Hugsanlegur kostnaður af þóknun heilsuverndarráðs kemur að einhverju leyti á móti, en um óverulegan kostnað verður að ræða. Vísað er í þessu sambandi til kostnaðarmats fjárlagaskrifstofu á tillögum stjórnar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur dags. 7. júlí 1992.

2. gr. frumvarpsins er að meginefni umorðun á gildandi lögum. Einnig er kveðið á um að stjórn Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík komi að ráðningu á forstjóra heilsugæslu og heilsuverndar í Reykjavík í stað þess að stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík sjái einar um ráðningu. Breyting á orðalagi greinarinnar á ekki að hafa í för með sér efnislegar breytingar á hlutverki forstjóra frá því sem nú er. Þá er fjölgað úr þremur fulltrúum í fimm í stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík og mun það kosta um 200 þús. kr. á ári.

Framangreindar breytingar í 2. gr. frumvarpsins hafa ekki í för með sér útgjöld umfram núverandi fjárlagaramma Heilsuverndarstöðvarinnar.

Samanlagt felur frumvarpið ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkisjóð og er það í samræmi við mat embættismanna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

829. Fyrirspurn [481. mál]

til umhverfisráðherra um vatnsborð og búsvæði bleikju í Þingvallavatni.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að reglur, sem takmarka yfirborðssveiflur í Þingvallavatni vegna raforkuframleiðslu, verði hertar til að vernda betur búsvæði bleikjunnar?

830. Fyrirspurn [482. mál]

til utanríkisráðherra um útflutning á iðnvarningi tengdum sjávarútvegi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvert var verðmæti útflutts iðnvarnings, sem tengist sjávarútvegi, frá árinu 1982 til og með 1992 á föstu verðlagi?
2. Hvaða hlutfall var það af andvirði heildarútflutnings landsmanna á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

831. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um sjávarútvegsstefnu.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Hjörleifur Guttormsson, Svavar Gestsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsnefnd Alþingis að sjá um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Einnig leggi nefndin drög að mótun heildstæðrar sjávarútvegsstefnu.

Sjávarútvegsnefnd vinni að þessu verkefni í samráði við sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu, sem og samtök hagsmunaaðila, útvegsmanna, sjómanna, verkafólks og sveitarfélaga. Sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofa aðstoði nefndina og leggi henni til upplýsingar og starfsfólk eftir þörfum. Þá skal sjávarútvegsnefnd heimilt að ráða sér starfsmann meðan á þessu verki stendur og skipa starfshópa á sínum vegum og greiðist allur kostnaður af Alþingi.

Sjávarútvegsnefnd skili áfangaskýrslu og tillögum um framtíðartilhögun við stjórn fiskveiða í frumvarpsformi til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 15. september nk. Þá stefni nefndin að því að ljúka störfum og skila endanlegum tillögum um heildstæða sjávarútvegsstefnu fyrir árslok 1993.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða átti endurskoðun þeirra að fara fram fyrir árslok 1992. Sú endurskoðun átti að fara fram í samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis. Einnig skyldi haft samráð við helstu hagsmunaaðila sem tengjast sjávarútveginum.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar setti nefnd í málið sem eingöngu var skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna (tvíhöfðanefndin) en einnig aðra fjölmenna nefnd sem skipuð var hinum ýmsu hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Samráð „tvíhöfðanefndarinnar“ við sjávarútvegsnefnd Alþingis og hagsmunaaðila hefur nánast ekkert verið. Á þeim þremur fundum, sem haldnir hafa verið með formönnum „tvíhöfðanefndarinnar“ og sjávarútvegsnefnd Alþingis, hefur ekki gefist tækifæri til að fjalla um þær tillögur til úrbóta á fiskveiðistjórninni sem einstakir fulltrúar í nefndinni kynnu að hafa eða flokkar þeirra.

Ítrekað hefur verið spurt eftir tillögum „tvíhöfðanefndar“ á fundum sjávarútvegsnefndar Alþingis. Svör hafa verið með ýmsum hætti. Í febrúarbyrjun var greint frá því að tillögurnar yrðu sendar til nefndarmanna næstu daga. Á fyrsta fundi nefndarinnar í mars var gerð grein fyrir því að algjör óvissa ríkti um það hvenær tillögurnar kæmu fram.

Í Alþýðubandalaginu hafa þau sjónarmið verið ríkjandi að víðtæk samstaða þurfi að vera um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Það urðu Alþýðubandalagsmönnum þess vegna mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skyldi hrifsa málið til sín með þeim hætti sem raun ber vitni. Alþýðubandalagið hefur með margþættu starfi í stofnunum flokksins undirbúið þátttöku í mótun nýrrar fiskveiðistefnu.

Nú virðist endanlega ljóst að vonir um víðtækt samráð um málið áður en það kemur til formlegrar umfjöllunar á Alþingi séu brostnar. Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur ófært að lengur verði látið dragast að hefjast handa um starf sem hefur það að markmiði að koma á sátt í þjóðfélaginu um stjórn á nýtingu þeirrar auðlindar sem þjóðin byggir lífsgrundvöll sinn á.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins leggur þess vegna fram þessa þingsályktunartillögu sem felur í sér að Alþingi sjálft og sjávarútvegsnefnd þess taki forustu í starfi og stefnumótun á þessu sviði. Með þingsályktunartillögunni er fylgiskjal, drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, sem fyrsti flutningmaður tillögunnar, Jóhann Ársælsson, hefur haft frumkvæði um að semja í samráði við fulltrúa úr sjávarútvegsmálaráði Alþýðubandalagsins. Tilgangur með því er að kynna tillögur um breytta fiskveiðstjórnun og stuðla að því að umræða geti hafist um nýjar hugmyndir.

Lengi hefur verið á því mikil nauðsyn að fram kæmi til umræðu heildstæð tillaga eða tillögur um stjórn fiskveiða sem byggði á þeim markmiðum sem lýst er í meðfylgjandi frumvarpi og væri skýr valkostur á móti hugmyndum sem einkum hafa snúist um lagfæringar á núverandi kerfi sem hafa verið fyrirferðarmestar til þessa. Alþýðubandalagið er reiðubúið að ræða í þaula um meðfylgjandi frumvarp með það að markmiði að víðtæk samstaða geti myndast um nýskipan á stjórn fiskveiðanna.

Við umfjöllun málsins þarf að leggja sérstaka áherslu á að aðilum í sjávarútvegi verði gefið svigrúm til að aðlagast nýjum stjórnarháttum þannig að ákvarðanir sem einstök fyrirtæki hafa tekið til hagræðingar á grundvelli núgildandi kvótakerfis nýtist viðkomandi fyrirtæki eðlilega þótt annar háttur verði upp tekinn við stjórn veiðanna. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar með meðfylgjandi frumvarpi.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

(Drög, unnin af Jóhanni Ársælssyni í samráði við fulltrúa úr sjávarútvegsmálaráði Alþýðubandalagsins.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið sjávarútvegsstjórnunar er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu lífríkisins í sjónum umhverfis landið og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Allt lífríki sjávar umhverfis landið er sameign íslensku þjóðarinnar, heimildir til að nýta það í atvinnuskyni geta aldrei myndað eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir því (hvorki með beinum né óbeinum hætti).

2. gr.

Til lífríkis sjávar teljast samkvæmt lögum þessum sjávardýr, svo og sá sjávargróður í íslenskri fiskveiðilandhelgi þar sem sérlög gilda ekki.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal að fengnum tillögum sem Fiskistofa semur í samráði við Hafrannsóknastofnun ákveða með reglugerð takmarkanir veiða og aðferð við nýtingu lífríkisins í sjónum kringum landið í þeim tilgangi að tryggja hámarksarð þjóðarinnar af auðlindinni og viðhald og endurnýjun auðlindarinnar. Takmarkanirnar skulu taka mið af heildaráætlun um nýtingu stofna.

Til að nauðsynleg þekking verði ávallt til að byggja á ákvarðanir um nýtingu stofna skal Fiskistofu heimilt að láta fara fram og kosta að hluta til eða að öllu leyti eftirfarandi rannsóknir:

1. Fjölstofnarannsóknir til að hægt sé að ákveða rétta samsetningu sóknar í hinar ýmsu tegundir þannig að hámarksafrakstur náist af lífríkinu í heild.
2. Rannsóknir á áhrifum mismunandi stefnumótunar í veiðum og vinnslu á atvinnu og byggðaþróun.
3. Rannsóknir á áhrifum mismunandi veiðiaðferða til að hægt sé að ná heppilegustu samsetningu flotans og sem mestri þjóðhagslegri hagkvæmni með tilliti til gæða aflans, áhrifa veiðanna á aðrar fisktegundir og annars lífríkis í sjónum.
4. Rannsóknir á mismunandi nýtingu aflans með tilliti til þjóðhagslegs ávinnings.

Allar ákvarðanir um rannsóknir sem hér um ræðir skal Fiskistofa taka í samráði við Hafrannsóknastofnun, en Fiskistofu er þó heimilt að fela öðrum aðilum einstök rannsóknarverkefni ef hagkvæmt þykir.

Á grundvelli þeirra rannsókna, sem áður hefur verið lýst, skal semja áætlun um nýtingu fiskstofna og annars lífríkis í sjónum. Taka skal upp veiðistýringu sem byggir á áætluninni og nýjustu upplýsingum um ástand fiskstofna. Árinu er þá skipt í fjögurra mánaða tímabil, janúar til apríl, maí til ágúst og september til desember.

Takmarkanirnar, sem ákveðnar eru, gilda fyrir næstu 11 mánuði en framlengjast um fjóra mánuði eftir hvert tímabil eftir að nýjustu upplýsingar um ástand fiskstofna, veiðiafköst flotans og áhrif veiðarfæra hafa verið metin.

Ráðherra skal heimilt að fengnum tillögum sem Fiskistofa semur í samráði við Hafrannsóknastofnun að breyta áðurútgefnum sóknartakmörkunum í aðrar tegundir en þær sem tilheyra botnfisktegundum til samræmis við nýjustu upplýsingar um ástand viðkomandi stofna.

Sé að mati Fiskistofu ekki unnt að stýra sérveiðum, t.d. skelveiðum og veiðum á innfjarðarækju með sóknartakmörkunum, með viðunandi árangri skal ráðherra heimilt að staðfesta tillögur hennar um annað fyrirkomulag veiðanna. Þó er allt framsal aflaheimilda óheimilt.

II. KAFLI
Veiðistýring og veiðileyfi.

4. gr.

Fiskistofu er heimilt að beita eftirfarandi aðgerðum til að stjórna nýtingu lífríkisins í sjónum umhverfis landið:

1. Að skipta fiskimiðunum í veiðisvæði í þeim tilgangi að auðvelda takmörkun sóknar í tiltekna stofna.
2. Að beita lokunum veiðisvæða til að vernda smáfisk, skapa griðland fyrir hrygningu og koma í veg fyrir tjón á lífríkinu.
3. Að takmarka eða banna notkun tiltekinna veiðarfæra á afmörkuðu veiðisvæði.
4. Að mismuna veiðarfærum eftir eðli þeirra og áhrifa á lífríkið.
5. Að setja reglur um notkun tiltekinna veiðarfæra, svo sem um hámarkstogtíma, möskvastærð, netafjölda, línulengd og hámarkstíma veiðarfæra í sjó og gera aðrar sambærilegar ráðstafanir sem miða að því að hafa sem besta stjórn á áhrifum veiðanna á lífríkið í sjónum.
6. Að skipta fiskiskipaflotanum í útgerðarflokka með sambærilega sóknarmöguleika.
7. Að ákveða fjölda sóknardaga að teknu tillliti til vægis annarra takmarkana og friðunaraðgerða og úthluta sóknardögum til hinna ýmsu útgerðarflokka að teknu tilliti til þeirra markmiða sem felast í þessum lögum.
8. Að meta áhrif veiða fiskiskipa á fiskstofnana og lífríkið í sjónum til verðs með álagningu sérstaks gjalds (aflagjalds) sem miðast skal við magn þess afla af hverri tegund sem að landi kemur af hverju skipi. Gjaldið skal vera mismunandi hátt, bæði milli tegunda og innan hverrar tegundar, t.d. hærra fyrir smáan fisk eða lélegan. Þær veiðar, sem hagkvæmastar verða taldar fyrir nýtingu fiskstofnanna, skulu bera lægra gjald. Gjaldið skal endurskoðað eftir hvert veiðitímabil með tilliti til nýjustu rannsókna og nýjustu upplýsinga um veiðarnar.

Fiskistofu skal heimilt að taka nýjar verðákvarðanir milli verðákvörðunartímabila ef sérstakar aðstæður skapast og brýna nauðsyn ber til og öðlast þær þá gildi strax og sjávarútvegsráðherra hefur staðfest ákvörðunina.

Ráðherra skal heimilt að ákveða sérstakt gjald vegna útflutnings á óunnum fiski. Gjaldið skal greiðast af þeim aðila sem ber ábyrgð á vörunni við útflutning.

Þeir fjármunir, sem þannig innheimtast, skulu renna til Fiskistofu og nýtast með sama hætti og aflagjaldið.

5. gr.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hann hafi fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tillögu Fiskistofu að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi, sbr. 5. gr. laga nr. 36 27. maí 1992.

Leyfið má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að hafa stjórn á veiðunum. Leyfin má m.a. binda við ákveðinn fjölda skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar stunda eða hafa áður stundað. Skal umfang þessara veiða metið fyrir hvert skip og skulu aðrir veiðimöguleikar viðkomandi skips skertir samsvarandi. Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af þeim veiðum sem leyfðar eru samkvæmt þessari grein skal Fiskistofu heimilt að endurmeta þær skerðingar á almennum aflamöguleikum sem viðkomandi útgerð hefur verið látin sæta.

Það skal telja verulega breytingu á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur 20% lækkun heildaraflaverðmætis miðað við meðaltal aflaverðmætis síðustu fimm ára, miðað við fast verðlag. Þurfi Fiskistofa að endurmeta skerðingu á veiði sérveiðiskipa skal henni heimilt á næsta fjögurra mánaða tímabili að auka eða draga samsvarandi úr veiðimöguleikum annarra skipa í sama útgerðarflokki.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkunum skv. 3. og 4. gr., skulu frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni og skulu þær veiðar ekki hafa áhrif á ákvarðanir um veiðitakmarkanir viðkomandi skips vegna annarra tegunda.

Verði ákveðið að takmarka veiðar á tegundum sjávardýra, sem ekki hafa áður sætt takmörkunum, skulu þau skip, sem veiðarnar hafa stundað, hafa forgang til veiðanna en sæta sams konar mati og skerðingu ef draga þarf úr sókn og viðhaft er vegna annarra sérveiða.

6. gr.

Þau skip ein fá leyfi til veiða í atvinnuskyni sem höfðu slík leyfi fyrir gildistöku laga þessara. Hverfi skip, sem á kost á veiðileyfi skv. 1. mgr., varanlega úr rekstri má veita sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað.

7. gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

III. KAFLI
Framkvæmd og eftirlit.

8. gr.

Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu. Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 frá 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum og erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

9. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 6. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í bækurnar, form þeirra og skil til Fiskistofu.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té og í því formi sem ráðherra ákveður allar þær upplýsingar sem unnt er og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem Fiskistofa leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis Fiskistofu. Fiskistofa getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns stofunnar til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða að skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

11. gr.

Sérstök samráðsnefnd þriggja manna, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, röðun skipa í útgerðarflokka, úthlutun sérveiðiheimilda og skerðingu vegna þeirra samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gerir nefndin tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

IV. KAFLI
Aflagjald.

12. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum frá Fiskistofu, ákveða með reglugerð upphæðir aflagjalds skv. 8. tölul. 4. gr. þessara laga.

Aflagjaldið skal renna í sjóð, sjávarútvegssjóð. Sjóðurinn skal vera í vörslu Fiskistofu. Úr honum skal greiða kostnað við þær rannsóknir sem Fiskistofa telur nauðsynlegar til að hægt sé að stjórna nýtingu lífríkisins í sjónum með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru í lögum þessum.

Heimilt skal að greiða úr sjóðnum uppbætur á veiðar á vannýttum tegundum veita styrki til tilraunaveiða og tilrauna með nýjungar í sjávarútvegi.

Fiskistofu skal heimilt að leggja Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins til fjármuni í þeim tilgangi að skip verði keypt til úreldingar eða sölu úr landi og leitast þannig við að koma sóknargetu hinna ýmsu útgerðarflokka í það jafnvægi sem æskilegast er með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru um þjóðhagslega arðsemi.

Þá skal og greiða úr sjóðnum allan kostnað við veiðieftirlit ráðuneytisins nema fæðiskostnað sem viðkomandi útgerð greiðir á meðan veiðieftirlitsmaður er að störfum um borð í veiðiskipum. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipan málefna sjávarútvegssjóðsins.

V. KAFLI
Viðurlög o.fl.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 37. 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu m.a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum tegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

16. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. september 1994.

Greinargerð.

Mikil samstaða er með þjóðinni um að standa vörð um fiskstofnana og lífríkið í sjónum. Það er sú auðlind sem verið hefur burðarásinn í atvinnulífi landsmanna. Hin mikla samstaða landsmanna í baráttunni fyrir yfirráðum Íslendinga yfir fiskimiðunum í kring um landið ber gleggstan vott um það. Árhundruðum saman höfðu erlendir fiskimenn haft aðgang að miðunum við landið og full yfirráð Íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni var stórsigur í sögu þjóðarinnar. Það er þess vegna eðlilegt að flestir landsmenn líti svo á að þessi auðlind, þ.e. fiskstofnarnir og lífríkið í sjónum, sé og eigi að vera um alla framtíð sameign allrar þjóðarinnar.

Allt frá því að lög nr. 82 28. desember 1983, um breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þ.e. frá því fyrstu lögin um kvótakerfið voru sett, hefur verið mikill ágreiningur um þau og framkvæmd þeirra. Mestur hefur ágreiningurinn verið um það ígildi eignarréttar á fiskstofnunum sem felst í því að einstakar útgerðir eigi rétt á að nýta ákveðinn hluta fiskstofna og hafi leyfi til að kaupa og selja þann rétt. Í reynd hefur rétturinn til aflahlutdeildar úr einstökum fiskstofnum og frjálst framsal aflaheimilda orðið í framkvæmd ígildi eignarréttar á viðkomandi fiskstofni.

Framkvæmd laganna er því í andstöðu við það meginmarkmið um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum sem þó var sett í 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða, laga nr. 38 frá 5. maí 1990. Vegna þess að mjög mikill meiri hluti landsmanna telur að auðlindir sjávar eigi að vera ævarandi sameign þjóðarinnar hefur það vafist fyrir þeim sama meiri hluta að skilja hvernig hægt er að leyfa það fyrirkomulag, sem nú gildir, að einstaklingar og fyrirtæki í sjávarútvegi eigi ákveðna hlutdeild í hverjum fiskstofni og megi ráðstafa óveiddum fiski að vild með kaupum og sölu. Þessi tvískinnungur, sem raunverulega er í lögunum um stjórn fiskveiða og framkvæmd þeirra, er óhæfa og sú ástæða er ein og sér næg til að óhjákvæmilegt er að afleggja núgildandi kerfi. Fjölmargir aðrir annmarkar hafa hins vegar komið í ljós við framkvæmd þessara laga og skulu hér rakin fáein dæmi.

Tilflutningur veiðiheimilda hefur valdið byggðaröskun og af þeim ástæðum hafa mörg sveitarfélög orðið að leggja mikla fjármuni í kaup á veiðiheimildum eða ábyrgðir tengdar slíkum kaupum. Kvótakerfið virðist ætla að neyða þeirri stefnu upp á sveitarstjórnir að til lengri tíma litið verði þær að hafa tök á að halda veiðiheimildunum í byggðarlaginu. Verði kerfið fest endanlega í sessi munu þau byggðarlög, sem mjög eru háð fiskveiðum, verða að bregðast við með því að reyna enn frekar að ná tangarhaldi á þeim kvóta sem verður til sölu.

Þróunin hefur einnig sýnt mjög skýrt að aflaheimildir safnast á stærstu aðilana í útgerð og færast þar með úr bátaútgerð til togskipaútgerða. Svo er nú komið að einstakar togaraútgerðir láta báta fiska stóran hluta kvóta sinna og vegna hinnar miklu skerðingar, sem orðið hefur á þorskveiðiheimildum bátaflotans, geta „kvótaeigendur“ ákveðið það verð sem þeir greiða fyrir fiskinn nánast einhliða.

Sannað er að afla er kastað í sjóinn vegna kerfisins, t.d. lélegum fiski úr netum, smáum fiski, verðlitlum fiski, en einnig vegna þess að kvóti er ekki til staðar í viðkomandi tegund. Afla hefur verið landað fram hjá vigt. Tegundir afla hafa verið rangt skráðar. Gangi lítill fiskur á miðin hefur reynslan sýnt að sókn eykst verulega því að miklu meira en áður er kostað til að sækja þann kvóta sem viðkomandi útgerð hefur eignarrétt á.

Nái viðkomandi útgerð ekki að veiða sinn hlut getur hún fengið önnur skip til veiðanna og geymt hluta hans til næsta árs. Þannig verður ásókn á miðin mest þegar fiskstofnarnir eru veikastir. Þrátt fyrir að aðalmarkmið kvótakerfisins hafi verið að byggja upp fiskstofnana hefur ekkert miðað í þá átt.

Í stað þess að vera fyrst og fremst til verndunar fiskstofnunum hefur aðalhlutverk kerfisins verið að skipta með mjög flóknum og umdeilanlegum hætti réttinum til að nýta fiskstofnana milli einstaklinga og fyrirtækja.

Það er augljóst að núgildandi lög og reglur um stjórn fiskveiða hafa brugðist í grundvallaratriðum og þess vegna er nauðsyn á að snúa af þessari braut og marka nýja sem fellur betur að þeim markmiðum sem eðlilegt er að setja og lýst er hér á eftir.

Tilgangur og markmið frumvarpsins.

Höfuðtilgangur með flutningi þessa frumvarps er að koma á stjórn fiskveiða sem fullnægir betur en núgildandi kerfi þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til nýtingar þeirrar auðlindar sem þjóðin byggir tilveru sína á.

Meginmarkmiðin eru fimm:

1. *Að tryggja til frambúðar óumdeilanlegan eignarrétt og fullan ráðstöfunarrétt þjóðarinnar á auðlindum íslenska hafsvæðisins.*

Þetta markmið næst með því að fella niður núgildandi ákvæði laga um aflahlutdeild og úthlutanir aflaheimilda. Ekki verður þá lengur fyrir hendi réttur til þess að framselja aflaheimildir milli skipa og af þeim ástæðum mun ekki myndast verð á aflaheimildum. Þar með verður fullur eignar- og ráðstöfunarréttur þjóðarinnar á auðlindinni óvefengjanlegur.

2. *Að við stjórn á nýtingu auðlinda sjávar verði gætt réttlætis gagnvart byggðarlögum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og útgerðaraðilum.*

Þessu markmiði verður náð með því að færa veiðistýringuna nær fyrra horfi. Eins og áður tíðkaðist byggjast veiðimöguleikarnir samkvæmt nýja kerfinu á umráðarétti yfir skipi.

Sjávarútvegsbyggðirnar urðu til vegna nálægðar fiskimiðanna. Fiskvinnslufólk hefur tekið sér bólfestu og fjárfest í íbúðum og sameiginlegum eignum sveitarfélagsins vegna þeirrar útgerðar og fiskvinnslu sem starfrækt hefur verið í byggðinni. Sama á við um sjálfa fiskvinnsluna.

Með því að skilja á milli eignarréttar á skipunum og réttarins til þess að draga fisk úr sjó, hefur því jafnvægi sem fyrir var verið raskað. Mörg dæmi eru um að fiskur sé keyptur af kvótalitlum útgerðaraðilum á verði sem kaupandi ákveður nánast einhliða. Seljandi verður að leggja hluta síns kvóta á móti og fiskurinn er oft og tíðum fluttur þvert yfir landið til vinnslu. Þannig er eignarrétturinn á aflaheimildunum að grafa undan byggðarlögum. Útgerðaraðilar eru komnir í hlutverk vinnuvélaeigenda sem ýmist verða að sætta sig við einhliða verðlagningu kvótaeigandans eða jafnvel gera tilboð í að veiða fyrir hann.

3. *Að með stjórnkerfi fiskveiðanna verði stuðlað að bættri meðferð afla, verndun smáfisks og að því að verja lífríkið í sjónum fyrir óheppilegum áhrifum veiðarfæra og veiðiaðferða.*

Þriðja markmiðinu verður best náð með því að öll stjórntæki, sem stjórnunaraðilar hafa yfir að ráða, verði látin vinna saman í þessu augnamiði. Allar ákvarðanir um takmarkanir á veiðum verði teknar með þessi markmið í huga. Forsenda árangurs eru margvíslegar rannsóknir og aukið eftirlit. Slík rannsóknastarfsemi er í góðu horfi á vissum sviðum en mjög skortir á að næg vitneskja sé fyrir hendi á öðrum, svo sem um áhrif veiðiaðferða og veiðarfæra á stofnstærð og lífríki.

Ein aðalröksemdin fyrir kvótakerfinu hefur verið sú að frjálst framsal aflaheimilda tryggði hagræðingu í útgerð og minnkun veiðiflotans. Í frumvarpinu er stefnt að því að ná þessum markmiðum báðum með því að fækka skipum í þeim útgerðarflokkum sem ekki teljast hafa eðlileg verkefni til lengri tíma litið. Með aflagjaldinu skapast möguleikar á að veita miklum fjármunum til hagræðingar.

Með því að nota aflagjaldið til mikils sameiginlegs átaks við úreldingu þeirra skipa, sem minnstum þjóðhagslegum arði skila, fengju útgerðirnar að njóta aukinna veiðimöguleika jafnóðum án þess að einstakar útgerðir þyrftu að íþyngja sér með kaupum á skipi til úreldingar eða rándýrum kvótum.

4. *Að í stjórnkerfinu verði fólginn hvati til nýsköpunar og hagræðingar í greininni og tryggðir eðlilegir möguleikar á aðgangi nýrra aðila að atvinnurekstri í sjávarútvegi.*

Þetta markmið næst með því að:

— Gefa vel rekinni útgerð með góð skip og góðar áhafnir tækifæri til þess að njóta árangursins af því að fiska vel.
— Gera öflugt átak í krafti aflagjaldsins til úreldingar þeirra skipa sem skila minnstum þjóðhagslegum arði.
— Nýjungar í veiðarfærum og veiðiaðferðum fái að koma fram í auknum afla.
— Losa þjóðina við þau vandamál sem hafa fylgt ígildi eignarréttar á aflaheimildum. Hér er m.a. átt við það að öll verðmætamyndun í útgerð hefur skekkst vegna núgildandi kerfis fiskveiðistjórnunar. Verð á aflakvótum hefur í reynd tekið mið af jaðarkostnaði þeirra útgerða sem best hafa staðið og hafa verið að nýta sér möguleika á að sleppa við skattgreiðslur með kvótakaupum. Í upphafi umræðunnar var því haldið fram að kvótaverð myndi ráðast, þegar til lengri tíma væri litið, af kostnaðarverði nýs skips og ávöxtunarkröfunni á peningamarkaði. Þetta hefur gjörsamlega brugðist.
— Leggja af kvótakerfið og mun verðmæti útgerða þá aftur fara að ráðast af ástandi skipsins og veiðimöguleikum eins og fyrir daga þess. Nýir aðilar munu af fyrrgreindum ástæðum fá möguleika á að kaupa skip með veiðileyfi. Eftir að kvótakerfið hefur verið lagt niður verða skip og veiðiheimild óaðskiljanleg. Verð skips sem útgerðareiningar mun fara eftir þeim arði sem hægt er að hafa af rekstri þess en ekki eftir jaðarkostnaði veiðiheimilda eins og nú er.

5. *Að rannsóknir á sviði sjávarútvegs verði stórefldar til að mögulegt verði að ná þeim markmiðum sem nauðsynlegt er að setja til að tryggja hámarksafrakstur af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar.*

Þetta markmið er forsenda þess að hægt verði að stjórna nýtingu auðlindarinnar skynsamlega með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Stjórnunaraðferðin í frumvarpinu tekur mið af hagsmunum þjóðarheildarinnar. Ekki er vafi á að skynsamleg verndun lífríkisins er óhjákvæmilegur hluti slíkra markmiða. Til þess að góður árangur náist

við nýtingu auðlindarinnar verða að vera fyrir hendi umfangsmiklar rannsóknir og upplýsingar um áhrif nýtingaraðferða og umgengni við lífríkið í sjónum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er aðalmarkmiðum sjávarútvegsstjórnunar lýst. Þar er sú breyting frá gildandi lögum að í stað nytjastofna er allt lífríki sjávar umhverfis landið lýst sameign þjóðarinnar. Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða enda er það höfuðtilgangur með flutningi þessa frumvarps að tryggja til frambúðar sameiginlegan eignarrétt þjóðarinnar á þessari mikilvægustu auðlind hennar.

Reynslan af framkvæmd núgildandi laga sýnir ótvírætt að réttur til tiltekinnar aflahlutdeildar, sem gengið getur kaupum og sölum, er fullkomlega jafngildur eignarrétti á þeim hluta fiskstofnsins sem viðkomandi aðili hefur fengið úthlutað. Það virðist augljóst að festist slík viðurkenning eignarréttar á nýtingu fiskstofnanna í sessi mun þjóðin í reynd missa eignarhaldið á auðlindinni og þeir sem fara með hið raunverulega eignarhald munu smám saman fá þá kröfu sína viðurkennda að nýting auðlindarinnar skuli fyrst og fremst taka mið af hagsmunum þeirra en ekki hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Það verður að vera ákvörðunarefni stjórnvalda á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Um 2. gr.

Í greininni er lífríki sjávar skilgreint. Einnig er þar gerð grein fyrir umfangi fiskveiðilandhelginnar og er það ákvæði samhljóða núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Í greininni er Fiskistofu lögð sú skylda á herðar að gera tillögur um þær takmarkanir á nýtingu stofnanna sem nauðsynlegar eru til að tryggja hámarksarð þjóðarinnar af auðlindinni. Slíkar tillögur þurfa að byggjast á víðtækri þekkingaröflun. Þess vegna er lagt til að Fiskistofa hafi heimild til að láta þær rannsóknir fara fram sem á skortir til að næg vitneskja verði til staðar til að byggja ákvarðanir um nýtingu stofnanna á. Nauðsynlegt verður að breyta lögunum um Fiskistofu þannig að henni verði kosin stjórn í samræmi við það hlutverk sem henni er ætlað með þessu frumvarpi.

Fiskistofu er hér falið að gera áætlun um nýtingu fiskstofnanna og annars lífríkis í sjónum. Í þeirri áætlun mun koma fram hver er æskilegasta sókn í hverja tegund. Veiðistýringin skal síðan byggjast á áætluninni. Veiðitakmarkanir, sem notaðar verða til að hafa áhrif á sóknina í hinar ýmsu tegundir, skulu gefnar út með góðum fyrirvara og er hér lagt til að í stað þess að miða við heilt ár, eins og gert er í núgildandi lögum, verði árinu skipt í þrjú fjögurra mánaða tímabil, vetrar-, sumar- og haustvertíðir (þ.e. janúar til apríl, maí til ágúst og september til desember).

Þær takmarkanir, sem í gildi hafa verið, skulu metnar við lok hvers tímabils og reglur fyrir sama tímabil á næsta ári gefnar út fyrir næstu mánaðamót eftir að tímabilinu lýkur. Þannig hafa útgerðaraðilar ævinlega vitneskju um þær takmarkanir sem í gildi verða næstu 7 til 11 mánuðina. Með þessum hætti er hægt að taka jafnharðan og upplýsingar berast tillit til breytinga í lífríkinu og aðlaga sóknina í hina ýmsu stofna að þeim en þó gefa sæmilegt svigrúm fyrir útgerðina til að bregðast við breyttum reglum.

Þessi aðferð við veiðistjórnina, sem hér er lagt til að verði lögfest, er í grundvallaratriðum frábrugðin kvótakerfinu, þ.e. að þeirri skömmtun vissrar tonnatölu til viðkomandi útgerðar, sem nú viðgengst, verður hætt. Í stað þess verður álaginu á fiskimiðin stjórnað með sóknartakmörkunum. Þessi stjórnunaraðferð byggist á allt annari hugsun en felst á bak við kvótakerfið.

Mati á stærð fiskstofnanna er ætlað að vera í stöðugri endurskoðun og veiðiþol þeirra skal endurskoðað jafnharðan eftir því mati. Í matinu felst ákveðin spá um það hve mikill fiskur muni ganga á miðin. Gangi meiri fiskur á miðin en spáð var mun auðvitað fiskast betur og gangi minni fiskur á veiðislóðirnar fiskast minna. Það er því tekið mark á staðreyndum jafnskjótt og þær birtast í náttúrunni. Í núgildandi kerfi er nánast ákveðið hve mikill fiskur gangi á miðin og bregðist spáin þannig að minna verði handa flotanum til að veiða en úthlutað er hefur reynslan sýnt að það veldur gífurlegu álagi á fiskislóðunum. Vegna eignarhalds á aflaheimildunum virðast útgerðir leggja í enn meiri kostnað til að veiða upp í þær en þær annars gerðu. Nái útgerðir ekki að veiða allan kvótann má geyma hluta hans til næsta fiskveiðiárs og auk þess er réttur til að selja aflaheimildir. Það er því í núgildandi kerfi ekki tekið mark á skilaboðum náttúrunnar um að ástandið á miðunum sé verra en spáð hafði verið.

Sóknarstjórnun er mun sveigjanlegri með slíkri stjórn og kemur það strax fram í aflabrögðum ef meira eða minna af fiski gengur á miðin en áætlað hafði verið. Gert er ráð fyrir að árangur sóknarinnar, sem er auðvitað skýrasta vísbending um ástandið á miðunum, verði metinn strax að hverju fjögurra mánaða tímabili loknu og þær upplýsingar, ásamt öðrum nýjustu rannsóknum, notaðar við endurskoðun veiðiáætlunar. Veiðistýringarreglur fyrir sama tímabil að ári verði síðan gefnar út innan mánaðar frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

Sóknarstýring í aðrar tegundir sjávardýra en svokallaðar botnfisktegundir skal vera hluti af áætlun um nýtingu stofna og skal leitast við að stjórna nýtingu þeirra með sóknartakmörkunum eins og mögulegt er en þó er nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til að fengnum tillögum, sem Fiskistofa semur í samráði við Hafrannsóknastofnun, að breyta sóknartakmörkunum til samræmis við nýjustu upplýsingar um ástand viðkomandi stofna. Heimilt verður að halda óbreyttri stjórn á skelveiðum og innfjarðarækju.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru þær stjórnunaraðferðir skilgreindar sem lagt er til að Fiskistofu verði heimilað að nota til að sjórna nýtingu lífríkisins í sjónum í kringum landið. Þar er gert ráð fyrir að nota flestar þær aðferðir (að undanskildu aflamarki og aflahlutdeild) sem beitt hefur verið við núgildandi stjórnun en sumum þeirra meira og með öðrum hætti en áður.

1. Nauðsynlegt er að skipta miðunum í veiðisvæði til að unnt sé að skipuleggja sóknina.
2. Lokun veiðisvæða til að vernda smáfisk, skapa griðland fyrir hrygningu og koma í veg fyrir tjón á lífríkinu hefur verið beitt í verulegum mæli og er nauðsynlegt úrræði í mörgum tilvikum.
3. Takmörkun eða bann á notkun tiltekinna veiðarfæra á afmörkuðu veiðisvæði er eðlilegt úrræði og er þegar notað í núgildandi kerfi. Búast má við meiri notkun þess þegar meiri áhersla verður lögð á notkun vistvænna veiðarfæra og veiðunum verður meira stjórnað með sóknarstýringu.

4. Mismunun veiðarfæra og veiðiaðferða eftir eðli þeirra og áhrifa á lífríkið er skynsamleg aðferð og mun koma fram í beitingu banns eða takmörkunar veiða í tiltekin veiðarfæri á afmörkuðu veiðisvæði en einnig er hægt að beita háu aflagjaldi í sama tilgangi.
5. Reglur um notkun veiðarfæra eru mikið notaðar í núgildandi kerfi. Þeim aðferðum verður þó beitt meira vegna þess að stjórnunaraðferðin, sem hér er gerð tillaga um, byggist mest á takmörkun sóknar.
6. Skipting flotans í útgerðarflokka er nauðsynleg til að hægt sé að skipuleggja sóknina. Að hluta til er hún fyrir hendi en þarfnast endurskoðunar og samræmingar við aðra þætti þeirrar stjórnunaraðferðar sem hér er gerð tillaga um.
7. Úthlutun sóknardaga er nauðsynleg vegna þess að afkastageta flotans er of mikil. Það verður að meta fyrir hvern útgerðarflokk hve margir sóknardagar koma í hans hlut. Hér er lagt til að viðkomandi útgerð ákveði sjálf hvaða sóknardaga hún nýtir sér innan hvers tímabils en vegna þeirrar miklu áherslu, sem leggja verður á einföldun kerfisins, verður ekki leyfilegt að flytja sóknardaga milli tímabila.
8. Nýmæli er beiting aflagjaldsins til að hafa áhrif á sóknina. Það einfaldar stjórnina sem hér er gerð tillaga um þannig að ekki verður þörf á eins flókinni stýringu sóknar milli hinna ýmsu stofna.

   Gjaldinu er ætlað að hafa leiðbeinandi áhrif á útgerðina. Gjaldið skal t.d. vera hátt á afla sem fæst í veiðarfæri sem talin eru valda tjóni á lífríkinu en lágt á þeim afla sem kemur að landi úr vistvænustu veiðarfærunum.

   Gjaldinu er ætlað að hafa áhrif á meðferð afla og t.d. má hafa það hátt á smáum fiski til að draga úr ásókn í hann. Þá skal heimilt að innheimta sérstakt viðbótargjald vegna útflutnings á óunnum fiski og skal ráðherra ákveða upphæð gjaldsins að fengnum tillögum Fiskistofu.

   Gjaldi þessu er ætlað að koma í stað þeirrar kvótaskerðingar sem hefur verið beitt á undanförnum árum til að hafa áhrif á útflutning á óunnum fiski.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. núgildandi laga en einnig eru í henni ákvæði sem koma að hluta til í stað ákvæða í 7., 8. og 9. gr. Þau ákvæði, sem falla niður, eru öll í gildi nú vegna aflamarks og aflahlutdeildar.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að sams konar reglur gildi áfram um veiðileyfi og endurnýjun skipa.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 6. gr. núgildandi laga en ákvæðið um að ekki megi nota sjálfvirkan búnað til tómstundaveiða er fellt út. Ekki verður séð að ástæða sé til að amast við því þó tómstundaveiðimenn noti sjálfvirkan búnað til að veiða sér til matar ef þeir svo kjósa.

Um 8. gr.

Greinin er samsvarandi 17. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er samsvarandi 15. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er samsvarandi 16. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Líkt ákvæði er í núgildandi lögum. Nauðsynlegt er að víðtækt samráð verði haft við þá sem mestra hagsmuna hafa að gæta til að tryggja að fullrar sanngirni verði gætt þegar þær breytingar koma til framkvæmda sem felast í þessu lagafrumvarpi.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að lagt verði á sérstakt gjald „aflagjald". Hugmyndin með gjaldinu er sú að áhrif veiðanna á fiskstofnana og lífríkið verði metin og gjaldið haft mismunandi hátt eftir því hve vel sú veiðiaðferð sem í hlut á fellur að markmiðum veiðistjórnar um þjóðhagslega arðsemi. Gjaldið þarf þess vegna að vera mismunandi, t.d. hátt á smáan fisk eða lélegan og því hærra sem veiðarfærin eru talin valda meiri skaða á lífríkinu. Þannig er mögulegt að hafa áhrif á sókn í mismunandi tegundir með gjaldinu og ekki þörf á eins flóknum aðferðum til að stýra sókninni.

Ráðherra er ætlað að ákveða upphæðir gjaldsins með reglugerð að fengnum tillögum frá Fiskistofu. Gert er ráð fyrir að það renni í sjóð í vörslu Fiskistofu. Sjóðnum er ætlað það hlutverk að bera kostnað af þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru að mati Fiskistofu til að næg þekking sé fyrir hendi til að byggja ákvarðanir um stjórn á nýtingu fiskistofnana á. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða uppbætur á veiðar úr vannýttum tegundum, veita styrki til tilraunaveiða og tilrauna með nýjungar í sjávarútvegi.

Aflagjaldinu er ætlað hlutverk til hagræðingar í sjávarútvegi. Með því að veita fjármunum til Hagræðingarsjóðs til úreldingar fiskiskipa eða sölu þeirra úr landi skal leitast við að koma sóknargetu hinna ýmsu útgerðarflokka í ákjósanlegt jafnvægi. Þá er gert ráð fyrir að allur kostnaður við veiðieftirlit verði greiddur úr sjóðnum að undanskildum fæðiskostnaði veiðieftirlitsmanna meðan veiðieftirlitsmenn eru að störfum um borð.

Nauðsynlegt verður að setja sérstök lög sem kveða á um hámark aflagjaldanna, en ekki er hægt að ákveða það fyrr en ákvarðanir um fjölmörg önnur atriði liggja fyrir.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið öðlist gildi strax við samþykkt þess en kerfisbreytingin sjálf komi til framkvæmda við lok fiskveiðiársins 1993–1994. Með þessari tilhögun gefst nægur tími til að undirbúa breytinguna þannig að ákvarðanir um alla þætti veiðistjórnunarinnar verði tilkynntar með þeim fyrirvara sem ætlaður er, þ.e. að takmarkanir sem gilda skulu frá 1. september 1994 til 31. desember 1994 verði tilkynntar fyrir 1. október 1993 og síðan endurskoðaðar á fjögurra mánaða fresti frá þeim tíma.

832. Frumvarp til laga [484. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna orðast svo:

Vaxtagjöld af lánum annarra íbúða, sem framteljandi kann að eiga, mynda ekki stofn til vaxtabóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993 og eignir í lok þess árs.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að íbúðareigendur geti fengið vaxtabætur þótt þeir búi ekki í þeirri íbúð um einhvern tíma sem keypt var til eigin nota og jafnframt kveðið skýrt á um að vaxtabætur eru aðeins greiddar með einni íbúð, þeirri sem ætluð er til eigin nota.

Í ákvæðum núgildandi laga um vaxtabætur er íbúðarhúsnæði til eigin nota skilgreint þannig að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda sjálfum. Það hefur í för með sér að íbúðareigandi missir vaxtabætur þann tíma sem hann af einhverjum ástæðum dvelst ekki í íbúðinni og á ekki heimili þar og jafnvel leigir hana út.

Margvíslegar ástæður geta valdið því að íbúðareigandi dvelst ekki í eigin íbúð. Hann getur ákveðið að sækja atvinnu í önnur byggðarlög, verið í námi eða þurft vegna veikinda að flytja heimili sitt þangað sem nauðsynlega læknisþjónustu er að fá, svo fátt eitt sé nefnt.

Flutningsmönnum þykir ekki rétt að íbúðareigandi missi rétt til vaxtabóta við það eitt að búa ekki sjálfur í íbúðinni hvort heldur það er um lengri eða skemmri tíma og er því lagt til að brott falli ákvæði síðasta málsliðar 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. sem skilgreinir íbúðarhúsnæði til eigin nota þannig „að átt er við að húsnæðið sé nýtt af eiganda þess sjálfum“.

Við þessa breytingu verða vaxtagjöld, sem vaxtabætur miðast við, ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld voru í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum þar sem skilgreiningunni á íbúðarhúsnæði til eigin nota er breytt til samræmis við það sem gilti fyrir gildistöku laga, nr. 79/1989, um vaxtabætur.

Vegna þeirrar breytingar, sem að framan er rakin á hugtakinu íbúðarhúsnæði til eigin nota, er nauðsynlegt að setja ákvæði sem tekur af öll tvímæli um það að íbúðareigandi getur ekki fengið vaxtabætur með fleiri en einni íbúð og er því lagt til að málsliðurinn orðist svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins.

833. Frumvarp til laga [485. mál]

um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

I. KAFLI

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 10. gr. laganna kemur nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi: Sérstakt framlag frá Viðlagatryggingu Íslands skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

a. Í stað „⅕“ í 2. og 3. tölul. kemur: 1/10.
b. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: Greiða má allt að 1/10 hlutum af kostnaði við viðhald á varnarvirkjum.

II. KAFLI

Lög um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Árin 1994–1998 skal innheimt árlega sérstakt iðgjald af munum tryggðum skv. 1.–3. tölul. Skal það vera 10% álag á iðgjöldin og renna í ofanflóðasjóð. Um innheimtu sérstaks iðgjalds fer skv. 3.–5. mgr.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu Almannavarna ríkisins, að láta 2. gr. laga þessara gilda um framkvæmdir sem staðfestingu hlutu fyrir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er þríþættur. Í fyrsta lagi er lagt til að aukinn verði hlutur svonefnds ofanflóðasjóðs í kostnaði við varnarvirki gegn snjóflóðum og skriðuföllum úr 80% í 90%. Í öðru lagi er opnað fyrir þann möguleika að sjóðurinn taki þátt í kostnaði við viðhald varnarvirkja og í þriðja lagi er gerð tillaga um að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins með því að innheimta næstu fimm ár sérstakt iðgjald af munum sem tryggðir eru skv. 5. og 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Sögulegt yfirlit.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1985. Með þeim var stigið stórt skref til að vinna að því að verja byggð gegn ofanföllum, en svo nefnast snjóflóð og skriðuföll einu nafni. Sveitarfélögum var gert að hafa frumkvæði að varnargerð, Almannavörnum ríkisins var falið að annast hættumat, ákveðin var kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga og stofnaður var sérstakur sjóður, ofanflóðasjóður, til þess að standa undir hlut ríkisins og honum markaðir tekjustofnar.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað við gerð hættumats og allt að ⅘ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki og sama hlutfall af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu. Sveitarfélögin greiða það sem eftir stendur eða 20% kostnaðar.

Tekjustofnar ofanflóðasjóðs eru 5% af árlegum heildariðgjöldum Viðlagatryggingar Íslands, framlög úr ríkissjóði og aðrar tekjur, svo sem vaxtatekjur.

Komið að framkvæmdum.

Frá því að lögin voru sett hefur markvisst verið unnið að því að skapa forsendur fyrir vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Gerð hafa verið hæðarlínukort fyrir þá þéttbýlisstaði sem gætu hugsanlega orðið fyrir ofanföllum. Enn fremur var gert reiknilíkan til að gera hættumat og koma því í tölvuvætt form og úttekt hefur farið fram á snjóflóðasögu allra staðanna.

Á grundvelli framangreindrar vinnu hefur verið unnið að hættumati fyrir snjóflóðabyggðirnar, en það er forsenda þess að hægt sé að hefja gerð varnarvirkja.

Verkinu hefur miðað vel áfram og nú liggur fyrir hættumat á átta þéttbýliskjörnum í sjö sveitarfélögum, en talið er að meta þurfi hættu í fimm sveitarfélögum til viðbótar.

Samþykktar hafa verið tillögur um varnarvirki á tveimur stöðum, á Flateyri þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar og um fyrsta áfanga að vörnum á Seyðisfirði, og nú er unnið að tillögugerð á fleiri stöðum, svo sem Ísafirði, Neskaupstað og Siglufirði. Segja má að málið sé komið af undirbúningsstigi og framkvæmdatímabilið sé hafið og muni standa yfir næstu árin.

Kostnaður við framkvæmdir og fjárhagur sjóðsins.

Allt bendir til þess að kostnaður verði allmikill við varnirnar og mun meiri en núverandi tekjur sjóðsins standa undir og jafnframt að mörgum sveitarfélaganna muni reynast örðugt og jafnvel ókleift að standa undir hlut sínum af kostnaði.

Fyrir liggur að kostnaður á Flateyri er rúmar 54 millj. kr., kostnaður við fyrsta áfanga á Seyðisfirði er áætlaður rúmar 41 millj. kr., en það eru aðeins um 20% af varnaþörf staðarins og á Ísafirði er nú talið að nauðsynlegt varnarvirki í Hnífsdal kosti 60–70 millj. kr. Þá er fyrirsjáanlegt að kostnaður verður mikill í Neskaupstað og á Súðavík.

Heildarfjárþörf vegna framkvæmda á öllum stöðunum liggur ekki fyrir en ljóst er að um háar fjárhæðir er að ræða og nauðsynlegt að afla aukinna tekna til þess að standa undir framkvæmdum. Er lagt til að aflað verði tekna með sérstöku iðgjaldi skv. 3. gr. frumvarpsins næstu fimm ár, en að því tímabili loknu munu væntanlega liggja fyrir nokkuð endanlegar tölur um heildarkostnað og þá verður unnt að endurmeta fjárþörf og tekjustofna til ofanflóðasjóðs.

Ofanflóðasjóður.

Um síðustu áramót voru um 92 millj. kr. í ofanflóðasjóði og árlegar tekjur hans frá Viðlagatryggingu Íslands nema um 20 millj. kr., auk framlags úr ríkissjóði og vaxtatekna af eignum. Þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið samþykktar á Flateyri og Seyðisfirði, munu fara langt með að tæma sjóðinn og er því þörf á frekari tekjum ef framkvæmdir eiga að verða samfelldar. Hið sérstaka iðgjald, sem lagt er til að tekið verði upp, mun samkvæmt áætlun skila um 40 millj. kr. árlega eða samtals um 200 millj. kr. á næstu fimm árum. Að mati flutningsmanna ætti það að nægja til þess að standa undir tillögum um aukinn kostnaðarhlut ofanflóðasjóðs og auk þess styrkja stöðu sjóðsins til að standa undir 80% kostnaðarins sem nú er hlutur hans samkvæmt lögum. Engu að síður má ætla að ríkissjóður þurfi að auka framlög sín á þessu árabili, en hann hefur lagt fram um 6 millj. kr. árlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að styrkja fjárhagslega stöðu ofanflóðasjóðs er lagt til að í sjóðinn renni næstu fimm árin sérstakt iðgjald frá Viðlagatryggingu Íslands.

Um 2. gr.

Samkvæmt tillögugreininni hækkar kostnaðarhlutur ofanflóðasjóðs úr 80 í 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir varnarvirkja og enn fremur kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði til rannsókna.

Þá er lagt til að bætt verði í lögin ákvæði sem heimilar ofanflóðasjóði að greiða kostnað vegna viðhalds varnarvirkja allt að 90%.

Um 3. gr.

Lagt er til að lagt verði á og innheimt verði sérstakt iðgjald næstu fimm árin, 1994–1998, er verði 10% af iðgjaldi muna, tryggðra skv. 1.–3. tölul. 11. gr. laganna, og renni það í ofanflóðasjóð. Þeir munir, sem um ræðir, eru eignir sem skylt er að vátryggja skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna og munir sem vátryggðir eru skv. 6. gr. Enn fremur er lagt til að sjóðnum verði heimilt að greiða hlut í viðhaldi varnarvirkja allt að 90%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að félagsmálaráðherra geti, að fenginni tillögu Almannavarna ríkisins, beitt 2. gr. frumvarpsins, þ.e. hækkað kostnaðarhlut ofanflóðasjóðs úr 80% í 90% af þeim framkvæmdum sem staðfestingu hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara. Ætlunin er að ákvæðinu verði einkum beitt í kostnaðarsömum verkefnum, svo sem á Flateyri og Seyðisfirði.

Fylgiskjal I.

Almannavarnir ríkisins:

Minnisblað.

(9. desember 1992.)

Hættumati vegna snjóflóða er lokið á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Flateyri, Ísafirði (og Hnífsdal), Súðavík, Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað. Álitið er að rétt sé að hættumeta einnig Ólafsvík, Tálknafjörð, Bíldudal, Súgandafjörð og Ólafsfjörð.

Gert er ráð fyrir að ofangreindir staðir verði endurmetnir með hliðsjón af nýju reiknilíkani sem verið er að ljúka við og byggir á betri eðlisfræðilegum grunni en það líkan sem notað hefur verið. Verða þeir staðir, sem enn eru ómetnir, látnir bíða eftir því.

Búið er að byggja fyrsta hluta varnarvirkja á Flateyri og stefnt að því að halda áfram með verkið og ljúka því á næsta sumri. Á Ísafirði er verið að vinna að tillögum um varnarleiðir, aðallega vegna Hnífdals.

Búið er að samþykkja tillögur bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um fyrsta áfanga að vörnum þar og er verið að vinna að málinu af hálfu bæjarstjórnar.

Önnur sveitarfélög hafa ekki lagt fram tillögur að vörnum, en samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum fara þau með frumkvæði í þeim málum.

Guðjón Petersen.

Fylgiskjal II.

Ofanflóðasjóður.

Rekstraryfirlit 1991:	*1991*	*1990*
Tekjur:		
Framlag frá Viðlagatryggingu	20.768.000	19.063.000
Framlag ríkissjóðs	6.380.000	3.351.000
Vaxtatekjur	8.518.312	4.616.334
Samtals	**35.666.312**	**27.030.334**
Gjöld:		
Úthlutun bóta	503.000	6.000.000
Rannsóknir	4.585.702	5.889.507
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	4.742.274	3.349.918
Samtals	**9.830.976**	**15.239.425**
Tekjuafgangur	**25.835.336**	**11.790.909**

Efnahagsyfirlit 31. desember 1991:	*1991*	*1990*
Eignir:		
Bankainnstæða	6.009.612	4.870.858
Ríkisvíxlar	35.955.126	39.778.075
Landsbankavíxlar	30.445.342	0
Inneign hjá Viðlagatryggingu	20.768.000	19.063.000
Eignir samtals	**93.178.080**	**63.711.933**
Skuldir og eigið fé:		
Skuldir:		
Fyrir fram innborgaðir vextir	574.863	1.686.326
Eigið fé:		
Frá fyrra ári	62.025.607	46.884.780
Tekjuafgangur ársins	25.835.336	11.790.909
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	4.742.274	3.349.918
Samtals	**92.603.217**	**62.025.607**
Skuldir og eigið fé samtals	**93.178.080**	**63.711.933**

Fjögur fylgiskjöl voru birt í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um fskj. III og IV vísast til lausaskjalsins. Á fskj. III voru prentuð lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, og á fskj. IV 5., 6. og 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

834. Frumvarp til laga [486. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
A-HLUTI

	Reikningur 1991
Tekjur	
Beinir skattar	20.992.703
Óbeinir skattar	76.781.256
Aðrar tekjur	755.908
Tekjur samtals	**98.529.867**
Fjármunatekjur	**7.449.585**
Tekjur alls	**105.979.452**
Gjöld	
Launagjöld	33.764.246
Ýmis rekstrargjöld	22.092.761
Eignakaup	3.177.541
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	56.216.258
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
Sértekjur stofnana	-8.782.710
Gjöld samtals	**106.468.096**
Fjármagnskostnaður	**12.961.616**
Gjöld alls	**119.429.712**
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	**-13.450.260**

	Reikningur 1991
Sundurliðun gjalda á ráðuneyti	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.053.771
01 Forsætisráðuneyti	3.616.118
02 Menntamálaráðuneyti	16.894.909
03 Utanríkisráðuneyti	1.570.571
04 Landbúnaðarráðuneyti	5.654.283
05 Sjávarútvegsráðuneyti	999.923
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.008.534
07 Félagsmálaráðuneyti	4.947.362
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	45.024.639
09 Fjármálaráðuneyti	19.889.871
10 Samgönguráðuneyti	7.799.025
11 Iðnaðarráðuneyti	1.279.033
12 Viðskiptaráðuneyti	5.017.142
13 Hagstofa Íslands	139.709
14 Umhverfisráðuneyti	534.823
Samtals	**119.429.712**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður	**282.516**
Ríkisféhirðir	2.361
Aðrir ríkisaðilar	280.155
Bankainnstæður	**1.966.451**
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	437.324
Innlendar innlánsstofnanir	1.049.092
Erlendar innlánsstofnanir	480.035
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**26.750.327**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	24.153.613
Markaðar ríkistekjur	2.295.542
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Fyrirframgreiddar geymdar markaðar tekjur	91.140
Skammtímakröfur, aðrar	**10.071.008**
Fyrirframgreidd gjöld	38.233
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	2.318.117
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	7.277.409
Veitt stutt lán	437.249
Sjóður og skammtímakröfur samtals	**39.070.302**
Vöru- og efnisbirgðir	**195.030**
Veltufjármunir samtals	**39.265.332**

	Reikningur 1991
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**21.996.813**
Stofnanir í A-hluta	5.864
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	14.429.486
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.729.971
Lánastofnanir	515.103
Sveitarfélög	154.864
Aðrir	3.161.525
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**15.446.077**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7.372.573
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.311.025
Lánastofnanir	2.821.774
Sveitarfélög	209.732
Aðrir	1.730.973
Veitt löng lán til erlendra aðila	**21.919**
Langtímakröfur samtals	**37.464.809**
Áhættufjármunir	**3.048.823**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.780.588
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.268.235
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**40.513.632**
EIGNIR ALLS	**79.778.964**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
A-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**6.831.745**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	5.848.966
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	936.380
Innlánsstofnanir	46.399
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**386.012**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	175.980
Innheimtufé fyrir aðra	210.032
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**119.531**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	67.227
Innheimtufé fyrir aðra	52.304
Skammtímaskuldir, aðrar	**20.587.614**
Ógreidd gjöld	2.532.545
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	3.648.701
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	4.507.878
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	9.501.447
Tekin stutt lán, innlend önnur	397.043
Skammtímaskuldir samtals	**27.924.902**

	Reikningur 1991
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**46.304.439**
Stofnanir í A-hluta	107.554
Seðlabanki Íslands	19.421
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	84.549
Innlánsstofnanir	6.037.853
Lánastofnanir, innlendar	2.043.634
Sveitarfélög	1.192.736
Aðrir	36.818.692
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**3.499.759**
Seðlabanki Íslands	738.056
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	5.321
Innlánsstofnanir	22.208
Lánastofnanir	2.727.237
Aðrir	6.937
Tekin löng lán, erlend	**67.953.125**
Tekin löng lán samtals	**117.757.323**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**10.490.966**
Langtímaskuldir samtals	**128.248.289**
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	**55.014.791**
Skuldir alls	**211.187.982**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-113.337.836
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	474.081
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-5.095.004
Tekjur umfram gjöld	-13.450.259
Höfuðstóll í árslok samtals	**131.409.018**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**79.778.964**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1991
B-HLUTI

	Reikningur 1991
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	35.638.148
Seldir happdrættismiðar	1.483.367
Aðrar rekstrartekjur	227.739
Samtals	**37.349.254**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	9.013.187
Laun og launatengd gjöld	8.483.038
Happdrættisvinningar	929.104
Önnur rekstrargjöld	10.993.129
Afskriftir	3.279.780
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-1.240.597
Samtals	**31.457.641**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**5.891.613**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	9.744.691
Vaxtagjöld	-10.171.113
Arður af hlutabréfum	1.127
Endurmat, tekjufært	9.205.009
Endurmat, gjaldfært	-5.624.121
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	876.579
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-3.436.576
Samtals	**595.596**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**6.487.209**
Óreglulegar tekjur	248.492
Óregluleg gjöld	-5.816.868
Framlög og tilfærslur	6.903.681
Hagnaður til ráðstöfunar	**7.822.514**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1991
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**5.159.959**
Sjóður	234.898
Banki	4.925.061
Skammtímakröfur	**17.793.974**
Fyrirframgreiddur kostnaður	243.392
Viðskiptareikningur	9.010.346
Veitt stutt lán	8.540.236
Vöru- og efnisbirgðir	**2.580.084**
Veltufjármunir samtals	**25.534.017**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**148.933.750**
Langtímakröfur/veitt löng lán	157.384.108
Hlutafé og stofnfjárframlög	360.246
Afskriftareikningur útlána	-8.810.604
Varanlegir rekstrarfjármunir	**43.160.133**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.116.476
Rannsóknartæki	4.267
Farartæki og vélar	9.292.714
Fasteignir	23.028.020
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.569.790
Aðrar eignir	148.866
Fastafjármunir samtals	**192.093.883**
EIGNIR ALLS	**217.627.900**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1991
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**266.362**
Aðrar skamtímaskuldir	**12.365.626**
Ógreidd gjöld	2.343.550
Viðskiptareikningar	6.832.744
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	-
Tekin stutt lán	3.189.332
Skammtímaskuldir samtals	**12.631.988**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**119.478.325**
Skuldir samtals	**132.110.313**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**523.520**
Endurmatsreikningar	**54.951.302**
Höfuðstóll	**30.042.765**
Eigið fé alls	**85.517.587**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**217.627.900**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis í janúar 1993.

1. Helstu niðurstöður.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 13.450 m.kr., en var árið á undan neikvæð um 11.287 m.kr. Heildartekjur námu 105.980 m.kr. og hækka frá fyrra ári um 11.243 m.kr. eða 11,9%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 119.430 m.kr. á árinu, en voru árið áður 106.024 m.kr. Hækkun milli ára er 13.406 m.kr. eða 12,6%. Meðalhækkun verðlags milli áranna 1990 og 1991 á mælikvarða landsframleiðslu er 7,4%, þannig að raunhækkun gjalda nemur tæplega 5%.

	Ríkis-reikningur 1990 m.kr.	Ríkis-reikningur 1991 m.kr.	Greiðslu-uppgjör 1992 m.kr.	Mismunur[1] m.kr.
Tekjur	94.737	105.980	99.953	6.027
Gjöld	106.024	119.430	112.487	6.943
Gjöld umfram tekjur	11.287	13.450	12.534	916

1) Í ríkisreikningi er tekið tillit til skuldbreytinga og krafna sem ekki hafa komið til greiðslu eða innheimtu.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins er afkoman ívið betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eins og taflan hér að ofan sýnir.

Tekjur eru alls 6,0 milljörðum króna hærri í reikningsuppgjöri sem skýrist af því að álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð eru 1,7 milljarðar króna hækkun beinna skatta og 1,6 milljarðar króna vegna óbeinna skatta. Þá eru áfallnar en óinnheimtar vaxtatekjur 1,7 milljarðar króna.

Frávik frá gjöldum eru 6,9 milljarðar króna. Ef taldir eru upp helstu liðir þá er þar í fyrsta lagi um að ræða yfirteknar skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð rúmlega 1,6 milljarðar króna og vegna Byggðastofnunar 1,2 milljarðar króna. Í öðru lagi voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 1,2 milljarðar króna til kaupa á fullvirðisrétti og greiðslu förgunarbóta vegna nýs búvörusamnings. Í þriðja lagi eru gjaldfærðar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða 1,8 milljarðar króna umfram greiðslur. Loks eru áfallnir vextir, umfram greidda, 2,5 milljarðar króna. Á móti þessu vegur að í greiðsluuppgjöri eru færðar til gjalda greiðslur sem koma til lækkunar skuldbindingar fyrri ára. Er hér einkum um að ræða ýmsar greiðslur vegna landbúnaðarmála.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu og framvindu ríkisfjármála á árinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 og skýrslu fjármálaráðherra frá því í febrúar á síðasta ári um ríkisfjármál 1991. Fjármálaráðherra vill gera tvö mál að umfjöllunarefni í þessum athugasemdum, annars vegar uppgjörsreglur ríkisreiknings og hins vegar innheimtu opinberra gjalda.

2. Uppgjörsreglur ríkisreiknings.

Ríkisendurskoðun gerir í áritun sinni athugasemd við færslu á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Þar sem þessi athugasemd er í mótsögn við þá stefnu sem mörkuð var með uppgjöri ríkisreiknings 1989 og Ríkisendurskoðun var aðili að þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir þessari færslu og hver staða Framkvæmdasjóðs er gagnvart ríkissjóði.

Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum. Breytingarnar voru gerðar að tillögu ríkisreikningsnefndar og fela þær í sér að færa í ríkisreikningi allar áfallnar kröfur og skuldbindingar ríkissjóðs. Áður höfðu slíkar skuldbindingar komið til færslu þegar Alþingi samþykkti greiðsluheimild til verksins.

Með þessum breytta færsluhætti fæst réttari mynd af efnahag ríkissjóðs og raunverulegt rekstrarumfang á árinu er sýnt þar sem gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Tilgangurinn er að tryggja sem réttasta mynd af eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs og koma í veg fyrir að upplýsingum sé misvísað milli ára.

Það sem hér um ræðir er að Alþingi hefur jöfnum höndum með almennum lögum eða sérlögum lagt ýmsar fjárhagslegar skuldbindingar á ríkissjóð. Veigamestu dæmin um þetta eru ríkisábyrgðir, sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum og lífeyrisskuldbindingar. Þessar skuldbindingar falla til með ýmsu móti og án þess að Alþingi hafi bein áhrif á eða fái beinlínis við ráðið. Þegar slíkar skuldbindingar hafa fallið til hefur Alþingi hins vegar þurft að veita heimildir til greiðslu þeirra. Slíkar heimildir ráða tímasetningu greiðslna en breyta engu um skuldbindinguna sem þegar hefur myndast vegna fyrri lagasetningar.

Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur Ríkisendurskoðun að þessa skuldbindingu hafi átt að færa í ríkisreikningi 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi með formlegum hætti heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, ber ríkissjóður fulla ábyrgð á skuldbindingum hans. Ljóst var í árslok 1991 að eigið fé sjóðsins var þá orðið neikvætt um nær 1.700 m.kr. vegna tapa sem orðið höfðu á árinu 1991 eða fyrr. Enn fremur hafði Alþingi í byrjun árs 1992 heimilað yfirtöku á svipaðri fjárhæð, jafnframt því að leggja starfsemi sjóðsins niður og færa efnahag hans sem deild í Lánasýslu ríkisins. Á þessum forsendum var ákveðið að færa til gjalda tapaðar kröfur Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikning 1991 eins og gert var í reikningum sjóðsins. Var um þá niðurstöðu leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum.

Það leiðir af þeim breytingum, sem ákveðnar voru með uppgjöri ríkisreiknings 1989 að skuldbindingar, sem ríkissjóður stofnar til eða á hann falla á árinu, séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þannig er t.d. nú lagt mat á skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum eftir stöðu verkefna í vegagerð, hafnargerð og byggingarframkvæmdum og þær færðar til bókar óháð greiðslum. Þar ræður ekki samþykkt Alþingis á greiðsluheimild til verkefnisins heldur hvort ríkissjóður telst ábyrgur fyrir skuldbindingunni. Á það sama við um áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs.

Ágreiningur Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis felst í því að Ríkisendurskoðun telur að ekki megi undir neinum kringumstæðum bókfæra yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum hans nema að undangenginni staðfestingu Alþingis í hverju tilviki. Er það óháð því hvort fyrir liggi skýlaus ábyrgð ríkissjóðs í lögum. Fjármálaráðuneytið lítur hins vegar svo á að markmið reikningsskilanna sé að sýna ávallt stöðu ríkissjóðs eins

og hún er best þekkt á hverjum tíma. Hvað snertir uppgjör Framkvæmdasjóðs Íslands telur ráðuneytið að lagasetning Alþingis um sjóðinn feli í sér afdráttarlausa ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hans og að undan þeim verði ekki vikist.

Á árinu 1991 lá ljóst fyrir hvert stefndi í fjármálum Framkvæmdasjóðs eins og kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágústmánuði á því ári. Undir lok ársins var lagt fram frumvarp sem fól í sér að starfsemi sjóðsins skyldi lögð niður. Jafnframt var lögð til sú breyting í frumvarpi til lánsfjárlaga að ríkissjóður yfirtæki lán sem stæðu á móti töpuðum og afskrifuðum kröfum sjóðsins. Ábyrgð ríkissjóðs var öllum ljós með hliðsjón af lögum um sjóðinn. Því var ekki talið verjandi að sleppa þessum staðreyndum í reikningsskilum ríkissjóðs fyrir árið 1991, ella hefði reikningurinn sýnt betri efnahag ríkissjóðs en vitað var á þeim tíma.

Í framhaldi af þessu má velta fyrir sér áhrifum þess ef skuldbindingar eru ekki færðar til bókar án staðfestingar Alþingis eins og Ríkisendurskoðun leiðir rök að. Að því er best verður séð felur þetta í sér að óheimilt er að bókfæra skuldbindingar sem verða til á grundvelli almennra laga án staðfestingar Alþingis. Dæmi um þetta eru ýmsar sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Með því móti væri stigið skref aftur til þess tíma er greiðsluheimildir Alþingis einar réðu því hvenær skuldbindingar koma til bókunar. Ríkisendurskoðun gæti þannig ekki lagt sjálfstætt mat á það hvenær skuldbindingar væru færðar í ríkisreikning heldur væri það háð því að lagt væri fram frumvarp þess efnis og Alþingi afgreiddi það. Slíkt stangast á við viðurkenndar reikningsskilareglur. Ráðherra, sem vildi sýna góða stöðu ríkissjóðs á tilteknu ári, gæti þannig einfaldlega frestað framlagningu frumvarps til formlegrar staðfestingar á niðurstöðu sem efnislega lá þó fyrir. Til frekari skýringar mætti jafna þessu við það að hluthafafundur þyrfti að samþykkja færslu tiltekinna ábyrgða eða að bankaráð hefði síðasta orðið um mat á fjárhæð afskrifaðra lána sem færð yrðu í ársreikningi. Það mundi hins vegar stangast á við viðurkenndar venjur endurskoðenda og skerða sjálfstæði þeirra til að taka efnislega afstöðu til færslu ábyrgða.

Niðurstaða ráðuneytisins var því sú að sýna yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991. Á undanförnum árum hefur verið beitt mjög varfærnu mati við færslu á töpuðum útlánum eða kröfum. Ekki hefur verið lagt í afskriftarsjóð til að mæta líklegum áföllum og vitað er um lán og ábyrgðir sem eiga vafalítið eftir að falla á ríkissjóð. Því má með réttu halda fram að enn skorti nokkuð á að ná því marki að gera fulla grein fyrir áföllnum skuldbindingum í ríkisreikningi. Færsla á yfirteknum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands í ríkisreikningi 1991 er þó mikilvægt skref í þá átt.

3. Innheimta opinberra gjalda.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1991 er vikið að innheimtu ríkissjóðsgjalda á því ári. Eru þar gerðar réttmætar athugasemdir um ýmsa þætti og veittar gagnlegar ábendingar. Engu að síður er framsetning sumra talna í skýrslunni hæpin og vafasamar ályktanir dregnar.

Fjármálaráðuneytið vill sérstaklega gera athugasemd við umfjöllun um innheimtu staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts. Í framsetningu Ríkisendurskoðunar er blandað saman innheimtutölum margra ára og eftirstöðvum frá fyrri árum bætt við innheimtustofn þess árs sem fjallað er um og ályktað um innheimtu á þeim grundvelli. Þessi aðferð leiðir vitaskuld til rangrar niðurstöðu um árangur innheimtu.

Í jafnviðamiklum kerfum og hér um ræðir — í hvoru um sig eru innheimtir um og yfir 40 milljarðar króna — verða á hverjum tíma til nokkrar eftirstöðvar. Stór hluti þeirra eru kröfur sem innheimtast að litlum hluta, alls ekki eða ekki á réttum tíma.

Annars vegar er hér um að ræða áætlanir skattstjóra á þá aðila sem ekki skila skýrslum um virðisaukaskatt eða skilagreinum staðgreiðslu á réttum tíma. Þessar áætlanir eru m.a. notaðar til að knýja fram skil á skýrslum og skilagreinum. Þær eru yfirleitt verulega hærri en endanleg álagning verður þegar gögn berast. Af skiljanlegum ástæðum tekur nokkurn tíma að fá rétt skýrsluskil og í mörgum tilvikum koma þau alls ekki, t.d. vegna þess að viðkomandi aðili er hættur starfsemi. Þannig eru inni í kerfinu umframáætlanir sem safnast upp sem eftirstöðvar.

Hins vegar eru í innheimtu kröfur á aðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta. Eftir að bú er tekið til skipta geta innheimtumenn ríkissjóðs ekki gert annað en að bíða þess að kröfurnar verði greiddar við skipti, sem sjaldan er, eða eru afskrifaðar í framhaldi af skiptunum. Eins og kunnugt er geta gjaldþrotaskipti dregist mjög lengi og því safnast þessar kröfur upp sem eftirstöðvar.

Enn eitt atriði sem taka þarf tillit til eru dráttarvextir. Þar sem dráttarvextir eru reiknaðir á allar gjaldfallnar ógreiddar fjárhæðir, þar með taldar umframáætlanir og kröfur í gjaldþrotabú, safnast þeir einnig upp í kerfinu og ýkja þá skekkju sem að framan er rakin. Framangreind atriði leiða til þess að með aðferð Ríkisendurskoðunar verða eftirstöðvar ofáætlaðar sem nemur umframáætlunum og töpuðum kröfum og aukning eftirstöðva milli ára er ofmetin. Enn fremur mun innheimtuhlutfall, eins og Ríkisendurskoðun reiknar það, fara stöðugt lækkandi ár frá ári þar til vissu marki er náð. Á það einnig við þótt innheimta sé stöðug og góð.

Hér á eftir verður greint frá nokkrum talnalegum staðreyndum um innheimtu staðgreiðslu og virðisaukaskatts frá því að þessi skattheimtukerfi voru tekin upp. Sú aðferð, sem hér er notuð til þess að meta innheimtu, byggist á því að bera saman álagningu vegna tiltekins árs og innheimtu sömu álagningar hvort sem hún gjaldfellur eða greiðist á sama ári eða síðar. Af þessum ástæðum er ekki fullt talnalegt samræmi milli eftirfarandi talna og ríkisreiknings sem miðar innheimtutölur við greiðslur á reikningsárinu, óháð því hvenær krafa myndast.

Staðgreiðsla. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu staðgreiðslu áranna 1988–91 eins og hún var 1. apríl 1992. Tölur ársins 1991 eru þó miðaðar við byrjun september 1992.

Tölurnar miðast við álagningu staðgreiðslu á launagreiðslur hvers árs um sig. Í fyrstu töflunni er gerð grein fyrir höfuðstól staðgreiðslu áranna 1988–91. Áætlanir skattstjóra á þá aðila, sem ekki skiluðu skilagreinum, eru meðtaldar, en tekið er tillit til skattbreytinga sem gerðar hafa verið. Þá sýnir taflan hvað innheimst hafði af þessum höfuðstól, hverjar eftirstöðvar voru og hlutfall innheimtu og eftirstöðva af höfuðstól.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1.4.1992[1] m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	20.651	20.344	308	98,51	1,49
1989	25.019	24.649	370	98,52	1,48
1990	30.757	30.307	449	98,54	1,46
1991	34.491	34.003	488	98,59	1,41
Samtals	**110.918**	**109.303**	**1.615**	**98,54**	**1,46**

1) 6.9. 1992 vegna ársins 1991.

Eins og fram kemur er innheimtuhlutfallið nánast hið sama fyrir árin 1988–91 eða rúmlega 98,5%. Eftirstöðvar sem hlutfall af álagningu eru svipaðar frá ári til árs og hafa farið lækkandi ef eitthvað er.

Gjaldþrot hafa veruleg áhrif á innheimtu. Af þeim 1,6 milljörðum króna, sem ekki höfðu innheimst, sbr. framangreint, voru rúmlega helmingur kröfur í þrotabú. Nákvæmar tölur um kröfur í þrotabú fyrir árið 1991 liggja ekki fyrir. Vegna áranna 1988–90 eru óinnheimtar kröfur rúmlega 1,1 milljarður króna. Af þeim eru um 800 milljónir króna kröfur í þrotabú, en innan við 300 milljónir króna eru kröfur á aðra. Í eftirfarandi töflu hafa þrotabú verið tekin út úr talnasafninu og lítur hún þannig út fyrir árin 1988 til 1990.

	Álagning, höfuðstóll m.kr.	Innheimt af höfuðstól 1. 4. 1992 m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %	Eftirstöðvar %
1988	18.569	18.532	36	99,81	0,19
1989	23.175	23.094	81	99,66	0,34
1990	29.204	29.028	176	99,40	0,60
Samtals	**70.948**	**70.654**	**293**	**99,59**	**0,41**

Eftirstöðvar staðgreiðslu frá árunum 1988–90 hjá öðrum en þrotabúum er 0,2–0,6% af höfuðstól álagningar eða um 300 milljónir króna af álagningu sem nemur um 71 milljarði króna á sömu aðila. Mismun á milli ára má m.a. rekja til þess að mislangur tími er liðinn frá álagningu en oft tekur langan tíma að ljúka málum hvort sem er með breytingu á áætlun, innheimtu eða afskrift kröfu. Ekki virðist ástæða til að ætla að marktæk breyting hafi orðið á innheimtu staðgreiðslu á árinu 1991 frá því sem áður var.

Reynsla af innheimtu staðgreiðslu á fyrstu fjórum árum hennar verður í heild að teljast viðunandi. Eftirstöðvar höfuðstóls vegna áranna 1988–90 eru innan við 300 milljónir króna, að frátöldum þrotabúum. Það er innan við 0,5% af álagningu staðgreiðslu sem nam rúmlega 70 milljörðum króna.

Virðisaukaskattur. Eftirfarandi tafla sýnir álagningu virðisaukaskatts á veltu áranna 1990 og 1991 og hvað innheimst hafði af höfuðstól álagningar 31. desember árið eftir.

	Höfuðstóll álagningar án álags[1] m.kr.	Innheimt af höfuðstól 31.12. ári síðar m.kr.	Eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Innheimta %
1990	38.980	38.078	902	97,7
1991	44.118	42.834	1.284	97,1
Samtals	**83.098**	**80.912**	**2.186**	**97,4**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Óinnheimtar eftirstöðvar vegna þessara ára eru tæplega 2,2 milljarðar króna af rúmlega 83 milljarða króna álagningu og er innheimtuhlutfallið rúmlega 97%.

Áætlanir skattstjóra gera samanburð á innheimtuárangri milli ára erfiðan. Í tölunum eru innifaldar um 650 milljóna króna áætlanir vegna ársins 1990 en um 900 milljónir króna vegna ársins 1991. Í eftirfarandi töflu hafa áætlanir skattstjóra verið dregnar frá álagningu og miðað er við að allar greiðslur hafi verið vegna álagningar samkvæmt skýrslum, en ekki vegna áætlana.

	Höfuðstóll álagningar án áætlana[1] m.kr.	Innheimt 31. 12. ári síðar m.kr.	Áætlaðar eftirstöðvar höfuðstóls m.kr.	Áætluð innheimta %
1990	38.329	38.078	251	99,3
1991	43.211	42.834	377	99,1
Samtals	**81.540**	**80.912**	**628**	**99,2**

1) 5.3. 1991 vegna ársins 1990, 31.12. 1992 vegna ársins 1991.

Miðað við þessar forsendur eru eftirstöðvar vegna álagningar taldar vera rúmlega 600 milljónir króna eða innan við 1%. Reikna má með að eitthvað sé greitt upp í áætlanir skattstjóra. Innheimtuhlutfallið er af þeim sökum ofmetið hér, en vanmetið í fyrra dæminu.

Áhrif áætlana eru meiri síðara árið en hið fyrra. Aukning þeirra milli ára virðist þó ekki stafa af verri skýrsluskilum. Má ályktа það af samanburði á álagningu ásamt breytingum á innheimtu höfuðstóls og endurgreiðslum vegna matvöru, vinnu á byggingarstað og til sveitarfélaga og ríkisstofnana. Vakin skal athygli á því að í eftirfarandi töflu er um að ræða álagningu á veltu hvers árs um sig og innheimtu hennar, óháð reikningsári.

	1990[1]	1991[1]	Mismunur	
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Álagður virðisaukaskattur	38.980	44.118	5.138	13,2
Virðisaukaskattur án áætlana	38.329	43.211	4.882	12,7
Innheimt af álagningu	38.078	42.834	4.756	12,5
Endurgreiðslur	2.342	2.570	228	9,7
Innheimta — endurgreiðslur	35.736	40.264	4.528	12,7

1) Álagningartölur og innheimta óháð reikningsári.

Þessi tafla ber með sér að álagningartölur án áætlana vaxa meira milli ára en sem nemur almennum verðlags- og veltubreytingum í þjóðfélaginu. Bendir það ekki til lakari skattskila. Endurgreiðslur úr kerfinu vaxa minna á milli ára en álagning og innheimta sem bendir ekki til þess að endurgreiðslurnar séu sá veikleiki sem Ríkisendurskoðun telur.

Reynsla af innheimtu virðisaukaskatts á tveimur fyrstu árum þess kerfis gefur til kynna að um það bil einu ári eftir skilalok fyrir hvort ár um sig hafi náðst að innheimta u.þ.b. 98% af höfuðstól álagningar þegar tekið hefur verið tillit til áætlana. Gera má ráð fyrir að á sama tíma séu eftirstöðvar af höfuðstól 500–700 milljónir króna vegna hvors árs að teknu tilliti til umframáætlana. Þar af er hluti eftirstöðvanna hjá þrotabúum.

835. Fyrirspurn [487. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðsluerfiðleikalán.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins veiti greiðsluerfiðleikalán?

836. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: Það sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Télécommunications, Nice 1989) og þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum.

Almennt fjarskiptanet: Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en hljóðvarpi og sjónvarpi.

Talsímaþjónusta: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að hver notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengipunkt.

Nettengipunktur: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

Notendabúnaður: Búnaður ætlaður til að tengjast almennu fjarskiptaneti, þ.e.:
a. er ætlað að vera beint tengdur við nettengipunkt almenns fjarskiptakerfis eða
b. er ætlað að virka með almennu fjarskiptaneti beint eða óbeint tengdur við nettengipunkt á netinu í þeim tilgangi að senda, meðhöndla eða taka á móti upplýsingum. Tenging getur verið með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

Grunnþjónusta: Fjarskiptaþjónusta sem gefur kost á flutningi merkja milli þeirra staða þar sem skil eru milli nets og notanda.

Virðisaukandi þjónusta: Fjarskiptaþjónusta þar sem bætt er við grunnþjónustu þáttum sem auka verðmæti þjónustunnar.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ríkið hefur einkarétt á að veita talsímaþjónustu á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi og að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd þessa einkaréttar.

Samgönguráðherra getur heimilað aðilum með staðfestu rétt innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES, að reka ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu, aðra en talsímaþjónustu á almennum fjarskiptanetum, að uppfylltum skilyrðum sem sett verða fyrir viðkomandi þjónustu.

Samgönguráðherra setur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Þau skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt verði jafnræðis. Rökstuðningur skal fylgja synjun leyfisumsóknar.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu sem er í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að annast sölu á notendabúnaði.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að selja sérhverja tegund fjarskiptaþjónustu og búnað að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda gagnvart öðrum aðilum.

Samgönguráðherra getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptanet til eigin nota eingöngu sem ekki verða nýtt fyrir aðra aðila og ekki tengd almennum fjarskiptanetum.

Fjarskipti, sem ekki fara um fjarskiptavirki ríkisins, þegar eingöngu er um að ræða boð eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar búnað er tengja á við almennt fjarskiptanet, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Fjarskiptaeftirlits ríkisins um að hver og ein tegund eða gerð tegundar búnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur sem gilda þar um. Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Fjarskiptaeftirlitinu fullnægjandi.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu fjarskiptavirkja skulu hafa til þess tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur mælt svo fyrir að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Ráðherra getur heimilað með reglugerð að einstaklingar, félög og stofnanir setji upp jarðstöðvar til móttöku á sjónvarpsefni til eigin nota.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

5. gr.

Í stað 7.–9. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Fjarskiptaeftirlit ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Fjarskiptaeftirlit ríkisins annast útgáfu leyfisbréfa, eftirlit með gerð búnaðar og lögboðuðum tækniforskriftum, úthlutun tíðna og eftirlit með skilmálum um notkun. Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir þjónustu Fjarskiptaeftirlits ríkisins.

b. (8. gr.)

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin hefur einkarétt á.

Við ákvörðun gjalda í samkeppnisgreinum fjarskiptaþjónustu skal taka mið af kostnaði.

c. (9. gr.)

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur. Honum er heimilt að setja reglugerðir á sviði fjarskipta að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Í leyfisbréfum, er Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja sem leyfisbréfið hljóðar um sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða brot á þeim skyldum sömu viðurlögum og brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

837. Frumvarp til laga [488. mál]

um félagslega aðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir.

Bætur félagslegrar aðstoðar greiðast eingöngu þeim sem lögheimili eiga hér á landi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna og reglugerða sem sett eru með stoð í þeim.

Lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skal annast greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12. gr.

Kostnaður við bætur félagslegrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjáraukalaga hverju sinni.

2. gr.

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggi staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	12.000 kr.
Með tveimur börnum	60.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 44. gr. laga um almannatryggingar. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og

þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Ungmennið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Tryggingaráði er og heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

4. gr.

Heimilt er að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.247 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.912 kr., á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisstjórna samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst. mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

5. gr.

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

6. gr.

Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 15.448 kr. á mánuði.

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri er heimilt að greiða bætur í 12 mánuði til viðbótar, 11.583 á mánuði kr.

7. gr.

Heimilt er að greiða konu, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en hann lést.

Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar þegar lífeyrisréttur stofnaðist og lögheimilistíma þess hjónanna sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a.m.k. 40 ár og aldur konunnar a.m.k. 60 ár greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar í 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Heimilt er að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri þótt hún hafi verið yngri er maður hennar lést, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður ef ekkja gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð.

Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera 147.948 kr.

8. gr.

Heimilt er þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að viðkomandi gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

9. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót 7.711 kr. á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skal lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum.

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga skal hann til viðbótar við heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót 5.304 kr. á mánuði.

10. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess.

11. gr.

Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunarbótaþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar.

Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

12. gr.

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegar aðstoðar eftir því sem við á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps til laga um almannatryggingar. Vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar er nauðsynlegt að gera glöggan greinarmun á bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð. Í frumvarp þetta hafa því verið flutt þau ákvæði lífeyristryggingakafla almannatrygginga sem eru í raun ákvæði um félagslega aðstoð. Greinarnar eru samhljóða þeim ákvæðum almannatryggingalaga sem um viðkomandi aðstoð fjölluðu að öðru leyti en því að þetta frumvarp gerir alls staðar ráð fyrir að um heimildarákvæði sé að ræða. Um nánari skýringar vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um almannatryggingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er talið upp hvaða stuðningur það er sem telst til félagslegrar aðstoðar. Tekið er fram að bæturnar séu eingöngu greiddar þeim sem lögheimili eiga hér á landi. Þá er ákveðið að lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skuli annast afgreiðslu umsókna um félagslega aðstoð. Loks er skýrt tekið fram að kostnaður af þessum stuðningi sé fjármagnaður af ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga og fjáraukalaga hverju sinni.

Um 2. gr.

Samhljóða 16. gr. laga um almannatryggingar (var 15. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin) eins og henni var breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða lokamálsgrein 15. gr. laga um almannatryggingar að öðru leyti en því að bætt hefur verið inn ákvæði um heimild tryggingaráðs til að úrskurða barnalífeyri með ungmenni í námi ef ókleift er að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr barnalaga, nr. 20/1992.

Um 4. gr.

Samhljóða 13. gr. laga um almannatryggingar eins og henni var bætt inn nýrri með lögum nr. 79/1991.

Um 5. gr.

Samhljóða 14. gr. laga um almannatryggingar (var 13. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin).

Um 6. gr.

Samhljóða 18. gr. laga um almannatryggingar (var 17. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin).

Um 7. gr.

Samhljóða 19. gr. laga um almannatryggingar (var 18. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin). Þó er bætt inn að ekkjulífeyrir falli niður ef kona tekur upp óvígða sambúð. Samkvæmt gildandi lögum fellur ekkjulífeyrir einungis niður við hjúskap.

Um 8. gr.

Samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar.

Um 9.–11. gr.

Samhljóða 3.–5. mgr. 20. gr. (var 19. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í lögin) laga um almannatryggingar.

Um 12. gr.

Með breyttum reglum um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra geta útgjöld í undantekningartilvikum orðið veruleg. Til að tryggja að þessi útgjöld verði aldrei fjárhagsleg ofraun fyrir sjúkratryggða er hér sett heimildarákvæði um endurgreiðslu TR á þessum kostnaði að hluta eða að fullu. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til tekna við mat á þessu atriði og að öðru leyti sé fylgt reglum sem ráðherra setur.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laga um almannatryggingar, svo sem um umsókn bóta, afgreiðslu og hækkun gildi um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

838. Frumvarp til laga [489. mál]

um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Hver grein tryggginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðherra skipar og skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, og tryggingalækni, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

Heimilt er að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

5. gr.

Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög þessi ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

7. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá fjögurra mánaða frestinum.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sl. ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

II. KAFLI
Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

B. Bætur.

11. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 147.948 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi, a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 853.397 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum er tryggingaráð metur jafngildar.

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

12. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem lögheimili eiga á Íslandi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, eru á aldrinum 16–67 ára og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í eitt ár ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér lögheimili;

b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 147.948 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 4. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 871.373 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum.

13. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

14. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili, a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 4. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans, a.m.k. tvö síðustu árin áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest ef sýnt þykir að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir gæslu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

15. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur, þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fimm mánuði frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sex mánuði.
d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1.032–2.064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1.031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.

e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.
g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þann mánuð.
j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.
m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.
p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

17. gr.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 210.989 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 210.989 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

18. gr.

Við ákvörðun um hækkanir bóta skv. 17. gr skulu umsóknir rökstuddar t.d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

Með reglugerð skal fjárhæðum 17. gr. breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufjárhæðir skv. 17. gr. gildi um lífeyristekjur en aðrar tekjur.

C. Tekjur.

19. gr.

Kostnaður vegna lífeyristrygginga almannatrygginga greiðist úr ríkissjóði, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

20. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert haga áætlanagerð sinni vegna útgjalda lífeyristrygginga fyrir næsta almanaksár í samræmi við reglur fjárlagagerðar og senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til frekari meðferðar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, skv. II. og III. kafla laga þessara.

Árleg heildarútgjöld lífeyristrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

21. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna skv. 19. og 20. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum greiðslum í byrjun hvers mánaðar.

III. KAFLI
Slysatryggingar.

A. Almenn ákvæði.

22. gr.

Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttaæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 24. eða 25. gr.

Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.
b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

23. gr.

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum kafla skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið.

Ef sá sem átti að tilkynna slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysi varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur þó að lengri tími líði ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

24. gr.

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.
d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslensks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess sem erlendis starfa.

Launþegi telst hver sá sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað.

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12–16 ára.
b. Atvinnurekendum sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
c. Launþegum sem að staðaldri vinna störf sem falla undir ákvæði 4. mgr. 24. gr.

Þeir sem heimilisstörf stunda geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur skv. b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

B. Bætur.

26. gr.

Bætur slysatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

27. gr.

Nú veldur bótaskylt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:
   a. Læknishjálp samkvæmt samningum sjúkratrygginga.
   b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færist þó yfir á sjúkratryggingarnar þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.
   c. Lyf og umbúðir.

d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.
e. Gervilimi eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.
f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.
g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.

2. Að hluta skal greiða:
a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða.
b. Að ¾ kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl skal greiða ferð með áætlunarflugvél að ¾.

3. Heimilt er að greiða:
a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.
b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.
c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

28. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru 665,70 kr. á dag fyrir hvern einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu er hann stundaði er slysið varð og mega ekki ásamt vinnutekjum

nema meira en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda sem tryggð eru skv. a-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 25. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

29. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulífeyri eftir reglum 3. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir. Skerðingarákvæði 4. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liða 1. mgr. 30. gr.

Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Þó skal heimilt að greiða bætur vegna f-liðar 1. mgr. 24. gr. í þessum tilvikum í samræmi við nánari reglur sem ráðherra setur.

30. gr.

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, 15.448 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar áður en bætur hafa verið greiddar að fullu og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
b. Barnalífeyri, 123.600 kr. á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en 193.055 kr. og allt að 579.165 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur ef örorka er minni en 33%.

Bætur skv. a- og c-liðum skulu eigi vera lægri en 128.924 kr. fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum og skal þá bæta slysið með 270.281 kr. sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur er greiddar hafa verið í einu lagi skv. 4. mgr. 29. gr. vegna sama slyss.

C. Tekjur.

31. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Launþegar skv. c-lið 25. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í e- og f-liðum 24. gr.

Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum.

Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau sem nefnd eru í 1. og 3. mgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.

IV. KAFLI
Sjúkratryggingar.

A. Almenn ákvæði.

32. gr.

Sá sem eignast lögheimili í landinu, sbr. 1. gr laga um lögheimili, nr. 21/1990, verður sjúkratryggður einu ári eftir að lögheimilisbreyting er tilkynnt, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingu, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum, þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett ákvæði í reglugerð um undanþágur frá eins árs lögheimilisskilyrði, um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

B. Bætur.

33. gr.

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.

c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.
d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.
f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a- og b-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

34. gr.

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum, sbr. þó ákvæði 35. og 39. gr. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

35. gr.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

36. gr.

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálp sem hér segir:

a. Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.
b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.
c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.
d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 900 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
e. Sjúkradagpeningar skv. 38. gr.
f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 39. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.
g. Tannlækningar skv. 37. gr.
h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 100 kr. fyrir hverja ferð.
i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 2.400 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist ⅞ af fargjaldi fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 37. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

37. gr.

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglinga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglinga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

38. gr.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema 526,20 kr. fyrir einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags vinnu, en a.m.k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum ½ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku, allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum er tilgreini vinnutíma, greidd laun og kennitölu viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. Umsækjandi, sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu skv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

39. gr.

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig tilnefnir Hæstiréttur þá sem vanta kann.

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánu samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 34. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

40. gr.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

41. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

C. Tekjur.

42. gr.

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggingannna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með reglulegum greiðslum í hverjum mánuði.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

A. Bætur.

43. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 30. gr. og allar aðrar bætur.
b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
c. Slysadagpeningar og ellilífeyrir.
d. Örorkulífeyrir/slysalífeyrir og bætur skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.
e. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er sjúkratryggður, greiða sjúkratryggingar gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.170 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við árstekjur sem nema 223.754 kr. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

44. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

45. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd ef um er að ræða barnalífeyri.

46. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

47. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfólk Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnunarinnar.

48. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur skv. II. kafla, aðrar en lífeyrir skv. III. kafla, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

49. gr.

Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

50. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

51. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins án þess að til komi framsal. Endurkröfurétturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda að því er varðar bætur vegna slysa er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

52. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

53. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

54. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðst rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili sjúkratryggðra.

55. gr.

Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 65. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

B. Um iðgjöld, innheimtu o.fl.

56. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

Í reglugerð skv. 4. mgr. 31. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

57. gr.

Iðgjöld til slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

58. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. vegna sjómanna og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

C. Önnur ákvæði.

59. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag skv. 1. mgr. 20. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi skv. 2. mgr. 31. gr. Fé, sem ekki þarf að nota til dagslegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

60. gr.

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um fjárhæð meðlags og aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúrskurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

61. gr.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 60. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 60. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd sk. 4. mgr. 60. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

62. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

63. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

64. gr.

Ráðherra getur ákveðið að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

65. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 55. gr. og 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða.

66. gr.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 60. gr. í samræmi við það. Heimilt skal að fjárhæðir skv. 17. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. málsl. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 60. gr. Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 4. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 17. gr.

67. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.

68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þó skulu ákvæði laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, um slysatryggingu ökumanna gilda til 31. desember 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga nr. 67/1971, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. mgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi og skal þá einungis reikna til réttindatíma skv. 12. gr. þann tíma sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.
3. Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar.
4. Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.
5. Hafi tannrétting sannanlega hafist fyrir 1. nóvember 1989 skal henni lokið samkvæmt ákvæðum sem giltu fyrir 1. janúar 1990, sbr. og lokamálsgrein þessa töluliðar.

   Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. laganna skulu þeir sem njóta áttu endurgreiðslna fyrir tannréttingar á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda hafi þeir sent umsóknir sínar hér að lútandi fyrir 15. mars 1992 á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunarinnar í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

   Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.
6. Þær konur, sem við gildistöku laganna fá greiddan ekkjulífeyri, skulu eiga rétt á þeirri greiðslu til 67 ára aldurs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Gildandi lög um almannatryggingar nr. 67/1971 gengu í gildi 1. janúar 1972. Lögunum hefur á liðnum tveimur áratugum verið breytt liðlega sextíu sinnum. Þótt ýmsar þessar breytingar hafi verið allumfangsmiklar hafa lögin aldrei verið endurútgefin á þessu tímabili. Á hinn bóginn hefur Tryggingastofnun ríkisins gefið út handbók með lögunum þar sem breytingar hafa verið felldar inn. Lögin hafa verið gefin út með þessum hætti á nokkurra ára fresti.

Í byrjun ársins 1992 var ákveðið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að nauðsynlegt væri að undirbúa endurútgáfu laga um almannatryggingar. Fljótlega kom hins vegar í ljós að við síendurteknar breytingar höfðu eyður myndast í lögin og jafnvel að núm-

er greina hefði raskast. Niðurstaðan varð því sú að nauðsynlegt væri að fella lögin saman og leggja þau þannig fyrir Alþingi ásamt þeim breytingum sem gera þyrfti á þeim vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er því annars vegar samfelling laganna og hins vegar nauðsynlegar breytingar vegna EES-samningsins. Jafnframt hafa ýmis ákvæði laganna, sem í raun voru orðin úrelt vegna eldri breytinga, verið felld niður. Þá hefur orðalag nokkurra ákvæða verið lagað að breyttri framkvæmd. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á viðkomandi ákvæði.

Reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.

Grunnurinn að reglum Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga er lagður í 51. gr. Rómarsáttmálans.

Í því skyni að ná settum markmiðum á þessu sviði setti ráðið árið 1958 reglugerð um félagslegt öryggi launþega sem flytjast milli aðildarríkja. Í lok sjötta áratugarins þótti tímabært að endurskoða reglugerð þessa í heild sinni, bæði í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd hennar og eins með hliðsjón af breytingum á löggjöf aðildarríkjanna. Var þá sett ný reglugerð, reglugerð nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Ári síðar var sett sérstök framkvæmdareglugerð með 1408, reglugerð nr. 574/72. Fyrrnefnda reglugerðin gengur undir heitinu 1408 en hin síðari er kölluð framkvæmdareglugerðin. Þessum reglugerðum hefur oftsinnis verið breytt á undanförnum tuttugu árum.

Þó svo að 51. gr. Rómarsáttmálans og upphaflegt heiti 1408 nefni eingöngu launþega þá hefur gildissvið 1408 verið útvíkkað til að ná einnig til einstaklinga sem starfa sjálfstætt. Einstaklingar, sem stunda nám en ekki launaða vinnu, teljast á hinn bóginn ekki verndaðir af 51. gr. Rómarsáttmálans. Ákvæði 51. gr. Rómarsáttmálans og 1408 eru nauðsynlegar viðbætur við reglurnar um frjálsa för fólks sem um er fjallað í 48.–50. gr. sáttmálans. Tilgangur þeirra er að tryggja það að launþegi eða einstaklingur, sem starfar sjálfstætt og kýs að vinna og dveljast í öðru aðildarríki en heimaríkinu, missi í engu almannatryggingaréttindi vegna flutningsins milli landa. Reglurnar ryðja þannig úr vegi hluta þeirra hindrana sem verða á vegi einstaklinga sem kjósa að sækja atvinnu annars staðar en í heimalandi sínu.

Þessi tilgangur með reglunum er mikilvægur og hefur Evrópudómstóllinn margsinnis staðfest að ákvæði 48.–51. gr. Rómarsáttmálans hafi þýðingu fyrir túlkun reglugerðarinnar 1408/71. Þannig hefur dómstóllinn lýst ákveðin ákvæði 1408 ógild með vísun í tilgang og markmið þessara ákvæða Rómarsáttmálans.

Þá er þess og að geta að 1408 er einnig talin hvíla á 2. og 7. gr. Rómarsáttmálans og er til þessara greina vísað í inngangskafla reglugerðarinnar. Í 2. gr. sáttmálans er fjallað um markmið bandalagsins en 7. gr. fjallar um bann við hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis.

Rétt er að leggja áherslu á og undirstrika að reglur EB á sviði almannatrygginga stefna ekki að því að koma á sameiginlegu almannatryggingakerfi í aðildarríkjunum. Reglunum er ætlað að tryggja samspil almannatryggingalöggjafar aðildarríkjanna. Ákvæði 51. gr. Rómarsáttmálans kemur ekki í veg fyrir að reglur aðildarríkjanna á sviði almannatrygginga séu ólíkar bæði að formi og efni þannig að réttindi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda geta verið mismunandi eftir því hvar þeir starfa.

Markmið reglugerðar 1408/71 og framkvæmdareglugerðar 574/72 er að tryggja samræmda og samfellda beitingu löggjafar aðildarríkjanna á sviði almannatrygginga gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem skipta um vinnustað eða dvalarstað innan Evrópubandalagsins. Reglugerðirnar samræma ekki löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði. Þær eru hins vegar viðbót við almannatryggingareglur aðildarríkjanna, en koma að jafnaði ekki í staðinn fyrir almannatryggingalöggjöf þeirra.

Reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar launþega og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda hvíla á fjórum meginstoðum: jafnræðisreglunni, samlagningarreglunni, útflutningsreglunni og hlutfallsreglunni (pro rata temporis reglunni).

Jafnræðisreglan. Jafnræðisreglan byggir á 7. gr. Rómarsáttmálans sem tryggir að launþegar og einstaklingar, sem starfa sjálfstætt, skuli, að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra, standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi Evrópubandalagsríkis. Þá byggir reglan og á 1. mgr. 3. gr. 1408.

Af þessu leiðir að ef almannatryggingalöggjöf viðkomandi lands hefur að geyma skilyrði um ríkisborgararétt má ekki beita þessu skilyrði gagnvart þeim sem heyra undir gildissvið 1408. Á sama hátt er óheimilt að gera þá kröfu til launþega frá öðru EB-ríki að hann dvelji ákveðinn tíma í landinu áður en um hann fara að gilda sömu ákvæði og um ríkisborgara viðkomandi lands.

Samlagningarreglan. Samlagningarreglan, sem byggir beint á 51. gr. Rómarsáttmálans, tryggir að launþegar og einstaklingar, sem starfa sjálfstætt, missa í engu áunnin réttindi eða réttindi sem þeir eru um það bil að ávinna sér, þó svo að þeir flytjist til eða hefji störf í öðru aðildarríki. Í samlagningarreglunni felst að ef löggjöf lands hefur t.d. að geyma ákvæði um það að launþegi skuli hafa verið tryggður eða starfað í ákveðinn tíma áður en hann öðlast rétt til bóta skal við ákvörðunina um það hvort skilyrði þessu sé fullnægt taka tillit til að launþeginn hefur verið tryggður eða unnið í öðru aðildarríki.

Þetta þýðir að tryggingatímabil, starfstímabil og búsetutímabil sem áunnin eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis skal telja með eins og þau væru áunnin samkvæmt löggjöf viðkomandi lands. Ef um er að ræða aðild að sjóði eða samlagi, svo sem atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasamlagi, hefur samlagningarreglan þau áhrif að viðkomandi getur flust beint úr sjóði eða samlagi í einu aðildarlandi yfir í sjóð eða samlag í öðru aðildarríki. Ef rétturinn til bótagreiðslu úr sjúkrasamlagi er bundinn ákveðnu tímalengdarskilyrði tryggir samlagningarreglan að réttur til bótagreiðslu stofnast þegar í stað hafi viðkomandi verið tryggður í sjúkrasamlagi í öðru aðildarríki jafnlangan tíma og skilyrði er sett um.

Útflutningsreglan. Útflutningsreglan, sem byggir einnig beint á 51. gr. Rómarsáttmálans, hefur í för með sér að almannatryggingabætur skal greiða hvarvetna innan Evrópubandalagsins. Reglan er einnig ítrekuð í 10. gr. 1408.

Reglunni er þannig ætlað að tryggja hinn tryggða gegn tekjutapi eingöngu af þeirri ástæðu að hann kýs að flytja frá því landi sem hann á rétt á bótunum í.

Útflutningsreglan er mismunandi eftir því hvort um er að ræða útflutning á peningabótum, svo sem dagpeningum eða lífeyri, eða sjúkrahjálp, t.d. læknishjálp eða sjúkrahúsdvöl.

Um sjúkrahjálpina gildir sú meginregla að hún er greidd í samræmi við löggjöf þess ríkis sem hinn bótaþeginn býr í eða dvelst í án tillits til þess hvort hann heyri undir löggjöf þess ríkis. Útflutningurinn felst í því að stofnun í því landi, sem bótaþeginn telst tryggður, skal endurgreiða stofnun í dvalarlandinu þann kostnað sem hún hafði af sjúkrahjálpinni við bótaþegann. Ef landamærastarfsmaður, sem býr í Þýskalandi og vinnur í Danmörku, veikist í Þýskalandi fær hann læknishjálp samkvæmt þýskri löggjöf. En þar sem hann starfar í Danmörku telst hann tryggður þar og danska sjúkrasamlagið verður því að endurgreiða þýsku sjúkratryggingunni þann kostnað sem hún hefur haft af sjúkrahjálp við manninn.

Um peningagreiðslur gildir sú regla að þær eru inntar af hendi í samræmi við löggjöf þess lands þar sem viðkomandi telst tryggður. Peningagreiðslurnar á að greiða honum án tillits til þess hvort hann búi í öðru aðildarríki. Tvennt kemur til greina varðandi peningasendinguna, annaðhvort er hægt að senda viðkomandi peningana beint eða í gegnum stofnun í því ríki þar sem hann býr.

Mismunandi aðferðir á útflutningi bóta eftir því hvort um peningagreiðslur eða sjúkrahjálp er að ræða hvíla á tvennum rökum. Annars vegar því að erfitt er með öðrum hætti að veita sjúkrahjálp þegar hinn tryggði dvelst utan þess lands sem hann telst tryggður í. Hins vegar er tiltölulega auðvelt að senda peninga yfir landamæri.

Hlutfallsreglan. Hlutfallsreglan tryggir bótaþega hlutfallsgreiðslu ef hann, vegna breytinga á vinnustað, hefur ekki náð því að vinna sér inn nægileg réttindi til að tryggja fullar bætur. Reglan er ekki almenn að því leyti að henni er ekki beitt um allar greiðslur bóta. Beiting reglunnar er takmörkuð við greiðslur sem hvíla á söfnun, þ.e. lífeyrisgreiðslur og í ákveðnum tilvikum bætur samkvæmt löggjöf um slysatryggingu vegna atvinnusjúkdóma.

Ef lífeyrir er greiddur samkvæmt hlutfallsreglunni hefur það í för með sér að lífeyririnn, sem greiddur er, er hlutfall af tryggingatímabili eða búsetutímabili viðkomandi í aðildarríkinu. Regluna verður að skoða í ljósi ákvæða 1408 um lífeyri. Samkvæmt þeim skulu launþegi og einstaklingur, sem starfar sjálfstætt, fá lífeyri frá hverju því landi þar sem hann hefur unnið eða starfað sjálfstætt. Þegar eftirlaunaaldri er náð á viðkomandi ekki eingöngu rétt á lífeyri frá einu landi heldur verður lífeyrir hans samsettur af hlutalífeyri frá hverju þeirra landa sem hann hefur starfað eða verið búsettur í.

Reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um almannatryggingar og afleiðingar fyrir lög um almannatryggingar.

Með samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafa EFTA-löndin ákveðið að hlíta reglum EB á sviði almannatrygginga. Um þetta mál er fjallað í 29. gr. samningsins sem er svohljóðandi:

1. Til að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga skulu samningsaðilar á sviði almannatrygginga, í samræmi við VI. viðauka, einkum tryggja launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum og þeim sem þeir framfæra að:

a) lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta;

b) bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yfirráðasvæði samningsaðila.

Í VI. viðauka samningsins er að finna þær breytingar sem gera þarf á viðaukum reglugerða nr. 1408/71 og 574/72 vegna almannatryggingareglna EFTA-landanna.

Samanburður á íslenskri löggjöf á sviði almannatrygginga og reglum EB á þessu sviði hefur leitt í ljós að íslensku lögin eru í nokkrum atriðum ósamrýmanleg. Þær breytingar, sem þarf að gera á íslenskum almannatryggingalögum, lúta að því að tryggja það að meginreglurnar fjórar séu ekki brotnar. Íslensk almannatryggingalög gera hvergi kröfu um íslenskt ríkisfang þannig að það kallar ekki á breytingu. Hins vegar þarf að taka af öll tvímæli um að það sé ekki háð heimild tryggingaráðs að aðrar bætur almannatrygginga en grunnlífeyrir séu greiddar úr landi. Þá þarf að bæta inn í lög um almannatryggingar ákvæði um að almannatryggingabætur annars staðar frá dragist frá almannatryggingabótum hér á landi. Ákvæði af þessu tagi á að tryggja að bótaþegi fái aldrei bætur oftar en einu sinni fyrir sama tryggingatímabilið. Ákvæðið er mikilvægt vegna þess að tryggingakerfi EES-ríkjanna byggja ýmist á búsetu eða vinnu og því ekki óhugsandi að einstaklingur geti áunnið sér tvöfaldan rétt.

Ein helsta breytingin á almannatryggingalögum hér á landi vegna reglna EB á sviði almannatrygginga er sú að tryggja þarf að í ákvæðum laga um almannatryggingar séu engin ákvæði um bætur sem í raun eru bætur af félagslegum toga.

Eins og fyrr hefur verið rakið verður að flytja bætur almannatrygginga milli landa í samræmi við þann rétt sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér í landinu. Þar sem kerfi félagslegrar aðstoðar hér á landi er skammt á veg komið hefur verið gripið til þess ráðs gegnum tíðina að setja inn í almannatryggingalög ýmis ákvæði um aðstoð sem ber frekar keim félagslegrar aðstoðar en almannatrygginga.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, hafa öll slík ákvæði verið felld út og sett í frumvarp til laga um félagslega aðstoð sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með þessu móti er tryggt að við munum ekki þurfa að flytja milli landa þessar bætur því bætur félagslegrar aðstoðar er ekki skylda að flytja milli landa líkt og bætur almannatrygginga.

Framkvæmd almannatryggingalaga mun breytast nokkuð. Hingað til hefur tíðkast að ellilífeyrisþegar, sem búa erlendis, annars staðar en á Norðurlöndum, fá eingöngu grunnlífeyrinn héðan frá Íslandi þrátt fyrir þá heimild sem tryggingaráð hefur haft. Þessari heimild hefur mjög takmarkað verið beitt gagnvart ellilífeyrisþegum sem búsettir eru í útlöndum. Þá þarf einnig að líta á framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins varðandi örorkulífeyrisbætur. Er ekki að efa að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu mun kalla á mun strangara eftirlit með bótagreiðslum, ekki síst þeim sem greiddar eru úr landi. Auk þess mun aðildin kalla á mikla vinnu í tengslum við öll þau eyðublöð sem fylgja reglugerðum EB á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laganna.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laganna. Jafnframt er bætt við greinina nýrri málsgrein um ráðningu tryggingatannlæknis. Heimildin til ráðningar tryggingatannlæknis var áður í 44. gr. laganna. Heimildin er hér útvíkkuð með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á fyrirkomulagi tannverndarmála þannig að Tryggingastofnun geti samið við utanaðkomandi aðila um þetta eftirlit.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. laganna að öðru leyti en því að tekið er tillit til þess að búið er að breyta Alþingi í eina málstofu.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laganna að öðru leyti en því að sett er meginregla um fjögurra mánaða áfrýjunarfrest til tryggingaráðs.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. laganna.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin er breytt frá 10. gr. laganna. Í upptalningu greinarinnar er bætt bótum í fæðingarorlofi til samræmis við að í kaflanum eru ákvæði um þetta efni og tekjutryggingu. Á hinn bóginn er fækkað bótaflokkum lífeyristrygginga almannatrygginga. Þannig eru felldar niður sem bætur lífeyristrygginga almannatrygginga mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir og ýmsar uppbætur á ellieða örorkulífeyri, svo sem heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, rekstrarstyrkur bifreiðar og bifreiðakaupastyrkir. Ákvæði um þessar bætur eru flutt í sérstakt frumvarp til laga um félagslega aðstoð. Þessar bætur bera mun ríkari einkenni félagslegrar aðstoðar en einkenni bóta almannatrygginga. Vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar er nauðsynlegt að gera glöggan mun á þessu tvennu því almannatryggingabætur verður að flytja milli landa en ekki bætur félagslegrar aðstoðar.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 11. gr. laganna.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laganna að öðru leyti en því að sett er skilyrði um eins árs lögheimili hér á landi með óskerta starfsorku. Er þetta gert til samræmis við eins árs biðtíma í sjúkratryggingum. Þá hafa ákvæði greinarinnar um endurhæfingarlífeyri verið

færð í frumvarp til laga um félagslega aðstoð og ákvæðin um örorkustyrki færð í sérstaka grein.

Um 13. gr.

Rétt þykir að færa ákvæði laganna um örorkustyrki í sérstaka grein. Greinin er samhljóða 3. mgr. 12. gr. laganna.

Um 14. gr.

Samhljóða 15. gr. laganna, sem var 14. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var sett inn með lögum nr. 79/1991, að öðru leyti en því að nauðsynlegar breytingar eru gerðar vegna nýrra barnalaga, nr. 20/1992, og lokamálsgreinin, sem heimilar lífeyrisdeild Tryggingastofnunar að greiða barnalífeyri vegna skólanáms ungmennis á aldrinum 18–20 ára, er nú 3. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. gildandi laga sem var 16. gr. áður en umönnunarbótum var bætt inn sem bótaflokki. Þó er tekið fram að móðir verði að hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barnsins og eigi lögheimili hér er barnið fætt.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. gildandi laga. Rétt þykir að færa saman ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar hafa að geyma ákvæði sem áður voru í 20. gr. laganna (19. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var sett inn í lögin). Ákvæðið er talsvert breytt. Þar sem fyrirhugað er að leggja samhliða þessu frumvarpi fram frumvarp til laga um félagslega aðstoð hafa ákvæði um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót, aðrar uppbætur, bifreiðakaupastyrki og bifreiðarekstrarstyrki samkvæmt upphaflegri 19. gr. verið færð í það frumvarp.

Um 19. gr.

Greinin er breytt frá 21. gr. laganna sem áður var 20. gr. Með tilkomu tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990 urðu talsverðar breytingar á greiðslu atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga án þess að almannatryggingalögin sjálf endurspegluðu þá breytingu. Hér er þess freistað að færa orðalag til samræmis við framkvæmd.

Um 20. gr.

Greinin, sem áður var 22. gr. (21. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var bætt inn í), er efnislega talsvert breytt. Breytingarnar eru gerðar til að samræma lögin undirbúningi fjárlagagerðar og þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur á undanförnum árum.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr., sem áður var 22. gr., að öðru leyti en því að tímasetning greiðslu á framlagi ríkissjóðs er breytt í samræmi við framkvæmd.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. laganna.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. laganna.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. laganna.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. laganna að öðru leyti en því að leiðrétt er í næstsíðustu málsgrein röng tilvísun. Þar stendur slysatryggingar en á að vera sjúkratryggingar.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. laganna að öðru leyti en því að breytingar eru gerðar í samræmi við breytingar í nýjum barnalögum, nr. 20/1992.

Um 29. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 34. gr. laganna. Leiðrétt er villa í síðustu málsgrein. Þar stóð örorkutap en á að vera orkutap. Jafnframt er gert ráð fyrir því nýmæli að vegna trygginga skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. megi greiða bætur þótt orkutap nái ekki 10%.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. laganna að öðru leyti en því að ekkjulífeyrir slysatrygginga er felldur niður. Í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð er almenn heimild til greiðslu ekkjulífeyris. Sömuleiðis eru felldar niður dánarbætur til foreldra til samræmis við það að gagnkvæm framfærsluskylda foreldra og barna hefur verið felld niður með nýjum lögum um félagslega þjónustu. Loks er fellt niður ákvæðið um heimild til greiðslu til systkina hins látna.

Um 31. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 36. gr. laganna vegna breytinga sem urðu með tilkomu tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. laganna að öðru leyti en því að settur er biðtími fyrir sjúkratrygginguna. Þetta er talið nauðsynlegt til að stemma stigu við vísvitandi misnotkun sjúkratrygginga. Eðlilegt er þó talið að unnt sé með reglugerð að ákveða undanþágur frá búsetuskilyrðinu.

Um 33. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. laganna.

Um 34. gr.

Samhljóða 41. gr. laganna að öðru leyti en því að vísað er í þau tvö ákvæði laganna 35. og 39. gr. sem fjalla um þau tilvik þar sem sjúkrahúsvist er ekki tryggð að fullu.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 42. gr. laganna.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. laganna að öðru leyti en því að lítils háttar orðalagsbreyting er gerð vegna nýrra barnalaga.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. laganna.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. laganna.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 104/1992.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 50. gr. laganna að öðru leyti en því að ákvæði um fyrirkomulag greiðslu á framlagi ríkissjóðs er fært til samræmis við framkvæmd og tiltekið er að útgjöld sjúkratrygginga skuli vera í samræmi við ákvörðun Alþingis í fjárlögum og fjáraukalögum.

Um 43. gr.

Nokkrar breytingar eru hér gerðar á greininni sem áður var 51. gr. laganna að öðru leyti. Vegna breytinga á bótaflokkum lífeyristrygginga breytist 1. mgr. ákvæðisins nokkuð. Þá er ákvæðinu um vasapeninga breytt til samræmis við framkvæmd þar sem gildandi ákvæði er samkvæmt orðanna hljóðan óframkvæmanlegt. Loks er gert ráð fyrir að saman geti farið greiðsla örorkulífeyris og bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 52. gr. laganna að öðru leyti en því að sambúðartími er styttur í eitt ár.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 53. gr. laganna.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. laganna.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 55. gr. laganna.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. laganna.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 57. gr. laganna.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 58. gr. laganna.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 59. gr. laganna.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. laganna að öðru leyti en því að vísað er til maka í 2. mgr. í stað konu.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 61. gr. laganna.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. að öðru leyti en því að tilvísun í lögheimilislög er breytt vegna nýrra laga.

Um 55. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 63. gr. laganna í samræmi við reglur EES-samningsins um almannatryggingar.

Um 56. gr.

Greinin er samhljóða 65. gr. laganna að öðru leyti en því að tilvísun í skattalög er færð til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 67. gr. laganna að öðru leyti en því að orðalag er fært til samræmis við að iðgjöld til lífeyristrygginga voru felld niður árið 1972. Þá er 2. mgr. greinarinnar felld niður þar sem Tryggingastofnun annast ekki innheimtu neinna iðgjalda sjálf.

Um 58. gr.

Greinin er samhljóða 71. gr. laganna.

Um 59. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 72. gr. laganna því felld er niður heimildin til að veita sveitarstjórnum eða öðrum, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, lán til að koma upp elliheimilum. Ákvæðið þykir ónauðsynlegt eftir tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þá er felld niður 2. mgr. 72. gr. um tekjur varasjóðs sjúkratryggingadeildar. Slíkur varasjóður hefur ekki verið til staðar um margra ára skeið.

Um 60. gr.

Greinin er lítillega breytt frá 73. gr. laganna í samræmi við ný barnalög, nr. 92/1990.

Um 61. gr.

Greinin er samhljóða 74. gr. laganna.

Um 62. gr.

Greinin er samhljóða 75. gr. laganna.

Um 63. gr.

Greinin er samhljóða 76. gr. laganna.

Um 64. gr.

Greinin er samhljóða 77. gr. laganna að öðru leyti en því að lagatilvitnun í sjómannalög er breytt til samræmis við gildandi lög.

Um 65. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. laganna.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 79. gr. laganna.

Um 67. gr.

Greinin er samhljóða 81. gr. laganna að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar skuli lögfesta hér á landi í formi reglugerða. Gert er ráð fyrir að í kjölfar samþykktar Alþingis á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði reglugerðir nr. 1408/71 og 574/72 birtar í Stjórnartíðindum hér á landi. Í framhaldi þess munu síðan breytingar á þessum reglugerðum jafnóðum birtar með sama hætti hér á landi.

Um 68. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gerðar eru nokkrar breytingar á ákvæði 2. tölul. bráðabirgðaákvæða í samræmi við tillögu starfshóps um atvinnumál fatlaðra. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þessa vinnu verði sett með reglugerð.

839. Frumvarp til laga [490. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Í stað 4.–5. málsl. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 79/1991, komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Heimilt er þó að veita framfæranda barns, sem nýtur þjónustu utan heimilis, umönnunarbætur skv. 1. mgr. þegar barnið dvelst á sjúkrastofnun eða þegar það vegna sjúkdóms eða fötlunar getur ekki nýtt sér að fullu þá opinberu þjónustu sem það á rétt á samkvæmt lögum.

Um framkvæmd greinarinar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt. Í fyrsta lagi er það flutt til að rétta hag þeirra foreldra er eiga börn sem þannig er ástatt um að dvöl þeirra á sjúkrastofnun kallar á verulega umönnun af hálfu foreldra meðan barnið dvelst á sjúkrastofnuninni. Sem dæmi má taka að krabbameinssjúk börn þurfa mjög á návist foreldra að halda meðan þau dveljast á sjúkrastofnun. Þessir foreldrar verða því oft mjög bundnir yfir börnum sínum sem jafnast á við að börnin séu í daglegri umsjá þeirra í heimahúsi. Með frumvarpinu er því ætlunin að tryggja að foreldrar, sem búa við þessar aðstæður, njóti óskertra umönnunarbóta. Samkvæmt frumvarpinu geta foreldrar, sem eiga börn er dveljast á sjúkrastofnun, átt kost á umönnunarbótum meðan barnið dvelst á sjúkrastofnuninni ef þau uppfylla hin almennu skilyrði fyrir umönnunarbótum sem kveðið er á um í 1. mgr. laganna. Þessi almennu skilyrði eru m.a. þau að veikindi barnsins hafi í för með sér tilfinnanleg útgjöld fyrir foreldrana eða sérstaka umönnun eða gæslu af þeirra hálfu meðan á dvöl barns á sjúkrastofnun stendur.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða umönnunarbætur til framfærenda barna sem vegna sjúkdóms eða fötlunar geta ekki nýtt sér að fullu þá opinberu þjónustu sem þau samkvæmt lögum eiga rétt á. Samkvæmt núgildandi lögum skerðast umönnunarbætur um leið og barn á rétt á eða nýtur einhverrar opinberrar þjónustu, t.d. ef barn er á skólaskyldualdri. Bæturnar skerðast þó að barnið geti ekki vegna

sjúkdóms eða fötlunar nýtt sér skólagöngu nema að litlu leyti. Oftar en ekki þurfa foreldrar að fylgja barninu í og úr skóla og jafnvel dveljast í skóla meðan á kennslu stendur. Í þeim tilvikum telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt að heimilt verði að greiða fullar umönnunarbætur í ljósi þess að foreldri eða framfærandi barns er í raun jafnbundinn vegna veikinda eða fötlunar barnsins og á meðan það naut engrar opinberrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd greinarinnar fari eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

840. Fyrirspurn [491. mál]

til fjármálaráðherra um launakjör alþingismanna.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

Hvaða reglur gilda um launakjör ríkisstarfsmanna sem verða alþingismenn og halda sínu fyrra starfi á launum?

841. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá viðskiptaráðuneyti Björn Friðfinnsson, Finnur Sveinbjörnsson, Þórunn Erharðsdóttir og Páll Ásgrímsson, frá Verðlagsstofnun Sigurjón Heiðarsson og Guðrún Kristmundsdóttir, frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson og Sólrún Halldórsdóttir, frá Verslunarráði Íslands Jónas Fr. Jónsson og Pétur Steingrímsson, Björn Arnórsson frá BSRB, Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Leifur Steinn Elísson frá Visa-Ísland og Unnur Gunnarsdóttir frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Þá bárust umsagnir frá ASÍ, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, BSRB, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnlánasjóði, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Tryggingastofnun ríkisins, Verslunarráði Íslands og Visa-Ísland.

Nefndin leggur til að gerðar verði viðamiklar breytingar á frumvarpinu og eru þær eftirtaldar:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. að gildissvið laganna þrengist og nái aðeins til lána sem neytendur taka en ekki til lána sem tekin eru í tengslum við atvinnustarfsemi. Sú skipan, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leggur of mikla upplýsingaskyldu á fyrirtæki. Í samræmi við þetta er lagt til að orðið „neytandi“ komi í stað orðsins „lántakandi“ alls staðar í frumvarpinu, sbr. 3. tölul. breytingartillagna.
2. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að í d-lið verði tiltekin bæði hámarks- og lágmarksfjárhæð og verða lánssamningar lægri en 15.000 kr. og hærri en 1.500.000 kr. undanþegnir ákvæðum laganna.

3. Lagt er til að 3. gr. verði breytt þannig að skylt sé að veita eigendum tékkareikninga upplýsingar um hvernig lánssamningi um yfirdráttarheimild skuli sagt upp. Enn fremur bætist við ákvæði um hvernig tilkynna megi eigendum tékkareikninga um breytingar á ársvöxtum eða viðeigandi gjöldum sem verða á samningstímanum.
4. Lögð er til breyting á 4. gr. til þess að þrengja skilgreiningu á hugtakinu „neytandi".
5. Lagt er til að 6. gr. verði breytt þannig að „fjárhæð útborgunar" í 2. tölul. verði skýrð sem höfuðstóll að frádregnum kostnaði.
6. Lagt er til að hugtakanotkun 7. gr. verði lagfærð.
7. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að síðari málsgrein falli brott en þar er lögð mjög rík tilkynningarskylda á lánveitendur sem erfitt gæti reynst að uppfylla. Telja verður nægilegt að neytandi fái skýrar og ótvíræðar upplýsingar við samningsgerðina, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að 3. málsl. fyrri málsgreinar falli brott en hann felur í sér takmörkun á heimild aðila til að semja um lánskjör.
8. Lagt er til að 10. gr. verði breytt til þess að gera hugtakið „árleg hlutfallstala kostnaðar" skýrara.
9. Lagt er til að 12. gr. verði breytt þannig að vísitölubinding og verðlagsviðmiðun teljist til vaxtagjalda í ákvæðinu.
10. Lögð er til breyting á 13. gr. þannig að ekki verði skylt að veita upplýsingar þær, sem greindar eru í ákvæðinu, í öllum auglýsingum um lán og lánafyrirgreiðslu heldur verði skyldan bundin við auglýsingar og tilboð sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda. Þá verði veittar upplýsingar um staðgreiðsluverð sé lánveitandi jafnframt seljandi vöru eða þjónustu.
11. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að miða skuli við vexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, en það mun vera réttara orðalag. Þá er lagt til að II. og III. kafli verði sameinaðir.
12. Lagt er til að 15. gr. verði breytt þannig að ákvæði hennar verði þrengd en hún getur gefið möguleika á óréttmætu málþófi við venjulega innheimtu kröfu.
13. Lögð er til sú breyting á IV. kafla að aukið verði við efni 16. gr. en 17.–19. gr. falli brott. Nægilegt er að styðjast við almennar reglur kröfuréttar í þessum efnum.
14. Lagðar eru til þær breytingar á 20. gr. að 2. mgr. falli brott en efni hennar felst í ákvæðum 1. mgr. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. mgr. og loks að við bætist málsgrein þess efnis að ákvæðið nái ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé trygging fyrir hendi, sbr. ákvæði 5. tölul. hér á eftir.
15. Lagt er til að 21. gr. verði breytt þannig að efni hennar samkvæmt frumvarpinu falli niður. Í stað þess verði mælt fyrir um tryggingu sem lánveitandi skal eiga vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna viðskipta sem standa að baki viðskiptabréfum. Tryggingin er hugsuð sem vernd fyrir neytendur.
16. Lagt er til að VI. og VII. kafli verði sameinaðir og 22. og 24.–29. gr. falli niður þannig að tvær greinar verði í kaflanum. Er þetta gert til þess að einfalda reglurnar, auk þess sem það þykir óþarft að hafa sérstakar reglur um lágmarksverð vöru, staðgreiðsluhlutfall, tilkynningar um innheimtu eða sérstakar aðfararreglur. Þá er lagt til að 2. mgr. 30. gr. falli brott en óeðlilegt þykir að kveða á um að kaupandi, sem ekki hefur staðið skil á skuldbindingum sínum og seljandi hefur endurheimt hlut frá, eigi kröfu á því að seljandi eigi við hann viðskipti aftur.
17. Lagt er til að IX. kafli mæli fyrir um skaðabótaskyldu í stað refsinga.
18. Lagt er til að lögin taki gildi 1. október 1993.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Halldór Ásgrímsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

842. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til l. um neytendalán.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.
2. Við 2. gr. Við d-lið bætist: eða hærri fjárhæð en 1.500.000 kr.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „lántakanda“ í 1. málsl., og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu (í viðeigandi beygingarföllum), komi: neytanda.
   b. 2. málsl. b-liðar falli brott.
   c. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
   d. Við c-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkt má gera með því að vekja sérstaka athygli á breytingunni í reikningsyfirliti eða með áberandi auglýsingum í fjölmiðlum.
4. Við 4. gr.
   a. A-liður orðist svo: Neytandi er einstaklingur sem í viðskiptum, sem lög þessi ná til, tekur lán eða kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu viðskiptin ekki gerð í atvinnuskyni.
   b. B-liður falli brott.
5. Við 6. gr. Við 2. tölul. fyrri málsgreinar bætist: þ.e. höfuðstól að frádregnum lánskostnaði.
6. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „Lántökukostnaður“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: Heildarlántökukostnaður.
   b. Í stað orðsins „lánskostnaðar“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar komi: kostnaðar.
7. Við 9. gr.
   a. 2. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.

b. 3. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.
c. Síðari málsgrein falli brott.

8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Árleg hlutfallstala kostnaðar er tala sem svarar til núvirðis allra skuldbindinga (lána, endurgreiðslna og kostnaðar) er til kann að koma eða þegar er fyrir hendi og lánveitandi og neytandi hafa samið um. Hlutfallstalan skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur. Í henni skal einnig setja nánari reglur um útreikning kostnaðar.
9. Við 12. gr.
a. Á eftir orðinu „vaxtagjöldum“ í fyrri málsgrein komi: þar með talið vísitölubinding og verðlagsviðmiðun.
b. Í stað orðanna „inna af hendi“ í 3. tölul. síðari málsgreinar komi: ganga út frá.
10. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Í auglýsingum eða tilboðum, sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda, skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð.
11. Kaflanúmer og kaflafyrirsögn III. kafla falli brott.
12. Við 14. gr. Í stað orðsins „ákvörðun“ í 1. mgr. komi: auglýsingu.
13. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Hafi lánveitandi ekki veitt þær upplýsingar sem fyrir er mælt í 6. gr., sbr. 5. gr., getur það skapað honum bótaábyrgð, enda hafi neytandi mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera.
14. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann dag sem settur er í lánssamning sem lausnardagur. Greiði neytandi fyrir þennan dag getur hann krafist lækkunar á lánskostnaði sem nemur þeim vöxtum eða öðrum kostnaði sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu vegna kostnaðar sem er óháður því hvenær greiðsla er innt af hendi.
15. 17.–19. gr. falli brott.
16. Við 20. gr. (er verði 17. gr.).
a. 2. mgr. falli brott.
b. 3. mgr. orðist svo:
Þetta á þó ekki við ef neytandi innir greiðslu af hendi til lánveitanda og veit eða má vita að lánveitandi hefur ekki rétt til að taka við greiðslu eða gera samning þar að lútandi.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði þetta nær þó ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé til staðar trygging, sbr. 21. gr.
17. Við 21. gr. (er verði 18. gr.). Greinin orðist svo:
Lánveitandi, sem gerir lánssamning með viðskiptabréf við neytanda, skal eiga tryggingu að upphæð 5.000.000 krónur vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfum standa.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem honum er heimilt að lækka fjárhæð þá sem greinir í 1. mgr. þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri fjárhæð veitir nægjanlega vernd. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að hækka upphæð skv. 1. mgr. árlega í samræmi við þróun verðlags.

18. Við kaflafyrirsögn VI. kafla bætist: og endurheimt eignarréttar.
19. Við 22. gr. Greinin falli brott.
20. Kaflanúmer og kaflafyrirsögn VII. kafla falli brott.
21. Við 23. gr. (er verði 19. gr.). Greinin orðist svo:

Ef söluhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skýrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann. Skilyrði endurheimtunnar er að neytandi sé í vanskilum með afborganir eða lánskostnað.

Þegar söluhlutur er endurheimtur skal við uppgjör á milli aðila lánssamnings reyna að komast sem næst því að þeir verði jafnsettir og ef viðskiptin hefðu ekki átt sér stað.

Ef andvirði söluhlutar er meira en sem nemur eftirstöðvum lánssamnings skal lánveitandi endurgreiða neytanda mismuninn. Ef andvirði söluhlutar er minna skal neytandi endurgreiða lánveitanda mismuninn.

Við mat á andvirði söluhlutar skal litið til þess hvort slit og rýrnun söluhlutar er eðlilegt og til frádráttar vaxta frá endurheimtudegi til loka lánssamnings.

Komi upp ágreiningur um hvað sé verð söluhlutar á almennum markaði skal hann útkljáður með matsgerð tveggja dómkvaddra og óhlutdrægra manna. Matsmenn skulu ákveða hvernig háttað skuli greiðslu vegna kostnaðar við matið.

22. 24.–29. gr. falli brott.
23. Við 30. gr. (er verði 20. gr.). 2. mgr. falli brott.
24. Kaflafyrirsögn IX. kafla (er verði VII. kafli) orðist svo: **Bótaskylda og gildistaka.**
25. Við 34. gr. (er verði 25. gr.). Greinin orðist svo:

Brot á lögum þessum getur valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara.

Bætur, sem dæmdar verða, sbr. 1. mgr., má innheimta hjá þeim einstaklingi sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðila þeim sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið.

26. Við 35. gr. Greinin falli brott.
27. Við 36. gr. (er verði 24. gr.). Greinin flytjist aftast í VI. kafla.
28. Við 37. gr. (er verði 26. gr.). Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1993.

843. Svar [431. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um launagreiðslur ríkisins.

1. *Hversu margir einstaklingar fengu greidd laun frá ríkinu árið 1992 að upphæð 3 millj. kr. eða meira (átt er við samanlögð grunnlaun, fasta yfirvinnu, aðra yfirvinnu, þóknunareiningar, aðrar þóknanir, bílastyrki, nefndarlaun og önnur laun)?*

744 einstaklingar fengu greidd laun að upphæð 3 millj. kr. eða meira á árinu 1992, svo sem nánar er sundurgreint í fskj. I. Þeir eru allir í fullu (100%) starfi.

2. *Hversu margir karlar eru í þessum hópi og hve margar konur?*

Karlarnir eru 685 eða 92,1% og konurnar 59 eða 7,9%.

3. *Hver eru samanlögð grunnlaun þessa hóps, hver eru samanlögð heildarlaun (sjá 1. lið) og hvernig skiptast þessar upphæðir milli kynja?*

Svarið við þessum lið kemur fram í fskj. I.

4. *Hjá hvaða stofnunum vinna þessir einstaklingar?*

Svarið við þessum lið kemur fram í fskj. II og III. Í fskj. II eru stofnanirnar taldar upp í fjárlaganúmeraröð. Í fskj. III eru þær felldar undir ráðuneytin, þó þannig að stofnanir í A- og B-hluta fjárlaga eru sundurgreindar.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið,
starfsmannaskrifstofa:

	Fjöldi	*Meðaltal grunnlauna*	*Meðaltal heildarlauna*	*Grunnlaun*	*Heildarlaun*	*Hlutfall grunnlauna*	*Hlutfall heildarlauna*
Karlar	685	1.928.319	3.617.978	1.320.898.523	2.478.315.046	92,37%	92,51%
Konur	59	1.849.213	3.402.115	109.103.585	200.724.762	7,63%	7,49%
Samtals	744	3.777.532	7.020.093	1.430.002.108	2.679.039.808	100,00%	100,00%

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið,
starfsmannaskrifstofa:

Stofnun	Heiti
00-101	Embætti forseta Íslands
00-201	Alþingi
00-301	Ríkisstjórn
00-401	Hæstiréttur
00-520	Opinberar heimsóknir
00-610	Umboðsmaður Alþingis
00-620	Ríkisendurskoðun
01-101	Forsætisráðuneyti aðalskrifstofa
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa
02-201	Háskóli Íslands
02-203	Raunvísindastofnun háskólans
02-206	Orðabók Háskólans
02-210	Háskólinn á Akureyri
02-223	Rannsóknastofnun uppeldismála
02-234	Vísindaráð
02-308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut
02-319	Framhaldsskólar almennt
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
02-501	Tækniskóli Íslands
02-506	Vélskóli Íslands
02-514	Iðnskólinn í Reykjavík
02-516	Iðnskólinn í Hafnarfirði
02-562	Leiklistarskóli Íslands
02-700	Grunnskólar Reykjavík
02-907	Listasafn Íslands
03-101	Utanríkisráðuneyti aðalskrifstofa
03-102	Utanríkisráðuneyti varnarmálaskrifstofa
03-103	Utanríkisrn skrifst ráðherranefndar Norðurlr
03-201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
04-101	Landbúnaðarráðuneyti aðalskrifstofa
04-247	Yfirdýralæknir
05-101	Sjávarútvegsráðuneyti aðalskrifstofa
05-201	Fiskifélag Íslands
05-202	Hafrannsóknastofnun
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
05-204	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
05-216	Ríkismat sjávarafurða
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa
06-201	Hæstiréttur
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur
06-212	Héraðsdómur Vesturlands
06-213	Héraðsdómur Vestfjarða
06-215	Héraðsdómur Norðurlands eystra
06-216	Héraðsdómur Austurlands

Stofnun	Heiti
06-217	Héraðsdómur Suðurlands
06-218	Héraðsdómur Reykjaness
06-301	Ríkissaksóknari
06-302	Rannsóknarlögregla ríkisins
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík
06-395	Landhelgisgæsla Íslands
06-412	Sýslumaðurinn Akranesi
06-413	Sýslumaðurinn Borgarnesi
06-414	Sýslumaðurinn Stykkishólmi
06-415	Sýslumaðurinn Búðardal
06-416	Sýslumaðurinn Patreksfirði
06-417	Sýslumaðurinn Bolungarvík
06-418	Sýslumaðurinn Ísafirði
06-419	Sýslumaðurinn Hólmavík
06-420	Sýslumaðurinn Blönduósi
06-421	Sýslumaðurinn Sauðárkróki
06-422	Sýslumaðurinn Siglufirði
06-423	Sýslumaðurinn Ólafsfirði
06-424	Sýslumaðurinn Akureyri
06-425	Sýslumaðurinn Húsavík
06-426	Sýslumaðurinn Seyðisfirði
06-428	Sýslumaðurinn Eskifirði
06-429	Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði
06-430	Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal
06-431	Sýslumaðurinn Hvolsvelli
06-432	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum
06-433	Sýslumaðurinn Selfossi
06-434	Sýslumaðurinn Keflavík
06-436	Sýslumaðurinn Hafnarfirði
06-437	Sýslumaðurinn Kópavogi
06-490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannaembætta
06-501	Fangelsismálastofnun ríkisins
06-701	Biskup Íslands
06-711	Prestaköll og prófastsdæmi
07-101	Félagsmálaráðuneyti aðalskrifstofa
07-302	Ríkissáttasemjari
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
07-954	Vinnueftirlit ríkisins
08-001	Ríkisspítalar legudeildir barnadeild
08-002	Ríkisspítalar legudeildir bæklunarlækn.deild
08-004	Ríkisspítalar legudeildir geðdeild
08-005	Ríkisspítalar legudeildir handlækningadeild
08-006	Ríkisspítalar legudeildir Kristnes
08-008	Ríkisspítalar legudeildir kvenlækningadeild
08-009	Ríkisspítalar legudeildir lyflækningadeild
08-010	Ríkisspítalar legudeildir taugalækningadeild
08-011	Ríkisspítalar legudeildir öldrunarlækn.deild

Stofnun	Heiti
08-012	Ríkisspítalar Vífilsstaðaspítali
08-021	Ríkisspítalar svæfinga- og gjörgæsludeild
08-031	Ríkisspítalar stofnanir öryrkja og þroskah
08-037	Ríkisspítalar röntgendeild
08-038	Ríkisspítalar krabbameinslækningadeild
08-041	Ríkisspítalar rannsóknarstofur Blóðbankinn
08-042	Ríkisspítalar Rannsóknarstofa Háskólans
08-043	Ríkisspítalar sýklafræðideild
08-044	Ríkisspítalar veirufræðideild
08-045	Ríkisspítalar ónæmisfræðideild
08-047	Ríkisspítalar meinefnafræðideild
08-048	Ríkisspítalar rannsóknastofa
08-051	Ríkisspítalar stoðdeildir apótek
08-052	Ríkisspítalar stoðdeildir eðlisfr-/tæknideild
08-053	Ríkisspítalar stoðdeildir ýmsar
08-054	Ríkisspítalar hjúkrunarforstj. Landsp.
08-055	Ríkisspítalar tölvudeild Rauðarárstig 31
08-060	Ríkisspítalar tæknideild
08-096	Ríkisspítalar sérverkefni
08-097	Ríkisspítalar sameiginlegt skrifstofa Ríkissp
08-100	Ríkisspítalar sameiginlegt skrifstofa Ríkissp
08-101	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti aðalskr
08-271	Tryggingastofnun ríkisins
08-301	Landlæknir
08-311	Héraðslæknir í Reykjavík
08-323	Tryggingaeftirlitið
08-325	Hollustuvernd ríkisins
08-327	Geislavarnir ríkisins
08-395	Lyfjaeftirlit ríkisins
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa
09-103	Ríkisbókhald
09-104	Ríkisfjárhirsla
09-105	Ríkislögmaður
09-201	Ríkisskattstjóri
09-202	Skattstofan í Reykjavík
09-203	Skattstofa Vesturlands Akranesi
09-204	Skattstofa Vestfjarða Ísafirði
09-205	Skattstofa Norðurlands vestra Siglufirði
09-207	Skattstofa Austurlands Egilsstöðum
09-208	Skattstofa Suðurlands Hellu
09-209	Skattstofa Vestmannaeyja
09-211	Skattstofa Reykjaness Hafnarfirði
09-214	Yfirskattanefnd
09-261	Ríkistollstjóraembættið
09-262	Tollstjórinn í Reykjavík
09-402	Fasteignamat ríkisins

Stofnun	Heiti
09-901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
10-101	Samgönguráðuneyti aðalskrifstofa
10-211	Vegagerð ríkisins
10-331	Vita- og hafnamálaskrifstofan
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins
10-471	Flugmálastjórn
11-101	Iðnaðarráðuneyti aðalskrifstofa
11-102	Einkaleyfastofan
11-201	Iðntæknistofnun Íslands
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
11-301	Orkustofnun
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins
12-101	Viðskiptaráðuneyti aðalskrifstofa
12-902	Verðlagsstofnun
13-101	Hagstofa Íslands aðalskrifstofa
13-102	Þjóðskráin
14-101	Umhverfisráðuneyti aðalskrifstofa
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins
14-310	Landmælingar Íslands
22-872	Lánasjóður íslenskra námsmanna
22-970	Ríkisútvarp
22-973	Þjóðleikhúsið
23-101	Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli
23-111	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli
27-271	Byggingasjóður ríkisins
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
29-102	Lyfjaverslun ríkisins
30-101	Póstur og sími
30-321	Skipaútgerð ríkisins
31-321	Iðnaðarráðuneyti B

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti		*Fjöldi*	*Meðaltal grunn-launa*	*Meðaltal heildar-launa*	*Grunn-laun*	*Heildar-laun*	*Hlutfall grunn-launa*	*Hlutfall heildar-launa*
Æðsta stjórn	Karlar	38	2.601.884	3.591.651	98.871.607	136.482.751	86,54%	88,31%
	Konur	5	3.075.845	3.613.839	15.379.226	18.069.193	13,46%	11,69%
	Samtals	43	2.656.996	3.594.231	114.250.833	154.551.944	100,00%	100,00%
Forsætisráðuneyti	Karlar	2	2.280.149	5.764.594	4.560.297	11.529.188	100,00%	100,00%
	Samtals	2	2.280.149	5.764.594	4.560.297	11.529.188	100,00%	100,00%
Menntamálaráðuneyti	Karlar	95	1.681.615	3.558.309	159.753.431	338.039.355	91,09%	90,78%
	Konur	10	1.561.834	3.434.732	15.618.336	34.347.323	8,91%	9,22%
	Samtals	105	1.670.207	3.546.540	175.371.767	372.386.678	100,00%	100,00%
Utanríkisráðuneyti	Karlar	8	2.171.844	3.884.318	17.374.752	31.074.541	100,00%	100,00%
	Samtals	8	2.171.844	3.884.318	17.374.752	31.074.541	100,00%	100,00%
Landbúnaðarráðuneyti	Karlar	3	2.169.062	4.135.136	6.507.186	12.405.408	100,00%	100,00%
	Samtals	3	2.169.062	4.135.136	6.507.186	12.405.408	100,00%	100,00%
Sjávarútvegsráðuneyti	Karlar	23	1.742.431	3.378.747	40.075.904	77.711.176	96,34%	96,11%
	Konur	1	1.523.435	3.144.537	1.523.435	3.144.537	3,66%	3,89%
	Samtals	24	1.733.306	3.368.988	41.599.339	80.855.713	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti		*Fjöldi*	*Meðaltal grunn-launa*	*Meðaltal heildar-launa*	*Grunn-laun*	*Heildar-laun*	*Hlutfall grunn-launa*	*Hlutfall heildar-launa*
Dóms-og kirkjumálaráðuneyti	Karlar	81	2.277.741	3.751.007	184.497.040	303.831.605	90,48%	91,09%
	Konur	9	2.157.524	3.300.568	19.417.712	29.705.113	9,52%	8,91%
	Samtals	90	2.265.719	3.705.964	203.914.752	333.536.718	100,00%	100,00%
Félagsmálaráðuneyti	Karlar	5	2.232.521	4.049.681	11.162.604	20.248.403	80,44%	82,21%
	Konur	1	2.713.663	4.381.066	2.713.663	4.381.066	19,56%	17,79%
	Samtals	6	2.312.711	4.104.912	13.876.267	24.629.469	100,00%	100,00%
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	Karlar	136	2.114.046	3.736.775	287.510.252	508.201.431	88,78%	87,72%
	Konur	21	1.730.230	3.386.878	36.334.830	71.124.446	11,22%	12,28%
	Samtals	157	2.062.708	3.689.974	323.845.082	579.325.877	100,00%	100,00%
Fjármálaráðuneyti	Karlar	51	1.892.920	3.629.724	96.538.898	185.115.947	93,01%	91,41%
	Konur	5	1.451.324	3.480.952	7.256.620	17.404.760	6,99%	8,59%
	Samtals	56	1.853.491	3.616.441	103.795.518	202.520.707	100,00%	100,00%
Samgönguráðuneyti	Karlar	99	1.760.032	3.554.200	174.243.139	351.865.816	95,75%	95,64%
	Konur	5	1.548.206	3.204.620	7.741.028	16.023.102	4,25%	4,36%
	Samtals	104	1.749.848	3.537.393	181.984.167	367.888.918	100,00%	100,00%
Iðnaðarráðuneyti	Karlar	21	1.772.575	3.304.948	37.224.074	69.403.907	100,00%	100,00%
	Samtals	21	1.772.575	3.304.948	37.224.074	69.403.907	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti		*Fjöldi*	*Meðaltal grunn-launa*	*Meðaltal heildar-launa*	*Grunn-laun*	*Heildar-laun*	*Hlutfall grunn-launa*	*Hlutfall heildar-launa*
Viðskiptaráðuneyti	Karlar	6	1.845.265	3.421.119	11.071.591	20.526.711	100,00%	100,00%
	Samtals	6	1.845.265	3.421.119	11.071.591	20.526.711	100,00%	100,00%
Hagstofa Íslands	Karlar	5	1.693.911	3.937.790	8.469.555	19.688.948	100,00%	100,00%
	Samtals	5	1.693.911	3.937.790	8.469.555	19.688.948	100,00%	100,00%
Umhverfisráðuneyti	Karlar	5	1.863.233	3.426.066	9.316.164	17.130.329	100,00%	100,00%
	Samtals	5	1.863.233	3.426.066	9.316.164	17.130.329	100,00%	100,00%
Menntamálaráðuneyti B-hluti	Karlar	10	1.603.773	3.603.073	16.037.726	36.030.726	91,17%	91,96%
	Konur	1	1.552.495	3.150.938	1.552.495	3.150.938	8,83%	8,04%
	Samtals	11	1.599.111	3.561.969	17.590.221	39.181.664	100,00%	100,00%
Utanríkisráðuneyti B-hluti	Karlar	23	1.842.390	3.620.852	42.374.967	83.279.596	100,00%	100,00%
	Samtals	23	1.842.390	3.620.852	42.374.967	83.279.596	100,00%	100,00%
Félagsmálaráðuneyti B-hluti	Karlar	3	1.790.693	3.957.668	5.372.079	11.873.004	100,00%	100,00%
	Samtals	3	1.790.693	3.957.668	5.372.079	11.873.004	100,00%	100,00%
Fjármálaráðuneyti B-hluti	Karlar	8	1.905.129	3.914.481	15.241.030	31.315.846	100,00%	100,00%
	Samtals	8	1.905.129	3.914.481	15.241.030	31.315.846	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti		*Fjöldi*	*Meðaltal grunn-launa*	*Meðaltal heildar-launa*	*Grunn-laun*	*Heildar-laun*	*Hlutfall grunn-launa*	*Hlutfall heildar-launa*
Samgönguráðuneyti B-hluti	Karlar	41	1.518.475	3.322.247	62.257.458	136.212.112	97,55%	97,58%
	Konur	1	1.566.240	3.374.284	1.566.240	3.374.284	2,45%	2,42%
	Samtals	42	1.519.612	3.323.486	63.823.698	139.586.396	100,00%	100,00%
Iðnaðarráðuneyti B-hluti	Karlar	22	1.474.490	3.470.375	32.438.769	76.348.246	100,00%	100,00%
	Samtals	22	1.474.490	3.470.375	32.438.769	76.348.246	100,00%	100,00%

844. Fyrirspurn [492. mál]

til samgönguráðherra um vörugjaldskrá hafna.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvaða ástæður eru fyrir háu vörugjaldi til hafna á útflutningsvörum eins og mjöli og lýsi en mun lægra vörugjaldi á innflutningsvörum, svo sem olíum og bensíni, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 462 frá 22. desember 1992?

845. Fyrirspurn [493. mál]

til fjármálaráðherra um breytingar á reglum lífeyrissjóða um lífeyrisskuldbindingar.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvaða breytingar voru gerðar á reglum um útgreiðslur lífeyris hjá einstökum lífeyrissjóðum á árunum 1985–1992, að báðum árum meðtöldum?

Skriflegt svar óskast.

846. Fyrirspurn [494. mál]

til fjármálaráðherra um húsnæði Lánasýslu ríkisins.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hver er eigandi þess húsnæðis sem tekið hefur verið á leigu fyrir Lánasýslu ríkisins að Hverfisgötu 4–6 í Reykjavík?
2. Hversu stórt er húsnæðið í fermetrum talið?
3. Hversu háa fjárhæð þarf ríkissjóður að greiða fyrir leiguna?
4. Hvað kosta breytingar og innréttingar húsnæðisins ríkissjóð?
5. Hefði ekki verið hægt að nýta ónýtt skrifstofuhúsnæði í eigu Framkvæmdasjóðs Íslands undir starfsemi Lánasýslunnar nú þegar sjóðurinn er undir stjórn hennar eða húsnæði Seðlabanka Íslands?

Skriflegt svar óskast.

847. Fyrirspurn [495. mál]

til félagsmálaráðherra um sambýli fyrir geðfatlaða.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvað líður uppbyggingu sambýla fyrir geðfatlaða?

Skriflegt svar óskast.

848. Fyrirspurn [496. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi frá 11. maí 1988?

849. Fyrirspurn [497. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hver var heildarupphæð styrkja og lána úr Kvikmyndasjóði Íslands á föstu verðlagi á árunum 1980–1991, að báðum meðtöldum?
2. Hvaða leikstjórar voru styrktir, hverjir voru þeir, hvaða kvikmyndir þeirra voru styrktar og hversu hárri fjárhæð nam styrkurinn á hverja kvikmynd?
3. Hversu oft var hver kvikmynd sýnd í kvikmyndahúsi:
   a. hér á landi,
   b. erlendis?
4. Hver er áætlaður fjöldi sýningargesta hverrar kvikmyndar:
   a. hér á landi,
   b. erlendis?
5. Hverjir sátu í stjórn Kvikmyndasjóðsins á umræddu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

850. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um reglur um umfjöllun fjölmiðla um alvarleg afbrotamál og upplýsingaskyldu opinberra stofnana á því sviði.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Össur Skarphéðinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jón Helgason, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um hvort og með hvaða hætti setja eigi reglur um umfjöllun fjölmiðla og upplýsingaskyldu opinberra aðila um alvarleg afbrotamál. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, lögreglunni, Dómarafélagi Íslands, ríkissaksóknara, barnaverndarráði, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði og Blaðamannafélagi Íslands. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Í tillögu þessari er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd til þess að gera tillögur um hvort og með hvaða hætti setja eigi reglur um umfjöllun fjölmiðla og upplýsingaskyldu opinberra aðila um alvarleg afbrotamál.

Á undanförnum árum hefur það færst í aukana að fjölmiðlar fjalli ítarlega um alvarleg afbrotamál og birti myndir er þeim tengjast. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum hefur orðið til þess að í einstaka tilfellum hafa fjölmiðlar ekki gætt þeirrar varkárni sem nauðsynleg í málum af þessu tagi.

Algengt er að fjölmiðlar nánast sakfelli einstaklinga er hlut eiga að málum áður en dómur er genginn. Það hefur jafnvel gerst að fjallað hafi verið um mál í fjölmiðlum áður en lögregla hefur náð að taka skýrslu af málsaðilum. Hætt er við að slík fréttamennska verði til þess að almenningur felli dóma og jafnvel krefjist aðgerða sem lítt eða ekki eru byggðar á faglegri umfjöllun, þekkingu eða rannsóknum.

Þá skal jafnframt nefnt að óheppilegt getur verið út frá rannsóknar- og öryggishagsmunum að fjölmiðlar séu á vettvangi þar sem brot hefur verið framið og myndefni sýnt þaðan, svo að ekki sé talað um að þá fréttamennsku sem getur orðið til þess að venjulegu fólki sé misboðið og er andstæð siðrænum gildum.

Með þessari tillögu er ekki verið að leggja til að allur fréttaflutningur af afbrotamálum verði bannaður. Fjölmiðlar eiga kröfu á að geta upplýst almenning um málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Flutningsmenn telja hins vegar eðlilegt að settar verði reglur um hversu langt má ganga í því að „upplýsa“ almenning um afbrotamál áður en búið er að rannsaka þau og sakfella viðkomandi fyrir dómstólum.

Þá telja flutningsmenn einnig mikilvægt að skilgreina betur upplýsingaskyldu opinberra stofnana og starfsstétta er að þessum málum koma, hvort sem um er að ræða aðila innan refsivörslukerfisins eða barnaverndaraðila. Í allri umfjöllun um viðkvæm mál, er varða einstaklinga, verður að hafa í huga að enginn er eyland. Fjölmargir eiga um sárt að binda vegna slíkrar umfjöllunar, fólk sem ekkert hefur til saka unnið, svo sem börn, makar, foreldrar eða aðrir nánir ættingjar eða vinir.

851. Frumvarp til laga [499. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jörgína Jónsdóttir.

1. gr.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 112., 113. og 115. þingi en náði ekki fram að ganga.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram kemur er þetta frumvarp ekki lagt fram í fyrsta sinn. Þá frumvarp þessa efnis hefur verið lagt fram hafa umræður og umsagnir snúist meira um aðra þætti og greiðslur frá lífeyrissjóðum en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd af, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. aldur + starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa búið sér til, en fjölmörg önnur dæmi væri hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna með reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna.

852. Tillaga til þingsályktunar [500. mál]

um námsbraut í öldrunarþjónustu.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á fót námsbraut í öldrunarþjónustu við framhaldsskólana fyrir þá sem hefðu hug á að stunda heimaþjónustu við aldraða sem atvinnu.

Greinargerð.

Íslendingar lifa nú lengur en íbúar flestra annarra landa og með ári hverju fjölgar ellilífeyrisþegum hér á landi. Mikil uppbygging hefur orðið í málefnum aldraðra fyrir tilstilli ríkisvalds, sveitarfélaga, dugmikilla einstaklinga og félagasamtaka. Stór hópur aldraðra býr við góða heilsu og er andlega hress. Þessir einstaklingar hafa væntingar til áframhaldandi þátttöku í daglegu lífi. Aðrir sem ekki njóta góðrar heilsu gera kröfu um aðstoð og þjónustu á heimilum sínum sem auðveldar þeim að búa sem lengst á eigin heimili. Til að hægt sé að veita slíka þjónustu þarf á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki að halda. Til þessa hefur verið gengið út frá því að til að sinna öldrunarþjónustu þurfi ekki sérstaka menntun, nema þá helst menntun í umönnun sjúkra. Þetta er alrangt því að góð öldrunarþjónusta krefst góðrar menntunar starfsfólks. Kunnáttuleysi starfsmanna í öldrunarþjónustu er vísasti vegurinn til að gera hana bæði kostnaðarsama og afkastalitla.

Öldrunarþjónustan er orðin umfangsmikil starfsgrein og því eðlilegt að ætla öldrunarfræði stað í menntakerfinu. Sú fræðsla, sem nú er veitt í öldrunarþjónustu, er annars vegar fræðsla um öldrun sem er hluti margra faggreina, t.d. hjúkrun aldraðra sem er hluti hjúkrunarfræðináms og félagsleg þjónusta við aldraða sem er hluti náms í félagsráðgjöf. Hins vegar er fræðsla sem er veitt á námskeiðum um einstök viðfangsefni öldrunarþjónustu og á samningsbundnum námskeiðum fyrir ófaglært starfsfólk í öldrunarþjónustu.

Það er því fyllilega tímabært að til verði skilgreind námsbraut í öldrunarfræðum þar sem veitt yrði alhliða þekking fyrir þá sem starfa eða ætla að starfa við öldrunarþjónustu. Til þess að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir því hve margháttuð öldrunarþjónustan er. Hún tekur bæði til afar sérhæfðs starfsliðs sem ófaglærðs. Því þarf að bjóða

fræðslu á ólíkum stigum og með mjög sveigjanlegum hætti. Fræðslan verður að falla að því skóla-, starfsfræðslu- og endurmenntunarkerfi sem fyrir er. Nám á öldrunarbraut í framhaldsskóla að viðbættum verkþjálfunarþætti ætti því að gefa viss réttindi við öldrunarþjónustu auk þess að vera grunnur undir frekara nám.

853. Fyrirspurn [501. mál]

til menntamálaráðherra um héraðsskóla.

Frá Jörgínu Jónsdóttur.

1. Hverjar eru framtíðarhorfur héraðsskólanna?
2. Er það stefna ráðherra að leggja þá niður?
3. Ef svo er, kemur þá 10. bekkur grunnskóla sjálfkrafa inn í grunnskólana þar sem 10. bekkur er ekki nú þegar?

854. Fyrirspurn [502. mál]

til fjármálaráðherra um þungaskatt á dísilbifreiðar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Er von á breytingum á fyrirkomulagi greiðslu þungaskatts af dísilbifreiðum frá því sem nú er þannig að þungaskattur verði greiddur af hverjum seldum olíulítra?

855. Tillaga til þingsályktunar [503. mál]

um eflingu Íþróttasjóðs ríkisins.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að gera tillögu um hvernig best verði staðið að eflingu Íþróttasjóðs ríkisins. Markmið sjóðsins verði að styðja framkvæmdir við íþróttamannvirki er fram fara á vegum íþróttafélaga eða samtaka þeirra. Í nefndinni skulu m.a. sitja fulltrúar tilnefndir af Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skili af sér tillögum fyrir 1. október 1993.

Greinargerð.

Forsaga.

Árlega fram til ársins 1990 voru um 80 félögum veittir styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins til að mæta stofnkostnaði við uppbyggingu íþróttamannvirkja. Jafnframt fór fram á vegum sjóðsins úttekt á viðkomandi mannvirkjum til að þau stæðust alþjóðlega staðla um æfingar og kappleiki. Styrkir þessir námu 40% af framkvæmda- og stofnkostnaði, en greiðsla dróst oft úr hömlu. Í fjárlögum 1993 er aðeins gert ráð fyrir 14 millj. kr. til þessara framkvæmda.

Með breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, og nýrri reglugerð fyrir sjóðinn nr. 609/1989 var verksvið hans takmarkað verulega og sveitarfélögum ætlað að byggja íþróttamannvirki í þágu skóla og til almenningsnota. Einnig var gert ráð fyrir að sveitarstjórnir veittu byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið væri í fjárhagsáætlun sveitarfélaga hverju sinni.

Tilgangur — helstu kostir.

1. Sveitarfélög eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við framangreind verkefni. Þau sveitarfélög, sem verr eru sett, hafa litla möguleika á að leggja fram fjármuni í þessum tilgangi. Framlög sveitarfélaga til íþrótta- og æskulýðsmála eru mjög mismunandi. Árið 1990 voru þau í kaupstöðum frá 2.225 kr. á íbúa og allt upp í 8.765 kr á íbúa, sjá meðfylgjandi súlurit. Í minni sveitarfélögum var þessi munur enn meiri og nokkur dæmi eru þess að sveitarfélög leggi ekkert til þessara mála. Ljóst er því að íbúar landsins sitja ekki við sama borð hvað þetta snertir. Með 15% framlagi Íþróttasjóðs ríkisins næðist nokkur jöfnuður að þessu leyti.
2. Eftir fyrrnefnda lagabreytingu hafa allnokkur hinna stærri sveitarfélaga gert samninga við íþróttahreyfingu síns byggðarlags um uppbyggingu íþróttamannvirkja þar sem kveðið er á um að sveitarfélagið leggi fram 75–80% framkvæmdakostnaðar, en viðkomandi íþróttafélag 20–25%. Ljóst er að íþróttafélög, sem greiða ferðakostnað, laun þjálfara og önnur útgjöld er íþróttastarfi fylgja, munu eiga í miklum erfiðleikum með að safna saman fjármunum fyrir 20–25% af framkvæmdakostnaði við íþróttamannvirki. Víða mun slíkt ekki nást nema með því að stórhækka æfingagjöld, en flestir virkir félagar íþróttasamtakanna eru börn og skólafólk sem hafa lítið eða ekkert fé til ráðstöfunar. Styrkir frá Íþróttasjóði ríkisins mundu því leysa mikinn vanda. Æskilegt væri að styrkirnir næmu a.m.k. 15% af kostnaði við gerð íþróttamannvirkja og greiddust ári eftir að framkvæmda- og stofnkostnaður félli til.
3. Áður fyrr þurfti samþykki stjórnar sjóðsins fyrir hverju mannvirki er sjóðurinn studdi. Áður en til samþykktar kom fór íþróttafulltrúi ríkisins yfir allar teikningar og bar þær saman við alþjóðlega staðla. Oft þurfti að breyta teikningum eftir þá úttekt. Með þessu móti var tryggt að byggð voru vönduð mannvirki og kom mun síður til kostnaðarsamra breytinga og endurbóta eftir á. Nú fer engin slík úttekt eða ráðgjöf fram. Ljóst er að þörfin er fyrir hendi og hafa ÍSÍ og KSÍ hvort um sig skipað mannvirkjanefnd í þessu skyni. Sömuleiðis hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið á fót vísi að ráðgjöf í þessu augnamiði. Eðlilegt er að slík ráðgjöf og úttekt fari fram á einum stað, en að öðrum kosti gæti þurft að bera sama fjölnota íþróttamannvirki undir margar nefndir, t.d. ef hvert sérsamband innan ÍSÍ kæmi sér upp mannvirkjanefnd. Með því að tengja ráðgjöf og úttekt samþykki stjórnar Íþróttasjóðs er tryggt að vönduð úttekt fari fram á hverju mannvirki sem stjórnin samþykkir.

4. Rétt er að hafa í huga að með auknum rannsóknum er að koma æ betur í ljós að íþróttir koma í veg fyrir margháttaða sjúkdóma og draga úr streitu og þunglyndi. Rannsóknir sýna einnig að börnum og unglingum, sem stunda íþróttir, er ekki eins hætt við félagslegum vandamálum sem í æ ríkari mæli setja svip sinn á þjóðlífið.
5. Á undanförnum árum hefur íþróttakennsla í skólum verið dregin saman í sparnaðarskyni. Á sama tíma hefur innivera barna og unglinga aukist verulega vegna sjónvarpsgláps og tölvuleikja. Rík ástæða er því til að styðja íþróttastarf sem fram fer á vegum frjálsra félaga eða samtaka þeirra og stuðla á þann hátt að aukinni hreysti æskunnar.

ÚTGJ. KAUPSTAÐA TIL ÆSKUL.- OG ÍÞR.MÁLA

REIKNAÐ Á ÍBÚA



Heimild: Árbók sveitarfélaga 1991

856. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á e-lið 30. gr. laganna:

a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðast svo: heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.
b. Eftirfarandi orð í 1. tölul. falla brott: „þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu“.
c. Eftirfarandi orð í 2. tölul. falla brott: „sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.“.

2. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum, og tilsvarandi vörum er háður samþykki landbúnaðarráðherra. Hann skal leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni nema þegar um er að ræða innflutning á kartöflum, nýju grænmeti, sveppum og blómum. Ráðherra skal þá leita álits nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra, tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda tilnefndum af viðskiptaráðherra og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils. Ráðherra getur að fengnu áliti nefndarinnar ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutningur garðyrkjuafurða skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt látið að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra, svo og breytingar sem kunna að verða gerðar á slíkum samningum og bókunum og viðaukum við þá.

Áður en ákvarðanir eru teknar um útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3. gr.

56. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sjá nánar 2. kafla II. hluta samningsins.

1. gr. frumvarpsins fjallar um álagningu og innheimtu sérstaks jöfnunargjalds af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Vissir vöruflokkar, sem greinin tekur til, falla undir bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði a-liðar er sett til að samræma lögin þeirri bókun. Felld eru brott skilyrði úr gildandi lögum sem valda því að einungis er hægt að beita til jöfnunar verðtolli sem má nema allt að 200% sé heildsöluverð ekki ákveðið af fimmmannanefnd samkvæmt ákvæðum 13.–15. gr. laganna. Við þessa breytingu verður unnt að leggja á jöfnunargjald sem krónutölu eða sem verðtoll. Álagning jöfnunargjalda mun ekki hækka við þessa breytingu.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að efni 55. gr. og 56. gr. laga nr. 46/1985, með síðari breytingum, sé sameinað í eina grein.

Ákvæði 1. mgr. fjallar almennt um innflutning búvara og vara sem unnar eru úr þeim. Landbúnaðarráðherra er falið forræði þessara mála, en „hann skal leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni“.

Í gildandi lögum segir um þetta efni: „Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.“

Eftir gildistöku laga nr. 88 17. nóvember 1992, um innflutning, er nauðsynlegt að skilgreina upp á nýtt forræði fyrir innflutningi búvara.

Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins um innflutning garðyrkjuafurða eru efnislega samhljóða 56. gr. gildandi laga. Þó er gerð sú breyting að í stað meðmæla er nægilegt að álit innflutningsnefndar liggi fyrir. Rétt þykir að endanlegt ákvörðunarvald á þessu sviði sé hjá ráðherra.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er landbúnaðarráðherra heimilað að leyfa innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Þetta ákvæði er nýmæli og er fyrst og fremst tekið mið af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en er jafnframt nauðsynlegt til að unnt sé að uppfylla fríverslunarsamninga sem búið er að gera eða unnið er að. Hér er farin sama leið og í 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, og í frumvarpi til breytinga á þeim lögum sem liggur fyrir Alþingi.

857. Tillaga til þingsályktunar [505. mál]

um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna, og aðstandenda þeirra, einkum með tilliti til almannatrygginga. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka.

Greinargerð.

Árið 1991 voru samþykkt lög frá Alþingi þar sem kveðið var á um að framfærendur barna með krabbamein og annarra sjúkra barna fengju greiddar umönnunarbætur. Greiðsla umönnunarbóta er þó háð því að barnið dveljist í heimahúsi og skerðist verði barnið að dveljast á sjúkrastofnun eða ef það nýtur einhverrar opinberrar þjónustu. Gildir þá einu þótt foreldrar eða framfærendur séu í raun jafnbundnir við umönnun og aðhlynningu barnsins og þegar það dvelst í heimahúsi.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa lagt fram frumvarp þar sem tekið er á þessu atriði, en það er á fleiri sviðum sem nauðsynlegt er að bæta réttarstöðu mikið veikra barna og aðstandenda þeirra og því er þessi tillaga flutt.

Sama ár og áðurnefnd lög voru samþykkt sendi Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og alþingismönnum ítarlegar tillögur og ábendingar um þau atriði tryggingamála sem betur máttu og mega fara. Einnig benti félagið á göt í tryggingakerfinu sem gera það að verkum að þessir sjúklingar, þ.e. börn með krabbamein og önnur mikið veik börn, og aðstandendur þeirra búa á ýmsan hátt við lakari kjör en aðrir hvað tryggingakerfið varðar.

Frá árinu 1991 hefur lítið breyst hvað varðar réttarstöðu þessara sjúklinga eða aðstandenda þeirra. Því leggjum við til að skipuð verði nefnd sem fari yfir og geri tillögur um bætta stöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna og aðstandenda þeirra. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og annarra hliðstæðra samtaka. Eðlilegt verður að telja að nefndin taki í störfum sínum tillit til þeirra ábendinga og tillagna sem áður hafa verið sendar alþingismönnum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Eftirtalin atriði felast í tillögum þessum:

— Að foreldrar mikið veikra barna eigi kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu, félagsráðgjöf og dagvist.
— Að sérstakt tillit verði tekið til einstæðra foreldra þegar umönnunarbætur eru ákveðnar.
— Að þau börn, sem um ræðir, eigi rétt á örorkustyrk til 16 ára aldurs án tillits til umönnunarbóta þar sem þær eru greiddar foreldri en eru ekki eign barnsins.
— Að fjárstuðningur sé veittur í þeim tilvikum þegar fjölskyldan þarf tímabundið vegna veikinda barns að reka tvö heimili.
— Að aukin verði hlutdeild í ferðakostnaði vegna tíðra ferða á sjúkrahús og á heilsugæslustöðvar þann tíma sem barnið dvelur heima.
— Að börn með krabbamein, önnur mikið sjúk börn og aðstandendur þeirra njóti réttar til styrks eða sérstakra lána vegna bifreiðakaupa.
— Að foreldrar eða aðstandendur eigi rétt á heimilishjálp.
— Að lyfja- og sérfræðikostnaður þessara barna verði metinn sérstaklega.
— Að ferðakostnaður vegna sjúkraþjónustu erlendis verði tekinn til endurskoðunar. Aðeins er greitt fyrir einn fylgdarmann. Engu að síður er talið æskilegt að báðir foreldrar fylgi sjúklingi.

Oft er talið nauðsynlegt að hið sjúka barn fái aðstoð sálfræðings í og ekki síður eftir veikindi. Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við ofangreinda aðstoð.

Ýmis önnur atriði koma fram í tillögum og ábendingum sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur sent frá sér. Tillögurnar sýna svo ekki verður um villst að ýmsu er ábótavant hvað varðar réttarstöðu þessa hóps þjóðfélagsþegna og nauðsynlegt er að bæta þar úr. Því er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

858. Fyrirspurn [506. mál]

til menntamálaráðherra um framtíð húss gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hverjar urðu niðurstöður nefndar þeirrar sem Birgir Ísl. Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, skipaði árið 1988 til að gera tillögur um framtíðarnýtingu húss gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu og hvenær skilaði nefndin af sér?
2. Hvernig var tillögum nefndarinnar fylgt eftir?

859. Fyrirspurn [507. mál]

til menntamálaráðherra um framtíð húss gamla Stýrimannaskólans í Reykjvaík.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða áform eru uppi nú um framtíðarnýtingu húss gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu í Reykjavík?
2. Hvernig er háttað viðhaldi og eftirliti með húsi gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík?

860. Fyrirspurn [508. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða árangri hafa aðgerðir til varnar útbreiðslu alnæmis hér á landi skilað
   a. að mati alþjóðlegra heilbrigðisyfirvalda (WHO),
   b. að mati íslenskra heilbrigðisyfirvalda?
2. Hvernig er fræðslu um alnæmi og vörnum gegn því háttað nú og að hvaða hópum fólks beinist fræðslan einkum?
3. Er unnið að nýrri stefnumótun í alnæmisvörnum í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir bæði erlendis frá varðandi útbreiðslu alnæmis og þeirrar vitneskju sem aflað hefur verið um kynhegðun Íslendinga?

861. Svar [394. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hrafnkels A. Jónssonar um rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila.

Mun heilbrigðisráðuneytið bæta að öllu leyti eða að hluta hallarekstur hjúkrunar- og dvalarheimila á árinu 1992 og tryggja þessum stofnunum tekjustofn í stað halladaggjalda sem felld voru niður við fjárlagagerð fyrir árið 1992?

Halli hjúkrunardeilda á hjúkrunar- og dvalarheimilum á árinu 1992 verður að mestu leyti bættur. Þar sem útgjöld hafa farið mikið fram úr vísitöluhækkun milli áranna 1991 og 1992 verða stofnanir sjálfar að taka á sig einhvern hluta hallans. Halli var samtals um 100 millj. kr., hallagreiðslur verða um 85 millj. króna.

Daggjaldagrunnur hefur verið hækkaður frá 1. janúar til leiðréttingar hjá allmörgum stofnunum á daggjöldum og á sú hækkun að nægja til að stofnanir skili hallalausum rekstri á árinu 1993. Halladaggjöld verða því ekki greidd vegna rekstrar á þessu ári og stofnunum gert að halda rekstri innan daggjalda ella bera hallann sjálfar.

862. Fyrirspurn [509. mál]

til forsætisráðherra um störf og starfsemi í opinberri þjónustu á landsbyggðinni.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var af ríkisstjórninni til að kanna flutning á starfsemi ríkisstofnana út á land?
2. Hefur störfum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni fjölgað sl. tvö ár?
3. Hvernig dreifast störf í opinberri þjónustu hlutfallslega niður á landið í heild eftir kjördæmum og hve stórt hlutfall eru þau af störfum í hverju kjördæmi?

Skriflegt svar óskast.

863. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um skólabúðir að Núpi.

Flm.: Lilja Rafney Magnúsdóttir, Svavar Gestsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun skólabúða að Núpi í Dýrafirði. Skólabúðirnar verði aðallega opnar nemendum 8.–10. bekkjar grunnskóla, auk þess sem nemendum framhaldsskóla verði gefinn kostur á því að vera í skólabúðum að Núpi.

Skólabúðirnar að Núpi taki til starfa frá og með næstu áramótum.

Greinargerð.

Mikil óvissa er um skólahald á Vestfjörðum að Núpi og í Reykjanesi. Málefni Reykjaness hafa verið rædd á Alþingi eftir að ríkisstjórnin ákvað að loka skólanum í andstöðu við þingmenn Vestfjarða. Ríkisstjórnin lét viðhorf þingmanna Vestfjarða sem vind um eyru þjóta og hefur hún enn ekki tekið ákvörðun um framtíðarstarf skóla í Reykjanesi.

Alþingi hefur hingað til hins vegar lítt fjallað um þá staðreynd að annar héraðsskóli á Vestfjörðum hefur verið lokaður í eitt skólaár. Það er skólinn að Núpi í Dýrafirði. Þar var myndarlegt skólastarf til skamms tíma og þar eru húsnæðisaðstæður ákjósanlegar.

Hér er flutt tillaga um að húsnæðið að Núpi verði nýtt fyrir skólabúðir líkar þeim sem eru að Reykjum í Hrútafirði og hafa gefist vel. Þar er fullskipað allan veturinn. Hér er gert ráð fyrir því að miða skólabúðirnar að Núpi aðallega við unglingastarfið, auk þess sem nemendum framhaldsskóla verði gefinn kostur á því að vera í skólabúðum að Núpi.

Fyrir liggja hugmyndir um skólabúðir að Núpi. Verður gerð nánari grein fyrir þeim málum í framsögu.

864. Tillaga til þingsályktunar [511. mál]

um lista- og menningarmiðstöð í Álafosshúsunum í Mosfellsbæ.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Björn Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kanna hvernig koma má á fót lista- og menningarmiðstöð í gömlu Álafosshúsunum í Mosfellsbæ. Ráðherra hafi samráð við Mosfellsbæ, Framkvæmdasjóð Íslands, samtök listamanna og þá listamenn sem nú hafa aðstöðu í húsunum.

Greinargerð.

Í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ standa gömul hús sem áður voru í eigu Álafoss hf. en eru nú í eigu Framkvæmdasjóðs Íslands. Á undanförnum árum hafa listamenn fengið inni í þessum gömlu húsum fyrir vinnustofur sínar. Óljóst er um framtíð þessara húsa og þessa svæðis en að mati flutningsmanna er sjálfsagt að kannað verði hvort ekki getið verið framhald á þeirri starfsemi sem þegar er hafin í húsunum. Ákjósanlegt væri að um frekari þróun væri að ræða í átt til opinnar lista- og menningarmiðstöðvar þar sem listamenn geta sinnt listsköpun sinni, sýnt og selt almenningi handverk sitt og listmuni. Staðurinn gæti þannig orðið miðstöð listsköpunar og kynningar á verkum og vinnubrögðum listamanna, bæði fyrir skólabörn, allan almenning og aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Starfsemin gæti því allt í senn veitt þroska, menntun og skemmtan, og ekki síst atvinnu og lífsviðurværi.

Fjölmargir möguleikar eru hvað varðar rekstrarform og eignarhald, allt frá eignarhaldi listamannanna sjálfra til sjálfseignarstofnunar þar sem fulltrúar ríkis, bæjar og listamanna væru í forsvari. Það yrði verkefni ráðherra og samráðsaðila hans að leggja til hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast ef tillagan nær fram að ganga.

Flutningsmenn tillögunnar leggja höfuðáherslu á að reynt verði að styðja við og nýta á jákvæðan hátt það frumkvæði listamannanna sjálfra sem átt hefur sér stað í þessum gömlu húsum og gætt hafa þau lífi á nýjan leik.

865. Frumvarp til laga [512. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni M. Mathiesen, Ingibjörg Pálmadóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nauta og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitastjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–5. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar greinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1993.

Greinargerð.

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um landið, er alvarlegt áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerð, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þá tillögu, sbr. skýrslu nefndarinnar sem birt er sem fskj. III með frumvarpi þessu.

Þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði. Þótt fjölmargar sveitarstjórnir hafi brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991, sbr. fskj. II, tíðkast lausaganga stórgripa enn á nokkrum svæðum við meiri háttar umferðaræðar og bólar ekki á aðgerðum af hálfu viðkomandi sveitarstjórna. Þetta ástand er, eins og dæmin sanna, með öllu óviðunandi og því þykir flutningsmönnum tímabært að taka af skarið.

Í áðurnefndri skýrslu færa nefndarmenn m.a. fram eftirfarandi rök fyrir þeirri tillögu sinni að banna lausagöngu stórgripa:

„Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförnum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysin, þar sem búfé á hlut að máli, eru árekstrar ökutækja og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986–1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Óhætt er að fullyrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmst eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðaeigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripi varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hins vegar að með tilliti til búskaparhátta sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða griphelda girðingu fyrir hross og nautgripi en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra."

Enn fremur segir í skýrslunni um þetta m.a.:

„Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir [heimildir laga til að takmarka búfjárhald, áður búfjárræktarlög og lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nú lög um búfjárhald] til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið en áfram verði í gildi ákvæði sem heimili sveitarstjórnarmönnum að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi, bæði á afréttum og heimalöndum, en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum."

Þessar niðurstöður nefndarinnar og rökstuðningur eru enn í fullu gildi. Þó svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafi á síðustu árum tekið á þessum málum og margar bannað lausagöngu hrossa eða stórgripa, sbr. fskj. II, tíðkast lausaganga enn á mörgum stöðum, jafnvel þar sem þjóðvegir með miklum umferðarþunga liggja eftir endilöngum sveitarfélögum.

Á ákveðnum leiðum er það þannig að sjaldan líður svo mánuður að ekki komi til óhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að nefna Húnavatnssýslur og Skagafjörð en þar eru óhöpp af þessu tagi hvað tíðust.

Skylt er að geta þess að mikið hefur verið gert undanfarin ár til að ráða bót á þessu ástandi. Þannig hefur lögreglan, bæði á Sauðárkróki og Blönduósi, lagt sig fram um að fá bændur og sveitarstjórnir til samstarfs um að taka á þessum málum. Það er mat þeirra Björns Mikaelssonar, yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki, og Kristjáns Þorbjörnssonar, yfirlögregluþjóns á Blönduósi, að ástandið hafi batnað síðustu árin þótt enn sé það óviðunandi. Upplýsingar um fjölda óhappa í viðkomandi umdæmum eru frá þeim komnar og kunna flutningsmenn þeim bestu þakkir fyrir.

Upplýsingar um fjölda óhappa, sem tengjast búfé á landinu öllu, eru fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lögregluskýrslum. Allar þessar upplýsingar og töflur eru birtar í fskj. I.

Ljóst er að í framhaldi af lagabreytingu af þessu tagi verða væntanlega breytingar á ábyrgð málsaðila ef umferðaróhöpp verða eftir sem áður vegna þess að stórgripir sleppa úr vörslu eða vörsluskylda er með öllu vanrækt. Reynir þá væntanlega á heimildir gildandi laga til að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður bætur ef sá sem fyrir tjóninu verður, í þessu tilviki eigandi stórgripsins eða gripanna, er meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Með vísan til þessarar heimildar og þess að umferðarlög eru nú í endurskoðun varð það niðurstaða flutningsmanna að leggja ekki til breytingar á umferðarlögum að svo stöddu.

Loks er rétt að geta þess að í frumvarpi til vegalaga, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er að finna það nýmæli í 56. gr. að lausaganga alls búfjár er bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er beggja megin vegar. Slíkt lausagöngubann á þeim vegsvæðum, sem þegar eru lokuð af með girðingum, kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa, óháð ástandi girðinga meðfram vegum, eins og hér er lagt til.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1993 þannig að sveitarstjórnum og öðrum málsaðilum gefist nokkurra mánaða aðlögunartími að gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ótvíræð vörsluskylda verði lögð á eigendur stórgripa, þ.e. í þessu sambandi nautgripa og hrossa, og sérstaklega tekið fram að þeim, þ.e. eigendunum, beri að sjá til þess að slíkir gripir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Þessi vörsluskylda skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem þannig háttar til að fullvíst og tryggt má telja að af því geti ekki stafað hætta fyrir umferð. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður að beitarlönd liggi þannig úr alfaraleið að ekki sé nein hætta á að gripirnir komist á þjóðvegi eða í umferð sem máli skipti. Um slík tilvik skulu þá gilda sérstök ákvæði í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna og um þau haft samráð við lögreglustjóra. Þá skal samþykki landbúnaðarráðherra koma til, en sveitarstjórnir hafa hins vegar, sbr. 5. gr. búfjárlaga, sjálfstæða heimild til að fyrirskipa vörslu. Ekki þykir rétt að á grundvelli hennar megi nýta hið undanþæga ákvæði um hagagöngu stórgripa utan girðinga án þess að samþykki landbúnaðarráðuneytis komi til.

Um 2. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurra mánaða aðlögunartíma bæði sveitarstjórnum og eigendum stórgripa sem kunna að þurfa að gera tilteknar ráðstafanir til að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins. Ekki þykir þó fært að draga það lengur en til næsta hausts að koma hinni breyttu skipan á.

Þrjú fylgiskjöl voru prentuð í þingskjalinu (lausaskjalinu). Um texta þeirra vísast til lausaskjalsins. Á fskj. I voru birtar upplýsingar um umferðaróhöpp sem tengjast búfé á landinu öllu og eru þær fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lög-

regluskýrslum, á fskj. II yfirlit yfir samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald og á fskj. III skýrsla nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði í janúar 1989 til að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin lauk störfum í desember sama ár.

866. Hjúskaparlög. [273. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars.)

Samhljóða þskj. 777, sbr. þskj. 369.

867. Svar [371. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fasteignaskatta ríkisfyrirtækja og stofnana.

Í fyrirspurninni er óskað upplýsinga um fasteignaskatta sem lagðir voru á ríkisfyrirtæki og stofnanir ríkisins á árinu 1992. Í Ríkisbókhaldi eru fasteignagjöld, sem sveitarfélög leggja á, bókfærð í einu lagi en ekki greint á milli fasteignaskatts og annarra fasteignagjalda, svo sem lóðarleigu, vatnsskatts, sorphirðugjalds o.fl. Mikil vinna væri fólgin í því að aðgreina þessi gjöld. Í samráði við fyrirspyrjanda var því ákveðið að tilgreina í svari þessu fasteignagjöld eins og þau eru bókfærð í Ríkisbókhaldi. Reikna má með að fasteignaskattur, sem lagður er á skv. II. kafla laga nr. 90 frá 1990, um tekjustofna sveitarfélaga, sé 60–70% af hinni tilgreindu fjárhæð.

Eftirfarandi tölur eru miðaðar við greidd fasteignagjöld á árinu 1992 samkvæmt Ríkisbókhaldi. Í sumum tilvikum skorti tölur fyrir árið 1992 og eru þá notaðar tölur frá árinu 1991. Ekki eru meðtaldar þær stofnanir sem undanþegnar eru fasteignaskatti.

1. *Hversu hárri fjárhæð námu fasteignaskattar ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins árið 1992 sem á voru lagðir skv. II. kafla laga nr. 90 frá 1990, um tekjustofna sveitarfélaga?*

Fasteignagjöld stofnana í A-hluta voru um 78,3 millj. kr. og stofnana í B-hluta um 191,6 millj. kr. eða samtals um 269,9 millj. kr. Eins og að framan greinir má reikna með að 60–70% þessara gjalda séu fasteignaskattar. Samkvæmt því eru það því 162–189 millj. kr. Listi yfir þessar stofnanir fylgir.

2. *Hve hárri fjárhæð námu heildarfasteignaskattar fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í?*

Fasteignagjöld fyrirtækja, sem ríkissjóður á meiri hluta í, námu 21,6 millj. kr. og annarra fyrirtækja, sem ríkissjóður á verulegan hluta í, námu um 65 millj. kr. Ef notuð er sama reikniregla og fyrr má ætla að fasteignaskattar fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í, hafi numið 13–15 millj. kr. og hjá öðrum fyrirtækjum, sem ríkissjóður á hluta í, hafi fasteignaskattar verið 39–45,5 millj. kr.

3. *Hvernig skiptast þessir fasteignaskattar ríkisfyrirtækja, stofnana ríkisins og fyrirtækja, sem ríkissjóður á meiri hluta í, eftir sveitarfélögum í landinu?*

Fasteignagjöldin, sem hér um ræðir, nema samtals 356,5 millj. kr. Þar má áætla að fasteignaskattar hafi verið 213–250 millj. kr. Nokkuð stór hluti þessara gjalda er hjá stofnunum sem eiga fasteignir í mörgum sveitarfélögum og greiða því gjöld til þeirra. Eru þau ekki sundurliðuð á þann hátt að hægt sé að greina þau eftir sveitarfélögum. Í eftirfarandi sundurliðun er sveitarfélag þar sem stofnun hefur aðalaðsetur þó í sumum tilvikum tilgreint, þó svo að einhver lítill hluti fasteigna viðkomandi stofnunar sé í öðru sveitarfélagi.

Af framangreindum 356,5 millj. kr. voru um 203 millj. kr. greiddar af stofnunum og fyrirtækjum sem eru með fasteignir í fleiri en einu sveitarfélagi og af þeim 153,5 millj. kr., sem eftir eru, eru um 75 millj. kr. greiddar af fyrirtækjum og stofnunum sem eru í Reykjavík.

Meðfylgjandi er listi yfir þær stofnanir sem ætla má að hafi greitt fasteignaskatt sem hluta af fasteignagjöldum á árinu 1992. Sleppt er þeim fjölmörgu stofnunum er greiddu fasteignagjöld önnur en fasteignaskatt á árinu 1992. Eru það einkum skólar, söfn og heilbrigðisstofnanir. Uppgjör reikninga fyrir árið 1992 hefur ekki borist frá ýmsum stofnunum og upplýsingar um þær eru ekki aðgengilegar í bókhaldskerfi ríkisins. Í þeim tilfellum eru notuð gjöld ársins 1991 og þær stofnanir eru auðkenndar með einni stjörnu (*). Þær stofnanir, sem vitað er að greiddu fasteignagjöld til fleiri en eins sveitarfélags, eru auðkenndar með tveimur stjörnum (**).

Fjármálaráðuneytið 29.03.1993

A - hluti:

Fjárlaga-númer	Sveitarfél.-númer	Stofnun	Upphæð í kr.	
00 101		Embætti forseta Íslands	803.502	**
00 201	Reykjavík	Alþingi	5.114.254	*
01 101		Forsætisráðuneyti	1.399.321	**
01 902	Þingvallahreppur	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	142.125	
02 202	Reykjavík	Tilraunastöð HÍ að Keldum	591.186	
02 203	Reykjavík	Raunvísindastofnun	601.262	
02 234	Reykjavík	Vísindaráð	63.566	
02 422	Reykjavík	Námsgagnastofnun	614.499	
02 714	Ísafjörður	Fræðsluskrifstofa Vestfjarða	229.588	
02 715	Blönduós	Fræðsluskrifstofa Norðurl. vestra	273.956	
02 717	Reyðarfjörður	Fræðsluskrifstofa Austurlands	63.405	
03 102		Varnamálaskrifstofa	15.196	
03 201		Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugv.	15.255	
04 206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.827.013	**
04 231		Skógrækt ríkisins	1.317.932	**
04 235		Landgræðsla ríkisins	664.070	**
04 246	Reykjavík	Veiðimálastofnun	69.106	
04 247		Yfirdýralæknir	1.801.777	**
04 501	Andakílshreppur	Bændaskólinn á Hvanneyri	774.732	
04 502	Hólahreppur	Bændaskólinn á Hólum	633.901	
04 503	Ölfushreppur	Garðyrkjuskóli ríkisins	232.115	
05 202	Reykjavík	Hafrannsóknastofnun	145.120	
05 901	Reykjavík	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	5.407.238	
06 201	Reykjavík	Hæstiréttur	364.512	
06 302	Kópavogur	Rannsóknalögregla ríkisins	889.287	
06 311	Reykjavík	Lögreglustjórinn í Reykjavík	4.110.104	
06 395	Reykjavík	Landhelgisgæslan	341.179	
06 412	Akranes	Sýslumaðurinn Akranesi	78.464	
06 413	Borgarnes	Sýslumaðurinn Borgarnesi	554.758	
06 414	Stykkishólmi	Sýslumaðurinn Stykkishólmi	694.467	**
06 415	Laxárdalshreppur	Sýslumaðurinn Búðardal	231.345	
06 416	Patrekshreppur	Sýslumaðurinn Patreksfirði	295.321	
06 417	Bolungarvík	Sýslumaðurinn Bolungarvík	355.429	
06 418	Ísafjörður	Sýslumaðurinn Ísafirði	241.764	
06 419	Hólmavíkurhreppur	Sýslumaðurinn Hólmavík	119.436	
06 420	Blönduósi	Sýslumaðurinn Blönduósi	433.468	**
06 421	Sauðárkrókur	Sýslumaðurinn Sauðárkróki	661.783	
06 422	Siglufjörður	Sýslumaðurinn Siglufirði	659.405	
06 423	Ólafsfjörður	Sýslumaðurinn Ólafsfirði	308.501	
06 424	Akureyri	Sýslumaðurinn Akureyri	1.498.869	**
06 425	Húsavík	Sýslumaðurinn Húsavík	1.110.613	
06 426	Seyðisfirði	Sýslumaðurinn Seyðisfirði	419.910	**

Fjármálaráðuneytið 29.03.1993

06 427	Neskaupstaður	Sýslumaðurinn Neskaupstað	208.499	
06 428	Eskifjörður	Sýslumaðurinn Eskifirði	529.905	
06 429	Höfn í Hornafirði	Sýslumaðurinn Höfn	241.867	
06 430	Mýrdalshreppur	Sýslumaðurinn Vík	54.730	
06 431	Hvolhreppur	Sýslumaðurinn Hvolsvelli	416.356	
06 432	Vestmannaeyjar	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	299.979	
06 433	Selfoss	Sýslumaðurinn Selfossi	1.099.670	
06 434	Keflavík	Sýslumaðurinn Keflavík	799.277	**
06 436	Hafnarfjörður	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	784.858	
06 437	Kópavogur	Sýslumaðurinn Kópavogi	732.749	
06 491		Húsnæði og búnaður sýslumanna	630.335	
06 511	Reykjavík	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	1.139.446	**
06 512	Eyrarbakkahreppur	Fangelsið Litla-Hrauni	1.118.783	
06 513	Eyrarsveit	Fangelsið Kvíabryggju	118.265	
06 591	Reykjavík	Fangelsisbyggingar	238.559	
06 701	Reykjavík	Biskup Íslands	115.507	*
06 711		Prestaköll og prófastsdæmi	4.369.767	**
07 701	Reykjavík	Málefni fatlaðra, Reykjavík	69.021	
07 702	Hafnarfjörður	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	60.386	
07 703		Málefni fatlaðra, Vesturlandi	244.219	
07 704	Ísafjörður	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	173.568	
07 705		Málefni fatlaðra, Norðurl. vestra	50.502	
07 706	Akureyri	Málefni fatlaðra, Norðurl. eystra	612.955	
07 707	Egilsstaðir	Málefni fatlaðra, Austurlandi	258.278	
07 708		Málefni fatlaðra, Suðurlandi	85.584	
07 710		Meðferðarh. og sambýli einhv.	201.627	
07 711	Reykjavík	Styrktarfélag vangefinna	1.364.932	
07 720	Mosfellsbær	Skálatúnsheimilið	471.656	
07 722	Grímsneshreppur	Sólheimar	1.329.170	*
07 954	Reykjavík	Vinnueftirlit ríkisins	461.857	
08 271	Reykjavík	Tryggingastofnun ríkisins	2.198.021	
09 981		Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	879.099	**
10 211		Vegagerð ríkisins	10.410.801	**
10 332	Kópavogur	Vitastofnun Íslands	212.338	
10 471		Flugmálastjórn	7.168.104	* **
11 301	Reykjavík	Orkustofnun	321.095	*
14 201		Náttúruverndarráð	393.859	**
14 210		Veiðistjóri	7.644	**
14 410	Reykjavík	Veðurstofa Íslands	2.222.793	**
		Samtals A - hluti:	**78.264.795**	

B - hluti:

22 211	Reykjavík	Háskólabíó	2.509.829	
22 276	Reykjavík	Fiskeldishús, Keldum	98.267	
22 679	Laugardalshreppur	Sameignir skólanna á Laugarvatni	174.775	
22 970	Reykjavík	Ríkisútvarpið	21.392.215	**
22 976	Reykjavík	Menningarsjóður	197.279	
23 114	Miðneshreppur	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	27.261.494	
23 121	Reykjavík	Sala varnarliðseigna	2.007.132	
24 206	Andakílshreppur	Tilraunastöðin Hesti	182.906	
24 221	Reykjavík	Áburðarverksmiðja ríkisins	9.328.430	
24 271		Landgræðslusjóður	338.503	
24 272	Hríseyjarhreppur	Einangrunarstöð Hrísey	315.263	
25 222		Síldarverksmiðjur ríkisins	11.790.337	
25 272	Reykjavík	Bygging rannsóknast. sjávarútv.	2.983.893	
29 101		ÁTVR	8.529.089	**
29 931	Reykjavík	Arnarhváll	5.916.998	
29 981		Fasteignir ríkissjóðs	42.932.105	**
30 101		Póstur og sími	40.575.521	**
31 231	Akranes	Sementsverksmiðja ríkisins	11.902.404	
31 321		Rafmagnsveitur ríkisins	3.171.990	
		B - hluti samtals:	**191.608.430**	

Félög:

Meirihluta eign:

	Reykjavík	Bifreiðaskoðun Íslands	3.157.494
	Skilamannahreppur	Íslenska járnblendifélagið hf.	10.138.942
	Skútustaðahreppur	Kísiliðjan hf.	2.798.938
	Akureyri	Slippstöðin hf.	5.493.967
	Reykjavík	Skallagrímur hf.	2.558
		Samtals:	**21.591.899**

Önnur fyrirtæki:

		Landsvirkjun	59.626.355
		Ísl. aðalverktakar	2.461.649
	Reykjavík	SKÝRR	1.741.841
		Orkubú Vestfjarða	1.237.892
		Samtals:	**65.067.737**
		Samtals heild:	**356.532.861**

Fjármálaráðuneytið 29.03.1993

Fasteignagjöld ríkisfyrirtækja,stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.

Fjárlaga-númer	Sveitarfél.-númer	Stofnun	Upphæð í kr.	Samtals til svf.
24 221	Reykjavík	Áburðarverksmiðja ríkisins	9.328.430	
00 201	Reykjavík	Alþingi	5.114.254	
29 931	Reykjavík	Arnarhváll	5.916.998	
	Reykjavík	Bifreiðaskoðun Íslands	3.157.494	
06 701	Reykjavík	Biskup Íslands	115.507	
25 272	Reykjavík	Bygging rannsóknast. sjávarútv.	2.983.893	
06 511	Reykjavík	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	1.139.446	
06 591	Reykjavík	Fangelsisbyggingar	238.559	
22 276	Reykjavík	Fiskeldishús, Keldum	98.267	
05 202	Reykjavík	Hafrannsóknastofnun	145.120	
22 211	Reykjavík	Háskólabíó	2.509.829	
06 201	Reykjavík	Hæstiréttur	364.512	
06 395	Reykjavík	Landhelgisgæslan	341.179	
06 311	Reykjavík	Lögreglustjórinn í Reykjavík	4.110.104	
07 701	Reykjavík	Málefni fatlaðra, Reykjavík	69.021	
22 976	Reykjavík	Menningarsjóður	197.279	
02 422	Reykjavík	Námsgagnastofnun	614.499	
11 301	Reykjavík	Orkustofnun	321.095	
02 203	Reykjavík	Raunvísindastofnun	601.262	
22 970	Reykjavík	Ríkisútvarpið	21.392.215	
23 121	Reykjavík	Sala varnarliðseigna	2.007.132	
	Reykjavík	Skallagrímur hf.	2.558	
05 901	Reykjavík	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	5.407.238	
	Reykjavík	SKÝRR	1.741.841	
07 711	Reykjavík	Styrktarfélag vangefinna	1.364.932	
02 202	Reykjavík	Tilraunastöð HÍ að Keldum	591.186	
08 271	Reykjavík	Tryggingastofnun ríkisins	2.198.021	
14 410	Reykjavík	Veðurstofa Íslands	2.222.793	
04 246	Reykjavík	Veiðimálastofnun	69.106	
07 954	Reykjavík	Vinnueftirlit ríkisins	461.857	
02 234	Reykjavík	Vísindaráð	63.566	74.889.193
06 302	Kópavogur	Rannsóknalögregla ríkisins	889.287	
06 437	Kópavogur	Sýslumaðurinn Kópavogi	732.749	
10 332	Kópavogur	Vitastofnun Íslands	212.338	1.834.374
07 702	Hafnarfjörður	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	60.386	
06 436	Hafnarfjörður	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	784.858	845.244
07 720	Mosfellsbær	Skálatúnsheimilið	471.656	471.656
06 434	Keflavík	Sýslumaðurinn Keflavík	799.277	799.277
23 114	Miðneshreppur	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	27.261.494	27.261.494
31 231	Akranes	Sementsverksmiðja ríkisins	11.902.404	
06 412	Akranes	Sýslumaðurinn Akranesi	78.464	11.980.868

Fjármálaráðuneytið 29.03.1993

	Skilamannahreppur	Íslenska járnblendifélagið hf.	10.138.942	10.138.942
04 501	Andakílshreppur	Bændaskólinn á Hvanneyri	774.732	
24 206	Andakílshreppur	Tilraunastöðin Hesti	182.906	957.638
06 413	Borgarnes	Sýslumaðurinn Borgarnesi	554.758	554.758
06 513	Eyrarsveit	Fangelsið Kvíabryggju	118.265	118.265
06 414	Stykkishólmi	Sýslumaðurinn Stykkishólmi	694.467	694.467
06 415	Laxárdalshreppur	Sýslumaðurinn Búðardal	231.345	231.345
02 714	Ísafjörður	Fræðsluskrifstofa Vestfjarða	229.588	
07 704	Ísafjörður	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	173.568	
06 418	Ísafjörður	Sýslumaðurinn Ísafirði	241.764	644.920
06 417	Bolungarvík	Sýslumaðurinn Bolungarvík	355.429	355.429
06 416	Patrekshreppur	Sýslumaðurinn Patreksfirði	295.321	295.321
06 419	Hólmavíkurhreppur	Sýslumaðurinn Hólmavík	119.436	119.436
06 422	Siglufjörður	Sýslumaðurinn Siglufirði	659.405	659.405
06 421	Sauðárkrókur	Sýslumaðurinn Sauðárkróki	661.783	661.783
02 715	Blönduós	Fræðsluskrifstofa Norðurl. vestra	273.956	
06 420	Blönduósi	Sýslumaðurinn Blönduósi	433.468	707.424
04 502	Hólahreppur	Bændaskólinn á Hólum	633.901	633.901
07 706	Akureyri	Málefni fatlaðra, Norðurl. eystra	612.955	
	Akureyri	Slippstöðin hf.	5.493.967	
06 424	Akureyri	Sýslumaðurinn Akureyri	1.498.869	7.605.791
06 425	Húsavík	Sýslumaðurinn Húsavík	1.110.613	1.110.613
06 423	Ólafsfjörður	Sýslumaðurinn Ólafsfirði	308.501	308.501
24 272	Hríseyjarhreppur	Einangrunarstöð Hrísey	315.263	315.263
	Skútustaðahreppur	Kísiliðjan hf.	2.798.938	2.798.938
06 426	Seyðisfirði	Sýslumaðurinn Seyðisfirði	419.910	419.910
06 427	Neskaupstaður	Sýslumaðurinn Neskaupstað	208.499	208.499
06 428	Eskifjörður	Sýslumaðurinn Eskifirði	529.905	
07 707	Egilsstaðir	Málefni fatlaðra, Austurlandi	258.278	788.183

Fjármálaráðuneytið 29.03.1993

02 717	Reyðarfjörður	Fræðsluskrifstofa Austurlands	63.405	63.405
06 429	Höfn í Hornafirði	Sýslumaðurinn Höfn	241.867	241.867
06 430	Mýrdalshreppur	Sýslumaðurinn Vík	54.730	54.730
06 432	Vestmannaeyjar	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	299.979	299.979
06 433	Selfoss	Sýslumaðurinn Selfossi	1.099.670	1.099.670
06 431	Hvolhreppur	Sýslumaðurinn Hvolsvelli	416.356	416.356
06 512	Eyrarbakkahreppur	Fangelsið Litla-Hrauni	1.118.783	1.118.783
22 679	Laugardalshreppur	Sameignir skólanna á Laugarvatni	174.775	174.775
07 722	Grímsneshreppur	Sólheimar	1.329.170	1.329.170
01 902	Þingvallahreppur	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	142.125	142.125
04 503	Ölfushreppur	Garðyrkjuskóli ríkisins	232.115	232.115
29 101		ÁTVR	8.529.089	
00 101		Embætti forseta Íslands	803.502	
29 981		Fasteignir ríkissjóðs	42.932.105	
10 471		Flugmálastjórn	7.168.104	
01 101		Forsætisráðuneyti	1.399.321	
06 491		Húsnæði og búnaður sýslumanna	630.335	
		Ísl. aðalverktakar	2.461.649	
04 235		Landgræðsla ríkisins	664.070	
24 271		Landgræðslusjóður	338.503	
		Landsvirkjun	59.626.355	
07 705		Málefni fatlaðra, Norðurl. vestra	50.502	
07 708		Málefni fatlaðra, Suðurlandi	85.584	
07 703		Málefni fatlaðra, Vesturlandi	244.219	
07 710		Meðferðarh. og sambýli einhv.	201.627	
14 201		Náttúruverndarráð	393.859	
		Orkubú Vestfjarða	1.237.892	
30 101		Póstur og sími	40.575.521	
06 711		Prestaköll og prófastsdæmi	4.369.767	
31 321		Rafmagnsveitur ríkisins	3.171.990	
04 206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.827.013	
25 222		Síldarverksmiðjur ríkisins	11.790.337	
04 231		Skógrækt ríkisins	1.317.932	
03 201		Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugv.	15.255	
03 102		Varnamálaskrifstofa	15.196	
10 211		Vegagerð ríkisins	10.410.801	
14 210		Veiðistjóri	7.644	
04 247		Yfirdýralæknir	1.801.777	
09 981		Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	879.099	202.949.048
		Samtals heild:	**356.532.861**	**356.532.861**

868. Svar [408. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um kostnað við tölvuvinnu.

1. *Hver var kostnaður ríkisins og ríkisfyrirtækja á síðasta ári af aðkeyptri vinnu frá SKÝRR?*

Stofnanir í A-hluta ríkissjóðs keyptu þjónustu af SKÝRR fyrir 628 millj. kr. á sl. ári. Þar af voru greiddar 156 millj. kr. fyrir kerfisfræðivinnslu. Viðskipti sömu stofnana við SKÝRR 1991 námu 701 millj. kr. og hafa þannig minnkað um nær 73 millj. kr. á milli ára. Þetta má m.a. þakka sparnaðarátaki hjá stærstu stofnunum fjármálaráðuneytis. Sé litið á einstaka kostnaðarliði kemur í ljós að kostnaður við kerfisfræðivinnu og sívinnslu hefur nær staðið í stað en sparnaður kemur einkum fram á runuvinnslu- og gagnamiðlakostnaði.

2. *Hve mikið greiddu stofnanir og fyrirtæki ríkisins einkafyrirtækjum á síðasta ári fyrir vinnu sem tengdist gerð og viðhaldi hugbúnaðar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi nema greiðslur stofnana til tölvufyrirtækja fyrir gerð og viðhald hugbúnaðar 203 millj. kr. Árið 1991 var þessi liður 189 millj. kr.

3. *Hver var kostnaður ríkisins og fyrirtækja þess á síðasta ári af þjónustu tölvufyrirtækja? Auk heildarkostnaðar óskast kostnaður tilgreindur eftir einstökum stofnunum.*

Heildarkostnaður vegna kaupa á þjónustu tölvufyrirtækja, þar með talið SKÝRR, var 1.145 millj. kr. Meðfylgjandi er listi þar sem fram kemur fjárlaganúmer, nafn stofnunar og fjárhæð.

Það skal tekið fram að ofangreindar upplýsingar taka aðeins til A-hluta stofnana ríkissjóðs en fullkomnar upplýsingar um B-hluta fyrirtæki liggja fyrir þegar ríkisreikningur ársins 1992 er tilbúinn. Nú liggja þó fyrir upplýsingar um útgjöld stærstu ríkisfyrirtækja í B-hluta, þ.e. Póst- og símamálastofnunar og Ríkisútvarps og er þeirra getið í listanum.

Upplýsingarnar byggjast á gögnum frá Ríkisbókhaldi og SKÝRR. Hugsanlegt er að skipting kostnaðar milli hugbúnaðargerðar og annars tölvukostnaðar sé ekki nákvæm. Enn fremur ber þess að geta að árið 1992 var gerð breyting á tegundalyklum bókhalds sem leiddi til nákvæmari sundurliðunar á útgjöldum til tölvumála. Meðal annars af þeim sökum liggja ekki fyrir nákvæmar samanburðartölur á milli áranna 1991 og 1992.

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð
		í þús. kr.
00101	Embætti forseta Íslands	39
00520	Opinberar heimsóknir	18
00620	Ríkisendurskoðun	5.849
01101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	211
01901	Húsameistari ríkisins	927
01902	þjóðgarðurinn á þingvöllum	284
02101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.957
02203	Raunvísindastofnun Háskólans	6.775
02204	Stofnun Sigurðar Nordals	14
02205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1.678
02207	Íslensk málstöð	291
02208	Örnefnastofnun	20
02210	Háskólinn á Akureyri	3.117
02221	Kennaraháskóli Íslands	7.348
02222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	114
02223	Rannsóknastofnun uppeldismála	813
02232	Rannsóknaráð ríkisins	460
02234	Vísindaráð	59
02301	Menntaskólinn í Reykjavík	18
02302	Menntaskólinn á Akureyri	213
02303	Menntaskólinn á Laugarvatni	43
02304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.442
02305	Menntaskólinn við Sund	765
02306	Menntaskólinn á Ísafirði	230
02307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.491
02308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1.120
02309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.268
02318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaði	13.845
02319	Framhaldsskólar, almennt	3.091
02350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2.404
02351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	313
02352	Flensborgarskóli Hafnarfirði	1.931
02353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.031
02354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2.389
02355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	14
02356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1.116
02357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	410
02358	Verkmenntaskóli Austurlands	330
02359	Verkmenntaskóli á Akureyri	2.208
02360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.214
02361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1.247
02362	Framhaldsskólinn á Húsavík	1.233
02363	Framhaldsskólinn á Laugum	10
02422	Námsgagnastofnun	5.242
02430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	292
02440	Fullorðinsfræðsla	21
02501	Tækniskóli Íslands	2.418
02506	Vélskóli Íslands	999
02507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	64
02514	Iðnskólinn í Reykjavík	4.863

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð
		í þús. kr.
02516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	255
02517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	709
02518	Fiskvinnsluskólinn	85
02523	Fósturskóli Íslands	379
02524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	243
02531	Íþróttakennaraskóli Íslands	18
02541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	10
02551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	19
02561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	2.998
02562	Leiklistarskóli Íslands	297
02571	Sjómannaskólahúsið	12
02601	Héraðsskólinn Reykholti	45
02602	Héraðsskólinn Núpi	9
02604	Héraðsskólinn Reykjum	14
02605	Alþýðuskólinn Eiðum	432
02606	Héraðsskólinn Skógum	18
02710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	540
02711	Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	631
02713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	32
02714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	223
02715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	1.153
02716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	883
02717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	52
02718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	503
02720	Grunnskólar, almennt	2.793
02750	Skólar fyrir fatlaða	1.973
02752	Öskjuhlíðarskóli	325
02753	Brautarskóli	341
02754	Safamýrarskóli	28
02755	Dalbrautarskóli	90
02756	Skólinn við Kópavogsbraut	75
02757	Skólinn að Tjaldanesi	13
02758	Hvammshlíðarskóli	23
02798	Einholtsskóli	41
02799	Heyrnleysingjaskólinn	136
02806	Barnaverndarráð Íslands	14
02869	Vistunarheimilið Árbót	152
02870	Meðferðarheimilið Tindar	2
02871	Unglingaheimili ríkisins	145
02884	Jöfnun á námskostnaði	178
02901	Landsbókasafn Íslands	2.563
02902	Þjóðminjasafn Íslands	2.966
02903	Þjóðskjalasafn Íslands	1.291
02906	Listasafn Einars Jónssonar	-5
02908	Kvikmyndasafn Íslands	14
02909	Blindrabókasafn Íslands	3.019
02972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	226
02981	Kvikmyndasjóður	110
02982	Listir, framlög	3
02983	Ýmis fræðistörf	1

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð
		í þús. kr.
02988	Æskulýðsmál	4
03101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	11.440
03102	Varnarmálaskrifstofa	267
03201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	1.145
03301	Sendiráð Íslands í Bonn	80
03303	Sendiráð Íslands í London	216
03304	Sendiráð Íslands í Moskvu	281
03305	Sendiráð Íslands í Osló	1.352
03309	Fastanefnd Íslands hjá S.Þ. og aðalræðismaður Ísla	426
03310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalagin	304
03311	Fastanefnd Íslands hjá Norður- Atlantshafsbandala	902
03312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í	164
03390	þróunarsamvinnustofnun Íslands	275
04101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	715
04202	Hagþjónusta landbúnaðarins	311
04206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	6.135
04235	Landgræðsla ríkisins	872
04247	Yfirdýralæknir	413
04501	Bændaskólinn á Hvanneyri	766
04502	Bændaskólinn á Hólum	974
04503	Garðyrkjuskóli ríkisins	131
05101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	499
05202	Hafrannsóknastofnun	20.084
05203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	7.629
05204	Fiskistofa	6.988
05216	Ríkismat sjávarafurða	462
05290	Veiðieftirlit	2.404
05299	Sjávarútvegsmál, ýmis verkefni	2.873
05901	Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, skrifstofa	526
06101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.176
06103	Lagasafn	394
06190	Ýmis kostnaður ráðuneytis	35.922
06201	Hæstiréttur	468
06204	Borgarfógetinn í Reykjavík	3.192
06210	Héraðsdómstólar samkvæmt lögum nr. 27/1990	2
06211	Héraðsdómur Reykjavíkur	484
06212	Héraðsdómur Vesturlands	4
06213	Héraðsdómur Vestfjarða	4
06214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	130
06215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	13
06216	Héraðsdómur Austurlands	85
06217	Héraðsdómur Suðurlands	3
06218	Héraðsdómur Reykjaness	33
06231	Málskostnaður í opinberum málum	65
06290	Dómsmál, ýmis kostnaður	494
06291	Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	2.494
06301	Ríkissaksóknari	1.845
06302	Rannsóknarlögregla ríkisins	3.612
06305	Lögregluskóli ríkisins	233
06311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	3.993

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús. kr.
06321	Almannavarnir ríkisins	2.083
06331	Umferðarmál	2.433
06395	Landhelgisgæsla Íslands	1.582
06411	Sýslumaðurinn Reykjavík	2.719
06412	Sýslumaðurinn Akranesi	267
06413	Sýslumaðurinn Borgarnesi	897
06414	Sýslumaðurinn Stykkishólmi	153
06415	Sýslumaðurinn Búðardal	223
06416	Sýslumaðurinn Patreksfirði	488
06417	Sýslumaðurinn Bolungarvík	133
06418	Sýslumaðurinn Ísafirði	691
06419	Sýslumaðurinn Hólmavík	73
06420	Sýslumaðurinn Blönduósi	352
06421	Sýslumaðurinn Sauðárkróki	251
06422	Sýslumaðurinn Siglufirði	453
06423	Sýslumaðurinn Ólafsfirði	420
06424	Sýslumaðurinn Akureyri	1.025
06425	Sýslumaðurinn Húsavík	538
06426	Sýslumaðurinn Seyðisfirði	509
06427	Sýslumaðurinn Neskaupstað	55
06428	Sýslumaðurinn Eskifirði	90
06429	Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði	862
06430	Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal	263
06431	Sýslumaðurinn Hvolsvelli	112
06432	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	611
06433	Sýslumaðurinn Selfossi	4.230
06434	Sýslumaðurinn Keflavík	1.331
06436	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	2.785
06437	Sýslumaðurinn Kópavogi	2.302
06490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	8.016
06491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	10.320
06501	Fangelsismálastofnun ríkisins	452
06511	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	23
06512	Vinnuhælið Litla-Hrauni	191
06711	Prestaköll og prófastsdæmi	296
06721	Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar	10
07101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.558
07302	Ríkissáttasemjari	568
07700	Málefni fatlaðra	188
07701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	71
07702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	798
07703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	177
07704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	527
07705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	378
07706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	139
07707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	812
07708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	265
07709		2
07712		40
07720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	820

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð
		í þús. kr.
07750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1.137
07795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	163
07951	Brunamálastofnun ríkisins	1.810
07953	Jafnréttisráð	134
07954	Vinnueftirlit ríkisins	4.893
07981	Vinnumál	527
07999	Félagsmál, ýmis verkefni	260
08101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifsto	8.645
08271	Tryggingarstofnun ríkisins	95.722
08301	Landlæknir	337
08311	Héraðslæknir í Reykjavík	337
08315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	245
08323	Tryggingaeftirlitið	850
08325	Hollustuvernd ríkisins	2.965
08326	Sjónstöð Íslands	483
08327	Geislavarnir ríkisins	1.025
08371	Ríkisspítalar	42.485
08378	Læknishéraðasjóður	141
08393	Lyfjamál	269
08395	Lyfjaeftirlit ríkisins	155
08396	Lyfjanefnd	1
08399	Heilbrigðismál, ýmis verkefni	314
08500	Heilsugæslustöðvar, almennt	9.997
08510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	865
08511	Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	5.509
08524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	25
08526	Heilsugæslustöðin Búðardal	8
08553	Heilsugæslustöðin Akureyri	1.380
08561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	27
08565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	175
08566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	14
08568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	1
08571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	37
08572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3
08574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	42
08575	Heilsugæslustöðin Hellu	22
08582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1.494
08583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	149
08584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	3
08585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	63
08603	Lyfjatæknaskóli Íslands	3
09101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12.241
09103	Ríkisbókhald	2.196
09104	Ríkisfjárhirsla	6.486
09105	Ríkislögmaður	1
09201	Ríkisskattstjóri	19.175
09202	Skattstofan í Reykjavík	1.769
09205	Skattstofa Norðurlands vestra	27
09206	Skattstofa Norðurlands eystra	383
09207	Skattstofa Austurlands	48

Listi vegna tölvukostnaðar

Fjárlagaheiti	Heiti stofnunar	Fjárhæð
		í þús. kr.
09208	Skattstofa Suðurlands	677
09211	Skattstofa Reykjaness	32
09212	Skattstofur, ýmis útgjöld	22.710
09214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	203
09259	Gjaldheimta Suðurnesja	2.671
09261	Ríkistollstjóri	25.224
09262	Tollstjórinn í Reykjavík	18.926
09402	Fasteignamat ríkisins	20.579
09981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	504
09995	Skýrsluvélakostnaður	410.542
09999	Ýmis verkefni	24.191
10101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	392
10211	Vegagerð ríkisins	43.069
10341	Siglingamálastofnun ríkisins	6.785
10342	Rannsóknanefnd sjóslysa	3
10485	Ýmis framlög	45
10651	Ferðamálaráð Íslands	386
11101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.865
11102	Einkaleyfastofan	2.836
11201	Iðntæknistofnun Íslands	5.187
11203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.369
11299	Iðja og iðnaður, framlög	24
12101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.701
12903	Skráning hlutafélaga	216
13101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	11.730
13102	Þjóðskráin	22.340
14101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.006
14190	Ýmis verkefni	15
14201	Náttúruverndarráð	601
14210	Veiðistjóri	335
14301	Skipulagsstjóri ríkisins	2.592
14401	Náttúrufræðistofnun Íslands	785
	A-hluti ríkissjóðs samtals	1.144.779
22970	Ríkisútvarpið	39.811
30101	Póst- og Símamálastofnunin	176.190
	Alls	1.360.779

869. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki tímabært að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag. Vinna ríkisstjórnarinnar við breytingarnar er illa undirbúin og aðstæður í þjóðfélaginu til þessara breytinga eru slæmar. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari skoðunar.

Helstu rökin fyrir þessari tillögu minni hlutans eru eftirfarandi:

1. Í 6. tölul. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á sl. ári segir: „Ríkisstjórnin staðfestir að á samningstímanum verði ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim lögum. Ekki verða gerðar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á samningstímanum.“ Ef Alþingi samþykkir frumvarpið um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins væri verið að brjóta þetta ákvæði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skuli ekki eiga við um þá starfsmenn sem boðið verður sambærilegt starf hjá Sementsverksmiðju ríkisins eftir að hún er orðin að hlutafélagi.
2. Það er skoðun Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, sem á sínum tíma kom á fund iðnaðarnefndar, að 4. gr. frumvarpsins feli í sér óeðlilega skerðingu á lögbundnum starfskjörum þeirra starfsmanna sem búa við ákvæði 14. gr laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og sé af þeim ástæðum andstæð ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta sjónarmið kemur einnig fram hjá Hróbjarti Jónatanssyni hæstaréttarlögmanni í bréfi sem hann sendi sjávarútvegsnefnd Alþingis 7. apríl sl. eftir að nefndin hafði óskað umsagnar hans um 7. gr. frumvarps til laga um að gera Síldarverksmiðjur ríkisins að hlutafélagi, en sú grein er samhljóða 4. gr. þessa frumvarps.
3. Starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa í atkvæðagreiðslu lýst sig andvíga frumvarpinu en iðnaðarnefnd sendi starfsmannafélagi Sementsverksmiðjunnar málið til umsagnar. Í atkvæðagreiðslum voru 124 á kjörskrá. Atkvæði greiddu 103 eða 83%. Atkvæði féllu þannig að hlynntir frumvarpinu voru 21, andvígir voru 78, auðir og ógildir voru 4.
4. Bæjarstjórn Akraness lýsir sig andvíga frumvarpinu þar sem þær forsendur, sem bæjarstjórn Akraness á sínum tíma gaf sér fyrir stuðningi við frumvarpið, eru brostnar. Ályktun bæjarstjórnar Akraness frá 12. janúar 1993 fylgir með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.
5. Sementsverksmiðja ríkisins býr við þær markaðsaðstæður að vera einokunarfyrirtæki. Ekki eru uppi hugmyndir um að koma á samkeppni í þessari atvinnugrein og því óeðlilegt að afhenda einkaaðilum slíkt einokunarfyrirtæki. Þegar fyrirtækið er komið í hendur einkaaðila geta opinberir aðilar engin áhrif haft á verð á þeim afurðum er fyrirtækið selur.

6. Gert er ráð fyrir því í 8. gr. frumvarpsins að ríkissjóður geti ekki boðið hlutabréf Sementsverksmiðjunnar til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis. Þá hefur það komið fram hjá iðnaðarráðherra í svari við fyrirspurn á Alþingi að ríkisstjórnin ætlar sér að selja fyrirtækið.

Alþingi, 26. mars 1993.

Finnur Ingólfsson, frsm. Páll Pétursson. Svavar Gestsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktun bæjarstjórnar Akraness um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness 12. janúar sl. var m.a. fjallað um frumvarp til laga um að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti eftirfarandi umsögn um frumvarpið:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 15. janúar 1991 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bæjarstjórn Akraness vill taka það skýrt fram að ef ákvæðum frumvarpsins um aðstöðugjald eða eignarhald á hlutafé verður breytt, þá lýsir bæjarstjórn yfir eindreginni andstöðu við frumvarpið."

Umrætt frumvarp var ekki afgreitt á síðasta þingi en er nú aftur til umfjöllunar Alþingis. Hins vegar virðast báðar þær forsendur, sem taldar eru upp í ályktun bæjarstjórnar Akraness, hafa brostið. Í ræðum áhrifamikilla stjórnmálamanna hefur komið skýrt fram að þeir líti á breytingu Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag sem fyrsta skref til sölu verksmiðjunnar. Einnig hefur aðstöðugald af fyrirtækjum verið fellt niður.

Að báðu þessu athuguðu mælist því bæjarstjórn Akraness til þess að frumvarpið verði ekki samþykkt."

870. Tillaga til þingsályktunar [513. mál]

um ráðstafanir til að efla fiskeldi.

Flm.: Guðmundur Stefánsson, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna leiðir til að efla fiskeldi sem fyrir er í landinu og hvernig unnt sé að nýta sem best þau fiskeldismannvirki sem nú þegar hafa verið byggð. Þetta verði m.a. gert með eftirfarandi hætti:

1. Gerð verði úttekt á stöðu allra fiskeldisfyrirtækja með það fyrir augum að kanna hvað sé hægt að gera til að bæta aðstæður til eldis í einstökum stöðvum, hvað það muni kosta og hvaða ávinningur gæti orðið af viðkomandi ráðstöfunum.

2. Leitað verði allra leiða til að lækka verulega orkuverð til fiskeldis og að gerður verði sérstakur samningur um sölu raforku til fiskeldisfyrirtækja til a.m.k. fimm ára.
3. Markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning erfðaefnis.
4. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta skuldbindingum vegna stofnkostnaðar af fiskeldisstöðvum.
5. Gerðar verði ráðstafanir til að fiskeldisfyrirtæki njóti ekki lakari möguleika og kjara til rekstrarfjármögnunar en aðrar útflutningsatvinnugreinar.

Greinargerð.

Fiskeldi hér á landi hefur átt við ýmsa erfiðleika að etja undanfarin ár og árangur í eldi lengst af verið afar slakur. Þessa erfiðleika má að hluta til rekja til ytri aðstæðna (lágt afurðaverð) og að hluta til innri aðstæðna (fjárskortur og lakur eldisárangur). Undanfarna mánuði hefur afurðaverð hækkað töluvert, en fyrst og fremst hefur þekking og reynsla í eldinu sjálfu aukist og eldisárangur því batnað. Engu að síður er fjárhagsstaða eldisfyrirtækja erfið. Talið er að tekjur margra eldisstöðva dugi nú til að standa straum af breytilegum kostnaði og skili e.t.v. einhverju upp í afskriftir og vexti af stofnfjárfestingu.

Greinilegt er að árangur eldisstöðva hefur batnað verulega. Á ráðstefnu um fiskeldi, sem haldin var á Akureyri 27.–28. mars sl., kom m.a. fram að nokkrar strandeldisstöðvar framleiða nú yfir 30 kg af laxi á rúmmetra eldisrýmis sem er mun betri árangur en verið hefur. Í skýrslu fiskeldisdeildar Veiðimálastofnunar fyrir árið 1992 kemur fram að sé miðað við seldar afurðir á útsett seiði árin 1991 og 1992 hafi árangur í eldi batnað um 88% milli ára.

Ástæða er til að ætla að árangur í eldi hér á landi eigi eftir að batna enn. Því veldur fyrst og fremst að kunnátta eldismanna og reynsla er nú mun meiri en nokkru sinni, stofnar í eldi hafa verið bættir verulega og þekking á starfrækslu strandeldisstöðva er nú til staðar. Þótt verulegur árangur hafi náðst á þessum sviðum og mörgum fleirum er enn mörgum spurningum ósvarað og gera má því ráð fyrir að mun betri árangur náist í framtíðinni.

Hvað viðvíkur tölusettum liðum í þingsályktunartillögunni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Við uppbyggingu margra fiskeldisstöðva olli fjárskortur og aðrar ástæður því að stöðvarnar voru í raun aldrei fullbyggðar. Þar er um að ræða atriði er varða ýmsan lokafrágang, vatns- og orkubúskap og jafnvel öryggisatriði. Til að tryggja að þessar fjárfestingar skili eins miklum tekjum og unnt er og rekstrargrundvöllur þeirra og rekstraröryggi sé tryggt eftir föngum er nauðsynlegt að gerð verði úttekt á öllum fiskeldisfyrirtækjum í landinu, kannað hvort unnt sé að bæta möguleika á eldi, hvernig það megi gera, hvað það kosti og hverju það muni skila. Ef slík skoðun leiðir í ljós að hagkvæmt sé að ráðast í endurbætur í einstökum eldisstöðvum verður að gera eigendum þeirra það kleift, t.d. með því að veita þeim hagstæð lán til slíkra framkvæmda. Ef viðbótarframkvæmdir skila engu er heldur engin ástæða til að leggja í þær fjármuni.

Verulegar upplýsingar liggja nú þegar fyrir um eldisstöðvarnar, t.d. hjá ábyrgðadeild fiskeldislána, opinberum sjóðum, rannsóknaraðilum og ekki síst hjá eldisstöðvunum sjálfum.

Markmiðið með þeirri úttekt, sem að framan greinir, er að fullnýta það eldisrými sem talið er borga sig að ala fisk í og gæti þá eldi laxfiska í landinu vaxið úr núverandi 3 þús. tonnum í 5–6 þús. tonn án stórfelldra stofnfjárfestinga.

2. Margar strandeldisstöðvar eru stórnotendur raforku, en talið er að 10–15 kwst. þurfi til að framleiða 1 kg af laxi og raforkukostnaður er allt að 15% af rekstrarkostnaði strandeldisstöðva. Fiskeldisstöðvar nota rafmagn til dælingar og súrefnisframleiðslu tiltölulega jafnt allt árið og þær hafa a.m.k. allflestar öflugar varaaflsstöðvar ef rafmagn frá veitukerfinu bregst af einhverjum orsökum. Með tilliti til þeirra erfiðleika sem eru í fiskeldi, þeirra framleiðsluaðstæðna sem eru til raforkuframleiðslu og þess hve hagstæðir orkunotendur fiskeldisstöðvar eru þarf að lækka orkuverð til fiskeldis, bæði matfiskeldis og seiðaeldis, verulega og gera um það samning sem gildir til allt að fimm ára. Núgildandi raforkusamningur gildir aðeins til 31. desember nk. og er allt í óvissu með framhaldið.

3. Innflutningur erfðaefnis, hvort sem eru seiði, hrogn eða svil, er og á að vera takmörkunum háður. Leggja ber höfuðáherslu á innlent kynbótastarf, en það mun taka langan tíma að ná nágrannaþjóðum okkar í kynbótum á matfiskeldisstofnum og því getur verið nauðsynlegt að flytja inn erfðaefni, annaðhvort til að flýta kynbótum eða til að nýta beint í eldinu. Marka þarf ákveðnar reglur eða leiðir sem gera eldisaðilum auðveldara um vik í þessum efnum en verið hefur.

4. Ljóst er að mjög margar fiskeldisstöðvar geta ekki greitt til baka stofnkostnað sinn. Stofnkostnaður margra stöðva var óhæfilega hár og í raun lítil von til að þær tekjur, sem gera mátti ráð fyrir að stöðvarnar gætu aflað, mundu duga til að standa undir rekstri og endurgreiðslu stofnlána. Eigið fé margra þessara stöðva er uppurið og þær í raun gjaldþrota ef ekkert verður að gert. Þess vegna er mikilvægt að tekið sé á þessum málum af festu og stofnkostnaði stöðvanna aflétt að hluta eða öllu leyti, þannig að þær geti á ný aflað eigin fjár með t.d. sölu hlutabréfa. Þar sem þetta hefur verið gert hefur komið í ljós að fiskeldisfyrirtæki eiga möguleika á að afla sér rekstrarfjár með þessum hætti.

Verði hins vegar farin sú leið að lýsa þessi fyrirtæki gjaldþrota skapast sú hætta að þeir starfsmenn, sem vinna við eldið nú, hverfi frá fyrirtækjunum, en þekking þeirra og reynsla er sá þáttur sem líklega skiptir hvað mestu um hvort eldið tekst eða ekki.

5. Frá því að hrogn klekst út og þar til laxi er slátrað getur liðið allt að þremur árum. Það er því ljóst að fiskeldi er afar fjárfrek grein og bindur fjármuni lengi. Fiskeldi þarf því að njóta rekstrarfjárfyrirgreiðslu ekkert síður en aðrar útflutnings- og framleiðslugreinar. Engin afurðalán fást nú án ríkisábyrgðar og virðast viðskiptabankar hafa lokað á greinina án tillits til stöðu einstakra fyrirtækja. Meðan þetta ástand varir verður að efla starfsemi ábyrgðadeildar fiskeldislána, stytta afgreiðslutíma hennar og efla eftirlitsþáttinn. Jafnframt því þarf að leysa ýmis vandamál sem lúta að tryggingu á eldisstöðvum, en eins og málum er nú háttað eru iðgjöld mjög há án þess að tryggingar veiti í raun það öryggi sem að er stefnt. Útflutningsfyrirtæki fá gjarnan afurðalán sem nema um ⅔ hlutum af útflutningsverðmæti vörunnar. Sambærilegrar aðstöðu þarf fiskeldið að njóta og mun það auka tiltrú manna á rekstur einstakra eldisfyrirtækja og án alls efa bæta rekstrarárangur þeirra verulega.

871. Fyrirspurn [514. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur og upplýsingar um færð.

Frá Guðmundi Stefánssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun reglna um snjómokstur þannig að þessi þjónusta verði aukin og bætt?
2. Hvaða reglur gilda um upplýsingar Vegagerðar ríkisins um færð á vegum?

Greinargerð.

Með tilliti til þess að vegir víða um land hafa batnað, auðveldara er að halda þeim færum, umferð hefur aukist og tækjabúnaður til snjómoksturs eflst er eðlilegt að kröfur um snjómokstur hafi aukist. Þannig er t.d. eðlilegt að þjóðleið, eins og veginum milli Akureyrar og Reykjavíkur, sé ávallt haldið opinni ef veður ekki hamlar.

Ekki er ljóst við hvað Vegagerð ríkisins miðar þegar hún veitir upplýsingar um færð á vegum. Í mörgum tilfellum er færð á vegum góð á sama tíma og Vegagerðin gefur upp að vegir séu þungfærir eða ófærir. Svo virðist sem Vegagerðin láti varúðarsjónarmið ráða um of og upplýsingar hennar séu því ekki eins trúverðugar og skyldi.

Skriflegt svar óskast.

872. Frumvarp til laga [515. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði X. kafla laga þessara skal félagsmálaráðherra á árunum 1993 og 1994 beita sér fyrir sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga. Það skal gert í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög. Í stað ákvæða um aðdraganda, undirbúning og framkvæmd sameiningar í X. kafla laganna skal við þá sameiningu byggt á eftirfarandi:

1. Stjórnir landshlutasamtaka skulu fyrir 1. júní 1993 kjósa fimm til níu manna umdæmanefndir á starfssvæðum allra landshlutasamtaka sveitarfélaga.

   Hlutverk umdæmanefnda er að gera tillögur að nýrri skiptingu hvers landshluta í sveitarfélög í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Jafnframt er hlutverk þeirra að hafa yfirumsjón með kynningu á sameiningartillögum og að sjá um almenna atkvæðagreiðslu um þær.

Tillögur umdæmanefnda skulu vera tilbúnar fyrir 15. september 1993. Tveimur umræðum í sveitarstjórnum um tillögur umdæmanefnda skal lokið án atkvæðagreiðslu sveitarstjórna innan sex vikna frá því að tillögur eru lagðar fram. Almennri atkvæðagreiðslu um tillögurnar skal lokið innan tíu vikna frá sama tíma.

Umboð umdæmanefnda fellur niður þegar þær hafa lokið störfum og í síðasta lagi 31. mars 1994.

2. Umdæmanefndir ákveða hver fyrir sig í samráði við landshlutasamtök og sveitarfélög á svæðinu hvenær almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um sameiningartillögu. Atkvæðagreiðsla skal fara fram samtímis á starfssvæði hverra landshlutasamtaka. Um atkvæðagreiðslu fer eftir ákvæðum III. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

   Hljóti tillaga umdæmanefndar meiri hluta greiddra atkvæða í öllum þeim sveitarfélögum sem málið varðar skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur nauðsynleg atriði. Tilkynning um ákvarðanir þessar skal send félagsmálaráðuneytinu sem ákveður hvenær sameining fer fram og auglýsir hana í Stjórnartíðindum.

   Hljóti tillaga umdæmanefndar ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna enda hamli ekki landfræðilegar aðstæður.
3. Verði ekki af sameiningu á grundvelli atkvæðagreiðslu skv. 2. tölul. að framan er umdæmanefnd heimilt að leggja fram nýja tillögu. Skal það gert fyrir 15. janúar 1994. Sömu reglur og tímamörk gilda um seinni tillögu og þá fyrri, svo og sömu ákvæði um ákvarðanir í framhaldi af almennri atkvæðagreiðslu.
4. Fyrir 1. júní 1993 skal félagsmálaráðherra skipa sérstaka samráðsnefnd um sameiningarmál sveitarfélaga. Starfstími nefndarinnar er til ársloka 1994. Samráðsnefndin skal skipuð fulltrúum tilnefndum af þingflokkum á Alþingi, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti. Nefndin skal m.a. vera umdæmanefndum til ráðuneytis.
5. Kostnaður við störf umdæmanefnda og samráðsnefndar skal greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en kostnaður við atkvæðagreiðslur skal greiddur af viðkomandi sveitarfélögum.
6. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum byggt á tillögum svokallaðrar sveitarfélaganefndar og ályktun fulltrúaráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var í febrúar sl. Sveitarfélaganefndin var skipuð af félagsmálaráðherra í febrúar 1992. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum á Alþingi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og félagsmálaráðuneyti. Verkefni nefndarinnar var að vinna að tillögum varðandi sameiningu sveitarfélaga og mál henni tengd. Nefnd tilnefnd af sömu aðilum og með svipuð verkefni var einnig starfandi árið 1991.

Á sl. tveimur árum hefur farið fram mjög mikil umræða um sameiningu sveitarfélaga. Á árinu 1991 hélt sveitarfélaganefndin fundi með nær öllum sveitarstjórnum á landinu. Síðan voru haldnir stærri fundir með sveitarstjórnarmönnum um allt land þar sem áfangaskýrsla nefndarinnar var kynnt. Áfangaskýrsla núverandi sveitarfélaganefndar, sem kom út í október sl., var einnig kynnt á fundum með sveitarstjórnarmönnum um land allt.

Eftir að hafa kynnt sér rækilega viðhorf sveitarstjórnarmanna hefur sveitarfélaganefndin nú gengið frá endanlegum tillögum sínum. Í þeim er m.a. lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, á vorþingi 1993. Lagt er til að settar verði á fót umdæmanefndir í öllum landshlutum sem geri fyrir 15. september 1993 tillögu að nýrri skiptingu landshluta í sveitarfélög sem greidd verði atkvæði um í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum. Atkvæðagreiðsla skal fara fram samtímis á starfssvæði hverra landshlutasamtaka. Um atkvæðagreiðslu fer eftir ákvæðum III. kafla sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt. Meiri hluta greiddra atkvæða þarf til að tillaga um sameiningu teljist samþykkt. Umræðum í sveitarstjórnum skal lokið innan 6 vikna frá því að tillaga var sett fram og atkvæðagreiðslu um hana skal lokið innan 10 vikna frá sama tíma. Sé tillaga felld er umdæmanefnd heimilt að leggja fram aðra tillögu fyrir 15. janúar 1994 og gilda sömu tímamörk um umræður og atkvæðagreiðslu. Umdæmanefndirnar skulu ljúka störfum í seinasta lagi 31. mars 1994.

Ályktun fulltrúaráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í febúar sl. er mjög á sama veg og tillögur sveitarfélaganefndarinnar.

Með frumvarpi þessu er í öllum aðalatriðum orðið við tillögum sveitarfélaganefndarinnar og fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Meginmarkmið frumvarpsins er að láta á það reyna í sem flestum sveitarfélögum hver afstaða almennings er til sameiningar sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í X. kafla sveitarstjórnarlaganna eru ákvæði um hvernig standa skuli að sameiningu sveitarfélaga. Hér er lagt til að þrátt fyrir þau ákvæði verði unnið að sameiningu sveitarfélaga með sérstökum hætti á árunum 1993 og 1994. Heppilegt þykir að velja þennan tíma með tilliti til þeirrar miklu umræðu sem undanfarið hefur farið fram um sameiningu sveitarfélaga og rétt þykir að almennar kosningar um sameiningu sveitarfélaga fari fram fyrir næstu almennar sveitarstjórnarkosningar.

Ekki er lagt til að ákvæði núgildandi X. kafla falli úr gildi. Nú er t.d. í undirbúningi sameining nokkurra sveitarfélaga og er reiknað með að sameiningu þeirra verði lokið samkvæmt ákvæðum X. kaflans. Eftir gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa skal á árunum 1993 og 1994 farið með önnur sameiningarmál á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 1. tölul. eru ákvæði um kosningar umdæmanefnda, hlutverk þeirra og hvernig skuli með tillögur þeirra fara. Lagt er til að stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga kjósi umdæmanefndirnar enda starfa þegar á vegum sumra þeirra hliðstæðar nefndir. Of viðurhlutamikið þykir að kalla saman sérstaka fulltrúafundi sveitarfélaganna vegna þessa.

Umdæmanefndirnar ættu með tilliti til góðrar staðarþekkingar og samráðs við viðkomandi sveitarstjórnir að geta gert skynsamlegar tillögur um sameiningu sveitarfélaga sem væru í samræmi við vilja íbúa sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að í hverri hlutaðeigandi sveitarstjórn fari fram tvær umræður um tillögurnar án atkvæðagreiðslu en það er sama fyrirkomulag og fylgt hefur verið, sbr. 108. gr. Tímafrestir varðandi tillögurnar eru við það miðaðir að atkvæðagreiðslu um þær verði lokið talsvert löngu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram eiga að fara næsta vor. Ekki þykir ástæða til að umdæmanefndirnar starfi nema til loka mars 1994 enda eiga þær þá að hafa lokið hlutverki sínu.

Í 2. tölul. eru ákvæði um hvernig standa skal að ákvörðun um kjördaga, eftir hvaða reglum atkvæðagreiðsla skal fara fram og hvernig fara skal með úrslit atkvæðagreiðslu og ákvarðanir í framhaldi af henni. Lagt er til að atkvæðagreiðsla um sameiningu fari fram samtímis á starfssvæði hverra landshlutasamtaka. Um atkvæðagreiðslurnar fari eftir ákvæðum III. kafla laganna eftir því sem við getur átt. Eru það sömu ákvæði og nú eru í 108. gr. Á þetta fyrirkomulag er komin góð reynsla við sameiningu sveitarfélaga á undanförnum árum. Tillaga umdæmanefndar telst samþykkt í sveitarfélagi ef hún hlýtur meiri hluta þeirra sem afstöðu taka í sveitarfélaginu. Vakin er athygli á að þetta er önnur aðferð en nú gildir skv. 109. gr. Hljóti tillaga samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum skulu þau sameinuð og að því staðið á sama hátt og gert er ráð fyrir í 109. gr. Ekki þykir rétt þótt kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga felli tillögu um sameiningu sveitarfélaga að þá þurfi það að koma í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkja sameiningu. Lagt er því til að sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, sem samþykkt hafa tillöguna, hafi heimild til að taka ákvarðanir um sameiningu í ljósi aðstæðna á hverjum stað.

Í 3. tölul. eru ákvæði um hvernig með skuli fara ef ekki verður af sameiningu á grundvelli atkvæðagreiðslu skv. 2. tölul. Er þá haft í huga að í umræðum um atkvæðagreiðslu og niðurstöðu hennar hafi komið fram viðhorf sem umdæmanefnd meti á þann veg að rétt sé að leggja fram nýja tillögu.

Í 4. tölul. er lagt til að félagsmálaráðherra skipi sérstaka samráðsnefnd um sameiningu sveitarfélaga sem m.a. er ætlað að vera umdæmanefndum til ráðuneytis. Ætlunin er að starf hennar komi í framhaldi af starfi sveitarfélaganefndanna undanfarin tvö ár. Stefnt er að því að gert verði sérstakt samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna um hvernig unnið verði að sameiningar-, verkaskipta- og tekjustofnamálum á árunum 1993 og 1994 og að í þessu samkomulagi verði nánar kveðið á um störf og hlutverk samráðsnefndarinnar.

Ekki er þörf sérstakra skýringa á 5. og 6. tölul.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

873. Tillaga til þingsályktunar [516. mál]

um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga, er starfi frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998, á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar. Með hliðsjón af því skipi

félagsmálaráðherra fjögurra manna verkefnisstjórn sem hafi yfirumsjón með framkvæmd þessa tilraunaverkefnis.

Frumvarp til laga um reynslusveitarfélög verði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga, félagsmálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta um hvernig skuli staðið að framkvæmd tilraunaverkefnisins.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þessari þingsályktunartilögu er þess farið á leit að Alþingi samþykki heimild til handa félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun fimm svokallaðra reynslusveitarfélaga er starfi tímabundið, þ.e. frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998, með vísan til hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar til félagsmálaráðherra dags. 26. mars 1993.

Í skýrslu þessari segir m.a.: „Sveitarfélaganefnd lagði fram í áfangaskýrslu sinni í október 1992 tillögu um að stofnað verði til nokkurra reynslusveitarfélaga á Íslandi í 4 ár í tengslum við sameiningu sveitarfélaga, til undirbúnings á færslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og sem aðdragandi breytinga í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu meðal sveitarstjórna um allt land lýsti fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. og 27. febrúar 1993 yfir stuðningi við tillögu nefndarinnar um stofnun reynslusveitarfélaga.

Sveitarfélaganefnd telur að stofnun reynslusveitarfélaga sé mikilvæg leið til þess að efla sveitarstjórnarstigið enn frekar á Íslandi. Því leggur nefndin til að stofnuð verði reynslusveitarfélög sem starfi frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1998. Lagt er til að þingsályktunartillaga um reynslusveitarfélög verði afgreidd frá Alþingi á vorþingi 1993. Lögð er áhersla á að sem flest reynslusveitarfélög verði stofnuð í tengslum við sameiningu sveitarfélaga."

Þá segir í sömu skýrslu: „Sveitarfélaganefnd skilgreinir hugmyndina um reynslusveitarfélög hér á landi þannig að á grundvelli umsókna fái sveitarfélög heimild í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni til: að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna; að vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og takmarka ákvörðunarvald þeirra; að reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum; og að þróa nýjungar í stjórnsýslu. Til þess að reynslusveitarfélög fái slíkar heimildir þarf samþykki hlutaðeigandi ráðherra og samþykkt laga frá Alþingi."

Í framangreindri skýrslu sinni leggur sveitarfélaganefnd til að unnið verði að stofnun reynslusveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

„1. Lögð verði fyrir Alþingi til samþykktar á vorþingi 1993 þingsályktunartillaga þess efnis að stofnað verði til allt að fimm reynslusveitarfélaga.
2. Félagsmálaráðherra skipi fjögurra manna verkefnisstjórn sem í eigi sæti tveir menn tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af félagsmálaráðherra og skal annar þeirra vera formaður.
3. Einstök sveitarfélög, eða sveitarfélög sem undirbúa sameiningu, leggi fram umsókn til félagsmálaráðuneytisins um þátttöku. Lagt er til að ekki verði sett annað skilyrði en að þau sveitarfélög, sem taka þátt, hafi a.m.k. 1.000 íbúa. Þó verði heimilt að velja eitt sveitarfélag með færri en 1.000 íbúa. Sveitarfélög, sem sækja um verkefnið í tengslum við sameiningu, hafi forgang, einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði sameinast.

4. Verkefnisstjórn fjalli um umsóknir og velji sveitarfélög til þátttöku. Ákvörðun verkefnisstjórnar um val á sveitarfélögum verður að hljóta staðfestingu félagsmálaráðherra til að öðlast gildi.
5. Hugmyndir um verkefni, undanþáguákvæði o.fl. verði þróuð í samvinnu verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyta.
6. Unnið verði að gerð samnings um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði o.fl. milli reynslusveitarfélaga annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Samningsdrög liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar 1994. Í þeim þarf að koma fram hvernig skuli staðið að tilraunaverkefninu í heild sinni, þ.e. hvaða tiltekin verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélags, frá hvaða laga- og reglugerðaskyldu sveitarfélagið skal vera undanþegið og hvernig framkvæmdinni skuli nákvæmlega hagað.
7. Lög um reynslusveitarfélög verði lögð fyrir Alþingi til samþykktar á vorþingi 1994.
8. Samningar verði lagðir fyrir sveitarstjórn reynslusveitarfélaga til samþykktar og skulu fara fram tvær umræður um málið í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Að því loknu verði samningarnir lagðir formlega fyrir félagsmálaráðherra og aðra ráðherra, sem hlut eiga að máli, til undirritunar. Gert verði ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög verði sett á árinu 1994 þegar drög að samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna liggja fyrir. Í lögunum komi m.a. fram hvaða verkefni verði flutt frá ríki til reynslusveitarfélaga og undan hvaða lagaskyldum megi víkja með vísan til hlutaðeigandi laga og einstakra lagaákvæða.
9. Verkefnisstjórn fylgist með framvindu tilrauna- og þróunarstarfs hjá reynslusveitarfélögum og vinni að endurskoðun samninga ef með þarf."

874. Frumvarp til laga [517. mál]

um fjöleignarhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

Gildissvið. Hugtakið fjöleignarhús.

1. gr.

Lög þessi hafa að geyma reglur um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa.

Fjöleignarhús telst í lögum þessum hvert það hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðila og í sameign sem bæði getur verið allra og sumra.

Gilda lögin þannig um:

1. Fjölbýlishús með íbúðum eingöngu.
2. Hús með bæði íbúðum og húsnæði til annarra nota.
3. Hús sem alfarið eru nýtt til annars en íbúðar, svo sem fyrir atvinnustarfsemi.
4. Raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að einhverju leyti eða öllu til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt.

Ákvæðum laga þessara verður einnig beitt, eftir því sem við á, um önnur hús sem fleiri en einn á eða nýtir.

Lög þessi gilda um lögskipti eigenda fullgerðra fjöleignarhúsa en reglur þeirra verða einnig notaðar um fjöleignarhús á byggingarstigi eftir því sem við geta átt.

Ófrávíkjanlegar reglur.

2. gr.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í þeim eða leiði af eðli máls. Er eigendum því almennt óheimilt að skipa málum sínum, réttindum sínum og skyldum á annan veg en mælt er fyrir um í lögunum.

Hugtakið hús.

3. gr.

Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim þótt sambyggð eða samtengd séu að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús.

Þótt sambyggð eða samtengd hús teljist tvö sjálfstæð hús eða fleiri skv. 1. mgr. þá gilda ákvæði laganna eftir því sem við getur átt um þau atriði og málefni sem sameiginleg eru, svo sem lóð ef hún er sameiginleg að öllu leyti eða nokkru og um útlit og heildarsvip ef því er að skipta. Sama gildir einnig ef því er að skipta um sameiginleg málefni sjálfstæðra ótengdra fjöleignarhúsa og/eða annars konar húsa.

Hugtakið séreign.

4. gr.

Séreign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti af húsi eða lóð eins og honum er lýst í þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu, skiptasamningi og/eða öðrum þinglýstum heimildum um húsið, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega hvort heldur er húsrými, lóðarhluti, búnaður eða annað samkvæmt sömu heimildum, ákvæðum laga þessara eða eðli máls samkvæmt.

Nánar um séreign.

5. gr.

Samkvæmt 4. gr. fellur neðantalið undir séreign fjöleignarhúss:

1. Allt afmarkað húsrými sem gert er að séreign samkvæmt þinglýstum heimildum og allt sem liggur þar innan veggja.
2. Allt innra byrði umliggjandi veggja, gólfa og lofta, þar á meðal einangrun.
3. Allir milliveggir sem ekki eru jafnframt burðarveggir.
4. Öll tæki, búnaður og þess háttar inni í séreignarhluta þótt tengd séu sameiginlegu kerfi eða lögnum.
5. Sá hluti gluggaumbúnaðar sem er inni í séreign, svo og gler í gluggum og hurðum.
6. Hurðir sem skilja séreign frá sameign, svo og svalahurðir, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um gerð og útlit.
7. Lagnir og tilfæringar, hverju nafni sem nefnast og hvar sem þær eru, sem eingöngu þjóna þörfum viðkomandi séreignar.
8. Innra byrði svalaveggja og gólfflötur svala, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um allar breytingar, búnað og annað á svölum sem áhrif hefur á útlit hússins og heildarmynd.
9. Hluti lóðar, t.d. bílastæði, sem er séreign samkvæmt þinglýstum heimildum eða eðli máls samkvæmt, svo sem einkabílastæði fyrir framan bílskúr.
10. Aðrir hlutar húss eða lóðar eða búnaður og lagnir sem þinglýstar heimildir segja séreign eða teljast það samkvæmt eðli máls, svo sem ef viðkomandi hefur kostað það, sbr. 9. gr.

Hugtakið sameign.

6. gr.

Sameign samkvæmt lögum þessum eru allir þeir hlutar húss, bæði innan og utan, og lóðar sem ekki eru ótvírætt í séreign skv. 4. gr., svo og öll kerfi, tækjabúnaður, lagnir og tilfæringar sem þjóna aðallega þörfum heildarinnar eða hluta hennar með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að allir eigendur eða eftir atvikum tiltekinn hópur þeirra beri kostnað og áhættu af þeim.

Þótt fjöleignarhús samanstandi af einingum eða hlutum (stigahúsum) sem eru sjálfstæðar eða aðgreindar að einhverju leyti er allt ytra byrði hússins alls staðar, þakið, útveggir og gaflarnir, í sameign allra eigenda þess.

Sameign er sameign allra nema svo hátti að um sameign sumra sé að ræða skv. 7. gr.

Sameign sumra.
7. gr.

Um sameign sumra er að ræða:

1. Þegar það kemur fram eða má ráða af þinglýstum heimildum að svo sé.
2. Þegar lega sameignar eða afnot hennar eða möguleikar til þess eru með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að hún tilheyri aðeins þeim sem hafa aðgang að henni og afnotamöguleika. Á það m.a. við þegar veggur skiptir húsi svo aðeins sumir séreignarhlutar eru um sama gang, stiga, svalir, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými, lagnir, búnað eða annað.

Þannig er skv. 2. tölul. 1. mgr. húsrými og annað inn í einstökum stigahúsum, þegar fjöleignarhús samanstendur af fleiri slíkum, í sameign eigenda þar og öðrum eigendum þess óviðkomandi.

Nánar um sameign.
8. gr.

Samkvæmt 6. gr. fellur m.a. neðangreint undir sameign fjöleignarhúss:

1. Allt ytra byrði hússins, útveggir, þak, gaflar og útidyr, þó ekki svaladyr, svo og útitröppur og útistigar.
2. Allt burðarvirki húss, grunnur, grunnplata, sökklar, burðarveggir og þakburðarvirki.
3. Allur ytri gluggaumbúnaður, bæði á séreignarhlutum og sameignar.
4. Ytra byrði svala og stoð- og burðarvirki þeirra, svo og svalahandrið.
5. Öll lóð húss og mannvirki, búnaður og tilfæringar á henni, þar með talin bílastæði, nema þinglýstar heimildir segi séreign eða það byggist á eðli máls.
6. Allt húsrými, hverju nafni sem nefnist, sem ekki telst séreign, svo sem gangar, stigar, geymslur, kyndiklefar, þvottahús, þurrkherbergi, kæliklefar, tómstundaherbergi, vagna- og hjólageymslur, háaloft, risloft o.s.frv., án tillits til legu, nýtingarmöguleika og nýtingarþarfa einstakra eigenda í bráð og lengd.
7. Allar lagnir, svo sem fyrir heitt vatn, kalt vatn, skolp, rafmagn, síma, dyrasíma, sjónvarpsloftnet, útvarpsloftnet, sem þjóna sameiginlegum þörfum og heildarinnar, án tillits til þess hvar þær liggja í húsinu. Jafnan eru líkur á því að lagnir í fjöleignarhúsi séu í sameign allra.
8. Allur búnaður, kerfi og þess háttar, án tillits til staðsetningar, bæði innan húss og utan, svo sem lyftur, rafkerfi, hitakerfi, vatnskerfi, símakerfi, dyrasímakerfi, sjónvarps- og útvarpsloftnet, leiktæki o.fl., sem þjóna þörfum heildarinnar, en þó að undanskildum tækjum og búnaði sem tengd eru við kerfin inn í hverjum séreignarhluta.
9. Réttur til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess.

Séreign eða sameign.
9. gr.

Við úrlausn þess hvort um séreign eða sameign allra eða sumra er að ræða skal auk þess sem getur í 4.–8. gr. líta til þess hvernig staðið var að byggingu hússins eða viðkomandi hluta þess og hvernig byggingarkostnaðinum var skipt ef um það liggja fyrir skýr gögn.

Hafi byggingarframkvæmd verið sameiginleg og kostnaðurinn einnig þá er um sameign að ræða ef önnur veigamikil atriði mæla því ekki í mót.

Hafi eigandi einn kostað ákveðinn búnað, tiltekna framkvæmd eða byggingarþátt þá eru á sama hátt líkur á því að um séreign hans sé að ræða.

II. KAFLI
Skipting húsa og meginreglur um eignarráð og takmarkanir þeirra.

Skipting fjöleignarhúsa. Sérkenni eignarformsins.

10. gr.

Eign í fjöleignarhúsi er með þrennu móti:

1. Séreign, sbr. 4. gr. og 5. gr.
2. Sameign allra eigenda, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 8. gr.
3. Sameign sumra eigenda, sbr. 7. gr. og 8. gr.

Hverri séreign fylgir hlutdeild í sameign skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. eftir ákveðinni hlutfallstölu. Séu hlutfallstölur ekki ákveðnar eru allir séreignarhlutar jafnréttháir og bera jafnar skyldur.

Séreignarhlutum fylgja eftir hlutfallstölum réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um húsið, húsfélagi, þar sem öllum sameiginlegum málefnum skal til lykta ráðið.

Réttindi þau og skyldur, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., eru órjúfanlega tengd séreignum og verða ekki frá þeim skilin.

Hver eignarhluti er sérstök fasteign.

11. gr.

Hver eignarhluti telst, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega og eignarhluta í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

Helstu réttindi.

12. gr.

Réttindi eiganda eru þessi helst:

1. Ráðstöfunarréttur með samningi yfir hinum samsetta rétti, sbr. 10. gr., að svo miklu leyti sem lög eða sérstök réttindi annarra, t.d. húsfélagsins, fela ekki í sér takmarkanir á honum.
2. Einkaréttur til umráða og hagnýtingar séreignarinnar með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum, reglum nábýlisréttar eða eðli máls.
3. Réttur til að hagnýta og nota sameignina að virtum sama rétti annarra eigenda.
4. Réttur til aðildar að húsfélagi og til að eiga hlut að ákvarðanatöku um sameignina og sameiginleg málefni.

Helstu skyldur.

13. gr.

Skyldur eiganda eru þessar helstar:

1. Skylda til að vera í húsfélagi og fara eftir löglegum ákvörðunum þess og virða þær.
2. Skylda til að greiða hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.
3. Skylda til að taka eðlilegt og sanngjarnt tillit til annarra eigenda við hagnýtingu séreignarinnar.
4. Skylda til að virða rétt og hagsmuni annarra eigenda við hagnýtingu sameignarinnar.

Hlutfallstalan.

14. gr.

Eignarhluti í sameign skal reiknaður út eftir hlutfallstölu.

Skal útreikningurinn fyrst og fremst vera byggður á flatarmáli og rúmmáli húsa, en þó er heimilt að ákvarða hlutfallstölur á öðrum sanngjörnum grundvelli, t.d. miðað við innbyrðis verðmæti séreignarhluta, þegar um er að ræða fjöleignarhús sem hafa að geyma annars konar húsnæði en til íbúðar að nokkru leyti eða öllu.

Hver eignarhluti getur haft fleiri en eina hlutfallstölu ef því er að skipta eftir því um hvaða sameign er að ræða, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Reglur um útreikning hlutfallstölu skulu settar af félagsmálaráðherra með reglugerð.

Þýðing hlutfallstölu.

15. gr.

Hlutfallstala hefur m.a. þýðingu í eftirfarandi tilvikum:

1. Það er meginregla að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum.
2. Tekjur af sameign skiptast eftir hlutfallstölum.
3. Við atkvæðagreiðslur á húsfélagsfundum og endranær við sameiginlega ákvarðanatöku fer vægi atkvæða eftir hlutfallstölum, ýmist eingöngu eða einnig.
4. Hlutfallstalan segir til um eignarhlutdeild í sameign. Ef sameign er skipt eða hluti hennar seldur skiptist hún eða andvirði hennar eftir hlutfallstölum.
5. Sá gengur að öðru jöfnu fyrir um rétt til byggingar ofan á eða við fjöleignarhús eða á lóð þess sem stærri hlut á í því.

Eignaskiptayfirlýsing.

16. gr.

Gera skal eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur.

Eignaskiptayfirlýsing skal undirrituð af öllum eigendum.

Sé um nýbyggingu að ræða skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir. Eignaskiptayfirlýsingu skal þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt.

Gera skal það að skilyrði þinglýsingar eignaryfirfærslu fjöleignarhúss eða hluta þess að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir og að eignaryfirfærslan sé í samræmi við hana.

Séu gerðar breytingar á fjöleignarhúsi eða innbyrðis eignatilfærslur sem breyta eða raska eignaskiptayfirlýsingu og eignarhlutföllum skulu eigendur án ástæðulauss dráttar gera nýja eignaskiptayfirlýsingu og láta þinglýsa henni.

Efni eignaskiptayfirlýsingar.

17. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt:

a. Um hvaða fjöleignarhús er að ræða. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri og sveitarfélagi.
b. Almenn lýsing á húsinu, svo sem stærð þess og gerð og hvers eðlis það er.
c. Lýsing á hverjum séreignarhluta, staðsetning hans, bæði hæð og innan hæðar, stærð hans í fermetrum og herbergjum ef því er að skipta, hvers eðlis hann er og hvað honum fylgir sérstaklega.

d. Hver sé hlutfallstala (hlutfallstölur) hvers séreignarhluta, á hvaða grundvelli hlutfallstölur séu reiknaðar út og hver hafi gert það.
e. Hvort séreignarhluta fylgi réttur til bílskúrs eða sérstakur réttur til ákveðins bílastæðis og skal það þá tilgreint svo ekki verði um villst.
f. Hvort séreignarhluta fylgi annars sérstakur réttur til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess.
g. Greinargóð lýsing á allri sameign hússins og sameiginlegum búnaði, bæði innan húss og utan, þar með talin lóð.
h. Glöggt skal greina ef tiltekið rými eða búnaður er í sameign sumra en ekki allra.

Til viðbótar ofangreindum atriðum skal ávallt geta glögglega um sérgreiningar, auðkenni og merkingar sem eign eða eignarhluti hefur í fasteignaskrá samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

Eignaskiptayfirlýsingu skal fylgja til þinglýsingar teikning af fjöleignarhúsinu og lóðaruppdráttur þar sem sýnd eru, eftir því sem frekast verður við komið, þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr. Teikningar og uppdrættir skulu vera í blaðstærð A4 og stærðir í fermetrum og rúmmetrum.

Eignaskiptayfirlýsingu, ásamt teikningum og öðrum gögnum, skal afhenda byggingarfulltrúa til staðfestingar og er honum skylt að senda Fasteignamati ríkisins afrit af henni. Skal byggingarfulltrúi leita álits stofnunarinnar ef vafi leikur á um greinitölur og stærðir.

Nánari reglur um grundvöll, gerð, efni, form og frágang eignaskiptayfirlýsinga, teikninga og uppdrátta og stærðarútreikninga samkvæmt grein þessari skulu settar af félagsmálaráðherra með reglugerð.

Breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum.

18. gr.

Allar breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum eru háðar samþykki allra eigenda fjöleignarhússins sem hagsmuna eiga að gæta. Skulu þeir allir standa að slíkum breytingum og undirrita þau skjöl sem þarf.

Sérhver eigandi á kröfu á því að hlutfallstölur sýni og endurspegli rétta skiptingu hússins og séu þannig réttur eða eðlilegur grundvöllur að skiptingu réttinda og skyldna.

Getur hver eigandi, sem telur hlutfallstölur rangar eða eignarhlutföllin í húsinu óeðlileg eða ósanngjörn, krafist breytinga og leiðréttinga þar á.

Fáist aðrir eigendur ekki til að standa að nauðsynlegum breytingum getur viðkomandi fengið dómkvadda matsmenn til að endurreikna eða endurákvarða hlutfallstölur í húsinu. Nægilegt er að kveðja einn matsmann til undirmats og tvo til yfirmats.

Náist ekki samkomulag að fengnu mati skv. 4. mgr. getur eigandi, sem breyta vill á grundvelli þess, höfðað mál á hendur öðrum eigendum til ógildingar á gildandi eignarhlutföllum og viðurkenningar á hinum nýju. Gangi dómur honum í vil getur hann fengið dómsorðinu þinglýst sem kemur þá og þannig í stað eignaskiptayfirlýsingar.

Ákvæðum þessarar greinar verður einnig beitt eftir því sem við á þegar engin þinglýst eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir og ekki næst nauðsynleg samstaða með eigendum um gerð eignaskiptayfirlýsingar.

Ráðstöfunarréttur yfir sameign.

19. gr.

Sameign fjöleignarhúss verður ekki ráðstafað af húsfélagi með samningi nema allir eigendur séu því samþykkir. Sama gildir um verulegar breytingar á sameign eða hagnýtingu hennar.

Þó er heimilt að selja eða leigja óverulega hluta sameignar ef öllum eigendum er gefinn kostur á að eiga hlut að ákvörðun um það á löglegum húsfélagsfundi og a.m.k. ⅔ hlutar eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, eru því meðmæltir.

Ráðstöfun eignarhluta.

20. gr.

Eigandi eignar í fjöleignarhúsi má aðeins ráðstafa með samningi réttindum sínum og skyldum í heild, þ.e. séreign sinni, hlutdeild í sameign og rétti og skyldu til þátttöku í húsfélagi. Þessi réttindi og skyldur verða ekki aðskilin, sbr. 4. mgr. 10. gr.

Að öðru leyti hefur eigandi sömu heimildir til að ráðstafa eign sinni í heild, til að selja hana, leigja, veðsetja og kvaðabinda og til ráðstöfunar með dánargerningi, og eigandi fasteignar almennt hefur að lögum.

Um leigu hluta séreignar, t.d. einstakra herbergja, gilda ekki sérstakar takmarkanir og fer réttur eiganda til þess eftir almennum reglum.

Takmarkanir á ráðstöfunarrétti eiganda kunna þó að leiða af ákvæðum laga um félagslegt íbúðarhúsnæði, öðrum sérlögum og eins af kvöðum í þinglýstum heimildum um eignina eða húsið. Slíkar takmarkanir verða ekki settar í húsfélagssamþykktum svo gilt sé, nema með samþykki allra eigenda eða eiganda þeirrar eignar sem þær beinast að ef þær eru ekki almennar.

Ráðstöfun hluta séreignar og skipting.

21. gr.

Eiganda er óheimilt að ráðstafa (selja eða veðsetja) tilteknum hluta séreignar sinnar nema með fylgi hlutdeild í sameign og réttindi og skyldur til þátttöku í húsfélagi.

Slík ráðstöfun til utanaðkomandi á einstökum afmörkuðum hlutum séreignar, hvort sem er húsrými, lóðarhluti eða annað, er háð samþykki allra eigenda og verður henni ekki þinglýst nema áður hafi verið þinglýst nýrri eignaskiptayfirlýsingu um húsið og ráðstöfunin eða eignaryfirfærslan sé í samræmi við hana.

Varanleg skipting séreignar í sjálfstæðar notkunareiningar, án þess að sala sé fyrirhuguð, er sömuleiðis háð samþykki allra eigenda og því að gerð sé ný eignaskiptayfirlýsing og henni þinglýst.

Um bílskúra og ráðstöfun þeirra.

22. gr.

Bílskúrar, hvort sem þeir eru innbyggðir í húsið, sambyggðir því eða standa sjálfstæðir á lóð þess, skulu jafnan fylgja ákveðnum séreignarhlutum í húsinu og er sérstök sala þeirra eða framsal bílskúrsréttinda til annarra en eigenda í húsinu óheimil.

Hyggist eigandi leigja bílskúr sinn skulu aðrir eigendur eiga forleigurétt. Vilji fleiri en einn nýta forleiguréttinn ræður eigandi hverjum þeirra hann leigir.

Eiganda er jafnframt óheimilt að undanskilja bílskúr eða bílskúrsréttindi við sölu á eignarhluta sínum nema hann eigi þar annan eignarhluta. Sama gildir um aðra séreignarhluta.

Ef bílskúrar eða bílskýli eru á lóð sem sameiginleg er fleiri húsum er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að ráðstafa þeim á milli hlutaðeigandi húsa.

Um eignatilfærslu innan hússins.

23. gr.

Eignaryfirfærsla á hlutum séreignar innan hússins til annarra eigenda er háð samþykki einfalds meiri hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta og skal þá eignaskiptayfirlýsingu breytt og breytingunni þinglýst. Að öðrum kosti verður eignaryfirfærslunni ekki þinglýst.

Skulu allir eigendur, hvort sem þeir voru meðmæltir eða ekki, ljá atbeina sinn að slíkri breytingu á eignaskiptayfirlýsingu nema þeir geti sýnt fram á að salan varði sérstaka lögmæta hagsmuni þeirra á þann veg að þess verði ekki krafist að þeir standi að breytingunni.

Þinglýsing eignaskiptayfirlýsingar skilyrði sameignarréttinda.

24. gr.

Hafi eignaryfirfærslur og breytingar átt sér stað skv. 21.–23. gr. þannig að séreignarhlutum hafi fjölgað en án þess að ný eignaskiptayfirlýsing eða nauðsynlegar breytingar hafi verið gerðar og þinglýst þá fylgja hinum nýju séreignarhlutum engin sjálfstæð sameignarréttindi.

Upplýsingaskylda við sölu.

25. gr.

Þegar eign, sem lög þessi taka til, er seld skal seljandi, áður en kaupsamningur er undirritaður, kynna kaupanda eignaskiptayfirlýsingu, eignaskiptasamning, sérstakar samþykktir húsfélagsins, ef um þær er að ræða, reikninga húsfélagsins og stöðu og framlög eignarhlutans gagnvart því og hússjóði þess.

Þá skal seljandi enn fremur gefa fullnægjandi og tæmandi upplýsingar um yfirstandandi eða fyrirhugaðar framkvæmdir, viðgerðir eða endurbætur.

Skal seljandi jafnan, ef því verður við komið, afla og leggja fram vottorð eða yfirlýsingu frá húsfélaginu um ofangreind atriði sem að því snúa.

Sé um hús í byggingu að ræða ber seljanda að gera glögga grein fyrir byggingarstigi, svo og áföllnum byggingarkostnaði og áætlun um endanlegan byggingarkostnað.

Annist löggiltur fasteignasali sölu eignar í fjöleignarhúsi skal hann sjá til þess að þau gögn og upplýsingar, sem um getur í 1.–4. mgr., liggi fyrir og séu rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er gerður og undirritaður.

Umráð og hagnýting séreignar. Viðhald. Úrræði húsfélags.

26. gr.

Eigandi hefur einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greinir í lögum þessum eða öðrum lögum, leiðir af óskráðum grenndarreglum, eðli máls eða byggjast á löglegum ákvörðunum og samþykktum húsfélagsins.

Eiganda er skylt á sinn kostnað að halda allri séreign sinni vel við og að haga afnotum og hagnýtingu hennar með þeim hætti að aðrir eigendur eða afnotahafar í húsinu verði ekki fyrir ónauðsynlegu og óeðlilegu ónæði, þ.e. meiri ama, ónæði og óþægindum en óhjákvæmilegt er og eðlilegt þykir í sambærilegum húsum.

Skal húsfélagið eða menn á þess vegum ef nauðsyn krefur hafa rétt til aðgangs að séreign til eftirlits með ástandi hennar og meðferð með hæfilegum fyrirvara og að teknu fullu tilliti til viðkomandi.

Sinni eigandi ekki eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi og umhirðu séreignar sinnar, þannig að sameign hússins eða einstakir séreignarhlutar líði fyrir vanrækksluna og liggi undir skemmdum eða viðhaldsleysið veldur verulegum ama eða veldur rýrnun á verðmæti annarra eigna, geta aðrir eigendur (húsfélagið) eftir a.m.k. eina skriflega áskorun og aðvörun látið framkvæma viðhald og viðgerðir og aðrar ráðstafanir á kostnað hans. Er eiganda skylt að veita óhindraðan aðgang að séreign sinni í því skyni. Þurfi húsfélag að leggja út kostnað vegna þessa fylgir endurkröfunni lögveð í eignarhlutanum, sbr. 48. gr.

Bili lagnir, sem liggja um eða í séreignarhluta, er eigandi hennar skyldur til að veita aðgang að séreign sinni og leyfa nauðsynlegar viðgerðir. Gildir það bæði um sameiginlegar lagnir og sérlagnir annarra. Skal eiganda tilkynnt um viðgerðir með hæfilegum fyrirvara og skulu þær framkvæmdar með hæfilegum hraða og lokið svo fljótt sem auðið er. Skal allri séreigninni komið í samt horf og áður og eiganda að kostnaðarlausu. Leiði viðgerð til verulegra óþæginda og afnotamissis á eigandi rétt á hæfilegum bótum.

Breytingar á hagnýtingu séreignar.

27. gr.

Breytingar á hagnýtingu séreignar frá því sem verið hefur eða ráð var fyrir gert í upphafi og hafa í för með sér verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eigendur eða afnotahafa en áður var og gengur og gerist í sambærilegum húsum eru háðar samþykki allra eigenda hússins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur eigandi ekki sett sig á móti slíkri breytingu ef sýnt er að hún hafi ekki í för með sér neina röskun á lögmætum hagsmunum hans.

Sé um að ræða breytta hagnýtingu sem ekki er veruleg er nægilegt að samþykki einfalds meiri hluta miðað við fjölda og eignarhluta liggi fyrir.

Ef breytt hagnýting eignarhluta hefur sérstök og veruleg óþægindi eða truflun í för með sér fyrir suma eigendur, einn eða fleiri, en aðra ekki þá eiga þeir sem sýnt geta fram á það sjálfstæðan rétt til að krefjast þess að af breytingunni verði ekki.

Byggingarréttur.

28. gr.

Sérstakur réttur eiganda til byggingar ofan á eða við húsið eða á lóð þess verður að byggjast á þinglýstum heimildum. Að öðrum kosti er slíkur byggingarréttur í sameign allra eigenda hússins.

Ef ekki leiðir annað af þinglýstum heimildum er slík bygging, sem um ræðir í 1. mgr., háð samþykki allra eigenda nema gert hafi verið ráð fyrir henni í upphafi á samþykktri teikningu.

Bygging samkvæmt samþykktri teikningu.

29. gr.

Rúmist bygging innan samþykktrar teikningar og sé byggingarrétturinn í eigu ákveðins eiganda, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 28. gr., getur hann ráðist í framkvæmdir að fengnum nauðsynlegum byggingarleyfum, enda taki hann sanngjarnt tillit til annarra eigenda við framkvæmdina og kosti kapps um að halda röskun og óþægindum í lágmarki.

Rúmist bygging innan samþykktrar teikningar og sé byggingarrétturinn í sameign má ráðast í framkvæmdir ef a.m.k. ⅔ hlutar eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta eru því samþykkir.

Aðrar byggingar og breytingar.

30. gr.

Sé um byggingu, endurbætur eða framkvæmd að ræða sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi og á samþykktri teikningu þá verður ekki í hana ráðist nema allir eigendur samþykki ef um er að ræða verulega breytingu á sameign, þar á meðal útliti hússins.

Sé um að tefla framkvæmd sem hefur breytingar á sameign, utan húss eða innan, í för með sér sem þó geta ekki talist verulegar þá nægir að ⅔ hlutar eigenda bæði miðað við fjölda eða eignarhluta séu því meðmæltir.

Til smávægilegra breytinga og endurnýjana nægir þó alltaf samþykki einfalds meiri hluta miðað við hlutfallstölur.

Breytingar á hagnýtingu sameignar.

31. gr.

Reglum 30. gr. skal beita eftir því sem við á um breytingar á hagnýtingu sameignar eða hlutum hennar enda þótt ekki sé um framkvæmdir að tefla, sbr. einnig 19. gr.

Forgangsréttur til byggingar. Bótaréttur.

32. gr.

Að öðru jöfnu og leiði ekki annað af þinglýstum heimildum hefur sá eigandi forgangsrétt til byggingar ofan á hús, við hús eða á lóð þess, þar á meðal til bílskúrsbyggingar, sem stærri hlut á í húsinu. Ef tveir eða fleiri eigendur eiga jafnstóra og stærsta hluta þá ræður hlutkesti.

Hyggist eigandi nota sér forgangsrétt sinn skv. 1. mgr. skal hann áður en í framkvæmdir er ráðist bjóða fram fébætur til annarra eigenda, sem byggingarréttinn eiga með honum, samkvæmt mati dómkvaddra manna ef samkomulag næst ekki.

Hafi framkvæmdir verið hafnar, án þess að bætur hafi verið boðnar fram, geta aðrir eigendur krafist þess að þær verði stöðvaðar.

Bílastæði.

33. gr.

Bílastæði á lóð fjöleignarhúss eru sameiginleg og óskipt, nema svo sé ákveðið í þinglýstum heimildum, að tiltekin bílastæði fylgi ákveðnum séreignarhlutum.

Verður óskiptum bílastæðum ekki skipt nema allir eigendur samþykki og skulu þá gerðar nauðsynlegar breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og þeim þinglýst.

III. KAFLI
Nánar um réttindi og skyldur.

Hagnýting sameignar.

34. gr.

Séreignareigandi hefur ásamt og í félagi með öðrum eigendum rétt til hagnýtingar þess hluta fjöleignarhússins sem er sameiginlegur, svo og sameiginlegrar lóðar og búnaðar.

Réttur þessi nær til sameignarinnar í heild og takmarkast eingöngu af hagsmunum og jafnríkum rétti annarra eigenda, en slíkar takmarkanir er að finna í lögum þessum og samþykktum og reglum húsfélags samkvæmt þeim.

Réttur til að hagnýta sameign fer ekki eftir hlutfallstölum og hafa allir eigendur jafnan hagnýtingarrétt þótt hlutfallstölur séu misháar.

Takmarkanir á hagnýtingarrétti.

35. gr.

Sérhverjum eiganda og afnotahafa ber skylda til að taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til annarra eigenda og afnotahafa við hagnýtingu sameignar og fara í hvívetna eftir löglegum reglum og ákvörðunum húsfélagsins varðandi afnot hennar.

Eigendum er óheimilt að nota sameiginlegt húsrými eða lóð til annars en það er ætlað.

Eigendum og öðrum afnotahöfum er skylt að ganga vel og þrifalega um sameiginlegt húsrými og lóð og sömuleiðis um sameiginlegan búnað hússins og gæta þess sérstaklega í umgengni sinni að valda ekki öðrum í húsinu óþægindum eða ónæði.

Einstökum eigendum verður ekki fenginn aukinn og sérstakur réttur til hagnýtingar sameignar umfram aðra eigendur nema allir eigendur ljái því samþykki.

Ráðstöfunarréttur eigenda yfir sameign.

36. gr.

Eiganda er á eigin spýtur óheimilt að framkvæma nokkrar breytingar á sameign eða helga sér til einkanota tiltekna hluta hennar. Eigandi getur ekki öðlast sérstakan rétt til sameignar á grundvelli hefðar, hvorki eignarrétt né aukinn afnotarétt.

Einstökum eiganda er ekki heimilt upp á sitt einsdæmi að taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir sem snerta sameign eða sameiginleg málefni nema svo sé ástatt sem greinir í 37. og 38. gr.

Ráðstafanir til að forðast tjón.

37. gr.

Eiganda er heimilt að gera brýnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón á sameign eða einstökum séreignarhlutum og ekki þola bið eftir sameiginlegri ákvörðun húsfélagsins eða stjórnar þess ef því er að skipta. Skal hann, svo sem frekast er kostur, gæta þess að slíkar ráðstafanir verði ekki umfangsmeiri og kostnaðarsamari en nauðsyn krefur og telst þá kostnaðurinn sameiginlegur.

Þá er eiganda einnig rétt að gera þær ráðstafanir vegna sameignarinnar sem lögboðnar eru og ekki mega bíða, sbr. 1. mgr.

Nauðsynlegt viðhald. Athafnaleysi húsfélags.

38. gr.

Eiganda er rétt að láta framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á sameign á kostnað allra ef hún eða séreignarhlutar liggja undir skemmdum vegna vanrækslu á viðhaldi og húsfélagið eða aðrir eigendur hafa ekki, þrátt fyrir tilmæli og áskoranir, fengist til samvinnu og til að hefjast handa í því efni.

Áður en framkvæmdir hefjast skal viðkomandi eigandi jafnan afla sönnunar á nauðsyn viðgerðarinnar, umfangi hennar og kostnaði við hana og öðrum atriðum sem máli geta skipt. Skal viðgerðin síðan framkvæmd á þeim grundvelli en óveruleg og óhjákvæmileg frávik skipta þó ekki máli.

Með kostnað vegna undirbúnings slíkra viðgerða og framkvæmd þeirra skal fara sem sameiginlegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

Meginreglur um töku ákvarðana.

39. gr.

Allir hlutaðeigandi eigendur eiga óskoraðan rétt á að eiga og taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, bæði innan og utan húss, og sameiginleg málefni sem snerta hana beint og óbeint.

Ákvörðunarréttur skv. 1. mgr. á m.a. við um: Fyrirkomulag, skipulag, útlit, viðbyggingar, breytingar, hvers kyns framkvæmdir, endurbætur, viðhald, rekstur, ráðstöfun með samningi, hagnýtingu sameignar og séreignar og setningu reglna þar um.

Sé um sameign sumra en ekki allra að ræða, sbr. 7. gr., nægir að þeir sem hlut eiga að máli standi saman að ákvörðun nema um atriði eða framkvæmd sé að ræða sem snertir líka hagsmuni hinna þótt ekki sé um greiðsluskyldu þeirra að ræða, svo sem útlitsatriði.

Sameiginlegar ákvarðanir skulu teknar á sameiginlegum fundi eigenda, húsfundi, en þó getur stjórn húsfélags tekið vissar ákvarðanir í umboði eigenda sem bindandi eru fyrir þá, sbr. 69. og 70. gr. Þá hafa einstakir eigendur í vissum tilvikum, sbr. 37. og 38. gr., rétt til að gera ráðstafanir sem bindandi eru fyrir aðra þótt fundur hafi ekki um fjallað.

Úrræði eiganda sé hann ekki hafður með í ráðum.

40. gr.

Hafi eigandi ekki verið boðaður á húsfund með þeim hætti sem lög þessi mæla fyrir um þar sem ákvörðun er tekin um sameiginleg málefni þá er hann ekki bundinn af ákvörðunum sem á þeim fundi eru teknar, sbr. þó 3. mgr.

Hafi verið tekin ákvörðun um sameiginlega framkvæmd getur hann stöðvað hana og neitað að greiða hlutdeild í kostnaði vegna hennar þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin. Skal eigandi hafa uppi slík andmæli án ástæðulauss dráttar og strax og tilefni er til.

Hafi eigandi sótt fund óboðaður eða þrátt fyrir ófullnægjandi boðun þá getur hann ekki borið fyrir sig ágalla á fundarboðun og eru þá ákvarðanir fundarins bindandi fyrir hann.

Húsfélagi er rétt að bæta úr eða staðfesta á öðrum fundi, sem skal haldinn svo fljótt sem kostur er, ákvörðun sem annmarki er á að þessu leyti. Sé það gert verður ákvörðunin bindandi fyrir viðkomandi eiganda og hann greiðsluskyldur.

Ef um óverulegan ágalla á fundarboði eða fundi að öðru leyti hefur verið að ræða þá er eiganda ekki rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., að synja um greiðslu ef ákvörðun hefur verið um brýna framkvæmd, t.d. nauðsynlegt viðhald, eða ef augljóst er að vera hans á fundi, málflutningur og atkvæðagreiðsla gegn framkvæmd hefði engu breytt um niðurstöðuna og ákvörðunina, svo sem ef yfirgnæfandi meiri hluti eigenda hefur verið á fundinum og greitt atkvæði með.

Reglur um töku ákvarðana.

41. gr.

Við ákvarðanatöku um sameiginleg málefni í fjöleignarhúsum, sbr. 39. gr., gilda þessar reglur:

A. Til ákvarðana um eftirfarandi þarf samþykki allra eigenda:
1. Breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, sbr. 18. gr.
2. Ráðstöfun á verulegum hlutum sameignar, sbr. 1. mgr. 19. gr.
3. Sala á séreignarhlutum til utanaðkomandi, sbr. 2. mgr. 21. gr.
4. Varanleg skipting séreignar í fleiri einingar, sbr 3. mgr. 21. gr.
5. Verulegar breytingar á hagnýtingu séreignar, sbr. 1. mgr. 27. gr.
6. Bygging, framkvæmdir og endurbætur sem hafa í för með sér verulegar breytingar á sameign, sbr. 2. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 30. gr.
7. Verulegar breytingar á hagnýtingu og afnotum sameignar, sbr. 31. gr.
8. Skipting bílastæða, sbr. 33. gr.
9. Um sérstakan aukinn rétt einstakra eigenda til afnota af sameign, sbr. 4. mgr. 35. gr.
10. Um meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og hagnýtingarrétti eiganda yfir séreign en leiðir af ákvæðum laga þessara eða eðli máls, sbr. 3. mgr. 57. gr.
11. Um mjög óvenjulegan og dýran búnað og annað sem almennt tíðkast ekki í sambærilegum húsum.
12. Til ráðstafana og ákvarðana sem ekki varða sameignina og sameiginleg málefni, en eigendur telja æskilegt að þeir standi saman að og ráði í félagi.

B. Til neðangreindra ákvarðana þarf samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta:
1. Sala eða leiga á óverulegum hlutum sameignar, sbr. 2. mgr. 19. gr.
2. Viðbygging í samræmi við samþykkta teikningu, sbr. 2. mgr. 29. gr.
3. Bygging og endurbætur sem ekki breyta sameign verulega, sbr. 2. mgr. 30. gr.
4. Óveruleg breyting á hagnýtingu sameignar, sbr. 31. gr. og 2. mgr. 30. gr.
5. Að ráðast í viðgerðir á séreign vegna vanrækslu eiganda, sbr. 4. mgr. 26. gr.
6. Að brotlegum eiganda eða afnotahafa verði bönnuð búseta eða hagnýting séreignar og gert að flytja og selja eign sína, sbr. 55. gr.
7. Setning sérstakra húsfélagssamþykkta, sbr. 75. gr., nema um sé að ræða atriði sem samþykki allra þarf til.
8. Frávik frá reglum um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, sbr. 46. gr.
9. Endurbætur, breytingar og nýjungar sem ganga verulega lengra og eru verulega dýrari og umfangsmeiri en venjulegt og nauðsynlegt viðhald.

C. Til ákvarðana um neðangreind málefni þarf samþykki einfalds meiri hluta eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta á húsfundi:
1. Samþykkt og setning húsreglna, sbr. 74. gr.
2. Eignatilfærslur milli eigenda á hluta séreignar, sbr. 1. mgr. 23. gr.
3. Breytt hagnýting séreignar sem ekki er veruleg, sbr. 3. mgr. 27. gr.
4. Um framkvæmdir sem greiðast að jöfnu og rekstrar- og stjórnunarmálefni, sbr. B-lið 45. gr.
5. Við kosningu stjórnar húsfélags og til annarra trúnaðarstarfa á vegum þess.

D. Til allra annarra ákvarðana en greinir í A–C hér að ofan nægir samþykki einfalds meiri hluta eigenda miðað við hlutfallstölur á löglega boðuðum húsfundi.
E. Minni hluti eigenda, sem þó er a.m.k. ¼ hluti annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, getur krafist þess:
   1. Að stofnaður verði hússjóður til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum, sbr. 49. gr.
   2. Að endurskoðandi húsfélags skuli vera löggiltur endurskoðandi, sbr. 73. gr.
   3. Að haldinn verði húsfundur um tiltekin málefni, sbr. b-lið 1. mgr. 60. gr.

Komi fram kröfur um ofangreint frá tilskildum fjölda eigenda þá er húsfélaginu, öðrum eigendum og stjórn þess skylt að verða við og framfylgja þeim.

Kröfur um fundarsókn.

42. gr.

Húsfélagsfundur getur tekið ákvarðanir skv. C-, D- og E-liðum 41. gr. án tillits til fundarsóknar enda sé hann löglega boðaður og haldinn.

Sé um að ræða ákvarðanir sem falla undir B-lið 41. gr. þá verður a.m.k. helmingur eigenda bæði miðað við fjölda og eignarhluta að vera á fundi og tilskilinn meiri hluti þeirra að greiða atkvæði með tillögu.

Sé fundarsókn ekki nægileg skv. 2. mgr., en tillagan þó samþykkt með ⅔ hlutum atkvæða á fundinum bæði miðað við fjölda og eignarhluta, þá skal innan 14 daga halda nýjan fund og bera tillöguna aftur upp á honum. Sá fundur getur tekið ákvörðun án tillits til fundarsóknar og fái tillagan tilskilinn meiri hluta (⅔) á fundinum telst hún samþykkt.

Sameiginlegur kostnaður.

43. gr.

Sameiginlegur kostnaður er:

1. Allur kostnaður, hverju nafni sem nefnist, sem snertir sameign fjöleignarhúss, bæði innan húss og utan, sameiginlega lóð þess og sameiginlegan búnað og lagnir og leiðir af löglegum ákvörðunum stjórnar húsfélagsins, almenns fundar þess og þeim ráðstöfunum sem einstakur eigandi hefur heimild til að gera.
2. Opinber gjöld sem reiknuð eru af húsinu í heild, svo og vatns-, hita- og rafmagnskostnaður.
3. Skaðabætur bæði innan og utan samninga sem húsfélagi er gert að greiða og tjón á séreignum eða eignum annarra vegna bilunar eða vanrækslu á viðhaldi á sameign og sameiginlegum búnaði, sbr. 52. gr.

Sameiginlegur kostnaður er, auk þeirra kostnaðarliða sem sérstaklega eru tilgreindir í 1. mgr., m.a. fólginn í viðbyggingum, breytingum, endurbótum, endurnýjunum, viðhaldi, viðgerðum, umhirðu, hreingerningum, rekstri, hússtjórn, tryggingaiðgjöldum o.fl.

Sameiginlegur kostnaður allra eða sumra.

44. gr.

Sameiginlegur kostnaður skv. 43. gr. er sameiginlegur öllum eigendum en getur þó í undantekningartilvikum verið sameiginlegur sumum eigendum en ekki öllum, sbr. 7. gr.

Reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar.

45. gr.

Sameiginlegum kostnaði skal skipt niður á hlutaðeigandi eigendur eftir þeim reglum sem hér fara á eftir:

A. Allur sameiginlegur kostnaður, hverju nafni sem nefnist, sem ekki fellur ótvírætt undir liði B og C hér að neðan, skiptist á eigendur eftir hlutfallstölum eignarhluta í viðkomandi sameign.

B. Neðangreindur kostnaður skiptist og greiðist að jöfnu:
   1. Kostnaður við gerð, viðhald og rekstur sameiginlegra óskiptra bílastæða, svo og slíkur kostnaður við sameiginlegar aðkeyrslur.
   2. Viðhalds- og reksturskostnaður sameiginlegs þvottahúss, þar með talið kaupverð og viðhald sameiginlegra tækja.
   3. Viðhalds- og reksturskostnaður lyftu.
   4. Kaupverð og viðhald dyrasíma, sjónvarps- og útvarpskerfa og loftneta, póstkassa, nafnskilta og annars búnaðar sem eigendur hafa jöfn afnot og gagn af með líkum hætti.
   5. Allur sameiginlegur reksturskostnaður, svo sem rafmagn, hiti og vatn í sameign og umhirða sameiginlegs húsrýmis og lóðar.
   6. Kostnaður við hússtjórn og endurskoðun.
   7. Sameiginleg afnotagjöld og félagsgjöld.

C. Kostnaður, hver sem hann er, skal þó jafnan skipt í samræmi við not eigenda ef unnt er að mæla óyggjandi not hvers og eins.

Frávik frá reglum um kostnaðarskiptingu.

46. gr.

Ef hagnýting séreignar eða breytt hagnýting eða búnaður í henni hefur í för með sér sérstök eða aukin sameiginleg útgjöld getur húsfundur ákveðið að eigandi hennar skuli greiða sem því nemur stærri hluta í sameiginlegum kostnaði en leiðir af reglum 45. gr.

Þá er einnig heimilt að víkja frá ákvæðum 45. gr. þegar um er að tefla hús sem hafa að einhverju leyti eða öllu að geyma húsnæði til annars en íbúðar, svo sem blandað íbúðar- og atvinnuhúsnæði eða atvinnuhúsnæði eingöngu.

Er heimild til frávika háð því að reglur 45. gr. um skiptingu kostnaðar eigi illa við og séu ósanngjarnar í garð eins eða fleiri eigenda. Er þá heimilt að byggja á öðrum reglum og sjónarmiðum við skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem taka t.d. í ríkara mæli mið af mismunandi notum, gagni og hagnýtingu einstakra eigenda.

Ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. skal taka á húsfélagsfundi og þarf til þeirra samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta. Sé hinni nýju kostnaðarskiptingu ætlað almennt gildi og til frambúðar þá skal yfirlýsingu um hana þinglýst.

Skylda til greiðslu sameiginlegs kostnaðar.

47. gr.

Skylda til að greiða hlutdeild séreignar í sameiginlegum kostnaði hvílir á þeim sem er eigandi hennar á hverjum tíma.

Sé eign í fjöleignarhúsi seld skal seljandi tilkynna húsfélagi þess sannanlega um eigendaskiptin án ástæðulauss dráttar.

Sá er ábyrgur gagnvart húsfélagi fyrir hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sem er þinglýstur eigandi á hverjum tíma og er húsfélagi rétt að beina kröfum sínum að honum nema eigendaskiptin hafi verið tilkynnt því og óyggjandi sé að nýr eigandi hafi tekið við réttindum og skyldum.

Lögveð.

48. gr.

Greiði eigandi ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði, þar með talin gjöld í sameiginlegan hússjóð, þá eignast húsfélagið eða aðrir eigendur lögveð í eignarhluta hans til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samningsveðum og aðfararveðum, svo og yngri lögveðum öðrum.

Lögveðið stofnast þegar húsfélag eða aðrir eigendur inna greiðslur af hendi eða á gjalddaga hússjóðsgjalda ef um slík vanskil er að ræða.

Lögveðið fellur niður ef því er ekki fylgt eftir með lögsókn eða því lýst við nauðungarsölu innan árs frá stofnun þess. Viðurkenning eiganda utan réttar nægir ekki til að rjúfa fyrninguna.

Hússjóður og gjöld í hann.

49. gr.

Þegar þess er krafist af minnst ¼ hluta eigenda annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta skal stofna hússjóð til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum.

Skal aðalfundur húsfélags ákveða gjöld í sjóðinn fyrir næsta ár á grundvelli áætlunar um sameiginleg útgjöld (rekstrar- og framkvæmdaáætlunar) á því ári. Getur hússjóður bæði verið rekstrar- og framkvæmdasjóður eftir nánari reglum sem húsfélagsfundur setur. Skal hússjóðsgjald greiðast mánaðarlega 1. dag hvers mánaðar nema húsfélagsfundur eða stjórn ákveði annað.

Skulu gjöld í hússjóð ákveðin og þeim skipt í samræmi við reglur 45. gr. um skiptingu sameiginlegs kostnaðar. Eigendur geta þó ekki borið fyrir sig óveruleg frávik en þau skal jafna við árlegt heildaruppgjör á reikningum húsfélagsins.

Viðhald séreignar. Sérkostnaður.

50. gr.

Eigandi skal sjá um og kosta allt viðhald og allan rekstur á séreign sinni, þar með töldum búnaði, tækjum og lögnum sem henni tilheyra, sbr. 4. og 5. gr. Telst allur slíkur kostnaður, hverju nafni sem nefnist, vera sérkostnaður.

Um úrræði húsfélags og annarra eigenda vegna vanrækslu eiganda á nauðsynlegu viðhaldi séreignar segir í 26. gr.

Skaðabótaábyrgð eiganda.

51. gr.

Eigandi séreignar er ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af:

a. Vanrækslu á viðhaldi séreignar.
b. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
c. Bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt.

Nær bótaskylda skv. 1. mgr. einnig til afleidds tjóns, svo sem afnotamissis.

Fylgir bótakröfu samkvæmt þessari grein lögveð í eignarhluta hins bótaskylda eiganda. Um lögveð þetta fer eftir reglum 48. gr. eftir því sem við getur átt.

Skaðabótábyrgð húsfélags.

52. gr.

Húsfélag er ábyrgt með sama hætti gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum og segir í 1. og 2. mgr. 51 gr. þegar tjón stafar af:

a. Vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum.
b. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
c. Bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt.

Tryggingar.

53. gr.

Eigendur og húsfélag skulu jafnan, eftir því sem kostur er, kaupa og hafa vátryggingu til að mæta ábyrgð og áhættu skv. 51. og 52. gr.

Ef húsfélagsfundur samþykkir með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða miðað við hlutfallstölur skal kaupa slíka vátryggingu fyrir allt fjöleignarhúsið, þ.e. fyrir alla séreignarhluta og sameign.

Ábyrgð eigenda út á við.

54. gr.

Ábyrgð eigenda út á við gagnvart kröfuhöfum húsfélagsins á sameiginlegum skyldum og skuldbindingum er persónuleg (með öllum eignum þeirra) og eru þeir ábyrgir einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum).

Ábyrgð eigenda er einnig bein, en þó skal kröfuhafi áður en hann beinir kröfu að einstökum eiganda fyrst reyna að fá hana greidda af húsfélaginu. Fáist ekki, þrátt fyrir innheimtutilraunir, greiðsla frá því innan 30 daga frá því að þær hófust getur kröfuhafi leitað fullnustu fyrir allri kröfunni hjá eigendum, einum eða fleirum.

Dómur á hendur húsfélagi er aðfararhæfur gagnvart einstökum eigendum ef þeir hafa átt þess kost á að gæta réttar síns og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við rekstur dómsmálsins.

Hafi eigandi efnt sameiginlega fjárskuldbindingu þá eignast hann endurkröfurétt á hendur húsfélaginu eða öðrum eigendum í hlutfalli við hlutdeild þeirra í viðkomandi kostnaði, allt að frádregnum hluta sínum. Fylgir þessari endurkröfu lögveð í eignarhlutum annarra með sama hætti og segir í 48. gr.

Úrræði húsfélags við vanefndir og brot eiganda.

55. gr.

Gerist eigandi, annar íbúi húss eða afnotahafi sekur um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða eigendum, einum eða fleirum, þá getur húsfélagið með ákvörðun skv. 6. tölul. B-liðar 41. gr. lagt bann við búsetu og dvöl hins brotlega í húsinu, gert honum að flytja og krafist þess að hann selji eignarhluta sinn.

Áður en húsfélag grípur til aðgerða skv. 1. mgr. skal það a.m.k. einu sinni skora á hinn brotlega að taka upp betri siði og vara hann við afleiðingum þess að hann láti sér ekki segjast. Er réttmæti frekari aðgerða háð því að slík aðvörun, sem vera skal skrif-

leg og send með sannanlegum hætti, hafi verið gefin og send og að hún hafi ekki borið árangur.

Láti hinn brotlegi ekki skipast skv. 2. mgr. er húsfélagi rétt að banna honum búsetu og dvöl í húsinu og skipa honum að flytja á brott með fyrirvara sem skal að jafnaði ekki vera skemmri en einn mánuður. Þó má fyrirvari vera skemmri ef eðli brota, viðbrögð við aðvörun eða aðrar knýjandi ástæður valda því að aðgerðir þola ekki bið.

Með sama hætti er húsfélagi rétt að krefjast þess að hinn brotlegi selji eignarhluta sinn svo fljótt sem auðið er. Skal veita honum sanngjarnan frest í því skyni sem skal þó að jafnaði ekki vera lengri en þrír mánuðir.

Ef hinn brotlegi sinnir ekki kröfum húsfélagsins skv. 3. og 4. mgr. getur það framfylgt þeim með lögsókn, eftir atvikum lögbanni og/eða útburði án undangengins dóms. Á grundvelli dóms um skyldu hins brotlega til sölu eignar getur húsfélagið krafist þess ef ekki vill betur að hún verði seld nauðungarsölu samkvæmt lögum nr. 90/1991, sbr. 3. mgr. 8. gr. þeirra.

Ef brot og ónæði bitnar aðallega eða eingöngu á einstökum eða fáum eigendum, en húsfélagið vill eigi beita úrræðum þeim sem í fyrri málsgreinum þessarar greinar felast, þá geta þeir sem misgert er við (einn eða fleiri), án atbeina húsfélagsins, hafist handa gagnvart hinum brotlega og beitt og framfylgt ofangreindum úrræðum.

IV. KAFLI
Um húsfélög.

Húsfélög og aðild að þeim.

56. gr.

Húsfélög eru til í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laga þessara, sbr. 3. mgr. 10. gr., og þarf ekki að stofna þau sérstaklega og formlega.

Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss. Réttindi og skyldur til þátttöku í húsfélagi eru órjúfanlega tengd eignarrétti að einstökum eignarhlutum. Enginn eigandi getur synjað þátttöku í húsfélagi eða sagt sig úr því nema með sölu eignarhluta síns.

Hlutverk, tilgangur og valdsvið.

57. gr.

Hlutverk og tilgangur húsfélaga er aðallega að sjá um varðveislu, viðhald, endurbætur og rekstur sameignarinnar þannig að hún fái sem best þjónað sameiginlegum þörfum eigenda og stuðla að og framfylgja því með samþykktum, reglum og ákvörðunum að hagnýting hússins, bæði séreigna og sameignar, sé ávallt með eðlilegum hætti og þannig að verðgildi eigna haldist.

Valdsvið húsfélags er bundið við sameignina og ákvarðanir sem varða hana og nauðsynlegar eru vegna hennar og sameiginlegra hagsmuna eigenda.

Húsfélag getur ekki tekið ákvarðanir gegn vilja eiganda sem fela í sér meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og umráðarétti hans yfir séreigninni en leiðir af ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

Almennir fundir. Fundarseta.

58. gr.

Æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns fundar þess, húsfundar.

Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðarfólk. Maki eða sambúðaraðili getur farið með atkvæðisrétt fyrir félagsmann á fundi án sérstaks umboðs.

Þá má félagsmaður veita hverjum lögráða manni umboð til að mæta á fundi og greiða atkvæði. Skal umboðsmaður leggja fram á fundinum skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð má hvenær sem er afturkalla.

Fundurinn getur heimilað leigjendum í húsinu og öðrum, sem geta átt hagsmuna að gæta, að sitja fund og hafa þar málfrelsi en hvorki tillögu- eða atkvæðisrétt.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og húsvörður eru skyldir til að mæta á fund nema fundarseta þeirra sé bersýnilega óþörf eða þeir hafi lögmæt forföll.

Þá er endurskoðanda húsfélagsins rétt að sækja fund og taka til máls og gefa skýringar.

Aðalfundur og boðun hans.

59. gr.

Aðalfundur húsfélags skal haldinn ár hvert fyrir lok aprílmánaðar.

Til aðalfundar skal stjórnin boða skriflega og með sannanlegum hætti með minnst 8 og mest 20 daga fyrirvara.

Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefni tillagna þeirra sem leggja á fyrir fundinn.

Vilji eigandi fá mál tekið fyrir og til atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal hann greina stjórn frá því skriflega með þeim fyrirvara að unnt sé að geta þeirra í fundarboði.

Aðrir almennir fundir og boðun þeirra.

60. gr.

Almennir fundir eru annars haldnir:

a. Þegar stjórnin telur það nauðsynlegt.
b. Þegar þess er skriflega krafist af ¼ hluta félagsmanna, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, og skulu þeir jafnframt tiltaka þau málefni sem óskast rædd, tekin fyrir og afgreidd.
c. Þá skal enn fremur halda fund í samræmi við ákvörðun fyrri fundar.

Stjórnin skal boða til almenns fundar með minnst 4 og mest 20 daga fyrirvara. Skal boða fund tryggilega. Í fundarboði skal greina tíma og stað fundarins og þau mál sem fyrir verða tekin og meginefni tillagna.

Sinni stjórnin ekki án ástæðulauss dráttar kröfu skv. b-lið 1. mgr. er viðkomandi eigendum rétt að boða sjálfir til fundarins og halda hann og telst hann þá löglegur að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Verkefni aðalfundar.

61. gr.

Á aðalfundi skulu fyrir tekin eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
2. Framlagning ársreikninga til samþykktar og umræður um þá.
3. Kosning formanns.
4. Kosning annarra stjórnarmanna.
5. Kosning varamanna.
6. Kosning endurskoðanda og varamanns.
7. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár.

8. Ákvörðun hússjóðsgjalda.
9. Mál sem tiltekin eru í fundarboði.
10. Önnur mál.

Verkefni annarra funda.

62. gr.

Á öðrum húsfundum en aðalfundi skal fjalla um þau mál sem tiltekin eru í fundarboði.

Hver félagsmaður getur skotið þeim ákvörðunum stjórnar sem honum við koma til húsfundar.

Hver félagsmaður á rétt á að fá ákveðin mál tekin fyrir til umræðu á húsfundi en ekki til atkvæðagreiðslu nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Séu allir félagsmenn mættir getur fundurinn samþykkt afbrigði og tekið mál til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu þótt þeirra hafi ekki verið getið í fundarboði. Gildir þetta einnig um aðalfundi.

Atkvæðagreiðslur og vægi atkvæða.

63. gr.

Um vægi atkvæða félagsmanna við ákvarðanir og vald og heimildir húsfélags og funda þess við ákvarðanatöku fer eftir ákvæðum 39.–42. gr. laga þessara.

Fundarstjórn. Fundargerð.

64. gr.

Húsfélagsfundi er stjórnað af formanni húsfélagsins, en ef hann er ekki viðstaddur velur fundurinn sjálfur fundarstjóra úr hópi félagsmanna.

Undir umsjá og á ábyrgð fundarstjóra skal rita í sérstaka fundargerðabók meginatriði allra mála sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir sem teknar eru og hvernig atkvæði hafa fallið ef því er að skipta.

Skal fundargerðin lesin upp í lok fundar, hún leiðrétt og athugasemdir skráðar. Skal hún síðan undirrituð af fundarstjóra og a.m.k. einum öðrum félagsmanni sem fundurinn hefur tilnefnt til þess.

Fundargerðir skulu jafnan vera aðgengilegar fyrir félagsmenn og eiga þeir rétt á því að fá staðfest endurrit eða ljósrit þeirra.

Vanhæfi við ákvarðanatöku.

65. gr.

Enginn má sem félagsmaður eða umboðsmaður hans taka þátt í atkvæðagreiðslu um samninga eða málefni ef hann á sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu.

Stjórn, kosning, kjörgengi o.fl.

66. gr.

Í húsfélagi skal vera stjórn sem kosin skal á aðalfundi.

Stjórnina skipa að jafnaði a.m.k. þrír menn og er einn þeirra formaður sem kosinn skal sérstaklega. Varamenn skal, ef þurfa þykir, kjósa jafnmarga. Skulu þeir þá kjörnir sem 1., 2. og 3. varamaður og taka sæti í aðalstjórn í þeirri röð.

Kjörgengir til stjórnar eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk og nánir ættingjar. Skulu stjórnarmenn vera lögráða.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda og lýkur því í lok aðalfundar á því ári sem kjörtímabilið rennur út.

Stjórnin skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum.

67. gr.

Þegar um er að ræða fjöleignarhús með sex eignarhlutum eða færri er ekki þörf á að kjósa og hafa sérstaka stjórn og fara þá allir eigendur í félagi saman með það vald og þau verkefni sem stjórnin annars færi með samkvæmt lögum þessum.

Einnig er heimilt í slíkum húsum að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar og skal þá beita ákvæðum laganna um stjórn eftir því sem við á um hann.

Stjórnarfundir.

68. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda þegar hann telur þess þörf en einnig skal halda fund ef einhver stjórnarmaður krefst þess.

Skal boða fund með hæfilegum fyrirvara og er þriggja daga fyrirvari jafnan nægilegur.

Skal jafnan, ef þess er kostur, upplýsa stjórnarmenn um það fyrir fram hvaða málefni verða tekin fyrir.

Formaður stýrir stjórnarfundi en sé hann forfallaður og hafi varaformaður ekki verið kosinn velur stjórnin sjálf fundarstjóra úr sínum hópi.

Stjórnin er ákvörðunarhæf þegar meiri hluti stjórnarmanna er á fundi sem hefur verið boðaður á fullnægjandi hátt.

Á stjórnarfundum er málum ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórnin skal færa í fundargerðarbók meginatriði þess sem gert er og ákveðið á fundum. Skal fundargerðin undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Skyldur og verkefni stjórnar. Framkvæmdastjóri. Vanhæfi.

69. gr.

Stjórnin fer með sameiginleg málefni húsfélagsins milli funda og sér um framkvæmd viðhalds og rekstur sameignarinnar og öll önnur sameiginleg málefni í samræmi við ákvæði laga þessara, önnur lög og samþykktir og ákvarðanir húsfunda.

Stjórnin skal halda glögga reikninga yfir tekjur og gjöld húsfélagsins. Skal hún innheimta hjá eigendum hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði og hússjóðsgjöld. Þá skal stjórnin varðveita og ávaxta fjármuni húsfélagsins á ábatasaman og tryggan hátt.

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra eða annan starfsmann sér til aðstoðar við daglegan rekstur. Sé það gert gefur stjórnin starfsmanni fyrirmæli, ákveður laun hans og önnur kjör og hefur eftirlit með því að hann uppfylli starfsskyldur sínar.

Stjórninni er einnig heimilt með sama hætti að fela sjálfstæðum verktaka, t.d. húsfélagaþjónustu, að annast tiltekin verkefni.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í ákvarðanatöku og afgreiðslu mála sem hann hefur sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í.

Stjórn og framkvæmdastjóra er skylt að veita eigendum upplýsingar og skýringar um öll atriði er varða málefni húsfélagsins, rekstur þess, sameiginlegt viðhald, efnahag og fjárhagsstöðu. Skulu eigendur hafa rétt til að skoða bækur félagsins, reikninga og fylgiskjöl með hæfilegum fyrirvara en þó jafnan að viðstöddum stjórnarmanni.

Nánar um verk- og valdsvið stjórnar.

70. gr.

Stjórn húsfélags er rétt og skylt að taka hvers kyns ákvarðanir sem lúta að venjulegum daglegum rekstri og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar.

Þá getur stjórnin látið framkvæma á eigin spýtur minni háttar viðhald og viðgerðir og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem þola ekki bið.

Sé um að ræða ráðstafanir og framkvæmdir sem ganga lengra en segir í 1. og 2. mgr. ber stjórninni, áður en í þær er ráðist, að leggja þær fyrir húsfund til umfjöllunar og ákvörðunar samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Á það undantekningarlaust við um framkvæmdir sem eru verulegar hvað varðar kostnað, umfang og óþægindi. Gildir hér einu þótt um æskilegar og jafnvel nauðsynlegar ráðstafanir sé að tefla.

Umboð til að skuldbinda húsfélag. Aðildarhæfi.

71. gr.

Húsfélagið er skuldbundið út á við með undirritun meiri hluta stjórnarmanna og að jafnaði skal formaður vera einn af þeim.

Stofni stjórnarmenn til skuldbindinga sem falla utan heimildar þeirra og valdsviðs samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvörðun húsfundar þá eru þeir ábyrgir og eftir atvikum bótaskyldir gagnvart húsfélaginu samkvæmt almennum reglum.

Húsfélag getur verið aðili að dómsmáli, bæði til sóknar og varnar. Gildir það bæði um mál gegn þriðja aðila og gegn einum eða fleiri félagsmönnum.

Bókhald og reikningsgerð.

72. gr.

Stjórnin skal sjá um að bókhald húsfélags sé fært og haldið á réttan og fullnægjandi hátt.

Skulu á tíðkanlegan hátt færðir glöggir efnahags- og rekstrarreikningar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Endurskoðandi.

73. gr.

Endurskoðandi, sem kjörinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, skal endurskoða reikninga húsfélagsins.

Sé þess krafist af minnst ¼ hluta félagsmanna annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta skal endurskoðandinn vera löggiltur.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllu bókhaldi húsfélagsins og getur hann krafist allra upplýsinga sem hann álítur að þýðingu hafi fyrir starf sitt.

Endurskoðandi skal staðreyna og staðfesta að sameiginlegum kostnaði sé skipt í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda með eða án athugasemda eftir því sem hann telur ástæðu til.

Húsreglur.

74. gr.

Stjórn húsfélags skal semja og leggja fyrir húsfund til samþykktar, sbr. 1. tölul. C-liðar 41. gr., reglur um hagnýtingu sameignar og séreignar að því marki sem lög þessi leyfa.

Skulu reglur þessar, húsreglur, hafa að geyma sem ítarlegust ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar og skiptingu afnota ef því er að skipta, allt eftir því sem við á og eðlilegt og haganlegt þykir að reglufesta í viðkomandi húsi.

Í húsreglum fjöleignarhúsa skal m.a. fjalla um neðangreind atriði:

1. Umgengni um sameign og um afnot hennar og hagnýtingu.
2. Bann við röskun á svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni og undanþágur frá því banni.
3. Skipting afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað og hverjar séu skyldur eigenda í því efni.
5. Reglur um húsdýrahald, hvort það er bannað eða takmarkað.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er.

Sérstakar húsfélagssamþykktir. Þinglýsing.

75. gr.

Sé þörf sérstakra reglna um fjöleignarhúsið, afnot séreigna, sameign þess, húsfélag, stjórn þess, verkefni og valdsvið þess o.fl. og að því leyti sem ófrávíkjanleg ákvæði laga þessara standa því ekki í vegi getur húsfélag sett sér sérstakar samþykktir með ákvörðun skv. 7. tölul. B-liðar 41. gr. eða skv. A-lið sömu greinar ef þær hafa að geyma atriði sem allir eigendur verða að samþykkja.

Setji húsfélag sér samþykktir skv. 1. mgr. er hafa að geyma ákvæði sem víkja frá eða eru til fyllingar fyrirmælum þessara laga þá skal þeim þinglýst. Gildir það einnig um allar breytingar á samþykktum sem fela slíkt í sér. Sama gildir og um aðrar ákvarðanir húsfélags en samþykktir og breytingar á þeim sem eru þess eðlis að til þeirra þarf samþykki allra eigenda, sbr. A-lið 41. gr.

Þinglýsingar skv. 2. mgr. er þörf til réttarverndar gagnvart þriðja manni en þinglýsingin er ekki gildisskilyrði milli eigenda innbyrðis. Um þýðingu og skuldbindingargildi slíkra gerninga innbyrðis, þótt þeim sé ekki þinglýst, fer eftir ákvæðum þessara laga og almennum reglum.

Húsfélagsdeildir.

76. gr.

Þegar húsfélag skiptist í einingar, t.d. stigahús, ráða viðkomandi eigendur einir sameiginlegum innri málefnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 39. gr., enda bera þeir þá einir kostnaðinn, sbr. 44. gr.

Þegar þannig háttar skulu eigendur ráða sameiginlegum málum innan vébanda húsfélagsdeildar sem getur hvort heldur verið sjálfstæð að meira eða minna leyti eða starfað innan heildarhúsfélagsins.

Gilda fyrirmæli laga þessara um húsfélög um slíkar húsfélagsdeildir, svo sem um ákvarðanatöku, fundi, stjórn, kostnaðarskiptingu o. fl., eftir því sem við á.

V. KAFLI
Eldri samningar, kynning laganna, kærunefnd, gildistaka o.fl.

Gildi eldri samninga.

77. gr.

Ef fyrir liggur þinglýstur samningur, samþykktir eða eignaskiptayfirlýsing gerð fyrir gildistöku laga þessara sem hafa að geyma ákvæði er fara í bága við ófrávíkjanleg ákvæði laganna þá skulu slík samningsákvæði þoka fyrir ákvæðum þeirra.

Kynning laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar.

78. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Ráðherra getur ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu.

Félagsmálaráðherra getur einnig falið stofnuninni eða öðrum aðila, svo sem hagsmunasamtökum fjöleignarhúsaeigenda, að veita eigendum upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um réttindi þeirra og skyldur og önnur atriði lagannna.

Kostnaður við kynningu og ráðgjöf skv. 1. og 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði en þó er heimilt að innheimta hóflegt gjald fyrir lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þá er einnig heimilt að selja kynningar- og upplýsingarit á hóflegu verði.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála.

79. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd fjöleignarhúsamála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar.

Tvo nefndarmenn skipar ráðherra án tilnefningar, annan sem formann og skal hann fullnægja almennum skilyrðum héraðsdómara skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Nánar um kærunefndina verkefni, valdsvið o.fl.

80. gr.

Greini eigendur fjöleignarhúsa á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, leitað til kærunefndarinnar og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur.

Kærunefnd skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfskilyrði o.fl.

Reglugerðarheimild.

81. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

82. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1993 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 59 31. maí 1976, um fjölbýlishús, og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Skulu húsfélög fyrir ofangreindan gildistökudag breyta þeim atriðum sem ákvæði laga þessara gera nauðsynlegt, svo sem varðandi skiptingu sameiginlegs kostnaðar og hússjóðsgjalda o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 6. desember 1988 til að endurskoða lög um fjölbýlishús, nr. 59/1976.

Í nefndinni sátu: Lára V. Júlíusdóttir, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra, sem var formaður, deildarstjórarnir Þorgerður Benediktsdóttir og Ingi Valur Jóhannsson og Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. Á starfstímanum vék Lára V. Júlíusdóttir úr nefndinni að eigin ósk og var þá formaður í hennar stað skipaður Grétar J. Guðmundsson verkfræðingur, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum frá því að hún var skipuð þar til frumvarp þetta var fullgert 20. febrúar 1993.

Nefndin aflaði sér margvíslegra gagna og upplýsinga um framkvæmd laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, og reynsluna af þeim og einnig um eldri lög um sama efni nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Voru allir hæstaréttardómar sem gengið hafa um þetta efni og skyld atriði kannaðir. Þá voru einnig skoðaðir allir dómar bæjarþings Reykjavíkur (nú héraðsdómur Reykjavíkur) sem upp hafa verið kveðnir á þessu sviði í gildistíð ofangreindra tvennra laga. Aflaði nefndin sér endurrita af þessum dómum. Þá kallaði nefndin eftir ábendingum og upplýsingum frá mörgum aðilum, þar á meðal Húseigendafélaginu, dómaraembættum og þinglýsingayfirvöldum. Einnig hefur nefndin fengið gagnlegar ábendingar frá Fasteignamati ríkisins og fjölmörgum aðilum öðrum sem búa yfir þekkingu og reynslu á þessu réttarsviði, svo sem lögfræðingum og fasteignasölum. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga og gagna um löggjöf og réttarframkvæmd á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og í fleiri Evrópulöndum.

Um erlendan rétt og löggjöf studdist nefndin einkum við ritið „Ejerlejligheder“ eftir Peter Blok, útgefið í Kaupmannahöfn 1982, og norska nefndarskýrslu, „Norges offentlige utredninger NOU 1980: 6, Eierleiligheder“.

Að tillögu nefndarinnar fól félagsmálaráðherra Sigurði Helga Guðjónssyni, hæstaréttarlögmanni að vinna úr fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum og semja drög að frumvarpi í samráði við aðra nefndarmenn. Það verk hefur reynst mjög viðamikið og tafsamt og því tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert.

Fjölbýli og eignarréttur að hlutum bygginga, herbergjum, íbúðum eða hæðum, er ekki nútímauppfinning. Skipting bygginga í hluta, sem hver um sig var andlag venjubund-

inna eignarheimilda, virðist til forna hafa verið útbreytt fyrirkomulag við austanvert Miðjarðarhaf og í Litlu-Asíu. Ekki er örugg vitneskja um það hvort þetta form eignaraðildar hafi verið þekkt í Rómarrétti. Fyrirkomulagið var vel þekkt í Þýskalandi á miðöldum og eins í Frakklandi og á Ítalíu.

Á þessari öld hefur þetta form náð mikilli útbreiðslu í Suður- og Mið-Evrópu. Hefur það á stundum verið þáttur í endurbyggingu bæja og borga eftir styrjaldir. Meðvirkandi þáttur eða skýring á útbreiðslu þessa eignarforms er skortur á landrými og aukin fólksfjölgun í bæjum og borgum. Síðast en ekki síst má benda á að þetta eignarform er almennt ódýrara og hagkvæmara en hreint séreignarfyrirkomulag og veitir meira öryggi en leiga.

Nú er þetta fyrirkomulag þekkt og útbreytt um allan heim. Mörg ef ekki flest lönd hins vestræna heims hafa lögfest einhvers konar löggjöf um séreignaríbúðir og fjölbýlishús. Þó má nefna að auk Íslands hafa af Norðurlöndunum aðeins Danmörk og Noregur slíka löggjöf. Dönsku lögin eru frá 1966 og þau norsku frá 1983. Var Ísland því fyrst Norðurlanda til að setja slík lög með lögum nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Hefur það ekki oft gerst í seinni tíð að Ísland hafi verið í forustu og framvarðasveit meðal norrænna þjóða í lagasetningu. Íslendingar hafa oftar en ekki verið taglhnýtingar í því efni.

Ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um þróun fjölbýlis og sameignar að húseignum hér á landi. Ljóst er þó að eftir því sem fólksfjöldi varð meiri í bæjum, einkum Reykjavík, og húsnæðisþörfin þar af leiðandi óx, varð æ algengara að tveir menn eða fleiri ættu húseign í félagi.

Sameignin stofnaðist ýmist þannig að tveir menn eða fleiri tóku sig saman og byggðu eða keyptu hús í félagi eða eigandi húss seldi öðrum hluta eignar sinnar. Viðkomandi húseign var þá í sérstakri sameign og giltu um réttarsamband aðila almennar reglur um slíka sameign. Algengt var að húseign í sérstakri sameign væri skipt afnotaskiptum milli sameigendanna þannig að hver hefði ákveðinn hluta hennar til afnota.

Í öndverðu munu slík afnotaskipti oftar en ekki hafa verið með óformlegum hætti, en eftir því sem sameign um húseignir varð algengari fóru menn að ganga formlegar frá slíkum afnotaskiptum og þinglýstu þeim. Sameigendur gerðu margir hverjir með sér sameignarsamninga og settu sér ýmsar reglur um umgengni og hagnýtingu sameignar sinnar.

Um og eftir heimstyrjöldina síðari var farið að byggja hér á landi sambýlishús með mörgum íbúðum eða svonefndar „blokkir“. Með slíkum stórhýsum komu ýmis ný og óþekkt vandamál til viðbótar hinum gömlu og réttarreglur um sérstaka sameign áttu ekki alls kostar við um þau.

Árið 1957 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um sameign fjölbýlishúsa.

Var það gert og árið 1959 voru sett lög nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa. Tóku þau til allra íbúðarhúsa með tveimur eða fleiri íbúðum. Samkvæmt þeim var fjölbýlishús í eigu fleiri manna í heild í sameign þeirra en sameignin var hins vegar með tvennu móti, skiptileg og óskiptileg. Voru íbúðirnar sjálfar í skiptilegri sameign en allt annað í fjölbýlishúsi í óskiptri sameign. Höfðu sameigendur sérafnot af hinni skiptilegu sameign, þ.e. íbúðunum, og máttu ráðstafa henni án samþykkis sameigenda, hins vegar höfðu þeir sameiginleg afnot af hinni óskiptilegu sameign.

Í gildistíð laga nr. 19/1959 var fjölbýlishúsið skoðað sem ein heild og ein fasteign. Lögin fólu í sér ákveðið form sérstakrar sameignar sem var frábrugðin venjulegri sér-

stakri sameign að því leyti aðallega að réttarstaða sameigendanna var ekki hin sama gagnvart öllum hlutum hússins. Þá voru lögin að meginstefnu frávíkjanleg þannig að eigendur máttu semja á annan veg um réttindi sín og skyldur en lögin mæltu fyrir um.

Lög nr. 19/1959 voru að mörgu leyti merkileg. Þau voru algjör frumsmíð og höfundar þeirra höfðu engar fyrirmyndir að styðjast við, hvorki innlendar né erlendar, og bera lögin hyggjuviti þeirra, lögspeki og reynslu gott vitni. Lögin reyndust í heildina ágætlega en þó leiddi reynslan í ljós nokkra annmarka og hnökra á þeim. Það sáu höfundarnir raunar fyrir og sögðu í greinargerðinni að æskilegt væri að endurskoða lögin áður en langt um liði þegar reynslan hefði sýnt hvers þar væri vant og hvað betur mætti fara.

Árið 1973 var skipuð nefnd til að endurskoða ofangreind lög og samdi hún frumvarp sem samþykkt var sem lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Samdi nefndin einnig tvær reglugerðir nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög og nr. 281/1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Mynda reglugerðirnar ásamt lögunum óaðskiljanlega heild og var setning þeirra nauðsynleg svo lögin mættu ná tilgangi sínum.

Með hinum nýju lögum varð fræðileg breyting á eignaraðild að fjölbýlishúsum þótt í raun sé réttarstaða íbúðareigenda nokkurn veginn hin sama. Samkvæmt þeim er eign í fjölbýlishúsi með tvennu móti, séreign og sameign. Íbúðirnar sjálfar og það sem þeim fylgir sérstaklega eru í séreign íbúðareigenda, en aðrir hlutar fjölbýlishúss eru í sameign. Fjölbýlishús er því ekki lengur í heild sinni í sameign eins og áður var. Þá er fjölbýlishús ekki lengur talin ein fasteign heldur er svo fyrir mælt að hver íbúð ásamt því sem henni fylgir sérstaklega og eignarhluta sínum í sameign teljist sérstök fasteign.

Lög nr. 59/1976 hafa rýmra gildissvið en lögin frá 1959 því þau taka til fleiri húsa, bæði beint og óbeint, svo sem atvinnuhúsnæðis og raðhúsa og annarra samtengdra húsa. Þá var einnig gerð sú breyting að lögin frá 1976 eru að meginstefnu ófrávíkjanleg og játa eigendum litlu svigrúmi til að semja um frávik frá fyrirmælum laganna.

Nokkur ákvæði laga nr. 19/1959 voru tekin upp óbreytt eða lítið breytt í lög nr. 59/1976 en höfuðfyrirmynd laganna eru dönsku lögin um sjálfseignaríbúðir (lov nr. 199 af 8. juni 1966 om ejerlejligheder). Eru mörg ákvæði laga nr. 59/1976 þýðing á tilsvarandi ákvæðum dönsku laganna. Sama er að segja um reglugerð nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög.

Þótt lögin nr. 59/1976 hafi falið í sér nokkrar réttarbætur hafa þau frá öndverðu sætt gagnrýni. Meðal annars hefur því verið haldið fram að betur hefði farið á því við samningu laganna að byggja meira á þeirri að mörgu leyti góðu reynslu sem fengin var af lögum nr. 19/1959 og þýða minna úr ófullkomnum dönskum lögum sem lítil reynsla var komin á.

Lögin nr. 59/1976 eru mjög knöpp og stutt lög eða aðeins 19 greinar að gildistökuákvæðinu meðtöldu. Gildissvið þeirra er mjög vítt og þau eru að mestu ófrávíkjanleg eins og áður segir. Gefur auga leið að hin ófrávíkjanlegu fyrirmæli laganna hljóta að eiga misvel við um þau fjölbreytilegu hús sem þau taka til.

Þegar settar eru þannig fáar, víðtækar og sameiginlegar meginreglur leiðir af sjálfu sér að mörgum atriðum hlýtur að vera ósvarað. Hafa menn helst fundið lögum nr. 59/1976 það til foráttu að þau veki í raun upp fleiri spurningar og álitamál en þau svari.

Má taka undir það og bæta við að lögin leyna mjög á sér. Það þarf að kunna allgóð skil á ýmsum öðrum réttarsviðum, svo sem eignarrétti, félagarétti og kröfurétti, til að geta glöggvað sig á réttarstöðu eigenda og eins þarf að þekkja vel til dómaframkvæmdar á þessum sviðum. Ekki er hægt að ætlast til þess að eigendur slíkra húsa búi almennt yfir þannig þekkingu eða afli sér hennar. Þess vegna taldi nefndin það mikilvægasta við-

fangsefni sitt að draga saman í eitt frumvarp, eina löggjöf, allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og kosta kapps um að gera löggjöfina eins aðgengilega, auðskiljanlega og ítarlega og framast var kostur.

Löggjöf á þessu sviði þarf að vera þannig úr garði gerð að hinn almenni borgari, eigandi, geti sjálfur á eigin spýtur, án lögfræðiaðstoðar, að mestu áttað sig á réttarstöðu sinni. Þetta er sú löggjöf sem hvað mest og beinast snertir daglegt líf fólks í þessu landi og eignir þess og þarf þess vegna annarri löggjöf fremur að vera skýr og ítarleg og aðgengileg almenningi.

Nefndin hefur haft ofangreint að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps. Er frumvarpið mikið ítarlegra en núgildandi lög og hefur það, svo dæmi sé tekið, að geyma fjórum sinnum fleiri greinar.

Hefur nefndin valið þann kost að taka ýmsar skýringar inn í lagatextann sjálfan sem ef til vill ættu lagatæknilega séð frekar heima í athugasemdum í greinargerð. Byggist það á ofangreindum sjónarmiðum og því að lögin eigi að vera sem ítarlegust og þar eigi að vera að finna sem flest svör og að almenningur þurfi ekki nema í undantekningartilvikum að leita svara og skýringa í lögskýringargögnum sem eru fæstum aðgengileg og handgengin.

Þá leggur nefndin til að horfið verði frá því sérkennilega fyrirkomulagi, sem valið var við setningu laga nr. 59/1976, að hnýta og flétta saman við lögin reglugerð um samþykktir við húsfélög með þeim hætti sem gert var. Var það raunar eins og fleira að danskri fyrirmynd. Byggir nefndin á því eins og áður segir að sem allra mest eigi að vera í lögunum sjálfum og því eru í frumvarpinu að lagatextanum tekið á þeim atriðum sem nú eru í áðurnefndri reglugerð.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga eins og áður hefur verið drepið á. Frumvarpið á sér þó enga eina og beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda.

Sitthvað hefur reynst nýtilegt í núgildandi löggjöf og eins í eldri lögunum frá 1959. Af erlendri löggjöf hafa norsku lögin, þýsku lögin, frönsku lögin og þau svissnesku reynst notadrýgst hvað fyrirmyndir varðar. Einnig komu dönsku lögin til skoðunar. Þá hefur dómaframkvæmd, bæði hér á landi og í ofangreindum löndum, svarað ýmsum spurningum og gefið hugmyndir að ýmsum ákvæðum. Af fræðimönnum, einkum hinum danska Petet Blok, hefur margt mátt nema sem nýst hefur við fumvarpssmíðina. Að þessu leyti má segja að frumvarpið sé alþjóðlegur og innlendur samtíningur. Hefur verið kostað kapps um að nýta aðeins það sem best er og ótvírætt hefur þótt eftirbreytni vert.

En fyrst og síðast er frumvarpið frumsmíð, byggt á íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hér á landi af núgildandi löggjöf og fyrirrennara hennar frá 1959 og ábendingum frá fjölmörgum aðilum sem hafa reynslu og þekkingu á þessu réttarsviði.

Meðal þeirra sem lásu yfir drög að frumvarpinu á undirbúnings- og vinnslustigi og gáfu gagnlegar ábendingar og ráð má nefna: Dr. Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Arnljót Björnsson prófessor, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Friðgeir Björnsson dómstjóra, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Karl Axelsson, lögfræðing Húseigendafélagsins, Sigrúnu Benediktsdóttur hdl., formann Húseigendafélagsins, Magnús Axelsson, löggiltan fasteignasala, Tryggva Gunnarsson hrl. og Magnús Erlingsson lögfræðing.

Má fullyrða að frumvarp þetta er ítarlegra og fyllra og hefur að geyma svör við fleiri álitaefnum en samsvarandi löggjöf í nokkru öðru landi í Evrópu a.m.k. Er það við hæfi því að í fáum löndum er þetta form eignaraðildar að fasteignum almennara og útbreiddara en hér á landi.

Þótt í frumvarpinu felist ýmsar mikilvægar breytingar frá gildandi löggjöf eru þær í raun og veru minni, a.m.k. frá gildandi rétti, en virðast kann við fyrstu sýn. Byggist það á því að í frumvarpinu er safnað saman öllum eða flestum réttarreglum, bæði skráðum og óskráðum, sem taldar hafa verið gilda á þessu réttarsviði. Koma því upp á yfirborðið ýmis atriði og ýmsar reglur, sem í raun gilda ólögfestar, en eru þó flestum ókunnar. Einnig er í frumvarpinu leitast við að skýra ýmis atriði sem þótt hafa óljós og ófullkomin í gildandi löggjöf.

Annars eru meginbreytingarnar frá núgildandi löggjöf, sem felast í fumvarpinu, þessar helstar:

1. Frumvarpið er allt fyllra og ítarlegra en gildandi lög.
2. Horfið er frá því að hafa ákvæði um húsfélög í reglugerð og eru slík ákvæði felld inn í lagatextann þar sem þau eiga ótvírætt betur heima. Er því horfið frá danska fyrirkomulaginu í þessu efni og lagt til að tekinn verði upp svipaður háttur og t.d. í norsku lögunum frá 1983. Í frumvarpinu er sérstakur kafli, IV. kafli, sem fjallar um húsfélög.
3. Í frumvarpinu er notað og skýrt nýtt heiti eða hugtak, „fjöleignarhús“, sem nær yfir öll þau fjölbreytilegu hús sem frumvarpið tekur til. Gildissvið frumvarpsins er þó nokkurn veginn hið sama og gildandi laga. Nafnið fjölbýlishús gefur hins vegar ekki gildissviðið nægilega glöggt til kynna. Það hefur þótt misvísandi, að sumu leyti of þröngt en að öðru leyti of rúmt. Núgildandi lög taka til margs konar annarra húsa en fjölbýlishúsa, svo sem raðhúsa, blandaðs húsnæðis og atvinnuhúsnæðis, auk annarra sambyggðra og samtengdra húsa. Á hinn bóginn falla ekki öll fjölbýlishús undir lögin, heldur eingöngu þau hús þar sem eignaraðildin er með þeim hætti sem lögin greina. Þannig falla fjölbýlishús í eigu eins aðila, í eigu sameignarfélags eða í sérstakri sameign ekki undir lögin. Heitið fjölbýli vísar til búsetu en það er ekki búsetan sem hér skiptir máli heldur hvernig eignaraðildinni er háttað. Í núgildandi lögum er víða notuð orðin íbúð og íbúðareigandi og eiga þau vitaskuld ekki við um atvinnuhúsnæði og eru því að því leyti misvísandi. Því þótti nauðsynlegt að smíða nýtt hugtak, samnefnara, nýtt laganafn, sem betur væri fallið til að lýsa þeim húsum sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Nefndin telur að heitið „fjöleignarhús“ henti vel í því skyni, það sé lýsandi og góður samnefnari og sé auk þess þjált. Telur nefndin að þetta heiti, sem e.t.v. kann að vera framandi í fyrstu, muni fljótt ná festu, bæði í almennu mæltu máli og lagamáli.
4. Ákvæði frumvarpsins eru almennt betur löguð að hinu víðtæka gildissviði þess og þeim margvíslegu húsum sem falla undir það. Gildandi löggjöf er fyrst og fremst miðuð við íbúðarhúsnæði og þau af stærri gerðinni og brennd því marki. Ákvæði frumvarpsins eru að sínu leyti sveigjanlegri og veita meira svigrúm til frávika og að tekið sé mið af sérháttum í mismunandi húsum en gildandi lög. Þó er við það miðað eins og í gildandi lögum að þau séu að meginstefnu til ófrávíkjanleg.
5. Í frumvarpinu eru ýmis grundvallarhugtök rækilega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og „hús“, „séreign“, „sameign“ og „sameign sumra“.

6. Ákvæði um hlutfallstölur og þýðingu þeirra eru ítarlegri og er opnað fyrir þann möguleika að þær megi ákvarða á grundvelli innbyrðis verðmætis eignarhluta þegar um atvinnuhúsnæði eða blandað húsnæði er að ræða. Sömuleiðis eru ákvæði um skiptayfirlýsingar gleggri og nákvæmari. Þá eru nýmæli fólgin í ákvæðum um breytingar á skiptayfirlýsingu og hlutfallstölum en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.
7. Lagðar eru til nákvæmari, skýrari og fyllri reglur um ráðstöfunar- og hagnýtingarrétt eigenda yfir séreign. Er tekið á ýmsum álitamálum sem reynst hafa óþrjótandi þrætuefni, t.d. breytingum á hagnýtingu, svo sem þegar atvinnustarfsemi er sett á laggirnar í íbúðarhúsnæði, skiptingu séreignar í fleiri eignarhluta, bílskúra og ráðstöfun þeirra, eignatilfærslu innan hússins o.fl. Er hnykkt á skyldu eiganda til að halda séreign við og húsfélagi veittur íhlutunarréttur ef út af er brugðið. Um framangreind atriði eru ekki eða þá mjög ófullkomin ákvæði í gildandi lögum.
8. Í fumvarpinu eru ákvæði um ráðstöfun sameignar, breytta hagnýtingu hennar og um byggingu ofan á hús, við hús eða á lóð þess og um bílastæði sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum en eru þó fyrst og fremst ítarlegri og nákvæmari.
9. Í frumvarpinu eru nýmæli um heimildir einstakra eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að koma í veg fyrir tjón og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélag fæst ekki til athafna. Hér er þó um mjög þröngar og vandmeðfarðar heimildir að ræða, nánast neyðarúrræði.
10. Reglur frumvarpsins um ákvarðanatöku um sameiginleg málefni eru mun ítarlegri og sumpart nokkuð frábrugðnar því sem nú gildir. Á það t.d við um úrræði eiganda sem ekki er hafður með í ráðum, en núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt veita eigandа of mikinn rétt og hafa stundum leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu. Reglur frumvarpsins um töku einstakra ákvarðana eru í megindráttum hinar sömu og í gildandi lögum eða öllu heldur gildandi rétti því teknar eru inn í frumvarpið ýmsar ólögfestar meginreglur sem taldar hafa verið gilda í því efni.
11. Í frumvarpinu eru mun skýrari og ítarlegri reglur um sameiginlegan kostnað og skiptingu hans en í núgildandi lögum. Sameiginlegur kostnaður er rækilegar skilgreindur og reglur um skiptingu hans eru að nokkru aðrar en nú gildir. Eftir sem áður er meginreglan sú að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum, en í frumvarpinu er lagt til að þeim kostnaðarliðum, sem skal skipta að jöfnu, verði fjölgað. Er þar að sínu leyti um að ræða afturhvarf til þess sem gilti í tíð gömlu laganna frá 1959. Byggist þessi breyting annars á eðli máls og sanngirnissjónarmiðum. Þá hefur frumvarpið einnig að geyma það mikilvæga nýmæli að heimil eru, innan vissra marka og í vissum tilvikum, frávik frá fyrirmælum þess um kostnaðarskiptinguna. Núgildandi lög eru hins vegar algjörlega ófrávíkjanleg og ósveigjanleg í því efni.
12. Skýrari ákvæði eru í frumvarpinu um bótaskyldu eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum. Núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt mjög óskýr og óljós og sætt mikilli gagnrýni. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að samsvarandi bótaregla verði látin gilda um skaðabótaábyrgð húsfélags.

13. Í frumvarpinu er ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum á sameiginlegum skuldbindingum. Á því atriði er ekki tekið í gildandi lögum.
14. Frumvarpið hefur að geyma, skýrari, afdráttarlausari og nokkuð breyttar og víðtækari reglur um úrræði húsfélags við vanefndir eða brot eiganda. Núgildandi ákvæði um það efni hefur ekki haft þá virkni og þau varnaðaráhrif sem skyldi en samkvæmt því getur húsfélag krafist þess að hinn brotlegi flytji úr húsinu. Lagt er til í frumvarpinu að auk þessa geti húsfélag bannað hinum brotlega búsetu í húsinu og krafist þess að hann selji eignarhluta sinn. Í öllum tilvikum eru gerðar kröfur til þess að húsfélag verði að sanna vanefndir og brot og má gera ráð fyrir að ríkar sönnunarkröfur verði gerðar. Eins verður húsfélag að gæta í hvívetna réttra aðferða við ákvörðun og við að framfylgja henni. Þá er einnig kveðið á um réttarstöðu einstakra eigenda sem brot bitnar á þegar húsfélag fæst ekki til að grípa til aðgerða.
15. Í fumvarpinu eru ítarleg ákvæði um húsfélög og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdsvið skilgreint. Af öðrum ákvæðum má nefna það mikilvæga nýmæli að ekki þurfi að kjósa og hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutar í húsi eru sex eða færri. Þá fara eigendur saman með stjórnunarmálefni, en einnig má fela einum eiganda að fara með verkefni stjórnar í slíkum húsum. Er hér slakað á formfestu núgildandi löggjafar sem er óraunhæf í minni húsum. Er óþarfi að íþyngja mönnum meira í því efni en nauðsynlegt er og það er fráleitt nauðsynlegt að hafa þunglamanlegt stjórnkerfi í litlum húsum. Sú tilhögun, sem frumvarpið mælir fyrir um, er í samræmi við það sem í raun hefur tíðkast í þannig „húsfélögum“. Þá er skyldum, verkefnum og valdsviði stjórnar húsfélags nákvæmar lýst en í gildandi löggjöf. Loks eru ákvæði um sérstakar húsfélagsdeildir þegar svo háttar til að um sameign sumra en ekki allra er að ræða, nokkurs konar sameign innan sameignarinnar. Á það t.d. við um innri málefni í einstökum stigahúsum þegar fjöleignarhús samanstendur af fleiri slíkum. Ákvæði í þessa veru skortir í núgildandi löggjöf.
16. Í frumvarpinu eru ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar sem félagsmálaráðuneytið skal annast, en þó getur félagsmálaráðherra falið Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðila það verkefni. Er óþarfi að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að vel sé staðið að því að fræða almenning um efni löggjafar af þessu tagi sem hefur svo mikil og bein áhrif á líf og hagsmuni svo margra borgara. Löggjöf á þessu sviði, hversu góð sem hún kann að vera, missir marks og nær ekki tilgangi sínum ef hún eða að minnsta kosti meginatriði hennar eru ekki á almanna vitorði.
17. Loks er í frumvarpinu lagt til að sett verði á fót sérstök kærunefnd fjöleignarhúsamála sem eigendur geti leitað til með ágreiningsmál sín og fengið frá rökstutt álit. Kærunefnd þessi er með líku sniði og gert er ráð fyrir að verði í húsaleigumálum samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til húsaleigulaga. Það er álit nefndarinnar að brýn þörf sé á slíkum opinberum álitsgjafa á þessu sviði. Kom jafn vel til álita að ganga lengra og veita nefndinni úrskurðarvald í tilteknum málum, en að svo stöddu þótti það ekki rétt og fært. Eigendur eru því í engum tilvikum skyldugir að leita til nefndarinnar og geta jafnan snúið sér til dómstóla með ágreining sinn. Þó má búast við því að menn telji nefndina góðan og fýsilegan kost því þar fá mál skjótari afgreiðslu og af aðila með sérþekkingu og reynslu í þessum málaflokki. Má ef vel tekst til jafnvel reikna með því að aðilar komi sér saman um að hlíta niðurstöðu nefndarinnar og hún hafi þá þýðingu sem gerðardómur. Sameignin og hin nána sam-

vinna og samneyti, sem hún kallar á, gerir það að verkum, að á þessu sviði framar öðrum er sérstök þörf á að skjótur endi sé bundinn á deilumál og þrætur. Að öðrum kosti er voðinn vís, ósættið getur magnast upp og eyðilagt alla samvinnu og gert öll samskipti óþolandi fyrir alla aðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Einstökum greinum frumvarpsins hefur verið gefin yfirskrift sem ætlað er að vera upplýsandi um efni þeirra. Er það gert til að gera efni þess aðgengilegra og til að auðvelda leit og uppflettingu í því og notkun þess yfirleitt ef að lögum verður.

Það viðhorf eða sú stefna frumvarpshöfunda, sem lýst er hér áður í almennum athugasemdum, að hafa „lagatexta" frumvarpsins sem nákvæmastan, ítarlegastan og tæmandi leiðir til þess að flestar skilgreiningar og skýringar eru felldar inn í hann. Eru ýmis atriði, sem þannig eru tekin með í einstökum ákvæðum, af þeim toga sem venjulega og samkvæmt viðtekinni löggjafartækni mundu frekar vera í athugasemdum. Um ástæður þessa er áður fjallað og vísast þangað, en aðeins skal áréttað það viðhorf að lög á þessu sviði eiga að vera skýr og segja það sem segja þarf þannig að svara og skýringa þurfi sem minnst og sjaldnast að leita út fyrir þau. Þetta hefur í för með sér að minni þörf er á útlistunum og skýringum í athugasemdum en ella mundi vera ef „lagatextinn" væri orðfár og knappur. Er þetta skýringin á því að í sumum tilvikum eru athugasemdir við einstakar greinar hér á eftir færri og styttri en annars væri.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um gildissvið og ýmsar skilgreiningar o.fl. Nær kaflinn yfir 1.–9. gr.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins og til hverra húsa það taki og skilgreint er hugtakið „fjöleignarhús" sem frumvarpið dregur nafn sitt af en um það vísast til skýringa í 3. tölul. athugasemda.

Annars er gildissviðið hið sama og núgildandi laga, nema hvað í 4. mgr. er svo fyrir mælt að fumvarpið gildi einnig um fjöleignarhús í smíðum eða byggingu. Vafasamt er hvort núgildandi lög gera það en sennilega er þó lögjöfnun heimil; því þótti rétt að taka af skarið.

Gildissvið frumvarpsins er mjög víðtækt og rúmt og þau hús, sem falla undir ákvæði þess, eru mjög mismunandi að stærð, eðli og gerð. Ákvæði frumvarpsins eiga jafnt við um tvíbýlishús og stórhýsi upp á tugi hæða og allt þar á milli, auk þess atvinnuhúsnæði, húsnæði til annarra nota og blandað húsnæði. Einnig taka þau til raðhúsa og annarra sambyggðra og samtengdra húsa, bæði til íbúðar og annarra nota. Með öðrum sambyggðum húsum er átt við hús sem eru í enn minni eða lausari tengslum hvert við annað en raðhús og sambyggingar. Hér er þó fyrst og fremst verið að undirstrika hið víðtæka gildissvið frumvarpsins og varna gagnályktun.

Það skal tekið fram, að af 2. mgr. 3. gr. leiðir að gildissvið frumvarpsins getur jafnvel verið enn rýmra en að ofan er rakið.

Um 2. gr.

Sá kostur var valinn eins og í gildandi lögum að hafa ákvæði frumvarpsins að meginstefnu til ófrávíkjanleg sem þýðir að eigendum er almennt óheimilt að semja sig und-

an þeim. Frumvarpið hefur hins vegar að geyma mikið rýmri heimildir til frávika en gildandi lög.

Það er ekki sjálfgefið að lög á þessu sviði þurfi og eigi að vera ófrávíkjanleg, svo var t.d. ekki um gömlu lögin frá 1959. Að öllu virtu verður þó að telja æskilegra að hafa þann háttinn á, einkum með tilliti til samræmissjónarmiða og réttaröryggis.

Það mundi bjóða upp á rugling ef ekki öngþveiti ef sinn siður myndaðist í hverju húsi og eigendur sambærilegra húsa byggju við mismunandi réttarstöðu. Þykja framangreind sjónarmið vega þyngra í þessu efni og á þessu sviði en óskorað eða lítið takmarkað samningsfrelsi eigenda.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið „hús“ skilgreint og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er gildissvið frumvarpins í raun gert enn víðtækara en segir í 1. gr. Að öðru leyti er ekki ástæða til skýringa.

Um 4. gr.

Hér er hugtakið „séreign“ skilgreint og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í þessari grein er að finna nánari útlistun á því sem fellur undir séreign fjöleignarhúss. Er hér um að ræða nákvæma upptalningu sem á að vera nokkuð tæmandi. Er tekið á mörgum atriðum sem óljós eru í núgildandi lögum og reynst hafa þrætuuppsprettur. Að öðru leyti skýrir þessi grein sig sjálf.

Um 6. gr.

Hér er hugtakið „sameign“ fjöleignarhúss skilgreint. Er hún í raun skilgreind neikvætt miðað við séreign. Skal það áréttað að í slíkum húsum er sameign meginregla ef svo má að orði komast sem þýðir að jafnan eru löglíkur fyrir því að umþrætt húsrými og annað sé í sameign. Sameignina þarf ekki að sanna heldur verður sá er gerir séreignartilkall að sanna eignarrétt sinn. Lánist það honum ekki er um sameign að ræða. Á sama hátt eru líkur á því að um sameign allra sé að ræða ef álitamál er um það hvort hún er allra eða sumra, sbr. 7. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein er skilgreind „sameign sumra“. Er þá um eins konar sameign innan sameignarinnar að ræða. Slík sameign er undantekning miðað við sameign allra sem er meginreglan. Að sínu leyti er hér um hliðstætt ákvæði og í 6. gr. núgildandi laga að ræða en það er þó mun fyllra og ítarlegra.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er nánar útlistað hvað fellur undir sameign fjöleignarhúss. Er þar reynt að taka á ýmsum algengum þrætueplum og þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er leitast við að gefa ákveðnar leiðbeiningarreglur sem með öðru mega koma að gagni þegar ágreiningur rís um það hvort um sameign eða séreign sé að tefla. Við úrlausnina skal þá m.a. höfð hliðsjón af því hvernig að framkvæmd var staðið og

hver bar kostnaðinn af henni. Þetta sjónarmið styðst að nokkru við dómafordæmi. Rétt er að leggja á það áherslu að þetta atriði er aðeins eitt af fleirum sem til skoðunar koma í þessu efni og það eitt ræður ekki úrslitum.

Um II. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um skiptingu fjöleignarhúsa og meginreglur um eignarráð eigenda og takmarkanir á þeim o.fl. Kaflinn inniheldur greinar 10 til og með 33.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um það hvernig fjöleignarhús skiptist og um grundvallaratriði varðandi sjálft eignarformið og sérkenni þess. Þessi ákvæði eru sama efnis og að nokkru leyti samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þessi grein er sama efnis og 8. gr. núgildandi laga og kallar ekki á skýringar.

Um 12. gr.

Í þessari grein er yfirlit til glöggvunar um helstu réttindi eiganda eignarhluta í fjöleignarhúsi og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er yfirlit yfir helstu skyldur eiganda og eru frekari skýringar óþarfar.

Um 14. gr.

Í þessari grein felast reglur um hlutfallstölur, útreikning þeirra og ákvörðun. Eins og í núgildandi löggjöf er áfram á því byggt að hlutfallstölur skuli fyrst og fremst ákvarðaðar á grundvelli flatarmáls og rúmmáls. Hefur það almennt gefið góða raun og verið réttlátur og eðlilegur grundvöllur að skiptingu réttinda og skyldna a.m.k. þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla.

Þó þykir rétt að opna möguleika á því að ákvörðun hlutfallstalna megi byggjast á öðrum sanngjörnum forsendum þegar um atvinnuhúsnæði eða blandað húsnæði er að ræða, t.d. miðað við innbyrðis verðmæti. Svo er víða gert í erlendri löggjöf og virðist hafa gefist vel eða a.m.k. ekki valdið vandræðum. Ekki er við því búist að heimild þessi verði mikið notuð og er næsta víst að í meginþorra tilvika verði áfram byggt á flatarmáli.

Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð um útreikning hlutfallstalna. Er brýnt að það verði gert samhliða gildistöku frumvarpsins ef það verður að lögum. Er eðlilegt að Fasteignamat ríkisins verði haft með í ráðum við samningu reglugerðarinnar.

Um 15. gr.

Þessi grein hefur að geyma yfirlit til glöggvunar um þýðingu hlutfallstölu og þarf ekki að skýra hana frekar.

Um 16. gr.

Hér eru ákvæði um eignaskiptayfirlýsingu og er grein þessi sama efnis og 3. gr. gildandi laga en þó ítarlegri. Nýmæli er í 5. mgr. um skyldu til að breyta eignaskiptayfirlýsingu. Ekki er ástæða til að skýra þessa grein sérstaklega.

Um 17. gr.

Þessi grein inniheldur ítarleg fyrirmæli um efni og frágang eignaskiptayfirlýsingar. Samsvarandi ákvæði er í 4. gr. gildandi laga en þessi grein er þó talsvert ítarlegri og nákvæmari.

Er gert ráð fyrir því að nánari reglur um eignaskiptayfirlýsingar, stærðarútreikninga o.fl. verði settar í reglugerð.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum og er hún nýmæli. Sennilega gilda þó í meginatriðum svipaðar reglur ólögfestar á grundvelli eðli máls. Ákvæði þessarar greinar eru ítarleg og skýr og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Hér er orðuð sú meginregla að til ráðstöfunar á sameign þurfi samþykki allra eigenda. Það er ekki eðlilegt að játa húsfélagi eða meiri hluta í því almennum rétti til þess að selja eða leigja sameign. Byggist það á því að húsfélagið á ekki sameignina heldur eigendur eftir hlutfallstölum. Húsfélagið er ekki neinn milliliður í því efni. Eignarréttur eiganda er beinn og milliliðalaus. Húsfélagið er aðeins rekstraraðili en ekki eignarréttaraðili. Þar sem húsfélag á ekkert í sameigninni heldur eigendurnir hlýtur almennt að gilda að húsfélagið getur ekki ráðstafað eign sem það ekki á. Er meginreglan í 1. mgr. á framangreindum sjónarmiðum og rökum reist.

Þrátt fyrir ofangreind sjónarmið þykir verða að játa húsfélagi innan vissra þröngra marka heimild til að selja eða leigja óverulega hluta sameignar. Geta í undantekningartilvikum staðið til þess gild rök og réttmætar ástæður sem rétt er virða framar þeim sjónarmiðum sem rakin eru hér að ofan. Byggist undantekningarreglan í 2. mgr. á því.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað almennt um rétt eiganda til að ráðstafa eign sinni í fjöleignarhúsi. Eru ákvæði greinarinnar í samræmi við gildandi rétt og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstöfun hluta séreignar og skiptingu séreignar. Er hér um nýmæli að ræða. Er hér reynt að setja ákveðnar reglur um atriði sem eru og hafa verið mjög óljós og á reiki og mikil uppspretta deilna.

Er við það miðað að eiganda verði óheimilt að selja hluta af eign sinni til aðila utan húsfélagsins nema með samþykki allra eigenda. Sama gildir um varanlega skiptingu eignarhluta í notkunareiningar þótt sala sé ekki endilega fyrirhuguð.

Í þessu efni vógust á tvö grundvallarsjónarmið eða hagsmunir. Annars vegar hagsmunir eiganda af því að geta og mega ráðstafa eign sinni á hvern þann hátt sem hann telur henta hag sínum best. Eru slíkir hagsmunir studdir og varðir af almennum eignarréttarsjónarmiðum. Hins vegar eru svo hagsmunir annarra eigenda af því að forsendum

þeirra fyrir kaupum á eign, eignarráðum þeirra, búsetu, afnotum af sameign o.fl. verði ekki einhliða og án samþykkis þeirra raskað með því að eignarhlutum fjölgi óheft. Voru þessi sjónarmið vegin saman og varð niðurstaðan sú að þau síðarnefndu væru veigameiri og ættu að ráða reglunni.

Um 22. gr.

Í þessari grein er tekið á álitaefnum sem snerta bílskúra og ráðstöfun þeirra. Um það er ekki fjallað í núgildandi lögum og virðist það hreinlega hafa gleymst því hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða sem gömlu lögin frá 1959 höfðu að geyma skýrar reglur um. Frá því að núgildandi lög voru sett hafa bílskúrar og ráðstöfun þeirra verið heit og tíð deiluefni og er mál að linni.

Er lögð til sú meginregla að óheimilt sé að ráðstafa bílskúrum út fyrir húsið og að undanskilja þá við sölu eignarhluta nema eigandi eigi í húsinu aðra eign. Þó er heimilt að ráðstafa bílskúrum milli húsa þegar svo stendur á að bílskúrar eru á sameiginlegri lóð þeirra, en slíkt fyrirkomulag þekkist nú orðið allvíða.

Eru þetta svipaðar reglur og í 10. gr. laga nr. 19/1959 og byggjast á því að óeðlilegt sé að bílskúrar á lóð fjöleignarhúss séu í eigu manna út í bæ sem jafnvel reka þar atvinnustarfsemi. Það hefur margvísleg óþægindi og flækjur í för með sér varðandi eignar- og afnotarétt lóðar og þátttöku í húsfélagi þegar eignarréttur að bílskúrum færist út fyrir húsið eins og brögð hafa verið að. Fyrir það þarf að stemma stigu. Þykja þessi rök vega þyngra en hagsmunir eiganda af því að hafa frjálsan ráðstöfunarrétt á bílskúr.

Hins vegar þóttu ekki alveg nægilega knýjandi ástæður til að banna eiganda alfarið að leigja bílskúrinn, en vissulega má færa rök fyrir slíku banni. Við það var þó látið sitja að veita öðrum eigendum forleigurétt að bílskúr ef eigandi hans hyggst leigja hann. Verður að telja að réttmætum hagsmunum annarra eigenda sé með því nægilega borgið.

Um 23. gr.

Þessi grein fjallar um eignaryfirfærslu, sölu, á hlutum séreignar til annarra eigenda í sama húsi. Ekki þykir fært og eðlilegt að leggja meiri hömlur á ráðstöfunarheimild eiganda í því efni en að áskilja samþykki einfalds meiri hluta eigenda bæði miðað við fjölda og hlutfallstölur. Slíkar tilfærslur geta verið fullkomnlega eðlilegar og jafnvel æskilegar.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu eigenda til að ljá atbeina sinn að nauðsynlegum breytingum á skiptayfirlýsingu vegna slíkrar eignaryfirfærslu, janfvel þótt þeir hafi verið henni mótfallnir, ef tilskilinn meiri hluti hefur verið meðmæltur. Sá fyrirvari er þó gerður að breytingin skerði ekki sérstaka lögmæta hagsmuni þeirra.

Um 24. gr.

Samkvæmt þessari grein er það gert að skilyrði fyrir því að nýir séreignarhlutar, sem verða til við eignatilfærslur og breytingar skv. 21.–23. gr., öðlist sjálfstæð sameignarréttindi að nýrri eignaskiptayfirlýsingu eða nauðsynlegum breytingum á þeirri sem fyrir liggur sé þinglýst.

Þetta er nauðsynlegt til aðhalds og til varnaðar gagnvart óheimilum ráðstöfunum. Ef ekki vill betur getur húsfélag á grundvelli þessarar greinar lagt bann við því að eigendur nýrra eignarhluta hagnýti sameiginlegt húsrými og lóð og sameiginlegan búnað.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um upplýsingaskyldu seljanda við sölu eignarhluta í fjöleignarhúsi. Er markmið hennar að tryggja að sem gleggst gögn og upplýsingar liggi fyrir við sölu og koma þannig í veg fyrir deilur og eftirmál síðar. Hliðstætt ákvæði er í 18. gr. gildandi laga. Ákvæði greinarinnar eru ítarleg og þarf ekki að skýra þau frekar.

Um 26. gr.

Hér er fjallað mjög ítarlega um rétt eiganda til umráða og hagnýtingar séreignar sinnar, um skyldu hans til að halda eign sinni við og um úrræði húsfélagsins ef hann vanrækir þá skyldu.

Grein þessi er nýmæli og á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum. Þó hefur verið talið að þær reglur, sem greinin hefur að geyma, séu gildandi réttur á grundvelli ólögfestra meginreglna og eðli máls. Hér er um nákvæmar reglur og ítarleg fyrirmæli að ræða þannig að ekki er ástæða til frekari skýringa.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru fólgnar mjög þýðingarmiklar reglur sem lúta að breytingum á hagnýtingu séreignar. Er hér um nýmæli að ræða og er tekið á atriðum sem hafa verið óþrjótandi tilefni deilna í fjöleignarhúsum. Er þar einkum átt við atvinnustarfsemi af ýmsum toga í húsnæði sem ætlað er til íbúðar. Er athafnafrelsi eiganda í því efni og til breyttrar hagnýtingar yfirleitt settar hér frekari skorður en nú er talið gilda á grundvelli óskráðra reglna nábýlisréttar, grenndarreglna.

Hér vegast á þeir hagsmunir eiganda að geta hagnýtt eign sína á þann veg sem honum sýnist og hagsmunir annarra eigenda af því að fá notið sinna eigna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var ráðgert og þeir máttu reikna með. Hvort tveggja eru gild sjónarmið sem verður að virða.

Í ákvæðum greinarinnar eru hagsmunir annarra eigenda látnir vega þyngra en án þess þó að bera fyrir borð hagsmuni eigandans. Má segja að miðað við gildandi rétt séu nú höfð endaskipti því hingað til hefur réttur eiganda gagnvart sameigendum verið ríkari og þeir lítið getað aðhafst nema ónæðið hafi keyrt um þverbak. Hefur eigandi almennt haft frjálsar hendur um að breyta hagnýtingunni, t.d. að hefja atvinnustarfsemi í íbúð og ekki þurft að fá samþykki annarra eigenda fyrir því. Þótt breytt hagnýting sé háð leyfi byggingaryfirvalda er mikill misbrestur á að því sé framfylgt og stoðar það aðra eigendur því lítt.

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til að dæminu verði snúið við eins og áður segir. Er við það miðað að breyting á hagnýtingu séreignar sé alltaf háð samþykki annarra eigenda, ýmist allra ef breyting er veruleg, sbr. 1. mgr., eða einfalds meiri hluta miðað við fjölda og hlutfallstölur ef hún telst ekki veruleg, sbr. 3. mgr. Er það ótvírætt eðlilegri og réttlátari tilhögun en nú er.

Með ákvæðum 2. mgr. er komið til móts við viðkomandi eiganda með því að hindra að aðrir eigendur synji um samþykki á ómálefnalegum grundvelli enda þótt um verulega breytingu sé að tefla.

Loks eru í 4. mgr. ákvæði sem veita minni hlutanum vernd og sjálfstæðan rétt að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, jafnvel þótt um óverulega breytingu sé að ræða.

Um 28. gr.

Í greininni eru reglur um rétt eigenda til að byggja við hús, ofan á það eða á lóð þess. Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við gildandi rétt og 2. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 9. gr. núgildandi laga og er sérstakra skýringa ekki þörf.

Um 29. gr.

Hér eru reglur um byggingu sem er í samræmi við samþykkta teikningu. Í 1. mgr. segir um það þegar byggingarrétturinn er í séreign en í 2. mgr. er fjallað um það þegar byggingarrétturinn er í sameign og hvernig þá beri að standa að ákvörðunartöku. Þarfnast þessi grein engra skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er fjallað um byggingar og breytingar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi og á samþykktri teikningu. Sé um verulega breytingu á sameign að ræða er áskilið samþykki allra eigenda en ef breyting er ekki veruleg nægir samþykki aukins meiri hluta. Til smávægilegra breytinga nægir þó að einfaldur meiri hluti sé meðmæltur.

Ekki er mögulegt að hafa reglur þessar gleggri eða gefa nákvæmari lýsingar eða viðmiðanir um það hvað sé verulegt og hvað óverulegt og hvað teljist smávægilegt í þessu efni og hver séu mörkin þarna á milli. Hljóta ávallt að koma upp takmarkatilvik og verður að leysa þau þegar þau koma upp með hliðsjón af atvikum og staðháttum í hverju húsi.

Um 31. gr.

Samkvæmt þessari grein á að beita reglum 30. gr. eftir því sem við á þegar um er að tefla breytingar á hagnýtingu sameignar. Vísast til athugasemda við þá grein en að öðru leyti eru ekki efni til nánari skýringa.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um forgangsrétt eiganda til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess. Sé ekki annars getið í þinglýstum heimildum gengur sá fyrir sem stærstan á eignarhlutann. Er þetta í samræmi við það sem nú gildir, sbr. 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

Byggingarrétturinn er hins vegar í sjálfu sér í sameign þannig að ef forgangsréttarhafinn nýtir rétt sinn ber honum að greiða öðrum eigendum bætur. Geri hann það ekki geta aðrir eigendur stöðvað framkvæmdir með lögbanni ef ekki vill betur. Um þetta segir í 2. og 3. mgr. og eru þessar reglur í samræmi við gildandi rétt sem m.a. styðst við dómafordæmi. Í núgildandi lögum er hins vegar ekki að finna hliðstæð ákvæði.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um sameiginleg bílastæði og skiptingu þeirra og eru þau sama efnis og 4. mgr. 9. gr. gildandi laga eins og það ákvæði hefur verið skýrt og skilið.

Hér er fyrst og fremst horft til formlegra eignaskipta en greinin útilokar ekki að meiri hluti eigenda, einfaldur eða aukinn, geti í einhverjum tilvikum tekið bindandi ákvörðun um einhvers konar óformlegri og ekki varanlega afnotaskiptingu. Má hugsa sér að það sé

gert í húsreglum eða sérstökum húsfélagssamþykktum. Hér er þó komið á grátt svæði og þarf lítið til að slík ákvörðun eða ráðstöfun útheimti samþykki allra, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í III. kafla fumvarpsins er nánar fjallað um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa en í raun er um það fjallað í öllum greinum frumvarpsins. Kaflinn tekur til 34. gr. til og með 55. gr.

Um 34. gr.

Þessi grein hefur að geyma meginreglur um rétt eiganda til hagnnýtingar og afnota af sameign sem almennt hafa verði taldar vera gildandi réttur þótt þær hafi ekki verið lögfestar berum orðum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 35. gr.

Hér eru greindar þær almennu takmarkanir sem setja verður eiganda við afnot og hagnýtingu sameignar vegna tillitsins til annara eigenda sem eiga til hennar jafngóðan rétt. Þessi grein er í samræmi við gildandi rétt og 3. mgr. á sér hliðstæðu í 16. gr. núgildandi laga. Þarf greinin ekki frekari skýringa við.

Um 36. gr.

Hér er sett fram sú meginregla að einstakur eigandi hafi almennt engar heimildir til að taka upp á sitt einsdæmi ákvarðanir um sameiginleg málefni eða gera ráðstafanir vegna hennar.

Það er sérstaklega áréttað að eigandi geti ekki helgað sér til einkanota hluta sameignar en tilburðir í þá veru eru talsvert algengir. Þá er tekið fram að eigandi geti ekki fyrir hefð öðlast aukinn rétt til sameignar.

Allt eru þetta atriði sem talin hafa verið gildandi en ólögfestur réttur.

Um 37. gr.

Í greininni er að finna undantekningu frá meginreglunni í 36. gr. sem felur í sér heimild fyrir eiganda til að grípa til ráðstafana og aðgerða sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón. Þetta hefur verið talið gilda á grundvelli ólögfestra reglna um óbeðinn erindisrekstur, en þó er heimild eiganda hér ögn víðtækari en leiða mundi af slíkum almennum reglum. Byggist ákvæði þetta á nokkurs konar neyðarréttarsjónarmiðum.

Varðandi heimild eiganda til að gera ráðstafanir sem lögboðnar eru er það í samræmi við það sem talið er gilda í sameignarfélögum og sérstakri sameign en þó er heimild eiganda hér þrengri en þar gildir.

Um 38. gr.

Í þessari grein er önnur undantekning frá meginreglunni í 36. gr. Hér er eiganda heimilað að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir á sameign að vissum skilyrðum uppfylltum og að því tilskildu að hann gæti réttra aðferða sem nánar er lýst í greininni. Þessi heimild byggist á því að eigandi þurfi ekki að una því að sameign hússins níðist niður vegna vanrækslu á viðhaldi þegar húsfélagið eða aðrir eigendur vilja ekki hefjast handa og synja um nauðsynlegt samstarf og skella skollaeyrum við öllum tilmælum. Svipaðar reglur hafa verið taldar gilda ólögfestar.

Tryggast er fyrir eiganda áður en hann leggur út í framkvæmdir að fá dómkvadda sérfróða matsmenn til að meta þau atriði sem tiltekin eru í 2. mgr. Ekki þótti þó fært að lögbinda þá aðferð og getur eigandi tryggt sér sönnun með öðrum hætti, svo sem með mati, vottorðum eða skýrslum tæknifróðra manna og fagmanna, t.d. á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Yfirleitt væri ótryggt að ætla að sanna þessi atriði með vitnum, t.d. með vitnaskýrslum þeirra manna sem verkið unnu ef þeir hafa ekki gefið mat eða vottorð fyrir fram áður en verkið hófst. Er jafnan brýnt að öðrum eigendum sé gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og koma sjónarmiðum sínum á framfæri ef þeir vilja þá hirða um það. Gilda hér annars venjulegar reglur réttarfarsins um sönnun og mat sönnunargagna.

Um 39. gr.

Þessi grein hefur að geyma meginreglur um töku sameiginlegra ákvarðana. Þessar eða svipaðar reglur eru nú taldar gilda, sbr. að hluta 10. gr. núgildandi laga. Hér er um grundvallarsjónarmið að tefla en nánari útfærslur á þeim er að finna á öðrum stöðum og öðrum greinum í frumvarpinu.

Það skal tekið fram til áréttingar að ákvarðanir um sameiginleg málefni skal taka á húsfundum þar sem allir eigendur hafa átt þess kost að mæta og taka þátt í umræðum, ákvörðun og atkvæðagreiðslu. Þannig er sá háttur sem stundum er hafður á að gengið sé á milli eignda með plagg eða yfirlýsingu um einhver sameiginleg málefni, sem eigendum er hverjum í sínu lagi ætlað að samþykkja með undirritun sinni eða synja, ekki í samræmi við fyrirmæli frumvarpsins. Ákvörðun þannig tekin er ekki lögmæt og skuldbindandi nema fyrir þá sem undirritað hafa samkvæmt almennum reglum um skuldbindingargildi loforða og samninga. Gildir einu þótt sá meiri hluti hafi samþykkt sem tilskilinn er til viðkomandi ákvörðunar. Þessi háttur getur því aðeins gengið að allir undirriti og samþykki enda er þá kominn á samningur.

Um 40. gr.

Hér eru settar reglur um það hvernig með skuli fara ef eigandi er ekki hafður með í ráðum og ekki boðaður á fund þar sem ákvörðun er tekin um sameiginleg málefni. Þessar reglur eru nokkuð frábrugðnar þeim reglum sem um þetta gilda skv. 10. gr. núgildandi laga.

Meginreglan er þó eftir sem áður sú að eigandi er ekki bundinn af ákvörðun sem tekin er á slíkum fundi og getur neitað að greiða hlutdeild í kostnaði vegna hennar eða stöðvað framkvæmd.

Regla 10. gr. gildandi laga hefur þótt einstrengingsleg og hefur sætt gagnrýni fyrir það að slá of afgerandi og einhliða skjaldborg um rétt viðkomandi eiganda. Hefur reglan oft leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu þegar eigandi hefur vegna smávægilegra ágalla á ákvarðanatöku skýlt sér á bak við hana og neitað að greiða hlutdeild í sameiginlegum kostnaði. Á það einkum við þegar um nauðsynlegar framkvæmdir, viðhald og viðgerðir hefur verið að ræða sem yfirgnæfandi meiri hluti er fyrir. Á það raunar einnig við um aðrar framkvæmdir sem auka verðmæti sameignar og þar af leiðandi allra eigna í húsinu, líka þess sem neitar að greiða hlutdeild sína. Það er óeðlilegt og ósanngjarnt að eigandi geti þannig almennt auðgast á kostnað annarra, slík auðgun er ekki réttmæt og samrýmist ekki réttarvitund fólks. Hefur núgildandi 10. gr. í sumum tilvikum reynst skálkaskjól ef svo má að orði komast.

Dómstólar hafa alloft dæmt í málum þar sem reynt hefur á 10. gr. Hefur niðurstaðan stundum verið sláandi ósanngjörn en þó hafa dómstólar mótað þá reglu eða túlkað greinina svo að unnt sé að betrumbæta gallaða ákvörðun á öðrum lögmætum fundi, jafnvel eftir að framkvæmdir eru hafnar. Er í 4. mgr. lagt til að þessi regla, sem nú byggist á dómafordæmum, verði lögfest.

Í 3. mgr. er tekið af skarið um það að ef eigandi mætir óboðaður eða þrátt fyrir gallaða boðun glati hann rétti til að bera það fyrir sig.

Reynt er að sníða aðra vankanta af 10. gr. en án þess þó að bera lögmæta hagsmuni og rétt eiganda fyrir borð. Er áður á það drepið að meginreglan verður eftir sem áður sú sama.

Í lokamálslið 2. mgr. er sú skylda lögð á eiganda að hann hafi strax og tilefni er til uppi andmæli við framkvæmd sem hann telur að ekki hafi verið ákveðin með löglegum hætti. Hér er á því byggt að ekki sé ástæða til að virða og vernda hagsmuni eiganda sem situr aðgerðarlaus með hendur í skauti eftir að hann verður þess var að framkvæmdir eru hafnar. Hann verður að hefjast handa því ella geta hinir framkvæmdasömu eigendur haldið áfram í góðri trú um að hann sé ekki mótfallinn. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir því að fyrirvaraleysi eiganda og skortur á mótmælum geti leitt til þess að hann glati rétti sínum til að vefengja ákvörðun og verði greiðsluskyldur.

Í 5. mgr. eru lagðar til enn frekari undantekningar frá meginreglunni. Hér er verið að fyrirbyggja eða stemma stigu við óeðlilegri auðgun eiganda á kostnað annarra og vísast til þess sem um það hefur áður verið sagt. Þótt hér sé nokkuð dregið úr virkni og varnaðaði meginreglunar þykir það óhjákvæmilegt á grundvelli réttlætissjónarmiða og hagsmunamats.

Ekki þótti fært að orða þessa undantekningarreglu með ákveðnara hætti og nákvæmar en gert er en hún er háð nokkrum matsatriðum sem vega verður og meta í hverju falli út frá þeim sanngirnissjónarmiðum sem áður eru rakin. Hér er fyrst og fremst opnuð leið eða heimild fyrir hagsmunamat sem dómstólar geta beitt og mótað nánar eftir atvikum hverju sinni. Þá verður að hafa hugfast að hér er um undantekningu að ræða sem skýra ber þröngt með hliðsjón af meginreglunni.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um töku einstakra ákvarðana og vægi atkvæða, en um ákvarðanirnar sem slíkar og efnislega er yfirleitt fjallað á öðrum stöðum, í öðrum greinum frumvarpsins eins og tilvísanir í greininni bera með sér.

Meginreglan er í E-lið en hún er sú að til allra ákvarðana, hverju nafni sem nefnast, sem ekki er ótvírætt mælt fyrir um á annan veg í greininni, nægi samþykki einfalds meiri hluta eigenda miðað við hlutfallstölur á löglega boðuðum húsfundi.

Í A-lið eru tilgreindar ákvarðanir sem samþykki allra eigenda þarf til, í B-lið er fjallað um ákvarðanir sem ⅔ eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutfallstölur, þurfa að samþykkja og í C-lið eru taldar upp þær ákvarðanir sem einfaldur meiri hluti, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, þarf að greiða atkvæði með.

Reglurnar í A–C-liðum eru undantekningar frá meginreglunni í E-lið og ber að skoða þær sem tæmandi talningu og eins ber í samræmi við almenn lögskýringarsjónarmið að túlka þær þröngt með hliðsjón af meginreglunni.

Samkvæmt því eru jafnan líkur fyrir því að til ákvörðunar um sameiginleg málefni nægi samþykki einfalds meiri hluta miðað við hlutfallstölur.

Í E-lið er mælt fyrir um jákvæðan rétt tiltekins minni hluta, ¼ annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, til að krefjast ákveðinna hluta eða ráðstafana. Samhljóða ákvæði eða heimildir eru í núgildandi löggjöf og þarf þessi liður því ekki frekari skýringa.

Reglurnar í A–D-liðum eru að sumu leyti nokkuð á annan veg en í núgildandi löggjöf. Breytingarnar eru þó minni en við fyrstu sýn kann að virðast því hér er að hluta til safnað saman óskráðum meginreglum sem taldar hafa verið gilda. Annars eru fyrirmæli þessarar greinar svo ítarleg og nákvæm að hún skýrir sig sjálf.

Fyrirmæli þessarar greinar kunna að virðast nokkuð flókin en hjá því verður ekki komist. Þessir hlutir eru í eðli sínu margslungnir og flóknir og ekki er unnt að skipa þeim svo vel fari með einföldum hætti.

Nákvæmar og ítarlegar reglur, sem hafa að geyma svör við mörgum álitaefnum, eru einatt því verði keyptar að þær eru yfirleitt flóknar. Sá kostur þótti ekki fýsilegur að setja einfaldar og fábrotnar reglur hér um þar sem sýnt er að slíkar reglur hefðu orðið að vera almennar og því óljósar og stundum ósanngjarnar. Slíkar reglur hefðu fáu svarað en vakið því fleiri spurningar og ágreiningsmál.

Um 42. gr.

Samkvæmt þessari grein er meginreglan sú að húsfundur getur tekið ákvarðanir án tillits til þess hversu margir eru mættir, svo framanlega sem fundurinn er löglega boðaður.

Það er aðeins þegar um er að ræða ákvarðanir skv. B-lið 41. gr. sem áskilja samþykki ⅔ hluta eigenda, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, að gerðar eru kröfur um ákveðna fundarsókn. Um það eru fyrirmæli í 2. og 3. mgr. Þau fyrirmæli eru í meginatriðum hin sömu og í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 43. gr.

Í þessari grein er sameiginlegur kostnaður skýrður og skilgreindur. Er það gert með svipuðum hætti og tíðkast hefur í gildistíð núgildandi laga og eru því frekari skýringar þarflausar.

Um 44. gr.

Hér er fjallað um það að sameiginlegur kostnaður geti verið sameiginlegur sumum en ekki öllum eigendum. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þessi grein hefur að geyma reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem er eitt mikilvægasta atriðið í samskiptum eigenda í fjöleignarhúsi.

Meginreglan í A-lið er eftir sem áður hin sama og í gildandi lögum, þ.e. að sameiginlegur kostnaður skiptist á eigendur eftir hlutfallstölum eignarhluta þeirra.

Í B-lið felast undantekningar frá þessari meginreglu í þá veru að nánar tilteknum kostnaði, sem talinn er upp í 7 tölul., skal skipt að jöfnu. Samkvæmt því ber að skýra reglurnar í B-lið þröngt og eru jafnan líkur á því í vafatilvikum að meginreglan eigi við en ekki undantekningarnar.

Ákvæði 1. og 2. tölul. B-liðar eru í samræmi við gildandi lög, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 14. gr. þeirra, en þó með smávægilegum breytingum eða lagfæringum.

Jöfn kostnaðarskipting er hins vegar nýmæli hvað varðar kostnaðarliðina í 3.–7. tölul. Byggist hún á sanngirnissjónarmiðum og því að afnot eigenda og/eða gagn séu í þessum tilvikum með þeim hætti að jöfn skipting kostnaðar sé almennt réttlátari og sanngjarnari en skipting eftir hlutfallstölum.

Það er hins vegar vitað mál að stundum kann slík skipting að reynast ósanngjörn en við því er ekkert að gera, þannig tilvik hljóta alltaf að koma upp. Það sem skiptir máli er að regla sé sanngjörn í flestum tilvikum því nákvæmt og fullkomið réttlæti getur ekki náðst hér frekar en á öðrum sviðum. Hér verður einfaldlega að taka af skarið.

Hvað varðar 5. tölul. sérstaklega má segja að horfið sé aftur að því fyrirkomulagi sem gilti í tíð gömlu laganna frá 1959.

Í C-lið segir að sameiginlegum kostnaði skuli skipt í samræmi við not eigenda ef unnt er að mæla þau nákvæmlega. Þessi regla kemur aðeins til álita í algjörum undantekningartilvikum. Hún byggist á því að ef fullljóst er um not hvers og eins séu notin eðlilegasti og sanngjarnasti skiptagrundvöllurinn. Rétt er að ítreka að þessi undantekningarregla hefði mjög þröngt gildissvið.

Því verður ekki neitað að ofangreindar reglur um skiptingu sameiginlegs kostnaðar eru talsvert flóknari en núgildandi reglur, þ.e. undantekningarnar frá meginreglunni eru fleiri og víðtækari. Má vera að umstang og fyrirhöfn stjórnar húsfélags og annarra sem hafa með innheimtu, skiptingu og uppgjör kostnaðar og gjalda að gera, aukist nokkuð a.m.k. fyrst í stað. Það er verðið sem gjalda verður fyrir þá nálgun í réttlætis og sanngirnisátt sem telja verður að felist í hinum breyttu reglum.

Um 46. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild til frávika frá reglum 45. gr. um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, hvort sem um er að ræða meginregluna eða undantekningarnar, í ákveðnum tilvikum og að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði 1. mgr. eiga við hvers kyns fjöleignarhús en heimild til frávika skv. 2. gr. á við um öll önnur fjöleignarhús en fjölbýlishús með íbúðum eingöngu. Hér er um nýmæli að ræða en fyrirmæli greinarinnar eru það ljós og ítarleg að ekki er þörf nánari skýringa.

Um 47. gr.

Þessi grein mælir fyrir um það að skylda til greiðslu hlutdeildar eignarhluta í sameiginlegum kostnaði hvíli á þeim sem er eigandi á hverjum tíma og að húsfélag geti jafnan beint kröfum að þeim sem er þinglýstur eigandi nema eigendaskiptin hafi verið tilkynnt því.

Við eigendaskipti að eign er sú skylda lögð á seljanda að hann tilkynni húsfélagi um þau. Þessi tilkynningarskylda er nauðsynleg til að skapa festu og eyða óvissu innan húsfélags og milli þess og raunverulegs eiganda og koma í veg fyrir misskilning um það hver sé greiðsluskyldur og eins varðandi fundi o.fl. Ekki þótti ástæða til að formbinda slíka tilkynningu en tryggast er að hafa hana skriflega og senda hana með sannanlegum hætti. Má hugsa sér að útbúið verði sérstakt eyðublaðsform fyrir slíka tilkynningu sem liggi frammi á fasteignasölum.

Um 48. gr.

Í þessari grein er fjallað um lögveð til handa húsfélaginu eða öðrum eigendum sem stofnast í eign þess eiganda sem ekki stendur skil á hlutdeild sinni í sameiginlegum kostnaði. Þessi grein er sama efnis og 2. mgr. 13. gr. gildandi laga en þó fyllri og ítarlegri og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 49. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um hússjóð og gjöld í hann. Að stofni til er ákvæðið hið sama og í 10. gr. reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög. Hér er þó tekið á ýmsum fleiri atriðum og er greinin ítarleg og kallar ekki á frekari skýringar.

Um 50. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu eiganda til að sjá um allt viðhald og allan rekstur eignarhluta síns og að allur kostnaður þar af stafandi sé sérkostnaður hans. Frekari skýringa er ekki þörf.

Um 51. gr.

Í þessari grein segir um skaðabótaábyrgð eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu. Slíkt bótaákvæði er í 12. gr. gildandi laga en það þykir óljóst og vandmeðfarið og ekki nema að takmörkuðu leyti eftirbreytnivert.

Hér er lagt til að ábyrgð eiganda verði annars vegar á sakargrundvelli skv. a- og b-liðum 1. mgr. Í þeim tilvikum mundi það skilyrði bótaskyldu að eigandi eða einhver, sem hann ber ábyrgð á samkvæmt almennum reglum, valdi tjóni af ásetningi eða gáleysi. Vanrækslan eða mistökin þurfa því að vera saknæm.

Í annan stað byggist ábyrgð eiganda á hlutlægum grunni, sbr. c-lið, líkt og í 12. gr. núgildandi laga. Þessi bótaregla er hins vegar ekki nándar nærri eins rúm og víðtæk. Hér er ábyrgðin einskorðuð við bilun á búnaði séreignar og lögnum.

Víst er það svo að hlutlægar bótareglur, sem ekki gera sök að skilyrði, teljast almennt til undantekninga og þurfa jafnan að byggjast á sérstökum sjónarmiðum og réttlætingu. Hefur því verið haldið fram að slík sjónarmið séu tæpast fyrir hendi í fjöleignarhúsum. Á það verður ekki fallist. Að öllu virtu verður að telja að slík ábyrgð sé eðlileg og réttlætanleg í þeim tilvikum sem hér um ræðir ef gildissviðinu er haldið þröngu og ekki hleypt út um víðan völl. Er eðlilegt og sanngjarnt að eigandi beri frekar áhættuna af því ef búnaður í eignarhluta hans eða lagnir, sem honum tilheyra, bili og gefi sig, en að aðrir eigendur þurfi að bera tjón vegna þess bótalaust.

Bótaábyrgð samkvæmt þessari grein tekur fyrst og fremst til tjóns á nærlægum eignum í húsinu (fasteignum) en hún getur einnig náð til þess þegar tjón verður á öðru, svo sem innanstokksmunum. Þá er hugsanlegt að skemmdir verði á eignum utan hússins, t.d. bílum, með þeim hætti að bótareglan eigi við. Þá segir í 2. mgr. að bótaskyldan geti einnig náð til afleidds tjóns, svo sem vegna afnotamissis.

Í 3. mgr. er það nýmæli að bótakröfu skuli fylgja lögveð í eignarhluta hins bótaskylda.

Um 52. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um skaðabótaábyrgð húsfélags og eru þau nýmæli. Er bótareglan með sama eða líku sniði og 51. gr. og má vísa til athugasemda við hana.

Það skal tekið fram að sömu sjónarmið og rök réttlæta hlutlæga ábyrgð húsfélags vegna bilunar á sameiginlegum búnaði og lögnum, sbr. c-lið, og einstakra eigenda. Mundi löggjöfnun frá 51. gr. að öllum líkindum hafa komið til álita ef við þá grein væri látið sitja. Með það í huga þótti rétt að stíga skrefið til fulls til að skapa ekki að óþörfu óvissu og lagalegt tómarúm að þessu leyti.

Eignist eigandi skaðabótakröfu á hendur húsfélagi samkvæmt þessari grein leiðir af sjálfu að til frádráttar eða lækkunar kemur hlutdeild eignarhluta hans. Krafan mundi vera sameiginlegur kostnaður sem hann væri að sínum hluta ábyrgur fyrir.

Um 53. gr.

Í greininni segir um tryggingar til að mæta ábyrgð og áhættu skv. 51. og 52. gr. Er það mjög æskilegt og allt að því nauðsynlegt slíkri ábyrgð sé mætt með tryggingum að svo miklu leyti sem þær fást. Ekki þótti þó fært að lögleiða skyldutryggingu og er við það látið sitja að meiri hluti eigenda geti svo bindandi sé fyrir alla tekið ákvörðun þar um.

Um 54. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum og er hún nýmæli. Ákvæðin eru hins vegar í samræmi við það sem talið er að gildi í því efni samkvæmt óskráðum meginreglum. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 55. gr.

Hér er fjallað á nákvæman og ítarlegan hátt um úrræði húsfélags og annarra eigenda vegna vanefnda og brota eiganda á sameignarskyldum sínum.

Um þessa grein er fjallað í 14. tölul. í almennum athugasemdum hér að framan og vísast þangað varðandi breytingar frá gildandi löggjöf, en nú eru ákvæði um þetta efni í 17. gr. gildandi laga og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976.

Annars hefur þessi grein að geyma svo nákvæm og ítarleg fyrirmæli að óþarfi er að bæta fleiru við, hún skýrir sig að mestu sjálf.

Um IV. kafla.

Þessi kafli hefur að geyma reglur um húsfélög og tekur hann yfir 56. til og með 76. gr. Yfirleitt er hér um að tefla ákvæði sem eru skýr og skiljanleg án frekari útlistunar og eru því sérstakar athugasemdir við einstakar greinar almennt knappar eða engar.

Um 56. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um húsfélög og um rétt og skyldu til aðildar að þeim.

Um 57. gr.

Hér eru ákvæði um hlutverk, tilgang og valdsvið húsfélaga og þarfnast þau ekki nánari skýringa.

Um 58. gr.

Í þessari grein er fjallað um almenna fundi, húsfundi og rétt til setu á þeim. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Hér er fjallað um aðalfund og boðun hans og þarf ekki að skýra greinina frekar.

Um 60. gr.

Þessi grein geymir fyrirmæli um aðra almenna fundi og boðun þeirra og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 61. gr.

Hér eru verkefni aðalfundar talin upp í 10 tölul. og eru frekari skýringar óþarfar.

Um 62. gr.

Í greininni eru verkefni annarra funda en aðalfundar tíunduð og þar ekki meira um það að segja.

Um 63. gr.

Þessi grein þarfnast engra skýringa.

Um 64. gr.

Hér er að finna ákvæði um stjórn funda og ítarlegar reglur um fundargerðir og þarf ekki að skýra greinina frekar.

Um 65. gr.

Í þessari grein eru reglur um vanhæfi við ákvarðanatöku þegar eigandi á sérstakra hagsmuna að gæta, persónulegra eða fjárhagslegra, í málinu. Eigendur eiga almennt hagsmuna að gæta í sameiginlegum málefnum sem félagsmenn í húsfélaginu og sem þátttakendur í greiðslu sameiginlegs kostnaðar. Slíkir hagsmunir gera eigendur vitaskuld ekki vanhæfa þótt þeir kunni að vera persónulegir eða fjárhagslegir. Það eru sérstakir hagsmunir sem ekki tengjast eignaraðildinni sem hér skipta máli. Má sem dæmi nefna ákvarðanir um samningsgerð um sameiginlega viðgerðarvinnu við eiganda eða nákomin ættmenni hans.

Um 66. gr.

Grein þessi fjallar um stjórn húsfélags, skipan og kosningu hennar, kjörgengi o.fl. Þarfnast hún ekki skýringa.

Um 67. gr.

Þessi grein hefur að geyma nýmæli um það að ekki þurfi að kjósa sérstaka stjórn í fjöleignarhúsum með sex eða færri eignarhlutum. Um hana er fjallað og hún skýrð í 15. tölul. í athugasemdum hér að framan og vísast þangað.

Um 68. gr.

Hér eru ítarleg fyrirmæli um stjórnarfundi sem ekki þarf að skýra frekar.

Um 69. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldur og verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra o.fl. Þá eru ákvæði um vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem eru hliðstæð ákvæðum 65. gr. og má að því leyti vísa til athugasemda við þá grein. Að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringa.

Um 70. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um verk- og valdsvið stjórnar húsfélags og um mörkin gagnvart þeim ákvörðunum sem húsfundur þarf um að fjalla.

Til viðbótar því sem tekið er fram í ákvæðum greinarinnar skal sú leiðbeiningarregla sett fram að vald og heimildir stjórnar til ákvarðanatöku um sameiginleg málefni og til að ráða þeim yfirleitt án þess húsfundur þurfi að fjalla um eru þeim mun þrengri sem húsið er minna og auðveldara er að kalla fundi saman. Stjórn húsfélags í stórum húsum þar sem fundahöld eru þung í vöfum hefur því meiri völd og ríkari heimildir en stjórnin í smærri húsum.

Um 71. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um lögtrúnað eða umboð stjórnarmanna til að skuldbinda húsfélag út á við og um ábyrgð þeirra ef þeir ganga of langt og út fyrir heimildir sínar í því efni. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að húsfélag geti verði aðili að dómsmáli, hafi svo kallað aðildarhæfi. Allt eru þetta fyrirmæli sem eru í samræmi við gildandi rétt.

Um 72. gr.

Þessi grein inniheldur fyrirmæli um bókhald húsfélags og reikningsgerð og þarfnast ekki skýringa.

Um 73. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um endurskoðun og endurskoðanda og þarf ekki að skýra hana frekar.

Um 74. gr.

Hér er fjallað um húsreglur, hvernig þær skuli settar og hvaða fyrirmæli þær skuli hafa að geyma. Í 3. mgr. eru nánar tilgreind í 7 tölul. þau atriði sem húsreglur íbúðarhúsa, fjöleignarhúsa, skulu fjalla um en sú talning er ekki tæmandi. Í annars konar fjöleignarhúsum fer meira eftir atvikum og staðháttum hvers efnis húsreglur þurfa að vera og eru ekki settar sérstakar leiðbeiningarreglur þar um.

Um 75. gr.

Grein þessi fjallar um sérstakar samþykktir húsfélags. Hingað til hefur það lítið tíðkast að húsfélög setji sér sérstakar samþykktir og þinglýsi þeim, en skv. 15. gr. gildandi laga er þinglýsing gildisskilyrði slíkra samþykkta, ekki bara út á við heldur líka milli eigenda innbyrðis.

Ekki er búist við því að slíkar samþykktir færist í vöxt ef frumvarpið verður að lögum. Þvert á móti má ætla að þörfin á sérstökum samþykktum verði enn minni eftir en áður vegna þess hve frumvarpið er ítarlegt og að reynt er að taka mið af öllum þeim húsagerðum sem því er ætlað að taka til.

Með 2. og 3. mgr. er lagt til að horfið verði frá þeirri sérkennilegu tilhögun að þinglýsing sé gildisskilyrði milli eigenda innbyrðis. Það fyrirkomulag er í andstöðu við meginreglur um gildi, þörf og þýðingu þinglýsingar. Verður ekki séð að nein gild rök standi til þeirra afbrigða. Fyrirmæli 2. og 3. mgr. eru hins vegar í fullu samræmi við þessar meginreglur um réttaráhrif þinglýsingar.

Um 76. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um húsfélagsdeildir þegar um sameign sumra en ekki allra er að tefla, nokkurs konar sameign innan sameignarinnar. Er hér um nýmæli að tefla. Er um þetta fjallað lítillega í 15. tölul. athugasemdanna hér að framan og vísast þangað. Að öðru leyti er hér ekki þörf á skýringum.

Um V. kafla.

Þessi kafli inniheldur greinar 77 til og með 82. Hefur hann að geyma ákvæði um eldri samninga, kynnningu laganna, kærunefnd, gildistökuákvæði o.fl.

Um 77. gr.

Í grein þessari eru ákvæði sem kunna að orka tvímælis, en þau fela það í sér að ef fyrirliggjandi er þinglýstur samningur af einhverju tagi sem hefur að geyma ákvæði sem fara í bága við ófrávíkjanleg fyrirmæli frumvarpsins séu samningsákvæðin réttlægri og verði að víkja.

Hér kann að virðast gengið nokkuð langt í að hrófla við samningsbundnum og þinglýstum samningum og réttindum manna. Það má rétt vera að hér sé langt til seilst, en þess er að geta að fullyrða má að sárasjaldan mun reyna á þetta ákvæði því slíkir samningar eru sjaldgæfir. Menn geta hins vegar velt vöngum fræðilega um þetta.

Að baki þessu ákvæði búa sjónarmið um réttareiningu og að hliðstæð tilvik eigi að lúta sömu reglum og eru þau hér látin vega þyngra en eignarréttarsjónarmið.

Um 78. gr.

Hér eru sett fyrirmæli um kynningu laganna verði frumvarpið að lögum og um ráðgjöf við eigendur o.fl. Greinin skýrir sig að mestu sjálf, en einnig er um ákvæði hennar fjallað í 16. tölul. í athugasemdunum hér að framan og vísast þangað.

Um 79. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun kærunefndar í fjöleignarhúsamálum og þarfnast hún ekki skýringa en að öðru leyti má vísa til athugasemda við næstu grein.

Um 80. gr.

Í grein þessari er fjallað nánar um kærunefndina, verkefni hennar, starfshætti, valdsvið o.fl. Er um þessi atriði ítarlega fjallað í 17. tölul. í athugasemdunum og vísast þangað.

Um 81. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er félagsmálaráðherra veitt almenn heimild til að setja frekari og nánari fyrirmæli og ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 82. gr.

Hér er komin lokagrein frumvarpsins sem hefur gildistökuákvæðið að geyma. Er við það miðað að frumvarpið taki gildi, ef af lögum verður, 1. september 1993.

Er á því byggt að frá samþykkt þeirra og fram að gildistöku gefist ráðrúm til að hefja kynningu þeirra og til að semja og setja reglugerðir samkvæmt þeim. Eins að eigendum og húsfélögum gefist tóm til að laga það sem laga þarf að nýjum fyrirmælum og siðum sem frumvarpið hefur í för með sér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús.

Verði frumvarpið að lögum kemur það í stað laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús. Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 6. desember 1988 til að endurskoða lögin um fjölbýlishús. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum og breytingum til 20. febrúar 1993.

Í inngangi að athugasemdum við frumvarpið getur nefndin þess að hún hafi talið það vera „mikilvægasta viðfangsefni sitt að draga saman í eitt frumvarp, eina löggjöf, allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og kosta kapps um að gera löggjöfina eins aðgengilega, auðskiljanlega og ítarlega og framast var kostur". Af þessu leiðir að gert er ráð fyrir verulegum breytingum á lögum nr. 59/1976, um fjölbýlishús, sem miða að því að gera þau fyllri og ítarlegri og eru m.a. ákvæði reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög felld inn í frumvarpið. Í þessum inngangskafla athugasemda rekur nefndin í 17 liðum þær meginbreytingar frá núverandi löggjöf sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og skal það ekki endurtekið hér, en bent á nokkur atriði sem teljast til nýmæla:

1. Í frumvarpinu er hugtakið „fjöleignarhús" notað í staðinn fyrir „fjölbýlishús" þar sem það fyrrnefnda er rýmra en það síðarnefnda sem miðast fremur við íbúðarhúsnæði og gefur gildissviðið ekki nægilega glöggt til kynna.
2. Ýmis grundvallarhugtök eru rækilega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og „hús", „séreign", „sameign" og „sameign sumra".
3. Nýmæli er ákvæðið um breytingar á eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum, en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.
4. Nýmæli um heimildir einstakra eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að koma í veg fyrir tjón og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélag fæst ekki til athafna.
5. Skýrari ákvæði eru í frumvarpinu um bótaskyldu eiganda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum.

6. Í frumvarpinu er ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum á sameiginlegum skuldbindingum. Á því atriði er ekki tekið í gildandi lögum.
7. Frumvarpið hefur að geyma skýrari, afdráttarlausari og nokkuð breyttar og víðtækari reglur um úrræði húsfélaga við vanefndir eða brot eiganda.
8. Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um húsfélög (áður í reglugerð) og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdsvið skilgreint. Má nefna það nýmæli að ekki þurfi að kjósa og hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutar í húsi eru sex eða færri.
9. Í frumvarpinu eru ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar sem félagsmálaráðuneytið skal annast. Félagsmálaráðherra getur falið öðrum það verkefni og er vikið að því hér á eftir.
10. Loks er í frumvarpinu lagt til að skipuð verði sérstök kærunefnd fjöleignarhúsa sem eigendur geti leitað til með ágreiningsmál sín og fengið frá rökstutt álit.

Að því er varðar aukinn kostnað ríkissjóðs sem verða kann af samþykkt þessa frumvarps er helst ástæða til að athuga tvö síðastnefndu ákvæðin um kynningu laganna og kærunefndina.

Í 78. gr. segir að félagsmálaráðuneytið skuli „annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Ráðherra getur ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu.“ Félagsmálaráðherra getur einnig falið stofnuninni eða öðrum aðilum, svo sem hagsmunasamtökum fjöleignarhúsaeigenda að veita eigendum upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um réttindi þeirra og skyldur og önnur atriði laganna. Að lokum segir í greininni að kostnaður við kynningu og ráðgjöf greiðist úr ríkissjóði en þó er heimilt að innheimta hóflegt gjald fyrir lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þá er einnig heimilt að selja kynningar- og fræðslurit á hóflegu verði.

Ekki er að svo stöddu unnt að meta aukinn kostnað af samþykkt þessa ákvæðis, en einhver hlýtur hann að verða, sérstaklega fyrst eftir gildistöku laganna. Er þá átt við nauðsyn þess að vekja athygli á lögunum og sérprentunar á þeim. Vegna þess að lagatextinn er að miklu leyti settur fram í handbókarformi ætti ekki að verða þörf á ítarlegum skýringartexta. Að teknu tilliti til heimildar til að selja svona upplýsingarit ætti kostnaður tæpast að fara yfir 1 m.kr. fyrsta árið sem lögin gilda og lækka síðan.

Í 79. og 80. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd fjöleignarhúsamála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Ráðherra skipar tvo án tilnefningar en einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu. Verkefni þessarar nefndar er svipað og kærunefndar húsaleigumála sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi til húsaleigulaga, en hún skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er. Árlega fara 10–15 mál af þessu tagi fyrir dómstóla. Með tilkomu nefndarinnar má ætla að þessum málum muni fækka. Ætla má að kostnaður við nefndina gæti orðið um 1 m.kr.

875. Frumvarp til laga [518. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Egill Jónsson,
Gunnlaugur Stefánsson, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Katrínu Ásgrímsdóttur og Gísla Guðmundssyni jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. lög nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við óskir hreppsnefndar Vallahrepps. Hjónin Gísli Guðmundsson og Katrín Ásgrímsdóttir keyptu íbúðarhús og útihús og jarðræktarframkvæmdir á jörðinni á árinu 1988. Heföbundinn búskapur hefur verið lagður niður, en í stað þess hafa þau hafið uppbyggingu á gróðrarstöð sem þau hafa rekið á jörðinni. Nú þegar hefur verið ráðist í verulegar endurbætur á jörðinni og fyrirhugaðar eru umfangsmeiri framkvæmdir. Framkvæmdir þessar kalla á fjármagn og nauðsynlegt er að taka lán í því skyni. Ekki hefur fengist samþykkt að fá frekari heimildir til að veðsetja jörðina þar sem sú skylda hvílir á ríkinu að innleysa slíkar framkvæmdir ef ábúendur fara af jörðinni síðar meir og þar sem hluti af áætlaðri uppbyggingu er á landi skammt frá sem ekki tilheyrir jörðinni.

Að mati sveitarstjórnar er besti kosturinn að núverandi ábúendur kaupi jörðina, en með því er ríkið leyst undan þeim skyldum sem eru samkvæmt jarðalögum um innlausn eigna. Hreppsnefnd Vallahrepps leggur á það áherslu að framkvæmdir geti haldið áfram á jörðinni í því skyni að tryggja búsetu núverandi ábúenda og styrkja atvinnulíf í sveitinni. Starfsemi garðyrkjustöðvarinnar í Lönguhlíð skapar jafnframt fleirum störf og því er mikilvægt að uppbyggingin geti haldið áfram.

876. Frumvarp til laga [115. mál]

um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag með heimili og varnarþing á Siglufirði sem tekur við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar fasteignir, sem stofnfé.

Mat skal fara fram á eignum og skuldum verksmiðjanna til viðmiðunar um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og önnur skyld starfsemi, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar 1993 og skal félagið taka til starfa 1. ágúst 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð fimm mönnum.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

8. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talið skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. ágúst 1993.

877. Tillaga til þingsályktunar [519. mál]

um ár aldraðra.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd fulltrúa allra þingflokka er hafi það verkefni að vinna að framkvæmdaáætlun í málefnum aldraðra í tilefni af ári aldraðra.

Nefndin hafi nána samvinnu við frjáls félagasamtök sem þegar hafa lagt drög að undirbúningi átaks vegna árs aldraðra. Meginverkefni þeirrar nefndar, sem Alþingi ályktar að kjósa, verði hins vegar að móta framkvæmdastefnu í málefnum aldraðra til lengri tíma.

Nefndin skal gera grein fyrir einstökum þáttum þessarar framkvæmdaáætlunar og samspili þáttanna. Nefndin geri þannig tillögu um heimilisþjónustu og heimahjúkrun aldraðra, heilsugæslu aldraðra, hjúkrunarheimili, lífeyrismál og aðra þá þætti sem snerta aldraða sérstaklega. Nefndin meti enn fremur sérstaklega árangur þann sem varð af ári aldraðra 1982, þar með talin lögin um málefni aldraðra og Framkvæmdasjóð aldraðra.

Nefndin leggi fyrir þing í haust skýrslu um málin sem verði rædd á Alþingi, m.a. í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Greinargerð.

Þegar síðast var efnt til árs aldraðra hér á landi tóku stjórnvöld virkan þátt í því. Það gerðist með setningu laganna um málefni aldraðra og með lögunum um Framkvæmdasjóð aldraðra. Má segja að framkvæmdasjóðurinn hafi staðið fyrir byltingu á þessu sviði eins og fram kemur í fylgiskjölum með tillögu þessari.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem nú situr, hefur hins vegar ákveðið að ríkisstjórnin verði ekki aðili að ári aldraðra á Íslandi. Hefur hann reyndar fullyrt að það sé ekkert ár aldraðra á Íslandi af því að Ísland er ekki í Evrópubandalaginu. Þrátt fyrir þessa afstöðu ráðherrans hefur fjöldi félagasamtaka undirbúið margs konar tíðindi á ári aldraðra 1993 á Íslandi.

Tillagan skýrir sig að mestu leyti sjálf en nánar verður gerð grein fyrir henni í umræðum. Hvatinn að flutningi tillögunnar er þríþættur:

Í fyrsta lagi hafa kjör aldraðra almennt farið versnandi í tíð núverandi ríkisstjórnar. Í öðru lagi ríkir beinlínis neyðarástand í málefnum aldraðra á ákveðnum svæðum, einkum í Reykjavík þar sem borgaryfirvöld hafa kosið að eyða peningum fremur í annað en hjúkrunarheimili aldraðra. Í þriðja lagi má nefna yfirlýsingu ráðherra um afstöðu hans til árs aldraðra sem eina af ástæðunum fyrir flutningi tillögunnar.

Í fylgiskjölum eru birtar mikilsverðar upplýsingar um málið. Fyrst er þar að nefna skýrslu um málefni aldraðra sem lögð var fram á síðasta þingi, en æskilegt er að ræða efni hennar um leið og tillagan er rædd og í annan stað er birt umræða úr fyrirspurnatíma um ár aldraðra og orðaskipti flutningsmanns og ráðherra af því tilefni.

Tvö fylgiskjöl voru birt með þingsályktunartillögunni í þingskjalinu (lausaskjalinu). Á fskj. I var skýrsla heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, samkvæmt beiðni, um málefni og hagi aldraðra, 3. mál 115. löggjafarþings. Um skýrsluna vísast til þskj. 802 bls. 4855–4898 í A-deild Alþt. 1991–92. Á fskj. II voru birtar umræður á Alþingi um fyrirspurn Svavars Gestssonar um ár aldraðra, 319. mál 116. löggjafarþings, d. 7323–7327 í B-deild Alþt. 1992–93.

878. Tillaga til þingsályktunar [520. mál]

um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal meðal annars kanna svipuð lög annars staðar á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af þeim.

Greinargerð.

Skuldir heimilanna hafa aukist mjög síðasta áratug. Samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna stappar nærri að þær hafi fjórfaldast frá árinu 1981 til loka ársins 1992, en á þeim tíma jukust þær úr rúmum 60 milljörðum kr. í 226 milljarða kr. Aukningin nemur 377%. Sem hlutfall af landsframleiðslu fóru þær á þessum tíma úr 14% í tæp 54%. Upplýsingar um skuldaþróun heimilanna síðan 1981 koma fram í eftirfarandi töflu sem unnin var af Sólrúnu Halldórsdóttur, hagfræðingi Neytendasamtakanna:

Ár	Heildarskuldir heimilanna (m.kr.)	Aukning frá fyrra ári (%)
1981	60,5	
1982	75,4	24,6
1983	78,0	3,5
1984	90,2	15,5
1985	105,1	16,5
1986	120,8	14,9
1987	134,0	10,9
1988	149,3	11,4
1989	155,9	4,4
1990	183,1	17,5
1991	214,9	17,4
1992	226,7	5,5

Þessi þróun er svipuð og annars staðar á Norðurlöndum. Orsaka hennar er ekki síst að leita í mikilli hækkun raunvaxta á bankalánum, en lægstir voru þeir á síðasta áratug ársins 1983, er raunvextir voru neikvæðir um 14,2% en hæst fóru þeir 1989 í 15,9%. Góðu heilli hafa þeir síðan lækkað talsvert og voru í lok síðasta árs 9,9% og hafa farið lækkandi síðan. Hækkun raunvaxta hefur þyngt greiðslubyrði heimilanna verulega og hafa þau neyðst til að mæta henni með enn frekari lántökum, og þannig skapast í mörgum tilvikum illrjúfanlegur vítahringur sem um síðir knýr fjölskyldur í hörmungar gjaldþrots.

Versnandi atvinnustig í landinu hefur enn aukið á vandann. Margar fjölskyldur réðust í húsnæðiskaup á árum þegar næg atvinna og eftirspurn eftir vinnuafli gerði þeim kleift að brjótast gegnum erfiðustu greiðsluárin með mikilli aukavinnu. Versnandi atvinnustig hefur takmarkað þessa möguleika til aukatekna. Það ásamt háum raunvöxtum hefur leitt til mikils greiðsluvanda margra heimila. Sömuleiðis er líklegt að atvinnuleysi muni á næstunni valda æ fleiri fjölskyldum, sem ráðist hafa í húsnæðiskaup á síðustu árum, verulegum greiðsluerfiðleikum.

Að sönnu hefur ekki verið gerð tæmandi könnun á vanskilum heimilanna á lánamarkaði hér á landi og löngu tímabært að gera úttekt á ástæðum og umfangi þeirra. Til dæmis um stöðuna má þó nefna að upplýsingar sem Neytendasamtökin öfluðu frá Húsnæðisstofnun benda til að allt að 2.800 fjölskyldur eigi við verulega greiðsluerfiðleika að etja í dag. Eins og fyrr greinir er líklegt að slæmt atvinnuástand í landinu muni hraða þessari þróun.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa menn gripið til þess ráðs að setja sérstök lög um greiðsluaðlögun til að aðstoða fólk sem lendir í alvarlegum vanskilum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Slík lög hafa verið samþykkt í Danmörku, Noregi og Finnlandi, og fyrir sænska þinginu liggur frumvarp svipaðs eðlis.

Markmið laga um greiðsluaðlögun er að létta greiðslubyrði skuldara með því að breyta lánskjörum, þ.e. vöxtum og lánstíma, eða afskrifa höfuðstól skuldanna að hluta eða öllu leyti. Greiðsluaðlögunin hefur marga kosti í för með sér fyrir bæði skuldarann og lánardrottna en ekki síst fyrir samfélagið í heild:

Skuldaranum er gert mögulegt að standa í skilum og hjálpað til að komast um síðir út úr erfiðleikunum, oftast án þess að til gjaldþrots komi. Fyrir hann og fjölskyldu hans skiptir þó mestu að greiðsluaðlögun gerir kleift að sneiða hjá upplausn heimilanna og þeirri mannlegu óhamingju sem gjaldþrotum fylgir. Fyrir lánardrottna aukast líkur á að þeir fái a.m.k. hluta skuldanna greiddan.

Samfélagið hagnast sömuleiðis verulega á því að opna fólki í verulegum vanskilum leið úr ógöngum sínum. Miklir fjárhagserfiðleikar leiða mjög oft til skipbrots fjölskyldunnar; í mörgum tilvikum tapar hún samastað sínum og samfélagið þarf að koma til hjálpar með beinum fjárhagslegum hætti. Löggilding greiðsluaðlögunar getur því sparað mikil útgjöld fyrir hið opinbera.

Eins og háttar annars staðar á Norðurlöndum eru ströng skilyrði sett fyrir greiðsluaðlögun:

— Einungis þeir sem lent hafa í erfiðleikum af óviðráðanlegum ástæðum hljóta greiðsluaðlögun. Hafi vanskilin orðið til vegna óhóflegrar neyslu er henni ávallt hafnað.
— Skuldarinn þarf að færa sönnur á að hann sé ekki fær um að greiða skuldir sínar og muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni. Tímabundnir greiðsluerfiðleikar mundu því alls ekki falla undir lög um greiðsluaðlögun.

Frekari grein fyrir þeim lögum, sem gilda annars staðar á Norðurlöndum um greiðsluaðlögun, er að finna í greinargerð eftir Sólrúnu Halldórsdóttur, hagfræðing Neytendasamtakanna, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Skipan nefndarinnar.

Í nefndinni, sem lagt er til að félagsmálaráðherra skipi til að undirbúa lagasetninguna um greiðsluaðlögun, er nauðsynlegt að fulltrúar hagsmunaaðila eigi sæti, t.d. banka og fjármálastofnana og verkalýðshreyfingarinnar, auk fulltrúa Neytendasamtakanna. En Neytendasamtökin hafa haft frumkvæði að því að kynna málið hér á landi og hafa auk þess drjúga reynslu af því gegnum fjárhagsráðgjöf sem samtökin hófu á síðasta ári.

Fylgiskjal.

Sólrún Halldórsdóttir hagfræðingur:

Lög um greiðsluaðlögun — greinargerð og skýringar.

(Neytendasamtökin, mars 1993.)

Hvers vegna lög um greiðsluaðlögun?

Lög um greiðsluaðlögun í Noregi (Gjeldsordningsloven) tóku gildi 1. janúar 1993. Þau gefa einstaklingum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á því að fá stjórn á fjármálum sínum.

Með löggjöf um greiðsluaðlögun geta þeir sem ekki hafa getað borgað vexti og afborganir af lánum samkvæmt upprunalegum lánasamningi fengið lækkun á greiðslubyrði. T.d. getur lækkun vaxta, lenging lánstíma eða breyting skammtímalána í lán til lengri tíma verið nægjanleg til að lántakandi geti staðið í skilum með skuldbindingar. Ef nauðsyn krefur getur einstaklingur einnig fengið greiðsluaðlögun með lækkuðum höfuðstól eða niðurfellingu skuldar sem ekki er nægjanlega tryggð með veði.

Hverjum hjálpa lögin?

Markmið laganna er að hjálpa einstaklingum sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Fjárhagsvandinn verður að vera það mikill að einstaklingurinn sé ekki fær um að greiða vexti og afborganir. Jafnframt verða greiðsluerfiðleikarnir að vera viðvarandi. Tímabundnir greiðsluerfiðleikar falla því ekki undir lögin. Í lögunum eru ekki nefnd nein neðri mörk af stærð skuldar. Sú greiðslubyrði, sem einstaklingur ræður við, fer eftir tekjum og útgjöldum hans.

Ekki er möguleiki á að sækja um greiðsluaðlögun ef nýlega hefur verið tekið stórt lán. Litið er á slíkt sem misnotkun á löggjöfinni. Ekki er heldur hægt að skrifa maka fyrir eignum og sækja síðan um greiðsluaðlögun. Áður en veitt er leyfi fyrir greiðsluaðlögun verður einstaklingurinn sjálfur að hafa reynt að ná samkomulagi við lánardrottna um greiðsluaðlögun.

Umsókn um greiðsluaðlögun.

Ef ekki hefur náðst samkomulag við lánardrottna er hægt að sækja um að fjármálin verði tekin til athugunar hjá sýslumanni (namsmannen). Umsóknareyðublöð liggja frammi hjá félagsmálastofnun, á skrifstofu Neytendastofnunarinnar og hjá sýslumönnum.

Í umsókninni þurfa að koma fram eftirfarandi atriði:

— Upphæð skulda.
— Nöfn lánardrottna.
— Upplýsingar um fjölskylduhagi og útgjöld.
— Tekjur.

Nauðsynlegt er að gefa sem nákvæmastar upplýsingar um atriði sem hafa áhrif á fjármálin. Ef viljandi er leynt upplýsingum sem skipta máli eða rangar upplýsingar gefnar getur sýslumaður neitað að umsóknin verði tekin til meðhöndlunar. Sýslumaður yfirfer gefnar upplýsingar og nálgast viðbótarupplýsingar ef þurfa þykir. Sýslumaður úrskurðar hvort greiðsluerfiðleikarnir eru það alvarlegir að réttlæti greiðsluaðlögun.

Leiðbeiningarskylda sýslumanns.

Sýslumanni ber skylda til að upplýsa skuldara um hvaða réttindi og skyldur greiðsluaðlögunin hefur fyrir umsækjanda. Skuldari á rétt á að fá hjálp við að koma með tillögur að greiðsluaðlögun. Til að sjá um málefni skuldara er oft ráðinn aðstoðarmaður á greiðsluaðlögunartímabilinu (forskrift om oppnevnelse af og godtgørelse til medhjelper undir gjeldsforhandling).

Eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt hjá sýslumanni fær skuldari þriggja mánaða greiðslufrest á öllum skuldum. Skuldin ber vexti á tímabilinu en gjaldfellur ekki fyrr en síðar.

Samningar við lánardrottna.

Greiðslustöðvunartímabilið er notað til samningaumleitana við lánardrottna um það hvernig skuldari getur losnað úr þeim alvarlegu greiðsluerfiðleikum sem hann er í. Í samningaviðræðum er gengið út frá að skuldari borgi skuldir sínar, en með öðrum skilmálum en hingað til. Til að létta greiðslubyrði er samið um eftirfarandi atriði í þessari röð: a. lækkun vaxta, b. lengri lánstíma. Ef þetta nægir ekki til að losa skuldara úr greiðsluerfiðleikum er samið um: c. afskrifun skuldar að hluta, d. skuld afskrifuð að öllu leyti.

Auglýsing til lánardrottna.

Greiðslustöðvun einstaklinga skal auglýst í Lögbirtingablaðinu. Lánardrottnar þurfa að gefa sig fram við sýslumann innan ákveðins frests (oftast fjórar vikur). Einnig getur sýslumaður ákveðið að auglýsa greiðslustöðvun í bæjarblaði í heimabæ umsækjanda.

Aðgerðir sýslumanns.

Á greiðslustöðvunartímabilinu tekur sýslumaður eignir skuldara í sína vörslu og er því ekki hægt að selja eignir á nauðungaruppboði á tímabilinu. Bíll, sumarbústaður og aðrar eignir, sem ekki eru taldar nauðsynlegar, getur skuldari þurft að selja til þess að til greiðsluaðlögunar geti komið. Með þessu er unnt að greiða niður skuldir og lánardrottnar fá meira í sinn hlut en ella.

Skuldara er ætlaður lágur framfærslukostnaður fyrir fjölskylduna, bæði á greiðslustöðvunar- og greiðsluaðlögunartímabilinu. Ef t.d. húsnæðið er stærra eða dýrara en nauðsynlegt er er sölu krafist á húsnæðinu.

Á greiðslustöðvunartímabilinu dregur sýslumaður (eða umsjónarmaður ef hann hefur verið ráðinn) af launum skuldara þá upphæð sem ekki er nauðsynleg til framfærslu og ráðstafar upp í þær skuldir sem frestur hefur verið fenginn á.

Skyldur skuldara með greiðslustöðvun.

Skuldara ber skylda til að leggja það fjármagn til hliðar sem er umfram áætlaðan framfærslukostnað. Skuldara er þannig ekki leyfilegt að kaupa vöru og/eða þjónustu sem ekki er talin nauðsynleg fyrir heimilið. Skuldari má heldur ekki taka ný lán á greiðslustöðvunartímabilinu án samþykkis allra lánardrottna. Skuldari má heldur ekki selja eða veðsetja eignir sínar án samþykkis sýslumanns.

Greiðsluaðlögun — hvað þá?

Á greiðslustöðvunartímabilinu hefur náðst samkomulag (annaðhvort frjálst eða þvingað) milli skuldara og lánardrottna um greiðsluáætlun. Í samningnum, sem gerður er, kemur fram eftirfarandi,

— hversu stóran hluta höfuðstóls skuldari skal greiða,
— lánstími,
— vaxtaprósenta og upphæð í krónum,
— gjalddagar.

Greiðslubyrði verður í flestum tilfellum áfram þung þrátt fyrir greiðsluaðlögun, en þó ekki þyngri en svo að skuldari geti framfleytt sér og fjölskyldu sinni.

Hversu lengi gildir greiðsluaðlögunin?

Greiðsluaðlögunin gildir í fimm ár. Ef fjárhagsstaða skuldara versnar á þessu tímabili, t.d. vegna atvinnuleysis er hægt að sækja um að samningurinn við lánardrottna verði endurskoðaður með tilliti til breyttra aðstæðna. Ef skuldari hefur aftur á móti bætt fjárhagsstöðu sína á tímabilinu geta lánardrottnar krafist þess að hann borgi meira en upphaflega var um samið.

Skyldur skuldara á greiðsluaðlögunartímabilinu.

Ein höfuðskylda skuldara er að standa í skilum með lán sín samkvæmt samningi við lánardrottna. Ef misbrestur verður á þessu getur lánardrottinn krafist þess að samningi um greiðsluaðlögun verði rift. Þetta þýðir að skuldari er í sömu fjárhagsstöðu og fyrir greiðslustöðvun.

Eftir greiðsluaðlögunartímabilið.

Þegar greiðsluaðlögunartímabilinu lýkur, venjulegast eftir fimm ár, getur skuldari haft hærri ráðstöfunartekjur en sem samsvarar framfærslukostnaði án þess að þurfa að greiða hærri upphæð til lánardrottna.

Einungis er hægt að sækja um greiðsluaðlögun einu sinni. Varkárni í fjármálum er því enn mikilvægari fyrir skuldara eftir að greiðsluaðlögunartímabilinu lýkur en áður.

879. Fyrirspurn [521. mál]

til félagsmálaráðherra um afbrot barna og unglinga og meðferðar- og vistunarúrræði.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Af hve mörgum börnum 10–15 ára þurftu barnaverndarnefndir að hafa afskipti af á árunum 1990–1992 vegna afbrota? Svar óskast sundurgreint eftir aldri barnanna.
2. Hve oft voru afbrot tengd
   a. vínneyslu,
   b. neyslu annarra vímuefna,
   c. geðrænum vandamálum?
   Svar óskast sundurgreint eftir aldri barnanna.
3. Hvaða meðferðar- og vistunarúrræðum hafa barnaverndaryfirvöld yfir að ráða á vegum ríkis, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?
4. Hve margar stofnanir og heimili sinna meðferðar- og umönnunarhlutverki fyrir þessa aldurshópa á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?

5. Hver var heildarkostnaður þessara stofnana og heimila á árunum 1990–1992 hjá ríki, sveitarfélögum eða hjá einkaaðilum?
6. Er einhver sérhæfing í rekstri þessara stofnana eða heimila? Ef svo er, í hverju er hún fólgin og hversu margir einstaklingar voru vistaðir á þessum heimilum á árunum 1990–1992 skipt niður eftir aldri barnanna?
7. Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem brotið hafa af sér, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?
8. Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem neytt hafa vímuefna, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?
9. Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem eiga við geðræn vandamál að stríða, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?

Skriflegt svar óskast.

880. Skýrsla [522. mál]

félagsmálaráðherra um 79. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. Inngangur

Skipulag og starfshættir Alþjóðavinnumálaþingsins hafa lítið breyst frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) árið 1919. Í skýrslu til Alþingis um 78. vinnumálaþingið, sem haldið var árið 1991, var greint frá samþykkt stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um að skipa vinnuhóp til að endurskoða skipulag og starfshætti Alþjóðavinnumálaþingsins með það m.a. að markmiði að gera þingið skilvirkara og á þann hátt stytta þingtímann sem leiðir til minni kostnaðar stofnunarinnar og aðildarríkjanna. Vinnuhópurinn hefur sent frá sér ýmsar tillögur. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu var nokkrum smærri tillögum hrundið í framkvæmd. Meðal annars var ræðutími á allsherjarþinginu styttur sem leiddi til þess að hægt var að slíta þinginu degi fyrr þrátt fyrir fjölgun aðildarríkja og metþátttöku í umræðum.

Önnur breyting sem þingið samþykkti felst í því að breyta ákvæðum þingskapa um nefndakjör. Fram til þess hefur stjórnarnefnd þingsins valið fulltrúa í nefndir. Þessu hefur verið breytt þannig að nú er það þingið sjálft sem kýs nefndir. Þetta hefur í för með sér að aðalþingfulltrúar verða að mæta til óformlegra fundahalda degi fyrir þingsetningu til að gefa til kynna áhuga á þátttöku í nefndum. Kosturinn felst í því að nefndir geta hafið störf á þingsetningardaginn og lokið störfum a.m.k. nokkrum dögum fyrr en verið hefði samkvæmt eldri reglum. Fyrir aðildarríkin þýðir þetta að sérfræðingar, sem taka þátt í nefndum er fjalla um sérhæfð málefni, geta vikið af þingi þegar hlutaðeigandi nefndir hafa lokið störfum og afgreitt tillögur sínar til allsherjarþingsins. Haldið verður áfram að vinna að lagfæringum á þinghaldinu en þess gætt að tækifæri smáríkja til að hafa áhrif á framvindu málefna á þinginu skerðist ekki.

Það sem einkum setti svip sinn á 79. Alþjóðavinnumálaþingið var fjöldi nýrra aðildarríkja. Sérstaka athygli vakti þátttaka fulltrúa Eystrasaltsríkjanna. Eystlands, Lettlands og Litáens, sem voru meðal aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árunum 1921 til 1939 þegar þau voru innlimuð í Sovétríkin. Fulltrúar þessara ríkja voru boðnir velkomnir eftir rúmlega hálfrar aldar fjarveru.

Merkasti árangur þingsins að þessu sinni felst í nýrri alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda. Með samþykktinni er mörkuð samræmd stefna sem aðildarríkin geta fylgt þegar tekist er á við vandamál sem leiðir af gjaldþroti atvinnurekanda. Þetta er víða um heim vaxandi vandmál. Raunar má tala um að alda gjaldþrota hafi riðið yfir Vesturlönd á síðustu árum. Sú þróun hefur ekki farið fram hjá Íslendingum. Því til vitnis er mikill fjöldi gjaldþrota á allra seinustu árum og aukið atvinnuleysi. Í alþjóðasamþykktinni er gert ráð fyrir að launakröfur geti notið verndar með tvennum hætti, þ.e. með því að veita

þeim forgang umfram almennar kröfur í bú gjaldþrota atvinnurekanda og í annan stað með stofnun ábyrgðarsjóðs til verndar launakröfum en það er sú leið sem farin er hér á landi. Íslenskar reglur uppfylla kröfur sem gerðar eru í nýju alþjóðasamþykktinni.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er ein mikilvægasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Í nefndinni er fjallað um niðurstöður athugunar sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á skýrslum sem aðildarríkin senda stofnuninni um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Alþjóðasamþykktir ILO eru nú samtals 173 og fjöldi fullgildinga komst á þinginu í 5.691. Það er því ljóst að starf sérfræðinganefndarinnar er mjög viðamikið og fjöldi mála, sem fjallað er um í skýrslu hennar til þingsins, miklu meiri en þingnefndin kemst yfir að ræða. Af þessu leiðir að þingnefndin og þingið taka fyrst og fremst alvarlegri brot á alþjóðasamþykktum og stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til efnislegrar umfjöllunar. Nánari grein er gerð fyrir störfum nefndarinnar og athugasemdum sem sérfræðinganefndin hefur gert við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum í kafla 2.5 í þessari skýrslu.

Af einstökum málum þingsins, sem ástæða er til að vekja athygli á, er starfsmenntun og þjálfun sem voru til almennrar umræðu. Þessi málefni hafa áður verið á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins en í ljósi þeirra skipulagsbreytinga, sem eiga sér stað á vinnumarkaði, þótti rétt að taka þau til umfjöllunar að nýju. Mörg aðildarríki ILO líta á starfsmenntun sem leið til að auka hreyfanleika vinnuaflsins til starfsgreina sem eiga vaxtarmöguleika. Aukin starfsmenntun og þjálfun starfsmanna gerir fyrirtækin hæfari til að standa sig í harðnandi samkeppni. Traust samkeppnisstaða fyrirtækjanna felur í sér atvinnuöryggi þeirra sem hjá þeim starfa. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum fylgst með alþjóðlegri umræðu um gildi starfsmenntunar og unnið að því að leita leiða sem henta íslenskum aðstæðum. Í þessu sambandi má minna á samþykkt Alþingis á frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Lögin, nr. 19/1992, tóku gildi í maí 1992.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 79. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi.

2. 79. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1992

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálaþingið, hið 79. í röðinni, var formlega sett miðvikudaginn 3. júní 1992. Samtals tóku þátt í þinginu um það bil 2.000 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekanda og launafólks. Konur voru 262 eða 13% þingfulltrúa. Hlutfall þeirra hafði lækkað um 2 prósentustig frá 78. þinginu. Fleiri aðildarríki sendu fulltrúa til þingsins en nokkurn tíma áður eða samtals 151. Ástæðan er fjölgun aðildarríkja.

Forseti þingsins var kjörinn Portúgalinn Nascimento Rodrigues, forseti efnahags- og félagsmálaráðs Portúgals. Kjörnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru Solorzano Martines, félags- og vinnumálaráðherra Gvatemala, Decosterd, fulltrúi atvinnurekenda í Sviss, og Mugalla fulltrúi launafólks í Keníu.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, sem var varamaður hans. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson, sendiherra. Varamenn voru: Kristinn Árnason sendiráðunautur, Stefán Jóhannesson sendiráðsritari og Margrét Viðar fulltrúi. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri ASÍ. Varamaður hans var Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður starfsmannafélagsins Sóknar. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun til næstu tveggja ára.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Drög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda (síðari umræða).
5. Varnir gegn stórslysum í iðnaði (fyrri umræða).
6. Starfsmenntun (almenn umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Á þessu þingi varð sú breyting að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Með þessum hætti gátu nefndastörf hafist mun fyrr en á fyrri þingum. Breytingin er liður í því að freista þess að stytta tímann sem vinnumálaþingið er háð og gera starf þess skilvirkara. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, ályktunarnefndar, nefndar sem fjallaði um starfsmenntun í atvinnulífinu, nefndar sem hafði til umfjöllunar drög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda, nefndar um varnir gegn stórslysum í iðnaði, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fjárhagsnefnd og ályktunarnefnd.

Sérstakur heiðursgestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins var Fredrick Chiluba, forseti Sambíu. Árið 1974 var hann kjörinn forseti alþýðusambands Sambíu og var fulltrúi launafólks í sendinefnd lands síns á Alþjóðavinnumálaþinginu á árunum 1975 – 1990.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Umræðuefni á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins var að þessu sinni viðfangsefnið lýðræðisþróun og Alþjóðavinnumálastofnunin. Til grundvallar almennum umræðum var árleg skýrsla forstjóra til þingsins sem skiptist í tvo hluta. Í meginhluta skýrslunnar fjallaði forstjórinn um þróun í átt til lýðræðis sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu og einnig annars staðar í heiminum og þátt alþjóðastofnana í þessari þróun. Í öðrum hluta skýrslunnar var einkum gerð grein fyrir hlutverki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að því er varðar það að styrkja lýðræðið í sessi og auka virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, vinnumál og markaðsbúskap, þríhliðasamstarfið og réttinn til að semja um kaup og kjör. Skýrslan var góður grunnur fyrir umræður um þetta mikilvæga málefni.

Um það bil 300 ræðumenn tóku að þessu sinni til máls í umræðunum og er það mesti skráði fjöldi í sögu Alþjóðavinnumálaþingsins. Af ræðumönnum voru 121 ráðherra. Þess má geta að árið 1991 var ræðutími á allsherjarþinginu styttur úr 15 mínútum í 10 mínútur. Ef þetta hefði ekki verið gert hefði þingið að öllum líkindum staðið a.m.k. degi lengur en raun varð á. Virðingin fyrir mannréttindum og framkvæmd þeirra var kjarninn í flestum þeim ræðum sem fluttar voru undir þessum dagskrárlið þingsins.

Á síðustu dögum þingsins flytur forstjóri ILO, Michel Hansenne, ræðu þar sem hann dregur saman helstu atriði sem fram koma í ræðum þingfulltrúa. Í ræðu sinni á 79. vinnumálaþinginu vakti forstjórinn athygli á því að nú væru tímar breytinga sem gæfu ýmis tækifæri en jafnframt ríkti mikil óvissa í alþjóðastjórnmálum. Þar af leiðandi væri mikilvægt að Alþjóðavinnumálastofnunin stæði vörð um grundvallarmarkmiðin sem sett eru fram í stofnskránni: lýðræði, réttlæti og samstöðu.

Hansenne vakti á því athygli að ef lýðræði ætti að hafa eitthvert inntak yrði efnhagslegt og félagslegt réttlæti að tengjast stjórnmálalegu frelsi. Hann viðurkenndi að breitt bil væri á milli yfirlýstra markmiða og hins kalda raunveruleika í heiminum.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Perz del Castillo, ríkisstjórnarfulltrúi frá Úrúgvæ, formaður. Enn fremur sátu í nefndinni Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Grey, fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Að þessu sinni fjallaði nefndin um kærur vegna fulltrúa launafólks í sendinefndum frá El Salvador, Japan, Kóreu, Marokkó, Súdan og Tékkóslóvakíu. Kært var vegna ráðgjafa launafólks í sendinefnd Malasíu og enn fremur vegna fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndum frá Gíneu, Kamerún, Grænhöfðaeyjum, Myanmar, Nepal, Níkaragva, Paragvæ, Rúmeníu, Tælandi og Tógó.

Yfirleitt fjalla kærurnar um það að ekki hafi verið rétt staðið að vali fulltrúa í sendinefndirnar. Í stofnskránni er kveðið á um rétt helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks til að senda fulltrúa á þingið. Stundum er ekki ljóst hvaða samtök geta gert tilkall til að eiga fulltrúa í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu og verður það tilefni deilna.

Fastafulltrúi Evrópubandalagsins sendi forseta þingsins bréf þar sem fram kom fyrirvari við kjörbréf fulltrúa Júgóslavíu á þinginu. Bréfið var lesið upp á allsherjarþinginu fyrsta þingdaginn. Bandarísk stjórnvöld sendu hliðstætt bréf. Fulltrúar annarra vestrænna ríkja kusu að bíða niðurstöðu kjörbréfanefndar. Hún varð sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu af allsherjarþinginu.

2.4. FJÁRMÁL

Alþjóðavinnumálaþingið, sem haldið var árið 1991, hafði samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árin 1992 og 1993 að upphæð 405,7 milljónir Bandaríkjadala. Nokkur átök áttu sér stað við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar en hún var að lokum afgreidd með öllum greiddum atkvæðum. Að þessu sinni var starfið í nefndinni, sem í eiga sæti einungis fulltrúar ríkisstjórna, tiltölulega rólegt. Nefndin fjallaði um skýrslu stjórnarnefndar og forstjóra um framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar. Hún gaf ekki tilefni til neinna sérstakra viðbragða af hálfu nefndarinnar. Raunar má segja að meginviðfangsefni fjárhagsnefndar hafi verið að ræða ósk frá ríkisstjórn Paragvæ um að öðlast atkvæðisrétt á þinginu. Landið hafði greitt tilskilið árgjald en nokkrum dögum of seint. Samþykkt var einróma að Paragvæ fengi rétt til að greiða atkvæði.

Einnig var fjallað um upphæð árgjalda tveggja nýrra aðildarríkja. Þingið samþykkti tillögu nefndarinnar um að árgjald Kóreu á árinu 1992 verði 0,68% af heildarárgjöldum aðildarríkjanna og árgjald Víetnams verði vegna sama árs 0,01%. Loks var ákveðið að fresta ákvörðun um árgjald Aserbajdsjans, Eistlands, Kírgistans, Lettlands, Litáens og Slóveníu til Alþjóðavinnumálaþingsins 1993.

Þess skal getið að hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,03%. Árgjald Íslands á árinu 1993 verður samkvæmt því 94.039 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 178 fulltrúar með atkvæðisrétt; 92 fulltrúar ríkisstjórna, 26 fulltrúar atvinnurekenda og 60 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 146 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Samtals áttu 26 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í henni. Þannig sátu oft á tíðum um 350 fulltrúar nefndafundi.

Formaður var kosinn Max Rod, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands. Hann er fyrrverandi innanríkisráðherra og núverandi prófessor í alþjóðlegum vinnurétti við háskólann í Leiden í Hollandi. Max Rod gegndi formennsku í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta árið 1990.

Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Þráinn Hallgrímsson.

Umræður í nefndinni byggja á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Skýrsla sérfræðinganna til vinnumálaþingsins hefur vaxið mjög að umfangi síðustu árin. Að þessu sinni var hún 578 blaðsíður. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefst á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Yfirleitt eru fulltrúar ríkisstjórna í meiri hluta ræðumanna sem taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins. Flestir gerðu að umtalsefni skoðanaskipti sem hafa átt sér stað um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nokkur önnur atriði sem fram koma í almenna hluta skýrslunnar. Í þessum hluta nefndarstarfsins var enn fremur rætt um úttekt sérfræðinganna

á framkvæmd tveggja alþjóðasamþykkta, nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, og samþykkt og tillögur um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun. Að afloknum umræðum um þessi atriði hófst athugun á framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í almennum umræðum. Hann hóf ræðu sína á því að vekja athygli á að tímafrekar deilur, sem áttu sér stað á milli fulltrúa í nefndinni um að taka verði tillit til þjóðfélagsgerðar við mat á framkvæmd alþjóðasamþykkta, hefðu hljóðnað. Þetta hefði gert starf nefndarinnar mun skilvirkara en áður. Hann benti á að í skýrslu til Alþjóðavinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta legðu sérfræðingarnir áherslu á mikilvægi skoðanaskipta í þingnefndinni sem þeir kváðust taka tillit til við túlkun á framkvæmd alþjóðasamþykkta. Hann fagnaði þessum ummælum sérfræðinganna og taldi þetta viðhorf mun árangursríkara en þá leið sem felst í 2. mgr. 37. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samkvæmt málsgreininni getur stjórnarnefnd ILO skipað gerðardóm til að leysa ágreining sem kann að ríkja á milli einstakra aðildarríkja og sérfræðinganefndar ILO um túlkun á alþjóðasamþykktum. Bent var á mikilvægi þess að starfsmenn hlutaðeigandi deilda alþjóðavinnumálaskrifstofunnar taki þátt í samningu nýrra alþjóðasamþykkta. Vakin var athygli á því viðhorfi Norðurlandanna að alþjóðasamþykktir séu það rúmar að þjóðir á ólíku þróunarstigi geti fullgilt þær. Vísað var til alþjóðasamþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og því lýst yfir að aukning atvinnu og aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi væru forgangsverkefni.

Fulltrúi Íslands lagði áherslu á mikilvægi þess að Alþjóðavinnumálastofnunin taki virkan þátt í undirbúningi alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindamál sem haldin verður árið 1993 í Vínarborg. Enn fremur kom fram í máli hans að þátttaka fulltrúa ILO í endurskoðun ákvæða í félagsmálasáttmála Evrópu hafi verið mikilvæg.

Í niðurlagi ræðunnar var vakin athygli á sívaxandi vanda sem aðildarríkin eiga við að stríða í sambandi við það að senda skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fyrir tilskilinn skilafrest sem er 15. október. Lagt var til að ósk um skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta verði send aðildarríkjunum fyrr en nú tíðkast.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Stærsti hluti starfa þingnefndar, sem fjallar um framkvæmt aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, fer í að ræða athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Þessi skrá hefur lengst með hverju ári. Á 79. þinginu voru tæplega 60 mál á skránni. Athugasemdirnar eru af ýmsu tagi. Vel er fylgst með því að nýjar alþjóðasamþykktir séu kynntar löggjafarsamkomum aðildarríkjanna innan tilskilins frests sem er eitt ár og í undantekningartilvikum 18 mánuðir. Aðildarríkin eru krafin skýringa á því ef um óhóflegan drátt er að ræða á samningu skýrslna um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérstök áhersla er lögð á skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallarsamþykkta ILO.

Enda þótt flestar athugasemdirnar í skýrslu sérfræðinganna séu neikvæðar er þess getið sem vel er gert. Í skýrslunni er ætíð birt skrá yfir ríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa

tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 30 aðildarríki, þar á meðal Ísland, auk fjögurra sjálfstjórnarsvæða.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á þinginu 1992 hlaut Súdan þennan vafasama heiður. Það var vegna meintra brota á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Í umsögn þingnefndarinnar var sérstaklega til þess tekið að sérfræðinganefndin hafði ekki getað fjallað um málefnið vegna þess að ríkisstjórn Súdan hafði látið hjá líða að senda ILO skýrslu þar sem hún gerði grein fyrir viðhorfum sínum til brotanna. Fulltrúi ríkisstjórnar Súdan mætti á fund þingnefndarinnar og neitaði ásökunum um að nauðungarvinna ætti sér stað í Súdan. Þrátt fyrir það samþykkti nefndin að skora á ríkisstjórnina að grípa þegar í stað til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir nauðungarvinnu.

Kæra sambands breskra verkalýðsfélaga, TUC.

Svonefnt Cheltenham-mál er farið að verða meðal fastra dagskrárliða á Alþjóðavinnumálaþinginu. Það fjallar um kæru frá Sambandi breskra verkalýðsfélaga (TUC) á hendur ríkisstjórn Stóra-Bretlands vegna brota á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Kjarni málsins er sá að breska ríkisstjórnin hefur sett reglur sem takmarka rétt starfsmanna í fjarskiptamiðstöðinni í Cheltenham á Englandi til að gerast félagar í því stéttarfélagi sem þeir sjálfir kjósa af fúsum og frjálsum vilja. Ástæða þessa er sú að breska ríkisstjórnin gat ekki sætt sig við að búa við óvissu sem felst í hugsanlegri hættu á verkföllum í fjarskiptamiðstöðinni sem er hluti af öryggiskeðju Norður-Atlantshafsbandalagsins þótt hún lúti ekki heraga. Þetta mál hefur komið til umfjöllunar nokkrum sinnum á vinnumálaþinginu og ætíð vakið mikla athygli eins og rakið var í skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið 1991. Svo var einnig að þessu sinni.

Fyrir umfjöllun vinnumálaþingsins árið 1991 voru fulltrúar bresku ríkisstjórnarinnar og bresku stéttarfélaganna mjög virkir í að kynna málstað sinn fyrir öðrum þingfulltrúum. Sérstaklega voru fulltrúar vestrænna ríkja beittir miklum þrýstingi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að Stóra-Bretlands yrði getið í sérstaka hluta skýrslu þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, sbr. það sem segir hér að framan um þau viðurlög. Í viðræðum, sem þá fóru fram, var bent á að réttur til aðildar stéttarfélags er tengdur við réttinn til að gera verkfall. Fulltrúar stéttarfélaganna lögðu ríka áherslu á það að ríkisstjórnin hefði haft að engu tilmæli vinnumálaþingsins árið 1989 um að taka upp viðræður með það að markmiði að finna lausn á þessu deilumáli. Engin hreyfing í tvö ár hefði gert brot ríkisstjórnarinnar mun alvarlegra en áður. Fulltrúar launafólks gáfu til kynna að þeir mundu óska eftir því að Stóra-Bretlands yrði getið í sérstaka hluta skýrslu þingnefndarinnar. Ef sú ósk hefði náð fram að ganga hefði það verið í fyrsta skipti sem vestrænt lýðræðisríki hefði hlotið þann áfellisdóm.

Fulltrúi ríkisstjórnar Stóra-Bretlands hélt ítarlega ræðu í nefndinni og rakti afstöðu stjórnvalda til þessa deilumáls. Fulltrúi launafólks hélt einnig ræðu þar sem gerð var grein fyrir að þetta mál væri litið mjög alvarlegum augum. Hann kvaðst hafa veitt því sérstaka athygli að í ræðu fulltrúa bresku ríkisstjórnarinnar hefði verið gefið til kynna að ríkisstjórnin væri þrátt fyrir allt reiðubúin til að taka upp viðræður að nýju við TUC í því skyni að leita lausna á ágreiningsefnum. Þar af leiðandi mundu fulltrúar launafólks á þinginu að þessu

sinni ekki gera kröfu um að Alþjóðavinnumálaþingið fordæmdi framgöngu breskra stjórnvalda í málinu. Niðurstaðan varð þar með sú að þingið samþykkti að beina þeim eindregnu tilmælum til bresku ríkisstjórnarinnar að hún taki upp viðræður við TUC og gefi skýrslu þegar á næsta vinnumálaþingi um framvindu málsins. Þingið samþykkti einnig að lýsa yfir óánægju sinni með það hvernig bresk stjórnvöld hefðu haldið á þessu ágreiningsmáli.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er á nokkrum stöðum að finna athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Hér fer efnislega samantekt á helstu athugasemdum sem fram koma í skýrslunni:

Alþjóðasamþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega.

Í skýrslunni segir að nefndin gefi gaum að skýrslu ríkisstjórnarinnar og athugasemdum Alþýðusambands Íslands. Einnig að hún gefi gaum að því að eftir samningaviðræður milli aðila vinnumarkaðarins hafi verið gerður samningur um kaup og kjör í febrúar sem skyldi gilda til september 1991. Í samningnum sé að finna ákvæði um sérstaka kjaranefnd með aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, en ríkisstjórnin telji það ákvæði eitt hið mikilvægasta í samningnum. Þessi nefnd virðist hafa meginhlutverki að gegna við gerð almennra kjarasamninga þar eð hún hefur vald til að hækka laun, miðað við tilteknar forsendur, þótt svo virðist sem hún verði að leita samþykkis fyrir ákvörðunum sínum.

Nefndin lýkur athugasemdum sínum með því að fara þess á leit við ríkisstjórnina að hún fái upplýsingar um störf og ákvarðanir kjaranefndarinnar í næstu skýrslu.

Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Fram kemur að nefndinni þykir áhugaverðar ítarlegar upplýsingar í skýrslum og gögnum frá ríkisstjórn Íslands í tengslum við samþykktir nr. 100 og 111. Orðrétt segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar:

„1. Í fyrri beinu beiðni sinni hafði nefndin óskað eftir því að ríkisstjórnin gæfi upplýsingar um hvers konar aðgerðir í kjölfar könnunar Þjóðhagsstofnunar árið 1989 á launamun karla og kvenna. (Í könnuninni hafði komið í ljós að þótt 38% starfsmanna í fullu starfi árið 1986 væru konur var hlutdeild þeirra í atvinnutekjum aðeins 28% af atvinnutekjum starfsmanna í fullu starfi. Enn fremur hafði munur á atvinnutekjum karla og kvenna minnkað aðeins örlítið á undanförnum árum. Meðalatvinnutekjur kvenna voru u.þ.b. 60% af meðalatvinnutekjum karla. Þessi munur var mest áberandi þegar laun beggja kynja voru hæst, milli 35 og 50 ára aldurs; meðalatvinnutekjur kvenna fóru þá allt niður í 45% af meðalatvinnutekjum karla.)

Í skýrslu sinni bendir ríkisstjórnin á að sérfræðinga greini á um orsakir þessa launamunar; sumir þeirra hafi bent á meiri menntun, starfsþjálfun og lengri starfsreynslu karla. Hins vegar bendir ríkisstjórnin á að skýringin um menntun eigi ekki við um ómenntaða starfsmenn og meiri starfsreynsla sé ekki haldbær skýring á launamun í lægri aldursflokkum því ekki sé lengur um það að ræða að konur á barneignaraldri streymi í stórum stíl út af vinnumarkaðnum. Ríkisstjórnin lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þessa ástands og tilgreinir ýmsar ráðstafanir sem hún hefur gert til að hrinda í framkvæmd ákvæðum laga þess efnis að „konur og karlar skuli hljóta sömu laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. (Þetta ákvæði hefur, með litlum breytingum, verið hluti af þeim jafnréttislögum sem samþykkt hafa verið síðan 1976; og það er enn áréttað í 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, nr. 28/1991.)

2. Nefndinni þykja áhugaverðar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gert í þessu sambandi, m.a.:

(i) Samþykkt ofangreindra laga nr. 28/1991, en ákvæðum þeirra laga er lýst í athugasemdum nefndarinnar í tengslum við samþykkt nr. 111.

(ii) Samþykkt annarrar fjögurra ára framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að tryggja jafnrétti kynjanna (1991–1994), en þar er m.a. lögð áhersla á ráðstafanir til að stuðla að jafnrétti kynjanna í skólakerfinu, jafnrétti kvenna og karla til launa og bættri stöðu kvenna á vinnumarkaði og í strjálbýli. Nefndinni þykir athyglisvert að meðal sérstakra verkefna, sem tilgreind eru í því skyni að hrinda áætluninni í framkvæmd, er ætlunin að gera könnun á launum og hlunnindum kvenna og karla í fimm stórum ríkisstofnunum, t.d. á sviði heilbrigðis- og menntamála.

(iii) Þátttaka ríkisstjórnarinnar í ýmsum áætlunum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, m.a. Bryt-verkefninu (1985–1989), þar sem ætlunin er að móta og prófa aðferðir til að útrýma kynjamisrétti á vinnumarkaði. Sem hluti af framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu um jafnrétti kvenna og karla (1989–1993) hefur verið hafist handa um fimm ára jafnlaunaverkefni í því skyni að sýna fram á tölfræðileg tengsl í fyrirliggjandi gögnum um misrétti kvenna og karla til launa í því skyni að finna orsakir þess og gera tillögur um ráðstafanir til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir jöfnum launum.

(iv) Að koma á fót jafnréttisáætlun í u.þ.b. 50 ríkisstofnunum í þeim tilgangi að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum og bæta laun þeirra.

3. Nefndinni þykir áhugavert að eftir að almennir kjarasamningar höfðu verið gerðir milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Reykjavíkurborgar 1989 skipuðu aðilar vinnumarkaðarins viðræðunefnd til að kanna hvaða breytingar hafi orðið varðandi launamun, hvaða ástæður liggi að baki honum og hvernig draga megi úr honum. Nefndin hefur einnig gefið gaum að því ákvæði um endurskoðun á starfsmati sem var í almennum kjarasamningum milli sveitarfélaga og BSRB og að það hefur leitt til endurskoðunar starfsmats í röskum helmingi þeirra sveitarfélaga sem áttu aðild að samningunum. Hvatinn að þessari ráðstöfun var augljós launamunur milli starfsmanna einkafyrirtækja og starfsmanna hins opinbera, en ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún voni að þessi endurskoðun hafi komið konum til góða.

4. Nefndin væri þakklát ef ríkisstjórnin héldi áfram að veita henni upplýsingar í skýrslum sínum í framtíðinni um þann árangur sem náðst hefur vegna ofangreindra aðgerða og annarra ráðstafana til að draga úr launamun milli kvenna og karla."

Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Í allmörg ár hefur sérfræðinganefndinni orðið tíðrætt um framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Það er einkum ákvæði 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, sem nefndin hefur gagnrýnt. Í skýrslu sérfræðinganna kemur fram að nefndin hafi gefið því gaum þeirri ánægjulegu breytingu að 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem kveðið var á um að skipverji, sem gerði sig sekan um óhlýðni eða neitaði að hlýða fyrirskipunum, ætti yfir höfði sér fangelsisdóm, var felld niður með lögum nr. 53/1990.

Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar segir að hún hafi um margra ára skeið gefið gaum að þeim ráðstöfunum sem Íslendingar hafa gripið til síðan 1976 þegar fyrstu lögin um jafnrétti kynjanna voru sett á Íslandi. Síðan segir orðrétt:

„1. Nefndinni þykir áhugaverð samþykkt laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, þar sem: sérstakri kærunefnd eru falin jafnréttismál, en jafnréttisráð skal m.a. sjá um að stuðla að framgangi laganna, móta stefnu og vera til ráðuneytis; sönnunarskyldunni er snúið við í málum sem lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála með því að skylda vinnuveitanda til að sanna að kynferði hafi ekki skipt máli í málum sem varða meint brot á réttindum samkvæmt lögunum; félagsmálaráðherra er falið að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um jafnréttismál; mælt er fyrir um skipun jafnréttisnefndar í sveitarfélögum með meira en 500 íbúa, en hlutverk hennar skal vera að fjalla um jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laganna; og þar sem kveðið er nánar á um hlutverk og tengsl félagsmálaráðuneytisins, jafnréttisráðs og jafnréttisnefndar í hverju byggðarlagi.

Nefndin óskar þess að ríkisstjórnin gefi í næstu skýrslu sinni upplýsingar um framkvæmd laganna og einkum störf kærunefndar jafnréttismála og jafnréttisnefnda í hinum einstöku byggðarlögum.

2. Nefndinni þykir einnig áhugaverð samþykkt annarrar fjögurra ára framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að tryggja jafnrétti milli kynjanna (1991–94). Í áætluninni er viðurkennd skylda ríkisstjórnarinnar til að hafa frumkvæði og ganga á undan með góðu fordæmi og lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að stuðla að jafnrétti kvenna og karla, hverra á sínu sviði. Nefndin gefur gaum að því að þær tillögur, sem gerðar hafa verið samkvæmt áætluninni til hlutaðeigandi ráðuneyta, snerta ráðstafanir til að stuðla að jafnrétti karla og kvenna á öllum stigum menntakerfisins, launakjör karla og kvenna, bætta stöðu kvenna á vinnumarkaði og í strjálbýli og ýmis félagsleg réttindi. Meðal þessara tillagna þykja nefndinni áhugaverðar tillögur um stofnun starfshóps um stöðu karla í breyttu samfélagi með aukinni áherslu á jafna skiptingu starfa og ábyrgðar á uppeldi barna (2.1); löggjöf um starfsmenntun (2.7); sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu (3.1); konur sem starfa í iðnaði (7.1, 7.2); konur í landbúnaði (8.1, 8.2); stofnun starfshóps um jafnrétti í skólum (9.3); svo og stöðu kvenna í tilteknum atvinnugreinum, svo sem við bankastörf.

Nefndin óskar þess að ríkisstjórnin gefi henni upplýsingar í næstu skýrslu sinni um framkvæmd áætlunarinnar og einkum þeirra tillagna sem getið var hér að framan.

2.6. VERND LAUNAKRAFNA VIÐ GJALDÞROT ATVINNUREKANDA

Á dagskrá þingsins var síðari umræða um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um vernd launakrafna þegar atvinnurekandi verður gjaldþrota.

Í starfi nefndarinnar tóku þátt 170 fulltrúar, þar af voru 66 fulltrúar ríkisstjórna, 48 fulltrúar atvinnurekenda og 56 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus á fyrsta fundi sínum Maria Elena Cabrera Armas, ríkisstjórnarfulltrúa frá Venesúela, formann. Varaformenn voru kosnir Varela Traverso, fulltrúi atvinnurekenda í Úrúgvæ, og Leon Lynch, fulltrúi launafólks í Bandaríkjunum. Ritari var Katherine Moynihan, fulltrúi ríkisstjórnar Kanada. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon.

Starfið í nefndinni einkenndist af vilja til að ná árangri. Af því leiddi að ágreiningur um drög að orðalagi alþjóðasamþykktar og tillögu var tiltölulega lítill. Fulltrúar atvinnurekenda voru samt ónægðir og vöktu athygli á því að svo virtist sem bandalag væri á milli fulltrúa launafólks og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þeir töldu því erfitt að fá undirtektir við tillögur sínar meðal annarra ríkisstjórnarfulltrúa. Enn fremur bentu þeir á að ríkisstjórnarfulltrúar bandalagsins greiddu allir eins atkvæði.

Við upphaf almennra umræðna í nefndinni lagði formaðurinn, Cabrera Armas, áherslu á mikilvægi þess fyrir launafólk alls staðar í heiminum að takast mætti að ná samkomulagi

um alþjóðasamþykkt um vernd launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda. Hún lýsti þeirri von sinni að hægt yrði að ná samkomulagi um orðalag sem veitti launafólki nauðsynlega vernd.

Talsmenn atvinnurekenda lögðust eindregið gegn afgreiðslu samþykktar um þetta efni. Röksemd þeirra var að alþjóðasamþykkt væri ekki nægilega sveigjanleg þannig að hægt yrði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í framtíðinni. Vakin var athygli á þeirri staðreynd að fá ríki hafa fullgilt nýrri samþykktir ILO. Þar af leiðandi skoruðu fulltrúar atvinnurekenda á aðra nefndarmenn að falla frá hugmyndum um afgreiðslu samþykktar. Einnig var bent á að forgangsréttur launakrafna gæti orðið þrándur í götu fjármögnunar á nýjum fjárfestingum og það kæmi í veg fyrir fjölgun starfa. Atvinnurekendur voru einnig þeirrar skoðunar að stofnun ábyrgðarsjóðs ætti að eiga sér stað í samræmi við löggjöf og venju í hlutaðeigandi aðildarríki og eftir samráð við hlutaðeigandi aðila. Almennar reglur um stofnun slíks sjóð ættu því einungis að vera í tillögu.

Talsmenn launafólks minntu á það að 78. Alþjóðavinnumálaþingið hefði samþykkt að stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillögu um vernd launakrafna. Bent var á að alþjóðasamþykktin fjallaði um efni sem oft er afleiðing af markaðsbúskap, þ.e. gjaldþrot. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á að þar sem markaðsbúskapur er ráðandi eru athafnamenn hvattir með margvíslegum hætti til að taka áhættu en kostnaður við slíka áhættu fellur oft á launafólk. Bent var á að félagslegar afleiðingar gjaldþrota, sem hefur fjölgað mjög mikið, eru alvarlegar. Ræðumenn töldu ýmsar ástæður fyrir fjölgun gjaldþrota, t.d. endurskipulagningu atvinnulífsins, ný fyrirtækjaform og afnám ýmissa reglugerða sem hafa leitt til aukinnar samkeppni.

Helstu ákvæði samþykktarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar, sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um vernd launakrafna við gjaldþrot atvinnurekenda, var sú að gera minni háttar breytingar á drögum sem 78. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi. Í því felst að alþjóðasamþykktin, sem þingið sameinaðist um að lokum, er í þremur hlutum.

Í fyrsta hlutanum er að finna almenn ákvæði. Þar er hugtakið *gjaldþrot* skilgreint þannig í 1. gr. að það eigi við þær aðstæður að mál, sem snertir eigur atvinnurekanda, hafi verið höfðað í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum tiltekins aðildarríkis. Rétt er að vekja á því athygli að í fyrstu drögum var talað um eigur atvinnufyrirtækis. Við aðra umræðu var þessu breytt að kröfu fulltrúa launafólks og margra ríkisstjórnarfulltrúa þannig að í samþykktinni er ætíð talað um eigur atvinnurekanda. Í 3. gr. er kveðið á um það að aðildarríki geti annaðhvort fullgilt þann hluta samþykktarinnar sem fjallar um að vernd launakrafna felist í því að þær skuli ganga fyrir almennum kröfum í bú atvinnurekanda eða valið að stofna ábyrgðarsjóð sem ábyrgist launakröfur. Við síðari umræðu var tekið upp ákvæði í greinina um að aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuli tilkynna hvora leiðina það skuldbindur sig til að fara. Það getur einnig skuldbundið sig til að fylgja báðum leiðunum. Fjórða greinin gerir aðildarríki kleift að undanskilja tiltekna hópa frá þeirri vernd sem felst í alþjóðasamþykktinni. Í þessu sambandi eru opinberir starfsmenn sérstaklega tilgreindir en einnig er átt við aðila sem eðli máls er rétt að undanskilja frá gildissviði samþykktarinnar, t.d. vegna tengsla eða vensla við atvinnurekanda.

Annar hluti samþykktarinnar er um vernd launakrafna með því að veita þeim forgang umfram almennar kröfur. Um það er fjallað í 5. gr. Í 6. gr. er nánar kveðið á um það hvaða kröfur njóta verndar og þann tíma sem verndin tekur til. Þannig er lágmarkstíminn að því er varðar launakröfur miðaður við þrjá mánuði fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda. Ákvæðinu var ekki breytt á milli 1. og 2. umræðu. Hins vegar voru átök um b-lið 6. gr. þar sem fjallað er um kröfur vegna ógreidds orlofs. Í fyrstu drögum var vernd

krafna vegna orlofsgreiðslna einnig miðuð við þrjá mánuði. Fram komu breytingartillögur sem allar miðuðu að því að lengja þennan tíma. Niðurstaðan er sú að kröfur um áunnið orlof vegna vinnu á því ári þegar atvinnurekandi varð gjaldþrota eða á næsta ári á undan njóta verndar. Í 8. gr. er fjallað um röðun forgangskrafna. Tekið er fram að landslög eða reglugerðir skulu veita launakröfum forgangsrétt umfram flestar aðrar forgangskröfur, einkum kröfur ríkisins og almannatryggingakerfisins.

Þriðji hluti samþykktarinnar er um ábyrgðarsjóð til verndar launakröfum starfsmanna. Tekið er fram að markmið ábyrgðarsjóðsins skuli vera það að tryggja greiðslu launakrafna starfsmanns á hendur atvinnurekanda ef hann getur ekki staðið í skilum vegna gjaldþrots. Samkvæmt 11. gr. hefur aðildarríki mjög rúmar heimildir til að ákveða skipulag, stjórnun, rekstur og fjármögnun ábyrgðarsjóðs eða launatryggingarsjóðs. Í því sambandi er vísað til 2. gr. samþykktarinnar en þar er tekið fram að ákvæðum skuli beitt með landslögum eða reglugerðum eða öðrum viðeigandi hætti sem samrýmist venjum í hverju landi. 12. gr. hefur að geyma upptalningu á kröfum sem skuli tryggðar af tryggingarsjóðnum. Í greininni er einnig tilgreind lágmarkstímalengd sem kröfurnar njóta verndar. Í þingnefndinni var ekki ágreiningur um kröfur sem skyldu njóta verndar. Hins vegar var tekist á um fresti. Fram komu tillögur um að miða lágmarkstímann við átta vikur og allt að sex mánuði. Niðurstaðan varð sú að launakröfur vegna tiltekins tímabils, sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot, njóta verndar. Kröfur vegna áunnins orlofs vegna vinnu, sem innt var af hendi á tilteknu tímabili sem ekki er styttra en sex mánuðir fyrir gjaldþrot njóta verndar. Samkvæmt 13. gr. er heimilt að takmarka upphæð krafna sem njóta, verndar samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar. Samþykktin í heild er birt sem fylgiskjal I.

Í tillögunni, sem er birt sem fylgiskjal II, er að finna nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar.

Um efni samþykktarinnar gilda á Íslandi lög nr. 52/1992, um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Í lögunum er byggt á báðum leiðum samþykktarinnar. Í 1. gr. laganna er kveðið á um stofnun ábyrgðarsjóðs launa vegna gjaldþrota. Hlutverk sjóðsins er að ábyrgjast kröfu launafólks og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalds á hendur atvinnurekanda við gjaldþrot. Í II. kafla laganna er á því byggt að kröfur, sem njóta verndar ábyrgðarsjóðsins, hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur í bú atvinnurekanda samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum. Þessar kröfur eru taldar upp í 5. gr. laganna. Samanburður á lögum nr. 52/1992 og efni samþykktarinnar leiðir í ljós að reglurnar eru að flestu leyti hliðstæðar.

2.7. VARNIR GEGN STÓRSLYSUM Í IÐNAÐI

Á þinginu var málefnið varnir gegn stórslysum í iðnaði til fyrri umræðu. Forsaga þess að stjórnarnefnd ILO ákvað á sínum tíma að taka þetta málefni til umfjöllunar var heimsókn og ræða Rajiv Gandhi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, á 71. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1985. Í ræðu sinni á vinnumálaþinginu fjallaði Gandhi m.a. um iðnaðarslysið í Bhopal á Indlandi og hættur sem fólnar eru í umhverfi þess iðnverkafólks sem vinnur við hátækniiðnað. Forsætisráðherrann lagði til að alþjóðastofnanir, þar á meðal Alþjóðavinnumálastofnunin, tækju höndum saman til að hindra að atburðirnir í Bhopal gætu gerst aftur. Markmiðið með umfjöllun alþjóðavinnumálaþingsins um þetta málefni er afgreiðsla samþykktar og tillögu þar sem settar eru fram leiðbeiningarreglur sem draga úr hættu á meiri háttar iðnaðarslysum og takmarka afleiðingarnar af slíkum slysum.

Sérstök þingnefnd fjallaði um þetta málefni og kaus hún sér sem formann ríkisstjórnarfulltrúa frá Indónesíu, Payaman Simandjuntak. Varaformenn voru kosnir C.K. Hyder, fulltrúi atvinnurekenda í Bangladess, og P. Aro úr hópi fulltrúa launafólks í Finnlandi. Á fyrsta fundi nefndarinnar áttu sæti 140 fulltrúar. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda í nefndinni var Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins.

Fyrir nefndinni lágu drög að nýrri samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum sem undirbúin höfðu verið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Drögin voru samin á grundvelli niðurstöðu spurningakönnunar meðal aðildarríkja ILO.

Til afgreiðslu voru teknar á fundinum um 180 formlegar breytingartillögur við texta alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og voru þær allar afgreiddar. Eitt af því sem nefndin ræddi ítarlega og þurfti að taka afstöðu til var það hvort takmarka bæri gildissvið samþykkarinnar við verndun starfsmanna gegn slysum og heilsutjóni. Niðurstaða þessara umræðna varð sú að gildissvið samþykktarinnar ætti að vera víðtækara og taka einnig mið af verndun umhverfis og öryggis almennings. Þetta er gert með tilvísun til þeirrar stefnu í umhverfismálum sem mótuð hefur verið af Sameinuðu þjóðunum, að taka beri tillit til umhverfissjónarmiða við allt starf á vegum samtakanna, þar á meðal hjá stofnunum sem starfa á afmörkuðum sviðum eins og Alþjóðavinnumálastofnunin.

Annað atriði, sem miklar umræður urðu um í nefndinni, varðar upplýsingaskyldu atvinnurekenda til starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra um hugsanlegar hættur sem kunna að stafa af starfsemi fyrirtækja.

Nefndin afgreiddi allar tillögur sem fyrir hana voru lagðar og samþykkti að lokum tillögu að nýjum drögum að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. 79. Alþjóðavinnumálaþingið staðfesti niðurstöður nefndarinnar og samþykkti að á 80. þinginu 1993 verði málið tekið fyrir að nýju til endanlegrar afgreiðslu.

2.8. SKIPULAGSBREYTINGAR Á VINNUMARKAÐI OG STARFSMENNTUN

Það málefni sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur látið sig miklu skipta undanfarin ár eru skipulagsbreytingar á vinnumarkaði samfara hagnýtingu nýrrar tækni og starfsmenntun. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu var þetta enn til umfjöllunar í einni af nefndum þingsins. Í starfi hennar tóku þátt samtals 145 fulltrúar, 60 ríkisstjórnarfulltrúar, 41 atvinnurekendafulltrúi og 44 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus Piotrowski, fulltrúa ríkisstjórnar Póllands, sem formann nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Owuor, fulltrúi atvinnurekenda í Keníu, og Douglas, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja-Sjálandi. Ritari nefndarinnar var valinn Björn Jonzon, fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði undirbúið starf nefndarinnar með margvíslegum hætti. Meðal annars hafði hún tekið saman skýrslu um aðlögun og aukna hæfni vinnuaflsins (Adjustment and Human Resources Development). Í skýrslunni er að finna gott yfirlit yfir fyrri skýrslur og ráðstefnur sem haldnar hafa verið á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta málefni. Í henni er greint á milli menntunar og þjálfunar og vakin athygli á mismunandi áhrifum sem skipulagsbreytingar á vinnumarkaði hafa á þessi tvö form sem bæði hafa að markmiði að bæta verkmenntun og hæfi fólks á vinnumarkaði og raunar þess fólks sem stendur utan hans.

Margir ræðumenn luku lofsorði á skýrslu skrifstofunnar sem er aðgengileg, stuttorð og markviss. Fram kom nokkur gagnrýni á fátæklega umfjöllun um efnahagslegan og persónulegan ávinning af meiri starfsmenntun og betri þjálfun. Það vakti nokkra athygli ræðumanna að ekki var í skýrslunni minnst einu orði á hina vel búnu starfsmenntamiðstöð sem Alþjóðavinnumálastofnunin rekur í Tórínó á Ítalíu. Að öðru leyti var umræðan heldur ómarkviss. Fulltrúar frá þróunarlöndum lögðu áherslu á fjárhagsaðstoð til að hrinda í framkvæmd áætlunum á sviði starfsmenntunar og þjálfunar. Nokkurs ótta virtist gæta hjá þessum fulltrúum við að iðnaðarlöndin beindu í of ríkum mæli aðstoð til ríkja í Austur-Evrópu.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Á Alþjóðavinnumálaþinginu er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um önnur málefni en þau sem eru á dagskrá enda fjalli þau um málefni sem snerti starfssvið stofnunarinnar. Tillögur til þingsályktunar skulu hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Um þessar tillögur er fjallað í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins. Spenna í alþjóðamálum hefur oftar en ekki sett svip sinn á starf nefndarinnar. Undanfarin tvö ár hefur það verið átakalítið og aðildarríki hafa ekki lagt jafnmikla áherslu á þátttöku í starfi nefndarinnar sem hefur verið meðal þeirra fjölmennari. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu fundi hennar að jafnaði 168 fulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 69, fulltrúar atvinnurekenda voru 45 og 54 voru fulltrúar launafólks.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Uganda, Ejalu. Varaformenn voru Castle, atvinnurekendafulltrúi frá Stóra-Bretlandi, og Tapiola, fulltrúi launafólks í Finnlandi. Af hálfu Íslands tóku þátt í starfi nefndarinnar Stefán H. Jóhannesson, Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Nefndinni bárust samtals 10 tillögur til þingsályktunar. Norðurlöndin lögðu ekki fram tillögu að þessu sinni. Eftir athugun á efni tillagnanna voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu og framlag þeirra til að ná markmiðinu um fulla atvinnu og fjölga tækifærum til að velja sér starf af frjálsum og fúsum vilja (tillagan hlaut 559.226 vegin atkvæði).[1]
2. Aukning atvinnu sem mikilvægs þáttar í þróun (346.544 vegin atkvæði).
3. Hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í að tryggja réttindi erlendra verkamanna og fjölskyldna þeirra (329.018 vegin atkvæði).
4. Lýðræðisþróun, nánari alþjóðleg efnahagssamvinna og samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins (316.561 vegin atkvæði).
5. Lausn deilna á vinnumarkaði (293.287 vegin atkvæði).

Ályktunin um hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu var afgreidd á mjög skömmum tíma. Í henni er vísað til alþjóðasamþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og til ályktunar sem samþykkt var árið 1987, um atvinnu og skipulagsbreytingar í atvinnulífinu. Samkvæmt ályktuninni er því beint til aðildarríkja ILO að þau leggi áherslu á stefnu sem miði að endurbótum á innra skipulagi sem stuðli að hagvexti, aukinni atvinnu og fjárfestingu.

Önnur þingsályktunartillagan, sem hlaut samþykki, er um aukningu atvinnu sem mikilvægs þáttar í þróun. Hún var samþykkt eftir nokkrar umræður og á henni voru gerðar nokkrar breytingar. Í henni eru ríkisstjórnir, og eftir því sem við á, samtök atvinnurekenda og launafólks, hvattar til að fylgja stefnu sem leiðir til fullrar atvinnu sem skilar arði og skapar aðstæður sem gerir það kleift að velja sér vinnu við hæfi af frjálsum og fúsum vilja. Áhyggjur yfir versnandi atvinnuástandi og samdrætti leyna sér ekki í texta þessarar ályktunar. Í ljósi þess er í henni lögð rík áhersla á nauðsyn þess að móta samræmda stefnu í félags-, vinnu- og starfsmenntunarmálum til að aðstoða ungt fólk og einstaklinga, sem lengi hafa verið atvinnulausir, við það að verða á ný virkir þátttakendur í atvinnulífinu.

Þriðja þingsályktunartillagan er um hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í að stuðla að aukinni vernd til handa launafólki og fjölskyldna þess sem starfar fjarri heimahögum á erlendri grund. Ekki voru allir sáttir við þessa tillögu og tók afgreiðsla hennar umtalsverðan

1) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

tíma. Margar breytingartillögur komu fram og varð niðurstaðan stuttorð ályktunartillaga sem beint er til ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins þar sem lögð er áhersla á tvö atriði. Í fyrsta lagi er því beint til þessara aðila að þeir sjái til þess að vinnuskilyrði erlendra starfsmanna séu í samræmi við kröfur sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum ILO, einkum samþykktum um félagafrelsi og jafnræði. Einnig er varað við kynþáttahatri og hvatt til baráttu gegn því. Annað atriði er fræðsla erlendra starfsmanna um réttindi sín og skyldur. Lagt er til að þessi fræðsla verði veitt, ef unnt er, á móðurmáli starfsmannsins.

Ekki tókst að þessu sinni að afgreiða fleiri tillögur.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu var fjallað um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Nefna má:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Mörg undanfarin ár hefur stefna stjórnvalda í Suður-Afríku í kynþáttamálum verið fastur dagskrárliður á Alþjóðavinnumálaþinginu. Um þetta efni hefur verið fjallað í sérstakri nefnd og hefur tala nefndarfulltrúa verið takmörkuð við 50, þ.e. 20 fulltrúa ríkisstjórna, 10 fulltrúa atvinnurekenda og 10 fulltrúa launafólks. Vinnumálaráðherra Simbabve, Nkomo, var kosinn formaður nefndarinnar. Vandamál nefndarinnar fólst í því að skapa einingu um ályktun, einkum í ljósi þeirrar jákvæðu þróunar sem þrátt fyrir allt hefur átt sér stað í Suður-Afríku á allra síðustu missirum. Það atriði, sem einkum skapaði ágreining, var yfirlýsing frá fundi í Harare, um þróunina í Suður-Afríku, þar sem vísað er til yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofunarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Að mati margra vestrænna ríkisstjórna er sú yfirlýsing úrelt vegna breytinga sem hafa átt sér stað í Suður-Afríku.

Aðbúnaður launafólks á hernumdu arabísku svæðunum.

Á árunum 1986–1989 voru miklir flokkadrættir í ályktunarnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins vegna ástandsins í Palestínu og á öðrum arabískum svæðum sem eru undir stjórn Ísraels. Starf nefndarinnar var svo til lamað á 75. og 76. Alþjóðavinnumálaþinginu. Ljóst var að leita yrði lausnar á þessu vandamáli. Hún fannst og felst í því að undanfarin þrjú ár hefur hálfum degi allsherjarþings vinnumálaþingsins verið varið til umræðna um aðstæður Palestínumanna á svæðum sem lúta stjórn Ísraels. Á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu fóru þessar umræður fram 16. júní og byggðust mest á skýrslu forstjóra um heimsókn fulltrúa Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til þessara svæða. Þess má geta að frá árinu 1978 hefur ILO verið eina alþjóðastofnunin sem hefur fengið tækifæri til að senda sendinefndir til hernámssvæðanna, m.a. til að kynna sér aðstæður í atvinnulífinu og til að meta hvernig fylgt hefur verið eftir tilmælum um úrbætur.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnumálaþingið er meðal umfangsmeiri alþjóðaþinga sem haldin eru. Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að geta fylgst með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lagt er á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum. T.d. hafði fulltrúi ríkisstjórnar Íslands orð fyrir Norðurlöndunum í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fulltrúi Finnlands hélt ræðu í nafni Norðurlandanna í nefnd sem fjallaði um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna o.s.frv.

Annað atriði, sem er til þess fallið er létta sendinefndinni þingstörfin, er samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja. Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast að þessu fjölmenna alþjóðaþingi.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 173, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 79. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1992 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

leggur áherslu á verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda og minnist ákvæða þessa efnis í 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 og 11. gr. Samþykktar um bætur starfsmanna (vegna slysa) frá 1925, og

gefur gaum að því að síðan Samþykktin um verndun launakrafna frá 1949 var afgreidd hefur aukin áhersla verið lögð á að bjarga fyrirtækjum, sem hafa orðið gjaldþrota, og að stuðla ætti að björgun fyrirtækja og tryggja atvinnu þar sem því verður við komið vegna félagslegra og efnahagslegra afleiðinga gjaldþrota, og

gefur gaum að því að síðan framangreindar reglur voru settar hefur orðið augljós þróun í löggjöf og réttarframkvæmd margra aðildarríkja, sem hefur stuðlað að aukinni verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, og þar eð talið er tímabært að þingið samþykki nýjar reglur um launakröfur starfsmanna, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 23. júní 1992, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, 1992.

I. Hluti. Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Í þessari samþykkt á hugtakið „gjaldþrot“ við um þær aðstæður þar sem mál hefur verið höfðað sem snertir eigur atvinnurekanda, í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum tiltekins lands.

2. Hvað snertir þessa samþykkt er aðildarríki heimilt að láta hugtakið „gjaldþrot“ ná til annarra aðstæðna þar sem ekki reynist unnt að greiða launakröfur starfsmanna vegna fjárhagsstöðu atvinnurekanda, t.d. vegna þess að verðmæti eigna hans telst ekki nægilegt til að réttlæta höfðun gjaldþrotamáls.

3. Landslög, reglugerðir eða venjur skulu segja fyrir um að hve miklu leyti eignir atvinnurekanda falla undir málarekstur sem tilgreindur er í 1. tölul. hér að ofan.

2. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar má beita með landslögum eða reglugerð eða öðrum viðeigandi hætti sem samrýmist venjum í hverju landi.

3. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal annaðhvort undirgangast þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í II. hluta, þar sem er að finna ákvæði um verndun launakrafna sem forgangskrafna, eða þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í III. hluta, þar sem kveðið er á um að tryggingasjóður verndi launakröfur starfsmanna, eða skuldbindingar í báðum hlutum. Í greinargerð með fullgildingunni skal tilgreint hvor leiðin hefur verið valin.

2. Aðildarríki, sem hefur upphaflega aðeins samþykkt II. eða III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt að fullgilda hinn hlutann síðar með því að senda tilkynningu þess efnis til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

3. Aðildarríki, sem staðfestir skuldbindingar beggja hluta þessarar samþykktar, er heimilt, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, að takmarka beitingu III. hluta hennar við tiltekna flokka starfsmanna og tilteknar atvinnugreinar. Slíkra takmarkana skal getið í yfirlýsingu um samþykki.

4. Aðildarríki, sem hefur takmarkað samþykki sitt fyrir skuldbindingum í III. hluta samkvæmt 3. tölul. að ofan, skal í fyrstu skýrslu sinni samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tilgreina ástæður fyrir takmörkuðu samþykki sínu. Í skýrslum sínum eftir það skal það veita upplýsingar um hvers konar aukna vernd skv. III. hluta þessarar samþykktar þannig að hún nái til annarra flokka starfsmanna eða annarra starfsgreina.

5. Aðildarríki, sem hefur samþykkt að undirgangast þær skuldbindingar sem tilgreindar eru í II. og III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, að undanskilja hvað snertir II. hluta þær launakröfur sem njóta verndar skv. III. hluta.

6. Samþykki aðildarríkis fyrir skuldbindingum í II. hluta þessarar samþykktar skal *ipso jure* ná til riftunar skuldbindinga þess skv. 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949.

7. Aðildarríki, sem hefur aðeins samþykkt að undirgangast skuldbindingar III. hluta þessarar samþykktar, er heimilt að losa sig undan skuldbindingum sínum skv. 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 hvað snertir þær kröfur sem njóta verndar skv. III. hluta, með yfirlýsingu sem send er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

4. gr.

1. Þessi samþykkt skal ná til allra starfsmanna og allra starfsgreina, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 2. tölul. hér að neðan og þeim takmörkunum sem tilgreindar eru skv. 3. tölul. 3. gr. þessarar samþykktar.

2. Lögbæru stjórnvaldi er heimilt að undanskilja úr II. eða III. hluta eða báðum hlutum þessarar samþykktar tiltekna flokka starfsmanna, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, einkum opinbera starfsmenn, vegna sérstaks eðlis starfs þeirra eða ef þeir njóta annarra trygginga sem veita þeim jafnmikla vernd og samþykktin.

3. Aðildarríki, sem nýtir sér þær undanþágur sem tilgreindar eru í 2. tölul. hér að framan, er skylt að gefa upplýsingar um slíkar undanþágur og tilgreina ástæður fyrir þeim í skýrslum sínum skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

II. Hluti. Verndun launakrafna starfsmanna sem forgangskrafna.

VERNDAÐAR KRÖFUR

5. gr.

Við gjaldþrot atvinnurekanda njóta launakröfur starfsmanna verndar sem forgangskröfur og koma því til greiðslu úr þrotabúi atvinnurekanda áður en kröfur lánardrottna, sem eiga ekki forgangskröfur, koma til greiðslu.

6. gr.

Forgangsréttur nær a.m.k. til:

a. launakrafna starfsmanna vegna tiltekins tímabils, a.m.k. þriggja mánaða fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
b. krafna starfsmanna vegna orlofsgreiðslna í tengslum við störf sem innt voru af hendi á því ári sem gjaldþrot eða uppsögn átti sér stað og á næsta ári á undan;
c. krafna starfsmanna vegna inneignar í tengslum við aðra greidda fjarveru á tilteknu tímabili sem er a.m.k. þrír mánuðir fyrir gjaldþrot eða uppsögn; og
d. uppsagnargreiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn.

TAKMARKANIR

7. gr.

1. Heimilt er með landslögum og reglugerðum að takmarka forgangsrétt starfsmanna hvað snertir launakröfur við tiltekna upphæð sem skal ekki vera undir viðunandi marki að mati samfélagsins.

2. Þar sem slíkar takmarkanir eru í gildi hvað snertir launakröfur starfsmanna skal þess gætt að hin tilgreinda upphæð sé hækkuð eftir þörfum svo að hún haldi verðgildi sínu.

RÖÐUN FORGANGSKRAFNA

8. gr.

1. Landslög eða reglugerðir skulu veita launakröfum starfsmanna forgangsrétt umfram flestar aðrar forgangskröfur, einkum kröfur ríkisins og almannatryggingakerfisins.

2. Ef launakröfur starfsmanna njóta verndar ábyrgðarsjóðs samkvæmt III. hluta þessarar samþykktar er hins vegar heimilt að veita launakröfum, sem njóta slíkrar verndar, minni forgang en kröfum ríkisins og almannatryggingakerfisins.

III. Hluti. Launakröfur starfsmanna verndaðar með ábyrgðarsjóði.

ALMENNAR REGLUR

9. gr.

Ábyrgðarsjóður skal tryggja greiðslu launakrafna starfsmanna á hendur atvinnurekanda ef atvinnurekandi getur ekki staðið í skilum vegna gjaldþrots.

10. gr.

Þegar aðildarríki lætur þennan hluta samþykktarinnar ganga í gildi getur það, að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun.

11. gr.

1. Skipulag, stjórnun, rekstur og fjármögnun launatryggingarsjóða skal vera samkvæmt ákvæðum 2. gr.

2. Ákvæði 1. tölul. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti í samræmi við sérkenni sín og þarfir heimilað tryggingarfélögum að veita þá vernd sem tilgreind er í 9. gr., svo fremi þau veiti fullnægjandi tryggingu.

LAUNAKRÖFUR TRYGGÐAR AF TRYGGINGARSJÓÐI

12. gr.

Þær kröfur starfsmanna, sem njóta verndar samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar, eru a.m.k.:

a. launakröfur vegna tiltekins tímabils sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
b. kröfur um orlofsgreiðslur vegna vinnu sem innt var af hendi á tilteknu tímabili sem er ekki styttra en sex mánuðir fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
c. kröfur vegna inneignar í tengslum við annars konar greidda fjarveru á tilteknu tímabili sem er ekki styttra en átta vikur fyrir gjaldþrot eða uppsögn;
d. greiðsla til starfsmanna við uppsögn.

13. gr.

1. Kröfur, sem verndaðar eru samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar, má takmarka við tiltekna upphæð sem skal ekki vera lægri en samfélagið telur viðunandi.

2. Ef verndun launakrafna er takmörkuð með þessum hætti ber að hækka upphæðina eftir þörfum þannig að hún haldi verðgildi sínu.

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Þessi samþykkt breytir Samþykkt um verndun launakrafna frá 1949 að því marki sem skilgreint er í 6. og 7. tölul. 3. gr. en kemur ekki í veg fyrir fleiri fullgildingar á þeirri samþykkt.

15. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

16. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

17. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

18. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

19. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

20. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

21. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 17. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

22. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 180, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 79. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1992 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

leggur áherslu á verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda og minnist ákvæða þessa efnis í 11. gr. Samþykktar um verndun launakrafna frá 1949 og 11. gr. Samþykktar um bætur starfsmanna (vegna slysa) frá 1925, og

gefur gaum að því að síðan Samþykktin um verndun launakrafna frá 1949 var samþykkt hefur aukin áhersla verið lögð á að bjarga fyrirtækjum, sem hafa orðið gjaldþrota, og að stuðla ætti að björgun fyrirtækja og tryggja atvinnu þar sem því verður við komið vegna félagslegra og efnahagslegra afleiðinga gjaldþrota, og

gefur gaum að því að síðan ofangreindar reglur voru settar hefur orðið augljós þróun í löggjöf og réttarframkvæmd margra aðildarríkja, sem hefur stuðlað að aukinni verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, og þar eð talið er tímabært að þingið samþykki nýjar reglur um launakröfur starfsmanna, og

viðurkennir að tryggingarsjóðir veita launakröfum starfsmanna aukna vernd ef rétt er staðið að stofnun þeirra, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um verndun launakrafna starfsmanna (og gjaldþrot atvinnurekanda), 1992,

gerir þingið í dag, 23. júní 1992, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um verndun launakrafna starfsmanna (og gjaldþrot atvinnurekanda) 1992.

I. Skilgreiningar og starfshættir.

1. (1) Í þessari tillögu á hugtakið „gjaldþrot" við um þær aðstæður þar sem mál hefur verið höfðað sem snertir eignir atvinnurekanda í því skyni að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna samkvæmt lögum og venjum viðkomandi lands.

(2) Hvað snertir þessa tillögu er aðildarríkjum heimilt að láta hugtakið „gjaldþrot" ná einnig til annarra tilvika þar sem ekki reynist unnt að fullnægja launakröfum starfsmanna vegna fjárhagslegrar stöðu atvinnurekanda, einkum í eftirtöldum tilvikum:

a. ef fyrirtæki hefur verið lokað eða það hefur hætt starfsemi eða verið tekið til skiptameðferðar að eigin ósk,
b. ef verðmæti eigna atvinnurekanda nægja ekki til að réttlæta höfðun gjaldþrotamáls,
c. ef í ljós kemur við málshöfðun til að fullnægja launakröfu starfsmanns að atvinnurekandi á engar eignir eða þær nægja ekki til að greiða umrædda skuld,
d. ef atvinnurekandi hefur fallið frá og skiptaráðandi hefur tekið við búi hans og ekki reynist unnt að fullnægja gerðum kröfum.

(3) Ákveðið skyldi í lögum, með reglugerðum eða samkvæmt venju að hve miklu leyti eignir atvinnurekanda falla undir ákvæði 1. tölul.

2. Ákvæðum þessarar tillögu má beita með lögum, reglugerðum eða öðrum hætti samkvæmt venjum í hverju landi.

II. Verndun launakrafna starfsmanna sem forgangskrafna.

VERNDAÐAR KRÖFUR

3. (1) Verndun samkvæmt forgangsrétti nær til eftirtalinna krafna:

a. launa, yfirvinnukaups, þóknunar og hvers konar annarra greiðslna fyrir vinnu sem innt er af hendi á tilteknu tímabili fyrir gjaldþrot eða uppsögn. Þetta tímabil skal ákveðið í landslögum eða með reglugerð og ekki vera styttra en 12 mánuðir,
b. orlofsgreiðslna vegna vinnu sem innt hefur verið að hendi á sama ári og gjaldþrot eða uppsögn eða á næsta ári á undan,
c. gjaldfallinna krafna vegna annarra greiddra fjarverustunda eða kaupauka sem greiddur er við árslok eða á öðrum tíma og ákvæði eru um í landslögum eða reglugerð, almennum kjarasamningum eða einstökum ráðningarsamningum, sem ná til tiltekins tímabils, a.m.k. 12 mánaða, fyrir gjaldþrot eða uppsögn,
d. gjaldfallinna greiðslna sem koma í stað uppsagnarfrests,
e. uppsagnargreiðslna, bóta vegna ósanngjarnrar uppsagnar og annarra greiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn,
f. bóta sem atvinnurekandi greiðir beint vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma,

(2) Verndun launakrafna getur náð til eftirtalinna krafna:

a. gjaldfallinna framlaga vegna lögbundinna almannatrygginga í hverju landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna,
b. gjaldfallinna framlaga vegna félagslegra trygginga á vegum einkaaðila, starfsstétta, samstarfsaðila starfsstétta eða fyrirtækja, óháð lögbundum almannatryggingum í tilteknu landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna,
c. bóta sem starfsmenn áttu rétt á fyrir gjaldþrot vegna þátttöku sinnar í félagslegu tryggingakerfi á vegum fyrirtækis sem kostað er af atvinnurekanda.

(3) Þær kröfur, sem tilgreindar eru í töluliðum (1) og (2) og starfsmaður hefur rétt til að gera samkvæmt dómsúrskurði eða gerðardómi innan 12 mánaða fyrir gjaldþrot, skyldu vera forgangskröfur, hvaða tímamörk sem tilgreind eru í þessum töluliðum.

TAKMARKANIR

4. Þar sem upphæð launakröfu, sem nýtur forgangs, er takmörkuð í landslögum eða með reglugerð svo að upphæðin fari ekki niður fyrir viðunandi mark að mati samfélagsins ber að taka tillit til breytilegra stærða, svo sem lágmarkslauna, þess hluta launa sem ekki er unnt að gera fjárnám í, þeirra launa sem bætur almannatrygginga byggjast á eða meðallauna í iðnaði.

KRÖFUR SEM GJALDFALLA EFTIR AÐ GJALDÞROTAMÁL HEFUR VERIÐ TEKIÐ TIL DÓMS

5. Ef fyrirtæki, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta samkvæmt landslögum og reglugerð, hefur verið heimilað að halda áfram rekstri falla kröfur vegna vinnu, sem hefur verið innt af hendi frá þeim degi þegar framhald rekstrar var heimilað, ekki undir málareksturinn og skulu þær koma til greiðslu úr þeim sjóði sem fyrir hendi er þegar þær falla í gjalddaga.

GREIÐSLUM FLÝTT

6. (1) Ef ekki reynist unnt með rekstri gjaldþrotamáls að tryggja skjótar greiðslur forgangskrafna starfsmanna ber að beita tiltekinni aðferð í því skyni að flýta greiðslum til að tryggja að kröfur verði greiddar úr þeim sjóðum sem fyrir hendi eru eða þegar sjóðir verða fyrir hendi, án þess að beðið sé niðurstaðna í málinu, nema tryggingarsjóður tryggi greiðslu krafna starfsmanna.

(2) Unnt er að flýta greiðslum starfsmanna með eftirfarandi hætti:

a. þeim aðila eða stofnun, sem fer með fjárreiður í búi atvinnurekanda, ber að greiða slíkar kröfur þegar gengið hefur verið úr skugga um að þær séu réttmætar og gjaldfallnar;
b. ef krafan hefur verið vefengd skal starfsmanni gert kleift að fá úrskurð um réttmæti hennar fyrir rétti eða hjá öðrum aðila sem hefur lögsögu í málinu svo að hann geti fengið hana greidda samkvæmt lið (a).

(3) Greiðsla, sem hefur verið flýtt, skal ná til heildarkröfunnar, sem nýtur forgangsréttar, eða a.m.k. þess hluta hennar sem ákveðinn er í landslögum eða reglugerð.

III. Kröfur starfsmanna tryggðar af tryggingarsjóði.

GILDISSVIÐ

7. Vernd krafna starfsmanna af hálfu tryggingarsjóðs ætti að vera svo víðtæk sem unnt er.

STARFSREGLUR

8. Tryggingarsjóðir gætu starfað samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Þeir ættu að vera óháðir atvinnurekanda hvað snertir stjórnun, fjárhagslega og lagalega.
b. Vinnuveitendur ættu að leggja fram fé til slíkra sjóða, nema hið opinbera fjármagni þá að öllu leyti;
c. þeir ættu að takast á hendur skyldur við þá starfsmenn sem verndar njóta, hvort sem atvinnurekandinn hefur fullnægt einhverjum skyldum sínum um fjármögnun þeirra eða ekki;
d. þeir ættu að veita baktryggingu fyrir skuldum gjaldþrota vinnuveitenda hvað snertir kröfur sem njóta verndar og ættu að geta tekið að sér innheimtu krafna fyrir hönd starfsmanna sem þeir hafa innt af hendi greiðslur til;
e. því fé sem tryggingarsjóðir hafa yfir að ráða, svo fremi þess hafi ekki verið aflað með almennri skattheimtu, má aðeins verja í þeim tilgangi sem það var innheimt í.

KRÖFUR SEM TRYGGINGIN VERNDAR

9. (1) Tryggingin ætti að ná til eftirtalinna krafna:

a. launa, yfirvinnukaups, þóknunar og hvers konar annarra greiðslna fyrir vinnu sem innt er af hendi á tilteknum tíma, sem er ekki skemmri en þrír mánuðir, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
b. orlofsgreiðslna vegna vinnu sem innt var af hendi á árinu þegar gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda átti sér stað eða á næsta ári á undan;
c. kaupauka í árslok eða annarra kaupauka sem fyrir er mælt um í landslögum eða reglugerð, almennum kjarasamningum eða ráðningarsamningum einstaklinga, sem gilda um tiltekinn tíma, ekki minna en 12 mánuði, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
d. gjaldfallinna greiðslna vegna annarra greiddra fjarvista á tilteknu tímabili, ekki styttra en þriggja mánaða, fyrir gjaldþrot eða uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
e. greiðslna sem koma í stað uppsagnar af hálfu atvinnurekanda;
f. uppsagnargreiðslna, bóta vegna óréttmætrar uppsagnar og annarra greiðslna sem starfsmenn eiga rétt á við uppsögn af hálfu atvinnurekanda;
g. bóta sem atvinnurekanda ber að greiða beint vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma;

(2) Tryggingin gæti náð til eftirtalinna krafna:

a. gjaldfallinna framlaga vegna lögbundinna almannatrygginga í viðkomandi landi þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna;

b. gjaldfallinna framlaga vegna félagslegra einkatrygginga, sem gilda í tiltekinni starfsgrein, nokkrum starfsgreinum eða tilteknu fyrirtæki, óháð lögbundnum almannatryggingum í viðkomandi landi, þar sem greiðslufall hefur neikvæð áhrif á réttindi starfsmanna;
c. bóta sem starfsmenn áttu rétt á fyrir gjaldþrot vegna þátttöku sinnar í félagslegum tryggingum innan fyrirtækis og atvinnurekanda ber að greiða;
d. launa eða annarra greiðslna samkvæmt þessum tölulið sem starfsmanni eru dæmdar með dómsúrskurði eða gerðardómi innan þriggja mánaða fyrir gjaldþrot.

TAKMARKANIR

10. Ef upphæð kröfu, sem nýtur verndar tryggingarsjóðs, er takmörkuð ber við ákvörðun slíkrar takmörkunar að taka tillit til breytilegra stærða, svo sem lágmarkslauna, þess í hve miklum hluta launanna er ekki unnt að gera fjárnám, þeirrar launaupphæðar sem almannatryggingagreiðslur miðast við eða meðallauna í iðnaði.

IV. Ákvæði sem eru sameiginleg II. og III. hluta.

11. Starfsmönnum eða fulltrúum þeirra skal tilkynnt tímanlega og haft samráð við þá hvað snertir gjaldþrotamál sem höfðað hefur verið og kröfur starfsmanna tengjast.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1992.

Samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins er eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1992 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1992 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1992 samtals 21 fund. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1992 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

a. Alþjóðasamþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
b. Alþjóðasamþykkt nr. 58, um lágmarksaldur barna til sjómennsku.
c. Alþjóðasamþykkt nr. 91, um orlof með launum fyrir sjómenn.
d. Alþjóðasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
e. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til starfs.
f. Alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Skýrsla um 78. Alþjóðavinnumálaþingið 1991.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt

með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1992 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1991. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.

78. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda.

Í skýrslunni er birt greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna kæru Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna vegna setningar bráðbirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Enn fremur er birt álit nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fjallar um félagafrelsi, í kærumálinu. Loks eru birtar í skýrslunni athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 79. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1992 um dagskrármál 79. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir frumdrög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.

Á síðari hluta árs 1992 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrám frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: réttindi starfsfólks í hlutastörfum og um drög að samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.

d. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Á árinu 1992 voru það einkum þrjú atriði sem voru á dagskrá nefndarinnar. Á fyrri hluta árs var farið yfir athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerði við framkvæmd Íslands á sáttmálanum á árunum 1988 og 1989. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálaþingið 1991. Nefndinni voru einnig kynntar tillögur um breytingar á sáttmálanum sem eru til umfjöllunar í nefnd á vegum Evrópuráðsins sem er að endurskoða ákvæði sáttmálans. Á síðari helmingi ársins 1992 fór nefndin yfir drög að skýrslu Íslands um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum á árunum 1990 og 1991. Skýrslan var send Evrópuráðinu í lok janúar 1993.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Eins og greint er frá í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 78. Alþjóðavinnumálaþingið 1991 bárust íslenskum stjórnvöldum í lok janúar 1992 athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989. ILO-nefndin fjallaði um þessar athugasemdir í tengslum við fundi embættismannanefndar á vegum Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslu sérfræðinganna. Með samþykkt bókunar við félagsmálasáttmálann haustið 1991 breytist hlutverk embættimannanefndarinnar þannig að henni er nú falið að velja þau tilvik, þar sem ákvæði félagsmálasáttmálans eru brotin að mati sérfræðinganefndarinnar, og leggja fyrir ráðherranefnd ráðsins að hún samþykki sérstök tilmæli til hlutaðeigandi ríkisstjórnar um úrbætur. Áður leit embættismannanefndin á það sem hlutverk sitt að túlka ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganefndin fær hins vegar afdráttarlausara vald til að leggja lagalegt mat á framkvæmd aðildarríkja sáttmálans. Á fundum ILO-nefndarinnar var einkum rætt um athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við 5. gr. félagsmálasáttmálans, um félagafrelsi, og 6. gr. sem m.a. er um rétt til að semja um kaup og kjör.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árinu 1992 var fram haldið því verki sem hafið var árið 1990 þegar fundur evrópskra félagsmálaráðherra samþykkti tillögu Lalumiere, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Á vettvangi ILO-nefndarinnar var á árinu 1992 fyrst og fremst fjallað um drög að bókun við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evrópuráðsins. Um er að ræða svipað fyrirkomulag og nú tíðkast hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Einnig hefur ILO-nefndin fjallað um tillögur um breytingar á einstökum efnisgreinum sáttmálans sem hafa verið á dagskrá endurskoðunarnefndarinnar.

Skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmálans á árunum 1990 og 1991.

Hér að framan er þess getið að skýrsla um framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans á árunum 1990 og 1991 hafi verið til umfjöllunar á fundum ILO-nefndarinnar á síðari hluta árs 1992 en skýrslan var send Evrópuráðinu í lok janúar 1993. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skal þetta gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þetta breytist þannig að nú skal til reynslu í næstu fjögur ár taka saman skýrslu á hverju ári um tiltekinn fjölda greina. Aðildarríkin munu í raun skila skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Af breytingunni leiðir að sérfræðinganefndin getur nú samtímis lagt mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það ætti að leiða til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

881. Tillaga til þingsályktunar [523. mál]

um gerð vegar milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á gerð varanlegs vegar á hinni gömlu þjóðleið um Leggjabrjót milli Þingvalla og Hvalfjarðar.

Greinargerð.

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og fram á þessa öld var fjölfarin leið milli Þingvalla og byggðanna norðan Hvalfjarðar. Var leiðin kennd við Leggjabrjót sem er urðarkast á miðjum fjallveginum. Um Leggjabrjót lá leið manna þegar farið var til Alþingis og að Skálholti. Leiðin geymir spor liðinna kynslóða sem fóru um veginn, bæði í skóla og til biskupssetursins í Skálholti, til Alþingis og í öðrum erindum. Leiðin um Leggjabrjót tengdi saman byggðir Hvalfjarðar og Suðurlands, einkum Þingvallasveit.

Um Leggjabrjót eru aðeins 20 km frá Botnsskála í Hvalfirði og að Þingvöllum. Hér er um stutta en afar fagra og söguríka leið að ræða. Oft hefur verið rætt um að leggja akfæran veg um Leggjabrjót og hefur áhugi í þeim efnum farið vaxandi á síðustu árum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa ályktað um málið. Og í tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, sem nú er á lokastigi, er lagt til að gerð verði „akfær vegtenging um Leggjabrjót upp úr Botnsdal“ og að Þingvöllum.

Vegur um Leggjabrjót hefði geysimikla og jákvæða þýðingu í sambandi við ferðamál og ferðamannaþjónustu. Með tilkomu vegar um Leggjabrjót mundi opnast nýr Þingvallahringur sem yrði vinsæll og fjölfarinn og mundi skapa ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu bæði í Hvalfirði og á Akranesi. Þá yrði stutt af þessum vegi að hæsta fossi landsins, Glym í Botnsá, sem er sérstakt náttúruundur.

Fram hafa komið hugmyndir um framtíðarútivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum fyrir Akranes, Borgarnes og höfuðborgarsvæðið, enda er Bláfjallasvæðið nú þegar næstum fullnýtt. Í Botnsdal og Botnssúlum er kjörið svæði til útivistar og heilsuræktar. Botnsdalur er skjólgóður dalur, þar er náttúrufegurð mikil og jarðhiti. Þar er því kjörið að byggja upp aðstöðu og þjónustu í tengslum við útivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum. Forsenda þess er bættar samgöngur og akfær vegur um Leggjabrjót. Fjárfesting í slíkum vegi mundi verða arðbær og hagkvæm, skapa nýja möguleika og ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu og heilsurækt og tengja saman að nýju hinar fögru byggðir Árnessýslu og syðri hluta Borgarfjarðar.

882. Frumvarp til laga [524. mál]

um ferðaþjónustu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála með það að markmiði:

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

II. KAFLI
Stjórn ferðamála.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðuneytið annast tengsl vegna ferðamála innan stjórnkerfisins og leitar eftir samstarfi við önnur ráðuneyti eftir því sem við á.

3. gr.

Halda skal ferðaþing árlega. Það er ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, gerir tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og annað er lýtur að þróun ferðamála. Þingið kýs aðal- og varafulltrúa í Ferðamálaráð, sbr. 4. gr.

Ferðaþing sitja fulltrúar frá hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, samtökum neytenda og samtökum launafólks í ferðaþjónustu. Einnig hafa seturétt fulltrúar opinberra aðila sem tengjast ferðaþjónustu, umhverfisvernd, menntunarmálum og rannsóknum á sviði ferðamála. Heimilt er öðrum að fylgjast með störfum þingsins sem áheyrnarfulltrúar.

Nánar skal kveðið á um ferðaþing í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Í henni skal m.a. kveðið á um rétt aðila til að tilnefna fulltrúa á þingið, réttindi þeirra á þinginu og um helstu verkefni þess.

4. gr.

Ferðamálaráð er tengiliður hins opinbera og ferðaþjónustu. Það vinnur að málefnum atvinnugreinarinnar undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Ferðamálaráð er skipað níu mönnum og jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins til tveggja ára og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Varaformaður situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og tekur sæti formanns í forföllum hans.

Á ferðaþingi eru valdir átta fulltrúar í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn, þar af fjórir samkvæmt tilnefningu, en fjórir kosnir óhlutbundinni kosningu. Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Náttúruverndarráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna einn mann hvert í ráðið, svo og varamenn þeirra. Tilkynna skal nöfn þessara fulltrúa til kjörnefndar á ferðaþingi.

Kjósa skal á ferðaþingi í óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, og skulu þeir vera í forsvari fyrir aðra en þá sem tilnefna í ráðið. Varamenn þeirra eru kosnir á sama hátt.

Samtök, sem tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð, standa straum af kostnaði við störf þeirra í ráðinu. Kostnaður vegna annarra fulltrúa greiðist af Ferðamálaráði.

5. gr.

Ferðamálaráð starfar að þróun ferðaþjónustu í samræmi við markaða ferðamálastefnu með aðstoð skrifstofu ferðamála og ferða- og upplýsingamiðstöðva í kjördæmum landsins, sbr. 7. og 9. gr.

Verkefni ráðsins eru einkum eftirtalin:

1. Að gera árlega tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár til helstu málaflokka og ákvarða síðan skiptingu þess til einstakra verkefna.
2. Að starfa að landkynningar- og markaðsmálum í þágu ferðaþjónustu í samvinnu við aðra.
3. Að vinna að umhverfis- og skipulagsmálum vegna ferðaþjónustu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, sbr. 11. gr.
4. Að örva rannsóknir og þróunarstarf í þágu ferðamála.
5. Að vera ráðgefandi um námsframboð og þjálfun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunasamtök og fræðsluyfirvöld.
6. Að kanna réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
7. Að miðla upplýsingum um hagtölur, samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði ferðaþjónustu.
8. Að annast tengsl við ferðamálasamtök, áhugafélög og björgunarsveitir.
9. Að undirbúa ferðaþing í samræmi við reglugerð.
10. Að halda ráðstefnur um afmörkuð málefni sem snerta atvinnugreinina.
11. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um ferðaþjónustu.

6. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs til fimm ára að fenginni umsögn ráðsins og ber hann starfsheitið ferðamálastjóri. Hann er jafnframt forstöðumaður skrifstofu ferðamála, sbr. 7. gr. Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Skrifstofa ferðamála starfar á vegum Ferðamálaráðs og sinnir verkefnum í umboði þess.

Ferðamálastjóri veitir skrifstofu ferðamála forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Ferðamálastjóri ræður starfsmenn skrifstofu ferðamála að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

Í reglugerð skal kveðið á um skipulag skrifstofunnar og gjöld sem ákveðin kunna að verða fyrir þjónustu hennar.

8. gr.

Ferðamálaráð skal leita samstarf við utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð Íslands um landkynningu og markaðsmál erlendis. Halda skal reglulega samráðsfundi Ferðamálaráðs og þessara aðila.

9. gr.

Í því skyni að treysta þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu er Ferðamálaráði heimilt að gerast meðeigandi og taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva er komið verði á fót í kjördæmum landsins, enda liggi fyrir samkomulag um skipan slíkrar starfsemi í viðkomandi kjördæmi í heild. Frumkvæði að stofnun miðstöðvanna er í höndum ferðamálasamtaka landshlutans, samtaka sveitarfélaga og annarra aðila eftir atvikum. Heimilt er að láta starfsemi þessara miðstöðva ná yfir fleiri en eitt kjördæmi.

Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að hafa með höndum ráðgjöf og þróunarstarfsemi í þágu ferðamála, miðlun upplýsinga og tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra. Slíkar miðstöðvar skulu starfa samkvæmt stofnsamningi og hafa sjálfstæðan fjárhag.

10. gr.

Ákveði ferðamálasamtök landshluta að ráða ferðamálafulltrúa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Framlagið miðast við launakostnað vegna starfa eins manns í kjördæmi.

11. gr.

Ferðamálaráð hlutast til um að komið verði á samstarfi við opinberar stofnanir um verndun fjölsóttra ferðamannastaða, einkum við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Skipulag ríkisins, Skógrækt ríkisins og Vegagerð ríkisins. Þessir aðilar mynda með sér samstarfsnefnd og er hlutverk hennar að gera tillögur um skipulag og verndun fjölsóttra ferðamannastaða og fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda. Nefndin skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu nefndarinnar, að takmarka aðgang að fjölsóttum stöðum eða láta loka þeim fyrir nýtingu í atvinnuskyni uns gerðar hafa verið nauðsynlegar úrbætur í þágu náttúruverndar.

III. KAFLI
Fjármögnun ferðamála.

12. gr.

Starfsemi Ferðamálaráðs skal m.a. fjármögnuð með sérstöku gjaldi er nemur eigi minna en 10% af árlegri vörusölu fríhafna í landinu. Fríhafnir skulu greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Af þessum tekjum skal Ferðamálaráð fjármagna starfsemi sína aðra en laun og almennan kostnað vegna aðalskrifstofu sem skal greitt úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

13. gr.

Ferðamálaráði er heimilt að setja það skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í einstökum verkefnum, m.a. á sviði landkynningar og markaðsmála, að framlög komi frá hagsmunaaðilum.

14. gr.

Starfrækja skal Ferðamálasjóð sem stofnlánasjóð ferðaþjónustunnar. Sjóðurinn er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins en ekki af útlánsskjölum.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um vistun sjóðsins og vörslu að höfðu samráði við ráðherra.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til tveggja ára í senn. Þar af skal Ferðamálaráð tilnefna tvo menn, en samgönguráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

16. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru:

a. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
b. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

17. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra, þannig að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

18. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Lán til framkvæmda á vegum einkaaðila og opinberra aðila gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Lán til annarra þátta ferðamála en greinir í 1. tölul., enda sé með þeim stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Framlög í formi hlutafjár til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs skulu reglubundið kynntar Ferðamálaráði.

Stjórn Ferðamálasjóðs skal hafa samráð við Ferðamálaráð um almenna útlánastefnu og tilkynna skal ráðinu um lánveitingar úr sjóðnum hverju sinni.

19. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 40 ára og mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

20. gr.

Ferðamálasjóður skal starfrækja áhættulánadeild sem veitir lán til þróunarverkefna í ferðaþjónustu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar að höfðu samráði við Ferðamálaráð.

21. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavist skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss. Menntamálaráðuneytið skal í þessu skyni kynna skrifstofu ferðamála byggingaráform um heimavistir og leita álits hennar á þeim á frumstigi hönnunar.

Ferðamálaráð skal leitast við að hafa áhrif á hönnun annarra mannvirkja þannig að tekið sé tillit til ferðaþjónustu eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Ferðamiðlun.

22. gr.

Ferðamiðlun er í lögum þessum samheiti yfir ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, ferðaumboðssala og upplýsinga- og bókunarþjónustu:

1. Ferðaskrifstofa er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.
2. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður ferðaskrifstofum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.
3. Ferðaumboðssali er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast sölu farmiða og ferðaþjónustu í umboði löggiltrar ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis og á ábyrgð þess.
4. Upplýsinga- og bókunarkerfi merkir í lögum þessum fyrirtæki sem á eða rekur tölvukerfi er veitir milliliðum og kaupendum ferðaþjónustu upplýsingar um framboð seljenda og/eða tekur við bókunum.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir ofangreindar skilgreiningar, svo og um það hvort um ferðamiðlunarstarfsemi er að ræða í skilningi laga þessara.

23. gr.

Engum er heimilt að stunda þau störf er greinir í 1. og 2. tölul. 22. gr. eða nota í nafni fyrirtækja eða auglýsingum orðin ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi ráðherra.

Hver sá, sem vill reka slíkt fyrirtæki, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Skal ráðið ganga úr skugga um að skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt. Leyfi til rekstrar skal gefið út til tiltekins tíma, eins árs hið minnsta, fimm ára hið mesta í senn.

24. gr.

Leyfi til starfsemi á sviði ferðamiðlunar eru eftirfarandi:

a. Leyfi fyrir ferðaskrifstofur.
b. Leyfi fyrir ferðaskipuleggjendur.

Skilyrði fyrir leyfi er að forstöðumaður ferðamiðlunar hafi fjárræði og forræði á búi sínu, sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur á Íslandi og hafi verið það í að minnsta kosti þrjú ár og hafi víðtæka þekkingu á ferðaþjónustu.

Það skal einnig vera skilyrði fyrir leyfi að a.m.k. einn starfsmaður ferðaskrifstofunnar hafi haldgóða þekkingu í útgáfu ferðaskjala og hafi starfsreynslu úr ferðamiðlun.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki enda sé það að meiri hluta í eigu Íslendinga og stjórnin innlend og hafi aðsetur hér á landi. Gilda um slíka ferðamiðlun sömu ákvæði og að ofan greinir.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um ferðamiðlun, m.a. um opnunartíma.

25. gr.

Ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skulu leggja fram tryggingu fyrir rekstraröryggi og neytendavernd sem ráðherra metur nægjanlega.

26. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skv. 24. gr. fellur niður:

a. Ef skilyrðum 24. gr. er ekki lengur fullnægt.
b. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
c. Ef reksturinn fullnægir ekki öðrum þeim kröfum sem ráðherra setur.
d. Ef forstöðumaður fyrirtækis flyst af landi brott, lætur af störfum eða andast nema ráðinn sé nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

27. gr.

Ferðaumboðsaðili skal starfa á ábyrgð ferðaskrifstofu eða samgöngufyrirtækis. Ferðaumboðssala er ekki heimilt að skipuleggja ferðir fyrir hópa og einstaklinga né annast móttöku ferðamanna án slíkrar ábyrgðar.

28. gr.

Almenn tölvustýrð upplýsinga- og bókunarkerfi ætluð fyrir ferðaþjónustu skulu vera opin öllum seljendum sem þess óska. Kerfin skulu vera hlutlaus og ekki mismuna seljendum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um slíka starfsemi.

29. gr.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt sérleyfishöfum er heimilt að skipuleggja og selja ferðir á eigin leiðum þannig að fæði og næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig að hve miklu leyti starfsemi íslenskra ferðafélaga fellur undir ákvæði laga þessara.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland skuli samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

31. gr.

Þeir sem skipuleggja hópferðir um Ísland í atvinnuskyni skulu að jafnaði hafa í ferðum sínum menn með íslensk leiðsögumannaréttindi samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður bjóða.

V. KAFLI
Veitinga- og gististaðir og afþreyingarþjónusta.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 1. mgr. nema hafa til þess leyfi.

Þá er í kaflanum kveðið á um skráningarskyldu fyrirtækja er leigja út tæki eða hafa í boði afþreyingu, m.a. fyrir ferðamenn.

33. gr.

Til þess að öðlast leyfi skv. 32. gr. þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. þrjú ár.

Leyfi samkvæmt þessum kafla má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

34. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi skv. 1. gr. að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til allt að fjögurra ára í senn og fellur þá úr gildi nema endurnýjað hafi verið í kjölfar umsóknar. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til samgönguráðuneytis.

35. gr.

Verði leyfishafi eða fyrirtæki sem hann er í ábyrgð fyrir gjaldþrota er þrotabúi heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur. Andist leyfishafi er dánarbúi leyfishafa eða erfingjum heimilt að halda starfsemi í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis. Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi.

Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

36. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að innkalla til lengri eða skemmri tíma leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um innköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

37. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð ákvæði um flokkun veitinga- og gististaða þar sem m.a. skulu koma fram kröfur um þjónustu og neytendavernd. Nafngiftir gisti- og veitingastaða samkvæmt reglugerðinni skulu gefa vísbendingu um þá þjónustu sem í boði er.

38. gr.

Afþreyingarþjónusta, sem rekin er í atvinnuskyni fyrir ferðamenn, svo sem hesta-, hjóla-, báta- eða vélsleðaleigur og skemmtigarðar, skal sækja um skráningu til ráðuneytisins. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi afþreyingarþjónustu þar sem m.a. eru ákvæði um hollustu-, öryggis- og gæðakröfur, tryggingar, eftirlit og annað er lýtur að neytendavernd.

39. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi og skráningarskyldan rekstur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Á skránni skal vera nafn leyfishafa eða forstöðumanns fyrirtækis, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

40. gr.

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar með töldum leyfisveitingum, er á hendi samgönguráðuneytis í samvinnu við hlutaðeigandi embætti, stofnanir og samtök.

41. gr.

Um eftirlit með veitinga- og gististöðum fer samkvæmt lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, lögum um eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og lögum um brunavarnir og brunamál.

42. gr.

Kvörtunarnefnd ferðaþjónustu tekur við rökstuddum aðfinnslum neytenda í garð fyrirtækja í ferðaþjónustu og úrskurðar í ágreiningsmálum. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum: Einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum af hagsmunasamtökum viðkomandi fyrirtækis og oddamanni sem skipaður er af samgönguráðherra. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi. Fyrirmæli um starfssvið og starfshætti nefndarinnar skulu sett í reglugerð. Skrifstofa ferðamála skal veita nefndinni aðstoð í störfum hennar.

43. gr.

Allir þeir, sem undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands eða ráðuneytis. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

44. gr.

Fyrirtækjum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er skylt að láta ráðuneytinu í té endurskoðaða ársreikninga sína eftir því sem óskað kann að verða.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til örnefnanefndar.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að fenginni umsögn Ferðamálaráðs að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerðum nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Við undirbúning þeirra skal haft samráð við hlutaðeigandi samtök og stofnanir eftir því sem við á.

48. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum með heimild í þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1994. Þá falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, og lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum eldri laga um veitinga- og gististaði skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

II.

Endurnýja skal leyfi til rekstrar ferðaskrifstofa, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1985, með umsókn til ráðuneytis fyrir árslok 1993. Leyfi gefin út samkvæmt eldri lögum halda gildi sínu uns afstaða ráðuneytis til nýrra umsókna liggur fyrir.

III.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal Ferðamálaráð starfa samkvæmt eldri lögum þar til fyrsta ferðaþing, sbr. 3. gr., hefur verið haldið og skal það gerast á fyrri hluta árs 1994.

Við upphaf fyrsta ferðaþings tilkynnir ráðherra um skipun formanns og varaformanns Ferðamálaráðs til tveggja ára.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. þess efnis að á ferðaþingi skuli kjósa í „óhlutbundinni kosningu fjóra fulltrúa í ráðið, tvo hvert ár, ...“ skal á fyrsta ferðaþingi kjósa fjóra fulltrúa, þar af tvo aðeins til eins árs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt sem stjórnarfrumvarp á 113. löggjafarþingi árið 1990 en náði þá ekki fram að ganga. Frumvarpið beið 2. umr. í seinni deild, efri deild, en hafði áður verið samþykkt samhljóða í neðri deild.

Í svari við fyrirspurn frá flutningsmanni fyrir nokkrum dögum upplýsti samgönguráðherra að ekki væri í vændum frumvarpsflutningur af hans hálfu varðandi málefni ferðaþjónustunnar og fylgdi sú skýring af hálfu ráðherra að ekki hefði náðst samkomulag milli hans og fjármálaráðherra um fjárhagshlið slíkrar endurskoðunar laga um ferðamál. Enn fremur upplýsti ráðherra að ekki stæði til af sinni hálfu að nýta þá vinnu sem lá að baki þingmálinu um ferðamál í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Í ljósi þessara aðstæðna hefur flutningsmaður ákveðið að leggja frumvarp þetta fyrir þingið á nýjan leik. Með öllu er ótækt að ágreiningur í ríkisstjórn eða milli ráðuneyta valdi því að brýn endurskoðun á lagaákvæðum um ferðamál frestist ár eftir ár.

Fjárhagsmál eða fjárveitingar til ferðamála eru aðeins einn þáttur af mörgum sem taka þarf á og ótækt að öll málefni greinarinnar frjósi föst vegna ágreinings ráðherra um þann þátt.

Eins og fram kemur í greinargerðinni sem hér fer á eftir og fylgdi frumvarpinu á sínum tíma lá þar að baki mikið starf og fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum og frá öllum helstu hagsmunaaðilum lögðu þar hönd á plóginn og nokkuð víðtæk samstaða hafði tekist um málið. Það er von flutningsmanns að með frumvarpinu komist þessi mál á dagskrá á nýjan leik. Ljóst er að ferðaþjónustan þarf nú á stuðningi að halda ef vonir manna um áframhaldandi vöxt greinarinnar og auknar tekjur eiga að rætast. Á sl. ári drógust gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu saman í fyrsta sinn um langt árabil og erlendum ferðamönnum fækkaði. Á sama tíma er ríkisstjórnin að ákveða nýja skattlagningu í formi virðisaukaskatts á margar greinar innan ferðaþjónustunnar.

Að öllu samanlögðu er meira en tímabært að taka málefni ferðaþjónustunnar á dagskrá og þar sem nú liggur fyrir að ekki er að vænta neins frumkvæðis frá ríkisstjórninni í þeim efnum er frumvarpið nú flutt. Því fylgdi á sínum tíma svohljóðandi greinargerð:

Um greinargerð frumvarpsins ásamt fylgiskjölum vísast til athugasemda og fylgiskjala á þskj. 363, 246. mál 113. löggjafarþings, bls. 2664–2718 í A-deild Alþt. 1990–91. Greinargerð og fylgiskjöl þessa máls eru samhljóða á 113. og 116. þingi nema ártöl breytast á tveimur stöðum í textanum þar sem undirbúningsvinna færi nú fram á árinu 1993, ekki 1991, og lögin kæmu til framkvæmda frá ársbyrjun 1994, ekki 1992.

883. Tillaga til þingsályktunar [525. mál]

um ferðamálastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framfylgja ferðamálastefnu sem felur í sér eftirfarandi meginmarkmið:

Markmið:

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.
— Að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land til að efla þekkingu sína á náttúru þess, sögu og menningu.

Leiðir:

Til að ná ofangreindum markmiðum í ferðamálum telur Alþingi að m.a. sé þörf á eftirfarandi aðgerðum:

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

— Að ríkið leggi fram aukið fjármagn til sameiginlegrar yfirstjórnar og þróunar ferðamála, en leitað verði eftir fjárhagslegri þátttöku aðila í ferðaþjónustu til einstakra verkefna.
— Að samkeppnisaðstaða þeirra sem sinna ferðaþjónustu sé á jafnréttisgrundvelli, m.a. að því er varðar opinber gjöld.

— Að vinna að greiðum samskiptum og miðlun upplýsinga milli þeirra sem starfa að ferðaþjónustu, bæði í þágu innlendra og erlendra ferðamanna.
— Að móta langtímaáætlun um ferðamál, þar á meðal um opinberar aðgerðir, til þess að sem best heildarsýn fáist yfir alla þætti ferðamála. Slík áætlun verði endurskoðuð með vissu millibili.
— Að koma á ráðgjafarþjónustu á sem flestum sviðum ferðamála, ekki síst fyrir þá sem ætla að hefja rekstur og fjárfesta í greininni.
— Að hvetja lánastofnanir til að veita aðstoð um rekstrar- og markaðsáætlanir vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu.
— Að kanna möguleika á hliðstæðri fyrirgreiðslu og felst í afurðalánum vegna viðskipta í ferðaþjónustu.
— Að gæta þess að atvinnugreinin sjálf sé aflögufær um fjármagn til uppbyggingar og þróunar.
— Að ríki og sveitarfélög leggi fram fé til þátta sem varða farsæla þróun ferðamála til lengri tíma litið og ekki er líklegt að sinnt verði af einkaaðilum.
— Að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagni sem lagt er í ferðaþjónustu, m.a. með því að lengja ferðamannatímann og samnýta húsnæði og samgöngutæki, þar á meðal með samvinnu við aðrar atvinnugreinar.
— Að hlúa að þeim grunnþáttum í ferðaþjónustu sem fyrir eru á hverjum tíma og nauðsynlegt er að starfræktir séu allt árið.

Rannsóknir og markaðsstörf.
— Að efla rannsóknir á sviði ferðamála, þróa aðferðir til að meta árangur af aðgerðum og miðla upplýsingum um niðurstöður til fyrirtækja.
— Að auka tölfræðilega heimildasöfnun er varpi ljósi á þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar, svo og um samkeppnisstöðu hennar og rekstrarskilyrði á hverjum tíma.
— Að greina sem best milli ferðatilefna, svo sem viðskiptaferða, funda- og ráðstefnuhalds, orlofsdvalar og skemmtiferða vegna markaðssetningar og skipulags innan ferðaþjónustunnar.
— Að móta langtímastefnu um markaðsstörf og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi og við val á markaðssvæðum.
— Að leita eftir samvinnu við aðrar atvinnugreinar um að kynna land og þjóð.
— Að auka samstarf ferðamálaaðila og fjölmiðla, m.a. um að flytja fréttir og upplýsingar til erlendra ferðamanna á meðan þeir dvelja hérlendis.
— Að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu á sviði ferðamála og fylgjast með þróun ferðamennsku um víða veröld.

Umhverfisvernd.
— Að líta á það sem grundvallaratriði við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu að vernda þurfi náttúru landsins og umhverfi. Í þessu skyni verði tryggð náin samvinna við stjórnvöld skipulags- og umhverfismála.
— Að stuðla að því með skipulagi ferða og samgöngum að skemmtiferðafólk dreifist sem mest um landið.
— Að skipuleggja aðgang að ferðamannastöðum og svæðum þar sem hætta er á of miklum ágangi og umhverfisspjöllum.

— Að gera hið fyrsta skipulag um landnotkun á hálendi og annars staðar í óbyggðum og koma á friðlýsingu að náttúruverndarlögum á völdum svæðum.
— Að móta stefnu um vegakerfi og umferð í óbyggðum sem miði í senn að náttúruvernd og að greiða fyrir ferðalögum til valinna svæða samkvæmt nánara skipulagi.
— Að gera stórátak í sorphirðu og hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum og tryggja fjármagn til slíkra aðgerða.
— Að leggja göngustíga og bæta upplýsingar um gönguleiðir, reiðleiðir og skoðunarverða staði.
— Að samvinna sé höfð við leiðsögumenn, landverði og fararstjóra um umhverfisvernd.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.
— Að auðvelda Íslendingum að ferðast innan lands og stuðla að komu erlendra ferðamanna til Íslands eftir því sem samrýmst getur þjóðhagslegum markmiðum og umhverfisvernd.
— Að haga skattlagningu og verðlagningu í ferðaþjónustu hliðstætt því sem gerist í útflutningsgreinum og tryggja að atvinnugreinin sé samkeppnisfær í sem flestu tilliti.
— Að leitast verði við að lækka innlenda kostnaðarliði vegna ferðaþjónustu, ekki síst verð á matvælum.
— Að skilgreina þá þætti sem styrkt geta stöðu Íslands sem ferðamannalands í augum heimamanna og útlendinga og vanda þær áherslur sem líklegar eru til að skila árangri.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.
— Að bæta skipulag ferðamála á landsbyggðinni, m.a. með því að efla þar miðstöðvar fyrir ferðaþjónustu og tryggja að ferðamálafulltrúar starfi í hverjum landshluta.
— Að efla svæðisbundna samvinnu innan landshluta um ferðaþjónustu og kynningu, m.a. með aðild sveitarfélaga og samtaka þeirra.
— Að haga samgöngum, miðlun upplýsinga og uppbyggingu í ferðaþjónustu þannig að ferðafólk dreifist sem víðast.
— Að varðveita sögulegar minjar í landinu og gera ferðafólki kleift að kynnast menningu og atvinnuháttum að fornu og nýju.
— Að vanda til kynningarefnis fyrir ferðamenn í máli og myndum um landið allt og einstaka landshluta og byggðarlög.
— Að veita áhugafélögum á sviði ferðamála og björgunarstarfa stuðning af hálfu hins opinbera og tryggja sem best tengsl þeirra innbyrðis og við aðra aðila í ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.
— Að bæta aðstöðu fatlaðra til ferðalaga og aðgang þeirra að þjónustu sem almennt er í boði.
— Að auðvelda aðgang sem flestra Íslendinga að orlofsdvöl við góðar aðstæður.
— Að bæta öryggi ferðamanna í byggð og óbyggð með leiðbeiningum, skipulagi björgunarmála og tryggingum.
— Að hafa sem fjölbreytilegast framboð af gististöðum og annarri þjónustu.
— Að miðlun upplýsinga til ferðafólks uppfylli kröfur um góða þjónustu og þær séu samræmdar og áreiðanlegar.

Fræðsla og menntun.

— Að auka þekkingu og færni þeirra sem vinna að ferðamálum með samræmdu framboði á námi sem tengist ferðaþjónustu, svo og þjálfun og eftirmenntun. Stuðlað verði að sem bestri samvinnu skóla og fyrirtækja í ferðaþjónustu.
— Að skólar efni í auknum mæli til skoðunar- og námsferða innan lands í tengslum við kennslu í náttúrufræði, sögu og bókmenntum.
— Að sett verði á fót fræðsluráð ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi samkvæmt lögum um framhaldsskóla og samin námsskrá vegna fræðslu í ferðaþjónustu.
— Að styðja starfsemi áhugafélaga á sviði ferðamála sem láta sig varða fræðsluferðir innan lands.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt sem stjórnartillaga á 112. og 113. löggjafarþingi og var hún hluti af stefnumörkun og viðamiklu starfi að ferðamálum sem unnið var að á því kjörtímabili. Samtímis var futt frumvarp til laga um ferðaþjónustu sem einnig er endurflutt nú af sama þingmanni. Þar er í greinargerð ítarlega rökstutt hvers vegna nú er gripið til þess ráðs til að koma málefnum ferðaþjónustunnar á dagskrá, að endurflytja þessi mál og vísast til þess. Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð á sínum tíma:

Um greinargerð þingsályktunartillögunnar ásamt fylgiskjölum vísast til samhljóða athugasemda og fylgiskjala á þskj. 177, 164. mál 113. löggjafarþings, bls. 1853–1942 í A-deild Alþt. 1990–91.

884. Fyrirspurn [526. mál]

til viðskiptaráðherra um erlendar fjárfestingar á Íslandi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikil var fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi árið 1992?
2. Hversu mikil var sú fjárfesting í einstökum atvinnugreinum?
3. Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi?

885. Fyrirspurn [527. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingu Íslendinga erlendis.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikil var fjárfesting innlendra aðila erlendis á árinu 1992?

2. Í hverju fólst sú fjárfesting?
3. Hversu mikill hluti fjárfestingarinnar kom frá
   a. atvinnufyrirtækjum,
   b. fjármálastofnunum, þar með töldum lífeyrissjóðum,
   c. einstaklingum?
4. Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Og ef svo er, á hvaða sviðum helst?

886. Fyrirspurn [528. mál]

til dómsmálaráðherra um lögreglumenn og bifreiðaeign lögreglu.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

1. Hversu margir lögreglumenn eru starfandi í landinu, skipt eftir sérhæfðum lögreglustörfum og lögsagnarumdæmum?
2. Hversu mörgum bifreiðum hefur lögreglan yfir að ráða, skipt eftir lögsagnarumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

887. Tillaga til þingsályktunar [529. mál]

um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Flm.: Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Verkefni nefndarinnar verði

1. að safna saman þeim upplýsingum sem fyrir liggja hjá fjölmörgum aðilum um ofbeldi gegn konum hér á landi,
2. að vinna eða láta vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi efni,
3. að efna til sjálfstæðrar könnunar á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi,
4. að ganga frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi,
5. að gera tillögur um úrbætur.

Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en nefndin ljúki störfum fyrir lok ársins 1994.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af brýnni þörf því engin heildarkönnun liggur fyrir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Vitað er að upplýsingar liggja fyrir víða en þær eru sundurlausar og ekki í samræmdu formi. Þeir aðilar, sem hafa upplýsingar, eru að sjálfsögðu lögreglustjóraembættin, sérstaklega í Reykjavík. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, félagsmálastofnunum sveitarfélaga, heilsugæslustöðvum og slysamóttökum, Samtökum um kvennaathvarf, Stígamótum, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og sjálfsagt fleiri aðilum.

Í svari við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til dómsmálaráðherra um líkamlegt ofbeldi á heimilum (89. mál á 115. löggjafarþingi) kom fram að mikil vandkvæði eru á því hjá lögregluembættum að svara umbeðnum upplýsingum í samanteknu formi vegna skorts á tölvuvæðingu sem ekki er til staðar nema hjá stærri embættum. Í svarinu kom jafnframt fram að við undirbúning að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði (sem tók gildi 1. júlí 1992) var starfandi nefnd sem vann að því að vinnubrögð við meðferð mála yrðu bætt og tölvutækni notuð. Það ætti því að vera auðveldara nú að fá nákvæmar upplýsingar um þennan þátt.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nefndin vinni eða láti vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um ofbeldi gegn konum. Yrði sú vinna vonandi til þess að þeir aðilar, sem hér um ræðir, komi á skipulegu samstarfi sín á milli þannig að unnt verði að nota upplýsingarnar framvegis til miðlunar upplýsinga og til þess að byggja á tillögur um úrbætur.

Þegar nefndin hefur lokið úrvinnslu úr þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, væri eðlilegt að hún sendi frá sér áfangaskýrslu. Samhliða söfnun upplýsinga og úrvinnslu væri síðan eðlilegt — og raunar óhjákvæmilegt — að hún léti kanna sérstaklega afmarkaða þætti ofbeldis gegn konum. Virðist í fljótu bragði eðlilegt að Félagsvísindastofnun yrði fengin til þess að kanna málin í einstökum atriðum með viðtalskönnunum og með aðstoð þeirra stofnana og samtaka sem þekkja til ofbeldis gegn konum.

Þá er komið að fjórða þætti tillögunnar en það er útgáfa á niðurstöðum hennar og loks er gert ráð fyrir að unnið verði að tillögum um úrbætur í framhaldi af starfi nefndarinnar.

Þar sem hér er um viðamikið starf að ræða er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1994. Má vissulega segja að það sé of langur tími miðað við það hvað alvarlegt vandamálið er orðið á Íslandi, en vinna nefndarinnar sem slík mundi einnig áreiðanlega hafa almenn varnaðaráhrif ef rétt er á henni haldið.

Nýlega hafa birst ítarlegar niðurstöður um ofbeldi gegn konum í Bretlandi og ekki er langt síðan birt var greinargerð um ofbeldi gegn konum í Danmörku. Vafalaust mætti hafa not af þessum könnunum við heildarrannsókn hér á landi.

Hér er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið hafi forustu um þessa rannsókn. Það er vandi að finna aðila til að annast slíka rannsókn með hlutlægum hætti; með því að fela dómsmálaráðuneytinu rannsóknina er að nokkru leyti verið að fela því að rannsaka sjálft sig. Hins vegar er vandi að finna annan aðila sem er skyldara að taka á þessu máli með skipulegum hætti. Þess vegna er dómsmálaráðuneytið nefnt. Hins vegar er hér lagt til að dómsmálaráðuneytið fái óháða aðila, eins og Félagsvísindastofnun, til að annast hluta af þessari könnun, en einnig má nefna landlæknisembættið.

Á undanförnum árum hefur aðsókn að eina kvennaathvarfinu á Íslandi aukist mjög. Ljóst er að hér er um stórt vandamál að ræða þó engar heildarkannanir liggi fyrir. T.d. er ekki vitað hvort um aukningu almennt er að ræða eða hvort aukin fræðsla leiðir til þess að fleiri konur leita sér nú aðstoðar, bæði vegna nauðgunarmála hjá Stígamótum og vegna heimilisofbeldis hjá Kvennaathvarfinu.

Dómsmálaráðuneytið hafði yfirumsjón með dönsku könnuninni sem áður var nefnd. Hún var tvíþætt, annars vegar úrtakskönnun á líkamlegu ofbeldi gegn konum og körlum, unnin var af dönsku félagsrannsóknastofnuninni (Socialforskningsinstitutet), þar sem rætt var persónulega við u.þ.b. 1.600 manns og hins vegar samantekt og úrvinnsla upplýsinga frá þeim stofnunum sem höfðu einhverjar upplýsingar fyrirliggjandi. Í könnuninni var spurt um ofbeldi sem konur og karlar höfðu orðið fyrir eftir 16 ára aldur, bæði nauðganir og líkamlegt ofbeldi. Niðurstöður komu út í maí 1992. Þar kemur m.a. fram að 19% kvenna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi a.m.k. einu sinni eftir að þær urðu fullorðnar og af þeim höfðu 9% orðið fyrir grófu ofbeldi. Konurnar þekktu ofbeldismanninn í nær öllum tilvikum. Í helmingi tilvika er ofbeldismaðurinn fyrrverandi eiginmaður eða sambýlismaður. Í hinum helmingnum verða konur fyrir ofbeldinu í tengslum við vinnu, gjarnan vinnu í félags- eða heilbrigðisstofnunum. Fleiri karlar en konur hafa orðið fyrir ofbeldi, líka grófari tegund ofbeldis. 36% höfðu orðið fyrir ofbeldi, þar af 23% grófara ofbeldi. Hins vegar höfðu flestir karlarnir aðeins verið beittir ofbeldi einu sinni og þá yfirleitt af öðrum körlum sem þeir þekktu ekki. Konurnar, sérstaklega þær sem hafa verið beittar grófu ofbeldi, hafa orðið fyrir því oft og þekkja oftast ofbeldismanninn. Samkvæmt könnuninni er eðli ofbeldisins er því mismunandi eftir því hvort kynið verður fyrir því.

Breska könnunin náði til 580 kvenna og 240 karla. Þar var spurt um líkamlegt ofbeldi. Konur voru spurðar um ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir en karlarnir um ofbeldi sem þeir hefðu hugsanlega beitt konur. Niðurstaða þessarar könnunar var birt í febrúar á þessu ári. Hún var unnin af The London Borough of Islington en fjármögnuð af The Department of the Environment and Middlesex University.

888. Tillaga til þingsályktunar [530. mál]

um úttekt á hættu af sjávarágangi.

Flm.: Jón Helgason, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á hættu sem kann að stafa af sjávarágangi hérlendis og gera tillögur um hvernig við er hægt að bregðast, m.a. hvernig verja skuli núverandi mannvirki og hvaða reglur skuli gilda um byggingu nýrra mannvirkja með tilliti til breytinga sem vænta má á sjávarmáli.

Greinargerð.

Tjón á mannvirkjum af völdum sjávarágangs hafa verið alltíð á síðustu árum. Slíkir atburðir eru engin nýlunda hérlendis. Mesta flóð, sem sögur fara af, var Básendaflóðið fyrir tæpum tveimur öldum. Ástæðan fyrir slíku tjóni er að sjálfsögðu sú að mannvirki hafa verið reist of nálægt flóðfari sem hafaldan getur náð til í mestu aftökum. Ástæða þess að byggja svo nálægt sjávarmáli var yfirleitt ekki skortur á landrými heldur var hagkvæmt að sem stystur vegur væri í byggingar sem notaðar voru vegna sjósóknar eða flutninga á sjó þegar engin tækni til flutnings á landi eða ferða var fyrir hendi.

Nú eru aðstæður gjörbreyttar og því engin ástæða til að taka neina áhættu þegar ný mannvirki eru reist, önnur en þau sem tengjast beint hafnargerð. Þar að auki eru mannvirki nú miklu varanlegri og því meiri fyrirhyggju þörf, sérstaklega þar sem vísbending-

ar eru um að sjávarmál fari hækkandi, a.m.k. sums staðar á landinu. Nákvæmar mælingar eru ekki margar fyrir hendi, en ýmsar breytingar á landi, t.d. í nágrenni Reykjavíkur, sem hægt er að sjá af frásögnum fyrri tíma að hafa orðið, benda eindregið í þá átt.

Hafnamálastofnun í samvinnu við Raunvísindastofnun er nú hins vegar að gera nokkurt átak til að ganga frá nákvæmum búnaði á nokkrum stöðum þó að fjárskortur setji því skorður. Það hlýtur svo að taka einhvern tíma að fá öruggar niðurstöður um hvaða breytingar eru að verða á sjávarmáli þó að frekari merki um hvert stefnir hljóti fljótt að koma í ljós.

Með tilliti til þessara staðreynda virðist vera fjarstæða að reisa ný mannvirki mjög nálægt eða neðarlega miðað við sjávarmál. Í ljósi reynslu síðustu ára, þar sem stórar byggingar, sem standa eiga um aldir, ná langt niður fyrir stórstraumsflóðfar, virðist augljós þörf á að setja nú þegar reglur um það hversu varlega eigi að fara á þessu sviði.

Jafnframt er sjálfsagt að meta, miðað við reynslu síðustu áratuga, hvaða mannvirki og staðir kunna að vera í hættu til að gera sér betur grein fyrir því hvernig er á sem hagkvæmastan hátt hægt að draga úr tjóni sem sjávarflóð gætu valdið.

Þá hefur ágangur sjávar á sendna suðurströnd landsins á síðustu árum stefnt mannvirkjum í hættu svo að brýnt er að snúast þar til varnar eftir því sem nokkur kostur er.

889. Tillaga til þingsályktunar [531. mál]

um stefnumótun, rannsóknir og þróunarstarf í ferðamálum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Björn Bjarnason, Sturla Böðvarsson,
Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að móta stefnu í ferðamálum sem hafi það að markmiði að efla þróun ferðaþjónustu og tryggja jafnframt að sú þróun verði ekki til að rýra þau náttúrulegu gæði sem eru undirstaða atvinnugreinarinnar. Við stefnumótunina verði haft fullt samráð við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Leitað verði raunhæfra leiða til að stuðla að rannsóknum og þróunarstarfi á sviði ferðamála í því skyni að beina þróun ferðaþjónustu inn á brautir sem samrýmast markmiðum um sjálfbæra þróun umhverfisins.

Greinargerð.

Ferðamál eru nú stærsta atvinnugrein í heimi, hvort heldur mælt er í tekjum eða störfum. Heildartekjur OECD-ríkjanna af erlendum ferðamönnum árið 1990 voru um 182 milljarðar bandaríkjadala, eða sem nemur 11 þúsund milljörðum íslenskra kr. Heildarútgjöld þegna OECD-ríkjanna vegna ferðalaga voru hins vegar um 12 þúsund milljarðar kr.

Margt bendir til þess að í örum vexti ferðaþjónustunnar í heiminum hafi verið vanrækt að taka tillit til þess viðkvæma sambands sem er milli umhverfismála og ferðamála á sama tíma og hreint umhverfi, samband manns og náttúru og heilbrigt líferni fær síaukið gildi í augum almennings og verður æ mikilvægari þáttur í ferðaþjónustu.

Fyrir utan fjárfestingu í gistirými og flutningatækjum er erlendis lögð aukin áhersla á fjárfestingu í afþreyingu í víðustu merkingu þess orðs. Með hugtakinu er átt við þá margvíslegu þjónustu sem ferðamönnum er veitt á hverjum stað. Í löndum, þar sem nátt-

úran er meginaðdráttarafl ferðamanna og þar af leiðandi sjálf uppspretta tekna í ferðaþjónustu, ber að þróa alla þætti greinarinnar, þar á meðal afþreyingu, með sérstöku tilliti til umhverfismála.

Ferðaþjónusta hefur aukist mjög ört á Íslandi undanfarin ár. Árið 1990 komu rúmlega 140 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands og var þá um 8,6% aukningu að ræða frá fyrra ári. Árið 1992 voru erlendir ferðamenn hér á landi 143.413. Einnig ferðast Íslendingar sjálfir æ meira um landið og er áætlað að innlendir ferðamenn ár hvert séu ívið fleiri en erlendir gestir.

Gildi ferðamála fyrir íslenskt efnahagslíf og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er mikið og hefur vaxið ört undanfarin ár. Árið 1970 voru gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðamálum um 5% af gjaldeyristekjum en voru orðnar 9% árið 1990. Árið 1992 námu þessar tekjur rúmlega 12 milljörðum kr., en það samsvarar 9,8% af gjaldeyristekjum vegna útflutnings á vörum og þjónustu eða 3,25% af vergri landsframleiðslu. Um 4,7% af starfandi Íslendingum vinna við ferðamál. Á undanförnum árum hafa ferðamál því skilað umtalsverðum tekjum bæði til einstakra fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga.

Svo virðist sem tekið hafi fyrir vöxt ferðaþjónustunnar hér á landi. Árið 1992 fækkaði erlendum ferðamönnum um 1% og tekjur af þeim lækkuðu um 900 millj. kr. frá 1991. Milli áranna 1991 og 1992 drógust tekjur okkar af erlendum ferðamönnum, mældar í bandaríkjadölum, saman um 7,6%. Á sama tíma tapa alls fjögur OECD-ríki tekjum af ferðamönnum, og er tapið mest hjá Grikkjum en næstmest hjá Íslendingum.

Ef litið er til þess sem þegnar OECD-ríkjanna eyða í ferðir samsvara heildartekjur Íslendinga af erlendum ferðamönnum um 0,1% af þeim útgjöldum.

Í nágranna- og samkeppnislöndum okkar er lögð rík áhersla á þróun ferðamála. Fjárveitingar Evrópubandalagsins til uppbyggingar ferðaþjónustu í aðildarlöndunum á fimm ára tímabilinu 1989–1993 samsvara um 152 milljörðum íslenskra kr. Í júnímánuði sl. var samþykkt að bandalagið verji jafngildi um 1.400 millj. kr. á næstu þremur árum til sameiginlegs átaksverkefnis sem miðar að því að kynna ferðaþjónustu í bandalagslöndunum á mörkuðum utan EB og til að örva ferðalög innan bandalagsins. Af þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, er ljóst að eftir miklu að er slægjast í ferðaþjónustu en samkeppnin fer harðnandi og staða Íslendinga versnandi.

Hérlendis er náttúra landsins grundvöllur ferðaþjónustunnar. Það skiptir því meginmáli hvernig stefnumörkun í ferðamálum samrýmist helstu markmiðum í umhverfismálum. Nú þegar er álag á umhverfið á vinsælustu og viðkvæmustu viðkomustöðum ferðamanna of mikið og horfir víða til vandræða. Bent hefur verið á hve brýnt sé að fjölga þeim stöðum sem ferðamenn sækja til. Er ekki að efa að þróunarmöguleikar íslenskrar ferðaþjónustu eru talsverðir ef rétt er á málum haldið og tillit er tekið til umhverfisþátta.

Það er áberandi hve lítið rannsókna- og þróunarstarf hefur farið fram hér á landi í tengslum við ferðaþjónustu. Er þá ekki einungis átt við söfnun og úrvinnslu gagna um þá sem landið sækja heim og kannanir á markaðsmálum ferðaþjónustunnar. Eru ekki síður hafðar í huga grundvallarathuganir á því hvaða lífsviðhorfum samtímans Íslendingum hentar vel að þjóna í ferðamálum, hvaða sérstaða það er sem þjóðin gæti markað sér innan alþjóðlegrar ferðaþjónustu, hvernig hún getur kynnt sem best samtímamenningu sína og menningararf þeim sem hingað sækja og síðast en ekki síst hvernig valkostirnir falla að markmiðum þjóðarinnar í umhverfismálum.

Þá skiptir einnig miklu máli að það sem Íslendingar bjóða í ferðamálum flokkist undir eftirsótt gæði og miðist við þarfir þeirra sem hafa verulegan kaupmátt. Það mun gilda í þessari atvinnugrein eins og mörgum öðrum að þjónusta í háum gæðaflokki er ekki eins viðkvæm fyrir efnahagslegum samdrætti og sú sem beinist að þeim tekjulægri.

Brýnt er að virkja einstaklinga, fyrirtæki og vísindastofnanir til rannsókna- og þróunarstarfa í ferðaþjónustu. Er slíkt starf raunar nauðsynlegur þáttur í þeirri stefnumörkun sem þingsályktunartillagan fjallar um en einnig mikilvægur grundvöllur undir frekari fjárfestingar og uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

Á 112. löggjafarþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu. Var tillagan samin af nefnd sem Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi samgönguráðherra, skipaði 1989. Þingsályktunartillagan var lögð fram á Alþingi, tekin til umræðu og vísað til atvinnumálanefndar sem sendi hana fjölmörgum aðilum til umsagnar. Tillagan var ekki afgreidd á því þingi en endurflutt á 113. löggjafarþingi og hafði þá verið tekið tillit til umsagna. Á því þingi reyndist ekki unnt að afgreiða tillöguna. Í henni er fjallað allítarlega um tengsl umhverfisverndar og ferðamála, svo og um mikilvægi rannsókna. Einnig var flutt á 113. löggjafarþingi frumvarp til laga um ferðaþjónustu, en í því var lögð áhersla á tengsl ferðaþjónustu og umhverfisverndar. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

890. Fyrirspurn [532. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðgerðir gegn sandfoki á Mývatnssvæðinu.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu opinberra aðila síðustu sex árin til að hefta sandfok sem ógnar náttúruperlum Mývatnssveitar ásamt gróðri í byggð og afréttarlöndum?
2. Hvað hafa þessar aðgerðir kostað?
3. Til hvaða aðgerða er áætlað að grípa á þessu ári?

891. Tillaga til þingsályktunar [533. mál]

um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem gerður var í Bern 19. september 1979.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem gerður var fyrir tilstilli Evrópuráðsins í Bern 19. september 1979. Samningurinn er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari.

Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra. Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru fágætar. Samningurinn hefur að geyma almenn ákvæði um náttúruvernd og sérstök ákvæði um friðun eða verndun þeirra tegunda sem skráðar eru í viðaukum I til III. Auk þess eru ákvæði um veiðiaðferðir sem tilgreindar eru í viðauka IV.

Gerist Ísland aðili að samningnum verður að gera nokkra fyrirvara við hann vegna íslenskra laga og íslenskra aðstæðna. Þessir fyrirvarar eru birtir í fskj. II með þingsályktunartillögu þessari. Þess ber að geta að fyrir Alþingi liggur frumvarp um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Við undirbúning frumvarpsins var tekið mið af ákvæðum Bernarsamningsins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginefni viðauka og ákvæða er þá varða.

Viðauki I er skrá yfir 475 tegundir háplantna og 26 tegundir mosa sem eru friðaðar samkvæmt samningnum. Aðilar að samningnum skulu friða þessar tegundir og tryggja að vaxtarstaðir þeirra njóti sérstakrar verndar, sbr. 5. og 4. gr. Aðeins þrjár þessara tegunda vaxa á Íslandi með vissu. Tvær þessara tegunda, davíðslykill (Primula egaliksensis) og dvergtungljurt (Botrychium simplex), eru mjög sjaldgæfar hér á landi og því friðaðar. Davíðslykill vex aðeins á einum stað hérlendis svo vitað sé og er í mikilli útrýmingarhættu að mati sérfræðinga. Ísland er reyndar eini vaxtarstaður plöntunnar sem þekktur er í allri Evrópu, en aðalútbreiðsla tegundarinnar er í Ameríku. Þriðja tegundin er gullbrá (Saxifraga hirculus), en hún er algeng í mýrum, einkum inn til landsins. Þessi tegund er ekki friðuð hér á landi enda ekki ástæða talin til þess. Gera þarf fyrirvara við samninginn af hálfu Íslands um þessa tegund.

Viðauki II er skrá yfir þær tegundir dýra sem aðilar að samningnum skuldbinda sig til þess að friða nema gerðir séu sérstakir fyrirvarar um annað, sbr. 6., 10. og 22. gr. Friðun fuglategunda tekur einnig til eggjatöku. Aðilum samningsins ber jafnframt að tryggja að lífsvæði þessara tegunda njóti verndar, einkum fengi- eða varpstaðir og viðkomu- eða hvíldarstaðir, sbr. 4. gr.

Í skránni eru 30 tegundir íslenskra varpfugla og reglulegra fargesta sem eru nú þegar friðaðar allt árið á Íslandi samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, en það eru himbrimi (Gavia immer), flórgoði (Podiceps auritus), sjósvala (Oceanodroma leucorhoa), stormsvala (Hydrobates pelagicus), skrofa (Puffinus puffinus), álft (Cygnus cygnus), æðarkóngur (Somateria spectabilis), straumönd (Histrionicus histrionicus), húsönd (Bucephala islandica), haförn (Haliaetus albicilla), fálki (Falco rusticolus), smyrill (Falco columbarius), sandlóa (Charadrius hiaticula), tildra (Arenaria interpres), flóastelkur (Tringa glareola), sendlingur (Calidris maritima), lóuþræll (Calidris alpina), sanderla (Calidris alba), þórshani (Phalagropus fulicarius), óðinshani (Phalaropus lobadus), kría (Sterna paradisaea), snæugla (Nyctea scandiaca), brandugla (Asio flammeus), landsvala (Hirundo rustica), maríuerla (Motacilla alba), þúfutittlingur (Anthus pratensis), músarindill (Troglodytes troglodytes), steindepill (Oenanthe oenanthe), snjótittlingur (Plectrophenax nivalis) og auðnutittlingur (Carduelis flammea). Takmörkuð eggjataka í kríuvarpi er þó heimil hér á landi og leyfilegt er að taka húsandaregg úr hreiðrum sé þeirri reglu fylgt að skilja minnst fjögur egg eftir í hverju hreiðri. Gera þarf fyrirvara við samninginn af hálfu Íslands um töku eggja frá kríu og húsönd hérlendis.

Samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að veiða tvær fuglategundir sem skráðar eru í viðauka II, lóm (Gavia stellata) og helsingja (Branta leucopsis), og þyrfti að gera fyrirvara um þær að óbreyttum lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Í viðauka II eru taldar upp margar tegundir hvala. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að sjávarspendýr beri að nýta á sjálfbæran hátt, jafnt og aðrar lifandi auðlindir hafsins. Því er nauðsynlegt af Íslands hálfu að gera fyrirvara um allar hvalategundir sem finnast hér við land. Slíkir fyrirvarar verða samkvæmt ákvæðum 22. gr. samningsins aðeins gerðir í upphafi eða þegar nýjar dýrategundir eru teknar upp í viðauka. Því verður fyrirvarinn nú að ná til allra hvalategunda, einnig þeirra fjögurra tegunda sem nú eru friðaðar samkvæmt reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar. Ástand einstakra stofna verður síðan að ráða því hvenær rétt þykir af Íslands hálfu að nýta hvern stofn.

Þá eru í þessum viðauka sex tegundir íslenskra spendýra sem ekki eru friðaðar á Íslandi og þarf að gera fyrivara um þær. Þessi dýr eru tófa (Alopex lagopus), háhyrningur (Orcinus orca), grindhvalur (Globicephala melaena), hnísa (Phocaena phocaena), andarnefja (Hyperoodon rostratus) og hnýðingur (Lagenorhynchus albirostris). Auk þess eru í viðaukanum 4 tegundir sem flækjast stöku sinnum til landsins. Þær eru ísbjörn (Thalarctos maritimus), höfrungur (Delphinus delphis), stökkull (Tursiops truncatus) og leiftur (Lagenorhynchus acutus). Dýr þessi eru ekki friðuð samkvæmt íslenskum lögum og verður því að gera fyrirvara við samninginn vegna þessara tegunda.

Viðauki III er skrá yfir dýrategundir sem eru verndaðar, sbr. 7. og 10. gr. Veiði þessara tegunda er heimiluð en henni skal stjórnað þannig að þessum tegundum sé ekki stofnað í hættu. Samningsaðilar eru skuldbundnir til þess að vernda þær dýrategundir sem upp eru taldar í þessum viðauka og forða þeim frá útrýmingu með lagalegum og stjórnunarlegum ráðstöfunum.

Í viðauka III eru allar fuglategundir sem ekki eru nefndar í viðauka II, að 11 tegundum undanskildum. Aðeins tvær íslenskar tegundir, sem falla undir viðauka III, njóta ekki verndar samkvæmt íslenskum lögum, en það eru hrafn (Corvus corax) og kjói (Stercorarius parasiticus) sem veiða má allt árið samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Þessar tegundir ættu samkvæmt samningnum að hljóta vernd og þarf því að gera fyrirvara við hann vegna þeirra.

Af þeim 11 tegundum, sem undanskildar eru í viðaukanum, eru fjórar íslenskar. Ein þeirra, stari (Sturnus vulgaris), er friðuð samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, en hinar þrjár, silfurmáfur (Larus argentatus), sílamáfur (Larus fuscus) og svartbakur (Larus marinus), eru ekki friðaðar á Íslandi.

Í viðauka III eru einnig allar hvalategundir sem finnast við Ísland, aðrar en þær sem nefndar eru í viðauka II yfir friðuð dýr. Landselur og útselur eru einnig í skránni, auk nokkurra selategunda sem stundum flækjast til landsins. Það er ekkert sem mælir á móti því að Íslendingar skuldbindi sig til að vernda þessar tegundir, enda má nytja þær á hefðbundinn hátt samkvæmt Bernarsamningnum.

Í viðauka IV eru ákvæði þar sem lagt er bann við tilteknum dráps- og veiðiaðferðum. Meðal annars er bannað að nota eitur og svefnlyf við veiðar. Einnig er bann lagt við því að elta uppi og veiða dýr á vélknúnum ökutækjum og bannað er að svæla út dýr með gasi eða reyk. Þá eru í viðaukanum ákvæði um gerð skotvopna sem notuð eru til veiða. Sumar þær veiðiaðferðir, sem taldar eru upp í viðauka IV, eru notaðar hér á landi við veiðar á dýrum sem valdið geta tjóni eins og t.d. þær aðferðir sem tíðkaðar hafa verið frá fornu fari við að svæla ref úr greni.

Í 9. gr. Bernarsamningsins er kveðið á um að veita megi undanþágur frá banni við notkun þessara veiðiaðferða finnist engin önnur viðunandi lausn og undanþágan stefni viðkomandi dýrastofni ekki í útrýmingarhættu. Það er því ástæðulaust að gera fyrirvara við einstök atriði í viðauka IV. Samningsaðilum ber að gefa fastanefnd þeirri, sem stofnuð er skv. 13. gr. samningsins, skýrslu annað hvert ár um veittar undanþágur.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

FORMÁLI

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er undirrita samning þennan

minnast þess að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu aðildarríkjanna,

taka mið af vilja Evrópuráðsins til samstarfs við önnur ríki á sviði náttúruverndar,

gera sér ljóst að villtar plöntur og dýr eru arfleifð náttúrunnar með fagurfræðilegt, vísindalegt, menningarlegt, útivistar og efnahagslegt gildi, og með gildi í sjálfu sér, sem nauðsyn ber til að viðhalda og afhenda komandi kynslóðum,

viðurkenna nauðsynlegt hlutverk villtra plantna og dýra til að viðhalda lífrænu jafnvægi í náttúrunni,

taka tillit til þess að stofnar margra villtra plöntu- og dýrategunda minnka ískyggilega, og sumar þeirra eru í útrýmingarhættu,

gera sér grein fyrir því að verndun lífsvæða er snar þáttur í friðun og verndun villtra plantna og dýra,

viðurkenna að stjórnvöld þurfi að taka tillit til verndunar villtra plantna og dýra við stefnumörkun og áætlanagerð, og að koma þurfi á fót alþjóðlegri samvinnu um verndun fartegunda sérstaklega,

hafa í huga fjölda tilmæla frá ríkisstjórnum eða alþjóðastofnunum um sameiginlegar aðgerðir, einkum þau tilmæli er fram komu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins árið 1972 og á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins,

vilja fara sérstaklega eftir því sem samþykkt nr. 2 frá annarri ráðstefnu ráðherra Evrópulanda um umhverfismál mælir með varðandi verndun plantna og dýra, og

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

CONVENTION
on the Conservation of Auropean Wildlife and Natural Habitats

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe and the other signatories hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members;

Considering the wish of the Council of Europe to co-operate with other States in the field of nature conservation;

Recognising that wild flora and fauna constitute a natural heritage of aesthetic, scientific, cultural, recreational, economic and intrinsic value that needs to be preserved and handed on to future generations;

Recognising the essential role played by wild flora and fauna in maintaining biological balances;

Noting that numerous species of wild flora and fauna are being seriously depleted and that some of them are threatened with extinction;

Aware that the conservation of natural habitats is a vital component of the protection and conservation of wild flora and fauna;

Recognising that the conservation of wild flora and fauna should be taken into consideration by the governments in their national goals and programmes, and that international co-operation should be established to protect migratory species in particular;

Bearing in mind the widespread requests for common action made by governments or by international bodies, in particular the requests expressed by the United Nations Conference on the Human Environment 1972 and the Consultative Assembly of the Council of Europe;

Desiring particularly to follow, in the field of wildlife conservation, the recommendations of Resolution No. 2 of the Second European Ministerial Conference on the Environment,

Have agreed as follows:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.

1. Markmið þessa samnings eru að vernda villtar plöntur og dýr og lífsvæði þeirra, einkum þær tegundir og þau lífsvæði þar sem verndun krefst samvinnu margra ríkja og að efla slíka samvinnu.

2. Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar, þar á meðal fartegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar.

2. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða koma fjölda villtra plantna og dýra á það stig sem samsvarar einkum vistfræðilegum, vísindalegum og menningarlegum þörfum, en tekið sé mið af efnahagslegum þörfum, þörfum fyrir útivist og þörfum deilitegunda, afbrigða eða gerða sem hætt eru komnar á einstökum stöðum.

3. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir til að stuðla að stefnumótun til verndar villtum dýrum og plöntum og lífsvæðum, með sérstöku tilliti til tegunda sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar, einkum einlendra, og lífsvæða sem eru í hættu, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. Sérhver samningsaðili skal taka tillit til verndar villtra plantna og dýra við áætlanagerð og stefnumótun og við mengunarvarnir.

3. Sérhver samningsaðili skal efla fræðslu og dreifa almennum upplýsingum um nauðsyn þess að vernda villtar plöntu- og dýrategundir og lífsvæði þeirra.

II. KAFLI
Verndun lífsvæða.
4. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun lífsvæða villtra plöntu- og dýrategunda, einkum þeirra sem tilgreindar eru í viðaukum I og II og til að vernda lífsvæði sem eru í hættu.

2. Við áætlanagerð og stefnumótun skulu samningsaðilar taka tillit til verndunarþarfa

Chapter I
General provisions
Article 1

1. The aims of this Convention are to conserve wild flora and fauna and their natural habitats, especially those species and habitats whose conservation requires the co-operation of several States, and to promote such co-operation.

2. Particular emphasis is given to endangered and vulnerable species, including endangered and vulnerable migratory species.

Article 2

The Contracting Parties shall take requisite measures to maintain the population of wild flora and fauna at, or adapt it to, a level which corresponds in particular to ecological, scientific and cultural requirements, while taking account of economic and recreational requirements and the needs of sub-species, varieties or forms at risk locally.

Article 3

1. Each Contracting Party shall take steps to promote national policies for the conservation of wild flora, wild fauna and natural habitats, with particular attention to endangered and vulnerable species, especially endemic ones, and endangered habitats, in accordance with the provisions of this Convention.

2. Each Contracting Party undertakes, in its planning and development policies and in its measures against pollution, to have regard to the conservation of wild flora and fauna.

3. Each Contracting Party shall promote education and disseminate general information on the need to conserve species of wild flora and fauna and their habitats.

Chapter II
Protection of habitats
Article 4

1. Each Contracting Party shall take appropriate and necessary legislative and administrative measures to ensure the conservation of the habitats of the wild flora and fauna species, especially those specified in the Appendices I and II, and the conservation of endangered natural habitats.

2. The Contracting Parties in their planning and development policies shall have regard to

þeirra svæða sem verndud eru skv. 1. mgr., í þeim tilgangi að forðast eða draga eins og mögulegt er úr hrörnun slíkra svæða.

3. Samningsaðilar takast á hendur að gefa sérstakan gaum að verndun svæða sem mikilvæg eru þeim fartegundum sem tilgreindar eru í viðaukum II og III, og eru vel staðsett með tilliti til farleiða sem vetrardvalarstaðir, viðkomustaðir, fæðusvæði, fengi- og varpsvæði eða fellisvæði.

4. Samningsaðilar takast á hendur að samræma, eftir því sem við á, aðgerðir til verndunar þeirra lífsvæða sem getið er í þessari grein, ef svæðin eru í landamærahéruðum.

III. KAFLI
Verndun tegunda.
5. gr.

Sérver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja friðun þeirra villtu plöntutegunda sem tilgreindar eru í viðauka I. Tínsla, söfnun, skurður eða uppræting slíkra plantna af ásettu ráði skal banna. Sérhver samningsaðili skal, eftir því sem við á, banna að hafa undir höndum eða selja slíkar tegundir.

6. gr.

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja friðun villtra dýrategunda sem tilgreindar eru í viðauka II. Sérstaklega skal að því er varðar þær tegundir banna

a. hvers konar veiði, geymslu og dráp af ásettu ráði,

b. að skemma eða eyðileggja fengi- og varpsvæði eða hvíldarstaði af ásettu ráði,

c. að styggja villt dýr af ásettu ráði, einkum á fengi- og varptíma, í uppvexti og í vetrardvala, hafi slík truflun veruleg áhrif miðað við markmið þessa samnings,

d. að eyðileggja eða taka egg frá villtum fuglum af ásettu ráði eða geyma jafnvel þótt tóm séu,

e. að hafa undir höndum og versla innanlands með þessi dýr, lifandi eða dauð, þar með talin uppstoppuð dýr og sérhvern auðþekkjanlegan hluta eða afurð þeirra, ef slíkt bann gerir grein þessa árangursríkari.

the conservation requirements of the areas protected under the preceding paragraph, so as to avoid or minimise as far as possible any deterioration of such areas.

3. The Contracting Parties undertake to give special attention to the protection of areas that are of importance for the migratory species specified in Appendices II and III and which are appropriately situated in relation to migration routes, as wintering, staging, feeding, breeding or moulting areas.

4. The Contracting Parties undertake to coordinate as appropriate their efforts for the protection of the natural habitats referred to in this article when these are situated in frontier areas.

Chapter III
Protection of species
Article 5

Each Contracting Party shall take appropriate and necessary legislative and administrative measures to ensure the special protection of the wild flora species specified in Appendix I. Deliberate picking, collecting, cutting or uprooting of such plants shall be prohibited. Each Contracting Party shall, as appropriate, prohibit the possession or sale of these species.

Article 6

Each Contracting Party shall take appropriate and necessary legislative and administrative measures to ensure the special protection of the wild fauna species specified in Appendix II. The following will in particular be prohibited for these species:

a. all forms of deliberate capture and keeping and deliberate killing;

b. the deliberate damage to or destruction of breeding or resting sites;

c. the deliberate disturbance of wild fauna, particularly during the period of breeding, rearing and hibernation, insofar as disturbance would be significant in relation to the objectives of this Convention;

d. the deliberate destruction or taking of eggs from the wild or keeping these eggs even if empty;

e. the possession of and internal trade in these animals, alive or dead, including stuffed animals and any readily recognisable part or derivative thereof, where this would contribute to the effectiveness of the provisions of this article.

7. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun villtra dýrategunda sem tilgreindar eru í viðauka III.

2. Hafa skal stjórn á allri nýtingu villtra dýra sem tilgreind eru í viðauka III svo að stofnum þeirra sé eigi hætta búin, með tilliti til ákvæða 2. gr.

3. Meðal annars skal gera eftirfarandi ráðstafanir;

a. viðhafa tímabundið veiðibann og aðrar aðgerðir sem hafa stjórn á nýtingunni,

b. banna nýtingu um ákveðinn tíma eða á ákveðnum svæðum, eftir því sem við á, til að koma stofnum í viðunandi horf,

c. hafa, eftir því sem við á, stjórn á sölu, geymslu vegna sölu, flutningi vegna sölu og framboði lifandi og dauðra villtra dýra.

Article 7

1. Each Contracting Party shall take appropriate and necessary legislative and administrative measures to ensure the protection of the wild fauna species specified in Appendix III.

2. Any exploitation of wild fauna specified in Appendix III shall be regulated in order to keep the populations out of danger, taking into account the requirements of Article 2.

3. Measures to be taken shall include:

a closed seasons and/or other procedures regulating the exploitation;

b. the temporary or local prohibition of exploitation, as appropriate, in order to restore satisfactory population levels;

c. the regulation as appropriate of sale, keeping for sale, transport for sale or offering for sale of live and dead wild animals.

8. gr.

Varðandi veiði eða dráp villtra dýrategunda sem tilgreindar eru í viðauka III og þar sem undanþágur eru viðhafðar, skv. 9. gr, um tegundir sem tilgreindar eru í viðauka II, skulu samningsaðilar banna hvers konar handahófskenndar veiði- og drápsaðferðir og einnig allar aðferðir er kunna að valda því að stofnar hverfi af einstökum stöðum eða verði fyrir mikilli röskun. Þetta á sérstaklega við um aðferðir sem tilgreindar eru í viðauka IV.

Article 8

In respect of the capture or killing of wild fauna species specified in Appendix III and in cases where, in accordance with Article 9, exceptions are applied to species specified in Appendix II, Contracting Parties shall prohibit the use of all indiscriminate means of capture and killing and the use of all means capable of causing local disappearance of, or serious disturbance to, populations of a species, and in particular, the means specified in Appendix IV.

9. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur veitt undanþágur frá ákvæðum 4., 5., 6. og 7. gr. og frá banni við notkun þeirra aðferða er getið er í 8. gr. ef engin önnur viðunandi lausn finnst og ef undanþágan stefnir viðkomandi stofni ekki í útrýmingarhættu. Undanþágur má veita

– til að vernda plöntur og dýr,

– til að koma í veg fyrir alvarleg tjón á uppskeru, búfénaði, skóglendi, fiski, vatni og öðrum eignum,

– í þágu heilsu og öryggis almennings, loftferðaöryggis eða annarra mikilvægra almannahagsmuna,

– til að stunda rannsóknir og fræðslu, til að fjölga í stofnum eða endurreisa og vegna nauðsynlegrar tímgunar,

– til að leyfa, undir ströngu eftirliti, innan ákveðinna marka og í takmörkuðum mæli, töku, geymslu og skynsamlega nýtingu valinna villtra dýra og plantna í smáum stíl.

Article 9

1. Each Contracting Party may make exceptions from the provisions of Articles 4, 5, 6, 7 and from the prohibition of the use of the means mentioned in Article 8 provided that there is no other satisfactory solution and that the exception will not be detrimental to the survival of the population concerned:

– for the protection of flora and fauna;

– to prevent serious damage to crops, livestock, forests, fisheries, water and other forms of property;

– in the interests of public health and safety, air safety or other overriding public interests;

– for the purposes of research and education, of repopulation, of reintroduction and for the necessary breeding;

– to permit, under strictly supervised conditions, on a selective basis and to a limited extent, the taking, keeping or other judicious exploitation of certain wild animals and plants in small numbers.

2. Á tveggja ára fresti skulu samningsaðilar gefa skýrslu til fastanefndarinnar um þær undanþágur er gerðar hafa verið skv. 1. mgr. Þessar skýrslur skulu greina frá;

– stofnum sem undanþágur gilda um eða hafa gilt um og fjölda einstaklinga, ef hægt er,

– þeim aðferðum sem heimilaðar voru við dráp eða veiðar,

– þeirri áhættu sem yfir vofði og hvenær og hvar undanþágur voru veittar,

– hvaða yfirvöld geti gefið yfirlýsingu um að skilyrðum hafi verið fullnægt og geti ákveðið hvaða aðferðir megi nota, takmarkanir á þeim og hverjum er falið að framkvæma þær,

– því eftirliti sem um ræðir.

IV. KAFLI
Sérstök ákvæði um fartegundir.
10. gr.

1. Samningsaðilar takast á hendur, auk þeirra aðgerða sem greint er frá í 4., 6., 7. og 8. gr., að samræma ráðstafanir sínar til verndunar fartegunda sem tilgreindar eru í viðaukum II og III og eiga farleiðir innan landsvæða þeirra.

2. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að leitast við að tryggja að tímabundið veiðibann og/eða önnur stjórn á nýtingu skv. a-lið 3. mgr. 7. gr. komi að nægilegu gagni og séu þannig úr garði gerðar að þörfum fartegunda sem tilgreindar eru í viðauka III sé fullnægt.

V. KAFLI
Viðbótarákvæði.
11. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða þessa samnings skulu samningsaðilar;

a. starfa saman þegar við á og sérstaklega þar sem samstarf myndi efla áhrif aðgerða sem gripið er til skv. öðrum greinum þessa samnings,

b. efla og samræma rannsóknir er tengjast markmiði samningsins.

2. Sérhver samningsaðili samþykkir;

a. að stuðla að endurreisn stofna innlendra villtra plöntu- og dýrategunda þar sem slíkt myndi efla verndun hætt kominna tegunda, enda hafi undangengin rannsókn í ljósi reynslu annarra samningsaðila sýnt fram á að slík endurreisn beri árangur og sé viðunandi,

2. The Contracting Parties shall report every two years to the Standing Committee on the exceptions made under the preceding paragraph. These reports must specify:

– the populations which are or have been subject to the exceptions and, when practical, the number of specimens involved;

– the means authorised for the killing or capture;

– the conditions of risk and the circumstances of time and place under which such exceptions were granted;

– the authority empowered to declare that these conditions have been fulfilled, and to take decisions in respect of the means that may be used, their limits and the persons instructed to carry them out;

– the controls involved.

Chapter IV
Special provisions for migratory species
Article 10

1. The Contracting Parties undertake, in addition to the measures specified in Articles 4, 6, 7 and 8, to co-ordinate their efforts for the protection of the migratory species specified in Appendices II and III whose range extends into their territories.

2. The Contracting Parties shall take measures to seek to ensure that the closed seasons and/or other procedures regulating the exploitation established under paragraph 3.a of Article 7 are adequate and appropriately disposed to meet the requirements of the migratory species specified in Appendix III.

Chapter V
Supplementary provisions
Article 11

1. In carrying out the provisions of this Convention, the Contracting Parties undertake:

a. to co-operate whenever appropriate and in particular where this would enhance the effectiveness of measures taken under other articles of this Convention;

b. to encourage and co-ordinate research related to the purposes of this Convention.

2. Each Contracting Party undertakes:

a. to encourage the reintroduction of native species of wild flora and fauna when this would contribute to the conservation of an endangered species, provided that a study is first made in the light of the experiences of other Contracting Parties to establish that such reintroduction would be effective and acceptable;

b. að hafa strangt eftirlit með innflutningi útlendra tegunda.

3. Sérhver samningsaðili skal skýra fastanefndinni frá tegundum er njóta algerrar verndunar á landsvæðum hans, og ekki er getið í viðaukum I og II.

12. gr.

Samningsaðilar geta sett strangari ákvæði um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra en gert er í samningi þessum.

VI. KAFLI
Fastanefnd.

13. gr.

1. Stofna skal fastanefnd til að framfylgja samningi þessum.

2. Sérhver samningsaðili getur haft einn eða fleiri fulltrúa í fastanefndinni. Hver sendinefnd hefur eitt atkvæði. Efnahagsbandalag Evrópu skal neyta atkvæðisréttar síns í þeim málum sem það er hæft til, með eins mörgum atkvæðum og þau aðildarríki þess eru, sem aðilar eru að samningi þessum. Efnahagsbandalag Evrópu skal ekki neyta atkvæðisréttar síns þegar hlutaðeigandi aðildarríki þess neyta síns eigin atkvæðisréttar, og gagnkvæmt.

3. Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins, sem ekki er aðili að þessum samningi, getur haft áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Með samhljóða atkvæðum getur fastanefndin boðið hverju því ríki utan Evrópuráðsins sem ekki er aðili að þessum samningi að senda áheyrnarfulltrúa á einstaka fundi.

Stofnun eða samtök sem hafa tæknikunnáttu á sviði friðunar, verndunar eða nýtingar á villtum plöntum og dýrum og lífsvæðum þeirra, og heyrir undir eftirfarandi;

a. alþjóðastofnanir eða samtök, á vegum ríkisstjórna eða óháð, og ríkisstofnanir,

b. óháðar stofnanir eða samtök sem fengið hafa heimild til að sinna þessum málum frá stjórnvöldum þess ríkis sem þau eru staðsett, getur skýrt aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá ósk sinni um að senda áheyrnarfulltrúa á einstaka fundi. Þetta þarf að gerast þremur mánuðum áður en fundur er haldinn. Leyfi skal veitt nema þriðjungur samningsaðila hafi greint

b. to strictly control the introduction of non-native species.

3. Each Contracting Party shall inform the Standing Committee of the species receiving complete protection on its territory and not included in Appendices I and II.

Article 12

The Contracting Parties may adopt stricter measures for the conservation of wild flora and fauna and their natural habitats than those provided under this Convention.

Chapter VI
Standing Committee

Article 13

1. For the purposes of this Convention, a Standing Committee shall be set up.

2. Any Contracting Party may be represented on the Standing Committee by one or more delegates. Each delegation shall have one vote. Within the areas of its competence, the European Economic Community shall exercise its right to vote with a number of votes equal to the number of its member States which are Contracting Parties to this Convention; the European Economic Community shall not exercise its right to vote in cases where the member States concerned exercise theirs, and conversely.

3. Any member State of the Council of Europe which is not a Contracting Party to the Convention may be represented on the Committee as an observer.

The Standing Committee may, by unanimous decision, invite any non-member State of the Council of Europe which is not a Contracting Party to the Convention to be represented by an observer at one of its meetings.

Any body or agency technically qualified in the protection, conservation or management of wild fauna and flora and their habitats, and belonging to one of the following categories:

a. international agencies or bodies, either governmental or non-governmental, and national governmental agencies or bodies;

b. national non-governmental agencies or bodies which have been approved for this purpose by the State in which they are located, may inform the Secretary General of the Council of Europe, at least three months before the meeting of the Committee, of its wish to be represented at that meeting by observers. They shall be admitted unless, at least one month before

aðalframkvæmdastjóranum frá mótmælum sínum a.m.k. einum mánuði fyrir fundinn.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kallar fastanefndina saman til fundar. Fyrsti fundur skal haldinn innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Síðan skulu haldnir fundir að minnsta kosti á tveggja ára fresti og hvenær sem meirihluti samningsaðila æskir.

5. Meirihluti samningsaðila er ákvörðunarbær um að halda fund fastanefndarinnar.

6. Fastanefndin skal setja sér starfsreglur í samræmi við samning þennan.

14. gr.

1. Fastanefndin skal fylgjast með framkvæmd þessa samnings. Einkum getur hún;

– endurskoðað ákvæði samnings þessa ásamt viðaukum hans og kannað nauðsynlegar breytingar,

– gert tillögur til samningsaðila um ráðstafanir sem gera þyrfti vegna samnings þessa,

– gert tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að upplýsa almenning um starfsemi er fer fram innan ramma samningsins,

– gert tillögur til ráðherranefndarinnar varðandi boð til ríkja utan Evrópuráðsins um aðild að samningnum,

– lagt fram tillögur um að efla áhrif samningsins, þar með taldartillögur um samninga við ríki sem ekki eru aðilar að samningnum, er efla kynnu verndun tegunda eða tegundahópa.

2. Til að rækja starf sitt getur fastanefndin að eigin frumkvæði kallað saman fundi sérfræðinga.

15. gr.

Eftir hvern fund skal fastanefndin leggja skýrslu um starf sitt og framkvæmd samningsins fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins.

the meeting, one-third of the Contracting Parties have informed the Secretary General of their objection.

4. The Standing Committee shall be convened by the Secretary General of the Council of Europe. Its first meeting shall be held within one year of the date of the entry into force of the Convention. It shall subsequently meet at least every two years and whenever a majority of the Contracting Parties so request.

5. A majority of the Contracting Parties shall constitute a quorum for holding a meeting of the Standing Committee.

6. Subject to the provisions of this Convention, the Standing Committee shall draw up its own Rules of Procedure.

Article 14

1. The Standing Committee shall be responsible for following the application of this Convention. It may in particular:

– keep under review the provisions of this Convention, including its appendices, and examine any modifications necessary;

– make recommendations to the Contracting Parties concerning measures to be taken for the purposes of this Convention;

– recommend the appropriate measures to keep the public informed about the activities undertaken within the framework of this Convention;

– make recommendations to the Committee of Ministers concerning non-member States of the Council of Europe to be invited to accede to this Convention;

– make any proposal for improving the effectiveness of this Convention, including proposals for the conclusion, with the States which are not Contracting Parties to the Convention, of agreements that would enhance the effective conservation of species or groups of species.

2. In order to discharge its functions, the Standing Committee may, on its own initiative, arrange for meetings of groups of experts.

Article 15

After each meeting, the Standing Committee shall forward to the Committee of Ministers of the Council of Europe a report on its work and on the functioning of the Convention.

VII. KAFLI
Breytingar.
16. gr.

Tillögur samningsaðila eða ráðherranefndarinnar um breytingar á ákvæðum þessa samnings skulu sendar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fund fastanefndarinnar skal hann senda þær áfram til aðildarríkja Evrópuráðsins, til ríkja er undirritað hafa samninginn, til samningsaðila, til ríkja sem boðið hefur verið að undirrita samninginn skv. 19. gr. og til ríkja sem boðin hefur verið aðild skv. 20. gr.

2. Fastanefndin fjallar um breytingartillögur sem lagðar eru fram skv. 1. mgr. Með tillögur skal farið á eftirfarandi hátt:

a. Breytingartillögur við 1.-12. gr.:
Þann texta sem staðfestur er af þremur fjórðu hlutum atkvæða skal fastanefndin leggja fyrir samningsaðila til samþykktar.

b. Breytingartillögur við 13.-24. gr.:
Þann texta sem staðfestur er af þremur fjórðu hlutum atkvæða skal fastanefndin leggja fyrir ráðherranefndina til samþykktar. Eftir samþykkt hans skal textinn lagður fyrir samningsaðila til samþykktar.

3. Sérhver breyting tekur gildi á þrítugasta degi eftir að allir samningsaðilar hafa tjáð aðalframkvæmdastjóranum samþykki sitt.

4. Ákvæði 1. mgr., a-liðs 2. mgr og 3. mgr. eiga við um gerð nýrra viðauka við samning þennan.

17. gr.

1. Tillögur samningsaðila eða ráðherranefndarinnar um breytingar á viðaukum samnings þessa skulu sendar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fund fastanefndarinnar skal hann senda þær áfram til aðildarríkja Evrópuráðsins, til ríkja er undirritað hafa samninginn, til samningsaðila, til ríkja sem boðið hefur verið að undirrita samninginn skv. 19.gr. og til ríkja sem boðin hefur verið aðild skv. 20.gr.

2. Fastanefndin fjallar um breytingartillögur sem lagðar eru fram skv. 1.mgr. og skulu þær skoðast samþykktar hljóti þær tvo þriðju hluta atkvæða samningsaðila. Senda skal texta samþykktrar breytingar til samningsaðila.

Chapter VII
Amendments
Article 16

1. Any amendment to the articles of this Convention proposed by a Contracting Party or the Committee of Ministers shall be communicated to the Secretary General of the Council of Europe and forwarded by him at least two months before the meeting of the Standing Committee to the member States of the Council of Europe, to any signatory, to any Contracting Party, to any State invited to sign this Convention in accordance with the provisions of Article 19 and to any State invited to accede to it in accordance with the provisions of Article 20.

2. Any amendment proposed in accordance with the provisions of the preceding paragraph shall be examined by the Standing Committee which:

a. for amendments to Articles 1 to 12, shall submit the text adopted by a threequarters majority of the votes cast to the Contracting Parties for acceptance;

b. for amendments to Articles 13 to 24, shall submit the text adopted by a threequarters majority of the votes cast to the Committee of Ministers for approval. After its approval, this text shall be forwarded to the Contracting Parties for acceptance.

3. Any amendment shall enter into force on the thirtieth day after all the Contracting Parties have informed the Secretary General that they have accepted it.

4. The provisions of paragraphs 1, 2.a and 3 of this article shall apply to the adoption of new appendices to this Convention.

Article 17

1. Any amendment to the appendices of this Convention proposed by a Contracting Party or the Committee of Ministers shall be communicated to the Secretary General of the Council of Europe and forwarded by him at least two months before the meeting of the Standing Committee to the member States of the Council of Europe, to any signatory, to any Contracting Party, to any State invited to sign this Convention in accordance with the provisions of Article 19 and to any State invited to accede to it in accordance with the provisions of Article 20.

2. Any amendment proposed in accordance with the provisions of the preceding paragraph shall be examined by the Standing Committee, which may adopt it by a two-thirds majority of the Contracting Parties. The text adopted shall be forwarded to the Contracting Parties.

3. Ef mótmæli hafa ekki borist frá þriðjungi samningsaðila öðlast breytingar gildi þremur mánuðum eftir samþykkt þeirra í fastanefndinni gagnvart þeim samningsaðilum sem ekki hafa borið fram mótmæli.

VIII. KAFLI
Úrlausn deilumála.
18. gr.

1. Fastanefndin skal reyna til hins ítrasta að auðvelda vinsamlega úrlausn hvers kyns vandamála er upp koma við framkvæmd samnings þessa.

2. Nú verður deila milli samningsaðila varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa sem ekki hefur verið leyst á grundvelli 1. mgr. eða í viðræðum milli viðkomandi deiluaðila, og skal þá að ósk hvors deiluaðila um sig vísa henni til gerðardóms, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Hvor deiluaðili um sig skal tilnefna einn gerðardómsmann og þeir tveir síðan hinn þriðja. Ef annar deiluaðili hefur ekki tilnefnt gerðardómsmann innan þriggja mánaða frá því beðið var um gerðardóm, skal hann tilnefndur að beiðni hins aðilans af forseta Mannréttindadómstóls Evrópu innan þriggja mánaða, sbr. þó 3. mgr. Sama hátt skal hafa á ef gerðardómsmennirnir tveir geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn innan þriggja mánaða frá tilnefningu þeirra tveggja.

3. Nú verður deila milli tveggja samningsaðila, og annar þeirra er aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu, sem sjálft er samningsaðili, og skal þá hinn samningsaðilinn beina tilmælum um gerðardóm bæði til aðildarríkisins og Efnahagsbandalagsins. Innan tveggja mánaða frá móttöku tilmælanna skulu þau tilkynna því sameiginlega hvort aðildarríkið eða Efnahagsbandalagið, eða þau bæði saman, muni verða aðili að deilunni. Berist eigi slík tilkynning innan ofangreindra marka skal líta svo á að aðildarríkið og Efnahagsbandalagið séu sameiginlegur aðili að deilunni hvað varðar framkvæmd ákvæða um samsetningu og starfshætti gerðardómsins. Sömu reglur gilda ef aðildarríki og Efnahagsbandalagið gerast sameiginlega aðilar að deilunni.

3. Three months after its adoption by the Standing Committee and unless one-third of the Contracting Parties have notified objections, any amendment shall enter into force for those Contracting Parties which have not notified objections.

Chapter VIII
Settlement of disputes
Article 18

1. The Standing Committee shall use its best endeavours to facilitate a friendly settlement of any difficulty to which the execution of this Convention may give rise.

2. Any dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Convention which has not been settled on the basis of the provisions of the preceding paragraph or by negotiation between the parties concerned shall, unless the said parties agree otherwise, be submitted, at the request of one of them, to arbitration. Each party shall designate an arbitrator and the two arbitrators shall designate a third arbitrator. Subject to the provisions of paragraph 3 of this article, if one of the parties has not designated its arbitrator within the three months following the request for arbitration, he shall be designated at the request of the other party by the President of the European Court of Human Rights within a further three months' period. The same procedure shall be observed if the arbitrators cannot agree on the choice of the third arbitrator within the three months following the designation of the two first arbitrators.

3. In the event of a dispute between two Contracting Parties one of which is a member State of the European Economic Community, the latter itself being a Contracting Party, the other Contracting Party shall address the request for arbitration both to the member State and to the Community, which jointly, shall notify it, within two months of receipt of the request, whether the member State or the Community, or the member and the Community jointly, shall be party to the dispute. In the absence of such notification within the said time limit, the member State and the Community shall be considered as being one and the same party to the dispute for the purposes of the application of the provisions governing the constitution and procedure of the arbitration tribunal. The same shall apply when the member State and the Community jointly present themselves as party to the dispute.

4. Gerðardómur ákveður eigin starfsreglur. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum hans. Úrskurður hans er endanlegur og bindandi.

5. Hvor deiluaðili um sig skal bera kostnað af þeim gerðardómsmanni er hann hefur tilnefnt, og skulu deiluaðilar skipta með sér kostnaði af þriðja gerðardómsmanni svo og öðrum kostnaði er af gerðardómsmeðferð hlýst.

IX. KAFLI
Lokaákvæði.
19. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hendi aðildarríkja Evrópuráðsins og ríkja utan Evrópuráðsins sem tekið hafa þátt í gerð hans, svo og Efnahagsbandalags Evrópu.

Þar til samningur þessi gengur í gildi skal hann liggja frammi til undirritunar af hendi ríkja sem til þess er boðið af ráðherranefndinni.

Samningur þessi er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Skjölum um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki skal komið í vörslu aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi gengur í gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að fimm ríki, fjögur þeirra aðildarríki Evrópuráðsins, hafa tjáð sig samþykk því að vera bundin af ákvæðum hans skv. undanfarandi málsgrein.

3. Nú lýsa ríki sem undirritað hafa samninginn eða Efnahagsbandalag Evrópu sig síðar samþykk því að vera bundin af ákvæðum samningsins, og gengur hann þá í gildi gagnvart þeim á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki.

20. gr.

1. Eftir gildistöku samningsins getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsaðila, boðið ríkjum utan Evrópuráðsins sem boðið hefur verið að undirrita samninginn skv. 19. gr., en hafa ekki enn gert það, að gerast aðilar að honum. Þetta á einnig við um önnur ríki utan Evrópuráðsins.

4. The arbitration tribunal shall draw up its own Rules of Procedure. Its decisions shall be taken by majority vote. Its award shall be final and binding.

5. Each party to the dispute shall bear the expenses of the arbitrator designated by it and the parties shall share equally the expenses of the third arbitrator, as well as other costs entailed by the arbitration.

Chapter IX
Final provisions
Article 19

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and non-member States which have participated in its elaboration and by the European Economic Community.

Up until the date when the Convention enters into force, it shall also be open for signature by any other State so invited by the Committee of Ministers.

The Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any signatory State or the European Economic Community which subsequently express their consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 20

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting the Contracting Parties, may invite to accede to the Convention any non-member State of the Council which, invited to sign in accordance with the provisions of Article 19, has not yet done so, and any other non-member State.

2. Hvað varðar ríki sem gerast aðilar skal samningurinn ganga í gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að skjal um aðild hefur verið afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

21. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild getur sérhvert ríki tilgreint það eða þau landsvæði sem samningurinn skal ná til.

2. Við afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild, eða síðar, getur samningsaðili, í yfirlýsingu sem send er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, látið ákvæði samnings þessa taka til landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni, enda fer samningsaðilinn með utanríkismál landsvæðisins eða hefur heimild til að gera skuldbindingar í þágu þess.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er skv. 2. mgr. má afturkalla fyrir hvaða landsvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllun tekur gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

22. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild getur sérhvert ríki gert einn eða fleiri fyrirvara um ákveðnar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I-III og/eða, að því er varðar ákveðnar tegundir sem tilgreindar eru í fyrirvara, um aðferðir við dráp, veiði eða aðra nýtingu sem tilgreindar eru í viðauka IV. Almenna fyrirvara má eigi gera.

2. Samningsaðili sem lætur ákvæði samnings þessa ná til landsvæðis sem tiltekið er í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 21. gr. getur gert einn eða fleiri fyrirvara vegna hlutaðeigandi landsvæðis í samræmi við 1. mgr. 21. gr.

3. Aðra fyrirvara má ekki gera.

4. Samningsaðili sem gert hefur fyrirvara skv. 1. og 2. mgr. getur afturkallað hann að fullu eða að hluta með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllun

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 21

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any Contracting Party may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made under the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by notification addressed to the Secretary General. Such withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiry of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 22

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, make one or more reservations regarding certain species specified in Appendices I to III and/or, for certain species mentioned in the reservation or reservations, regarding certain means or methods of killing, capture and other exploitation listed in Appendix IV. No reservations of a general nature may be made.

2. Any Contracting Party which extends the application of this Convention to a territory mentioned in the declaration referred to in paragraph 2 of Article 21 may, in respect of the territory concerned, make one or more reservations in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. No other reservation may be made.

4. Any Contracting Party which has made a reservation under paragraphs 1 and 2 of this article may wholly or partly withdraw it by means of a notification addressed to the Secretary

gengur í gildi þegar aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

23. gr.

1. Samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp þessum samningi með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögn tekur gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu sex mánaða tímabili frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

24. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, þeim ríkjum er undirritað hafa samning þennan, Efnahagsbandalagi Evrópu, ef það hefur undirritað samninginn, og öllum samningsaðilum um;

a. undirritanir,

b. afhendingu skjala um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild,

c. gildistökudaga samningsins skv. 19. og 20. gr.,

d. upplýsingar sem berast skv. 3. mgr. 13. gr.,

e. skýrslur sem gerðar eru skv. 15. gr.,

f. breytingar eða nýja viðauka sem staðfestir eru skv. 16. og 17. gr. og gildistökudaga breytinga eða nýrra viðauka,

g. yfirlýsingar skv. 2. og 3. mgr. 21. gr.,

h. fyrirvara skv. 1. og 2. mgr. 22. gr.,

i. afturkallanir fyrirvara skv. 4. mgr. 22. gr.,

j. tilkynningar skv. 23. gr. og dagsetningu gildistöku uppsagnar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Bern hinn 19. september 1979 á ensku og frönsku í einu eintaki sem geymt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópu-

General of the Council of Europe. Such withdrawal shall take effect as from the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 23

1. Any Contracting Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiry of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 24

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, any signatory State, the European Economic Community if a signatory of this Convention and any Contracting Party of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 19 and 20;

d. any information forwarded under the provisions of paragraph 3 of Article 13;

e. any report established in pursuance of the provisions of Article 15;

f. any amendment or any new appendix adopted in accordance with Articles 16 and 17 and the date on which the amendment or new appendix comes into force;

g. any declaration made under the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 21;

h. any reservation made under the provisions of paragraphs 1 and 2 of Article 22;

i. the withdrawal of any reservation carried out under the provisions of paragraph 4 of Article 22;

j. any notification made under the provisions of Article 23 and the date on which the denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Bern, this 19th day of September 1979, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council

ráðsins skal senda staðfest eintök til aðildarríkja Evrópuráðsins, til ríkja er undirritað hafa samninginn, til Efnahagsbandalags Evrópu ef það hefur undirritað samninginn og til ríkja sem boðið hefur verið að undirrita samninginn eða gerast aðili að honum.

of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to any signatory State, to the European Economic Community if a signatory and to any State invited to sign this Convention or to accede thereto.

VIÐAUKI I
FRIÐAÐAR TEGUNDIR PLANTNA

BYRKNINGAR
ASPLENIACEAE
Asplenium hemionitis L.
Asplenium jahandiezii (Litard.)Rouy

BLECHNACEAE
Woodwardia radicans (L.) Sm.

DICKSONIACEAE
Culcita macrocarpa C.Presl

DRYOPTERIDACEAE
Dryopteris corleyi Fraser-Jenk.
Polystichum drepanum (Swartz) C.Presl

HYMENOPHYLLACEAE
Hymenophyllum maderensis
Trichomanes speciosum Willd.

ISOETACEAE
Isoetes azorica Durieu ex Milde
Isoetes boryana Durieu
Isoetes malinverniana Ces. & De Not.

MARSILEACEAE
Marsilea azorica Launert
Marsilea batardae Launert
Marsilea quadrifolia L.
Marsilea strigosa Willd.
Pilularia minuta Durieu ex.Braun

OPHIOGLOSSACEAE
Botrychium simplex Hitchc.
Ophioglossum polyphyllum A.Braun

SALVINIACEAE
Salvinia natans (L.) All.

BERFRÆVINGAR
Abies nebrodensis (Lojac.) Mattei

APPENDIX I
STRICTLY PROTECTED FLORA SPECIES

PTERIDOPHYTA
ASPLENIACEAE
Asplenium hemionitis L.
Asplenium jahandiezii (Litard.)Rouy

BLECHNACEAE
Woodwardia radicans (L.) Sm.

DICKSONIACEAE
Culcita macrocarpa C.Presl

DRYOPTERIDACEAE
Dryopteris corleyi Fraser-Jenk.
Polystichum drepanum (Swartz) C.Presl

HYMENOPHYLLACEAE
Hymenophyllum maderensis
Trichomanes speciosum Willd.

ISOETACEAE
Isoetes azorica Durieu ex Milde
Isoetes boryana Durieu
Isoetes malinverniana Ces. & De Not.

MARSILEACEAE
Marsilea azorica Launert
Marsilea batardae Launert
Marsilea quadrifolia L.
Marsilea strigosa Willd.
Pilularia minuta Durieu ex.Braun

OPHIOGLOSSACEAE
Botrychium simplex Hitchc.
Ophioglossum polyphyllum A.Braun

SALVINIACEAE
Salvinia natans (L.) All.

GYMNOSPINACEAE
Abies nebrodensis (Lojac.) Mattei

DULFRÆVINGAR

AGAVACEAE
Dracaena draco (L.) L.

ALISMATACEAE
Alisma wahlenbergii (O.R.Holmb.) Juz.
Caldesia parnassifolia (L.) Parl.
Luronium natans (L.) Raf.

AMARYLLIDACEAE
Leucojum nicaeense Ard.
Narcissus longispathus Pugsley
Narcissus nevadensis Pugsley
Narcissus scaberulus Henriq.
Narcissus triandrus L.
Narcissus viridiflorus Schousboe
Sternbergia candida B.Mathew & Baytop

APOCYNACEAE
Rhazya orientalis (Decaisne) A.DC.

ARACEAE
Arum purpureospathum Boyce

ARISTOLOCHIACEAE
Aristolochia samsunensis Davis

ASCLEPIADACEAE
Caralluma burchardii N.E.Brown
Ceropegia chrysantha Svent.

BERBERIDACEAE
Berberis maderensis Lowe

BORAGINACEAE
Alkanna pinardii Boiss.
Anchusa crispa Viv. (inclu. A. litoreae)
Echium gentianoides Webb ex Coincy
Lithodora nitida (H.Ern) R.Fernandes
Myosotis azorica H.C.Watson
Myosotis rehsteineri Wartm.
Omphalodes kuzinskyana Willk.
Omphalodes littoralis Lehm.
Onosma halophilum Boiss. & Heldr.
Onosma proponticum Aznav.
Onosma troodi Kotschy
Solenanthus albanicus (Degen et al.) Degen & Baldacci
Symphytum cycladense Pawl.

CAMPANULACEAE
Asyneuma giganteum (Boiss.) Bornm.

ANGIOSPERMAE

AGAVACEAE
Dracaena draco (L.) L.

ALISMATACEAE
Alisma wahlenbergii (O.R.Holmb.) Juz.
Caldesia parnassifolia (L.) Parl.
Luronium natans (L.) Raf.

AMARYLLIDACEAE
Leucojum nicaeense Ard.
Narcissus longispathus Pugsley
Narcissus nevadensis Pugsley
Narcissus scaberulus Henriq.
Narcissus triandrus L.
Narcissus viridiflorus Schousboe
Sternbergia candida B.Mathew & Baytop

APOCYNACEAE
Rhazya orientalis (Decaisne) A.DC.

ARACEAE
Arum purpureospathum Boyce

ARISTOLOCHIACEAE
Aristolochia samsunensis Davis

ASCLEPIADACEAE
Caralluma burchardii N.E.Brown
Ceropegia chrysantha Svent.

BERBERIDACEAE
Berberis maderensis Lowe

BORAGINACEAE
Alkanna pinardii Boiss.
Anchusa crispa Viv. (inclu. A. litoreae)
Echium gentianoides Webb ex Coincy
Lithodora nitida (H.Ern) R.Fernandes
Myosotis azorica H.C.Watson
Myosotis rehsteineri Wartm.
Omphalodes kuzinskyana Willk.
Omphalodes littoralis Lehm.
Onosma halophilum Boiss. & Heldr.
Onosma proponticum Aznav.
Onosma troodi Kotschy
Solenanthus albanicus (Degen et al.) Degen & Baldacci
Symphytum cycladense Pawl.

CAMPANULACEAE
Asyneuma giganteum (Boiss.) Bornm.

Azorina vidalii (H.C.Watson) Feer
Campanula damboldtiana Davis
Campanula lycica Sorger & Kit Tan
Campanula morettiana Reichenb.
Campanula sabatia De Not.
Jasione lusitanica A.DC.
Musschia aurea (L.f.) DC.
Musschia wollastonii Lowe
Physoplexis comosa (L.) Schur
Trachelium asperuloides Boiss. & Orph.

CAPRIFOLIACEAE
Sambucus palmensis Link

CARYOPHYLLACEAE
Arenaria nevadensis Boiss. & Reuter
Arenaria provincialis Chater Halliday
Dianthus rupicola Biv.
Gypsophila papillosa P.Porta
Herniaria algarvica Chaudri
Herniaria maritima Link
Moehringia fontqueri Pau
Moehringia tommasinii Marches.
Petrocoptis grandiflora Rothm.
Petrocoptis montsicciana O.Bolos Rivas Mart.
Petrocoptis pseudoviscosa Fernandez Casas
Saponaria halophila Hedge & Hub.-Mor.
Silene furcata Raf. subsp. angustiflora (Rupr.) Walters
Silene haussknechtii Heldr. ex Hausskn.
Silene hifacensis Rouy ex Willk.
Silene holzmannii Heldr. ex Boiss.
Silene mariana Pau
Silene orphanidis Boiss.
Silene pompeiopolitana Gay ex Boiss.
Silene rothmaleri Pinto da Silva
Silene salsuginea Hub.-Mor.
Silene sangaria Coode & Cullen
Silene velutina Pourret ex Loisel.

CHENOPODIACEAE
Beta adanensis Pamuk. apud Aellen
Beta trojana Pamuk. apud Aellen
Kalidiopsis wagenitzii Aellen
Kochia saxicola Guss.
Microcnemum coralloides (Loscos & Pardo) subsp. anatolicum Wagenitz
Salicornia veneta Pignatti & Lausi
Salsola anatolica Aellen
Suaeda cucullata Aellen

CISTACEAE
Helianthemum alypoides Losa & Rivas Goday

Azorina vidalii (H.C.Watson) Feer
Campanula damboldtiana Davis
Campanula lycica Sorger & Kit Tan
Campanula morettiana Reichenb.
Campanula sabatia De Not.
Jasione lusitanica A.DC.
Musschia aurea (L.f.) DC.
Musschia wollastonii Lowe
Physoplexis comosa (L.) Schur
Trachelium asperuloides Boiss. & Orph.

CAPRIFOLIACEAE
Sambucus palmensis Link

CARYOPHYLLACEAE
Arenaria nevadensis Boiss. & Reuter
Arenaria provincialis Chater Halliday
Dianthus rupicola Biv.
Gypsophila papillosa P.Porta
Herniaria algarvica Chaudri
Herniaria maritima Link
Moehringia fontqueri Pau
Moehringia tommasinii Marches.
Petrocoptis grandiflora Rothm.
Petrocoptis montsicciana O.Bolos Rivas Mart.
Petrocoptis pseudoviscosa Fernandez Casas
Saponaria halophila Hedge & Hub.-Mor.
Silene furcata Raf. subsp. angustiflora (Rupr.) Walters
Silene haussknechtii Heldr. ex Hausskn.
Silene hifacensis Rouy ex Willk.
Silene holzmannii Heldr. ex Boiss.
Silene mariana Pau
Silene orphanidis Boiss.
Silene pompeiopolitana Gay ex Boiss.
Silene rothmaleri Pinto da Silva
Silene salsuginea Hub.-Mor.
Silene sangaria Coode & Cullen
Silene velutina Pourret ex Loisel.

CHENOPODIACEAE
Beta adanensis Pamuk. apud Aellen
Beta trojana Pamuk. apud Aellen
Kalidiopsis wagenitzii Aellen
Kochia saxicola Guss.
Microcnemum coralloides (Loscos & Pardo) subsp. anatolicum Wagenitz
Salicornia veneta Pignatti & Lausi
Salsola anatolica Aellen
Suaeda cucullata Aellen

CISTACEAE
Helianthemum alypoides Losa & Rivas Goday

Helianthemum bystropogophyllum Svent.
Helianthemum caput-felis Boiss.
Tuberaria major (Willk.) Pinto da Silva & Roseira

COMPOSITAE
Anacyclus latealatus Hub.-Mor.
Anthemis glaberrima (Rech.f.) Greuter
Anthemis halophila Boiss. & Bal.
Argyranthemum lidii Humphries
Argyranthemum pinnatifidum (L.F.) Lowe subsp. succulentum (Lowe) Humphries
Argyranthemum winterii (Svent.) Humphries
Artemisia granatensis Boiss.
Artemisia insipida Vill.
Artemisia laciniata Willd.
Artemisia pancicii (Janka) Ronn.
Aster pyrenaeus Desf. ex DC.France,
Aster sibiricus L.
Atractylis arbuscula Svent. & Michaelis
Atractylis preauxiana Schultz Bip.
Carduus myriacanthus Salzm. ex DC.
Carlina diae (Rech.f.) Meusel & Kastener
Centaurea alba L. subsp. heldreichii (Halacsy) Dostal (Centaurea heldreichii Halacsy)
Centaurea alba L. subsp. princeps (Boiss. & Heldr.) Gugler (Centaurea princeps Boiss. & Heldr.)
Centaurea attica Nyman subsp. megarensis (Halacsy & Hayek) Dostal (Centaurea megarensis Halacsy & Hayek)
Centaurea balearica J.D.Rodriguez
Centaurea borjae Valdes-Berm. & Rivas Goday
Centaurea citricolor Font Quer
Centaurea corymbosa Pourret
Centaurea hermannii F.Hermann
Centaurea horrida Badaro
Centaurea kalambakensis Freyn & Sint.
Centaurea kartschiana Scop.
Centaurea lactiflora Halacsy
Centaurea niederi Heldr.
Centaurea peucedanifolia Boiss. & Orph.
Centaurea pinnata Pau
Centaurea pulvinata (G.Blanca) G.Blanca
Centaurea tchihatcheffii Fich. & Mey.
Crepis crocifolia Boiss. & Heldr.
Crepis granatensis (Willk.) G.Blanca & M.Cueto
Crepis purpurea Willd. Bieb.
Erigeron frigidus Boiss. ex DC.
Helichrysum gossypinum Webb
Helichrysum sibthorpii Rouy
Hymenostemma pseudanthemis (Kunze) Willd.

Helianthemum bystropogophyllum Svent.
Helianthemum caput-felis Boiss.
Tuberaria major (Willk.) Pinto da Silva & Roseira

COMPOSITAE
Anacyclus latealatus Hub.-Mor.
Anthemis glaberrima (Rech.f.) Greuter
Anthemis halophila Boiss. & Bal.
Argyranthemum lidii Humphries
Argyranthemum pinnatifidum (L.F.) Lowe subsp. succulentum (Lowe) Humphries
Argyranthemum winterii (Svent.) Humphries
Artemisia granatensis Boiss.
Artemisia insipida Vill.
Artemisia laciniata Willd.
Artemisia pancicii (Janka) Ronn.
Aster pyrenaeus Desf. ex DC.France,
Aster sibiricus L.
Atractylis arbuscula Svent. & Michaelis
Atractylis preauxiana Schultz Bip.
Carduus myriacanthus Salzm. ex DC.
Carlina diae (Rech.f.) Meusel & Kastener
Centaurea alba L. subsp. heldreichii (Halacsy) Dostal (Centaurea heldreichii Halacsy)
Centaurea alba L. subsp. princeps (Boiss. & Heldr.) Gugler (Centaurea princeps Boiss. & Heldr.)
Centaurea attica Nyman subsp. megarensis (Halacsy & Hayek) Dostal (Centaurea megarensis Halacsy & Hayek)
Centaurea balearica J.D.Rodriguez
Centaurea borjae Valdes-Berm. & Rivas Goday
Centaurea citricolor Font Quer
Centaurea corymbosa Pourret
Centaurea hermannii F.Hermann
Centaurea horrida Badaro
Centaurea kalambakensis Freyn & Sint.
Centaurea kartschiana Scop.
Centaurea lactiflora Halacsy
Centaurea niederi Heldr.
Centaurea peucedanifolia Boiss. & Orph.
Centaurea pinnata Pau
Centaurea pulvinata (G.Blanca) G.Blanca
Centaurea tchihatcheffii Fich. & Mey.
Crepis crocifolia Boiss. & Heldr.
Crepis granatensis (Willk.) G.Blanca & M.Cueto
Crepis purpurea Willd. Bieb.
Erigeron frigidus Boiss. ex DC.
Helichrysum gossypinum Webb
Helichrysum sibthorpii Rouy
Hymenostemma pseudanthemis (Kunze) Willd.

Hypochoeris oligocephala (Svent. & D. Bramwell) Lack
Jurinea cyanoides (L.) Reichenb.
Jurinea fontqueri Cuatrec.
Lactuca watsoniana Trelease
Lamyropsis microcephala (Moris) Dittrich & Greuter
Leontodon boryi Boiss. ex DC.
Leontodon microcephalus (Boiss. ex DC.) Boiss.
Leontodon siculus (Guss.) Finch & Sell
Ligularia sibirica (L.) Cass.
Onopordum carduelinum Bolle
Onopordum nogalesii Svent.
Pericallis hadrosomus Svent.
Picris willkommii (Schultz Bip.) Nyman
Santolina elegans Boiss. ex DC.
Senecio elodes Boiss. ex DC.
Senecio nevadensis Boiss. & Reuter
Sonchus erzincanicus Matthews
Stemmacantha cynaroides
Sventenia bupleuroides Font Quer
Tanacetum ptarmiciflorum (Webb) Schultz Bip.
Wagenitzia lancifolia (Sieber ex Sprengel) Dostal

CONVOLVULACEAE
Convolvulus argyrothamnos Greuter
Convolvulus caput-medusae Lowe
Convolvulus lopez-socasi Svent.
Convolvulus massonii A.Dietr.
Convolvulus pulvinatus Sa'ad
Pharbitis preauxii Webb

CRASSULACEAE
Aeonium gomeraense Praeger
Aeonium saundersii Bolle

CRUCIFERAE
Alyssum akamasicum B.L.Burtt
Alyssum pyrenaicum Lapeyr. (Ptilotrichum pyrenaicum (Lapeyr.) Boiss.)
Arabis kennedyae Meikle
Biscutella neustriaca Bonnet
Boleum asperum (Pers.) Desvaux
Brassica glabrescens Poldini
Brassica hilarionis Post
Brassica insularis Moris
Brassica macrocarpa Guss.
Braya purpurasceus (R.Br.) Bunge
Coincya rupestris Rouy (Hutera rupestris P. Porta)
Coronopus navasii Pau

Hypochoeris oligocephala (Svent. & D. Bramwell) Lack
Jurinea cyanoides (L.) Reichenb.
Jurinea fontqueri Cuatrec.
Lactuca watsoniana Trelease
Lamyropsis microcephala (Moris) Dittrich & Greuter
Leontodon boryi Boiss. ex DC.
Leontodon microcephalus (Boiss. ex DC.) Boiss.
Leontodon siculus (Guss.) Finch & Sell
Ligularia sibirica (L.) Cass.
Onopordum carduelinum Bolle
Onopordum nogalesii Svent.
Pericallis hadrosomus Svent.
Picris willkommii (Schultz Bip.) Nyman
Santolina elegans Boiss. ex DC.
Senecio elodes Boiss. ex DC.
Senecio nevadensis Boiss. & Reuter
Sonchus erzincanicus Matthews
Stemmacantha cynaroides
Sventenia bupleuroides Font Quer
Tanacetum ptarmiciflorum (Webb) Schultz Bip.
Wagenitzia lancifolia (Sieber ex Sprengel) Dostal

CONVOLVULACEAE
Convolvulus argyrothamnos Greuter
Convolvulus caput-medusae Lowe
Convolvulus lopez-socasi Svent.
Convolvulus massonii A.Dietr.
Convolvulus pulvinatus Sa'ad
Pharbitis preauxii Webb

CRASSULACEAE
Aeonium gomeraense Praeger
Aeonium saundersii Bolle

CRUCIFERAE
Alyssum akamasicum B.L.Burtt
Alyssum pyrenaicum Lapeyr. (Ptilotrichum pyrenaicum (Lapeyr.) Boiss.)
Arabis kennedyae Meikle
Biscutella neustriaca Bonnet
Boleum asperum (Pers.) Desvaux
Brassica glabrescens Poldini
Brassica hilarionis Post
Brassica insularis Moris
Brassica macrocarpa Guss.
Braya purpurasceus (R.Br.) Bunge
Coincya rupestris Rouy (Hutera rupestris P. Porta)
Coronopus navasii Pau

Crambe arborea Webb ex Christ
Crambe laevigata DC. ex Christ
Crambe sventenii B.Petters. ex Bramw. & Sunding
Diplotaxis ibicensis (Pau) Gomez-Campo
Diplotaxis siettiana Maire
Erucastrum palustre (Pirona) Vis.
Iberis arbuscula Runemark
Ionopsidium acaule (Desf.) Reichemb.
Ionopsidium savianum (Caruel) Ball ex Arcang.
Murbeckiella sousae Rothm.
Parolinia schizogynoides Svent.
Sisymbrium cavanillesianum Valdes & Castroviejo (S. matritense P.W.Ball & Heywood)
Sisymbrium confertum Stev.
Sisymbrium supinum L.
Thlaspi cariense A.Carlström

CYPERACEAE
Eleocharis carniolica Koch

DIOSCOREACEAE
Borderea chouardii (Gaussen) Heslot

DIPSACACEAE
Dipsacus cephalarioides Mathews & Kupicha

DROSERACEAE
Aldrovanda vesiculosa L.

ERICACEAE
Erica scoparia L. subsp. azorica (Hochst.) D.A.Webb

EUPHORBIACEAE
Euphorbia handiensis Burchard
Euphorbia lambii Svent.
Euphorbia margalidiana Kuhbier & Lewejohann
Euphorbia nevadensis Boiss. & Reuter
Euphorbia stygiana H.C.Watson

GENTIANACEAE
Centaurium rigualii Esteve Chueca
Centaurium somedanum Lainz
Gentiana ligustica R. de Vilm. Chopinet
Gentianella anglica (Pugsley) E.F.Warburg

GERANIACEAE
Erodium astragaloides Boiss. & Reuter
Erodium chrysanthum L'Herit. ex DC.
Erodium paularense Fernandez-Gonzalez &

Crambe arborea Webb ex Christ
Crambe laevigata DC. ex Christ
Crambe sventenii B.Petters. ex Bramw. & Sunding
Diplotaxis ibicensis (Pau) Gomez-Campo
Diplotaxis siettiana Maire
Erucastrum palustre (Pirona) Vis.
Iberis arbuscula Runemark
Ionopsidium acaule (Desf.) Reichemb.
Ionopsidium savianum (Caruel) Ball ex Arcang.
Murbeckiella sousae Rothm.
Parolinia schizogynoides Svent.
Sisymbrium cavanillesianum Valdes & Castroviejo (S. matritense P.W.Ball & Heywood)
Sisymbrium confertum Stev.
Sisymbrium supinum L.
Thlaspi cariense A.Carlström

CYPERACEAE
Eleocharis carniolica Koch

DIOSCOREACEAE
Borderea chouardii (Gaussen) Heslot

DIPSACACEAE
Dipsacus cephalarioides Mathews & Kupicha

DROSERACEAE
Aldrovanda vesiculosa L.

ERICACEAE
Erica scoparia L. subsp. azorica (Hochst.) D.A.Webb

EUPHORBIACEAE
Euphorbia handiensis Burchard
Euphorbia lambii Svent.
Euphorbia margalidiana Kuhbier & Lewejohann
Euphorbia nevadensis Boiss. & Reuter
Euphorbia stygiana H.C.Watson

GENTIANACEAE
Centaurium rigualii Esteve Chueca
Centaurium somedanum Lainz
Gentiana ligustica R. de Vilm. Chopinet
Gentianella anglica (Pugsley) E.F.Warburg

GERANIACEAE
Erodium astragaloides Boiss. & Reuter
Erodium chrysanthum L'Herit. ex DC.
Erodium paularense Fernandez-Gonzalez &

Izco
Erodium rupicola Boiss.
Geranium maderense Yeo

GESNERIACEAE
Jankaea heldreichii (Boiss.) Boiss.
Ramonda serbica Pancic

GRAMINEAE
Avenula hackelii (Henriq.) Holub
Bromus bromoideus (Lej.) Crepin
Bromus grossus Desf. ex DC.
Bromus interruptus (Hackel) Druce
Bromus psammophilus P.M.Smith
Coleanthus subtilis (Tratt.) Seidl
Eremopoa mardinensis R.Mill
Gaudinia hispanica Stace & Tutin
Micropyropsis tuberosa Romero-Zarco Cabezudo
Puccinellia pungens (Pau) Paunero
Stipa austroitalica Martinovsky
Stipa bavarica Martinovsky & H.Scholz
Stipa styriaca Martinovsky
Trisetum subalpestre (Hartm.) Neuman

GROSSULARIACEAE
Ribes sardoum Martelli

HYPERICACEAE
Hypericum aciferum (Greuter)
N.K.B.Robson
Hypericum salsugineum Robson & Hub.-Mor.

IRIDACEAE
Crocus abantensis T.Baytop & Mathew
Crocus cyprius Boiss. & Kotschy
Crocus etruscus Parl.
Crocus hartmannianus Holmboe
Crocus robertianus C.D. Brickell
Iris marsica Ricci & Colasante

LABIATAE
Dracocephalum austriacum L.
Micromeria taygetea P.H.Davis
Nepeta dirphya (Boiss.) Heldr. ex Halacsy
Nepeta sphaciotica P.H.Davis
Origanum cordifolium (Auch. & Montbr.) Vogel (Amaracus cordifolium Montr. & Auch.)
Origanum dictamnus L.
Origanum scabrum Boiss. & Heldr
Phlomis brevibracteata Turrill
Phlomis cypria Post
Rosmarinus tomentosus Huber-Morath & Maire

Izco
Erodium rupicola Boiss.
Geranium maderense Yeo

GESNERIACEAE
Jankaea heldreichii (Boiss.) Boiss.
Ramonda serbica Pancic

GRAMINEAE
Avenula hackelii (Henriq.) Holub
Bromus bromoideus (Lej.) Crepin
Bromus grossus Desf. ex DC.
Bromus interruptus (Hackel) Druce
Bromus psammophilus P.M.Smith
Coleanthus subtilis (Tratt.) Seidl
Eremopoa mardinensis R.Mill
Gaudinia hispanica Stace & Tutin
Micropyropsis tuberosa Romero-Zarco Cabezudo
Puccinellia pungens (Pau) Paunero
Stipa austroitalica Martinovsky
Stipa bavarica Martinovsky & H.Scholz
Stipa styriaca Martinovsky
Trisetum subalpestre (Hartm.) Neuman

GROSSULARIACEAE
Ribes sardoum Martelli

HYPERICACEAE
Hypericum aciferum (Greuter)
N.K.B.Robson
Hypericum salsugineum Robson & Hub.-Mor.

IRIDACEAE
Crocus abantensis T.Baytop & Mathew
Crocus cyprius Boiss. & Kotschy
Crocus etruscus Parl.
Crocus hartmannianus Holmboe
Crocus robertianus C.D. Brickell
Iris marsica Ricci & Colasante

LABIATAE
Dracocephalum austriacum L.
Micromeria taygetea P.H.Davis
Nepeta dirphya (Boiss.) Heldr. ex Halacsy
Nepeta sphaciotica P.H.Davis
Origanum cordifolium (Auch. & Montbr.) Vogel (Amaracus cordifolium Montr. & Auch.)
Origanum dictamnus L.
Origanum scabrum Boiss. & Heldr
Phlomis brevibracteata Turrill
Phlomis cypria Post
Rosmarinus tomentosus Huber-Morath & Maire

Salvia crassifolia Sibth. & Smith
Sideritis cypria Post
Sideritis cystosiphon Svent.
Sideritis discolor (Webb ex de Noe) Bolle
Sideritis incana L. ssp. glauca (Cav.) Malagarriga
Sideritis infernalis Bolle
Sideritis javalambrensis Pau
Sideritis marmorea Bolle.
Sideritis serrata Cav. ex Lag.
Teucrium charidemi Sandwith
Teucrium lepicephalum Pau
Teucrium turredanum Losa & Rivas Goday
Thymus aznavourii Velen.
Thymus camphoratus Hoffmanns. & Link
Thymus carnosus Boiss.
Thymus cephalotos L.

LEGUMINOSAE
Anagyris latifolia Brouss. ex Willd.
Anthyllis hystrix Cardona, Contandr. & E.Sierra
Astragalus algarbiensis Coss. ex Bunge
Astragalus aquilanus Anzalone
Astragalus centralpinus Braun-Blanquet
Astragalus macrocarpus DC. subsp. lefkarensis Agerer-Kirchoff & Meikle
Astragalus maritimus Moris
Astragalus tremolsianus Pau
Astragalus verrucosus Moris
Cytisus aeolicus Guss. ex Lindl.
Dorycnium spectabile Webb & Berthel.
Genista dorycnifolia Font Quer
Genista holopetala (Fleischm. ex Koch) Baldacci
Glycyrrhiza iconica Hub.-Mor.
Lotus azoricus P.W.Ball
Lotus callis-viridis D.Bramwell & D.H.Davis
Lotus kunkelii (E.Chueca) D.Bramwell et al.
Ononis maweana Ball
Oxytropis deflexa (Pallas) DC. ssp. norvegica Nordh.
Sphaerophysa kotschyana Boiss.
Teline rosmarinifolia Webb & Berthel.
Teline salsoloides Arco & Acebes.
Thermopsis turcica Kit Tan, Vural & Küçüködü
Trifolium pachycalyx Zoh.
Trifolium saxatile All.
Trigonella arenicola Hub.-Mor.
Trigonella halophila Boiss.
Trigonella polycarpa Boiss. & Heldr.
Vicia bifoliolata J.D.Rodriguez
Vicia dennesiana H.C.Watson

Salvia crassifolia Sibth. & Smith
Sideritis cypria Post
Sideritis cystosiphon Svent.
Sideritis discolor (Webb ex de Noe) Bolle
Sideritis incana L. ssp. glauca (Cav.) Malagarriga
Sideritis infernalis Bolle
Sideritis javalambrensis Pau
Sideritis marmorea Bolle.
Sideritis serrata Cav. ex Lag.
Teucrium charidemi Sandwith
Teucrium lepicephalum Pau
Teucrium turredanum Losa & Rivas Goday
Thymus aznavourii Velen.
Thymus camphoratus Hoffmanns. & Link
Thymus carnosus Boiss.
Thymus cephalotos L.

LEGUMINOSAE
Anagyris latifolia Brouss. ex Willd.
Anthyllis hystrix Cardona, Contandr. & E.Sierra
Astragalus algarbiensis Coss. ex Bunge
Astragalus aquilanus Anzalone
Astragalus centralpinus Braun-Blanquet
Astragalus macrocarpus DC. subsp. lefkarensis Agerer-Kirchoff & Meikle
Astragalus maritimus Moris
Astragalus tremolsianus Pau
Astragalus verrucosus Moris
Cytisus aeolicus Guss. ex Lindl.
Dorycnium spectabile Webb & Berthel.
Genista dorycnifolia Font Quer
Genista holopetala (Fleischm. ex Koch) Baldacci
Glycyrrhiza iconica Hub.-Mor.
Lotus azoricus P.W.Ball
Lotus callis-viridis D.Bramwell & D.H.Davis
Lotus kunkelii (E.Chueca) D.Bramwell et al.
Ononis maweana Ball
Oxytropis deflexa (Pallas) DC. ssp. norvegica Nordh.
Sphaerophysa kotschyana Boiss.
Teline rosmarinifolia Webb & Berthel.
Teline salsoloides Arco & Acebes.
Thermopsis turcica Kit Tan, Vural & Küçüködü
Trifolium pachycalyx Zoh.
Trifolium saxatile All.
Trigonella arenicola Hub.-Mor.
Trigonella halophila Boiss.
Trigonella polycarpa Boiss. & Heldr.
Vicia bifoliolata J.D.Rodriguez
Vicia dennesiana H.C.Watson

LENTIBULARIACEAE
Pinguicula crystallina Sibth. & Sm.
Pinguicula nevadensis (Lindb.) Casper

LILIACEAE
Allium grosii Font Quer
Allium vuralii Kit Tan
Androcymbium europaeum (Lange) K.Richter
Androcymbium psammophilum Svent.
Androcymbium rechingeri Greuter
Asparagus lycaonicus Davis
Asphodelus bento-rainhae Pinto da Silva
Chionodoxa lochiae Meikle
Chionodoxa luciliae Boiss.
Colchicum arenarium Waldst. & Kit.
Colchicum corsicum Baker
Colchicum cousturieri Greuter
Colchicum micranthum Boiss.
Fritillaria conica Boiss.
Fritillaria drenovskii Degen & Stoy.
Fritillaria epirotica Turrill ex Rix
Fritillaria euboeica (Rix Doerfler) Rix
Fritillaria gussichiae (Degen & Doerfler) Rix
Fritillaria obliqua Ker-Gawl.
Fritillaria rhodocanakis Orph. ex Baker
Fritillaria tuntasia Heldr. ex Halacsy
Muscari gussonei (Parl.) Tod.
Ornithogalum reverchonii Lange
Scilla morrisii Meikle
Scilla odorata Link
Tulipa cypria Stapf
Tulipa goulimya Sealy & Turrill
Tulipa praecox Ten.
Tulipa sprengeri Baker

LYTHRACEAE
Lythrum flexuosum Lag.
Lythrum thesioides M.Bieb.

MALVACEAE
Kosteletzkya pentacarpos (L.) Ledeb.

MYRICACEAE
Myrica rivas-martinezii Santos.

NAJADACEAE
Najas flexilis (Willd.) Rostk. & W.L.Schmidt
Najas tenuissima (A.Braun) Magnus

ORCHIDACEAE
Cephalanthera cucullata Boiss. & Heldr.
Comperia comperiana (Steven) Aschers. & Graebner

LENTIBULARIACEAE
Pinguicula crystallina Sibth. & Sm.
Pinguicula nevadensis (Lindb.) Casper

LILIACEAE
Allium grosii Font Quer
Allium vuralii Kit Tan
Androcymbium europaeum (Lange) K.Richter
Androcymbium psammophilum Svent.
Androcymbium rechingeri Greuter
Asparagus lycaonicus Davis
Asphodelus bento-rainhae Pinto da Silva
Chionodoxa lochiae Meikle
Chionodoxa luciliae Boiss.
Colchicum arenarium Waldst. & Kit.
Colchicum corsicum Baker
Colchicum cousturieri Greuter
Colchicum micranthum Boiss.
Fritillaria conica Boiss.
Fritillaria drenovskii Degen & Stoy.
Fritillaria epirotica Turrill ex Rix
Fritillaria euboeica (Rix Doerfler) Rix
Fritillaria gussichiae (Degen & Doerfler) Rix
Fritillaria obliqua Ker-Gawl.
Fritillaria rhodocanakis Orph. ex Baker
Fritillaria tuntasia Heldr. ex Halacsy
Muscari gussonei (Parl.) Tod.
Ornithogalum reverchonii Lange
Scilla morrisii Meikle
Scilla odorata Link
Tulipa cypria Stapf
Tulipa goulimya Sealy & Turrill
Tulipa praecox Ten.
Tulipa sprengeri Baker

LYTHRACEAE
Lythrum flexuosum Lag.
Lythrum thesioides M.Bieb.

MALVACEAE
Kosteletzkya pentacarpos (L.) Ledeb.

MYRICACEAE
Myrica rivas-martinezii Santos.

NAJADACEAE
Najas flexilis (Willd.) Rostk. & W.L.Schmidt
Najas tenuissima (A.Braun) Magnus

ORCHIDACEAE
Cephalanthera cucullata Boiss. & Heldr.
Comperia comperiana (Steven) Aschers. & Graebner

Cypripedium calceolus L.
Dactylorhiza chuhensis Renz & Taub.
Goodyera macrophylla Lowe
Liparis loeselii (L.) Rich.
Ophrys argolica Fleischm.
Ophrys isaura Renz & Taub.
Ophrys kotschyi Fleischm. & Soo
Ophrys lunulata Parl.
Ophrys lycia Renz & Taub.
Orchis scopulorum Summerh.
Platanthera obtusata (Pursh) Lindl. subsp. oligantha (Turcz.) Hulten
Spiranthes aestivalis (Poiret) L.C.M. Richard

PAEONIACEAE
Paeonia cambessedesii (Willk.) Willk.
Paeonia clusii F.C.Stern subsp. rhodia (Stearn) Tzanoudakis
Paeonia parnassica Tzanoudakis

PALMAE
Phoenix theophrasti Greuter

PAPAVERACEAE
Papaver lapponicum (Tolm.) Nordh.
Rupicapnos africana (Lam.) Pomel

PITTOSPORACEAE
Pittosporum coriaceum Dryander ex Aiton

PLUMBAGINACEAE
Armeria pseudarmeria (Murray)Mansfeld
Armeria rouyana Daveau
Armeria soleirolii (Duby) Godron
Armeria velutina Welv. ex Boiss. & Reuter
Limonium anatolicum Hedge
Limonium arborescens (Brouss.) Kuntze
Limonium dendroides Svent.
Limonium spectabile (Svent.) Kunkel & Sunding
Limonium sventenii Santos & Fernandez Galvan
Limonium tamaricoides Bokhari

POLEMONIACEAE
Polemonium boreale Adams

POLYGONACEAE
Polygonum praelongum Coode & Cullen
Rumex rupestris Le Gall

PRIMULACEAE
Androsace cylindrica DC.

Cypripedium calceolus L.
Dactylorhiza chuhensis Renz & Taub.
Goodyera macrophylla Lowe
Liparis loeselii (L.) Rich.
Ophrys argolica Fleischm.
Ophrys isaura Renz & Taub.
Ophrys kotschyi Fleischm. & Soo
Ophrys lunulata Parl.
Ophrys lycia Renz & Taub.
Orchis scopulorum Summerh.
Platanthera obtusata (Pursh) Lindl. subsp. oligantha (Turcz.) Hulten
Spiranthes aestivalis (Poiret) L.C.M. Richard

PAEONIACEAE
Paeonia cambessedesii (Willk.) Willk.
Paeonia clusii F.C.Stern subsp. rhodia (Stearn) Tzanoudakis
Paeonia parnassica Tzanoudakis

PALMAE
Phoenix theophrasti Greuter

PAPAVERACEAE
Papaver lapponicum (Tolm.) Nordh.
Rupicapnos africana (Lam.) Pomel

PITTOSPORACEAE
Pittosporum coriaceum Dryander ex Aiton

PLUMBAGINACEAE
Armeria pseudarmeria (Murray)Mansfeld
Armeria rouyana Daveau
Armeria soleirolii (Duby) Godron
Armeria velutina Welv. ex Boiss. & Reuter
Limonium anatolicum Hedge
Limonium arborescens (Brouss.) Kuntze
Limonium dendroides Svent.
Limonium spectabile (Svent.) Kunkel & Sunding
Limonium sventenii Santos & Fernandez Galvan
Limonium tamaricoides Bokhari

POLEMONIACEAE
Polemonium boreale Adams

POLYGONACEAE
Polygonum praelongum Coode & Cullen
Rumex rupestris Le Gall

PRIMULACEAE
Androsace cylindrica DC.

Androsace mathildae Levier
Androsace pyrenaica Lam.
Cyclamen mirabile Hildebr.
Lysimachia minoricensis J.D.Rodriguez
Primula apennina Widmer
Primula egaliksensis Wormsk.
Primula glaucescens Moretti
Primula palinuri Petagna
Primula spectabilis Tratt.
Soldanella villosa Darracq

RANUNCULACEAE
Aconitum corsicum Gayer
Adonis cyllenea Boiss., Heldr. & Orph.
Adonis distorta Ten.
Aquilegia bertolonii Schott
Aquilegia kitaibelii Schott
Aquilegia ottonis subsp. taygetea (Orph.) Strid
Aquilegia pyrenaica DC. subsp. cazorlensis (Heywood) Galiano & Rivas Martinez (Aquilegia cazorlensis Heywood)
Consolida samia P.H.Davis
Delphinium caseyi B.L.Burtt
Pulsatilla patens (L.) Miller
Ranunculus fontanus C. Presl
Ranunculus kykkoensis Meikle
Ranunculus weyleri Mares

RESEDACEAE
Reseda decursiva Forssk.Gibraltar

ROSACEAE
Bencomia brachystachya Svent.
Bencomia sphaerocarpa Svent.
Chamaemeles coriacea Lindl.
Crataegus dikmensis Pojark
Dendriopoterium pulidoi Svent.
Potentilla delphinensis Gren. & Godron
Pyrus anatolica Browicz

RUBIACEAE
Galium globuliferum Hub.-Mor. & Reese
Galium litorale Guss.
Galium viridiflorum Boiss. & Reuter

RUTACEAE
Ruta microcarpa Svent.

SANTALACEAE
Kunkeliella subsucculenta Kammer
Thesium ebracteatum Hayne

SAPOTACEAE
Sideroxylon marmulano Banks ex Lowe

Androsace mathildae Levier
Androsace pyrenaica Lam.
Cyclamen mirabile Hildebr.
Lysimachia minoricensis J.D.Rodriguez
Primula apennina Widmer
Primula egaliksensis Wormsk.
Primula glaucescens Moretti
Primula palinuri Petagna
Primula spectabilis Tratt.
Soldanella villosa Darracq

RANUNCULACEAE
Aconitum corsicum Gayer
Adonis cyllenea Boiss., Heldr. & Orph.
Adonis distorta Ten.
Aquilegia bertolonii Schott
Aquilegia kitaibelii Schott
Aquilegia ottonis subsp. taygetea (Orph.) Strid
Aquilegia pyrenaica DC. subsp. cazorlensis (Heywood) Galiano & Rivas Martinez (Aquilegia cazorlensis Heywood)
Consolida samia P.H.Davis
Delphinium caseyi B.L.Burtt
Pulsatilla patens (L.) Miller
Ranunculus fontanus C. Presl
Ranunculus kykkoensis Meikle
Ranunculus weyleri Mares

RESEDACEAE
Reseda decursiva Forssk.Gibraltar

ROSACEAE
Bencomia brachystachya Svent.
Bencomia sphaerocarpa Svent.
Chamaemeles coriacea Lindl.
Crataegus dikmensis Pojark
Dendriopoterium pulidoi Svent.
Potentilla delphinensis Gren. & Godron
Pyrus anatolica Browicz

RUBIACEAE
Galium globuliferum Hub.-Mor. & Reese
Galium litorale Guss.
Galium viridiflorum Boiss. & Reuter

RUTACEAE
Ruta microcarpa Svent.

SANTALACEAE
Kunkeliella subsucculenta Kammer
Thesium ebracteatum Hayne

SAPOTACEAE
Sideroxylon marmulano Banks ex Lowe

SAXIFRAGACEAE
Saxifraga berica (Beguinot) D.A.Webb
Saxifraga cintrana Kuzinsky ex Willk.
Saxifraga florulenta Moretti
Saxifraga hirculus L.
Saxifraga portosanctana Boiss.
Saxifraga presolanensis Engl.
Saxifraga tombeanensis Boiss. ex Engl.
Saxifraga valdensis DC.
Saxifraga vayredana Luizet

SCROPHULARIACEAE
Antirrhinum charidemi Lange
Euphrasia azorica H.C.Watson
Euphrasia grandiflora Hochst.
Euphrasia marchesettii Wettst. ex Marches.
Isoplexis chalcantha Svent. & O'Shanahan
Isoplexis isabelliana (Webb & Berthel.) Masferrer
Linaria algarviana Chav.
Linaria ficalhoana Rouy
Linaria flava (Poiret) Desf.
Linaria hellenica Turril
Linaria ricardoi Cout.
Linaria tursica B.Valdes & Cabezudo
Lindernia procumbens (Krocker) Philcox
Odontites granatensis Boiss.
Verbascum afyonense Hub.-Mor.
Verbascum basivelatum Hub.-Mor.
Verbascum cylleneum (Boiss. & Heldr.) Kuntze
Verbascum degenii Hal.
Verbascum stepporum Hub.-Mor.
Veronica oetaea L.-A.Gustavsson

SELAGINACEAE
Globularia ascanii D.Bramwell & Kunkel
Globularia sarcophylla Svent.
Globularia stygia Orph. ex Boiss.

SOLANACEAE
Atropa baetica Willk.
Mandragora officinarum L.
Solanum lidii Sunding

THYMELAEACEAE
Daphne petraea Leybold
Daphne rodriguezii Texidor
Thymelea broterana Coutinho

TRAPACEAE
Trapa natans L.

TYPHACEAE
Typha minima Funk
Typha shuttleworthii Koch & Sonder

SAXIFRAGACEAE
Saxifraga berica (Beguinot) D.A.Webb
Saxifraga cintrana Kuzinsky ex Willk.
Saxifraga florulenta Moretti
Saxifraga hirculus L.
Saxifraga portosanctana Boiss.
Saxifraga presolanensis Engl.
Saxifraga tombeanensis Boiss. ex Engl.
Saxifraga valdensis DC.
Saxifraga vayredana Luizet

SCROPHULARIACEAE
Antirrhinum charidemi Lange
Euphrasia azorica H.C.Watson
Euphrasia grandiflora Hochst.
Euphrasia marchesettii Wettst. ex Marches.
Isoplexis chalcantha Svent. & O'Shanahan
Isoplexis isabelliana (Webb & Berthel.) Masferrer
Linaria algarviana Chav.
Linaria ficalhoana Rouy
Linaria flava (Poiret) Desf.
Linaria hellenica Turril
Linaria ricardoi Cout.
Linaria tursica B.Valdes & Cabezudo
Lindernia procumbens (Krocker) Philcox
Odontites granatensis Boiss.
Verbascum afyonense Hub.-Mor.
Verbascum basivelatum Hub.-Mor.
Verbascum cylleneum (Boiss. & Heldr.) Kuntze
Verbascum degenii Hal.
Verbascum stepporum Hub.-Mor.
Veronica oetaea L.-A.Gustavsson

SELAGINACEAE
Globularia ascanii D.Bramwell & Kunkel
Globularia sarcophylla Svent.
Globularia stygia Orph. ex Boiss.

SOLANACEAE
Atropa baetica Willk.
Mandragora officinarum L.
Solanum lidii Sunding

THYMELAEACEAE
Daphne petraea Leybold
Daphne rodriguezii Texidor
Thymelea broterana Coutinho

TRAPACEAE
Trapa natans L.

TYPHACEAE
Typha minima Funk
Typha shuttleworthii Koch & Sonder

ULMACEAE
Zelkova abelicea (Lam.) Boiss.

UMBELLIFERAE
Angelica heterocarpa Lloyd
Angelica palustris (Besser) Hoffman
Apium bermejoi Llorens
Apium repens (Jacq.) Lag.
Athamanta cortiana Ferrarini
Bunium brevifolium Lowe
Bupleurum capillare Boiss. & Heldr.
Bupleurum dianthifolium Guss.
Bupleurum handiense (Bolle) Kunkel
Bupleurum kakiskalae Greuter
Eryngium alpinum L.
Eryngium viviparum Gay
Ferula halophila H.Pesmen
Ferula latipinna Santos
Laserpitium longiradium Boiss.
Naufraga balearica Constance & Cannon
Oenanthe conioides Lange
Petagnia saniculifolia Guss.
Rouya polygama (Desf.) Coincy
Seseli intricatum Boiss.
Thorella verticillatinundata (Thore) Briq.

VALERIANACEAE
Centranthus trinervis (Viv.) Beguinot

VIOLACEAE
Viola athois W.Becker
Viola cazorlensis Gandoger
Viola cryana Gillot
Viola delphinantha Boiss.
Viola hispida Lam.
Viola jaubertiana Mares & Vigineix

MOSAR

BRYOPSIDA: ANTHOCEROTAE

ANTHOCEROTACEAE
Notothylas orbicularis (Schwein.) Sull.

BRYOPSIDA: HEPATICAE

AYTONIACEAE
Mannia triandra (Scop.) Grolle

CEPHALOZIACEAE
Cephalozia macounii (Aust.) Aust.

ULMACEAE
Zelkova abelicea (Lam.) Boiss.

UMBELLIFERAE
Angelica heterocarpa Lloyd
Angelica palustris (Besser) Hoffman
Apium bermejoi Llorens
Apium repens (Jacq.) Lag.
Athamanta cortiana Ferrarini
Bunium brevifolium Lowe
Bupleurum capillare Boiss. & Heldr.
Bupleurum dianthifolium Guss.
Bupleurum handiense (Bolle) Kunkel
Bupleurum kakiskalae Greuter
Eryngium alpinum L.
Eryngium viviparum Gay
Ferula halophila H.Pesmen
Ferula latipinna Santos
Laserpitium longiradium Boiss.
Naufraga balearica Constance & Cannon
Oenanthe conioides Lange
Petagnia saniculifolia Guss.
Rouya polygama (Desf.) Coincy
Seseli intricatum Boiss.
Thorella verticillatinundata (Thore) Briq.

VALERIANACEAE
Centranthus trinervis (Viv.) Beguinot

VIOLACEAE
Viola athois W.Becker
Viola cazorlensis Gandoger
Viola cryana Gillot
Viola delphinantha Boiss.
Viola hispida Lam.
Viola jaubertiana Mares & Vigineix

BRYOPHYTA

BRYOPSIDA: ANTHOCEROTAE

ANTHOCEROTACEAE
Notothylas orbicularis (Schwein.) Sull.

BRYOPSIDA: HEPATICAE

AYTONIACEAE
Mannia triandra (Scop.) Grolle

CEPHALOZIACEAE
Cephalozia macounii (Aust.) Aust.

CODONIACEAE
Petalophyllum ralfsii (Wils.) Nees et Gott. ex Lehm.

FRULLANIACEAE
Frullania parvistipula Steph.

GYMNOMITRIACEAE
Marsupella profunda Lindb.

JUNGERMANNIACEAE
Jungermannia handelii (Schiffn.) Amak.

RICCIACEAE
Riccia breidleri Jur. ex Steph.

RIELLACEAE
Riella helicophylla (Mont.) Hook.

SCAPANIACEAE
Scapania massalongi (K.Muell.) K.Muell.

BRYOPSIDA: MUSCI

AMBLYSTEGIACEAE
Drepanocladus vernicosus (Mitt.) Warnst.

BRUCHIACEAE
Bruchia vogesiaca Schwaegr.

BUXBAUMIACEAE
Buxbaumia viridis (Moug. ex Lam. & DC.) Brid. ex Moug. & Nestl.

DICRANACEAE
Atractylocarpus alpinus (Schimp. ex Milde) Lindb.
Cynodontium suecicum (H.Arn. & C.Jens.) I.Hag.
Dicranum viride (Sull. & Lesq.) Lindb.

ECHINODIACEAE
Echinodium spinosum (Mitt.) Jur.

FONTINALACEAE
Dichelyma capillaceum (With.) Myr.

FUNARIACEAE
Pyramidula tetragona (Brid.) Brid.

HOOKERIACEAE
Distichophyllum carinatum Dix. & Nich.

CODONIACEAE
Petalophyllum ralfsii (Wils.) Nees et Gott. ex Lehm.

FRULLANIACEAE
Frullania parvistipula Steph.

GYMNOMITRIACEAE
Marsupella profunda Lindb.

JUNGERMANNIACEAE
Jungermannia handelii (Schiffn.) Amak.

RICCIACEAE
Riccia breidleri Jur. ex Steph.

RIELLACEAE
Riella helicophylla (Mont.) Hook.

SCAPANIACEAE
Scapania massalongi (K.Muell.) K.Muell.

BRYOPSIDA: MUSCI

AMBLYSTEGIACEAE
Drepanocladus vernicosus (Mitt.) Warnst.

BRUCHIACEAE
Bruchia vogesiaca Schwaegr.

BUXBAUMIACEAE
Buxbaumia viridis (Moug. ex Lam. & DC.) Brid. ex Moug. & Nestl.

DICRANACEAE
Atractylocarpus alpinus (Schimp. ex Milde) Lindb.
Cynodontium suecicum (H.Arn. & C.Jens.) I.Hag.
Dicranum viride (Sull. & Lesq.) Lindb.

ECHINODIACEAE
Echinodium spinosum (Mitt.) Jur.

FONTINALACEAE
Dichelyma capillaceum (With.) Myr.

FUNARIACEAE
Pyramidula tetragona (Brid.) Brid.

HOOKERIACEAE
Distichophyllum carinatum Dix. & Nich.

MEESIACEAE
Meesia longiseta Hedw.

ORTHOTRICHACEAE
Orthotrichum rogeri Brid.

POTTIACEAE
Bryoerythrophyllum machadoanum (Sergio) M.Hill

SPHAGNACEAE
Sphagnum pylaisii Brid.

SPLACHNACEAE
Tayloria rudolphiana (Garov.) B.S.G.

THAMNIACEAE
Thamnobryum fernandesii Sergio
tpvsANNI.

MEESIACEAE
Meesia longiseta Hedw.

ORTHOTRICHACEAE
Orthotrichum rogeri Brid.

POTTIACEAE
Bryoerythrophyllum machadoanum (Sergio) M.Hill

SPHAGNACEAE
Sphagnum pylaisii Brid.

SPLACHNACEAE
Tayloria rudolphiana (Garov.) B.S.G.

THAMNIACEAE
Thamnobryum fernandesii Sergio
tpvsANNI.

VIÐAUKI II
FRIÐAÐAR TEGUNDIR DÝRA

HRYGGDÝR

Spendýr

INSECTIVORA
Erinaceidae
Erinaceus (Aethechinus) algirus
Soricidae
Crocidura ariadne
Crocidura cypria
Crocidura canariensis
Talpidae
Desmana pyrenaica (Galemys pyrenaicus)

MICROCHIROPTERA
allar tegundir nema
Pipistrellus pipistrellus

RODENTIA
Sciuridae
Sciurus anomalus
Citellus citellus
Pteromys volans (Sciuropterus russicus)
Cricetidae
Cricetus cricetus
Microtidae
Pitymys bavaricus (Microtus bavaricus)
Zapodidae

APPENDIX II
STRICTLY PROTECTED FAUNA SPECIES

VERTEBRATES

Mammals

INSECTIVORA
Erinaceidae
Erinaceus (Aethechinus) algirus
Soricidae
Crocidura ariadne
Crocidura cypria
Crocidura canariensis
Talpidae
Desmana pyrenaica (Galemys pyrenaicus)

MICROCHIROPTERA
all species except
Pipistrellus pipistrellus

RODENTIA
Sciuridae
Sciurus anomalus
Citellus citellus
Pteromys volans (Sciuropterus russicus)
Cricetidae
Cricetus cricetus
Microtidae
Pitymys bavaricus (Microtus bavaricus)
Zapodidae

Sicista betulina
Sicista subtilis
Hystricidae
Hystrix cristata

CARNIVORA
Canidae
Canis lupus
Alopex lagopus
Ursidae
allar tegundir
Mustelidae
Lutreola (Mustela) lutreola
Lutra lutra
Gulo gulo
Felidae
Felissilvestris (catus)
Lynx pardina (pardellus)
Pantera pardus
Pantera tigris
Odobenidae
Odobenus rosmarus
Phocidae
Monachus monachus

ARTIODACTYLA
Cervidae
Cervus elaphus corsicanus
Bovidae
Capra aegagrus
Capra pyrenaica pyrenaica
Rupicapra rupicapra ornata
Ovibos moschatus

CETACEA
Delphinidae
Orcinus orca
Pseudoroa crassidens
Grampus griseus
Globicephala melaena
Delphinus delphis
Tursiops truncatus (tursio)
Lagenorhynchus acutus
Lagenorhynchus albirostris
Steno bredanensis
Stenella coeruleoalba
Phocaenidae
Phocaena phocaena
Ziphiidae
Hyperoodon rostratus
Mesoplodon mirus
Mesoplodon bidens
Ziphius cavirostris

Sicista betulina
Sicista subtilis
Hystricidae
Hystrix cristata

CARNIVORA
Canidae
Canis lupus
Alopex lagopus
Ursidae
all species
Mustelidae
Lutreola (Mustela) lutreola
Lutra lutra
Gulo gulo
Felidae
Felissilvestris (catus)
Lynx pardina (pardellus)
Pantera pardus
Pantera tigris
Odobenidae
Odobenus rosmarus
Phocidae
Monachus monachus

ARTIODACTYLA
Cervidae
Cervus elaphus corsicanus
Bovidae
Capra aegagrus
Capra pyrenaica pyrenaica
Rupicapra rupicapra ornata
Ovibos moschatus

CETACEA
Delphinidae
Orcinus orca
Pseudoroa crassidens
Grampus griseus
Globicephala melaena
Delphinus delphis
Tursiops truncatus (tursio)
Lagenorhynchus acutus
Lagenorhynchus albirostris
Steno bredanensis
Stenella coeruleoalba
Phocaenidae
Phocaena phocaena
Ziphiidae
Hyperoodon rostratus
Mesoplodon mirus
Mesoplodon bidens
Ziphius cavirostris

Balaenopteridae
Sibbaldus (Balaenoptera) musculus
Megaptera novaengliae (longimana, nodosa)
Balaenidae
Eubalaena glacialis
Balaena mysticetus

Fuglar

GAVIIFORMES
Gaviidae
allar tegundir

PODICIPEDIFORMES
Podicipedidae
Podiceps griseigena
Podiceps auritus
Podiceps nigricollis (caspicus)
Podiceps ruficollis

PROCELLARIIFORMES
Hydrobatidae
allar tegundir
Procellariidae
Bulweria bulwerii
Procellaria diomedea
Puffinus puffinus
Puffinus assimilis baroli
Pterodroma madeira
Pterodroma feae

PELECANIFORMES
Phalacrocoracidae
Phalocrocorax pygmaeus
Pelecanidae
allar tegundir

CICONIIFORMES
Ardeidae
Ardea purpurea
Casmerodius albus (Egretta alba)
Egretta garzetta
Ardeola ralloides
Bulbucus (Ardeola) ibis
Nycticorax nycticorax
Ixobrychus minutus
Botaurus stellaris
Ciconiidae
allar tegundir
Threskiornithidae
allar tegundir
Phoenicopteridae
Phoenicopterus ruber

Balaenopteridae
Sibbaldus (Balaenoptera) musculus
Megaptera novaengliae (longimana, nodosa)
Balaenidae
Eubalaena glacialis
Balaena mysticetus

Birds

GAVIIFORMES
Gaviidae
all species

PODICIPEDIFORMES
Podicipedidae
Podiceps griseigena
Podiceps auritus
Podiceps nigricollis (caspicus)
Podiceps ruficollis

PROCELLARIIFORMES
Hydrobatidae
all species
Procellariidae
Bulweria bulwerii
Procellaria diomedea
Puffinus puffinus
Puffinus assimilis baroli
Pterodroma madeira
Pterodroma feae

PELECANIFORMES
Phalacrocoracidae
Phalocrocorax pygmaeus
Pelecanidae
all species

CICONIIFORMES
Ardeidae
Ardea purpurea
Casmerodius albus (Egretta alba)
Egretta garzetta
Ardeola ralloides
Bulbucus (Ardeola) ibis
Nycticorax nycticorax
Ixobrychus minutus
Botaurus stellaris
Ciconiidae
all species
Threskiornithidae
all species
Phoenicopteridae
Phoenicopterus ruber

ANSERIFORMES
Anatidae
Cygnus cygnus
Cygnus bewickii (columbianus)
Anser erythropus
Branta leucopsis
Branta ruficollis
Tadorna tadorna
Tadorna ferruginea
Marmaronetta (Anas) angustirostris
Somateria spectabilis
Polysticta stelleri
Histrionicus histrionicus
Bucephala islandica
Mergus albellus
Oxyura leucocephala

FALCONIFORMES
allar tegundir

GALLIFORMES
Tetraonidae
Tetrao urogallus cantabricus

GRUIFORMES
Turnicidae
Turnix sylvatica
Gruidae
allar tegundir
Rallidae
Porzana porzana
Porzana pusilla
Porzana parva
Crex crex
Porphyrio porphyrio
Fulica cristata
Otitidae
allar tegundir

CHARADRIIFORMES
Charadriidae
Hoplopterus spinosus
Charadrius hiaticula
Charadrius dubius
Charadrius alexandrinus
Charadrius leschenaulti
Eudromias morinellus
Arenaria interpres
Scolopacidae
Gallinago media
Numenius tenuirostris
Tringa stagnatilis
Tringa ochropus
Tringa glareola

ANSERIFORMES
Anatidae
Cygnus cygnus
Cygnus bewickii (columbianus)
Anser erythropus
Branta leucopsis
Branta ruficollis
Tadorna tadorna
Tadorna ferruginea
Marmaronetta (Anas) angustirostris
Somateria spectabilis
Polysticta stelleri
Histrionicus histrionicus
Bucephala islandica
Mergus albellus
Oxyura leucocephala

FALCONIFORMES
all species

GALLIFORMES
Tetraonidae
Tetrao urogallus cantabricus

GRUIFORMES
Turnicidae
Turnix sylvatica
Gruidae
all species
Rallidae
Porzana porzana
Porzana pusilla
Porzana parva
Crex crex
Porphyrio porphyrio
Fulica cristata
Otitidae
all species

CHARADRIIFORMES
Charadriidae
Hoplopterus spinosus
Charadrius hiaticula
Charadrius dubius
Charadrius alexandrinus
Charadrius leschenaulti
Eudromias morinellus
Arenaria interpres
Scolopacidae
Gallinago media
Numenius tenuirostris
Tringa stagnatilis
Tringa ochropus
Tringa glareola

Tringa hypoleucos
Tringa cinerea
Calidris minuta
Calidris temminckii
Calidris maritima
Calidris alpina
Calidris ferruginea
Calidris alba
Limicola falcinellus
Recurvirostridae
allar tegundir
Phalaropodidae
allar tegundir
Burhinidae
Burhinus oedicnemus
Glareolidae
allar tegundir
Laridae
Pagophila eburnea
Larus audouinii
Larus melanocephalus
Larus genei
Larus minutus
Larus (Xenia) sabini
Chlidonias niger
Chlidonias leucopterus
Chlidonias hybrida
Gelochelidon nilotica
Hydroprogne caspia
Sterna hirundo
Serna paradisaea (macrura)
Sterna dougallii
Sterna albifrons
Sterna sandvicensis

COLUMBIFORMES
Pteroclididae
allar tegundir
Columbidae
Columba bollii
Columba junoniae

CUCULIFORMES
Cuculidae
Clamator glandarius

STRIGIFORMES
allar tegundir

CAPRIMULGIFORMES
Caprimulgidae
allar tegundir

Tringa hypoleucos
Tringa cinerea
Calidris minuta
Calidris temminckii
Calidris maritima
Calidris alpina
Calidris ferruginea
Calidris alba
Limicola falcinellus
Recurvirostridae
all species
Phalaropodidae
all species
Burhinidae
Burhinus oedicnemus
Glareolidae
all species
Laridae
Pagophila eburnea
Larus audouinii
Larus melanocephalus
Larus genei
Larus minutus
Larus (Xenia) sabini
Chlidonias niger
Chlidonias leucopterus
Chlidonias hybrida
Gelochelidon nilotica
Hydroprogne caspia
Sterna hirundo
Serna paradisaea (macrura)
Sterna dougallii
Sterna albifrons
Sterna sandvicensis

COLUMBIFORMES
Pteroclididae
all species
Columbidae
Columba bollii
Columba junoniae

CUCULIFORMES
Cuculidae
Clamator glandarius

STRIGIFORMES
all species

CAPRIMULGIFORMES
Caprimulgidae
all species

APODIFORMES
Apodidae
Apus pallidus
Apus melba
Apus caffer
Apus unicolor

CORACIIFORMES
Alcedinidae
Alcedo atthis
Ceryle rudis
Halcyon smyrnensis
Meropidae
Merops apiaster
Coraciidae
Coracias garrulus
Upopidae
Upopa epops

PICIFORMES
allar tegundir

PASSERIFORMES
Alaudidae
Calandrella brachydactyla
Calendrella rufescens
Melanocorypha bimaculata
Melanocorypha calandra
Melanocorypha leucoptera
Melanocorypha yeltoniensis
Galerida theklae
Chersophilus duponti
Eremophila alpestris
Hirundinidae
allar tegundir
Motacillidae
allar tegundir
Pycnonotidae
Pycnonotus barbatus
Laniidae
allar tegundir
Bombycillidae
Bombycilla garrulus
Cinclidae
Cinclus cinclus
Troglodytidae
Troglodytes troglodytes
Prunellidae
allar tegundir
Muscicapidae
Turdinae
Saxicola rubetra
Saxicola torquata

APODIFORMES
Apodidae
Apus pallidus
Apus melba
Apus caffer
Apus unicolor

CORACIIFORMES
Alcedinidae
Alcedo atthis
Ceryle rudis
Halcyon smyrnensis
Meropidae
Merops apiaster
Coraciidae
Coracias garrulus
Upopidae
Upopa epops

PICIFORMES
all species

PASSERIFORMES
Alaudidae
Calandrella brachydactyla
Calendrella rufescens
Melanocorypha bimaculata
Melanocorypha calandra
Melanocorypha leucoptera
Melanocorypha yeltoniensis
Galerida theklae
Chersophilus duponti
Eremophila alpestris
Hirundinidae
all species
Motacillidae
all species
Pycnonotidae
Pycnonotus barbatus
Laniidae
all species
Bombycillidae
Bombycilla garrulus
Cinclidae
Cinclus cinclus
Troglodytidae
Troglodytes troglodytes
Prunellidae
all species
Muscicapidae
Turdinae
Saxicola rubetra
Saxicola torquata

Saxicola dacotiae
Oenanthe oenanthe
Oenanthe pleschanka (leucomela)
Oenanthe hispanica
Oenanthe isabellina
Oenanthe leucura
Oenanthe finischii
Cercotrichas galactotes
Monticola saxatilis
Monticola solitarius
Turdus torquatus
Phoenicurus ochruros
Phoenicurus phoenicurus
Erithacus rubecula
Luscinia megarhynchos
Luscinia luscinia
Luscinia (Cyanosylvia) svecica
Tarsiger cyanurus
Irania gutturalis
Sylviinae
allar tegundir
Regulinae
allar tegundir
Muscicapinae
allar tegundir
Timaliinae
Panurus biarmicus
Paridae
allar tegundir
Sittidae
allar tegundir
Certhiidae
allar tegundir
Emberizidae
Emberiza citrinella
Emberiza leucocephala
Emberiza cirlus
Emberiza cineracea
Emberiza caesia
Emberiza cia
Emberiza schoeniclus
Emberiza melanocephala
Emberiza aureola
Emberiza pusilla
Emberiza rustica
Plectrophenax nivalis
Calcarius lapponicus
Fringillidae
Carduelis chloris
Carduelis carduelis
Carduelis spinus
Carduelis flavirostris
Carduelis cannabina
Carduelis flammea

Saxicola dacotiae
Oenanthe oenanthe
Oenanthe pleschanka (leucomela)
Oenanthe hispanica
Oenanthe isabellina
Oenanthe leucura
Oenanthe finischii
Cercotrichas galactotes
Monticola saxatilis
Monticola solitarius
Turdus torquatus
Phoenicurus ochruros
Phoenicurus phoenicurus
Erithacus rubecula
Luscinia megarhynchos
Luscinia luscinia
Luscinia (Cyanosylvia) svecica
Tarsiger cyanurus
Irania gutturalis
Sylviinae
all species
Regulinae
all species
Muscicapinae
all species
Timaliinae
Panurus biarmicus
Paridae
all species
Sittidae
all species
Certhiidae
all species
Emberizidae
Emberiza citrinella
Emberiza leucocephala
Emberiza cirlus
Emberiza cineracea
Emberiza caesia
Emberiza cia
Emberiza schoeniclus
Emberiza melanocephala
Emberiza aureola
Emberiza pusilla
Emberiza rustica
Plectrophenax nivalis
Calcarius lapponicus
Fringillidae
Carduelis chloris
Carduelis carduelis
Carduelis spinus
Carduelis flavirostris
Carduelis cannabina
Carduelis flammea

Carduelis hornemanni
Serinus citrinella
Serinus serinus
Serinus pusillus
Loxia curvirostra
Loxia pityopsittacus
Loxia leucoptera
Loxia scotica
Pinicola enucleator
Carpodacus erythrinus
Rhodopechys githaginea
Coccothraustes coccothraustes
Fringilla teydea
Ploceidae
Petronia petronia
Montrifringilla nivalis
Sturnidae
Sturnus unicolor
Sturnus roseus
Oriolidae
Oriolus oriolus
Corvidae
Perisoreus infaustus
Cyanopica cyanus
Nucifraga caryocatactes
Pyrrhocorax pyrrhocorax
Pyrrhocorax graculus

Skriðdýr

TESTUDINES
Testudinidae
Testudo hermanni
Testudo graeca
Testudo marginata
Emydidae
Emys orbicularis
Mauremys caspica
Dermochelyidae
Dermochelys coriacea
Cheloniidae
Caretta caretta
Lepidochelys kempii
Chelonia mydas
Eretmochelys imbricata

SAURIA
Gekkonidae
Tarentola delalandii
Tarentola boettgeri
Tarentola angustimentalis
Tarentola gomerensis
Phyllodactylus europaeus
Cyrtodactylus kotschyi

Carduelis hornemanni
Serinus citrinella
Serinus serinus
Serinus pusillus
Loxia curvirostra
Loxia pityopsittacus
Loxia leucoptera
Loxia scotica
Pinicola enucleator
Carpodacus erythrinus
Rhodopechys githaginea
Coccothraustes coccothraustes
Fringilla teydea
Ploceidae
Petronia petronia
Montrifringilla nivalis
Sturnidae
Sturnus unicolor
Sturnus roseus
Oriolidae
Oriolus oriolus
Corvidae
Perisoreus infaustus
Cyanopica cyanus
Nucifraga caryocatactes
Pyrrhocorax pyrrhocorax
Pyrrhocorax graculus

Reptiles

TESTUDINES
Testudinidae
Testudo hermanni
Testudo graeca
Testudo marginata
Emydidae
Emys orbicularis
Mauremys caspica
Dermochelyidae
Dermochelys coriacea
Cheloniidae
Caretta caretta
Lepidochelys kempii
Chelonia mydas
Eretmochelys imbricata

SAURIA
Gekkonidae
Tarentola delalandii
Tarentola boettgeri
Tarentola angustimentalis
Tarentola gomerensis
Phyllodactylus europaeus
Cyrtodactylus kotschyi

Agamidae
Agama stellio
Chamaeleontidae
Chamaeleo chamaeleon
Lacertidae
Algyroides nigropunctatus
Algyroides moreoticus
Algyroides fitzingeri
Algyroides marchi
Ophisops elegans
Lacerta lepida
Lacerta parva
Lacerta princeps
Lacerta viridis
Lacerta schreiberi
Lacerta trilineata
Lacerta agilis
Lacerta monticola
Lacerta bedriagae
Lacerta horvathi
Lacerta graeca
Lacerta dugesi
Gallotia (Lacerta) simonyi
Gallotia galloti
Gallotia stehlini
Podarcis muralis
Podarcis lilfordi
Podarcis sicula
Podarcis filfolensis
Podarcis pityusensis
Podarcis tiliguerta
Podarcis wagleriana
Podarcis melisellensis
Podarcis taurica
Podarcis erhardii
Podarcis peloponnesiaca
Podarcis milensis
Anguidae
Ophisaurus apodus
Scincidae
Ablepharus kitaibelii
Chalcides ocellatus
Chalcides bedriagai
Chalcides viridianus
Chalcides sexlineatus
Chalcides occidentalis
Ophiomorus punctatissimus

OPHIDIA
Colubridae
Coluber hippocrepis
Coluber najadum
Coluber viridiflavus
Coluber gemonensis
Coluber jugularis

Agamidae
Agama stellio
Chamaeleontidae
Chamaeleo chamaeleon
Lacertidae
Algyroides nigropunctatus
Algyroides moreoticus
Algyroides fitzingeri
Algyroides marchi
Ophisops elegans
Lacerta lepida
Lacerta parva
Lacerta princeps
Lacerta viridis
Lacerta schreiberi
Lacerta trilineata
Lacerta agilis
Lacerta monticola
Lacerta bedriagae
Lacerta horvathi
Lacerta graeca
Lacerta dugesi
Gallotia (Lacerta) simonyi
Gallotia galloti
Gallotia stehlini
Podarcis muralis
Podarcis lilfordi
Podarcis sicula
Podarcis filfolensis
Podarcis pityusensis
Podarcis tiliguerta
Podarcis wagleriana
Podarcis melisellensis
Podarcis taurica
Podarcis erhardii
Podarcis peloponnesiaca
Podarcis milensis
Anguidae
Ophisaurus apodus
Scincidae
Ablepharus kitaibelii
Chalcides ocellatus
Chalcides bedriagai
Chalcides viridianus
Chalcides sexlineatus
Chalcides occidentalis
Ophiomorus punctatissimus

OPHIDIA
Colubridae
Coluber hippocrepis
Coluber najadum
Coluber viridiflavus
Coluber gemonensis
Coluber jugularis

Elaphe situla
Elaphe quatuorlineata
Elaphe longissima
Natrix tessellata
Coronella austriaca
Telescopus fallax
Viperidae
Vipera ursinii
Vipera latasti
Vipera ammodytes
Vipera xanthina
Vipera lebetina
Vipera kaznakovi

Froskdýr

CAUDATA
Salamandridae
Salamandra atra
Salamandra (Mertensiella) luschani
Salamandrina terdigitata
Chioglossa lusitanica
Euproctus asper
Euproctus montanus
Euproctus platycephalus
Triturus cristatus
Triturus montandoni
Triturus italicus
Triturus carnifex
Triturus dobrogicus
Triturus karelinii
Plethodontidae
Hydromantes genei
Hydromantes flavus
Hydromantes supramontes
Hydromantes imperialis
Hydromantes italicus
Proteidae
Proteus anguinus

ANURA
Discoglossidae
Bombina variegata
Bombina bombina
Discoglossus pictus
Discoglossus galganoi
Discoglossus sardus
Discoglossus jeanneae
Alytes obstetricans
Alytes cisternasii
Alytes muletensis
Pelobatidae
Pelobates cultripes
Pelobates fuscus
Pelobates syriacus

Elaphe situla
Elaphe quatuorlineata
Elaphe longissima
Natrix tessellata
Coronella austriaca
Telescopus fallax
Viperidae
Vipera ursinii
Vipera latasti
Vipera ammodytes
Vipera xanthina
Vipera lebetina
Vipera kaznakovi

Amphibians

CAUDATA
Salamandridae
Salamandra atra
Salamandra (Mertensiella) luschani
Salamandrina terdigitata
Chioglossa lusitanica
Euproctus asper
Euproctus montanus
Euproctus platycephalus
Triturus cristatus
Triturus montandoni
Triturus italicus
Triturus carnifex
Triturus dobrogicus
Triturus karelinii
Plethodontidae
Hydromantes genei
Hydromantes flavus
Hydromantes supramontes
Hydromantes imperialis
Hydromantes italicus
Proteidae
Proteus anguinus

ANURA
Discoglossidae
Bombina variegata
Bombina bombina
Discoglossus pictus
Discoglossus galganoi
Discoglossus sardus
Discoglossus jeanneae
Alytes obstetricans
Alytes cisternasii
Alytes muletensis
Pelobatidae
Pelobates cultripes
Pelobates fuscus
Pelobates syriacus

Pelodytes caucasicus

Bufonidae
Bufo calamita
Bufo viridis
Hylidae
Hyla arborea
Hyla meridionalis
Hyla sarda
Ranidae
Rana arvalis
Rana dalmatina
Rana latestei
Rana iberica
Rana italica

Fiskar

ACIPENSERIFORMES
Acipenseridae
Acipenser naccarii

SALMONIFORMES
Umbridae
Umbra krameri

ATHERINIFORMES
Cyprinodontidae
Valencia hispanica

PERCIFORMES
Percidae
Zingel asper

HRYGGLEYSINGJAR

Liðdýr

INSECTA
Mantodea
Apteromantis aptera
Odonata
Calopteryx syriaca
Sympecma braueri
Coenagrion freyi
Coenagrion mercuriale
Aeshna viridis
Stylurus (= Gomphus) flavipes
Gomphus graslinii
Ophiogomphus cecilia
Lindenia tetraphylla
Cordulegaster trinacriae
Oxygastra curtisii
Macromia splendens

Pelodytes caucasicus

Bufonidae
Bufo calamita
Bufo viridis
Hylidae
Hyla arborea
Hyla meridionalis
Hyla sarda
Ranidae
Rana arvalis
Rana dalmatina
Rana latestei
Rana iberica
Rana italica

Fish

ACIPENSERIFORMES
Acipenseridae
Acipenser naccarii

SALMONIFORMES
Umbridae
Umbra krameri

ATHERINIFORMES
Cyprinodontidae
Valencia hispanica

PERCIFORMES
Percidae
Zingel asper

INVERTEBRATES

Arthropods

INSECTA
Mantodea
Apteromantis aptera
Odonata
Calopteryx syriaca
Sympecma braueri
Coenagrion freyi
Coenagrion mercuriale
Aeshna viridis
Stylurus (= Gomphus) flavipes
Gomphus graslinii
Ophiogomphus cecilia
Lindenia tetraphylla
Cordulegaster trinacriae
Oxygastra curtisii
Macromia splendens

Brachythemis fuscopalliata
Leucorrhinia albifrons
Leucorrhinia caudalis
Leucorrhinia pectoralis

Orthoptera
Baetica ustulata
Saga pedo
Coleoptera
Carabus olympiae
Dytiscus latissimus
Graphoderus bilineatus
Osmoderma eremita
Buprestis splendens
Cucujus cinnaberinus
Cerambyx cerdo
Rosalia alpina
Lepidoptera
Papilio hospiton
Papilio alexanor
Zerynthia polyxena
Parnassius apollo
Parnassius mnemosyne
Apatura metis
Fabriciana elisa
Euphydryas (Eurodryas) aurinia
Melanargia arge
Erebia christi
Erebia sudetica
Erebia calcaria
Coenonympha hero
Coenonympha oedippus
Lopinga achine
Lycaena dispar
Maculinea arion
Maculinea teleius
Maculinea nausithous
Plebicula golgus
Hypodryas maturna
Eriogaster catax
Hyles hippophaes
Proserpinus prosperpina

ARACHNIDA
Araneae
Macrothele calpeiana

Lindýr

GASTROPODA
Stylommatophora
Leiostyla abbreviata
Leiostyla cassida
Leiostyla corneocostata
Leiostyla gibba

Brachythemis fuscopalliata
Leucorrhinia albifrons
Leucorrhinia caudalis
Leucorrhinia pectoralis

Orthoptera
Baetica ustulata
Saga pedo
Coleoptera
Carabus olympiae
Dytiscus latissimus
Graphoderus bilineatus
Osmoderma eremita
Buprestis splendens
Cucujus cinnaberinus
Cerambyx cerdo
Rosalia alpina
Lepidoptera
Papilio hospiton
Papilio alexanor
Zerynthia polyxena
Parnassius apollo
Parnassius mnemosyne
Apatura metis
Fabriciana elisa
Euphydryas (Eurodryas) aurinia
Melanargia arge
Erebia christi
Erebia sudetica
Erebia calcaria
Coenonympha hero
Coenonympha oedippus
Lopinga achine
Lycaena dispar
Maculinea arion
Maculinea teleius
Maculinea nausithous
Plebicula golgus
Hypodryas maturna
Eriogaster catax
Hyles hippophaes
Proserpinus prosperpina

ARACHNIDA
Araneae
Macrothele calpeiana

Molluscs

GASTROPODA
Stylommatophora
Leiostyla abbreviata
Leiostyla cassida
Leiostyla corneocostata
Leiostyla gibba

Leiostyla lamellosa
Geomalacus maculosus
Caseolus calculus
Caseolus commixta
Caseolus sphaerula
Discula leacockiana
Discula tabellata
Discula testudinalis
Discula turricula
Geomitra moniziana
Helix subplicata
Discus guerinianus
Discus defloratus
Elona quimperiana

BIVALVIA
Unionoida
Margaritifera auricularia

VIÐAUKI III
VERNDAÐAR TEGUNDIR DÝRA

HRYGGDÝR

Spendýr

INSECTIVORA
Erinaceidae
Erinaceus europaeus
Soricidae
allar tegundir

MICROCHIROPTERA
Vespertilionidae
Pipistrellus pipistrellus

DUPLICIDENTATA
Leporidae
Lepus timidus
Lepus capensis (europaeus)

RODENTIA
Sciurdae
Sciurus vulgaris
Marmota marmota
Castoridai
Castor fiber
Gliridae
allar tegundir
Microtidae
Microtus ratticeps (oeconomus)
Microtus nivalis (lebrunii)
Microtus cabrerae

Leiostyla lamellosa
Geomalacus maculosus
Caseolus calculus
Caseolus commixta
Caseolus sphaerula
Discula leacockiana
Discula tabellata
Discula testudinalis
Discula turricula
Geomitra moniziana
Helix subplicata
Discus guerinianus
Discus defloratus
Elona quimperiana

BIVALVIA
Unionoida
Margaritifera auricularia

APPENDIX III
PROTECTED FAUNA SPECIES

VERTEBRATES

Mammals

INSECTIVORA
Erinaceidae
Erinaceus europaeus
Soricidae
all species

MICROCHIROPTERA
Vespertilionidae
Pipistrellus pipistrellus

DUPLICIDENTATA
Leporidae
Lepus timidus
Lepus capensis (europaeus)

RODENTIA
Sciurdae
Sciurus vulgaris
Marmota marmota
Castoridai
Castor fiber
Gliridae
all species
Microtidae
Microtus ratticeps (oeconomus)
Microtus nivalis (lebrunii)
Microtus cabrerae

CETACEA
allar tegundir sem ekki eru nefndar í Viðauka II

CARNIVORA
Mustelidae
Meles meles
Mustela erminea
Mustela nivalis
Putorius (Mustela) putorius
Martes martes
Martes foina
Vormela peregusna
Viverridae
allar tegundir
Felidae
Lynx lynx
Phocidae
Phoca vitulina
Pusa (Phoca) hispida
Pagophilus groenlandicus (Phoca groenlandica)
Erignathus barbatus
Halichoerus grypus
Cystophora cristata

ARTIODACTYLA
Suidae
Sus scrofa meridionalis
Cervidae
allar tegundir
Bovidae
Ovis aries (musimon, ammon)
Capra ibex
Capra pyrenaica
Rupicapra rupicapra

Fuglar
allar tegundir sem ekki eru nefndar í Viðauka II að undanskyldum:
Larus marinus
Larus fuscus
Larus argentatus
Columba palumbus
Passer domesticus
Sturnus vulgaris
Farrulus glandarius
Pica pica
Corvus monedula
Corvus frugilegus
Corvus corone (corone and/et cornix)

Skriðdýr
allar tegundir sem ekki eru nefndar í Viðauka II

CETACEA
all species not mentioned in Appendix II

CARNIVORA
Mustelidae
Meles meles
Mustela erminea
Mustela nivalis
Putorius (Mustela) putorius
Martes martes
Martes foina
Vormela peregusna
Viverridae
all species
Felidae
Lynx lynx
Phocidae
Phoca vitulina
Pusa (Phoca) hispida
Pagophilus groenlandicus (Phoca groenlandica)
Erignathus barbatus
Halichoerus grypus
Cystophora cristata

ARTIODACTYLA
Suidae
Sus scrofa meridionalis
Cervidae
all species
Bovidae
Ovis aries (musimon, ammon)
Capra ibex
Capra pyrenaica
Rupicapra rupicapra

BIRDS
All species not included in Appendix II with the exception of :
Larus marinus
Larus fuscus
Larus argentatus
Columba palumbus
Passer domesticus
Sturnus vulgaris
Farrulus glandarius
Pica pica
Corvus monedula
Corvus frugilegus
Corvus corone (corone and cornix)

Reptiles
All species not included in Appendix II

Froskdýr
allar tegundir sem ekki eru nefndar í Viðauka II

Fiskar
PETROMYZONIFORMES
Petromyzonidae
Eudontomyzon hellenicum
Eudontomyzon mariae
Eudontomyzon vladykovi
Lampetra fluviatilis
Lampetra planeri
Lampetra zanandreai
Petromyzon marinus

ACIPENSERIFORMES
Acipenseridae
Acipenser ruthenus
Acipenser stellatus
Acipenser sturio
Huso huso

CLUPEIFORMES
Clupeidae
Alosa alosa
Alosa fallox
Alosa pontica

SALMONIFORMES
Coregonidae
Coregonus
allar tegundir
Thymallidae
Thymallus thymallus
Salmonidae
Hucho hucho
Salmo salar[1]

CYPRINIFORMES
Cyprinidae
Abramis ballerus
Abramis sapa
Abramis vimba
Alburnoides bipunctatus
Alburnus albidus
Aspius aspius
Barbus bocagei
Barbus comiza
Barbus meridionalis
Barbus microcephalus
Barbus peloponesis
Barbus plebejus
Barbus sclateri
Barbus steindachneri
Chalcalburnus chalcoides
Chondrostoma genei

Amphibians
All species not included in Appendix II

Fish
PETROMYZONIFORMES
Petromyzonidae
Eudontomyzon hellenicum
Eudontomyzon mariae
Eudontomyzon vladykovi
Lampetra fluviatilis
Lampetra planeri
Lampetra zanandreai
Petromyzon marinus

ACIPENSERIFORMES
Acipenseridae
Acipenser ruthenus
Acipenser stellatus
Acipenser sturio
Huso huso

CLUPEIFORMES
Clupeidae
Alosa alosa
Alosa fallox
Alosa pontica

SALMONIFORMES
Coregonidae
Coregonus
all species
Thymallidae
Thymallus thymallus
Salmonidae
Hucho hucho
Salmo salar

CYPRINIFORMES
Cyprinidae
Abramis ballerus
Abramis sapa
Abramis vimba
Alburnoides bipunctatus
Alburnus albidus
Aspius aspius
Barbus bocagei
Barbus comiza
Barbus meridionalis
Barbus microcephalus
Barbus peloponesis
Barbus plebejus
Barbus sclateri
Barbus steindachneri
Chalcalburnus chalcoides
Chondrostoma genei

Chondrostoma kneri
Chondrostoma lemingi
Chondrostoma lusitanicum
Chondrostoma nasus
Chondrostoma phoxinus
Chondrostoma polylepis
Chondrostoma soetta
Chondrostoma toxostoma
Chondrostoma willkommi
Gobio albipinnatus
Gobio kessleri
Gobio uranoscopus
Leucaspius delineatus
Leucaspius stymphalicus
Leuciscus illyricus
Leuciscus lucumotis
Leuciscus microlepis
Leuciscus polylepis
Leuciscus pyrenaicus
Leuciscus soufia
Leuciscus svallize
Leuciscus turskyi
Leuciscus ukliva
Pachychilon pictum
Pelecus cultratus
Phoxinellus adspersus
Phoxinellus hispanicus
Pseudophoxinus marathonicus
Pseudophoxinus stymphalicus
Rhodeus sericeus
Rutilus alburnoides
Rutilus arcasii
Rutilus frisii
Rutilus graecus
Rutilus lemmingii
Rutilus macedonicus
Rutilus macrolepidotus
Rutilus pigus
Rutilus racovitzai
Rutilus rubilio

Cobitidae

Cobitis elongata
Cobitis hassi
Cobitis larvata
Cobitis paludicola
Cobitis taenia
Cobitis trichonica
Misgurnis fossilis
Sabanejewia aurata
Sabanejewi calderoni

SILURIFORMES

Siluridae

Siluris aristotelis
Siluris glanis

Chondrostoma kneri
Chondrostoma lemingi
Chondrostoma lusitanicum
Chondrostoma nasus
Chondrostoma phoxinus
Chondrostoma polylepis
Chondrostoma soetta
Chondrostoma toxostoma
Chondrostoma willkommi
Gobio albipinnatus
Gobio kessleri
Gobio uranoscopus
Leucaspius delineatus
Leucaspius stymphalicus
Leuciscus illyricus
Leuciscus lucumotis
Leuciscus microlepis
Leuciscus polylepis
Leuciscus pyrenaicus
Leuciscus soufia
Leuciscus svallize
Leuciscus turskyi
Leuciscus ukliva
Pachychilon pictum
Pelecus cultratus
Phoxinellus adspersus
Phoxinellus hispanicus
Pseudophoxinus marathonicus
Pseudophoxinus stymphalicus
Rhodeus sericeus
Rutilus alburnoides
Rutilus arcasii
Rutilus frisii
Rutilus graecus
Rutilus lemmingii
Rutilus macedonicus
Rutilus macrolepidotus
Rutilus pigus
Rutilus racovitzai
Rutilus rubilio

Cobitidae

Cobitis elongata
Cobitis hassi
Cobitis larvata
Cobitis paludicola
Cobitis taenia
Cobitis trichonica
Misgurnis fossilis
Sabanejewia aurata
Sabanejewi calderoni

SILURIFORMES

Siluridae

Siluris aristotelis
Siluris glanis

ATHERINIFORMES
Cyprinodontidae
Aphanius fasciatus
Aphanius iberus

GASTEROSTEIFORMES
Syngnathidae
Syngnathus abaster
Syngnathus nigrolineatus
Gasterosteidae
Pungitius hellenicus
Pungitius platygaster

SCORPAENIFORMES
Cottidae
Cottus poecilopus
Myoxocephalus quadricornis

PERCIFORMES
Percidae
Gymnocephalus baloni
Gymnocephalus schraetzer
Stizostedion volgense
Zingel zingel
Zingel streber
Blenniidae
Blennius fluviatilis
Gobiidae
Gobius fluviatilis
Gobius kessleri
Gobius nigricans
Gobius ophiocephalus
Gobius syrman
Gobius thressalus
Padogobius panizzai
Padogobius martensi
Pomatoschistus canestrini
Pomatoschistus microps
Pomatoschistus minutus
Proterorhinus marmoratus

HRYGGLEYSINGJAR

Liðdýr

INSECTA
Coleoptera
Lucanus cervus
Lepidoptera
Graellsia isabellae

CRUSTACEA
Decapoda
Astacus astacus
Austropotamobius pallipes
Austropotamobius torrentium

ATHERINIFORMES
Cyprinodontidae
Aphanius fasciatus
Aphanius iberus

GASTEROSTEIFORMES
Syngnathidae
Syngnathus abaster
Syngnathus nigrolineatus
Gasterosteidae
Pungitius hellenicus
Pungitius platygaster

SCORPAENIFORMES
Cottidae
Cottus poecilopus
Myoxocephalus quadricornis

PERCIFORMES
Percidae
Gymnocephalus baloni
Gymnocephalus schraetzer
Stizostedion volgense
Zingel zingel
Zingel streber
Blenniidae
Blennius fluviatilis
Gobiidae
Gobius fluviatilis
Gobius kessleri
Gobius nigricans
Gobius ophiocephalus
Gobius syrman
Gobius thressalus
Padogobius panizzai
Padogobius martensi
Pomatoschistus canestrini
Pomatoschistus microps
Pomatoschistus minutus
Proterorhinus marmoratus

INVERTEBRATES

ARTHROPODS

INSECTA
Coleoptera
Lucanus cervus
Lepidoptera
Graellsia isabellae

CRUSTACEA
Decapoda
Astacus astacus
Austropotamobius pallipes
Austropotamobius torrentium

Lindýr

GASTROPODA
Stylommatophora
Helix pomatia

BIVALVIA
Unionida
Margaritifera margaritifera
Unio elongatulus
Microcondylaea compressa

Liðormar

HIRUDINEA
Arhynchobdellae
Hirudo medicinalis

[1] ekki gilda um lax í sjó

Molluscs

GASTROPODA
Stylommatophora
Helix pomatia

BIVALVIA
Unionida
Margaritifera margaritifera
Unio elongatulus
Microcondylaea compressa

Annelids

HIRUDINEA
Arhynchobdellae
Hirudo medicinalis

[1] The provisions for this appendix shall not apply to salmon in sea waters.

VIÐAUKI IV

Dráps- og veiðiaðferðir og aðrar nýtingaraðferðir sem bannaðar eru.

Spendýr.
Snörur.
Notkun lifandi dýra sem blinduð eru eða sködduð sem bandingjar.
Segulbandstæki.
Rafbúnaður sem getur drepið eða rotað.

Tilbúnir ljósgjafar.
Speglar og annar búnaður sem blindar.
Búnaður til að lýsa upp skotmörk.
Búnaður til að miða í myrkri búinn rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.

Sprengiefni[1]
Net[2]
Gildrur[2]
Eitur og beita með eitri eða svefnlyfjum.
Svæling með gasi eða reyk.
Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
Flugvélar.
Vélknúin ökutæki á hreyfingu.

Fuglar.
Snörur.[3]
Fuglalím.
Önglar.
Notkun lifandi fugla sem blindaðir eru eða skaddaðir sem bandingjar.

APPENDIX IV

Prohibited means and methods of killing, capture and other forms of exploitation

Mammals
Snares
Live animals used as decoys which are blind or mutilated
Tape recorders
Electrical devices capable of killing and stunning
Artificial light sources
Mirrors and other dazzling devices
Devices for illuminating targets
Sighting devices for night shooting comprising an electronic image magnifier or image converter
Explosives[1]
Nets[2]
Traps[2]
Poison and poisoned or anaesthetic bait
Semi-automatic or automatic weapons with a magazine capable of holding more than two rounds of ammunition

Aircraft
Motor vehicles in motion

Birds
Snares[3]
Limes
Hooks
Live birds used as decoys which are blind or mutilited

Segulbandstæki.
Rafbúnaður sem getur drepið eða rotað.

Tilbúnir ljósgjafar.
Speglar og annar búnaður er blindar.
Búnaður til að lýsa upp skotmörk.
Búnaður til að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.

Sprengiefni.
Net.
Gildrur.
Eitur og beita með eitri eða svefnlyfjum.
Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
Flugvélar.
Vélknúin ökutæki á hreyfingu.

[1] Nema við hvalveiðar.
[2] Ef notuð eru í stórum stíl eða við dráp eða veiðar af handahófi.
[3] Nema fyrir Lagopus norðan við 58° n.br.

Tape recorders
Electrical devices capable of killing and stunning
Artificial light sources
Mirrors and other dazzling devices
Devices for illuminating targets
Sighting devices for night shooting comprising an electronic image magnifier or image converter
Explosives
Nets
Traps
Poison and poisoned or anaesthetic bait
Semi-automatic or automatic weapons with a magazine capable of holding more than two rounds of ammunition
Aircraft
Motor vehicles in motion

[1] Except for whale hunting
[2] If applied for large scale or non-selective capture or killing
[3] Except Lagopus north of latitude 58_N

Fylgiskjal II.

Fyrirvarar Íslands við Bernarsamninginn.

Með tilvísun til 1. mgr. 22. gr. samningsins gerir Ísland fyrirvara um ákveðnar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I-III. Eftirfarandi fyrirvarar eru gerðir:

1. Gerður er fyrirvari við samninginn um friðun á gullbrá (*Saxifraga hirculus*).

2. Gerður er fyrirvari við samninginn um töku eggja frá kríu (*Sterna paradisaea*) og húsönd (*Bucephala islandica*).

3. Gerður er fyrirvari við samninginn um friðun á lómi (Ga*via stellata*) og helsingja (*Branta leucopsis*).

4. Gerður er fyrivari við samninginn um friðun á tófu (*Alopex lagopus*) og eftirfarandi hvalategundum: Háhyrningi (*Orcinus orca*), grindhval (*Globicephala melaena*), hnísu (*Phocaena phocaena*), andarnefju (*Hyperoodon rostratus*), hnýðingi (Lagenorhynchus albirostris), steypireyð (Sibbaldus musculus), hnúfubak (Megaptera novaengliae), sléttbak (Eubalaena glacialis) og norðhval (Balaena mysticetus).

5. Gerður er fyrirvari við samninginn um friðun á ísbirni (*Thalarctos maritimus*) og eftirfarandi hvalategundum: Höfrungi (*Delphinus delphis*), stökkli (*Tursiops truncatus*) og leiftri (*Lagenorhynchus acutus*)

6. Gerður er fyrirvari við samninginn um hrafn (*Corvus corax*) og kjóa (*Stercorarius parasiticus*).

892. Tillaga til þingsályktunar [534. mál]

um staðfestingu breytinga á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samþykkt frá 2. febrúar 1971 um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er gerð var í Regina 28. maí 1987.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu á breytingum á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er gerð var á aukafundi aðila í Regina 28. maí 1987. Breytingin er birt sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II eru viðkomandi greinar samþykktarinnar birtar. Breytingin hefur ekki öðlast gildi.

Ísland gerðist árið 1977 aðili að samþykktinni, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1978. Ísland er einnig aðili að bókun frá 2. febrúar 1982 um breytingu á samþykktinni, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1986. Bókunin setur fram málsmeðferð vegna breytinga á samþykktinni.

Markmið samþykktarinnar er að vernda votlendissvæði heimsins, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samþykktarinnar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Tvö votlendissvæði hafa verið tilnefnd af hálfu Íslands: Mývatn-Laxá og Þjórsárver.

Helstu atriði breytingarinnar eru að stofnsett er ráðstefna samningsaðila sem skal koma saman til fundar reglulega til að meta og stuðla að framkvæmd samþykktarinnar. Jafnframt er tekið upp ákvæði um fjárframlög samningsaðila sem ákveðin skulu samkvæmt framlagakvarða sem samþykktur er af aðilum samþykktarinnar.

Þær fjárhagslegu skuldbindingar, sem Ísland tekur á sig með fullgildingu breytingarinnar, eru u.þ.b. 1.500 kr. á ári. Ísland hefur greitt framlag til þessarar starfsemi undanfarin sex ár.

Fylgiskjal I.

BREYTING Á SAMÞYKKTINNI SEM SAMÞYKKT VAR Á AUKAFUNDI

6. gr.

1. Í stað núverandi texta 1. mgr. komi:

„Stofna skal ráðstefnu samningsaðila til að meta og stuðla að framkvæmd þessarar samþykktar. Skrifstofan sem getið er í 1. mgr. 8. gr. skal efna til reglulegra funda ráðstefnu samningsaðila með eigi lengra en þriggja ára millibili nema ráðstefnan ákveði annað, og til aukafunda ef að minnsta kosti þriðjungur samningsaðila fer fram á það skriflega. Sérhver reglulegur fundur ráðstefnu samningsaðila ákveður tíma og stað næsta reglulegs fundar."

2. Inngangsorð 2. mgr. hljóði sem hér segir:

„Ráðstefna samningsaðila skal vera bær um:"

3. Í lok 2. mgr. komi nýr liður:

„(f) að samþykkja önnur tilmæli eða ályktanir til að stuðla að virkni þessarar samþykktar."

4. Nýrri 4. mgr. er bætt við, svohljóðandi:

„Ráðstefna samningsaðila skal samþykkja starfsreglur fyrir sérhvern fund sinn."

5. Nýjum 5. og 6. mgr. er bætt við, svohljóðandi:

5. mgr.: „Ráðstefna samningsaðila skal setja og fylgjast með fjármálareglum þessarar samþykktar. Á hverjum reglulegum fundi sínum skal hún samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil með atkvæðum tveggja þriðju hluta samningsaðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði."

6. mgr.: „Hver samningsaðili skal leggja fram fé í fjárhagsáætlunina samkvæmt framlagakvarða er samþykktur hefur verið einróma af samningsaðilum sem viðstaddir eru og greiða atkvæði á reglulegum fundi ráðstefnu samningsaðila."

AMENDMENTS OF THE CONVENTION ADOPTED BY THE EXTRAORDINARY CONFERENCE

Article 6

1. The present text of paragraph 1 shall be replaced by the following wording:

"There shall be established a Conference of the Contracting Parties to review and promote the implementation of this Convention. The Bureau referred to in Article 8, paragraph 1, shall convene ordinary meetings of the Conference of the Contracting Parties at intervals of not more than three years, unless the Conference decides otherwise, and extraordinary meetings at the written request of at least one third of the Contracting Parties. Each ordinary meeting of the Conference of the Contracting Parties shall determine the time and venue of the next ordinary meeting."

2. The introductory phrase of paragraph 2 shall read as follows:

"The Conference of the Contracting Parties shall be competent:"

3. An additional item shall be included at the end of paragraph 2,as follows:

"(f) to adopt other recommendations, or resolutions, to promote the functioning of this Convention."

4. A new paragraph 4 is added which would read as follows:

"The Conference of the Contracting Parties shall adopt rules of procedure for each of its meetings."

5. New paragraphs 5 and 6 are added, which would read as follows:

Paragraph 5: "The Conference of the Contracting Parties shall establish and keep under review the financial regulations of this Convention. At each of its ordinary meetings, it shall adopt the budget for the next financial period by a two-third majority of Contracting Parties present and voting."

Paragraph 6: "Each Contracting Party shall contribute to the budget according to a scale of contributions adopted by unanimity of the Contracting Parties present and voting at a meeting of the ordinary Conference of the Contracting Parties."

7. gr.

Í stað 2. mgr. komi:

„Hver samningsaðili sem á fulltrúa á ráðstefnu skal hafa eitt atkvæði. Tilmæli, samþykktir og ákvarðanir skal samþykkja með einföldum meirihluta þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði nema kveðið sé á um annað í samþykkt þessari.“

Article 7

Paragraph 2 is replaced by the following wording:

"Each of the Contracting Parties represented at a Conference shall have one vote, recommendations, resolutions and decisons being adopted by a simple majority of the Contracting Parties present and voting, unless otherwise provided for in this Convention."

Fylgiskjal II.

6. gr.

1. Stofna skal ráðstefnu samningsaðila til að meta og stuðla að framkvæmd þessarar samþykktar. Skrifstofan sem getið er í 1. mgr. 8. gr. skal efna til reglulegra funda ráðstefnu samningsaðila með eigi lengra en þriggja ára millibili nema ráðstefnan ákveði annað, og til aukafunda ef að minnsta kosti þriðjungur samningsaðila fer fram á það skriflega. Sérhver reglulegur fundur ráðstefnu samningsaðila ákveður tíma og stað næsta reglulegs fundar.

2. Ráðstefna samningsaðila skal vera bær um:

a) að ræða framkvæmd þessarar samþykktar;
b) að ræða viðauka og breytingar á skránni;
c) að fjalla um upplýsingar sem fyrir liggja samkvæmt ákvæðum 3. gr., 2. málsgr., um breytingar á vistfræðilegum sérkennum votlenda sem eru á skránni;
d) að koma á framfæri við samningsaðila almennum eða sérstökum til tilmælum um vernd, ráðstöfun eða hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs;
e) að vinna að því við alþjóðastofnanir, sem hlut eiga að máli, að þær geri greinargerðir og tölulegar skýrslur um mál sem snerta votlendi og eru fyrst og fremst alþjóðlegs eðlis.
f) að samþykkja önnur tilmæli eða ályktanir til að stuðla að virkni þessarar samþykktar.

3. Aðilar skulu tryggja að hlutaðeigandi aðilum á öllum stigum ráðstöfunar votlenda verði kynnt tilmæli slíkra ráðstefna um vernd, ráðstöfun og hyggilega nýtingu votlenda og gróðurs þeirra og dýralífs, og ennfremur að þeir taki tillit til slíkra tilmæla.

4. Ráðstefna samningsaðila skal samþykkja starfsreglur fyrir sérhvern fund sinn.

5. Ráðstefna samningsaðila skal setja og fylgjast með fjármálareglum þessarar samþykktar. Á hverjum reglulegum fundi sínum skal hún samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil með atkvæðum tveggja þriðju hluta samningsaðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

6. Hver samningsaðili skal leggja fram fé í fjárhagsáætlunina samkvæmt framlagakvarða er samþykktur hefur verið einróma af samningsaðilum sem viðstaddir eru og greiða atkvæði á reglulegum fundi ráðstefnu samningsaðila.

7. gr.

1. Meðal fulltrúa aðila á slíkum ráðstefnum skulu vera menn sem eru sérfróðir um votlendi eða votlendisfugla, vegna þekkingar og reynslu er þeir hafa aflað sér við vísindastörf, stjórnsýslu eða á annan hátt.

2. Hver samningsaðili sem á fulltrúa á ráðstefnu skal hafa eitt atkvæði. Tilmæli, samþykktir og ákvarðanir skal samþykkja með einföldum meirihluta þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði nema kveðið sé á um annað í samþykkt þessari.

893. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um fullgildingu alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990, sem gerður var í Lundúnum 30. nóvember 1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990, sem gerður var í Lundúnum 30. nóvember 1990. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Árið 1989 samþykkti aðalþing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) ályktun þess efnis að haldin skyldi alþjóðleg ráðstefna um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun á sjó. Ályktun þessi var samþykkt í ljósi undanfarinna olíumengunaróhappa sem mörg hver voru mjög alvarleg. Í kjölfar ályktunarinnar var umhverfisnefnd stofnunarinnar (MEPC) falið að gera drög að alþjóðasamningi. Drögin voru lögð fyrir ráðstefnu á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1990. Samningurinn, sem hér um ræðir, var samþykktur á ráðstefnunni og var hann undirritaður af hálfu flestra aðildarríkja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, þar á meðal fyrir hönd Íslands, með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki hafa gerst aðilar.

Markmið samningsins er að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu. Með aðild að samningnum getur sérhvert ríki reitt sig á aðstoð frá öðrum aðildarríkjum þegar veruleg mengunaróhöpp eiga sér stað á hafsvæði þess. Samningurinn er að mestu leyti sniðinn eftir sambærilegum svæðissamningum, einkum Kaupmannahafnarsamkomulaginu og Bonn-samningnum, en samningsskyldurnar eru almenns eðlis.

Helstu skuldbindingar samningsins eru:

— Þess er krafist að sérhver samningsaðili hafi á að skipa áætlunum og lágmarksútbúnaði, þar á meðal fjarskiptabúnaði, til að bregðast við olíumengunaróhöppum.
— Í samningnum eru ákvæði um tilkynningarskyldu í aðildarríkjum um atvik sem hafa eða geta haft í för með sér losun olíu í hafið.
— Enn fremur hefur samningurinn að geyma ákvæði um með hvaða hætti samningsaðilar skuli bregðast við mengunaróhöppum er stafa af olíu og hvenær eðlilegt sé að tilkynna slík óhöpp til annarra ríkja.
— Í samningnum eru ákvæði um samstarf samningsaðila á sviði rannsókna og þróunar í því skyni að draga úr áhrifum olíumengunar og óhappa.

Unnið er að því að auka tækjabúnað og þjálfa mannafla til að mæta mengunaróhöppum í íslenskri lögsögu í samræmi við ákvæði samningsins og verður því lokið á næstu árum. Samkvæmt 4. gr. samningsins er sérhver samningsaðili skuldbundinn til þess að tryggja að tilkynnt sé um mengunaróhöpp í lögsögu sinni. Ákvæði þetta er í samræmi við 20. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986. Í 4. gr. samningsins er enn fremur kveðið á um að samningsaðili skuli skylda stjórnendur skipa, sem sigla undir fána þess

og eru utan lögsögu þess, að tilkynna um losun eða ummerki olíu til næsta strandríkis sem er aðili að samningnum. Endurskoða verður ofangreind lög um varnir gegn mengun sjávar hvað þetta varðar og miðað verður við að niðurstaða liggi fyrir áður en samningurinn tekur gildi.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR
um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM

GERA SÉR LJÓSA nauðsyn þess að vernda umhverfi mannkyns í heild og sér í lagi hafið,

GERA SÉR GREIN FYRIR þeirri alvarlegu ógnun sem hafinu stafar af olíumengun frá skipum, mannvirkjum í hafinu, höfnum og olíumannvirkjum,

HAFA HUGFAST mikilvægi varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir að olíumengun eigi sér yfirleitt stað, og nauðsyn þess að fylgja í hvívetna alþjóðlegum gjörningum er varða öryggi á sjó og varnir gegn mengun sjávar, einkum og sér í lagi alþjóðasamningnum frá 1974 um öryggi mannslífa á hafinu, með áorðnum breytingum, og alþjóðasamningnum frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, ásamt bókun við hann frá 1978, með áorðnum breytingum, og herða kröfur um hönnun, starfsrækslu og viðhald olíuflutningaskipa og mannvirkja á sjó,

HAFA JAFNFRAMT HUGFAST að ef til olíumengunaróhapps kemur ber brýna nauðsyn til að bregðast skjótt við með skilvirkum aðgerðum til að halda í lágmarki því tjóni sem af óhappinu kynni að hljótast,

LEGGJA ÁHERSLU Á mikilvægi öflugra ráðstafana til undirbúnings baráttu gegn olíumengunaróhöppum og mikilvægt hlutverk olíuiðnaðarins og skipaútgerða í því sambandi,

INTERNATIONAL CONVENTION
on Oil Pollution Preparedness, Response and Co-operation, 1990

THE PARTIES TO THE PRESENT CONVENTION

CONSCIOUS of the need to preserve the human environment in general and the marine environment in particular,

RECOGNIZING the serious threat posed to the marine environment by oil pollution incidents involving ships, offshore units, sea ports and oil handling facilities,

MINDFUL of the importance of precautionary measures and prevention in avoiding oil pollution in the first instance, and the need for strict application of existing international instruments dealing with maritime safety and marine pollution prevention, particularly the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, as amended, and the International Convention for the Prevention of Pollution fro Ships, 1973, as modified by the Protocol of 1978 relating thereto, as amended, and also the speedy development of enhanced standards for the design, operation and maintenance of ships carrying oil, and of offshore units,

MINDFUL ALSO that, in the event of an oil pollution incident, prompt and effective action is essential in order to minimize the damage which may result from such an incident,

EMPHASIZING the importance of effective preparation for combating oil pollution incidents and the important role which the oil and shipping industries have in this regard,

GERA SÉR ENNFREMUR LJÓST mikilvægi gagnkvæmrar aðstoðar og alþjóðlegrar samvinnu varðandi atriði eins og upplýsingastreymi um getu ríkja til að bregðast við olíumengunaróhöppum, gerð viðbragðsáætlana við olíumengun, skipti á skýrslum um atvik sem máli skipta og kunna að hafa áhrif á umhverfi hafsins eða strendur ríkja og hagsmuni þeirra á þeim vettvangi, svo og rannsóknir og þróun á aðferðum til að bregðast við olíumengun í umhverfi hafsins,

TAKA MIÐ AF grundvallarreglunni um „bótaskyldu mengunarvalds" sem almenna reglu í alþjóðalögum um umhverfisvernd,

TAKA JAFNFRAMT MIÐ AF mikilvægi alþjóðlegra gjörninga um bótaskyldu og skaðabætur vegna olíumengunar, þar á meðal alþjóðasamningsins frá 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningsins frá 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar og knýjandi nauðsyn þess að bókanirnar frá 1984 við fyrrnefnda samningana komi sem fyrst til framkvæmda,

TAKA ENNFREMUR MIÐ AF mikilvægi tvíhliða milliríkjasamninga og fjölþjóðlegra samninga og samkomulaga þ.m.t. svæðisbundinna samninga,

HAFA AUK ÞESS HUGFAST viðeigandi ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum í XII. hluta hans.

GERA SÉR GREIN FYRIR nauðsyn þess að efla alþjóðlega samvinnu, og auka við þau úrræði sem þegar eru fyrir hendi í einstökum ríkjum, á einstökum svæðum og í heiminum öllum, varðandi viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun, en með hliðsjón af þörfum þróunarlandanna og þó einkum lítilla eyríkja,

TELJA að þessum markmiðum verði best náð með því að gera alþjóðasamning um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um,

OG HAFA ÞVÍ KOMIÐ SÉR SAMAN UM eftirfarandi:

1. gr.

Almenn ákvæði

(1) Aðilar skuldbinda sig til þess, sameiginlega eða hver fyrir sig, að grípa til allra viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði þessa samnings og viðaukans við hann til að búa sig undir og bregðast við olíumengunaróhöppum.

(2) Viðaukinn við þennan samning telst óaðskiljanlegur hluti hans og sérhver vísan til samningsins vísar jafnframt til viðaukans.

RECOGNIZING FURTHER the importance of mutual assistance and international co-operation relating to matters including the exchange of information respecting the capabilities of States to respond to oil pollution incidents, the preparation of oil pollution contingency plans, the exchange of reports of incidents of significance which may affect the marine environment or the coastline and related interests of States, and research and development respecting means of combating oil pollution in the marine environment,

TAKING ACCOUNT of the "polluter pays" principle as a general principle of international environmental law,

TAKING ACCOUNT ALSO of the importance of international instruments on liability and compensation for oil pollution damage, including the 1969 International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage (CLC); and the 1971 International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage (FUND); and the compelling need for early entry into force of the 1984 Protocols to the CLC and FUND Conventions,

TAKING INTO ACCOUNT FURTHER of the importance of bilateral and multilateral agreements and arrangements including regional conventions and agreements,

BEARING IN MIND the relevant provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea, in particular of its part XII,

BEING AWARE of the need to promote international co-operation and to enhance existing national, regional and global capabilities concerning oil pollution preparedness and response, taking into account the special needs of the developing countries and particularly small island States,

CONSIDERING that these objectives may best be achieved by the conclusion of an International Convention on Oil Pollution Preparedness, Response and Co-operation,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

General provisions

(1) Parties undertake, individually or jointly, to take all appropriate measures in accordance with the provisions of this Convention and the Annex thereto to prepare for and respond to an oil pollution incident.

(2) The Annex to this Convention shall constitute an integral part of the Convention and a reference to this Convention constitutes at the same time a reference to the Annex.

(3) Samningur þessi gildir ekki um herskip, aðstoðarskip flotans eða önnur skip sem ríki á eða rekur og eru sem stendur aðeins notuð í þjónustu ríkisins til annars en kaupferða. Sérhver aðili skal þó tryggja, með því að gera viðeigandi ráðstafanir án skaða fyrir rekstur eða rekstrarmöguleika þessara skipa sem hann á eða rekur, að þessi skip fari að samkvæmt samningi þessum að svo miklu leyti sem skynsamlegt og gerlegt er.

2. gr.

Skilgreiningar

Í samningi þessum merkir:

(1) „olía" jarðolíu í hvaða formi sem er, þar á meðal hráolíu, eldsneytisolíu, olíusora, úrgangsolíu og unnar olíuafurðir.

(2) „olíumengunaróhapp" atburð eða röð atburða af sama uppruna, sem hefur eða kann að hafa í för með sér losun olíu og sem veldur hættu, eða kann að valda hættu, fyrir umhverfi hafsins, eða fyrir strendur eins eða fleiri ríkja eða hagsmuni þeirra á þeim vettvangi, og sem krefst neyðarráðstafana eða annarra tafarlausra úrræða.

(3) „skip" hvers kyns far sem fer um hafið, þ.m.t. skíðaskip, svifskip, kafbátar og fljótandi för hvers konar.

(4) „mannvirki í hafi" sérhvert mannvirki, botnfast eða fljótandi í eða á hafinu, sem notað er í tengslum við olíuleit, olíuvinnslu eða framleiðslu, eða lestun eða löndun olíu.

(5) „hafnir og olíumannvirki" mannvirki þar sem hætta á olíumengunaróhappi er fyrir hendi, þar með talið hafnir, olíubirgðastöðvar, olíuleiðslur og önnur olíumannvirki.

(6) „stofnunin" Alþjóðasiglingamálastofnunina.

(7) „framkvæmdastjórinn" framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

3. gr.

Neyðaráætlanir vegna olíumengunar

(1) (a) Sérhver aðili skal krefjast þess að um borð í skipum, sem sigla undir fána hans, liggi fyrir neyðaráætlun vegna olíumengunar í samræmi við kröfur og ákvæði í samþykktum stofnunarinnar.

(b) Skip, sem skylt er að hafa um borð neyðaráætlun vegna olíumengunar samkvæmt lið (a) hér að framan, skal sæta því, þegar það er í höfn eða við festar í lögsögu aðila, að það sé skoðað af lögskipuðum embættismönnum aðilans í samræmi

(3) This Convention shall not apply to any warship, naval auxiliary or other ship owned or operated by a State and used, for the time being, only on government non-commercial service. However, each Party shall ensure by the adoption of appropriate measures not impairing the operations or operational capabilities of such ships owned or operated by it, that such ships act in a manner consistent, so far as is reasonable and practicable, with this Convention.

Article 2

Definitions

For the purposes of this Convention:

(1) Oil means petroleum in any form including crude oil, fuel oil, sludge, oil refuse and refined products.

(2) Oil pollution incident means an occurrence or series of occurrences having the same origin, which results or may result in a discharge of oil and which poses or may pose a threat to the marine environment, or to the coastline or related interests of one or more States, and which requires emergency action or other immediate response.

(3) Ship means a vessel of any type whatsoever operating in the marine environment and includes hydrofoil boats, air-cushion vehicles, submersibles, and floating craft of any type.

(4) Offshore unit means any fixed or floating offshore installation or structure engaged in gas or oil exploration, exploitation or production activities, or loading or unloading of oil.

(5) Sea ports and oil handling facilities means those facilities which present a risk of an oil pollution incident and includes, inter alia, sea ports, oil terminals, pipelines and other oil handling facilities.

(6) Organization means the International Maritime Organization.

(7) Secretary-General means the Secretary-General of the Organization.

Article 3

Oil pollution emergency plans

(1) (a) Each Party shall require that ships entitled to fly its flag have on board a shipboard oil pollution emergency plan as required by and in accordance with the provisions adopted by the Organization for this purpose.

(b) A ship required to have on board an oil pollution emergency plan in accordance with subparagraph (a) is subject, while in a port or at an offshore terminal under the jurisdiction of a Party, to inspection by officers duly authorized by that

við ákvæði gildandi alþjóðasamninga eða landslög aðilans.

(2) Sérhver aðili skal krefjast þess að stjórnendur mannvirkja í hafi, sem eru í lögsögu aðilans, hafi neyðaráætlun vegna olíumengunar, sem er samhæfð skipulagi viðkomandi aðila, sbr. 6. gr., og viðurkennd af þar til bæru landsyfirvaldi.

(3) Sérhvert aðili skal krefjast þess að yfirvöld eða stjórnendur hafna og olíumannvirkja í lögsögu hans hafi, eftir því sem aðilinn telur við eiga, neyðaráætlun vegna olíumengunar eða sambærilegt fyrirkomulag sem er samhæft skipulagi viðkomandi, sem komið er upp í samræmi við 6. gr., og viðurkennt í samræmi við reglur sem þar til bært landsyfirvald setur.

4. gr.

Reglur um tilkynningar vegna olíumengunar

(1) Sérhver aðili skal:

(a) skylda skipstjóra eða aðra, sem hafa á hendi stjórnun skipa er sigla undir fána hans, og stjórnendur mannvirkja í hafi í lögsögu hans til að tilkynna án tafar sérhvert atvik á skipi þeirra eða mannvirki sem hefur eða kann að hafa haft í för með sér losun olíu:

(i) sé um skip að ræða, til næsta strandríkis;

(ii) sé um mannvirki í hafinu að ræða, til þess strandríkis sem lögsögu hefur yfir mannvirkinu.

(b) skylda skipstjóra eða aðra sem hafa á hendi stjórnun skipa er sigla undir fána hans, og stjórnendur mannvirkja í hafi í lögsögu hans til að tilkynna án tafar sérhvert atvik sem þeir verða varir við og hefur í för með sér losun olíu eða sérhver ummerki um olíu:

(i) sé um skip að ræða, til næsta strandríkis;

(ii) sé um mannvirki í hafinu að ræða, til þess strandríkis sem lögsögu hefur yfir mannvirkinu.

(c) skylda aðila, sem hafa á hendi stjórnun hafna og olíumannvirkja í lögsögu hans, til að tilkynna án tafar sérhvert atvik sem hefur eða kann að hafa haft í för með sér losun olíu, eða sérhvert merki um olíu, til þar til bærra landsyfirvalda.

(d) gefa fyrirmæli til stjórnenda eftirlitsskipa eða flugvéla eða annarra viðeigandi aðila eða opinberra embættismanna um að tilkynna án tafar

Party, in accordance with the practices provided for in existing international agreements or its national legislation.

(2) Each party shall require the operators of offshore units under its jurisdiction have oil pollution emergency plans, which are co-ordinated with the national system established in accordance with article 6 and approved in accordance with procedures established by the competent national authority.

(3) Each Party shall require that authorities or operators in charge of such sea ports and oil handling facilities under its jurisdiction as it deems appropriatehave oil pollution emergency plans or similar arrangements which are co-ordinated with the national system established in accordance with article 6 and approved in accordance with procedures established by the competent national authority.

Article 4

Oil pollution reporting procedures

(1) Each Party shall

(a) require masters or other persons having charge of ships flying its flag and persons having charge of offshore units under its jurisdiction to report without delay any event on their ship or offshore unit involving a discharge or probably discharge of oil:

(i) in the case of a ship, to the nearest coastal State;

(ii) in the case of an offshore unit, to the coastal State to whose jurisdiction the unit is subject;

(b) require masters or other persons having charge of ships flying its flag and persons having charge of offshore units under its jurisdiction to report without delay any observed event at sea involving a discharge or oil or the presence of oil:

(i) in the case of a ship, to the nearest coastal State;

(ii) in the case of an offshore unit, to the coastal State to whose jurisdiction the unit is subject;

(c) require persons having charge of sea ports and oil handling facilities under its jurisdiction to report without delay any event involving a discharge or probable discharge of oil or the presence of oil to the competent national authority;

(d) instruct its maritime inspection vessels or aircraft and other appropriate services or officials to report without delay any observed event at sea

sérhvert atvik á hafi eða í höfn eða við olíumannvirki sem þeir verða varir við og hefur haft í för með sér losun olíu eða sérhver ummerki um olíu til þar til bærra landsyfirvalda eða, eftir atvikum, til næsta strandríkis.

(e) mælast til þess við stjórnendur borgaralegra flugvéla að þeir tilkynni án tafar sérhvert atvik sem þeir verða varir við á hafinu sem hefur haft í för með sér losun olíu eða sérhvert ummerki um olíu til næsta strandríkis.

(2) Tilkynningar samkvæmt lið (1) (a) (i) skulu vera á því formi sem kröfur stofnunarinnar gera ráð fyrir og byggjast á þeim leiðbeiningum og almennu grundvallarreglum sem stofnunin hefur samþykkt. Tilkynningar samkvæmt liðum (1) (a) (ii), (b), (c) og (d) skulu vera á því formi sem leiðbeiningar og almennar grundvallarreglur sem stofnunin hefur samþykkt gera ráð fyrir, að svo miklu leyti sem við á.

5. gr.

Viðbrögð við tilkynningu um olíumengun

(1) Ef aðili fær tilkynningu, eins og getið er um í 4. gr., eða fær með öðrum hætti vitneskju um mengun skal hann:

(a) leggja mat á atvikið til að ákvarða hvort um olíumengunaróhapp er að ræða;

(b) leggja mat á eðli, umfang og hugsanlegar afleiðingar olíumengunaróhappsins; og

(c) tilkynna síðan, án tafar, öllum ríkjum sem eiga eða gætu átt hagsmuna að gæta vegna olíumengunaróhappsins og láta fylgja þeirri tilkynningu:

(i) nákvæmar upplýsingar um mat hans á ástandinu og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til eða hyggst grípa til í því skyni að bregðast við óhappinu, og

(ii) frekari upplýsingar eftir því sem við á hverju sinni,

þar til aðgerðunum sem gripið var til í því skyni að bregðast við óhappinu er lokið, eða þar til sameiginlegar ráðstafanir ríkjanna hafa verið ákveðnar.

(2) Sé olíumengunaróhapp svo alvarlegt að það réttlæti slíkt skal aðili láta stofnuninni í té, beint eða fyrir milligöngu viðkomandi svæðissamtaka eða með því fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu, upplýsingar þær sem getið er um í lið (1) (b) og (c).

(3) Sé olíumengunaróhapp svo alvarlegt að það réttlæti slíkt eru önnur ríki sem verða fyrir skaða hvött til að upplýsa stofnunina beint, eða fyrir milligöngu viðkomandi svæðissamtaka eða með fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu, um mat sitt á

or at a sea port or oil handling facility involving a discharge of oil or the presence of oil to the competent national authority or, as the case may be, to the nearest coastal State;

(e) request the pilots of civil aircraft to report without delay any observed event at sea involving a discharge of oil or the presence of oil to the nearest coastal State.

(2) Reports under paragraph (1)(a)(i) shall be made in accordance with the requirements developed by the Organization and based on the guidelines and general principles adopted by the Organization. Reports under paragraph (1)(a)(ii), (b), (c) and (d) shall be made in accordance with the guidelines and general principles adopted by the Organization to the extent applicable.

Article 5

Action on receiving an oil pollution report

(1) Whenever a Party receives a report referred to in article 4 or pollution information provided by other sources, it shall:

(a) assess the event to determine whether it is an oil pollution incident;

(b) assess the nature, extent and possible consequences of the oil pollution incident, and

(c) then, without delay, inform all States whose interests are effected or likely to be affected by such oil pollution incident, together with

(i) details of its assessments and any action it has taken, or intends to take, to deal with the incident, and

(ii) further information as appropriate,

until the action taken to respond to the incident has been concluded or until joint action has been decided by such States.

(2) When the severity of such oil pollution incident so justified, the Party should provide the Organization directly or, as appropriate, through the relevantregional organization or arrangements with the information referred to in paragraph (1)(b) and (c).

(3) When the severity of such oil pollution incident so justifies, other States affected by it are urged to inform the Organization directly or, as appropriate, through the relevant regional organi-

hættunni sem steðjar að hagsmunum þeirra og sérhverjar ráðstafanir sem gripið hefur verið til eða eru fyrirhugaðar.

(4) Aðilar skulu, eftir því sem unnt er, nota það fyrirkomulag sem stofnunin hefur komið á varðandi tilkynningar um olíumengun þegar þau skiptast á upplýsingum og tilkynna öðrum ríkjum og stofnuninni.

6. gr.

Viðbúnaðar- og viðbragðakerfi einstakra ríkja eða svæða

(1) Sérhver aðili skal koma sér upp eigin kerfi til að bregðast með skjótum og áhrifaríkum hætti við olíumengunaróhöppum. Slíkt kerfi skal að lágmarki taka til:

(a) tilnefningar á:

(i) til þess bæru landsyfirvaldi eða yfirvöldum er beri ábyrgð á viðbúnaði og viðbrögðum við olíumengun;

(ii) stjórn og upplýsingamiðstöð eða stöðvum í landinu er beri ábyrgð á móttöku og dreifingu tilkynninga um olíumengun, eins og þeirra sem getið er um í 4. gr.; og

(iii) yfirvaldi með umboð til að taka ákvörðun, fyrir hönd ríkisins, um að biðja um aðstoð og ákveða að veita aðstoð sem beðið hefur verið um.

(b) viðbragðsáætlunar fyrir landið um viðbúnað og viðbrögð sem m.a. taki til boðleiða við stjórnun milli allra hlutaðeigandi aðila, hvort heldur er opinberra eða einkaaðila. Slík áætlun skal samin með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem settar hafa verið fram af stofnuninni.

(2) Auk þessa skal sérhver aðili, eftir því sem unnt er, annaðhvort einn sér eða með tvíhliða eða fjölþjóða samstarfi, og eftir því sem við á, með samstarfi við aðila í olíuiðnaði og skipaútgerð, hafnaryfirvöld og aðra sem hlut eiga að máli koma upp:

(a) lágmarkstækjabúnaði til að bregðast við olíumengun, sem komið er fyrir á fyrir fram ákveðnum stöðum, allt eftir áhættu á hverjum stað, og áætlunum um notkun hans;

(b) áætlunum um æfingar fyrir stofnanir sem eiga að bregðast við olíumengun og um þjálfun viðkomandi mannafla;

(c) nákvæmum áætlunum og fjarskiptabúnaði til að bregðast við olíumengunaróhappi. Slíkur búnaður ætti ávallt að vera tiltækur; og

(d) kerfi eða fyrirkomulagi til að samhæfa viðbrögð við olíumengunaróhöppum með möguleikum til að kalla út nauðsynlegan mannafla og búnað þar sem það á við.

zations or arrangements of their assessment of the extent of the threat to their interests and any action taken or intended.

(4) Parties should use, in so far as practicable, the oil pollution reporting system developed by the Organization when exchanging information and communicating with other States and with the Organization.

Article 6

National and regional systems for preparedness and response

(1) Each party shall establish a national system for responding promptly and effectively to oil pollution incidents. This system shall include as a minimum:

(a) the designation of:

(i) the competent national authority or authorities with responsibility for oil pollution preparedness and response;

(ii) the national operational contact point or points, which shall be responsible for the receipt and transmission of oil pollution reports as referred to in article 4; and

(iii) an authority which is entitled to act on behalf of the State to request assistance or to decide to render the assistance requested;

(b) a national contingency plan for preparedness and response which includes the organizational relationship of the various bodies involved, whether public or private, taking into account guidelines developed by the Organization.

(2) In addition, each Party, within its capabilities either individually or through bilateral or multilateral co-operation and, as appropriate, in co-operation with the oil and shipping industries, port authorities and other relevant entities, shall establish:

(a) a minimum level of pre-positioned oil spill combating equipment, commensurate with the risk involved, and programmes for its use;

(b) a programme of exercises for oil pollution response organizations and training of relevant personnel;

(c) detailed plans and communication capabilities for responding to an oil pollution incident. Such capabilities should be continuously available; and

(d) a mechanism or arrangement to co-ordinate the response to an oil pollution incident with, if appropriate, the capabilities to mobilize the necessary resources.

(3) Sérhver aðili skal tryggja að nýjum upplýsingum sé komið til stofnunarinnar, beint eða fyrir milligöngu viðkomandi svæðissamtaka eða með því fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu, um:

(a) staðsetningu, fjarskiptanet og, þar sem við á, ábyrgðarsvið yfirvalda og aðila sem getið er um í lið (1) (a);

(b) upplýsingar um tækjabúnað til að bregðast við olíumengun og sérfræðikunnáttu í greinum sem snerta viðbrögð við olíumengun og björgun verðmæta úr sjó sem gætu staðið öðrum ríkjum til boða, yrði um slíkt beðið; og

(c) viðbragðsáætlun fyrir landið.

7. gr.

Alþjóðlegt samstarf um viðbrögð við mengun

(1) Aðilar samþykkja að hafi þeir til þess getu og tiltækan búnað og mannafla muni þeir ganga til samstarfs við aðra aðila og veita þeim ráðgjöf og tæknilega aðstoð og leggja þeim til tæknibúnað til að bregðast við olíumengunaróhappi, ef óhappið er svo alvarlegt að það réttlæti slíkt, enda hafi borist aðstoðarbeiðni frá aðilanum sem fyrir óhappinu varð eða sem kynni að bíða skaða af óhappinu. Um kostnað af slíkri aðstoð fer samkvæmt ákvæðum í viðauka við þennan samning.

(2) Aðili, sem farið hefur fram á aðstoð, getur beðið stofnunina um aðstoð við útvegun lánsfjár til að standa straum af þeim kostnaði sem getið er um í 1. tl.

(3) Í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga skal sérhver aðili gera nauðsynlegar lagalegar og stjórnsýslulegar ráðstafanir í þeim tilgangi:

(a) að greiða fyrir aðgangi skipa, flugvéla og annarra flutningstækja að lögsögu sinni, heimila notkun þeirra í lögsögunni og brottför þaðan, enda séu skipin, flugvélarnar eða flutningstækin nauðsynleg til að bregðast við olíumengunaróhappi eða flytja mannafla, farma, efni eða tækjabúnað sem nauðsynlegur er til að takast á við óhappið; og

(b) tryggja greiðan aðgang, gegnumferð og brottför fyrir mannafla, farma, efni og tækjabúnað þann sem getið er um í lið (a).

8. gr.

Rannsóknir og þróun

(1) Aðilar samþykkja að eiga samstarf um að efla rannsóknar- og þróunarverkefni sem miða að því að bæta nýjustu tækni á sviði viðbúnaðar og viðbragða við olíumengun, og skiptast á upplýsingum og niðurstöðum varðandi tækni og aðferðir til eftirlits, söfnunar, upptöku, dreifingar, hreins-

(3) Each Party shall ensure that current information is provided to the Organization, directly or through the relevant regional organization or arrangements, concerning:

(a) the location, telecommunication data and, if applicable, areas of responsibility of authorities and entities referred to in paragraph (1)(a);

(b) information concerning pollution response equipment and expertise in disciplines related to oil pollution response and marine salvage which may be made available to other States, upon request; and

(c) its national contingency plan.

Article 7

International co-operation in pollution response

(1) Parties agree that, subject to their capabilities and the availability of relevant resources, they will co-operate and provide advisory services, technical support and equipment for the purpose of responding to an oil pollution incident, when the severity of such incident so justifies, upon the request of any Party affected or likely to be affected. The financing of the costs for such assistance shallbe based on the provisions set out in the Annex to this Convention.

(2) A Party which has requested assistance may ask the organization to assist in identifying sources of provisional financing of the costs referred to in paragraph (1).

(3) In accordance with applicable international agreements, each Party shall take necessary legal or administrative measures to facilitate:

(a) the arrival and utilization in and departure from its territory of ships, aircraft and other modes of transport engaged in responding to an oil pollution incident or transporting personnel, cargoes, materials and equipment required to deal with such an incident; and

(b) the expeditious movement into, through, and out of its territory of personnel, cargoes, materials and equipment referred to in subparagraph (a).

Article 8

Research and development

(1) Parties agree to co-operate directly or, as appropriate, through the Organization or relevant regional organizations or arrangements in the promotion and exchange of results of research and development programmes relating to the enhancement of the state-of-the-art oil pollution

unar og annarra aðferða til að halda í lágmarki eða milda áhrif olíumengunar og til uppbyggingar eftir olíumengun. Slíkt samstarf skal vera beint eða, eftir því sem við á, fyrir milligöngu stofnunarinnar eða viðkomandi svæðissamtaka eða með því fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu.

(2) Í þessum tilgangi skuldbinda aðilar sig til að koma á nauðsynlegum tengslum milli rannsóknastofnana aðilanna, annaðhvort beint eða, eftir því sem við á, fyrir milligöngu stofnunarinnar eða viðkomandi svæðissamtaka eða með því fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu.

(3) Aðilar samþykkja að vinna saman beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar eða viðkomandi svæðissamtaka eða með því fyrirkomulagi sem gildir á svæðinu og stuðla að því, eftir því sem við á, að haldnar verði með reglulegu millibili alþjóðlegar ráðstefnur um viðkomandi málefni, þ. á m. um tæknilegar framfarir í aðferðum og búnaði til að fást við olíumengun.

(4) Aðilar samþykkja að stuðla að þróun staðla um samhæfða tækni og tækjabúnað til að fást við olíumengun fyrir milligöngu stofnunarinnar eða annarra þar til bærra alþjóðlegra stofnana.

preparedness and response, including technologies and techniques for surveillance, containment, recovery, dispersion, clean-up and otherwise minimizing or mitigating the effects of oil pollution, and for restoration.

(2) To this end, Parties undertake to establish directly or, as appropriate through the Organization or relevant regional organizations or arrangements, the necessary links between Parties' research institutions.

(3) Parties agree to co-operate directly or through the Organization or relevant regional organizations or arrangements to promote, as appropriate, the holding on a regular basis of international symposia on relevant subject, including technological advances in oil pollution combating techniques and equipment.

(4) Parties agree to encourage, through the Organization or other competent international organizations, the development of standards for compatible oil pollution combating techniques and equipment.

9. gr.

Tæknileg samvinna

(1) Aðilar skuldbinda sig til að veita þeim aðilum stuðning, sem óska eftir tæknilegri aðstoð varðandi viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun, beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar eða annarra alþjóðlegra aðila, eftir því sem við á, með því að:

(a) þjálfa mannafla;

(b) tryggja aðgang að viðeigandi tækni, tækjabúnaði og aðstöðu;

(c) greiða fyrir öðrum ráðstöfunum og aðferðum til að búast undir og bregðast við olíumengunaróhöppum; og

(d) efna til sameiginlegra rannsókna og þróunarverkefna.

(2) Aðilar skuldbinda sig til að taka upp virkt samstarf, með hliðsjón af því sem lög þeirra, reglur og stjórnmálastefna leyfa, um að láta öðrum í té tækni varðandi viðbúnað og viðbrögð við olíumengun.

Article 9

Technical co-operation

(1) Parties undertake directly or thought the Organization and other international bodies, as appropriate, in respect of oil pollution preparedness and response, to provide support for those Parties which request technical assistance:

(a) to train personnel;

(b) to ensure the availability of relevant technology, equipment and facilities;

(c) to facilitate other measures and arrangements to prepare for and respond to oil pollution incidents; and

(d) to initiate joint research and development programmes.

(2) Parties undertake to co-operate actively, subject to their national laws, regulations and policies, in the transfer of technology in respect of oil pollution preparedness and response.

10. gr.

Efling á tvíhliða og fjölþjóðlegri samvinnu um viðbúnað og viðbrögð

Aðilar skulu leitast við að koma á sín á milli tvíhliða eða fjölþjóðlegum samningum um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun. Afritum af

Article 10

Promotion of bilateral and multilateral co-operation in preparedness and response

Parties shall endeavour to conclude bilateral or multilateral agreements for oil pollution preparedness and response. Copies of such agree-

slíkum samningum skal skilað til stofnunarinnar þar sem aðrir aðilar, sem þess óska, hafa aðgang að þeim.

11. gr.
Tengsl við aðra alþjóðasamninga

Ekkert í samningi þessum ber að túlka á þann veg að það breyti réttindum eða skyldum nokkurs aðila samkvæmt nokkrum öðrum alþjóðlegum samningi eða samþykkt.

12. gr.
Tilhögun stofnunarinnar

(1) Aðilar fela stofnuninni, samkvæmt nánara samkomulagi við hana, og eftir því sem efni og aðstæður leyfa, að annast eftirfarandi:

(a) upplýsingaþjónustu:
(i) að taka á móti, flokka og dreifa, samkvæmt beiðni, upplýsingum frá aðilum (sjá t.d. greinar 5(2) og (3), 6(3) og 10) og viðeigandi upplýsingum sem berast frá öðrum aðilum; og
(ii) að veita aðstoð við útvegun bráðabirgðafjármagns til að mæta kostnaði (sjá t.d. grein 7(2));
(b) kennslu og þjálfun:
(i) að stuðla að verklegri þjálfun í viðbúnaði og viðbrögðum við olíumengun (sjá t.d . grein 9); og
(ii) stuðla að því að haldnar séu alþjóðlegar ráðstefnur (sjá t.d. grein (3));
(c) tæknilega þjónustu:
(i) að greiða fyrir samvinnu um rannsóknir og þróun (sjá t.d. greinar 8(1), (2) og (4) og 9(1)(d));
(ii) að veita ráðgjöf til ríkja sem eru að koma á fót viðbragðskerfi í landi sínu eða svæði; og
(iii) að leggja mat á upplýsingar sem aðilar veita (sjá t.d. greinar 5(2) og (3), 6(3) og 8(1)) og viðeigandi upplýsingar frá öðrum aðilum og veita ráðgjöf eða upplýsingar til einstakra ríkja;
(d) tæknilega aðstoð:
(i) að greiða fyrir aðgangi ríkja, sem eru að koma á fót viðbragðskerfi í landi sínu eða svæði, að tæknilegri aðstoð; og
(ii) að greiða fyrir aðgangi að tæknilegri aðstoð eftir beiðni ríkja sem eiga við verulegt olíumengunaróhapp að glíma.

(2) Við útfærslu þeirrar starfsemi sem gert er ráð fyrir í þessari grein, skal stofnunin leitast við

ments shall be communicated to the Organization which should make them available on request to Parties.

Article 11
Relation to other conventions and international agreements

Nothing in this Convention shall be construed as altering the rights orobligations of any Party under any other convention or international agreement.

Article 12
Institutional arrangements

(1) Parties designate the Organization, subject to its agreement and the availability of adequate resources to sustain the activity, to perform the following functions and activities:
(a) information services:
(i) to receive, collate and disseminate on request the information provided by Parties (see, for example, articles 5(2) and (3), 6(3) and 10) and relevant information provided by other sources; and
(ii) to provide assistance in identifying sources of provisional financing of costs (see, for example, article 7(2));
(b) education and training:
(i) to promote training in the field of oil pollution preparedness and response (see, for example, article 9; and
(ii) to promote the holding of international symposia (see, for example, article 8(3));
(c) technical services:
(i) to facilitate co-operation in research and development (see, for example, articles 8(1), (2) and (4) and 9(1)(d));
(ii) to provide advice to States establishing national or regional response capabilities; and
(iii) to analyze the information provided by Parties (see, for example, articles 5(2) and (3), 6(3) and 8(1) and relevant information provided by other sources and provide advice or information to States;
(d) technical assistance:
(i) to facilitate the provision of technical assistance to States establishing national or regional response capabilities; and
(ii) to facilitate the provision of technical assistance and advice, upon the request of States faced with major oil pollution incidents.

(2) In carrying out the activities specified in this article, the Organization shall endeavour to

að efla getu einstakra ríkja eða ríkja innan tiltekinna svæða til að búa sig undir og takast á við olíumengunaróhöpp, og byggja í þeirri viðleitni á reynslu annarra ríkja, svæðisbundnum samþykktum og fyrirkomulagi atvinnuveganna og taka sérstakt tillit til þarfa þróunarlandanna.

(3) Ákvæði þessarar greinar skulu framkvæmd samkvæmt áætlun sem stofnunin gerir og hefur í stöðugri endurskoðun.

strengthen the ability of States individually or through regional arrangements to prepare for and combat oil pollution incidents, drawing upon the experience of States, regional agreements and industry arrangements and paying particular attention to the needs of developing countries.

(3) The provisions of this article shall be implemented in accordance with a programme developed and kept under review by the Organization.

13. gr.

Mat á samningnum

Aðilar skulu meta innan stofnunarinnar hversu áhrifaríkur þessi samningur er í ljósi tilgangs hans, sérstaklega varðandi þau grundvallaratriði sem liggja að baki samvinnu og aðstoð.

Article 13

Evaluation of the Convention

Parties shall evaluate within the Organization the effectiveness of the Convention in the light of its objectives, particularly with respect to the principles underlying co-operation and assistance.

14. gr.

Breytingar á samningnum

(1) Þessum samningi má breyta með einhverri af þeim aðferðum sem tilgreindar eru í eftirfarandi liðum.

(2) Breytingar eftir athugun á vegum stofnunarinnar:

(a) Sérhver breytingartillaga sem aðili leggur til skal lögð fyrir stofnunina og dreift af framkvæmdastjóranum til allra aðila stofnunarinnar og allra aðila a.m.k. sex mánuðum áður en fjallað er um hana.

(b) Sérhver breytingartillaga sem lögð er fram samkvæmt lið (a) skal send til nefndar um verndun hafsins innan stofnunarinnar til umfjöllunar.

(c) Aðilar að samningnum, hvort sem þau eru aðilar stofnunarinnar eða ekki, skulu hafa rétt til að taka þátt í umfjöllun nefndar um verndun hafsins.

(d) Breytingartillögur þurfa samþykki tveggja þriðju hluta aðila að samningnum sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni um þær.

(e) Ef breytingartillaga er samþykkt samkvæmt lið (d) skal framkvæmdastjórinn senda hana öllum aðilum að samningnum til samþykkis.

(f) (i) Breytingartillaga við greinar eða viðauka samningsins skal teljast samþykkt þann dag sem tveir þriðju aðilanna hafa samþykkt hana.

(ii) Breytingartillaga við viðbæti telst samþykkt þegar liðinn er sá frestur sem nefnd um verndun hafsins ákveður þegar tillagan er tekin til afgreiðslu, nema að innan þess tímabils sé andmælum komið á framfæri við framkvæmdastjórann af ekki færri en einum þriðja

Article 14

Amendments

(1) This Convention may be amended by one of the procedures specified in the following paragraphs.

(2) Amendment after any consideration by the Organization:

(a) Any amendment proposed by a Party to the Convention shall be submitted to the Organization and circulated by the Secretary-General to all Members of the Organization and all Parties at least six months prior to its consideration.

(b) Any amendment proposed and circulated as above shall be submitted to the Marine Environment Protection Committee of the Organization forconsideration.

(c) Parties to the Convention, whether or not Members of the Organization, shall be entitled to participate in the proceedings of the Marine Environment Protection Committee.

(d) Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of only the Parties to the Convention present and voting.

(e) If adopted in accordance with subparagraph (d), amendments shall be communicated by the Secretary-General to all Parties to the Convention for acceptance.

(f) (i) An amendment to an article or the Annex of the Convention shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two thirds of the parties.

(ii) An amendment to the appendix shall be deemed to have been accepted at the end of a period to be determined by the Marine Environment Protection Committee at the time of its adoption, which period shall not be less than ten months, unless within that period an

aðilanna. Fresturinn sem í upphafi er ákveðinn skal aldrei vera skemmri en tíu mánuðir.

(g) (i) Breytingartillaga við greinar eða viðauka samningsins sem samþykkt er í samræmi við lið (f)(i) skal taka gildi gagnvart þeim aðilum sem tilkynnt hafa framkvæmdastjóra um samþykki sitt sex mánuðum eftir þann dag sem hún telst hafa verið samþykkt.

(ii) Breytingartillaga við viðbæti sem samþykkt er samkvæmt lið (f)(ii) skal taka gildi sex mánuðum eftir þann dag sem hún taldist samþykkt gagnvart öllum aðilum, að þeim undanskildum sem fyrir þann tíma hafa hreyft andmælum. Aðili má hvenær sem er draga til baka áður fram komin andmæli sín með því að leggja tilkynningu þess efnis fyrir framkvæmdastjórann.

(3) Breytingar gerðar á ráðstefnu:

(a) Að beiðni aðila og með stuðningi a.m.k. eins þriðja aðilanna skal framkvæmdastjórinn boða til ráðstefnu aðilanna til að taka afstöðu til breytingartillagna við samninginn.

(b) Breytingartillögu, sem er samþykkt á slíkri ráðstefnu með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, skal framkvæmdastjóri senda öllum aðilum til samþykkis.

(c) Breytingartillaga telst samþykkt og tekur gildi í samræmi við ákvæði í liðum (2)(f) og (g) nema ráðstefnan ákveði annað.

(4) Með samþykki og gildistöku breytingartillögu, sem felur í sér að viðauka eða viðbæti er bætt aftan við samninginn, skal farið á sama hátt eins og um væri að ræða breytingartillögu við viðaukann.

(5) Komið skal fram við aðila sem ekki hefur samþykkt breytingartillögu við grein eða viðaukann, sbr. lið (2)(f)(i), eða breytingartillögu sem felur í sér viðauka eða viðbæti er bætt við samninginn, sbr. 4. tl., eða hefur hreyft andmælum við breytingu á viðbæti, sbr. lið (2)(f)(ii), eins og hann væri ekki aðili að samningnum að því er varðar beitingu breytinganna. Slíkri meðferð skal hætt þegar tilkynnt er um samþykki, sbr. lið (2)(f)(i), eða þegar andmæli eru dregin til baka, sbr. lið (2)(g)(ii).

(6) Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um sérhverja breytingu sem tekur gildi samkvæmt þessarri grein og um gildistökudag hennar.

objection is communicated to the Secretary-General by not less than one third of the Parties.

(g) (i) An amendment to an article or the Annex of the Convention accepted in conformity with subparagraph (f)(i) shall enter into force six months after the date on which it is deemed to have been accepted with respect to the Parties which have notified the Secretary-General that they have accepted it.

(ii) An amendment to an appendix accepted in conformity with subparagraph (f)(ii) shall enter into force six months after the date on which it is deemed to have been accepted with respect to all Parties with the exception of those which, before that date, have objected to it. A Party may at any time withdraw a previously communicated objection by submitting a notification to that effect to the Secretary-General.

(3) Amendment by a Conference:

(a) Upon the request of a Party, concurred with by at least one third of the Parties, the Secretary-General shall convene a Conference of Parties to the Convention to consider amendments to the Convention.

(b) An amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of those Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all Parties for their acceptance.

(c) Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraph (2)(f) and (g).

(4) The adoption and entry into force of an amendment constituting an addition of an Annex or an appendix shall be subject to the procedure applicable to an amendment to the Annex.

(5) Any Party which has not accepted an amendment to an article or the Annex under paraph (2)(f)(i) or an amendment constituting an addition of an Annex or an appending under paraph (4) or has communicated an objection to an amendment to an appendix under paraph (2)(f)(ii) shall be treated as a non-Party only for the purpose of the application of such amendment. Such treatment shall terminate upon the submission of a notification of acceptance under paragraph (2)(f)(i) or withdrawal of the objection under paragraph (2)(g)(ii).

(6) The Secretary-General shall inform all Parties of any amendment which enters into force under this article, together with the date on which the amendment enters into force.

7) Sérhver tilkynning um samþykki, andmæli eða afturköllun andmæla við breytingartillögu samkvæmt þessarri grein skal send framkvæmdastjóranum skriflega og skal hann tilkynna aðilum um viðtöku og viðtökudag slíkra tilkynninga.

(8) Viðbætar við samninginn skulu aðeins fela í sér ákvæði sem eru tæknilegs eðlis.

15. gr.

Undirritun, fullgilding, samþykki, staðfesting og aðild

(1) Þessi samningur skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 30. nóvember 1990 til 29. nóvember 1991 en frá þeim tíma er nýjum ríkjum heimilt að gerast aðilar. Sérhvert ríki getur gerst aðili að þessum samningi með:

(a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu; eða

(b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu ásamt síðari fullgildingu, samþykki eða staðfestingu; eða

(c) aðild.

(2) Fullgilding, samþykki, staðfesting eða aðild skal eiga sér stað með því að koma skjali þar að lútandi til framkvæmdastjórans.

16. gr.

Gildistaka

(1) Þessi samningur skal taka gildi tólf mánuðum eftir þann dag sem a.m.k. fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu eða lagt fram skjal um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild samkvæmt 15. gr.

(2) Gagnvart þeim ríkjum sem lagt hafa fram skjal um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild að því er varðar þennan samning eftir að skilyrðum um gildistöku hans hefur verið náð, en áður en hann hefur öðlast gildi, skal staðfestingin, samþykkið, fullgildingin eða aðildin gilda frá þeim degi sem samningurinn tekur gildi eða þremur mánuðum eftir að lagt hefur verið fram skjal um staðfestingu, samþykki, fullgildingu eða aðild, og skal miðað við þá dagsetningu sem síðari er.

(3) Gagnvart þeim ríkjum sem lagt hafa fram skjal um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild eftir að samningurinn hefur öðlast gildi skal samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að skjalið er lagt fram.

(7) Any notification of acceptance of, objection to, or withdrawal of objection to, an amendment under this article shall be communicated in writing to the Secretary-General who shall inform Parties of such notification and the date of its receipt.

(8) An appendix to the Convention shall contain only provisions of a technical nature.

Article 15

Signature, ratification, acceptance, approval and accession

(1) This Convention shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 30 November 1990 until 29 November 1991 and shall thereafter remain open for accession. Any State may become Party to this Convention by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

(c) accession.

(2) Ratification, acceptance, approval or accession shall be effect by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

Article 16

Entry into force

(1) This Convention shall enter into force twelve months after the date on which not less than fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article 15.

(2) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Convention after the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of this Convention or three months after the date of deposit of the instrument, whichever is the later date.

(3) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which this Convention entered into force, this Convention shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.

(4) Eftir að breytingartillaga við samning þennan telst samþykkt, sbr. 14. gr., skal sérhvert skjal sem lagt er fram um staðfestingu, samþykki, fullgildingu eða aðild taka til samningsins með áorðnum breytingum.

17.gr.
Uppsögn

(1) Sérhver aðili getur sagt þessum samningi upp hvenær sem er eftir að fimm ár eru liðin frá því að hann öðlaðist gildi gagnvart viðkomandi aðila.

(2) Samningnum skal sagt upp með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjóra.

(3) Uppsögn skal taka gildi tólf mánuðum eftir móttöku framkvæmdastjórans á tilkynningu þar um eða eftir að einhver lengri frestur, sem tilkynningin tiltekur, er liðinn.

18. gr.
Vörsluaðili

(1) Þessum samningi skal komið í vörslu framkvæmdastjórans.

(2) Framkvæmdastjórinn skal:

(a) tilkynna öllum ríkjum sem skrifað hafa undir samninginn eða gerst aðilar að honum um:

(i) sérhverja nýja undirskrift eða afhendingu skjals um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild, ásamt upplýsingum um dagsetningu;

(ii) gildistökudag þessa samnings; og

(iii) sérhverja afhendingu uppsagnarskjals þessa samnings, ásamt dagsetningu á móttöku og gildistökudag uppsagnar;

(b) senda staðfest afrit af þessum samningi til ríkisstjórna allra ríkja sem skrifað hafa undir hann eða gerst aðilar að honum.

(3) Strax og samningur þessi tekur gildi skal vörsluaðili senda staðfest afrit hans til embættis aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og útgáfu í samræmi við 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

19. gr.
Tungumál

Þessi samningur er gerður í einu frumriti á hverju eftirtalinna tungumála: arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

(4) After the date on which an amendment to this Convention is deemed to have been accepted under article 14, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to this Convention as amended.

Article 17
Denunciation

(1) This Convention may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which this Convention enters into force for that Party.

(2) Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General.

(3) A denunciation shall take effect twelve months after receipt of the notification of denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

Article 18
Depositary

(1) This Convention shall be deposited with the Secretary-General.

(2) The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed this Convention or acceded thereto of:

(i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;

(ii) the date of entry into force of this Convention; and

(iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it was received and the date on which the denunciation takes effect;

(b) transmit certified true copies of this Convention to the Governments of all States which have signed this Convention or acceded thereto.

(3) As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 19
Languages

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir í umboði ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Lundúnum 30. nóvember 1990.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed this Convention.

DONE AT London this thirtieth day of November one thousand nine hundred and ninety.

VIÐAUKI

Endurgreiðsla kostnaðar af aðstoð

(1) (a) Hafi ekki verið samið um skiptingu kostnaðar aðila vegna aðgerða til að bregðast við olíumengunaróhöppum með tvíhliða eða fjölþjóðlegum samningum áður en mengunaróhapp af völdum olíu varð skulu aðilar bera kostnað af eigin aðgerðum í samræmi við það sem tekið er fram í lið (i) eða (ii).

(i) Ef aðili greip til aðgerða vegna ótvíræðrar beiðni annars skal aðilinn, sem bað um aðstoð, endurgreiða kostnað aðilans sem veitti aðstoðina. Beiðni um aðstoð má draga til baka hvenær sem er en í því tilfelli skal aðilinn, sem bað um aðstoð, greiða þann kostnað sem þegar er áfalinn eða hefur verið stofnað til af aðilanum sem beðinn var um aðstoðina.

(ii) Ef aðili greip til aðgerða að eigin frumkvæði skal hann sjálfur bera kostnaðinn af aðgerðum sínum.

(b) Grundvallarreglurnar, sem kveðið er á um í lið (a), skulu gilda nema um annað semjist milli þeirra aðila sem í hlut eiga hverju sinni.

(2) Hafi ekki verið um annað samið skal kostnaðurinn af veittri aðstoð aðila eftir beiðni annars aðila reiknaður á sanngjarnan hátt í samræmi við lög og reglur um endurgreiðslu á slíkum kostnaði hjá þeim aðila sem aðstoðina veitti.

(3) Aðili, sem bað um aðstoð, og aðili, sem veitti aðstoðina, skulu, eftir því sem við á, hafa með sér samstarf um að ljúka aðgerðum til að bregðast við bótakröfum. Þeir skulu í þessu sambandi gæta að gildandi fyrirkomulagi á réttarsviðinu. Í þeim tilvikum þar sem aðgerðirnar leiða ekki til greiðslu fullra bóta getur aðilinn, sem bað um aðstoð, óskað eftir því við aðilann, sem veitti aðstoðina, að felld verði niður krafa um endurgreiðslu umfram það sem skaðabætur duga til að greiða, eða endurmeta reiknaðan kostnað til lækkunar, sbr. 2. tl. Einnig má aðilinn, sem bað um aðstoð, óska eftir gjaldfresti á endurgreiðslu slíks kostnaðar. Við mat á slíkri beiðni skulu aðilar, sem aðstoð veittu, taka sérstakt tillit til þarfa þróunarlandanna.

ANNEX

Reimbursement of Costs of Assistance

(1) (a) Unless an agreement concerning the financial arrangements governing actions of Parties to deal with oil pollution incidents has been concluded on a bilateral or multilateral basis prior to the oil pollution incident, Parties shall bear the costs of their respective actions in dealing with pollution in accordance with subparagraph (i) or subparagraph (ii).

(i) If the action was taken by one Party at the express request of another Party, the requesting Party shall reimburse to the assisting Party the cost of its action. The requesting Party may cancel its request at any time, but in that case it shall bear the costs already incurred or committed by the assisting Party.

(ii) If the action was taken by a Party on its own initiative, this Party shall bear the costs of its action.

(b) The principles laid down in subparagraph (a) shall apply unless the Parties concerned otherwise agree in any individual case.

(2) Unless otherwise agreed, the costs of action taken by a Party at the request of another Party shall be fairly calculated according to the law and current practice of the assisting Party concerning the reimbursement of such costs.

(3) The Party requesting assistance and the assisting Party shall, where appropriate, co-operate in concluding any action in response to a compensation claim. To that end, they shall give due consideration to existing legal regimes. Where the action thus concluded does not permit full compensation for expenses incurred in the assistance operation, the Party requesting assistance may ask the assisting Party to waive reimbursement of the expenses exceeding the sums compensated or to reduce the costs which have been calculated in accordance with paragraph (2). It may also request a postponement of the reimbursement of such costs. In considering such a request, assisting Parties shall give due consideration to the needs of the developing countries.

(4) Ákvæðin í þessum samningi skal ekki túlka á þann veg að þau skerði rétt aðila samkvæmt eigin lögum og reglum eða samkvæmt reglum og ákvæðum þjóðaréttar til að krefjast bóta frá þriðja aðila vegna kostnaðar við aðgerðir til að bregðast við mengun eða mengunarhættu. Sérstakt tillit skal tekið til alþjóðasamnings frá 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamnings frá 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, eða sérhverra síðari breytinga á þessum samningum.

(4) The provisions of this Convention shall not be interpreted as in any way prejudicing the rights of Parties to recover from third parties the costs of actionsto deal with pollution or the threat of pollution under other applicable provisions and rules of national and international law. Special attention shall be paid to the 1969 International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage and the 1971 International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage or any subsequent amendment to those Conventions.

894. Tillaga til þingsályktunar [536. mál]

um fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar sem gerður var í New York 9. maí 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerður var í New York 9. maí 1992. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Upphitun andrúmsloftsins og breytingar á veðurfari, sem óhjákvæmilega fylgja í kjölfarið, eru mikið áhyggjuefni. Meðalhiti við yfirborð jarðar er nú um 15 gráður á Celsíus og hefur verið nokkuð stöðugur um langt skeið, þ.e. í nokkur hundruð milljónir ára. Ein meginástæðan fyrir þessum stöðugleika eru lofttegundir í andrúmsloftinu sem draga í sig hitageisla og hita loftið. Þessar lofttegundir virka á svipaðan hátt og gler í gróðurhúsi. Þær hleypa sýnilegri geislun sólar tiltölulega vel í gegn, en soga í sig meginhluta innrauðrar geislunar frá yfirborði jarðar. Hugtakið „gróðurhúsaáhrif“ vísar til þessa.

Talið er að hiti andrúmsloftsins sé um 33 gráðum hærri en ef gróðurhúsaáhrifa nyti ekki. Án þeirra væri jörðin með öllu óbyggileg og meðalhiti 18 gráðu frost í stað 15 stiga hita eins og nú er. Þetta er nefnt hér til að minna á að gróðurhúsaáhrifin sjálf eru ekki bölvaldur, þvert á móti eru þau nauðsynleg til að skapa lífvænleg skilyrði á jörðinni. Vandamálið, sem við blasir, stafar af því að styrkur þeirra lofttegunda, sem valda gróðurhúsaáhrifum, hefur aukist verulega í andrúmsloftinu. Þessi aukning á að miklu leyti rætur að rekja til mannlegra athafna, þá einkum til verulegrar og stöðugrar aukningar á útstreymi koltvíoxíðs, en einnig annarra efna, svo sem metans, tvíköfnunarefnisoxíðs, ósons, klórflúorkolefnis og halóna. Á sl. 150 árum hefur styrkur koltvíoxíðs í andrúmsloftinu aukist um 25%. Tvær meginástæður eru fyrir þessari aukningu: Eldsneytisnotkun og gróðureyðing.

Haldi svo fram sem horfir mun styrkur koltvíoxíðs í andrúmsloftinu tvöfaldast á næstu öld. Það er einnig mat vísindamanna að þótt brennsla kolefnisríkra jarðefna og gróðureyðing, einkum eyðing skóga, aukist ekki umfram það sem nú er þá muni styrkur koltvíoxíðs í andrúmsloftinu samt sem áður aukast verulega uns jafnvægi næst að einni öld liðinni. Aukning gróðurhúsaáhrifa leiðir til röskunar á veðurfari jarðar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Sterkar líkur eru á að hlýna muni á jörðinni á næstu áratugum, en óvíst er hve mikið mun hlýna. Slíkar breytingar hefðu í för með sér þurrka, hækkun á yfirborði sjávar og aðrar skaðlegar afleiðingar fyrir lífsskilyrði.

Þjóðir heims hafa almennt viðurkennt þessa hættu og nauðsyn á alþjóðlegri samvinnu um aðgerðir til að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum. Einstök ríki og ríkjasambönd hafa á undanförnum árum sett sér markmið um að draga úr útstreymi koltvíoxíðs út í andrúmsloftið. Í því samhengi er vert að nefna að norræna umhverfisáætlunin frá 1989 hefur að geyma tilmæli um aðgerðir til að draga úr koltvíoxíðsmengun. Á ráðherrafundi, sem haldinn var í tengslum við aðra alþjóðlegu veðurfarsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í nóvember 1990, samþykktu umhverfisráðherrar EB- og EFTA-ríkj-

anna ásamt umhverfisráðherrum Ástralíu, Kanada, Japans og Nýja-Sjálands að stefna að því að draga úr útstreymi koltvíoxíðs þannig að það verði ekki meira um aldamótin en það var í viðkomandi landi árið 1990.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er afrakstur þeirrar alþjóðlegu samvinnu, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, um rannsóknir á gróðurhúsaáhrifum, mat á niðurstöðum og mótun leiða til úrbóta. Í nóvember 1988 kom saman í fyrsta sinn samvinnunefnd ríkja um veðurfarsbreytingar (IPCC). Nefndin var stofnuð af Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO). Í kjölfar fyrstu skýrslu nefndarinnar, sem kom út í ágúst 1990, stofnaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samninganefnd ríkja um alþjóðlegan samning til að stemma stigu fyrir loftslagsbreytingum (INCC). Nefnd þessi kom fyrst saman í janúar 1991 og lauk gerð samningsins í New York 9. maí 1992. Ísland tók þátt í lokagerð samningsins. Samningurinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiró. Eiður Guðnason umhverfisráðherra undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd 12. júní 1992. Samningurinn hefur ekki öðlast gildi.

Samningurinn fjallar um loftslagsbreytingar af manna völdum. Um er að ræða stefnumarkandi rammasamning sem kveður ekki á um ákveðnar aðgerðir, en gert er ráð fyrir að aðildarríki semji og samþykki bókanir við samninginn. Með aðild að honum gangast samningsaðilar, hver um sig og sameiginlega, undir þá skuldbindingu að stemma stigu fyrir auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda með því að vernda og auka, þar sem við á, lífmassa, skóga og höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

Samningurinn hefur þannig ekki að markmiði að stöðva loftslagsbreytingar af manna völdum, heldur að stuðla að aðgerðum sem miðast við að halda loftslagsbreytingum í því horfi sem vistkerfi jarðar getur lagað sig að. Þess ber að geta að ákvæði samningsins taka ekki til gróðurhúsalofttegunda sem eru á skrá Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins sem er bókun við Vínarsamninginn um vernd ósonlagsins.

Í 4. gr. samningsins er að finna þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld taka á sig gerist Ísland aðili að samningnum. Þær eru eftirfarandi:

— Að gefa út og leggja fyrir þing aðila, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins hvað Ísland varðar og reglulega eftir það, skrá yfir áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum fram til aldamóta, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum.
— Að semja, framkvæma og endurskoða reglulega áætlun um aðgerðir til að draga úr og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum. Áætlunina skal birta og hana ber að leggja fyrir þing aðila innan sex mánaða frá gildistöku samningsins hvað Ísland varðar og reglulega eftir það. Hún skal ná til aldamóta og fela í sér stefnumið og ráðstafanir sem miða að því að Ísland, eitt sér eða í samvinnu við önnur ríki, sem upp eru talin í viðauka I (OECD-ríki), takmarki útstreymi á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum. Miða skal við að útstreymið verði ekki meira um aldamót en það var árið 1990. Þess ber þó að geta að ofangreint markmið, sem vísað er til í samningnum, felur ekki í sér lagalega skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að tekið skuli tillit til aðgerða sem þjóðir hafa gripið til fyrir árið 1990.
— Að vernda og auka viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, þar með talin lífmassi, skógar, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

— Að taka tillit til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar í framkvæmdum og við stefnumótun og gera viðeigandi ráðstafanir til að meta og draga úr áhrifum þeirra á loftslagið.
— Að stuðla að menntun, þjálfun og aukinni meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar.
— Að taka þátt í vísindalegri samvinnu og samvinnu um miðlun tækni, rannsóknir, vöktun og miðlun ýmiss konar upplýsinga.
— Að veita fé til aðstoðar þróunarlöndum við að framkvæma skuldbindingar þeirra samkvæmt samningnum.

Þess ber að geta að í samningnum er lögð rík áhersla á að samningsaðilar beiti kostnaðarhagkvæmum aðgerðum til að ná settum markmiðum, m.a. með sameiginlegum aðgerðum einstakra ríkja. Þannig geti ríki fullnægt skuldbindingum sínum að einhverju leyti með því að aðstoða önnur lönd við að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda heima fyrir. Ríki geti jafnframt komið sér saman um að ná sameiginlega markmiði samningsins. Slík samvinna gæti falið í sér að þau tækju á sig mismikla skerðingu í samræmi við magn útstreymis og efnahagslegar aðstæður. Verið er að móta skilgreiningu á sameiginlegum aðgerðum ríkja sem væntanlega verður lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi samningsaðila. Jafnframt er á það lögð áhersla að við gerð áætlana skuli hvert aðildarríki eða svæðisstofnun um efnahagslega samvinnu leitast við að hanna ráðstafanir sem falla vel að þeirra eigin efnahagslegu og félagslegu aðstæðum. Áætlanir skulu byggðar á viðeigandi vísindalegum, tæknilegum og efnahagslegum þáttum og stöðugt endurmetnar í ljósi nýrra niðurstaðna á þessum sviðum.

Í 14. gr. samningsins er fjallað um lausn deilumála og ýmsir valkostir taldir upp. Talið er rétt að Ísland samþykki gerðardómsmeðferð vegna deilna sem upp koma vegna túlkunar eða framkvæmdar samningsins, sbr. 2. tölul. 14. gr.

Í framhaldi af ofangreindri samþykkt umhverfisráðherra á annarri veðurfarsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1990 skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Júlíus Sólnes, sérfræðinganefnd til að kanna útstreymi koltvíoxíðs á Íslandi árið 1990. Nefndinni var einnig falið að leita leiða til að draga úr útstreymi koltvíoxíðs hér á landi og semja framkvæmdaáætlun um hvernig ná megi settu markmiði árið 2000. Nefndin ákvað í samráði við umhverfisráðherra að kanna einnig útstreymi annarra lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Nefndin hóf störf vorið 1991 og var fyrsta verk hennar að kanna uppsprettur koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda hér á landi og meta hve mikið af þessum efnum er losað út í andrúmsloftið af manna völdum árlega. Nefndin birti niðurstöður úr þessari könnun í skýrslu sem ber heitið *Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 1990* og gefin var út af umhverfisráðuneytinu í maí 1992.

Þannig hefur hluta þeirra skuldbindinga, sem samningurinn felur í sér, verið fullnægt. Næsta verkefni nefndarinnar verður að meta útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi fram til aldamóta og gera áætlun um ráðstafanir og aðgerðir til að fullnægja markmiði samningsins. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi hér á landi til að draga úr gróðurhúsaáhrifum af manna völdum. Þær aðgerðir, sem hér um ræðir, mundu einnig stuðla að þjóðhagslegum hagnaði, lausn annarra verkefna á sviði umhverfismála og aukinni framkvæmd þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist á sviði þróunaraðstoðar. Má þar nefna aukna notkun innlendra orkugjafa í stað innflutts jarðefnaeldsneytis í iðnaði og samgöngum, úrbætur í sorphirðu og sorpförgun, orkusparnað í samgöngum og við fiskveiðar, aukna skógrækt og landgræðslu, bætta náttúruvernd og samvinnu Íslands og

annarra ríkja á sviði nýtingar jarðvarma og virkjunar fallvatna. Þegar er unnið að framgangi þessara verkefna.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt stefnumótun í umhverfismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á ýmsar aðgerðir til að draga úr og vega upp á móti útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Stefnumótunin kveður jafnframt á um að gerð verði framkvæmdaáætlun fyrir hvern atvinnuveg er stuðli að sjálfbærri þróun atvinnuvegarins, m.a. með tilliti til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM LOFTSLAGSBREYTINGAR

Aðilar að samningi þessum

sem viðurkenna að breytingar á loftslagi jarðarinnar og skaðleg áhrif þeirra séu sameiginlegt viðfangsefni mannkynsins,

sem hafa áhyggjur af því að starfsemi manna hefur verulega aukið styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu, að þessi viðbót auki gróðurhúsaáhrifin í náttúrunni, og að þetta muni almennt hafa þær afleiðingar að yfirborð jarðar og andrúmsloft hitni enn meir og kunni að hafa skaðleg áhrif á vistkerfi náttúrunnar og mannkynið,

sem veita því athygli að mestur hluti útstreymis gróðurhúsalofttegunda um allan heim fyrr og nú hefur átt upptök sín í þróuðum löndum, að útstreymi á mann í þróunarlöndum er enn tiltölulega lítið og að sá hluti útstreymis á heimsvísu sem stafar frá þróunarlöndum mun vaxa til þess að mæta félagslegum þörfum þeirra og þróun,

sem gera sér grein fyrir hlutverki og mikilvægi viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, í vistkerfum á landi og í sjó,

sem veita því athygli að margir óvissuþættir eru í spám um loftslagsbreytingar, einkum með tilliti til þess hvenær, hve miklar og hvernig þær breytingar verða á hverju svæði,

sem viðurkenna að loftslagsbreytingar eru þess eðlis um allan heim að þörf er á sem mestri samvinnu allra þjóða og þátttöku þeirra í öflugum og viðeigandi alþjóðlegum viðbrögðum, í samræmi við sameiginlega en ólíka ábyrgð þeirra og getu hvers og eins, svo og félagslegar og efnahagslegar aðstæður þeirra,

UNITED NATIONS FRAMEWORK CONVENTION ON CLIMATE CHANGE

The Parties to this Convention,

Acknowledging that change in the Earth's climate and its adverse effects are a common concern of humankind,

Concerned that human activities have been substantially increasing the atmospheric concentrations of greenhouse gases, that these increases enhance the natural greenhouse effect, and that this will result on average in an additional warming of the Earth's surface and atmosphere and may adversely affect natural ecosystems and humankind,

Noting that the largest share of historical and current global emissions of greenhouse gases has originated in developed countries, that per capita emissions in developing countries are still relatively low and that the share of global emissions originating in developing countries will grow to meet their social and development needs,

Aware of the role and importance in terrestrial and marine ecosystems of sinks and reservoirs of greenhouse gases,

Nothing that there are many uncertainties in predictions of climate change, particularly with regard to the timing, magnitude and regional patterns thereof,

Acknowledging that the global nature of climate change calls for the widest possible cooperation by all countries and their participation in an effective and appropriate international response, in accordance with their common but differentiated responsibilities and respective capabilities and their social and economic conditions,

sem minnast viðkomandi ákvæða úr yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins sem samþykkt var í Stokkhólmi 16. júní 1972,

sem minnast einnig að í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglur þjóðaréttar hafa ríki óskoraðan rétt til að hagnýta sér sínar eigin auðlindir í samræmi við eigin stefnumið í umhverfis- og þróunarmálum, og bera þá ábyrgð að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir þeirra stjórn valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða svæða utan lögsögumarka einhvers ríkis,

sem staðfesta að nýju fullveldisreglu ríkja í alþjóðlegri samvinnu að takast á við loftslagsbreytingar,

sem viðurkenna að ríki ættu að koma á virkri umhverfislöggjöf, að umhverfisstaðlar, stjórnunarmarkmið og forgangsröðun ættu að endurspegla það umhverfis- og þróunarsamhengi sem þau gilda um, og að staðlar sem nokkur lönd nota kunna að vera óhentugir og óréttlætanlega kostnaðarsamir, efnahagslega og félagslega, fyrir önnur lönd, einkum þróunarlöndin,

sem minnast ákvæða í ályktun Allsherjarþingsins nr. 44/228 frá 22. desember 1989 um Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, og ályktanir 43/53 frá 6. desember 1988, 44/207 frá 22. desember 1989, 45/212 frá 21. desember 1990 og 46/169 frá 19. desember 1991 um verndun loftslags um allan heim fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

sem minnast einnig ákvæða í ályktun Allsherjarþingsins nr. 44/206 frá 22. desember 1989 um möguleg skaðleg áhrif vegna hækkunar á yfirborði sjávar á eyjar og strandsvæði, sérstaklega þau sem liggja lágt yfir sjávarmáli, og viðeigandi ákvæði í ályktun Allsherjarþingsins nr. 44/172 frá 19. desember 1989 um framkvæmd áætlunar um aðgerðir til að sporna gegn eyðimerkurmyndun,

sem minnast ennfremur Vínarsamningsins um verndun ósónlagsins,1985, og Montreal bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósónlagsins, 1987, eins og hún var aðlöguð og breytt 29. júní 1990,

Recalling the pertinent provisions of the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, adopted at Stockholm on 16 June 1972,

Recalling also that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

Reaffirming the principle of sovereignty of States in international cooperation to address climate change,

Recognizing that States should enact effective environmental legislation, that environmental standards, management objectives and priorities should reflect the environmental and developmental context to which they apply, and that standards applied by some countries may be inappropriate and of unwarranted economic and social cost to other countries, in particular developing countries,

Recalling the provisions of General Assembly resolution 44/228 of 22 December 1989 on the United Nations Conference on Environment and Development, and resolutions 43/53 of 6 December 1988, 44/207 of 22 December 1989, 45/212 of 21 December 1990 and 46/169 of 19 December 1991 on protection of global climate for present and future generations of mankind,

Recalling also the provisions of General Assembly resolution 44/206 of 22 December 1988 on the possible adverse effects of sealevel rise on islands and coastal areas, particularly low-lying coastal areas and the pertinent provisions of General Assembly resolution 44/172 of 19 December 1989 on the implementation of the Plan of Action to Combat Desertification,

Recalling further the Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer, 1985, and the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer, 1987, as adjusted and amended on 29 June 1990,

sem veita athygli ráðherrayfirlýsingunni frá annarri heimsráðstefnunni um loftslag sem samþykkt var 7. nóvember 1990,

sem er ljóst hið dýrmæta rannsóknarstarf sem unnið er í mörgum ríkjum á loftslagsbreytingum og hið mikilvæga framlag Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, og annarra stofnana, samtaka og hópa sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna sem og annarra alþjóðlegra og milliríkja hópa, til gagnkvæmra skipta á niðurstöðum vísindalegra rannsókna og samhæfingar rannsókna,

sem viðurkenna að þær aðgerðir sem þörf er á til að skilja og takast á við loftslagsbreytingar munu skila umhverfinu, samfélaginu og efnahagskerfinu bestum árangri, séu þær byggðar á viðeigandi vísindalegum, tæknilegum og efnahagslegum þáttum og stöðugt endurmetnar í ljósi nýrra niðurstaðna á þessum sviðum,

sem viðurkenna að ýmsar aðgerðir til að takast á við loftslagsbreytingar geta verið hagfræðilega réttlætanlegar í sjálfu sér og geta einnig hjálpað til að leysa önnur umhverfisvandamál,

sem viðurkenna einnig nauðsyn þess að þróuðu löndin grípi þegar í stað til aðgerða, en þó sveigjanlegra, á grundvelli augljósrar forgangsröðunar, sem upphaf að yfirgripsmiklum viðbragðsáætlunum á alheims-, þjóðríkis- og ef um semst, á svæðisbundna vísu, sem nái til allra gróðurhúsalofttegunda, með eðlilegu tilliti til þáttar hverrar og einnar í aukningu gróðurhúsaáhrifa,

sem viðurkenna ennfremur að láglend og önnur lítil eylönd, lönd með láglend strandsvæði, skrælnuð og hálfskrælnuð svæði, eða svæði þar sem hætta er á flóðum, þurrkum eða eyðimerkurmyndun, og þróunarlönd með viðkvæm fjalllendisvistkerfi, eru sérstaklega viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga,

sem viðurkenna hina sérstöku erfiðleika þeirra landa, einkum þróunarlanda, sem búa við hagkerfi sem eru sérstaklega háð framleiðslu, notkun og útflutningi jarðefnaeldsneytis, sem leiða af aðgerðum sem takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda,

Noting the Ministerial Declaration of the Second World Climate Conference adopted on 7 November 1990,

Conscious of the valuable analytical work being conducted by many Stats on climate change and of the important contributions of the World Meteorological Organization, the United Nations Environment Programme and other organs, organizations and bodies of the United Nations system, as well as other international and intergovernmental bodies, to the exchange of results of scientific research and the coordination of research,

Recognizing that steps required to understand and address climate change will be environmentally, socially and economically most effective if they are based on relevant scientific, technical and economic considerations and continually re-evaluated in the light of new findings in these areas,

Recognizing that various actions to address climate change can be justified economically in their own right and cal also help in solving other environmental problems,

Recognizing also the need for developed countries to take immediate action in a flexible manner on the basis of clear priorities, as a first step towards comprehensive response strategies at the global, national and, where agreed, regional levels that take into account all greenhouse gases, with due consideration of their relative contributions to the enhancement of the greenhouse effect,

Recognizing further that low-lying and other small island countries, countries with low-lying coastal, arid and semi-arid areas or areas liable to floods, drought and desertification, and developing countries with fragile mountainous ecosystems are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change,

Recognizing the special difficulties of those countries, especially developing countries, whose economies are particularly dependent on fossil fuel production, use and exportation, as a consequence of action taken on limiting greenhouse gas emissions,

sem staðfesta að viðbrögð við loftslagsbreytingum ætti að samþætta við félagslega og efnahagslega þróun í þeim tilgangi að forðast skaðleg áhrif á þá síðarnefndu, og að tekið sé fullt tillit til lögmætra forgangsþarfa þróunarlanda til að ná varanlegum hagvexti og útrýma fátækt,

sem viðurkenna að öll lönd, einkum þróunarlönd, þarfnast aðgangs að auðlindum sem nauðsynlegar eru til að sjálfbærri þróun í félags- og efnahagsmálum verði náð og að orkuneysla þeirra muni þurfa að aukast til þess að þróunarlöndunum miði að því marki, en höfð sé hliðsjón af möguleikum á betri orkunýtingu og takmörkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið almennt, þ. m. t. með því að beita nýrri tækni á forsendum sem gera slíka beitingu gagnlega bæði efnahagslega og félagslega,

sem eru staðráðnir í að vernda loftslagskerfið fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar*

Í samningi þessum merkja:

1. „Skaðleg áhrif loftslagsbreytinga" breytingar á umhverfi eða lífríki sem stafa af loftslagsbreytingum sem hafa marktæk áhrif til hins verra á samsetningu, endurvaxtargetu eða framleiðni vistkerfa, hvort sem þau eru náttúruleg eða stjórnað af mönnum, eða á rekstur félagshaglegs kerfis eða heilsu manna og velferð.

2. „Loftslagsbreytingar" breytingar á loftslagi sem má rekja beint eða óbeint til athafna mannsins sem breyta samsetningu andrúmslofts jarðar og sem verða umfram náttúrulegan loftslagsbreytileika á sambærilegum tímabilum.

3. „Loftslagskerfi" öll til samans gufuhvolfið, vatnshvolfið, lífhvolfið og stinnhvolfið og gagnkvæm áhrif þeirra.

4. „Útstreymi" losun gróðurhúsalofttegunda og/eða forstigsefna þeirra út í andrúmsloftið á ákveðnu svæði og tímabili.

5. „Gróðurhúsalofttegundir" þá loftkenndu efnisþætti andrúmsloftsins, bæði af náttúrunnar

* Heiti greina hafa þann tilgang einan að leiðbeina lesendanum.

Affirming that responses to climate change should be coordinated with social and economic development in an integrated manner with a view to avoiding adverse impacts on the latter, taking into full account the legitimate priority needs of developing countries for the achievement of sustained economic growth and the eradication of poverty,

Recognizing that all countries, especially developing countries, need access to resources required to achieve sustainable social and economic development and that, in order for developing countries to progress towards that goal, their energy consumption will need to grow taking into account the possibilities for achieving greater energy efficiency and for controlling greenhouse gas emissions in general, including through the application of new technologies on terms which make such an application economically and socially beneficial,

Determined to protect the climate system for present future generations,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions*

For the purpose of this Convention:

1. "Adverse effects of climate change" means changes in the physical environment or biota resulting from climate change which have significant deleterious effects on the composition, resilience or productivity of natural and managed ecosystems or on the operation of socio-economic systems or on human health and welfare.

2. "Climate change" means a change of climate which is attributed directly or indirectly to human activity that alters the composition of the global atmosphere and which is in additional to natural climate variability observed over comparable time periods.

3. "Climate system" means the totality of the atmosphere, hydrosphere, biosphere and geosphere and their interactions.

4. "Emissions" means the release of greenhouse gases and/or their precursors into the atmosphere over a specified area and period of time.

5. "Greenhouse gases" means those gaseous constituents of the atmosphere, both natural and

* Titles of articles are included solely to assist the reader

og manna völdum, sem taka til sín og gefa aftur frá sér innrauða geislun.

6. „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ stofnun sem sett hefur verið á laggirnar af fullvalda ríkjum á tilteknu svæði og hefur hæfni í málum sem falla undir samning þennan eða bókanir hans og hefur verið veitt fullt umboð í samræmi við starfsaðferðir hennar til að undirrita, fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að þeim skjölum sem um er að ræða.

7. „Geymir“ þáttur eða þættir loftslagskerfis þar sem gróðurhúsalofttegund eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar er geymt.

8. „Viðtaki“ hvers konar ferli, starfsemi eða gangvirki sem fjarlægir gróðurhúsalofttegund, úðaefni eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar úr andrúmsloftinu.

9. „Uppspretta“ hvers konar ferli eða starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegund, úðaefni eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar út í andrúmsloftið.

2. gr.
Markmið

Lokamarkmið þessa samnings og hvers konar löggerninga honum tengdum sem þing aðila kann að samþykkja er, í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins, að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þeim mörkum ætti að ná innan tímamarka sem nægðu til að vistkerfi geti sjálf aðlagað sig að loftslagsbreytingum til þess að tryggja að matvælaframleiðsla sé ekki í hættu og til að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.

3. gr.
Grundvallarreglur

Í aðgerðum sínum til þess að ná markmiðum samningsins og framkvæma ákvæði hans skulu aðilar hafa meðal annars eftirfarandi að leiðarljósi:

1. Aðilar ættu að vernda loftslagskerfið til hagsbóta fyrir núverandi og ókomnar kynslóðir, á grundvelli sanngirni og í samræmi við sameiginlegar en ólíkar skyldur og getu hvers og eins. Þess vegna ættu hin þróuðu aðildarlönd að

anthropogenic, that absorb and re-emit infrared radiation.

6. "Regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of matters governed by this Convention or its protocols and has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to the instruments concerned.

7. "Reservoir" means a component or components of the climate system where a greenhouse gas or a precursor of a greenhouse gas is stored.

8. "sink" means any process, activity or mechanism which removes a greenhouse gas, an aerosol or a precursor of a greenhouse gas from the atmosphere.

9. "Source" means any process or activity which releases a greenhouse gas, an aerosol or a precursor of a greenhouse gas into the atmosphere.

Article 2
Objective

The ultimate objective of this Convention and any related legal instruments that the Conference of the Parties may adopt is to achieve, in accordance with the relevant provisions of the Convention, stabilization of greenhouse gas concentrations in the atmosphere at a level that would prevent dangerous anthropogenic interference with the climate system. Such a level should be achieved within a time-frame sufficient to allow ecosystems to adapt naturally to climate change, to ensure that food production is not threatened and to enable economic development to proceed in a sustainable manner.

Article 3
Principles

In their actions to achieve the objective of the Convention and to implement its provisions, the Parties shall be guides, inter alia, by the following:

1. The Parties should protect the climate system for the benefit of present and future generations of humankind, on the basis of equity and in accordance with their common but differentiated responsibilities and respective capa-

taka forystuna í að sporna gegn loftslagsbreytingum og skaðlegum áhrifum þeirra.

2. Fullt tillit skyldi tekið til sérstakra þarfa og sérstakra kringumstæðna þróunarlanda sem eru aðilar, einkum þeirra sem er sérstaklega hætt við skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga, sem og þeirra aðila, sér í lagi þróunarlanda sem eru aðilar, sem samkvæmt samningnum yrðu að bera óeðlilega eða hlutfallslega þunga byrði.

3. Aðilar ættu að gera varúðarráðstafanir til að sjá fyrir, hindra eða minnka orsakir loftslagsbreytinga og draga úr skaðlegum áhrifum þeirra. Þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni ætti ekki að nota skort á vísindalegri fullvissu sem rök fyrir því að fresta slíkum aðgerðum en hliðsjón höfð af því að stefnumið og aðgerðir til að glíma við loftslagsbreytingar ættu að vera kostnaðarhagkvæm til þess að tryggja ávinning fyrir allan heiminn með sem minnstum kostnaði. Til að ná þessu marki ættu slík stefnumið og aðgerðir að hafa hliðsjón af mismunandi félagshaglegu samhengi, vera víðtækar, ná til allra viðeigandi uppsprettna, viðtaka og geyma gróðurhúsalofttegunda og aðlögunar, og taka til allra efnahagsgeira. Aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta, geta haft samvinnu um viðleitni til að glíma við loftslagsbreytingar.

4. Aðilar eiga rétt á og ættu að stuðla að sjálfbærri þróun. Stefnumið og aðgerðir til verndunar loftslagskerfinu gegn breytingum af manna völdum ættu að hæfa sérstökum aðstæðum hvers aðila og ætti að samþætta þær þróunaráætlunum hvers ríkis með hliðsjón af því að efnahagsþróun er nauðsynleg, ef grípa á til aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

5. Aðilar ættu að hafa samvinnu um að koma á uppbyggjandi og opnu alþjóðlegu hagkerfi, sem myndi hafa í för með sér sjálfbæran hagvöxt og þróun hjá öllum aðilum, einkum aðilum sem eru þróunarlönd, og gera þeim þannig kleift að takast betur á við vandamál loftslagsbreytinga. Aðgerðir sem gripið er til í þeim tilgangi að sporna gegn loftslagsbreytingum, þ. m. t. einhliða aðgerðir, ættu ekki að vera tæki gerræðislegrar eða óréttlætanlegrar mismununar eða dulbúin höft á alþjóðaviðskipti.

bilities. Accordingly, the developed country Parties should take the lead in combating climate change and the adverse effects thereof.

2. The specific needs and special circumstances of developing country Parties, especially those that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change, and of those Parties, especially developing country Parties, that would have to bear a disproportionate or abnormal burden under the Convention, should be given full consideration.

3. The Parties should take precautionary measures to anticipate, prevent or minimize the causes of climate change and mitigate its adverse effects. Where there are threats of serious or irreversible damage, lack of full scientific certainty should not be used as a reason for postponing such measures, taking into account that policies and measures to deal with climate change should be cost-effective so as to ensure global benefits at the lowest possible cost. To achieve this, such policies and measures should take into account different socio-economic contexts, be comprehensive, cover all relevant sources, sinks and reservoirs of greenhouse gases and adaptation, and comprise all economic sectors. Efforts to address climate change may be carried out cooperatively by interested Parties.

4. The Parties have a right to, and should, promote sustainable development. Policies and measures to protect the climate system against human-induced change should be appropriate for the specific conditions of each Party and should be integrated with national development programmes, taking into account that economic development is essential for adopting measures to address climate change.

5. The Parties should cooperate to promote a supportive and open international economic system that would lead to sustainable economic growth and development in all Parties, particularly developing country Parties, thus enabling them better to address the problems of climate change. Measures taken to combat climate change, including unilateral ones, should not constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on international trade.

4. gr.
Skuldbindingar

1. Með hliðsjón af sameiginlegum en ólíkum skuldbindingum og sérstakri forgangsröðun þróunarverkefna einstakra ríkja og svæða, markmiðum þeirra og kringumstæðum, skulu allir aðilar:

(a) Semja, endurskoða, gefa út og leggja fyrir þing aðila, samkvæmt 12. gr., skrár yfir útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, og nota sambærilegar aðferðir sem samþykktar verða af þingi aðila.

(b) Setja fram, framkvæma, gefa út og endurskoða reglulega áætlanir og þar sem við á svæðisbundnar áætlanir um aðgerðir til að draga úr breytingum á loftslagi með því að takast á við útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki falla undir eftirlit Montreal bókunarinnar, og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, og aðgerðir til að auðvelda nægilega aðlögun að loftslagsbreytingum.

(c) Stuðla að og hafa samvinnu um þróun, beitingu og dreifingu, þ. m. t. miðlun, tækni, aðferða og ferla sem takmarka, minnka eða koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda af manna völdum sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar á öllum viðkomandi sviðum, meðal annars á sviðum orkumála, flutninga, iðnaðar, landbúnaðar, skógræktar og sorphirðu.

(d) Stuðla að sjálfbærri stjórnun og vinna að og hafa samvinnu um verndun og aukningu, eftir því sem við á, viðtaka og geyma fyrir allar gróðurhúsalofttegundir sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, þ. m. t. lífmassi, skógar og höf sem og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

(e) Vinna saman að undirbúningi fyrir aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga; semja og móta viðeigandi og samþætt áform um stjórnun strandsvæða, vatnsauðlindir og landbúnað og um verndun og endurreisn svæða, einkum í Afríku, sem hafa orðið fyrir þurrkum og eyðimerkurmyndun svo og flóðum.

(f) Taka tillit til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar, eftir því sem við verður komið, í viðeigandi aðgerðum sínum og stefnumiðum í

Article 4
Commitments

1. All Parties, taking into account their common but differentiated responsibilities and their specific national and regional development priorities, objectives and circumstances, shall:

(a) Develop, periodically update, publish and make available to the Conference of the Parties, in accordance with Article 12,national inventories of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, using comparable methodologies to be agreed upon by the Conference of the Parties;

(b) Formulate, implement, publish and regularly update national and, where appropriate, regional programmes containing measures to mitigate climate change by addressing anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, and measures to facilitate adequate adaptation to climate change;

(c) Promote and cooperate in the development, application and diffusion, including transfer, of technologies, practices and processes that control, reduce or prevent anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol in all relevant sectors, including the energy, transport, industry, agriculture, forestry and waste management sectors;

(d) Promote sustainable management, and promote and cooperate in the conservation and enhancement, as appropriate, of sinks and reservoirs of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, including biomass, forests and oceans as well as other terrestrial, coastal and marine ecosystems;

(e) Cooperate in preparing for adaptation to the impacts of climate change; develop and elaborate appropriate and integrated plans for coastal zone management, water resources and agriculture, and for the protection and rehabilitation of areas, particularly in Africa, affected by drought and desertification, as well as floods;

(f) Take climate change considerations into account, to the extent feasible, in their relevant social, economic and environmental policies

félags-, efnahags-, og umhverfismálum, og beita viðeigandi aðferðum, til dæmis mati á áhrifum, sem hvert ríki mótar og ákveður, í því augnamiði að draga sem mest úr skaðlegum áhrifum áforma eða aðgerða þeirra, til þess að draga úr eða aðlagast loftslagsbreytingum, á efnahagslífið, heilsu manna og gæði umhverfisins.

(g) Stuðla að og hafa samvinnu um vísindalegar, tæknifræðilegar, tæknilegar, félagshaglegar og aðrar rannsóknir, kerfisbundna athugun og uppbyggingu gagnasafna tengdum loftslagskerfinu og sem ætlað er að efla skilning og draga úr eða eyða þeirri óvissu sem enn er varðandi orsakir, áhrif, stærð og tímasetningu loftslagsbreytinga og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar margvíslegra viðbragðsáætlana.

(h) Stuðla að og vinna saman að fullkomnum, opnum og skjótum skiptum á viðkomandi vísindalegum, tæknifræðilegum, tæknilegum, félagshaglegum og lagalegum upplýsingum sem tengjast loftslagskerfinu og loftslagsbreytingum og efnahagslegum og félagslegum afleiðingum margvíslegra viðbragðsáætlana.

(i) Stuðla að og vinna saman að menntun, þjálfun og meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar og ýta undir sem víðtækasta þátttöku í þessu ferli, þ. m. t. félagasamtaka.

(j) Miðla upplýsingum til þings aðila varðandi framkvæmd samkvæmt 12. gr.

2. Hin þróuðu aðildarríki og aðrir aðilar sem viðauki I nær til skuldbinda sig sérstaklega eins og kveðið er á um í eftirfarandi:

(a) Hver þessara aðila skal tileinka sér stefnumið[1] í landi sínu og gera ráðstafanir eftir því til að draga úr loftslagsbreytingum með því að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og með því að vernda og auka viðtaka sína og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir. Stefnumið þessi og ráðstafanir munu sýna að þróuðu löndin eru að taka forystuna í að breyta lengritíma horfum á útstreymi af manna völdum í samræmi við markmið samningsins, þar sem þau viðurkenna að afturhvarf fyrir lok þessa áratugs til fyrra magns af útstreymi af manna völdum á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar myndi stuðla að slíkri breytingu, og taka mið af mismunandi upphafs

[1] Þetta nær til stefnu og aðgerða svæðisstofnana um efnahagslega samvinnu.

and actions, and employ appropriate methods, for example impact assessments, formulated and determined nationally, with a view to minimizing adverse effects on the economy, on public health and on the quality of the environment, of projects or measures undertaken by them to mitigate or adapt to climate change;

(g) Promote and cooperate in scientific, technological, technical, socio- economic and other research, systematic observation and development of data archives related to the climate system and intended to further the understanding and to reduce or eliminate the remaining uncertainties regarding the causes, effects, magnitude and timing of climate change and the economic and social consequences of various response strategies;

(h) Promote and cooperate in the full, open and prompt exchange of relevant scientific, technological, technical, socio-economic and legal information related to the climate system and climate change, and to the economic and social consequences of various response strategies;

(i) Promote and cooperate in education, training and public awareness related to climate change and encourage the widest participation in this process, including that of non-governmental organizations; and

(j) Communicate to the Conference of the Parties information related to implementation, in accordance with Article 12.

2. The developed country Parties and other Parties included in annex I commit themselves specifically as provided for in the following:

(a) Each of these Parties shall adopt national[1] policies and take corresponding measures in the mitigation of climate change, by limiting its anthropogenic emissions of greenhouse gases and protecting and enhancing its greenhouse gas sinks and reservoirs. These policies and measures will demonstrate that developed countries are taking the lead in modifying longer-term trends in anthropogenic emissions consistent with the objective of the Convention, recognizing that the return by the end of the present decade to earlier levels of anthropogenic emissions of carbon dioxide and other greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol would contribute to such modification, and taking into account the differences

[1] This includes policies and measures adopted by regional economic integration organizations.

stöðu og tökum þessara aðila á vandamálinu, hagkerfum og auðlindagrunni, þörfinni að viðhalda öflugum og sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum hvers og eins, sem og þörfinni á sanngjörnu og viðeigandi framlagi frá hverjum þessara aðila til þeirrar alheimsviðleitni að ná þessu markmiði. Aðilum þessum er heimilt að framkvæma slík stefnumið og aðgerðir í sameiningu við aðra aðila og mega aðstoða aðra aðila við að taka þátt í að ná markmiði samningsins og sérstaklega markmiði þessa stafliðs.

(b) Til þess að stuðla að framförum í þessu skyni skal hver aðili senda, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart honum og reglulega eftir það og í samræmi við 12. gr., nákvæmar upplýsingar um stefnumið hans og aðgerðir sem getið er um í staflið (a) hér að framan sem og um áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, á því tímabili sem getið er um í staflið (a), í þeim tilgangi að hverfa aftur, hver fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990, á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar. Þessar upplýsingar mun þing aðila skoða á fyrsta fundi sínum og reglulega eftir það, í samræmi við 7. gr.

(c) Við útreikninga á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eftir uppsprettum og fjarlægingu eftir viðtökum vegna töluliðs (b) hér að framan ætti að taka mið af bestu vísindalegri þekkingu sem tiltæk er, þ. m. t. þekking á afkastagetu viðtaka og þáttur sérhverrar slíkra lofttegunda í loftslagsbreytingum. Þing aðila skal skoða og koma sér saman um aðferðir við útreikninga þessa á fyrsta fundi sínum og endurskoða þær reglulega eftir það.

(d) Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila athuga hvort töluliðir (a) og (b) hér að framan dugi. Slík athugun skal gerð í ljósi bestu fáanlegra vísindalegra upplýsinga og mats á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, sem og viðeigandi tæknilegra, félagslegra og efnahagslegra upplýsinga. Á grundvelli þessarar athugunar skal þing aðila grípa til viðeigandi aðgerða sem kunna að fela í sér að gerðar verði breytingar á skuldbindingum í töluliðum (a) og

in these Parties' starting points and approaches, economic structures and resource bases, the need to maintain strong and sustainable economic growth, available technologies and other individual circumstances, as well as the need for equitable and appropriate contributions by each of these Parties to the global effort regarding that objective. These Parties may implement such policies and measures jointly with other Parties and may assist other Parties in contributing to the achievement of the objective of the Convention and, in particular, that of this subparagraph;

(b) In order to promote progress to this end, each of these Parties shall communicate, within six months of the entry into force of the Convention for it and periodically thereafter, and in accordance with Article 12, detailed information on its policies and measures referred to in subparagraph (a) above, as well as on its resulting projected anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol for the period referred to in subparagraph (a), with the aim of returning individually or jointly to their 1990 levels these anthropogenic emissions of carbon dioxide and other greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol. This information will be reviewed by the Conference of the Parties, at its first session and periodically thereafter, in accordance with Article 7;

(c) Calculations of emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases for the purposes of subparagraph (b) above should take into account the best available scientific knowledge, including of the effective capacity of sinks and the respective contributions of such gases to climate change. The Conference of the Parties shall consider and agree on methodologies for these calculations at its first session and review them regularly thereafter;

(d) The Conference of the Parties shall, at its first session, review the adequacy of subparagraphs (a) and (b) above. Such review shall be carried out in the light of the best available scientific information and assessment on climate change and its impacts, as well as relevant technical, social and economic information. Based on this review, the Conference of the Parties shall take appropriate action, which may include the adoption of amendments to the

(b) hér að framan. Þing aðila skal einnig á fyrsta fundi sínum ákveða viðmiðanir fyrir sameiginlega framkvæmd eins og bent er á í tölulið (a) hér að framan. Önnur athugun á töluliðum (a) og (b) skal gerð eigi síðar en 31. desember 1998 og eftir það með reglulegum millibilum sem þing aðila ákveður, þar til markmiði samningsins er náð.

(e) Hver þessara aðila skal:

(i) samræma eins og hæfir við aðra slíka aðila viðeigandi hag- og stjórnsýslutæki sem mótuð eru til að ná markmiði samningsins; og

(ii) skilgreina og endurskoða reglulega eigin stefnumið og starfshætti sem ýta undir starfsemi sem hefur í för með sér meira útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, en ella ætti sér stað.

(f) Eigi síðar en 31. desember 1998 skal þing aðila skoða tiltækar upplýsingar í þeim tilgangi að taka ákvarðanir um þær breytingar á skrám í viðaukum I og II er kunna að vera viðeigandi, með samþykki hlutaðeigandi aðila.

(g) Sérhverjum aðila sem ekki er getið um í viðauka I er heimilt að tilkynna vörsluhafa í afhendingar-, fullgildingar-, staðfestingar- og aðildarskjali sínu eða hvenær sem er síðar meir, að hann ætli sér að vera skuldbundinn af stafliðum (a) og (b) hér að framan. Vörsluaðili skal láta þá sem undirritað hafa samninginn og aðila hans vita um hverja slíka tilkynningu.

3. Þróuðu aðildarlöndin og aðrir þróaðir aðilar sem getið er um í viðauka II skulu leggja fram nýtt og til viðbótar framlag til greiðslu á öllum samþykktum kostnaði sem þróunarlönd sem eru aðilar hafa stofnað til með því að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tl. 12. gr. Þeir skulu einnig leggja fram það fjármagn, þ.m.t. fjármagn fyrir miðlun á tækni, er þróunarlönd sem eru aðilar hafa þörf fyrir, til að greiða samþykktan viðbótarkostnað við framkvæmd aðgerða sem 1. tl. þessarar greinar nær til og sem þróunarland sem er aðili og sú alþjóðlega stofnun eða stofnanir sem vitnað er til í 11. gr. hafa orðið ásátt um í samræmi við þá grein. Við framkvæmd þessara skuldbindinga skal tekið mið af þörfinni

commitments in subparagraphs (a) and (b) above. The Conference of the Parties, at its first session,s hall also take decisions regarding criteria for joint implementation as indicated in subparagraph (a) above. A second review of subparagraphs (a) and (b) shall take place not later than 31 December 1998, and thereafter at regular intervals determined by the Conference of the Parties, until the objective of the Convention is met;

(e) Each of these parties shall:

(i) coordinate as appropriate with other such Parties, relevant economic and administrative instruments developed to achieve the objective of the Convention; and

(ii) identify and periodically review its own policies and practices which encourage activities that lead to greater levels of anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol than would otherwise occur;

(f) The Conference of the Parties shall review, not later than 31 December 1998, available information with a view to taking decisions regarding such amends to the lists in annexes I and II as may be appropriate, with the approval of the Party concerned;

(g) Any Party not included in annex I may, in its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any time thereafter notify the Depositary that it intends to be bound by subparagraphs (a) and (b) above. The Depositary shall inform the other signatories and Parties of any such notification.

3. The developed country Parties and other developed Parties included in annex II shall provide new and additional financial resources to meet the agreed full costs incurred by developing country Parties in complying with their obligations under Article 12, paragraph 1. They shall also provide such financial resources, including for the transfer of technology, needed by the developing country Parties to meet the agreed full incremental costs of implementing measures that are covered by paragraph 1 of this Article and that are agreed between a developing country Party and the international entity or entities referred to in Article 11, in accordance with that Article. The implementation of

fyrir nægilegt og fyrirsjáanlegt fjárstreymi og mikilvægi þess að hin þróuðu aðildarlönd skipti byrðunum réttlátlega með sér.

4. Þróuðu aðildarríkin og aðrir þróaðir aðilar sem nefndir eru í viðauka II skulu einnig aðstoða þróunarlönd sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga við að standa straum af kostnaði við að laga sig að þessum skaðlegu áhrifum.

5. Þróuðu aðildarlöndin og aðrir þróaðir aðilar sem nefndir eru í viðauka II skulu gera allar framkvæmanlegar ráðstafanir til að stuðla að, auðvelda og fjármagna eins og við á miðlun á eða aðgang að vistvænni tækni og þekkingu til annarra aðila, sérstaklega til aðila sem eru þróunarlönd, til þess að gera þeim kleift að framkvæma ákvæði samningsins. Í þessu ferli skulu þróuðu aðildarlöndin veita aðstoð við að þróa og efla eigin getu og tækni aðila sem eru þróunarlönd. Aðrir aðilar og stofnanir sem hafa aðstöðu til þess mega einnig aðstoða við að auðvelda miðlun á slíkri tækni.

6. Við að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt 2. tl. hér að framan skal þing aðila heimila aðilum sem nefndir eru í viðauka I og eru að skipta yfir í markaðsbúskap vissan sveigjanleika til að gera þeim betur kleift að takast á við loftslagsbreytingar, þ. m. t. með tilliti til þess hvaða magn útstreymis gróðurhúsalofttegunda af manna völdum í gegnum tíðina, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, er valið sem viðmið.

7. Hve vel þróunarlöndin, sem aðilar eru, standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum er bundið því hve vel hin þróuðu aðildarlönd framkvæma sínar skuldbindingar samkvæmt samningnum að því er varðar fjármagn og miðlun á tækni, og þau taki fullt tillit til þess að efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar hafa algjöran forgang hjá þróunarlöndum sem eru aðilar.

8. Við framkvæmd skuldbindinga í grein þessari skulu aðilar íhuga vandlega hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar samkvæmt samningnum, þ.m.t. aðgerðir varðandi fjármögnun, tryggingar og miðlun á tækni til að koma til móts

these commitments shall take into account the need for adequacy and predictability in the flow of funds and the importance of appropriate burden sharing among the developed country Parties.

4. The developed countries Parties and other developed Parties included in annex II shall also assist the developing country Parties that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change in meeting costs of adaptation to those adverse effects.

5. The developed country Parties and other developed Parties included in annex II shall take all practicable steps to promote, facilitate and finance, as appropriate, the transfer of, or access to, environmentally sound technologies and know-how to other Parties, particularly developing country Parties, to enable them to implement the provisions of the Convention. In this process, the developed country Parties shall support the development and enhancement of endogenous capacities and technologies of developing country Parties. Other Parties and organizations in a position to do so may also assist in facilitating the transfer of such technologies.

6. In the implementation of their commitments under paragraph 2 above, a certain degree of flexibility shall be allowed by the Conference of the Parties to the Parties included in annex I undergoing the process of transition to a market economy, in order to enhance the ability of these Parties to address climate change, including with regard to the historical level of anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol chosen as a reference.

7. The extent to which developing country Parties will effectively implement their commitments under the Convention will depend on the effective implementation by developed country Parties of their commitments under the Convention related to financial resources and transfer of technology and will take fully into account that economic and social development and poverty eradication are the first and overriding priorities of the developing country Parties.

8. In the implementation of the commitments in this Article, the Parties shall give full consideration to what actions are necessary under the Convention, including actions related to funding, insurance and the transfer of technol-

við þarfir og málefni þróunarlanda er stafa af skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga og/eða þeim áhrifum sem framkvæmd aðgerða til lausnar þeim hefur einkum á:

(a) lítil eylönd;

(b) lönd með láglend strandsvæði;

(c) lönd með skrælnuð og hálfskrælnuð svæði, skógivaxin svæði og svæði sem er hætt við skógeyðingu;

(d) lönd með svæði sem er hætt við náttúruhamförum;

(e) lönd með svæði sem er hætt við þurrkum og eyðimerkurmyndun;

(f) lönd með svæði þar sem loftmengun í borgum er mikil;

(g lönd með svæði þar sem viðkvæm vistkerfi er að finna, þ. m. t. vistkerfi fjalllenda;

(h) lönd með hagkerfi sem eru mjög háð tekjum af framleiðslu, vinnslu og útflutningi og/eða neyslu jarðefnaeldsneytis og orkufrekum framleiðsluvörum tengdum því; og

(i) landlukt ríki og flutnings- og viðkomulönd.

Ennfremur er þingi aðila heimilt að grípa til aðgerða, eftir því sem við á, með tilliti til þessa töluliðs.

9. Aðilar skulu taka fullt tillit til sérþarfa og sérstakra aðstæðna minnst þróaðra landa í aðgerðum sínum varðandi fjármögnun og miðlun á tækni.

10. Í samræmi við 10. gr. skulu aðilar við framkvæmd skuldbindinga samningsins taka tillit til aðstæðna aðila, einkum þeirra sem eru þróunarlönd með hagkerfi sem eru viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum af framkvæmd aðgerða til að bregðast við loftslagsbreytingum. Þetta á sérstaklega við aðila með hagkerfi sem eru mjög háð tekjum af framleiðslu,vinnslu og útflutningi og / eða neyslu jarðefnaeldsneytis og orkufrekum framleiðsluvörum og/eða notkun jarðefnaeldsneytis sem slíkir aðilar eiga í alvarlegum erfiðleikum með að skipta frá og yfir í aðra valkosti.

ogy, to meet the specific needs and concerns of developing country Parties arising from the adverse effects of climate change and/or the impact of the implementation of response measures, especially on:

(a) Small island countries,

(b) Countries with low-lying coastal areas;

(c) Countries with arid and semi-arid areas, forested areas and areas liable to forest decay;

(d) Countries with areas prone to natural disasters;

(e) Countries with areas liable to drought and desertification;

(f) Countries with areas of high urban atmospheric pollution;

(g) Countries with areas with fragile ecosystems, including mountainous ecosystems;

(h) Countries whose economies are highly dependent on income generated from the production, processing and export, and/or on consumption of fossil fuels and associated energy-intensive products; and

(i) Land-locked and transit countries.

Further the Conference of the Parties may take actions, as appropriate, with respect to this paragraph.

9. The Parties shall take full account of the specific needs and special situations of the least developed countries in their actions with regard to funding and transfer of technology.

10. The Parties shall, in accordance with Article 10, take into consideration in the implementation of the commitments of the Convention the situation of Parties, particularly developing country Parties, with economies that are vulnerable to the adverse effects of the implementation of measures to respond to climate change. This applies notably to Parties with economies that are highly dependent on income generated from the production, processing and export, and/or consumption of fossil fuels and associated energy-intensive products and/or the use of fossil fuels for which such Parties have serious difficulties in switching to alternatives.

5. gr.

Rannsóknir og kerfisbundnar athuganir

Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt 1. tl. (g) 4. gr. skulu aðilar:

(a) Styðja og stuðla frekar, eftir því sem við á, að alþjóðlegum- og milliríkjaáætlunum og kerfisbundnum tengslum eða samtökum sem miða að því að skilgreina, annast, meta og fjármagna rannsóknir, gagnasöfnun og kerfisbundnar athuganir, en taka með í reikninginn nauðsyn þess að forðast sem mest tvíverknað.

(b) Styðja alþjóðlega- og milliríkjaviðleitni til að styrkja kerfisbundnar athuganir, rannsóknargetu og hæfni ríkja á sviði vísinda og tækni, einkum í þróunarlöndunum, og að ýta undir aðgang að og skipti á upplýsingum, og greiningu á þeim, sem aflað hefur verið á svæðum utan lögsögu ríkisins.

(c) Taka mið af sérstökum hagsmunamálum og þörfum þróunarlanda og hafa samvinnu um að efla þeirra eigin getu og hæfni til að taka þátt í þeirri viðleitni sem vísið er til í stafliðum (a) og (b) hér að framan.

Article 5

Research and Systematic Observation

In carrying out their commitments under Article 4, paragraph 1 (g), the Parties shall:

(a) Support and further develop, as appropriate, international and intergovernmental programmes and networks or organizations aimed at defining, conducting, assessing and financing research, data collection and systematic observation, taking into account the need to minimize duplication of effort;

(b) Support international and intergovernmental efforts to strengthen systematic observation and national scientific and technical research capacities and capabilities, particularly in developing countries, and to promote access to, and the exchange of, data and analyses thereof obtained from areas beyond national jurisdiction; and

(c) Take into account the particular concerns and needs of developing countries and cooperate in improving their endogenous capacities and capabilities to participate in the efforts referred to in subparagraphs (a) and (b) above.

6. gr.

Fræðsla, þjálfun og meðvitund almennings

Þegar aðilar efna skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tl. (i) 4. gr., skulu þeir:

(a) Stuðla að og auðvelda hver um sig og eftir því sem við á með svæðisbundinni samvinnu og í samræmi við landslög og reglur og eftir getu hvers og eins:

(i) þróun og framkvæmd áætlana um fræðslu og meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra;

(ii) aðgang almennings að upplýsingum um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra;

(iii) þátttöku almennings í að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra og að finna fullnægjandi lausnir; og

(iv) þjálfun starfsliðs á sviði vísinda, tækni og stjórnunar.

(b) Hafa samvinnu um og stuðla á alþjóðlegum vettvangi og þar sem við á með aðstoð stofnana sem fyrir eru að því að:

Article 6

Education, Training and Public Awareness

In carrying out their commitments under Article 4, paragraph 1(i), the Parties shall:

(a) Promote and facilitate at the national and, as appropriate, subregional and regional levels, and in accordance with national laws and regulations, and within their respective capacities:

(i) the development and implementation of educational and public awareness programmes on climate change and its effects;

(ii) public access to information on climate change and its effects;

(iii) public participation in addressing climate change and its effects and developing adequate responses; and

(iv) training of scientific, technical and managerial personnel.

(b) Cooperate in and promote, at the international level, and, where appropriate, using existing bodies:

(i) þróa og skiptast á fræðsluefni til að fræða almenning og vekja meðvitund hans um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra; og

(ii) semja og hrinda í framkvæmd áætlunum um fræðslu og þjálfun þ.m.t. efling stofnana og að skipta á starfsliði eða fela því að vinna að sérverkefnum annars staðar til þess að þjálfa sérfræðinga á þessu sviði, einkum handa þróunarlöndunum.

(i) the development and exchange of educational and public awareness material on climate change and its effects; and

(ii) the development and implementation of education and training programmes, including the strengthening of national institutions and the exchange or secondment of personnel to train experts in this field, in particular for developing countries.

7. gr.
Þing aðila

1. Þing aðila er hér með stofnsett.

2. Þing aðila skal sem æðsta ráð þessa samnings endurskoða reglulega framkvæmd samningsins og alla löggerninga sem honum tengjast og þing aðila kann að samþykkja og skal innan síns umboðs taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að stuðla að skilvirkri framkvæmd samningsins. Í því skyni skal það:

(a) Skoða reglulega skuldbindingar aðila og stofnanafyrirkomulag samningsins í ljósi markmiðs hans, þá reynslu sem fengist hefur við framkvæmd hans og þróun vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar.

(b) Stuðla að og auðvelda skipti á upplýsingum um aðgerðir sem aðilar hafa ráðist í til að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra með hliðsjón af ólíkum aðstæðum, skyldum og getu aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt samningnum.

(c) Auðvelda að beiðni tveggja eða fleiri aðila samræmingu aðgerða sem þeir hafa ráðist í til að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra með tilliti til mismunandi kringumstæðna, ábyrgðar og getu aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt samningnum.

(d) Í samræmi við markmið og ákvæði samningsins, stuðla að og stýra þróun og reglubundnum endurbótum á sambærilegum aðferðum, sem þing aðila skal koma sér saman um, meðal annars til að útbúa skrár yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum og til að meta árangur aðgerða til að takmarka útstreymi og auka fjarlægingu þessara lofttegunda.

Article 7
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established.

2. The Conference of the Parties, as the supreme body of this Convention, shall keep under regular review the implementation of the Convention and any related legal instruments that the Conference of the Parties may adopt, and shall make, within its mandate, the decisions necessary to promote the effective implementation of the Convention. To this end, it shall:

(a) Periodically examine the obligations of the Parties and the institutional arrangements under the Convention, in the light of the objective of the Convention, the experience gained in its implementation and the evolution of scientific and technological knowledge;

(b) Promote and facilitate the exchange of information on measures adopted by the Parties to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under the Convention;

(c) Facilitate, at the request of two or more Parties, the coordination of measures adopted by them to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under the Convention;

(d) Promote and guide, in accordance with the objective and provisions of the Convention, the development and periodic refinement of comparable methodologies, to be agreed on by the Conference of the Parties, inter alia, for preparing inventories of greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks, and for evaluating the effectiveness of measures to limit the emissions and enhance the removals of these gases;

(e) Meta, á grundvelli allra upplýsinga sem því berast samkvæmt ákvæðum samningsins, framkvæmd aðila á samningnum, heildaráhrif þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið í samræmi við samninginn, einkum áhrifin á umhverfið, efnahagslíf og samfélagið sem og uppsöfnuð áhrif þeirra og hve langt miðar áfram í áttina að markmiði samningsins.

(f) Skoða og samþykkja reglulegar skýrslur um framkvæmd samningsins og sjá um að þær séu gefnar út.

(g) Gera tillögur um hver þau mál sem nauðsynleg eru framkvæmd samningsins.

(h) Leitast við að virkja fjármagn í samræmi við 3. 4. og 5. tl. 4. gr. og 11. gr.

(i) Koma á fót undirstofnunum eftir því sem nauðsynlegt er talið til að framkvæma samninginn.

(j) Fara yfir skýrslur sem undirstofnanir hennar hafa lagt fram og láta þeim í té leiðsögn.

(k) Koma sér saman um og samþykkja með sameiginlegu áliti allra starfsreglur og fjármálareglur fyrir sjálft sig og hvaða undirstofnanir sem eru.

(l) Leita eftir og nýta þar sem við á þjónustu og samvinnu og upplýsingar hæfra alþjóðlegra samtaka, milliríkjastofnana og félagasamtaka.

(m) Gegna öðrum þeim störfum sem þörf er á til að ná markmiði samningsins svo og öllum öðrum störfum sem því er falið samkvæmt samningnum.

3. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum ákveða sínar eigin sta fsreglur sem og reglur undirstofnana er komið hefur verið á fót með samningnum, og skulu ná til aðferða við ákvarðanatöku í málum sem þegar eru ekki innan ramma þeirra reglna um ákvarðanatöku sem samningurinn kveður á um. Slíkar aðferðir geta falið í sér að tilgreindan meirihluta þurfi til að samþykkja tilteknar ákvarðanir.

4. Fyrsti fundur þings aðila skal boðaður af bráðabirgðaskrifstofu þeirri sem vísað er til í 21.

(e) Assess, on the basis of all information made available to it in accordance with the provisions of the Convention, the implementation of the Convention by the Parties, the overall effects of the measures taken pursuant to the Convention, in particular environmental, economic and social effects as well as their cumulative impacts and the extent to which progress towards the objective of the Convention is being achieved;

(f) Consider and adopt regular reports on the implementation of the Convention and ensure their publication;

(g) Make recommendations on any matters necessary for the implementation of the Convention;

(h) Seek to mobilize financial resources in accordance with Article 4, paragraphs 3, 4 and 5, and Article 11;

(i) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of the Convention;

(j) Review reports submitted by its subsidiary bodies and provide guidance to them;

(k) Agree upon and adopt, by consensus, rules of procedure and financial rules for itself and for any subsidiary bodies;

(l) Seek and utilize, where appropriate, the services and cooperation of, and information provided by, competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies; and

(m) Exercise such other functions as are required for the achievement of the objective of the Convention as well as all other functions assigned to it under the Convention.

3. The Conference of the Parties shall, at its first session, adopt its own rules of procedure as well as those of the subsidiary bodies established by the Convention, which shall include decision-making procedures for matters not already covered by decision-making procedures stipulated in the Convention. Such procedures may include specified majorities required for the adoption of particular decisions.

4. The first session of the Conference of the Parties shall be convened by the interim secre-

gr. og skal haldinn eigi síðar en einu ári eftir gildistökudag samningsins. Eftir það skulu reglulegir fundir þings aðila haldnir árlega nema þingið ákveði annað.

5. Aukafundir þings aðila skulu haldnir á öðru tímum er þingið kann að telja nauðsynlega eða að skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskyldu að innan sex mánaða frá því að skrifstofan tilkynnti aðilum um beiðnina hafi að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila stutt hana.

6. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og hvert aðildarríki þeirra eða áheyrnarfulltrúar sem ekki er aðili að samningnum, mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þings aðila. Hver sá starfshópur eða stofnun sem hæfur er í málum sem falla undir samninginn, hvort sem er á vegum einnar þjóðar eða fleiri, á vegum ríkisvalds eða einkaaðila, og tjáð hefur skrifstofunni ósk sína um að senda áheyrnarfulltrúa á þing aðila, má fá þar aðgang, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila andmæli því. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skulu háð þeim fundarsköpum sem þing aðila hefur sett.

tariat referred to in Article 21 and shall take place not later than one year after the date of entry into force of the Convention. Thereafter, ordinary sessions of the Conference of the Parties shall be held every year unless otherwise decided by the Conference of the Parties.

5. Extraordinary sessions of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to the Parties by the secretariat, it is supported by at least one-third of the Parties.

6. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State Member thereof or observers thereto not Party to the Convention, may be represented at sessions of the Conference of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, which is qualified in matters covered by the Convention, and which has informed the secretariat of its wish to be represented at a session of the Conference of the Parties as an observer, may be so admitted unless at least one- third of the Parties present object. The Admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

8. gr.
Skrifstofa

1. Skrifstofa er hér með sett á stofn.

2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:

(a) Að undirbúa fundi fyrir þing aðila og undirnefndir þess sem stofnaðar hafa verið samkvæmt samningnum, og veita þeim þjónustu eftir því sem þörf er á.

(b) Að taka saman og dreifa skýrslum sem lagðar hafa verið fyrir hana.

(c) Að greiða fyrir aðstoð við aðila, einkum þróunarlöndin, þegar þess er beðið, við að safna saman og miðla upplýsingum sem þörf er fyrir samkvæmt ákvæðum samningsins.

(d) Gera skýrslur um starfsemi hennar og leggja þær fyrir þing aðila.

(e) Að tryggja nauðsynlega samræmingu við skrifstofur annarra viðkomandi alþjóðanefnda.

Article 8
Secretariat

1. A secretariat is hereby established.

2. The functions of the secretariat shall be:

(a) To make arrangements for sessions of the Conference of the Parties and its subsidiary bodies established under the Convention and to provide them with services as required.

(b) To compile and transmit reports submitted to it;

(c) To facilitate assistance to the Parties, particularly developing country Parties, on request, in the compilation and communication of information required in accordance with the provisions of the Convention;

(d) To prepare reports on its activities and present them to the Conference of the Parties;

(e) To ensure the necessary coordination with the secretariats of other relevant international bodies;

(f) Að hefja undir allsherjarleiðsögn þings aðila þann undirbúning undir stjórnun og samninga sem nauðsynlegur er til þess að hún geti leyst sín störf með góðum árangri.

(g) Að sinna þeim öðrum verkefnum skrifstofunnar sem tilgreind eru í samningnum og hverri bókana hans, svo og öðrum störfum sem þing aðila kann að ákveða.

3. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum tilnefna fastaskrifstofu og gera ráðstafanir um starfsemi hennar.

9. gr.
Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf

1. Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf er hér með sett á stofn til að veita þingi aðila og, þar sem við á, öðrum undirstofnunum þess tímabærar upplýsingar og ráðleggingar um vísindaleg og tæknifræðileg mál varðandi samninginn. Öllum aðilum skal heimilt að taka þátt í nefnd þessari og skal hún vera fjölgreina. Hún skal samanstanda af ríkisstjórnarfulltrúum sem eru færir á sérfræðisviðum sínum. Skal hún gefa þingi aðila reglulega skýrslu um allar hliðar starfs síns.

2. Undir handleiðslu þings aðila og með því að nýta sér hæfar alþjóðlegar stofnanir sem til eru skal nefnd þessi:

(a) Sjá um mat á stöðu vísindalegrar þekkingar varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra.

(b) Undirbúa vísindalegt mat á áhrifum ráðstafana sem gerðar hafa verið til að framkvæma samninginn.

(c) Greina nýjar og skilvirkar tækninýjungar og þekkingu og ráðleggja um leiðir og ráð til að stuðla að þróun og/eða miðlun slíkrar tækni.

(d) Veita ráðleggingar um vísindaáætlanir, alþjóðlega samvinnu í rannsóknum og þróunarstarfi tengdu loftslagsbreytingum, svo og um leiðir og ráð til að efla getu einstakra þróunarlanda.

(e) Svara vísindalegum, tæknifræðilegum og aðferðafræðilegum spurningum sem þing aðila og undirstofnanir þess kunna að leggja fyrir nefndina.

(f) To enter, under the overall guidance of the Conference of the Parties, into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions; and

(g) To perform the other secretariat functions specified in the Convention and in any of its protocols and such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

3. The Conference of the Parties, at its first session, shall designate a permanent secretariat and make arrangements for its functioning.

Article 9
Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice

1. A subsidiary body for scientific and technological advice is hereby established to provide the Conference of the Parties and, as appropriate, its other subsidiary bodies with timely information and advice on scientific and technological matters relating to the Convention. This body shall be open to participation by all Parties and shall be multidisciplinary. It shall comprise government representatives competent in the relevant field of expertise. It shall report regularly to the Conference of the Parties on all aspects of its work.

2. Under the guidance of the Conference of the Parties, and drawing upon existing competent international bodies, this body shall:

(a) Provide assessments of the state of scientific knowledge relating to climate change and its effects;

(b) Prepare scientific assessments on the effects of measures taken in the implementation of the Convention;

(c) Identify innovative, efficient and state-of-the-art technologies and know- how and advise on the ways and means of promoting development and/or transferring such technologies;

(d) Provide advice on scientific programmes, international cooperation in research and development related to climate change, as well as on ways and means of supporting endogenous capacity-building in developing countries; and

(e) Respond to scientific, technological and methodological questions that the Conference of the Parties and its subsidiary bodies may put to the body.

3. Starfssvið og starfsmörk þessarar nefndar getur þing aðila mótað nánar.

10. gr.
Undirnefnd fyrir framkvæmd samningsins

1. Undirnefnd til að sjá um framkvæmd samningsins er hér með komið á fót til að aðstoða þing aðila við að meta og athuga skilvirka framkvæmd samningsins. Í nefnd þessari skulu allir aðilar geta tekið þátt og skal hún samanstanda af ríkisstjórnarfulltrúum sem eru sérfræðingar í málum sem tengjast loftslagsbreytingum. Skal stofnunin gefa þingi aðila reglulega skýrslu um allar hliðar starfs síns.

2. Undir handleiðslu þings aðila skal nefnd þessi:

(a) Fjalla um upplýsingar sem henni berast samkvæmt 1. tl. 12. gr. til að meta heildaráhrif þeirra ráðstafana sem aðilar hafa gert í ljósi nýjasta vísindalega mats sem varðar loftslagsbreytingar.

(b) Fjalla um upplýsingar sem henni berast samkvæmt 2. tl. 12. gr. til þess að aðstoða þing aðila við að gera þá athugun sem krafist er í 2. tl. (d) í 4. gr.

(c) Aðstoða þing aðila eftir því sem við á við undirbúning og framkvæmd ákvarðana sinna.

11. gr.
Fjármálagangvirki

1. Gangvirki til að sjá fyrir fjármagni með styrkjum eða tilslökunum þar með talið fjármagn fyrir miðlun á tækni er hér með skilgreint. Það skal starfa undir handleiðslu þings aðila og vera ábyrgt gagnvart því, þingið skal ákveða stefnu þess, forgangsröð verkefna og hæfniskröfur varðandi samning þennan. Starfsemi þess skal falin einni eða fleirum alþjóðlegum stofnunum sem til eru.

2. Fulltrúatala aðila í fjármálagangvirkinu skal vera í jafnvægi og réttlát innan auðskilins stjórnunarkerfis.

3. Þing aðila og sú stofnun eða stofnanir sem falið er að reka fjármálagangvirkið skulu koma sér saman um fyrirkomulag til að hrinda í framkvæmd framangreindum töluliðum, sem skulu fela í sér eftirfarandi:

3. The functions and terms of reference of this body may be further elaborated by the Conference of the Parties.

Article 10
Subsidiary Body for Implementation

1. A subsidiary body for implementation is hereby established to assist the Conference of the Parties in the assessment and review of the effective implementation of the Convention. This body shall be open to participation by all Parties and comprise government representatives who are experts on matters related to climate change. It shall report regularly to the Conference of the Parties on all aspects of its work.

2. Under the guidance of the Conference of the Parties, this body shall:

(a) Consider the information communicated in accordance with Article 12, paragraph 1, to assess the overall aggregated effect of the steps taken by the Parties in the light of the latest scientific assessments concerning climate change;

(b) Consider the information communicated in accordance with Article 12, paragraph 2, in order to assist the Conference of the Parties in carrying out the reviews required by Article 4, paragraph 2 (d); and

(c) Assist the Conference of the Parties, as appropriate, in the preparation and implementation of its decisions.

Article 11
Financial Mechanism

1. A mechanism for the provision of financial resources on a grant or concessional basis, including for the transfer of technology, is hereby defined. It shall function under the guidance of and be accountable to the Conference of the Parties, which shall decide on its policies, programme priorities and eligibility criteria related to this Convention. Its operation shall be entrusted to one or more existing international entities.

2. The financial mechanism shall have an equitable and balanced representation of all Parties within a transparent system of governance.

3. The Conference of the Parties and the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism shall agree upon arrangements to give effect to the above paragraphs, which shall include the following:

(a) Aðferðir til að tryggja að fjármögnuð verkefni til að takast á við loftslagsbreytingar séu í samræmi við þá stefnu, forgangsverkefni og hæfniskröfur sem þing aðila hefur komið á.

(b) Aðferðir sem nota má við endurskoðun á sérstakri fjármögnunarákvörðun í ljósi þessarar stefnu, forgangsverkefna og hæfniskrafa.

(c) Að stofnunin eða stofnanirnar leggi fyrir þing aðila reglulegar skýrslur um fjármögnunarstarfsemi sína sem sé samrýmanlegt við kröfuna um ábyrgðarskyldu þá sem sett er fram í 1. tl. hér að framan.

(d) Að ákveða á fyrirsjáanlegan og greinanlegan hátt þá fjármögnunarupphæð sem nauðsynleg er og tiltæk til að framkvæma þennan samning og þau skilyrði sem fara skal eftir þegar sú upphæð er reglulega endurskoðuð.

4. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum gera ráðstafanir til að framkvæma framangreind ákvæði, með tilliti til og hliðsjón af þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem vísað er til í 3. tl. 21. gr. og skal ákveða hvort þessum bráðabirgðaráðstöfunum skuli haldið áfram. Innan fjögurra ára eftir það skal þing aðila endurskoða fjármálagangvirkið og gera viðeigandi ráðstafanir.

5. Þróuðum aðildarríkjum er einnig heimilt að útvega, og þróunarríkjum að notfæra sér, fjármagn sem tengt er framkvæmd samningsins eftir tvíhliða, svæðisbundnum og öðrum marghliða leiðum.

12. gr.

Miðlun upplýsinga sem tengjast framkvæmd

1. Samkvæmt 1. tl. 4.gr. skal hver aðili senda þingi aðila með aðstoð skrifstofunnar eftirfarandi upplýsingaþætti:

(a) Skrá yfir heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, að því marki sem geta hans leyfir og nota sambærilegar aðferðir sem þing aðila styður og samþykkir.

(b) Almenn lýsing á þeim aðgerðum sem aðilinn hefur gripið til eða gerir ráð fyrir til að framkvæma samninginn.

(a) Modalities to ensure that the funded projects to address climate change are in conformity with the policies, programme priorities and eligibility criteria established by the Conference of the Parties;

(b) Modalities by which a particular funding decision may be reconsidered in light of these policies, programme priorities and eligibility criteria;

(c) Provision by the entity or entities of regular reports to the Conference of the Parties on its funding operations, which is consistent with the requirement for accountability set out in paragraph 1 above; and

(d) Determination in a predictable and identifiable manner of the amount of funding necessary and available for the implementation of this Convention and the conditions under which that amount shall be periodically reviewed.

4. The Conference of the Parties shall make arrangements to implement the above-mentioned provisions at its first session, reviewing and taking into account the interim arrangements referred to in Article 21, paragraph 3, and shall decide whether these interim arrangements shall be maintained. Within four years thereafter, the Conference of the Parties shall review the financial mechanism and take appropriate measures.

5. The developed country Parties may also provide and developing country Parties avail themselves of, financial resources related to the implementation of the Convention through bilateral, regional and other multilateral channels.

Article 12

Communication of Information related to Implementation

1. In accordance with Article 4, paragraph 1, each Party shall communicate to the Conference of the Parties, through the secretariat, the following elements of information:

(a) A national inventory of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal

(b) A general description of steps taken or envisaged by the Party to implement the Convention; and

(c) Hverjar aðrar upplýsingar sem aðilinn telur skipta máli ef ná skal markmiði samningsins og heppilegt að senda með orðsendingu hans ásamt, ef gerlegt er, gögnum viðkomandi útreikningum á horfum á útstreymi um allan heim.

2. Hvert þróað aðildarríki og sérhver annar aðili sem talinn er í viðauka I skal setja inn í orðsendingu sína eftirfarandi upplýsingaþætti:

(a) Nákvæma lýsingu á þeim stefnumiðum og aðgerðum sem ákveðin hafa verið til að standa við skuldbindingu sína samkvæmt 2. tl. (a) og 2. tl. (b) 4. gr.

(b) Sérstakt mat á áhrifum sem þau stefnumið og aðgerðir sem vísað er til í tölulið (a) hér rétt á undan muni hafa á útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum á því tímabili sem vitnað er til í 2. tl. (a) 4. gr.

3. Að auki skal hvert þróað aðildarríki og sérhver annar þróaður aðili sem talinn er í viðauka II senda með ítarlega lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í samræmi við 3. 4. og 5. tl. 4. gr.

4. Þróunarlönd sem eru aðilar mega af frjálsum vilja leggja til að fjármögnuð séu verkefni, þ. m. t. sérstakar tækniaðferðir, efni, búnaður, tækni eða athafnir sem þörf væri á til að framkvæma slík verkefni og ef hægt er áætlun um allan viðbótarkostnað við að draga úr útstreymi og aukinni fjarlægingu gróðurhúsalofttegunda, svo og áætlun um þann ávinning sem af því myndi leiða.

5. Hvert þróað aðildarríki og sérhver annar aðili sem talinn er í viðauka I skal senda fyrstu orðsendingu sína innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart þeim aðila. Hver aðili sem ekki er þannig skráður skal senda fyrstu orðsendingu sína innan þriggja ára frá gildistöku samningsins gagnvart þeim aðila eða frá því að fjármagnið samkvæmt 3. tl. 4.gr. var fáanlegt. Minnst þróuðum aðilum er heimilt að senda fyrstu orðsendingu sína þegar þeim þóknast. Hve títt síðari orðsendingar berast frá aðilum, skal þing aðila ákvarða með hliðsjón af þeirri ólíku tímaáætlun sem ákveðin er í tölulið þessum.

(c) Any other information that the Party considers relevant to the achievement of the objective of the Convention and suitable for inclusion in its communication, including, if feasible, material relevant for calculations of global emission trends.

2. Each developed country Party and each other Party included in annex I shall incorporate in its communication the following elements of information:

(a) A detailed description of the policies and measures that it has adopted to implement its commitment under Article 2, paragraphs 2 (a) and 2 (b); and

(b) A specific estimate of the effects that the policies and measures referred to in subparagraph (a) immediately above will have on anthropogenic emissions by its sources and removals by its sinks of greenhouse gases during the period referred to in Article 4, paragraph 2 (a).

3. In addition, each developed country Party and each other developed Party included in annex II shall incorporate details of measures taken in accordance with Article 4, paragraphs 3, 4 and 5.

4. Developing country Parties may, on a voluntary basis, propose projects for financing, including specific technologies, materials, equipment, techniques or practices that would be needed to implement such projects, along with, if possible, an estimate of all incremental costs, of the reductions of emissions and increments of removals of greenhouse gases, as well as an estimate of the consequent benefits.

5. Each developed country Party and each other Party included in annex I shall make its initial communication within six months of the entry into force of the Convention for that Party. Each Party not so listed shall make its initial communication within three years of the entry into force of the Convention for that Party, or of the availability of financial resources in accordance with Article 4, paragraph 3. Parties that are least developed countries may make their initial communication at their discretion. The frequency of subsequent communications by all Parties shall be determined by the Conference of the Parties, taking into account the differentiated timetable set by this paragraph.

6. Upplýsingar sem aðilar senda samkvæmt þessari grein skal skrifstofan senda eins fljótt og mögulegt er áfram til þings aðila og til sérhverra undirnefnda sem hlut eiga að máli. Ef þörf krefur, er þingi aðila heimilt að athuga nánar aðferðirnar við miðlun upplýsinga.

7. Frá því á fyrsta fundi sínum skal þing aðila sjá um, ef þess er óskað, að útvega þróunarlöndum sem aðilar eru tæknilegan og fjárhagslegan stuðning við að safna saman og senda upplýsingar samkvæmt grein þessari svo og við að greina tæknilegar og fjárhagslegar þarfir sem tengjast framkomnum áætlunum og viðbragðsaðgerðum samkvæmt 4. gr. Slíkan stuðning er öðrum aðilum, þar til bærum alþjóðlegum stofnunum og skrifstofunni heimilt að veita eftir því sem við á.

8. Með fyrirvara um viðmiðunarreglur samþykktar af þingi aðila og fyrirvara um að tilkynning hafi áður borist þingi aðila, er hverjum hópi aðila heimilt að gefa út sameiginlega tilkynningu um efndir skuldbindinga sinna samkvæmt þessari grein, enda skuli sú tilkynning hafa að geyma upplýsingar um að sérhver þessara aðila hafi uppfyllt skuldbindingar sínar hver fyrir sig samkvæmt samningnum.

9. Upplýsingum sem skrifstofan hefur veitt viðtöku og aðili merkt sem trúnaðarmál í samræmi við viðmiðanir sem þing aðila ákveður, skal skrifstofan safna saman í heild til að vernda leynd þeirra áður en nokkur þeirra stofnana sem viðriðin er flutning eða endurskoðun upplýsinga fær aðgang að þeim.

10. Samkvæmt ákvæðum 9. tl. að ofan og án þess að skerða möguleika nokkurs aðila til að birta orðsendingu sína hvenær sem er, skal skrifstofan birta opinberlega orðsendingar þeirra aðila sem eiga aðild að grein þessari þegar þær eru lagðar fyrir þing aðilanna.

13. gr.
Ályktanir um mál varðandi framkvæmd

Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum íhuga að koma á fjölhliða ráðgjafarferli, sem aðilar geta fengið aðgang að eftir beiðni, til þess að álykta um mál varðandi framkvæmd samningsins.

6. Information communicated by Parties under this Article shall be transmitted by the secretariat as soon as possible to the Conference of the Parties and to any subsidiary bodies concerned. If necessary, the procedures for the communication of information may be further considered by the Conference of the Parties.

7. From its first session, the Conference of the Parties shall arrange for the provision to developing country Parties of technical and financial support, on request, in compiling and communicating information under this Article, as well as in identifying the technical and financial needs associated with proposed projects and response measures under Article 4. Such support may be provided by other Parties, by competent international organizations and by the secretariat, as appropriate.

8. Any group of Parties may, subject to guidelines adopted by the Conference of the Parties, and to prior notification to the Conference of the Parties, make a joint communication in fulfilment of their obligations under this Article, provided that such a communication includes information on the fulfilment by each of these Parties of its individual obligations under the Convention.

9. Information received by the secretariat that is designated by a Party as confidential, in accordance with criteria to be established by the Conference of the Parties, shall be aggregated by the secretariat to protect its confidentiality before being made available to any of the bodies involved in the communication and review of information.

10. Subject to paragraph 9 above, and without prejudice to the ability of any Party to make public its communication at any time, the secretariat shall make communications by Parties under this Article publicly available at the time they are submitted to the Conference of the Parties.

Article 13
Resolution of Questions regarding Implementation

The Conference of the Parties shall, at its first session, consider the establishment of a multilateral consultative process, available to Parties on their request, for the resolution of questions regarding the implementation of the Convention.

14. gr.
Lausn deilumála

1. Nú rís deila milli einhverra tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, skulu viðkomandi aðilar þá leita lausnar á henni með samningsviðræðum eða einhverjum öðrum friðsamlegum ráðum sem þeir kjósa sjálfir.

2. Þegar fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild að samningi þessum fer fram, eða hvenær sem er síðar, getur aðili sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu lýst því yfir skriflega við vörsluaðila að varðandi hverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins viðurkenni hann sem bindandi ipso facto (samkvæmt staðreyndum málsins) og án sérsamnings, með tilliti til hvers þess aðila sem samþykkir sömu skuldbindingu:

(a) Vísun deilunnar til Alþjóðadómstólsins, og /eða

(b) gerðardóms samkvæmt tilhögun sem þing aðila ákveður eins fljótt og framkvæmanlegt er, í viðauka um gerðardóm.

Aðila sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að gefa yfirlýsingu með svipuðum árangri með tilliti til gerðardóms samkvæmt þeirri málsmeðferð sem vísað er til í tölulið (b) hér að framan.

3. Yfirlýsing sem gefin er samkvæmt 2. tl. hér að framan skal vera í gildi þar til hún rennur út samkvæmt orðalagi hennar eða þangað til þrem mánuðum eftir að skrifleg tilkynning um ógildingu hefur verið lögð inn til vörsluaðila.

4. Ný yfirlýsing, tilkynning um ógildingu eða gildislok yfirlýsingar skal á engan hátt hafa áhrif á mál sem bíða Alþjóðadómstólsins eða gerðardómstólsins, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

5. Með tilliti til framkvæmdar 2. tl. að ofan, hafi hlutaðeigandi aðilum tólf mánuðum eftir tilkynningu frá öðrum þeirra þess efnis að þeir eigi í deilu sín á milli ekki tekist að jafna deilumál sitt með þeim ráðum sem nefnd eru í 1. tl. hér að framan skal deilan lögð til sáttameðferðar að beiðni hvaða deiluaðila sem er.

Article 14
Settlement of Disputes

1. In the event of a dispute between any two or more Parties concerning the interpretation or application of the Convention, the Parties concerned shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their own choice.

2. When ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a Party which is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the Depositary that, in respect of any dispute concerning the interpretation or application of the Convention, it recognizes as compulsory ipso facto and without special agreement, in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) Submission of the dispute to the International Court of Justice, and/or

(b) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Conference of the Parties as soon as practicable, in an annex on arbitration.

A Party which is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedures referred to in subparagraph (b) above.

3. A declaration made under paragraph 2 above shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until three months after written notice of its revocation has been deposited with the Depositary.

4. A new declaration, a notice of revocation or the expiry of a declaration shall not in any way affect proceedings pending before the International Court of Justice or the arbitral tribunal, unless the parties to the dispute otherwise agree.

5. Subject to the operation of paragraph 2 above, if after twelve months following notification by one Party to another that a dispute exists between them, the Parties concerned have not been able to settle their dispute through the means mentioned in paragraph 1 above, the dispute shall be submitted, at the request of any of the parties to the dispute, to conciliation.

6. Mynduð skal sáttanefnd að beiðni eins deiluaðilans. Skulu eiga sæti í nefndinni jafnmargir nefndarmenn skipaðir af hverjum hinna viðkomandi aðila, og formaður sem kosinn skal sameiginlega af nefndarmönnum þeim sem aðilar hafa skipað. Skal nefndin kveða upp ráðgefandi úrskurð, sem aðilar skulu athuga af kostgæfni.

7. Viðbótaraðferðir til sátta skal þing aðila samþykkja eins fljótt og framkvæmanlegt er í viðauka um sætt.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um hvern þann löggjörning sem þing aðila kann að samþykkja nema skjalið kveði á um annað.

15. gr.
Breytingar á samningnum

1. Hver aðili getur gert tillögu um breytingar á samningnum.

2. Breytingar á samningnum skal samþykkja á reglulegum þingfundi aðila. Texta hverrar breytingartillögu við samninginn skal skrifstofan senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund er tillagan er borinn upp til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda breytingatillögur þeim aðilum er undirritað hafa samning þennan svo og vörsluaðila, honum til upplýsingar.

3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að koma sér saman um breytingartillögur með almennri samstöðu. Hafi allar tilraunir í þá átt reynst árangurslausar og samkomulag hefur ekki tekist, skal breytingin ef allt annað bregst samþykkt með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru á fundinum og atkvæði greiða. Skrifstofan skal greina vörsluaðila frá hinni samþykktu breytingu og skal hann dreifa henni til allra aðila til samþykktar.

4. Staðfestingarskjöl varðandi breytingu skulu falin vörsluaðila. Breyting sem samþykkt er samkvæmt 3. tl. skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum sem samþykkt hafa hana á nítugasta degi frá þeim degi er vörsluaðila barst í hendur staðfestingarskjal frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að samningnum.

5. Gagnvart öðrum aðilum skal breytingin öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi er sá

6. A conciliation commission shall be created upon the request of one of the parties to the dispute. The commission shall be composed of an equal number of members appointed by each party concerned and a chairman chosen jointly by the members appointed by each party. The commission shall render a recommendatory award, which the parties shall consider in good faith.

7. Additional procedures relating to conciliation shall be adopted by the Conference of the Parties, as soon as practicable, in an annex on conciliation.

8. The provisions of this Article shall apply to any related legal instrument which the Conference of the Parties may adopt, unless the instrument provides otherwise.

Article 15
Amendments to the Convention

1. Any Party may propose amendments to the Convention.

2. Amendments to the Convention shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties. The text of any proposed amendment to the Convention shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to the Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted amendment shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.

4. Instruments of acceptance in respect of an amendment shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 above shall enter into force for those Parties have accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of acceptance by at least three-fourths of the Parties to the Convention.

5. The amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the

aðili afhendir vörsluaðila staðfestingarskjal sitt um þá breytingu.

6. Í þessari grein merkir „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ þá aðila sem viðstaddir eru og greiða með- eða mótatkvæði.

16. gr.

Samþykkt viðauka við samninginn og breytingar á þeim

1. Viðaukar við samninginn skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans og sé annað ekki skýrt tekið fram felur tilvísun í samninginn einnig í sér tilvísun í sérhvern viðauka við hann. Slíkir viðaukar skulu, án þess að skerða ákvæði 2. tl. (b) og 7. tl. 14. gr., einskorðast við skrár, eyðublöð og hvað annað skýringarefni sem er vísindalegs, tæknilegs, málsmeðferðalegs, eða stjórnunarlegs eðlis.

2. Viðaukar við samninginn skulu lagðir til og samþykktir samkvæmt þeirri tilhögun sem lýst er í 2. 3. og 4. tl. 15. gr.

3. Viðauki sem samþykktur hefur verið samkvæmt 2. tl. hér að framan skal öðlast gildi gagnvart öllum aðilum að samningnum sex mánuðum eftir að vörsluaðili tilkynnti þeim um samþykkt viðaukans, að undanskildum þeim aðilum sem kunngert hafa vörsluaðila skriflega innan þess tímabils að þeir samþykki ekki viðaukann.Viðaukinn skal taka gildi gagnvart aðilum sem afturkalla tilkynningu sína um höfnun samningsins, á nítugasta degi eftir þann dag er vörsluaðila hefur borist afturköllun slíkrar tilkynningar.

4. Tillögur til breytinga á viðaukum við samninginn og samþykkt þeirra og gildistaka skulu háð sömu meðferðarreglum og gilda um tillögur að viðaukum við samninginn, og samþykkt þeirra og gildistöku samkvæmt 2. og 3. tl. hér að framan.

5. Feli samþykkt viðauka eða breyting á viðauka í sér breytingu á samningnum, skal sá viðauki eða breyting á viðauka ekki öðlast gildi fyrr en sú breyting á samningnum gengur í gildi.

date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of acceptance of the said amendment.

6. For the purposes of this Article, „Parties present and voting“, means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 16

Adoption and Amendment of Annexes to the Convention

1. Annexes to the Convention shall form an integral part thereof and, unless otherwise expressly provided, a reference to the Convention constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Without prejudice to the provisions of Article 14, paragraphs 2 (b) and 7, such annexes shall be restricted to lists, forms and any other material of a descriptive nature that is of a scientific, technical, procedural or administrative character.

2. Annexes to the Convention shall be proposed and adopted in accordance with the procedure set forth in Article 15, paragraphs 2, 3, and 4.

3. An annex that has been adopted in accordance with paragraph 2 above shall enter into force for all Parties to the Convention six months after the date of the communication by the Depositary to such Parties of the adoption of the annex, except for those Parties that have notified the Depositary, in writing, within that period of their non-acceptance of the annex. The annex shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary.

4. The proposal, adoption and entry into force of amendments to annexes to the Convention shall be subject to the same procedure as that for the proposal, adoption and entry into force of annexes to the Convention in accordance with paragraphs 2 and 3 above.

5. If the adoption of an annex or an amendment to an annex involves an amendment to the Convention, that annex or amendment to an annex shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention enters into force.

17. gr.
Bókanir

1. Þing aðila getur á hvaða reglulegum fundi sem er samþykkt bókanir við samninginn.

2. Texta hverrar bókunar sem tillaga hefur verið gerð um skal skrifstofan senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir slíkan fund.

3. Skilyrðin fyrir gildistöku hverrar bókunar skulu ákveðin með því skjali.

4. Aðilar að samningnum geta einir orðið aðilar að bókun.

5. Ákvarðanir samkvæmt hverri bókun skulu þeir einir taka sem eru aðilar að viðkomandi bókun.

18. gr.
Atkvæðisréttur

1. Hver aðili að samningnum skal hafa eitt atkvæði, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 2. tl. hér á eftir.

2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu neyta atkvæðisréttar síns í málum innan valdmarka sinna með þeim atkvæðafjölda sem nemur fjölda aðildarríkja þeirra sem eru aðilar að samningnum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríkja hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

19. gr.
Vörsluaðili

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samningsins og bókana þeirra sem samþykktar eru samkvæmt 17. gr.

20. gr.
Undirritun

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða hverrar sérstofnana þeirra eða sem eru aðilar að Samþykktum alþjóðadómstólsins og af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu í Ríó de Janeiró meðan Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun stendur yfir, og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 20. júní 1992 til 19. júní 1993.

Article 17
Protocols

1. The Conference of the Parties may, at any ordinary session, adopt protocols to the Convention.

2. The text of any proposed protocol shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before such a session.

3. The requirements for the entry into force of any protocol shall be established by that instrument.

4. Only Parties to the Convention may be Parties to a protocol.

5. Decisions under any protocol shall be taken only by the Parties to the protocol concerned.

Article 18
Right to Vote

1. Each Party to the Convention shall have one vote, except as provided for in paragraph 2 below.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to the Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right, and vice versa.

Article 19
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of the Convention and of protocols adopted in accordance with Article 17.

Article 20
Signature

This Convention shall be open for signature by States Members of the United Nations or of any of its specialized agencies or that are Parties to the Statute of the International Court of Justice and by regional economic integration organizations at Rio de Janeiro, during the United Nations Conference on Environment and Development, and thereafter at United Nations Headquarters in New York from 20 June 1992 to 19 June 1993.

21. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

1. Því hlutverki skrifstofunnar sem lýst er í 8. gr. verður til bráðabirgða sinnt af skrifstofunni sem komið var á fót af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun nr. 45/212 frá 21. desember, 1990, þangað til lokið er fyrsta fundi þings aðila.

2. Yfirmaður þeirrar bráðabirgðaskrifstofu sem lýst er í 1. tl. hér að framan mun hafa náið samstarf við Milliríkjanefndina um loftslagsbreytingar til að sjá um að Nefndin geti brugðist við þörfinni fyrir hlutlægar vísindalegar og tæknilegar ráðleggingar. Einnig mætti ráðgast við aðra hlutaðeigandi vísindastofnanir.

3. The Global Environmental Facility á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans skal vera sú alþjóðlega stofnun sem falið er að reka til bráðabirgða það fjármálagangvirki sem lýst er í 11. gr. Í sambandi við þetta ætti að endurskipuleggja the Global Environmental Facility og aðild að henni gerð almenn til að uppfylla skilyrði 11. gr.

22. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild

1. Samningur þessi skal háður fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Hann skal liggja frammi til aðildar frá þeim degi er samningurinn er lokaður fyrir undirritun. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjöl skal fela vörsluaðila til varðveislu.

2. Hver sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem gerist aðili að samningnum án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili skal háð öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Ef eitt eða fleiri aðildarríki slíkrar stofnunar eru aðilar að samningnum skulu stofnunin og aðildarríki hennar ákveða hverja ábyrgð hver um sig beri fyrir að staðið sé við skuldbindingar þeirra gagnvart samningnum. Í slíkum tilvikum skal stofnuninni og aðildarríkjum hennar ekki heimilt að neyta samtímis réttar síns samkvæmt samningnum.

Article 21
Interim Arrangements

1. The secretariat functions referred to in Article 8 will be carried out on an interim basis by the secretariat established by the General Assembly of the United Nations in its resolution 45/212 of 21 December 1990, until the completion of the first session of the Conference of the Parties.

2. The head of the interim secretariat referred to in paragraph 1 above will cooperate closely with the Intergovernmental Panel on Climate Change to ensure that the Panel can respond to the need for objective scientific and technical advice. Other relevant scientific bodies could also be consulted.

3. The Global Environment Facility of the United Nations Development Programme, the United Nations Environment Programme and the International Bank for Reconstruction and Development shall be the international entity entrusted with the operation of the financial mechanism referred to in Article 11 on an interim basis. In this connection, the Global Environment Facility should be appropriately restructured and its membership made universal to enable it to fulfil the requirements of Article 11.

Article 22
Ratification, Acceptance, Approval or Accession

1. The Convention shall be subject to ratification, acceptance, approval or accession by States and by regional economic integration organizations. It shall be open for accession from the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

2. Any regional economic integration organization which becomes a Party to the Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to the Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. Í fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjölum sínum skulu svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu lýsa yfir hvert valdsvið þeirra sé varðandi mál sem samningurinn tekur til. Stofnanir þessar skulu einnig tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir aðilum, um sérhverja verulega breytingu á valdsviði þeirra.

23. gr.
Gildistaka

1. Samningurinn skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fimmtugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

2. Gagnvart hverju því ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að fimmtugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal hefur verið afhent, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það ríki eða sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu hefur afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt.

3. Hvað 1. og 2. tl. snertir skal skjal sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir ekki talið sem viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

24. gr.
Fyrirvarar

Enga fyrirvara má gera við samninginn.

25. gr.
Uppsögn

1. Hvenær sem er eftir að þrjú ár eru liðin frá því að samningurinn öðlaðist gildi gagnvart aðila getur hann sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Hver slík uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá því er vörsluaðili veitti viðtöku tilkynningu um uppsögn eða á þeim síðari degi er tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn.

3. Hver sá aðili sem segir upp aðild að samningnum skal talinn einnig hafa sagt upp aðild að hverri þeirri bókun sem hann er aðili að.

3. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention. These organizations shall also inform the Depositary, who shall in turn inform the Parties, of any substantial modification in the extent of their competence.

Article 23
Entry into Force

1. The Convention shall enter into force on the ninetieth day after the dateof deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each State or regional economic integration organization that ratifies, accepts or approves the Convention or accedes thereto after the deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or regional economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. For the purposes of paragraphs 1 and 2 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of the organization.

Article 24
Reservations

No reservations may be made to the Convention.

Article 25
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which the Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year from the date of receipt by the Depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

3. Any Party that withdraws from the Convention shall be considered as also having withdrawn from any protocol to which it is a Party.

26. gr.
Gildir textar

Frumrit samnings þessa, en arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa lögfullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í New York hinn 9. maí 1992.

Article 26
Authentic Texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS THEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

DONE at New York this ninth day of May one thousand nine hundred and ninety-two.

Viðauki I

Ástralía
Austurríki
Belarus*
Belgía
Búlgaría*
Kanada
Tékkóslóvakía*
Danmörk
Evrópubandalagið
Eistland*
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Ungverjaland*
Ísland
Írland
Ítalía
Japan
Lettland*
Lítháen*
Lúxembúrg
Holland
Nýja-Sjáland
Noregur
Pólland*
Portúgal
Rúmenía*
Rússneska sambandið*
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Tyrkland
Úkraína*
Stóra-Bretland og
Norður-Írland
Bandaríki Norður-Ameríku.

* lönd sem eru að skipta yfir í markaðsbúskap

ANNEX I

Australia
Austria
Belarus[a]
Belgium
Bulgaria[a]
Canada
Czechoslovakia[a]
Denmark
European Community
Estonia[a]
Finland
France
Germany
Greece
Hungary[a]
Iceland
Ireland
Italy
Japan
Latvia[a]
Lithuania[a]
Luxembourg
Netherlands
New Zealand
Norway
Poland[a]
Portugal
Romania[a]
Russian Federation[a]
Spain
Sweden
Switzerland
Turkey
Ukraine[a]
United Kingdom of Great Britain
and Northern Ireland
United States of America

[a] Countries that are undergoing the process of transition to a market economy.

Viðauki II

Ástralía
Austurríki
Belgía
Kanada
Danmörk
Evrópubandalagið
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Ísland
Írland
Ítalía
Japan
Lúxemborg
Holland
Nýja-Sjáland
Noregur
Portúgal
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Tyrkland
Stóra-Bretland og
Norður-Írland
Bandaríki Norður-Ameríku

ANNEX II

Australia
Austria
Belgium
Canada
Denmark
European Community
Finland
France
Germany
Greece
Iceland
Ireland
Italy
Japan
Luxembourg
Netherlands
New Zealand
Norway
Portugal
Spain
Sweden
Switzerland
Turkey
United Kingdom of Great Britain
and Northern Ireland
United States of America

895. Tillaga til þingsályktunar [537. mál]

um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samning um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Almennt.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samnings um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983. Samningarnir eru birtir sem fskj. I og II með þingsályktunartillögu þessari. Þeir voru gerðir fyrir tilstilli Evrópuráðsins og undirritaðir fyrir Íslands hönd 19. september 1989, með fyrirvara um fullgildingu.

Megintilgangur samninganna er að gera fullnustu viðurlagaákvörðunar mögulega í öðru ríki en þar sem ákvörðunin var tekin. Fullnusturíki er þá oftast heimaríki dómþola. Að baki samningunum búa mannúðarsjónarmið og refsigæslusjónarmið. Það eru annars vegar hagsmunir dómþola af að fá að afplána refsingu í heimalandi sínu og jafnframt það sjónarmið að með þeim hætti sé auðveldara að vinna að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir komu út í þjóðfélagið á ný. Hins vegar er það sjónarmið að samningarnir stuðli að því að unnt sé að láta mann, sem flúið hefur land eða sætt útivistardómi, taka út refsingu sem hann hefur hlotið í öðru ríki. Á þessu sviði, sem og mörgum öðrum, hefur þörf á alþjóðlegri samvinnu aukist undanfarin ár í kjölfar aukinna samskipta og ferðalaga milli ríkja sem m.a. leiða til þess að afbrot eru oftar en áður framin af mönnum sem ekki eru búsettir í því ríki sem afbrotið er framið í.

Efni samninganna er nátengt og má raunar segja að yngri samningurinn hafi verið gerður til fyllingar hinum eldri sem uppfyllti ekki að öllu leyti þær væntingar sem til hans voru gerðar. Ástæðan er einkum sú að hann hefur að geyma flóknar og nákvæmar reglur um málsmeðferð og af þeim ástæðum hefur aðild að honum ekki orðið eins víðtæk og vonast var til í upphafi.

Við gerð samningsins um flutning dæmdra manna var farin sú leið að hafa einfaldari reglur en í eldri samningnum til að tryggja einfaldari og skjótvirkari málsmeðferð. Ákvæði yngri samningsins eru flest rammaákvæði sem veita svigrúm til mats. Í honum eru ekki ákvæði sem fela í sér skyldu fyrir samningsríki til að verða við beiðni um flutning á fullnustu. Það er hins vegar meginreglan samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma en í honum eru einnig nákvæmar reglur um skilyrði fyrir flutningi á fullnustu og á hvaða grundvelli sé unnt að synja beiðni. Samkvæmt honum getur eingöngu það ríki, þar sem ákvörðun er tekin (dómsríkið), óskað eftir flutningi á fullnustu en samkvæmt hinum samningnum getur dómþoli og ríki, sem hann er ríkisborgari í (fullnusturíkið), einnig sett fram beiðni um fullnustu í því ríki.

Efni samninganna skarast að nokkru leyti en þrátt fyrir það eru gild rök til að fullgilda þá báða. Eldri samningurinn hefur mun víðtækara gildissvið en sá yngri. Þannig á hann við um fullnustu fleiri viðurlagategunda, þ.e. refsivistar, öryggisráðstafana, fésekta,

eignaupptöku og réttindasviptinga, en yngri samningurinn tekur aðeins til refsivistar og öryggisráðstafana. Í þessu sambandi er enn fremur rétt að benda á að þróun alþjóðasamvinnu um fullnustu viðurlaga er í þá átt að auka möguleika á fullnustu annarra viðurlaga en eingöngu viðurlaga sem fela í sér óskilorðsbundna refsivist. Það takmarkar einnig gildissvið yngri samningsins að það er skilyrði fyrir beitingu hans að dómþoli samþykki flutning. Aftur á móti eru það rök fyrir fulllgildingu hans að mun fleiri ríki hafa fullgilt hann en eldri samninginn.

Til þess að geta framfylgt ákvæðum samninganna hér á landi hafa verið lögð fram á Alþingi frumvörp til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og um breyting á almennum hegningarlögum.

Heimilt er að fullnægja dómum sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl., nr. 69/1963. Þau lög byggja á þeirri meginreglu að færa skuli þá refsingu, sem dæmd hefur verið í þessum löndum og fullnægja má hér á landi, til samsvarandi refsitegundar samkvæmt íslenskum lögum og um jafnlangan tíma. Fyrrnefnd frumvörp munu ekki hafa áhrif á gildi þessara laga. Lögin um fullnustu norrænna refsidóma gilda ekki um öryggisráðstafanir, sbr. VII. kafla almennra hegningarlaga, og því munu samningarnir gilda í innbyrðis samskiptum milli Norðurlandanna hvað þær snertir.

Það er meginregla samkvæmt samningunum að hvert ríki skuli bera þann kostnað sem á fellur vegna samninganna í því ríki, sbr. 14. gr. samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma og 5. mgr. 17. gr. samningsins um flutning dæmdra manna. Fullnusturíkið ber því allan kostnað vegna fullnustu og getur ekki endurkrafið dómsríkið um hann. Samningarnir fela því í sér kostnaðarskuldbindingar en ólíklegt er að kostnaður verði mikill í raun hér á landi þar sem málafjöldi verður, ef að líkum lætur, ekki mikill og einnig má hugsa sér að einhver kostnaður sparist vegna flutnings fullnustu úr landi.

Hér á eftir verður fjallað almennt um ákvæði samninganna, en um einstök ákvæði þeirra og framkvæmd hér á landi vísast til athugasemda með frumvörpum til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og um breyting á almennum hegningarlögum.

II. Samningurinn um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Hinn 28. maí 1970 var í Haag gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Eftirtalin sjö ríki hafa fullgilt samninginn: Austurríki, Danmörk, Holland, Kípur, Noregur, Svíþjóð og Tyrkland.

Eftirtalin átta ríki hafa undirritað samninginn: Belgía, Þýskaland, Grikkland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal og Spánn.

Samningurinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta hluta, sem er aðeins ein grein, eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í samningnum. Efnisákvæði samningsins eru í II. og III. hluta hans. Í II. hluta, 2.–52. gr., eru ákvæði um fullnustu evrópskra refsidóma, svo sem um skilyrði fyrir fullnustu og áhrif þess að hún er flutt milli ríkja, hvernig haga eigi beiðnum um flutning og reglur um útivistardóma og stjórnvaldsákvarðanir um viðurlög „ordonnance pénale“. Í III. hluta samningsins, 53.–57. gr., er fjallað um alþjóðleg áhrif refsidóma. Hann skiptist í tvo kafla. Sá fyrri fjallar um neikvæð áhrif refsidóma, „ne bis in idem“, þ.e. að hvaða leyti refsidómur, sem kveðinn er upp í samningsríki, skuli koma í veg fyrir að dæmt verði í sama málinu í öðru samningsríki. Í þeim seinni eru ákvæði um að hvaða leyti tekið skuli tillit til erlendra refsidóma, t.d. þegar

dómþoli hefur sætt dómi í öðru samningsríki vegna annars afbrots. Fyrrnefnt frumvarp um breyting á almennum hegningarlögum er flutt vegna ákvæða í þessum hluta samningsins. Í IV. hluta samningsins, 58.–68. gr., eru hefðbundin lokaákvæði um undirritun, fullgildingu o.s.frv.

II. hluti samningsins felur almennt í sér að samningsríki er skylt að fullnægja refsidómi sem gengið hefur í öðru samningsríki samkvæmt beiðni síðarnefnda ríkisins. Getur bæði staðið svo á að hinn dæmdi sé enn þá í dómsríkinu, en talið sé heppilegt vegna hagsmuna hans og félagslegrar endurhæfingar að hann afpláni refsingu sína í öðru ríki sem oftast væri heimaland hans eða hann dveljist í því ríki sem óskað er eftir að fullnusta fari fram í, t.d. vegna þess að hann hefur flúið þangað eða um útivistardóm er að ræða. Eins og áður sagði getur samningurinn átt við um frelsissviptingarviðurlög, þar á meðal öryggisgæslu, sektir, eignaupptöku og réttindasviptingu, sbr. 2. gr. Það er forsenda fyrir flutningi að fram komi beiðni frá því ríki þar sem viðurlög voru ákvörðuð (dómsríki), sbr. 3. gr. Það er enn fremur skilyrði að afbrotið sé bæði refsivert samkvæmt lögum dómsríkis og fullnusturíkis, sbr. 4. gr. Dómsríki er aldrei skylt að leggja fram beiðni um flutning fullnustu. Hins vegar er það meginreglan að fullnusturíki skuli verða við beiðni nema einhver af þeim synjunarástæðum sem tilgreindar eru í samningnum eigi við, sbr. 4.–7. gr. hans. Í 5. gr. eru tilgreindar aðstæður, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að dómsríki geti lagt fram beiðni um flutning fullnustu. Að minnsta kosti einu af þeim skilyrðum, sem þar eru tilgreind, verður að vera fullnægt. Algengasta ástæðan fyrir beiðni er búseta hins dæmda í fullnusturíki.

9. gr. felur í sér takmarkanir á heimild fullnusturíkis til að lögsækja mann vegna eldri afbrots eða fullnægja viðurlögum vegna slíks afbrots.

Framkvæmd fullnustu, þar á meðal veiting reynslulausnar, skal fara að lögum fullnusturíkis, sbr. 10. gr. Bæði ríkin geta veitt sakaruppgjöf og náðun en aðeins dómsríkið getur tekið ákvörðun um endurupptöku máls.

Fullnusturíki skal bera kostnað vegna fullnustu, sbr. 14. gr.

Í 15.–20. gr. eru ákvæði um hvernig haga skuli beiðnum um fullnustu. Meginreglan er sú að samskipti ríkja skuli fara fram milli dómsmálaráðuneyta ríkjanna, sbr. 15. gr.

Í 31.–36. gr. eru ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir, svo sem um heimildir til handtöku og beitingu gæsluvarðhalds.

Í 37.–52. gr. eru nánari ákvæði um ákvörðun um fullnustu. Ef stjórnvöld í fullnusturíki telja skilyrði til að verða við beiðni skal málið lagt fyrir dómstól í því ríki til ákvörðunar viðurlaga. Ef um er að ræða fullnustu á sekt eða eignaupptöku er ákvörðun stjórnvalds fullnægjandi, svo framarlega sem hægt er að skjóta henni til dómstóla, sbr. 37. gr. Hinn dæmdi skal eiga rétt á að koma fyrir dóm áður en ákvörðun er tekin, sbr. 39. gr. Dómstólar í fullnusturíki skulu kanna hvort fullnægt sé skilyrðum samningsins fyrir fullnustuflutningi, sbr. 40. gr. Þeir skulu leggja sönnunarfærslu í hinum erlenda dómi til grundvallar án nánari skoðunar, sbr. 42. gr., en hins vegar eiga þeir að færa viðurlög til samræmis við eigin lög og venjubundna framkvæmd. Þetta á ekki við um útivistardóma og stjórnvaldsákvarðanir, „ordonnance pénale“. Sá sem sætt hefur slíkum ákvörðunum á rétt á því að málið verði endurupptekið annaðhvort fyrir dómstóli í fullnusturíki eða í því ríki þar sem ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr., og rétt á lögfræðiaðstoð við rekstur slíks máls samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis, sbr. 27. gr. Um útivistardóma og „ordonnance pénale“ gildir enn fremur sú sérregla að ákvarðanirnar geta verið grundvöllur fyrir beiðni um fullnustuflutning strax eftir að þær hafa verið teknar, sbr. 22. gr. Sú meginregla gildir um ákvörðun viðurlaga í fullnusturíki að viðurlög mega ekki verða þyngri

þegar allt er metið en þau viðurlög sem voru ákvörðuð í dómsríkinu. Hins vegar hafa dómstólar heimild til að milda dæmd viðurlög til samræmis við venjubundna framkvæmd í því ríki, sbr. 44. gr.

Samningurinn gildir aðeins um fullnustu viðurlaga sem voru ákvörðuð eftir að hann tók gildi milli hlutaðeigandi ríkja, sbr. 68. gr. hans.

III. Samningurinn um flutning dæmdra manna.

Hinn 21. mars 1983 var í Strassborg gerður samningur á vegum Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna.

Eftirtalin 22 ríki hafa fullgilt hann: Austurríki, Bahama, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Kanada, Kípur, Lúxemborg, Malta, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tékkóslóvakía, Tyrkland og Þýskaland.

Eftirtalin fimm ríki hafa undirritað hann: Ungverjaland, Ísland, Írland, Liechtenstein og Portúgal.

Samningurinn er 25 greinar.

Í 1. og 2. gr. eru skilgreiningar og almennar grundvallarreglur. Í 2. mgr. 2. gr. kemur fram að dæmdur maður getur látið í ljós ósk um að verða fluttur til annars samningsríkis til að afplána viðurlög sem hann hefur verið dæmdur til og í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að bæði dómsríki og fullnusturíki geta einnig lagt fram ósk þar að lútandi.

Í 3. gr. eru tilgreind skilyrði fyrir flutningi. Mikilvægasta skilyrðið er að dómþoli sé ríkisborgari fullnusturíkisins. Í 4. mgr. 3. gr. kemur fram að samningsríki getur með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins skilgreint hvernig það sem fullnusturíki telji að túlka beri hugtakið ríkisborgari. Verður það gert hvað Ísland varðar þannig að menn, sem hér eru búsettir, geti fallið undir hugtakið.

Það er skilyrði að dómur sé endanlegur og að hinn dæmdi eigi eftir að afplána a.m.k. sex mánuði þegar beiðni er lögð fram. Það sem liggur að baki þessari reglu er að endurhæfingarsjónarmið þau, sem samningurinn byggir á, geti tæpast verið fyrir hendi ef skammur tími er eftir af afplánun. Samningsríki geta þó í sérstökum tilvikum samþykkt flutning enda þótt dómþoli eigi eftir að afplána skemmri tíma en sex mánuði, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Það er ófrávíkjanlegt skilyrði að hinn dæmdi eða, ef við á, löglegur fyrirsvarsmaður hans samþykki flutning. Það er enn fremur skilyrði að athöfn sú eða athafnaleysi, sem dæmt var fyrir, sé refsiverð samkvæmt lögum fullnusturíkis og að bæði dómsríki og fullnusturíki samþykki flutning.

Í 4. gr. eru ákvæði um upplýsingar sem samningsríki skulu veita hinum dæmda og hvort öðru í sambandi við beiðni um flutning. Samningsríki skal veita dæmdum manni, sem samningurinn getur átt við um, upplýsingar um efni hans. Jafnframt skal skýra honum frá öllum aðgerðum og ákvörðunum vegna beiðni um flutning.

Í 5. og 6. gr. eru ákvæði um hvernig haga skuli beiðni um flutning og hvaða gögn samningsríki skulu senda hvort öðru vegna beiðni. Meginreglan er sú að samskipti milli ríkja skuli fara fram milli dómsmálaráðuneyta ríkjanna.

Í 7. gr. er áréttað að samþykki hins dæmda skuli gefið af fúsum og frjálsum vilja og hvernig staðfesta eigi að svo sé.

Í 8. og 9. gr. eru ákvæði um réttaráhrif flutnings. Mælt er fyrir um að fullnusturíki skuli annaðhvort færa dæmd viðurlög með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds til samræmis við eigin lög eða halda áfram fullnustu þeirra viðurlaga sem ákvörðuð voru í dómsríkinu. Í 10. og 11. gr. er gerð nánari grein fyrir þessum tveimur leiðum, þ.e. annars veg-

ar áframhaldandi fullnustu, sbr. 10. gr., og hins vegar breytingu á viðurlögum, sbr. 11. gr. Fullnusturíki skal samkvæmt beiðni skýra dómsríki fyrir fram frá hvorri aðferðinni það hyggst beita, sbr. 2. mgr. 9. gr. Samningsríki geta líka farið þá leið að binda sig alfarið við aðra hvora aðferðina með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. Slík yfirlýsing leiðir til þess að samningurinn getur ekki átt við í samskiptum ríkja sem hafa bundið sig hvort við sína aðferð og getur því þrengt gildissvið hans.

Í 12. og 13. gr. eru ákvæði um hvenær dómsríkið og fullnusturíkið geti veitt náðun, sakaruppgjöf, mildað refsingu og endurskoðað dóma.

Í 14. og 15. gr. eru ákvæði um lok fullnustu og í 16. gr. um skyldur samningsríkja til að heimila að menn séu fluttir um landsvæði þeirra vegna flutnings á fullnustu.

Í 17.–25. gr. eru m.a. ákvæði um hvaða tungumál eigi að nota í samskiptum ríkja vegna samningsins og um kostnað í sambandi við flutning; einnig hefðbundin lokaákvæði um undirritun og fullgildingu samningsins o.fl. Samningurinn getur skv. 21. gr. hans átt við um fullnustu viðurlaga hvort sem þau hafa verið ákvörðuð fyrir eða eftir gildistöku samningsins milli hlutaðeigandi ríkja.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um alþjóðlegt gildi refsidóma

INNGANGUR

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem telja að baráttan gegn afbrotum, sem í auknum mæli eru að verða alþjóðlegt vandamál, krefjist þess að beitt sé nútímalegum og virkum aðferðum á alþjóðlegum grundvelli,

sem telja nauðsynlegt að beita sameiginlegri stefnu í afbrotamálum, er miðist að vernd samfélagsins,

sem hafa í huga þá nauðsyn að mannréttindi séu virt og stuðlað að endurhæfingu afbrotamanna,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI
Skilgreiningar.
1. gr.

Í samningi þessum:

a) merkir „evrópskur refsidómur" sérhverja endanlega ákvörðun sakadóms samningsríkis að lokinni málsmeðferð samkvæmt sakamálaréttarfari,

b) er „afbrot", auk verknaða sem eru talin afbrot í refsirétti, þeir verknaðir sem fjallað er um í lagaákvæðum þeim sem tilgreind eru í viðauka II við samning þennan, að því tilskildu að þar sem ákvæði þessi fela stjórnvaldi ákvörðunarvald geti maður sá sem í hlut á borið málið undir dómstól,

c) merkir „refsiákvörðun" ákvörðun viðurlaga,

d) merkja „viðurlög" sérhverja refsingu eða aðra ráðstöfun sem vegna afbrots er beinlínis ákvörðuð manni í evrópskum refsidómi eða „ordonnance pénale",

e) merkir „réttindasvipting" sérhvern missi réttinda, tímabundið eða til frambúðar, og sérhverja takmörkun eða missi löghæfis,

f) merkir „útivistardómur" sérhverja ákvörðun sem svo er talin vera skv. 2. mgr. 21. gr,

g) merkir „ordonnance pénale" sérhverja ákvörðun sem tekin er í öðru samningsríki og er tilgreind sem slík í viðauka III við samning þennan.

EUROPEAN CONVENTION
on the International Validity of Criminal Judgments

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatory hereto

Considering that the fight against crime, which is becoming increasingly an international problem, calls for the use of modern and effective methods on an international scale;

Convinced of the need to pursue a common criminal policy aimed at the protection of Society;

Conscious of the need to respect human dignity and to promote the rehabilitation of offenders;

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its Members,

Have agreed as follows:

PART I
Definitions
Article 1

For the purposes of this Convention:

(a) "European criminal judgment" means any final decision delivered by a criminal court of a Contracting State as a result of criminal proceedings;

(b) "Offence" comprises, apart from acts dealt with under criminal law, those dealt with under the legal provisions listed in Appendix II to the present Convention on condition that where these provisions give competence to an administrative authority there must be opportunity for the person concerned to have the case tried by a court;

(c) "Sentence" means the imposition of a sanction;

(d) "Sanction" means any punishment or other measure expressly imposed on a person, in respect of an offence, in a European criminal judgment, or in an "ordonnance pénale";

(e) "Disqualification" means any loss or suspension of a right or any prohibition or loss of legal capacity;

(f) "Judgment rendered in absentia" means any decision considered as such under Article 21, paragraph 2;

(g) "Ordonnance pénale" means any of the decisions delivered in another Contracting State and listed in Appendix III to this Convention.

II. HLUTI
Fullnusta evrópskra refsidóma.

1. KAFLI
Almenn ákvæði.

a) Almenn skilyrði fyrir fullnustu.

2. gr.

Þessi hluti á við um:

a) viðurlög sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu,

b) sektir og eignaupptöku,

c) réttindasviptingar.

3. gr.

1. Í þeim málum og með þeim skilyrðum sem greinir í samningi þessum er samningsríki bært til að fullnægja viðurlögum sem ákvörðuð hafa verið í öðru samningsríki og fullnægja má þar.

2. Þessari heimild má aðeins beita að beiðni síðarnefnda ríkisins.

4. gr.

1. Annað samningsríki skal ekki fullnægja viðurlögunum nema sá verknaður, sem viðurlögin voru lögð við, teldist afbrot samkvæmt lögum þess ef það hefði verið framið á landsvæði þess og maður sá sem viðurlögunum skal sæta væri refsiábyrgur ef hann hefði framið verknaðinn þar.

2. Ef refsiákvörðun er vegna tveggja eða fleiri afbrota og þau fullnægja ekki öll skilyrðum 1. mgr. skal dómsríkið tilgreina þann hluta viðurlaganna sem eiga við um þau afbrot sem fullnægja þeim skilyrðum.

5. gr.

Dómsríkið má aðeins biðja annað samningsríki að fullnægja viðurlögunum að uppfylltu einu eða fleirum eftirtalinna skilyrða:

a) að dómþoli hafi fasta búsetu í hinu ríkinu,

b) að telja megi að fullnusta viðurlaganna í hinu ríkinu auki líkur á félagslegri endurhæfingu hins dæmda,

c) að unnt sé að fullnægja viðurlögum, sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu, í framhaldi af fullnustu annarra frjálsræðissviptingarviðurlaga er dómþoli sætir eða skal sæta í hinu ríkinu,

d) að hitt ríkið sé ríki sem dómþoli er frá og það hafi lýst því yfir að það vilji taka ábyrgð á fullnustu viðurlaganna,

PART II
Enforcement of European criminal judgments

Section 1
General provisions

(a) General conditions of enforcement

Article 2

This Part is applicable to:

(a) sanctions involving deprivation of liberty;

(b) fines or confiscation;

(c) disqualifications.

Article 3

1. A Contracting State shall be competent in the cases and under the conditions provided for in this Convention to enforce a sanction imposed in another Contracting State which is enforceable in the latter State.

2. This competence can only be exercised following a request by the other Contracting State.

Article 4

1. The sanction shall not be enforced by another Contracting State unless under its law the act for which the sanction was imposed would be an offence if committed on its territory and the person on whom the sanction was imposed liable to punishment if he had committed the act there.

2. If the sentence relates to two or more offences, not all of which fulfil the requirements of paragraph 1, the sentencing State shall specify which part of the sanction applies to the offences that satisfy those requirements.

Article 5

The sentencing State may request another Contracting State to enforce the sanction only if one or more of the following conditions are fulfilled:

(a) if the person sentenced is ordinarily resident in another State;

(b) if the enforcement of the sanction in the other State is likely to improve the prospects for the social rehabilitation of the person sentenced;

(c) if, in the case of a sanction, involving deprivation of liberty, the sanction could be enforced following the enforcement of another sanction involving deprivation of liberty which the person sentenced is undergoing or is to undergo in the other State;

(d) if the other State is the State of origin of the person sentenced and has declared itself willing to accept responsibility for the enforcement of that sanction;

e) að dómsríkið telji sig ekki geta sjálft fullnægt viðurlögunum, jafnvel þótt leitað yrði framsals, en hitt ríkið getur það.

6. gr.

Beiðni um fullnustu samkvæmt fyrrgreindu ákvæðunum má ekki synja, hvorki að öllu leyti né nokkru, nema:

a) fullnusta væri andstæð grundvallarreglum laga þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

b) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji afbrot það sem refsing var ákvörðuð fyrir vera stjórnmálalegs eðlis eða eingöngu brot á herlögum,

c) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji gilda ástæðu til að ætla að refsing hafi verið ákvörðuð eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana,

d) fullnusta myndi ekki samræmast þjóðréttarskuldbindingum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

e) málsmeðferð vegna verknaðarins standi þegar yfir í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eða það ríki ákveði málsmeðferð vegna verknaðarins,

f) lögbær stjórnvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, hafi ákveðið að höfða ekki mál eða að fella niður málsmeðferð, sem þegar hefur verið byrjuð, vegna sama verknaðar,

g) verknaðurinn hafi verið framinn utan landsvæðis þess ríkis sem biður um fullnustu,

h) ríkið, sem beðið er um fullnustu, geti ekki fullnægt viðurlögunum,

i) beiðnin sé byggð á e-lið 5. gr. og engu öðru skilyrði þeirrar greinar sé fullnægt,

j) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji ríkið, sem biður um fullnustu, geta sjálft fullnægt viðurlögunum,

k) ekki hefði mátt lögsækja hinn dæmda í því ríki, sem beðið er um fullnustu, vegna aldurs hans er hann framdi afbrotið,

l) ekki megi lengur fullnægja viðurlögunum vegna fyrningar samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

m) réttindasvipting hafi verið dæmd og að því leyti sem svo er.

7. gr.

Beiðni um fullnustu skal ekki sinna ef fullnusta færi í bága við þær meginreglur sem viðurkenndar eru í 1. kafla III. hluta samnings þessa.

(e) if it considers that it cannot itself enforce the sanction, even by having recourse to extradition, and that the other State can.

Article 6

Enforcement requested in accordance with the foregoing provisions may not be refused, in whole or in part, save:

(a) where enforcement would run counter to the fundamental principles of the legal system of the requested State;

(b) where the requested State considers the offence for which the sentence was passed to be of a political nature or a purely military one;

(c) where the requested State considers that there are substantial grounds for believing that the sentence was brought about or aggravated by considerations of race, religion, nationality or political opinion;

(d) where enforcement would be contrary to the international undertakings of the requested State;

(e) where the act is already the subject of proceedings in the requested State or where the requested State decides to institute proceedings in respect of the act;

(f) where the competent authorities in the requested State have decided not to take proceedings or to drop proceedings already begun, in respect of the same act;

(g) where the act was committed outside the territory of the requesting State;

(h) where the requested State is unable to enforce the sanction;

(i) where the request is grounded on Article 5 (e) and none of the other conditions mentioned in that Article is fulfilled;

(j) where the requested State considers that the requesting State is itself able to enforce the sanction;

(k) where the age of the person sentenced at the time of the offence was such that he could not have been prosecuted in the requested State;

(l) where under the law of the requested State the sanction imposed can no longer be enforced because of the lapse of time;

(m) where and to the extent that the sentence imposes a disqualification.

Article 7

A request for enforcement shall not be complied with if enforcement would run counter to the principles recognized in the provisions of Section 1 of Part III of this Convention.

b) Áhrif flutnings á fullnustu.

8. gr.

Við beitingu l-liðar 6. gr., svo og fyrirvara sem nefndur er í c-lið viðauka I við samning þennan, skal talið að hver sú gild aðgerð yfirvalda dómsríkisins er frestar eða rýfur fyrningu hafi sömu áhrif við ákvörðun fyrningar í því ríki, sem beðið er um fullnustu, samkvæmt lögum þess ríkis.

9. gr.

1. Nú er dæmdur maður, sem hefur verið hafður í haldi í því ríki, sem biður um fullnustu, afhentur því ríki, sem beðið er um fullnustu, og skal hann þá ekki ákærður, dæmdur eða hafður í haldi í því skyni að koma fram refsiákvörðun eða ákvörðun um öryggisráðstöfun, eða persónulegt frelsi hans á annan hátt skert vegna nokkurs annars afbrots sem framið var fyrir afhendinguna en þess sem refsing sú sem fullnægja skal var ákvörðuð vegna, nema í eftirtöldum tilvikum:

a) þegar ríkið sem afhenti hann samþykkir það. Bera skal fram beiðni um samþykki, og skulu henni fylgja öll nauðsynleg skjöl og staðfest endurrit af sérhverri yfirlýsingu hins dæmda varðandi viðkomandi afbrot. Veita skal slíkt samþykki þegar afbrotið sem beiðnin lýtur að myndi sjálft varða framsali samkvæmt lögum þess ríkis sem biður um fullnustu eða þegar einungis þyngd refsingar kæmi í veg fyrir framsal,

b) þegar dómþoli hefur haft tækifæri til að yfirgefa landsvæði þess ríkis sem hann var afhentur til, en hefur ekki gert það innan 45 daga frá því er hann var endanlega látinn laus eða hefur snúið aftur til þess landsvæðis eftir að hafa yfirgefið það.

2. Ríkið, sem beðið er um fullnustu, getur þó gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fjarlægja viðkomandi frá landsvæði sínu eða allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt eigin lögum til að rjúfa fyrningu, þar á meðal með málsmeðferð að sakborningi fjarstöddum.

10. gr.

1. Fullnusta skal fara fram samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og aðeins það ríki skal bært til að taka allar viðeigandi ákvarðanir, svo sem um reynslulausn.

2. Aðeins ríkið, sem biður um fullnustu, hefur rétt til að taka ákvörðun um beiðni um endurupptöku máls.

(b) Effects of the transfer of enforcement

Article 8

For the purposes of Article 6, paragraph 1 and the reservation mentioned under (c) of Appendix I of the present Convention any act which interrupts or suspends a time limitation validly performed by the authorities of the sentencing State shall be considered as having the same effect for the purpose of reckoning time limitation in the requested State in accordance with the law of that State.

Article 9

1. A sentenced person detained in the requesting State who has been surrendered to the requested State for the purpose of enforcement shall not be proceeded against, sentenced or detained with a view to the carrying out of a sentence or detention order for any offence committed prior to his surrender other than that for which the sentence to be enforced was imposed, nor shall he for any other reason be restricted in his personal freedom, except in the following cases:

(a) when the State which surrendered him consents. A request for consent shall be submitted, accompanied by all relevant documents and a legal record of any statement made by the convicted person in respect of the offence concerned. Consent shall be given when the offence for which it is requested would itself be subject to extradition under the law of the State requesting enforcement or when extradition would be excluded only by reason of the amount of the punishment;

(b) when the sentenced person, having had an opportunity to leave the territory of the State to which he has been surrendered, has not done so within 45 days of his final discharge, or if he has returned to that territory after leaving it.

2. The State requested to enforce the sentence may, however, take any measure necessary to remove the person from its territory, or any measures necessary under its law, including proceedings by default, to prevent any legal effects of lapse of time.

Article 10

1. The enforcement shall be governed by the law of the requested State and that State alone shall be competent to take all appropriate decisions, such as those concerning conditional release.

2. The requesting State alone shall have the right to decide on any application for review of sentence.

3. Bæði ríkin mega veita sakaruppgjöf og náðun.

11. gr.

1. Þegar dómsríkið hefur beðið um fullnustu má það ekki sjálft hefja fullnustu þeirra viðurlaga sem beiðni þess fjallar um. Þó má dómsríkið hefja fullnustu viðurlaga, sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu, ef dómþoli er þegar í haldi á landsvæði þess er beiðnin er borin fram.

2. Réttur til fullnustu hverfur aftur til ríkis sem biður um fullnustu:

a) ef það afturkallar beiðni sína áður en ríkið, sem er beðið um fullnustu, tilkynnir því að það ætli að gera ráðstafanir samkvæmt beiðninni,

b) ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, tilkynnir að það neiti að gera ráðstafanir samkvæmt beiðninni,

c) ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, afsalar sér gagngert rétti sínum til fullnustu. Slíkt afsal er aðeins mögulegt ef bæði ríkin sem í hlut eiga samþykkja það eða ef fullnusta er ekki lengur framkvæmanleg í því ríki sem beðið er um fullnustu. Í síðarnefndu tilviki er skylt að afsala rétti til fullnustu ef ríkið sem biður um fullnustu óskar þess.

12. gr.

1. Þar til bær yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu þegar stöðva fullnustu er þau fá vitneskju um náðun, sakaruppgjöf, beiðni um endurupptöku máls eða nokkra aðra ákvörðun sem hefur í för með sér að viðurlögunum verði ekki lengur fullnægt að lögum. Hið sama gildir um fullnustu sektar þegar dómþoli hefur greitt hana til þar til bærs yfirvalds þess ríkis sem biður um fullnustu.

2. Ríkið, sem biður um fullnustu, skal án tafar tilkynna því ríki, sem beðið er um fullnustu, um hverja þá ákvörðun eða málsmeðferð á landsvæði þess sem veldur brottfalli réttar til fullnustu samkvæmt fyrri málsgrein.

c) Ýmis ákvæði.

13. gr.

1. Samningsríki skal veita heimild til gegnumflutnings manns, sem hafður er í haldi, um landsvæði sitt, er flytja skal hann til þriðja samningsríkis vegna framkvæmdar samnings þessa og ríkið þar sem maðurinn er í haldi, óskar þess. Gegnumflutningsríkið getur óskað að því verði látið í té

3. Either State may exercise the right of amnesty or pardon.

Article 11

1. When the sentencing State has requested enforcement it may no longer itself begin the enforcement of a sanction which is the subject of that request. The sentencing State may, however, begin enforcement of a sanction involving deprivation of liberty when the sentenced person is already detained on the territory of that State at the moment of the presentation of the request.

2. The right of enforcement shall revert to the requesting State:

(a) if it withdraws its request before the requested State has informed it of an intention to take action on the request;

(b) if the requested State notifies a refusal to take action on the request;

(c) if the requested State expressly relinquishes its right of enforcement. Such relinquishment shall only be possible if both the States concerned agree or if enforcement is no longer possible in the requested State. In the latter case, a relinquishment demanded by the requesting State shall be compulsory.

Article 12

1. The competent authorities of the requested State shall discontinue enforcement as soon as they have knowledge of any pardon, amnesty or application for review of sentence or any other decision by reason of which the sanction ceases to be enforceable. The same shall apply to the enforcement of a fine when the person sentenced has paid it to the competent authority in the requesting State.

2. The requesting State shall without delay inform the requested State of any decision or procedural measure taken on its territory that causes the right of enforcement to lapse in accordance with the preceding paragraph.

(c) Miscellaneous provisions

Article 13

1. The transit through the territory of a Contracting State of a detained person who is to be transferred to a third Contracting State in application of this Convention, shall be granted at the request of the State in which the person is detained. The State of transit may require to be

sérhvert skjal, sem málið varðar, áður en ákvörðun er tekin um beiðnina. Sá sem fluttur er skal vera áfram í gæslu á landsvæði gegnumflutningsríksins nema ríki það, sem hann er fluttur frá, óski þess að hann verði látinn laus.

2. Með þeirri undantekningu að beðið sé um gegnumflutning skv. 34. gr. getur samningsríki hafnað gegnumflutningi:

a) af einhverri þeirra ástæðna er greinir í b- eða c-lið 6. gr.,

b) vegna þess að sá maður, sem í hlut á, er ríkisborgari þess.

3. Ef flogið er gilda eftirfarandi ákvæði:

a) þegar ekki er áætlað að lenda getur ríkið, sem maðurinn er fluttur frá, tilkynnt ríkinu, sem landsvæði það tilheyrir er fljúga á yfir, að viðkomandi maður sé fluttur vegna framkvæmdar samnings þessa. Þurfi óvænt að lenda skal slík tilkynning hafa sama gildi og beiðni um handtöku og gæslu svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 32. gr. og skal formleg beiðni um gegnumflutning borin fram,

b) þegar lending er ráðgerð skal formleg beiðni um gegnumflutning borin fram.

14. gr.

Samningsríki skulu ekki krefja hvert annað um endurgreiðslu neins kostnaðar vegna framkvæmdar samnings þessa.

2. KAFLI

Beiðni um fullnustu.

15. gr.

1. Allar beiðnir, sem tilgreindar eru í samningi þessum, skulu vera skiflegar. Þær, svo og öll nauðsynleg erindi vegna framkvæmdar samnings þessa, skal dómsmálaráðuneyti þess ríkis, sem biður um fullnustu, senda til dómsmálaráðuneytis þess ríkis sem beðið er um fullnustu, eða, ef samningsríki verða ásátt um það, beint frá yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, til yfirvalda þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og skal þeim svarað sömu boðleið.

2. Ef um áríðandi mál er að ræða má senda beiðnir og erindi fyrir milligöngu Alþjóðalögreglunnar (INTERPOL).

3. Samningsríki getur í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins tilkynnt að það ætli að beita öðrum reglum um erindi þau sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar.

supplied with any appropriate document before taking a decision on the request. The person being transferred shall remain in custody in the territory of the State of transit, unless the State from which he is being transferred requests his release.

2. Except in cases where the transfer is requested under Article 34 any Contracting State may refuse transit:

(a) on one of the grounds mentioned in Article 6 (b) and (c):

(b) on the ground that the person concerned is one of its own nationals.

3. If air transport is used, the following provisions shall apply:

(a) when it is not intended to land, the State from which the person is to be transferred may notify the State over whose territory the flight is to be made that the person concerned is being transferred in application of this Convention. In the case of an unscheduled landing such notification shall have the effect of a request for provisional arrest as provided for in Article 32, paragraph 2, and aformal request for transit shall be made;

(b) where it is intended to land, a formal request for transit shall be made.

Article 14

Contracting States shall not claim from each other the refund of any expenses resulting from the application of this Convention.

Section 2

Requests for enforcement

Article 15

1. All requests specified in this Convention shall be made in writing. They, and all communications necessary for the application of this Convention, shall be sent either by the Ministry of Justice of the requesting State to the Ministry of Justice of the requested State or, if the Contracting State so agree, direct by the authorities of the requesting State to those of the requested State; they shall be returned by the same channel.

2. In urgent cases, requests and communications may be sent through the International Criminal Police Organization (INTERPOL).

3. Any Contracting State may, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, give notice of its intention to adopt other rules in regard to the communications referred to in paragraph 1 of this Article.

16. gr.

Beiðni um fullnustu skal fylgja frumrit eða staðfest afrit þeirrar ákvörðunar, sem óskað er fullnustu á, og öll önnur nauðsynleg skjöl. Frumrit eða staðfest afrit af öllum gögnum refsimálsins, eða hluta þeirra, skulu send því ríki, sem beðið er um fullnustu, ef það óskar þess. Þar til bært yfirvald þess ríkis, sem biður um fullnustu, skal staðfesta að viðurlögin séu fullnustuhæf.

17. gr.

Ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, telur upplýsingar þær sem ríkið, er biður um fullnustu, hefur veitt, ekki nægja til að það geti farið að ákvæðum samnings þessa skal það óska eftir þeim viðbótarupplýsingum sem nauðsynlegar eru. Það getur tilgreint dagsetningu til viðtöku slíkra upplýsinga.

18. gr.

1. Yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu þegar tilkynna yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, um ráðstafanir sem gerðar eru vegna beiðninnar.

2. Yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu, þegar við á, senda yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, skjal er staðfestir að viðurlögunum hafi verið fullnægt.

19. gr.

1. Ekki skal krafist þýðingar á beiðni og fylgiskjölum, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

2. Samningsríki getur við undirritun, eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu- eða aðild, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, áskilið sér rétt til að fara fram á að beiðnum og fylgiskjölum þeirra fylgi þýðing á tungumál sitt, eitthvert hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins eða á eitt þessara tungumála sem það tilgreinir. Önnur samningsríki geta krafist gagnkvæmni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á nein ákvæði varðandi þýðingar á beiðnum og fylgiskjölum þeirra sem kveðið kann að vera á um í samningi eða samkomulagi, sem nú er í gildi eða gert kann að verða, milli tveggja eða fleiri samningsríkja.

20. gr.

Sönnunargögn og skjöl, sem send eru vegna framkvæmdar samnings þessa, þarf ekki að staðfesta.

Article 16

The request for enforcement shall be accompanied by the original, or a certified copy, of the decision whose enforcement is requested and all other necessary documents. The original, or a certified copy, of all or part of the criminal file shall be sent to the requested State, if it so requires. The competent authority of the requesting State shall certify the sanction enforceable.

Article 17

If the requested State considers that the information supplied by the requesting State is not adequate to enable it to apply this Convention, it shall ask for the necessary additional information. It may prescribe a date for the receipt of such information.

Article 18

1. The authorities of the requested State shall promptly inform those of the requesting State of the action taken on the request for enforcement.

2. The authorities of the requested State shall, where appropriate, transmit to those of the requesting State a document certifying that the sanction has been enforced.

Article 19

1. Subject to paragraph 2 of this Article, no translation of requests or of supporting documents shall be required.

2. Any Contracting State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, reserve the right to require that requests and supporting documents be accompanied by a translation into its own language or into one of the official languages of the Council of Europe or into suchone of those languages as it shall indicate. The other Contracting States may claim reciprocity.

3. This Article shall be without prejudice to any provisions concerning translation of requests and supporting documents that may be contained in agreements or arrangements now in force or that may be concluded between two or more Contracting States.

Article 20

Evidence and documents transmitted in application of this Convention need not be authenticated.

3. KAFLI
Útivistardómar og „ordonnances pénales".

21. gr.

1. Þegar ekki er öðru vísi kveðið á um í samningi þessum skal fullnusta útivistardóma og „ordonnances pénales" vera háð sömu reglum og fullnusta annarra dóma.

2. Útivistardómur merkir í samningi þessum, með þeirri undantekningu sem greinir í 3. mgr., hvern þann dóm sem kveðinn er upp í samningsríki að aflokinni meðferð samkvæmt sakamálaréttarfari þar sem dómþoli hefur ekki sjálfur mætt fyrir dómi.

3. Án þess að það hafi áhrif á ákvæði í 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr. og 29. gr. skal telja til dóma sem upp eru kveðnir eftir að sakborningur hefur mætt fyrir dómi:

a) sérhvern útivistardóm og „ordonnance pénale" sem staðfest hafa verið eða kveðin upp í dómsríkinu eftir að dómþoli hefur krafist endurupptöku,

b) sérhvern útivistardóm kveðinn upp af áfrýjunardómstól enda hafi dómþoli áfrýjað dómi hins lægra dómstigs.

22. gr.

Útivistardómar og „ordonnance pénale", sem ekki hefur enn verið áfrýjað eða krafist endurupptöku á, má þegar eftir uppkvaðningu senda til tilkynningar og hugsanlegrar fullnustu til ríkis sem beiðni er beint til.

23. gr.

1. Ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, telur unnt að gera ráðstafanir samkvæmt beiðni um fullnustu útivistardóms eða „ordonnance pénale" skal það hlutast til um að dómþola verði sjálfum tilkynnt um úrlausn málsins í því ríki sem biður um fullnustu.

2. Í tilkynningunni til hins dæmda skal einnig veita upplýsingar um:

a) að beiðni um fullnustu hafi verið lögð fram samkvæmt samningi þessum,

b) að eina úrræði hins dæmda sé að krefjast endurupptöku skv.. 24. gr. samnings þessa,

c) að kröfu um endurupptöku skuli bera fram við þau yfirvöld sem tilgreind eru, að það sé háð 24. gr. samnings þessa hvort krafa um endurupptöku sé tekin til meðferðar og að dómþoli geti æskt þess að yfirvöld dómsríkisins fari með málið,

Section 3
Judgments rendered in absentia and "ordonnances pénales"

Article 21

1. Unless otherwise provided in this Convention, enforcement of judgments rendered in absentia and of "ordonnances pénales" shall be subject to the same rules as enforcement of other judgments.

2. Except as provided in paragraph 3, a judgment in absentia for the purposes of this Convention means any judgment rendered by a court in a Contracting State after criminal proceedings at the hearing of which the sentenced person was not personally present.

3. Without prejudice to Articles 25, paragraph 2, 26, paragraph 2 and 29, the following shall be considered as judgments rendered after a hearing of the accused:

(a) any judgment in absentia and any "ordonnances pénales" which have been confirmed or pronounced in the sentencing State after opposition by the person sentenced;

(b) any judgment rendered in absentia on appeal, provided that the appeal from the judgment of the court of first instance was lodged by the person sentenced.

Article 22

Any judgments rendered in absentia and any "ordonnances pénales" which have not yet been the subject of appeal or opposition may, as soon as they have been rendered, be transmitted to the requested State for the purpose of notification and with a view to enforcement.

Article 23

1. If the requested State sees fit to take action on the request to enforce a judgment rendered in absentia or an "ordonnance pénale", it shall cause the person sentenced to be personally notified of the decision rendered in the requesting State.

2. In the notification to the person sentenced information shall also be given:

(a) that a request for enforcement has been presented in accordance with this Convention;

(b) that the only remedy available is an opposition as provided for in Article 24 of this Convention;

(c) that the opposition must be lodged with such authority as may be specified; that for the purposes of its admissibility the opposition is subject to the provisions of Article 24 of this Convention; and that the person sentenced may ask to be heard by the authorities of the sentencing State;

d) að verði ekki krafist endurupptöku innan tilgreinds frests muni, að öllu leyti hvað samning þennan varðar, verða litið svo á sem dómurinn hafi verið kveðinn upp eftir að dómþoli hafi mætt fyrir dómi.

3. Afrit tilkynningarinnar skal þegar sent yfirvaldi því sem bað um fullnustu.

24. gr.

1. Er tilkynning um úrlausn máls hefur verið birt í samræmi við 23. gr. á dómþoli einungis kost á að krefjast endurupptöku. Slík krafa skal eftir vali hins dæmda annaðhvort tekin til meðferðar hjá þar til bærum dómstól í ríkinu, sem biður um fullnustu, eða ríkinu sem beðið er um fullnustu. Ef dómþoli velur ekki skal þar til bær dómstóll í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, taka kröfuna til meðferðar.

2. Er svo stendur á sem í fyrri málsgrein segir er krafa um endurupptöku tæk til meðferðar ef hún er borin fram við þar til bær yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, innan 30 daga frá birtingardegi tilkynningarinnar. Frestur þessi skal reiknaður í samræmi við viðeigandi lagareglur þess ríkis sem beðið er um fullnustu. Þar til bært yfirvald þess ríkis skal þegar tilkynna þetta yfirvaldi því sem bað um fullnustu.

25. gr.

1. Ef krafan um endurupptöku er tekin til meðferðar í ríkinu, sem biður um fullnustu, skal dómþoli kvaddur til að mæta þar við hina nýju dómsmeðferð málsins. Tilkynningu um að mæta skal birta honum sjálfum eigi síðar en 21 degi fyrir hina nýju dómsmeðferð. Frest þennan má stytta með samþykki hins dæmda. Hin nýja meðferð málsins skal fara fram fyrir þar til bærum dómstól í ríkinu, sem biður um fullnustu, og í samræmi við réttarfarsreglur þess ríkis.

2. Nú mætir dómþoli ekki sjálfur né fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem biður um fullnustu, og skal dómstóllinn þá hafna að taka kröfuna um endurupptöku til meðferðar og skal tilkynna þá ákvörðun þar til bæru yfirvaldi þess ríkis sem beðið er um fullnustu. Hið sama gildir ef dómstóllinn lýsir því yfir að málið verði ekki endurupptekið. Í báðum tilvikum skal að öllu leyti litið svo á, hvað samning þennan varðar, að útivistardómi eða „ordonnance pénale“ hafi verið lokið eftir að hinn ákærði hafi komið fyrir dóm.

(d) that, if no opposition is lodged within the prescribed period, thejudgment will, for the entire purposes of this Convention, be considered as having been rendered after a hearing of the accused.

3. A copy of the notification shall be sent promptly to the authority which requested enforcement.

Article 24

1. After notice of the decision has been served in accordance with Article 23, the only remedy available to the person sentenced shall be an opposition. Such opposition shall be examined, as the person sentenced chooses, either by the competent court in the requesting State or by that in the requested State. If the person sentenced expresses no choice, the opposition shall be examined by the competent court in the requested State.

2. In the cases specified in the preceding paragraph, the opposition shall be admissible if it is lodged with the competent authority of the requested State within a period of 30 days from the date on which the notice was served. This period shall be reckoned in accordance with the relevant rules of the law of the requested State. The competent authority of that State shall promptly notify the authority which made the request for enforcement.

Article 25

1. If the opposition is examined in the requesting State, the person sentenced shall be summoned to appear in that State at the new hearing of the case. Notice to appear shall be personally served not less than 21 days before the new hearing. This period may be reduced with the consent of the person sentenced. The new hearing shall be held before the court which is competent in the requesting State and in accordance with the procedure of that State.

2. If the person sentenced fails to appear personally or is not represented in accordance with the law of the requesting State, the court shall declare the opposition null and void and its decision shall be communicated to the competent authority of the requested State. The same procedure shall be followed if the court declares the opposition inadmissible. In both cases, the judgment rendered in absentia or the „ordonnance pénale“ shall, for the entire purposes of this Convention, be considered as having been rendered after a hearing of the accused.

3. Ef dómþoli mætir sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem biður um fullnustu, og málið er endurupptekið skal beiðnin um fullnustu talin ógild.

26. gr.

1. Ef krafan um endurupptöku er tekin til meðferðar í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, skal dómþoli kvaddur til að mæta þar við hina nýju dómsmeðferð málsins. Tilkynningu um að mæta skal birta honum sjálfum eigi síðar en 21 degi fyrir hina nýju dómsmeðferð. Frest þennan má stytta með samþykki hins dæmda. Hin nýja meðferð málsins skal fara fram fyrir þar til bærum dómstóli í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, og í samræmi við réttarfarsreglur þess ríkis.

2. Nú mætir dómþoli ekki sjálfur né fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og skal dómstóllinn þá hafna að taka kröfuna um endurupptöku til meðferðar. Fari svo, og ef dómstóllinn lýsir því yfir að málið verði ekki endurupptekið, skal að öllu leyti litið svo á, hvað samning þennan varðar, að útivistardómi eða „ordonnance pénale" hafi verið lokið eftir að hinn ákærði hafi komið fyrir dóm.

3. Ef dómþoli mætir sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og málið er endurupptekið skal farið með málið eins og verknaðurinn hefði verið framinn í því ríki. Það að mál sé fyrnt skal þó aldrei tekið til meðferðar. Skal litið svo á sem dómur sá, sem kveðinn var upp í því ríki sem biður um fullnustu, sé ógildur.

4. Allar ráðstafanir dómsríkisins vegna málsmeðferðar eða rannsóknar, samkvæmt lögum þess og reglum, skulu hafa sama gildi í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eins og yfirvöld þess ríkis hefðu framkvæmt þær, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir hafi ekki frekari sönnunargildi þar en í því ríki sem biður um fullnustu.

27. gr.

Sá sem sætt hefur útivistardómi eða „ordonnance pénale" skal eiga rétt á lögfræðiaðstoð til að bera fram beiðni um endurupptöku og vegna eftirfarandi málsmeðferðar í þeim málum og með þeim skilyrðum sem lög kveða á um í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eða ríkinu sem biður um fullnustu, ef við á.

3. If the person sentenced appears personally or is represented in accordance with the law of the requesting State and if the opposition is declared admissible, the request for enforcement shall be considered as null and void.

Article 26

1. If the opposition is examined in the requested State the person sentenced shall be summoned to appear in that State at the new hearing of the case. Notice to appear shall be personally served not later than 21 days before the new hearing. This period may be reduced with the consent of the person sentenced. The new hearing shall be held before the court which is competent in the requested State and in accordance with the procedure of that State.

2. If the person sentenced fails to appear personally or is not represented in accordance with the law of the requested State, the court shall declare the opposition null and void. In that event, and if the court declares the opposition inadmissible, the judgment rendered in absentia or the „ordonnance pénale" shall, for the entire purposes of this Convention, be considered as having been rendered after a hearing of the accused.

3. If the person sentenced appears personally or is represented in accordance with the law of the requested State, and if the opposition is admissible, the act shall be tried as if it had been committed in that State. Preclusion of proceedingsby reason of lapse of time shall, however, in no circumstances be examined. The judgment rendered in the requesting State shall be considered null and void.

4. Any step with a view to proceedings or a preliminary enquiry, taken in the sentencing State in accordance with its law and regulations, shall have the same validity in the requested State as if it had been taken by the authorities of that State, providing that assimilation does not give such steps a greater evidential weight than they have in the requesting State.

Article 27

For the purpose of lodging an opposition and for the purpose of the subsequent proceedings, the person sentenced in absentia or by an "ordonnance pénale" shall be entitled to legal assistance in the cases and on the conditions prescribed by the law of the requested State and, where appropriate, of the requesting State.

28. gr.

Um dómsákvarðanir skv. 3. mgr. 26. gr. og fullnustu þeirra skal eingöngu fara samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu.

29. gr.

Nú ber sá, sem sætt hefur útivistardómi eða „ordonnance pénale", ekki fram beiðni um endurupptöku og skal þá að öllu leyti, hvað varðar samning þennan, litið svo á sem máli hafi verið lokið eftir að hinn ákærði hafi komið fyrir dóm.

30. gr.

Lög hvers ríkis skulu gilda um áhrif þess að dómþoli vegna aðstæðna, sem hann fékk ekki við ráðið, virðir ekki þá tímafresti sem fram koma í 24., 25. eða 26. gr. eða mætir ekki sjálfur fyrir dómi við hina nýju málsmeðferð sem ákveðin er.

4. KAFLI

Bráðabirgðaráðstafanir.

31. gr.

Ef dómþoli er staddur í ríkinu, sem biður um fullnustu, eftir að því hefur borist tilkynning um að beiðni þess um fullnustu refsiákvörðunar, sem hefur í för sem sér frjálsræðissviptingu, hafi verið samþykkt má það ríki handtaka hann vegna væntanlegs flutnings skv. 43. gr. ef það telur það nauðsynlegt til að tryggja fullnustu.

32. gr.

1. Þegar ríki hefur beðið um fullnustu má það ríki, sem beðið er um fullnustu, handtaka hinn dæmda:

a) ef afbrotið réttlætir gæsluvarðhald samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu, og

b) ef hætta er á stroki, eða spjöllum sakargagna þegar um útivistardóm er að ræða.

2. Þegar ríki tilkynnir að það hyggist biðja um fullnustu má það ríki, sem beiðni mun verða beint til, að beiðni þess ríkis, sem hyggst biðja um fullnustu, handtaka hinn dæmda ef skilyrðum a- og b-liða fyrri málsgreinar er fullnægt. Í handtökubeiðni skal greina afbrot það sem dæmt var fyrir, hvenær og hvar það var framið og eins nákvæma lýsingu á dómþola og unnt er. Þar skal einnig lýsa stuttlega þeim málsatvikum sem dómur byggist á.

Article 28

Any judicial decisions given in pursuance of Article 26, paragraph 3, and enforcement thereof, shall be governed solely by the law of the requested State.

Article 29

If the person sentenced in absentia or by an "ordonnance pénale" lodges no opposition, the decision shall, for the entire purpose of this Convention, be considered as having been rendered after the hearing of the accused.

Article 30

National legislations shall be applicable in the matter of reinstatement if the sentenced person, for reasons beyond his control, failed to observe the time-limits laid down in Articles 24, 25 and 26 or to appear personally at the hearing fixed for the new examination of the case.

SECTION 4

Provisional measures

Article 31

If the sentenced person is present in the requesting State after notification of the acceptance of its request for enforcement of a sentence involving deprivation of liberty is received, that State may, if it deems it necessary in order to ensure enforcement, arrest him with a view to his transfer under the provisions of Article 43.

Article 32

1. When the requesting State has requested enforcement, the requested State may arrest the person sentenced:

(a) if, under the law of the requested State, the offence is one which justified remand in custody, and

(b) if there is a danger of abscondence or, in case of a judgment rendered in absentia, a danger of secretion of evidence.

2. When the requesting State announces its intention to request enforcement, the requested State may, on application by the requesting State, arrest the person sentenced, provided that requirements under (a) and (b) of the preceding paragraph are satisfied. The said application shall state the offence which led to the judgment and the time and place of its perpetration, and contain as accurate a descriptionas possible of the person sentenced. It shall also contain a brief statement of the facts on which the judgment is based.

33. gr.

1. Dómþoli skal hafður í haldi samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og lög þess ríkis gilda einnig um skilyrði þess að leysa megi hann úr haldi.

2. Í öllum tilvikum skal leysa þann sem hafður er í haldi:

a) þegar jafnlangur tími er liðinn og dómur um frjálsræðissviptingu kvað á um,

b) hafi hann verið handtekinn skv. 2. mgr. 32. gr. og ríkinu, sem átti að biðja um fullnustu, hefur ekki borist beiðni ásamt skjölum þeim sem tilgreind eru í 16. gr. innan 18 daga frá handtökudegi.

34. gr.

1. Maður sem hafður er í haldi skv. 32. gr. í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, og er skv. 25. gr. kvaddur til að mæta fyrir þar til bærum dómstóli í ríkinu, sem biður um fullnustu, vegna beiðni um endurupptöku, sem hann hefur borið fram, skal í því skyni fluttur til landsvæðis þess ríkis sem biður um fullnustu.

2. Að afloknum flutningi skal viðkomandi maður ekki hafður í haldi í ríkinu, sem biður um fullnustu, ef fullnægt er skilyrði a-liðar 2. mgr. 33. gr. eða ef ríkið, sem biður um fullnustu, óskar ekki fullnustu annarrar refisákvörðunar. Hafi hann ekki verið leystur úr haldi skal hann þegar fluttur aftur til þess ríkis sem beðið er um fullnustu.

35. gr.

1. Ekki skal höfða mál gegn manni sem vegna beiðni um endurupptöku, er hann hefur borið fram, er kvaddur til að mæta fyrir þar til bærum dómstól í ríkinu sem biður um fullnustu, né dæma hann eða hafa hann í haldi til að koma fram refsiákvörðun eða úrskurði um öryggisgæslu eða skerða frelsi hans af nokkrum öðrum ástæðum vegna verknaðar eða afbrots sem framið var áður en hann yfirgaf landsvæði þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og ekki var tilgreint í kvaðningunni, nema hann samþykki það skriflega með ótvíræðum hætti. Ef svo stendur á sem í 1. mgr. 34. gr. segir skal senda því ríki, sem hann var fluttur frá, afrit af samþykkisyfirlýsingunni.

2. Réttaráhrif þau, sem fjallað er um í fyrri málsgein, skulu falla niður ef sá sem kvaddur hefur verið til að mæta hefur ekki yfirgefið landsvæði þess ríkis, sem biður um fullnustu, innan 15 daga eftir að ákvörðun er tekin í máli að aflokinni málsmeðferð fyrir dómi er honum var stefnt til að mæta við eða ef hann hverfur aftur til þess landsvæðis eftir að hafa yfirgefið það án þess að hann hafi verið kvaddur til að mæta að nýju.

Article 33

1. The person sentenced shall be held in custody in accordance with the law of the requested State; the law of that State shall also determine the conditions on which he may be released.

2. The person in custody shall in any event be released:

(a) after a period equal to the period of deprivation of liberty imposed in the judgment;

(b) if he was arrested in pursuance of Article 32, paragraph 2, and the requested State did not receive, within 18 days from the date of the arrest, the request together with the documents specified in Article 16.

Article 34

1. A person held in custody in the requested State in pursuance of Article 32 who is summoned to appear before the competent court in the requesting State in accordance with Article 25 as a result of the opposition he has lodged, shall be transferred for that purpose to the territory of the requesting State.

2. After transfer, the said person shall not be kept in custody by the requesting State if the condition set out in Article 33, paragraph 2 (a) is met or if the requesting State does not request enforcement of a further sentence. The person shall be promptly returned to the requested State unless he has been released.

Article 35

1. A person summoned before the competent court of the requesting State as a result of the opposition he has lodged shall not be proceeded against, sentenced or detained with a view to the carrying out of a sentence or detention order nor shall he for any other reason be restricted in his personal freedom for any act or offence which took place prior to his departure from the territory of the requested State and which is not specified in the summons unless he expressly consents in writing. In the case referred to in Article 34, paragraph 1, a copy of the statement of consent shall be sent to the State from which he has been transferred.

2. The effects provided for in the preceding paragraph shall cease when the person summoned, having had the opportunity to do so, has not left the territory of the requesting State during 15 days after the date of the decision following the hearing for which he was summoned to appear or if he returns to that territory after leaving it without being summoned anew.

36. gr.

1. Ef ríkið, sem biður um fullnustu, hefur óskað þess að eignaupptaka fari fram má ríkið, sem beðið er um fullnustu, leggja hald á umrædda eign ef lög þess heimila haldlagningu í sambærilegum tilvikum.

2. Haldlagning skal fara fram samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og skulu þau lög einnig gilda um skilyrði þess að haldlagningu sé aflétt.

Article 36

1. If the requesting State has requested enforcement of a confiscation of property, the requested State may provisionally seize the property in question, on condition that its own law provides for seizure in respect of similar facts.

2. Seizure shall be carried out in accordance with the law of the requested State which shall also determine the conditions on which the seizure may be lifted.

5. KAFLI

Fullnusta viðurlaga.

a) Almenn ákvæði.

SECTION 5

Enforcement of sanctions

(a) General clauses

37. gr.

Viðurlögum, sem ákvörðuð eru í ríkinu sem biður um fullnustu, skal ekki fullnægja í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, nema samkvæmt ákvörðun dómstóls þess ríkis. Samningsríki getur þó falið öðrum yfirvöldum að taka slíkar ákvarðanir ef viðurlög þau sem fullnægja skal eru aðeins sekt eða upptaka eigna og ef heimilt er að bera þessar ákvarðanir undir dómstól.

Article 37

A sanction imposed in the requesting State shall not be enforced in the requested State except by a decision of the court of the requested State. Each Contracting State may, however, empower other authorities to take such decisions if the sanction to be enforced is only a fine or a confiscation and if these decisions are susceptible of appeal to a court.

38. gr.

Mál skal leggja fyrir dómstól eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr. ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, telur unnt að gera ráðstafanir vegna beiðni um fullnustu.

Article 38

The case shall be brought before the court or the authority empowered under Article 37 if the requested State sees fit to take action on the request for enforcement.

39. gr.

1. Áður en dómstóll tekur ákvörðun um beiðni um fullnustu skal dómþola veitt tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Samkvæmt beiðni skal hann yfirheyrður fyrir dómstólnum annaðhvort með hjálp réttarbeiðna eða persónulega. Fari hann gagngert fram á það ber að yfirheyra hann persónulega.

2. Þrátt fyrir að dómþoli hafi farið fram á að vera yfirheyrður persónulega getur dómstóllinn ákveðið að fallist verði á beiðni um fullnustu, að dómþola fjarstöddum, ef hann er hafður í haldi í því ríki sem biður um fullnustu. Er svo stendur á skal fresta ákvörðun um breytingu viðurlaga skv. 44. gr. þar til dómþoli hefur verið fluttur til þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og gefinn kostur á að koma fyrir dómstólinn.

Article 39

1. Before a court takes a decision upon a request for enforcement the sentenced person shall be given the opportunity to state his views. Upon application he shall be heard by the court either by letters rogatory or in person. A hearing in person must be granted following his express request to that effect.

2. The court may, however, decide on the acceptance of the request for enforcement in the absence of a sentenced person requesting a personal hearing if he is in custody in the requesting State. In these circumstances any decision as to the substitution of the sanction under Article 44 shall be adjourned until, following his transfer to the requested State, the sentenced person has been given the opportunity to appear before the court.

40. gr.

1. Dómstóllinn sem hefur málið til meðferðar eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr., í málum sem tilgreind eru í þeirri grein, skal ganga úr skugga um:

Article 40

1. The court, or in the cases referred to in Article 37, the authority empowered under the same Article, which is dealing with the case shall satisfy itself:

a) að viðurlögin, sem óskað er fullnustu á, hafi verið ákvörðuð í evrópskum refsidómi,

b) að skilyrðum 4. gr. sé fullnægt,

c) að ekki standi svo á sem í a-lið 6. gr. segir eða að slíkt skuli ekki koma í veg fyrir fullnustu,

d) að 7. gr. komi ekki í veg fyrir fullnustu,

e) að skilyrðum 3. kafla þessa hluta sé fullnægt ef um er að ræða útivistardóm eða „ordonnance pénale".

2. Samningsríki getur falið dómstólnum eða þar til bæru yfirvaldi skv. 37. gr. að kanna önnur skilyrði fullnustu samkvæmt samningi þessum.

41. gr.

Ákvarðanir sem dómstóll hefur tekið samkvæmt þessum kafla varðandi fullnustu sem beðið hefur verið um, og ákvarðanir sem teknar hafa verið eftir málskot ákvörðunar yfirvalds þess, sem um getur í 37. gr., skulu vera áfrýjanlegar.

42. gr.

Ríkið, sem beðið er um fullnustu, skal hlíta niðurstöðum um málavöxtu eins og þær koma fram í ákvörðuninni eða á er byggt í henni.

b) Ákvæði sem sérstaklega varða fullnustu viðurlaga sem fela í sér frjálsræðissviptingu.

43. gr.

Sé dómþoli hafður í haldi í ríkinu, sem biður um fullnustu, skal hann, nema lög þess mæli fyrir um annað, fluttur til þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, jafnskjótt og ríkinu, sem biður um fullnustu, hefur verið tilkynnt um að beiðni um fullnustu hafi verið samþykkt.

44. gr.

1. Nú er beiðnin um fullnustu samþykkt og skal dómstóllinn þá, í stað viðurlaga sem fela í sér frjálsræðissviptingu og dæmd voru í því ríki sem biður um fullnustu, ákvarða þau viðurlög sem sama afbrot varðar samkvæmt hans eigin lögum. Þessi viðurlög mega, með þeim takmörkunum sem greinir í 2. mgr., vera að eðli og tímalengd önnur en þau sem ákvörðuð voru í ríkinu sem biður um fullnustu. Ef síðarnefndu viðurlögin eru vægari en þau lágmarksviðurlög sem ákvarða má í því ríki, sem beðið er um fullnustu, skal dómstóllinn ekki vera bundinn af því lágmarki heldur ákvarða viðurlög sem hliðstæð eru þeim viðurlögum sem ákvörðuð voru í því ríki sem biður um fullnustu.

(a) that the sanction whose enforcement is requested was imposed in a European criminal judgment;

(b) that the requirements of Article 4 are met;

(c) that the condition laid down in Article 6 (a) is not fulfilled or should not preclude enforcement;

(d) that enforcement is not precluded by Article 7;

(e) that, in case of a judgment rendered in absentia or an „ordonnance pénale" the requirements of Section 3 of this Part are met.

2. Each Contracting State may entrust to the court or the authority empowered under Article 37 the examination of other conditions of enforcement provided for in this Convention.

Article 41

The judicial decisions taken in pursuance of the present section with respect to the requested enforcement and those taken on appeal from decisions by the administrative authority referred to in Article 37, shall be appealable.

Article 42

The requested State shall be bound by the findings as to the facts insofar as they are stated in the decision or insofar as it is impliedly based on them.

(b) Clauses relating specifically to enforcement of sanctions involving deprivation of liberty

Article 43

When the sentenced person is detained in the requesting State he shall, unless the law of that State otherwise provides, be transferred to the requested State as soon as the requesting State has been notified of the acceptance of the request for enforcement.

Article 44

1. If the request for enforcement is accepted, the court shall substitute for the sanction involving deprivation of liberty imposed in the requesting State a sanction prescribed by its own law for the same offence. This sanction may, subject to the limitations laid down in paragraph 2, be of a nature or duration other than that imposed in the requesting State. If this latter sanction is less than the minimum which may be pronounced under the law of the requested State, the court shall not be bound by that minimum and shall impose a sanction corresponding to the sanction imposed in the requesting State.

2. Er viðurlög eru ákvörðuð skal dómstóllinn ekki gera stöðu hins dæmda verri en leiðir af ákvörðun sem tekin var í ríkinu sem biður um fullnustu.

3. Sá hluti viðurlaganna, sem ákvörðuð voru í ríkinu sem biður um fullnustu, sem dómþoli hefur sætt eftir að refsing var ákvörðuð, svo og allur sá tími sem dómþoli hefur verið hafður í haldi til bráðabirgða eftir þann tíma, skal að fullu koma til frádráttar. Hið sama skal gilda um allan þann tíma er dómþoli var í gæsluvarðhaldi í ríkinu, sem biður um fullnustu, áður en refsing hans var ákvörðuð, að svo miklu leyti sem lög þess ríkis mæla fyrir um það.

4. Samningsríki getur hvenær sem er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu sem veitir því samkvæmt samningi þessum rétt til að fullnægja viðurlögum, sem fela í sér frjálsræðissviptingu, sem eru sama eðlis og ákvörðuð hafa verið í ríkinu sem biður um fullnustu, enda þótt tímalengd þessara viðurlaga fari fram úr því hámarki sem landslög þess kveða á um varðandi sams konar viðurlög. Ákvæði þessu má þó aðeins beita í tilvikum þegar landslög þess ríkis heimila viðurlög vegna sama afbrots sem eru hið minnsta jöfn að tímalengd þeim viðurlögum sem voru ákvörðuð í ríkinu, sem biður um fullnustu, en eru í eðli sínu þyngri. Ef tímalengd og tilgangur viðurlaga þeirra, sem voru ákvörðuð samkvæmt þessari málsgrein, krefjast má fullnægja þeim í refsivistarstofnun sem ætluð er til fullnustu annars konar viðurlaga.

c) Ákvæði sem sérstaklega lúta að fullnustu sekta og upptöku eigna.

45. gr.

1. Nú er beiðni um fullnustu sektar eða upptöku fjárhæðar samþykkt og skal þá dómstóllinn eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr. breyta fjárhæðinni í gjaldmiðil þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, miðað við gengi á þeim degi er ákvörðun er tekin. Skal þannig ákvarða fjárhæð sektarinnar eða upptökunnar sem þó skal ekki fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem liggur við sama afbroti samkvæmt lögum þess ríkis, eða, sé slíkt hámark ekki tilgreint, fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem venjulega er ákvörðuð vegna slíks afbrots í því ríki sem beðið er um fullnustu.

2. Þó getur dómstóllinn eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr. viðhaldið sektarrefsingu eða eigna-

2. In determining the sanction, the court shall not aggravate the penal situation of the person sentenced as it results from the decision delivered in the requesting State.

3. Any part of the sanction imposed in the requesting State and any term of provisional custody, served by the person sentenced subsequent to the sentence shall be deducted in full. The same shall apply in respect of any period during which the person sentenced was remanded in custody in the requesting State before being sentenced insofar as the law of that State so requires.

4. Any Contracting State may, at any time, deposit with the Secretary General of the Council of Europe a declaration which confers on it in pursuance of the present Convention the right to enforce a sanction involving deprivation of liberty of the same nature as that imposed in the requesting State even if the duration of that sanction exceeds the maximum provided for by its national law for a sanction of the same nature. Nevertheless, this rule shall only be applied in cases where the national law of this State allows, in respect of the same offence, for the imposition of a sanction of at least the same duration as that imposed in the requesting State but which is of a more severe nature. The sanction imposed under this paragraph may, if its duration and purpose so require, be enforced in a penal establishment intended for the enforcement of sanctions of another nature.

(c) Clauses relating specifically to enforcement of fines and confiscations

Article 45

1. If the request for enforcement of a fine or confiscation of a sum of money is accepted, the court or the authority empowered under Article 37 shall convert the amount thereof into the currency of the requested State at the rate of exchange ruling at the time when the decision is taken. If shall thus fix the amount of the fine, or the sum to be confiscated, which shall nevertheless not exceed the maximum sum fixed by its own law for the same offence, or failing such a maximum, shall not exceed the maximum amount customarily imposed in the requested State in respect of a like offence.

2. However, the court or the authority empowered under Article 37 may maintain up to the

upptöku allt að þeirri fjárhæð sem ákvörðuð var í ríkinu, sem biður um fullnustu, þegar lög þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, mæla ekki fyrir um slík viðurlög vegna sama afbrots, en þau lög heimila ákvörðun þyngri viðurlaga. Hið sama gildir ef viðurlögin, sem ákvörðuð voru í ríkinu sem biður um fullnustu, fara fram úr hámarki því sem ákveðið er vegna sama afbrots í lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu, en þau lög heimila ákvörðun þyngri viðurlaga.

3. Ríkið, sem beðið er um fullnustu, skal virða allt hagræði sem ríkið, sem biður um fullnustu, hefur veitt varðandi greiðslutíma eða greiðslu með afborgunum.

46. gr.

1. Þegar beiðnin um fullnustu varðar upptöku tilgreinds hlutar má dómstóllinn eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr. aðeins mæla fyrir um upptöku hlutarins að því leyti sem lög þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, heimila slíka eignaupptöku vegna sama afbrots.

2. Dómstóllinn eða þar til bært yfirvald skv. 37. gr. getur þó viðhaldið eignaupptöku, sem mælt var fyrir um í ríkinu sem biður um fullnustu, þótt ekki sé mælt fyrir um slík viðurlög vegna sama afbrots í lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu, en þau lög heimila ákvörðun þyngri viðurlaga.

47. gr.

1. Afrakstur sekta og eignaupptöku skal greiddur í ríkissjóð þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, að geymdum betri rétti þriðja aðila.

2. Eignir sem gerðar hafa verið upptækar og sérstakt gildi hafa má afhenda ríkinu, sem biður um fullnustu, ef það óskar þess.

48. gr.

Nú fæst sekt ekki greidd og getur þá dómstóll í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, ákvarðað vararefsingu sem felur í sér frjálsræðissviptingu, ef lög beggja ríkja heimila það í slíkum tilvikum, nema ríkið, sem biður um fullnustu, hafi beinlínis takmarkað beiðni sína við innheimtu sektarinnar. Ef dómstóllinn ákveður vararefsingu, sem felur í sér frjálsræðissviptingu, gilda eftirfarandi reglur:

a) sé þegar kveðið á um vararefsingu í stað sektar, annaðhvort í dómnum sem upp var kveðinn í ríkinu, sem biður um fullnustu, eða beinlínis í lögum þess ríkis skal dómstóllinn í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, ákvarða eðli og tímalengd slíkrar vararefsingar í samræmi við þær reglur sem lög þess kveða á um. Sé vararefsingin sem þegar er

amount imposed in the requesting State the sentence of a fine or of a confiscation when such a sanction is not provided for by the law of the requested State for the same offence, but this law allows for the imposition of more severe sanctions. The same shall apply if the sanction imposed in the requesting State exceeds the maximum laid down in the law of the requested State for thesame offence but this law allows for the imposition of more severe sanctions.

3. Any facility as to time of payment or payment by instalments, granted in the requesting State, shall be respected in the requested State.

Article 46

1. When the request for enforcement concerns the confiscation of a specific object, the court or the authority empowered under Article 37 may order the confiscation of that object only insofar as such confiscation is authorized by the law of the requested State for the same offence.

2. However, the court or the authority empowered under Article 37 may maintain the confiscation ordered in the requesting State when this sanction is not provided for in the law of the requested State for the same offence but this law allows for the imposition of more severe sanctions.

Article 47

1. The proceeds of fines and confiscations shall be paid into the public funds of the requested State without prejudice to any rights of third parties.

2. Property confiscated which is of special interest may be remitted to the requesting State if it so requires.

Article 48

If a fine cannot be exacted, a court of the requested State may impose an alternative sanction involving deprivation of liberty insofar as the laws of both States so provide in such cases unless the requesting State expressly limited its request to exacting of the fine alone. If the court decides to impose an alternative sanction involving deprivation of liberty, the following rules shall apply:

(a) If conversion of a fine into a sanction involving deprivation of liberty is already prescribed either in the sentence pronounced in the requesting State or directly in the law of that State, the court of the requested State shall determine the nature and length of such sanction in accordance with the rules laid down by its own law. If the

kveðið á um í ríkinu, sem biður um fullnustu, vægari en lágmark það sem ákvarða má samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skal dómstóllinn ekki bundinn af því lágmarki, heldur skal ákvarða viðurlög sem samsvara þeim viðurlögum sem ákvörðuð voru í ríkinu sem biður um fullnustu. Er viðurlögin eru ákvörðuð skal dómstóllinn ekki gera stöðu hins dæmda verri en leiðir af ákvörðuninni sem tekin var í ríkinu sem biður um fullnustu,

b) í öllum öðrum tilvikum skal dómstóllinn í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, breyta sektinni til samræmis við lög sín að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem lög þess ríkis, sem biður um fullnustu, kveða á um.

sanction involving deprivation of liberty already prescribed in the requesting State is less than the minimum which may be imposed under the law of the requested State, the court shall not be bound by that minimum and shall impose a sanction corresponding to the sanction prescribed in the requesting State. In determining the sanction the court shall not aggravate the penal situation of the person sentenced as it results from the decision delivered in the requesting State.

(b) In all other cases the court of the requested State shall convert the fine in accordance with its own law, observing the limits prescribed by the law of the requesting State.

d) Ákvæði sem varða sérstaklega framkvæmd réttindasviptingar.

49. gr.

1. Þegar beðið er um að réttindasvipting verði framkvæmd má aðeins láta slíka réttindasviptingu, sem ákvörðuð hefur verið í ríkinu sem biður um fullnustu, ná fram að ganga í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, ef lög síðarnefnda ríkisins heimila réttindasviptingu vegna afbrots þess sem um er að ræða.

2. Dómstóllinn, sem hefur málið til meðferðar, skal meta mikilvægi þess að réttindasvipting komi til framkvæmda á landsvæði síns ríkis.

(d) Clauses relating specifically to enforcement of disqualification

Article 49

1. Where a request for enforcement of a disqualification is made such disqualifications imposed in the requesting State may be given effect in the requested State only if the law of the latter State allows for disqualifications for the offence in question.

2. The court dealing with the case shall appraise the expediency of enforcing the disqualifications in the territory of its own State.

50. gr.

1. Nú ákveður dómstóllinn að réttindasvipting skuli koma til framkvæmda og ákveður hann þá tímalengd hennar innan þeirra marka sem lög hans kveða á um en skal þó ekki fara fram úr þeim tímamörkum sem ákveðin voru í dómi þeim sem upp var kveðinn í ríkinu sem biður um fullnustu.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að réttindasvipting skuli aðeins koma til framkvæmda hvað varðar sum þeirra réttinda sem ákveðið hefur verið að felld skuli niður, endanlega eða tímabundið.

Article 50

1. If the court orders enforcement of the disqualification it shall determinethe duration thereof within the limits prescribed by its own law, but may not exceed the limits laid down in the sentence imposed in the requesting State.

2. The courts may order the disqualification to be enforced in respect of some only of the rights whose loss or suspension has been pronounced.

51. gr.

11. gr. gildir ekki um réttindasviptingu.

Article 51

Article 11 shall not apply to disqualifications.

52. gr.

Ríkinu, sem beðið er um fullnustu, er heimilt að veita dómþola að nýju réttindi þau sem hann hefur verið sviptur samkvæmt ákvörðun sem tekin er í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Article 52

The requested State shall have the right to restore to the person sentenced the rights of which he has been deprived in accordance with a decision taken in application of this section.

III. HLUTI
Alþjóðleg áhrif evrópskra refsidóma.

1. KAFLI
Ne bis in idem.
53. gr.

1. Mann, sem sætt hefur evrópskum refsidómi, má vegna sama verknaðar hvorki ákæra, dæma né láta sæta fullnustu viðurlaga í öðru samningsríki:

a) ef hann hefur verið sýknaður,
b) ef hann:
i. hefur þegar sætt fullnustu hinna dæmdu viðurlaga, eða ef fullnusta þeirra stendur yfir,
ii. hefur verið náðaður eða honum gefnar upp sakir að fullu eða að því leyti sem hinum dæmdu viðurlögum hefur ekki verið fullnægt,
iii. verður ekki lengur látinn sæta fullnustu hinna dæmdu viðurlaga vegna fyrningar,
c) ef sökunautur var fundinn sekur án þess að viðurlög væru ákvörðuð.

2. Þó þarf samningsríki ekki nema það hafi sjálft beðið um málsmeðferðina að hlíta áhrifum ne bis in idem reglunnar ef verknaðurinn, sem dómur var kveðinn upp um, beindist að opinberum starfsmanni, opinberri stofnun eða nokkru öðru á vegum hins opinbera í því ríki, eða ef dómþoli hafði sjálfur opinbera stöðu þar.

3. Enn fremur þarf samningsríki sem verknaður var framinn í, eða talinn framinn í samkvæmt lögum þess ríkis, ekki að hlíta áhrifum ne bis in idem reglunnar nema það hafi sjálft óskað málsmeðferðarinnar.

54. gr.

Ef höfðað er mál að nýju gegn manni, sem hefur verið dæmdur í öðru samningsríki fyrir sama verknað, skal draga allan þann tíma, sem dómþoli hefur sætt frjálsræðissviptingu vegna fullnustu þess dóms, frá þeim viðurlögum sem dæmd kunna að verða.

55. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki standa því í vegi að beita megi ákvæðum í landslögum sem eru víðtækari varðandi ne bis in idem áhrif erlendra refsidóma.

2. KAFLI
Áhrif fyrri refsidóma.
56. gr.

Sérhvert samningsríki skal setja þau lög, sem það telur við eiga, til að gera dómstólum þess

PART III
International Effects of European Criminal Judgments
Section 1
Ne bis in idem
Article 53

1. A person in respect of whom a European criminal judgment has been rendered may for the same act neither be prosecuted nor sentenced nor subjected to enforcement of a sanction in another Contracting State:
(a) if he was acquitted;
(b) if the sanction imposed:
(i) has been completely enforced or is being enforced, or
(ii) has been wholly, or with respect to the part not enforced, the subject of a pardon or an amnesty, or
(iii) can no longer be enforced because of lapse of time;
(c) if the court convicted the offender without imposing a sanction.

2. Nevertheless, a Contracting State shall not, unless it has itself requested the proceedings, be obliged to recognize the effect of ne bis in idem if the act which gave rise to the judgment was directed against either a person or an institution or any thing having public status in that State, or if the subject of the judgment had himself a public status in that State.

3. Furthermore, any Contracting State where the act was committed or considered as such according to the law of that State shall not be obliged to recognize the effect of ne bis in idem unless that State has itself requested the proceedings.

Article 54

If new proceedings are instituted against a person who in another Contracting State has been sentenced for the same act, then any period of deprivation of liberty arising from the sentence enforced shall be deducted from the sanction which may be imposed.

Article 55

This Section shall not prevent the application of wider domestic provisions relating to the effect of ne bis in idem attached to foreign criminal judgments.

SECTION 2
Taking into consideration
Article 56

Each Contracting State shall legislate as it deems appropriate to enable its courts when

kleift að taka við dómsuppkvaðningu tillit til sérhvers eldri evrópsks refsidóms vegna annars afbrots sem hefur verið kveðinn upp eftir að ákærði kom fyrir dóm, þannig að slíkur dómur hafi að nokkru eða öllu leyti sömu áhrif og lög þess kveða á um að dómar sem upp eru kveðnir á landsvæði þess hafi. Skal það ákveða skilyrði þess að taka beri tillit til slíkra dóma.

57. gr.

Sérhvert samningsríki skal setja þau lög, sem það telur við eiga, til að gera kleift að taka tillit til sérhvers evrópsks refsidóms sem hefur verið kveðinn upp eftir að ákærði kom fyrir dóm, þannig að unnt sé að nokkru eða öllu leyti að beita réttindasviptingu sem lög þess tengja við dóma sem upp eru kveðnir á landsvæði þess. Skal það ákveða skilyrði þess að taka beri tillit til slíkra dóma.

IV. HLUTI

Lokaákvæði.

58. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra aðildarríkja sem fulltrúa eiga í ráðherranefnd Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu eða viðurkenningu. Skjöl um fullgildingu eða viðurkenningu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag er hið þriðja fullgildingar- eða viðurkenningarskjal hefur verið afhent.

3. Gagnvart ríki sem undirritað hefur samninginn, en fullgildir eða viðurkennir hann síðar, skal hann öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fullgildingar- eða viðurkenningarskjal þess hefur verið afhent.

59. gr.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið ríki, sem ekki á aðild að ráðinu, aðild að honum ef ályktun um slíkt boð er samhljóða samþykkt af þeim aðilum ráðsins sem fullgilt hafa samninginn.

2. Slík aðild skal fara fram með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og öðlast gildi þremur mánuðum eftir afhendingu þess.

rendering a judgment to take into consideration any previous European criminal judgment rendered for another offence after a hearing of the accused with a view to attaching to this judgment all or some of the effects which its law attaches to judgments rendered in its territory. It shall determine the conditions in which this judgment is taken into consideration.

Article 57

Each Contracting State shall legislate as it deems appropriate to allow the taking into consideration of any European criminal judgment rendered after a hearing of the accused so as to enable application of all or part of a disqualification attached by its law to judgments rendered in its territory. It shall determine the conditions in which this judgment is taken into consideration.

PART IV

Final provisions

Article 58

1. This Convention shall be open to signature by the member States represented on the Committee of Ministers of the Council of Europe. It shall be subject to ratification or acceptance. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification or acceptance.

3. In respect of a signatory State ratifying or accepting subsequently, the Convention shall come into force three months after the date of the deposit of its instrument of ratification or acceptance.

Article 59

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any non-member State to accede thereto, provided that the resolution containing such invitation receives the unanimous agreement of the members of the Council who have ratified the Convention.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect three months after the date of its deposit.

60. gr.

1. Sérhvert samningsríki getur við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu eða aðild tilgreint það eða þau landssvæði sem samningurinn skal gilda um.

2. Sérhvert samningsríki getur, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu eða aðild eða síðar, fært gildi samnings þessa út til annars landsvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni og það ríki annast alþjóðasamskipti fyrir eða hefur umboð til að skuldbinda.

3. Sérhverja yfirlýsingu skv. 2. mgr. má afturkalla, hvað varðar sérhvert landssvæði sem þar er nefnt, eftir þeim reglum sem greinir í 66. gr. samnings þessa.

Article 60

1. Any Contracting State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any Contracting State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession or at any later date by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Convention to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorized to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, inrespect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 66 of this Convention.

61. gr.

1. Sérhvert samningsríki getur, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu eða aðild, lýst því yfir að það geri einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem fjallað er um í viðauka I við samning þennan.

2. Sérhvert samningsríki getur, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, afturkallað að hluta eða að öllu leyti fyrirvara sem það hefur gert skv. 1. mgr. og skal yfirlýsingin öðlast gildi á móttökudegi.

3. Samningsríki, sem gert hefur fyrirvara við ákvæði samnings þessa, getur ekki krafist þess að annað samningsríki beiti því ákvæði en ef fyrirvari þess er gerður að hluta eða bundinn skilyrði getur það þó krafist þess að ákvæðinu verði beitt að svo miklu leyti sem það hefur samþykkt það sjálft.

Article 61

1. Any Contracting State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession, declare that it avails itself of one or more of the reservations provided for in Appendix I to this Convention.

2. Any Contracting State may wholly or partly withdraw a reservation it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

3. A Contracting State which has made a reservation in respect of any provision of this Convention may not claim the application of that provision by any other State; it may, however, it its reservation is partial or conditional, claim the application of that provision in so far as it has itself accepted it.

62. gr.

1. Sérhvert samningsríki getur hvenær sem er, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, tilgreint lagaákvæði sem tekin skulu upp í viðauka II eða III við samning þennan.

2. Tilkynna skal aðalframkvæmdastjóra Evrópráðsins um allar breytingar á ákvæðum landslaga, sem tilgreind eru í viðauka II eða III, ef slíkar breytingar valda því að upplýsingar í þessum viðaukum verða rangar.

3. Allar breytingar, sem gerðar eru á viðauka II eða III skv. 1. og 2. mgr., skulu öðlast gildi í hverju

Article 62

1. Any Contracting State may at any time, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, set out the legal provisions to be included in Appendices II or III to this Convention.

2. Any change of the national provisions listed in Appendices II or III shall be notified to the Secretary General of the Council of Europe if such a change renders the information in these Appendices incorrect.

3. Any changes made in Appendices II or III in application of the preceding paragraphs shall take

samningsríki einum mánuði eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins hefur tilkynnt um þær.

63. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu eða aðild, veita aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins nauðsynlegar upplýsingar, vegna beitingar samnings þessa, um viðurlög sem beitt er í því ríki og um fullnustu þeirra.

2. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins skal einnig tilkynnt um allar síðari breytingar sem valda því að upplýsingar, sem veittar eru skv. 1. mgr., verða rangar.

64. gr.

1. Samningur þessi hefur hvorki áhrif á réttindi eða skuldbindingar, samkvæmt framsalssamningum eða marghliða alþjóðasamningum um sérstök málefni, né á ákvæði í öðrum gildum samningum milli samningsríkjanna sem varða málefni sem samningur þessi fjallar um.

2. Samningsríkin mega ekki gera tvíhliða eða marghliða samkomulag sín á milli, um málefni sem samningur þessi fjallar um, nema til að bæta við ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

3. Hafi tvö eða fleiri samningsríki þó þegar komið festu á samskipti sín á þessu sviði á grundvelli samræmdrar löggjafar, eða komið á sérstakri skipan sín á milli, eða geri þau það síðar er þeim þrátt fyrir ákvæði samnings þessa heimilt að haga þessum samskiptum í samræmi við það.

4. Samningsríki, sem hætta beitingu ákvæða samning þessa í gagnkvæmum samskiptum sínum á þessu sviði, skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

65. gr.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd samnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda, sem upp kann að koma, vegna framkvæmdar hans.

effect in each Contracting State one month after the date of their notification by the Secretary General of the Council of Europe.

Article 63

1. Each Contracting State shall, at the time of depositing its instrument of ratification, acceptance or accession supply the Secretary General of the Council of Europe with relevant information on the sanctions applicable in that State and their enforcement, for the purposes of the application of this Convention.

2. Any subsequent change which renders the information supplied in accordance with the previous paragraph incorrect, shall also be notified to the Secretary General of the Council of Europe.

Article 64

1. This Convention affects neither the rights and the undertakings derived from extradition treaties and international multilateral Conventions concerning special matters, nor provisions concerning matters which are dealt with in the present Convention and which are contained in other existing Conventions between Contracting States.

2. The Contracting States may not conclude bilateral or multilateral agreements with one another on the matters dealt with in this Convention, except in order to supplement its provisions or facilitate application of the principles embodied in it.

3. Should two or more Contracting States, however, have already established their relations in this matter on the basis of uniform legislation, or instituted a special system of their own, or should they in future do so, they shall be entitled to regulate those relations accordingly, notwithstanding the terms of this Convention.

4. Contracting States ceasing to apply the terms of this Convention to their mutual relations in this matter shall notify the Secretary General of the Council of Europe to that effect.

Article 65

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Convention and shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

66. gr.

1. Samningur þessi gildir ótímabundið.

2. Sérhvert samningsríki má fyrir sitt leyti segja upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn skal öðlast gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur móttekið slíka tilkynningu.

67. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna þeim aðildarríkjum, sem eiga fulltrúa í ráðherranefnd ráðsins, og sérhverju ríki, sem gerst hefur aðili að samningi þessum, um:

a) sérhverja undirritun,

b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu og aðild,

c) sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 58. gr. hans,

d) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 2. mgr. 19. gr.,

e) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 4. mgr. 44. gr.,

f) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 60. gr.,

g) sérhvern fyrirvara sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. og afturköllun slíks fyrirvara,

h) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 1. mgr. 62. gr. og sérhverja síðari tilkynningu sem berst skv. 2. mgr. þeirrar greinar,

i) allar upplýsingar sem berast skv. 1. mgr. 63. gr. og allar síðari tilkynningar sem berast skv. 2. mgr. þeirrar greinar,

j) sérhverja tilkynningu varðandi tvíhliða eða marghliða samkomulag sem gert er skv. 2. mgr. 64. gr. eða varðandi setningu samræmdrar löggjafar skv. 3. mgr. 64. gr.,

k) sérhverja tilkynningu sem berst skv. 66. gr. og um dag þann er uppsögn öðlast gildi.

68. gr.

Samningur þessi, svo og yfirlýsingar og tilkynningar samkvæmt honum, skulu aðeins gilda um fullnustu ákvarðana sem teknar eru eftir að samningur þessi öðlast gildi milli þeirra samningsríkja sem eiga í hlut.

Article 66

1. This Convention shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting State may, insofar as it is concerned, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 67

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States represented on the Committee of Ministers of the Council, and any State that has acceded to this Convention, of:

(a) any signature;

(b) any deposit of an instrument of ratification, acceptance or accession;

(c) any date of entry into force of this Convention in accordance with Article 58 thereof;

(d) any declaration received in pursuance of Article 19, paragraph 2;

(e) any declaration received in pursuance of Article 44, paragraph 4;

(f) any declaration received in pursuance of Article 60;

(g) any reservation made in pursuance of the provisions of Article 61, paragraph 1, and the withdrawal of such reservation;

(h) any declaration received in pursuance of Article 62, paragraph 1, and any subsequent notification received in pursuance of that Article, paragraph 2;

(i) any information received in pursuance of Article 63, paragraph 1, and any subsequent notification received in pursuance of that Article, paragraph 2;

(j) any notification concerning the bilateral or multilateral agreements concluded in pursuance of Article 64, paragraph 2, or concerning uniform legislation introduced in pursuance of Article 64, paragraph 3;

(k) any notification received in pursuance of Article 66, and the date on which denunciation takes effect.

Article 68

This Convention and the declarations and notifications authorized thereunder shall apply only to the enforcement of decisions rendered after the entry into force of the Convention between the Contracting States concerned.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 28. maí 1970 á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til hvers þeirra ríkja sem undirrita samninginn eða gerast aðilar að honum.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at The Hague, this 28th day of May 1970 in English and French, both texts being equally authoritative in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

VIÐAUKI I

Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir að það áskilji sér rétt til að:

a) neita um fullnustu telji það refsiákvörðun til komna vegna afbrots er varðar skatta eða afbrots sem er trúarlegs eðlis,

b) neita um fullnustu viðurlaga fyrir verknað sem einungis hefði borið undir stjórnvald samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

c) neita um fullnustu evrópsks refsidóms sem yfirvöld þess ríkis, sem biður um fullnustu, kváðu upp á tímamarki er málsmeðferð vegna verknaðarins, sem refsað var fyrir í dómnum, hefði ekki getað farið fram samkvæmt landslögum þess vegna fyrningar,

d) neita um fullnustu útivistardóma eða „ordonnance pénales", eða aðeins annarrar tegundar þessara ákvarðana,

e) beita ekki ákvæðum 8. gr. í tilvikum þar sem það ríki hefur upphaflega lögsögu í máli, og að telja þá aðeins þær ráðstafanir er fresta eða slíta fyrningu jafngildar sem þegar hafa verið gerðar í því ríki sem biður um fullnustu,

f) að viðurkenna aðeins beitingu annars hvors hinna tveggja kafla III. hluta.

APPENDIX I

Each Contracting State may declare that it reserves the right:

(a) to refuse enforcement, if it considers that the sentence relates to a fiscal or religious offence;

(b) to refuse enforcement of a sanction for an act which according to the law of the requested State could have been dealt with only by an administrative authority;

(c) to refuse enforcement of a European criminal judgment which the authorities of the requesting State rendered on a date when, under its own law, the criminal proceedings in respect of the offence punished by the judgment would have been precluded by the lapse of time;

(d) to refuse the enforcement of sanctions rendered in absentia and „ordonnances pénales" or of one of these categories of decisions only;

(e) to refuse the application of the provisions of Article 8 where this State has an original competence and to recognize in these cases only the equivalence of acts interrupting or suspending time limitation which have been accomplished in the requesting State;

(f) to accept the application of Part III in respect of one of its two sections only.

VIÐAUKI II

Skrá um afbrot sem ekki er fjallað um í refsilögum.

Eftirtalin afbrot skulu lögð að jöfnu við afbrot samkvæmt refsilögum:

– Í Frakklandi: Öll ólögmæt háttsemi sem refsað er með „contravention de grande voirie".

– Í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: Öll ólögmæt háttsemi, sem með er farið að reglum laga um reglugerðabrot (Gesetz über Ordnungswidrigkeiten) frá 24. maí 1968 (BGBL 1968, I 481).

– Á Ítalíu: Öll ólögmæt háttsemi sem lög nr. 317 frá 3. mars 1967 gilda um.

APPENDIX II

List of offences other than offences dealt with under criminal law

The following offences shall be assimilated to offences under criminal law:

– in France: Any unlawful behaviour sanctioned by a „contravention de grande voirie".

– in the Federal Republic of Germany: Any unlawful behaviour dealt with according to the procedure laid down in Act on violations of Regulations (Gesetz über Ordnungswidrigkeiten) of 24 May 1968 (BGBL 1968, I 481).

– in Italy: Any unlawful behaviour to which is applicable Act No. 317 of 3 March 1967.

VIÐAUKI III

Skrá um „ordonnances pénales".

Austurríki
Strafverfügung (460. - 62. gr. laga um réttarfar í sakamálum).

Danmörk
Bødeforelæg eða Udenretlig bødevedtagelse (931. gr. réttarfarslaga).

Frakkland
1. Amende de Composition (524. - 528. gr. laga um réttarfar í sakamálum, sbr. gr. R 42 - R 50).

2. Ordonnance pénale sem aðeins er framkvæmd í héruðunum Bas-Rhin, Haut-Rhin og Moselle.

Sambandslýðveldið Þýskaland
1. Strafbefehl (407. - 412. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Strafverfügung (413. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
3. Bussgeldbescheid (65. - 66. gr. laga frá 24. maí 1968 -BGBL 1968 I, 481).

Ítalía
1. Decreto penale (506. - 510. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Decreto penale í skattamálum (lög nr. 4. frá 7. janúar 1929).
3. Decreto penale í siglingamálum (1242. - 1243. gr. siglingalaga).
4. Ákvörðun samkvæmt lögum nr. 317 frá 3. mars 1967.

Luxembourg
1. Ordonnance pénale (lög frá 31. júlí 1924 um tilhögun „ordonnances pénales").
2. Ordonnance pénale (16. gr. laga frá 14. febrúar 1955 um umferð á þjóðvegum).

Noregur
1. Forelegg (287. - 290. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Forenklet forelegg (31. gr. B umferðarlaga frá 18. júní 1965).

APPENDIX III

List of "Ordonnances Pénales"

Austria
Strafverfügung (Articles 460-62 of the Code of Criminal Procedure).

Denmark
Bødeforelæg or Udenretlig bødevedtagelse (Article 931 of the Administration of Justice Act).

France
1. Amende de Composition (Articles 524-528 of the Code of Criminal Procedure supplemented by Articles R 42 - R 50).
2. "Ordonnances pénale" which is only applied in the Departments of Bas-Rhin, Haut-Rhin and Moselle.

Federal Republic of Germany
1. Strafbefehl (Articles 407-412 of the Code of Criminal Procedure).
2. Strafverfügung (Article 413 of the Code of Criminal Procedure).
3. Bussgeldbescheid (Articles 65-66 of Act of 24 May 1968 - BGBL 1968, I 481).

Italy
1. Decreto penale (Articles 506-10 of the Code of Criminal Procedure).
2. Decreto penale in fiscal matters (Act of 7 January 1929, No. 4).
3. Decreto penale in navigational matters (Articles 1242-43 of the Code of Navigation).
4. Decision rendered in pursuance of Act No. 317 of 3 March 1967.

Luxembourg
1. Ordonnance pénale (Act of 31 July 1924 on the organisation of „ordonnances pénales").
2. Ordonnance pénale (Article 16 of Act of 14 February 1955 on the Traffic on Public Highways).

Norway
1. Forelegg (Articles 287-290 of the Act on Judicial Procedure in Penal Cases).
2. Forenklet forelegg (Article 31 B of Traffic Code of 18 June 1965).

Svíþjóð

1. Strafföreläggande (48. kafli réttarfarslaga).

2. Föreläggande av ordningsbot (48. kafli réttarfarslaga).

Sviss

1. Strafbefehl (Aargau, Basel(hérað), Basel(borg), Schaffhausen, Schwyz, Uri, Zug, Zurich). Ordonnance pénale (Fribourg, Valais).
2. Strafantrag (Neðri-Unterwalden).
3. Strafbescheid (St. Gallen).
4. Strafmandat (Bern, Graubünden, Solothurn, Efri-Unterwalden).
5. Strafverfügung (Appenzell Ytri-Rhoden, Glarus, Schaffhausen, Thurgau).
6. Abwandlungserkenntnis (Lucerne).
7. Bussenentscheid (Appenzell Innri-Rhoden).
8. Ordonnance de condamnation (Vaud).
9. Mandat de répression (Nauchâtel).
10. Avis de contravention (Genf, Vaud).
11. Prononcé préfectoral (Vaud).
12. Prononcé de contravention (Valais).
13. Decreto di accusa (Ticino).

Tyrkland

Ceza Kararnamesi (386-91. gr. laga um réttarfar í sakamálum), og allar aðrar ákvarðanir þar sem stjórnvöld ákvarða viðurlög.

Sweden

1. Strafföreläggande (Chapter 48 of the Code of Procedure).
2. Föreläggande av ordningsbot (Chapter 48 of the Code of Procedure).

Switzerland

1. Strafbefehl (Aargau, Bâle-Country, Bâle-Town, Schaffhausen, Schwyz, Uri, Zug, Zurich). Ordonnance Pénale (Fribourg, Valais).
2. Strafantrag (Lower Unterwalden).
3. Strafbescheid (St. Gallen).
4. Strafmandat (Bern, Graubünden, Solothurn, Upper Unterwalden).
5. Strafverfügung (Appenzell Outer Rhoden, Glarus, Schaffhausen, Thurgau).
6. Abwandlungserkenntnis (Lucerne).
7. Bussenentscheid (Appenzell Inner Rhoden).
8. Ordonnance de condamnation (Vaud).
9. Mandat de répression (Neuchâtel).
10. Avis de contravention (Geneva, Vaud).
11. Prononcé préfectoral (Vaud).
12. Prononcé de contravention (Valais).
13. Decreto di accusa (Ticino).

Turkey

Ceza Kararnamesi (Articles 386-91 of the Code of Criminal Procedure) and all other decisions which administrative authorities impose sanctions.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um flutning dæmdra manna

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki, sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess,

sem vilja koma á frekari alþjóðlegri samvinnu á sviði refsiréttar,

sem telja að með slíkri samvinnu skyldi stuðlað að réttlæti og að félagslegri endurhæfingu dæmdra manna,

sem telja að sá tilgangur krefjist þess að útlendingum, sem sviptir eru frelsi vegna afbrots er þeir hafa framið, sé veittur kostur á að afplána refsingu sína innan eigin samfélags, og

sem telja að þessu markmiði verði best náð með því að flytja þá til síns eigin lands,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

a) „refsing" hverja þá hegningu eða aðra ráðstöfun, er hefur frjálsræðissviptingu í för með sér, sem dómstóll ákvarðar tímabundið eða ótímabundið vegna afbrots,

b) „dómur" ákvörðun eða fyrirmæli dómstóls um refsingu,

c) „dómsríki" ríkið þar sem maður sá, er fluttur hefur verið eða flytja má, var dæmdur til refsingar, og

d) „fullnusturíki" ríkið sem flytja má dæmdan mann til, eða ríkið sem maður hefur verið fluttur til, til fullnustu refsingar.

2. gr.
Almennar reglur.

1. Aðilar skuldbinda sig til að viðhafa sem nánasta samvinnu þegar dæmdir menn eru fluttir samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

2. Mann, sem dæmdur hefur verið í landi eins aðila, má flytja til landsvæðis annars aðila samkvæmt ákvæðum samnings þessa til fullnustu þeirrar refsingar sem hann var dæmdur til. Hann má í þessu skyni tjá dómsríkinu eða fullnusturíkinu ósk sína um að verða fluttur samkvæmt samningi þessum.

CONVENTION
on the Transfer of Sentenced Persons

The member States of the Council of Europe and the other States, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members;

Desirous of further developing international co-operation in the field of criminal law;

Considering that such co-operation should further the ends of justice and the social rehabilitation of sentenced persons;

Considering that these objectives require that foreigners who are deprived of their liberty as a result of their commission of a criminal offence should be given the opportunity to serve their sentences within their own society; and

Considering that this aim can best be achieved by having them transferred to their own countries,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Convention:

a. "sentence" means any punishment or measure involving deprivation of liberty ordered by a court for a limited or unlimited period of time on account of a criminal offence;

b. "judgment" means a decision or order of a court imposing a sentence;

c. "sentencing State" means the State in which the sentence was imposed on the person who may be, or has been, transferred;

d. "administering State" means the State to which the sentenced person may be, or has been, transferred in order to serve his sentence.

Article 2
General principles

1. The Parties undertake to afford each other the widest measure of co-operation in respect of the transfer of sentenced persons in accordance with the provisions of this Convention.

2. A person sentenced in the territory of a Party may be transferred to the territory of another Party, in accordance with the provisions of this Convention, in order to serve the sentence imposed on him. To that end, he may express his interest to the sentencing State or to the administering State in being transferred under this Convention.

3. Bæði dómsríkið og fullnusturíkið geta óskað flutnings.

3. gr.
Skilyrði fyrir flutningi.

1. Dæmdan mann má aðeins flytja samkvæmt samningi þessum:

a) ef hann er ríkisborgari fullnusturíkisins,

b) ef dómurinn er endanlegur,

c) ef að minnsta kosti sex mánuðum af refsingu hans er ófullnægt á þeim tíma er beiðni um flutning er móttekin, eða ef refsingin er ótímabundin,

d) ef hann samþykkir flutninginn, eða löglegur fyrirsvarsmaður hans ef annað hvort ríkið telur það nauðsynlegt með hliðsjón af aldri hans eða líkamlegu eða andlegu ástandi hans,

e) ef athafnir þær eða athafnaleysi, sem hann var dæmdur til refsingar fyrir, teljast afbrot samkvæmt lögum fullnusturíkisins, eða teldust afbrot ef þær væru framdar á landssvæði þess, og

f) ef dómsríkið og fullnusturíkið samþykkja flutninginn.

2. Ef sérstaklega stendur á geta aðilar samþykkt flutning enda þótt sá tími sem dómþoli á eftir að afplána sé styttri en um getur í c-lið 1. mgr.

3. Ríki getur við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, tilkynnt að það hyggist gagnvart öðrum aðilum einungis beita annarri hvorri þeirra aðferða sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. 9. gr.

4. Ríki getur hvenær sem er, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, tilkynnt hvernig það fyrir sitt leyti skilgreinir hugtakið „ríkisborgari" að því er samning þennan varðar.

4. gr.
Upplýsingaskylda.

1. Dómsríkið skal skýra hverjum þeim dæmda manni, sem samningur þessi getur tekið til, frá efni hans.

2. Hafi hinn dæmdi tjáð dómsríkinu ósk sína um að verða fluttur samkvæmt samningi þessum skal það tilkynna það fullnusturíkinu eins fljótt og unnt er eftir að dómurinn verður endanlegur.

3. Transfer may be requested by either the sentencing State or the administering State.

Article 3
Conditions for transfer

1. A sentenced person may be transferred under this Convention only on the following conditions:

a. if that person is a national of the administering State;

b. if the judgment is final;

c. if, at the time of receipt of the request for transfer, the sentenced person still has at least six months of the sentence to serve or if the sentence is indeterminate;

d. if the transfer is consented to by the sentenced person or, where in view of his age or his physical or mental condition one of the two States considers it necessary, by the sentenced person's legal representative;

e. if the acts or omissions on account of which the sentence has been imposed constitute a criminal offence according to the law of the administering State or would constitute a criminal offence if committed on its territory; and

f. if the sentencing and administering States agree to the transfer.

2. In exceptional cases, Parties may agree to a transfer even if the time to be served by the sentenced person is less than that specified in paragraph 1.c.

3. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, indicate that it intends to exclude the application of one of the procedures provided in Article 9.1.a and b in its relations with other Parties.

4. Any State may, at any time, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, define, as far as it is concerned, the term "national" for the purposes of this Convention.

Article 4
Obligation to furnish information

1. Any sentenced person to whom this Convention may apply shall be informed by the sentencing State of the substance of this Convention.

2. If the sentenced person has expressed an interest to the sentencing State in being transferred under this Convention, that State shall so inform the administering State as soon as practicable after the judgment becomes final.

3. Í tilkynningunni skal greina:
a) nafn dómþola, fæðingardag hans og fæðingarstað,
b) heimilisfang hans í fullnusturíkinu ef við á,

c) málsatvik þau sem refsingin byggðist á,

d) eðli refsingar og tímalengd og hvenær fullnusta hófst.
4. Hafi dómþoli tjáð fullnusturíkinu ósk sína skal dómsríkið samkvæmt beiðni veita því ríki þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr.

5. Tilkynna skal dómþola skriflega um allar aðgerðir dómsríkisins og fullnusturíkisins, samkvæmt þessari grein, og um hverja þá ákvörðun, sem annað hvort ríkið tekur, varðandi beiðni um flutning.

5. gr.
Beiðnir og svör.

1. Flutningsbeiðni og svar við henni skulu vera skrifleg.
2. Beiðni skal send af dómsmálaráðuneyti þess ríkis, sem flutnings óskar, til dómsmálaráðuneytis þess ríkis sem beiðni er beint til. Svar skal senda sömu boðleið.
3. Aðili getur, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, tilkynnt að hann muni nota aðrar boðleiðir.

4. Ríki það, sem beiðni er beint til, skal þegar tilkynna því ríki, sem flutnings óskar, hvort fallist er á umbeðinn flutning eða ekki.

6. gr.
Fylgiskjöl.

1. Ef dómsríkið fer fram á það skal fullnusturíkið senda því:
a) skjal eða yfirlýsingu þess efnis að dómþoli sé ríkisborgari þess,
b) texta þeirra greina í lögum fullnusturíkisins sem mæla fyrir um að athafnir þær eða athafnaleysi, sem dæmt var til refsingar fyrir í dómsríkinu, teljist afbrot samkvæmt lögum fullnusturíkisins, eða teldust afbrot ef þær væru framdar á landsvæði þess,

c) yfirlýsingu um þau atriði sem um getur í 2. mgr. 9. gr.
2. Sé flutnings óskað skal dómsríkið senda fullnusturíkinu eftirfarandi skjöl nema annað hvort ríkið hafi þegar gefið til kynna að það muni ekki fallast á flutning:

3. The information shall include:
a. the name, date and place of birth of the sentenced person;
b. his address, if any, in the administering State;
c. a statement of the facts upon which the sentence was based;
d. the nature, duration and date of commencement of the sentence.
4. If the sentenced person has expressed his interest to the administering State, the sentencing State shall, on request, communicate to that State the information referred to in paragraph 3 above.
5. The sentenced person shall be informed, in writing, of any action taken by the sentencing State or the administering State under the preceding paragraphs, as well as of any decision taken by either State on a request for transfer.

Article 5
Requests and replies

1. Requests for transfer and replies shall be made in writing.
2. Requests shall be addressed by the Ministry of Justice of the requesting State to the Ministry of Justice of the requested State. Replies shall be communicated through the same channels.
3. Any Party may, be a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, indicate that it will use other channels of communication.
4. The requested State shall promptly inform the requesting State of its decision whether or not to agree to the requested transfer.

Article 6
Supporting documents

1. The administering State, if requested by the sentencing State, shall furnish it with:
a. a document or statement indicating that the sentenced person is a national of that State;
b. a copy of the relevant law of the administering State which provides that the acts or omissions on account of which the sentence has been imposed in the sentencing State constitute a criminal offence according to the law of the administering State, or would constitute a criminal offence if committed on its territory;
c. a statement containing the information mentioned in Article 9.2.
2. If a transfer is requested, the sentencing State shall provide the following documents to the administering State, unless either State has already indicated that it will not agree to the transfer:

a) staðfest afrit dómsins og greinar þeirra laga er hann byggist á,

b) yfirlýsingu um hversu miklum hluta refsitímans hefur þegar verið fullnægt, ásamt upplýsingum um gæsluvarðhald, eftirgjöf refsingar og önnur atriði sem skipta máli varðandi fullnustu refsingarinnar,

c) yfirlýsingu um samþykki til flutningsins skv. d-lið 1. mgr. 3. gr., og

d) þegar við á skýrslur um heilsufar og félagslega hagi dómþola, upplýsingar um meðferð, sem hann hefur gengist undir í dómsríkinu, og tillögur um framhald meðferðar í fullnusturíkinu.

3. Hvort ríkið um sig getur óskað þess að fá í hendur sérhver þau skjöl eða yfirlýsingar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., áður en flutnings er óskað eða ákvörðun tekin um hvort fallist verði á flutning eða ekki.

7. gr.

Samþykki og staðfesting þess.

1. Dómsríkið skal tryggja að maður sá, sem samþykkja á flutning skv. d-lið 1. mgr. 3. gr., geri það af frjálsum vilja og með fullri vitneskju um réttaráhrif þess. Samþykki skal veitt á þann hátt sem lög dómsríkisins mæla fyrir um.

2. Dómsríkið skal fyrir milligöngu ræðismanns eða annars embættismanns, eftir því sem bæði ríkin verða ásátt um, veita fullnusturíkinu kost á að ganga úr skugga um að samþykki sé gefið í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í 1. mgr.

8. gr.

Áhrif flutnings í dómsríkinu.

1. Þegar yfirvöld í fullnusturíkinu taka við dómþola hefur það þau áhrif að fullnusta refsingar frestast í dómsríkinu.

2. Dómsríkið má ekki fullnægja refsingu frekar ef fullnusturíkið telur að henni hafi verið fullnægt.

9. gr.

Áhrif flutnings í fullnusturíkinu.

1. Þar til bær yfirvöld fullnusturíkisins skulu:

a) halda áfram fullnustu refsingar þegar í stað, eða samkvæmt fyrirmælum dómstóls eða

a. a certified copy of the judgment and the law on which it is based;

b. a statement indicating how much of the sentence has already been served, including information on any pre-trial detention, remission, and any other factor relevant to the enforcement of the sentence;

c. a declaration containing the consent to the transfer as referred to in Article 3.1.d; and

d. whenever appropriate, any medical or social reports on the sentenced person, information about his treatment in the sentencing State, and any recommendation for his further treatment in the administering State.

3. Either State may ask to be provided with any of the documents or statements referred to in paragraphs 1 or 21 above before making a request for transfer or taking a decision on whether or not to agree to the transfer.

Article 7

Consent and its verification

1. The sentencing State shall ensure that the person required to give consent to the transfer in accordance with Article 3.1.d does so voluntarily and with full knowledge of the legal consequences thereof. The procedure for giving such consent shall be governed by the law of the sentencing State.

2. The sentencing State shall afford an opportunity to the administering State to verify, through a consul or other official agreed upon with the administering State, that the consent is given in accordance with the conditions set out in paragraph 1 above.

Article 8

Effect of transfer for sentencing State

1. The taking into charge of the sentenced person by the authorities of the administering State shall have the effect of suspending the enforcement of the sentence in the sentencing State.

2. The sentencing State may no longer enforce the sentence if the administering State considers enforcement of the sentence to have been completed.

Article 9

Effect of transfer for administering State

1. The competent authorities of the administering State shall:

a. continue the enforcement of the sentence immediately or through a courtor administrative

stjórnvalds, samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 10. gr., eða

b) breyta refsingu í ákvörðun þess ríkis með dóms- eða stjórnvaldsúrskurði og ákvarða þannig, í stað þeirra viðurlaga sem dæmd voru í dómsríkinu, viðurlög sem mælt er fyrir um í lögum fullnusturíkisins fyrir sama afbrot með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 11. gr.

2. Fullnusturíkið skal, samkvæmt beiðni, upplýsa dómsríkið um hvorri þessara aðferða það hyggst beita áður en flutningur dómþola fer fram.

3. Refsingu skal fullnægt samkvæmt lögum fullnusturíkisins og aðeins það ríki skal bært til að taka allar viðeigandi ákvarðanir.

4. Ríki sem, vegna ákvæða í landslögum, getur ekki beitt annarri hvorri þeirra aðferða, sem í 1. mgr. getur, til að koma fram ráðstöfunum, sem ákveðnar voru á landsvæði annars aðila gagnvart manni sem var úrskurðaður ósakhæfur vegna andlegs ástands, en er reiðubúið að taka við slíkum mönnum til frekari meðferðar getur, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, tilkynnt hvaða málsmeðferð það hyggst beita í slíkum tilvikum.

10. gr.

Framhald fullnustu.

1. Við framhald á fullnustu skal fullnusturíkið bundið af ákvörðun dómsríkisins hvað varðar lagalegt eðli refsingar og tímalengd hennar.

2. Ef refsingin er, að eðli eða tímalengd, ósamrýmanleg lögum fullnusturíkisins, eða ef lög þess krefjast, getur það ríki, með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds, aðlagað viðurlögin að þeirri refsingu eða ráðstöfun sem þess eigin lög mæla fyrir um vegna sambærilegs afbrots. Refsingin eða ráðstöfunin skal svo sem unnt er vera sama eðlis og refsingin eða ráðstöfunin sem fullnægja skal. Hún má ekki að eðli eða tímalengd vera þyngri en þau viðurlög sem ákvörðuð voru í dómsríkinu né fara fram úr því hámarki sem lög fullnusturíkisins kveða á um.

11. gr.

Breyting refsingar.

1. Þegar refsingu er breytt skal fara þannig að sem lög fullnusturíkisins mæla fyrir um. Þegar þar til bær yfirvöld fullnusturíkisins breyta refsingu:

order, under the conditions set out in Article 10, or

b. convert the sentence, through a judicial or administrative procedure, into a decision of that State, thereby substituting for the sanction imposed in the sentencing State a sanction prescribed by the law of the administering State for the same offence, under the conditions set out in Article 11.

2. The administering State, if requested, shall inform the sentencing State before the transfer of the sentenced person as to which of these procedures it will follow.

3. The enforcement of the sentence shall be governed by the law of the administering State and that State alone shall be competent to take all appropriate decisions.

4. Any State which, according to its national law, cannot avail itself of one of the procedures referred to in paragraph 1 to enforce measures imposed in the territory of another Party on persons who for reasons of mental condition have been held not criminally responsible for the commission of the offence, and which is prepared to receive such persons for further treatment may, by way of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, indicate the procedures it will follow in such cases.

Article 10

Continued enforcement

1. In the case of continued enforcement, the administering State shall be bound by the legal nature and duration of the sentence as determined by the sentencing State.

2. If, however, this sentence is by its nature or duration incompatible with the law of the administering State, or its law so requires, that State may, by a court or administrative order, adapt the sanction to the punishment or measure prescribed by its own law for a similar offence. As to its nature, the punishment or measure shall, as far as possible, correspond with that imposed by the sentence to be enforced. It shall not aggravate, by its nature or duration, the sanction imposed in the sentencing State, nor exceed the maximum prescribed by the law of the administering State.

Article 11

Conversion of sentence

1. In the case of conversion of sentence, the procedures provided for by the law of the administering State apply. When converting the sentence, the competent authority:

a) skulu þau bundin af þeim niðurstöðum um málavöxtu sem beint eða óbeint koma fram í dómi þeim sem kveðinn var upp í dómsríkinu,

b) mega þau ekki breyta viðurlögum, er hafa frjálsræðissviptingu í för með sér, í fjárhagsleg viðurlög,

c) skulu þau að fullu láta koma til frádráttar þann tíma, sem þegar er fullnægt með frjálsræðissviptingu dómþola, og

d) skulu þau ekki gera stöðu dómþola verri né vera bundin af ákvæðum um lágmarksviðurlög sem lög fullnusturíkisins kunna að kveða á um vegna afbrots þess eða afbrota sem framin voru.

2. Ef málsmeðferð vegna breytingar á refsingu á sér stað eftir að dómþoli hefur verið fluttur skal fullnusturíkið hafa hann í haldi eða á annan hátt tryggja nærveru hans í fullnusturíkinu meðan beðið er eftir niðurstöðu af meðferð málsins.

12. gr.

Náðun, sakaruppgjöf, mildun refsingar.

Hvor aðili um sig getur náðað hinn dæmda, veitt honum uppgjöf sakar eða mildað refsingu hans samkvæmt stjórnarskrá sinni eða öðrum lögum.

13. gr.

Endurskoðun dóms.

Dómsríkið eitt hefur rétt til að taka ákvörðun um beiðni um endurskoðun dóms.

14. gr.

Stöðvun fullnustu.

Fullnusturíkið skal þegar stöðva fullnustu refsingar er dómsríkið tilkynnir því um ákvörðun eða ráðstöfun sem hefur í för með sér að refsingu verði ekki lengur fullnægt að lögum.

15. gr.

Upplýsingar um fullnustu.

Fullnusturíkið skal veita dómsríkinu upplýsingar um fullnustu refsingar:

a) þegar það telur fullnustu refsingar lokið,

b) ef dómþoli strýkur úr haldi áður en fullnustu refsingar er lokið, og

c) ef dómsríkið óskar sérstakrar skýrslu.

a. shall be bound by the findings as to the facts insofar as they appear explicitly or implicitly from the judgment imposed in the sentencing State;

b. may not convert a sanction involving deprivation of liberty to a pecuniary sanction;

c. shall deduct the full period of deprivation of liberty served by the sentenced person; and

d. shall not aggravate the penal position of the sentenced person, and shall not be bound by any minimum which the law of the administering State may provide for the offence or offences committed.

2. If the conversion procedure takes place after the transfer of the sentenced person, the administering State shall keep that person in custody or otherwise ensure his presence in the administering State pending the outcome of that procedure.

Article 12

Pardon, amnesty, commutation

Each Party may grant pardon, amnesty or commutation of the sentence in accordance with its Constitution or other laws.

Article 13

Review of judgment

The sentencing State alone shall have the right to decide on any application for review of the judgment.

Article 14

Termination of enforcement

The administering State shall terminate enforcement of the sentence as soon as it is informed by the sentencing State of any decision or measure as a result of which the sentence ceases to be enforceable.

Article 15

Information on enforcement

The administering State shall provide information to the sentencing State concerning the enforcement of the sentence:

a. when it considers enforcement of the sentence to have been completed;

b. if the sentenced person has escaped from custody before enforcement of the sentence has been completed; or

c. if the sentencing State requests a special report.

16. gr.

Gegnumflutningur.

1. Aðili skal, í samræmi við lög sín, verða við beiðni um að dæmdur maður verði fluttur um landsvæði hans ef þess er óskað af öðrum aðila og það ríki hefur gert samkomulag við annan aðila eða þriðja ríki um flutning dómþola til eða frá landsvæði sínu.

2. Aðili getur synjað um gegnumflutning:

a) ef dómþoli er ríkisborgari hans, eða

b) ef afbrot það, sem hann var dæmdur fyrir, telst ekki afbrot samkvæmt lögum hans.

3. Beiðnir um gegnumflutning og svör skulu send eftir þeim boðleiðum sem tilgreindar eru í ákvæðum 2. og 3. mgr. 5. gr.

4. Aðili getur orðið við beiðni þriðja ríkis um flutning dæmds manns um landsvæði sitt ef það ríki hefur samið við annan aðila um flutning til eða frá landsvæði sínu.

5. Aðili, sem beðinn er um að heimila gegnumflutning, má aðeins hafa dómþola í haldi þann tíma sem þörf er á vegna flutningsins um landsvæði hans.

6. Fara má þess á leit við aðila, sem beðinn er um að heimila gegnumflutning, að hann veiti tryggingu fyrir því að dómþoli verði hvorki saksóttur eða hann hafður í haldi, umfram það sem í 5. mgr. segir, né frelsi hans á annan hátt skert á landssvæði ríkisins, sem hann er fluttur um, vegna afbrots sem framið hefur verið áður en hann yfirgaf landsvæði dómsríkisins, eða vegna refsingar sem dæmd hefur verið fyrir þann tíma.

7. Beiðni um gegnumflutning er óþörf ef flutningur er loftleiðis yfir landsvæði aðila og ekki er áætluð lending þar. Þó getur ríki við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, farið fram á að skýra beri því frá slíkum gegnumflutningi yfir landsvæði þess.

Article 16

Transit

1. A Party shall, in accordance with its law, grant a request for transit of a sentenced person through its territory if such a request is made by another Party and that State has agreed with another Party or with a third State to the transfer of that person to or from its territory.

2. A Party may refuse to grant transit:

a. if the sentenced person is one of its nationals, or

b. if the offence for which the sentence was imposed is not an offence under its own law.

3. Requests for transit and replies shall be communicated through the channels referred to in the provisions of Article 5.2 and 3.

4. A Party may grant a request for transit of a sentenced person through its territory made by a third State if that State has agreed with another Party to the transfer to or from its territory.

5. The Party requested to grant transit may hold the sentenced person in custody only for such time as transit through its territory requires.

6. The Party requested to grant transit may be asked to give an assurance that the sentenced person will not be prosecuted or, except as provided in the preceding paragraph, detained, or otherwise subjected to any restriction on his liberty in the territory of the transit State for any offence committed or sentence imposed prior to his departure from the territory of the sentencing State.

7. No request for transit shall be required if transport is by air over the territory of a Party and no landing there is scheduled. However, each State may, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe at the time of signature or of deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, require that it be notified of any such transit over its territory.

17. gr.

Tungumál og kostnaður.

1. Upplýsingar skv. 2.–4. mgr. 4. gr. skulu veittar á tungumáli þess aðila, sem þeim er beint til, eða á einu hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins.

2. Með þeirri undantekningu, sem um getur í 3. mgr., er þýðing á beiðni um flutning og fylgiskjölum hennar óþörf.

3. Ríki getur við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild, með yfirlýsingu til aðal-

Article 17

Language and costs

1. Information under Article 4, paragraphs 2 to 4, shall be furnished in the language of the Party to which it is addressed or in one of the official languages of the Council of Europe.

2. Subject to paragraph 3 below, no translation of requests for transfer or of supporting documents shall be required.

3. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by a declara-

framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, farið fram á að beiðni um flutning og fylgiskjölum hennar skuli fylgja þýðing á tungumál þess, á eitthvert hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins, eða á eitt þessara tungumála sem það tilgreinir. Við það tækifæri getur það lýst samþykki sínu við því að tekið sé við þýðingum á eitthvert annað tungumál, auk opinbers tungumáls eða tungumála Evrópuráðsins.

4. Skjöl, sem send eru vegna framkvæmdar samnings þessa, þarf ekki að staðfesta, umfram það sem tilgeint er í a-lið 2. mgr. 6. gr.

5. Allur kostnaður, sem á fellur vegna framkvæmdar samnings þessa, skal greiddur af fullnusturíkinu nema sá kostnaður sem á fellur einvörðungu á landsvæði dómsríkisins.

18. gr.

Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins, og af hálfu þeirra ríkja sem ekki eiga aðild en hafa tekið þátt í undurbúningi hans. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu. Skjöl um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þrjú aðildarríki Evróðuráðsins hafa lýst yfir samþykki sínu til að verða bundin samningnum í samræmi við ákvæði 1. mgr.

3. Gagnvart ríki sem undirritar samning þennan, en lýsir síðar yfir samþykki sínu til að verða bundið ákvæðum hans, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er skjal um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu er afhent.

19. gr.

Aðild ríkja sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsríkin, boðið ríki, sem ekki á aðild að ráðinu og ekki er tilgreint í 1. mgr. 18. gr., aðild að samningnum. Skal það gert með meirihlutaákvörðun skv. d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða samþykki fulltrúa þeirra samningsríkja sem rétt eiga til setu í nefndinni.

tion addressed to the Secretary General of the Council of Europe, require that requests for transfer and supporting documents be accompanied by a translation into its own language or into one of the official languages of the Council of Europe or into such one of these languages as it shall indicate. It may on that occasion declare its readiness to accept translations in any other language in addition to the official language or languages of the Council of Europe.

4. Except as provided in Article 6.2.a, documents transmitted in application of this Convention need not be certified.

5. Any costs incurred in the application of this Convention shall be borne by the administering State, except costs incurred exclusively in the territory of the sentencing State.

Article 18

Signature and entry into force

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and non-member States which have participated in its elaboration. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which three member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1.

3. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 19

Accession by non-member States

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting the Contracting States, may invite any State not a member of the Council and not mentioned in Article 18.1 to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for in Article 20.d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee.

2. Gagnvart ríki, sem þannig öðlast aðild að samningnum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

20. gr.

Landssvæði er samningurinn tekur til.

1. Við undirritun samnings þessa, eða þegar skjal um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild er afhent, getur ríki tilgreint það landsvæði eða þau sem samningurinn skal taka til.

2. Ríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til annars landsvæðis sem er nánar skilgreint í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans, afturkalla með tilliti til hvaða landsvæðis sem er sem tilgreint hefur verið í slíkri yfirlýsingu. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

21. gr.

Gildistími.

Samningi þessum skal beitt um fullnustu refsinga hvort sem þær hafa verið dæmdar fyrir eða eftir gildistöku hans.

22. gr.

Tengsl við aðra samninga og samþykktir.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á réttindi og skuldbindingar sem leiðir af framsalssamningum eða öðrum samningum um alþjóðlega samvinnu í sakamálum sem kveða á um flutning manna, sem eru í haldi, til yfirheyrslu eða samprófunar.

2. Hafi tveir eða fleiri aðilar þegar komist að samkomulagi eða gert með sér samning um flutning dæmdra manna eða á annan hátt ákveðið fyrirkomulag á samskiptum sín á milli að þessu leyti, eða geri þau það síðar, skulu þau eiga rétt á að beita því samkomulagi, þeim samningi eða því fyrirkomulagi í stað samnings þessa.

3. Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt ríkja, sem aðilar eru að Evrópusamningi um alþjóðlegt

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 20

Territorial application

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 21

Temporal application

This Convention shall be applicable to the enforcement of sentences imposed either before or after its entry into force.

Article 22

Relationship to other Conventions and Agreements

1. This Convention does not affect the rights and undertakings derived from extradition treaties and other treaties on international co-operation in criminal matters providing for the transfer of detained persons for purposes of confrontation or testimony.

2. If two or more Parties have already concluded an agreement or treaty on the transfer of sentenced persons or otherwise have established their relations in this matter, or should they in future do so, they shall be entitled to apply that agreement or treaty to regulate those relations accordingly, in lieu of the present Convention.

3. The present Convention does not affect the right of States party to the European Convention

gildi refsidóma, til að gera með sér tvíhliða eða marghliða samninga um þau efni sem í þeim samningi greinir í því skyni að auka við ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

4. Ef bæði samningur þessi og Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma, eða annað samkomulag eða samningur um flutning dæmdra manna, taka til beiðni um flutning skal ríki það sem um flutning biður, þegar beiðni er lögð fram, tilgreina samninginn sem hún er byggð á.

23. gr.

Vinsamleg lausn ágreiningsefna.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd samnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er upp kann að koma við framkvæmd hans.

24. gr.

Uppsögn.

1. Aðili getur hvenær sem er, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sagt upp samningi þessum.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

3. Samningur þessi skal þó áfram gilda um fullnustu refsinga þeirra manna sem fluttir hafa verið samkvæmt ákvæðum hans fyrir gildistökudag uppsagnar.

25. gr.

Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum þess, ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í undirbúningi samnings þessa, og hverju ríki sem gerst hefur aðili að honum, um:

a) hverja undirritun,

b) afhendingu hvers fullgildingar-, viðurkenningar-, staðfestingar- eða aðildarskjals,

c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 2. og 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., og 2. og 3. mgr. 20. gr.,

on the International Validity of Criminal Judgments to conclude bilateral or multilateral agreements with one another on matters dealt with in that Convention in order to supplement its provisions or facilitate the application of the principles embodied in it.

4. If a request for transfer falls within the scope of both the present Convention and the European Convention on the International Validity of Criminal Judgments or another agreement or treaty on the transfer of sentenced persons, the requesting State shall, when making the request, indicate on the basis of which instrument it is made.

Article 23

Friendly settlement

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Convention and shall do whatever is necessary to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its application.

Article 24

Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

3. The present Convention shall, however, continue to apply to the enforcement of sentences of persons who have been transferred in conformity with the provisions of the Convention before the date on which such a denunciation takes effect.

Article 25

Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention and any State which has acceded to this Convention of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 18.2 and 3, 19.2 and 20.2 and 3;

d) sérhverja aðra aðgerð, yfirlýsingu, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 21. mars 1983, á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit hans til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins, til þeirra ríkja sem ekki eru aðilar að ráðinu en hafa takið þátt í undirbúningi samnings þessa, og til hvers ríkis sem boðin er aðild að honum.

d. any other act, declaration, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 21st day of March 1983, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member State which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to it.

896. Frumvarp til laga [538. mál]

um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag sem tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

2. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr., 2. tölul. 1. mgr. 115 gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum. Skal ríkissjóði heimilt að eiga öll hlutabréf í félagi við stofnun þess.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Fjármálaráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins og fer með eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs að öllu leyti eða að hluta. Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýtt hlutafélag yfirtekur eignir og rekstur Lyfjaverslunar ríkisins 1. júlí 1993.

Eftirfarandi breytingar á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með áorðnum breytingum, taka gildi 1. júlí 1993:

a. Við 8. mgr. 3. gr.: Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: lyfjaframleiðslufyrirtækjum.
b. Við síðustu málsgrein 36. gr.: Í stað „Lyfjaverslun ríkisins“ kemur: Lyfjaheildsölum.
c. 38. gr. fellur niður.
d. 42. gr.–46. gr. falla niður.
e. 52. gr.–53. gr. falla niður.

Þann 1. júlí 1993 fellur úr gildi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag og er jafnframt aflað heimildar fyrir sölu hlutabréfa í félaginu.

Fjármálaráðherra skipaði 18. ágúst 1991 starfshóp til að vinna að einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins. Í honum áttu sæti Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri, formaður, Grímur Sæmundsen læknir, Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður og Þór Sigþórsson, forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins. Jón Ragnar Blöndal, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, var ritari hópsins.

Niðurstaða starfshópsins var að breyta ætti Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag sem síðan yrði selt. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er í samræmi við niðurstöður nefndarinnar.

Á innlendum lyfjamarkaði eru nú starfandi nokkur fyrirtæki bæði á sviði framleiðslu og lyfjadreifingar sem Lyfjaverslun ríkisins starfar í samkeppni við. Þá er ekki lengur talin ástæða fyrir beinum ríkisrekstri á þessu sviði. Bendir ýmislegt til þess að einkavæðing fyrirtækisins gæti orðið til góðs fyrir ríkissjóð, fyrir rekstrareininguna sem slíka og lyfjamarkaðinn í heild.

Lyfjaverslun ríkisins var stofnuð sem starfseining innan Áfengisverslunar ríkisins árið 1921 og var rekin þannig allt fram til ársins 1986 að fjárhagur og skrifstofuhald var aðskilið að fullu frá ÁTVR. Í upphafi var starfsemi fyrirtækisins einkum fólgin í sameiginlegum innkaupum á lyfjum og sjúkragögnum fyrir sjúkrahús og lyfjabúðir. Umsvif voru lítil framan af, aðallega sótthreinsunarefni, áfengislyf, hjúkrunarvörur og efni til ónæmisaðgerða. Upp úr lokum seinni heimsstyrjaldar jókst reksturinn verulega, sérstaklega eftir að keyptar voru miklar birgðir af lyfjum, hjúkrunarvörum og margvíslegum áhöldum til lækninga frá bandaríska hernum.

Árið 1947 hóf Lyfjaverslunin eigin framleiðslu á töflum og um 1950 framleiðslu á stungulyfjum. Haustið 1954 hófst framleiðsla á dreypilyfjum og hefur hún nær alfarið uppfyllt þörf sjúkrahúsa fyrir þessi lyf.

Reksturinn hefur breyst mikið frá stofnun Lyfjaverslunar ríkisins, auk þess sem mikil breyting hefur orðið á íslenska lyfjamarkaðinum. Nú eru starfandi allmörg lyfjainnflutningsfyrirtæki á Íslandi og er starfsemi þeirra mjög áþekk starfsemi Lyfjaverslunarinnar hvað þann þátt varðar. Til skamms tíma voru einungis tvö lyfjaframleiðslufyrirtæki á Íslandi, en nýlega bættist hið þriðja í hópinn.

Tækjabúnaður Lyfjaverslunarinnar til lyfjaframleiðslu hefur verið endurnýjaður eftir föngum á undanförnum árum. Dreypilyfjadeildin var endurnýjuð á árinu 1988. Nú stendur fyrir dyrum að endurnýja framleiðsludeildir svo þær standist nýja staðla um góða framleiðsluhætti. Á undanförnum árum hefur Lyfjaverslunin tekið að sér umboðsstörf fyrir erlenda framleiðendur. Einnig hefur fyrirtækið gert samninga um innflutning og dreifingu lyfja fyrir ýmsa innlenda umboðsmenn og með því stóraukið hlutdeild sína á lyfjamarkaðnum.

Starfsemi fyrirtækisins skiptist í þrjá megin þætti: framleiðslu, lyfjadreifingu og þjónustu við opinbera aðila. Veltan nam um 726 m.kr. á árinu 1991, 691 m.kr. á árinu 1990 og 533 m.kr. á árinu 1989. Árið 1992 var veltan um 800 m.kr.

Skipting sölu árið 1991 var í grófum dráttum þessi:

	m.kr.
Eigin framleiðsla	190
Lyfjainnflutningur	355
Efna- og rannsóknavörur	57
Bóluefni	58
Hjúkrunarvörur	66
Samtals	**726**

Hjá Lyfjaverslun ríkisins starfa 60 manns, þar af 35 við framleiðslu og 25 við innflutning, sölu, birgðahald og stjórnun. Framleiðsludeildir og skrifstofur eru á þremur hæðum húss ríkisins í Borgartúni 6 og birgðahald í Borgartúni 7. Birgðageymslur eru að auki leigðar til bráðabirgða í Tollstöðvarhúsinu.

Síðustu ár hefur hagnaður af rekstri Lyfjaverslunar verið eins og hér segir (á verðlagi hvers árs):

	m.kr.
Árið 1991	51,4
Árið 1990	97,1
Árið 1989	21,6

Þá nam bókfært eigið fé í árslok 1991 samtals 299,3 m.kr. Uppgjör ársins 1992 liggur ekki fyrir.

Í núgildandi lögum um Lyfjaverslun ríkisins, nr. 76/1982, er að finna nokkur ákvæði er veita fyrirtækinu sérstöðu. Gert er ráð fyrir að öll þessi ákvæði verði felld niður þannig að fyrirtækið muni framvegis sitja við sama borð og önnur. Hér er aðallega um eftirtalin ákvæði að ræða:

1. Í 38. gr. laganna er ákvæði um að einungis Lyfjaverslun ríkisins sé heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni, en sala þessara efna nam um 58 m.kr. á árinu 1991. Gert er ráð fyrir að öðrum lyfjaheildsölum verði framvegis einnig heimilt að flytja inn þessar vörur. Heilbrigðisyfirvöld geta einnig boðið þessa starfsemi út ef hagkvæmt þykir.
2. Í 38. gr. laganna er einnig ákvæði um að umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda sé skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanna á kostnaðarverði. Þetta ákvæði hefur verið óvirkt og verður fellt niður.
3. Í 42. gr. eru lagðar skyldur á Lyfjaverslun ríkisins að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraða og aðrar opinberar heilbrigðisstofnanir. Sjúkrastofnunum ber hins vegar engin skylda til að kaupa inn þessar vörur frá fyrirtækinu, að bóluefnum undanskildum, og hafa þær því haft frjálst val um hvert þær beina viðskiptum. Því er eðlilegt að fella ákvæðið niður.

4. Í 43. gr. laganna segir að Lyfjaverslunin annist framleiðslu lyfja og birgðahald fyrir Almannavarnir. Þetta ákvæði er fellt niður þar sem ekki verða gerðar frekari kröfur til hins nýja hlutafélags en annarra fyrirtækja í greininni.
5. Í 52. gr. laganna segir að starfrækja skuli sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar og sjúkrahúsapóteka til að leita samræmingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, hjúkrunar- og sjúkragagna. Þar sem sjúkrahúsapótekin hafa sjálf annast lyfjainnkaup sín hefur þessi nefnd ekki verið starfrækt. Ákvæðið er því fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér heimild til stofnunar hlutafélags sem taki við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Félaginu er veitt undanþága frá almennum ákvæðum hlutafélagalaga um fjölda stofnenda og fjölda hluthafa. Að öðru leyti skulu almenn ákvæði hlutafélagalaga gilda um fyrirtækið.

Um 3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar munu eiga rétt á sambærilegu starfi hjá hinu nýja hlutafélagi við stofnun þess. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, (biðlaun), á því ekki við um þessa starfsmenn. Stærsti hluti starfsmanna Lyfjaverslunar er nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óskert. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum viðkomandi kjarasamninga.

Um 4. gr.

Fjármálaráðherra mun fara með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Heimilt er fjármálaráðherra að selja hlutabréf ríkissjóðs í félaginu að öllu leyti eða hluta. Við sölu hlutabréfanna skal þess gætt að tryggð verði áframhaldandi samkeppni á sviði lyfjadreifingar og framleiðslu lyfja. Hagsmunir ríkisins eru miklir í þessu efni þar sem ríkissjóður greiðir í raun langstærstan hluta lyfjakostnaðar landsmanna, eða tæplega 70%, með endurgreiðslum í gegnum tryggingakerfið og greiðslu lyfjakostnaðar á sjúkrahúsum.

Um 5. gr.

Núgildandi ákvæði um starfsemi Lyfjaverslunar er að finna í lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Í þessari grein eru ákvæði er snerta starfsemi fyrirtækisins felld niður eða þeim ákvæðum breytt í almenn ákvæði er eiga jafnt við um öll lyfjafyrirtæki. Einnig er í lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, að finna ákvæði um innkaup Lyfjaverslunarinnar á bóluefnum til ónæmisaðgerða. Þetta ákvæði er fellt niður. Þessar breytingar eru í fullu samræmi við ákvæði frumvarps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lyfjamál. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Með frumvarpinu er stofnað hlutafélag er tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins. Jafnframt er í frumvarpinu heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

897. Frumvarp til fjáraukalaga [539. mál]

fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1992 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		407 173
Gjöld		-2 491 063
Gjöld umfram tekjur		**-2 898 236**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		272 098
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	-78 283	
— Innheimtar afborganir af veittum lánum	350 381	
Hluta- og stofnfjárframlög		-236 766
Viðskiptareikningar		-1 690 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-4 552 904**
Afborganir af teknum lánum		340 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-4 212 904**
Lántökur		-1 991 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**2 221 904**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1992, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	70 045	
01	Forsætisráðuneyti	14 964	
02	Menntamálaráðuneyti	399 540	
03	Utanríkisráðuneyti	71 441	
04	Landbúnaðarráðuneyti	274 428	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	-306 383	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	123 958	
07	Félagsmálaráðuneyti	183 339	

		Þús. kr.	Þús. kr.
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-55 596	
09	Fjármálaráðuneyti	1 665 566	
10	Samgönguráðuneyti	11 633	
11	Iðnaðarráðuneyti	4 270	
12	Viðskiptaráðuneyti	22 708	
13	Hagstofa Íslands	1 642	
14	Umhverfisráðuneyti	9 508	
	Samtals öll ráðuneyti		2 491 063

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	1 280	
401	Hæstiréttur	137	
520	Opinberar heimsóknir	157	
610	Umboðsmaður Alþingis	931	
	Óhafnar fjárveitingar	-72 550	
	Samtals ráðuneyti		-70 045
01	**Forsætisráðuneyti**		
	Óhafnar fjárveitingar	-14 964	
	Samtals ráðuneyti		-14 964
02	**Menntamálaráðuneyti**		
201	Háskóli Íslands	49 531	
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7 321	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	6 377	
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	317	
232	Rannsóknaráð ríkisins	7	
301	Menntaskólinn í Reykjavík	635	
302	Menntaskólinn á Akureyri	5 306	
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	10 705	
305	Menntaskólinn við Sund	3 183	
306	Menntaskólinn á Ísafirði	3 465	
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	2 156	
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	31 358	
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	1 387	
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 468	
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	1 148	
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	2 937	
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5 639	
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	162	

	Þús. kr.	Þús. kr.
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	1 298	
506 Vélskóli Íslands	10	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 820	
518 Fiskvinnsluskólinn	3 081	
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	2 692	
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	565	
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	80	
571 Sjómannaskólahúsið	1 476	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	291	
752 Öskjuhlíðarskóli	10	
755 Dalbrautarskóli	588	
802 Vernd barna og ungmenna	5 366	
806 Barnaverndarráð Íslands	1 301	
871 Unglingaheimili ríkisins	13 371	
903 Þjóðskjalasafn Íslands	2 269	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 673	
906 Listasafn Einars Jónssonar	245	
907 Listasafn Íslands	317	
909 Blindrabókasafn Íslands	930	
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	7 445	
981 Kvikmyndasjóður	2 566	
989 Ýmis íþróttamál	581	
Óhafnar fjárveitingar	-581 617	
Samtals ráðuneyti		-399 540

03 Utanríkisráðuneyti

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	527	
301 Sendiráð Íslands í Bonn	2 631	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 285	
303 Sendiráð Íslands í London	1 689	
305 Sendiráð Íslands í Ósló	3 036	
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 908	
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	3 315	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 993	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	594	
Óhafnar fjárveitingar	-90 419	
Samtals ráðuneyti		-71 441

	Þús. kr.	Þús. kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti		
202 Hagþjónusta landbúnaðarins	23	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	34	
231 Skógrækt ríkisins	5 941	
235 Landgræðsla ríkisins	216	
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	63	
246 Veiðimálastofnun	28	
289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði	6 154	
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	1 142	
Óhafnar fjárveitingar	-288 029	
Samtals ráðuneyti		-274 428
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
201 Fiskifélag Íslands	600	
202 Hafrannsóknastofnun	342 301	
Óhafnar fjárveitingar	-36 518	
Samtals ráðuneyti		306 383
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
203 Borgardómarinn í Reykjavík	5 251	
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	7 031	
205 Sakadómur Reykjavíkur	7 543	
210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	1 783	
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	36	
212 Héraðsdómur Vesturlands	1 016	
213 Héraðsdómur Vestfjarða	162	
218 Héraðsdómur Reykjaness	566	
231 Málskostnaður í opinberum málum	14 097	
232 Opinber réttaraðstoð	1 714	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	1 153	
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	539	
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	7 576	
390 Ýmis löggæslukostnaður	1 017	
412 Sýslumaðurinn Akranesi	1 747	
414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi	2 176	
420 Sýslumaðurinn Blönduósi	500	
431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli	582	
437 Sýslumaðurinn Kópavogi	1 019	
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	27	
731 Kristnisjóður	54	
Óhafnar fjárveitingar	-179 547	
Samtals ráðuneyti		-123 958

	Þús. kr.	Þús. kr.
07 Félagsmálaráðuneyti		
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	373	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 594	
711 Styrktarfélag vangefinna	300	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	390	
Óhafnar fjárveitingar	-185 996	
Samtals ráðuneyti		-183 339
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
271 Tryggingastofnun ríkisins	453 857	
277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	29 900	
311 Héraðslæknir í Reykjavík	897	
367 Sjúkrahúsið Keflavík	10 001	
396 Lyfjanefnd	140	
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	39	
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	22	
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	26	
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	58	
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	153	
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	187	
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	549	
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	80	
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 524	
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1 781	
603 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 071	
Óhafnar fjárveitingar	-445 689	
Samtals ráðuneyti		55 596
09 Fjármálaráðuneyti		
104 Ríkisfjárhirsla	243	
202 Skattstofan í Reykjavík	1 412	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	529	
212 Skattamál, ýmis útgjöld	3 824	
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 671	
261 Ríkistollstjóri	889	
Óhafnar fjárveitingar	-1 684 134	
Samtals ráðuneyti		-1 665 566

		Þús. kr.	Þús. kr.
10	**Samgönguráðuneyti**		
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 536	
322	Flóabátar og vöruflutningar	100 295	
332	Vitastofnun Íslands	625	
341	Siglingamálastofnun ríkisins	2 527	
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	45	
	Óhafnar fjárveitingar	-116 661	
	Samtals ráðuneyti		-11 633
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	25	
298	Kostnaður vegna samninga við ÍSAL	3 499	
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	8 734	
371	Orkusjóður	484	
	Óhafnar fjárveitingar	-17 012	
	Samtals ráðuneyti		-4 270
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
	Óhafnar fjárveitingar	-22 708	
	Samtals ráðuneyti		-22 708
13	**Hagstofa Íslands**		
	Óhafnar fjárveitingar	-1 642	
	Samtals ráðuneyti		-1 642
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	179	
201	Náttúruverndarráð	4 883	
301	Skipulagsstjóri ríkisins	4 950	
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	2 092	
410	Veðurstofa Íslands	863	
	Óhafnar fjárveitingar	-22 475	
	Samtals ráðuneyti		-9 508

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1992 umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum 1992 og lögum nr. 118/1992, fjáraukalögum fyrir árið 1992.

Frumvarp að fjáraukalögum var lagt fram á Alþingi í október 1992 og með því fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1992 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var hinn 24. febrúar sl. lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál árið 1992 þar sem afkoma ríkissjóðs eftir endanlegt greiðsluuppgjör Ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1992 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Afkoma ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Fjár-aukalög 118/1992 m.kr.	Heimildir alls 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur fjárveitinga og reiknings m.kr.
Tekjur	105.463	-2.423	103.040	103.447	407
Gjöld	109.575	3.524	113.099	110.608	-2.491
Rekstrarafkoma	**-4.112**	**-5.947**	**-10.059**	**-7.161**	**-2.898**
Lánveitingar, nettó	-275	-1.395	-1.670	-15	-1.655
Hrein lánsfjárþörf	**4.387**	**7.342**	**11.729**	**7.176**	**-4.553**
Afborganir af teknum lánum	9.000	-415	8.585	8.925	340
Heildarlánsfjárþörf	**13.387**	**6.927**	**20.314**	**16.101**	**-4.213**
Lántökur alls	13.400	6.950	20.350	18.359	-1.991
Greiðslujöfnuður	**13**	**23**	**36**	**-2.258**	**2.222**

Endanleg rekstrargjöld reyndust þannig vera 2.491 m.kr. lægri en útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Gert er ráð fyrir að þar af verði sótt um flutning óhafinna heimilda til ársins 1993 sem nemur 870 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga 1993. Í skýrslu um ríkisfjármál árið 1992, sem lögð var fyrir Alþingi í febrúar sl., er vikið að höfuðatriðunum í niðurstöðum greiðsluuppgjörs um tekjur, gjöld og lánahreyfingar ríkissjóðs og er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Skýringar við 3. gr. frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 70,0 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 72,5 m.kr. Þar af eru 42,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum sem fluttar eru til næsta árs. Greiðsluafgangur kemur fram hjá þremur öðrum stofnunum en er að mestu felldur niður. Í fyrsta lagi eru felldar niður 8,9 m.kr. af aukafjárveitingu sem Alþingi fékk vegna haustþings en var ekki nýtt á árinu. Í öðru lagi er felld niður ónotuð heimild á ríkisstjórnarlið. Loks er helmingur greiðsluafgangs Ríkisendurskoðunar felldur niður. Hjá fjórum stofnunum eru umframgreiðslur 2,5 m.kr. og er lagt til að þær flytjist milli ára.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 15 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Engin stofnun er umfram heimildir. Óhafin fjárveiting aðalskrifstofu er alls 9 m.kr., þar af eru 4,2 m.kr. vegna viðhalds og er lagt til að hvort tveggja verði flutt til næsta árs. Þá er inneign þjóðgarðsins á Þingvöllum 5,8 m.kr. og skýrist hún aðallega af frestun viðhaldsframkvæmda og flyst milli ára. Gerð er tillaga um að aðrar óhafnar fjárveitingar flytjist milli ára.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 399,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 182,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 581,6 m.kr. Þar af eru 299,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem lagt er til að flytjist milli ára, nema alls 244 m.kr. hjá 64 aðilum. Greiðsluafgangur aðalskrifstofu er 16 m.kr. og háskólastofnana 17 m.kr. og þar vega þyngst lægri gjöld Háskólans á Akureyri, 4,4 m.kr., Kennaraháskólans, 3,3 m.kr., og styrkir til háskóla og rannsóknastarfsemi 6,9 m.kr. Hjá almennum framhaldsskólum og sérskólum eru eftirstöðvar 45 m.kr. Þar af eru 7,3 m.kr. hjá Iðnskólanum í Reykjavík og 4,3 m.kr. hjá Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki. Grunnskólar og sérskólar fatlaðra urðu 135 m.kr. innan heimilda. Af þeirri fjárhæð verða yfirfærðar 96 m.kr. til næsta árs en 39 m.kr. eru felldar niður þar sem greiðslur úr rannsóknasjóði grunnskólakennara voru tvíáætlaðar í fjárlögum. Vegna annarra stofnana menntamálaráðuneytisins eru rekstrarheimildir að fjárhæð 50,3 m.kr. færðar milli ára. Þar vega þyngst framlög til lista, 24,9 m.kr., til Þjóðminjasafns, 10,5 m.kr., og til alþjóðlegra samskipta, 6,9 m.kr. Óhafnar fjárveitingar vegna stofnkostnaðar flytjast milli ára, utan 29,4 m.kr. hjá Þjóðleikhúsinu þar sem uppgjöri framkvæmda vegna fyrsta áfanga er lokið. Stærstu stofnkostnaðarliðir eru 139 m.kr. vegna Þjóðarbókhlöðu og 110 m.kr. vegna bygginga framhaldsskóla. Lagt er til að umframgreiðslur að fjárhæð 162 m.kr. komi til lækkunar fjárheimilda á árinu 1993. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá Háskóla Íslands, 49,5 m.kr., og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, 31,4 m.kr. Umframgreiðslur annarra stofnana eru mun lægri, þær hæstu hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, 10,7 m.kr., Íslenska dansflokknum, 7,4 m.kr., og Tilraunastöðinni á Keldum, 7,3 m.kr. Lagt er til að felldar verði niður umframgreiðslur að fjárhæð 20,0 m.kr. Um er að ræða þrjár stofnanir sem eiga það sameiginlegt að flytjast yfir til félagsmálaráðuneytis frá og með árinu 1993. Þær eru Vistheimilið Torfastöðum með 5,3 m.kr., barnaverndarráð með 1,3 m.kr. og Unglingaheimili ríkisins með 13,4 m.kr. Sveitarfélögum bar að greiða hlutdeild í vistunarkostnaði barna á Torfastöðum og Unglingaheimilinu, en þær greiðslur hafa enn ekki skilað sér og skýrir það að nokkru umframgreiðslur þessara stofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 71,4 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 19 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 90 m.kr. og þar af 3,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Gert er ráð fyrir að 38,7 m.kr. af inneignum verði felldar niður en 32,7 m.kr. bætist við heimildir ársins 1992. Greiðsluafgangur aðalskrifstofu er 23,0 m.kr. og eru 17,9 m.kr. fluttar milli ára. Greiðsluafgangur sendiráða er felldur niður, en hann er einkum vegna hagstæðari gengisþróunar en ætlað var í fjárlögum. Felldar eru niður 12,9 m.kr. sem er hluti fjárveitingar sem veitt var vegna sameigin-

legrar kynningar íslenskra og norskra aðila til að minnast 1000 ára afmælis Vínlandsfundar Leifs Eiríkssonar. Uppgjöri er lokið og fjárþörfin reyndist minni en ætlað var. Einnig eru felldar niður 13,9 m.kr. hjá alþjóðastofnunum þar sem fastaframlag til EFTA reyndist lægra en áætlað var í fjárlögum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 274,4 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 13,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 288 m.kr. Þar af er stofnkostnaður 84,2 m.kr. Lagt er til að 164,4 m.kr. rekstrarfjárveitingar flytjist til næsta árs. Hæsta fjárhæðin, sem flutt er milli ára, er greiðslur vegna búvöruframleiðslu eða 147,6 m.kr. þar sem lokauppgjör á gamla útflutningsbótakerfinu færist til yfirstandandi árs. Rekstrarafgangur annarra fjárlagaliða sem færist milli ára er mun lægri, hæst 8 m.kr. hjá sauðfjárveikivörnum og 4,3 m.kr. hjá yfirdýralækni. Felldur er niður hluti innstæðu sauðfjárveikivarna að fjárhæð 39,4 m.kr. Lagt er til að 9,2 m.kr. stofnkostnaður hjá Jarðeignum ríkisins og Jarðasjóði flytjist til næsta árs en meginhluti inneignar Jarðasjóðs, eða 75 m.kr., falli niður, þar sem ætlað var að mæta þeim útgjöldum með sölu sem ekkert varð af. Umframgreiðslur að fjárhæð 7,4 m.kr. flytjast milli ára, en umframgreiðslur vegna sérstakra greiðslna í landbúnaði að fjárhæð 6,2 m.kr. eru felldar niður þar sem um lögbundinn lið er að ræða.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 306,4 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 342,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 36,5 m.kr. Lagt er til að allar óhafnar fjárveitingar flytjist á milli ára nema 2,2 m.kr. hjá Veiðieftirliti og 3,7 m.kr. sem falla niður af 14,7 m.kr. greiðsluafgangi Fiskistofu þar sem starfsemin fór seinna af stað en áætlað var. Tekjur af sölu veiðileyfa Hagræðingarsjóðs reyndist mun minni á sl. ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum og skýrir það nær alfarið umframgreiðslur ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að eftirstöðvar aflaheimilda seljist á fyrri hluta þessa árs og eru fjárheimildir 1993 lækkaðar um 343 m.kr. vegna þessa.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 124 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 55,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 179,6 m.kr. Þar af eru 59,1 m.kr. vegna stofnkostnaðar og viðhalds sem fluttar eru til næsta árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast milli ára eru 84,7 m.kr. og dreifast á 28 aðila. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá Landhelgisgæslunni 31,5 m.kr. og lögreglustjóraembættinu í Reykjavík 18,5 m.kr. Felldar eru niður inneignir á tveimur fjárlagaliðum, fjárheimild vegna forsetakosninga sem ekki urðu, 11,1 m.kr., og hluti afgangs hjá lögreglustjóraembættinu, 24,6 m.kr. Greiðslur umfram heimildir ársins 1992 lækka fjárheimildir 1993 hjá 14 stofnunum ráðuneytisins um samtals 12,0 m.kr., en felldar eru niður umframgreiðslur að fjárhæð 43,6 m.kr. Nokkrar dómsmálastofnanir voru lagðar niður á sl. ári vegna aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdarvalds og eru umframgreiðslur þeirra felldar niður, en þær nema 22,8 m.kr. Einnig er lagt til að umframgreiðslur málskostnaðar í opinberum málum og opinberrar réttaraðstoðar verði felldar niður, samtals að fjárhæð 15,8 m.kr. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 183,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 186 m.kr. Þar af eru 32,1 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra sem færist milli ára. Óhafnar rekstrarheimildir 17 aðila að fjárhæð 114,6 m.kr. flytjast milli ára. Stærstu fjárhæðirnar eru til málefna fatlaðra, 51,3 m.kr., ýmissa félagsmála, 36,3 m.kr., og Vinnueftirlits ríkisins, 10,5 m.kr. Veitt var aukafjárveiting vegna ríkisábyrgðar á laun sem ekki var nýtt að fullu og eru eftirstöðvarnar felldar niður, alls 39 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 55,6 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 561,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 505,7 m.kr. Þar af eru 113,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem flytjast til þessa árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast til næsta árs eru að fjárhæð 99,3 m.kr. hjá 35 aðilum. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og heilsugæslustöðvar eiga óhafnar heimildir að fjárhæð 39,8 m.kr., sjúkrahúsin í Reykjavík 31,5 m.kr. og aðrir minna. Felldar eru niður rekstrarheimildir að fjárhæð 294,3 m.kr. og munar þar mest um heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs, 228 m.kr., og slysatrygginga, 60 m.kr. Hér er um bundna tilfærsluliði að ræða þar sem almenna reglan er sú að afgangur eða skuld um áramót fellur niður. Umframgreiðslur 13 stofnana að fjárhæð 216,5 m.kr. koma til frádráttar heimildum yfirstandandi árs. Munar þar mest um 200 m.kr. vegna lyfjakostnaðar sjúkratrygginga. Aðrar umframgreiðslur eru mun lægri, mest hjá Sjúkrahúsinu í Keflavík 10 m.kr. Umframgreiðslur að fjárhæð 346,2 m.kr. verða felldar niður. Þar af eru 266 m.kr. vegna sjúkratrygginga, 38,1 vegna lífeyristrygginga og 29,9 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta opinberra starfsmanna.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1.665,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 19,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru að fjárhæð 1.685,3 m.kr. og þar af 440,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem flytjast milli ára, eru 58,5 m.kr. og munar þar mest um framlag til ríkisskattstjóra, 22,0 m.kr., ýmissa verkefna ráðuneytisins, 9,1 m.kr., og skýrsluvélakostnaðar, 7,5 m.kr. Felldar eru niður rekstrarheimildir af fjórum fjárlagaliðum að fjárhæð 1.186,2 m.kr. og vega vextir af lánum ríkissjóðs þar langþyngst eða 1.053,8 m.kr. Einnig eru felldar niður fjárveitingar til launa- og verðlagsmála, 79,2 m.kr., til skýrsluvélakostnaðar 40,1 m.kr., auk tveggja minni liða. Stofnkostnaður að fjárhæð 111,5 m.kr. flyst milli ára og vega fasteignir ríkissjóðs þar mest, eða 87 m.kr. Felldur er niður stofnkostnaður að fjárhæð 329,1 m.kr. og þar af eru ríkisábyrgðir og tjónabætur 247,4 m.kr. og ýmsar fasteignir ríkissjóðs 34,7 m.kr. Umframgreiðslur gjaldheimtna og ýmiss innheimtukostnaðar að fjárhæð 9,4 m.kr. eru felldar niður.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 11,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 105 m.kr. en óhafnar fjárveitingar nema 116,6 m.kr. Þar af eru 79,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Hafnamálastofnun sem flytjast til næsta árs. Aðrar óhafnar fjárveitingar, sem flytjast milli ára, eru helstar hjá Flugmálastjórn 27,2

m.kr. sem er aukafjárveiting til tiltekins verkefnis er ekki náðist að greiða út á árinu. Felld er niður 8,4 m.kr. inneign á launareikningi hjá Vegagerð ríkisins sem var gerð upp skömmu eftir áramót. Umframgjöld ráðuneytisins færast milli ára nema hvað gjaldfærsla vegna Skipaútgerðar ríkisins að fjárhæð 100 m.kr. er felld niður vegna óvissu um verðmæti þeirra eigna sem eftir er selja.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 4,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 12,7 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 17 m.kr. Fjárveitingar til rekstrar að fjárhæð 9,0 m.kr. færast milli ára og munar þar mest um 3,4 m.kr. hjá aðalskrifstofu og ýmis framlög til iðju og iðnaðar 3,3 m.kr. Greiðsluafgangur á ýmsum orkumálum að fjárhæð 8 m.kr. er felldur niður. Umframgreiðslur að fjárhæð 9,2 m.kr. koma til lækkunar á fjárveitingum þessa árs og þar ber hæst Rafmagnseftirlitið 8,7 m.kr. Skýringin er sú að stofnunin skilaði ekki innheimtum ríkistekjum að fullu fyrr en eftir áramótin.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 22,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Af þeirri fjárhæð eru 14,8 m.kr. vegna niðurgreiðslna sem færast milli ára yfir til landbúnaðarráðuneytis, en lokauppgjör á niðurgreiðslukerfinu færist til yfirstandandi árs. Aðrar heimildir, sem flytjast milli ára, eru 5,9 m.kr. hjá aðalskrifstofu, 1,8 m.kr. hjá Verðlagsstofnun en minna hjá öðrum.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,6 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 9,5 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 13,0 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 22,5 m.kr. Þar af eru 14,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem flytjast til næsta árs. Óhafin rekstrarheimild að fjárhæð 7,2 m.kr. hjá veiðistjóra flyst milli ára. Þar er um að ræða veiðilaun til sveitarfélaga sem ekki náðist að greiða út á árinu. Af umframgreiðslum koma 11,6 m.kr. til lækkunar á fjárheimildum fimm stofnana. Stærstu fjárhæðirnar eru hjá skipulagsstjóra 5,0 m.kr., Náttúruverndarráði, 3,5 m.kr., og Náttúrufræðistofnun, 2,1 m.kr. Felldur er niður hluti af umframgreiðslum Náttúruverndarráðs eða 1,4 m.kr. en sértekjur í þjóðgörðum drógust saman miðað við fyrra ár vegna erfiðs tíðarfars sl. sumar.

Yfirfærsla heimilda og gjalda frá 1992 til 1993.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins eru fjárheimildir til rekstrar nú í annað sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður voru geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðaðar við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna var mörkuð í ljósi

þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast tilviljun ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Það hefur sýnt sig að þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri, þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Rétt þykir að ítreka eftirfarandi vinnureglur sem eru notaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót.

1. Miðað er við að flutningur innstæðu takmarkist við lækkun sem náð er með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Ef hins vegar af einhverjum ástæðum hefur ekki verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fellur heimildin niður.
2. Ekki er fluttur greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.
3. Innstæður eða skuldir á tilfærsluliðum eru almennt felldar niður þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1992.

Greiðslugrunnur	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1992 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Rekstur flutt inneign þús. kr.	Rekstur flutt skuld þús. kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.505	72.550	8.800	-2.505	42.596
01 Forsætisráðuneyti	-	14.964	5.666	-	9.300
02 Menntamálaráðuneyti	182.077	581.617	241.560	-162.039	270.126
03 Utanríkisráðuneyti	18.978	90.419	33.276	-527	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	13.601	288.029	164.433	-7.447	9.195
05 Sjávarútvegsráðuneyti	342.901	36.518	30.611	-342.901	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	55.589	179.547	84.683	-9.441	56.535
07 Félagsmálaráðuneyti	2.657	185.996	114.611	-2.657	32.370
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðun.	501.285	445.689	99.254	-216.457	113.527
09 Fjármálaráðuneyti	18.568	1.684.134	58.482	-10.363	111.500
10 Samgönguráðuneyti	105.028	116.661	28.954	-5.028	79.286
11 Iðnaðarráðuneyti	12.742	17.012	9.005	-9.243	-
12 Viðskiptaráðuneyti	-	22.708	22.708	-	-
13 Hagstofa Íslands	-	1.642	1.642	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	12.967	22.475	7.913	-11.567	14.562
Samtals	**1.268.898**	**3.759.961**	**911.589**	**-780.175**	**738.997**

Samkvæmt niðurstöðum Ríkisbókhalds eru greiðslur alls 2.491 m.kr. króna lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Lagt er til að fluttar verði 912 m.kr. vegna rekstrar til næsta árs, en á móti verða rekstrarheimildir lækkaðar um 780 m.kr. vegna umframgreiðslna sl. árs. Loks nema fluttar ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 739 m.kr.

Í fyrra voru með sama hætti fluttar rekstrarheimildir að fjárhæð 264 m.kr. milli ára og 221 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Þannig hækkar nettófjárhæðin, sem flutt er milli ára, um 386 m.kr. en hækkunin skýrist að fullu með aukningu stofnkostnaðarheimilda um 518 m.kr. en ráðuneyti og stofnanir drógu mjög úr greiðslum til stofnkostnaðar á sl. ári.

Gerð er nánari grein fyrir flutningi innstæðna og skulda til ársins 1993 í fylgiskjali.

B-hluti.

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1992 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 458 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 118/1992. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 339 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A-og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 118/1992, svo og greiðsluuppgjöri 1992.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Lög nr. 118 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	6.130	527	6.199	458
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	8.337	-	7.978	-339

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 m.kr.	Lög nr. 118 1992 m.kr.	Reikningur 1992 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	74	-	65	-9
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	460	-	510	50
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	35	-	-	-35
23 121 Sala varnarliðseigna	28	-	28	-
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6.800	-	6.435	-365
30 101 Póst- og símamálastofnunin	940	-	940	-
Samtals	**8.337**	**-**	**7.978**	**-339**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 118/1992 og endanlegs uppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni hér á eftir.

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Lánasýslu ríkisins, eða 241 m.kr. innan heimilda fjárlaga og 228 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Umframgreiðslur vegna Skipaútgerðar ríkisins urðu hins vegar 100 m.kr. Önnur frávik eru minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1992.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1992 þús. kr.	Lög nr. 118 1992 þús. kr.	Reikningur 1992 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	110.000	-	109.326	674
22 975 Vísindasjóður	20.000	-	20.000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atv.veganna	74.000	6.050	76.922	3.128
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.220.000	-221.840	1.996.342	1.818
22 973 Þjóðleikhúsið	254.000	38.000	293.061	-1.061
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	99.000	-	99.000	-
22 976 Menningarsjóður	6.000	-4.604	1.395	1
Samtals	**2.783.000**	**-182.394**	**2.596.046**	**4.560**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	30.000	746	40.254	-9.508
24 172 Jarðasjóður	100.000	-992	5.305	93.703
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	34.000	-93	33.907	-
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	7.100	-	6.341	759
Samtals	**171.100**	**-339**	**85.807**	**84.954**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25.000	-	25.000	-
Samtals	**25.000**	**-**	**25.000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	18.100	840	18.994	-54
26 732 Kirkjubyggingasjóður	1.000	-	-	1.000
Samtals	**19.100**	**840**	**18.994**	**946**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	1.075.000	-	1.074.768	232
Samtals	**1.075.000**	**-**	**1.074.768**	**232**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1.280.000	709.000	1.761.000	228.000
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	225	1.364	1.361
Samtals	**1.282.500**	**709.225**	**1.762.364**	**229.361**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna Ríkisábyrgðasjóðs	550.000	-	308.808	241.192
Samtals	**550.000**	**-**	**308.808**	**241.192**
Samgönguráðuneyti				
30 321 Skipaútgerð ríkisins	-	-	100.000	-100.000
30 332 Hafnabótasjóður	90.000	-	90.000	-
30 471 Alþjóðaflugþjónustan	55.000	-	55.000	-
Samtals	**145.000**	**-**	**245.000**	**-100.000**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	79.200	-15	82.469	-3.284
Samtals	**79.200**	**-15**	**82.469**	**-3.284**
Tilfærslur til B-hluta alls	**6.129.900**	**527.317**	**6.199.256**	**457.961**

Fylgiskjal.

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1992–1993.

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	**8.800**	**-2.505**	**42.596**
101 Embætti forseta Íslands	-	-1.280	-
401 Hæstiréttur	-	-137	-
510 Bessastaðir	-	-	42.596
520 Opinberar heimsóknir	-	-157	-
610 Umboðsmaður Alþingis	-	-931	-
620 Ríkisendurskoðun	8.800	-	-
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**5.666**	**-**	**9.300**
Yfirstjórn:	**4.787**	**-**	**4.200**
101 Aðalskrifstofa	4.787	-	4.200
Önnur mál:	**879**	**-**	**5.100**
901 Húsameistari ríkisins	210	-	-
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	669	-	5.100
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**241.560**	**-162.039**	**270.126**
Yfirstjórn:	**15.997**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	15.997	-	-
Háskólinn og ýmis rannsóknarstarfsemi:	**17.107**	**-63.553**	**3.128**
201 Háskóli Íslands	-	-49.531	-
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	-7.321	-
203 Raunvísindastofnun Háskólans	-	-6.377	-
204 Stofnun Sigurðar Nordals	865	-	-
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	361	-	-
208 Örnefnastofnun	123	-	-
210 Háskólinn á Akureyri	4.447	-	-
221 Kennaraháskóli Íslands	3.326	-	-
222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	28	-	-
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	-	-317	-
232 Rannsóknarráð ríkisins	-	-7	-
233 Rannsóknarsjóður	675	-	-
234 Vísindaráð	359	-	-
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	3.128
299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi	6.923	-	-
Mennta- og fjölbrautaskólar:	**19.221**	**-71.847**	**110.228**
301 Menntaskólinn í Reykjavík	-	-635	-
302 Menntaskólinn á Akureyri	-	-5.306	-
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	2.816	-	-
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	-10.705	-
305 Menntaskólinn við Sund	-	-3.183	-
306 Menntaskólinn á Ísafirði	-	-3.465	-
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.850	-	-
308 Menntaskólinn í Kópavogi	1.549	-	-
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	-	-2.156	-
318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	110.228
319 Framhaldsskólar, almennt	2.661	-	-
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	-31.358	-
351 Fjölbrautarskólinn Ármúla	49	-	-
352 Flensborgarskóli Hafnarfirði	-	-1.387	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	-2.468	-
354 Fjölbrautarskóli Vesturlands	-	-1.148	-
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	2.964	-	-
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	4.329	-	-
357 Fjölbrautarskóli Suðurlands	1.174	-	-
358 Verkmenntaskóli Austurlands	667	-	-
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	-2.937	-
360 Fjölbrautarskólinn í Garðabæ	-	-5.639	-
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-	-162	-
362 Framhaldskólinn á Húsavík	-	-1.298	-
363 Framhaldsskólinn á Laugum	1.162	-	-
Ýmis fræðslumál:	**5.304**	**-**	**-**
422 Námsgagnastofnun	168	-	-
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	2.406	-	-
440 Fullorðinsfræðsla	2.730	-	-
Sérskólar:	**25.663**	**-9.724**	**-**
501 Tækniskóli Íslands	23	-	-
506 Vélskóli Íslands	-	-10	-
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	-1.820	-
514 Iðnskólinn í Reykjavík	7.300	-	-
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.692	-	-
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	3.031	-	-
518 Fiskvinnsluskólinn	-	-3.081	-
523 Fósturskóli Íslands	3.628	-	-
524 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2.715	-	-
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	-	-2.692	-
541 Hússtjórnarskólinn Reykjavík	782	-	-
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	-565	-
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	-	-80	-
562 Leiklistarskóli Íslands	3.555	-	-
571 Sjómannaskólahúsið	-	-1.476	-
581 Verslunarskóli Íslands	2.937	-	-
Grunn- og sérskólar fatlaðra:	**95.889**	**-889**	**300**
700 Grunnskólar, Reykjavík	4.617	-	-
701 Grunnskólar, Reykjanesi	5.211	-	-
703 Grunnskólar, Vesturlandi	4.626	-	-
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	5.554	-	-
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	1.028	-	-
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	8.347	-	-
707 Grunnskólar, Austurlandi	6.619	-	-
708 Grunnskólar, Suðurlandi	5.771	-	-
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	162	-	-
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	5	-	-
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	20	-	-
714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	329	-	-
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	-291	-
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	17	-	-
717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	679	-	-
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	40	-	-
719 Fræðsluskrifstofur, óskipt	-	-	300
720 Grunnskólar, almennt	19.087	-	-
750 Skólar fyrir fatlaða	25.905	-	-
752 Öskjuhlíðarskóli	-	-10	-
754 Safamýraskóli	3.616	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
755 Dalbrautarskóli	-	-588	
756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	1.756	-	-
799 Heyrnleysingjaskólinn	2.500	-	-
Önnur fræðslumál:	**6.296**	**-**	**-**
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	961	-	-
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.818	-	-
884 Jöfnun á námskostnaði	3.517	-	-
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi:	**56.083**	**-16.026**	**156.470**
901 Landsbókasafn Íslands	2.617	-	-
902 Þjóðminjasafn Íslands	10.520	-	-
903 Þjóðskjalasafn Íslands		-2.269	-
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	-	-1.673	-
906 Listasafn Einars Jónssonar	-	-245	-
907 Listasafn Íslands	-	-317	-
909 Blindrabókasafn Íslands	-	-930	-
919 Söfn, ýmis framlög	3.398	-	-
972 Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	-	-7.445	-
977 Þjóðarbókhlaða	-		138.928
979 Húsfriðunarsjóður	-	-	10.500
980 Listskreytingasjóður	-	-	16
981 Kvikmyndasjóður	-	-2.566	-
982 Listir, framlög	24.949	-	-
984 Norræn samvinna	944	-	-
985 Alþjóðleg samskipti	6.861	-	-
988 Æskulýðsmál	3.398	-	-
989 Ýmis íþróttamál	-	-581	-
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	7.026
999 Ýmís verkefni	3.396	-	-
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**33.276**	**-527**	**-**
Yfirstjórn	**19.605**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	17.918	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	311	-	-
103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	1.376	-	-
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli:	**-**	**-527**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	-	-527	-
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál:	**13.671**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.600	-	-
391 Þróunarmál og alþjóðlegar hjálparstofnanir	7.506	-	-
399 Ýmis utanríkismál	300	-	-
401 Alþjóðastofnanir	4.265	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**164.433**	**-7.447**	**9.195**
Yfirstjórn:	**3.337**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	3.337	-	-
Búnaðarmál:	**160.665**	**-7.447**	**9.195**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	992
172 Jarðasjóður	-	-	8.203
202 Hagþjónusta landbúnaðarins	-	-23	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	-34	-
231 Skógrækt ríkisins	-	-5.941	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-216	-
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	-	-63	-
243 Sauðfjárveikivarnir	8.000	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
246 Veiðimálastofnun	-	-28	-
247 Yfirdýralæknir	4.282	-	-
272 Einangrunarstöð í Hrísey	759	-	-
290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	147.624	-	-
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	-	-1.142	-
Skólar:	**431**	**-**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	283	-	-
502 Bændaskólinn á Hólum	16	-	-
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	132	-	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**30.611**	**-342.901**	**-**
Yfirstjórn:	**7.518**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	7.518	-	-
Útvegsmál:	**23.071**	**-342.901**	**-**
201 Fiskifélag Íslands	-	-600	-
202 Hafrannsóknastofnun	-	-342.301	-
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.002	-	-
204 Fiskistofa	11.025	-	-
216 Ríkismat sjávarafurða	4.547	-	-
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	207	-	-
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.290	-	-
Önnur mál:	**22**	**-**	**-**
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	22	-	-
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**84.683**	**-9.441**	**56.535**
Yfirstjórn:	**1.953**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	608	-	-
102 Stjórnartíðindi	1.326	-	-
103 Lagasafn	19	-	-
Dómsmálastofnanir:	**1.882**	**-2.319**	**-2.576**
201 Hæstiréttur	13	-	-
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	-	-36	-
212 Héraðsdómur Vesturlands	-	-1.016	-
213 Héraðsdómur Vestfjarða	-	-162	-
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	22	-	-
215 Héraðsdómur Norðurlands eystra	1.078	-	-
216 Héraðsdómur Austurlands	261	-	-
217 Héraðsdómur Suðurlands	508	-	-
218 Héraðsdómur Reykjaness	-	-566	-
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	-	-539	-
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	-	-	-2.576
Löggæslustofnanir og öryggismál:	**58.126**	**-1.017**	**12.219**
301 Ríkissaksóknari	36	-	-
302 Rannsóknarlögregla ríkisins	4.396	-	-
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	18.500	-	8.000
321 Almannavarnir ríkisins	1.139	-	-
331 Umferðarmál	2.479	-	-
341 Áfengis- og fíkniefnamál	94	-	-
390 Ýmis löggæslukostnaður	-	-1.017	
391 Húsnæði löggæslustofana	-	-	4.219
395 Landhelgisgæsla Íslands	31.482	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
Sýslumenn:	**10.204**	**-6.051**	**12.248**
412 Sýslumaðurinn Akranesi	-	-1.747	-
413 Sýslumaðurinn Borgarnesi	898	-	-
414 Sýslumaðurinn Stykkilshólmi	-	-2.176	-
419 Sýslumaðurinn Hólmavík	316	-	-
420 Sýslumaðurinn Blönduósi	-	-500	-
421 Sýslumaðurinn Sauðárkróki	58	-	-
422 Sýslumaðurinn Siglufirði	112	-	-
424 Sýslumaðurinn Akureyri	7.363	-	-
425 Sýslumaðurinn Húsavík	498	-	-
430 Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal	868	-	-
431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli	-	-582	-
433 Sýslumaðurinn Selfossi	91	-	-
437 Sýslumaðurinn Kópavogi	-	-1.019	-
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna	-	-27	-
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	12.248
Fangelsismál:	**6.622**	**-**	**23.703**
511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	3.469	-	-
512 Fangelsið Litla-Hrauni	94	-	-
590 Fangamál, ýmis kostnaður	3.059	-	-
591 Fangelsisbyggingar	-	-	23.703
Kirkjumál:	**5.896**	**-54**	**10.941**
712 Prestssetur	-	-	1.062
721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.879
731 Kristnisjóður	-	-54	-
732 Kirkubyggingarsjóður	1.000	-	-
790 Kirkjumál, ýmis kostnaður	4.896	-	8.000
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**114.611**	**-2.657**	**32.370**
Yfirstjórn:	**9.208**	**-**	**232**
101 Aðalskrifstofa	5.221	-	-
272 Byggingasjóður verkamanna	-	-	232
302 Ríkissáttasemjari	3.987	-	-
Málefni fatlaðra:	**51.279**	**-2.657**	**32.138**
700 Málefni fatlaðra	22.131	-	-
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	10.852	-	-
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.189	-	-
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	4.888	-	-
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3.840	-	-
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	752	-	-
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	-373	-
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.572	-	-
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-1.594	-
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	2.053	-	-
711 Styrktarfélag vangefinna	-	-300	-
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	36	-	-
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-	-390	-
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	966	-	-
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	32.138
Önnur mál:	**54.124**	**-**	**-**
951 Brunamálastofnun ríkisins	1.302	-	-
953 Jafnréttisráð	146	-	-
954 Vinnueftirlit ríkisins	10.484	-	-
981 Vinnumál	5.922	-	-
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	36.270	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**99.254**	**-216.457**	**113.527**
Yfirstjórn:	**121**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	121	-	-
Tryggingamál:	**-**	**-200.000**	**-**
271 Tryggingarstofnun ríkisins	-	-200.000	-
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir:	**8.673**	**-897**	**1.351**
301 Landlæknir	918	-	-
311 Héraðslæknir í Reykjavík	-	-897	-
323 Tryggingaeftirlitið	1.000	-	-
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	895	-	-
325 Hollustuvernd ríkisins	873	-	-
326 Sjónstöð Íslands	680	-	-
327 Geislavarnir ríkisins	-	-	1.351
340 Málefni fatlaðra	4.307	-	-
Sjúkrahús, o.fl.:	**47.401**	**-10.141**	**99.176**
357 Sjúkrahúsið Siglufirði	195	-	-
358 Fjórðungsjúkrahúsið Akureyri	6.747	-	-
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	58	-	-
366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	101	-	-
367 Sjúkrahúsið Keflavík	-	-10.001	-
370 Sjúkrahús í Reykjavík	14.000	-	40.143
371 Ríkisspítalar	4.854	-	-
372 Borgarspítalinn	3.919	-	-
373 St. Jósepsspítali, Landakoti	8.747	-	-
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	10.353
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	48.680
393 Lyfjamál	380	-	-
396 Lyfjanefnd	-	-140	-
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	8.199	-	-
408 Sunnuhlíð, Kópavogi	80	-	-
420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	121	-	-
Heilsugæsla:	**39.749**	**-5.419**	**13.000**
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	10.689	-	4.900
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	19.661	-	-
511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	7.680	-	8.100
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	36	-	-
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	-39	-
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	-22	-
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	-	-26	-
541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	9	-	-
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	-	-58	-
553 Heilsugæslustöðin Akureyri	641	-	-
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	-153	-
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-	-187	-
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	7	-	-
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-	-549	-
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	30	-	-
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	718	-	-
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	-	-80	-
577 Heilsugæslustöðin Selfossi	25	-	-
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	22	-	-
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	158	-	-
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	30	-	-
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	43	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	-2.524	-
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	-1.781	-
Skólar:	**988**	**-**	**-**
601 Ljósmæðraskóli Íslands	988	-	-
Ýmislegt	**2.322**	**-**	**-**
621 Áfengisvarnir og bindindismál	2.322	-	-
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**58.482**	**-10.363**	**111.500**
Yfirstjórn:	**8.319**	**-243**	**900**
101 Aðalskrifstofa	6.928	-	-
103 Ríkisbókhald	220	-	-
104 Ríkisfjárhirsla	-	-243	-
105 Ríkislögmaður	1.171	-	900
Toll- og skattheimta:	**31.514**	**-10.120**	**2.000**
201 Ríkisskattsjóri	21.975	-	-
202 Skattstofan í Reykjavík	-	-1.412	-
203 Skattstofa Vesturlands	105	-	-
204 Skattstofa Vestfjarða	206	-	-
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	-529	-
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	1.114	-	-
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	2.369	-	-
209 Skattstofa Vestmannaeyja	162	-	-
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	2.124	-	-
212 Skattamál, ýmis útgjöld	-	-3.824	-
214 Yfirskattanefnd	718	-	2.000
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	-	-3.466	-
261 Ríkistollstjóri	-	-889	-
262 Tollstjórinn í Reykjavík	2.741	-	-
Ýmis önnur mál:	**18.649**	**-**	**108.600**
402 Fasteignamat ríkisins	1.748	-	11.600
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	265	-	-
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	87.000
995 Skýrsluvélakostnaður	7.500	-	10.000
999 Ýmislegt	9.136	-	-
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**28.945**	**-5.028**	**79.286**
Yfirstjórn:	**-**	**-1.536**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-1.536	-
Samgöngur á sjó:	**314**	**-3.492**	**79.286**
322 Flóabátar og vöruflutningar	-	-295	-
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	314	-	-
332 Vitastofnun Íslands	-	-625	-
333 Hafnamál	-	-	79.286
341 Siglingamálastofnun ríkisins	-	-2.527	-
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	-	-45	-
Flugmál:	**27.169**	**-**	**-**
471 Flugmálastjórn	27.169	-	-
Önnur samgöngumál:	**1.462**	**-**	**-**
485 Ýmis framlög	1.385	-	-
651 Ferðamálaráð Íslands	77	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
11	**IÐNAÐARRÁÐUNEYTI**	**9.005**	**-9.243**	**-**
	Yfirstjórn:	**4.739**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	3.371	-	-
102	Einkaleyfastofan	1.368	-	-
	Iðnaðarmál:	**4.160**	**-25**	**-**
201	Iðntæknistofnun Íslands	607	-	-
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	-25	-
240	Iðnaðarrannsóknir	297	-	-
299	Iðja og iðnaður framlög	3.256	-	-
	Orkumál:	**106**	**-9.218**	**-**
301	Orkustofnun	106	-	-
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-	-8.734	-
371	Orkusjóður	-	-484	-
12	**VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI**	**22.708**	**-**	**-**
	Yfirstjórn:	**5.913**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	5.913	-	-
	Niðurgreiðslur:	**14.814**	**-**	**-**
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	14.814	-	-
	Önnur mál:	**1.981**	**-**	**-**
301	Löggildingarstofan	60	-	-
902	Verðlagsstofnun	1.818	-	-
903	Skráning hlutafélaga	103	-	-
13	**HAGSTOFA ÍSLANDS**	**1.642**	**-**	**-**
	Yfirstjórn:	**1.642**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	1.642	-	-
14	**UMHVERFISRÁÐUNEYTI**	**7.913**	**-11.567**	**14.562**
	Yfirstjórn:	**-**	**-178**	**14.562**
101	Aðalskrifstofa	-	-178	-
190	Ýmis verkefni	-	-	14.562
	Önnur mál:	**7.913**	**-11.389**	**-**
201	Náttúruverndarráð	-	-3.483	-
210	Veiðistjóri	7.242	-	-
301	Skipulagsstjóri ríkisins	-	-4.950	-
310	Landmælingar Íslands	671	-	-
401	Náttúrufræðistofnun	-	-2.093	-
410	Veðurstofa Íslands	-	-863	-
	SAMTALS	**911.589**	**-780.175**	**738.997**

898. Frumvarp til laga [540. mál]

um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr.

Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og stunda aðra starfsemi en þá sem fjallað er um í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lánastofnun heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarbanki“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI
Stofnun og starfsleyfi.

3. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi lánastofnunar nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsins og jafnframt upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, svo og aðrar upplýsingar og gögn sem nánar skal fyrir mælt í reglugerð sem ráðherra setur.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi fjárfestingarlánasjóða, eignarleigufyrirtækja og annarra lánastofnana í Lögbirtingablaði.

Um veitingu starfsleyfis til lánastofnana, synjun umsókna um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis gilda að öðru leyti ákvæði II., III. og XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

4. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur lánastofnunar.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

5. gr.

Lánastofnun verður ekki stofnuð með lægra hlutafé en 400 milljónum króna og skal hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku myntein-ingarinnar ecu, miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stofna eignarleigufyrirtæki, sbr. 9. gr., með 80 milljóna króna hlutafé hið lægsta og skal það aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi tekur sömu breytingum og um getur í 1. mgr.

6. gr.

Um stofnun lánastofnunar fer að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélags-banka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

III. KAFLI
Stjórnun og starfsemi.

7. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða.

Stjórn lánastofnunar skal kjörin af hluthöfum á aðalfundi. Hún fer með málefni fé-lagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal skipuð eigi færri en þremur mönnum og jafn-mörgum til vara.

Stjórn lánastofnunar ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gilda að öðru leyti sameiginleg ákvæði um stjórn ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóða í IV. kafla laga um viðskipta-banka og sparisjóði.

8. gr.

Starfsemi lánastofnana felst í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenn-ingum til almennings. Til starfsemi þeirra telst einnig að veita þjónustu sem er í eðli-legum tengslum við slíka lánastarfsemi.

Nánar tiltekið felst starfsemi þeirra í:

1. Útlánastarfsemi, m.a.
   a. neytendalánum,
   b. langtímaveðlánum,
   c. kröfukaupum og kaupum skuldaskjala og
   d. viðskiptalánum.
2. Fjármögnunarleigu.
3. Greiðslumiðlun.
4. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla.
5. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
6. Viðskiptum fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),

d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
e. verðbréf.

7. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskiptum tengdum slíkum útboðum.
8. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
9. Peningamiðlun.
10. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
11. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
12. Upplýsingum um lánstraust (lánshæfni).
13. Útleigu geymsluhólfa.

Lánastofnunum er heimilt að stunda vátryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Þeim er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. og 2. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í framhaldi af meginstarfsemi þeirra. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

Um starfsemi lánastofnana fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að undanskildum ákvæðum um innlánsreikninga og innlánaskilríki.

9. gr.

Með eignarleigufyrirtækjum er átt við lánastofnanir sem hafa eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi er fjármögnuð. Með eignarleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Þeim er þó einnig heimilt að veita þjónustu á þeim sviðum sem talin eru upp í 1. mgr. 8. gr., enda verði þar aldrei um að ræða meginstarfsemi viðkomandi eignarleigufyrirtækis.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur nánari reglur um eignarleigustarfsemi þar sem m.a. skulu koma fram skilgreiningar á hinum ýmsu flokkum eignarleigu og þau atriði sem að lágmarki skal kveðið á um í eignarleigusamningum.

IV. KAFLI
Eigið fé, ársreikningur, endurskoðun, slit og samruni.

10. gr.

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi stofnunar og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sem Seðlabankinn setur.

Um eigið fé lánastofnana gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði að undanskildu ákvæði um laust fé. Ákvæði um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gildir þó ekki um lánastofnanir heldur fer um það samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

11. gr.

Um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil lánastofnana fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

12. gr.

Um slit lánastofnana eða samruna við aðrar stofnanir fer samkvæmt ákvæðum VIII. og IX. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

V. KAFLI
Starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

13. gr.

Erlendar lánastofnanir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Stofnunum, sem um ræðir í 1. mgr., er einnig heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Þessum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 1. mgr. 8. gr., enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

Um heimildir erlendra lánastofnana, annarra en um ræðir í 1. mgr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi gilda að öðru leyti ákvæði XI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

14. gr.

Lánastofnanir, sem hlotið hafa starfsleyfi ráðherra skv. 3. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt upplýsingum um:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins og
4. nöfn stjórnenda þess.

Óski lánastofnun að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Hyggist lánastofnun hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Um starfsemi innlendra lánastofnana erlendis fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

VI. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi lánastofnana sé í samræmi við ákvæði laga, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag lánastofnana sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsrannsókn hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

Um eftirlit með starfsemi lánastofnana gilda að öðru leyti ákvæði XIV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

16. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi lánastofnanir og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Starfandi lánastofnunum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé sem mælt er fyrir um í 5. gr. laga þessara er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi lánastofnunar, sem starfar skv. 1. mgr., skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 5. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. falla Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna ekki undir ákvæði laga þessara.

19. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

20. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi lánastofnun.

21. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í síðasta lagi 1. janúar 1995 skal lögum um eftirtalda sjóði breytt þannig að þau annaðhvort samræmist ákvæðum laga þessara eða leiði til þess að hlutaðeigandi sjóður fellur utan gildissviðs þeirra, sbr. 2. gr.:

Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, sbr. lög nr. 48/1966, Orkusjóð, sbr. lög nr. 58/1967, Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 45/1971, Stofnlánadeild samvinnufélaga, sbr. lög nr. 45/1972, Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 51/1972, Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 44/1976, Landflutningasjóð, sbr. lög nr. 62/1979, Hafnabótasjóð, sbr. lög nr. 69/1984, Byggðastofnun, sbr. lög nr. 64/1985, Ferðamálasjóð, sbr. lög nr. 79/1985, Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 76/1987, og Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög nr. 21/1992.

Þar til lögum um ofangreindar stofnanir hefur verið breytt er þeim óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði II. og III. kafla er ekki skylt að breyta lánastofnun sem starfandi er við gildistöku laga þessara í hlutafélag.

II.

Til og með 31. desember 1995 gilda ákvæði laga þessara um stjórnun og starfsemi, sbr. III. kafla, ekki um Iðnþróunarsjóð að því leyti er fer í bága við ákvæði samnings ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969 og ákvæði laga nr. 9/1970 um staðfestingu á þeim samningi. Þangað til er sjóðnum óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

III.

Eignarleigufyrirtæki, sem hafa starfsleyfi við gildistöku laga þessara samkvæmt lögum nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, skulu hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en einu ári frá gildistöku þeirra.

Þar til starfsemi þessara fyrirtækja hefur verið löguð að ákvæðum laga þessara er þeim óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

1. Reglur Evrópubandalagsins um lánastofnanir.

Evrópubandalagið hefur í tilskipunum sett ítarlegar reglur um stofnun og starfsemi lánastofnana (e. credit institutions). Með lánastofnunum er átt við félög og stofnanir sem veita lán í eigin nafni og fjármagna starfsemi sína með innlánum eða útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldbindingum til almennings. Jafnframt er þeim heimil ýmiss konar fjármálaþjónusta önnur, svo sem fjármögnunarleiga, greiðslumiðlun, útgáfa greiðslukorta og ferðatékka, veiting ábyrgða og trygginga, viðskipti með verðbréf og erlendan gjaldeyri fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini, þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum, varsla og ávöxtun verðbréfa og ráðgjöf. Hér er því um að ræða alhliða fjármálafyrirtæki.

Með þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði skuldbindur Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópubandalagsins. Helstu tilskipanir Evrópubandalagsins á þessu sviði eru:

Tilskipun 77/1980/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana.

Tilskipun 89/646/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/1980/EBE.

Tilskipun 83/350/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.

Tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana.

Tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana.

Tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.

Tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

Samkvæmt skilgreiningum Evrópubandalagsins eru seðlabankar undanþegnir reglum um lánastofnanir, svo og póstgíróstofur og félög og stofnanir sem aðildarríkin óska sérstaklega eftir að verði undanþegin reglunum vegna eðlis starfsemi þeirra. Dæmi um slíkar stofnanir eru íbúðalánasjóðir.

2. Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Skipta má lánastofnunum í tvo meginflokka. Annars vegar lánastofnanir sem heimild hafa til að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þessar stofnanir kallast innlánsstofnanir og til þeirra teljast hér á landi einkum viðskiptabankar og sparisjóðir, auk þeirra hafa innlánsdeildir samvinnufélaga, Póstgíróstofan og Lánastofnun sparisjóðanna hf. tekið við innlánum. Hinn meginflokkur lánastofnana er stofnanir sem ekki fjármagna starfsemi með innlánum frá almenningi heldur útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Helstu dæmi um slíkar stofnanir hér á landi eru sjóðir sem veita svokölluð stofnlán eða fjárfestingarlán og eignarleigufyrirtæki.

Vegna eðlis innlánsstofnana var ákveðið að við aðlögun á núgildandi löggjöf hér á landi að ákvæðum EES-samningsins skyldi fjallað um þær í sérstöku frumvarpi. Um allar aðrar lánastofnanir skyldi fjallað í öðru frumvarpi. Samhliða þessu frumvarpi er því lagt fram frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í því koma fram allar meginreglur sem gilda skulu um starfsemi þeirra. Sömu reglur eiga í rauninni einnig að gilda um allar aðrar lánastofnanir.

3. Stofnanir hér á landi sem stunda lánastarfsemi.

Þegar hefur komið fram að skipta má stofnunum sem veita útlán hér á landi í tvo meginflokka: innlánsstofnanir og hins vegar allar aðrar lánastofnanir. Helstu stofnanir og sjóðir, sem hér um ræðir, eru:

a. *Innlánsstofnanir.* Til innlánsstofnana teljast einkum þrír viðskiptabankar og 33 sparisjóðir. Einnig teljast Póstgíróstofan og Lánastofnun sparisjóðanna hf. til innlánsstofnana. Þá hafa innlánsdeildir samvinnufélaga tekið við innlánum.

b. *Fjárfestingarlánasjóðir.* Samkvæmt flokkun Seðlabanka Íslands eru starfandi fjárfestingarlánasjóðir þessir: Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild Landsbanka Íslands, Byggingarsjóður verkamanna, Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Framkvæmdasjóður Íslands (hefur hætt útlánum), Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Landflutningasjóður, Lánasjóður sveit-

arfélaga, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóður) og veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Allar þessar stofnanir og sjóðir hafa verið sett á stofn með sérstökum lögum. Í meginatriðum skiptast sjóðirnir í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem hið opinbera starfrækir til að sinna sérstökum samfélagslegum verkefnum. Dæmi um sjóði af því tagi eru Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hins vegar er um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem tengjast ákveðnum atvinnugreinum. Dæmi um slíka sjóði eru Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands og Iðnlánasjóður. Sjóðir í þessum flokki hafa það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og umbótum í hinum ýmsu atvinnugreinum með því að lána fé til fjárfestingar, veita styrki og fjárfesta í eigin fé fyrirtækja. Mörgum þessara sjóða hafa verið tryggðar tekjur af sérstökum álögum á viðkomandi atvinnugrein eða lögbundin framlög í fjárlögum. Hin síðari ár hafa hins vegar lögbundin framlög í fjárlögum ýmist verið skert verulega eða felld algerlega niður.

Núorðið eru flest lán þessara sjóða á eðlilegum markaðskjörum, enda fjármagna þeir starfsemi sína að langmestu leyti með lántökum á almennum markaði, ýmist innan lands eða utan.

c. *Aðrir lánasjóðir.* Hér er ýmist um að ræða opinbera sjóði og sjóði í einkaeigu. Þeir gegna svipuðu hlutverki og þeir sjóðir sem taldir eru upp í b-lið, þ.e. að veita lán til ýmiss konar fjárfestinga og framkvæmda á tilteknum sviðum. Ekki er unnt að gefa tæmandi talningu á sjóðum í þessum flokki en hér skal þeirra helstu getið:

Sjóðir stofnaðir með lögum: Bjargráðasjóður, Fiskræktarsjóður, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Orkusjóður, Stofnfjársjóður fiskiskipa, Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og Útflutningslánasjóður.

Aðrir sjóðir: Fjárfestingarlánasjóður stórkaupmanna, Almenni stofnlánasjóðurinn (á vegum Kaupmannasamtaka Íslands), Stofnlánasjóður matvörukaupmanna, Stofnlánasjóður skó- og vefnaðarvörukaupamanna og Stofnlánasjóður raftækjasala.

d. *Eignarleigufyrirtæki.* Hér er um að ræða nokkur fyrirtæki sem stofnuð hafa verið á grundvelli laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Auk eignarleigustarfsemi, eins og hún er skilgreind í lögunum, er þessum fyrirtækjum heimilt að hafa með höndum skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, þó ekki verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Af þessari upptalningu er ljóst að hér á landi starfa fjölmargar stofnanir sem veita lán. Nokkrar þeirra falla þó utan við skilgreiningu EES-samningsins og frumvarpsins á lánastofnun vegna þess að þeim er ekki heimilt að afla fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Dæmi um slíkar stofnanir eru Fiskræktarsjóður, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Stofnfjársjóður fiskiskipa og Útflutningslánasjóður. Aðrar stofnanir falla strangt til tekið undir skilgreininguna vegna ákvæða í lögum, sem um þær gilda, um að þær geti aflað sér fjár með lántökum þótt þær hafi kosið að afla ekki lánsfjár með útgáfu skuldabréfa til almennings. Dæmi um stofnanir af þessu tagi eru Bjargráðasjóður, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Orkusjóður.

Loks skal þess getið að í viðauka IX við EES-samninginn, þar sem fjallað er um fjármálaþjónustu, er kveðið á um að byggingarsjóðir ríkisins séu undanþegnir ákvæðum samningsins um lánastofnanir. Allar aðrar lánastofnanir hér á landi falla hins vegar undir ákvæði hans.

4. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um starfsemi lánastofnana, annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lagt til að hliðstæðar reglur verði lögfestar um starfsemi þeirra.

Hugtakið lánastofnun er skilgreint þannig í 2. gr. frumvarpsins: „Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr.“ Í 9. gr. er tekið fram að eignarleigufyrirtæki falli í öllum tilvikum undir ákvæði frumvarpsins óháð því hvernig þau afla fjár til starfsemi þeirra. Þótti þetta nauðsynlegt þar sem nú þegar eru í gildi lög um eignarleigustarfsemi sem taka til allra eignarleigufyrirtækja hér á landi, en í frumvarpi þessu er lagt til að þau falli úr gildi.

Í skilgreiningunni á lánastofnun felst að til lánastofnana teljast öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Þetta þýðir með öðrum orðum að félög og stofnanir, sem annaðhvort hafa ekki heimild til lántöku og fjármagna starfsemi sína t.d. með framlögum í fjárlögum og ávöxtun eigin fjár eða hafa einungis heimild til að taka lán hjá öðrum lánastofnunum, falla utan skilgreiningarinnar. Þetta á þó ekki við um eignarleigufyrirtæki eins og þegar hefur verið rakið.

Í frumvarpinu er lagt til að um stofnun, stjórnun, starfsemi, eigið fé, ársreikning, endurskoðun, slit, samruna, starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis og eftirlit með starfsemi lánastofnana gildi sömu ákvæði og fram koma í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Er í frumvarpinu farin sú leið að nefna helstu ákvæði á hverju fyrrgreindra sviða, en vísa að öðru leyti til viðkomandi kafla í frumvarpinu um viðskiptabanka og sparisjóði. Var þessi leið valin með hliðsjón af því að samkvæmt ákvæðum EES-samningsins eiga að gilda sömu reglur um starfsemi allra lánastofnana hvort sem um er að ræða viðskiptabanka og sparisjóði eða aðrar lánastofnanir.

Í frumvarpinu er lagt til að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Ákvæði þetta tekur eingöngu til lánastofnana sem stofnaðar eru eftir gildistöku laganna og kemur ekki í veg fyrir að starfandi lánastofnanir, sem lúta öðru rekstrarformi, geti starfað áfram. Kveðið er á um þetta í lokamálsgrein bráðabirgðaákvæðis I. Veittur er frestur til 1. janúar 1995 til þess að breyta lögum um fjölmargar lánastofnanir sem taldar eru upp í bráðabirgðaákvæði I og er það í samræmi við þann aðlögunarfrest sem Íslandi er heimill á þessu sviði samkvæmt EES-samningnum. Þó gildir sú regla um aðlögunarfrestinn að hlutaðeigandi stofnun er óheimilt að opna útibú eða veita þjónustu sína í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í frumvarpinu kemur fram að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna. Í þessu felst að hann fer með málefni er lúta almennt að starfsemi þeirra stofnana sem fjallað er um í frumvarpinu, svo sem leyfisveitingar, eigið fé, ársreikning, endurskoðun og eftirlit. Er það talið eðlilegt þar sem viðskiptaráðherra fer þegar með málefni annarra stofn-

ana á innlendum fjármagns- og lánamarkaði, svo sem Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða og eignarleiga. Í þessu felst hins vegar ekki að viðskiptaráðherra taki við málefnum einstakra lánastofnana af öðrum ráðherrum þegar um er að ræða lánasjóði í eigu ríkissjóðs, t.d. eins og Fiskveiðasjóð Íslands og Landflutningasjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru tvær greinar, 1. og 2. gr., og í þeim er gildissvið frumvarpsins ákveðið. Það tekur til lánastofnana, annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Um er að ræða stofnanir sem veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Með vísun til 9. gr. er þó gerð sú undantekning að ein tegund lánastofnana, þ.e. eignarleigufyrirtæki, fellur ávallt undir gildissvið frumvarpsins óháð því hvernig fjármögnun þeirra er háttað. Skilgreininguna ber að túlka þannig að undir hana falli allar stofnanir og félög sem hafa til þess heimild í lögum eða samþykktum að afla sér fjár með þeim hætti sem tilgreindur er í skilgreiningunni, þó svo að þær nýti sér ekki og hafi jafnvel aldrei nýtt sér þá heimild heldur afli fjár með öðrum hætti, t.d. framlögum úr ríkissjóði, tekjum af mörkuðum tekjustofni eða beinum lántökum hjá ríkissjóði eða öðrum stofnunum og félögum.

Í lokamálsgrein 2. gr. er tekið fram til að taka af allan vafa að lánastofnunum er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Er það í samræmi við einkarétt til þeirrar starfsemi sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er veittur í frumvarpi til laga um þær stofnanir sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru fjórar greinar, 3.–6. gr. Í þeim er kveðið á um stofnun og starfsleyfi lánastofnana. Fyrirmyndin að greinunum er sótt til frumvarps til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í því frumvarpi er að finna ítarlegar athugasemdir við hliðstæðar greinar.

Lagt er til að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Er það í samræmi við þróun síðustu ára en þegar sett hafa verið almenn lög um nýjar stofnanir á fjármagnsmarkaði hefur sú leið verið farin að krefjast þess að þær væru stofnaðar sem hlutafélög. Nægir í því sambandi að nefna verðbréfafyrirtæki og eignarleigur. Þá má benda á áform ríkisstjórnarinnar um að breyta ríkisviðskiptabönkunum tveimur í hlutafélagsbanka.

Í ákvæðum kaflans felst ekki að skylt sé að breyta starfandi lánastofnunum ríkisins í hlutafélög. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að þeim verði breytt í hlutafélög samhliða því sem lögum um þá er breytt þannig að þau samræmist ákvæðum þessa frumvarps, verði það að lögum, sbr. bráðabirgðaákvæði I.

Í 5. gr. er kveðið á um lágmarkshlutafé í lánastofnun, bæði við stofnun og ávallt síðar. Lagt er til að það verði 400 milljónir króna og að fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á kaupgengi ecu frá staðfestingardegi laganna. Er þessi lágmarksfjárhæð í samræmi við ákvæði í reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði sem er fimm milljónir ecu.

Í reglum Evrópubandalagsins er stjórnvöldum heimilað að lækka fyrrnefnda lágmarksfjárhæð fyrir tilteknar tegundir lánastofnana, en þó aldrei niður fyrir eina milljón ecu. Í 2. mgr. 5. gr. er lagt til að þessi heimild verði nýtt og lágmarkshlutafé eignarleigufyrir-

tækja ákveðið 80 milljónir króna. Er þetta einkum gert í ljósi ákvæða í 8. gr. frumvarpsins um að meginstarfsemi eignarleigufyrirtækja sé takmörkuð við eignarleigu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum núgildandi laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, en í þeim er kveðið á um 10 milljóna króna hlutafé.

Í lokagrein kaflans er kveðið á um að um stofnun lánastofnunar fari að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélagsbanka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga er að finna ítarlegar athugasemdir við þær greinar sem lúta að stofnun hlutafélagsbanka og vísast til þeirra um frekari skýringar á ákvæðum kaflans.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru þrjár greinar, 7.–9. gr. Í 7. gr. er fjallað um stjórnun, í 8. gr. almennt um starfsemi lánastofnana og í 9. gr. um starfsemi eignarleigufyrirtækja sem er ein tegund lánastofnana.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um að hlutahafafundur fari með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða. Er það í samræmi við ákvæði laga um hlutverk hluthafafunda. Jafnframt er tilgreint að stjórn stofnunarinnar skuli kjörin af hluthöfum á aðalfundi, að hún fari með málefni félagsins milli hluthafafunda og að hún skuli skipuð þremur mönnum hið fæsta. Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði er gert ráð fyrir að stjórn hlutafélagsbanka (bankaráð) sé skipuð fimm mönnum hið fæsta. Í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að stjórnarmenn séu að minnsta kosti þrír.

Í bráðabirgðaákvæði I er lagt til að ekki þurfi að breyta lánastofnunum sem starfandi eru við gildistöku laganna í hlutafélög. Ákvæði laganna um hlutafé og hluthafafundi eiga því ekki við um þær stofnanir. Yrði þeim hins vegar breytt í hlutafélög tækju þessi ákvæði frumvarpsins einnig til þeirra.

Í 3. mgr. er kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra og á þetta ákvæði að sjálfsögðu bæði við um nýjar stofnanir sem stofnaðar verða á grundvelli laganna og starfandi lánastofnanir.

Loks er í 4. mgr. tekið fram að um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gildi að öðru leyti sameiginleg ákvæði um stjórn ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóða í IV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í þeim kafla er m.a. að finna ákvæði um búsetu- og hæfisskilyrði daglegs stjórnanda. Hann skal vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptur búi sínu. Þá skal menntun hans eða starfsreynsla og starfsferill vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti sinnt störfum sínum á forsvaranlegan hátt. Þá er daglegum stjórnanda óheimilt að sitja í stjórn annarrar lánastofnunar. Í kaflanum er einnig kveðið á um helstu verkefni stjórnar, fundi stjórnar og lögmæti þeirra. Einnig er þar að finna bann við setu daglegs stjórnanda í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan eigin stofnunar eða þátttöku í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um að um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að. Loks er í kaflanum kveðið á um þagnarskyldu stjórnenda og starfsmanna.

Um 8. gr.

Í greininni kemur fram í hverju starfsemi lánastofnunar felst. Eins og þegar hefur komið fram felst hún í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Henni er einnig heimilt að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við slíka lánastarfsemi. Starfssvið lánastofnana er í greininni sundurliðað í þrettán þætti. Þar er um að ræða nákvæmlega sömu þætti og teljast til starfssviðs viðskiptabanka og sparisjóða. Eini munurinn á starfssviði þessara stofnana er sá að viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að taka við innlánum frá almenningi en öðrum lánastofnunum ekki. Að öðru leyti getur starfsemi þeirra verið sú sama. Af liðunum þrettán má ráða að lánastofnanir geta verið alhliða fjármálastofnanir og veitt fjölbreytilega þjónustu, mun fjölbreyttari en viðskiptabankar og sparisjóðir og allir starfandi lánasjóðir hér á landi geta samkvæmt gildandi lögum.

Í 2. mgr. er lagt til að lánastofnunum verði heimilað að stunda vátryggingarstarfsemi, en einungis með stofnun dótturfyrirtækis. Er þetta í samræmi við þróun víða erlendis þar sem skilin milli hefðbundinnar fjármálaþjónustu og tryggingastarfsemi hafa verið að hverfa. Endurspeglast þetta í reglum Evrópubandalagsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að lánastofnanir geti stundað aðra starfsemi en þá sem um ræðir í 1. og 2. mgr. enda sé þar um að ræða hliðarstarfsemi í eðlilegum tengslum við meginstarfsemi þeirra. Megintilgangurinn með ákvæði af þessu tagi er sá að auðvelda lánastofnunum að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum og breyttum kröfum eða þörfum viðskipamanna sinna. Tekið er fram að samþykki bankaeftirlitsins þurfi til þessarar starfsemi og að bankaeftirlitið geti jafnframt ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

Loks er í greininni tekið fram að um starfsemi lánastofnana fari að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Undanskilin eru að sjálfsögðu ákvæði þess kafla um innlánsreikninga og innlánsskilríki. Í kaflanum koma m.a. fram ákvæði um yfirtöku eigna, heimild til að stunda tímabundið aðra starfsemi en meginstarfsemi hlutaðeigandi stofnunar, heimild til að eignast eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem ekki teljast til lánastofnana, veitingu lána og ábyrgða til daglegra stjórnenda hlutaðeigandi stofnana, hámark á verðmæti fasteigna og hluta í félögum um fasteignir og bann við samráði við ákvörðun um vexti og þjónustugjöld. Í frumvarpinu um viðskiptabanka og sparisjóði eru ítarlegar athugasemdir um öll þessi atriði.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um eignarleigufyrirtæki en þau eru ein tegund lánastofnana. Ólíkt öðrum lánastofnunum, sem falla undir gildissvið frumvarpsins, eru þegar í gildi almenn lög um starfsemi eignarleigufyrirtækja, lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Í þeim er eignarleiga skilgreind með sama hætti og í þessari grein. Jafnframt eru í þeim lögum skilgreiningar um mismunandi flokka eignarleigu og þau atriði sem fjallað skal um í eignarleigusamningum. Hér er lagt til að um þessi atriði verði fjallað í reglum sem bankaeftirlit Seðlabankans setur. Í lögunum frá 1989 eru jafnframt ákvæði um stofnun eignarleigufyrirtækja og lágmarkshlutafé. Um þessi atriði er fjallað í II. kafla frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru þrjár greinar, 10.–12. gr. Í þeim er fjallað um eigið fé lánastofnana, ársreikning, endurskoðun, samstæðureikningsskil, slit og samruna við aðrar stofnanir. Lagt er til að nákvæmlega sömu ákvæði gildi um þessi atriði og í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpi til þeirra laga er að finna ítarlegar athugasemdir við þær greinar sem um þessi atriði fjalla. Í 10. gr. er tekið fram að ákvæði laga um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gildi ekki um aðrar lánastofnanir heldur fari þar samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi til kynningar og lagt verður fram á ný á yfirstandandi þingi, eru ákvæði sem heimila Seðlabankanum að setja reglur um laust fé lánastofnana. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana. Eðlilegt má telja að aðrar reglur gildi um viðskiptabanka og sparisjóði sem geta þurft að mæta óvæntum úttektum innlánsfjár en aðrar lánastofnanir sem ekki hafa heimild til að taka við innlánum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis. Í kaflanum eru tvær greinar, 13. og 14. gr.

Innan Evrópska efnahagssvæðisins munu gilda meginreglurnar tvær um starfsemi lánastofnana utan heimaríkis:

1. Starfsleyfi, sem gefið er út í heimaríki stofnunarinnar, gildir einnig í öðrum ríkjum innan svæðisins. Á grundvelli þess er stofnun heimilt að opna útibú utan heimaríkisins eða veita þjónustu þar án þess að opna útibú. Stofnun þarf hins vegar að tilkynna eftirlitsaðila í heimaríki sínu um þessa fyrirætlan. Þegar um er að ræða opnum útibús tilkynnir eftirlitsaðilinn þessa fyrirætlan til eftirlitsaðila í gistiríkinu. Eftirlitsaðilinn í heimaríkinu getur hafnað að tilkynna um stofnun útibús til fyrirhugaðs gistiríkis ef hann hefur ástæðu til að ætla að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi stofnunar sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús.
2. Eftirlit með starfsemi stofnunar, þar með talið útibúa í öðrum ríkjum, er í höndum eftirlitsaðila í heimaríki stofnunarinnar.

Um fyrri atriðið er fjallað í 13. og 14. gr. frumvarpsins og jafnframt vísað til ákvæða XI. og XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga er gerð ítarleg grein fyrir þeim ákvæðum sem fjalla um starfsemi erlendra stofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru tvær greinar, 15. og 16. gr. Í þeirri fyrri er kveðið á um að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með starfsemi lánastofnana og að um eftirlitið fari samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Í lögum um starfandi lánasjóði ríkisins er ekki kveðið á um eftirlit með starfsemi þeirra en vegna eignarhalds ríkisins eru ársreikningar þeirra áritaðir af Ríkisendurskoðun. Verði frumvarpið að lögum verður á þessu grundvallarbreyting og stofnanirnar framvegis undir eftirliti bankaeftirlitsins eins og flest önnur félög og stofnanir á fjármagnsmarkaðinum. Rétt er að nefna að bankaeftirlitið hefur nú þegar eftirlit með starfsemi eignarleigufyrirtækja á grundvelli laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.

Í 16. gr. er kveðið á um að bankaeftirlitið haldi skrá yfir starfandi lánastofnanir og útibú þeirra. Samsvarandi grein er í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði í sjö greinum, 17.–23. gr.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við heimildir í tilskipun Evrópubandalagsins á þessu sviði. Með 1. mgr. er tekið tillit til þeirra stofnana sem þegar eru starfandi við gildistöku laganna en uppfylla ekki lágmarkskröfur 1. eða 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, enda er það ekki ætlunin að þvinga minni stofnanir til að hætta starfsemi sinni. Viðmiðun ákvæðisins er eigið fé hlutaðeigandi stofnunar og er ekki ætlast til að það fari niður fyrir þau mörk síðar. Lækki eigið fé frá því sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er bankaeftirlitinu heimilt, en ekki skylt, að veita hæfilegan frest til úrbóta. Dugi slíkur frestur ekki skal slíta hlutaðeigandi stofnun.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði um samruna stofnana í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði gildi einnig um lánastofnanir. Af því leiðir að ákvæði 74. gr. þess frumvarps, þar sem kveðið er á um lágmark eigin fjár við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða, á einnig við um lánastofnanir. Í henni kemur fram að eigið fé eftir samruna má ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarksfjárhæðinni, sem tilskilin er við stofnun nýrrar stofnunar, ekki verið náð.

Um 18. gr.

Í IX. viðauka við EES-samninginn er kveðið á um að byggingarsjóðir ríkisins á Íslandi séu undanþegnir ákvæðum fyrstu og annarrar tilskipunar ráðsins um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Undanþágan var fengin á þeirri forsendu að um væri að ræða opinbera lánasjóði sem gegndu ákveðnu samfélagslegu hlutverki, en ólíkt ýmsum öðrum sjóðum af svipuðu tagi hér á landi öfluðu þeir verulegs fjármagns á almennum markaði með útgáfu skuldabréfa. Því er í þessari grein lagt til að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði undanþegnir ákvæðum frumvarpsins.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Eðlilegt þykir að hlutaðeigandi lánastofnun greiði þann kostnað sem hlýst af birtingu tilkynninga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þá er lagt til í greininni að felld verði úr gildi lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er kveðið á um að lögum um þá lánasjóði ríkisins, sem taldir eru upp í ákvæðinu, verði breytt fyrir 1. janúar 1995, þannig að þau samræmist ákvæðum frumvarpsins eða á þann hátt að hlutaðeigandi stofnun falli ekki undir gildissvið laganna. Samkvæmt ákvæðum í IX. viðauka við EES-samninginn er Íslandi veittur aðlögunarfrestur til 1. janúar 1995 að fyrstu og annarri tilskipun ráðsins um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Hér er því lagt til að mögulegur aðlögunarfrestur verði nýttur að fullu.

Rétt er að undirstrika að ekki er sjálfgefið að allar þær stofnanir, sem taldar eru upp í ákvæðinu, eigi að hafa heimild til þess að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings og falla þar með undir gildissvið frumvarpsins. Dæmi um stofnanir, sem ýmis rök mæla með að falli utan gildissviðs laganna vegna eðlis starfsemi þeirra, eru Orkusjóður, Bjargráðasjóður, Hafnabótasjóður, Byggðastofnun og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í stað þess að stofnanirnar hafi heimild til að gefa út skuldabréf til almennings gæti verið eðlilegra að eigandi þeirra útvegaði þeim sjálfur fjármagn í fjárlögum eða með endurlánum eða að þær tækju einungis lán hjá öðrum lánastofnunum.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að þar til starfsemi þessara stofnana hefur verið löguð að ákvæðum frumvarpsins sé þeim óheimilt að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Er það í samræmi við ákvæði í IX. viðauka við EES-samninginn.

Í 3. mgr. er tekið fram að ekki þurfi að breyta lánastofnun sem starfandi er við gildistöku laganna í hlutafélag.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Iðnþróunarsjóður er í eigu ríkissjóða Norðurlandanna. Á undanförnum árum hefur stofnframlag annarra Norðurlanda verið endurgreitt samkvæmt ákvæði í stofnsamningi. Endurgreiðslum lýkur á árinu 1995 og þá kemst sjóðurinn alfarið í eigu Íslendinga. Á þessu ári var kannað hvort ríkisstjórnir annarra Norðurlanda hefðu áhuga á að breyta stofnsamningnum til að afnema ríkisábyrgð á sjóðnum. Svo reyndist ekki vera, fyrst og fremst vegna þess hversu þungt það er í vöfum að breyta samningi af þessu tagi, en það krefst staðfestingar allra þjóðþinganna fimm. Í ljósi þess hversu stutt er þangað til sjóðurinn kemst í eigu Íslendinga þótti ekki taka því. Því er lagt til að ákvæði frumvarps þessa gildi ekki um stjórnun og starfsemi Iðnþróunarsjóðs að því marki sem þau kunna að brjóta í bága við ákvæði stofnsamningsins. Hins vegar gilda að sjálfsögðu önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem um eiginfjárhlutfall, ársreikning, endurskoðun og eftirlit, um sjóðinn.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Eignarleigufyrirtæki starfa nú á grundvelli laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Verði frumvarp þetta að lögum falla þau lög úr gildi og eignarleigufyrirtæki verða háð ákvæðum frumvarpsins. Ekki er talið að samþykkt þess hafi í för með sér mikla röskun á starfsemi eignarleigufyrirtækja. Engu að síður þykir rétt að gefa þeim eins árs aðlögunarfrest að ákvæðum frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum í IX. viðauka við EES-samninginn er Íslandi veittur aðlögunarfrestur til 1. janúar 1995 að fyrstu og annarri tilskipun ráðsins um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um stofnun og rekstur lánastofnana. Hér er því lagt til að mögulegur aðlögunarfrestur verði ekki nýttur að fullu.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að þar til starfsemi eignarleigufyrirtækja hefur verið löguð að ákvæðum frumvarpsins sé þeim óheimilt að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Er það í samræmi við ákvæði í IX. viðauka við EES-samninginn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja heildstæða löggjöf er nær til allra lánastofnanna annarra en viðskiptabanka og sparisjóða. Lánastofnun er skilgreind sem félag eða stofnun sem lánar í eigin nafni og aflar sér fjár með skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sjá 2. gr. Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi þannig að skýr aðskilnaður er í þessu tilliti milli banka og lánastofnana.

Með frumvarpinu er þar með náð til starfsemi fjárfestingarlánasjóða, eignarleigufyrirtækja og ýmissa annarra lánastofnana. Skilgreining á hugtakinu lánastofnun nær ekki til lífeyrissjóða, þar sem þeir afla sér ekki lánsfjár með útgáfu skuldabréfa. Enn fremur nær það ekki til verðbréfasjóða en um þá gilda sérstök lög.

Samkvæmt þessu er ljóst að allir lánasjóðir í eigu ríkisins eða með aðild þess munu falla undir lög þessi að undanskildum Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skv. 18. gr. og Iðnþróunarsjóði til ársloka 1995 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Samkvæmt 5. gr. verður lánastofnun ekki stofnuð með lægra hlutafé en 400 m.kr. Í skýringum við 5. gr. er þess getið að ekki teljist skylt að breyta starfandi lánastofnunum ríkisins í hlutafélög, en hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu samhliða því sem lögum um þá er breytt. Í 17. gr. er starfandi lánastofnunum við gildistöku laganna með eigið fé lægra en það hlutafé sem mælt er fyrir um í 5. gr. heimilað að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið svo á að í síðasta lagi fyrir árslok 1994 skuli breyta lögum um ákveðna lánasjóði sem taldir eru upp í greininni á þann veg að þeir samræmist ákvæðum frumvarpsins eða ella falli þeir utan við gildissvið laga þessara.

Með þessu móti verður að líta svo á að lánasjóðir í eigu ríkisins verði leystir undan þeirri kvöð að auka hlutafé sitt eða eigið fé upp í 400 m.kr. þar sem það er minna en þeirri fjárhæð nemur.

Í 10. gr. segir að eigið fé lánastofnunar skuli á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni. Athugun á reikningum Byggðastofnunar (án atvinnutryggingardeildar sem er með neikvæðan höfuðstól), Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins við árslok 1991 sýnir að allir sjóðirnir geta mætt þessari kröfu. Litið er svo á að þetta séu einu sjóðirnir í eigu ríkisins sem geta talist falla undir skilgreiningu 2. gr. Engin sérstök athugun fór fram á hvort mat á

eignum viðkomandi sjóða væri rétt og var stuðst við yfirlýsingar og áritun viðkomandi endurskoðenda sjóðanna og Ríkisendurskoðunar.

Telja verður að samþykkt frumvarpsins muni ekki hafa annan kostnaðarauka í för með sér en þann sem leiðir af aukinni starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem falið er það hlutverk að hafa eftirlit með viðkomandi lánasjóðum, en það hlutverk er ekki á vegum eftirlitsins nú. Mun þessi aukning á skyldum þess ásamt öðrum skyldum, sem bætt hefur verið á það með öðrum nýjum lögum, verða til þess að starfsfólki við eftirlitið fjölgar en á móti mun störfum fækka í öðrum deildum Seðlabankans þar sem starfsemi hefur dregist saman.

899. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. lög nr. 5/1992, kemur ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um önnur fráviksmörk greiðslumarks en um getur í 3. mgr. fyrir landsvæði þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða. Enn fremur vegna framleiðenda sem náð hafa 67 ára aldri eða hafa skerta starfsgetu vegna örorku. Þá er í slíkum samningi heimilt að ákveða að efri mörk greiðslumarks séu mishá eftir landsvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra hefur leitað eftir viðræðum við Stéttarsamband bænda um endurskoðun á vissum þáttum búvörusamnings frá 11. mars 1991. Sú endurskoðun mun einkum beinast að fráviksmörkum við greiðslumark sauðfjárafurða sem tilgreind eru í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 46/1985, sbr. breytingu með lögum nr. 5/1992.

Markmið endurskoðunarinnar kemur fram í erindi sem ráðherra ritaði formanni Stéttarsambands bænda í lok febrúar sl. Þar segir m.a.:

„1. Sauðfjárbændur á skilgreindum svæðum, þar sem talin er þörf á sérstökum gróðurverndar- eða landgræðsluaðgerðum, verði leystir undan þeirri kvöð að framleiða a.m.k. 80% upp í greiðslumark sitt til að eiga rétt á fullum beingreiðslum. Þessi tilteknu svæði séu skilgreind svo þröngt að ekki verði um það deilt að þau hafi sérstöðu í þessu tilliti.

Hér er eingöngu verið að tala um valkost til handa bændum, en ekki um það að ræða að þeir verði þvingaðir til fjárfækkunar. Þeir sem á hinn bóginn vildu taka slíku tilboði yrðu jafnframt að undirgangast kvaðir um nokkurt vinnuframlag til gróðurverndar eða uppgræðslu.

2. Metið verði hvort ekki sé skynsamlegt að gefa rosknum bændum og öryrkjum rýmri hendur hvað varðar neðri mörk framleiðslu en 80% eins og nú er. Ofangreindar tillögur miða að því að skapa aukið svigrúm til átaka í landgræðslustörfum og veita mönnum með takmarkaða starfsorku möguleika til að draga saman búskap án þess að það hafi tilfinnanlegan tekjumissi í för með sér. Jafnframt skapaðist nokkurt svigrúm til framleiðslu hjá öðrum bændum. Það er síðan sérstakt athugunarefni hvort það svigrúm eigi að deilast hlutfallslega á alla framleiðendur eða deila því út á sérmerkt „sauðfjársvæði“.“

Leiði viðræðurnar til samkomulags er nauðsynlegt að fyrir hendi sé ótvíræð lagaheimild til að víkja frá áðurgreindum frávikum.

900. Frumvarp til laga [542. mál]

um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti.

2. gr.

Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra, svo og alla sáðvöru, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbætandi efni.

3. gr.

Eftirlit með þeim vörum, sem lög þessi taka til, skal vera undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess sem hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra þrjár ólaunaðar nefndir til fjögurra ára í senn sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum:

1. *Fóðurnefnd,* skipuð búfjárræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingi tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralækni tilnefndum af yfirdýralækni.
2. *Sáðvörunefnd,* skipuð jarðræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, fóðursérfræðingi tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Einn nefndarmanna skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar.
3. *Áburðarnefnd,* skipuð jarðræktarráðunaut tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og öðrum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar.

II. KAFLI
Aðfangaeftirlit.

4. gr.

Aðfangaeftirlitið skal halda skrá yfir þá aðila sem framleiða hér á landi eða flytja inn þær vörur sem lög þessi taka til. Óheimilt er að skrá framleiðanda eða innflutningsaðila sem ekki sýnir fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörum sem lög þessi taka til, nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá aðfangaeftirlitinu sem staðfestir skráningu vörunnar. Aðfangaeftirlitið skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

6. gr.

Aðfangaeftirlitið skal með sýnatökum fylgjast með að vörur þær, sem skráðar hafa verið, séu í samræmi við gildandi vörulýsingar. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem þess er óskað. Kaupandi vöru getur óskað eftir því að fram fari sérstök athugun á vegum aðfangaeftirlitsins vegna gruns um að varan sé ófullnægjandi. Kostnað af ítrekuðum tilefnislausum rannsóknum greiðir kaupandi samkvæmt reikningi.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um sýnatöku og önnur atriði er varða framkvæmd aðfangaeftirlitsins, svo og ákvæði um merkingar vöru, pökkun hennar og ákvæði um hámark óæskilegra efna.

III. KAFLI
Eftirlitssjóður.

8. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sértækt eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka lögtaki.

IV. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, og lög nr. 106 28. desember 1992, um breytingu á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti vegna gildistöku samnings um EES lög nr. 106/1992 þar sem sniðnir voru af lögum nr. 53/1978 viðskiptatæknilegir vankantar.

Um nokkurn tíma hefur verið ljós sú brýna þörf sem er á heildarendurskoðun gildandi laga og reglugerða. Eftir að frumvarp til laga nr. 106/1992 var lagt fram skipaði landbúnaðarráðherra því nefnd til slíkrar heildarendurskoðunar. Í þeirri nefnd eiga sæti Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Gunnar Sigurðsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er byggt á tillögum nefndarinnar. Var það lagt fyrir búnaðarþing 1993 sem mælti fyrir sitt leyti með lögfestingu þess, enda væru breytingar þær sem frumvarpið felur í sér til bóta fyrir málaflokkinn.

Ljóst er að við gildistöku samningsins um EES breytist það viðskiptaumhverfi sem verið hefur fyrir vöruflokka þá sem lög þessi taka til. Einnig hafa verið miklar og örar breytingar á framleiðsluháttum. Með bættum tækjakosti söluaðila og innra eftirliti hefur stöðugleiki vörugæða aukist. Eðli opinbers eftirlits breytist því samhliða yfir í að vera til tryggingar á að þær vinnureglur, sem settar eru um notkun hráefna og almenna viðskiptahætti, séu haldnar. Erlendis er eftirlitsstarfsemi sem þessi alls staðar beinn hluti framkvæmdarvalds.

Víða erlendis er talið erfitt að stunda nútímabúfjárhald nema með stöðugri lyfjanotkun í fóður. Hér á landi hefur ríkt sú skoðun að lyf skuli aðeins nota í búfjárrækt í sjúkdómstilvikum og þá samkvæmt tilvísun dýralæknis. Ein undantekning hefur verið frá þessu sem er notkun hnislasóttarlyfja í fóðri kjúklinga. Þetta gefur íslenskri búfjárframleiðslu sérstöðu sem viðurkennd er af hálfu EB. Í samningnum um EES eru í gildi ákvæði um að þessar reglur er varða lyfjanotkun í fóður skuli koma til endurskoðunar árið 1995, sjá fskj. II. Vaxandi skilningur á gildi hreinleika í framleiðslu á landbúnaðarvörum mun gera okkur kleift að tryggja þessum sjónarmiðum brautargengi áfram.

Vegna athugasemda Íslendinga og fleiri þjóða við upphaflega skoðun laga í viðauka II, kafla 14, um áburð, sjá fskj. III, hefur EB fallist á sjónarmið sem sett voru fram í þessu tilliti. Þessari sérstöðu mun Ísland halda og mun EB aðlaga sig þessum umhverfissjónarmiðum okkar í viðskiptum með áburð.

Í ljósi þess sem að framan er rakið eru því með frumvarpi þessu lagðar til eftirfarandi meginbreytingar á gildandi lögum:

a. Opinbert eftirlit verði ótvírætt hluti framkvæmdarvaldsins. Framkvæmd gildandi reglna og aðlögun þeirra breytinga, sem stöðugt eru í gangi, yrði verkefni aðfangaeftirlits sem hluti landbúnaðarráðuneytisins og hefur þannig öðlast hliðstæða stöðu í stjórnkerfinu og sambærilegt eftirlit erlendis.
b. Reglur um vörulýsingar og skilgreiningar á vörum (efna- og lífeðlisfræðilegir þættir) verði færðar til meira samræmis við það sem nú gerist erlendis.
c. Framkvæmd tilkynningarskyldu skv. 12. gr. gildandi laga er endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er tilgangi laganna lýst, en hann er sá að tryggja bændum og öðrum notendum fóðurs, áburðar og sáðvöru fullnægjandi vöru sem uppfyllir vörulýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti. Greinin er skýrar orðuð en ákvæði 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um gildissvið laganna, en þau taka til eftirlits með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé og öðrum dýrum. Gerður er greinarmunur á fóðri dýra í matvælaframleiðslu og fóðri annarra dýra, þannig að landbúnaðaráðherra sé kleift, ef nauðsynlegt er talið, að setja ákvæði um hámark óæskilegra efna í heimaaflafóður. Þá ná lögin yfir alla sáðvöru, en ekki aðeins sáðvörur til landbúnaðarnota, eins og er samkvæmt gildandi lögum, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbætandi efni, svo sem áburðarkalk, mómold (spagnum) og önnur skyld efni.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði lögð niður og eftirlit með þeim vöruflokkum, sem lögin ná yfir falin aðfangaeftirliti, sem heyri beint undir landbúnaðarráðherra. Þessi breyting er til samræmis þeirri stjórnsýslu sem gildir um þennan málaflokk meðal nágrannaþjóða okkar. Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að aðfangaeftirlitinu verði falin umsjón með framkvæmd laga og reglugerða sem varða þetta svið.

2. og 3. mgr. svarar að efni til ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 53/1978.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli í lögum og tekur mið af reynslu liðinna ára um framkvæmd á tilkynningarskyldu 12. gr. núgildandi laga.

Nokkuð hefur skort á að ákvæði 12. gr. hafi verið uppfyllt og er skýrar kveðið á um þau atriði sem innflytjendur fóðurs þurfa að uppfylla áður en til innflutnings kemur, þar sem lögin gera ráð fyrir að vörur, sem lýst hefur verið, fái staðfestingu aðfangaeftirlitsins á því að þær falli að þeim umhverfissjónarmiðum sem viðhalda á hér á landi, sbr. nánar 5. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á framleiðendur og/eða innflytjendur að tilkynna þær vörur sem lögin ná yfir til aðfangaeftirlitsins sem skráir viðkomandi vöru. Tilkynningarskylda sem þessi er nauðsynleg til að eftirlitið geti, hvenær sem ástæða er talin til, gripið til viðhlítandi úrræða til að tryggja sem best að gildandi lög um notkun fóðurefna og íblöndunarefna séu virt.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 106/1992 um breytingu á 7. gr. laga nr. 53/1978.

Um 6. gr.

Greinin tekur til eftirlits með að þær vörulýsingar, sem gefnar voru skv. 5. gr., standist. Sú skilgreining, sem gerð er á vörunum til að falla að markmiðum um umhverfi og hollustuhætti, krefst eftirlits. Það er eftirlit fyrir kaupendur vöru til að tryggja áður talin markmið og til að tryggja framleiðendum og seljendum samræmdar forsendur við sölu.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um framkvæmd á nauðsynlegri sýnatöku og framkvæmd eftirlits að öðru leyti verði sett með reglugerð.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til V. kafla laga nr. 53/1978. Með sértæku eftirlitsgjaldi er átt við gjald sem innheimta má til að standa straum af kostnaði við sérstakar rannsóknir sem kann að þurfa að gera á vörum umfram þær almennu vörulýsingar sem reglugerðir kveða á um. Nauðsynlegt getur reynst að framkvæma sérstakar rannsóknir með tilliti til hollustu þeirrar vöru sem til skoðunar er.

Tryggja verður að innheimt eftirlitsgjöld séu notuð til raunverulegs eftirlits, en séu ekki óbein skattheimta á vörurnar. Það verður að telja betur tryggt með því breytta fyrirkomulagi sem lagt er til í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Með frumvarpinu er settur nýr lagarammi um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Þessu eftirliti er nú sinnt af eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnuð verði sérstök stjórnsýsludeild, sem heyri beint undir landbúnaðarráðherra, til þess að sinna þessu eftirliti. Þessi deild verði vistuð innan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eða landbúnaðarráðuneytis.

Kostnaður við eftirlitið er um 5 m.kr. á ári og er það fjármagnað að fullu með gjaldtöku. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir notendur þjónustunnar né heldur ríkissjóð.

Fylgiskjal II.

Ákvæði EES-samningsins.
Viðauki I, bls. 49–51,
um heilbrigði dýra og plantna,
II. kafli um fóður.

II. FÓÐUR

1. Þrátt fyrir ákvæði gerða, sem vísað er til í þessum kafla, skulu Sviss og Liechtenstein innleiða innlenda löggjöf um gæludýrafóður samkvæmt gerðum þessum í síðasta lagi 1. janúar 1995. Frá 1. janúar 1993 skulu Sviss og Liechtenstein ekki leggja bann við markaðssetningu afurða sem samræmast ákvæðum gerðanna.
2. Afurðir úr dýraríkinu fengnar úr fóðri í samræmi við ákvæði gerða, sem getið er í viðauka þessum, skulu ekki vera háðar neinum viðskiptahindrunum vegna ráðstafana sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

Aukefni.

1. 370L0524: Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB nr. L 270, 14.12. 1970, bls. 1) eins og henni var breytt með:
   — 373L0103: Tilskipun ráðsins 73/103/EBE frá 28. apríl 1973 (Stjtíð. EB nr. L 124 10.5. 1973, bls. 17);
   — 384L0587: Tilskipun ráðsins 84/587/EBE frá 30. júní 1984 (Stjtíð. EB nr. L 319, 8.12. 1984, bls. 13);
   — 387L0153: Tilskipun ráðsins 87/153/EBE frá 16. febrúar 1987 (Stjtíð. EB nr. L 64 7.3. 1987, bls. 19);
   — 391L0248: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE frá 12. apríl 1991 (Stjtíð. EB nr. L 124, 18.5. 1991, bls. 1);
   — 391L0249: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/249/EBE frá 19. apríl 1991 (Stjtíð. EB nr. L 124, 18.5. 1991, bls. 43);
   — 391L0336: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/336/EBE frá 10. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 185, 11.7. 1991, bls. 31).

   EFTA-ríkin munu taka upp ákvæði tilskipunarinnar frá 1. janúar 1993 með eftirtöldum skilmálum:
   — EFTA-ríkin geta viðhaldið eigin löggjöf um vaxtarhvetjandi efni. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 1995.
   — EFTA-ríkin geta beitt eigin löggjöf í tengslum við önnur aukefni sem viðauki I tekur til þar til 31. desember 1994.

Engu að síður
- getur Finnland viðhaldið eigin löggjöf um sýklalyf. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 1995;
- getur Ísland
  - viðhaldið eigin löggjöf um sýklalyf. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 1995;
  - beitt eigin löggjöf um þráavarnarefni, bragðbætandi og lystaukandi efni svo og litarefni, þar á meðal dreifuliti, þar til 31. desember 1995;
- getur Noregur
  - viðhaldið eigin löggjöf um sýklalyf, hnislalyf og önnur læknandi efni, rotvarnarefni, brennisteinssýru og saltsýru, svo og snefilefnið kopar sem vaxtarhvetjandi efni. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 1995;
  - á tímabili sem lýkur 31. desember 1994 beitt eigin löggjöf um vítamín, próvítamín og efni sem eru vel skilgreind efnafræðilega og hafa svipuð áhrif. Samningsaðilar geta komið sér saman um að framlengja þetta tímabil;
- getur Sviþjóð
  - viðhaldið eigin löggjöf um sýklalyf, hnislalyf og önnur læknandi efni svo og rotvarnarefnið maurasýru. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 1995.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:
Vegna beitingar 4. og 5. gr.
- skulu EFTA-ríkin eigi síðar en 1. janúar 1993 senda málsskjöl um aukefni sem leyfð eru af EFTA-ríkjum en ekki í bandalaginu, ákvarðað í samræmi við viðmiðunarreglur sem kveðið er á um í tilskipun 87/153/EBE.

Senda skal málsskjöl og greinargerðir, eftir því sem við á, að minnsta kosti á ensku. Auk þess skal senda stutt yfirlit sem ætlað er til birtingar með grunnupplýsingum málsskjala og greinargerða á ensku, frönsku og þýsku;

fyrir 1. janúar 1995 skal tekin ákvörðun, í samræmi við málsmeðferð 23. gr., um innlend leyfi sem EFTA-ríki veita. Þar til ákvörðun hefur verið samþykkt af Efnahagsbandalagi Evrópu er EFTA-ríkjunum heimilt að styðjast við innlend leyfi vegna afurða sem markaðssettar eru á yfirráðasvæði þeirra.

2. 387L0153: Tilskipun ráðsins 87/153/EBE frá 16. febrúar 1987 um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu (Stjtíð. EB nr. L 64, 7.3. 1987, bls. 19).

Fylgiskjal III.

Ákvæði EES-samningsins.
Viðauki II, kafli XIV,
bls. 163, Áburður.

XIV. ÁBURÐUR
GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 376l0116: Tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð (Stjtíð. EB nr. L 24, 30.1. 1976, bls. 21) eins og henni var breytt með:
   — 388L0183: Tilskipun ráðsins 88/1983/EBE frá 22. mars 1988 (Stjtíð. EB nr. L 83, 29.3. 1988, bls. 33);
   — 389L0284: Tilskipun ráðsins 89/284/EBE frá 13. apríl 1989 um viðbætur og breytingar á tilskipun 76/116/EBE hvað snertir kalsíum-, magníum-, natríum- og brennisteinsinnihald tilbúins áburðar (Stjtíð. EB nr. L 111, 22.4. 1989, bls. 34);
   — 389L0530: Tilskipun ráðsins 89/530/EBE frá 18. september 1989 um viðbætur og breytingar á tilskipun 76/116/EBE hvað snertir snefilefnin bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólýbden og sink í tilbúnum áburði (Stjtíð. EB nr. L 281, 30.9. 1989, bls. 116).

   EFTA-ríkjunum verður frjálst að takmarka aðgang að mörkuðum sínum varðandi kadmíum í tilbúnum áburði í samræmi við kröfur í gildandi löggjöf þeirra daginn sem samningur þessi tekur gildi. Samningsaðilar skulu endurskoða stöðuna sameiginlega árið 1995.

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:
   a. Í kafla A II í viðauka I bætist eftirfarandi við svigagreinina í þriðju undirgrein 6. dálks í 1. tölul.:
      „Austurríki, Finnlandi, Íslandi, Liechtenstein, Noregi, Svíþjóð og Sviss".
   b. Í kafla B 1., 2. og 4. í viðauka I bætist eftirfarandi við í svigagreininni á eftir 6b í 3. tölul. 9. dálks:-
      „Austurríki, Finnlandi, Íslandi, Liechtenstein, Noregi, Svíþjóð og Sviss".

2. 377L0535: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/535/EBE frá 22. júní 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði (Stjtíð. EB nr. L 213, 22.8. 1977, bls. 1) eins og henni var breytt með:
   . . .

901. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumslágflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fóðrun og gæsla alifisks hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr.

Fiskur: Lax (salmo salar), silungur (salmo trutta og salvelinus alpinus) og regnbogasilungur (oncorhynchus mykis) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Göngusilungur: Silungur er gengur í sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.

Hafbeitarstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Kvíaeldi: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

Kvísl: Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Netlög í sjó: Svæði sjávar og sjávarbotns, 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

Ós í á: Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós í stöðuvatn: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur þá er enginn vöxtur er í og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél, sjá föst veiðivél.

2. gr.

IV. kafli laganna, **Um friðun lax og göngusilungs**, orðast svo:

a. (14. gr.)

1. Eigi má veiða lax í sjó og ekki silung utan netlaga.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki sem ætluð eru til veiði annarra fiska og skal þá þeim er veiðir skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því er öðlaðist gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn eða hafbeitarstöð svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu eða hjá stöðinni, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, eða eigendur hafbeitarstöðvar vilja leysa sjávarveiðina til sín, er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 94. og 96. gr.

6. Frá hverri jörð, er liggur að sjó, skal heimilt að hafa mest tvö silungslagnet samtímis í sjó. Um aðrar landareignir, sem liggja að sjó, gildir sú regla að miða lagnetjafjölda við þann fjölda jarða sem viðkomandi landareign tilheyrði áður. Nú getur landeigandi sýnt fram á að fleiri lagnir hafi verið í notkun skv. 5. mgr. 27. gr. laga þessara og eldri laga og er þá heimilt að fjölga netjum að því marki, svo fremi að það stangist ekki á við önnur ákvæði laga þessara. Rétt er ráðherra að setja reglur um veiði þessa.

7. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda komi ósk um slíka friðun frá einstökum veiðieigendum eða veiðifélagi sem ætla verði að njóti góðs af friðun þessari. Um mat á bótum vegna slíkrar takmörkunar fer skv. 94. og 96. gr., en bætur skulu greiddar af þeim sem takmörkunar óskar.

8. Með sama skilorði og í 7. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa þar sem hætta er á að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað sem ætlaður er til slíkrar veiði.

b. (15. gr.)

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi á lóð, í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns eða þeim stað er fiski er ætlað að ganga í hafbeitarstöð en 1.500 m á tímabilinu 1. mars til 1. október, enda gangi fiskur í það vatn. Hlutaðeigandi veiðifélag fer með umráðarétt á stangaveiði á friðunarsvæðum þessum. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra, að fengnu áliti veiðimálastjóra, leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

c. (16. gr.)

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 m upp frá slíkum ósum eða 250 m niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 m upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því er ræðir um í 1. og 2. mgr. þar sem svo hagar til að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

4. Ráðherra er rétt, með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma og má binda það því skilorði að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semur.

d. (17. gr.)

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats skv. 94. gr.

e. (18. gr.)

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en þrjá og hálfan mánuð. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 30. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst og er þeim er veiðir skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

f. (19. gr.)

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangaveiði og veiði með færi má stunda frá sólarupprás til sólseturs, þó aldrei á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn og skal hann friðaður þar svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki er hindra fiskför um vötn. Kostnað er af þessu leiðir má greiða úr Fiskræktarsjóði að ⅓ hluta.

g. (20. gr.)

1. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, að friða tiltekin svæði í vatni þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati skv. 94. gr. ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

h. (21. gr.)

1. Eigi má veiða lax minni en 40 sm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 sm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr. og skal þá þeim er veiðir skylt að sleppa honum aftur í vatn.

i. (22. gr.)

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.–21. gr., svo og ákvæði 38. gr., er leyfilegt að veiða lax og silung til vísindalegra rannsókna og eru slíkar veiðar undanþegnar friðunarákvæðum laga þessara.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteinið skal gefið út handa einstaklingi og gildir það um tiltekinn tíma.

3. Nú vill veiðifélag eða meiri hluti veiðieigenda við veiðivatn láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni, skal þá sækja um það til veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri gefur út slíkt leyfi með samþykki ráðherra og gildir það um tilekinn tíma. Í leyfið skal veiðimálastjóri setja skilyrði sem hann telur nauðsynleg til verndar viðkomandi fiskstofni.

4. Ráðherra er rétt að setja reglur um veiðar fyrir klak, flutning og sleppingar aliseiða og fisks í veiðivatn.

j. (23. gr.)

Frá 5. október til 20. maí ár hvert er bannað hafa viðskipti með villtan lax nema hann hafi sannanlega verið veiddur á hinum lögleyfða árlega veiðitíma.

3. gr.

V. kafli laganna, **Um friðun vatnasilungs**, orðast svo:

a. (24. gr.)

1. Vatnasilung er heimilt að friða fyrir allri veiði ef ástæða þykir til. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju í samráði við hlutaðeigandi veiðifélag.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

b. (25. gr.)

1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir.

2. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatni og skal ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra og með samþykki eiturefnanefndar, að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

c. (26. gr.)

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

4. gr.

IX. kafli laganna orðast svo:

Um fiskeldi, hafbeit og fiskrækt.

a. (62. gr.)

1. Til fiskeldis þarf leyfi landbúnaðarráðherra sem veitir staðsetningarleyfi að fenginni umsögn veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og fisksjúkdómanefndar og að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti vegna stofnana þess er málið varðar. Við veitingu leyfa og setningu reglna um nýtingu á sjó utan netlaga til fiskeldis skal landbúnaðarráðherra hafa samráð við sjávarútvegsráðherra.

2. Nú æskir maður þess að taka upp fiskeldi, þar á meðal kvíaeldi eða hafbeit á laxfiskum, og skal hann þá sækja um það til ráðuneytisins. Umsókn skulu fylgja skilríki um lands- og vatnsafnot og sjávar, einnig uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum, svo og kostnaðaráætlun. Þá liggi fyrir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og samráð og umsögn hlutaðeigandi liggur fyrir og teljast fullnægjandi skal ráðherra gefa út staðsetningarleyfi á eldisstöðinni eða hafbeitarstöðinni. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

3. Hafi stöð hlotið staðsetningarleyfi, sbr. 1. mgr., þarf að sækja um rekstrarleyfi áður en starfsemi hefst í stöðinni. Veiðimálastjóri skal veita rekstrarleyfið að undangenginni athugun á búnaði stöðvar og öðlast stöðin þar með réttindi skv. 67. gr.

b. (63. gr.)

1. Á sama hátt og segir í 3. mgr. 62. gr. getur veiðimálastjóri heimilað eigendum veiðivatns að taka upp hafbeit á laxi til stangaveiði, enda hafi veiðifélag, ef til er, ella meiri hluti veiðieigenda sótt um slíkt leyfi.

2. Ráðherra getur skv. 4. mgr. heimilað notkun hafbeitarstofns úr sama landshluta til hafbeitar á laxi í veiðivatni, enda liggi fyrir samþykki veiðifélags eða meiri hluta veiðieigenda við veiðivatnið til slíkrar framkvæmdar.

c. (64. gr.)
Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar og starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.

d. (65. gr.)
1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð og skal þá búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.
2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar og fer þá um gerð stíflu skv. 41. gr.

e. (66. gr.)
Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni og skal þá haga vatnstöku svo að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

f. (67. gr.)
Friðunarákvæði þessara laga, svo sem um gönguhelgi, veiðitíma, stærð fisks, veiðitæki og veiðiaðferðir, taka ekki til veiða á eigin fiski í eldisstöðvum, hafbeitarstöðvum né í eldiskvíum.

g. (68. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 67. gr. skal ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

h. (69. gr.)
Forráðamenn eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvanna, svo sem framleiðslumagn, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans og önnur atriði sem nauðsynleg þykja.

i. (70. gr.)
Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni og skal þá bæta tjónið eftir mati ef eigi semur.

j. (71. gr.)
Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 7. og 8. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

k. (72. gr.)
Ráðherra er rétt samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 m frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

l. (73. gr.)
Missi fiskeldisstöð með rekstrarleyfi út fisk er henni heimil, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu, veiði innan 200 m frá stöðinni, enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út ef þetta gerist á göngutíma laxfiska og skulu framkvæmdar undir eftirliti fulltrúa veiðimálastjóra.

m. (74. gr.)
Fiskeldisstöðvar, hafbeitarstöðvar og kvíaeldisstöðvar hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva sem gætir sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.

XIII. kafli laganna orðast svo:

Um stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit.

a. (86. gr.)
1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

b. (87. gr.)
1. Ráðherra skipar veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í vatnalíffræði eða fiskifræði vatnafiska.
   a. Hann er ráðherra til aðstoðar um allt sem að stjórn veiðimála lýtur.
   b. Hann annast þau verkefni sem honum eru sérstaklega falin í lögum þessum.
   c. Hann gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði.
   d. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum sem hann setur.
   e. Hann annast söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi.
   f. Hann gerir tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna.

2. Veiðimálastjóri er forstjóri Veiðimálastofnunar sem er rannsókna- og þjónustustofnun í veiðimálum og hefur hann á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsfólk. Heimilt er að ráða aðstoðarforstjóra til að sinna rekstrarþáttum stofnunarinnar. Ráðherra er rétt að setja reglugerð um verkefni og stjórn stofnunarinnar.

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:
   a. Að annast verkefni sem miða að því að auka fiskgengd í ám og vötnum og bæta nýtingu þeirra.
   b. Að annast rannsóknir á ám og vötnum og á vatnafiskum, í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

c. Að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum.
d. Að annast rannsókn á einstökum veiðivötnum fyrir eigendur þeirra og veiðifélög, enda greiði þessir aðilar kostnað af verkinu, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

3. Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

c. (88. gr.)

1. Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja deildir á landsbyggðinni samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum stjórnar Veiðimálastofnunar og veiðimálastjóra.

2. Laxeldisstöð ríkisins er fjárhagslega sjálfstæð deild á vegum Veiðimálastofnunar sem er rannsóknavettvangur fyrir klak og eldi laxfiska, kynbætur og hafbeit. Ráðherra er heimilt að setja reglur um verkefni og skipa fag- og stjórnarnefnd fyrir stöðina, en veiðimálastjóri skal vera formaður hennar.

d. (89. gr.)

1. Stjórn Veiðimálstofnunar skal skipuð fimm mönnum sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu deildarstjóra stofnunarinnar. Ráðherra skipar formann. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. Stjórn Veiðimálastofnunar hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og deilda hennar og markar meginatriði um stefnu og starf hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri.

e. (90. gr.)

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd og skipar þá ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál sem henni eru falin í lögum þessum.

f. (91. gr.)

Veiðifélög, samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara, hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

g. (92. gr.)

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði þar sem þurfa þykir, enda æski þess veiðifélag, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra. Á sama hátt skipar ráðherra eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmenn með veiði laxfiska í sjó. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra og greiðist kostnaður við störf þeirra úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

4. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

5. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því og um netlög í sjó, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

6. Nú leikur grunur á að fiskur sé ólöglega veiddur og getur eftirlitsmaður krafist þess að sá er hefur hann undir höndum geri eftirlitsmanni grein fyrir hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

7. Nú leikur grunur á að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

6. gr.

Töluröð greina í XIV.–XVII. kafla breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um lax- og silungsveiði eru frá 1970. Ýmislegt hefur verið að gerast á sviði veiðimála sem kallar á breytt lagaákvæði og ný ákvæði, eins og um fiskeldi. Það er því löngu ljóst að endurskoða þyrfti lög um lax- og silungsveiði, enda var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp í þessu skyni 1983. Síðar hefur verið unnið að þessu máli og nokkur frumvarpsdrög á vegum ráðuneytisins hafa verið samin þó að ekki hafi þau verið lögð fram frá 1983, að því undanskildu að samþykkt var vorið 1992 breyting á kaflanum um Fiskræktarsjóð.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af fyrrgreindum frumvarpsdrögum og sum ákvæði tekin beint upp í frumvarp þetta, en önnur voru endurskoðuð og enn fremur sett inn ný ákvæði.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði og eru brýnar, snerta aðeins fimm kafla laganna, þ.e. I., IV., V., IX. og XIII. kafla og því er ekki um heildarendurskoðun laganna að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við orðskýringar 1. gr. gildandi laga er bætt skýringum á orðunum fiskeldisstöð, hafbeit, hafbeitarstöð, kvíaeldi og netlög í sjó. Þá er breytt skýringu á orðinu fiskeldi.

Um 2. gr. a (14. gr.)

Í 1. mgr. er bætt inn að ekki megi veiða silung í sjó utan netlaga sem telja verður að liggi beinast við þar sem hér er um ferskvatnsfisk að ræða og veiðiréttur fylgir landi og nær það til netlaga.

Í 5. mgr. er bætt inn heimild til handa hafbeitarstöð að leysa til sín sjávarveiði sem liggur nærri henni, hliðstætt og segir um veiðivatn. Það verður að teljast eðlilegt að sama gildi fyrir þróaða hafbeitarstöð sem sleppir miklum fjölda gönguseiða í sjó og eigendur laxveiðiár, að hún eigi þess kost að geta leyst til sín laxveiðilagnir sem tækju verulegan toll af afurðum stöðvar og ef af yrði þá væntanlega í samvinnu við áreigendur sem svipað er ástatt um.

6. mgr. er nýmæli sem varðar takmörkun á fjölda silungslagnetja í sjó.

Lagt er til að lögfesta ákvæði um hámarksfjölda silungsnetja í sjó frá hverju lögbýli sem slíka aðstöðu hefur. Á sínum tíma, 1957, var í lögum kveðið svo á að ekki mætti fjölga lögnum frá því sem verið hafði á árunum 1952–57 og 1970 var þetta ákvæði áréttað með gildandi löggjöf. Víst er að langflest lögbýli, sem land eiga að sjó, hafa ekki verið með meiri búnað en tvö lagnet á sínum tíma. Hins vegar hefur það gerst að sveitarstjórnir í þéttbýli, sem reist hefur verið á landi lögbýla, hafa gefið árlega út á seinni árum tugi netjaleyfa til einstaklinga á viðkomandi þéttbýlisstöðum. Slíkt framferði gengur þvert á ákvæði laga sem setja öllum veiðiskap á laxi og göngusilungi fastar skorður. Nauðsyn ber til að girt sé fyrir misnotkun af fyrrgreindu tagi með skýrum lagafyrirmælum.

7. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. í gildandi lögum og varðar takmörkun eða bann við veiði göngusilungs í sjó á tilteknum stæðum. Fellt er út að sýslunefnd eða bæjarstjórn þurfi að mæla með slíkri framkvæmd, en látið standa að veiðieigendur eða veiðifélag þurfi að biðja um slíka friðun eða bann. Jafnframt er sett inn að bótamat fari fram skv. 94. og 96. gr. og að þeir sem takmörkunar óska greiði bæturnar.

Um 2. gr. b (15. gr.)

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 15. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er inn „á lóð". Sjálfsagt þykir að bæta inn á bannlista lóðum til veiða á silungi í sjó. Í 2. mgr. er bætt inn í greinina að umrætt bann gildi einnig fyrir hafbeitarstöð eins og straumvatn, enda gangi fiskur í það vatn. Þá er felld út greining á vatnsmagni og 2.000 m friðunarsvæðið. Eftirleiðis er friðunarsvæðið einungis bundið við 1500 m til einföldunar. Þá er einnig gert ráð fyrir því að viðkomandi veiðifélag eða hafbeitarstöð fari með stangarveiðirétt á umgetnu friðunarsvæði. Það er eðlilegt og með því verið að fyrirbyggja árekstra milli þeirra sem land eiga að straumvatni og hinna sem land eiga að sjó.

Um 2. gr. c og d (16. og 17. gr.)

Greinarnar eru samhljóða 16. og 17. gr. gildandi laga nr. 76/1970.

Um 2. gr. e (18. gr.)

Lagðar eru til breytingar á gildandi ákvæði sem felur í sér rýmri árlegan veiðitíma, sólarhringsveiðitíma og að dorgveiði til göngusilungsveiði verði bætt inn í um veiðiaðferðir.

Lok árlegs veiðitíma eru færð aftur um 10 daga frá því sem er í gildandi lögum, þ.e. frá 20. september til 30. september og heimilaður veiðitími innan heildartímans lengdur um hálfan mánuð. Með fenginni áratuga reynslu af velþróuðu starfi veiðifélaga víðs vegar um land hefur komið í ljós að nauðsynlegur er meiri sveigjanleiki með veiðitímann en nú er, einkum þegar fiskgengd er mikil.

Um 2. gr. f (19. gr.)

Valkostur um veiðitíma á sólarhring hverjum verði gerður meiri en nú er. Bent hefur verið á að íslenskar aðstæður með bjarta sumarnótt leyfa stangaveiði á þeim tíma. Talið er rétt að rýmka um í þessu efni, en þó gert ráð fyrir að ekki sé daglega staðið að stangaveiði lengur en í 12 klst. á sólarhring hverjum, eins og nú er, og að ekki megi stunda veiði á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 7 árdegis. Víst er að hefðir í þessu efni munu áfram ráða miklu um framkvæmdina.

Um 2. gr. g og h (20. og 21. gr.)

Greinarnar eru samhljóða 20. og 21. gr. gildandi laga.

Um 2. gr. i (22. gr.)

3. mgr. er nýmæli sem miðar að því að skilja í sundur annars vegar veiðiskírteini til vísindalegra rannsókna á laxi og silungi og hins vegar klakleyfi. Stefnt er að því að gera frágang á klakleyfi einfaldari. Gert er ráð fyrir að ráðherra gefi veiðimálastjóra heimild til útgáfu klakleyfa. Þá verði settar reglur um klakveiði eins og um sleppingar fisks í veiðivatn.

Um 2. gr. j (23. gr.)

Í greininni felst mikil einföldun frá núgildandi ákvæði 23. gr. um bann við viðskiptum með lax og göngusilung á tímabilinu 25. september til 20. maí ár hvert. Auk þess sem framangreint tímabil er stytt um tíu daga nær greinin aðeins til villts lax.

Um 3. gr.

24. gr. felur í sér heimild til að friða vatnasilung fyrir allri veiði sem er breyting frá núgildandi 24. gr. laganna.

Í stað þess að kveða á um friðunartíma er sett inn heimild til að friða vatnasilung fyrir allri veiði ef ástæða þykir til. Þarna er tekið mið af þeirri reynslu sem fengist hefur í þessum efnum seinustu áratugi. Aðrar greinar kaflans breytast í samræmi við breytingu 24. gr. Í 25. gr. er bætt inn að hafa þurfi samráð við eiturefnanefnd ef beita eigi eitri við eyðingu á fiski sem þykir eðlilegt.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að breyta kaflaheiti IX. kafla þar sem gjörbylting er gerð á efnisákvæðum hans. Í kaflann eru sett inn í staðinn almenn og nauðsynleg ákvæði um fiskeldi, hafbeit og fiskrækt.

Um 4. gr. a (62. gr.)

Efnislega er ákvæðið byggt á 66. gr. gildandi laga, en því er breytt verulega. Heimildarákvæðið um fiskeldisstöðvar ríkisins flyst í raun í 2. mgr. 88. gr. í XIII. kafla þar sem fjallað er um Veiðimálastofnun.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra fari alfarið með fiskeldismál. Eðlilegt þykir að samráð verði haft við sjávarútvegsráðherra þegar um er að ræða fiskeldi í sjó utan netlaga jarða og umhverfisráðuneyti vegna stofnana þess, þ.e. Náttúruverndarráð og Hollustuvernd, auk þess sem leitað verði umsagnar veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og fisksjúkdómanefndar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að heimild þurfi til þess að koma á fót fiskeldi með staðsetningarleyfi sem ráðuneytið veitir eftir að ákveðnum skilyrðum hefur verið fullnægt.

3. mgr. fjallar um rekstrarleyfi sem til þurfi að koma í framhaldi af staðsetningarleyfi og veiðimálastjóra falið að veita það leyfi.

Um 4. gr. b (63. gr.)

Greinin er nýmæli. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir heimild til að taka upp hafbeit á laxi í veiðivatni. Í 2. mgr. er fjallað um að ráðherra geti veitt leyfi til að nota hafbeitarstofn úr sama landshluta til hafbeitar á laxi í veiðivatni ef eigendur óska þess. Þetta er nýjung.

Um 4. gr. c (64. gr.)

Greinin er samhljóða 67. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. d (65. gr.)

Greinin er samhljóða 68. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. e (66. gr.)

Greinin er samhljóða 69. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. f (67. gr.)

Greinin er efnislega hliðstæð 70. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. g (68. gr.)

Greinin hefur að geyma ný ákvæði varðandi töku á laxi hjá hafbeitarstöð. Töluverð umræða hefur orðið hjá veiðiréttareigendum og stangaveiðimönnum um töku á laxi í hafbeitarstöðvum svo og merkingar og sýnatöku úr fiskinum. Ljóst er að setja þarf reglur um þetta efni er tryggi að framkvæmdin sé sem mest í takt við önnur ákvæði laganna um veiðar á laxi, eftir því sem unnt er.

Um 4. gr. h (69. gr.)

Greinin er samhljóða 71. gr. gildandi laga, en gerð fyllri.

Um 4. gr. i (70. gr.)

Greinin er samhljóða 72. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. j (71. gr.)

Greinin er samhljóða 73. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. k (72. gr.)

Greinin er samhljóða 74. gr. gildandi laga.

Um 4. gr. l (73. gr.)

Greinin hefur að geyma ný ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að fiskeldisstöð með starfsleyfi sem missir út fisk, t.d. kvíaeldi, fái heimild til að reyna að ná fiskinum aftur. Jafnframt er sett takmörkun á veiðiskap, bæði hvað varðar stærð veiðisvæðis og hámarkstímalengd frá því að fiskur slapp út sem þykir hæfileg.

Um 4. gr. m (74. gr.)

Greinin hefur að geyma ný ákvæði sem lögfesta að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar hafi með sér landssamband sem þykir sjálfsagt.

Um 5. gr.

Yfirskrift kaflans er óbreytt frá gildandi lögum. Meginbreytingar þessa kafla eru þær að lagt er til að lögfest verði Veiðimálastofnun í stað þess að í lögum hefur eingöngu verið um embætti veiðimálastjóra að ræða og Veiðimálastofnun fái sérstaka stjórn. Þá er ákvæðum um veiðieftirlitsmenn breytt verulega.

Um 5. gr. a (86. gr.)

Í greininni er fjallað um skipun veiðimálastjóra og verkefni hans sem er efnislega að finna í sömu grein gildandi laga og um Veiðimálastofnun og verkefni hennar og stjórn sem eru nýmæli. Í 1. mgr. er fjallað um skipun veiðimálastjóra og hlutverk. Það er m.a. að vera ráðherra til aðstoðar um allt sem að stjórn veiðimála lýtur, gera tillögur um setningu reglugerða, annast merkingu vatnafiska, annast söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi og hann gerir tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna. Þetta eru allt verkefni sem eru lögbundin og fást ekki greidd af einkaaðilum. Í 2. mgr. eru nýmæli um Veiðimálastofnun og um hlutverk hennar, en þar er að finna atriði sem eru í 2. mgr. 87. gr. gildandi laga um verkefni veiðimálastjóra að hluta til, auk viðbótar um hlutverk hennar sem þróunar- og rannsóknastofnunar. Stjórnunarþátturinn verður eftir sem áður hjá veiðimálastjóra eins og áður greinir. Þarna er einnig kveðið á um að veiðimálastjóri sé forstjóri stofnunarinnar og hann ráði starfsfólk. Þá er bætt við ákvæði um að stofnunin geti tekið að sér verkefni fyrir veiðifélög gegn greiðslu og fleira sem er nánar vikið að í 3. mgr. greinarinnar.

Um 5. gr. c (88. gr.)

Í greininni er nýmæli um heimild Veiðimálastofnunar til að starfrækja deildir úti á landi. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur.

Í 2. mgr. er fjallað um Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði sem fjárhagslega sjálfstæða deild á vegum Veiðimálastofnunar, en hliðstæð ákvæði eru í 62. gr. gildandi laga sem fyrr greinir. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett stöðinni fag- og stjórnarnefnd.

Um 5. gr. d (89. gr.)

Í greininni eru ný ákvæði um stjórn Veiðimálastofnunar sem skal vera skipuð fimm mönnum, einum frá hverju eftirtalinna landssamtaka: fiskeldis- og hafbeitarstöðva, stangaveiðifélaga og veiðifélaga og einum sem skal tilnefndur af deildarstjórum stofnunarinnar. Ráðherra skipar formann. Í 2. mgr. er kveðið á um verkefni stjórnar.

Um 5. gr. e (90. gr.)

Greinin er efnislega samhljóða 88. gr. gildandi laga um veiðimálanefnd, en henni breytt þannig að í nefndinni eigi framvegis sæti fulltrúar frá landssamtökum fiskeldis- og hafbeitarstöðva, stangaveiðifélaga og veiðifélaga, þ.e. einn frá hverju nema tveir frá veiðiréttareigendum, en ráðherra skipi einn mann í nefndina án tilnefningar, sbr. ákvæði 1. mgr.

Um 5. gr. f (91. gr.)

Eðlilegt þykir að lögfesta að veiðifélög hafi með sér landssamtök eins og greinir í 73. gr. um slík samtök fiskeldisstöðva.

Um 5. gr. g (92. gr.)

Greinin er að meginefni 89. og 90. gr. gildandi laga. Veigamikil breyting er gerð er felst í því að fellt er út ákvæði um að ríkissjóður greiði helming af launum á móti veiðieigendum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði kostnað af veiðieftirliti í sjó. Með þessari breytingu er gjaldakvöð létt af ríkissjóði, en í staðinn er ríkissjóði ætlað að annast alfarið veiðieftirlit í sjó. Það verður að teljast eðlilegt þar sem sjávareftirlit er utan lögsögu einstakra vatnasvæða. Þá er ljóst að veiðieftirliti verður að sinna með sérstökum hætti, bæði vegna þess að það er sérhæft í eðli sínu og samræmist oftast ekki hinni almennu löggæslu, m.a. vegna annríkis hennar á þeim tíma ársins sem veiðieftirlitið fer fram.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

902. Tillaga til þingsályktunar [544. mál]

um hönnunarmiðstöð.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hönnunarmiðstöðvar sem hafi það hlutverk að efla nýsköpun og þróun í list- og heimilisiðnaði. Verði það gert í samráði við sveitarfélögin, samtök listamanna, Heimilisiðnaðarfélag Íslands og þá aðila sem vinna að list- og heimilisiðnaði.

Greinargerð.

Vorið 1991 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um eflingu heimilisiðnaðar. Í tillögunni fólst að könnun yrði gerð á því hvernig efla mætti heimilisiðnað í landinu í samráði við fræðsluyfirvöld, samtök listamanna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Í apríl 1991 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd til að fylgja tillögunni eftir og skilaði nefndin skýrslu og tillögum í nóvember 1992. Af skýrslu nefndarinnar má ráða svo sem vænta mátti að miklir möguleikar felast í heimilis- og listiðnaði byggðum á íslenskum hefðum og verkmenningu. Þar má nefna atvinnusköpun, útflutningstekjur sem og aðrar tekjur að ekki sé minnst á kynningu á íslenskri menningu, fegrun umhverfis okkar og að viðhalda og þróa þá verk- og listmenningu sem hér hefur mótast um aldir.

Á undanförnum árum hefur mjög dregið úr kennslu í verklegum greinum í skólum landsins og ber flestum saman um að sú þróun sé mjög til hins verra og verði til þess eins að gera samfélagið einhæfara og fólk bjargarlausara. Lítil áhersla hefur af hálfu opinberra aðila og stjórnenda atvinnulífsins verið lögð á þá möguleika til vinnu og tekjuöflunar sem felast í listiðnum, heimilisiðnaði og gerð hvers kyns minjagripa, en hópar kvenna víða um land, svo og Heimilisiðnaðarfélag Íslands, hafa lagt sitt af mörkum til að viðhalda gömlum hefðum og prófa nýjungar. Ef tekið er mið af reynslu annarra þjóða er mikið verk að vinna við að koma íslenskri verkmenningu aftur til vegs og virðingar og nýta hana í þágu fjölbreyttara atvinnulífs og aukinnar sköpunar.

Íslendingar byggja á gömlum grunni í verkmenningu og skreytilist sem sjálfsagt er að nýta betur en gert er við ýmiss konar framleiðslu og gerð listmuna. Til að svo megi verða þarf að efla menntun og auka hvers kyns ráðgjöf og stuðning við heimilis- og listiðnað í landinu.

Megintillaga nefndarinnar er sú að komið verði á fót hönnunarmiðstöð, líkt og gert hefur verið í fjölda landa, til að styðja við bak heimilis- og listiðnaðar. Nefna má t.d. Finna sem með miklu átaki í hvers kyns verklegri kennslu, hönnunarátaki og stuðningi við finnska listhönnun komu finnskum hönnuðum og listamönnum í fremstu röð þeirra sem fást við listiðnir í heiminum.

Hlutverk hönnunarmiðstöðvarinnar yrði m.a.:

— að efla nýsköpun og þróun í list- og heimilisiðnaði,
— að veita sérfræðiaðstoð á sviði list- og verkmennta,
— að safna hvers kyns heimildum um list- og verkmenningu landsmanna og reka gagnamiðstöð,
— að stunda rannsóknir á verk- og listmenningu Íslendinga og möguleikum handmennta til atvinnusköpunar, sölu, útflutnings, nytja og fegrunar umhverfisins,
— að standa fyrir samkeppni um úrvalshönnun, námskeiðum og kennslu sem eflt getur list- og heimilisiðnað,
— að styðja við bak verkstæða eða hópa sem vinna að list- og handverki um land allt,
— að auka gæði í listiðnaði og á handunnum vörum,
— að aðstoða við markaðssetningu,
— að reka hugmyndabanka,
— að bjóða upp á sölu- og kynningaraðstöðu fyrir innlenda framleiðslu og standa fyrir hvers kyns kynningum á íslenskri framleiðslu, innan lands sem utan,
— að reka gestavinnustofur fyrir listamenn og hönnuði,
— að efla samstarf milli hönnuða, framleiðenda, seljenda og annarra sem vinna að atvinnumálum, listsköpun, handverki og hönnun.

Það er brýnt að komið verði á fót miðstöð til að styrkja og styðja heimilis- og listiðnað í landinu, ekki síst í ljósi þess að þar með yrði ýtt undir atvinnusköpun sem kæmi bæði íbúum þéttbýlisstaða og sveita til góða, en fátt er brýnna á tímum sem þessum þegar þrengir að og margir ganga um atvinnulausir.

903. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

1. mgr. C-liðar 69. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 92. gr. laga nr. 86/1988, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skattgreiðandi, sem greitt hefur vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum vaxtabótum skv. C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Þessi réttur nær einnig yfir þá sem kaupa íbúðir í félagslega íbúðakerfinu, hvort sem þær falla undir félagslegar eignaríbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir eða almennar kaupleiguíbúðir. Engum dylst að vaxtabótakerfið hefur reynst ómetanlegt fyrir þá sem af litlum efnum hafa ráðist í að koma sér upp þaki yfir fjölskyldur sínar, ekki síst ungt fólk.

Lögin voru hins vegar sett áður en búseturéttarkerfið kom til sögunnar sem valkostur í húsnæðiskerfi landsmanna. Af þeim sökum er ekki ótvírætt hvort þeir sem kaupa eignarhlut í búseturéttaríbúðum njóti þessa réttar. Þó er ljóst að búseturéttur er skilgreindur sem eignarhlutur samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 70/1990, og jafnframt liggur fyrir skilgreining Ragnars Aðalsteinssonar hrl., fskj. I og II, þar sem búseturéttur er ótvírætt skilgreindur sem beinn eignarréttur með nokkrum takmörkunum.

Jafnframt er ljóst að þeir sem fjárfesta í almennum eða félagslegum búseturétti bera sjálfir allan vaxtakostnað, enda kveðið skýrt á um það í fyrrnefndum lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og enn fremur í lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 24/1991. Þetta er áréttað í búsetusamningi sem félagsmálaráðuneytið gaf út árið 1991, fskj. III. Með hliðsjón af þessu er öldungis óréttmætt að slíkir skattgreiðendur njóti ekki vaxtabóta í sama mæli og aðrir húsnæðiskaupendur.

Í svari félagsmálaráðuneytisins til Búseta frá 11. október 1988 kom einnig fram að ráðuneytið telur að búseturéttur svari fyllilega til þess fyrirkomulags innan almenna kaupleigukerfisins „sem felur í sér leigu eða kaup á eignarhluta í íbúð, sbr. g-lið 4. gr. laga nr. 56/1988 . . . “

Fjármálaráðuneytið hefur einnig fallist á að kaup á eignarhlut í íbúðum innan búsetukerfisins veiti sambærilegan rétt og önnur eignarform til skattafsláttar vegna húsnæðissparnaðarreikninga, fskj. IV, og því hlýtur að teljast rökrétt að álykta að sama eigi að gilda um vaxtabætur.

Framangreind rök hníga öll að því að eigendur eignarhluta í búseturéttaríbúðum ættu að njóta sama vaxtabótaréttar og aðrir húsnæðiseigendur. Þó svo að stöku eigendur búseturéttar hafi fengið réttinn viðurkenndan hefur embætti ríkisskattstjóra kveðið upp þann úrskurð að nauðsynlegt sé að breyta lögum til að sá réttur sé ótvíræður og almennur. Fremur en láta reyna á málið fyrir dómi þykir rétt að breyta lögunum til að taka af allan vafa þannig að ljóst verði að löggjafinn telji eigendur búseturéttar jafnréttháa öðrum húsnæðiseigendum. Þess vegna er í frumvarpinu lagt til að í 1. mgr. C-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981 verði tekið sérstaklega fram að kaup á eignarhluta í búseturéttaríbúð veiti rétt til vaxtabóta.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi yfirstandandi árs verða heildargreiðslur vaxtabóta og húsnæðisbóta samkvæmt eldra kerfi 3,1 milljarður kr. á árinu, þar af eru vaxtabætur tæplega 2,6 milljarðar kr. Vaxtabætur vegna allra búseturéttaríbúða, sem lánað hefur verið til til þessa, mundu hins vegar nema innan við 20 millj. kr. á ári eða langt innan við einn hundraðshluta heildarbótanna.

Án vaxtabóta er ljóst að eigendur búseturéttar búa við mun lakari kjör en aðrir húsnæðiseigendur. Greiðslubyrði fjölskyldna í kaupleiguíbúðum innan búsetukerfisins er þannig 10–15 þús. kr. hærri á mánuði en annarra samsvarandi fjölskyldna innan kaupleigukerfisins þrátt fyrir jafnháar vaxtagreiðslur.

Fylgiskjal I.

Drög Ragnars Aðalsteinssonar hrl. að skilgreiningu á hugtakinu búseturéttur.

(26. ágúst 1985.)

Þér hafið óskað eftir því við mig að ég setji á blað nokkra lýsingu á efni samnings um búseturétt, svo og drög að skilgreiningu á hugtakinu búseturéttur. Mér er nokkur vandi á höndum þar sem hugtakið búseturéttur hefur enn ekki hlotið sérstaka skilgreiningu í settum lögum, enda er hugtakið nýtt í íslensku lagamáli, aðeins örfárra ára gamalt. Hugmyndin um búseturétt er hins vegar alkunnug á Norðurlöndum og hafa þar löngum verið við lýði húsnæðissamvinnufélög sem byggja íbúðarhúsnæði til handa félagsmönnum sínum, sem stofna til búseturéttar yfir íbúð þeirri sem þeir búa í.

Enn fremur ber að hafa í huga að ekki er að finna í íslenskri löggjöf sérákvæði um húsnæðissamvinnufélög, heldur aðeins almenn lög um samvinnufélög og verður því ekki leitað fanga í slíkri löggjöf um hugtökin búseti og búseturéttur.

Á síðustu árum hafa verið stofnuð nokkur húsnæðissamvinnufélög hér á landi og hafa þau það að markmiði að afla félagsmönnum íbúðarhúsnæðis með búseturétti. Þá hefur á Alþingi orðið nokkur umræða um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt og er þess skemmst að minnast að á síðasta Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, og er þar lagt til að í lögin komi nýr kafli, IX. kafli, um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélaganna og í fyrrgreindu frumvarpi til laga er að finna skýrastar heimildir um hugmyndir manna um búseturétt og samninga um búseturétt.

Af framangreindum heimildum, svo og norrænni löggjöf um húsnæðissamvinnufélög er unnt að sýna fram á að aðalefni og einkenni samninga um búseturétt er eftirfarandi:

Aðilar samnings um búseturétt eru húsnæðissamvinnufélög annars vegar og félagsmaður í því hins vegar. Húsnæðissamvinnufélagið hefur aflað sér íbúðarhúsnæðis og félagsmenn í félaginu hafa rétt til þessa íbúðarhúsnæðis eftir reglum sem félagið setur. Félagsmaðurinn hefur þörf fyrir afnot af íbúðarhúsnæðinu fyrir sig og fjölskyldu sína. Þessir aðilar gera með sér samning þar sem mikilvægustu fjárhagslegu ákvæðin lúta að því hversu mikinn hluta stofnkostnaðar íbúðarinnar félagsmaðurinn greiðir og hversu mikinn hluta húsnæðissamvinnufélagið greiðir. Ekki er á þessu stigi unnt að leiða líkum að því hversu hátt hlutfall félagsmaðurinn mun greiða að jafnaði, en talað hefur verið um 20–35% af stofnkostnaði íbúðarhúsnæðisins. Hinn hluta kostnaðarins leggur húsnæðissamvinnufélagið fram, en þess fjár mun það afla með lánum, ef að líkum lætur. Annað mikilvægt fjárhagslegt atriði er síðan það fasta mánaðarlega gjald sem félagsmaðurinn mun greiða húsnæðissamvinnufélaginu og rennur til greiðslu fjármagnskostnaðar og niðurgreiðslu á lánum til húsnæðissamvinnufélagsins.

Með kaupum sínum á búseturétti öðlast félagsmaður ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð, en með nokkrum takmörkunum þó. Þessar takmarkanir helgast allar af því að húsnæðissamvinnufélögin eru stofnuð í því skyni að tryggja félagsmönnum sínum afnot af íbúðarhúsnæði með sem hagkvæmustum hætti. Af þessu leiðir að ekki er við það miðað að aðrir en félagsmenn geti notað íbúðarhúsnæðið og til að tryggja það eru sett viss höft á meðferð búseturéttarins sem einkum eru í því fólgin að húsnæðissamvinnufélagið á forkaupsrétt að búseturéttinum. Búseturétturinn gengur í arf á tíðkanlegan hátt. Húsnæðissamvinnufélag á þó forkaupsrétt ef erfingjar eru aðrir en maki og börn. Gert er ráð fyrir að verðmæti búseturéttarins ákvarðist ekki af svokallaðri frjálsri verðmyndun á markaði, heldur nemi verðmæti hans upphaflega verðmætinu að viðbættum verðbótum.

Réttarstaða eigenda búseturéttar er samkvæmt framansögðu réttarstaða þess sem á hluta í íbúð með tilteknum takmörkunum á ráðstöfunarrétti á búseturéttinum. Þessar takmarkanir eru þó ekki svo verulegar að ekki sé um beinan eignarrétt að ræða hjá handhafa búseturéttarins. Sé réttarstaða búseturéttarhafans borin saman við réttarstöðu leigutaka íbúðarhúsnæðis kemur í ljós að um gjörólík réttindi er að ræða. Búseturéttarhafinn getur notað íbúðina eins lengi og honum sýnist á sama hátt og eigandi, en leigutaki er háður vilja leigusala um það hversu lengi hann hefur afnot íbúðar. Búseturéttarhafi getur þó ekki ráðstafað rétti sínum til hvaða aðila sem vera skal, heldur er hann bundinn reglunum um forkaupsrétt húsnæðissamvinnufélags. Enda þótt búseturétturinn sé þannig háður forkaupsrétti húsnæðissamvinnufélags, þá breytir það engu um það að um bein eignarréttindi er að ræða. Engum dytti í hug að halda því fram að íbúð sem A seldi B með forkaupsréttarákvæði væri ekki eign B þrátt fyrir forkaupsréttarákvæðið. Búseturéttur getur verið andlag aðfarar og búseturétt ætti að vera hægt að veðsetja til tryggingar lánum. Búseturétturinn er því grundvöllur lánstrausts eiganda hans. Hugsanlegt er að reglur um þetta verði settar í löggjöf og reyndar líklegt og ekki er unnt að sjá fyrir með neinni vissu hvernig þær reglur muni hljóða.

Í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, segir að þeim aðilum sem byggja leiguíbúðir skv. 33. gr. laganna sé heimilt að selja leigutaka eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu auk vaxta. Þarna er gert ráð fyrir efnislega sama fyrirkomulagi og í búseturéttinum, þó að aðild samnings sé ekki hin sama þar sem aðilar skv. c-lið 33. gr. geta verið

sveitarfélög, stofnanir á vegum sveitarfélaga og/eða ríkis eða félagssamtök annars vegar en námsfólk, aldraðir og öryrkjar hins vegar. Að sjálfsögðu eru húsnæðissamvinnufélög félagssamtök skv. c-lið 33. gr. og þau gætu að sjálfsögðu aflað sér íbúðarhúsnæðis til handa þeim félagsmönnum eingöngu sem eru námsfólk, aldraðir eða öryrkjar. Réttur þessi er ekki kallaður búseturéttur, hvorki í lagatextanum né í greinargerð með frumvarpi að lögum. Hins vegar bendir þetta ákvæði til hugmynda sem eru öldungis sambærilegar hugmyndunum um búseturétt að því er varðar hlutareign og endurgreiðslu eignarhlutans að nokkru leyti. Reglurnar eru hins vegar ófullkomnar og þurfa fyllingar við með nýrri löggjöf eða á annan hátt.

Samningur um búseturétt er því samningur á milli húsnæðissamvinnufélags og félagsmanns um að félagsmaðurinn kaupi hlutdeild í ákveðinni íbúð með því að greiða ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúðarinnar. Með þessari greiðslu tryggir félagsmaðurinn sér umráðarétt fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína yfir íbúðinni eins lengi og hann sjálfur ákveður. Ráðstöfunarréttur á búseturéttinum er hins vegar takmarkaður með tilliti til markmiða húsnæðissamvinnufélaga sem eru öflun íbúðarhúsnæðis fyrir félagsmenn með viðunandi kjörum.

Búseturétt verður að skilgreina með hliðsjón af því sem að framan er sagt og er hann í sem fæstum orðum réttur sem félagi í húsnæðissamvinnufélagi getur keypt með því að greiða tiltekið hlutfall af verðmæti íbúðar og eignast þar með umráðarétt yfir íbúðinni sem takmarkast þó við afnot af íbúðinni sem íbúðarhúsnæði fyrir hann og fjölskyldu hans. Í búseturéttinum felst beinn eignarréttur sem gengur að erfðum og vilji eigandinn selja réttinn er rétturinn háður forkaupsrétti húsnæðissamvinnufélags. Gert er ráð fyrir reglum sem kveði á um hvernig ákveða skuli verðmæti búseturéttarins ef forkaupsréttar er neytt.

Af öllu framangreindu er augljóst að eigi er unnt að leiða að því rök að búseturétturinn sé annað en beinn eignarréttur, enda hefur hann öll einkenni hans þótt með nokkrum takmörkunum sé.

Að sjálfsögðu er unnt, þegar betra næði gefst, að setja framangreint fram á bæði ítarlegri og skýrari hátt en hér hefur verið gert.

Fylgiskjal II.

Álit Ragnars Aðalsteinssonar hrl. um lög nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

(24. nóvember 1988.)

1. Hinn 22. ágúst 1985 lét ég yður í té sjónarmið mín um það til hverra framanrituð löggjöf næði og komst þar að þeirri niðurstöðu að kaup á búseturétti af húsnæðissamvinnufélagi uppfyllti skilyrði 2. mgr. 3. gr. laganna með hliðsjón af meginmarkmiði laganna og eftir öðrum lögskýringarleiðum. Hinn 12. september 1985 ritaði fjármálaráðuneytið yður bréf um málefnið og komst að þeirri niðurstöðu að búseturéttur sé ígildi afnotasamnings, þ.e. húsaleigusamnings. Af því leiddi að ráðuneytið taldi búseturéttarsamning ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 3. gr. laganna.

2. Þér hafið nú óskað eftir því að ég léti yður í té álit mitt á því hvort einhverjar breytingar hefðu orðið í löggjöf eða framkvæmd löggjafar sem mætti verða til þess að styrkja eða veikja framkomin álit á málefninu.
3. Í 38. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, segir orðrétt:

   „Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt á íbúð með því að selja honum eignarhluta í íbúð fyrir 30% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Þegar um elli- eða örorkulífeyrisþega er að ræða er heimilt að eignarhlutur þeirra nemi 15–30%."

   Þá er eftirfarandi ákvæði í 2. mgr. sömu greinar:

   „Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða."

   Þá er í 4. mgr. talað um „kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein" og í 5. mgr. sömu greinar er talað um „Eignarhlut leigutaka" og sagt að honum skuli þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

   Með framangreindum lagaákvæðum tel ég augljóst að löggjafarstarfsemi á þessu sviði skjóti styrkum stoðum undir álit mitt um þetta efni frá 1985.
4. Þá leyfi ég mér enn fremur að vísa til álits félagsmálaráðuneytisins í bréfi dags. 11. október 1988 til yðar, en þar er m.a. rakin skilgreining undirritaðs í greinargerð til yðar frá 7. júlí 1986 á hugtakinu búseturéttur. Ég vísa til þess sem þar er tekið upp úr greinargerð minni, en niðurstaða félagsmálaráðuneytisins er eftirfarandi:

   „Af framangreindu telur ráðuneytið ljóst að búseturéttur í framangreindum skilningi samsvari fyllilega því fyrirkomulagi innan almenna kaupleigukerfisins, sem felur í sér leigu eða kaup á eignarhluta í íbúð, sbr. g-lið 4. gr. laga nr. 56/1988 ..."

   Handhafar framkvæmdarvalds hafa því einnig komist nú að sömu niðurstöðu og ég komst árið 1985 að um sé að ræða kaup á eignarhluta í íbúð. Styrkir þetta álit mitt þess efnis að búseturéttur eða kaup á búseturétti jafngildi kaupum á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
5. Framangreinda niðurstöðu má enn fremur rökstyðja með því að í upphafi greiðir búseturéttarhafi 15% af kostnaðarverði íbúðar og síðan innir hann af hendi mánaðarlegar greiðslur sem duga til þess að greiða vexti og afborganir af þeim lánum sem tekin hafa verið til að fjármagna byggingu eða kaup á íbúðarhúsnæðinu. Þetta líkist að sjálfsögðu ekki afnotasamningi eða venjulegum leigusamningi um íbúðarhúsnæði.

Fylgiskjal III.

Úr búsetusamningi, útgefnum af félagsmálaráðuneytinu, 1991.

4. Búsetugjald.

4.1. Búsetugjald skal greiða fyrir fram mánaðarlega og er gjalddagi 1. hvers mánaðar. Ef gjalddaga ber upp á sunnudag eða helgidag skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar

á eftir. Hafi búseti eigi gert skil á búsetugjaldi innan 14 sólarhringa frá gjalddaga er rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá gjalddaga til greiðsludags.

Fjárhæð búsetugjalds er ákveðin hverju sinni af stjórn búsetufélagsins/húsnæðissamvinnufélagsins. Í búsetugjaldi felst eftirfarandi:

a. Viðhald og viðhaldssjóðir.

b. Rekstrarkostnaður (fasteignagjöld, tryggingar o.fl.).

c. Fjármagnskostnaður, þ.e. afborganir og vextir af lánum.

Samtals við undirskrift samnings er búsetugjald kr. _____

Með viðhaldssjóðum skal standa straum af viðhaldi fasteignar og sameignar sem búsetufélagið annast og viðhaldi íbúða sem einstakir búsetar annast og bera ábyrgð á. Búsetinn fær fé úr viðhaldssjóði íbúðarinnar samkvæmt nánari reglum þar um.

Mánaðarlegt búsetugjald greiðist til stjórnar búsetufélagsins/húsnæðissamvinnufélagsins.

4.2. Búsetar greiða sjálfir rafmagnskostnað af íbúðum sínum. Hitunarkostnaður íbúða og rafmagn í sameign er innifalið í búsetugjaldi nema annað sé ákveðið af búsetufélaginu/húsnæðissamvinnufélaginu.

4.3. Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 4.1.

4.4. Búsetufélagið/húsnæðissamvinnufélagið getur breytt fjárhæð búsetugjalds, sem nefnt er í gr. 4.1., ef brýna nauðsyn ber til vegna ófyrirséðra útgjalda. Kynna skal búsetum allar breytingar með eins mánaðar fyrirvara nema þær sem leiða af breytingum á vísitölu.

Fylgiskjal IV.

Svar fjármálaráðuneytis til húsnæðissamvinnufélagsins Búseta.

(3. mars 1989.)

Ráðuneytið vísar til erindis, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er eftir því að það endurskoði túlkun sína á ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, varðandi rétt þeirra sem gert hafa búsetusamninga til þess að „leysa" sparnað samkvæmt nefndum lögum. Í bréfi dags. 12. september 1985 lét ráðuneytið í ljós það álit að búsetusamningur, eins og hann var kynntur því, væri afnotasamningur en ekki kaupsamningur og því gæti aðild að honum ekki „leyst" sparnað á húsnæðissparnaðarreikningum á þeim grundvelli að búsetusamningur jafngilti samningi um húsakaup. Hinn 23. október sama ár ítrekaði ráðuneytið þessa afstöðu sína til málsins.

Í ofangreindu erindi félagsins kemur fram að sú breyting hafi átt sér stað frá því sem áður gilti að félagsmenn geta nú keypt sér eignarhlut í íbúðarhúsum félagsins. Þannig munu 46 félagsmenn hafa keypt sér 15% eignarhlut í fjölbýlishúsi félagsins að Frostafold 18–20 í Reykjavík. Í ljósi þessa svo og með hliðsjón af ákvæðum 38. og 39. gr. laga nr. 86/1988, sbr. og bréf félagsmálaráðuneytisins frá 11. október sl. til félagsins, telur fjármálaráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að kaup á eignarhlut í íbúðum félagsins með framangreindum hætti teljist íbúðarkaup í skilningi 2. mgr. laga nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

904. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni, Bolla Þór Bollason, Bjarnveigu Eiríksdóttur, Maríönnu Jónasdóttur, Snorra Olsen, Jón H. Steingrímsson, Rúnu Soffíu Geirsdóttur og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur. Frá ríkisskattstjóraembættinu komu Garðar Valdimarsson, Jón Guðmundsson og Steinþór Haraldsson. Einnig komu Sigfús Bjarnason og Ólafur Baldursson frá Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Gunnar Sveinsson og Þorvarður Guðjónsson frá Félagi sérleyfishafa, Þorsteinn H. Hilmarsson frá Globus hf., Runólfur Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandinu, Þorleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Haukur Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Baldvin Hafsteinsson frá Íslenskri verslun, Jónas Fr. Jónsson og Sverrir V. Bernhöft frá Verslunarráði Íslands, Gunnar Svavarsson, Víglundur Þorsteinsson, Páll Kr. Pálsson og Sveinn Hannesson frá Félagi íslenskra iðnrekenda og Pétur Óli Pétursson frá Bílaumboðinu hf. Þá bárust umsagnir frá Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Bílgreinasambandinu, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenskra iðnrekenda, Bifreiðastjórafélaginu Frama, Bílaumboðinu hf., Stéttarsambandi bænda og VSÍ. Einnig var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Verslunarráði Íslands, Samtökum landflutningamanna, Félagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Skeljungi hf., Bílgreinasambandinu, Neytendasamtökunum, Vegagerð ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi sérleyfishafa.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr. sem felur ekki í sér efnislega breytingu.
2. Lagt er til að í 3. gr. verði horfið frá því að ákvörðun vörugjalds miðist við eigin þyngd ökutækis. Í stað þess mun ákvörðun vörugjalds eingöngu miðast við sprengirými aflvélar bifreiðar og vörugjaldið lagt á í fjórum gjaldflokkum. Breyting þessi mun hafa óveruleg áhrif á tekjur af innflutningi bifreiða.
3. Lagt er til að 4. gr. verði breytt í sjö atriðum. Í fyrsta lagi beri dráttarvélar 10% vörugjald (þær bera almennt 10% toll nú). Í öðru lagi verði hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega og fleiri settar í 15% gjaldflokk og í þriðja lagi beri hópferðabifreiðar fyrir 10–17 farþega 30% vörugjald. Er þetta gert til þess að koma til móts við ferðaþjónustuna. Í fjórða lagi er lagt til að ökutæki, sem knúin eru rafhreyfli, beri 30% vörugjald. Í fimmta lagi beri fjórhjól 70% vörugjald og í sjötta lagi verði í 70% gjaldflokki þau vélknúnu ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í II. kafla frumvarpsins. Loks komi heimild til ráðherra að samræma vörugjöld af vörum í II. kafla ef sams konar eða svipaðar vörur bera ekki sama vörugjald.
4. Lagt er til að við 5. gr. bætist fjórir flokkar ökutækja sem ráðherra er heimilt að lækka eða fella niður vörugjald af: Í fyrsta lagi bifreiðar sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, búnar eru hjólastólalyftu og samþykktar eru af Tryggingastofnun ríkisins. Rétt þykir að koma til móts við þá sem vegna fötlunar sinnar eru tilneyddir til að kaupa sendiferðabifreið með hjólastólalyftu. Í öðru lagi bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga en það eru atvinnubifreiðar og því eðlilegt að heimilt sé að samræma gjald af þeim við aðrar atvinnubifreið-

ar. Í þriðja lagi dráttarvélar til nota við landbúnaðarstörf en þær bera hvorki toll né vörugjald samkvæmt gildandi lögum. Í fjórða lagi verði heimilt að lækka vörugjald af leigubifreiðum í 30%. Að baki tillögunni liggja þau sjónarmið að leigubifreiðar eru atvinnubifreiðar. Enn fremur verði ráðherra heimilt að setja skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu vörugjalda af flokkum sem taldir eru upp í 2. mgr. 5. gr. Loks er lagt til að 2. tölul. 2. mgr. verði breytt og taki til ökutækja á beltum sem sérstaklega eru ætluð til flutninga í snjó eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins.

5. Lögð er til viðbót við 6. gr. Í sumum tilvikum mun ökutæki ekki fá forskráningu hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. þar sem það geti þurft aðvinnslu til að fullnægja reglum um skráningu. Þá er óeðlilegt að synjun um forskráningu hamli innflutningi ökutækis, enda er í mörgum tilvikum verið að flytja úr landi þá vinnu sem þarf að inna af hendi við ökutæki til að það fullnægi reglum um skráningu.
6. Lögð er til breyting á greinarfyrirsögn 8. gr. þannig að orðið „samsetning“ fellur brott, en það er óþarft þar sem orðið „aðvinnsla“ nær yfir merkingu þess.
7. Lagðar eru til breytingar á 8. og 9. gr. sem fela ekki í sér efnisbreytingar. Framsetning greinanna er gerð skýrari vegna misskilnings sem ákvæðin hafa valdið.
8. Lögð er til breyting á 10. gr. í samræmi við breytingartillögu við 3. gr., sbr. 2. tölul. hér að framan.
9. Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 11. gr. sem fela ekki í sér efnisbreytingu.
10. Lagt er til að ný grein komi á eftir 12. gr. þar sem ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem eru seld eða leigð úr landi.
11. Lagt er til að 13. gr. verði breytt þannig að vörugjald af bensíni verði 90%.
12. Lagt er til að við 17. gr. bætist ákvæði um að gjaldskyldir aðilar skili vörugjaldsskýrslu til innheimtumanns ríkissjóðs og er ákvæðið til að taka af öll tvímæli þar um.
13. Lagt er til að í 18. gr. verði notað orðið: gjöld í stað „tolla“ til þess að valda ekki misskilningi þar sem ætlunin er að fella niður tolla með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þrátt fyrir það geta lagst ytri tollar á bifreiðavarahluti sem ekki falla undir frumvarpið þegar ökutæki er flutt inn í hlutum og smíðað hér á landi.
14. Lögð er til orðalagsbreyting á 20. gr., svo og lagfæring á tilvísun.
15. Lagt er til að 22. gr. verði breytt þannig að öllum þeim, sem flytja inn ökutæki í atvinnuskyni, verði settur sami gjalddagi á vörugjaldi. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að þeir sem stunda innflutning skráningarskyldra ökutækja í atvinnuskyni geti greitt vörugjaldið fram að þeim tíma sem það er skráð.
16. Lögð er til breyting á 23. gr. til að taka af öll tvímæli um að heimildin í ákvæðinu taki til vörugjalds af eldsneyti.
17. Lagt er til að 24. gr. verði breytt svo að skýrt sé hverjir annist innheimtu, álagningu og eftirlit með vörugjaldi, hvort heldur um er að ræða innflutning eða innlenda framleiðslu.
18. Lagt er til að 28. gr. verði breytt þannig að gildistaka laganna verði 1. júlí 1993.

19. Loks er lagt til að við bætist ákvæði til bráðabirgða um að ákvæði laganna skuli ná til allra vara sem ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

Alþingi, 31. mars 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Sólveig Pétursdóttir.

Guðjón Guðmundsson. | Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara. | Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara. | Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

905. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „vélknúnum“ falli brott.
   b. Í stað orðanna „öðrum ökutækjum, vörum“ komi: o.fl.
2. Á eftir orðinu „ökutækjum“ í kaflafyrirsögn II. kafla komi: o.fl.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi fjórum gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–1400	30
II	1401–2000	45
III	2001–2500	60
IV	yfir 2500	75

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:
   1. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
   2. 15% vörugjald:
      a. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga, íbúðar eða ferðalaga, sem ekki eru vélknúnir, og yfirbyggingar á þá.
      b. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar.
      c. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
      d. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
      e. Hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.

3. 30% vörugjald:
   a. Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
   b. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og skráð eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni.
   c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga.
   d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl. sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.
   e. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli.
4. 70% vörugjald:
   a. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
   b. Beltabifhjól (vélsleðar).
   c. Fjórhjól.
   d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

Ráðherra er heimilt að samræma vörugjöld af vörum samkvæmt þessum kafla til lækkunar eða hækkunar ef sams konar eða svipaðar vörur kaflans bera ekki sama vörugjald.

5. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „á þau ökutæki sem hér greinir“ í 1. málsl. komi: og setja um það skilyrði.
   b. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Heimildin nær til þeirra ökutækja sem hér greinir.
   c. 2. tölul. orðist svo: Ökutæki á beltum, sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins.
   d. Við bætast fjórir nýir töluliðir er orðist svo:
      7. Bifreiðar, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, sem búnar eru hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
      8. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
      9. Dráttarvélar til nota á lögbýlum.
      10. Leigubifreiðar. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 30%.
   e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

      Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu gjalda skv. 2. mgr.

6. Við 6. gr.
   a. Orðin „eigin þyngd þess og“ falli brott.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

      Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um forskráningu við tollafgreiðslu er heimilt að leggja fram önnur þau gögn um vélarstærð ökutækis er tollyfirvöld meta fullnægjandi.

7. Í greinarfyrirsögn 8. gr. falli brott orðið „samsetning“.
8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Sá aðili er framleiðir eða vinnur að breytingum á ökutæki áður en það er skráð samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skal skila gjaldi af ökutækinu í samræmi við verðmæti þess við skráningu og samkvæmt þeim gjaldflokki sem það þá fellur undir samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að draga frá greiðslu skv. 1. mgr. það vörugjald sem þegar hefur verið greitt af ökutækinu eða efnivörum til þess.

9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Sé ökutæki sem skráð hefur verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, breytt þannig að það flokkist í hærri gjaldflokk en við upphaflega skráningu skal skráður eigandi þess greiða viðbótarvörugjald eigi breytingin sér stað innan fimm ára frá upphaflegum skráningardegi.
   Viðbótargjald skv. 1. mgr. skal ákveðið með eftirfarandi hætti:
   a. Á framreiknaðan og afskrifaðan upphaflegan gjaldstofn skal reikna viðbótarvörugjald sem nemur mismun á nýjum gjaldflokki skv. 1. mgr. og þeim gjaldflokki er upphaflega var greitt samkvæmt.
   b. Af verðmætaaukningu vegna aðvinnslu eða breytinga á ökutækinu skal greiða vörugjald samkvæmt nýjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr.
   c. Frá álögðu vörugjaldi skv. a- og b-liðum er heimilt að draga vörugjald sem greitt hefur verið vegna aðfanga til aðvinnslunnar eða breytingarinnar.
10. Við 10. gr. Í stað orðanna „eigin þyngd þess og stærð sprengirýmis“ komi: sprengirými.
11. Við 11. gr.
   a. Fyrri málsgrein orðist svo:
      Óheimilt er að skrásetja gjaldskylt ökutæki fyrr en gjald samkvæmt lögum þessum hefur verið greitt.
   b. Í stað orðanna „Lögreglustjóri eða Bifreiðaskoðun Íslands“ í fyrri málslið síðari málsgreinar komi: Þeir aðilar sem skrá og skoða ökutæki.
   c. Í stað orðanna „skráningu“ í síðari málslið síðari málsgreinar komi: skráningu og/eða skoðun.
12. Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Ráðherra getur með reglugerð heimilað endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem seld eða leigð eru úr landi. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við fyrningargrunn og fyrningarhlutföll samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
13. Við 13. gr. Í stað tölunnar „50%“ komi: 90%.
14. Við 17. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir skila vörugjaldsskýrslu vegna ökutækis o.fl. til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og greiða gjald það sem þeim ber að standa skil á.
15. Við 18. gr. Í stað orðanna „tollum eins og þeir eru ákveðnir“ komi: gjöldum eins og þau eru ákveðin.
16. Við 20. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Gjaldstofn ökutækis, sem breytt hefur verið eða unnið hefur verið að, sbr. 8. og 9. gr., skal vera verðmæti ökutækis eftir breytingu eða aðvinnslu.
17. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. skal vörugjald af innfluttum skráningarskyldum ökutækjum greitt áður en skráning þeirra fer fram, en þó ekki síðar en sex mánuðum eftir tollafgreiðslu.
18. Við 23. gr. Í stað orðsins „bensíngjalds“ komi: vörugjalds af eldsneyti.
19. Við 24. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Tollstjórar annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hafa með höndum eftirlit.

20. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.
21. Við 29. gr.
    a. Á eftir 1. tölul. komi nýr liður (er verði 2. tölul.), svohljóðandi: Orðin „að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falli brott.
    b. Á eftir 3. tölul. komi nýr liður (er verði 5. tölul.), svohljóðandi: Orðin „bensíngjalds og sérstaks bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falli brott.
22. Á eftir 29. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, I og II, er orðist svo:
    a. (I.)
    Ákvæði laga þessara skulu gilda um allar vörur er ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.
    b. (II.)
    Af vörum, er falla undir eftirfarandi vöruliði skv. viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, skulu tollar falla niður frá og með gildistöku laga þessara: 8701, 8702, 8703, 8704, 8705, 8706, 8707, 8710 og 8711.
    Af vörum, er falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer samkvæmt viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, tollskrá, skulu falla niður tollar við gildistöku laga þessara: 2710.0012, 2710.0019, 8716.1000, 8716.3100, 8716.3900, 8716.4000 og 8716.9002.

906. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

4.1. Eftirlit á varnarsvæðunum skal vera í samræmi við lög þessi. Utanríkisráðherra, sbr. lög nr. 106/1954, skal semja um framkvæmd þessa eftirlits við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.
4.2. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal hafa eftirlit með eftirlitsskyldri starfsemi á varnarsvæðunum, sbr. 7.–8. og 12.–17. tölul. 2. og 3. gr. Heimilt er að innheimta gjald af þessari eftirlitsskyldu starfsemi til að standa straum af kostnaði vegna samningsins við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, sbr. 1. mgr. Gjaldið er innheimt samkvæmt sérstökum samningi eða samkvæmt gjaldskrá sem utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna 2. gr. og umhverfisráðherra vegna 3. gr. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför.
4.3. Rísi ágreiningur um framkvæmd heilbrigðiseftirlits á varnarsvæðunum gilda ákvæði laganna eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er ekki sérstaklega tekið fram að lögin gildi um heilbrigðis- og mengunareftirlit á varnarsvæðunum. Í framkvæmd hefur þetta eftirlit verið þannig að varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur í krafti samkomulags við varnarliðið falið heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að annast heilbrigðis- og mengunareftirlit á varnarsvæðunum. Varnarliðið greiðir heilbrigðiseftirliti Suðurnesja árlega fjárhæð vegna eftirlits með eftirlitsskyldri starfsemi á þess vegum. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli greiðir síðan um það bil þriðjung af rekstrarhalla heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna eftirlits þess á varnarsvæðum, en íbúafjöldi á varnarsvæðum er þriðjungur af íbúafjölda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Íslensk fyrirtæki, sem starfa á varnarsvæðunum, bera á hinn bóginn engan kostnað vegna eftirlitsskyldrar starfsemi sinnar líkt og íslensk fyrirtæki annars staðar á landinu. Þessu vilja menn nú breyta þannig að utanríkisráðherra geti annaðhvort gert samning við viðkomandi fyrirtæki um greiðslu vegna eftirlits heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eða sett um það sérstaka gjaldskrá. Meðal þeirra fyrirtækja, sem hér um ræðir, eru Íslenskir aðalverktakar hf. og Flugleiðir hf.

Með frumvarpi þessu er lögfest að eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nái einnig til varnarsvæðanna og að utanríkisráðherra, sem samkvæmt lögum nr. 105/1954 hefur lögsögu á varnarsvæðunum, skuli semja við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja til að framkvæma það eftirlit.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að inn í lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, verði bætt nýrri grein sem verði 4. gr. a. Þar verði í 1. mgr. skýrt tekið fram að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nái til varnarsvæðanna og að utanríkisráðherra skuli semja um framkvæmd eftirlitsins við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Í 1. mgr. er tiltekið hvaða starfsemi sé eftirlitsskyld og er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 5. gr. hvað þetta snertir. Jafnframt er þar tekið fram að fyrir eftirlitið megi innheimta gjald annaðhvort á grundvelli samnings eða gjaldskrár sem utanríkisráðherra setur. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra skuli setja gjaldskrá vegna eftirlits skv. 2. gr. í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og vegna eftirlits skv. 3. gr. í samráði við umhverfisráðherra.

Í 3. mgr. er sérstaklega tilgreint til að taka af öll tvímæli að verði ágreiningur um innheimtu eftirlitsgjalda skuli fara með þann ágreining samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1993 þannig að sem fyrst megi hefja innheimtu gjalds vegna eftirlits eftirlitsskyldra fyrirtækja á varnarsvæðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Eins og kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er tilgangur þess m.a. sá að taka af tvímæli um hvernig háttað skuli framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á varnarsvæðunum. Málum er þannig háttað nú að varnarliðið greiðir 79.000 dollara (rúmar 5 m.kr.) til heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og einnig greiðir flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli um 3,8 m.kr. Fyrirtæki, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, hafa hins vegar fram að þessu ekki greitt fyrir heilbrigðiseftirlit sem fyrirtæki utan varnarsvæðisins hafa orðið að gera.

Talið er að heildartekjur af álagningu heilbrigðiseftirlitsgjalds á fyrirtæki geti numið 2–3 m.kr. Þær tekjur mundu koma til lækkunar því framlagi sem flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli mundi annars þurfa að greiða og hreinar tekjur ríkissjóðs af starfsemi embættisins ættu að öðru jöfnu að hækka um sömu fjárhæð.

907. Frumvarp til lyfjalaga. [547. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–1993.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu, m.a. í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og nægilegt framboð lyfja á sem hagstæðustu verði. Lyfjadreifing er hluti af heilbrigðisþjónustu. Starfsmenn lyfjadreifingar skulu vinna með öðrum aðilum heilbrigðisþjónustunnar að þeim heilbrigðismarkmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu starfar lyfjamálastjóri sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt. Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna.

2. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu.

Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir er Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með og skal eftirlitsgjald þetta standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.

3. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða, annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur.
2. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur.
3. Að fylgjast með lyfjaverði innan lands og gera reglulega samanburð á innlendu lyfjaverði og lyfjaverði í helstu nágrannalöndum fyrir lyfjagreiðslunefnd.

Heimilt er að fela Lyfjaeftirliti ríkisins eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum ef sérstakar ástæður mæla með því.

4. gr.

Lyfjanefnd ríkisins er undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um innflutning, sölu eða framleiðslu lyfja.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera nefndinni til ráðgjafar þegar þurfa þykir. Lyfjanefnd ríkisins skal annast eftirtalin verkefni:

1. Skráningu og afskráningu lyfja, sbr. 7. gr. Hafi lyf það, sem sótt er um skráningu á, verið skráð í landi á Evrópska efnahagssvæðinu skal nefndin skrá lyfið innan tilskilinna tímamarka nema sérstakar rökstuddar ástæður mæli gegn því.
2. Umsögn til ráðherra um umsóknir um samhliða innflutning skráðra lyfja, sbr. 7. gr.
3. Umsögn til ráðherra um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli óskráð lyf sem nefndin hefur ekki fjallað um áður, sbr. 8. gr.
4. Umsögn til ráðherra um leyfi til tilrauna með lyf (klíníska rannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja), sbr. 8. gr.
5. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, hér með talin samvinna við erlendar lyfjanefndir og lyfjaskrárnefndir.

Framleiðendur sérlyfja skulu veita nefndinni jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu. Kostnaður af starfsemi nefndarinnar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum sérlyfja.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

5. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfilyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf. Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

III. KAFLI
Lyfjaskrár.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt auglýsingum um gildi norrænna og annarra evrópskra staðallýsinga hér á landi.

Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Ensk útgáfa GMP — Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð með viðaukum, svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.

IV. KAFLI
Flokkun lyfja.
Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

7. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda, að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Skráð sérlyf, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þessi lyf skal skrá í sérlyfjaskrá og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um afhendingarílát framleiðanda samkvæmt sérstökum fyrirmælum læknis á lyfseðli.
2. Stöðluð forskriftarlyf, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða staðallýsingum, enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

8. gr.

Ráðherra getur, í samráði við lyfjanefnd ríkisins, leyft undanþágu frá ákvæðum 7. gr. í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sbr. 3. tölul. 4. gr.

Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

Samhliða innflutningur skráðra lyfja og tilraunir með lyf eru háðar leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fenginni umsögn lyfjanefndar, sbr. 2. og 4. tölul. 4. gr.

9. gr.

Heimilt er að binda skráningu lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá lyf tímabundinni skráningu til reynslu.

10. gr.

Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfjaáhrifum og eituráhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna) sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna í lyfjaformum, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdóma, svo og aukaverkana eins og kveðið er á um í norrænum og öðrum evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Lyfjanefnd ríkisins kannar á fimm ára fresti hvort réttar forsendur séu fyrir skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

11. gr.

Að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út skrá, sérlyfjaskrá, er greinir skráð sérlyf eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði þeirra lyfja sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða.

V. KAFLI
Ávísun lyfja.
Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra.
Merking lyfja.

12. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur gilt lækningaleyfi hér á landi. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti að ljóst sé af símlestrinum hver hann er. Staðfestir útgefandi þannig að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Gerð lyfseðla.
2. Ávísun lyfja.
3. Hvort lyf megi einungis afhenda gegn lyfseðli, hve mikið magn og hve oft gegn sama lyfseðli.
4. Hvernig hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
5. Ávísun lyfja í síma, bréfsíma eða með tölvu.
6. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
7. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
8. Rétt læknanema og lækna án lækningaleyfis til að ávísa lyfjum.
9. Gildistíma lyfseðla.
10. Merkingu lyfja.

VI. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja.

14. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.

15. gr.

Auglýsa má og kynna lyf, sem skráð eru hér á landi, á íslensku í tímaritum eða blöðum þeirra heilbrigðisstétta sem ávísa og dreifa lyfjum.

Í lyfjaauglýsingum skal tilgreina nafn framleiðanda, heiti lyfs, virkra efna, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja, pakkningastærðir og verð. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám.

16. gr.

Heimilt er og að kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir þeim heilbrigðisstéttum sem ávísa og dreifa lyfjum, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

17. gr.

Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf fyrir almenningi.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingaþjónustu og verð.

Texti slíkra auglýsinga eða kynninga skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, svo og annarra fyrirmæla er að þessu lúta, sbr. ákvæði samkeppnislaga.

18. gr.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði og ekki teljast ávana- eða fíknilyf. Slík afhending er einungis heimil að fenginni dagsettri og undirritaðri beiðni læknis.

Önnur afhending eða póstsending lyfjasýnishorna er óheimil.

19. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins, í samvinnu við Samkeppnisstofnun, gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Það getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Það getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt.

20. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við óvæntum aukaverkunum þeirra.

Skráning óvæntra aukaverkana er í höndum landlæknisembættisins sem jafnframt annast úrvinnslu og kynningu að þessu lútandi og samstarf við erlendar stofnanir sem sjá um skráningu aukaverkana lyfja.

VII. KAFLI
Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

21. gr.

Enginn má stunda lyfsölu hér á landi nema sá sem hefur til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra skal veita lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir eftirtalin skilyrði og um slíkt leyfi sækir:

1. Er lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
2. Hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
3. Hefur verslunarleyfi eða hefur gert samning við aðila með verslunarleyfi.

Leyfið er háð því skilyrði að húsnæði, tæki og starfslið fullnægi kröfum er Lyfjaeftirlit ríkisins setur. Ráðherra er heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfishafa.

Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

22. gr.

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Starfandi læknir, tannlæknir og dýralæknir mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúðar.

23. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. ef leyfishafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi,
2. ef leyfishafi brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga,

3. í lok þess árs sem leyfishafi verður 70 ára; heimilt er að framlengja leyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma að fenginni umsögn landlæknis,
4. ef leyfishafi hættir störfum,
5. við andlát leyfishafa.

VIII. KAFLI
Um rekstur lyfjabúða.

24. gr.

Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfis er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

25. gr.

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

Lyfjabúðir skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og geta útvegað þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er.

IX. KAFLI
Vistun lyfjafræði- og lyfjatækninema. Skyldur starfsmanna lyfjabúða.

26. gr.

Lyfjabúðir vista lyfjafræði- og lyfjatækninema til verklegs náms samkvæmt samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir.

27. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir ákvæðum réttarfarslaga.

X. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

28. gr.

Lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar skulu bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hafa með höndum lokaeftirlit að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr útibúi frá lyfjabúð, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjaeftirliti ríkisins eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í útibúi frá lyfjabúð er heimilt að veita staðbundinn afgreiðslurétt öðrum ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess og skal Lyfjaeftirliti ríkisins tilkynnt um nafn og stöðu hans.

XI. KAFLI
Innflutningur og heildsala lyfja.

29. gr.

Leyfi til innflutnings lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Fyrir lyfjaheildsöluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

30. gr.

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis.
2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað, en dýralæknar hafa heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd, sbr. 40. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

XII. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

31. gr.

Leyfi til framleiðslu lyfja hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Fyrir lyfjaframleiðsluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

32. gr.

Til að fá lyfjaframleiðsluleyfi verður fyrirtæki að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur.
2. Að vera þannig búið húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að það fullnægi kröfum um framleiðslu, geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu. Lyfjaframleiðendum er skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

33. gr.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum ef settum skilyrðum er fullnægt.

XIII. KAFLI
Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

34. gr.

Á sjúkrahúsum er heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahúsapótek sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt að leita útboða um rekstur sjúkrahúsapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla, enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

35. gr.

Á sjúkrahúsum og öðrum þeim stofnunum, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahúsapótek, skal lyfjafræðingur hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Nú hefur sjúkrahús eða önnur stofnun, sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum, ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. og skal hún þá semja við utanaðkomandi aðila um umsjón með öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

36. gr.

Sjúkrahúsapótekum er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Sjúkrahúsapótekum er einungis heimilt að afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

37. gr.

Á hverju deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins. Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf sem ódýrari eru.

38. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi.

XIV. KAFLI
Lyfjaverð.

39. gr.

Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls.

40. gr.

Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum skal ákveðið af lyfjagreiðslunefnd. Í nefndinni eiga sæti fimm menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar nefndinni formann. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum taka sæti í nefndinni tveir fulltrúar, annar skipaður af samtökum lyfsala og hinn af samtökum lyfjaheildsala.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er að veita og auglýsa afslátt frá hámarksverði lyfja.

41. gr.

Lyfjagreiðslunefnd ákveður fyrir Tryggingastofnun ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

XV. KAFLI
Lyfsölusjóður.

42. gr.

Starfrækja skal lyfsölusjóð til eflingar lyfjadreifingu í dreifbýli.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára svo sem hér segir:

1. Starfandi lyfsala samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands.
2. Lyfjafræðing samkvæmt tilnefningu Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga.
3. Formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

43. gr.

Hlutverk lyfsölusjóðs er að stuðla með lánum eða styrkveitingum að stofnun og rekstri lyfjabúða á þeim stöðum er heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn lyfjabúða ótvíræða, en vafasamt er hvort reksturinn geti borið sig með eðlilegum hætti.

44. gr.

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum og árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða sem skal lagt á allar lyfjabúðir.

45. gr.

Lán má veita úr lyfsölusjóði gegn öruggu fasteignaveði sem lántaka er skylt að halda vel við og vátryggja.

Lánstími skal ekki vera lengri en 10 ár og skulu lán endurgreidd með jöfnum afborgunum.

Vextir af lánum lyfsölusjóðs skulu vera hæstu löglegir fasteignavextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

Stjórn sjóðsins er heimilt að binda lán og styrkveitingar frekari skilyrðum og þá í samræmi við megintilgang og starfsreglur hans.

46. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign sem er veðsett lyfsölusjóði og er stjórn hans þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru leyti eða öllu.

Skylt er seljanda að tilkynna stjórn lyfsölusjóðs eigendaskipti.

Nú er lán úr lyfsölusjóði ekki greitt á réttum gjalddaga eða veð gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi að það er ekki jafntryggt sem vera skal að dómi stjórnar lyfsölusjóðs eða nýr eigandi tekst ekki á hendur ábyrgð á láninu og er þá stjórn lyfsölusjóðs heimilt að heimta eftirstöðvar láns þegar í stað án uppsagnar.

47. gr.

Allan kostnað skal greiða af tekjum sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjóðsins.

XVI. KAFLI
Eftirlit, málarekstur og refsing.

48. gr.

Eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins og Samkeppnisstofnunar eftir því sem við á.

49. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

XVII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

50. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerðir ákvæði um framkvæmd laga þessara.

51. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

Frá sama tíma falla úr gildi lyfjalög, nr. 108/1984, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum. Ákvæði XV. kafla um lyfsölusjóð, 42.–47. gr., falla úr gildi 1. júlí 1995. Skulu eignir hans þá renna til Íslenska lyfjafræðisafnsins við Nesströð, Seltjarnarnesi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi, enda stangist efni þeirra ekki á við lög þessi.
2. Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum. Samvinnureknar lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. júlí 1994 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfjasölu fram til 1. júlí 1994.
3. Fram til 1. júlí 1995 er ráðherra heimilt að synja umsókn um lyfsöluleyfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í maí 1991 samþykkti ríkisstjórnin að reynt yrði að stemma stigu við síhækkandi lyfjakostnaði. Í framhaldi þessa skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sighvatur Björgvinsson, starfshóp og fól honum að vinna tillögur um lækkun lyfjakostnaðar strax á árinu 1991. Markmiðið með vinnu starfshópsins var að auka kostnaðarvitund lækna og almennings á lyfjum og vinna jafnframt að breyttu neyslumynstri almennings á þeim. Starfshópurinn taldi að vænlegasta leiðin til að auka og efla kostnaðarvitund lækna og almennings fælist í hlutfallsgreiðslu sjúklinga á lyfjum í stað fasts gjalds, óháð verði og magni, eins og tíðkast hafði um árabil. Til að unnt yrði að hrinda þessum breytingum í framkvæmd þurfti að breyta lögum um almannatryggingar.

Fyrstu tillögur starfshópsins miðuðust því við aðgerðir sem hægt væri að hrinda í framkvæmd án lagabreytinga. Starfshópurinn gerði tillögur um breytingar á reglugerð um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði sem tóku gildi 1. júlí 1991.

Helstu nýmæli þessara breytinga voru breytingar á flokkun þeirra lyfja sem sjúkratryggingar greiða að fullu, að hluta eða alls ekki. Þá var fastagjald sjúklings hækkað um 13%, úr 750 kr. í 850 kr., en gjaldið hafði ekki hækkað síðan 1. febrúar 1990. Fastagjald elli- og örorkulífeyrisþega hækkaði úr 230 kr. í 250 kr. Fastagjald fyrir svokölluð „bestukaupalyf" voru hins vegar lækkuð um 9%, úr 550 kr. í 500 kr. fyrir aðra en elli- og örorkulífeyrisþega. Gjald þeirra fyrir „bestukaupalyf" lækkaði úr 170 kr. í 150 kr. Þá var hámarksskammtur lyfja fyrir eitt fastagjald miðaður við 60 daga í stað 100 daga áður.

Með reglugerðinni breyttist greiðslufyrirkomulag nokkurra lyfjaflokka þannig að almannatryggingar taka ekki lengur þátt í kostnaði þeirra. Má þar nefna svefnlyf, róandi lyf, neflyf, hálslyf, hóstalyf, kveflyf, hægðalyf og algeng sýklalyf.

Gert var ráð fyrir að þessar breytingar gætu dregið úr útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfjamála um 350–400 m.kr. á einu ári, miðað við óbreytt neyslumynstur.

Í kjölfar þessara breytinga varð verulegur samdráttur í lyfjanotkun og þar með lyfjakostnaði á seinni helmingi ársins 1991. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna sjúklinga utan sjúkrahúsa var 2,6 milljarðar kr. árið 1990. Í ljósi reynslunnar hafði verið gert ráð fyrir að þessi útgjöld yrðu 2,95 milljarðar kr. árið 1991. Vegna ýmissa aðgerða, sem gripið var til í tíð Guðmundar Bjarnasonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem m.a. fólust í lækkun álagningar í heildsölu og smásölu haustið 1990, stefndu útgjöldin hins vegar í heldur lægri tölu, eða um 2,85 milljarða kr. þegar ríkisstjórnin gerði samþykkt sína í maíbyrjun 1991. Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja á árinu 1991 varð 2,385 milljarðar kr.

Minni lyfjanotkunar og sparnaðar varð mest vart í júlí, ágúst og september 1991, en úr sparnaðinum dró síðustu mánuði þess árs. Ástæður sparnaðarins voru eftirfarandi:

1. Minni lyfjanotkun.
2. Ávísun á ódýrari lyf.
3. Aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði.

Á síðustu mánuðum ársins 1991 og fyrstu mánuðum ársins 1992 dró úr sparnaði. Það var því nauðsynlegt að grípa að nýju til ýmissa aðgerða til að sporna við auknum kostnaði og til að halda honum innan marka fjárlaga ársins 1992. Með breytingum á almannatryggingalögum í lögum nr. 1/1991 fékkst heimild til að breyta fastagjaldi sjúkratryggðra í hlutfallsgreiðslur. Sú breyting kom til framkvæmda 1. ágúst 1992 eftir nokkrar tafir vegna kjarasamninga.

Frá 1. ágúst 1992 greiða sjúklingar 25% af verði hvers lyfs upp að 3.000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 10% upp að 700 kr. Á sama tíma tóku gildi frekari breytingar sem allar miða að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna lyfjakostnaðar. Sérstaklega er þess vænst að nýjar reglur, sem skylda lækna til að geta þess á lyfseðlinum hvort breyta megi lyfjaávísun í ódýrasta samheitalyf hverju sinni, komi til með að skila árangri.

Þann 18. janúar 1993 tók gildi ný reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði. Helstu breytingar, sem reglugerðinni fylgja, eru þessar:

1. Fyrir þau lyf, sem áður voru greidd af sjúkratryggingum gegn framvísun lyfjaskírteina ella af sjúklingum sjálfum að hluta, greiðir sjúkratryggður nú fyrir hverja lyfjaávísun fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 12,5% en þó aldrei meira en 1.500 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða fyrstu 150 kr. af hverri lyfjaávísun. Af verði lyfsins umfram það greiða þeir 5% en þó aldrei meira en 400 kr. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að lyfjakort verði að mestu leyti óþörf.
2. Fyrir önnur lyf, sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða mun sjúkratryggður nú greiða fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 25%, þó aldrei meira en 3.000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða fyrstu 150 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram það greiða þeir 10% en þó aldrei meira en 800 kr.
3. Nokkur lyf, sem áður voru greidd að hluta af sjúkratryggingum, eru nú færð yfir í svokallaðan 0 flokk sem þýðir að notandi greiðir lyfið að fullu. Má þar nefna væg verkjalyf og lyf til lækkunar á blóðfitu.

Áfram er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar greiði að fullu lyf sem sjúklingi er lífsnauðsyn að nota að staðaldri. Er þar um að ræða alla sömu lyfjaflokka og sjúkratryggingar hafa hingað til greitt að fullu. Þá er einnig gert ráð fyrir því í reglugerðinni að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að kveða á um fulla greiðslu sjúkratrygginga á öllum lyfjum í sérstökum tilfellum, svo sem þegar um er að ræða síendurteknar alvarlegar sýkingar eða óvenjumikla lyfjanotkun að staðaldri.

Með þessum breytingum mun hlutdeild sjúklinga í heildarlyfjakostnaði hækka úr 24–25% í 31–32% að meðaltali en hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði lækkar að sama skapi.

Jafnframt ætti hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði á Íslandi að vera orðinn svipaður og hann er að meðaltali í öðrum Evrópulöndum.

Þann 18. ágúst 1991 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Sigurðsson prófessor, formaður, Einar Magnússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Guðrún S. Eyjólfsdóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjaeftirliti ríkisins og lyfjaverðlagsnefnd, Kristján Guðjónsson, deildarstjóri í Tryggingastofnun ríkisins, og Jón Sæmundur Sigurjónsson, hagfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir: „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem fær það verkefni að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu, sérstaklega með það í huga að meira frjálsræði en nú ríkir í þessum málaflokki geti leitt til meiri hagkvæmni og betri þjónustu á þessu sviði, þannig að dregið verði úr álagningarþörf án þess að slakað verði á öryggiskröfum með tilliti til búnaðar, vöruframboðs og faglegs eftirlits. Nefndinni er falið að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi lyfjadreifingar, -skráningar og heildsölu með þeim

hætti sem athuganir hennar leiða í ljós að þurfi svo að framangreindum markmiðum verði náð.“ Nefndin skilaði áliti sínu í byrjun apríl 1992.

Í niðurstöðum nefndarálitsins segir m.a. eftirfarandi:

„Sýnt er fram á að nauðsynlegt sé að taka upp hlutfallsgreiðslur fyrir lyf ef ná eigi fram samkeppni á smásölustigi. Vegna ákvæða um stjörnumerkt lyf og lyf í B-flokki og reyndar einnig vegna reglna um greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega fyrir lyf þá verður árangur af hlutfallsgreiðslum takmarkaður nema breytingar verði gerðar á greiðslufyrirkomulagi fyrir ofangreinda lyfjaflokka. Þá er vert að vekja athygli á að af og til koma mjög dýr lyf á markað. Framleiðendur þeirra hafa að jafnaði einkaleyfi til framleiðslu á þeim til nokkurra ára. Þessi lyf geta verið svo dýr að útgjöld sjúkratrygginga vegna eins slíks lyfs geta hæglega numið tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að þessi dýru lyf séu ekki notuð í stað ódýrari lyfja ef hjá því verður komist út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Almannatryggingakerfið er á föstum fjárlögum. Gera verður ráð fyrir að staðið skuli við fjárlög. Þegar óvænt útgjöld koma til, eins og vegna nýrra dýrra lyfja, þarf að vera hægt að beita sveigjanleika annaðhvort með auknum fjárveitingum eða að nefnd skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, lyfjanefndar, landlæknis og ráðuneytis gæti ákveðið aðra tilhögun á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en almennar reglur leyfa.

Vilji stjórnvöld koma á frelsi í lyfjadreifingunni telur nefndin ráðlegast að fyrst verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf. Fyrst þegar breyttu endurgreiðslukerfi hefur verið komið á er tímabært að rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist. Meðan verið er að komast að því hvort samkeppni muni eiga sér stað getur verið ráðlegt að hafa hámarksverð á lyfjum þannig að fyrirtækin hafi tækifæri til að keppa innan þess ramma sem hámarksverðið veitir.

Verði sú raunin að samkeppnin verði næg til að halda niðri lyfjaverðinu opnast möguleikar til að létta opinberum afskiptum af smásöluverði lyfja, hvort sem það væri með því að afnema hámarksverðið eða með því að heimila lyfsölum að ákveða afgreiðslugjald upp á eigin spýtur fyrir hverja lyfjaávísun.

Leita þarf leiða til að örva samkeppni í innflutningi og heildsölu lyfja. Í því sambandi þyrfti m. a. að kanna kosti og galla samhliða innflutnings (parallel import) og meta hugsanlegan ávinning sem slíkt fyrirkomulag gæti haft í för með sér.

Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar. Á móti kemur aukin kostnaðarvitund þeirra sem nota lyf ef hlutfallsgreiðslur verða teknar upp auk þess sem vænta má aukinnar samkeppni. Í því sambandi er samanburður við lyfjaverð á erlendum mörkuðum mikilvægur. Ef endurgreiðslur sjúkratrygginga verða miðaðar við verð lyfja á erlendum mörkuðum mun það hvetja lyfjaheildsala til að komast að hagstæðara verði en sem nemur viðmiðunarverðinu. Einnig munu sérstakar ráðstafanir vegna nýrra dýrra lyfja geta dregið úr lyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður ræðst mjög af ávísanavenjum lækna. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur lítið verið gert að því að fræða lækna um ný lyf. Fræðsla á því sviði hefur nær alfarið verið í höndum lyfjaframleiðenda og umboðsmanna þeirra. Eðlilegt er að sú fræðsla sé gerð í eiginhagsmunaskyni og beri keim af einhliða áróðri. Nauðsynlegt er að koma á mótvægi við slíka upplýsingagjöf og er eðlilegt að það starf fari fram á vegum heilbrigðisyfirvalda. Breyttar reglur um endurgreiðslur sjúkratrygginga auka þörf lækna fyrir upplýsingar um lyf þar sem hlutfallsgreiðslur munu leiða til að hagsmunir sjúklinga og sjúkratrygginga fara saman þegar læknir tekur ákvörðun um lyfjagjöf.“

Innan Evrópubandalagsins hafa skilmálar og reglur um viðurkenningu lyfja fyrir fólk og dýr verið samræmdar í síauknum mæli. Á þessu ári mun lyfjalöggjöf EB ná til allra verksmiðjuframleiddra lyfja, þar á meðal bóluefna, lyfja sem unnin eru úr blóði og geislavirkra lyfja.

Auk tæknilegrar samræmingar á evrópskum lyfjareglugerðum hafa á síðustu tveimur árum verið gerðar samþykktir eða tillögur um fleiri aðgerðir innan bandalagsins sem stefna að einum sameiginlegum lyfjamarkaði í Evrópu frá árinu 1993. Þessar aðgerðir miða m.a. að því að samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðnum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Stefnt er að því að ákvæði í lögum aðildarlanda hins sameiginlega evrópska markaðar, sem koma í veg fyrir samkeppni í verði og þjónustu, verði afnumin.

Við samningu lagafrumvarpsins hefur verið tekið mið af eftirfarandi tilskipunum sem samþykktar hafa verið innan efnahagsbandalagsins og gilda munu innan hins Evrópska efnahagssvæðis:

1. Tilskipun ráðs EB frá 26. janúar 1965, með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf (65/65/EEC, 66/454/EEC, 75/319/EEC, 78/420/EEC, 83/570/EEC, 87/21/EEC, 89/341/EEC, 89/342/EEC, 89/343/EEC, 89/381/EEC).
2. Tilskipun ráðs EB um samræmingu laga aðildarríkja um stöðlun efnagreiningar og efnafræði-, eiturefnafræði- og læknisfræðilegra staðla varðandi prófun sérlyfja (75/318/EEC, (83/570/EEC, 83/571/EEC, 87/19EEC, 89/341/EEC)).
3. Tilskipun ráðs EB um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna um litarefni er nota megi í lyfjum (78/25/EEC (81/464/EEC)).
4. Tilskipun ráðs EB frá 22. desember 1986 um samræmingu stjórnvaldsaðgerða með tilliti til skráningar „hátæknilyfja" (87/22/EEC).
5. Tilskipun ráðs EB frá 28. september 1981 um samræmingu löggjafa aðildarríkjanna varðandi dýralyf (81/851/EEC, 90/676/EEC).
6. Tilskipun ráðs EB frá 28. september 1981, með síðari viðbót, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi stöðlun rannsókna og skýrslna vegna prófana á dýralyfjum (81/852/EEC (87/20/EEC), 92/18/EEC).
7. Tilskipun ráðs EB frá 21. desember 1988 um samræmingu verðlagningarreglna lyfja og þátttöku almannatrygginga í greiðslu þeirra (89/105/EEC).
8. Tilskipun ráðs EB frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á lögum, reglugerðum og ákvæðum í aðildarríkjunum varðandi verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EEC).
9. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um heildsölu lyfja (92/25/EEC).
10. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um flokkun lyfja vegna dreifingar (92/26/EEC).
11. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um merkingu lyfja og fylgiseðla (92/27/EEC).
12. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um auglýsingar lyfja (92/28/EEC).

Búast má við að fleiri tilskipanir varðandi lyfjamál verði samþykktar innan EB sem nú þegar eru til í formi tillagna, tilmæla og orðsendinga frá ráði EB, svo sem varðandi hómópatalyf, rannsóknir varðandi skráningar lyfja, verðlagseftirlit og endurgreiðslu lyfja, evrópska lyfjaskráningarstofnun, lagalegar kröfur til lyfja o.s.frv.

Gert er ráð fyrir að þau ákvæði tilskipana EB um lyfjamál, sem ekki er minnst á í frumvarpinu, verði felldar inn í reglugerðir sem settar verða í kjölfar samþykktar frumvarpsins.

Framangreint nefndarálit ásamt fyrirsjáanlegri þróun Evrópumarkaðar styður þá stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar að stuðlað verði að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum.

Lagafrumvarp þetta hefur verið samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Frumvarpið hefur verið sent til umsagnar á ýmsum stigum við samningu þess, m.a. Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, Félagi íslenskra stórkaupmanna, lyfjanefnd og Lyfjaeftirliti ríkisins. Þessir aðilar og ýmsir aðrir hafa gefið álit sitt. Þess hefur verið freistað eftir föngum að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Aukið frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi lengur forsetaleyfi til lyfjasölu og að reglur um stofnun apóteka verði rýmkaðar. Handhafar lyfsöluleyfa munu hafa tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum fram til 1. júlí 1995. Eftir þann tíma er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skylt að veita hverjum þeim sem uppfylla skilyrði frumvarpsins lyfsöluleyfi.
2. Aukið frelsi í verðlagningu lyfja sem ef að líkum lætur mun hafa áhrif til aukinnar samkeppni og lækkunar lyfjaverðs. Dregið verður úr opinberum afskiptum af lyfjaverði og lyfjaverðlagsnefnd verður lögð niður.
3. Breytingar verða á reglum um auglýsingar lyfja. Heimilt verður að auglýsa lausasölulyf en reglur um auglýsingar annarra lyfja eru hertar. Lyfjabúðir fá heimild til að auglýsa verð og þjónustu.
4. Sjúkrahúsapótek geta annast afgreiðslu lyfja til sjúklinga sem útskrifast og göngudeildarsjúklinga.
5. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að einungis héraðsdýralæknar hafi heimild til lyfjasölu með sama hætti og verið hefur heldur fá allir dýralæknar heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum. Gert er ráð fyrir að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd.
6. Lyfjagreiðslunefnd verður skipuð og fær hún það verkefni að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, dýralyfjum og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

Frumvarpið fellir saman í ein lög lyfjalög, nr. 108/1984, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, og gerir ráð fyrir að heiti þeirra verði lyfjalög. Auk þeirra nýmæla, sem frumvarpið hefur að geyma, eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á gildandi lögum í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra og í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er fækkað allverulega þeim ákvæðum laganna sem mæla fyrir um setningu reglugerða en þess í stað sett almenn heimild til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Þær breytingar, sem samþykkt samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kallar á að gerðar verði á lyfjalögunum frá 1984 og lögunum um lyfjadreifingu frá 1982, hafa þegar verið lagðar fyrir Alþingi í frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið (116. löggjafarþing, 25. mál, þskj. 25). Breytingartillögurnar á þessum lögum er að finna í 19. og 20. gr. V. kafla laganna. Verði það frumvarp orðið á lögum áður en frumvarp þetta er samþykkt af Alþingi mun þurfa að gera viðeigandi breytingar í gildistökuákvæði þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lýst markmiði laganna, m.a. með vísun til reglna EES. Lögð er áhersla á og staðfest tengsl lyfjadreifingar við heilbrigðisþjónustu í samræmi við 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða 1. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984, og 1. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, nema felld er niður tilvísun í lyfjaverðlagsnefnd þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að hún verði lögð niður. Þá er tilvísun í Hollustuvernd ríkisins nýmæli.

Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og eru allajafnan þeir aðilar sem ráðherra leitar til við samningu reglugerða þeirra sem framkvæmd laganna kallar á.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru sambærilegar við ákvæði 49.–53. gr. lyfjalaga um Lyfjaeftirlit ríkisins. Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins mun breytast nokkuð vegna nýrra viðhorfa í lyfsölumálum. Fellt er niður sérstakt ákvæði um eftirlit með lyfjabirgðum spítaladeilda og annarra hliðstæðra stofnana og einnig ákvæði um eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar, sbr. 2. og 3. tölul. 50. gr. lyfjalaga. Litið er svo á að þessi hlutverk felist í 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði um mat á kaupverði lyfja og eftirlit með verði lyfja í heildsölu og smásölu falla niður vegna breyttra verðlagsákvæða, sbr. 5. tölul. 50. gr. lyfjalaga, en í staðinn kemur ákvæði í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að Lyfjaeftirlitið fylgist með lyfjaverði innan lands og beri reglulega saman lyfjaverð hér á landi og í helstu nágrannalöndum fyrir lyfjagreiðslunefnd.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um lyfjanefnd ríkisins og hlutverk hennar. Um skipun og hlutverk lyfjanefndar er fjallað í 27.–29. gr. lyfjalaga. Nefndinni er ætlað að starfa áfram að ákveðnum verkefnum sem sjálfstæður umsagnaraðili og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til ráðuneytis. Óþarft er talið að telja upp hin einstöku svið læknis- og lyfjafræði sem fulltrúar í lyfjanefnd ríkisins eiga að hafa sérþekkingu á, eins og gert er í gildandi lögum.

Verkefni lyfjanefndar breytast nokkuð og verða þessi: að annast skráningu lyfja, sbr. 7. gr., að gefa ráðherra umsögn um umsóknir um samhliða innflutning lyfja (parallel import), sbr. 8. gr., að veita umsögn um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli ný, óskráð lyf sem nefndin hefur ekki fjallað um áður, sbr. 7. gr., að veita umsögn um umsóknir um leyfi til tilrauna með óskráð lyf, sbr. 8. gr., og önnur atriði er lúta að framkvæmd laganna og hliðstæðra laga eftir því sem ráðherra mælir um í reglugerð.

Áður gerði nefndin tillögur til ráðherra um skráningar, en fær nú það verkefni að annast þær.

Nýmæli er að lyfjanefnd ríkisins er falið að skrá lyf sem þegar er skráð á Evrópska efnahagssvæðinu, innan tilskilinna tímamarka, sem væntanlega verða samræmd á svæðinu gerist Íslendingar aðilar að því. Þetta er hugsað ekki síst vegna þess að full ástæða er til að taka mið af niðurstöðum skráningaryfirvalda í nágrannalöndunum og einnig má skoða þetta sem skref til aðlögunar að Evrópsku efnahagssvæði. Þá hefur það þótt taka langan tíma að koma ódýrum samheitalyfjum á markað hér á landi.

Nýmæli er einnig að gert er ráð fyrir að ráðherra geti heimilað samhliða innflutning lyfja að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins, sbr. 8. gr. Hér er um að ræða lyf sem þegar eru skráð og þekkt hér á landi en kunna að vera framleidd á öðrum stað en tilgreint er í skráningargögnum og fyrir annan markað. Með þessari heimild er hugsanlegt að auka samkeppni í innflutningi og lækka lyfjaverð. Reglugerð þarf að setja um samhliða innflutning í samræmi við þær reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar í reglugerð eins og verið hefur. Einnig er gert ráð fyrir að innheimt verði gjöld fyrir öll útgefin leyfi, en ekki eingöngu fyrir skráningu sérlyfja eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. lyfjalaga.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 6. gr. lyfjalaga. Nýmæli er þó að gert er ráð fyrir að ráðherra geti með auglýsingu ákveðið að norrænar og evrópskar staðallýsingar um lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, gildi hér á landi. Ísland er aðili að fjölþjóðasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á lyfjaeftirliti, þ.e. Pharmaceutical Inspection Convention (PIC, the Mutual Recognition of Inspections in Respect of the Manufacture of Pharmaceutical Products). Árið 1991 eru 16 ríki, innan og utan EFTA, aðilar að samningnum og fer þeim fjölgandi. Má þar nefna lönd eins og Bretland, Írland, Þýskaland og öll Norðurlöndin.

Aðildarlöndin hafa sameinast um grundvallarstaðallýsingar góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice for Pharmaceutical Products — GMP). Endurskoðuð útgáfa staðallýsinganna tók gildi 1. janúar 1992 um leið og EB-GMP og hafa verið kallaðar á íslensku „Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð" (Guide to Good Manufacturing Practice for Pharmaceutical Products, Document PH 5/1989) og koma í stað grundvallarstaðallýsinganna. EB hafði PIC-GMP til viðmiðunar við gerð GMP-reglna fyrir EB og eru þær nær samhljóða. Þessar reglur eru til komnar til að tryggja sem best og jöfnust gæði lyfja í öllum þessum löndum þar sem kröfur til lyfja á öllum stigum eru hinar sömu. PIC-GMP er unnin á vegum stjórnarnefndar PIC en í henni eiga sæti fulltrúar allra aðildarlandanna.

Um 7. gr.

Greinin er að mestu sambærileg við 7. gr. lyfjalaga að teknu tilliti til breytinga á skipulagi mála. Bætt er við heimild til að veita undanþágu frá skilyrði um afhendingu í órofnum ílátum framleiðanda því það hefur reynst nauðsynlegt í framkvæmd og einnig æskilegt með tilliti til kostnaðar í þeim tilfellum þar sem einungis eru skráðar stórar pakkningar. Einnig hefur verið heimilað með reglugerð að afhenda lyf í skammtaöskjum. Gert er ráð fyrir að með reglugerðum verði settar reglur um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns, bóluefna, ónæmisefna, geislavirkra lyfja, lofttegunda til lækninga og annarra lyfja sem gætu komið til greina, svo sem náttúrulyfja og hómópatalyfja.

Um 8. gr.

Greinin er sambærileg við 8. gr. lyfjalaga.

Þá er skýrt tekið fram í greininni að samhliða innflutningur skráðra lyfja og tilraunir með lyf eru háðar leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins, sbr. 2.–4. tölul. 4. gr.

Um 9. gr.

Greinin er sambærileg við 10. gr. lyfjalaga nema hvað felld er niður heimild sem nú er í lögum um að hafna skráningu. Þessi heimild er felld niður vegna reglna Evrópska efnahagssvæðisins.

Hins vegar er það nýmæli að lagt er til að heimilt sé að skrá lyf tímabundinni skráningu til reynslu.

Um 10. gr.

Greinin er sambærileg við 11. og 12. gr. lyfjalaga. Ekki er þó minnst á verð sem hluta af skráningu í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. lyfjalaga. Í stað orðsins „hjáverkunum“ kemur „aukaverkunum“.

Lyfjanefnd ríkisins skráir og þar með flokkar lyf og greinir í sínu starfi frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu aukaverkunum skráðra lyfja. Ráðuneytið gefur út sérlyfjaskrá svo sem verið hefur. Verð, sem birta skal í skránni, er hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða.

Um 12. gr.

Greinin er breytt frá 15. gr. lyfjalaga. Bætt er inn heimild lyfjafræðinga til að afhenda lyf í neyðartilvikum í minnstu pakkningum. Fyrir nokkru voru slíkar reglur settar í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja og hafa reynst vel í framkvæmd. Mikilvægt er að lögfesta þessa heimild.

Landlæknir skal hafa eftirlit með lyfjaútláti lyfjafræðinga samkvæmt framansögðu með sama hætti og hjá læknum.

Um 13. gr.

Greinin er sambærileg við 16. gr. lyfjalaga. Bent er á að 17. gr. lyfjalaga, þar sem fjallað er um merkingu lyfja með ítarlegum hætti, er felld niður, enda óþarft að tíunda svo rækilega í lögum hvernig merkingar skuli vera. Í staðinn er lagt til að kveðið verði á um merkingu lyfja í sömu reglugerð og um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um auglýsingu og kynningu lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna. Í frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið er að finna mörg þeirra ákvæða sem hér eru felld inn í nýtt frumvarp til lyfjalaga. Nýmæli þau, sem er að finna í þessum kafla, leiðir flest af aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði.

Um 14. gr.

Greinin er sambærileg við 14. gr. lyfjalaga.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. eru óbreytt ákvæði 1. mgr. 18. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984. Í 2. mgr. er hins vegar bætt inn að skylt sé að gefa upplýsingar um verð. Brýnt er talið að heilbrigðisstéttir þær, sem hafa lyfjaauglýsingar fyrir augunum í tímaritum og blöðum fyrir einstaka hópa heilbrigðisstétta, fái upplýsingar um verð lyfja ekki síður en t.d. upplýsingar um pakkningastærðir. Hér er um að ræða atriði sem er í samræmi við hliðstæðar og nýsamþykktar reglur á þessu sviði sem Evrópubandalagið hefur sett.

Um 16. gr.

Greinin er sambærileg við 19. gr. lyfjalaga.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 20. gr. lyfjalaga nema orðalag er lagfært og rýmkuð er heimild til kynningar á þjónustu. Auglýsing lausasölulyfja er heimiluð til samræmis við samning um Evrópska efnahagssvæðið, en háð eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins. Setja þarf í reglugerð nánari reglur um gerð þessara auglýsinga í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 22. gr. lyfjalaga, nema hvað orðalag er stytt og lagfært. Sú breyting er gerð að eingöngu er heimilt að afhenda tilgreindum aðilum lyfjasýnishorn persónulega og þá aðeins ef um nýskráð lyf er að ræða í kynningarskyni, en ekki eins og nú er að senda eða afhenda með þeirri einu takmörkun að um minnstu pakkningar sé að ræða. Með þessu ætti að vera tryggt að lyf séu ekki send í pósti eins og tíðkast hefur, jafnvel þótt lög heimili ekki sendingar lyfjasýnishorna á einkaheimili. Með nýskráðum lyfjum er átt við lyf skráð á næstliðnum 12 mánuðum.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 23. gr. lyfjalaga nema ekki eru tekin með ákvæði um viðbrögð eftirlitsaðilans. Lagt er til að fellt verði niður úrskurðarvald landlæknis komi til ágreinings, enda er heimilt að vísa málum til ráðherra. Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess í samvinnu við Samkeppnisstofnun að lyfjaauglýsingar séu réttar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 24. gr. lyfjalaga nema tilvísun í aðrar greinar laganna er sleppt. Jafnframt er heimild landlæknis þrengd þannig að hún miðast eingöngu við óvæntar aukaverkanir lyfja enda þarflaust að skýra frá öðrum aukaverkunum þeirra þar sem upplýsingar um slíkt eru gefnar upp í sérlyfjaskrá.

Enn fremur fjallar greinin um sama efni og 1. mgr. 54. gr. lyfjalaga að öðru leyti en því að skráningin er takmörkuð við óvæntar aukaverkanir þar sem aðrar aukaverkanir eru þekktar. Þá er og felld niður 2. mgr. 54. gr. lyfjalaga þar sem fjallað er um tengsl skráningar hjáverkana (aukaverkana) lyfja og eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna. Ekki er ástæða að binda slíkt í lögum svo sjálfsagður hlutur sem það er.

Um 21. gr.

Hér er gerð sú breyting frá 3. gr. laga um lyfjadreifingu að lyfsöluleyfi verða bundin því skilyrði að umsækjandi sé lyfjafræðingur og að hann hafi verslunarleyfi eða geri samning við aðila með verslunarleyfi. Þriggja ára starfsreynsla er gerð að skilyrði fyrir lyfsöluleyfi. Heimilt er þó að víkja frá því skilyrði ef sérstaklega stendur á, t.d. ef sótt er um lyfsöluleyfi í minni byggðarlögum þar sem ekki er lyfsala fyrir. Gert er ráð fyrir að leyfishafi geti valið það rekstrarform sem honum hentar, t.d. hlutafélag enda sé skilyrðum hlutafélagalaga fullnægt.

Í greininni er heimild til ráðherra um að kveða á um vaktskyldu lyfjabúða. Gert er ráð fyrir að heimild þessi verði ekki nýtt nema lyfjabúðir á hverju svæði nái ekki samkomulagi um vaktafyrirkomulag. Við setningu slíkra reglna yrði að gæta jafnræðis með aðilum.

Í bráðabirgðaákvæði er þó er gert ráð fyrir heimild ráðherra til 1. júlí 1995 til að takmarka fjölda lyfsöluleyfa.

Um 22. gr.

Rétt þykir að takmarka hvert lyfsöluleyfi við faglega ábyrgð á rekstri einnar lyfjabúðar til að samkeppni fái betur notið sín og komið verði í veg fyrir einokun og hringamyndun. Þó gert ráð fyrir að lyfsali geti opnað útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Hér er bætt inn ákvæði 5. gr. lyfjalaga um að starfandi læknar, dýralæknar og tannlæknar geti ekki verið eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúðar.

Um 23. gr.

Rétt þykir að tiltaka hvaða ástæður geta valdið því að lyfsöluleyfi falli niður. Ástæða þykir til að halda þeirri reglu að lyfsöluleyfi falli niður við 70 ára aldur. Þó er heimilt að framlengja leyfi til eins árs í senn að fenginni umsögn landlæknis eftir að leyfishafi er orðinn 70 ára. Sömuleiðis er eðlilegt að lyfsöluleyfi falli niður við andlát. Ekkert er á hinn bóginn því til fyrirstöðu að dánarbú ráði lyjafræðing sem sækir um lyfsöluleyfi og haldi áfram rekstrinum við þessar kringumstæður.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. laga um lyfjadreifingu.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga um lyfjadreifingu. Í samræmi við samning um Evrópska efnahagssvæðið er lyfsölum skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína. Hér er einkum átt við upplýsingar um sölu lyfja, bæði magn og verð, t.d. á tölvutæku formi til að yfirvöld geti fylgst með lyfjasölu í landinu og tekið saman tölfræðilegar upplýsingar um lyf sem nauðsynlegar eru til stjórnunaraðgerða og jafnframt er í vaxandi mæli krafist í samnorrænu og evrópsku samstarfi.

Um IX. kafla.

Felld er niður 15. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um nám, próf og starfsréttindi lyfjatækna, enda er tekið á þeim málum samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Þá eru felld úr lögunum ákvæði um nám lyfjatækna, annað en skyldu lyfjabúða til að vista þá í verklegu námi. Þetta er í samræmi við

nýlegar breytingar á lögum um lyfjadreifingu þar sem nám í lyfjatækni var fært til menntamálaráðuneytisins.

Felld eru brott ákvæði um æskilegan fjölda starfsmanna í lyfjabúð. Þykir það eðlilegt í ljósi þess að lyfjadreifing er gefin frjáls. Það þykir ekki samrýmast frjálsri lyfjadreifingu að leggja á þá sem annast þessa starfsemi frekari kvaðir en nauðsynlegt er til að tryggja öruggt aðgengi að nauðsynlegum lyfjum.

Rétt er að benda á að 16. gr. laga um lyfjadreifingu er felld niður, en þar er kveðið á um að starfsmenn lyfjabúða leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni og gangist árlega undir almenna læknisrannsókn. Í þeim tilvikum, þar sem lyfjabúðir annast lyfjaframleiðslu, krefjast alþjóðareglur, sem Ísland er aðili að, þess að læknisskoðun fari fram og er það nægjanlegt.

Um 26. gr.

Gert er ráð fyrir að lyfjabúðir visti lyfjafræðinema og lyfjatækninema til verklegs náms samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi menntastofnanir.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga um lyfjadreifingu. Rétt er að vekja athygli á því að 18. gr. laga um lyfjadreifingu er felld niður af því að fjallað er um viðkomandi efni í lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að ákvæði um þagnarskyldu nái til allra starfsmanna lyfjabúða.

Um X. kafla.

Gerðar eru ýmsar breytingar á ákvæðum um afgreiðslu lyfja. Felld eru niður ákvæði um afgreiðslutíma lyfjabúða og sjálfsagðar skyldur lyfjabúða að afgreiða eins fljótt og auðið er lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum. Hér er talið að um svo sjálfsagða hluti sé að ræða að ekki þurfi að taka slíkt fram í lögum. Hins vegar má benda á heimild ráðherra í 21. gr. til að binda vaktskyldu við lyfsöluleyfi ef ástæða þykir til þess.

Rétt er að vekja athygli á því að felldar eru niður 21.–23. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um skyldur lyfjabúða til þess að hlíta fyrirmælum í lyfjaskrám og að haga bókhaldi í samræmi við gildandi lög. Óþarfi ætti að vera að geta þess í lyfjalögum að lyfsölum beri að halda önnur lög sem fjalla um verslun og viðskipti.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. laga um lyfjadreifingu, nema hvað opnað er fyrir möguleika til að veita öðrum en lyfjatækni staðbundinn rétt til þess að afgreiða úr lyfjaútibúi, enda sé um ábyrgan umboðsmann að ræða sem lyfsali ræður til slíks verks. Upp kunna að koma þau tilvik að nauðsynlegt sé að fela aðila sem ekki er lyfjatæknir slík störf ef þeir finnast ekki á viðkomandi svæði. Á þetta hefur reynt og hefur þá þurft að víkja frá lagaákvæðum til þess að halda uppi nauðsynlegri þjónustu.

Vakin er athygli á því að felldar eru niður 25. og 26. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem annars vegar er fjallað um meðferð lyfja og eiturefna og eftirlit lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og hins vegar skyldur lyfsala til þess að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu o.s.frv. Hér er um að ræða atriði sem varla þarf að hafa ákvæði um í lögum, enda felst slíkt eftirlitshlutverk í störfum lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga. Auk þess hlýtur að vera sjálfsögð sú skylda lyfsala að afgreiða lyf sem læknir ávísar. Segja má að

26. gr. laga um lyfjadreifingu fjalli frekar um greiðslur en skipulag lyfjadreifingar.

Um XI. kafla.

Felldar eru niður 38.–40. gr. laga um lyfjadreifingu enda fjalla þær um atriði sem annaðhvort eru svo sjálfsögð að þau þarf ekki að tilgreina í lögum eða atriði sem eru óþörf eða óframkvæmanleg.

Vakin skal athygli á því að VIII. kafli laga um lyfjadreifingu, sem fjallar um Lyfjaverslun ríkisins, er felldur niður þar sem fjármálaráðherra hefur ákveðið að leggja fram frumvarp um stofnun hlutafélags um rekstur Lyfjaverslunar ríkisins. Í 43. gr. laga um lyfjadreifingu er gert ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins annist birgðahald almannavarna. Þetta ákvæði fellur nú niður enda má fella þessa skyldu undir 5. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, þar sem fjallað er um skyldu landlæknis í almannavörnum. Það kæmi því í hlut landlæknis að sjá um samninga, t.d. við sjúkrastofnanir, um birgðahald lyfja vegna almannavarna. Þá er skylda framleiðenda eða umboðsmanna þeirra um birgðahald, sbr. 37. gr. laga um lyfjadreifingu, felld niður.

Um 29. og 30. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 35. og 36. gr. laga um lyfjadreifingu nema nú er krafist gjalds fyrir lyfjaheildsöluleyfi til samræmis við önnur leyfi sem ráðherra veitir. Tekið er fram að ekki er heimilt að veita lyfsöluleyfishafa leyfi til lyfjaheildsölu. Þetta er gert til samræmis við reglur EES. Hver sem uppfyllir skilyrði laganna að öðru leyti mun geta flutt inn lyf, t.d. sjúkrahús.

Lyfjaheildsölum verður heimilt að selja lyf til fleiri aðila en verið hefur. Þannig fá læknar, tannlæknar og dýralæknar heimild til að kaupa lyf í heildsölu til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum, en slíka heimild hefur skort í lög. Gert er ráð fyrir að kostnaður lækna og tannlækna vegna lyfjanotkunar á eigin stofum og í sjúkravitjunum falli undir gjaldskrá. Reglur um heimild dýralækna til sölu dýralyfja munu breytast í þá veru að allir dýralæknar munu framvegis geta selt dýralyf á allt að hámarksverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd. Hingað til hefur þessi heimild verið bundin við héraðsdýralækna. Er þetta nýmæli til verulegra þæginda fyrir þá sem njóta þjónustu dýralækna.

Hér eiga einnig við sömu athugasemdir og greindar eru í umsögn um 25. gr. varðandi upplýsingaskyldu til yfirvalda.

Um 31.–33. gr.

Greinarnar eru sama efnis og 37.–39. gr. laga um lyfjadreifingu um skilyrði til leyfis fyrir innflutningi og heildsölu lyfja, svo og ákvæði lyfjalaga um skyldu lyfjabúða til að framleiða forskriftarlyf lækna. Felld er niður sú kvöð á lyfjafyrirtækjum að tæknilegur stjórnandi, lyfjafræðingur, þurfi að vera í fullu starfi. Engin þörf er á þessum ákvæðum því meta þarf þessi atriði í hverju tilviki, t.d. í samræmi við stærð og umfang rekstursins við útgáfu leyfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir, sem uppfylla sambærilegar menntunarkröfur, geti veitt lyfjaframleiðslu forstöðu. Auk þess kveða alþjóðareglur, sem Ísland er aðili að (GMP-reglur), nánar á um starfsemi og starfshætti lyfjafyrirtækja, hæfni starfsfólks og ábyrgð og er því ónauðsynlegt að kveða nánar á um það í lögum.

Hér er einnig kveðið á um leyfisgjald til samræmis við önnur leyfi sem ráðherra veitir. Hér eiga einnig við sömu athugasemdir og greindar eru í umsögn um 25. gr. hvað varðar upplýsingaskyldu til yfirvalda.

Um 34. gr.

Sjúkrahúsum almennt verður heimilt að starfrækja sjúkrahúsapótek ef henta þykir, en ekki aðeins deildaskiptum sjúkrahúsum eins og nú er.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn.

Gert er ráð fyrir að stjórnir sjúkrahúsa geti leitað útboða um rekstur sjúkrahúsapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla, enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um faglega ábyrgð lyfjafræðinga á dreifingu lyfja innan heilbrigðisstofnana. Sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahúsapótek en sem vilja notfæra sér heimild laganna um kaup á lyfjum í heildsölu, þurfa að hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni til að bera bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Ef sjúkrahús eða önnur stofnun, sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum, hefur hvorki lyfjafræðing í þjónustu sinni né starfrækir eigið sjúkrahúsapótek er eðlilegt að gera ráð fyrir að hún semji við utanaðkomandi aðila um umsjón með öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Um 36. gr.

Hér er sú breyting gerð á ákvæðum 49. gr. laga um lyfjadreifingu að sjúkrahúsapótekum verði heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Heimildin er bundin þeirri takmörkun að eingöngu má afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 51. gr. laga um lyfjadreifingu nema lagt er til að tekið verði út það ákvæði í 2. mgr. 51. gr. sem kveður á um að velja skuli innlenda framleiðslu fremur en erlenda, enda stangast það á við samninga EFTA-ríkjanna sem Ísland er aðili að. Mikilvægt er að lyfjanefnd á deildaskiptu sjúkrahúsi fái það hlutverk að semja lista yfir þau lyf sem nota skal innan sjúkrahússins, þar sem tekið er tillit til læknisfræðilegra, lyfjafræðilegra og heilsuhagfræðilegra þátta. Slíkir lyfjalistar eiga að auðvelda stjórnendum sjúkrahúsa og sjúkrahúsapóteka að halda lyfjakostnaði innan skynsamlegra marka.

Felld eru niður ákvæði 52.–54. gr. laga um lyfjadreifingu þar sem fjallað er um sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka, enda gert ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði breytt í hlutafélag með sérstökum lögum eins og áður er getið.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 55. gr. laga um lyfjadreifingu.

Um 39. gr.

Hér er stigið skref í átt til aukins frelsis í verðlagningu lyfja með því að gefa frjálsa verðlagningu lyfja sem seld eru án lyfseðils. Ekki er talið að markaðurinn hér á landi né í næstu nágrannalöndum sé búinn undir frjálsa verðlagningu lyfseðilsskyldra lyfja. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur skv. 3. gr. m.a. áfram það hlutverk að fylgjast með lyfjaverði og þróun þess í helstu nágrannalöndum.

Um 40. og 41. gr.

Gert er ráð fyrir að sérstakri ráðherraskipaðri nefnd, lyfjagreiðslunefnd, verði falið það verkefni að ákveða greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði innan þess ramma er lög kveða á um. Nefndinni er einkum ætlað það hlutverk að ákveða hvort, hvenær og hvernig almannatryggingar skuli greiða fyrir ný lyf og jafnframt hugsanlegar breytingar á greiðsluþátttöku í þegar skráðum lyfjum. Nefndinni er einnig ætlað að ákveða hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja á grunni upplýsinga frá Lyfjaeftirliti ríkisins og í samráði við hagsmunaaðila.

Um verð lyfseðilsskyldra lyfja skal gilda hámarksverð í smásölu sem lyfjagreiðslunefnd ákveður. Í því verði kemur fram sú hlutdeild sem sjúkratryggingar greiða að hámarki í hverju lyfi. Með hámarksverði er átt við það verð sem sjúkratryggingar greiða að hámarki með hverju lyfi. Ekkert er því til fyrirstöðu að lyfsali bjóði lyf á lægra verði og skerði þar með álagningu sína. Lyfjagreiðslunefnd skal einnig ákveða hámarksverð dýralyfja.

Um 42.–47. gr.

Ákvæði um lyfsölusjóð eru talsvert breytt frá frá gildandi lyfjalögum. Breytingarnar felast einkum í því að hlutverk sjóðsins er þrengt og tekjustofnar hans skertir. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi aðeins hlutverki að gegna fram til 1. júlí 1995 á meðan verið er að koma á breyttu fyrirkomulagi, en þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði lagður niður og eignir hans renni til uppbyggingar og reksturs Íslenska lyfjafræðisafnsins við Nesströð, Seltjarnarnesi.

Um 48. og 49. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 59. og 60. gr. gildandi laga um lyfjadreifingu, nema Samkeppnisráði er bætt við sem eftirlitsaðila um framkvæmd laganna ásamt Lyfjaeftirliti ríkisins.

Um 50. gr.

Eins og fyrr var getið hafa ítarleg ákvæði í einstaka greinum um setningu reglugerða verið felld niður. Þess í stað er hér almennt reglugerðarákvæði sem heimilar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Nú þegar eru í gildi allmargar reglugerðir um lyfjamál sem settar hafa verið með stoð í lyfjalögum eða lögum um lyfjadreifingu eða eldri lögum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að flestar þessar reglugerðir haldi gildi sínu nánast óbreyttar. Í gildandi lyfjalögum og lögum um lyfjadreifingu er sérstaklega tekið fram að setja skuli með reglugerð nánari reglur um eftirfarandi:

1. starfssvið og starfshætti Lyfjaeftirlits ríkisins og innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtu þeirra í reglugerð,
2. starfssvið og starfshætti lyfjanefndar og ákvæði um skráningar- og árgjöld lyfja, gjald fyrir leyfi til að flytja inn og selja óskráð lyf og gjald fyrir leyfi til tilrauna með lyf ásamt innheimtu þeirra,
3. í hvaða tilfellum heimilt er að rjúfa afhendingarílát,
4. ákvæði um klíníska rannsóknir á lyfjum,
5. gerð auglýsinga og um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna,
6. búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða, þar á meðal um þær bækur sem lyfsölum er skylt að halda,
7. tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja,
8. húsnæði, búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjaheildsala,
9. fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum,
10. um lyfjahugtakið og undanþágur frá því svo og um hvaða vörurlyfjabúðir einar megi selja,
11. starfsemi lyfsölusjóðs, m.a. um tekjuöflun sjóðsins og ávöxtun fjár hans, vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o.fl., umsóknir um lán og styrki úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánskjaravísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf sem heimili slíka verðtryggingu. Í samræmi við ákvæði 50. gr. er gert ráð fyrir að með stoð í þeirri grein sé heimilt að setja nánari reglur um öll þessi atriði.

Jafnframt er gert ráð fyrir að setja þurfi reglugerðir um ýmis þeirra nýmæla sem í frumvarpinu eru, svo sem:

— um samhliða innflutning skráðra lyfja,
— um heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum og kynningarefni,
— um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilfellum,
— um innflutning, innflutningseftirlit, afhendingu og sölu blóðvatna (serum), bóluefna (vaccinum), ónæmisefna, geislavirkra lyfja, lofttegunda til lækninga og annarra efna og efnasambanda sem telja má til lyfja,
— um ýmsar skýrslur sem lyfsalar, lyfjaheildsalar og lyfjaframleiðendur skuli gefa heilbrigðisyfirvöldum og um bækur sem skal skylt að halda,
— um lyfjagreiðslunefnd.

Eins og getið er um í inngangi má búast við að fleiri tilskipanir um lyfjamál verði samþykktar fyrir Evrópska efnahagssvæðið og fella verði þær inn í reglugerðir.

Um 51. gr.

Gerð er tillaga um gildistöku laganna frá og með 1. júlí 1993. Frá og með þeim tíma falla lyfjalög, nr. 108/1984, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, úr gildi. Jafnframt er hér tekið fram að ákvæði laganna um lyfsölusjóð skuli falla úr gildi 1. júlí 1995.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Gert er ráð fyrir því eins og eðlilegt er að þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum, skuli halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við þessi lög. Það er ljóst að mikil vinna fer í endurskoðun reglugerða á þessu sviði og að mjög mikilvægt er að fækka þeim verulega og samræma eftir föngum í samræmi við tilgang laganna sem er að einfalda stjórnkerfi lyfjamála og færa saman skylda þætti.

2.–3. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á lyfsöluleyfum sem eru í gildi, annarra en lækna, sveitarfélaga, Háskóla Íslands og kaupfélaganna á Akureyri og Selfossi. Frumvarpið gerir ráð fyrir ábyrgð lyfjafræðinga á allri framleiðslu og dreifingu lyfja, en rétt þykir að gefa leyfishöfum nokkurn aðlögunartíma að breyttu fyrirkomulagi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til lyfjalaga.

Markmið frumvarpsins er að draga úr lyfjaútgjöldum og auka frjálsræði í sölu og dreifingu lyfja, auk þess að ákvæði vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið eru í frumvarpinu.

Mikilvæg forsenda þess að frjálsræði í lyfjasölu skili sér í minni útgjöldum er að verð lyfja hafi áhrif á ákvarðanir lyfjanotenda. Með reglum um hlutfallsgreiðslur notenda fæst slíkt aðhald og að auki er gert ráð fyrir meira frjálsræði í lyfjaheildsölu, m.a. með svokölluðum samhliða innflutningi. Möguleikar til að opna lyfjabúðir verða auknir og einnig verður meira frelsi í verðlagningu lyfja og verður lyfjaverðlagsnefnd lögð niður. Ákvæði um opnunartíma verða felld úr lyfjalögum með frumvarpinu. Lyfjasala verður áfram háð takmörkunum, svo sem að bannað verður að auglýsa lyfseðilsskyld lyf fyrir almenning og þau verða háð hámarksverðlagningu. Þá verða lyfsöluleyfi takmörkuð við rekstur einnar lyfjabúðar og hámarksverð verður á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Sjúkrahúsum verður almennt heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahúsapótek og flytja inn lyf. Lyfjaheildsölum verður heimilt að selja lyf til lækna, tannlækna og dýralækna til nota á eigin stofum eða í sjúkravitjunum. Aukið svigrúm heilbrigðisstofnana til innkaupa og verslunar með lyf mun skapa svigrúm til lækkunar á lyfjakostnaði með magninnkaupum og útboðum.

Komið verður á fót lyfjagreiðslunefnd sem mun ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Einnig er nefndinni ætlað að ákvarða þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við almannatryggingalög og fjárlög hverju sinni. Lyfjaeftirlit ríkisins á samkvæmt frumvarpinu að fylgjast með verði lyfja í nágrannalöndunum og gefa lyfjagreiðslunefnd upplýsingar um það. Nýmæli er að ekki fer lengur saman skráningarskylda og greiðsluskylda Tryggingastofnunar á lyfjum. Ef frumvarpið verður að lögum er hægt að heimila sölu á lyfi án þess að almannatryggingar greiði hluta af verðinu og verður því auðveldara að halda lyfjaútgjöldum innan fjárlaga.

Heildarveltan á lyfjamarkaði á Íslandi er talin hafa verið um 5 milljarðar kr. árið 1992, þar af fara tæplega 3,7 milljarðar kr. um lyfjabúðir og afgangurinn fer að mestu um sjúkrahúsin. Útgjöld sjúkratrygginga vegna þátttöku í lyfjakostnaði voru um 2,7 milljarðar kr. árið 1992 og hlutur neytenda um 1 milljarður kr. Þáttur hins opinbera í kostnaði við lyfseðilsskyld lyf hefur verið hærri á Íslandi en víða annars staðar, en með nýlegri breytingu á reglugerð um greiðslur notenda í lyfjakostnaði á hlutfallið að verða svipað og í ríkjum Evrópubandalagsins. Lyfjakostnaður á íbúa á Íslandi hefur verið hærri en í nágrannalöndunum, en ætla má að dregið hafi saman síðustu ár vegna aðgerða stjórnvalda hér á landi.

Að framangreindu sést að mikið er í húfi að það takist að hafa hemil á lyfjakostnaði og lækka verð á lyfjum. Kostnaður ríkisins fer eftir þátttöku almannatrygginga í lyfjaverði, lyfjaneyslu og verði lyfja. Lyfjaneysla fer aftur eftir ávísanavenjum lækna, heilsufari og meðalaldri þjóðarinnar. Þá hefur lyfjaverð og aðgengi að lyfjum áhrif á lyfjaneyslu. Verð á lyfjum fer eftir þátttöku almannatrygginga, ávísanavenjum lækna og samkeppni á markaðinum. Stjórnvöld hafa lækkað lyfjakostnað með því að hafa áhrif á ávísanavenjur með listum yfir ódýrustu sambærileg lyf og með hækkun hlutfallsgreiðslna sjúkratryggðra. Með frumvarpi þessu eru stigin fyrstu skrefin í þá átt að koma á samkeppni í lyfjadreifingu, auk þess sem sjúkrahúsum er gert auðveldara að kaupa inn lyf samkvæmt útboði.

Samkvæmt skýrslu nefndar um lyfjakostnað ríkisins frá 1989 virðist sem nokkurt svigrúm hafi verið til lækkunar á lyfjakostnaði með aukinni hagræðingu. Frá því skýrslan var birt hefur álagning á lyfjum verið lækkuð, auk þess sem stærri apótek veita afslátt. Þá hefur greiðslum almannatrygginga verið breytt. Í nefndaráliti um aukið frjálsræði í lyfjadreifingu frá í apríl 1992 er talið að enn séu sparnaðarmöguleikar í lyfjasölu og dreifingu. Í nefndarálitinu er farið ítarlega yfir þau atriði sem hafa áhrif á samkeppni í lyfjadreifingu, svo sem í hve miklum mæli lyf geta komið hvert í annars stað, hvernig sjúklingar greiða fyrir lyf og áhrif staðsetningar apóteks á einokunarstöðu þess.

Ætla má að aukin samkeppni í lyfjaheildsölu og smásölu skili sér í lægra lyfjaverði og minni kostnaði notenda við að nálgast lyf. Á móti kemur að aukið aðgengi að lyfjum mun að líkindum auka lyfjaneyslu, en rétt er að benda á að góður aðgangur er talinn að lyfjum á Íslandi. Helst er að vænta aukinnar samkeppni ef af samningum um sameiginlegt markaðssvæði EES verður og ákvæði um samhliða innflutning lyfja taka gildi. Efla þarf kynningu á lyfjum og lyfjaverði fyrir læknum. Verði virk samkeppni á markaðinum er smám saman hægt að aflétta þeim hömlum á lyfjasölu sem eru í frumvarpinu og að framan greinir.

Að öllu samanlögðu mun frumvarpið að líkindum lækka lyfjakostnað ríkisins og er helst að vænta árangurs í innflutningsverði og í innkaupum sjúkrastofnana. Kostnaður við lyfjagreiðslunefnd á að rúmast innan fjárlaga og fela breytingarnar því ekki í sér útgjaldaauka í rekstri ríkisins. Rétt er að benda á að ákvæði um lyfsölusjóð og markaðan tekjustofn hans eru lítið breytt frá gildandi lögum, en tekjur sjóðsins hafa verið skertar með sérstöku ákvæði í lánsfjárlögum undanfarin ár.

908. Frumvarp til laga [548. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Á eftir 31. gr. laganna (laga nr. 75/1981) kemur ný grein er verður 31. gr. A með fyrirsögninni **Niðurfærsla eigna**, svohljóðandi:

Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Eftirtaldar eignir er heimilt að færa niður á því ári sem þær myndast:

a. Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa.
b. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. Við sölu eigna skv. a- og b-liðum 2. mgr. telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári að frádregnum þeim hluta sem ekki hefur verið færður niður. Um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði, sbr. 1. mgr., fer eftir 14. gr.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1994 vegna tekna á árinu 1993 og eigna í lok þess árs. Þó skal skattaðila heimilt að miða gildistöku við álagningu á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 enda geri hann þá ekki kröfur á hendur ríkissjóði vegna hugsanlegrar íþyngjandi afturvirkni ákvæða 1. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 36/1991.

3. gr.

B-liður ákvæðis til bráðabirgða í 7. gr. laganna orðast svo:

Við sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjár- og mjólkurframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. desember 1993 skal skattaðila þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr. heimilt að telja sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Skattaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfé samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf.

4. gr.

Ákvæði 3. gr. öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni að breyta til fyrra horfs ákvæðum laga nr. 111/1992 þar sem kveðið er á um að ýmis stofnkostnaður sé einungis gjaldfæranlegur á fimm árum. Áður var þessi stofnkostnaður gjaldfæranlegur á því ári sem til hans stofnaðist.

Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að þau nýmæli, sem upp voru tekin í lögum nr. 111/1992 um gjaldfærslu stofnkostnaðar vegna kaupa á framleiðslurétti í landbúnaði, geti gilt um viðskipti á árinu 1992. Jafnframt er lagt til að framlengt verði bráðabirgðaákvæði nr. 36/1991 sem gildir um þvingaða sölu á framleiðslurétti í sauðfjárrækt til ríkissjóðs þannig að það nái ótvírætt til þeirrar þvinguðu sölu á fullvirðisrétti sem kom til eftir 31. ágúst 1992, auk þess sem þetta ákvæði taki til þvingaðrar sölu til ríkissjóðs á fullvirðisrétti í mjólkurframleiðslu.

Í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum, sem síðar varð að lögum nr. 111/1992, var gerð tillaga um breytingar á ákvæði um skattalega meðferð stofnkostnaðar án þess að það væri ásetningur nefndarinnar. Því er eðlilegt að þessu verði aftur breytt til fyrra horfs.

Í umræðum í nefndinni um hið sama frumvarp kom einnig fram vilji til að taka af skarið um skattalega réttarstöðu viðskipta með framleiðslurétt í landbúnaði og því lagði nefndin til þær breytingar sem síðan voru samþykktar um það efni í 4. gr. laga nr. 111/1992. Í framhaldi af samþykkt laganna hafa komið fram óskir frá fulltrúum bænda um að þetta ákvæði geti átt við um viðskipti á árinu 1992 og var tillaga þar um m.a. samþykkt á nýloknu búnaðarþingi.

Að vísu má benda á að þessi aðferð geti hugsanlega orðið íþyngjandi afturvirkt þar sem deilumál um skattalega meðferð viðskipta með fullvirðisrétt í landbúnaði hafa verið fyrir dómstólum. Þar er tekist á um hvort fara skuli með stofnkostnað vegna kaupa á fullvirðisrétti eins og kaup á landi og þau séu þá ekki gjaldfæranleg eða hvort þessi kostnaður eigi að vera gjaldfæranlegur á kaupári. Ríkisskattstjóri hefur haldið fram fyrra sjónarmiðinu en ríkisskattanefnd hélt fram hinu síðara. Ef sjónarmið ríkisskattanefndar verður ofan á fyrir dómstólum mundi fimm ára reglan, sem samþykkt var í lögum nr. 111/1992, verða íþyngjandi afturvirkt. Þrátt fyrir þennan möguleika hefur búnaðarþing tekið þá afstöðu að bændur ættu að geta notað fimm ára regluna í viðskiptum á árinu 1992. Í frumvarpinu er því opnað á fimm ára regluna vegna viðskipta á árinu 1992, enda séu þá ekki síðar gerðar kröfur á hendur ríkissjóði reynist niðurstaða dómstóla leiða til þess að þetta ákvæði frumvarpsins verði óhagstæðara fyrir viðkomandi skattaðila.

Við gerð búvörusamningsins árið 1991 og afgreiðslu laga nr. 36/1991 var samþykkt ívilnandi meðferð á tekjum af þvingaðri sölu á framleiðslurétti í sauðfjárframleiðslu til ríkissjóðs. Þetta ákvæði náði fyrst og fremst til niðurfærslu og sölu framleiðsluréttar haustið 1991. Síðan liggur fyrir að sams konar þvinguð niðurfærsla kom til haustið 1992 bæði í sauðfjárframleiðslu og mjólkurframleiðslu. Eðlilegt er að skattaleg ívilnun vegna þvingaðrar sölu á framleiðslurétti til ríkissjóðs gildi áfram og nái bæði til framleiðslu sauðfjár og mjólkur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um niðurfærslu stofnkostnaðar vegna kaupa á framleiðslurétti í landbúnaði í viðskiptum milli aðila. Þetta er samhljóða ákvæði gildandi laga. Í 2. mgr. er kveðið á um breytingu til fyrra horfs á afskrift stofnkostnaðar vegna markaðsleitar, tilraunavinnslu, skráningar fyrirtækis o.s.frv.

3. mgr. þessarar greinar er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistöku laganna. Þar kemur m.a. fram að skattaðili, sem nýtir sér fimm ára regluna, afsalar sér rétti til að gera kröfu á hendur ríkissjóði ef niðurstaða dómstóla gerir þetta ákvæði íþyngjandi.

Um 3. gr.

Grein þessi er samhljóða gildandi lögum að öðru leyti en því að gildistíminn er annar og ákvæðið tekur bæði til framleiðslu sauðfjár og mjólkur en ekki einungis til sauðfjár.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

909. Svar [474. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um kostnað við sölu á spariskírteinum ríkissjóðs og við Lánasýslu ríkisins.

1. *Hve mikill var kostnaðurinn við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs á árinu 1992 samanborið við árin 1987–1991? Óskað er eftir að kostnaðurinn sé sundurliðaður.*

Kostnaður við sölu spariskírteina árin 1987–1992 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Sölulaun	23,2	80,4	70,4	129,3	97,7	73,9
Umsýslukostnaður	2,1	4,8	4,5	34,3	23,3	11,8
Auglýsingakostnaður	18,7	16,5	49,6	55,1	76,5	46,5
Prentun	3,0	8,8	7,5	8,9	18,0	21,8
Sérstakur kostnaður vegna áskriftar	0,0	0,4	5,2	4,0	17,4	14,3
Samtals	**47,0**	**110,9**	**137,2**	**231,6**	**232,9**	**168,3**

2. *Hver er kostnaðurinn við starfsemi Lánasýslu ríkisins frá því að hún var sett á stofn og hverjir eru helstu kostnaðarliðirnir?*

Kostnaður við starfsemi Lánasýslu ríkisins frá því hún var sett á stofn skipt á helstu kostnaðarliði er eftirfarandi í millj. kr.

	1990	1991	1992
Laun og launatengd gjöld	30,9	45,8	46,9
Almennur rekstrarkostnaður	19,8	9,6	17,3
Aðkeypt þjónusta o.fl.	19,0	20,3	17,1
Ferðakostnaður	1,9	2,2	2,0
Húsnæðiskostnaður	3,8	6,9	12,2
Samtals	**75,4**	**84,8**	**95,5**

Hér er um að ræða rekstrarkostnað vegna yfirstjórnar Lánasýslu, Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa og Ríkisábyrgðasjóðs fyrir utan fjármagnsgjöld vegna ríkisábyrgða. Þá eru ekki taldar með afskriftir útlána Ríkisábyrgðasjóðs.

Lánasýslan hefur tekjur af starfsemi sinni með sölu ríkisverðbréfa. Þær tekjur koma fram sem hluti af sölulaunum og umsýslukostnaði samkvæmt svari við lið 1.

910. Frumvarp til laga [287. mál]

um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

(Eftir 2. umr., 1. apríl.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laganna er:

a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.

2. gr.

Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Búfé: Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Dýr: Öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.

Dýrasjúkdómur: Smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örvera eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur, eitranir og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

Gæludýr: Öll dýr sem haldin eru til afþreyingar.

Smitsjúkdómur: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.

Sóttvarnarsvæði: Landsvæði sem afmarkast af varnarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

III. KAFLI
Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.

5. gr.

Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða smitsjúkdóm, sem tilgreindur er í viðauka 1 með lögum þessum eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það yfirdýralækni. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm sem tilgreindur er í viðauka 2 skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

6. gr.

Öllum þeim, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum yfirdýralæknis um skráningu dýrasjúkdóma og gera þær ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdómum sem hann mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma sem tilgreindir eru í viðauka 1 eða ef þeirra verður vart og nýja, áður óþekkta sjúkdóma hér á landi, þar með talin ákvæði um sóttvörn og samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rannsóknir, aflífun í rannsóknarskyni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahræja.

IV. KAFLI
Varnaraðgerðir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1 og 2 og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. sjúkdómsmeðferð,
   c. ónæmisaðgerðir,
   d. merkingar og einangrun,
   e. eftirlit,
   f. förgun og eyðingu.
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
   a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
   b. gerilsneyðingu, sótthreinsun og dauðhreinsun,
   c. eyðingu.
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
   a. hreinsun og sótthreinsun,
   b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. hreinsun, sótthreinsun og eyðingu fatnaðar.

V. KAFLI
Fyrirbyggjandi aðgerðir.

9. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hætta búin að mati yfirdýralæknis.

10. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold og rotmassa blandað alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, ósútuð skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur sem unnar eru úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla, blóð og blóðvatn, ósoðna mjólk og egg.
b. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu eða flutninga á dýrum og dýraafurðum.
c. Hvers konar notaðan veiðibúnað til stangaveiði.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem taldar eru upp í a-lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem pökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt pökkunarefni hafi ekki smithættu í för með sér. Innflutningsbann þeirra vörutegunda, sem taldar eru

upp í b- og c-liðum 1. mgr., kemur ekki til framkvæmda ef varan sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með.

11. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður að fengum tillögum dýrasjúkdómanefndar hvaða varnarlínum skuli haldið við. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að setja upp nýjar varnarlínur þar sem nauðsyn krefur. Girðingarstæði skulu valin þar sem best skilyrði eru frá náttúrunnar hendi og valdi sem minnstum spjöllum og jarðraski. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að landi sínu sé slíkt nauðsynlegt, enda skal þá leitast við að bæta það með tilsvarandi landi í skiptum ef unnt er. Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir missi landsnytja skulu bætur metnar af dómkvöddum matsmönnum. Bætur þær, sem ákveðnar eru, greiðast af ríkissjóði og miðast við notagildi þess.

Landbúnaðarráðherra ákveður með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum dýrasjúkdómanefndar.

13. gr.

Hræ dýra, sláturúrgang og sláturafurðir, sem ekki eru nýttar eða eru óhæfar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sama gildir um annan úrgang frá dýrum. Afurðir þessar er enn fremur óheimilt að nota sem dýrafóður nema samkvæmt sérstöku leyfi yfirdýralæknis. Við urðun þeirra skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Þeir sem meðhöndla, geyma eða flytja hræ og sláturúrgang til eyðingar eða dauðhreinsunar eða ætla að nýta það til fóðurgerðar skulu afla sér heimildar yfirdýralæknis áður en starfsemin hefst.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða sem ætlaðar eru til fóðurs eða fóðurgerðar. Þar skal kveðið á um leyfi til fóðurgerðar, sbr. 13. gr., starfrækslu fóðurstöðva og hvaða skilyrðum þær þurfa að fullnægja, sýnatöku og eftirlit með slíkri starfsemi til að koma í veg fyrir smithættu.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sæðistöku og sæðingar, töku eggja og fósturvísa, meðferð þeirra og innlögn í dýr. Einnig um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísa sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá setur landbúnaðarráðherra reglur um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru varðandi þau dýr sem notuð eru sem fósturmæður.

VI. KAFLI
Kostnaður og bætur.

16. gr.

Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis skal greiddur úr ríkissjóði.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1 með lögum þessum, svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af landbúnaðarráðherra. Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.

18. gr.

Kostnaður vegna einangrunar og rannsókna á öðrum sjúkdómum en taldir eru upp í viðauka 1 greiðist af eigendum dýranna að hluta eða öllu leyti samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

19. gr.

Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn dýrasjúkdómanefndar.

20. gr.

Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra að tillögum yfirdýralæknis, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum.

Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.

21. gr.

Réttur til bóta samkvæmt lögum þessum glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi dýra hefur ekki farið eftir ákvæðum þessara laga eða reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sama gildir ef eigandi hefur orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita með tilliti til aðstæðna að haldið var sjúkdómi sem lög þessi taka til eða valdið því með ásetningi eða vanrækslu að dýr hans smitaðist.

Bætur greiðast ekki ef dýr, sem flutt hafa verið til landsins, hafa sýkst af sjúkdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá innflutningi þeirra.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr, eða afurðir þeirra, eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara.

23. gr.

Skylt er að viðhalda varnarlínum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati dýrasjúkdómanefndar.

Því aðeins er landbúnaðarráðherra heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum dýrasjúkdómanefndar. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.

24. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að fyrirskipa á kostnað eigenda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt. Þá getur hann bannað hvers konar litarmerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.

25. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Sleppi sauðfé yfir varnarlínur skal því slátrað. Merkja skal líffæri úr fénu og senda án tafar til rannsóknar. Eigandi skal fá bætur samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis fyrir sauðfé sem slátrað er enda hafi líffæri verið send til rannsóknar. Nautgripi og geitur má því aðeins flytja yfir varnarlínur til lífs að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Yfirdýralæknir getur leyft flutning á tilrauna- og kynbótagripum yfir varnarlínur.

26. gr.

Hlíti eigandi eða umráðaaðili dýra ekki ákvörðun landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum er viðkomandi lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd á fyrirmælum ráðherra. Óheimilt er að farga dýrum eða taka þau frá aðila eða neyta annarra þeirra úrræða sem lög þessi kveða á um og valdið geta eiganda þeirra umtalsverðum kostnaði nema yfirdýralæknir hafi samþykkt slíkar aðgerðir. Gefa skal eiganda og umráðaaðila kost á að tjá sig um slíkar aðgerðir áður en til þeirra er gripið.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna dýrasjúkdómanefnd til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor, en yfirdýralæknir skal vera formaður nefndarinnar. Dýrasjúkdómanefnd skal vera ráðgefandi um aðgerðir til útrýmingar dýrasjúkdómum og hvers konar sóttvarnir sem hefta útbreiðslu þeirra. Þá skal hún hlutast til um stofnun svæðisnefnda og hafa eftirlit með starfrækslu varnarlína og viðhaldi þeirra.

28. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er landbúnaðarráðherra heimilt, að fenginni tillögu dýrasjúkdómanefndar, að skipa þriggja manna svæðisnefnd er verði yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins. Svæðisnefnd hefur ásamt dýrasjúkdómanefnd forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, hreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sótthreinsun.

Fjáreigendum, sem hafa heilbrigt sauðfé, ber skylda til að selja öll gimbrarlömb er þeir hafa til förgunar og hrútlömb eftir þörfum til þeirra fjáreigenda sem hafa fjárskipti skv. 1. mgr.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla brott eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög nr. 3 14. febrúar 1902, um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.
b. Lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi.
c. Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og 24. gr. laga nr. 75/1982 og 1. gr. laga nr. 16/1952, um breyting á þeim lögum.
d. Lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 12/1967 og 25. gr. laga nr. 75/1982, um breyting á þeim lögum.
e. Lög nr. 22 10. maí 1977, um sauðfjárbaðanir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 11/1928, með síðari breytingum, lögum nr. 23/1956, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/1977, um sauðfjárbaðanir, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Viðauki 1.

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Miltisbrandur	— Anthrax
Gin- og klaufaveiki	— Foot and Mouth Disease
Smitandi fósturlát	— Brucellosis
Hundaæði	— Rabies
Sníf	— Glanders
Blátunga	— Bluetongue
Dúrín	— Dourine
Riða/Smit. heilahrörnun	— Scrapie/Bovine spongif. encephalop. (BSE)
Smit. kverka- og barkabólga	— Infectious laryngotracheitis (ILT)
Newcastle-veiki	— Newcastle disease
Kjúklingasótt	— Pullorum disease (Salmonella pullorum)
Hænsnatyfus	— Fowl typhoid (Salmonella gallinarum)
Munnblöðrubólga	— Vesicular stomatitis
Aujezsky's-veiki	— Aujezsky's disease (Pseudorabies)
Smitandi maga- og garnabólga	— Transmiss. gastroenteritis (Swine) (TGE)
Fjárbólusótt	— Sheep pox
Fjárkláði	— Scabies, Sheep scab (Psoroptic mange)
Hrossakláði	— Mange in horses (Sarcoptes mange)
Svínapest	— Hog cholera, Classical swine fever
Afríkönsk svínapest	— African swine fever
Sæljóna- og svínafár	— Vesicular Exanthema of Swine (VES)
Blöðruþot í svínum	— Swine vesicular disease (SVD)
Mæði (Þurramæði)	— Maedi
Lömunarveiki í svínum	— Porcine Enteroviral Encephalomyelitis, Teschen disease (Talfan disease)
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Hringskyrfi	— Ringworm (Herpes tonsurans)
Kverkeitlabólga	— Strangles
Illkynjuð brjósthimnubólga	— Contagious bovine pleuropneumonia
Nautapest	— Rinderpest
Hænsnapest	— Fowl plague (Influenza)
Afríkönsk hrossapest	— Afrikansk hestepest
Húðþrimlaveiki	— Lumpy skin disease
Rift Valley veiki	— Rift Valley fever
Berklar	— Tuberculosis (M.bov, M.tub)
Fósturlát í ám	— Endemic abortion of ewes (EAE)
Gulusótt í kúm	— Redwater in calves
Smitandi legbólga í hrossum	— Contagious equine metritis (CEM)
Smitandi blóðleysi í hrossum	— Equine inf. anemia (EIA)
Smitandi kverka- og barkabólga í nautgripum	— IBR/IPV
Smitandi slímhúðarpest í nautgripum	— Mucosal disease/Bovin viral diarrhea (MD/BVD)

Smitandi hvítblæði í nautgripum	— Enzootic leucosis
Bítlaveiki í sauðfé	— Hairy shaker disease, Border disease
Bláeyra	— Porcine respiratory and reproductive syndrome
Fuglaberklar	— Avian tuberculosis
Veiruskita í mink	— Viral enteritis (mink)
Hérasótt	— Tularemia, Rabbit fever
IPN-veiki	— Infectious pancreatic necrosis
IHN-veiki	— Infectious haematopoietic necrosis
VHS-veiki	— Viral haemorrh. septicaemia

Viðauki 2.

SKRÁNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

DÝR ALMENNT:

Chlamydia-sýkingar	— Chlamydiosis (Psittacosis, Ornithosis)
Bólusótt	— Pox disease
Gulusótt	— Leptospirosis (m.a. Weils gula)
Clostridia-sýkingar	— Clostridiosis
Pestbjúgur	— Blackleg (Miltbr.emfysem)
Salmonellasýking	— Salmonellosis
Hvanneyrarveiki	— Listeriosis
Tríkínusýki	— Trikinosis
Sullaveiki (ígulbandormur)	— Hydatidosis (Echinococcus granulosus)

HROSS:

Hestainflúensa	— Equine influenza
Smitandi háls- og lungnakvef	— Rhinopneumonitis/virusabort

NAUTGRIPIR:

Illkynjuð slímhúðarbólga	— Malignant catarrhal fever
Veiruskita	— Viral Diarrhea

SAUÐFÉ:

Lungnapest, lungnadrep	— Pasteurellosis
Garnaveiki	— Johne's disease, Paratuberculosis
Kýlapest	— Actinobacillosis
Tannlos	— Broken mouth
Smitandi fósturlát	— Vibriosis (Camphylobacter foetus)
Fótakláði	— Foot mange, leg mange
Fótrot	— Foot rot
Smitandi munnangur	— Orf, Contagious Echtyma (CE)
Færilús	— Sheep tick (Melophagus ovinus)

SVÍN:	
Svínainflúensa	— Swine influenza, Hog flu
Garnadrep	— Necrotic enteritis (Clostr. perfr. type C)
Svínakregða	— Mycoplasmal Pneumonia, Endemic pneum. (EP)
Illvíg brjósth./lungnabólga	— Pleuropneumonia (Haemophilus pleuropn.)
Snúðtrýni	— Atrophic rhinitis swine
Rauðsýki	— Erysipelas
Svínakláði	— Sarcoptes mange
Júgurbólga/legbólga	— Metritis-mastitis-syndrome, Agalactia (MMA)
Svínadysentería	— Swine dysentery (T. hyodys.)
ALIFUGLAR:	
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Smitandi berkjubólga	— Infectious bronchitis (IB)
Hænsnalömun (Mareks-veiki)	— Marek's disease
Hvítblæði (Leukosis)	— Leucosis
Gumboro-veiki	— Gumboro disease
HUNDAR, KETTIR, LOÐDÝR:	
Maurakláði	— Scabies
Hundafár	— Canine distemper, Hardpad disease
Smitandi lifrarbólga	— HCC
Refavanki (Nósematósa)	— Nosematosis
Plasmacytósa	— Plasmacytosis
ALIFISKAR:	
Kýlaveiki	— Furunculosis (A. salmonicida)
Sárasýking	— Ulcer disease (H. piscium)
Rauðmunnaveiki	— Yersiniosis (Y. ruck)
Nýrnaveiki	— Bacterial kidney disease (R. salm)
Vibríu-veiki	— Vibriosis (V. ang)
Hvirfilveiki	— Myxobolus cerebralis
Roðflyðrusýki	— Gyrodactylus salaris

911. Frumvarp til laga [14. mál]

um neytendalán.

(Eftir 2. umr., 1. apríl.)

I. KAFLI
Gildissvið og hugtök laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.

2. gr.

Eftirtaldir lánssamningar eru undanþegnir lögum þessum:

a. Lánssamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði.
b. Lánssamningar sem fela í sér endurgreiðslur án vaxta og kostnaðar.
c. Leigusamningar, nema eignarleigusamningar, sbr. lög nr. 19/1989.
d. Lánssamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr. eða hærri fjárhæð en 1.500.000 kr.
e. Lánssamningar sem tryggðir eru með veði í fasteign.
f. Lánssamningar í formi yfirdráttarheimildar af tékkareikningi.
g. Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að kaupa eða viðhalda fasteignum eða til þess að reisa, endurnýja eða endurbæta byggingu.

3. gr.

Þrátt fyrir undanþágu skv. f-lið 2. gr. og ef um er að ræða samkomulag milli lánastofnunar eða fjármálastofnunar og neytanda um lánveitingu í formi heimildar til fyrirframúttektar af tékkareikningi, þó ekki greiðslukortareikningi, skulu neytanda veittar eftirtaldar upplýsingar áður en gengið er frá samningnum:

a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
b. Hverjir ársvextir eru og hvaða gjöld falla á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
d. Neytanda skal tilkynnt um allar breytingar á ársvöxtum eða viðeigandi gjöldum sem verða á samningstímanum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaka athygli á breytingunni í reikningsyfirliti eða með áberandi auglýsingum í fjölmiðlum.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. Neytandi er einstaklingur sem í viðskiptum, sem lög þessi ná til, tekur lán eða kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu viðskiptin ekki gerð í atvinnuskyni.
b. Lánveitandi er einstaklingur, lögaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán.
c. Lánssamningur er samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.
d. Heildarlántökukostnaður neytanda er allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur.

e. Árleg hlutfallstala kostnaðar er heildarlántökukostnaður sem hlýst af gerð lánssamnings, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við 10.–12. gr.
f. Eignarréttarfyrirvari er þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

II. KAFLI
Upplýsingaskylda lánveitenda.

5. gr.

Lánssamningur skal gerður skriflega og fela í sér upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 6. og 8. gr. Neytandi skal fá í hendur eintak af lánssamningnum.

6. gr.

Við gerð lánssamnings skal lánveitandi gefa neytanda upplýsingar um:
1. Höfuðstól, þ.e. lánsfjárhæð án nokkurs kostnaðar.
2. Fjárhæð útborgunar, þ.e. höfuðstól að frádregnum lánskostnaði.
3. Árlega nafnvexti.
4. Lántökukostnað í krónum, reiknaðan út skv. 7. gr.
5. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknaðri út skv. 10.–12. gr.
6. Heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar.
7. Fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga.
8. Gildistíma lánssamnings og skilyrði uppsagnar hans.

Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skal lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjir árlegir nafnvextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið.

Útreikningur á lántökukostnaði.

7. gr.

Heildarlántökukostnaður felur í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi skal greiða af því, með þeim undantekningum sem greinir í 2. mgr. Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala kostnaðar skal ekki tekið tillit til eftirfarandi kostnaðarliða:
1. Kostnaðar vegna vanskila.
2. Kostnaðar sem neytandi greiðir við kaup á lausafé eða þjónustu, hvort heldur kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða samkvæmt lánssamningi.
3. Kostnaðar vegna yfirfærslu fjár.
4. Kostnaðar vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láninu að undanskildum kostnaði við innheimtu endurgreiðslna, hvort heldur um er að ræða staðgreiðslu eða annað greiðslufyrirkomulag.
5. Félagsgjalda er rekja má til samninga sem ekki tengjast lánssamningnum, jafnvel þótt þau hafi áhrif á lánsskilmála.
6. Kostnaðar vegna trygginga eða ábyrgða nema þær eigi að tryggja lánveitanda endurgreiðslu lánsins.

Ákvæði 3.–4. tölul. 1. mgr. eiga því aðeins við að neytandi hafi hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirfærsla fjárins eða endurgreiðslan fari fram, svo og að kostnaður sé ekki óeðlilega hár.

8. gr.

Þegar samningur er gerður skal lánveitandi gefa neytanda upplýsingar um kostnað þann sem frá er greint í 2.–6. tölul. 1. mgr. 7. gr. og jafnframt tilgreina hvenær slíkur kostnaður fellur á. Ef kostnaður er óþekktur skal lánveitandi, ef kostur er, veita neytanda upplýsingar um hvernig hann er reiknaður út eða áætla hver hann er.

Breytilegur lántökukostnaður.

9. gr.

Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.

Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

10. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar er tala sem svarar til núvirðis allra skuldbindinga (lána, endurgreiðslna og kostnaðar) er til kann að koma eða þegar er fyrir hendi og lánveitandi og neytandi hafa samið um. Hlutfallstalan skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur. Í henni skal einnig setja nánari reglur um útreikning kostnaðar.

11. gr.

Árleg hlutfallstala kostnaðar skal reiknuð út á þeim tíma sem lánssamningur er gerður. Við útreikning árlegrar hlutfallstölu skal gengið út frá því að lánssamningur gildi umsaminn tíma og að lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins.

12. gr.

Ef lánssamningur heimilar breytingu á vaxtagjöldum, þar með talið vísitölubinding og verðlagsviðmiðun, eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreyttur til loka lánstímabilsins.

Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala kostnaðar skal gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Ef engin hámarksupphæð er tilgreind í lánssamningi skal hámarksupphæð láns, sem veitt er, teljast 150.000 kr.
2. Ef ekki er tilgreindur ákveðinn lánstími og ekki er unnt að ráða hann af samningi skal lánstími talinn eitt ár.
3. Ef í samningi er kveðið á um fleiri en einn greiðsludag skal ganga út frá endurgreiðslu á þeim tíma sem samningur kveður fyrst á um.

Auglýsingar.

13. gr.

Í auglýsingum eða tilboðum, sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda, skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð.

14. gr.

Séu ekki veittar upplýsingar um lántökukostnað sem greinir í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. skal neytandi greiða höfuðstól og ársvexti af honum sem samsvara vöxtum af almennum skuldabréfum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Ef lántökukostnaður er tilgreindur í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. er lánveitanda eigi heimilt að krefjast frekari lántökukostnaðar. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sem um getur í 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð getur lánveitandi ekki krafist hærri lántökukostnaðar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef lánveitandi getur sannað að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera. Ef ákvæði 1. eða 2. mgr. leiða til lækkunar eftirstöðva skal neytandi greiða þær samkvæmt samningnum og lækkunin koma fram á síðustu afborgunum.

15. gr.

Hafi lánveitandi ekki veitt þær upplýsingar, sem fyrir er mælt í 6. gr., sbr. 5. gr., getur það skapað honum bótaábyrgð, enda hafi neytandi mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera.

III. KAFLI
Greiðsla fyrir gjalddaga.

16. gr.

Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann dag sem settur er í lánssamning sem lausnardagur. Greiði neytandi fyrir þennan dag getur hann krafist lækkunar á lánskostnaði sem nemur þeim vöxtum eða öðrum kostnaði sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu vegna kostnaðar sem er óháður því hvenær greiðsla er innt af hendi.

IV. KAFLI
Framsal kröfuréttinda.

17. gr.

Ef lánveitandi framselur kröfu til þriðja aðila getur neytandi haldið uppi sömu mótbárum við hann og upphaflegan eiganda kröfunnar. Sama á við ef kröfuhafi hefur sett kröfuna að veði og fjárnám hefur verið gert í henni.

Þetta á þó ekki við ef neytandi innir greiðslu af hendi til lánveitanda og veit eða má vita að lánveitandi hefur ekki rétt til að taka við greiðslu eða gera samning þar að lútandi.

Ef neytandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa, t.d. vegna galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda þar til uppgjör hefur farið fram. Lánveitandi er þó ekki skyldugur að greiða meira en það sem hann hefur fengið greitt frá neytanda.

Ákvæði þetta nær þó ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé til staðar trygging, sbr. 18. gr.

18. gr.

Lánveitandi, sem gerir lánssamning með viðskiptabréf við neytanda, skal eiga tryggingu að upphæð 5.000.000 kr. vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfum standa.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem honum er heimilt að lækka fjárhæð þá sem greinir í 1. mgr. þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri fjárhæð veitir nægjanlega vernd. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að hækka upphæð skv. 1. mgr. árlega í samræmi við þróun verðlags.

V. KAFLI
Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar.

19. gr.

Ef söluhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skýrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann. Skilyrði endurheimtunnar er að neytandi sé í vanskilum með afborganir eða lánskostnað.

Þegar söluhlutur er endurheimtur skal við uppgjör á milli aðila lánssamnings reyna að komast sem næst því að þeir verði jafnsettir og ef viðskiptin hefðu ekki átt sér stað.

Ef andvirði söluhlutar er meira en sem nemur eftirstöðvum lánssamnings skal lánveitandi endurgreiða neytanda mismuninn. Ef andvirði söluhlutar er minna skal neytandi endurgreiða lánveitanda mismuninn.

Við mat á andvirði söluhlutar skal litið til þess hvort slit og rýrnun söluhlutar er eðlilegt og til frádráttar vaxta frá endurheimtudegi til loka lánssamnings.

Komi upp ágreiningur um hvað sé verð söluhlutar á almennum markaði skal hann útkljáður með matsgerð tveggja dómkvaddra og óhlutdrægra manna. Matsmenn skulu ákveða hvernig háttað skuli greiðslu vegna kostnaðar við matið.

20. gr.

Nú hafa fleiri en einn hlutur verið keyptir samkvæmt einum samningi og lánveitandi leggur fram kröfu um endurheimt þeirra. Getur neytandi þá valið einn eða fleiri hlutanna til afhendingar gegn því að greiða um leið mismun andvirðis þeirra hluta sem hann heldur eftir. Ef inneign lánveitanda er minni en andvirðið á neytandi rétt á að fá mismuninn greiddan um leið og hlutirnir eru afhentir.

Neytandi getur ekki leyst til sín hlut ef hann er úr safni eða samstæðu sem lánveitandi hefur einnig endurheimt frá neytanda og aðskilnaðurinn hefur í för með sér verulega rýrnun á verðmæti hlutanna.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Viðskiptaráðherra getur ákveðið að lög þessi taki ekki til tiltekinna tegunda lána sem veitt eru gegn lægra gjaldi en almennt gerist og standa almenningi ekki til boða.

22. gr.

Viðskiptaráðherra getur sett reglur um hvernig prenta skuli leiðbeiningar um réttarstöðu neytanda á skriflega samninga og skjöl sem lögin taka til.

23. gr.

Viðskiptaráðherra getur breytt fjárhæðarmörkum lánssamninga sem lög þessi taka til eftir því sem verðlagsþróun gefur tilefni til.

24. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara né reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, neytanda í óhag.

VII. KAFLI

Bótaskylda og gildistaka.

25. gr.

Brot á lögum þessum getur valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara.

Bætur, sem dæmdar verða, sbr. 1. mgr., má innheimta hjá þeim einstaklingi sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðila þeim sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1993.

912. Lög [115. mál]

um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 876.

913. Lög [138. mál]

um breytingar á lögum um fjarskipti, nr. 73/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 836.

914. Frumvarp til laga [549. mál]

um gjald af tóbaksvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald — tóbaksgjald — af vörum sem falla undir vörulið 2401, 2402 og 2403 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Gjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

a. Tóbak óunnið, tóbaksúrgangur, tnr. 2401.1000–3000: 4,30 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd vörunnar.
b. Vindlar, þar á meðal smávindlar, tnr. 2402.1000 og 2402.9001: 4,30 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 5. gr. Séu vindlar með munnstykki telst það hluti af nettóþyngd við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.
c. Vindlingar, tnr. 2402.2000 og 2402.9009: 560 kr. af hverjum 100 stykkjum.
d. Reyktóbak, tnr. 2403.1000: 4,30 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 5. gr.
e. Annað unnið tóbak, tnr. 2403.9100, 2403.9902 og 2403.9909: 4,30 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 5. gr.
f. Neftóbak, tnr. 2043.9901: 1,50 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 5. gr.

2. gr.

Af gjöldum skv. 1. gr. renna 3% til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 97% til ríkissjóðs. Af innfluttum tóbaksvörum skal innheimta gjald skv. 1. gr. við tollafgreiðslu þeirra ásamt aðflutningsgjöldum.

3. gr.

Allir þeir, sem framleiða eða pakka hér á landi vörum sem um ræðir í 1. gr., hvort sem er til sölu innan lands eða til eigin nota, eru gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum.

Af tóbaksvörum, sem framleiddar eru til sölu innan lands og gjaldskyldar eru skv. 1. gr., reiknast gjöldin við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Framleiðsla tóbaksvöru til sölu erlendis skal undanþegin gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta gjöld skv. 1. gr. og tilgreindir eru á skrá, sbr. 3. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, þau gjöld sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum.

Gjalddagar tóbaksgjalds af tóbaki vegna sölu innlendrar framleiðslu eru sex á ári hverju, 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Við ákvörðun tóbaksgjalds af óunnu tóbaki, tóbaksúrgangi svo og af vindlum, reyktóbaki og öðru unnu tóbaki, sbr. a-, b-, d- og e-liði 2. mgr. 1. gr., ber að leggja til grundvallar nettóþyngd vörunnar án hvers konar umbúða.

6. gr.

Gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum, sem framleiddar eru hérlendis eða fluttar eru inn til neyslu hérlendis, skulu vera merktar merki íslenskra tollyfirvalda. Merkinu skal komið fyrir á hverjum einstökum neytendapakka eða neytendaumbúðum og þannig frá því gengið að það verði ekki rifið burtu án þess að pakkinn eða umbúðirnar beri þessi merki.

7. gr.

Tóbaksgjald skv. 1. mgr. 1. gr. skal vera grunntaxti.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu skv. 2. mgr. 1. gr. þannig að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 5/1984. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við vísitölu 1. janúar 1991, þ.e. 149,5 stig.

8. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld af innfluttum tóbaksvörum samkvæmt lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu eða tóbaki, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim, svo og ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Um ágreining vegna flokkunar innlendrar tóbaksframleiðslu til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Árlega skal verja sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til heilbrigðismálaráðherra um ráðstöfun fjárins.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Um leið fellur úr gildi 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald er leggja skal á allt tóbak. Gjaldinu er ætlað að koma í stað einkasölugjalds af tóbaki.

Talið er eðlilegra fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að afla þessara tekna sem einkasöluaðili sem í raun hefur aðeins falist í að annast innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbaksframleiðenda. Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Með vísan til þessa er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að afla frá og með 1. janúar 1994 þeirra tekna, sem ríkissjóður hefur notið af einkasölugjaldi af tóbaki, með sérstöku gjaldi, tóbaksgjaldi, sem leggst á allt innflutt tóbak, svo og innlenda tóbaksframleiðslu sé um hana að ræða. Einkasöluréttur ríkisins á tóbaki fellur hins vegar niður frá sama tíma.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi tóbaksvarna. Áfram verða í gildi ákvæði um merkingar, bann við auglýsingum o.s.frv.

Þær verðlagningarreglur, sem munu gilda samkvæmt þessu frumvarpi, eru byggðar á þeim aðferðum sem notaðar hafa verið við ákvörðun verðs hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á undanförum árum. Álögur eru aðflutningsgjöld sem miðast við innkaupsverð og tóbaksgjald sem samsvarar tóbaksálagningu og heildsöluálagningu ÁTVR. Auk þess er gert ráð fyrir hækkun tóbaksgjalds um 3% til að mæta framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Þar til í desember 1983 hafði sú regla tíðkast um alllangt skeið varðandi verð tóbaks að útsöluverð þess var ákveðið hið sama á sams konar tegundum án tillits til innkaupsverðs á hverri tegund fyrir sig. Hækkanir útsöluverðs á tóbaki á þessum tíma áttu í langflestum tilvikum rætur sínar að rekja til hækkunar einkasölugjaldsins en ekki til breytinga sem áttu sér stað á kostnaðarverði þess. Hækkun einkasölugjaldsins var jafnframt nær ætíð ákveðin hlutfallslega sú sama á allar tegundir tóbaks. Fyrir gat komið að tóbak, sem var tiltölulega ódýrt í innkaupi, væri selt á sama verði og sambærilegt tóbak sem var dýrt í innkaupi. Þetta fyrirkomulag við ákvörðun einkasölugjalds og útsöluverðs hafði raunverulega í för með sér að hvorki framleiðendur né umboðsmenn þeirra höfðu áhuga á að halda innflutningsverði niðri því að lágt innflutningsverð hafði engin áhrif á útsöluverðið heldur leiddi einungis til hærri tekna ríkissjóðs í formi einkasölugjalds. Í ljósi þessa voru í upphafi árs 1984 ákveðnar nýjar verðlagningarreglur á tóbaksvörum.

Tilgangur hinna nýju reglna var og er að tengja útsöluverðið í mun ríkari mæli en áður innflutningsverðinu á sama hátt og tíðkast í eðlilegu verðmyndunarkerfi. Þetta fyrirkomulag hefur tekist vel og nú er ætlunin að ganga lengra með því að lögbinda þessa álagningu tóbaksgjalds og fela umboðsmönnum innflutning og dreifingu. Í megindráttum felast reglur þessar í því að við kostnaðarverð vindlinga er bætt föstu gjaldi (tóbaksgjaldi) er nemur 5,60 kr. á hvert stykki. Gjald þetta er grunngjald sem má hækka í samræmi við þróun framfærsluvísitölu. Á kostnaðarverð annars tóbaks er hins vegar lagt fast gjald er nemur 4,30 kr. á gramm, nema neftóbak þar sem gjaldið nemur 1,50 kr. á gramm. Engar reglur munu gilda um ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar. Tóbak er virðisaukaskattsskylt eins og fyrr.

Að öðru leyti vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að tóbaksgjald verði innheimt með sama hætti og vörugjald, sbr. lög nr. 97/1987, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að tóbaksgjald verður magngjald, þ.e. visst gjald af þyngd, en vörugjöldin eru verðgjald, þ.e. tiltekið hlutfall af verði. Af þessum sökum er innflutningur tóbaks og innlend framleiðsla gjaldskyld með sama hætti.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. er lagt til að tóbaksgjald verði innheimt af öllu óunnu tóbaki. Þetta leiðir til þess að af hráefnum til tóbaksframleiðslu ber þegar við tollafgreiðslu að greiða tóbaksgjald. Framleiðendum er hins vegar heimilt á grundvelli 8. gr. frumvarpsins að draga þannig greitt tóbaksgjald frá því tóbaksgjaldi sem standa ber skil á af innlendri framleiðslu á tóbaksvörum. Með þessu er tryggt að tóbaksgjald hefur ætíð verið innheimt af öllum tóbaksbirgðum sem til eru í landinu á hverjum tíma.

Samkvæmt b-lið þessarar greinar er lagt til að gjald af hverju grammi af nettóþyngd hvers pakka af vindlum verði 4,30 kr. Til skýringar skal þess getið að óeðlilegt er að hafa fast gjald af hverju stykki af vindlum, líkt og lagt er til varðandi vindlinga vegna mjög mismunandi stærðar þeirra og þyngdar. Á árinu 1992 voru seld tæplega 26 tonn af vindlum og hefðu tekjur ríkissjóðs þá verið tæpar 112 m.kr. vegna þeirra, miðað við það gjald sem að ofan greinir, fyrir utan aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt.

Samkvæmt c-lið er lagt til að gjaldið verði 560 kr. af hverjum 100 stykkjum af vindlingum. Ekki er gerð tillaga um að innheimta skuli mismunandi gjald eftir lengd þeirra eða ummáli eins og tíðkast t.d. í Noregi. Tillaga sú, sem hér er gerð, þykir horfa til mikillar einföldunar, enda tóbaksmagnið oft svipað í vindlingum, þó svo lengd þeirra og ummál sé mismunandi. Gjald af hverju grammi vindlings er samkvæmt þessu aðeins hærra en af öðru tóbaki. Þessi munur er þó minni en hann hefur löngum verið. Á árinu 1992 seldust 402.785 mill af vindlingum (mill = 1.000 stk.). Miðað við svipaða sölu má ætla að tekjur af gjaldinu af vindlingum á næsta ári verði 2.256 m.kr. á verðlagi janúarmánaðar 1993.

Samkvæmt d-lið greinarinnar er lagt til að sama gjald verði lagt á reyktóbak og vindla. Til þessa hefur einkasölugjaldið af reyktóbaki verið nokkru lægra en af vindlum, en ástæðulaust er talið að gera mun hér á. Sala á árinu 1992 nam tæpum 14 tonnum. Miðað við svipaða sölu næmu tekjur af gjaldi á reyktóbak um 59 m.kr. á næsta ári á núvirði.

Í e-lið er lagt til að af unnu tóbaki öðru en því sem greinir í a–d liðum verði einnig innheimt 4,30 kr. af hverju grammi.

Í f-lið er lagt til að gjald á neftóbak, sem inniheldur ammoníakupplausn, verði 1,50 kr. af hverju grammi. Sala þess á árinu 1992 nam rúmum 17 tonnum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu tóbaksgjaldsins milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs. Með afnámi einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbaki munu tekjur Jöfnunarsjóðs af landsútsvari lækka. Með því að láta 3% af tóbaksgjaldinu renna í sjóðinn er talið að vega megi upp þessa lækkun.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tóbaksgjald af innfluttum tóbaksvörum skuli innheimt við tollafgreiðslu ásamt aðflutningsgjöldum á sama hátt og önnur vörugjöld af innflutningi.

Um 3. gr.

Eins og kunnugt er þá er engin önnur framleiðsla tóbaksvara hérlendis en neftóbaksgerð. Því er ljóst að langmestur hluti tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki muni innheimtast í tolli. Engu að síður er nauðsynlegt, t.d. vegna núverandi neftóbaksframleiðslu, að kveða á um innheimtu af innlendri framleiðslu. Í þessari grein er kveðið á um hvenær innlend framleiðsla verður gjaldskyld, þ.e. við sölu eða afhendingu vörunnar, og skiptir í því efni ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram, hverjir séu gjaldskyldir, um tilkynningarskyldu þeirra og skráningu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um álagningu og innheimtu gjalds af innlendri framleiðslu og eru þær efnislega þær sömu og gilda um álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum nr. 97/1987 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

Um 5. gr.

Með þessari grein er til öryggis kveðið á um hvað átt sé við þegar kveðið er á um nettóþyngd í lögunum, þ.e. þyngd vörunnar án hvers konar umbúða, þar með taldar neytendaumbúðir.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar gjaldskyldar tóbaksvörur skuli merktar merki tollyfirvalda til sönnunar því að tóbaksgjald hafi verið af þeim greitt. Merkingu þessa annast framleiðendur og er gert ráð fyrir svipaðri eða sömu merkingu og nú á sér stað á vegum ÁTVR. Með þessari merkingu er stefnt að því að auðvelda eftirlit með ólöglegum innflutningi og framleiðslu hvers konar tóbaksvöru.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra að hækka tóbaksgjald í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Grunngjaldið er miðað við framfærsluvísitölu í janúar 1991 sem hefur það í för með sér að fjármálaráðherra hefur heimild til að hækka tóbaksgjaldið sem næst 10% frá því sem gildir í dag. Þessi heimild er til að tryggja að ráðherra hafi nokkurt svigrúm til verðákvörðunar, m.a. til að bregðast við ef afnám á einkasölu á tóbaki verður til þess að tóbaksverð lækki. Nú hefur fjármálaráðherra nokkuð óbundnar hendur varðandi ákvörðun einkasölugjaldsins. Í raun má segja að með ákvæði þessu sé verið að takmarka heimildir hans til hækkunar ígildis einkasölugjaldsins frá því sem verið hefur. Eins og kunnugt er þá eru þó nokkur gjöld nú hækk-

uð samkvæmt sambærilegri heimild, t.d. bensíngjald, þungaskattur og flugvallagjald. Ákvæðinu er ætlað að tryggja ákveðið svigrúm og að gjaldið geti fylgt verðlagi án þess að til afskipta löggjafans komi hverju sinni rétt eins og raunin er varðandi ofangreind gjöld og verðlag eins og toll og virðisaukaskatt.

Um 8. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sömu reglur og gilda um vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987 skuli, eftir því sem við getur átt, gilda að öllu leyti um innheimtu tóbaksgjalds af tóbaki samkvæmt þessum lögum, enda er hér um algerlega sambærileg gjöld að ræða að öðru leyti en því að tóbaksgjald tekur mið af stykkjatölu eða þyngd en vörugjald af verði. Greinin þarfnast því ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Eins og kunnugt er skal skv. 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, verja 0,2% af brúttósölu ÁTVR til tóbaksvarnastarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki verður mörkun fjárframlaga til tóbaksvarna ekki komið við með þessum hætti. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu gerð tillaga um að 0,5% af tekjum ríkisins af tóbaksgjaldi, sbr. 1. gr. frumvarps til laga um gjald af tóbaksvörum, verði varið til tóbaksvarna. Með þessu ákvæði á að vera tryggt að fjárframlög til tóbaksvarna verði með sama hætti og nú tíðkast þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem hér um ræðir.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra gefi nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara á sama hátt og tíðkast varðandi vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1987.

Um 11. gr.

Með vísan til 9. gr. er nauðsynlegt að fella úr gildi með þessari grein 15. gr. laga nr. 74/1984. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

915. Frumvarp til laga [550. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innan borðs áfengi sem hluta af tollfrjálsum forða ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Áfengisverslun ríkisins annast innflutning vínanda og áfengis samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis á hverjum tíma.

4. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með frumvarpi þessu lagt til að einkaréttur ríkisins til sölu á tóbaki verði afnuminn.

Ríkið öðlaðist einkarétt til innflutnings og heildsölu tóbaks á árinu 1922. Árið 1926 var einkaréttur þessi afnuminn. Í ársbyrjun 1932 öðlaðist ríkið einkasöluréttinn á ný, sbr. lög nr. 58/1931, og hefur það átt hann æ síðan. Þau sjónarmið, sem einkum réttlættu einkarétt ríkisins til innflutnings og heildsölu á tóbaki, voru á sínum tíma þau að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi einkasölugjalda af vörum þessum, auk þess sem líklegra þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig var á það bent að með þessum hætti væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á þessum vörum þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með lögmætum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara. Kemur þar einkum þrennt til. Í fyrsta lagi má afla ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af einkasölugjöldum þessum með mun auðveldari hætti en þeim að fela ríkinu að annast fyrir hönd umboðsmanna innflutning og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Tekna þessara má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum á innfluttar vörur af þessu tagi og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Í öðru lagi hefur tóbakseinkasalan í raun aðeins annast innflutning og birgðahald fyrir umboðsmenn en engin takmörkun verið á innflutningi og smásalan frjáls. Í þriðja lagi verða möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara ekkert síðri við þessa breytingu eftir að merkingar um hollustu eru upp teknar á tóbak. Jafnframt þessu má benda á að óeðlilegt er að ríkið sé í rekstri sem augljóst er að einkaaðilar eru fullfærir um að leysa af hendi eða annist slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að engu máli skiptir fyrir ríkissjóð hvor hátturinn er á hafður og um engar takmarkanir á sölu tóbaks hefur verið að ræða. Loks er rétt að hafa í huga að landlæknir fullyrðir að árlega deyi hundruð Íslendinga af völdum reykinga. Í ljósi þessa má því álykta að það sé í raun siðferðislega ámælisvert af ríkinu að stunda verslun með tóbak.

Í frumvarpi til laga um gjald af tóbaksvörum, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því að nettótekjur ríkissjóðs af tóbakssölu muni hækka við afnám einkasölunnar. Gjöld af tóbaksvörum breytast úr einkasölugjaldi í tóbaksgjald sem verður innheimt við tollafgreiðslu.

Eins og kunnugt er þá á sér stað verðjöfnun á tóbaki. Verði frumvarp þetta að lögum fellur hún að mestu niður, enda verður ekki séð hvaða sjónarmið það eru sem réttlæta verðjöfnun á tóbaki umfram aðrar vörur, þar á meðal ýmsar nauðsynjavörur. Í kjölfar frjálsrar verslunar með tóbak er ljóst að tóbaksdeild ÁTVR verður lögð niður. Gera má ráð fyrir að a.m.k. sex stöður í tóbaksdeild verði lagðar niður. Verði frumvarp þetta að lögum er reiknað með því að umboðsmenn hinna ýmsu tóbakstegunda annist framvegis innflutning, birgðahald og heildsöludreifingu þess með þeim hætti sem þeir telja ákjósanlegastan og hagkvæmastan. ÁTVR mun hins vegar þurfa nokkurn tíma til að selja sínar birgðir.

Að því er einstakar greinar þessa frumvarps varðar er það að segja að frumvarpið fellir úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings og dreifingar á tóbaki. Eins og kunnugt er var kaflinn um Lyfjaverslun ríkisins felldur niður á sínum tíma með lögum nr. 16/1982, um lyfjadreifingu. Jafnframt var með lögum nr. 30/1986 felldur niður einkasöluréttur ríkisins á vindlingapappír og eldspýtum. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um einstakar greinar frumvarpsins, en hins vegar er vísað til frumvarps um tóbaksgjald vegna hins nýja fyrirkomulags sem fyrirhugað er að koma á varðandi gjaldtöku og verslun með tóbak.

916. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um lækkun fasteignaskatta.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds verði kannað sérstaklega hvernig lækka megi hlutfall fasteignaskatta í tekjum sveitarfélaga.

Greinargerð.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, kveða á um að fasteignaskattar skuli vera einn af tekjustofnum sveitarfélaganna. Álagningarstofn fasteigna á hús og mannvirki er afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli sambærilegra fasteigna í Reykjavík, þ.e. fasteignamat þeirra eins og þau væru staðsett í Reykjavík. Stofn til álagningar á aðrar fasteignir (lönd, lóðir, útihús í sveitum) skal vera fasteignamat þeirra.

Nú er það svo að raunverð fasteigna er mjög mismunandi eftir staðsetningu þannig getur söluverð sambærilegrar eignar að útliti og gæðum verið breytilegt eftir því hvar á landinu eignin er staðsett, jafnvel breytilegt innan sama þéttbýliskjarna, svo sem í Reykjavík.

Þegar verið er að ákveða skattstofn væri eðlilegt að miða við hvaða tekjur viðkomandi getur haft af eigninni eða við líklegt markaðsverð. Hvort tveggja getur komið til greina. Hins vegar má einnig benda á að með álagningu fasteignaskatta er í raun um

margsköttun að ræða því verið er að skattleggja eign sem engar tekjur eru af en eigandi hefur áður greitt skatta af þeim tekjum sem urðu til að skapa eignina á sínum tíma. Á sama tíma eru fjármagnstekjur ekki skattlagðar og skapar það mikið misræmi í skattlagningu eigna.

Hér á landi er það staðreynd að álagning fasteignaskatta byggir oft á óraunhæfum verðmætum. Það gerist til að mynda þegar verið er að skattleggja verðlitlar eignir á grundvelli úrelts fasteignamats. Í Svíþjóð er álagningargrunnur við álagningu fasteignaskatta aðeins 75% af matsverði fasteigna. Er það gert með tilliti til þess að fjöldamat sé háð nokkurri óvissu. Þar er það talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að fasteignaeigendur séu skattlagðir á eignagrunni sem ekki sé raunvirði fyrir eða með öðrum orðum að skattstofn hverrar eignar sé ekki hærri en líklegt markaðsverð hennar. Sænsk sveitarfélög hafa nær eingöngu tekjur af tekjuskatti einstaklinga.

Á meðfylgjandi töflu, fskj. I, má sjá að fasteignaskattar vega mun þyngra í skatttekjum íslenskra sveitarfélaga en annars staðar á Norðurlöndum.

Hér á landi hafa fasteignaskattar hækkað mjög mikið á síðustu árum og ekki síst úti á landi þar sem nú er miðað við markaðsverð í Reykjavík. Breyting sú, sem gerð var í þá veru árið 1989, var til samræmingar milli sveitarfélaga. Það veldur hins vegar því að hér er verið að skattleggja loftkastala en ekki raunverulegar eignir eins og áður var bent á.

Þá væri æskilegt að sveitarfélögin hefðu meiri sveigjanleika í skattlagningu sinni en tekjustofnalögin gera ráð fyrir nú. Jafnframt mætti rýmka heimildir til að lækka eða að fella niður fasteignaskatta, sbr. 5. gr. laga nr. 91/1989, þannig að undanþágur næðu til fleiri þjóðfélagshópa en elli- og örorkulífeyrisþega.

Að öllum líkindum mun verða veruleg breyting á skatttekjum sveitarfélaga á næstu árum. Sveitarfélögin stefna mörg hver í átt til sameiningar eða samvinnu með nærliggjandi sveitarfélögum. Af því leiðir að þau taka að sér verkefni sem nú eru hjá ríkinu og tekjustofnar verða þá að fylgja. Það mun því óhjákvæmilega leiða til mikillar uppstokkunar í tekjuöflun sveitarfélaganna. Á yfirstandandi ári er ekki lagt á aðstöðugjald sem hefur verið verulegur tekjustofn flestra sveitarfélaga. Þess í stað fá sveitarfélögin framlag úr ríkissjóði sem nemur 80% af álögðu aðstöðugjaldi árið 1992. Ekki hefur verið ákveðið hvernig að þessum breytingum verður staðið í framtíðinni og er því kjörið tækifæri til að skoða fasteignagjöldin um leið.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu nefndar um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

(Mars 1992.)

Í töflunni hér á eftir sést að meginskattstofn norrænna sveitarfélaga er tekjuskattur einstaklinga, en þessu er hins vegar öðruvísi farið í Bretlandi og Þýskalandi. Í Svíþjóð er tekjuskattur einstaklinga svo að segja eini tekjustofninn, en norsk og finnsk sveitarfélög hafa einnig nokkrar tekjur af tekjuskatti lögaðila. Þýsk sveitarfélög afla hins vegar fyrst og fremst tekna með skattlagningu á atvinnurekstur. Sá tekjuskattur, sem þýsk sveitarfélög leggja á atvinnurekstur, er þó með nokkuð öðru sniði en almennt gerist og er þeirri álagningu lýst nánar hér á eftir. Rétt er að taka fram að eftirfarandi tölur um skatttekjur þýskra sveitarfélaga ná eingöngu til lægsta stjórnstigsins, þ.e. alríkisstjórnin

og lénin eru hér undanskilin. Þá eru eignarskattar, einkum fasteignaskattar, mikilvægur tekjustofn ef frá eru talin Finnland og Svíþjóð. Í Bretlandi voru fasteignagjöldin til skamms tíma eini tekjustofninn, en nú hefur eins konar nefskattur tekið við að mestu leyti. Hins vegar er launagjald/tryggingagjald ekki sjálfstæður tekjustofn hjá sveitarfélögum í þessum löndum.

Skatttekjur sveitarfélaga árið 1989.

Hlutfallsleg skipting, %	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Bretland	Þýskaland
Tekjuskattar	61,0	92,2	99,1	88,2	99,6		82,4
einstaklingar	58,8	90,5	89,4	80,7	99,6		
fyrirtæki[1]	2,2	1,7	9,7	7,5			82,4
Launa- og tryggingagjöld							
Eignarskattar	15,3	7,6	0,9	8,2		100,0	16,6
fasteignagjöld	15,3	7,6	0,9	3,2		100,0	11,5
eignarskattar				5,0			5,1
Aðrir skattar	23,7	0,2		3,6	0,4		1,0
óbeinir skattar	6,4	0,2		3,6	0,4		1,0
aðrir skattar	17,3						
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
hlutur einstaklinga	71,3	93,5	89,4	91,0	100,0	100,0	7,0
hlutur fyrirtækja	28,7	6,5	10,6	9,0			93,0

[1]Landsútsvar.

Heimild: Revenue Statistics of OECD Member Countries 1965–1990. OECD, París 1991.

Fylgiskjal II.

Úr skýrslu nefndar um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.
(Mars 1992.)

Skatttekjur hins opinbera árið 1989.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Bretland	Þýskaland
Heildarskattar sem % af VLF	33,8	49,9	38,1	45,5	56,1	36,5	36,5
Hlutur ríkis og tryggingakerfis	27,1	34,8	28,0	35,9	40,4	32,6	33,2
Hlutur sveitarfélaga	6,7	15,1	10,1	9,6	15,7	3,9	3,3
Hlutur sveitarfélaga í heildarsköttum	19,8	30,3	26,5	21,1	28,0	10,7	9,0
Heildarskattar sem % af VLF	33,8	49,9	38,1	45,5	56,1	36,5	36,5
Hlutur ríkis og tryggingakerfis án framlaga til sveitarfélaga	26,7	21,3	21,5	28,0	34,1	29,5	31,4
Hlutur sveitarfélaga að meðtöldum framlögum frá hinu opinbera	7,1	28,6	16,6	17,5	22,0	7,0	5,1
Hlutur sveitarfélaga að meðtöldum framlögum í heildarsköttum	21,0	57,3	43,6	38,5	39,2	19,2	14,0

Heimild: Revenue Statistics of OECD Member Countries 1965–1990. OECD, París 1991.

Sé eingöngu litið til Norðurlandanna er hlutur sveitarfélaga í heildarskatttekjum minnstur hér á landi eða tæplega 20%. Næst á eftir koma norsk sveitarfélög með um 21%, en í Danmörku er þetta hlutfall hæst eða rúmlega 30%. Munurinn verður hins vegar meiri séu opinberu framlögin meðhöndluð sem skatttekjur sveitarfélga eins og gert er í neðri hluta töflunnar. Þannig metinn verður hlutur íslenskra sveitarfélaga 21% eða um helmingi lægri en annars staðar á Norðurlöndum. Þetta sýnir glöggt hversu léttvæg bein framlög frá ríkinu eru í heildartekjum sveitarfélaga hér á landi samanborið við önnur Norðurlönd. Þetta endurspeglar á vissan hátt meira sjálfstæði íslenskra sveitarfélaga og um leið meiri rétt til sjálfstæðrar ákvörðunartöku en raunin er víðast hvar annars staðar. Um leið sýna þær minna vægi íslenskra sveitarfélaga í þjóðarbúskapnum sem bendir til þess að verksvið þeirra sé þrengra en norrænna sveitarfélaga.

917. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

7. Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum sambærilegum hætti. Skipstjórnarmenn skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1995, en aðrir skipverjar eigi síðar en 31. desember 1996. Veita má skipverja, sem skráður er í fyrsta sinn, sex mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt, með reglugerð, að setja það skilyrði fyrir lögskráningu nýliða um borð í skipum að þeir hafi lokið námi fyrir nýliða með fullnægjandi hætti. Samgönguráðherra skal hafa samráð við samtök sjómanna og útgerðarmanna um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Slysavarnaskólinn hefur starfað frá árinu 1985. Frá upphafi til loka febrúarmánaðar 1993 hafa 7.392 sjómenn sótt námskeið við skólann. Þar af hafa 1.320 nemendur komið tvisvar. Til samanburðar má geta þess að árið 1991 voru að meðaltali 6.136 menn sem stunduðu sjómennsku á íslenskum fiskiskipum og 390 á kaupskipum.

Slysavarnafélagi Íslands var formlega falin starfræksla skólans árið 1988 og með lögum um Slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991, var starfsemi hans lögfest. Slysavarnafélag Íslands fer samkvæmt lögunum með yfirstjórn skólans sem starfar á vegum þess og ábyrgð. Félagið heldur námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu

fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélastjórnarnámi. Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó. Með námskeiðum Slysavarnafélagsins urðu tímamót í allri öryggisfræðslu sjómanna. Með þeim var í fyrsta sinn komið á fastri og skipulegri fræðslu fyrir alla sjómenn um öryggis- og björgunarmál.

Lögbundin öryggisfræðsla stuðlar tvímælalaust að auknu öryggi sjófarenda og verður að teljast nauðsynlegur þáttur í starfi.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með framangreindum lögum skal samgönguráðherra leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveði á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til að öryggisfræðsla verði gerð að skyldu fyrir alla sjómenn og að lögskráningarstjórar hafi eftirlit með því að menn fullnægi henni. Í frumvarpinu er sérstaklega vísað til náms í Slysavarnaskóla sjómanna, en heimilt er að meta annað sambærilegt nám, hérlendis eða erlendis, sem jafngilt. Er þar m.a. átt við nám sem fullnægir alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem Ísland mun fullgilda á næstunni og skuldbindur aðildarríki til að viðurkenna skírteini annarra aðildarríkja. Í samþykktinni eru talin upp þau atriði sem skipverjar þurfa að kunna skil á til að fá skírteini og gildir það jafnt um yfirmenn og undirmenn.

Eðlilegt er að hafa aðlögunartíma til að fullnægja ákvæðinu, enda hafa ekki allir starfandi sjómenn sótt námskeiðin. Telja verður að um 800 sjómenn hafi ekki fengið slíka fræðslu. Árlega getur skólinn tekið um 400 nemendur á almennum námskeiðum og um 200 á smábátanámskeiðum. Að tveimur árum liðnum má því ætla að allir starfandi sjómenn hafi lokið námi í öryggisfræðslu. Hér er lagt til að skipstjórnarmönnum sé veittur skemmri frestur en öðrum skipverjum, m.a. þar sem þeir bera sem stjórnendur meiri ábyrgð á öryggismálum um borð.

Hér er enn fremur lagt til að nýliðar fái frest til að hljóta öryggisfræðslu. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst sá að tryggja að allir sjómenn hljóti öryggisfræðslu og er ekki talið rétt að hindra menn í að hefja störf ef svo er ekki.

Um 2. gr.

Aukin starfsþjálfun fyrir nýliða er tvímælalaust árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum á sjó, enda er slysatíðni meðal þeirra mjög há. Samkvæmt 8. gr. sjómannalaga ber skipstjóra að sjá um að nýliða sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna um borð. Það leikur enginn vafi á því að leiðbeiningarskyldan verður auðveldari fyrir skipstjórann ef nýliðinn hefur hlotið þá fræðslu sem hér er stefnt að. Auk leiðbeiningarskyldu skipstjóra um borð er nauðsynlegt að taka upp starfsþjálfun í landi fyrir alla sem ætla að hefja sjómannsstörf um lengri eða skemmri tíma. Slík fræðsla færi þá væntanlega fram með bóklegu námi, verklegri þjálfun og sýnikennslu, annars vegar fyrir háseta á fiskiskipum og hins vegar milli háseta á kaupskipum. Nú þegar hefur komið út kennslubók fyrir háseta á kaupskipum og unnið er að því að semja kennslubók fyrir háseta á fiskiskipum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

918. Frumvarp til laga [553. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Vegagerð ríkisins er heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og að eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákveðið hefur verið að stofn- og rekstrarkostnaður við ferjur og flóabáta, sem fram til síðustu áramóta hefur verið greiddur með fjárveitingum úr ríkissjóði, verði greiddur af mörkuðum tekjum til vegamála í samræmi við VII. kafla vegalaga. Jafnframt hefur Vegagerð ríkisins verið falið að hafa umsjón með þessum málum af hálfu ríkisins, svo og samskipti við eigendur og rekstraraðila ferja og flóabáta.

Ferjur þær og flóabátar, sem nú eru í rekstri, eru reknar af sérstökum rekstraraðilum sem einnig hafa í flestum tilvikum eignarhald á skipunum. Skipin eru þó að verulegu eða öllu leyti greidd með framlögum úr ríkissjóði. Hugmyndir eru uppi um að breyta rekstrartilhögun í þá veru að skilja eignarhald frá rekstri og ná fram með þeim hætti aukinni hagkvæmni, t.d. með því að bjóða út reksturinn og bjóða hugsanlegum tilboðsgjöfum ferjurnar og flóabátana til leigu. Til að þessi kostur sé fyrir hendi er nauðsynlegt að umsjónaraðili með þessum málaflokki, þ.e. Vegagerð ríkisins, eigi og hafi umsjón með ferjunum og flóabátunum eða sé meirihlutaaðili að félagi eða félögum sem hafi þann tilgang. Nokkur óvissa hefur verið uppi um hvort nægilega lögformlegar heimildir séu fyrir hendi til þess að af þessu geti orðið. Þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er ætlað að eyða þessari óvissu þannig að skýrt sé kveðið á um í lögum að Vegagerð ríkisins sé heimilt að kaupa og eiga skip til flutninga á tilteknum leiðum eða eiga aðild að félögum sem hafi eignarhald á slíkum ferjum og flóabátum.

919. Frumvarp til laga [554. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hættir eru eigin atvinnurekstri og eru atvinnulausir og í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn, enda fullnægi þeir skilyrðum reglna sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

2. gr.

2. og 4. gr. laganna falla niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Tekjur af tryggingagjaldi samkvæmt lögum um tryggingagjald.
b. Framlag ríkissjóðs skv. 15. gr.
c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar enda ákveði sjóðsstjórn ekki annað fyrirkomulag.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á III. kafla laganna:

1. Heiti III. kafla verður: **Um tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.**
2. 9., 11., 12. og 13. gr. falla niður.
3. 10. gr. orðast svo:

   Til Atvinnuleysistryggingasjóðs rennur hlutfall af tekjum af tryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.
4. 15. gr. orðast svo:

   Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi skv. 10. gr.

   Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist mánaðarlega en fullnaðarskil skulu gerð þegar tekjur af tryggingagjaldi skv. 10. gr. liggja fyrir.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Dvelja hér á landi.
3. Hafa staðið skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi var hætt.
4. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu. Til að finna dagvinnustundir sjómanna skal margfalda fjölda skráningardaga með 8.

5. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið í tryggingaskyldri vinnu a.m.k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma eftir að hann varð 16 ára.
6. Sanna með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun að hann hafi í upphafi bótatímabils verið atvinnulaus þrjá eða fleiri heila vinnudaga, að jafnaði samfellt.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

7. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 8 vikur ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir þegar bótaþegi sækir námskeið verkalýðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að 8 vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans samkvæmt framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en 8 vikur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans. Styrkur þessi má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

8. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar skal gera á 21. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo:
   4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu að hann hafi stundað vinnu í samfellt 6 vikur eftir að hann missti bótaréttinn.

b. 6. tölul. orðast svo:

6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafnar vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili eða af öðrum ástæðum metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda. Um missi bótaréttar samkvæmt þessum tölulið gilda ákvæði 4. tölul.

10. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga sem hann er atvinnulaus frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 5. mgr. 24. gr., enda hafi tekjur hans síðustu 6 mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði.

Nú voru tekjur viðkomandi síðustu 6 mánuði fyrir skráningu hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Nánari reglur um útreikning biðtíma skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setja með reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar.

Nú fær bótaþegi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda, þó aldrei meira en miðað við 8 klst. fyrir hvern sólarhring. Þessi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt bótaþegans til atvinnuleysisbóta.

Gefa skal atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hinn atvinnulausi ekki slíkum tilboðum fellur hann af bótum að loknu hverju bótatímabili í 16 vikur. Þátttaka í námskeiðum eða átaksverkefnum í skemmri tíma en 8 vikur skerðir biðtímann að loknu hverju bótatímabili hlutfallslega.

11. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú nýtur bótaþegi bóta úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skulu þá bætur hans þar dragast frá greiðslum atvinnuleysistrygginga þannig að samanlagðar greiðslur lífeyristrygginga almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga nemi aldrei hærri fjárhæð en hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga.

12. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður með hvaða hætti skuli úthlutað til bótaþega sem ekki eru í stéttarfélagi og sjálfstætt starfandi.

13. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eftir því sem við á.

14. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t.d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

15. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir fatlaða. Ekki mega slík lán þó nema meira en 40% stofnkostnaðar. Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjungi rekstrarhalla slíkra stöðva, enda mæli stjórnarnefnd um málefni fatlaðra með því að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til eftirtalinna verkefna:

1. endurþjálfunar starfsmannahópa sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta,
2. að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni,
3. þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar skulu gerðar á VIII. kafla laganna:

a. 39. gr. orðast svo:

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Í lok 40. gr. kemur tilvísun í lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota í stað laga nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

c. 41. gr. orðast svo:

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði, en ítrekað brot í 1–2 ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins sem úrskurðar endanlega um málið. Úthlutunarnefnd skal tilkynna sjóðsstjórn um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein.

Nú hefur bótaþegi aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi, sbr. 1. mgr., og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 2. mgr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lögin hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella þau ásamt öðrum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar inn í meginmál laganna og gefa þau út að nýju svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um atvinnuleysistryggingar eru að stofni til nr. 64 frá árinu 1981. Á árunum 1981–92 hefur lögunum verið breytt átta sinnum. Með lögum nr. 96/1990 var gefin út samfelld útgáfa laganna með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim fram að þeim tíma. Síðan hefur lögunum verið breytt tvisvar.

Ört vaxandi atvinnuleysi síðustu mánaða og missira hefur leitt í ljós ýmsa vankanta á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Þá var með lögfestingu tryggingagjalds frá og með 1. janúar 1991 samkvæmt lögum nr. 113/1990 fjölgað þeim sem greiddu til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að réttindum til greiðslna úr sjóðnum væri breytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákvað því að skipa vinnuhóp sem falið var að endurskoða ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar. Í vinnuhópnum áttu sæti: Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, Margrét Tómasdóttir, deildarstjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, Pétur Sigurðsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur skilað lagafrumvarpi því sem hér er lagt fram. Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verður ekki lengur bundinn við aðild að stéttarfélagi.
2. Sjálfstætt starfandi, sem skilað hafa tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en þeir hættu sjálfstæðri starfsemi, öðlast rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sama hætti og launamenn, enda uppfylli þeir skilyrði reglna sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og séu atvinnulausir og í atvinnuleit. Drög reglna um skilyrði sjálfstætt starfandi eru fylgiskjal með frumvarpi þessu.
3. Hámarksaldur vegna greiðslu atvinnuleysisbóta er færður úr 71 ári í 70 ár. Jafnframt er sett inn ákvæði um það að ef atvinnulaus nýtur einnig elli- eða örorkulífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þá skuli samanlagðar bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingastofnun aldrei nema hærri fjárhæð en hámarksbótum atvinnuleysistrygginga.
4. Reglur um missi bótaréttar þeirra sem segja upp starfi sínu án gildra ástæðna og verða atvinnulausir af þeim sökum eru hertar og sá tími, sem bótaréttur fellur niður af þessum sökum, er lengdur. Sömuleiðis eru reglur um heimild atvinnulausra til að neita starfi og ákveðið hvaða afleiðingar neitun hefur á bótarétt. Þá eru viðurlög við að afla sér bóta með röngum eða villandi upplýsingum hert mjög verulega og heimilt að endurkrefja viðkomandi um allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fengin hefur verið úr Atvinnuleysistryggingasjóði með sviksamlegum hætti.
5. Reglur eru settar um biðtíma vegna atvinnuleysisbóta ef mánaðartekjur viðkomandi síðustu tvo mánuði áður en atvinnuleysi hófst voru hærri en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum.

6. Atvinnulausir geta komist undan 16 vikna biðtímanum milli bótatímabila með því að sækja og ljúka námskeiðum, sem sérstaklega eru ætluð atvinnulausum, í a.m.k. 8 vikur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gerðar breytingar á 1. gr. laganna. Frá upphafi hefur réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verið háður því skilyrði að launamaður væri jafnframt félagsmaður í stéttarfélagi. Hér er gerð breyting á þessu. Réttur launamanna til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verður því hinn sami hvort sem viðkomandi er í stéttarfélagi eða ekki.

Þá er hér tryggt að sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem skilað hafa tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi sínu síðustu 12 mánuði áður en þeir hættu sjálfstæðri starfsemi, njóti sama réttar til atvinnuleysisbóta og launamenn, enda séu þeir atvinnulausir og í atvinnuleit og uppfylli að öðru leyti nánari skilyrði sem sett verða í reglum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Drög að slíkum reglum fylgja með frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Um 2. gr.

Þar sem skilyrði um aðild að stéttarfélagi er fellt niður er 2. gr. laganna ekki lengur nauðsynleg, en þar er skilgreint hvað sé stéttarfélag. Sömuleiðis er 4. gr. ónauðsynleg þar sem um réttindi þeirra sem stunda sjósókn á eigin fari til viðbótar því að vera launamenn fer samkvæmt reglum um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysisbóta.

Um 3. gr.

Hér er 5. gr. laganna breytt vegna þeirra breytinga sem urðu á tekjustofnum sjóðsins með lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingu. Samkvæmt lögunum skal tryggingagjald greitt af öllum greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögunum. Tryggingagjald er lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki er 2,7% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokki 6,2%. Í sérstökum gjaldflokki eru fiskveiðar, iðnaður og landbúnaður. Í almennum gjaldflokki eru allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar. Tekjum af tryggingagjaldi er ráðstafað sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður fær í sinn hlut sem nemur 0,15% af gjaldstofni.
2. Vinnueftirlit ríkisins fær í sinn hlut sem nemur allt að 0,08% af gjaldstofni. Hlutfallið er ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.
3. Tryggingastofnun ríkisins fær tekjur af tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1. og 2. tölul. til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Um 4. gr.

Hér er gerð breyting á 1. mgr. 7. gr. í þá veru að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verður heimilt að ákveða að annast sjálf sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn í stað þess að Tryggingastofnun ríkisins geti ein annast þennan rekstur.

Um 5. gr.

Með tilkomu tryggingagjaldsins er nauðsynlegt að gera umfangsmiklar breytingar á III. kafla laganna um atvinnuleysistryggingar. Breyta þarf heiti kaflans þar sem iðgjöld hafa verið felld niður. Heiti kaflans verður því: **Um tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Þá þarf að fella niður 9., 11., 12. og 13. gr., sömuleiðis vegna brottfalls iðgjalda. Þá er nauðsynlegt að breyta 10. og 15. gr. af sömu ástæðum. Loks eru gerðar breytingar á 15. gr. til samræmis við gildandi framkvæmd. Felld er niður lokamálsgrein 15. gr. sem fjallar um álagningu dráttarvaxta þar sem slíkt á ekki við lengur.

Um 6. gr.

Hér eru ýmsar breytingar gerðar á 16. gr. laganna. Breytingarnar eru þessar:

1. Skýrt er tekið fram í 1. mgr. að rétt til atvinnuleysisbóta hafi þeir einir sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit, auk þess sem þeir fullnægi þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1.–5. tölul. greinarinnar.
2. Hámarksaldur vegna greiðslu atvinnuleysisbóta er færður niður í 70 ár í stað 71 árs áður.
3. Fellt er niður skilyrðið um að vera félagsmaður í stéttarfélagi en í þess stað tiltekið skilyrði um að sjálfstætt starfandi hafi staðið ríkissjóði skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuðina áður en hann hætti sjálfstæðri starfsemi.
4. Niður er fellt ákvæðið um skilgreiningu róðrardaga þar sem 4. gr. laganna er felld niður. Á hinn bóginn er sett inn ný skilgreining um það með hvaða hætti skuli reikna dagvinnustundir sjómanna. Ný regla frumvarpsins leiðir til hagstæðari niðurstöðu en sú aðferð sem nú er beitt gagnvart sjómönnum.
5. Að viðkomandi hafi í upphafi bótatímabils verið atvinnulaus í þrjá daga samfellt áður en til greiðslu atvinnuleysisbóta kemur. Í undantekningartilvikum er þó gert ráð fyrir að víkja megi frá skilyrðinu um þrjá daga samfellt ef vinna sú, sem viðkomandi hefur stundað, er þess eðlis.

Um 7. gr.

Hér eru gerðar nokkrar breytingar á 18. gr. laganna. Breytingarnar eru af tvennum toga. Annars vegar er tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar eru á 16 vikna biðtímanum að loknu hverju bótatímabili og þeim möguleikum sem frumvarpið felur í sér varðandi það að sækja námskeið í 8 vikur til að losna undan þessum biðtíma. Hins vegar eru ákvæði greinarinnar rýmkuð til að auka möguleika stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á þátttöku í námskeiðahaldi.

Um 8. gr.

Hér er 2. mgr. 20. gr. breytt og úthlutunarnefndum jafnt sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

Um 9. gr.

Hér eru eftirtaldar breytingar gerðar á 21. gr. laganna:

1. 4. tölul. er breytt í þá veru að lengt er það tímabil sem bætur falla niður ef sá sem atvinnulaus er hefur sjálfur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem hann sjálfur á sök á. Réttur til bóta fellur niður í 40 bótadaga í

fyrsta sinn og skerðir bótatímabil sem þessu nemur, en var 30 dagar áður. Missi maður aftur rétt til bóta af þessum sökum öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju nema hann sanni með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu að hann hafi stundað vinnu í samfellt 6 vikur eftir að hann missti bótaréttinn.

2. 6. tölul. er breytt þannig að reglur um brottfall bótaréttar vegna höfnunar á vinnu verða hinar sömu og í 4. tölul. greinarinnar. Fellt er niður úr ákvæðinu hin skilyrðislausa regla um það að bótaréttur glatist ekki ef umsækjandi hafnar vinnu sem hann með læknisvottorði sannar að hann geti ekki stundað. Úthlutunarnefndum er því ætlað að meta það hverju sinni hvort sá sem hafnar vinnu af þessum sökum sé vinnufær eða hvort hann falli í raun undir 5. tölul. greinarinnar um að vera ófær til vinnu af heilsufarsástæðum.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar umfangsmiklar breytingar á 22. gr. Helstu breytingarnar á greininni eru þessar:

1. Til skamms tíma hefur biðtími eftir atvinnuleysisbótum verið enginn. Þessu er nú breytt að nýju og nú í þá veru að ef mánaðartekjur viðkomandi síðustu tvo mánuði áður en hann varð atvinnulaus eru hærri en tvöfaldar bætur atvinnuleysistrygginga þá frestast réttur til atvinnuleysisbóta þangað til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Þetta skýrist nánar af töflu í fskj. I.
2. Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verður nú ætíð 260 dagar.
3. Meginreglunni um brottfall atvinnuleysisbóta í 16 vikur að bótatímabili loknu er haldið. Gefa skal hinum atvinnulausa á hinn bóginn kost á að komast hjá þessu 16 vikna tekjulausa tímabili ef hann þiggur tilboð um þátttöku í námskeiðum eða átaksverkefnum í samtals 8 vikur á hverju bótatímabili.
4. Tilfallandi vinna bótaþega í dag og dag skal skerða rétt hans til atvinnuleysisbóta, þó þannig að sé unnið meira en 8 klst. á einum sólarhring veldur vinnan ekki meira en eins dags skerðingu. Jafnframt er tryggt að vinna af þessu tagi hafi ekki áhrif á áunninn rétt bótaþega til atvinnuleysisbóta.

Um 11. gr.

Hér er bætt málsgrein við 23. gr. til að tryggja það að ef bótaþegi nýtur bóta úr lífeyristryggingum almannatrygginga þá skulu bætur hans þar dragast frá greiðslum atvinnuleysistrygginga þannig að samanlagðar greiðslur lífeyristrygginga almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga nemi aldrei hærri fjárhæð en hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga.

Um 12. gr.

Hér eru gerðar breytingar á 25. gr. og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs falið að ákveða með hvaða hætti bótum skuli úthlutað til bótaþega sem ekki eru í stéttarfélagi og sjálfstætt starfandi.

Um 13. gr.

Hér er gerð breyting á 26. gr. vegna bótaréttar launamanna utan stéttarfélaga og sjálfstætt starfandi.

Um 14. gr.

Hér er gerð breyting á 2. mgr. 35. gr. til rýmkunar. Gert er ráð fyrir að umrædd heimild stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs verði ekki bundin við atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara heldur almenn heimild þegar atvinnuleysi er mikið og víðtækt.

Um 15. gr.

Hér er gerð breyting á 36. gr., fyrst og fremst til rýmkunar á heimildum stjórnarinnar þannig að hún geti styrkt þróunarverkefni til varanlegrar atvinnusköpunar.

Um 16. gr.

Hér eru gerðar breytingar á VIII. kafla laganna.

39. gr. er breytt til samræmis við breytingar á skattalögum. Í lok 40. gr. er breytt lagatilvísun í samræmi við nýrri lög.

Talsverðar breytingar eru gerðar á 41. gr. um viðbrögð við því þegar reynt er að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína. Gert er ráð fyrir að tímabil missis bótaréttar við fyrsta brot geti orðið allt að 6 mánuði en var 2 mánuðir áður og að ítrekað brot geti valdið missi bóta í allt að tvö ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins sem úrskurðar endanlega um málið. Úthlutunarnefnd skal tilkynna sjóðsstjórn um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein. Þá er það nýmæli í 41. gr. að ef bótaþegi hefur aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi þá skal hann til viðbótar missi bóta endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað. Hér er höfð hliðsjón af ákvæðum almannatryggingalaga.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

1. Tekjutenging frestunar greiðslu atvinnuleysisbóta.

1 Meðalmánaðartekjur miðað við síðustu 6 mánuði	2 Tekjur á dag	3 Tekjur umfram tvöfaldar atvinnuleysisbætur	4 Biðtími virkir dagar
250.000	11.537	157.240	14
240.000	11.075	147.240	13
230.000	10.614	137.240	13
220.000	10.152	127.240	13
210.000	9.691	117.240	12
200.000	9.229	107.240	12
190.000	8.768	97.240	11
180.000	8.306	87.240	11
170.000	7.845	77.240	10
160.000	7.383	67.240	9
150.000	6.922	57.240	8
140.000	6.461	47.240	7
130.000	5.999	37.240	6
120.000	5.538	27.240	5
110.000	5.076	17.240	3
100.000	4.615	7.240	2
90.000			0

Skýringar:

1. Tölur í 2. dálki fást með því að deila 21,67 í fjárhæð í 1. dálki.
2. Tölur í 3. dálki fást með því að draga tvöfaldar atvinnuleysisbætur sem er 92.776 kr. frá fjárhæð í 1. dálki.
3. Tölur í 4. dálki fást með því að deila niðurstöðutölum í 2. dálki í niðurstöðutölur í 3. dálki.

Fylgiskjal II.

Drög að reglugerð um skilyrði sjálfstætt starfandi til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Sjálfstætt starfandi:* einstaklingur sem starfað hefur við eigin rekstur eða sjálfstæða starfsemi og tilkynnt starfsemina með þeim hætti sem krafist er af hálfu skattyfirvalda.
2. *Rekstur:* sjálfstæð starfsemi eða rekstur með eða án sérstaks atvinnutækis.
3. *Nákominn:* einstaklingur sem er tengdur eða skyldur sjálfstætt starfandi, sbr. 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991.

Lok sjálfstæðrar starfsemi.

2. gr.

Sjálfstætt starfandi telst vera atvinnulaus þegar hann uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

1. er hættur rekstri,
2. hefur engar tekjur eða tekjuígildi af rekstri,
3. hefur ekki hafið störf sem launamaður,
4. er sannanlega í atvinnuleit,
5. hefur tilkynnt lok rekstrarins til opinberra aðila, t.d. til launagreiðendaskrár skattstjóra,
6. uppfyllir skilyrði 3.–5. gr. eftir því sem við á.

Árstíðabundin stöðvun starfsemi eða tímabundin hlé vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum veita sjálfstætt starfandi ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

3. gr.

Sjálfstætt starfandi, sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi sínu við reksturinn eftir að hafa byrjað í launavinnu, telst ekki atvinnulaus og í atvinnuleit þó hann missi launavinnuna nema hann uppfylli skilyrði 2. gr. þegar hann missir launavinnuna.

Afhending eða lokun.

4. gr.

Sjálfstætt starfandi telst hættur rekstri ef hann sannar að rekstri hafi verið hætt, hann framseldur öðrum eða tekinn til gjaldþrotaskipta.

Sjálfstætt starfandi getur talist vera hættur rekstri áður en til afhendingar eða lokunar kemur ef hlutaðeigandi leggur fram skriflega sönnun á því að honum hafi verið gert ókleift að halda rekstrinum áfram, t.d. með vörslusviptingu atvinnutækis.

Sjálfstætt starfandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn nákomnum.

Bótaréttur.

5. gr.

Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi, sem verður atvinnulaus og uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar, ákvarðast á eftirfarandi hátt:

1. Hafi hlutaðeigandi staðið í skilum með greiðslu tryggingagjalds af reiknuðu endurgjaldi miðað við fullt starf vegna síðustu 12 mánaða áður en hann varð atvinnulaus á hann rétt á hámarksbótum, sbr. 24. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, en hlutfallslega ella miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.
2. Hafi hlutaðeigandi á liðnum 12 mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri þá skal hver mánuður sem tryggingagjald hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1., sbr. 42., gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að viðurkenndur er bótaréttur sjálfstætt starfandi einstaklinga og felld niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi til að njóta bóta. Nýmæli er einnig að upphaf bótatímabils ákvarðast af tekjum síðustu 6 mánaða, auk ýmissa minni breytinga sem verður nánar fjallað um og varða kostnað ríkissjóðs og launagreiðenda.

Þar sem frumvarpið kemur seint fram hefur ekki unnist nægur tími til að meta kostnaðaráhrif þess. Frekari skoðun fer fram á næstu dögum á meðan frumvarpið er í meðförum Alþingis.

Mikilvægasta breytingin er að þeir sem standa utan stéttarfélaga og eru sjálfstætt starfandi fá rétt á bótum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hlutfall launþega í stéttarfélögum utan opinbera geirans er talið vera um 85%. Miðað við að vinnuafl á almennum markaði sé um 105 þúsund ársverk eru um 16 þúsund ársverk utan stéttarfélaga, þar af eru 10 þúsund sjálfstætt starfandi, sjá síðar. Alls bætast því við 6 þúsund ársverk launþega sem fá rétt til atvinnuleysisbóta. Reikna má með að þetta fólk sé oftast í þeim störfum þar sem atvinnuleysi er að jafnaði minna en almennt gerist.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum 1992 (tekjur 1991) voru þeir sem reikna sér laun 25.177, þar af höfðu 9.858 einnig tekjur af atvinnurekstri og 17.024 aðrar tekjur, þar með taldar launagreiðslur. Má því ætla að fjöldi einyrkja hafi rétt til atvinnuleysisbóta vegna launavinnu hjá öðrum. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er fjöldi þeirra sem hafa reiknaðar eigin tekjur sem nema meira en 90% af heildartekjum 13.583 talsins, og verður miðað við þá tölu um fjölda sjálfstætt starfandi í þessari umsögn. Sé

tekið tillit til fjölda þeirra sem eru sjálfstætt starfandi og eiga bótarétt samkvæmt gildandi lögum, þ.e. vörubílstjórar og trillusjómenn, og miðað við fullt starf er aukningin 10 þúsund ársverk. Reikna má með að atvinnuleysi sé síst minna hjá sjálfstætt starfandi en hjá launþegum.

Samtals fjölgar þeim sem eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt frumvarpinu því um 16 þúsund, þ.e. 6 þúsund launþegar utan stéttarfélaga og 10 þúsund sjálfstætt starfandi. Fyrirvara verður að gera á þessum tölum þar sem breytingar verða á fjölda sjálfstætt starfandi við rýmkun á bótarétti og tölur um fjölda eru óvissar. Til samanburðar má nefna fjölda ársverka þeirra einstaklinga sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni samkvæmt atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar. Þeir voru 15.662 árið 1990 eða 56% fleiri en samkvæmt forsendum að ofan. Þar af voru tæplega 4.800 í landbúnaði.

Ef reiknað er með að þeir launþegar, sem eru utan stéttarfélaga, séu 6 þúsund og að 3% séu atvinnulausir verður viðbótarkostnaður vegna atvinnuleysisbóta 90 m.kr. á ári. Er þá miðað við mun lægra atvinnuleysi en er nú á almennum markaði.

Miðað við að sjálfstætt starfandi séu 10 þúsund ársverk og þar af séu 5% atvinnulausir að jafnaði verður viðbótarkostnaður vegna þeirra á einu ári um 250 m.kr. Framtíðarútgjöld sjóðsins verða þó lægri ef gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði minna til langframa. Sé miðað við 2% atvinnuleysi, en það er svipað atvinnuleysi og núgildandi tekjustofnar sjóðsins geta staðið undir, verður árlegur viðbótarkostnaður 100 m.kr.

Til að fá bætur þurfa sjálfstætt starfandi að hætta rekstri og tilkynna lok rekstrarins til opinberra aðila, t.d. launagreiðendaskrár. Með þessu ákvæði er ætlunin að koma í veg fyrir árstíðabundna stöðvun eða tímabundin hlé vegna verkefnaskorts. Tiltölulega auðvelt er að tilkynna lokun rekstrar til launagreiðendaskrár og kostnaður við að hætta rekstri í eigin nafni og hefja hann aftur er óverulegur. Ekki er ljóst hvernig ákvæði í drögum að reglugerð, sem fylgja í skýringum með frumvarpinu, um að ekki eigi að greiða fyrir tímabundna stöðvun á rekstri verða virk, nema í þeim tilvikum þar sem aðgangur að atvinnugrein er takmarkaður eða háður leyfum. Takist að gera ákvæðin virk munu útgjöld vegna sjálfstætt starfandi vaxa mun minna en reiknað er með að framan því algengast er að atvinnuleysi sé tímabundið. Sjálfstætt starfandi geta reiknað maka sínum laun og verður ekki annað skilið af tillögu að reglugerð en til þess að maki fái bætur þurfi að hætta rekstri og tilkynna hann af skrá. Búast má við að ákvæðin verði umdeild. Þegar hafa t.d. heyrst kröfur um að maki fái bætur ef framleiðsluréttur á bújörð lækkar það mikið að hann stendur einungis undir einu ársverki, enda hafi hann áður starfað á búinu og reiknað sér laun. Allar slíkar breytingar sem auðvelda aðgang að sjóðnum hafa mikil áhrif á útgjöld.

Önnur takmörkun á bótarétti sjálfstætt starfandi er að þeir þurfa að standa skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi miðað við fullt starf síðustu 12 mánuði. Viðmiðunarfjárhæðir um reiknað endurgjald eru mismunandi eftir störfum og miðað við fullt starf voru þær um 90 þús. kr. á mánuði árið 1991 fyrir iðnaðarmann sem hafði menn í vinnu og 45 þús. kr. hjá bónda. Með skilagrein þurfa þeir sem reikna sér endurgjald að gefa upp starfshlutfall. Reiknað er með áhrifum þessa í áætlun um fjölda sjálfstætt starfandi að framan.

Erfitt er að meta áhrif krafna um að sjálfstætt starfandi hætti rekstri og er einfaldast að reikna með að langtímaatvinnuleysi sjálfstætt starfandi sé 2–3%. Kostnaðarauki vegna atvinnuleysisbóta verður samkvæmt því 100 til 150 m.kr. á ári. Þessi niðurstaða er þó algerlega háð framkvæmd laganna. Miðað við fjölda úthlutunarnefnda og hvernig framkvæmdinni er háttað í dag verður að gera verulegt átak í samræmingu reglna og skil-

greina betur hver ábyrgð nefndanna er. Ítrekað er að ef framkvæmdin verður önnur verða útgjöldin hærri.

Samanlagt hækka útgjöld sjóðsins um 200 til 250 m.kr. á ári vegna sjálfstætt starfandi og þeirra sem eru launþegar utan stéttarfélaga, miðað við 2–3% atvinnuleysi. Ef hins vegar reiknað er með 5% atvinnuleysi og að takmarkanir vegna lokunar rekstrar hafi ekki hamlandi áhrif verða viðbótarútgjöldin um 400 m.kr.

Samkvæmt frumvarpinu verður ekki greitt fyrir fyrstu daga atvinnuleysis ef tekjur fara yfir tvöfaldar atvinnuleysisbætur. Forsendan fyrir útreikningnum er gefin í skýringum með frumvarpinu en texti frumvarpsins mætti vera skýrari. Samkvæmt útreikningunum frestast bætur um þrjá daga hjá þeim sem hafa að meðaltali 110 þús. kr. á mánuði sem er svipað og meðaltekjur hjá ASÍ. Fræðilegt hámark á frestun bóta er 21,67 dagur og þarf sífellt hærri tekjur til að fresta bótum um hvern dag. Það sem skiptir máli er hver fresturinn verður að meðaltali.

Sé miðað við að réttur til bóta frestist að meðaltali um þrjá daga og að fjöldi einstaklinga sem fær bætur í 5% atvinnuleysi sé 8.000 talsins (athugið að hér er ekki um ársverk að ræða) þá sparast um 40 m.kr. í greiðslu bóta á ári miðað við að allir komi nýir inn á árinu. Sé reiknað með að nýskráning á hverju ári svari til 2% atvinnuleysis þá er um 3.200 einstaklinga að ræða og árlegur sparnaður verður tæplega 20 m.kr. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi sé að verða varanlegra en áður hefur þekkst og er því miðað við seinni töluna.

Reikna verður með talsverðri upplýsingagjöf frá staðgreiðsluskrá til úthlutunarnefnda vegna þeirra sem koma nýir á bætur, en veita verður upplýsingar um tekjur rúmlega 3.000 einstaklinga á ári miðað við forsendurnar að ofan. Einnig þurfa skattyfirvöld að veita upplýsingar um sjálfstætt starfandi og er áætlað að kostnaður vegna þessa verði samtals 2–3 m.kr. á ári. Úthlutunarnefndir eru 120 á öllu landinu og eru fimm menn í hverri nefnd, eða 600 manns alls. Í Reykjavík einni eru starfandi 44 úthlutunarnefndir. Augljóst er að álag á nefndirnar eykst þegar skoða þarf tekjuupplýsingar frá bótaþegum. Sú spurning vaknar hvort endurskoða eigi fjölda nefnda og fækka þeim á móti auknu álagi og tengja eftirlit með bótagreiðslum upplýsingum úr staðgreiðslukerfinu.

Ýmsar aðrar breytingar eru gerðar til að minnka útgjöld. Í fyrsta lagi má þar nefna að þeir sem eru 70 ára og eldri njóta ekki lengur bóta en fjöldi þeirra var 28 árið 1991, 48 árið 1992 og 47 í lok febrúar 1993 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Árlegur sparnaður gæti því numið um 20 m.kr.

Í öðru lagi á að takmarka greiðslur bóta til þeirra sem fá greiðslur frá lífeyristryggingadeild. Ef miðað er við að fjöldi atvinnulausra á aldrinum 67–70 ára sé 230 og að bætur til hvers þeirra lækki um 10 þús. kr. á mánuði er heildarsparnaður um 30 m.kr. á ári. Ekki eru til tölur um fjölda öryrkja, en líklega er hann ekki mikill og sparnaður því óverulegur.

Í þriðja lagi lengist sá tími um 10 daga sem bíða þarf þar til bótagreiðslur hefjast vegna þess að menn hafa sjálfir sagt starfi sínu lausu. Ekki eru til upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa misst bótarétt vegna þess að þeir hafa sagt upp starfi án gildra ástæðna, en hann er talinn nokkur. Sé miðað við að um 250 manns segi upp starfi árlega og 10 dagar til viðbótar falli af bótarétti frá því sem er í gildandi lögum verður árlegur sparnaður um 5 m.kr.

Í fjórða lagi eru þyngd viðurlög hafi bótaþegi gefið upp vísvitandi rangar uplýsingar til að afla sér bóta. Þessi ákvæði munu ekki hafa sparnað í för með sér nema eftirlit úthlutunarnefnda verði hert. Ekki verður séð hvernig það verður gert nema með fækkun nefnda og aukinni tölvuvæðingu og samvinnu við ráðningarskrifstofur.

Ýmsar greinar frumvarpsins eru til rýmkunar á bótagreiðslum og öðrum greiðslum úr sjóðnum. Má þar nefna að tími, sem bótaþegi getur fengið bætur á meðan hann sækir námskeið, er lengdur úr 6 vikum í 8 vikur. Námskeið hafa ekki verið mörg á undanförnum árum og hafa m.a. MFA og Námsflokkar Reykjavíkur skipulagt slík námskeið. Gerð er sú breyting í 10 gr. frumvarpsins að ef fólk sækir námskeið, eða tekur þátt í átaksverkefni, í a.m.k. 8 vikur þá fellur það ekki af bótum eftir hvert tímabil. Nú fer fólk af bótum eftir 260 daga og þarf að bíða í 16 vikur til að hefja nýtt bótatímabil. Er það í samræmi við það að engin tímamörk eru á því í hve mörg ár atvinnulaus maður getur þegið bætur án þess að falla af vinnumarkaði, fyrir utan reglu um hámarksaldur bótaþega. Erfitt er að meta kostnaðarauka af ofangreindu því ekki eru tiltækar upplýsingar um fjölda þeirra sem falla af bótum vegna langvarandi atvinnuleysis, en sá hópur fer ört vaxandi. Ef miðað er við að 500 falli af bótum á ári hverju og tveir þriðju þeirra nýti sér námskeið, eða átaksverkefni, reiknast árlegur kostnaður um 50 m.kr. á ári. Búast má við að ásókn í námskeið aukist mjög vegna þess að æ fleiri verða atvinnulausir til lengri tíma og vegna ofangreindra ákvæða.

Ákvæði eru rýmkuð um heimild sjóðsins til að veita styrki til að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi á þeim stöðum þar sem það er mikið fyrir. Slíkir styrkir hafa verið fátíðir og er ekki hægt að gera neina áætlun um það hve mikið fé mun fara í umrædd verkefni þar sem það verður háð ákvörðun sjóðsstjórnar. Þá er í 15. gr. frumvarpsins veitt heimild til að veita styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar. Er hér um verulega rýmkun á starfssviði sjóðsins að ræða, en hámark er á þessari starfsemi skv. 37. gr. laganna um að útgjöld fari ekki yfir 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins. Vaxtatekjur sjóðsins eru áætlaðar 100 m.kr. árið 1993, en greiðslur samkvæmt þessum kafla laga um atvinnuleysistryggingar hafa verið óverulegar undanfarin ár. Samtals gæti hér verið um 30 m.kr. kostnaðarauka á ári að ræða ef sjóðurinn ætlar að styrkja þróunarverkefni og varanlega atvinnusköpun.

Aðrar breytingar, sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs, eru þær að breytt er útreikningi á bótarétti sjómanna til rýmkunar. Sem dæmi um áhrif breytingarinnar þá fær sjómaður, sem er með 210 lögskráningardaga, metna 1.400 tíma miðað við núgildandi reglur, en fær samkvæmt frumvarpinu 1.680 tíma. Bótarétur hans hækkar úr 82% í 98% og greiðsla atvinnuleysisbóta fyrir hvern dag hækkar úr 1.755 kr. í 2.098 kr. Ekki hafa verið tök á að meta hver heildarkostnaðurinn verður af þessari breytingu.

Breyting á bótatímabili úr 180 dögum í 260 daga (eitt ár) í 10 gr. frumvarpsins mun samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum ekki hafa aukinn kostnað í för með sér enda mun reglan vera sú að sjóðurinn greiðir út bætur samkvæmt heimildarákvæði í núgildandi lögum sem er veitt til að bregðast við langvarandi og verulegu atvinnuleysi. Það ákvæði verður að almennri reglu með frumvarpinu í stað 180 daga.

Nýlega gerði stjórn sjóðsins breytingar á þóknun til stéttarfélaga sem á að spara sjóðnum útgjöld. Þóknunin er lækkuð úr 5% og verður á bilinu 4,5% til 3% eftir umfangi bótaúrskurða. Flest stéttarfélaga, sem á annað borð innheimta þetta gjald, notast við 5%, en önnur nota lægra hlutfall og nokkur fara ekki fram á þóknun. Samkvæmt lauslegum upplýsingum frá sjóðnum verður árlegur sparnaður vegna breytingarinnar 20–30 m.kr. á ári. Þóknanir til stéttarfélaga námu 44 m.kr. árið 1991 og 65 m.kr. árið 1992.

Loks vill fjármálaráðuneytið benda á að stjórn sjóðsins er veitt heimild til að færa fjárreiður hans frá Tryggingastofnun kjósi hún það. Fjármálaráðuneytið leggur ríka áherslu á að reikningshald sjóðsins verði í sameiginlegu bókhaldskerfi ríkisins, BÁR, og telur því eðlilegt að samþykki ráðherra þurfi fyrir breyttu fyrirkomulagi.

Samantekið er mat fjármálaráðuneytisins að frumvarpið auki útgjöld sjóðsins um 180–230 m.kr. nettó. Samtals hækka útgjöld sjóðsins um 280–330 m.kr. Frá dragast ákvæði til lækkunar á bilinu 100 m.kr., þar á meðal er ákvörðun stjórnar um lækkun þóknunar. Í fjárlögum fyrir árið 1993 er hins vegar gert ráð fyrir 100 m.kr. sparnaði í útgjöldum sjóðsins, en útgjöld hans stefna 1.300 m.kr. fram úr forsendum fjárlaga í ár vegna aukins atvinnuleysis. Til samanburðar er áætlað að tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi verði um 300 m.kr. í ár, en 0,15% af stofni tryggingagjalds rennur til hans og ríkissjóður leggur fram lögbundið framlag sem nemur þrefaldri þeirri fjárhæð.

920. Frumvarp til laga [555. mál]

um flutning á verkefnum Vitastofnunar Íslands til Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

I. KAFLI

Lög um vitamál, nr. 56/1981.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 1. mgr., og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi beygingarföllum), kemur: Landhelgisgæsla Íslands.
b. Í stað orðsins „vitamálastjóri“ í 2. mgr., og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi beygingarfalli), kemur: forstjóri Landhelgisgæslunnar.
c. 2.–4. mgr. falla brott.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Verkefni Landhelgisgæslu Íslands á sviði vitamála.**

4. gr.

Í stað orðanna „Verkefni Vitastofnunar Íslands er að sjá“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Landhelgisgæsla Íslands sér.

5. gr.

Orðið „Landhelgisgæslunni“ í 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Í stað orðanna „við rekstur Vitastofnunar Íslands“ í 10. gr. laganna kemur: Landhelgisgæslu Íslands af vitamálum.

7. gr.

Í stað orðsins „stofnunin“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Landhelgisgæslan.

8. gr.

Síðari málsliður 16. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lækna-, toll- og vitaþjónustu“ í g-lið kemur: lækna- og tollþjónustu.
b. Við greinina bætist nýr stafliður, i-liður, svohljóðandi: Að fara með vitamál eftir því sem er kveðið á um í lögum um vitamál. Í reglugerð, er ráðherra setur, skal nánar kveðið á um starfsemi þessa.

III. KAFLI

Hafnalög, nr. 69/1984.

10. gr.

Orðin „gegnir starfi vitamálastjóra og“ í fyrri málslið 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Lög um leiðsögu skipa, nr. 48/1933.

11. gr.

Í stað orðsins „vitamálastjóra“ í síðari málslið 5. gr. laganna kemur: forstjóra Landhelgisgæslunnar.

V. KAFLI

Lög um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. og 3. málsl. kemur: dómsmálaráðherra.
b. Í stað orðsins „vitamálastjórnin“ í 2. málsl. kemur: Landhelgisgæslan.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framkvæmd vitamála verði færð frá Vitastofnun Íslands til Landhelgisgæslu Íslands. Þannig taki Landhelgisgæslan við þeirri starfsemi er Vitastofnun hefur haft með höndum, aðallega á grundvelli laga nr. 56/1981, um vitamál.

Þann 1. desember 1878 var kveikt á fyrsta vita landsins, Reykjanesvita, og var hann að heita má eini vitinn á landinu fram undir aldamót. Árið 1899 voru fyrstu lögin um vitamál sett, lög um afhendingu lóða til vitabygginga o.fl.

Árið 1910 var landverkfræðingi falin umsjón með vitum landsins en embættisheitið vitamálastjóri var fyrst tekið upp árið 1918. Það var þó ekki fyrr en árið 1933 sem kveðið var á um stofnsetningu vitamálastofnunar með lögformlegum hætti.

Samkvæmt lögum nr. 56/1981 heyrir Vitastofnun undir samgönguráðherra og fer hún með framkvæmd vitamála. Vita- og hafnamálastjóri veitir Vitastofnun forstöðu. Þá starfar svokölluð vitanefnd á grundvelli laganna og gerir frumvarpið ráð fyrir óbreyttu starfi nefndarinnar þrátt fyrir nýjan samstarfsaðila, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands. Vitanefnd er skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna og er hlutverk hennar m.a. að láta uppi álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitastofnunar, fjalla um vitagjald, nýbyggingar, endurbætur og breytingar á vitum, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Hlutverk Vitastofnunar á grundvelli gildandi laga er m.a. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið. Þar fellur m.a. undir eftirlit með vitum og öðrum föstum merkjum á landi, fljótandi leiðarmerkjum og radíómerkjum til staðarákvörðunar. Stofnunin skal hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta er innihaldi nauðsynlegar upplýsingar fyrir sjófarendur, annast veðurathuganir á vitastöðum og fara með framkvæmd laga og reglna um leiðsögu skipa.

Nú eru í rekstri 106 vitar, 13 ljósdufl, 7 radarvarar og mörg leiðsögumerki, auk vita, leiðsögumerkja og ljósdufla sem eru rekin af hinum ýmsu sveitarfélögum (höfnum) landsins.

Það er álit margra þeirra aðila er til þekkja að verkefni þau, er nú heyra undir Vitastofnun, falli vel að starfsemi Landhelgisgæslunnar og muni styrkja rekstur hennar. Þannig hafa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Fiskifélag Íslands og fleiri félög sjómanna samþykkt ályktanir um að Landhelgisgæslan yfirtaki verkefni og tekjustofna Vitastofnunar. Sú breyting getur leitt til verulegrar hagræðingar og sparnaðar í ríkisrekstrinum jafnframt því sem öryggi sjófarenda mundi aukast á margvíslegan hátt. Samtök sjómanna hafa einnig deilt á ríkisvaldið fyrir þann samdrátt sem orðið hefur í rekstri og fyrir fækkun úthaldsdaga skipa Landhelgisgæslunnar. Er það ekki óeðlilegt þegar þess er gætt hve öryggismál sjómanna eru ríkur þáttur í starfi Landhelgisgæslunnar. Með fjölgun verkefna Landhelgisgæslunnar og þar með auknum tekjum yrði starfsemi hennar markvissari, úthaldsdagar fleiri og betri trygging fyrir öryggi sjófarenda en nú.

Frá 1. janúar 1969 sá Landhelgisgæsla Íslands, án endurgjalds og samhliða öðrum verkefnum, um að þjónusta annesja- og skerjavita og ljósdufl fyrir Vitastofnun og sparaði henni þannig veruleg útgjöld, en því samstarfi lauk 1. janúar sl. Frá þeim tíma hefur Vitastofnun keypt þessa þjónustu frá hinum ýmsu björgunarsveitum og ferjuútgerðum. Augljóst er að slík framkvæmd skapar mikið óöryggi í rekstri vitakerfisins. Benda má á að ljósdufl, sem oft er komið fyrir vegna skerja, boða eða grynninga, sæfarendum til varnaðar, eru að jafnaði tekin upp árlega og þarf því nákvæma staðsetningu á vegum ábyrgra aðila þegar duflin eru sett út að nýju. Miðað við núverandi framkvæmd er slíkt öryggi ekki eins og best verður á kosið. Þetta eru þó ekki einu rökin fyrir að starfsemi vitamála verði flutt yfir til Landhelgisgæslunnar. Með tilliti til þeirra öryggiskrafna, sem gerðar eru til skipa á grundvelli innlendra reglna, svo og alþjóðasamþykkta sem Ísland

er aðili að, er eðlilegt að löggæslumenn og öryggisverðir íslenska hafsvæðisins fari með eftirlit og viðhald vitakerfisins.

Við Landhelgisgæslu Íslands starfa sem kunnugt er siglingafróðir menn. Þar á meðal eru skipherrar og stýrimenn sem hafa lokið námi við skipstjóradeild Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þessir einstaklingar hafa m.a. sérmenntað sig í siglingafræðum sem nýtist einkar vel til staðsetningar ljósdufla og leiðar- og siglingamerkja og mælinga ljóshorna vita og í öðru því er lýtur að siglingalegum öryggisþáttum í sjókortum sem sjófarendur við Ísland verða með fullri vissu að geta treyst. Vegna eftirlits og viðhalds raf- og vélbúnaðar vita, radíóvita og radarsvara hafa flestir vélstjórar á varðskipum lokið 4. stigi í Vélskóla Íslands og hafa því mikla þekkingu og reynslu á sviði véla og rafmagns. Einnig má nefna að innan Landhelgisgæslunnar starfa Sjómælingar Íslands sem, auk sjómælinga, sjá um útgáfu sjókorta og tilkynningar til sjófarenda. Af framansögðu má ljóst vera að sérþekking og reynsla, sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa öðlast, kemur vitaþjónustunni til góða og mun verða mjög til hagræðingar á öllum rekstrarsviðum vitaþjónustu við Ísland.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að leggja niður, hagræða eða sameina ríkisstofnanir. Er það rökrétt markmið þegar harðnar í ári. Mikilvægt er að styrkja stofnanir eins og Landhelgisgæsluna sem gegnir sérstöku hlutverki hvað varðar öryggi sjófarenda.

Við afgreiðslu Alþingis á núverandi lögum um vitamál var gert ráð fyrir allróttækum breytingum frá þeirri skipan sem verið hafði. M.a. var gert ráð fyrir þeirri breytingu að vitamál skyldu heyra undir Landhelgisgæsluna. Þessi krafa kom m.a. frá sjómannasamtökunum og einnig tilmæli um að við Vitastofnun starfaði skipstjórnarmenntaður maður sem m.a. annaðist eftirlit með vitakerfinu. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur frá samtökum sjómanna hafa forráðamenn Vitastofnunar ekki ráðið slíkan eftirlitsmann til fastra starfa frá því er lögin tóku gildi árið 1981, m.a. vegna samstarfs við Landhelgisgæsluna.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku efnahags- og atvinnulífi frá því að Vitastofnun var sett á fót. Viðhald og rekstur vitanna er með gjörbreyttum hætti með tilliti til nútímatækni og þeirrar framþróunar sem átt hefur sér stað. Þótt umdeilanlegt megi vera hver sparnaðurinn verði af þeirri lagabreytingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er ljóst að um hagræðingu er að ræða sem jafnframt tryggir öryggi sjófarenda við Ísland betur en nú er og betri nýtingu á fjármagni sem um leið leiðir af sér lengra úthald varðskipanna.

Til þess að ná því markmiði er frumvarp þetta stefnir að, að færa verksvið Vitastofnunar yfir til Landhelgisgæslu Íslands, komu fleiri en ein leið til greina. Sú leið er valin hér að breyta lagaákvæðum sem taka til starfsemi og yfirstjórnar Vitastofnunar þannig að Landhelgisgæslan taki við þeim verkefnum er stofnuninni voru áður ætluð með lögum, enda er ljóst að Landhelgisgæslan hefur mjög góðar aðstæður, jafnt á sjó sem landi, til að sinna þeim verkefnum á sem bestan hátt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að dómsmálaráðherra taki við yfirstjórn vitamála af samgönguráðherra. Þar sem með frumvarpi þessu er lagt til að Landhelgisgæsla Íslands, sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið, taki við starfsemi Vitastofnunar Íslands er um eðlilega breytingu að ræða með tilliti til þess að yfirstjórn og framkvæmd vitamála heyri undir sama ráðuneyti.

Um 2. gr.

Greinin felur annars vegar í sér breytingar sem nauðsynlegar eru á lögum nr. 56/1981, með tilliti til þess að Landhelgisgæsla Íslands taki við hlutverki Vitastofnunar og forstjóri Landhelgisgæslunnar fari með framkvæmd vitamála í stað vitamálastjóra. Hins vegar er lagt til að 2.–4. mgr. greinarinnar falli brott þar sem Vitastofnun Íslands mun ekki starfa áfram sem slík verði frumvarp þetta að lögum.

Um 3.–12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1994. Miðað við þau tímamörk er gert ráð fyrir að viðkomandi stofnanir hafi nægilegt ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar sem leiðir af lögum þessum.

921. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni, Bolla Þór Bollason, Bjarnveigu Eiríksdóttur, Maríönnu Jónasdóttur, Snorra Olsen, Jón H. Steingrímsson, Rúnu Soffíu Geirsdóttur og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur. Enn fremur komu frá ríkisskattstjóraembættinu Garðar Valdimarsson, Jón Guðmundsson og Steinþór Haraldsson. Þá komu Sigfús Bjarnason og Ólafur Baldursson frá Bandalagi íslenskra leigubílsstjóra, Gunnar Sveinsson og Þorvarður Guðjónsson frá Félagi sérleyfishafa, Þórður H. Hilmarsson frá Globus hf., Runólfur Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandinu, Þorleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Haukur Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Baldvin Hafsteinsson frá Íslenskri verslun, Jónas Fr. Jónsson og Sverrir V. Bernhöft frá Verslunarráði Íslands, Gunnar Svavarsson, Víglundur Þorsteinsson, Páll Kr. Pálsson og Sveinn Hannesson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Pétur Óli Pétursson frá Bílaumboðinu hf. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Bílgreinasambandinu, Stéttarsambandi bænda og VSÍ og einnig var stuðst við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá tollgæslustjóra, Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, Sambandi garðyrkjubænda og Neytendasamtökunum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að við 1. gr. bætist ákvæði um heimild til niðurfellingar tolla á aðföngum til skipaviðgerða, en slík heimild er til staðar hvað varðar flugvélar.

2. Lagt er til að orðalag 5. mgr. 2. gr. verði gert skýrara og víðtækara þannig að heimild fjármálaráðherra til að fella niður eða lækka tolla nái til allra vara sem verðjöfnunargjald er lagt á, hvort sem þær koma frá hinu Evrópska efnahagssvæði eða öðrum löndum.
3. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. í þremur liðum. Í fyrsta lagi verði ráðherra, til að taka af öll tvímæli, veitt heimild til að lækka almennan toll (ytri toll) á þeim vöruflokkum sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði tekur til. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við nokkrum tollskrárnúmerum í 3. tölul. sem láðst hafði að geta í frumvarpinu og loks verði bætt við 4. tölul. tollnúmerum skriðdreka og bifhjóla til þess að gera upptalninguna tæmandi.
4. Lagt er til að tvær nýjar greinar komi í frumvarpið. Annars vegar bætist við grein er veiti ráðherra heimild til þess að miða vörugjaldsstofn tilgreindra innfluttra vöruflokka við vörugjaldsstofn innlendra vara skv. 6. gr. vörugjaldslaga. Hins vegar komi ákvæði sem heimili skattyfirvöldum að meta eðlilegt heildsöluverð vöru þegar framleiðandi eða heildsali vöru er jafnframt smásali hennar og ekkert opinbert heildsöluverð liggur fyrir.
5. Lögð er til sú breyting á 6. gr. að gjalddagi vörugjalds verði í þriðja mánuði frá lokum uppgjörstímabils en óheppilegt þykir að gjalddagi vörugjalds og virðisaukaskatts sé í sama mánuði.
6. Lagt er til að 8. gr. verði breytt og gildistaka laganna verði 1. júlí 1993, en þó ekki fyrr en samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði tekur gildi að því er Ísland varðar.
7. Lögð er til viðbót við ákvæði til bráðabirgða og felur hún í sér að vörugjald af byggingarvörum falli niður, en þeir vöruflokkar, sem um er að ræða, eru sement, steinsteypa og skyldar vörur, svo og steypustyrktarjárn og gler. Breytingunni er ætlað að hafa áhrif til lækkunar á byggingarkostnaði og styrkja þannig aðgerðir til eflingar atvinnustarfsemi og lækka útgjöld heimila og atvinnurekstrar vegna áhrifa á lánskjaravísitölu. Lagt er til að breytingin taki þegar gildi.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. mars 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Sólveig Pétursdóttir.

Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara. Sigbjörn Gunnarsson.

922. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, SP, IBA, SigG).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr liður, c-liður, er orðist svo:
   16. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður toll af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „þegar slík gjaldtaka er óheimil, sbr. 2. mgr.“ í 2. málsl. 5. efnismgr. komi: þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna.
3. Við 4. gr.
   a. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðherra er heimilt að lækka almennan toll í dálki A í sömu köflum í allt að 7,5%.
   b. 3. tölul. orðist svo: Tollur á vörum í tollskrárnúmerunum 8431.4200 og 8431.4300 fellur brott.
   c. 4. tölul. orðist svo: Tollur á vörum í vörulið 8426 fellur niður.
4. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (6. gr.)
      Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gjaldstofn tilgreindra innfluttra veruflokka skuli ákveðinn í samræmi við ákvæði 6. gr.
   b. (7. gr.)
      Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef framleiðandi eða heildsali vöru er jafnframt smásali hennar eða heildsöluverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt heildsöluverð vörunnar. Við slíkt mat skulu skattyfirvöld taka mið af því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum milli óskyldra aðila.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Gjalddagi er fimmti dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili.
   b. Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
      Álag skv. 4. mgr. skal vera 2% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.
      Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.
6. Við 8. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 en þó ekki fyrr en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi að því er Ísland varðar.
7. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðanna „fyrir 15. janúar 1993“ komi: innan 15 daga frá því að lög þessi öðlast gildi.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. taka lög þessi gildi þegar í stað að því er varðar niðurfellingu vörugjalds á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

2523.1000	4403.3500	7003.1100	7009.9100	7214.5001
2523.2100	4403.9100	7003.1900	7009.9200	7214.6001
2523.2900	4403.9200	7003.2000	7016.1000	7217.1100
2523.3000	4403.9900	7003.3000	7016.9009	7217.1200
2523.9000	6801.0000	7004.1000	7213.1001	7217.1900
3816.0000	6810.1100	7004.9000	7213.2001	7217.2100
3823.4000	6810.1900	7005.1000	7213.3101	7217.2200
3823.5000	6810.9100	7005.2100	7213.3901	7217.2900
4403.1000	6810.9900	7005.2900	7213.4101	7217.3100
4403.2000	6901.0000	7005.3000	7213.4901	7217.3200
4403.3100	6902.1000	7006.0000	7213.5001	7217.3900
4403.3200	6902.2000	7007.1900	7214.2001	
4403.3300	6902.9000	7007.2900	7214.3001	
4403.3400	6904.1000	7008.0000	7214.4001	

8. Eftirfarandi breytingar verði á viðauka I við lög um vörugjald:

a. Eftirtalin tollskrárnúmer falla niður:

1. Úr B-lið: 2523.1000, 2523.2100, 2523.2900, 2523.3000, 2523.9000, 3816.0000, 3823.4000, 3823.5000, 4403.1000, 4403.2000, 4403.3100, 4403.3200, 4403.3300, 4403.3400, 4403.3500, 4403.9100, 4403.9200, 4403.9900, 5805.0000, 6801.0000, 6810.1100, 6810.1900, 6810.9100, 6810.9900, 6901.0000, 6902.1000, 6902.2000, 6902.9000, 6904.1000, 7003.1100, 7003.1900, 7003.2000, 7003.3000, 7004.1000, 7004.9000, 7005.1000, 7005.2100, 7005.2900, 7005.3000, 7006.0000, 7007.1900, 7007.2900, 7008.0000, 7009.9100, 7009.9200, 7016.1000, 7016.9009, 7213.1001, 7213.2001, 7213.3101, 7213.3901, 7213.4101, 7213.4901, 7213.5001, 7214.2001, 7214.3001, 7214.4001, 7214.5001, 7214.6001, 7217.1100, 7217.1200, 7217.1900, 7217.2100, 7217.2200, 7217.2900, 7217.3100, 7217.3200, 7217.3900, 7616.9009, 8706.0009, 8707.1000, 8707.9000, 8716.9002.
2. Úr D-lið: 8509.8000.
3. Úr lið F: 8519.2100, 8519.2900, 8519.3100, 8519.3900, 8519.9901, 8519.9902, 8520.9001, 8521.1021, 8521.1029, 8521.9021, 8521.9029, 8522.1000, 8522.9000, 8528.1002, 8529.9002, 8529.9003.

b. Við bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

1. Við B-lið: 4003.1000.
2. Við D-lið: 8509.8009, 8519.2900, 8519.3100, 8519.3900, 8519.9901, 8519.9902, 8520.9001, 8521.1021, 8521.1029, 8521.9021, 8521.9029, 8522.1000, 8522.9000, 8528.1002, 8529.9002, 8529.9003.

923. Tillaga til þingsályktunar [556. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson,
Eggert Haukdal, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar.

Greinargerð.

Móttökuskilyrði sjónvarps eru mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þau eru allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru þó skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig mjög misjöfn. Langbylgja heyrist víðast hvar, þó illa út af Vestfjörðum og á Breiðafirði. Miðbylgja heyrist út af Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi. Bylgjan heyrist þar sem útvarp næst. Erlendar stöðvar yfirgnæfa langbylgju og miðbylgju þegar dimmir.

Það er tvímælalaust mikið öryggismál að bæta sendingar útvarps til fiskimiðanna. Farsíminn virkar þar sem sjónvarp næst og heldur víðar. Þegar hann virkar ekki er eina sambandið við land í gegnum talstöð. Ef hún bilar er ekkert samband hægt að hafa í land og ekki hægt að fylgjast með aðvörunum um hættu, t.d. fárviðrisspám og tilkynningum um ís.

Tækniþróun á sviði sjónvarps og útvarps er mjög ör. Á síðustu árum hefur fleygt fram gervihnattatækni og annarri útsendingartækni. Má þar nefna fregnir af tilraunum með fjölrása sjónvarpssendingar í Bandaríkjunum. Einnig kann að vera fýsilegt að skoða möguleika á notkun gervihnattasendinga fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem þjónað geti dreifikerfi innan lands og bætt þjónustu við sjómenn á hafi úti.

Ekki skal á það lagður dómur hverjir kostir eru vænlegastir, en með hliðsjón af því hve tækni á þessu sviði hefur fleygt fram telja flutningsmenn fyllstu ástæðu til að íslensk stjórnvöld láti hið fyrsta fara fram athugun á því hvaða leiðir eru hagkvæmar til bóta í þessum efnum.

Fylgiskjal.

Sjónvarpsskilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.



Alþt. 1992. A. (116. löggjafarþing). 330

924. Frumvarp til laga [557. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð stofnun er heyrir undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Stofnunin skiptist í tvær deildir, rannsókna- og þróunardeild og prófa- og matsdeild.

3. gr.

Helstu verkefni rannsókna- og þróunardeildar eru:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála með sérstakri áherslu á verkefni er haft geta hagnýta og/eða fræðilega þýðingu fyrir uppeldis- og menntamál í landinu.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.
3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála.

4. gr.

Helstu verkefni prófa- og matsdeildar eru:

1. Sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa fyrir grunnskóla- og framhaldsskóla. Tryggt verði að kennarar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi taki þátt í prófagerð.
2. Hafa umsjón með mati á úrlausnum slíkra prófa, sérstaklega á lokaprófi viðkomandi skólastigs.
3. Sjá um mat á skólastarfi. Niðurstöður slíks mats skal birta opinberlega að jafnaði á fjögurra ára fresti.
4. Ráðgjöf til menntamálaráðherra um breytingar á aðalnámsskrá grunnskóla og námsskrá framhaldsskóla ef þurfa þykir í ljósi mats stofnunarinnar á starfi skólanna og þróunar í skólastarfi.

5. gr.

Starfi stofnunarinnar stýrir forstöðumaður, ráðinn til fimm ára í senn samkvæmt samningi við menntamálaráðherra. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora við Háskóla Íslands. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn með samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Háskólakennurum, kennurum og öðrum sérfræðingum í opinberri þjónustu er heimilt að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum innan stofnunarinnar að fengnu samþykki forstöðumanns.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd til fimm ára í senn er vera skal forstöðumanni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála til faglegrar ráðgjafar. Í nefndinni skulu eiga sæti sex fulltrúar, einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka kennara á grunnskólastigi, einn samkvæmt tilnefningu samtaka kennara á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands og rektor Háskólans á Akureyri. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

8. gr.

Meta skal starf stofnunarinnar á þriggja ára fresti af þar til kvöddum sérfræðingum sem ráðgjafarnefnd og ráðherra kalla til.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 69/1988, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, og 65. gr. laga nr. 49/1991. Úr 68. gr. sömu laga falla burt orðin „skólum, skólastarfi“, svo og önnur lagaákvæði er fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á gildandi lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Sjálfstæði stofnunarinnar er aukið, henni falin fleiri verkefni á sviði rannsókna og mats og gert ráð fyrir meiri þátttöku kennara í störfum stofnunarinnar.

Nauðsyn vel skipulagðra og faglegra rannsókna á íslensku skólastarfi er óumdeild. Hér er verið að stíga mikilvægt skref í þá átt að auka rannsóknir í þágu menntamála með því að efla stofnun sem er stjórnunarlega óháð yfirvöldum menntamála og öðrum þeim er aðild eiga að starfsemi þeirri er meta skal. Þykir því rétt að hverfa frá því skipulagi gildandi laga að stjórnarnefnd, tilnefnd af tilteknum aðilum, stýri daglegu starfi stofnunarinnar. Þess í stað er gert ráð fyrir faglegri ráðgjafarnefnd sem tekur þátt í mótun heildarstefnu en hlutast ekki til um dagleg rannsóknastörf. Þannig verður stjórnun þessarar stofnunar með sama hætti og yfirleitt er um stofnanir ríkisins, þ.e. að forstöðumaður stýrir venjulegum rekstri. Ráðgjafarnefndin er skipuð fleiri aðilum en stjórnarnefndin var. Fulltrúum kennara er fjölgað um tvo, þannig að bæði Kennarasamband Íslands og Hið íslenska Kennarafélag eiga þar fulltrúa. Einnig á rektor Háskólans á Akureyri sæti í nefndinni, en þar er nú búið að stofna kennaradeild. Þá er sú breyting gerð á gildandi lögum

að stofnuninni eru fengin veigamikil verkefni á sviði rannsókna og mats á skólastarfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kveðið er á um sjálfstæði Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og að hún heyri undir menntamálaráðherra.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir þeim skipulagsbreytingum að stofnunin skiptist framvegis í tvær deildir með aðgreindum viðfangsefnum, þar sem önnur fæst við rannsókna- og þróunarverkefni en hin við próf og mat á skólastarfi.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem í greininni eru talin helstu verkefni þeirrar deildar innan stofnunarinnar sem ætlað er að annast umsjón við gerð prófa og kannana í grunnskólum- og framhaldsskólum. Einnig er kveðið skýrt á um að kennarar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi taki þátt í prófagerð. Þá er einnig kveðið á um skyldur Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála til þess að kynna niðurstöður sínar með reglubundnum hætti og að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis varðandi gerð námsskrár fyrir þau skólastig er hér um ræðir.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir stjórnarnefnd er stýrir daglegu starfi stofnunarinnar heldur skal ráðinn forstöðumaður annast það. Með þessu er verið að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar í daglegu starfi hennar. Þannig ætti að vera tryggt að fulltrúar menntamálaráðherra, háskólastigs eða annarra skólastiga geti ekki haft áhrif á einstakar rannsóknir eða niðurstöður þeirra. Gerðar eru sömu kröfur til hæfis forstöðumanns og gert er í núgildandi lögum. Ráðningartími er miðaður við fimm ár.

Um 6. gr.

Rýmkuð er heimild gildandi laga er kveður á um að háskólakennurum sé heimilt að inna vinnuskyldu af hendi í stofnuninni. Þessi heimild nær nú til annarra kennara og fleiri sérfræðinga.

Um 7. gr.

Skipa skal sérstaka ráðgjafarnefnd er sé forstöðumanni til ráðuneytis í faglegum efnum. Nefnd þessi kemur að nokkru í stað þeirrar stjórnar er núgildandi lög kveða á um. Eðlilegra sýnist að faglegir fulltrúar séu fremur til ráðgjafar á sínum sérsviðum en þeim sé ætlað að fást við stjórnun stofnunarinnar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að óháðir aðilar meti starfsemi stofnunarinnar á þriggja ára fresti, þannig að tryggt verði að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til rannsóknastarfs af þessu tagi í nágrannalöndum.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verkefni flytjist frá menntamálaráðuneyti til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Breytast því ákvæði um aðra skipan mála til samræmis.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Þetta frumvarp felur í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum nr. 69/1988, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þær eru helstar:

— Stofnunin skiptist í tvær deildir, rannsókna- og þróunardeild og prófa- og matsdeild. Verkefni síðarnefndu deildarinnar eru að mestu ný miðað við núgildandi lög en þau eru að hluta til færð frá menntamálaráðuneyti.
— Samkvæmt núgildandi lögum er háskólakennurum heimilt að inna hluta af vinnuskyldu sinni af hendi í stofnuninni. Þessi heimild nær nú einnig til annarra kennnara og sérfræðinga.
— Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að stjórnarnefnd stýri daglegu starfi stofnunarinnar heldur skal skipa sérstaka ráðgjafarnefnd sem sé forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar. Nefndarmenn skulu vera sex en í stjórnarnefndinni sem starfar samkvæmt núgildandi lögum eru þeir fjórir.
— Starf stofnunarinnar skal metið af óháðum aðilum á þriggja ára fresti.

Ljóst er að 4. gr. frumvarpsins, um nýja prófa- og matsdeild, mun hafa mest áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Fyrir þeim útgjaldaauka er þegar áætlað í fjárlögum fyrir árið 1993 en fjárveiting til stofnunarinnar jókst úr 7,4 m.kr. í 27 m.kr. milli áranna 1992 og 1993. Að hluta til var um að ræða tilfærslu af fjárlagalið 720 Grunnskólar, almennt hjá menntamálaráðuneyti.

Í 7. gr. er kveðið á um ráðgjafarnefnd sem að hluta til kemur í stað stjórnarnefndar núgildandi laga. Nefndarmönnum fjölgar úr fjórum í sex en gera má ráð fyrir að ráðgjafarnefnd þurfi ekki að halda eins marga fundi og stjórnarnefnd sem hefur afskipti af daglegu starfi stofnunar. Þetta ákvæði þarf því ekki að hafa í för með sér aukin útgjöld.

Heimild kennara og annarra sérfræðinga til að inna af hendi hluta af vinnuskyldu sinni með störfum innan stofnunarinnar ætti ekki að hafa áhrif á útgjöld hennar. Ef heimild þessi er mikið notuð getur hún hins vegar haft í för með sér kostnaðarauka hjá þeirri

stofnun sem viðkomandi kennari eða sérfræðingur starfar hjá. Það verður að vera mat forsvarsmanns stofnunar hvort hægt sé að mæta slíkum kostnaðarauka innan fjárhagsramma viðkomandi stofnunar.

Kostnaðaráhrif 8. gr. um að meta skuli starf stofnunarinnar á þriggja ára fresti eru óljós. Fer það að öllu leyti eftir því með hvaða hætti það er framkvæmt, hversu margir sérfræðingar verða kallaðir til og hversu ítarlegt slíkt mat verður. Gera má þó ráð fyrir að það gæti kostað a.m.k. 200–500 þús. kr. en sá kostnaður yrði væntanlega greiddur af fjárveitingu stofnunarinnar.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er það mat fjármálaráðuneytis að það muni hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

925. Tillaga til þingsályktunar [558. mál]

um styttingu vinnutíma.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum.

Greinargerð.

Atvinnuleysi hefur farið vaxandi hér á landi á undanförnum mánuðum. Það verður a.m.k. 5% á árinu 1993 að mati Þjóðhagsstofnunar, en verkalýðsfélög hafa spáð allt að 20% atvinnuleysi. Þrátt fyrir það er vinnutími hér á landi lengri en í nokkru öðru Evrópulandi. Meðalvinnutími var samkvæmt könnun kjararannsóknarnefndar 45,8 stundir á viku á þriðja ársfjórðungi ársins 1992. Það skýtur skökku við að á meðan atvinnuleysi eykst skuli stöðugildi í landinu vera mun fleiri en fólk á vinnumarkaði þótt ýmsir vinni hlutastörf. Lítt hefur verið hugað að því að deila störfum milli fleiri en nú er gert. Fáir minnka við sig vinnu ótilneyddir og taka á sig það tekjutap sem af því leiðir. Á einstaka vinnustað hefur starfsfólk þó mætt samdrætti með því að deila á milli sín þeirri vinnu sem til skiptanna er til þess að koma í veg fyrir uppsagnir einhverra úr hópnum og þannig tekið á sig kjaraskerðingu. Í þessari tillögu er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að stytta vinnudag hvers og eins án kjaraskerðingar. Ýmis fyrirtæki hafa hagrætt verulega á undanförnum árum og afköst starfsfólks aukist. Í flestum tilvikum kemur slík hagræðing aðeins fyrirtækinu til góða en ekki starfsfólki sem innir af hendi meiri vinnu á skemmri tíma. Einnig er rétt að hafa í huga að aðstöðugjaldi hefur nú verið létt af íslenskum fyrirtækjum og tekjuskattur þeirra lækkaður. Þessar breytingar ættu að skapa svigrúm til styttingar vinnutíma.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hvort slíkar breytingar á vinnutíma geti verið liður í kjarasamningum. Mikil áhersla hefur að undanförnu verið lögð á að aukin atvinna sé forsenda kjarasamninga. Stjórnvöld hafa átt þátt í þríhliða samningaviðræðum ásamt launþegum og vinnuveitendum. Eðlilegt er að ræða styttingu vinnutíma í slíkum viðræðum. Með styttingu vinnutíma er hægt að skapa fjölmörg störf og spara samfélaginu um-

talsverðar fúlgur sem ella væru greiddar í atvinnuleysisbætur. Þannig væru stjórnvöld í stakk búin til að mæta auknum útgjöldum vegna styttingar vinnutíma opinberra starfsmanna og líklega aflögufær til að hlaupa undir bagga ef atvinnurekendur teldu lækkun skatta og hagræðingu undanfarinna ára ekki hrökkva fyrir kostnaði við styttingu vinnuvikunnar.

Stytting vinnuvikunnar hefur fleiri kosti. Varla leikur á því vafi að þörf er á því að fjölga samverustundum fjölskyldunnar. Mjög margir vinna langan vinnudag af illri nauðsyn. Samkvæmt lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem út kom árið 1990, telja 36,1% Íslendinga að þeir vinni of langan vinnudag. Ef litið er á fjölskyldur með börn fer hlutfallið upp í 40,4% hjá fólki í sambúð en 51,1% hjá einstæðum foreldrum. Helstu ástæður, sem upp eru gefnar fyrir því að foreldrar vilja vinna styttri vinnudag, eru: Vilji til að sinna áhugamálum, fjölskyldu og börnum. Fjárhagur fjölskyldunnar er ein helsta ástæða þess að fólk telur sig ekki geta minnkað við sig vinnu, 39% telja það meginástæðuna. Ef einungis er litið á afstöðu kvenna til langs vinnutíma kemur í ljós að 48,3% kvenna telja sig verða að vinna langan vinnudag af fjárhagsástæðum fyrst og fremst.

Umræða um styttingu vinnutíma er ekki ný af nálinni á Íslandi. Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins þingsályktunartillögu um styttingu vinnutímans (456. mál) og á 113. löggjafarþingi fluttu tveir þingmenn Alþýðuflokksins einnig tillögu um styttingu vinnutíma (315. mál).

Með auknu atvinnuleysi hlýtur að verða að taka þessa umræðu upp af meiri alvöru en nokkru sinni fyrr. Stytting vinnuvikunnar gæti skapað fleiri störf en nokkur önnur einstök aðgerð. Það er sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda, launþega og atvinnurekenda að snúa við þeirri óheillaþróun sem aukning atvinnuleysis er. Sú ábyrgð hvílir á herðum þeirra að leita allra hugsanlegra leiða í baráttunni við atvinnuleysisvofuna. Í þessari tillögu er bent á raunhæfan kost í þeirri baráttu.

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands og
Nordiska statistiska sekratariatet:

Samanburður á vinnutíma á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.
(Úr Leva i Norden, tabellbilaga, 1992.)

Tabell S9. d. Medelveckoarbetstid
Särredovisning efter socioekonomisk grupp

Socioekonomisk grupp		Danmark	Finland	Island	Norge	Sverige
Arbetare						
	Ej facklärda	37,3	39,9	44,6	30,4	35,8
	Facklärda	39,4	40,4	56,2	37,2	38,3
	Samtliga	38,0	40,1	49,5	33,1	36,9
Tjänstemän						
	Lägre	35,4	38,1	37,5	31,1	32,7
	Mellannivå	37,8	40,3	43,0	35,8	37,4
	Högre	41,6	44,1	51,8	40,5	42,2
	Samtliga	37,3	39,9	42,3	34,9	36,2
Företagare						
	Företagare	50,9	50,4	54,8	39,7	17,4
	Jordbrukare	51,5	51,5	67,0	42,2	22,1
	Samtliga	51,0	51,1	57,8	40,6	18,9
Ej yrkesaktiva						
	Studerande	.	7,9	20,8	8,6	4,7
	Hemarbetande	.	39,7	.	14,4	28,3
	Pensionärer	.	10,5	.	10,0	3,4
	Lgv. arbetslösa	.	.	.	.	24,7
	Samtliga	.	15,7	20,8	10,5	15,0
Samtliga		39,0	41,6	47,5	35,1	36,1

Tabell S9. e. Medelveckoarbetstid
Regional särredovisning

Region	Finland	Island	Norge	Sverige
Huvudstäderna	41,2	45,5	35,1	37,7
Göteborg	.	.	.	35,9
Malmö	.	.	.	36,2
Bergen	.	.	35,0	.
Tammerfors	41,1	.	.	.
Åbo	41,0	.	.	.
Trondheim	.	.	32,4	.
Södra Finland	41,4	.	.	.
Västra Finland	41,3	.	.	.
Östra Finland	42,0	.	.	.
Sydvest Island	.	45,4	.	.
Övriga Island	.	51,4	.	.
Östlandet	.	.	35,3	.
Agder, Fogaland	.	.	34,6	.
Vestlandet	.	.	34,6	.
Trönderlag	.	.	34,4	.
Östra Mellan Sverige	.	.	.	36,7
Småland med öarna	.	.	.	35,5
Syd Sverige	.	.	.	36,0
Väst Sverige	.	.	.	35,4
Norra Mellan Sverige	.	.	.	36,0
Norra Finland	42,0	.	.	.
Nord Norge	.	.	36,0	.
Mellersta Norrland	.	.	.	35,8
Övre Norrland	.	.	.	34,7
Samtliga	41,5	47,5	35,1	36,0

S9. f. Nr.spurningar / nr.spørsmål / nr. frågor

Finland
150.

Ísland
15a. Hversu löng var vinnuvikan hjá þér að jafnaði í síðasta mánuði? Hér er átt við heildarvinnutíma í aðalstarfi og aukastarfi, þ.m.t. yfirv. og heimavinnu (undirbúningsv.) sem því fylgir.
20.

Norge
19. Hvor mange timer pr. uke arbeider du vanligvis i ditt hovedyrke? Regn også med betalte overtidstimer, og ekstraarbeid i hjemm i forbindelse med dette arbeidet.

Sverige
48a. Hur många timmar arbetar du vanligt per vecka i din huvedsaklige anställning?

Fylgiskjal II.

Úr fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.

(3. ársfjórðungur 1992, janúar 1993.)

Tafla 1.2. Meðalfjöldi vinnustunda á viku. Starfsstéttir	3. ársfj. 1991	3. ársfj. 1992	Breyting tímar
Verkakarlar	49,6	48,9	-0,7
Verkakonur	44,8	43,9	-0,9
Iðnaðarmenn	47,4	46,3	-1,1
Afgreiðslukarlar	47,9	47,2	-0,7
Afgreiðslukonur	45,4	45,5	0,1
Skrifstofukarlar	42,5	41,3	-1,2
Skrifstofukonur	40,3	40,6	0,3
Allir	**46,4**	**45,8**	**-0,7**

Fylgiskjal III.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Hagstofa Íslands:

Úr bók Stefáns Ólafssonar, Lífskjör og lífhættir á Íslandi.
(Júní 1990.)

Finnst þér núverandi heildarvinnutími þinn á viku vera hæfilegur eða kysirðu heldur lengri eða skemmri vinnutíma? Við göngum þá út frá því að launin breytist í samræmi við vinnutímann.

	Hæfilegur	Of langur	Of stuttur	**Fjöldi**
Allir	56,8	36,1	7,1	1301
Karlar	53,3	40,7	6,0	681
Konur	60,6	31,1	8,2	620
16-24 ára	65,4	24,2	10,4	260
25-44 –	53,0	39,6	7,4	636
45-66 –	53,9	41,0	5,1	356
67-75 –	81,6	18,4	0,0	49
Verkafólk-ófagl.	62,6	27,2	10,2	265
Verkafólk-fagl.	55,6	38,4	6,1	99
Þjónustust.-lægri	60,6	31,4	7,9	353
Þjónustust.-milli	56,8	38,6	4,5	220
Þjónustust.-hærri	52,1	42,3	5,6	71
Bændur og sjómenn	55,7	39,1	5,2	115
Sjálfst. starfandi	43,4	50,9	5,8	173
Í sambúð án barna	57,6	36,8	5,6	465
Í sambúð með börn	53,2	40,4	6,4	438
Einhleypir án barna	62,4	27,9	9,8	348
Einhleypir með börn	42,2	51,1	6,7	45
Reykjavík	58,4	34,5	7,1	507
Reykjanes	59,4	33,1	7,5	320
Vesturl. og Vestf.	50,0	36,2	13,8	116
Norðurland	48,9	44,0	7,1	182
Austurl. og Suðurl.	60,2	38,1	1,7	176

Hvert þessara atriða er megin ástæðan fyrir því að þú kysir styttri vinnutíma? Nefnið aðeins eina ástæðu. (Þeir spurðir sem segjast vilja styttri vinnutíma.)

	Vinn of mik.	Sinna börn.	Sinna heim.	Vegna heilsu	Borgar sig ekki	Vil sinna áhugam.	Vil hafa rólegt	Ann-að	**Fjöldi**
Allir	14,2	13,1	19,5	9,1	3,3	24,8	6,0	10,2	452
Karlar	15,9	8,5	23,2	9,6	2,6	23,2	7,4	9,6	271
Konur	11,6	19,9	13,8	8,3	4,4	27,1	3,9	11,0	181
16-24 ára	11,7	10,0	6,7	0,0	8,3	55,0	3,3	5,0	60
25-44 –	13,1	20,5	26,6	5,3	2,0	17,2	3,3	11,9	244
45-46 –	17,3	2,2	13,7	18,7	2,9	25,9	11,5	7,9	139
67-75 –	11,1	0,0	0,0	22,2	11,1	11,1	11,1	33,3	9
Verkafólk-ófagl.	13,2	11,8	13,2	10,3	5,9	29,4	5,9	10,3	68
Verkafólk-fagl.	8,3	5,6	25,0	11,1	5,6	25,0	2,8	16,7	36
Þjón.st.-lægri	11,5	12,5	23,1	7,7	5,8	22,1	4,8	12,5	104
Þjón.st.-milli	18,1	24,1	18,1	8,4	2,4	21,7	2,4	4,8	83
Þjón.st.-hærri	13,8	10,3	17,2	0,0	0,0	51,7	0,0	6,9	29
Bænd. og sjóm.	24,4	2,2	8,9	17,8	2,2	17,8	20,0	6,7	45
Sjálfst. starf.	11,6	14,0	25,6	8,1	0,0	20,9	7,0	12,8	86
Í sambúð án b.	16,4	3,0	15,8	16,4	3,0	28,5	8,5	8,5	165
Í sambúð með b.	9,5	24,9	31,4	3,0	1,2	14,2	4,7	11,2	169
Einhleyp. án b.	18,9	2,1	4,2	8,4	7,4	43,2	5,3	10,5	95
Einhleyp. m. b.	14,3	47,6	19,0	0,0	4,8	0,0	0,0	14,3	21
Reykjavík	13,8	12,6	18,0	7,8	3,0	25,7	4,2	15,0	167
Reykjanes	13,6	15,5	20,4	9,7	3,9	26,2	6,8	3,9	103
Vesturl. og Vestf.	22,5	15,0	17,5	10,0	7,5	17,5	7,5	2,5	40
Norðurland	13,0	11,7	16,9	7,8	2,6	27,3	9,1	11,7	77
Aust.- og Suðurl.	12,3	10,8	26,2	12,3	1,5	21,5	4,6	10,8	65

926. Fyrirspurn [559. mál]

til menntamálaráðherra um skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga á Vesturlandi.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hvaða svæði á Vesturlandi njóta ekki viðunandi sjónvarpsskilyrða eða sendinga Rásar 2?
2. Hvaða áform eru uppi um að bæta skilyrðin þar sem þau eru ófullnægjandi?
3. Mun Ríkisútvarpið semja við Póst og síma um afnot af ljósleiðara til þess að bæta útsendingar útvarps og sjónvarps og ef svo er, hvenær er niðurstöðu að vænta?

Skriflegt svar óskast.

927. Tillaga til þingsályktunar [560. mál]

um undirbúning að alþjóðlegum skipstjórnar- og fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Kristín Ástgeirsdóttir, Svavar Gestsson, Guðni Ágústsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að starfrækslu alþjóðlegs skipstjórnar- og fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Í Vestmannaeyjum eru allar aðstæður mjög ákjósanlegar fyrir alþjóðlegan skipstjórnar- og fiskvinnsluskóla sem yrði í nánum tengslum við slíkt nám fyrir Íslendinga. Í Vestmannaeyjum er stýrimannaskóli, framhaldsskóli m.a. með vélstjórnarbraut, útibú frá Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, eina safnið með lifandi fiskum á landinu þar sem prófessor í fiskifræði við Háskóla Íslands mun einnig hafa aðsetur. Síðast en ekki síst er um 100 skipa floti í þessari stærstu verstöð landsins, floti með skip af öllum stærðum og gerðum í nábýli við hin auðugu fiskimið Suðurlands.

Húsnæði fyrir slíkan skóla er fyrir hendi í Vestmannaeyjum og því ástæða til þess að flýta sem kostur er undirbúningi að starfrækslu slíks skóla í Eyjum.

Reynsla Íslendinga af fiskveiðum við erfiðar aðstæður og fjölbreyttar getur skapað góðan og eftirsóknarverðan grundvöll fyrir erlenda aðila, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu.

Í fyrstu lotu eru full rök fyrir því að kanna til botns hvaða rekstrarmöguleika slíkur skóli hefur og hvernig hann gæti skilað sem mestum árangri.

928. Tillaga til þingsályktunar [561. mál]

um gerð fræðslu- og kynningarþátta um störf Alþingis.

Flm.: Árni Johnsen, Árni R. Árnason, Sigbjörn Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu að semja við sjónvarpið um gerð fræðslu- og kynningarþátta um störf Alþingis og alþingismanna.

Greinargerð.

Mikilvægt er að efla skilning þjóðarinnar á því starfi sem fer fram á Alþingi. Það er löngu ljóst að landsmenn hafa ekki haft tækifæri til þess sem skyldi að kynnast starfsemi Alþingis. Margt bendir til þess í umræðu á Íslandi að fólk hafi mjög bjagaða mynd af þeirri fjölþættu og viðamiklu starfsemi sem fer fram á Alþingi og hjá alþingismönnum. Oft er fjallað um það í almennri umræðu að fáir þingmenn sitji í þingsal og það er eins og margir haldi að það gefi einhverja raunverulega mynd af starfi Alþingis. Þá vantar inn í myndina fjölmarga þætti, nefndafundi, ýmiss konar erindi og aðra fundi, þátttöku í erlendu samstarfi, fjölþætt starf sem bæði er unnið innan veggja þeirra bygginga sem tilheyra Alþingi og utan þeirra.

Hægt er að vinna slíka þætti á marga vegu, en fyrst og fremst er það réttur íslenskra borgara að fá tækifæri til að fylgjast með starfsemi Alþingis á raunhæfan hátt og meta þannig störf og þróun Alþingis í stað þess að þurfa stanslaust að byggja á æðisundurslitnum upplýsingum um þessi mál í fjölmiðlum. Til að mynda væri æskilegt að gera 20–25 stutta þætti um þetta efni, 5–7 mínútna þætti, og tengja þá markvisst fréttatímum sjónvarps. Þá væri hægt að gera efnið spennandi með viðtölum við þingmenn og aðra um verklag, umræður á bak við tjöldin og ýmsa þætti sem sjaldan eru í sviðsljósinu. Slíkt átak í kynningu á störfum Alþingis ætti að verða til þess að auka traust almennings á störfum Alþingis og liður í því að ekki verði trúnaðarbrestur milli Alþingis og þjóðarinnar.

929. Tillaga til þingsályktunar [562. mál]

um að ráða myndlistamanninn Erró til að vinna myndlistarverkefni fyrir Íslendinga.

Flm.: Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að taka upp viðræður við myndlistarmanninn Erró, Guðmund Guðmundsson, í því skyni að hann taki að sér myndlistarverkefni fyrir Íslendinga, tengd menningu, sögu, atvinnulífi og náttúru landsins og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Erró er sá Íslendingur í málaralist sem er hvað þekktastur á alþjóðavettvangi og vekja verk hans sífellt meiri athygli. Stíll Errós höfðar til alls þorra fólks óháð landamærum. Erró hefur tekið að sér ákveðin verkefni fyrir stórfyrirtæki og stjórnvöld erlendis og hafa slík verk verið sýnd á alþjóðavettvangi.

Margt ynnist ef þessi íslenski málari tæki að sér verkefni fyrir Íslendinga, annaðhvort ákveðinn fjölda verka eða um ákveðinn tíma. Sérstæðir hæfileikar Errós nýttust á þann hátt íslenskri menningu og sýningarherferð á slíkum verkum á alþjóðavettvangi gæti verið liður í kynningu á Íslandi og markaðssókn í öðrum löndum. Sýning 15–30 verka Errós gæti orðið allsérstæður þáttur og nýstárlegur í slíkri viðleitni Íslendinga erlendis. Frami Errós er mikill heiður fyrir Ísland og ástæða er til fyrir Íslendinga að rækta betur samband við hann og list hans.

930. Tillaga til þingsályktunar [563. mál]

um opnun sendiráðs í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína og sameiningu sendiráða í Evrópu.

Flm.: Árni Johnsen, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að opna sendiráð í Peking í Kína og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína. Jafnframt undirbúi utanríkisráðuneytið sameiningu sendiráða í Evrópu sem nemur fækkun sendiráða um tvö til þrjú.

Greinargerð.

Í Kína býr um fjórðungur mannkyns. Um langan aldur hefur kínverska samfélagið verið mjög einangrað frá erlendum samskiptum og áhrifum, en nú eru ótrúlegir umbrotatímar í kínverska samfélaginu í uppbyggingu á öllum sviðum í átt til nútímaaðstæðna og aðstöðu eins og tíðkast á Vesturlöndum. Markaðssetning í stað miðstýringar gengur nú mjög hratt í Kína og m.a. hafa kínversk stjórnvöld keppst við að fá erlenda aðila til samvinnu og sameignar á ýmsum sviðum uppbyggingar, stofnunar fyrirtækja af öllum gerðum, þekkingar og hugvits, stjórnunar, skipulagningar og hönnunar og kínversk stjórnvöld hafa lagt fram að hálfu hlutafé til ýmiss konar uppbyggingarstarfsemi á móti helmingi hlutafjár frá erlendum aðilum. Á næstu áratugum eru stórkostleg verkefni fram undan á sviði hönnunar, skipulagningar, framkvæmda og markaðssetningar og breiddin er mjög mikil. Til að mynda í Guangzhou, sex milljóna manna höfuðborg Gunagdong-fylkis í Suður-Kína með 65 milljónir íbúa, er urmull verslana með mikið vöruúrval fyrir verkafólk sem hefur 2–3 þúsund íslenskar krónur í laun á mánuði, en þar í borg eru einnig glæsilegustu og nýtískulegustu stórverslanir sem um getur með vörum sem eru jafnvel dýrari en á Vesturlöndum.

Allt bendir til þess að Kína, sem hýsir fjórðung mannkyns, muni hasla sér völl á næstu áratugum sem stórveldi í iðnaði og uppbyggingu. Þar eru því augljósir möguleikar fyrir íslenskt hugvit og þekkingu og þar hafa íslenskir aðilar þegar þreifað fyrir sér varðandi hönnun og skipulagningu vegagerðar, framleiðslu húsgagna íslenskra hönnuða, stofnað og hafið rekstur lakkrísverkmsiðju sem áætlað er að framleiði 2.500 tonn af lakkrís á næsta ári og menn hafa þreifað fyrir sér varðandi íslenskar sjávarafurðir. Allt bendir til

þess að í náinni framtíð verði unnt að skapa þar mikilvægan og mjög verðmætan markað fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Mikill skortur er á margvíslegri nútímaþekkingu til uppbyggingar í Kína. Menntun var stöðvuð þar um árabil og má nefna að mesti starfsaldur manna í lögfræði, verkfræði og öðrum háskólagreinum nær vart tíu árum. Feikileg verkefni liggja fyrir varðandi uppbyggingu efnahagslífs, atvinnulífs, mannvirkja og markaðssetningar. Danir, Þjóðverjar, Bretar og fleiri vestrænar þjóðir hafa þegar hafið umsvif í kínversku samfélagi til þess að styrkja stöðu sína og sinna og taka þátt í átaki kínverskra stjórnvalda til hagsældar inn í framtíðina. Sem dæmi um verkefni fram undan má nefna lagningu vegar frá Peking til Suður-Kína fyrir upphæð sem nemur fimmhundraðföldum fjárlögum íslenska ríkisins, en fjárlögin fyrir 1993 voru upp á liðlega 105 milljarða tekjur. Erlendum aðilum stendur nú til boða að kaupa 600 ekrur af sjávarströnd í Suður-Kína til fiskeldis, uppbyggingar hraðfrystiiðnaðar, krókódílaeldis eða annars sem aðstaðan býður upp á. Ef Íslendingar halda rétt á málum og opna sendiráð í Peking og viðskiptaskrifstofu í Suður-Kína kunna margar dyr að opnast til hagsældar fyrir Íslendinga í framtíðinni.

Fyrir nokkru var gerð könnun á því hvort ástæða væri til þess að opna sendiráð fyrir Ísland í Japan og niðurstaðan var sú að hyggilegast væri að aðilar í einkarekstri og viðskiptum hefðu málin á sinni könnu án tilkomu sendiráðs. Þetta er rökrétt niðurstaða, ekki síst með tilliti til þess að öll viðskipti, uppbygging og þróun eru mjög markviss og skipulögð í Japan. Allt er í mjög föstum skorðum og nánast fullnýttir möguleikar, en mismunurinn á Kína og Japan er eins og dagur og nótt. Í Kína eru opnir möguleikar til allra átta og kallað er á kunnáttu, fjármagn og framtak erlendis frá í samfélagi þar sem liðlega milljarður manna býr.

Með tilliti til þess að velja fyrst og fremst leiðir til árangurs fyrir íslenskt þjóðfélag, eflingar nýrra markaða og mögulegs atvinnurekstrar á ýmsum sviðum kann að vera hyggilegt og eðlilegt að sameina a.m.k. 2–3 sendiráð í Evrópu þótt fámennar skrifstofur kunni að vera nauðsynlegar í hefðbundnum viðskiptalöndum. Til dæmis hlýtur að vera spurn hvort ekki sé eðlilegast að fyrir Norðurlöndin sé eitt aðalsendiráð í Danmörku, en fámennari viðskiptaskrifstofur annars staðar á Norðurlöndum. Allt er umbreytanlegt og fyrst og fremst hljótum við að beina kröftum okkar í næstu framtíð að átaki í sölumennsku á íslenskum afurðum, íslensku hugviti og reynslu en fram til þessa hafa margar þjóðir staðið okkur mun framar í sölumennsku og einmitt sá þáttur hefur skipt sköpum varðandi sterka stöðu þeirra meðal þjóða og almenna velsæld þegna viðkomandi landa.

Allir helstu fjárfestar í heiminum stefna nú til Kína, enda er þar mesta gróska fram undan í viðskiptum og uppbyggingu sem um getur. Leiðin til árangurs fyrir athafnaþjóðir liggur þangað ef menn vilja ekki missa af nýjum möguleikum sem eru í sjónmáli.

931. Frumvarp til laga [564. mál]

um öryggisfræðslunefnd sjómanna.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Kristjánsson, Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Árni M. Mathiesen, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni R. Árnason, Sigbjörn Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr slysum á sjó með bættu öryggi og aðbúnaði sjómanna.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá fulltrúa í öryggisfræðslunefnd sjómanna til fjögurra ára í senn. Skal einn fulltrúi vera tilnefndur af samtökum sjómanna, annar af samtökum útgerðarmanna en formann skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna með fræðslu og upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys á sjómönnum við störf og aðgerðir til að bæta aðbúnað sjómanna til dvalar og vinnu á skipum.
2. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um öryggismál sjómanna.
3. Að veita aðstoð og leiðbeiningar um öryggismál sjómanna.
4. Að fylgjast með og nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði öryggismála sjómanna.

3. gr.

Tekjur öryggisfræðslunefndar sjómanna eru:

1. 0,8% af vátryggingariðgjöldum íslenskra skipa.
2. 0,8% af slysatryggingum sjómanna á íslenskum skipum.

Nefndin gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun til nefndarmanna samkvæmt mati þóknananefndar.

Samgönguráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf öryggisfræðslunefndar sjómanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1993.

Greinargerð.

Öryggismálanefnd sjómanna, sem Matthías Bjarnason, fyrrverandi samgönguráðherra, skipaði níu alþingismönnum 1984, starfaði tímabundið til október 1986, en hluta starfstímans hafði nefndin úr fjármagni að spila til þess að reka áróður fyrir átaki í slysavörnum sjómanna. Fjármagnið, sem kom til vegna uppstokkunar sjóðakerfis sjávarútvegsins, skipti sköpum um það að skilningur og áhugi á öryggismálum sjómanna jókst bæði til sjós og lands, en íslenskir sjómenn búa við hæsta slysatíðni sjómanna allra nágrannalanda Íslendinga. Það er ljóst að það mun taka mörg ár að auka skilning sjómanna sjálfra á mikilvægi þess að vera vel á verði í öllu er lýtur að öryggi sjófarenda og efla virka þátttöku þeirra. Áróðursherferð þingmannanefndarinnar undir forustu Péturs Sigurðssonar, fyrrverandi alþingismanns, sannaði að það er hægt að gera stóra hluti í þessum efnum ef fjármagn er tryggt til verkefnisins. Með skipun öryggisfræðslunefndar sjómanna er ætlast til fyrirbyggjandi aðgerða, áróðurs á opinberum vettvangi sem beint sé til þeirra sem á brennur. Lögin um tóbaksvarnanefnd eru ekki ósvipuð að uppbyggingu og eðli, en einnig þeim er ætlað fyrirbyggjandi starf þar sem um líf og dauða er að tefla. Markaður tekjustofn hefur ráðið úrslitum um árangur, en síðan lögin tóku gildi hefur mælst á Íslandi mesti samdráttur í heiminum í notkun tóbaks hjá einni þjóð. Nær 80% af gjaldeyristekjum Íslendinga kom frá sjávarútvegi. Sá tollur, sem hafið tekur í harðri baráttu sjómanna við Ægi konung, er ótrúlega mikill, nær daglega slys þar sem menn eru frá vinnu í tvær vikur eða meira og fjöldi sjómanna ferst árlega í hafi. Það er því til mikils að vinna og ekki óeðlilegt að af tryggingum skipastóls landsmanna og slysatryggingum sjómanna sé tekið gjald til þessa viðfangsefnis því að aukinn áróður og fræðsla í öryggismálum sjómanna ætti að draga úr slysum og mannsköðum á sjó. 0,8% gjald af fyrrgreindum iðgjöldum hefði veitt öryggisfræðslunefnd sjómanna um 13,6 millj. kr. til ráðstöfunar 1992.

Árið 1992 voru iðgjöld af íslenskum fiskiskipum undir 100 tonnum um 365 millj. kr., 1.100 millj. kr. af skipum yfir 100 tonnum, af öðrum skipum um 150 millj. kr. og iðgjöld af atvinnuslysatryggingu sjómanna tæplega 100 millj. kr., alls um 1.700 millj. kr.

Öryggismál sjómanna eru viðamikill málaflokkur sem lýtur bæði að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir slys á sjó og aðgerðum til að bæta gerð og búnað skipa. Þar undir fellur m.a. hönnun og smíði skipa, búnaður þeirra, stöðugleiki og fjarskipti, þjálfun og menntun sjómanna og skipulag leitar og björgunar.

Á undanförnum árum hefur mikið áunnist í þessum efnum. Sett hafa verið lög og reglur sem gera auknar kröfur til gerðar og búnaðar skipa en ekki síður til útgerðarmanna og áhafna skipanna. Lögum og reglum þarf hins vegar að fylgja eftir. Aukinn öryggisbúnaður skipa og fræðsla sjómönnum til handa hefur skapað forsendur fyrir auknu öryggi þeirra sem síðan ætti að leiða til fækkunar slysa á sjó. Sjómenn sjálfir hafa sýnt þessum málum aukinn áhuga. Þrátt fyrir þetta hefur sjóslysum ekki fækkað og er mikilvægt að leitað sé allra leiða til að fækka slysum á sjó.

Í mars 1984 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd níu alþingismanna til að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna. Nefndin skilaði ítarlegum tillögum sem flestar hafa þegar verið framkvæmdar. Óhætt mun því að fullyrða að árangur af starfi nefndarinnar hafi þegar komið í ljós.

Tvær ráðstefnur hafa verið haldnar um öryggismál sjómanna, 1985 og 1987. Voru þær mjög vel sóttar, ekki síst af sjómönnum sjálfum, og gagnlegar tillögur komu þar fram sem margar verða væntanlega framkvæmdar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skal skipa þriggja manna öryggisfræðslunefnd sjómanna til fjögurra ára í senn.

Í greininni eru enn fremur nokkuð tæmandi ákvæði um störf öryggisfræðslunefndarinnar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekjustofn fyrir nefndina verði markaður sem 0,8% gjald af vátryggingariðgjöldum allra íslenskra skipa (skipa sem eru skráð eða skráningarskyld hér á landi) og af slysatryggingum sjómanna. Sá sem tryggir þarf samkvæmt því að greiða umrætt gjald til viðfangsefnisins.

Um 4.–5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

932. Fyrirspurn [565. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán og afskriftir ríkisbankanna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve mikil voru heildarútlán ríkisbankanna, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, árið 1992?
2. Hvernig skiptust útlánin hlutfallslega eftir atvinnugreinum og hversu mikill hluti þeirra var til einstaklinga?
3. Hve miklar voru afskriftir bankanna árið 1992?
4. Hvernig skiptast þær afskriftir eftir atvinnugreinum og hversu mikill hluti þeirra var vegna einstaklinga?

Skriflegt svar óskast.

933. Tillaga til þingsályktunar [566. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslun-

arsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísraels sem gerður var í Genf 17. september 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á ráðherrafundi EFTA í mars 1991 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Ísraels. Samningaviðræðunum lauk í júlí 1992 og fríverslunarsamningurinn var undirritaður 17. september 1992. Samningurinn er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins, í fskj. III samkomulag milli EFTA-ríkjanna og Ísraels varðandi útflutning frá yfirráðasvæðunum og í fskj. IV er að finna tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Ísraels.

Í janúar 1992 hækkaði Ísrael verulega innflutningstolla sína. Ríkisstjórn Ísraels hafði í upphafi 1991 boðað þessar breytingar. Útflytjendur í EFTA-ríkjunum töldu að með þessum aðgerðum Ísraelsstjórnar mundu þeir tapa markaðshlutdeild sinni í Ísrael til Bandaríkjanna og ríkja Evrópubandalagsins þar sem þau ríki hafa fríverslunarsamninga við Ísrael. Bandaríkin gengu frá slíkum samningi 1985 og EB-ríkin árið 1975. EFTA-ríkin töldu að vænlegast væri að gera sameiginlegan fríverslunarsamning við Ísrael í ljósi góðrar reynslu og vegna sterkari samningsstöðu í slíku samfloti.

Lagabreytinga vegna þessa samnings gerist ekki þörf, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga til að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.

Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá 1970–1972, þ.e. hann tryggir fríverslun með iðnaðarvörur (25.–97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka samningsins. Jafnframt nær hann til ákveðinna iðnaðarvara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar er kveðið á um meðferð þeirra í bókun A við samninginn. Sams konar fyrirkomulag hefur gilt í öðrum fríverslunarsamningum.

Frávik í þessum samningi frá fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja við Evrópubandalagið frá 1970–1972 eru að nokkur ákvæði í samningnum við Ísrael eru færð til nútímalegra horfs. Hér er um að ræða ríkiseinkasölu (9. gr.), opinber innkaup (14. gr.), hugverkaréttindi (15. gr.) og ríkisstyrki (18. gr.). Jafnframt nær samningurinn til fisks og annarra sjávarafurða með fáeinum undanþágum, sbr. nánari umfjöllun um 2. gr. og II. viðauka hér að neðan.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir lýsa samningsríki sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarfurðir (11. gr.). Til þess að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Ísrael til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Að öðru leyti fellur landbúnaður fyrir utan samninginn.

Viðskipti Íslands og Ísraels eru ekki mikil. Helstu útflutningsvörur eru frystur fiskur, lagmeti og loðnumjöl. Þessi viðskipti hafa ekki verið stöðug og hefur verið undir hælinn lagt hvaða vörur hafa verið fluttar út til Ísraels hin ýmsu ár. Útflutningur árið 1991 til Ísraels var að verðmæti um 173 millj. kr. eða 0,2% af heildarútflutningi það ár. Þær vörur, sem hér um ræðir, eru 1.761 tonn af loðnumjöli, 570 tonn af frystum þorskflökum, 132 tonn af heilfrystum fiski, lagmeti (fiskmeti) 2,5 tonn og aðrar vörur voru samtals 38 tonn. Árið 1990 voru t.d. flutt út tæp 400 tonn af frystum fiskflökum til Ísraels og um 40 tonn af heilfrystum fiski en ekkert af lagmeti og loðnumjöli. Árið 1989 voru

hins vegar flutt út 2.000 tonn af fiskimjöli og um 2 tonn af lagmeti en ekkert af frystum fiski. Árið 1990 var hlutdeild útflutnings til Ísraels aðeins 0,1% af verðmæti heildarútflutnings okkar.

Í kringum 1980 voru um tveggja til þriggja ára skeið flutt út um 1.000 tonn af fiski árlega til Ísraels og var þar aðallega um að ræða heilfrystan karfa og lítils háttar af flökum. Þegar Japansmarkaður opnaðist skömmu síðar féllu þessi viðskipti að mestu leyti niður.

Innflutningur frá Ísrael er að langmestu leyti ávextir og grænmeti en auk þess flytja Íslendingar inn talsvert af fatnaði, ýmsum unnum málmvörum og á árinu 1991 nokkuð magn vísinda- og mælitækja. Þá voru einnig fluttar inn ýmsar vélar og tæki til atvinnurekstrar. Innflutningur frá Ísrael er um 0,1% af verðmæti heildarinnflutnings okkar.

Af þessu sést að vöruviðskipti okkar við Ísrael eru mjög lítil enda hefur markaðurinn verið að mestu lokaður. Norskir fiskútflytjendur hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ná fótfestu á mörkuðum í Ísrael en reynst erfitt vegna hárra tolla, kvóta og annarra viðskiptahindrana. Með þessum samningi og fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Mið- og Austur-Evrópuríkin og Tyrkland ætti í framtíðinni að skapast meiri möguleikar við að auka markaðshlutdeild okkar í þessum ríkjum.

Vöruviðskipti Íslands og Ísrael 1989, 1990 og 1991

(Verðmæti í millj. kr. Gengi hvers tíma)

Útflutningur (Fob)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Heilfrystur fiskur	0,0	0,0	0,0%	42,9	3,9	5,3%	131,7	10,2	5,9%
Fryst fiskflök	0,0	0,0	0,0%	394,7	69,2	93,5%	569,6	104,5	60,4%
Lagmeti (fiskmeti)	2,4	0,7	1,1%	0,6	0,2	0,3%	2,5	0,9	0,5%
Loðnumjöl	2.000,0	65,4	98,5%	0,0	0,0	0,0%	1.760,9	51,4	29,7%
Aðrar vörur	0,0	0,3	0,5%	0,2	0,7	0,9%	38,0	5,9	3,4%
Samtals	**2.002,4**	**66,4**	**100%**	**438,4**	**74,0**	**100%**	**2.502,7**	**172,9**	**100%**
% af heildarútflutningi	0,21%	0,08%		0,05%	0,08%		0,35%	0,19%	

Innflutningur (CIF)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Ávextir og grænmeti		18,7	13,2%		35,2	69,2%		28,8	31,7%
Fatnaður		2,5	1,8%		1,7	3,3%		1,4	1,5%
Unnar málmvörur		3,3	2,3%		3,6	7,1%		6,4	7,0%
Ilmefni, snyrtivörur. sápa o.þ.h.		0,0	0,0%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Lyfja og lækningavörur		0,5	0,4%		0,5	1,0%		0,0	0,0%
Kemísk efni og afurðir		0,0	0,0%		0,6	1,2%		1,0	1,1%
Unnar vörur úr trjáviði og korki		0,0	0,0%		0,7	1,4%		0,0	0,0%
Húsgögn		0,4	0,3%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Aflvélar og búnaður		13,6	9,6%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Skrifstofuvélar, skýrsluvélar		1,5	1,1%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Ýmsar vélar til atvinnurekstar		98,5	69,3%		1,8	3,5%		9,9	10,9%
Rafmagnsvélar og tæki ó.t.a.		0,9	0,6%		2,7	5,3%		1,2	1,3%
Vísinda og mælitæki ó.t.a.		0,3	0,2%		3,2	6,3%		37,9	41,7%
Aðrar vörur		1,9	1,3%		0,9	1,8%		4,2	4,6%
Samtals	**0,0**	**142,1**	**100%**	**0,0**	**50,9**	**100%**	**0,0**	**90,8**	**100%**
% af heildarinnflutningi		0,18%			0,05%			0,09%	

Athugasemdir við samninginn.

1. gr.
Um inngangsorð samningsins og markmið.

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en geta verið þáttur í túlkun samningsins. Almennt orðalag í 1. gr. um markmið samningsins sem er að efla samvinnu EFTA-ríkjanna og Ísraels, einkum með því að efla, með aukningu gagnkvæmra viðskipta, samfellda þróun efnahagssamskipta, skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni og afnema viðskiptahöft. Orðalagið á að mestu rætur sínar að rekja til 1. gr. fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og EB.

2. gr.
Um gildissvið samningsins. I. og II. viðauki og bókun A.

Samningurinn nær til vöruviðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Ísraels en ekki slíkra viðskipta milli EFTA-ríkjanna. Allar iðnaðarvörur (kaflar 25–97 í tollskránni) falla undir samninginn með þeim fáeinu undantekningum sem tilgreindar eru í I. viðauka. Þessar undanþágur endurspegla samsvarandi ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB. Ísland hefur enga sérstöðu varðandi þennan viðauka. Hér er um að ræða nokkrar vörur, svo sem albúmínkennd efni, umbreytta sterkju, lím og ensín úr 35. kafla, ýmsar kemískar vörur úr 38. kafla, korkur og vörur úr korki úr 45. kafla og aðrar spunatrefjar úr jurtaríkinu, pappírsgarn og ofinn dúkur úr pappírsgarni úr 53. kafla.

Í bókun A með samningnum, sbr. 2. gr. 1. tölul. b, eru tilgreindar þær iðnaðarvörur unnar að hluta eða öllu úr landbúnaðarhráefnum sem falla undir samninginn og á hvern hátt þær gera það. Önnur EFTA-ríki en Ísland hafa heimild til að beita verðjöfnunargjöldum við innflutning þessara vara. Ísland hefur nokkra sérstöðu, sbr. 2. gr. 2. tölul. bókunar A og töflu VII við hann. Tafla VII samsvarar töflu 2, listum 1 og 2 í viðauka 2 í fríverslunarsamningi Íslands og EB ef undan er skilið að fáeinir vöruflokkar hafa verið teknir út. Íslandi er heimilt að beita tollum og fjáröflunartollum í samræmi við töflu VII, en er heimilt að taka upp verðjöfnunargjöld á þessar vörur. Með þessu heimildarákvæði er einkum haft í huga að með EES-samningnum verður Ísland að taka upp sama kerfi, þ.e. verðjöfnunargjöld, eins og önnur aðildarríki EES-samningsins beita.

Í samningaviðræðunum um fríverslunarsamning þennan vildu fulltrúar Ísraels að sem mest samsvörun væri við fríverslunarsamninga þeirra við Bandaríkin og Evrópubandalagið. Bentu þeir á að fiskur og fiskafurðir féllu alveg fyrir utan þessa samninga og auk þess væru fiskur og fiskafurðir í Ísrael flokkaðar sem landbúnaðarvörur og hluti af landbúnaðarstefnu þeirra. Þó nokkur veiði væri í vötnum og væri þessi veiði oft hluti af starfsemi samyrkjubúa. Einnig væri veiði stunduð af þeirra hálfu á Miðjarðarhafi. Af hálfu EFTA-ríkjanna var bent á að það væri ófrávíkjanleg stefna í fríverslunarsamningaviðræðum þeirra að fríverslun skyldi ná til fisks og fiskafurða. Þetta deilumál var það síðasta sem leystist í samningaviðræðunum. Það samkomulag er útlistað í II. viðauka samningsins, sbr. 2. gr. 1. tölul. c. Ísrael fær aðlögunartíma til að afnema alla tolla og aðrar viðskiptahindranir (kvóta) á allan fisk og fiskafurðir með fáeinum undanþágum sem tilgreindar eru í II. viðauka, töflu 5. Fæstar þær fisktegundir, sem eru tilgreindar á undanþágulistanum, eru ekki veiddar í íslenskri lögsögu. Frjáls innflutningur frá Ísrael til Austurríkis, Liechteinstein og Sviss nær ekki til alls þess fisks og fiskafurða sem falla undir frjáls viðskipti milli EFTA-ríkjanna. Að öðru leyti er þetta samkomulag byggt á fyrirkomulagi um fríverslun á sjávarafurðum innan EFTA.

3. gr.

Um upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd. Bókun B.

Í 3. gr. og bókun B samningsins er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda um tollaframkvæmd. Reglur þessar styðjast við samsvarandi reglur í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB frá 1970–1972 og EFTA-samningnum.

4. gr.

Um innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

Við gildistöku samningsins skulu allir innflutningstollar og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, afnumin á þeim vörum er falla undir samninginn. Sérstakur aðlögunartími fyrir Ísrael er varðandi tolla á fiski og fiskafurðum eins og þegar hefur verið vikið að. Ekki var talin þörf á aðlögunartíma vegna iðnaðarvara þar sem bæði EFTA-ríkin og Ísrael eru þegar aðilar að öðrum fríverslunarsamningum sem iðnaðarvörur falla undir.

5. gr.

Um fjáröflunartolla. Viðauki C.

Við gildistöku samningsins skulu allir fjáröflunartollar við innflutning vara, er falla undir samninginn, afnumdir. Undanþágur frá þessu eru í viðauka C. Undanþágurnar varða Ísland, Liechtenstein og Sviss. Undanþágulisti Íslands er samhljóða gildandi lista í fríverslunarsamningnum við EB. Þegar samningaviðræður hófust við Ísrael þótti rétt að halda þessum fjáröflunartollum þótt stefnt sé að því að fella þá niður.

6. gr.

Um útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. III. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu allir útflutningstollar og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, afnumdir. Í III. viðauka eru tilgreindar undanþágur frá þessu fyrir Ísland og Sviss. Heimildin varðandi Ísland er sú sama og er í fríverslunarsamningnum við EB um að taka megi upp útflutningsgjöld á ákveðnar sjávarafurðir.

7. gr.

Um magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif. IV. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á inn- og útflutning í EFTA- ríkjunum og Ísrael afnumdar. Undanþáguheimildir eru þó við banni á út- og innflutningstakmörkunum, sbr. 7. gr. 2. tölul. og IV. viðauka. Undanþágurnar varða öll aðildarríki samningsins. Íslandi er heimilt að hafa innflutningstakmarkanir á jarðolíu, sópum og burstum eins og tilgreint er í IV. viðauka, töflu A. Nú hafa viðskipti með olíu og olíuvörur verið gefin frjáls og er þessi heimild hvað þær vörur snertir því nú í raun óþörf. Hvað snertir sópana og burstana er verið að vernda framleiðslu á vegum Blindravinafélagsins líkt og gert var í fríverslunarsamningnum við EB 1973 og EES-samningnum.

8. gr.

Um takmarkanir af ástæðum öðrum en efnahagslegum.

Í samningnum er ákvæði sem útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi og verndun hugverka. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó ekki beita til gerræðislegr-

ar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna. Slíkt ákvæði er í GATT- samningnum (20. gr.), EES-samningnum (13. gr.), EFTA-samningnum (12. gr.) og í flestum fríverslunarsamningum.

9. gr.
Um ríkiseinokun.

Ákvæðið um ríkiseinokun er samhljóða 16. gr. EES-samningsins sem endurspeglar aftur orðalag 37. gr. Rómarsamningsins. Hér er ekki um að ræða bann við ríkiseinokun heldur er kveðið á um að tryggja verði að ríkiseinkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar.

Í bókun 8 við EES-samninginn er tveggja ára aðlögunartími vegna Áburðarverksmiðju ríkisins. Í 16. gr. bókunar um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins við Ísrael segir að 9. gr. samningsins um ríkiseinokun á Íslandi á áburði gildi einungis að því marki að Ísland verði að uppfylla samsvarandi skuldbindingar vegna EES-samningsins.

10. gr.
Um tæknilegar reglugerðir.

Meðal EFTA-ríkjanna er tilkynningarskylda á drögum að tæknilegum reglugerðum. Í stað þess að taka upp slíkt kerfi milli EFTA-ríkjanna og Ísraels var ákveðið að ef slíkar reglugerðir eða væntanlegar reglugerðir hafa eða munu leiða til viðskiptaþvingana eigi að ræða þær í sameiginlegu nefndinni sem sett er á stofn með samningnum.

11. gr.
Um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í inngangi er gerð grein fyrir þessu ákvæði og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

12. gr.
Um innlendar álögur.

1. mgr. þessarar greinar felur í sér að forðast eigi að mismuna innlendum og innfluttum vörum við óbeina skattlagningu eða gjaldtöku. Stjórnvöld hafa fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Með 2. mgr. er verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatta en þá sem lagðir hafa verið á vörur og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsríkis. Sams konar ákvæði er í 19. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB og í 14.–15. gr. EES-samningsins.

13. gr.
Um greiðslur.

Ákvæði þetta er spegilmynd 19. gr. fríverslunarsamnings einstakra EFTA-ríkja og EB. Það felur í sér skv. 1. mgr. að engin höft megi leggja á greiðslur sem fara fram vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkjanna og Ísraels né á yfirfærslu á þessum greiðslum til samningsríkja þar sem kröfuhafi er búsettur. Jafnframt ber samningsríkjum, sbr. 2. mgr., að forðast að takmarka með ákvæðum um gjaldeyrisviðskipti eða fyrirkomulag afgreiðslu, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma. Ísrael hefur tímabundna og takmarkaða undanþágu frá 2. mgr. þessa ákvæðis út af erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar.

14. gr.
Um opinber innkaup.

Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera. Frá og með gildistöku samningsins skulu samningsaðilar veita hver öðrum aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við GATT-samninginn um opinber innkaup frá 1979 og eins og honum var breytt 1987. Ætlunin er að eftir gildistöku samningsins verði opinber innkaup til umræðu í sameiginlegu nefndinni með það markmið í huga að opna frekar markaði samningsaðila fyrir opinberum innkaupum og ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við opinber útboð til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun.

15. gr.
Um vernd hugverka. V. viðauki.

Samningurinn á að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eins og afritun og þjófnaði. Nánar er getið um skuldbindingar þessar í V. viðauka samningsins.

16. gr.
Um efndir skuldbindinga.

Ákvæðið áréttar heimild samningsaðila til að grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 23. gr. samningsins ef EFTA-ríkin eða Ísrael standa ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

17. gr.
Um reglur um samkeppni milli fyrirtækja.

Ákvæði þetta má rekja til 23. gr. fríverslunarsamninga einstakra EFTA-ríkja við EB sem endurspeglar meginreglur 85.–86. gr. Rómarsamningsins.

18. gr.
Um ríkisstyrki. VI. og VII. viðauki.

Ríkisstyrkir, sem raska eða gætu raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samræmist ekki framkvæmd samningsins að því leyti sem þeir hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Ísraels. Í VI. viðauka er nánari útfærsla á þessu ákvæði. Viðaukinn endurspeglar túlkunarákvæðin sem eru í gildi meðal EFTA-ríkjanna og útfærir nánar 13. gr. EFTA-samningsins. Í viðaukanum eru sett fram dæmi um það hvaða ríkisstyrkir teljast ekki brot á 18. gr. samningsins við Ísrael, dæmi um hvað telst brot á henni og að jafnaði brot á henni.

Til að tryggja skýrleika í meðferð ríkisstyrkja skulu samningsríki skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í VII. viðauka og nánar verður útfært af sameiginlegu nefndinni innan eins árs frá gildistöku samningsins.

Í 20. gr. bókuninnar um framkvæmd ýmissa þátta samningsins milli EFTA-ríkjanna og Ísraels er samkomulag um að endurskoða ákvæðið um ríkisstyrki fyrir lok 1995 og við þá endurskoðun á einkum að hafa í huga samskipti EFTA-ríkjanna og Ísraels við EB á þessu sviði.

19. gr.
Um undirboðstolla.

Samkvæmt þessu ákvæði geta samningsríki, verði þau vör við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem heyra undir samninginn, gripið til viðeigandi gagnráðstafana, í samræmi við VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninga tengda þeim, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr. samningsins við Ísrael.

VI. gr. GATT var nánar útfærð með sérsamningi í svokölluðum Tókíó-viðræðum (1973–1979). Sá sérsamningur er til umræðu í núverandi viðskiptalotu GATT (Úrúgvæviðræðunum).

20.–23. gr.
Um neyðaraðgerðir vegna útflutnings tiltekinna vara, um endurútflutning og alvarlegan vöruskort og um erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Aðferð við beitingu öryggisráðstafana.

Í fríverslunarsamningum er að jafnaði öryggisákvæði sem gera það mögulegt að fella úr gildi tímabundið hluta samninganna ef þar til greindir ófyrirsjánalegir erfiðleikar koma í ljós. Í 23. gr. er samkomulag um aðferð við beitingu öryggisráðstafana. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem þar eru tilgreindar skulu samningríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um og sameiginlegu nefndinni og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. EFTA-ríkin og Ísrael eru sammála um að heimilt sé að grípa til viðeigandi aðgerða skv. 23. gr. ef skilyrðum öryggisákvæðanna í 20.–22. gr. er fullnægt eða samningsríki uppfyllir ekki samningsskyldu sína í samræmi við 16.–19. gr.

Í framkvæmd hafa slík öryggisákvæði verið lítið sem ekkert notuð í samskiptum EFTA-ríkjanna né samskiptum þeirra við EB.

24. gr.
Um undanþágur vegna öryggishagsmuna.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB og í 23. gr. EES-samningsins.

25. gr.
Um að valda ekki mismunun.

Ákvæðið áréttar að ekki megi mismuna samningsaðilum, ríkisborgurum þeirra eða fyrirtækjum varðandi þá þætti er falla undir umfang samningsins.

26.–27. gr.
Um skipun og störf sameiginlegu nefndarinnar.

Við gildistöku samningsins er sett á stofn sameiginleg nefnd. Hlutverk hennar verður að framkvæma samninginn. Fulltrúar allra samningsríkja eiga sæti í henni. Ákvarðanir hennar eða tillögur eru teknar með samhljóða samþykki allra. Nefndin kemur saman eins oft og nauðsyn ber til en eigi sjaldnar en einu sinni á ári og getur hún ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

28.–29. gr.
Um þróunarákvæði.

Samkvæmt 28. gr. getur samningsríki, þegar það telur það til framdráttar efnahag samningsríkja, þróað enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til og sent hinum ríkjunum rökstudda beiðni þar um. Í 29. gr. er sérstakt þróunarákvæði varðandi þjónustu og fjárfestingu.

30. gr.
Um bókanir og viðauka.

Bókanir og viðaukar með samningnum eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin hefur vald til að breyta bókunum og viðaukum með samhljóða samþykki allra samningsríkja. Um breytingar á megintexta samningsins gildir 34. gr. hans.

31. gr.
Um viðskipti sem heyra undir aðra samninga.

Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja og Ísraels en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja og kemur ekki í veg fyrir að eitt eða fleiri samningsríkjanna stofni til tollabandalags eða fríverslunarsvæðis að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna samkvæmt þessum samningi.

32. gr.
Um landsvæði það sem samningurinn gildir.

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna. EFTA-ríkin og Ísrael náðu samkomulagi með sérstakri sameiginlegri yfirlýsingu um að Ísrael muni ekki hindra beinan útflutning frá yfirráðasvæðunum. Yfirlýsing með sama efnisinnihaldi var gefin út í tengslum við fríverslunarsamning EB og Ísraels.

33. gr.
Um gildistöku.

Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993 gagnvart þeim samningsríkjum sem hafa afhent vörsluaðila, sem er Sviþjóð, fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín. Að því tilskildu að Ísrael sé eitt þeirra ríkja. Gagnvart þeim samningsríkjum sem afhenda fullgildingar- eða staðfestingarskjal eftir þann tíma tekur samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.

34. gr.
Um breytingar á samningnum.

Breytingar á megintexta samningsins skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykktar og öðlast fyrst gildi þegar öll samningsríkin hafa samþykkt breytingarnar og fullgildingar- eða staðfestingarskjöl um það hafa borist vörsluaðila.

35. gr.
Um aðild.

Sérhvert ríki, sem aðild á að EFTA, getur gerst aðili að samningnum svo framarlega sem sameiginlega nefndin samþykkir það samhljóða. Þetta á bæði við um núverandi og hugsanlega nýja aðila að EFTA.

36. gr.
Um úrsögn og niðurfellingu samningsins.

Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila. Ef Ísrael eða öll EFTA-ríkin senda slíka tilkynningu um úrsögn fellur samningurinn úr gildi sex mánuðum eftir að slík úrsögn berst vörsluaðila frá Ísrael eða frá öllum EFTA-ríkjunum. Ef EFTA-ríki segir sig úr EFTA jafngildir það að aðild hans að þessum samningi fellur niður frá þeim tíma sem úrsögn þess úr EFTA tekur gildi.

37. gr.
Um vörsluaðila.

Vörsluaðili samningsins er ríkisstjórn Sviþjóðar. Ákveðið var að Sviþjóð yrði vörsluaðili fyrir alla fríverslunarsamningana sem EFTA-ríkin standa að þar sem Sviþjóð er vörsluaðili EFTA-samningsins, sbr. 39. gr. EFTA-samningsins.

Um bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningins.

Í bókuninni eru ýmis túlkunaratriði og útfærsla á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans. Er hér m.a. um að ræða ýmis gjöld sem Ísrael leggur á og reynt er að koma í veg fyrir misnotkun þeirra (1.–12. gr) og nánari útfærsla á viðauka B um upprunareglur (13.–14. gr.).

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Formálsorð.

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Sviþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

Ísraelsríki (hér eftir nefnt Ísrael)

með hliðsjón af stofnsáttmála Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA),

með hliðsjón af fríverslunarsamningum og hliðstæðum skjölum milli Ísraels og helstu viðskiptalanda þess,

með hliðsjón af samstarfi sem þróast hefur í kjölfar fyrrnefndra samninga svo og milli einstakra EFTA-ríkja og Ísraels,

lýsa sig reiðubúin til að gera ráðstafanir til að stuðla að samfelldri þróun viðskipta sín á milli og auka og þróa samstarf sitt á fleiri sviðum þar sem þau hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar á meðal sviðum sem samningur þessi nær ekki til, og skapa þar með forsendur og móttækilegt umhverfi fyrir samskipti sem byggjast á jafnræði og eru án mismununar,

sem vísa til sameiginlegra hagsmuna EFTA-ríkja og Ísraels í að styrkja jafnt og þétt marghliða viðskiptakerfið og með tilliti til stöðu þeirra sem samningsaðila að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, en ákvæði þess og skjöl mynda grundvöllinn í utanríkisviðskiptastefnu þeirra,

hafa einsett sér að setja ákvæði er miða að því að afnema í áföngum hindranir á viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels í samræmi við ákvæði þess samnings, einkum þau er varða myndun fríverslunarsvæða,

staðfesta sameiginlega ætlun EFTA-ríkja og Ísraels við áframhaldandi og samfellda þróun efnahagssamvinnu,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi aðildarríki samnings þessa (hér eftir nefnd aðilarnir) undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

hafa ákveðið, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.
Markmið.

Samningur þessi miðar að því:

a. að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkja og Ísraels,
b. að skapa sanngjarnar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja,
c. að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum,
d. að auka samstarf EFTA-ríkja og Ísraels.

2. gr.
Gildissvið.

1. Samningurinn tekur til:

a. vara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka,
b. vara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,
c. fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Ísrael.

2. Ákvæði um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem falla ekki undir 1. mgr., er að finna í 11. gr.

3. Samningur þessi tekur til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Ísraels hins vegar. Hann tekur ekki til viðskipta milli EFTA-ríkja innbyrðis nema kveðið sé á um annað í samningnum.

3. gr.
Upprunareglur.

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Aðilarnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4.–7., 12. og 21. gr. samningsins séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt, að teknu tilliti til þarfarinnar á að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum sem gerðar eru í viðskiptum og til þarfarinnar á að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, verða lögð á í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samnings þessa skulu EFTA-ríki afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Ísrael og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

3. Frá og með gildistöku samningsins skal Ísrael afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

5. gr.
Fjáröflunartollar.

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Aðilar geta lagt á fjáröflunargjald í stað fjáröflunartolls eða þess hluta tolls sem er fjáröflunar eðlis.

6. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, verða lögð á í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samningsins ber að afnema útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif að öðru leyti en kveðið er á um í III. viðauka.

7. gr.
Magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á inn- eða útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á inn- eða útflutningi til EFTA-ríkja og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif, afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IV. viðauka.

3. Að því er varðar samning þennan eiga magntakmarkanir og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif, við bönn eða takmarkanir á inn- eða útflutningi til EFTA-ríkis frá Ísrael eða til Ísraels frá EFTA-ríki sem beitt er með kvótum, leyfum til inn- eða útflutnings eða öðrum ráðstöfunum eða skilyrðum stjórnvalda sem takmarka viðskipti.

8. gr.
Takmarkanir vegna annarra ástæðna en efnahagslegra.

Samningurinn útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, gróður- og umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi eða verndun hugverka. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli EFTA-ríkis og Ísraels.

9. gr.
Ríkiseinokun.

1. Samningsríkjunum ber að gera ráðstafanir til að tryggja að ríkiseinokun á einhverju sviði viðskipta verði breytt þannig að hún valdi ekki mismunun milli ríkisborgara EFTA-ríkja og Ísraels að því er varðar innkaup eða markaðssetningu vara.

2. Ákvæði greinar þessarar ná til allra stofnana sem lögbær yfirvöld aðilanna, að lögum eða í raun, beita fyrir sig beint eða óbeint til að hafa eftirlit með eða stjórna inn- eða útflutningi milli aðilanna eða hafa veruleg áhrif á hann. Ákvæðin ná auk þess til einokunar sem ríkið afsalar sér öðrum.

10. gr.
Tæknilegar reglugerðir.

1. Aðilarnir viðurkenna mikilvægi samræmdra alþjóðastaðla og tæknilegra reglugerða fyrir þróun viðskipta.

2. Þeir ítreka stuðning sinn við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti að því er varðar tæknilegar viðskiptahindranir og málsmeðferðina sem þar er getið um.

3. Aðilarnir geta haft samráð innan sameiginlegu nefndarinnar telji aðili að annar aðili hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar á fullnægjandi hátt, einkum ef aðili telur að annar aðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað hindrun við viðskipti.

4. Aðilar eru sammála um að hefja samningaviðræður um möguleika á nánari samvinnu á sviði prófunar og vottunar til þess að auðvelda viðskipti enn frekar.

11. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir.

1. Aðilarnir lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Ísrael um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Aðilum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

12. gr.
Innlendar álögur.

1. Aðilum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innan lands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli vara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra vara frá Ísrael.

2. Vörur, sem fluttar eru út til landsvæðis aðila, skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

13. gr.
Greiðslur.

1. Engin höft má leggja á greiðslur vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkis og Ísraels eða yfirfærslu á slíkum greiðslum til landsvæðis aðila þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Aðilum ber að forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskiptum eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Ísrael áskilur sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt stöðu Ísraels gagnvart Alþjóðagjaldeyrisjóðnum og að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar. Slíkum takmörkunum ber að beita þannig að þær valdi sem minnstri röskun á samningnum. Ísrael ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni tafarlaust þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar og um allar síðari breytingar.

14. gr.
Opinber innkaup.

1. Aðilar telja það vera óaðskiljanlegt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu aðilar veita fyrirtækjum frá hinum samningsaðilunum gagnkvæman aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987 sem samið var um innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

3. Með tilliti til reglna og fyrirkomulags, sem samþykkt var innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og við þriðju lönd á þessu sviði, ætla aðilarnir að auka gildissvið 2. mgr. þessarar greinar eftir gildistöku samningsins í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a. Aðilarnir eru sammála um að tryggja skýrleika í gerð samninga og frjálsan aðgang og sjá til þess að koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá aðilunum. Í þeim tilgangi ber aðilum að aðlaga stig af stigi reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum og af einkafyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttinda.

b. Aðilarnir eru sammála um að heimila sameiginlegu nefndinni að ákveða, eins fljótt og unnt er, fyrirkomulag sem beita skal, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur til að koma á þessum breytingum, með tilliti til þess að viðhalda fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga aðilanna.

4. Eins skjótt og við verður komið eftir gildistöku samningsins ber sameiginlegu nefndinni að hefja viðræður um að bæta í áföngum við listann yfir þau fyrirtæki sem ákvæði samningsins ná til að því er varðar innkaup á vöru og þjónustu umfram hin tilgreindu mörk.

15. gr.
Vernd hugverka.

1. Aðilum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar eins og skilgreint er í 1. gr. V. viðauka. Þeir skulu samþykkja nægilegar og árangursríkar ráðstafanir án mismununar til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingum og ólöglegri nýtingu. Nánar er getið um skuldbindingar samningsaðila í V. viðauka.

2. Aðilarnir eru sammála um að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í 2. gr. V. viðauka og leggja sig alla fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi.

3. Að því er snertir hugverk skulu aðilarnir ekki veita ríkisborgurum hvers annars lakari vernd en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi á sviði hugverka sem til komin er vegna:

a. tvíhliða samninga sem í gildi eru hjá samningsaðila við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum í síðasta lagi fyrir gildistöku samningsins,
b. alþjóðasamninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu sem aðilarnir hafa ekki allir gerst aðilar að,

má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða óréttlátri mismunun gegn ríkisborgurum annarra aðila.

4. Tveimur aðilum eða fleiri er heimilt að gera frekari samninga um víðtækari vernd en samkvæmt ákvæðum í samningi þessum og V. viðauka, að því tilskildu þó að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að aðilarnir séu tilbúnir að hefja samningaviðræður í þessu skyni í góðri trú.

5. Aðilarnir eru sammála um að fylgjast hver hjá öðrum með beitingu ákvæðanna um hugverk með það fyrir augum að auka verndina enn frekar og til að koma í veg fyrir eða lagfæra röskun á viðskiptum sem til kemur vegna þeirrar verndar sem hugverkaréttindum er veitt.

6. Telji einhver aðili að annar hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og viðauka við hana er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

7. Aðilar skulu samþykkja viðeigandi fyrirkomulag á tæknilegri aðstoð og samvinnu yfirvalda sem í hlut eiga. Í þeim tilgangi skulu þeir hafa samráð og samstarf við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir.

16. gr.
Uppfylling skuldbindinga.

1. Aðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Ísrael hafi ekki, eða telji Ísrael að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum er aðilanum, sem í hlut á, heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

17. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja.

1. Eftirfarandi atriði samrýmast ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Ísraels:

a. allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til þess;
b. misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á landsvæðum aðila í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, opinber verkefni þeirra.

3. Telji aðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum þessarar greinar er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

18. gr.
Ríkisaðstoð.

1. Sérhver aðstoð, sem aðili veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum, einstakri framleiðslugrein eða framleiðslu tiltekinna vara forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Ísraels.

2. Meta skal athæfi sem brýtur í bága við 1. mgr. á grundvelli forsendna sem tilgreindar eru í VI. viðauka.

3. Aðilar skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í VII. viðauka. Sameiginlegu nefndinni ber að samþykkja nauðsynlegar starfsreglur vegna framkvæmdar þessarar málsgreinar innan eins árs frá gildistöku samningsins.

4. Telji aðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

19. gr.
Undirboðstollar.

Verði aðili var við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem samningurinn tekur til getur viðkomandi gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninga tengda þeirri grein samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

20. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru.

Þegar innflutningur tiltekinnar vöru, sem upprunnin er í EFTA-ríki eða Ísrael, eykst svo mjög eða við slík skilyrði að valdi eða valdið gæti:

a. alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á landsvæði aðilans sem flytur inn eða
b. alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum landsvæðum,

er viðkomandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

21. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur.

Leiði beiting ákvæðanna í 6. og 7. gr. til:

a. þess að vara sé flutt aftur út til þriðja lands er aðili, sem flutt er út frá, hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif eða
b. alvarlegs skorts eða hugsanlegs skorts á vöru sem aðila, sem flutt er út frá, er nauðsynleg

og ofangreindar ástæður valda eða gætu valdið alvarlegum vandkvæðum fyrir aðila, sem flutt er út frá, er viðkomandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

22. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar.

1. a. Aðila er heimilt að beita bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum þegar hann lendir í eða sér fram á alvarlega erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Aðila er einungis heimilt að koma á bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum til að veita frest þangað til þær breytingar á hagkerfinu, sem miða að því að ráða bót á erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar, ná tilætluðum árangri. Óheimilt er að beita bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum, sem heimilaðar eru samkvæmt þessari málsgrein, til að vernda einstakar iðngreinar eða atvinnuveg.
   b. Eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum er vísbending um alvarlega erfileika vegna greiðslujafnaðar: umtalsverð rýrnun á viðskipta- eða greiðslustöðu, markverður þrýstingur á gengi gjaldmiðils eða umtalsverð lækkun á gjaldeyrisstöðu er kemur fram annaðhvort sem lækkun á gjaldeyrisvarasjóði eða aukning á skammtímaskuldum.

2. Heimilt er að beita eftirfarandi bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum skv. 1. mgr.:

a. innflutningsgjaldi í formi innflutningstolls,
b. bundnum innborgunum vegna innflutnings eða
c. magntakmörkunum.

3. a. Verði því við komið skulu aðilar beita frekar þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í a- og b-liðum 2. mgr. Magntakmörkunum má beita þegar ráðstafanir skv. a- og b-lið 2. mgr. hefðu ekki nægjanleg áhrif á greiðslujöfnuðinn.
   b. Verði því við komið skulu aðilar forðast að beita samtímis gagnvart einstakri framleiðsluvöru fleiri en einni af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 2. mgr.

4. Bráðabirgðaráðstöfun í viðskiptum, sem beitt er skv. 1. mgr., má gilda í allt að 150 daga hið lengsta nema löggjafarþing viðkomandi aðila framlengi gildistíma hennar í allt að 150 daga. Einungis er heimilt að framlengja gildistíma magntakmarkana einu sinni í 150 daga til viðbótar.

5. Gildistími og umfang bráðabirgðaráðstafana, sem beitt er skv. 1. mgr., skal miða við erfiðleikana sem fyrir hendi eru vegna greiðslujafnaðar aðilans er beitir þeim og skulu afnumdar í áföngum eftir því sem greiðslujafnaðarstaða aðilans batnar.

6. Aðilar skulu, þegar bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum er beitt, afgreiða innflutning sem upprunninn er hjá öðrum samningsaðila á kjörum sem eru ekki óhagstæðari en þeir veita við afgreiðslu vara sem upprunnar eru í þriðju löndum og skerða ekki þau hlunnindi saman borið við aðra sem hinum samningsaðilanum er veittur samkvæmt þessum samningi.

7. Bráðabirgðaráðstöfunum, eins og tilgreindar eru í a- og b-liðum 2. mgr., skal beitt gagnvart öllum innflutningi nema heimilt sé að undanþiggja tiltekinn innflutning ef slíkt leiðir til aukinnar virkni ráðstafananna í þeim tilgangi sem lýst er í 1. mgr.

8. Beita skal takmörkunum í viðskiptum eins og kveðið er á um í 1. mgr. samkvæmt aðferðinni sem mælt er fyrir um í 2.–6. mgr. 23. gr., m.a. með það fyrir augum að athuga hvort beita megi öðrum efnahagsráðstöfunum til að ráða bót á vandkvæðum vegna greiðslujafnaðar er gætu leitt til afnáms bráðabirgðaráðstafana fyrr en ella.

Markverð aukning á ráðstöfunum í viðskiptum getur talist ástæða til að halda samráðsfundi milli aðila. Samkomulag er um að tilkynna erfiðleika vegna greiðslujafnaðar að öðru jöfnu eins og kveðið er á um í 6. mgr. 23. gr.

23. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana.

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu aðilarnir leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum aðilum þar um.

2. Án þess að það brjóti í bága við 6. mgr. þessarar greinar ber aðila, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum aðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Aðilarnir skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a. Að því er varðar 17. og 18. gr. skulu aðilarnir, sem í hlut eiga, veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi viðeigandi aðili ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til hennar, er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að mæta þeim vanda sem af athæfinu hlýst.

b. Að því er varðar 19., 20., 21. og 22. gr. og ii-lið b-liðar í 5. gr. A II. viðauka skal sameiginlega nefndin rannsaka ástandið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem hlutaðeigandi aðili hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta úr ástandinu.

c. Að því er varðar 16. gr. er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að samráði innan sameiginlegu nefndarinnar er lokið eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki ganga lengra en skaði af völdum umrædds athæfis eða erfiðleika gefur tilefni til. Reynt skal eftir megni að beita þeim ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir, sem Ísrael grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis, skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær eins fljótt og unnt er.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrir fram getur viðkomandi aðili, í tilvikum sem um ræðir í 18., 19., 20., 21. og 22. gr., gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að ráða bót á ástandinu. Tilkynna ber sameiginlegu nefndinni um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli aðilanna sem í hlut eiga innan sameiginlegu nefndarinnar.

24. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum.

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:

a. til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,
b. til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína
   i. að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila eða
   ii. gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja eða
   iii. á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

25. gr.
Mismunun.

Á þeim sviðum sem samningurinn nær til:

a. skal það fyrirkomulag, sem Ísrael viðhefur gagnvart EFTA-ríkjum, ekki valda mismunun milli þeirra ríkja, ríkisborgara þeirra, fyrirtækja eða firma,
b. skal það fyrirkomulag viðskipta, sem EFTA-ríkin viðhafa gagnvart Ísrael, ekki valda mismunun milli ríkisborgara Ísraels, fyrirtækja eða firma.

26. gr.
Stofnun sameiginlegu nefndarinnar.

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn sem skipuð er fulltrúum allra aðila. Sameiginlega nefndin er ábyrg fyrir stjórnun og réttri framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og efna til samráðs innan sameiginlegu nefndarinnar að beiðni aðila. Sameiginlega nefndin skal af og til kanna frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt, samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 27. gr., að taka ákvarðanir í málum sem svo er kveðið á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

27. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar.

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman, skipuð á viðeigandi hátt, eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hver aðili getur farið fram á að fundur verði haldinn.

2. Aðgerðir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi aðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg eða lagaleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er m.a. kveða á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

28. gr.
Þróunarákvæði.

1. Þegar aðili telur það til framdráttar efnahag aðilanna að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til sendir það þeim rökstudda beiðni þar um.

Aðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og gera tillögur þar að lútandi þegar við á.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki aðilanna eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

29. gr.
Þjónusta og fjárfesting.

1. Aðilarnir gera sér ljóst að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt skulu þeir vinna saman að því að auka frjálsræði stig af stigi og opna markaði sína fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Þeim ber að leitast við að erlend fyrirtæki njóti jafnhagstæðra kjara og innlend á landsvæði þeirra enda sé fullt jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga aðilanna.

2. Semja ber um fyrirkomulag á þessari samvinnu innan sameiginlegu nefndarinnar. Samningar, sem kunna að verða gerðir með þessu móti þegar þörf er á, eru háðir fullgildingu eða samþykki aðilanna eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra og skulu gilda innan ramma samnings þessa.

30. gr.
Bókanir og viðaukar.

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum.

31. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum eða samkomulagi um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

32. gr.
Landsvæði þar sem samningur þessi gildir.

Samningurinn tekur til landsvæða aðilanna.

33. gr.
Gildistaka.

1. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993 gagnvart þeim ríkjum sem undirritað hafa samninginn og hafa afhent vörsluaðilanum fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín, að því tilskildu að Ísrael sé meðal þeirra ríkja sem afhent hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.

2. Ef ríki, sem undirritað hefur samninginn, afhendir vörsluaðilanum fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín eftir 1. janúar 1993 öðlast samningurinn gildi gagnvart því á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið er afhent til vörslu, að því tilskildu að Ísrael sé meðal þeirra ríkja sem afhent hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.

3. Sérhverju ríki, sem undirritar samninginn, er heimilt að lýsa yfir þegar við undirritun að það muni beita ákvæðum hans til bráðabirgða í fyrstu enda þótt hann geti ekki tekið gildi gagnvart því ríki hinn 1. janúar 1993, að því tilskildu að samningurinn hafi öðlast gildi gagnvart Ísrael.

34. gr.
Breytingar.

Breytingar við samninginn, að öðru leyti en um getur í 30. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir aðilana til fullgildingar eða samþykkis og öðlast gildi þegar allir aðilar hafa fullgilt eða samþykkt þær. Fullgildingar- eða staðfestingarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

35. gr.
Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem tilgreind kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu til vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

36. gr.
Úrsögn og niðurfelling samningsins.

1. Sérhver aðili getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Ísrael aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningnum sjálfkrafa niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

37. gr.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, skal tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins, niðurfellingu hans eða úrsögn aðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 17. september 1992, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem undirrita samninginn eða gerast aðilar að honum, staðfest afrit hans.

Fjögur fylgiskjöl voru birt með þingsályktunartillögunni í þingskjalinu (lausaskjalinu). Hér að framan er birtur fyrri hluti fskj. I, þ.e. fríverslunarsamningurinn á íslensku. Um önnur fylgiskjöl vísast til samhljóða gagna í lausaskjalinu.

Auk samningsins voru prentuð í fskj. I fylgigögn á íslensku, viðaukar, bókanir og töflur, í fskj. II bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins milli EFTA-ríkja og Ísraels og í fskj. III samkomulag milli EFTA-ríkja og Ísraels um útflutning frá yfirráðasvæðunum.

Í fskj. IV var tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Ísraels, I. viðauki um landbúnaðarafurðir sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands og II. viðauki um upprunareglur; einnig orðsendingar milli sendiherra Íslands og Ísraels sem þennan samning varða.

Að auki voru í fskj. IV í enskri þýðingu fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkja og Ísraels ásamt viðaukum, bókunum og töflum sama efnis og birt voru á íslensku með samningnum í fskj. I, einnig fskj. II og III á ensku svo og tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Ísraels ásamt fylgigögnum.

934. Tillaga til þingsályktunar [567. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Póllands sem gerður var í Genf 10. desember 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1990 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands og Slóvakíu. Samningaviðræðum við öll þessi ríki er nú lokið með gerð fríverslunarsamninga. Samningurinn við Tékkland og Slóvakíu tók gildi gagnvart Íslandi 1. janúar 1993 og samningurinn við Ungverjaland verður fljótlega lagður fyrir Alþingi. Samningurinn um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Póllands var undirritaður 10. desember 1992. Samningurinn er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins og í fskj. III er að finna tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Póllands.

Lagabreytingar vegna þessa samnings eru ekki nauðsynlegar, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga til að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.

Eitt af markmiðum fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Mið- og Austur-Evrópuríki er að efla efnahag ríkjanna, opna þeim greiðari leið að Vestur-Evrópumarkaðinum og tryggja þeim þátttöku í evrópskri efnahagssamvinnu. Með samningnum vilja EFTA-ríkin stuðla að uppbyggingu efnahags- og viðskiptasamvinnu í Evrópu á breiðari grundvelli en áður.

Fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna ber að skoða með hliðsjón af þeim samningum sem Evrópubandalagið (EB) gerði samhliða þeim við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Meðan á samningaviðræðunum stóð héldu fulltrúar EFTA og Evrópubandalagsins með sér óformlega fundi þar sem rædd voru vandamál sem upp komu í tengslum við samningaviðræður um fríverslunarsamninga EFTA og samstarfssamninga EB við sömu ríki.

Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá 1972–1973, þ.e. hann tryggir fríverslun með iðnaðarvörur (25.–97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka samningsins. Jafnframt nær hann til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarhráefnum. Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar er kveðið á um meðferð þeirra í bókun A við samninginn. Sams konar fyrirkomulag hefur gilt í öðrum fríverslunarsamningum.

Frávik í þessum samningi frá fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja við Evrópubandalagið frá 1972–1973 eru að nokkur ákvæði í samningnum við Pólland eru færð til nútímalegra horfs. Hér er um að ræða ríkiseinkasölu (11. gr.), opinber innkaup (16. gr.), hugverkaréttindi (17. gr.) og ríkisaðstoð (18. gr.). Jafnframt nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. nánari umfjöllun um 2. gr. og II. viðauka hér að neðan.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir lýsa samningsríki sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir (13. gr.). Til þess að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Pólland til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti. Að öðru leyti fellur landbúnaður fyrir utan samninginn.

Ein leið til að leggja mat á fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Pólland er að skoða þau markmið sem samningsaðilar settu sér með þessari samningsgerð. Samningnum er ekki aðeins ætlað að örva viðskipti og efnahagssamvinnu heldur er einnig vonast til að hann geti orðið lóð á vogarskál þeirra efnahagslegu umbóta og breytinga yfir í markaðshagkerfi sem nú standa yfir í Póllandi. Þess vegna buðu EFTA-ríkin Póllandi hraðari tollaniðurfellingu og afnám magntakmarkana í viðskiptum, en Pólland gat boðið á móti í viðskiptum sínum við ríki EFTA.

EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Póllandi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins, að undanskildum nokkrum viðkvæmum vörum sem tilgreindar eru í II. viðauka þar sem ríkin hafa lengri aðlögunartíma til að afnema tollana. Hér er einkum um að ræða ýmsar textílvörur. Ísland hefur ekki sérstakan aðlögunartíma hvað þessa tolla varðar. Aðlögunartími Póllands er til ársloka 2001. Á þeim tíma mun Pólland smám saman fella niður innflutningstolla í viðskiptum við EFTA-ríkin, sbr. 3. mgr. 4. gr. og IV.–V. viðauka. Að þeim tíma liðnum verður komið á fullri fríverslun milli ríkjanna. Hvað snertir fisk og fiskafurðir mun Pólland fella niður innflutningstolla á þeim vörum um tíu prósentustig við gildistöku samningsins, þ.e. 15% toll í 5%, 20% í 10% o.s.frv., en afganginn á sama aðlögunartíma og við innflutning iðnaðarvara.

Með fríverslunarsamningnum verður komið á sameiginlegri nefnd með þátttöku allra samningsaðila sem hefur það hlutverk að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd samningsins. Nefndin kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Sérstök bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins hefur verið gerð milli samningsaðila. Í henni eru ýmis túlkunaratriði og útfærsla á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans.

Viðskipti við Pólland fram til ársins 1990 voru byggð á jafnkaupasamningi og var inn- og útflutningur nokkur síðustu árin fram til þess tíma um og yfir einn milljarður. Helstu útflutningsvörur voru síld, fiskimjöl og ullarvörur og innflutningur skipasmíði og skipaviðgerðir og breytingar. Þannig var útflutningur 1989 samtals að verðmæti 1.122,5 millj. kr., þar af mjöl 1.057,5 millj. kr., og innflutningur 1989 samtals að verðmæti 1.313,9 millj. kr., þar af skip og bátar 996,4 millj. kr.

Á árinu 1990 var verðmæti útflutnings aðeins um 185,0 millj. kr., 193,0 millj. kr. 1991 og 25,5 millj. kr. 1992. Munar þar mestu að á þessum árum er enginn útflutningur á fiskimjöli til Póllands vegna gjaldeyrisskorts. Gátu Pólverjar því ekki greitt það verð sem sett var upp.

Innflutningur hélst nær óbreyttur árið 1990 en dróst saman niður í 336,4 millj. kr. 1991 og 378,5 millj. kr. 1992. Skipasmíði, viðgerðir og breytingar vega hér þyngst eins og áður.

Vonast er til að hér sé einungis um tímabundið ástand að ræða og að viðskipti ríkjanna geti aukist aftur í náinni framtíð.

Vöruviðskipti Íslands og Póllands
1989, 1990, 1991 og 1992

Útflutningur (Fob)

	1989.		1990.		1991.		1992.	
	Verðm.	%	Verðm.	%	Verðm.	%	Verðm.	%
Lýsi	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	16,7	65,5%
Síld, söltuð	70,0	6,2%	121,3	65,6%	174,0	90,2%	0,0	0,0%
Mjöl	1.057,5	94,2%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Loðsútuð skinn	0,0	0,0%	23,7	12,8%	0,0	0,0%	0,0	0,0%
Ullarvörur	18,4	1,6%	9,1	4,9%	3,5	1,8%	0,0	0,0%
Kísilgúr	0,0	0,0%	15,4	8,3%	1,9	1,0%	1,6	6,3%
Rafeindavogir	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,4	1,6%
Vélar til fiskverkunar	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	2,8	11,0%
Aðrar vörur	46,6	4,2%	15,4	8,3%	13,6	7,0%	4,0	15,7%
Samtals	**1.122,5**	**100%**	**184,9**	**100%**	**193,0**	**100%**	**25,5**	**100%**
% af heildarútflutningi	1,40%		0,20%		0,21%		0,03%	

Innflutningur (CIF)

	1989.		1990.		1991.		1992.	
	Verðm.	%	Verðm.	%	Verðm.	%	Verðm.	%
Járn og stál	143,8	10,9%	170,9	15,6%	45,9	13,6%	20,9	5,5%
Skip og bátar	996,4	75,8%	708,1	64,5%	20,1	6,0%	80,9	21,4%
Korn og unnar kornvörur	44,9	3,4%	49,3	4,5%	50,9	15,1%	54,7	14,5%
Ávextir og grænmeti	11,2	0,9%	14,5	1,3%	14,3	4,3%	11,5	3,0%
Trjáviður og korkur	0,0	0,0%	10,3	0,9%	12,0	3,6%	31,3	8,3%
Kol koks og mótöflur	0,0	0,0%	0,0	0,0%	0,0	0,0%	10,9	2,9%
Ólífræn kemísk efni	0,0	0,0%	16,9	1,5%	7,9	2,3%	5,4	1,4%
Unnar vörur úr trjáviði og korki	0,0	0,0%	32,4	3,0%	33,4	9,9%	1,2	0,3%
Vefnaðarvara	11,9	0,9%	0,7	0,1%	0,0	0,0%	6,7	1,8%
Rafmagnsvélar og tæki	0,0	0,0%	3,3	0,3%	40,8	12,1%	6,2	1,6%
Bifreiðar	0,0	0,0%	12,6	1,1%	18,5	5,5%	10,5	2,8%
Fatnaður	7,5	0,6%	18,2	1,7%	21,5	6,4%	45,5	12,0%
Húsgögn	21,3	1,6%	26,4	2,4%	20,0	5,9%	20,4	5,4%
Aðrar vörur	76,9	5,9%	34,7	3,2%	51,0	15,2%	72,4	19,1%
Samtals	**1.313,9**	**100%**	**1.098,3**	**100%**	**336,3**	**100%**	**378,5**	**100%**
% af heildarinnflutningi	1,64%		1,13%		0,33%		0,39%	

Athugasemdir við samninginn.

Um inngangsorð samningsins og 1. gr. um markmið.

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en geta verið þáttur í túlkun samningsins. Almennt orðalag er í 1. gr. um markmið samningsins sem er að efla samvinnu EFTA-ríkjanna og Póllands, einkum með því að auka gagnkvæm viðskipti, samfellda þróun efnahagssamskipta og skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni og afnema viðskiptahöft. Orðalagið á að mestu rætur sínar að rekja til 1. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna og EB. Jafnframt er í þessari grein kveðið á um að Pólland muni smám saman koma á fríverslun á aðlögunartímabili til 31. desember 2001. Í 3. mgr. 4. gr. og í IV.–V. viðauka er þetta ákvæði nánar útfært.

2. gr.

Um gildissvið samningsins. I. og II. viðauki og bókun A.

Samningurinn nær til vöruviðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Póllands en ekki slíkra viðskipta milli EFTA-ríkjanna. Allar iðnaðarvörur (kaflar 25–97 í tollskránni) falla undir samninginn með þeim fáeinu undantekningum sem tilgreindar eru í I. viðauka. Þessar undanþágur endurspegla samsvarandi ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB. Ísland hefur enga sérstöðu varðandi þennan viðauka. Hér er um að ræða nokkrar vörur, svo sem albúmínkennd efni, umbreytta sterkju, lím og ensín úr 35. kafla, ýmsar kemískar vörur úr 38. kafla, korkur og vörur úr korki úr 45. kafla og aðrar spunatrefjar úr jurtaríkinu, pappírsgarn og ofinn dúkur úr pappírsgarni úr 53. kafla.

Í bókun A með samningnum, sbr. 2. gr. (b), eru tilgreindar þær vörur unnar að hluta eða öllu úr landbúnaðarhráefnum sem falla undir samninginn og á hvern hátt þær gera það. Önnur EFTA-ríki en Ísland hafa aðeins heimild til að beita verðjöfnunargjöldum við innflutning þessara vara. Ísland hefur nokkra sérstöðu, sbr. 2. gr. 2. tölul. bókunar A og töflu VI við hann. Tafla VI samsvarar töflu 2, listum 1 og 2 í viðauka 2 í fríverslunarsamningi Íslands og EB ef undan er skilið að fáeinir vöruflokkar hafa verið teknir út. Íslandi er ekki aðeins heimilt að beita tollum og fjáröflunartollum í samræmi við töflu VI heldur jafnframt heimilt að taka upp verðjöfnunargjöld á þessar vörur. Með þessu heimildarákvæði er einkum haft í huga að með EES-samningnum verður Ísland að taka upp sama kerfi, þ.e. verðjöfnunargjöld, og önnur aðildaríki EES-samningsins beita.

Samkomulag EFTA-ríkjanna og Póllands um fisk og fiskafurðir er útlistað í II. viðauka, sbr. 2. gr. (c). Samkvæmt 3. tölul. 1. gr. II. viðauka á Pólland að lækka grunntolla um tíu prósentustig við gildistöku samningsins, þ.e. ef tollar eru 10% lækka þeir í 0% ef 15% í 5% o.s.frv. Tollar, sem eftir standa, eiga að lækka samkvæmt því sem gildir fyrir iðnaðarvörur skv. 3. mgr. 4. gr., þ.e. í fimm jöfnum áföngum frá og með 1. janúar 1995, þannig að full fríverslun verði komin á 31. desember 2001.

Frjáls innflutningur frá Póllandi til Austurríkis, Liechtenstein og Sviss nær ekki til alls þess fisks og fiskafurða, sem falla undir frjáls viðskipti milli EFTA-ríkjanna. Að öðru leyti er þetta samkomulag byggt á fyrirkomulagi um fríverslun á sjávarafurðum innan EFTA.

3. gr.

Um upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd. Bókun B.

Í 3. gr. og bókun B samningsins er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda um tollaframkvæmd. Reglur þessar styðjast við samsvarandi reglur í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB frá 1972–1973 og EFTA-samningnum.

4. gr.

Um innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. III.–V. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á þeim vörum er falla undir samninginn að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í III. viðauka. Tollar á þeim vörum skulu afnumdir í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans. Hér er um að ræða nokkrar vörur upprunnar í Austurríki, Noregi og Svíþjóð.

Á móti skuldbindur Pólland sig til að afnema, á aðlögunartímabili fram til 31. desember 2001, alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

Aðalreglan er sú að Pólland muni afnema slíkar hindranir í fimm jöfnum áföngum frá og með 1. janúar 1995. Frá þeirri aðalreglu er það frávik að Pólland mun afnema tolla og önnur gjöld sem hafa samsvarandi áhrif við gildistöku samningsins á þeim vörum sem tilgreindar eru í V. viðauka og hraðari tollaniðurfelling er á vörum sem tilgreindar eru í viðauka V. Tímaáætlun niðurfellingarinnar er tilgreind í viðaukanum. Jafnframt mun Pólland, eins og áður er vikið að, fella slíkar hindranir á fisk og fiskafurðum um tíu prósentustig strax við gildistöku samningsins. Í 1. gr. bókunar um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins milli EFTA-ríkjanna og Póllands er ákveðið að samþykki Pólland að hraða tollaniðurfellingu gagnvart EB beri að taka það mál upp í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að ná sambærilegri tilslökun í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

5. gr.

Um grunntolla.

Grunntollurinn, bæði gagnvart EFTA-ríkjunum og Póllandi, er bestukjara tollurinn sem í gildi var 29. febrúar 1992.

6. gr.

Um fjáröflunartolla. Viðauki C.

Við gildistöku samningsins skulu allir fjáröflunartollar við innflutning vara er falla undir samninginn afnumdir. Undanþágur frá þessu eru í viðauka C. Undanþágurnar varða Ísland, Liechtenstein og Sviss. Undanþágulisti Íslands er samhljóða gildandi lista í fríverslunarsamningnum við EB. Í 9. gr. bókunar um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins segir að réttur Íslands til að leggja áfram á fjáröflunartolla, eins og rakið er í töflu 1 bókun C í samræmi við 5. gr., skuli ekki leiða til lakari kjara gagnvart Póllandi, að því er varðar vörur sem tilgreindar eru í töflunni, en Ísland veitir gagnvart Evrópubandalaginu.

7. gr.

Um útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. VI. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin afnema alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Í VI. viðauka eru tilgreindar undanþágur frá þessu fyrir Ísland, þ.e. að taka megi upp útflutningsgjöld á ákveðnar sjávarafurðir. Heimildin varðandi Íslands er sú sama og í fríverslunarsamningnum við EB. Póllandi er heimilt að afnema útflutningstolla sína í áföngum á aðlögunartíma fram til 1. janúar 1997.

8. gr.

Um magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif. VII. og VIII. viðauki.

Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutning til EFTA-ríkjanna afnumdar. Undanþáguheimildir eru þó frá þessu banni, sbr. 8. gr. 2. tölul. og VII. viðauka. Undanþágurnar varða Austurríki, Ísland og Noreg. Íslandi er heimilt að hafa innflutningstakmarkanir á jarðolíu, sópum og burstum eins og tilgreint er í VII. viðauka, 2. tölul. Nú hafa viðskipti með olíu og olíuvörur verið gefin frjáls og er þessi heimild hvað þær vörur snertir því nú í raun óþörf. Hvað snertir sópana og burstana er verið að vernda framleiðslu á vegum Blindravinafélagsins líkt og gert var í fríverslunarsamningnum við EB 1973 og EES-samningnum. Póllandi ber að afnema innflutningstakmarkanir í samræmi við ákvæði og tímaáætlun sem kveðið er á um í VIII. viðauka.

9. gr. IX. og X. viðauki.

Um magntakmarkanir á útflutning og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Við gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá EFTA-ríkjunum afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IX. viðauka. Undanþáguheimildirnar varða ekki Ísland.

Póllandi ber að afnema magntakmarkanir frá Póllandi að öðru leyti en kveðið er á um í X. viðauka.

10. gr.

Um almennar undantekningar.

Í samningnum er ákvæði sem útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, plantna og umhverfi þeirra, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi og verndun hugverka. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó ekki beita til gerræðislegrar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna. Slíkt ákvæði er í GATT-samningnum (20. gr.), EES-samningnum (13. gr.), EFTA-samningnum (12. gr.) og í flestum fríverslunarsamningum.

11. gr.

Um ríkiseinokun. Viðauki D.

Ákvæðið um ríkiseinokun er samhljóða 16. gr. EES-samningsins sem endurspeglar aftur orðalag 37. gr. Rómarsamningsins. Hér er ekki um að ræða bann við ríkiseinokun, heldur er kveðið á um að tryggja verði að ríkiseinkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

Í bókun 8 við EES-samninginn er tveggja ára aðlögunartími vegna Áburðarverksmiðju ríkisins. Í viðauka D við samninginn við Pólland segir að 11. gr. samningsins um ríkiseinokun á Íslandi á áburði gildi einungis að því marki að Ísland verði að uppfylla samsvarandi skuldbindingar vegna EES-samningsins.

12. gr.

Upplýsingaskipti vegna draga að tæknilegum reglugerðum. XI. viðauki.

Til að tryggja upplýsingar og skýrleika varðandi breytingar á tæknilegum reglugerðum eru settar í samninginn ákveðnar reglur um tilkynningar um drög og breytingar á þessum reglum. Þetta ákvæði samsvarar því fyrirkomulagi sem gildir meðal EFTA-ríkja. Í XI. viðaukanum er nánar greint frá aðferð þeirri sem beita skal til að tilkynna um drög að tæknilegum reglugerðum. Veitt er tveggja ára aðlögunartími til að koma þessu ákvæði í framkvæmd. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að framlengja aðlögunartímann.

13. gr.

Um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í inngangi er gerð grein fyrir þessu ákvæði og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

14. gr.

Um innlendar álögur.

1. mgr. þessarar greinar felur í sér að forðast eigi að mismuna innlendum og innfluttum vörum með óbeinni skattlagningu eða gjaldtöku. Stjórnvöld hafa fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Með 2. mgr. er verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatta en þá sem lagðir hafa verið á vörur og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsríkis. Sams konar ákvæði er í 19. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB og í 14.–15. gr. EES-samningsins.

15. gr.

Um greiðslur.

Ákvæði þetta er spegilmynd 19. gr. fríverslunarsamnings einstakra EFTA-ríkja og EB. Það felur í sér skv. 1. mgr. að engin höft megi leggja á greiðslur sem fara fram vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkjanna og Póllands né á yfirfærslu á þessum greiðslum til samningsríkja þar sem kröfuhafi er búsettur. Jafnframt ber samningsríkjum, sbr. 2. mgr., að forðast að takmarka með ákvæðum um gjaldeyrisviðskipti eða fyrirkomulag afgreiðslu, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma. Pólland hefur tímabundna og takmarkaða undanþágu frá 2. mgr. þessa ákvæðis sökum erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.

16. gr.

Um opinber innkaup.

Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera. Frá og með gildistöku samningsins skulu samningsaðilar veita hver öðrum aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við GATT-samninginn um opinber innkaup frá 1979 og eins og honum var breytt 1987. Ætlunin er að eftir gildistöku samningsins verði opinber innkaup til umræðu í sameiginlegu nefndinni með það markmið í huga að opna frekari markaði samningsaðila fyrir opin-

berum innkaupum og ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir, sem þau nota við opinber útboð, til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun. Viðurkennt er að Pólland eigi að njóta þverrandi forskots í samskiptum ríkjanna á sviði opinberra innkaupa, en fullt jafnvægi skuli nást eigi síðar en fyrir lok aðlögunartímans.

17. gr.
Um vernd hugverka. XII. viðauki.

Samningurinn á að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar 31. desember 1996, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eins og afritun og þjófnaði. Í XII. viðauka eru taldir upp ýmsir marghliða samningar á þessu sviði. Samningsaðilar eru sammála um að fara efnislega eftir ákvæðum þeirra.

18. gr.
Um reglur um samkeppni milli fyrirtækja.

Ákvæði þetta má rekja til 23. gr. fríverslunarsamninga einstakra EFTA-ríkja við EB sem endurspeglar meginreglur 85.–86. gr. Rómarsamningsins. Samkvæmt 12. gr. bókunarinnar um framkvæmd ýmissa þátta samningsins fær Pólland þriggja ára aðlögun frá gildistöku samnings til að setja nauðsynleg lagaákvæði til að framfylgja þessu ákvæði.

19. gr.
Um ríkisaðstoð. XIII. og XIV. viðauki.

Ríkisaðstoð, sem raskar eða raskað gæti samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samræmist ekki framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Póllands. Í XIII. viðauka er nánari útfærsla á þessu ákvæði. Viðaukinn endurspeglar túlkunarákvæðin sem eru í gildi meðal EFTA-ríkjanna og útfærir nánar 13. gr. EFTA-samningsins. Í viðaukanum eru sett fram dæmi um það hvaða ríkisaðstoð telst ekki brot á 19. gr. samningsins við Pólland, dæmi um hvað telst brot á henni og að jafnaði brot á henni. Póllandi er veitt heimild til 31. desember 1996 til að veita umfangsmeiri aðstoð en EFTA-ríkjunum er heimilt til að efla efnahagsumbætur og þróun í landinu. Nánari útfærsla er á þessari tímabundnu heimild í 14. gr. bókunarinnar um framkvæmd ýmissa þátta samningsins.

Til að tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar skulu samningsríki skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIV. viðauka og nánar verður útfært af sameiginlegu nefndinni innan eins árs frá gildistöku samningsins.

20. gr.
Um undirboðstolla.

Samkvæmt þessu ákvæði geta samningsríki, verði þau vör við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem heyra undir samninginn, gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr. samningsins við Pólland.

21. og 23.–25. gr.
Um neyðaraðgerðir vegna útflutnings tiltekinna vara, um endurútflutning og alvarlegan vöruskort og um erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Aðferð við beitingu öryggisráðstafana.

Í fríverslunarsamningum er að jafnaði öryggisákvæði sem gera það mögulegt að fella úr gildi tímabundið hluta samninganna ef þar til greindir ófyrirsjáanlegir erfiðleikar koma í ljós. Í 25. gr. er samkomulag um aðferð við beitingu öryggisráðstafana. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem þar eru tilgreindar skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um og sameiginlegu nefndinni og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. EFTA-ríkin og Pólland eru sammála um að heimilt sé að grípa til viðeigandi aðgerða skv. 25. gr. ef skilyrðum öryggisákvæðanna í 21. og 23.–25. gr. er fullnægt eða samningsríki uppfylla ekki samningsskyldu sína í samræmi við 18.–20. og 31. gr.

Í framkvæmd hafa slík öryggisákvæði verið lítið sem ekkert notuð í samskiptum EFTA-ríkjanna né samskiptum þeirra við EB.

22. gr.
Endurskipulagning.

Til að styðja við bakið á Póllandi við að koma á markaðshagkerfi er í samningnum ákvæði um endurskipulagningu sem heimilar Póllandi við sérstök skilyrði, á aðlögunartímabili sem stendur í fimm ár, að hækka tolla á innfluttar iðnaðarvörur til verndar innlendri framleiðslu. Ráðstöfunum þessum má eingöngu beita til aðstoðar iðnaði á frumstigi eða einstökum greinum atvinnulífsins sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda mikilvægum félagslegum vandkvæðum. Tollar, sem Póllandi er heimilt að grípa til á innflutning með slíkum ráðstöfunum, mega ekki vera hærri en 25% af verðmæti vörunnar. Verðmæti varanna, sem þessar ráðstafanir taka til, skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjunum.

Póllandi er óheimilt að beita þessum ráðstöfunum gagnvart vöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

26. gr.
Um undanþágur vegna öryggishagsmuna.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB og í 23. gr. EES-samningsins.

27.–28. gr.
Um skipun og störf sameiginlegu nefndarinnar.

Við gildistöku samningsins er sett á stofn sameiginleg nefnd. Hlutverk hennar verður að framkvæma samninginn. Fulltrúar allra samningsríkja eiga sæti í henni. Ákvarðanir hennar eða tillögur eru teknar með samhljóða samþykki allra. Nefndin kemur saman eins oft og nauðsyn krefur en eigi sjaldnar en einu sinni á ári og getur hún ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa, sem hún telur þörf á, til aðstoðar við að inna skyldu sína af hendi.

29.–30. gr.
Um þróunarákvæði.

Samkvæmt 29. gr. getur samningsríki, þegar það telur það til framdráttar efnahag samningsríkja, þróað enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til og sent hinum ríkjunum rökstudda beiðni þar um. Í 30. gr. er sérstakt þróunarákvæði varðandi þjónustu og fjárfestingu.

31. gr.
Uppfylling skuldbindinga.

Samningsríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og þau megi uppfylla skuldbindingar sínar sem í samningnum felast.

32. gr.
Um bókanir og viðauka.

Bókanir og viðaukar með samningnum eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin hefur vald til að breyta bókunum A og B og viðaukum samningsins með samhljóða samþykki allra samningsríkja. Um breytingar á megintexta samningsins gildir 36. gr. hans.

33. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga.

Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja og Póllands en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja.

Í þessari grein er sérstaklega fjallað um tvíhliða samning Finnlands við Pólland frá 1976 sem mun gilda áfram á aðlögunartímabili.

34. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki hans myndi tollabandalög, stofni fríverslunarsvæði með öðrum ríkjum eða geri aðra samninga hafi þeir ekki neikvæð áhrif á viðskipti EFTA-ríkja og Póllands.

35. gr.
Um landsvæði það sem samningurinn gildir.

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

36. gr.
Um breytingar á samningnum.

Breytingar á megintexta samningsins skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykktar og öðlast gildi þegar öll samningsríkin hafa samþykkt breytingarnar. Samþykktaskjölum skal koma í vörslu vörsluaðila.

37. gr.
Um aðild.

Sérhvert ríki, sem aðild á að EFTA, getur gerst aðili að samningnum svo framarlega sem sameiginlega nefndin samþykkir það samhljóða. Þetta á bæði við um núverandi og hugsanlega, nýja aðila að EFTA.

38. gr.
Um úrsögn og niðurfellingu samningsins.

Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila. Ef Pólland eða öll EFTA-ríkin senda slíka tilkynningu um úrsögn fellur samningurinn úr gildi sex mánuðum eftir að slík úrsögn berst vörsluaðila frá Póllandi eða frá öllum EFTA-ríkjunum. Ef EFTA-ríki segir sig úr EFTA jafngildir það að aðild hans að þessum samningi falli niður frá þeim tíma sem úrsögn þess úr EFTA tekur gildi.

39. gr.
Gildistaka.

Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 1993 að því tilskildu að samningsríkin hafi afhent vörsluaðila, sem er Svíþjóð, fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín og að því tilskildu að Pólland sé eitt þeirra ríkja. Þegar um er að ræða samningsríki sem afhendir fullgildingar- eða staðfestingarskjal eftir 1. apríl 1993 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.

40. gr.
Um vörsluaðila.

Vörsluaðili samningsins er ríkisstjórn Svíþjóðar. Ákveðið var að Svíþjóð yrði vörsluaðili fyrir alla fríverslunarsamningana sem EFTA-ríkin standa að þar sem Svíþjóð er vörsluaðili EFTA-samningsins, sbr. 39. gr. EFTA-samningsins.

Um bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins.

Í bókuninni eru ýmis túlkunaratriði og útfærsla á samningnum sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta hans. Þegar hefur verið vikið að mörgum ákvæðum hans í umfjöllun um einstakar greinar samningsins hér að framan.

Landbúnaðarvörur: Tvíhliða samningur.

Viðskipti með landbúnaðarvörur, sem falla undir 1.–24. kafla í samræmdu tollskránni (HS), voru tekin fyrir í tvíhliða samningaviðræðum milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Póllands hins vegar. Í þessum tvíhliða viðræðum hefur ekki verið gert ráð fyrir því að breytingar verði á stefnu einstakra ríkja í landbúnaðarmálum. Því lýstu samningsaðilar sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Í tvíhliða samningi Íslands og Póllands er eingöngu um að ræða niðurfellingu á tollum á vörum sem ekki eru framleiddar hér á landi, svo sem náttúrulegt hunang, laukur, belgávextir, spergill, ertur, belgaldin, heslihnetur, valhnetur og ýmsir ávextir.

Með þessum tvíhliða landbúnaðarsamningi er einnig viðauki með þeim upprunareglum sem gilda munu um þær vörur sem tvíhliða samningurinn nær til.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

Formálsorð.

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

lýðveldið Pólland (hér eftir nefnt Pólland),

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamvinnu í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá marghliða þróun,

með hliðsjón af yfirlýsingu sem undirrituð var af EFTA-ríkjunum og Póllandi í Gautaborg í júní 1990,

sem vísa til skuldbindinga sinna samkvæmt lokaákvörðun ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og Parísarsáttmála um hina nýju Evrópu og einkum til grundvallarreglna í lokaskjali RÖSE-ráðstefnunnar í Bonn um efnahagssamvinnu í Evrópu,

eru sannfærð um að fríverslunarsamningur þessi, ásamt samningum sem samningsríki gera við Evrópubandalögin, muni stuðla að því að mynda stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og leggja þar með sitt af mörkum til efnahagssamvinna í Evrópu,

með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum mismun þeim sem ríkir milli EFTA-ríkjanna og Póllands, viðurkenna að markmið samningsins náist með beitingu viðeigandi ákvæða hans,

hafa einsett sér að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum sínum í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti,

lýsa sig reiðubúin til að skoða möguleika á að þróa og efla tengsl sín svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

hafa ákveðið, í samræmi við ofangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið.

1. Með hliðsjón af því að Póllandi er þörf á að hraða efnahagsþróun sinni skulu EFTA-ríkin og Pólland, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2001, koma á fríverslunarsvæði stig af stigi, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið samnings þessa, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, eru:

a. að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkjanna og Póllands og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjunum og Póllandi, að framþróun efnahagslífs, betri lífskjörum og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika;
b. að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja;
c. að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að efnahagssamvinnu í Evrópu, samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Gildissvið.

Samningurinn tekur til:

a. framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,
b. framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,
c. fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Póllandi.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd.

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4.–9., 14. og 23. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum sem gerðar eru í viðskiptum og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Póllandi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, að undanskildum framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í III. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu afnumin í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

3. Frá og með 1. janúar 1995 skal Pólland afnema í fimm jöfnum áföngum alla tolla, og öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríkjum, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í IV. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu afnumin frá og með gildistöku samningsins, og framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í V. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, skulu afnumin í áföngum í samræmi við tímaáætlunina sem kveðið er á um í viðaukanum.

5. gr.
Grunntollar.

1. Grunntollurinn á framleiðsluvörum, sem á að lækka í áföngum samkvæmt samningnum, skal samsvara bestukjara tollinum sem í gildi var 29. febrúar 1992.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda eftir gildistöku samnings þessa, m.a. lækkanir vegna samnings um tolla sem nást munu í Úrúgvæ-viðræðunum um alþjóðaviðskipti, skulu lækkuðu tollarnir koma í staðinn fyrir grunntolla sem um getur í 1. mgr. frá þeim tíma er slíkar tollalækkanir taka gildi.

3. Reikna skal lækkuðu tollana skv. 4. gr. með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Fjáröflunartollar.

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

7. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. EFTA-ríkin skulu frá og með gildistöku samningsins afnema alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

3. Pólland skal afnema í áföngum alla útflutningstolla og öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Afnema ber alla slíka tolla og öll gjöld eigi síðar en 1. janúar 1997.

8. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á innflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til EFTA-ríkjanna og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til Póllands og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í samræmi við ákvæði og tímaáætlun sem kveðið er á um í VIII. viðauka.

9. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá EFTA-ríkjunum og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IX. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá Póllandi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í X. viðauka.

10. gr.

Almennar undantekningar.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna, dýra eða plantna og umhverfisins, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka eða reglur um meðferð á gulli og silfri. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsríkjanna.

11. gr.

Ríkiseinokun.

1. Samningsríkin skulu tryggja breytingar á ríkiseinokun í viðskiptum, sbr. þó ákvæði bókunar D, þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara EFTA-ríkjanna og Póllands hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsríkjanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsríkja. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

12. gr.

Skipti á upplýsingum um drög að tæknilegum reglugerðum.

1. EFTA-ríkjunum og Póllandi ber að tilkynna hvert öðru með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í XI. viðauka um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

2. Samningsríki skulu leitast við að fara eftir þessum reglum innan tveggja ára frá gildistöku samningsins. Reynist þetta ekki að öllu leyti gerlegt skal sameiginlega nefndin lengja þennan frest.

13. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir.

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir efnahag Póllands.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Pólland um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

14. gr.
Innlendar álögur.

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innan lands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru í Póllandi.

2. Framleiðsluvörur, sem fluttar eru út til samningsríkis, skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

15. gr.
Greiðslur.

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Póllands eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til samningsríkis þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Samningsríkin skulu forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Þangað til gjaldmiðill Póllands er orðinn að fullu skiptanlegur í skilningi VIII. gr. samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áskilur Pólland sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt stöðu Póllands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar vegna uppruna framleiðsluvaranna og þeim sé ekki einungis beitt gagnvart tilteknum framleiðsluvörum eða tegundum framleiðsluvara.

16. gr.
Opinber innkaup.

1. Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin veita fyrirtækjum frá Póllandi aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987 sem samið var um innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Pólland skal, með tilliti til endurskipulagningar og þróunar efnahagsmála sinna, veita fyrirtækjum EFTA-ríkjanna smám saman aðgang að útboðsgerð á hinum opinbera innkaupamarkaði á sömu forsendum.

3. Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Eftir undirbúningstímabil, þar sem Pólland skal njóta þverrandi forskots í samskiptum milli ríkjanna, ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna eigi síðar en fyrir lok aðlögunartímabils.

4. Sameiginlega nefndin leggur til eða samþykkir, eftir því sem við á, fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal og tilgreinir stofnanir eða aðila sem gera samninga um opinber innkaup, þ.e. opinberar stofnanir og fyrirtæki og einkafyrirtæki sem njóta sérréttinda eða einkaréttinda.

5. Viðkomandi samningsríki skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

17. gr.
Vernd hugverka.

1. Samningsríki skulu veita og tryggja vernd hugverkaréttinda án mismununar, m.a. með því að samþykkja ráðstafanir til að veita þessi réttindi og framfylgja þeim. Auka ber verndina stig af stigi og fyrir 31. desember 1996 skal hún vera orðin sambærileg við þá vernd sem almennt tíðkast á því svæði sem samningsríkin tilheyra.

2. Samningsríki eru sammála um að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í XII. viðauka fyrir 31. desember 1996; þau skulu og leggja sig öll fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi, án þess þó að skerða fullveldisrétt samningsríkja til ákvarðana í því efni.

3. Að því er samning þennan varðar tekur „vernd hugverkaréttar“ einkum til verndar höfundarréttar, þar með talið til tölvuforrita og gagnagrunna og skyldra réttinda, vörumerkja, landfræðilegra auðkenna, iðnhönnunar, einkaleyfa, svæðislýsinga smárása og þar að auki til óbirtra upplýsinga um þekkingu.

4. a. Að því er snertir hugverk skulu samningsríki ekki veita ríkisborgurum hvert annars lakari vernd en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi á sviði hugverka sem til komin er vegna:
   i. tvíhliða samninga sem í gildi eru hjá samningsríki við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum í síðasta lagi fyrir 1. janúar 1994,
   ii. alþjóðasamninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu, sem samningsríki hafa ekki öll gerst aðilar að,

   má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða óréttlátri mismunun gegn ríkisborgurum annarra samningsríkja.

   b. Tveimur samningsríkjum eða fleiri er heimilt að gera frekari samninga um víðStækari vernd en samkvæmt ákvæðum í samningi þessum, að því tilskildu að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að þau séu tilbúin að hefja samningaviðræður í þessu skyni í góðri trú.

5. Samningsríkjum ber einnig að sjá til þess með lagasetningu að lögbundin nytjaleyfi vegna einkaleyfa skuli vera almenn nytjaleyfi, veitt án mismununar og fyrir þóknun sem samsvarar markaðsverði fyrir nytjaleyfið og sem skjóta má til úrskurðar dómsvalda. Gildissvið og -tími slíkra nytjaleyfa skal takmarkast við tilgang veitingar þeirra. Nytjaleyfi vegna vannýtingar skal veita aðeins að því marki sem þarf til þess að fullnægja eftirspurn svæðisbundins markaðar á viðunandi kjörum.

6. Samningsríkjum ber að sjá til þess að reglur um veitingu eða skráningu eða varðveislu hugverkaréttinda og um eftirlit með þeim séu réttlátar og án mismununar. Forðast ber að setja flóknar reglur eða kostnaðarsamar eða sem fela í sér óþarflega langa tímafresti eða ónauðsynlegar tafir. Í ákvæðum um eftirlit ber einkum að kveða á um lög-

bannsrétt, fullar bætur fyrir skaða sem rétthafi hefur orðið fyrir og bráðabirgðaráðstafanir, m.a. þegar annar aðili hefur ekki fengið áheyrn (inaudita altera parte).

7. a. Samningsríki skulu koma á skipulagi um tækniaðstoð og samvinnu yfirvalda ríkjanna. Til að ná þessum markmiðum skulu þau hafa samráð við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir eins og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og Einkaleyfastofnun Evrópu (EPO).

b. Samningsríki samþykkja að efna til samráðs með sérfræðingum, fari samningsríki þess á leit, um starfsemi sem tengist gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og eftirlit með hugverkarétti og um starfsemi á vegum alþjóðastofnana, t.d. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og Alþjóðahugverkastofnunarinnar, og um samskipti samningsríkja við þriðju lönd um mál sem varða hugverkarétt.

18. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja.

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Póllands:

a. allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b. misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, opinber verkefni þeirra.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum greinar þessarar er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana, sem það álítur nauðsynlegar til að mæta þeim alvarlegu vandkvæðum er af athæfinu leiðir, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

19. gr.
Ríkisaðstoð.

1. Sérhver aðstoð, sem samningsríki veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Póllands.

2. Meta skal athæfi, sem brjóta í bága við 1. mgr., á grundvelli forsendna sem tilgreindar eru í XIII. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 1. mgr. er Póllandi heimilt til 31. desember 1996 að veita umfangsmeiri aðstoð, en leyfilegt væri að beitt yrði af hálfu EFTA-ríkja samkvæmt þeim forsendum sem tilgreindar eru í XIII. viðauka til að efla efnahagsumbætur og þróun. Sameiginlega nefndin getur, með tilliti til efnahagsástandsins í Póllandi, ákveðið hvort ákvæði þessu verði beitt lengur.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIV. viðauka. Sameiginlega nefndin skal, innan eins árs frá gildistöku samningsins, samþykkja nauðsynlegar reglur til að framfylgja þessari málsgrein.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 25. gr.

20. gr.
Undirboð.

Verði EFTA-ríki vart við að beitt sé undirboðum, í skilningi VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við Pólland eða verði Pólland vart við að beitt sé undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

21. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru.

Þegar innflutningur tiltekinnar framleiðsluvöru eykst svo mjög og við slík skilyrði sem valda eða valdið gætu:

a. alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á landsvæði samningsríkisins sem flytur inn eða
b. alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

22. gr.
Endurskipulagning.

1. Póllandi er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda mikilvægum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar, sem lagðir kunna að vera á innflutning til Póllands frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum, mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu framleiðsluvörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti framleiðsluvaranna, sem þessar ráðstafanir taka til, skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfununum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart framleiðsluvöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. Póllandi ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrir fram um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um þær og um viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar það grípur til slíkra ráðstafana ber Póllandi að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

23. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur.

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til þess að:

a. framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað eða
b. alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda eða gætu valdið alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá er því samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

24. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar.

1. Lendi EFTA-ríki eða Pólland í alvarlegum erfiðleikum eða sjái fram á erfiðleika varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða Póllandi, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti sem skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkinu eða Póllandi ber að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir jafnskjótt og gripið er til þeirra og um tímaáætlun um afnám þeirra verði því við komið.

2. Samningsríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

25. gr.
Aðferð við beitingu öryggisráðstafana.

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a. Að því er varðar 18. og 19. gr. skulu samningsríki, sem í hlut eiga, veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til hennar er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

b. Að því er varðar 20., 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

c. Að því er varðar 31. gr. er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að samráði lýkur eða þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang ráðstafana og gildistími þeirra skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir, sem Pólland grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis, skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hefur orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Póllands er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast að slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eins fljótt og unnt er eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrir fram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr. og þegar ríkisaðstoð hefur bein og tafarlaus áhrif á viðskipti milli samningsríkja, gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja innan sameiginlegu nefndarinnar eins fljótt og við verður komið.

26. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum.

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a. til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b. til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i. að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða
ii. gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða
iii. á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna í alþjóðamálum ógnar friði.

27. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Sameiginlega nefndin, sem sett var á stofn samkvæmt Gautaborgaryfirlýsingunni, skal annast umsjón og stjórnun á framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Póllands.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur

28. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar.

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er kveða á um, m.a. hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

29. gr.
Þróunarákvæði.

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahag samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til sendir það þeim rökstudda beiðni þar um. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

30. gr.
Þjónusta og fjárfesting.

1. Samningsríkin viðurkenna að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt, einkum með tilliti til samvinnu í Evrópu, skulu þau vinna saman að því markmiði að auka frjálsræði og opna markaði sína fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

2. EFTA-ríkin og Pólland skulu ræða í sameiginlegu nefndinni möguleika á að láta viðskiptatengsl sín ná til beinna erlendra fjárfestinga og þjónustuviðskipta.

31. gr.
Uppfylling skuldbindinga.

1. Samningsríki skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Pólland hafi ekki, eða telji Pólland að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

32. gr.
Viðaukar og bókanir.

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum A og B.

33. gr.
Viðskipti sem heyra undir aðra samninga.

1. Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Póllands hins vegar en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. a. Samningurinn milli Finnlands og Póllands um gagnkvæmt afnám viðskiptahindrana, sem undirritaður var 29. september 1976 með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Finnsk-pólski-samningurinn), skal gilda áfram á aðlögunartímabili þangað til hagsbætur, sem þessi samningur kveður á um, hafa komið að fullu í stað gagnkvæmra hagsbóta sem samningur sá færði samningsríkjunum.

   Á því stigi skal Finnsk-pólski-samninginn felldur úr gildi með sameiginlegri ákvörðun Finnlands og Póllands. Tilkynna ber öðrum ríkjum, sem aðild eiga að samningi þessum, um ákvörðunina án tafar.

   b. Ákvæði 7., 8., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 22., 23., 29. og 30. gr. samnings þessa gilda að breyttu breytanda um viðskipti milli Finnlands og Póllands samkvæmt Finnsk-pólska-samningnum.

   c. Nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar er að finna í XV. og XVI. viðauka við samning þennan.

34. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti.

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða samkomulagi gert um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

35. gr.

Landsvæði þar sem samningur þessi gildir.

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

36. gr.

Breytingar.

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 3. mgr. 27. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

37. gr.

Aðild.

1. Sérhvert ríki, sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

38. gr.

Úrsögn og niðurfelling samningsins.

1. Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Pólland aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríkin draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

39. gr.

Gildistaka.

1. Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 1993 gagnvart samningsríkjum sem þá hafa komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans, að því tilskildu að Pólland sé meðal þeirra ríkja sem komið hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir 1. apríl 1993 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi gagnvart Póllandi eigi síðar en þann dag.

3. Ríki, sem undirritar samninginn, getur þegar við undirritun lýst yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart því 1. apríl 1993 muni það þó fyrst í stað beita ákvæðum hans til bráðabirgða, að því tilskildu að hann hafi tekið gildi gagnvart Póllandi.

40. gr.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða niðurfellingu hans eða úrsögn samningsríkis.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 10. desember 1992, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

Þrjú fylgiskjöl voru birt með þingsályktunartillögu þessari í þingskjalinu (lausaskjalinu). Hér að framan er birtur fyrri hluti fskj. I, þ.e. fríverslunarsamningurinn á íslensku. Um önnur fylgiskjöl vísast til samhljóða gagna í lausaskjalinu.

Auk samningsins voru prentuð í fskj. I fylgigögn á íslensku, viðaukar, bókanir og töflur og í fskj. II bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins milli EFTA-ríkja og Póllands.

Í fskj. III var tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Póllands, I. viðauki um landbúnaðarafurðir sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands og II. viðauki um upprunareglur; einnig orðsendingar milli sendiherra Íslands hjá fastanefndinni í Genf og ráðuneytisstjóra pólska landbúnaðarráðuneytisins.

Að auki voru í fskj. III í enskri þýðingu fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkja og Póllands ásamt viðaukum, bókunum og töflum sama efnis og birt voru á íslensku með samningnum í fskj. I; einnig fskj. II á ensku svo og tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og Póllands ásamt fylgigögnum.

935. Lög [421. mál]

um breyting á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 717.

936. Lög [287. mál]

um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 910.

937. Lög [14. mál]

um neytendalán.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 911.

938. Fyrirspurn [568. mál]

til fjármálaráðherra um viðhaldsþörf ríkiseigna.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

1. Hefur verið gerð heildarúttekt á ástandi og viðhaldsþörf ríkiseigna? Hvaða fjármuni þarf ríkið að leggja til viðhalds ríkiseigna svo ástand þeirra geti talist viðunandi?
2. Hver er talin meðalending viðhaldsaðgerða? Eru áform um að reyna að tryggja að viðhaldsaðgerðir skili betri árangri en er?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að byggingariðnaðurinn verði aðstoðaður við að taka við auknum viðhaldsverkefnum og bæta gæði þjónustu sinnar á því sviði, t.d. með auknu fé til rannsókna, tilraunaverkefna o.fl.?

939. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum. Mál þetta snýst um að breyta tollum í jöfnunargjöld til að fullnægja ákvæðum í viðskiptasamningum. Hvað það snertir er ekki um að ræða efnislega breytingu á gjaldtöku á innflutningi. Ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur hins vegar kosið að nota þetta tækifæri til þess að koma á ytri tollum gagnvart iðnaðarframleiðslu frá öðrum löndum en þeim sem mynda hið Evrópska efnahagssvæði. Þar er um að ræða pólitíska ákvörðun sem ekki er gerð krafa um í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Afleiðing af þessu er sú að vörur frá Evrópu lækka í verði á meðan vörur annars staðar frá hækka. Benda má á að í frumvarpi til laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þar sem lagðar eru til breytingar á tollum á bifreiðum og eldsneyti í jöfnunargjöld, er ekki lagt til að beitt sé ytri tollum sem staðfestir að engin krafa er gerð um að svo sé gert.

Í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að vörugjöld á byggingarefni séu felld niður. Það verður að teljast til hagsbóta fyrir íslenskan byggingariðnað og styður minni hlutinn þá breytingartillögu. Þá er einnig í frumvarpinu nauðsynlegar heimildir til töku jöfnunargjalda í landbúnaði, en allt er óljóst um hvernig þeim verður beitt.

Minni hluta nefndarinnar þykir rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þeirri pólitísku stefnumörkun sem felst í frumvarpinu og minni hlutinn á engan þátt í og mun hann því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1993.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

940. Lög [211. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 252.

941. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

I. KAFLI

Breytingar á ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 6. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að lækka eða fella niður tolla í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt að láta að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra, svo og breytingar sem kunna að verða gerðar á slíkum samningum og bókunum og viðaukum við þá. Þegar heimild þessari er beitt skal jafnframt heimilt að fella niður almennan toll í dálki A í tollskrá af hráefni eða efnivörum til innlendrar framleiðslu og lækka toll í allt að 7,5% í öðrum tilvikum. Falli fríverslunar- eða milliríkjasamningur úr gildi eða ákvæðum þeirra er breytt með þeim hætti að forsendur til lækkunar eða niðurfellingar tolla eru ekki lengur til staðar skal almennur tollur í dálki A í tollskrá taka gildi.

b. 13. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Sama gildir um vélar, vélarhluta og varahluti sem notaðir eru til aðvinnslu slíkra vara.

c. 16. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður toll af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.

2. gr.

Við XII. kafla laganna bætist ný grein er verður 120. gr. A og orðast svo:

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. Jafnframt skal heimilt að leggja slík gjöld á vörur sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og skal þá miðað við mismun á því innlenda viðmiðunarkerfi er skilgreint er í bókun 3 og heimsmarkaðsverði.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. málsl. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við EES-samninginn svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 111. gr.

3. gr.

Á 143. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra upplýsinga um innflutning og útflutning á einstökum vöruflokkum. Sama gildir vegna framkvæmdar fríverslunar- og milliríkjasamninga en í því tilviki skal jafnframt heimilt að taka upp nýja dálka fyrir tolla eða gjöld sem þar kann að vera kveðið á um.

b. Síðari málsliður 3. mgr. verður 4. mgr. og breytist röð annarra málsgreina í samræmi við það.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. 1. mgr. í viðauka I orðast svo:

Dálkur A í tollskránni gildir fyrir allar innfluttar vörur nema um þær gildi sérreglur í dálki E. Dálkur E í tollskránni gildir fyrir vörur sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra er heimilt með þeim skilmálum, sem kveðið er á um í samningnum eða öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum, að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sérstaka tollmeðferð á vörum sem flokkast undir 1.–24. kafla tollskrárinnar.
2. Tolltaxti í dálki E í 25.–97. kafla tollskrárinnar verður 0%. Ráðherra er heimilt að lækka almennan toll í dálki A í sömu köflum í allt að 7,5%.
3. Tollur á vörum í tollskrárnúmerunum 8431.4200 og 8431.4300 fellur niður.
4. Tollur á vörum í vörulið 8426 fellur niður.

II. KAFLI

Breytingar á ákvæðum laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

5. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldflokkar vörugjalds skulu vera eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í viðauka I við lög þessi:

Af vörum í gjaldflokki A skal greiða 6% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki B skal greiða 9% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 16% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 20% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 25% vörugjald.
Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 30% vörugjald.

6. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gjaldstofn tilgreindra innfluttra vöruflokka skuli ákveðinn í samræmi við ákvæði 6. gr.

7. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef framleiðandi eða heildsali vöru er jafnframt smásali hennar eða heildsöluverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt heildsöluverð vörunnar. Við slíkt mat skulu skattyfirvöld taka mið af því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum milli óskyldra aðila.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Gjalddagi er fimmti dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili.
b. Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Álag skv. 4. mgr. skal vera 2% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 10/1960, um söluskatt“ í 1. mgr. koma orðin: laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
b. 2. mgr. fellur brott.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 en þó ekki fyrr en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi að því er Ísland varðar. Ákvæði þeirra skulu taka til allra þeirra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum um vörugjald og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna innan 15 daga frá því að lög þessi öðlast gildi um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. taka lög þessi gildi þegar í stað að því er varðar niðurfellingu vörugjalds á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

2523.1000	4403.3500	7003.1100	7009.9100	7214.5001
2523.2100	4403.9100	7003.1900	7009.9200	7214.6001
2523.2900	4403.9200	7003.2000	7016.1000	7217.1100
2523.3000	4403.9900	7003.3000	7016.9009	7217.1200
2523.9000	6801.0000	7004.1000	7213.1001	7217.1900
3816.0000	6810.1100	7004.9000	7213.2001	7217.2100
3823.4000	6810.1900	7005.1000	7213.3101	7217.2200
3823.5000	6810.9100	7005.2100	7213.3901	7217.2900
4403.1000	6810.9900	7005.2900	7213.4101	7217.3100
4403.2000	6901.0000	7005.3000	7213.4901	7217.3200
4403.3100	6902.1000	7006.0000	7213.5001	7217.3900
4403.3200	6902.2000	7007.1900	7214.2001	
4403.3300	6902.9000	7007.2900	7214.3001	
4403.3400	6904.1000	7008.0000	7214.4001	

Viðauki I við lög um vörugjald.

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 6% vörugjald:

4011.1000	4011.9100	4012.1000	4013.1000	4016.9922
4011.2000	4011.9900	4012.2000	4013.2000	
4011.4000		4012.9000	4013.9000	
4011.5000				

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 9% vörugjald:

3208.1001	3303.0001	3917.2901	3921.9002	4411.3901
3208.1002	3303.0002	3917.3201		4411.9101
3208.1003			3922.1000	4411.9901
3208.1004	3304.1000	3918.1001	3922.2000	
3208.1009	3304.2000	3918.1002	3922.9001	4412.1101
3208.2001	3304.3000	3918.9011	3922.9009	4412.1201
3208.2002	3304.9100	3918.9019		4412.1901
3208.2009	3304.9900	3918.9021	4003.1000	4412.2101
3208.9001		3918.9029		4412.2901
3208.9002	3305.1001		4008.1101	4412.9101
3208.9003	3305.1009	3919.9001	4008.2101	4412.9901
3208.9009	3305.2000			
	3305.3000	3920.1002	4016.9100	4413.0001
3209.1001	3305.9000	3920.2001	4016.9918	
3209.1002		3920.3001	4016.9919	4418.3000
3209.1009	3307.1000	3920.4101		4418.5000
3209.9001	3307.2000	3920.4202	4407.1001	
3209.9002	3307.3000	3920.5101	4407.2101	4504.1002
3209.9009	3307.4100	3920.5901	4407.2201	4504.1005
	3307.4900	3920.6101	4407.2301	4504.9003
3210.0011	3307.9002	3920.6201	4407.9101	
3210.0012	3307.9009	3920.6301	4407.9201	4601.2000
3210.0019		3920.6901	4407.9901	
3210.0021	3808.2001	3920.7101		4811.1000
3210.0029		3920.7301	4409.1001	
	3814.0002	3920.7901	4409.2001	4814.1000
3211.0000	3814.0009	3920.9101		4814.2001
		3920.9201	4410.1001	4814.2009
3212.9001	3916.1001	3920.9301	4410.9001	4814.3000
3212.9009	3916.2001	3920.9401		4814.9001
	3916.9001	3920.9902	4411.1101	4814.9002
3213.1000			4411.1901	4814.9009
3213.9000	3917.2101	3921.1101	4411.2101	
	3917.2201	3921.1201	4411.2901	4815.0000
3214.1001	3917.2301	3921.1902	4411.3101	

4823.9005
5602.9001
5701.1000
5701.9000
5702.1000
5702.2000
5702.3100
5702.3200
5702.3900
5702.4100
5702.4200
5702.4900
5702.5100
5702.5200
5702.5900
5702.9100
5702.9200
5702.9900
5703.1001
5703.1009
5703.2001
5703.2009
5703.3001
5703.3009
5703.9001
5703.9009
5704.1000
5704.9000
5705.0001
5705.0009
5904.1000
5904.9100
5904.9200
5905.0001
5905.0009
6802.1000
6802.2109
6802.2209
6802.2309
6802.2909
6802.9109
6802.9209
6802.9309
6802.9909
6803.0000
6806.1009
6806.2000
6806.9001
6806.9009
6807.1001
6807.9001
6808.0000
6809.1101
6809.1901
6809.9001
6809.9009
6811.1000
6811.2001
6811.9001
6811.9009
6814.1000
6815.9101
6815.9901
6904.9000
6905.1000
6905.9000
6907.1000
6907.9000
6908.1000
6908.9000
6910.1000
6910.9000
7019.3101
7019.3901
7019.9003
7019.9009
7210.2001
7210.3101
7210.3901
7210.4100
7210.5001
7210.6001
7210.7001
7212.2101
7212.2901
7212.3001
7212.4001
7212.5001
7212.6001
7216.9001
7304.1000
7304.2000
7305.1100
7305.1200
7305.1900
7305.2000
7306.1000
7306.2000
7313.0000
7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000
7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000
7417.0000
7418.2000
7419.9904
7606.1101
7606.1201
7606.9101
7606.9201
7615.2000
8407.3100
8407.3200
8407.3300
8407.3400
8408.2000
8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001
8426.1201
8426.1209
8426.1900
8426.2000
8426.3000
8426.4101
8426.4109
8426.4900
8426.9100
8426.9900
8428.1001
8428.4000
8431.3100
8452.1000
8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000
8507.1000
8507.2000
8507.3000
8507.4000
8507.8000
8507.9000
8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901
8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9000
8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000
8537.1009
8537.2000
8538.1000
8538.9000
8544.1100
8544.1900
8544.2000

8544.3000	8708.9200	9007.2900	9405.3000	9405.9201
8544.4100		9007.9100	9405.4001	9405.9202
8544.4900	8714.1100	9007.9200	9405.4009	9405.9209
8544.5100	8714.1900		9405.5000	9405.9901
8544.5900		9405.1001	9405.6001	9405.9909
8544.6000	9007.1100	9405.1009	9405.6009	
8544.7000	9007.1900	9405.2001	9405.9101	
	9007.2100	9405.2009	9405.9109	

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 16% vörugjald:

3701.2000	3702.9100	7014.0001	8511.1000	8708.3900
3701.9109	3702.9200		8511.2000	8708.4000
3701.9909	3702.9300	7315.9001	8511.3000	8708.5000
	3702.9400		8511.4000	8708.6000
3702.2000	3702.9500	7320.1000	8511.5000	8708.7000
3702.3100		7320.2001	8511.8000	8708.8000
3702.3200	3926.3001	7320.9001	8511.9000	8708.9100
3702.3909				8708.9300
3702.4402	4016.9925	8301.2000	8544.3000	8708.9400
3702.5100		8301.4001		8708.9900
3702.5200	7007.1101		8545.9001	
3702.5300	7007.2101	8302.1001		8716.9009
3702.5400		8302.3000	8708.1000	
3702.5500	7009.1000	8302.4901	8708.2900	
3702.5600			8708.3100	

D. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

6702.1000	8418.2900	8451.1009	8519.2900	8529.9003
6702.9000	8418.3001	8451.2100	8519.3100	
	8418.4001	8451.3001	8519.3900	8539.1000
7321.1100	8418.6101		8519.9901	8539.2100
7321.1200	8418.6901	8476.1100	8519.9902	8539.2200
7321.1300		8476.1900		8539.2900
7321.8100	8421.1201	8476.9000	8520.9001	8539.3100
7321.8200	8421.3901			8539.3900
7321.8300		8479.8901	8521.1021	8539.4000
7321.9000	8422.1100		8521.1029	8539.9000
		8509.2000	8521.9021	
8301.1000	8433.1100	8509.3000	8521.9029	8540.1100
8301.5000	8433.1900	8509.8009		8540.1200
		8509.9000	8522.1000	8540.2000
8302.3000	8450.1100		8522.9000	8540.3000
	8450.1200	8516.3300		8540.4100
8418.1001	8450.1900	8516.4009	8528.1002	8540.4200
8418.2100	8450.9000	8516.7909		8540.4900
8418.2200		8516.8001	8529.9002	8540.8100

08540.8900	9608.1000	9608.6000	9609.9000	9613.9000
8540.9100	9608.2000	9608.9100		
8540.9900	9608.3100	9608.9900	9613.1000	9614.1000
	9608.3900		9613.2000	9614.2000
8716.8001	9608.4000	9609.1000	9613.3000	9614.9000
8716.8009	9608.5000	9609.2000	9613.8000	

E. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

1701.1100	1702.9003	1806.9004	2106.9011	3302.1002
1701.1200	1702.9004	1806.9005	2106.9019	
1701.9101	1702.9009	1806.9006	2106.9021	9301.1000
1701.9102		1806.9009	2106.9022	
1701.9103	1703.1001		2106.9029	9302.0000
1701.9104	1703.1002	1905.2000	2106.9041	
1701.9105	1703.1009	1905.3011		9303.1000
1701.9106	1703.9001	1905.3019	2201.1000	9303.2000
1701.9107	1703.9009	1905.3091		9303.3000
1701.9109		1905.3099	2202.1001	9303.9009
1701.9901	1704.1000		2202.1009	
1701.9902	1704.9001	2009.1101	2202.9001	9304.0000
1701.9903	1704.9002	2009.1109	2202.9009	
1701.9904	1704.9003	2009.1901		9305.1000
1701.9905	1704.9004	2009.1909	2203.0001	9305.2100
1701.9906	1704.9005	2009.2001		9305.2900
1701.9907	1704.9009	2009.2009		9305.9000
1701.9909		2009.3001	2204.2101	
	1805.0001	2009.3009	2204.2901	9306.1000
1702.1000	1805.0009	2009.4001	2204.3000	9306.2100
1702.2000		2009.4009		9306.2900
1702.3001	1806.1000	2009.5001	2206.0000	9306.3009
1702.3002	1806.2001	2009.5009		9306.9009
1702.3009	1806.2009	2009.6001	2208.9009	
1702.4001	1806.3101	2009.6009		9307.0000
1702.4002	1806.3109	2009.7001	2209.0000	
1702.4009	1806.3201	2009.7009		
1702.5000	1806.3202	2009.8001	3003.9001	
1702.6000	1806.3203	2009.8009		
1702.9001	1806.3209	2009.9001	3004.5004	
1702.9002	1806.9003	2009.9009	3004.9004	

F. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

8518.2100	8519.4000	8527.1101	8527.3102	8529.1009
8518.2200	8519.9100	8527.1102	8527.3109	8529.9009
8518.2900	8519.9909	8527.1109	8527.3200	
8518.3000		8527.1900	8527.3900	8543.8001
8518.4000	8520.1000	8527.2101	8527.9009	8543.9001
8518.5000	8520.2000	8527.2102		
8518.9000	8520.3100	8527.2109	8528.1009	
	8520.3900	8527.2900	8528.2009	
8519.1000	8520.9009	8527.3101		

942. Frumvarp til laga [27. mál]

um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði og gjaldskylda.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, o.fl., svo sem nánar greinir í lögum þessum, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og eldsneyti, sbr. 27. kafla viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, eftir því sem segir í lögum þessum.

Gjaldskylda.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, sbr. 1. gr., nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða settar eru saman hér á landi. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um flokkun vara jafnframt um vörugjald.

II. KAFLI
Vörugjald af ökutækjum o.fl.

Gjaldflokkar ökutækja.

3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi fjórum gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–1400	30
II	1401–2000	45
III	2001–2500	60
IV	yfir 2500	75

4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

1. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
2. 15% vörugjald:
   a. Tengivagnar og festivagnar til völuflutninga, íbúðar eða ferðalaga, sem ekki eru vélknúnir, og yfirbyggingar á þá.
   b. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar.
   c. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
   d. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   e. Hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
3. 30% vörugjald:
   a. Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
   b. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og skráð eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni.
   c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til völuflutninga.
   d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl. sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.
   e. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli.
4. 70% vörugjald:
   a. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
   b. Beltabifhjól (vélsleðar).
   c. Fjórhjól.
   d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

Ráðherra er heimilt að samræma vörugjöld af vörum samkvæmt þessum kafla til lækkunar eða hækkunar ef sams konar eða svipaðar vörur kaflans bera ekki sama vörugjald.

5. gr.

Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa og sendiræðismanna eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt kafla þessum sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður gjald samkvæmt þessum kafla og setja um það skilyrði. Heimildin nær til þeirra ökutækja sem hér greinir.

1. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
2. Ökutæki á beltum, sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins.

3. Slökkvibifreiðar, snjóplógar.
4. Sjúkrabifreiðar.
5. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
6. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
7. Bifreiðar, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, sem búnar eru hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
8. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
9. Dráttarvélar til nota á lögbýlum.
10. Leigubifreiðar. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 30%.

Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu gjalda skv. 2. mgr.

Innflutt ökutæki.

6. gr.

Þegar ökutæki er innflutt skal innflytjandi þess afhenda viðkomandi tollyfirvaldi með aðflutningsskýrslu staðfestingu um forskráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir stærð aflvélar þess.

Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um forskráningu við tollafgreiðslu er heimilt að leggja fram önnur þau gögn um vélarstærð ökutækis er tollyfirvöld meta fullnægjandi.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu gilda eftir því sem við getur átt um gjald af vörum samkvæmt þessum kafla laganna.

Innlend framleiðsla og aðvinnsla.

8. gr.

Sá aðili, er framleiðir eða vinnur að breytingum á ökutæki áður en það er skráð samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skal skila gjaldi af ökutækinu í samræmi við verðmæti þess við skráningu og samkvæmt þeim gjaldflokki sem það þá fellur undir samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að draga frá greiðslu skv. 1. mgr. það vörugjald sem þegar hefur verið greitt af ökutækinu eða efnivörum til þess.

9. gr.

Sé ökutæki, sem skráð hefur verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, breytt þannig að það flokkist í hærri gjaldflokk en við upphaflega skráningu skal skráður eigandi þess greiða viðbótarvörugjald eigi breytingin sér stað innan fimm ára frá upphaflegum skráningardegi.

Viðbótargjald skv. 1. mgr. skal ákveðið með eftirfarandi hætti:

a. Á framreiknaðan og afskrifaðan upphaflegan gjaldstofn skal reikna viðbótarvörugjald sem nemur mismun á nýjum gjaldflokki skv. 1. mgr. og þeim gjaldflokki er upphaflega var greitt samkvæmt.
b. Af verðmætaaukningu vegna aðvinnslu eða breytinga á ökutækinu skal greiða vörugjald samkvæmt nýjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr.
c. Frá álögðu vörugjaldi skv. a- og b-liðum er heimilt að draga vörugjald sem greitt hefur verið vegna aðfanga til aðvinnslunnar eða breytingarinnar.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Tollstjóri getur krafist þess að gjaldskyldir aðilar leggi fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um sprengirými aflvélar þess eða samsvarandi upplýsingar innlends aðila sem annast hefur aðvinnslu eða breytingar á ökutækinu.

11. gr.

Óheimilt er að skrásetja gjaldskylt ökutæki fyrr en gjald samkvæmt lögum þessum hefur verið greitt.

Þeir aðilar, sem skrá og skoða ökutæki, skulu ganga úr skugga um það við skráningu ökutækis að gjald skv. II. kafla hafi verið greitt af viðkomandi ökutæki. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal synjað um skráningu og/eða skoðun og viðkomandi tollstjóra þegar tilkynnt um það.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð að ökutæki, sem falla undir lög þessi og ekki eru ætluð til einkanota eða undanþegin eru gjaldi samkvæmt lögum þessum, verði auðkennd sérstaklega.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem seld eða leigð eru úr landi. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við fyrningargrunn og fyrningarhlutföll samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. KAFLI
Vörugjöld af eldsneyti.

Almennt vörugjald af eldsneyti.

14. gr.

Af bensíni skal greiða 90% vörugjald.

Sérstakt vörugjald af eldsneyti.

15. gr.

Auk vörugjalds skv. 14. gr. skal greiða sérstakt vörugjald — bensíngjald — af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 21,78 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 23,82 kr. af hverjum lítra.

Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

16. gr.

Bensíngjald skv. 15. gr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka bensíngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti bensíngjalds er miðaður við vísitölu 1. febrúar 1990, þ.e. 164,9 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir sem hafa bensín til umráða, er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

17. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fella niður eða að ákveða endurgreiðslu á gjöldum skv. 14. gr. og 15. gr. af bensíni ef sönnur eru færðar á að það hafi verið notað eða verði notað á flugvélar.

IV. KAFLI
Gjaldskyldir aðilar, gjaldstofn og gjalddagar.

18. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, vinna að þeim eða setja þær saman hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir skila vörugjaldsskýrslu vegna ökutækis o.fl. til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og greiða gjald það sem þeim ber að standa skil á.

Gjaldstofn.

19. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–12. gr. tollalaga, nr. 55/1987, að viðbættum gjöldum eins og þau eru ákveðin samkvæmt þeim lögum.

20. gr.

Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af gjaldskyldum vörum, sem framleiddar eru, unnið er að eða settar eru saman hér á landi, er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð framleiðanda þeirra án vörugjalds til óháðs aðila, sbr. 8. gr. tollalaga. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð skal tollstjóri meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðrar innfluttrar vöru eða framleiðsluverði hliðstæðrar vöru sem framleidd er hérlendis.

21. gr.

Gjaldstofn ökutækis, sem breytt hefur verið eða unnið hefur verið að, sbr. 8. og 9. gr., skal vera verðmæti ökutækis eftir breytingu eða aðvinnslu.

Sé erfiðleikum bundið að finna verðmæti ökutækis skv. 1. mgr. skal tollstjóri áætla það, sbr. 20. gr.

Gjalddagar.

22. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu. Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum, sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. skal vörugjald af innfluttum skráningarskyldum ökutækjum greitt áður en skráning þeirra fer fram, en þó ekki síðar en sex mánuðum eftir tollafgreiðslu.

24. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu vörugjalds af eldsneyti er miðast við sölu birgða.

V. KAFLI
Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

25. gr.

Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

Tollstjórar annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hafa með höndum eftirlit.

26. gr.

Heimilt er að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framið samkvæmt lögum þessum. Reynist vera um brot að ræða er heimilt að taka skráningarmerki af ökutækinu til varðveislu.

27. gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðrar framkvæmdir varðandi gjald skv. 1. gr. skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, og laga nr. 97/1987, um vörugjald, eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Breyting á skráningarskyldu frá því sem nú er ákveðið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, hefur ekki áhrif á gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

28. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lagaákvæði o.fl.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

30. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, og eftirtalin ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, breytast sem hér segir:

1. 1. gr., 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. laganna falla brott.
2. Orðin „að frátöldum tekjum skv. 2. mgr. 1. gr. sem renna í ríkissjóð“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.
3. Í stað orðanna „Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. kemur orðið: Þungaskattur.

4. Orðið „bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. fellur brott.
5. Orðin „bensíngjalds og sérstaks bensíngjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.
6. 2. og 3. mgr. 6. gr. falla brott.
7. Orðin „bensíngjalds og“ í 1. málsl. 8. gr. falla brott.
8. 2. málsl. 8. gr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um allar vörur er ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.

II.

Af vörum, er falla undir eftirfarandi vöruliði samkvæmt viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, skulu tollar falla niður frá og með gildistöku laga þessara: 8701, 8702, 8703, 8704, 8705, 8706, 8707, 8710 og 8711.

Af vörum, er falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer samkvæmt viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, tollskrá, skulu falla niður tollar við gildistöku laga þessara: 2710.0012, 2710.0019, 8716.1000, 8716.3100, 8716.3900, 8716.4000 og 8716.9002.

943. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GuðjG, SP, IBA, SigG).

Við 2. gr. Í stað orðanna „og skal þá miðað við mismun á því innlenda viðmiðunarkerfi er skilgreint er í bókun 3 og heimsmarkaðsverði“ í niðurlagi 1. mgr. komi: og skal þá miðað við mismun á verði hliðstæðrar vöru á heimsmarkaði og verði hinnar innlendu vöru eftir því sem við á hverju sinni.

944. Lög [27. mál]

um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 942.

945. Lög [26. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 941 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Við XII. kafla laganna bætist ný grein er verður 120. gr. A og orðast svo:

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. Jafnframt skal heimilt að leggja slík gjöld á vörur sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og skal þá miðað við mismun á verði hliðstæðrar vöru á heimsmarkaði og verði hinnar innlendu vöru eftir því sem við á hverju sinni.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. málsl. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við EES-samninginn svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 111. gr.

946. Svar [430. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um starf og eignir húsmæðraskóla.

1. *Hvaða kennsla fer fram í þeim húsmæðraskólum sem enn starfa og hvernig skiptist kostnaður við þá kennslu milli*
   a. *ríkisins,*
   b. *sveitarfélaga,*
   c. *nemenda?*

Kennsla með hefðbundum sniði fer fram í tveimur húsnæðraskólum. Í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur er kennt á vorönn samkvæmt námsskrá hússtjórnarbrautar en á haustönn á sjálfstæðum námskeiðum. Ríkissjóður greiðir allan launakostnað og rekstrarkostnað hússins, en reglulegir nemendur greiða sjálfir lítils háttar innritunargjöld og allan efniskostnað. Skólinn hefur, eins og að ofan greinir, staðið fyrir allmörgum námskeiðum fyrir almenning. Ríkissjóður greiðir kennslukostnað, en þátttakendur efniskostnað. Verði afgangur rennur hann til skólans sem sértekjur.

Í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað hefur á undanförnum vorönnum verið kennt samkvæmt námsskrá hússtjórnarbrautar. Kostnaðarskipting er í öllum megindráttum sú sama og í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur. Á haustönn hefur hins vegar í allmörg ár farið fram heimilisfræðikennsla fyrir grunnskóla í fræðsluumdæminu. Ríkissjóður greiðir þá kennslu auk rekstrarkostnaðar hússins en sveitarfélögin, sem þjónustunnar njóta, greiða eða endurgreiða efniskostnað, gæslulaun og aksturskostnað.

2. *Hvernig hefur eignum þeirra húsmæðraskóla, sem lagðir hafa verið niður, verið ráðstafað og hverjir annast þær:*
   a. *húsnæði,*
   b. *innanstokksmuni og gjafir?*

Varmaland.

Húsnæði skólans er að mestu nýtt í þágu grunnskóla á staðnum. Munir í eigu skólans og húsbúnaður, sem talinn er hafa minjagildi, er í geymslu í skólahúsinu undir eftirliti kvenfélaganna.

Staðarfell.

Í skólahúsinu er rekin meðferðarstöð SÁÁ, en munir í eigu skólans eru geymdir í skólahúsinu undir eftirliti heimamanna.

Ósk Ísafirði.

Samkvæmt samkomulagi aðila er hús skólans í vörslu Framhaldsskóla Vestfjarða og fer þar fram heimilisfræðikennsla fyrir grunnskóla og framhaldsskóla ásamt tilfallandi námskeiðahaldi fyrir almenning. Einnig hefur tónlistarskóli staðarins hluta hússins á leigu. Kvenfélagið Ósk hefur samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi aðgang að ákveðnum stofum í húsinu til fundarhalda og eru þar geymdir ýmsir gripir skólans.

Blönduós.
Í skólahúsinu starfar Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra og eru gripir og búnaður í eigu skólans varðveittir í skólahúsinu undir eftirliti heimamanna.

Langamýri.
Þjóðkirkjan á og rekur skólann. Munir skólans eru varðveittir í skólahúsinu í samráði við heimamenn.

Laugaland.
Stærstur hluti húsnæðis skólans er nýttur til kennslu á grunnskólastigi en kvenfélag sveitarinnar hefur þar einnig fundaraðstöðu og þar eru geymdir gripir sem voru í eigu skólans.

Akureyri.
Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur yfirtekið hlutverk og eignir húsmæðraskólans og annast einnig varðveislu muna og húsbúnaðar.

Laugar.
Framhaldsskólinn að Laugum er starfræktur í húsum þeirra skóla sem áður störfuðu á staðnum, þ.e. héraðsskólans og húsmæðraskólans. Hluti af húsnæði húsmæðraskólans er þó í umsjá kvenfélaga héraðsins og þar eru geymdir merkisgripir úr eigu skólans.

Laugarvatn.
Íþróttakennaraskóli Íslands hefur skólahúsið til afnota og einnig hefur Menntaskólinn á Laugarvatni staðið þar fyrir kennslu í heimilisfræðum, bæði fyrir eigin nemendur, nemendur grunnskólans og almenning. Kvenfélög héraðsins hafa þar einnig nokkur ítök og hafa umsjón með varðveislu gripa sem voru í eigu skólans.

3. Hverjir eru eigendur einstakra húsmæðraskóla?

Byggingu húsmæðraskólanna bar á sínum tíma að með ýmsum hætti en allir munu þeir hafa verið reistir að frumkvæði heimamanna en með verulegum styrk úr ríkissjóði. Fjölmargar lagabreytingar hafa í tímans rás haft áhrif á skiptingu á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði þeirra og miðuðu þær flestar að því að auka kostnaðarþátttöku og ábyrgð ríkisins. Í lögum nr. 41 frá 1955 er rekstrarkostnaði og stofnkostnaði skipt þannig að ríkið greiði 75% en sveitarfélög 25%. Í lögum nr. 49 (skólakostnaðarlögunum) frá 1967 er ákvæði um að sé skóli lagður niður skuli skuldlausar eignir skiptast í sömu hlutföllum og stofnkostnaður var greiddur. Nú falla þeir hússtjórnarskólar, sem enn starfa, undir lög um framhaldsskóla. Auk þeirra lagagreina, sem gilda eða gilt hafa um húsmæðraskólana, hafa verið gerðir sérstakir samningar um marga þeirra. Yfirleitt er húsum þar ráðstafað til annarrar skólastarfsemi og tilheyrandi aðila (ríki eða sveitarfélögum) falin forsjá mannvirkja.

4. Hvaða áform eru uppi um varðveislu eða nýtingu á þeim merka menningararfi kvenna sem er að finna innan veggja húsmæðraskólanna, svo og þeirra húsa sem byggð voru sem húsmæðraskólar í öllum landsfjórðungum?

Eins og fram hefur komið hér að ofan eru flest þau hús, sem á sínum tíma voru byggð sem húsmæðraskólar, enn í notkun sem skólahús eða nýtt í þágu skólastarfsemi með öðru móti. Rekstur þeirra er yfirleitt í höndum ríkisins en varðveisla gripa sem sérstakt gildi hafa, sögulegt eða menningarlegt, er í umsjá kvenfélaga eða annarra aðila sem tengjast

fyrra skólahaldi. Þau skólahús, sem til eru, munu flest verða notuð til skólahalds um mörg ókomin ár þótt breyttar aðstæður geti í einstöku tilvikum kallað á aðra nýtingu, sbr. Staðarfell.

947. Svar [335. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar, Kristínar Ástgeirsdóttur, Valgerðar Sverrisdóttur og Ólafs Þ. Þórðarsonar um niðurskurð kennslustunda árið 1992.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvernig skiptist niðurskurður kennslustunda árið 1992 á kennslugreinar eftir árgöngum?*
2. *Hve mikið og í hvaða árgöngum hefur kennslustundum fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum?*
3. *Hversu marga nemendur snertir niðurskurðurinn á árinu 1992 í hverri námsgrein?*

Meðfylgjandi eru upplýsingar frá fræðslustjórum að beiðni ráðuneytisins. Eins og þar kemur fram er mjög erfitt að svara spurningum fyrirspyrjenda ítarlega. Ástæður eru m.a. þær að upplýsingar liggja ekki fyrir fyrr en að loknu yfirstandandi skólaári, viðbrögð við fækkun kennslustunda eru mismunandi eftir skólum og fræðsluumdæmum og skipulag skólastarfs er víða með þeim hætti að ekki er unnt að fá óyggjandi svör.

Fræðslustjórar hafa reynt að svara eftir bestu getu miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á fræðsluskrifstofum. Upplýsingar frá fræðslustjóra Reykjanesumdæmis eru allítarlegar. Þar lágu fyrir ýmsar upplýsingar í tölvutæku formi og vinna var lögð í að draga þær saman í greinargerð.

Reykjavík.

Í 4.–7. bekk hefur kennslustundum fækkað mest í íslensku og almennri bekkjarkennslu. Í 8. og 9. bekk kemur fækkun kennslustunda mest fram í íslensku, samfélagsgreinum, heimilisfræði, erlendum málum og náttúrufræði. Í 10. bekk kemur fækkun nánast eingöngu fram í valgreinum.

Reykjanes.

Í áætlun, sem fræðslustjóri sendi öllum skólum í umdæminu eftir að ákvarðanir höfðu verið teknar um niðurskurð, var gerð tillaga um að fella eina stund niður í svokölluðum umsjónarkjarna í hverri bekkjardeild í 6.–10. bekk auk þess að fækka kennslustundum um eina í íslensku í 4. bekk, mynd- og handmennt í 5. og 7. bekk, dönsku í 6. bekk, samfélagsfræði í 8. bekk, stærðfræði í 9. bekk og valgreinum í 10. bekk. Svo virðist sem skólarnir hafi ekki fallist á þessar tillögur fræðslustjóra í öllum tilvikum og tekið ákvörðun um fækkun stunda í öðrum námsgreinum. Samkvæmt tölum fræðsluskrifstofunnar hefur kennslustundum ekki fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum málum. Hins vegar hefur kennsla einkum minnkað í heimilisfræði, íþróttum, náttúrufræði og mynd- og handmennt.

Vesturland.
Upplýsingar lágu fyrir frá 10 af 15 skólum. Í skólunum 10 hefur stundum í íslensku fjölgað um samtals 13,5. Stundum í stærðfræði fækkaði um alls 21,5 í sömu skólum, í dönsku fækkaði stundum um 5,5 og í ensku fjölgaði stundum um þrjár.

Vestfirðir.
Í skólum á Vestfjörðum er mikil samkennsla og því erfitt að segja til um kennslustundafjölda í einstökum námsgreinum. Áhersla hefur verið lögð á að halda óskertri kennslu í íslensku, stærðfræði og erlendum málum þrátt fyrir niðurskurð. Þetta er gert m.a. með fjölgun í námshópum og breyttu kennslufyrirkomulagi. Auk þess var skólatími lengdur um hálfan mánuð í tíu skólum á Vestfjörðum á síðasta ári.

Norðurland vestra.
Almennt virðist kennsla ekki skert í stærðfræði og erlendum málum í efstu bekkjum. Niðurskurður virðist helst koma fram í miðbekkjum grunnskóla en ekki er hægt að segja til um í hvaða námsgreinum fyrr en að skólaári loknu. Fjórir skólar lengdu árlegan starfstíma um 2–4 vikur á síðasta ári. Þar er niðurskurði mætt með lengingunni og gott betur.

Norðurland eystra.
Upplýsingar um einstakar námsgreinar liggja ekki fyrir. Í fjórum skólum eru færri nemendastundir á bekkjardeild á yfirstandandi skólaári en því næsta á undan. Munurinn er frá 0,51 stund á bekkjardeild upp í 2,33 stundir. Í þessum fjórum skólum eru 27,3% nemenda umdæmisins. Aðrir nemendur eru með svipað eða meira kennslumagn á viku. Í tíu skólum með 20% nemenda umdæmisins var starfstími lengdur um tvær vikur milli ára.

Austurland.
Margir skólar eru með samkennslu árganga. Upplýsingar um einstakar námsgreinar liggja ekki fyrir. Langflestir skólar eru með kennslustundafjölda í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Á nokkrum stöðum vantar 1–2 stundir upp á að lágmarksstundafjölda sé náð. Skýrist það m.a. af sundi sem kennt er á námskeiðum og af kennaraskorti. Ellefu skólar hafa lengt skólatíma um tvær vikur.

Suðurland.
Upplýsingar lágu fyrir um níu skóla af 30. Í fjórum skólum fækkar um eina stund í íslensku í 6.–10. bekk. Alls eiga 366 nemendur í hlut. Í 4.–10. bekk fækkar um eina stund í ensku, dönsku og samfélagsfræði þar sem alls 222 nemendur eiga í hlut. Víðast hvar fækkar einnig stundum í íþróttum og valgreinum. Í 16 skólum lengdist árlegur starfstími um tvær vikur. Þessi aukning vegur upp á móti niðurskurði. Auk þess hefur verið gengið harðar eftir því að skólar uppfylltu ákvæði um lágmarksstundafjölda nemenda.

Minnt skal á að viðmiðunarstundaskrá tiltekur lágmarksstundafjölda í hinum ýmsu námsgreinum. Þess utan eru stundir sem hver skóli ráðstafar sjálfur. Ákvörðun um fækkun kennslustunda í 4.–10. bekk, sem tekin var með útgáfu nýrrar viðmiðunarstundaskrár vorið 1992, byggðist á því að fækka ráðstöfunarstundum skóla en skerða ekki lágmarksstundafjölda.

Athygli vekur að þrátt fyrir fækkun kennslustunda með breytingu á viðmiðunarstundaskrá fyrir 1992–1993 hefur kennslustundum í raun fjölgað í mörgum skólum, einkum á landsbyggðinni, m.a. vegna lengingar árlegs skólatíma. Enn fremur hefur aukið aðhald, t.d. með notkun skiptistunda, orðið til þess að raunverulegum nemendastundum hefur fækkað minna en efni stóðu til.

Svar fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis.
(10. febrúar 1993.)

Hjálagt sendast upplýsingar um skiptingu niðurskurðarstunda á þessu skólaári, en menntamálaráðuneytið óskaði eftir þeim frá fræðslustjórum, svo að hægt væri að svara fyrirspurn frá Alþingi um þessi mál.

Fyrirspurnin var í þrem liðum og ættu súluritablöðin, með 4. - 10. bekk að svara spurningum 1 og 2, en námsgreinar og fjöldi nemenda að svara spurningu 3.

Yfirlitið er frá 25 grunnskólum í Reykjavík. Á það skal bent að af þeim eru 3 skólar aðeins með 8.- 10. bekk, einn skóli með 1.- 8 bekk og 7 skólar eru með 1.- 7. bekk, aðrir eru heildstæðir.

Einkaskólar eru ekki með og ekki heldur Fossvogsskóli, þar sem niðurskurður var enginn vegna tilraunaverkefnis um lengingu skóladags.

Á það skal bent að það sem kallað er "samþættar námsgreinar" (íslenska, stærðfræði, og samfélagsfræði) er kennsla hjá bekkjarkennara, sem hefur skorið ögn af öllum þessum greinum.

Virðingarfyllst,

Áslaug Brynjólfsdóttir.

Hversu marga nemendur snertir niðurskurðurinn á árinu 1992 í hverri námsgrein

Námsgrein	*Fjöldi nem.*
Íslenska	3251
Stærðfræði	1120
Myndmennt	162
Handmennt	26
Heimilisfræði	1372
Tónmennt	281
Samþættar námsgr. (ísl.,stærðfr., samfélgr.)	1771
Samfélagsgreinar	1288
Kristinfræði	169
Náttúrufræði	1069
Eðlis- og efnafræði	317
Danska	832
Enska	980
Íþróttir	631
Valgreinar	1122

Skerðing kennslustunda í 4. bekk



Skerðing kennslustunda í 5. bekk



Skerðing kennslustunda í 6. bekk




Skerðing kennslustunda í 7. bekk
Íslenska
Stærðfræði
Myndmennt
Handmennt
Heimilisfræði
Tónmennt
Samþættar námsgr. (ísl.,stærðfr., samfélgr.)
Samfélagsgr.
Kristinfræði
Náttúrufræði
Eðlis- og efnafr.
Danska
Enska
Íþróttir
0
2
4
6
8
10
12
Kennslustundir

Skerðing kennslustunda í 8. bekk



Skerðing kennslustunda í 9. bekk



Skerðing kennslustunda í 10. bekk



Svar fræðslustjóra Reykjanesumdæmis.
(23. febrúar 1993.)

Fyrirspurnin er þríþætt :

1. **Hvernig skiptist niðurskurður kennslustunda árið 1992 á kennslugreinar eftir árgöngum?**

2. **Hve mikið og í hvaða árgöngum hefur kennslustundum fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum málum?**

3. **Hversu marga nemendur snertir niðurskurðurinn á árinu 1992 í hverri námsgrein?**

Til skýringar á svari við þessari fyrirspurn varðandi Reykjanesumdæmi skal eftirfarandi tekið fram:

1. Hvert skólaár er ein skipulagseining sem miðast við tímabilið frá 1. september til 31. maí. Af þeim sökum er mjög erfitt að svara spurningum um skólahald á einu almanaksári, þar sem það nær yfir hluta af tveimur skólaárum.

2. Kennslustundaviðmiðun er miðuð við eitt skólaár í einu og mjög erfitt að breyta kennsluskipulagi í grunnskóla á skólaárinu. Af þeim sökum hafa ákvarðanir um breytingu á kennslumagni sem teknar voru í tengslum við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1992 ekki áhrif á kennslu fyrr en í upphafi skólaárs 1992/93, eða frá 1. september 1992 að telja.

3. Með hliðsjón af framangreindu er fyrirspurninni svarað með upplýsingum sem gilda fyrir allt skólaárið 1992/93, þ.e. frá 1. september 1992 til 31. maí 1993.

Hér fer á eftir svar við fyrirspurninni:

1. liður fyrirspurnar:

Hvernig skiptist niðurskurður kennslustunda árið 1992 á kennslugreinar eftir árgöngum?

Svar:

Í áætlun fræðslustjóra (sjá fylgiskjal 5) sem skólastjórar nota til hliðsjónar við gerð stundaskrár var gert ráð fyrir að fella niður eina stund af umsjónarkjarna í hverri bekkjardeild í 6. - 10. bekk. Auk þess voru gerðar tillögur um að fækka stundum í 4. - 10. bekk sem hér segir:

Í 4. bekk: 1 st. í íslensku
- 5. bekk: 1 st. í mynd- og handmennt.
- 6.bekk: 1 st. í dönsku
- 7. bekk: 1 st. í mynd- og handmennt.
- 8. bekk: 1 st. í samfélagsfræði.
- 9. bekk: 1 st í stærðfræði.
- 10. bekk: 1 st. í valgreinum.

Að örðu leyti er vísað til greinargerðar og fylgiskjala.

2. liður fyrirspurnar:

Hve mikið og í hvaða árgöngum hefur kennslustundum fækkað í íslensku, stærðfræði og erlendum málum?

Svar:

Í framangreindri áætlun fræðslustjóra fyrir skólaárið 1992/93 var gert ráð fyrir að kennslustundum yrði fækkað í íslensku, stærðfræði og dönsku um eina stund í hverri hliðstæðu (hliðstæða er miðuð við eina bekkjardeild í hverjum aldursflokki) eins og fram kemur í svari við fyrsta lið fyrirspurnar. Raunin er hins vegar sú að **kennsla í þessum greinum er meiri en áætlun 1991/92 gerði ráð fyrir** og því er ekki um niðurskurð að ræða í íslensku, stærðfræði og erlendum málum. (Sjá nánar í greinargerð og fylgiskjölum).

3. liður fyrirspurnar:

Hversu marga nemendur snertir niðurskurðurinn á árinu 1992 í hverri námsgrein?

Svar:

Samkvæmt áætlun ætti niðurskurðurinn að snerta alla nemendur í 4. - 10. bekk, en sú er ekki raunin. Ástæður eru fyrst og fremst þær að aðeins 5 skólar af 29 kenndu fulla stundaskrá skólaárið 1991/92. Í tilefni af þessari fyrirspurn var lögð í það nokkur vinna að gera lauslega athugun á stundaskrám nemenda með samanburði við þær kennslustundir sem kennurum er greitt fyrir. Þessi lauslega athugun leiddi það í ljós að ekki er hægt að fá fram nægilega áreiðanlegar upplýsingar um það hversu margar kennslustundir hver einstakur nemandi fær nema með því að afla mun ítarlegri gagna en nú liggja fyrir og er því sá kostur valinn að svara framangreindri fyrirspurn með tölum sem byggjast annars vegar á samþykktum áætlunum og hins vegar á kennslu samkvæmt vinnuskýrslum. (Sjá töflu á fylgiskjali 2).

Greinargerð:

Til glöggvunar er hér tekið saman lauslegt yfirlit um hvernig fjallað er um rekstrarlega þætti skólahaldsins í umdæminu af hálfu fræðsluskrifstofunnar:

1. Í byrjun mars gerir fræðslustjóri áætlun um deildafjölda og kennslumagnsþörf grunnskólanna í umdæminu næsta skólaár. Tölvuútskrift af þessari áætlun er send til allra skóla og beðið um athugasemdir við áætlunina fyrir marslok (sjá fylgiskjal 5). Jafnframt er beðið um rökstudda áætlun einstakra skóla um sérkennsluþörf.

2. Þegar athugasemdir og áætlanir hafa borist frá skólunum er tekin afstaða til athugasemda varðandi deildafjölda og kennslumagnsþörf. Jafnframt eru sérkennsluáætlanir skólanna yfirfarnar í samráði við skólastjóra og umsjónarmann sérkennslu viðkomandi skóla.

3. Um 20. apríl er samþykkt áætlun um deildafjölda og kennslumagnsþörf ásamt samþykktri áætlun um sérkennslu send skólunum.

4. Í september er tekið á móti og unnið úr vinnuskýrslum kennara við grunnskóla umdæmisins og tölvuskráðir allir launatengdir þættir vegna launaafgreiðslu. Við þá úrvinnslu er fylgst náið með því að skólar fari ekki fram úr þeim stundafjölda sem skólar hafa til ráðstöfunar samkvæmt áætlun. Jafnframt er fylgst með því að tilfærslur milli bóklegra og verklegra greina séu innan þeirra marka sem áætlun gerir ráð fyrir.

5. Í október er tekið nemendamanntal og farið yfir nemendaskráningu skóla (sjá fylgiskjal 4). Þá er einnig farið yfir vinnuskýrslur kennara og tölvuskráðar upplýsingar um kennslu í einstökum greinum. Í framhaldi af því eru keyrðar saman tölvuskrár um áætlaða kennslu annars vegar og kennslu samkvæmt vinnuskýrslum hins vegar (sjá fylgiskjal 2). Á meðan á þessari vinnu stendur eru gerðar athugasemdir við skólastjóra einstakra skóla um það sem ástæða þykir til og það lagfært sem tök eru á að lagfæra. Þar sem þessi vinna er unnin í íhlaupavinnu er henni sjaldnast lokið fyrr en um og eftir áramót.

6. Í framhaldi af þessari vinnu hafa verið bornar saman stundaskrár nemenda og stundaskrár kennara í örfáum skólum ef ástæða hefur þótt til. Þessi samanburður er mjög tímafrekur þar sem ekki er samræmi í því hvernig einstakir skólar skrá stundaskrár nemenda. Sem dæmi um mismunandi skráningu má nefna að þess eru dæmi að einstakar námsgreinar eru skráðar á stundaskrá bekkjarins þótt aðeins hálfur bekkurinn sæki þá námsgrein í senn þrátt fyrir það að viðmiðunarstundaskrá geri ekki ráð fyrir að bekknum sé skipt í viðkomandi námsgrein. Í öðrum skólum er sama námskrein kennd í óskiptri bekkjardeild og fá nemendur í þeim skólum því helmingi fleiri tíma í greininni en nemendur í þeim skóla þar sem einstakir nemendur fá kennslu í sömu grein aðra hvora viku.

Skýringar við fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1.

Samanburður á viðmiðunarskrá 1991/92, tillögum fræðslustjóra fyrir 1991/92 og tillögum fræðslustjóra fyrir 1992/93 - vikuyfirlit.

Á fylgiskjali 1 er gerður samanburður á viðmiðunarskrá menntamálaráðuneytisins sem gilti skólaárið 1991/92, tillögum fræðslustjóra til skólanna um útfærslu á viðmiðunarskrá fyrir sama skólaár og samskonar tillögum fyrir yfirstandandi skólaár.

Með setningu laga um grunnskóla nr. 49/1991 voru í fyrsta sinn lögbundin ákvæði um lágmarkskennslustundafjölda sem hver einstakur nemandi átti rétt á að fá. Samkvæmt ábendingum menntamálaráðuneytisins gengu fræðslustjórar ekki hart eftir því að þessu lágmarki yrði framfylgt stranglega á fyrsta ári vegna þess að skólar þyrftu aðlögunartíma til að geta uppfyllt þessar lagaskyldur.
Ákvæðin frá 1991 komu því aldrei að fullu til framkvæmda og varð því sá niðurskurður sem ákveðinn var með lögum ekki eins tilfinnanlegur og ella hefði orðið. **Sá samanburður sem gerður er í fylgiskjali 1 er miðaður við áætlanir þar sem gert var ráð fyrir fullri kennslu samkvæmt gildandi viðmiðunarskrá. (Ekki gátu allir skólar í umdæminu uppfyllt þá viðmiðun og af þeim sökum gefur samanburðurinn því til kynna meiri niðurskurð en hann varð í raun).**

Fylgiskjal 2.

Samanburður á áætlun, niðurskurði og kennslu í einstökum greinum 1992/93 - vikuyfirlit

Hér er gerður samanburður á áætlun fræðslustjóra um kennslu í einstökum greinum og kennslu samkvæmt vinnuskýrslum kennara.
Áætlun 1992/93 um kennslustundir í einstökum námsgreinum er sú sama og birt er á fylgiskjali 1. Sá niðurskurður sem talin er í næstu línu fyrir neðan er mismunur á tillögum fræðslustjóra um kennslu skólaárið 1991/92 og 1992/93.
Þegar niðurstöðutölur um niðurskurð í einstökum greinum eru skoðaðar ber að hafa í huga að miðað er við að notuð hefði verið sama áætlun fyrir 1992/93 og notuð var árið 1991/92. Það skal ítrekað að þessar **niðurstöðutölur er í báðum tilvikum miðaðar við áætlun** (heimildir) og er niðurskurðurinn í raun nokkru minni þar sem **mjög margir skólar kenndu ekki fulla viðmiðunarstundaskrá 1991/92.**
Með hliðsjón af þeim erfiðleikum sem reyndust vera á því að taka saman áreiðanlegar upplýsingar um þann stundafjölda sem einstakir nemendur fá er hér sá kostur valinn að gefa upp þann fjölda nemenda sem **hefði orðið fyrir skerðingu í einstökum námsgreinum ef skólarnir hefðu kennt að öllu leyti í samræmi við tillögur fræðslustjóra.**

Fylgiskjal 3.

Yfirlit um áætlaða kennslu á viku og kennslu samkvæmt vinnuskýrslum kennara.

Þetta yfirlit sýnir alla kennslu í umdæminu, þ.m.t. kennslu sem ekki er bundin við einstaka skóla, s.s. kennsla í norsku og sænsku, talkennsla sem kennd er í farkennslu, heimakennsla, sjúkrakennsla o.fl. Af þeim sökum eru niðurstöðutölur ekki þær sömu og samanlagðar samtölur kennslu í einstökum skólum. Að öðru leyti er þetta fylgiskjal sambærilegt við fylgiskjal 2.
Þá skal á það bent að Seltjarnarnesbær greiðir 119 kennslustundir á viku vegna tilraunar með heilsdagsskóla í Mýrarhúsaskóla. Þessar stundir eru meðtaldar í áætlun og kennslu og hafa þ.a.l. einungis áhrif á niðurstöðutölur en ekki á mismun.

Fylgiskjal 4.

Nemenda- og deildafjöldi skólaárið 1992/93.

Með hliðsjón af því að hluti af niðurskurðaráformum var fækkun deilda skal það tekið fram að fræðslustjóri hefur alla tíð miðað heimildir sínar til deildaskiptingar við ítrustu hagkvæmni að teknu tilliti til kennslufræðilegra þarfa þess nemendahóps sem málið snertir hverju sinni. Af þeim sökum voru notaðar sömu aðferðir við deildaskiptingu skólaárið 1992/93 og notaðar voru 1991/92. Til upplýsingar fylgir hér með yfirlit um nemenda- og deildafjölda í umdæminu ásamt yfirliti um fjölda og stærð deilda. Til glöggvunar fylgja súlurit um fjölda deilda eftir stærð í einstökum aldursflokkum og í 1. - 10. bekk.

Fylgiskjal 5.

Áætlun um nemendafjölda og kennslumagn.

Til glöggvunar fylgir hér með sýnishorn af þeirri útfærslu á viðmiðunarskrá sem fræðslustjóri sendir öllum skólum í byrjun marsmánaðar ásamt samþykktri áætlun sem send er út þegar búið er að fjalla um þær athugasemdir sem skólinn gerði við fyrstu áætlun. Það sýnishorn sem hér fylgir með er valið með hliðsjón af því að hér er um dæmigerðan grunnskóla að ræða .

Helgi Jónasson.

Samanburður á viðmiðunarstundaskrá 1991/92, tillögum fræðslustjóra fyrir 1991/92 og tillögum fræðslustjóra fyrir 1992/93 - vikuyfirlit.

	1.BEKKUR			2.BEKKUR			3.BEKKUR			4.BEKKUR			5.BEKKUR			6.BEKKUR			7.BEKKUR			8.BEKKUR			9.BEKKUR			10.BEKKUR			SAMTALS			MISM
	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	VM	91/2	92/3	=
ÍSLENSKA	X	9	9	X	9	9	X	9	9	6	9	8	6	8	8	6	7	7	6	6	6	5	6	6	5	5	5	5	5	5		73	72	1
STÆRÐFRÆÐI	X	4	4	X	4	4	X	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	5	4	5	5	5		42	41	1
MYND- OG HANDM	X	2	2	X	2	2	X	2	2	4	4	4	4	5	4	4	5	5	4	5	4	4	4	4	4	4	4					33	31	2
HEIMILISFRÆÐI	X	1	1	X	1	1	X	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2					12	12	0
TÓNMENNT	X	2	2	X	2	2	X	2	2	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1					12	12	0
SAMFÉLAGSFRÆÐI	X	1	1	X	1	1	X	1	1	2	3	3	3	4	4	3	3	3	3	3	3	2	3	2	2	3	3		2	2		24	23	1
KRISTINFRÆÐI	X	1	1	X	1	1	X	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1					9	9	0
NÁTTÚRUFRÆÐI	X	1	1	X	1	1	X	1	1	1	1	1	2	2	2	2	3	3	2	3	3	3	3	3	3	3	3		2	2		20	20	0
DANSKA																2	3	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3	4	4	4		15	14	1
ENSKA																			2	2	2	3	3	3	3	3	3	4	4	4		12	12	0
ÍÞRÓTTIR	X	3	3	X	3	3	X	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	4	4	3	4	4	3	4	4	3	4	4		34	34	0
BUNDIÐ	20	24	24	20	24	24	20	24	24	23	27	26	25	29	28	27	31	30	30	33	32	31	34	33	31	34	33	25	26	26	252	286	280	6
UMSJÓNARKJARNI																	1			1			1			1			1		0	5	0	5
TIL RÁÐSTÖFUNAR	4			4			4			4			4			5			4			4			4			10	8	7	47	8	7	1
ALLS	24	24	24	24	24	24	24	24	24	27	27	26	29	29	28	32	32	30	34	34	32	35	35	33	35	35	33	35	35	33	299	299	287	12

Athugasemdir:
Í marsmánuði á hverju ári sendir fræðslustjóri til skólastjóra fyrstu áætlun fyrir hvern skóla vegna næsta skólaárs. Í þessari áætlun eru m.a. drög að viðmiðunarstundaskrá þar sem kennslustundum er skipt milli námsgreina. Margir skólastjórar nota þessa tillögu óbreytta, en aðrir breyta henni eftir atvikum. Fræðslustjóri staðfestir síðan áætlun skólans, enda sé hún innan marka viðmiðunarskrár ráðuneytisins.

Skýringar á skammstöfunum:
VM = Viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins 1991/92.
91/2 = Tillaga fræðslustjóra að viðmiðunarstundaskrá fyrir 1991/92.
92/3 = Tillaga fræðslustjóra að viðmiðunarstundaskrá fyrir 1992/93.

HJ 18/01/93

Grunnskólar Reykjanesumdæmis

Fylgiskjal 2.

Samanburður á áætlun, niðurskurði og kennslu í einstökum greinum 1992/93 - vikuyfirlit.

	Íslenska	Stærðfræði	Mynd-& hdm.	Heimilsifr.	Tónmennt	Samfélagsfr.	Kristinfræði	Náttúrufræði	Danska	Enska	Íþróttir	Valgreinar	Samtals
Áætlun 1992/93	3948	2222	2277	1221	662	1245	494	1070	722	615	1830	542	16848
Niðurskurður	60	52	112	0	0	55			54				333
Áætlun án niðurskurðar	4008	2274	2389	1221	662	1300	494	1070	776	615	1830	542	17181
Kennsla 1992/93	4134	2427	2286	1002	518	1341	459	948	776	634	1679	737	16941
Niðurskurður alls:	-126	-153	103	219	144	-41	35	122	0	-19	151	-195	240

Niðurskurðartillögur:

Áætlaður fjöldi nemenda sem missa eina vikustund sundurliðað eftir námsgreinum og deildum samkvæmt tillögu fræðslustjóra:

	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Íslenska	1191						
Stærðfræði						1076	
Mynd-&hdm.		1175		1203			
Heimilsifr.							
Tónmennt							
Samfélagsfr.					1221		
Kristinfræði							
Náttúrufræði							
Danska			1207				
Enska							
Íþróttir							
Valgreinar							1095
Umsjónarkjarni			1207	1203	1221	1076	1095

Athugasemdir.

Kennsla í einstökum námsgreinum getur verið innan eðlilegra marka þótt hún nái ekki þeim stundafjölda sem áætlun fræðslustjóra gerir ráð fyrir. Stafar það m.a. af því að ráðstöfunarstundir eru fluttar á milli greina á annan hátt en áætlun gerir ráð fyrir.

Einnig er kennsla skorin niður af öðrum orsökum, s.s. vegna skorts á aðstöðu eða kennslukröftum.

Eins og yfirlitið ber með sér er kennsla í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði töluvert meiri en áætlað var fyrir niðurskurð.

HJ 18/01/92

Grunnskólar Reykjanesumdæmis 1992/93.

YFIRLIT UM ÁÆTLADA KENNSLU Á VIKU OG KENNSLU SAMKVÆMT VINNUSKÝRSLUM KENNARA.

	ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRK	TILF	SAMTALS
Áætlað	3.947,5	2.221,5	2.277,4	1.221,1	661,5	1.245,0	493,5	1.070,0	721,5	614,5	1.830,0	541,5	16.851,0	193,0	2.536,0	14,4	19.684,3
Kennt	4.134,2	2.426,9	2.286,0	1.002,2	517,7	1.340,7	459,4	944,7	750,1	634,2	1.678,5	740,5	16.915,3	227,7	2.631,7	0,0	19.774,8 *)
Munur	-186,7	-205,4	-8,6	218,9	143,7	-95,7	34,1	125,3	-28,6	-19,7	151,5	-199,0	-64,3	55,2	-95,7	14,4	-90,5

*) Innifalið í tölum um kennslu samvæmt vinnuskýrslum eru 119 kennslustundir sem Seltjarnarneskaupstaður greiðir.

Auk þess sem hér er talið er kennsla sem ekki er bundin við einstaka skóla, s.s. kennsla í norsku og sænsku, talkennsla sem kennd er í farkennslu, heimakennsla, sjúkrakennsla o.fl.

Skammstafanir:

ÍSL = ÍSLENSKA
STÆ = STÆRDFRÆDI
M&H = MYND - OG HANDMENNT
HEI = HEIMILISFRÆDI
TÓN = TÓNMENNT
SAM = SAMFÉLAGSFRÆDI
KRI = KRISTINFRÆDI
NÁT = NÁTTÚRUFRÆDI
DAN = DANSKA
ENS = ENSKA
ÍÞR = ÍÞRÓTTIR
VAL = VALGREINAR
SAFN = LEIDSÖGN Í SKÓLASAFNI
SÉRK = SÉRKENNSLA
TILF = TILFLUTNINGUR

DIGRANESSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	158,0	90,0	96,6	52,2	26,0	52,0	20,0	44,0	30,0	26,0	75,0	28,1	697,9	8,8	100,0	0,0	819,7
	Kennt	161,0	94,0	95,0	47,0	25,0	51,0	20,0	49,0	32,0	26,0	67,0	28,0	695,0	20,0	100,0		815,0
	Munur	-3,0	-4,0	1,6	5,2	1,0	1,0	0,0	-5,0	-2,0	0,0	8,0	0,1	2,9	1,8	0,0	0,0	4,7
KÁRSNESSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	177,0	88,0	91,7	49,1	32,0	49,0	22,0	37,0	12,0	6,0	69,0	0,0	632,8	4,4	80,0	0,0	728,2
	Kennt	225,0	94,0	98,0	44,0	26,0	63,0	5,0	12,0	8,0	4,0	64,0	4,0	647,0	0,0	80,0		727,0
	Munur	-48,0	-6,0	-6,3	5,1	6,0	-14,0	17,0	25,0	4,0	2,0	5,0	-4,0	-14,2	15,4	0,0	0,0	1,2
KÓPAVOGSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	144,0	82,0	82,8	44,1	24,0	46,0	18,0	40,0	28,0	24,0	68,0	18,0	618,9	7,1	90,0	0,0	726,0
	Kennt	144,0	82,0	86,0	44,0	22,0	49,0	18,0	40,0	28,0	24,0	51,0	26,0	614,0	17,0	90,0		721,0
	Munur	0,0	0,0	-3,2	0,1	2,0	-3,0	0,0	0,0	0,0	0,0	17,0	-8,0	4,9	0,1	0,0	0,0	5,0
SNÆLANDSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	173,0	98,0	102,8	55,6	29,0	55,0	22,0	48,0	33,0	29,0	82,0	22,5	749,9	8,3	123,0	0,0	894,2
	Kennt	181,0	104,0	131,0	27,0	29,0	54,0	17,0	42,0	31,0	29,0	66,0	32,0	743,0	21,0	133,0		897,0
	Munur	-8,0	-6,0	-28,2	28,6	0,0	1,0	5,0	6,0	2,0	0,0	16,0	-9,5	6,9	0,3	-10,0	0,0	-2,8
ÞINGHÓLSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	43,0	35,0	30,7	18,0	5,0	18,0	5,0	21,0	27,0	27,0	32,0	26,6	288,3	6,3	79,0	2,4	376,0
	Kennt	45,0	40,0	30,0	22,0	0,0	20,0	3,0	19,0	29,0	29,0	28,0	25,5	290,5	6,3	79,0		375,8
	Munur	-2,0	-5,0	0,7	-4,0	5,0	-2,0	2,0	2,0	-2,0	-2,0	4,0	1,1	-2,2	0,0	0,0	2,4	0,2
HJALLASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	200,0	110,0	114,4	61,9	34,0	62,0	25,0	52,0	32,0	26,0	90,0	21,1	828,4	9,1	152,0	0,0	989,5
	Kennt	200,0	110,0	114,5	62,0	34,0	62,0	25,0	52,0	32,0	26,0	89,0	22,0	828,5	9,0	167,0		1.004,5
	Munur	0,0	0,0	-0,1	-0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,0	-0,9	-0,1	0,1	-15,0	0,0	-15,0
MÝRARHÚSASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	154,0	76,0	82,0	44,2	28,0	42,0	19,0	32,0	10,0	4,0	59,0	0,0	550,2	4,2	125,0	0,0	679,4
	Kennt	203,0	95,0	93,0	38,0	27,0	69,0	29,0	35,0	10,0	4,0	61,0	0,0	664,0	5,0	106,0		775,0
	Munur	-49,0	-19,0	-11,0	6,2	1,0	-27,0	-10,0	-3,0	0,0	0,0	-2,0	0,0	-113,8	-0,8	19,0	0,0	-95,6
VALHÚSASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	48,0	39,0	36,6	21,5	6,0	21,0	6,0	24,0	30,0	30,0	36,0	37,2	335,3	7,5	45,0	0,0	387,8
	Kennt	49,0	46,0	36,0	0,0	0,0	28,0	6,0	29,0	30,0	30,0	36,0	29,0	319,0	0,0	35,0		354,0
	Munur	-1,0	-7,0	0,6	21,5	6,0	-7,0	0,0	-5,0	0,0	0,0	0,0	8,2	16,3	7,5	10,0	0,0	33,8

FLATASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	197,0	96,0	110,7	54,6	34,0	58,0	24,0	40,0	10,0	0,0	72,0	0,0	696,3	4,5	115,0	0,0	815,8
	Kennt	219,0	92,0	100,0	54,0	36,5	93,0	24,0	14,0	10,0	0,0	53,0	9,0	704,5	4,5	110,0		819,0
	Munur	-22,0	4,0	10,7	0,6	-2,5	-35,0	0,0	26,0	0,0	0,0	19,0	-9,0	-8,2	0,0	5,0	0,0	-3,2
GARÐASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	120,0	94,0	98,0	57,5	16,0	54,0	16,0	60,0	68,0	68,0	88,0	68,8	808,3	18,3	101,0	0,0	927,6
	Kennt	123,0	112,0	77,0	48,0	17,0	60,0	6,0	78,0	75,0	69,0	74,0	85,0	824,0	0,0	80,0		904,0
	Munur	-3,0	-18,0	21,0	9,5	-1,0	-6,0	10,0	-18,0	-7,0	-1,0	14,0	-16,2	-15,7	18,3	21,0	0,0	23,6
HOFSSTAÐASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	70,0	32,0	23,3	15,3	14,0	12,0	8,0	8,0	0,0	0,0	24,0	0,0	206,6	0,0	42,0	0,0	248,6
	Kennt	70,0	32,0	24,0	12,0	8,0	10,0	8,0	8,0	0,0	0,0	30,0	0,0	202,0	0,0	54,0		256,0
	Munur	0,0	0,0	-0,7	3,3	6,0	2,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-6,0	0,0	4,6	0,0	-12,0	0,0	-7,4
ENGIDALSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	143,0	72,0	79,1	40,9	25,0	43,0	18,0	31,0	10,0	6,0	57,0	0,0	525,0	3,8	64,0	0,0	592,8
	Kennt	146,0	72,0	84,0	40,0	17,0	43,0	18,0	31,0	10,0	6,0	59,0	0,0	526,0	4,0	76,0		606,0
	Munur	-3,0	0,0	-4,9	0,9	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-2,0	0,0	-1,0	-0,2	-12,0	0,0	-13,2
LÆKJARSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	160,0	90,0	93,4	48,3	26,0	53,0	20,0	43,0	28,0	24,0	74,0	18,0	677,7	6,8	90,0	0,0	786,0
	Kennt	147,0	98,0	94,0	44,0	17,0	50,0	20,0	45,0	28,0	24,0	69,0	27,0	663,0	34,0	90,0		787,0
	Munur	13,0	-8,0	-0,6	4,3	9,0	3,0	0,0	-2,0	0,0	0,0	5,0	-9,0	14,7	-15,7	0,0	0,0	-1,0
VÍÐISTAÐASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	205,0	124,0	122,9	68,7	34,0	67,0	26,0	64,0	54,0	50,0	103,0	50,6	972,2	13,8	136,0	0,0	1.122,0
	Kennt	214,0	138,0	120,0	42,0	28,0	75,0	18,0	64,0	63,0	66,0	89,0	56,0	973,0	0,0	124,5		1.097,5
	Munur	-9,0	-14,0	2,9	26,7	6,0	-8,0	8,0	0,0	-9,0	-16,0	14,0	-5,4	-0,8	13,8	11,5	0,0	24,5
ÖLDUTÚNSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	232,0	136,0	139,0	76,0	38,0	76,0	29,0	68,0	52,0	46,0	114,0	41,4	1.047,4	13,4	220,0	0,0	1.290,8
	Kennt	236,0	150,0	129,0	73,0	32,0	61,0	30,0	67,0	59,0	28,0	106,0	77,0	1.048,0	23,0	270,0		1.341,0
	Munur	-4,0	-14,0	10,0	3,0	6,0	15,0	-1,0	1,0	-7,0	18,0	8,0	-35,6	-0,6	0,4	-50,0	0,0	-50,2
SETBERGSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	156,0	86,0	84,1	44,5	26,0	47,0	19,0	39,0	25,0	21,0	70,0	18,0	635,6	5,9	65,0	0,0	706,5
	Kennt	172,0	95,0	94,0	35,0	18,0	57,0	16,0	30,0	25,0	23,0	57,0	19,0	641,0	0,0	85,0		726,0
	Munur	-16,0	-9,0	-9,9	9,5	8,0	-10,0	3,0	9,0	0,0	-2,0	13,0	-1,0	-5,4	5,9	-20,0	0,0	-19,5

HVALEYRARSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	112,0	56,0	57,4	29,5	20,0	32,0	14,0	24,0	8,0	4,0	44,0	0,0	400,9	2,1	50,0	0,0	453,0
	Kennt	112,0	56,0	60,0	28,0	20,0	32,0	14,0	24,0	8,0	4,0	43,0	0,0	401,0	2,0	50,0		453,0
	Munur	0,0	0,0	-2,6	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0	-0,1	0,1	0,0	0,0	0,0
ÁLFTANESSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	98,0	48,0	47,7	23,6	18,0	25,0	12,0	19,0	6,0	2,0	34,0	0,0	336,3	2,0	20,0	0,0	358,3
	Kennt	101,0	48,0	50,0	18,0	14,0	32,0	12,0	15,0	6,0	2,0	35,0	0,0	333,0	2,0	20,0		355,0
	Munur	-3,0	0,0	-2,3	5,6	4,0	-7,0	0,0	4,0	0,0	0,0	-1,0	0,0	3,3	0,0	0,0	0,0	3,3
KLÉBERGSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	55,5	33,0	27,5	12,2	9,0	18,5	7,0	16,5	13,0	12,0	28,0	11,0	243,2	2,2	20,0	0,0	269,4
	Kennt	61,2	33,9	31,5	12,2	12,2	15,7	4,4	15,7	13,1	12,2	24,5	7,0	243,8	0,0	19,2		263,1
	Munur	-5,7	-0,9	-4,0	0,0	-3,2	2,8	2,6	0,8	-0,1	-0,3	3,5	4,0	-0,6	6,2	0,8	0,0	6,3
ÁSGARÐSSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	15,0	8,0	6,0	3,0	3,0	4,0	2,0	4,0	2,0	2,0	7,0	0,0	56,0	0,4	10,0	0,0	66,4
	Kennt	15,0	8,0	6,0	3,0	3,0	4,0	2,0	4,0	3,0	2,0	6,0	0,0	56,0	0,4	10,0		66,4
	Munur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-1,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
VARMÁRSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	224,0	112,0	124,6	65,7	40,0	64,0	28,0	48,0	16,0	8,0	88,0	0,0	818,3	6,8	115,0	0,0	954,1
	Kennt	197,0	100,0	120,0	65,0	37,0	51,0	23,0	42,0	16,0	8,0	80,0	76,0	815,0	22,0	115,0		952,0
	Munur	27,0	12,0	4,6	0,7	3,0	13,0	5,0	6,0	0,0	0,0	8,0	-76,0	3,3	-1,2	0,0	0,0	2,1
GFRSK. MOSFELLSBÆ		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	59,0	47,0	47,9	27,8	8,0	26,0	8,0	30,0	36,0	36,0	44,0	35,1	404,8	8,7	40,0	0,0	453,5
	Kennt	59,0	47,0	32,0	43,0	8,0	26,0	4,0	30,0	37,0	37,0	44,0	37,0	404,0	9,0	40,0		453,0
	Munur	0,0	0,0	15,9	-15,2	0,0	0,0	4,0	0,0	-1,0	-1,0	0,0	-1,9	0,8	-0,3	0,0	0,0	0,5
MYLLUBAKKASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	282,0	136,0	143,0	72,7	50,0	76,0	34,0	52,0	12,0	0,0	102,0	0,0	959,7	4,8	188,0	0,0	1.152,5
	Kennt	272,0	157,0	151,0	34,0	5,0	102,0	47,0	24,0	12,0	0,0	102,0	0,0	906,0	5,0	188,0		1.099,0
	Munur	10,0	-21,0	-8,0	38,7	45,0	-26,0	-13,0	28,0	0,0	0,0	0,0	0,0	53,7	-0,2	0,0	0,0	53,5
HOLTASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	122,0	93,0	101,9	59,3	17,0	55,0	17,0	61,0	65,0	65,0	88,0	65,4	809,6	17,9	137,0	0,0	964,5
	Kennt	132,0	115,0	97,0	52,5	17,0	34,0	17,0	45,0	71,0	76,0	89,0	64,0	809,5	18,0	177,0		1.004,5
	Munur	-10,0	-22,0	4,9	6,8	0,0	21,0	0,0	16,0	-6,0	-11,0	-1,0	1,4	0,1	-0,1	-40,0	0,0	-40,0

GRINDAVÍKURSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	144,0	82,0	82,7	44,4	24,0	46,0	18,0	40,0	28,0	24,0	68,0	18,0	619,1	6,6	110,0	0,0	737,1
	Kennt	151,0	119,0	90,0	10,0	0,0	48,0	19,0	35,0	28,0	26,0	58,0	26,0	610,0	8,0	120,0		738,0
	Munur	-7,0	-37,0	-7,3	34,4	24,0	-2,0	-1,0	5,0	0,0	-2,0	10,0	-8,0	9,1	0,0	-10,0	0,0	-0,9
NJARÐVÍKURSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	172,0	99,0	97,2	52,5	28,0	55,0	21,0	47,0	34,0	30,0	82,0	25,2	742,9	8,6	104,0	0,0	855,5
	Kennt	205,0	117,0	92,0	36,0	22,0	54,0	24,0	27,0	30,0	30,0	82,0	34,0	753,0	9,0	80,0		842,0
	Munur	-33,0	-18,0	5,2	16,5	6,0	1,0	-3,0	20,0	4,0	0,0	0,0	-8,8	-10,1	-0,4	24,0	0,0	13,5
SANDGERÐISSKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	131,0	74,0	67,9	35,6	22,0	39,0	16,0	35,0	25,0	21,0	61,0	18,0	545,5	4,9	58,0	0,0	608,4
	Kennt	131,0	74,0	68,0	32,0	22,0	39,0	15,0	35,0	25,0	21,0	61,0	22,0	545,0	5,0	66,0		616,0
	Munur	0,0	0,0	-0,1	3,6	0,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-4,0	0,5	-0,1	-8,0	0,0	-7,6
GERÐASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	86,0	49,0	50,6	26,3	14,0	29,0	11,0	25,0	17,0	15,0	41,0	11,0	374,9	3,6	35,0	12,0	425,5
	Kennt	90,0	55,0	48,0	22,5	12,0	28,0	10,0	21,0	17,0	16,0	40,0	26,0	385,5	3,5	45,0		434,0
	Munur	-4,0	-6,0	2,6	3,8	2,0	1,0	1,0	4,0	0,0	-1,0	1,0	-15,0	-10,6	0,1	-10,0	12,0	-8,5
STÓRU-VOGASKÓLI		ÍSL	STÆ	M&H	HEI	TÓN	SAM	KRI	NÁT	DAN	ENS	ÍÞRÓTTIR	VAL	ALLS	SAFN	SÉRKENN	TILF	SAMTALS
	Áætlað	67,0	36,5	34,9	16,1	11,5	20,5	8,5	17,5	10,5	8,5	30,0	7,5	269,0	2,2	22,0	0,0	295,2
	Kennt	73,0	43,0	35,0	14,0	9,0	30,0	5,0	12,0	14,0	12,0	15,0	9,0	271,0	0,0	22,0		293,0
	Munur	-6,0	-6,5	-0,1	2,1	2,5	-9,5	3,5	5,5	-3,5	-3,5	15,0	-1,5	-2,0	4,2	0,0	0,0	2,2

Grunnskólar Reykjanesumdæmis Fylgiskjal 4

NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 1992/93

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
DIGRANESSKÓLI	45	36	51	65	53	47	57	56	44	51	505
	2	2	2	4	2	2	3	2	2	2	23
KÁRSNESSKÓLI	58	78	68	55	61	55	76	0	0	0	451
	3	4	3	3	3	3	3	0	0	0	22
KÓPAVOGSSKÓLI	31	37	32	29	43	44	47	46	38	36	383
	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	20
SNÆLANDSSKÓLI	36	46	45	59	50	53	57	60	39	49	494
	2	3	2	3	2	2	3	3	2	2	24
ÞINGHÓLSSKÓLI	0	0	0	0	0	0	0	72	54	67	193
	0	0	0	0	0	0	0	3	2	4	9
HJALLASKÓLI	59	50	76	67	58	69	67	44	43	48	581
	3	3	3	3	3	3	3	2	2	3	28
MÝRARHÚSASKÓLI	62	57	63	52	81	77	56	0	0	0	448
	3	3	3	2	3	3	2	0	0	0	19
VALHÚSASKÓLI	0	0	0	0	0	0	0	72	78	74	224
	0	0	0	0	0	0	0	3	3	3	9
FLATASKÓLI	74	46	61	76	129	132	0	0	0	0	518
	4	3	3	3	6	5	0	0	0	0	24
GARÐASKÓLI	0	0	0	0	0	0	112	147	153	139	551
	0	0	0	0	0	0	4	6	9	7	26
HOFSSTAÐASKÓLI	37	35	45	43	0	0	0	0	0	0	160
	2	2	2	2	0	0	0	0	0	0	8
ENGIDALSSKÓLI	33	55	40	57	56	44	65	0	0	0	350
	2	3	2	3	3	2	3	0	0	0	18
LÆKJARSKÓLI	36	35	41	54	51	34	40	43	32	39	405
	2	2	2	3	3	2	2	2	2	3	23
VÍÐISTAÐASKÓLI	47	41	43	36	48	42	38	112	114	103	624
	3	2	2	2	2	2	2	5	5	6	31
ÖLDUTÚNSSKÓLI	54	61	66	68	73	72	66	85	99	87	731
	3	3	4	3	3	3	3	4	5	4	35
SETBERGSSKÓLI	38	47	43	58	45	44	42	37	21	36	411
	2	3	2	3	2	2	2	2	1	2	21
HVALEYRARSKÓLI	41	42	45	35	48	41	37	0	0	0	289
	2	2	2	2	2	2	2	0	0	0	14
ÁLFTANESSKÓLI	22	22	28	29	24	35	21	0	0	0	181
	2	2	2	2	1	2	1	0	0	0	12
KLÉBERGSSKÓLI	5	4	8	16	7	14	11	23	11	8	107
	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	10
ÁSGARÐSSKÓLI	0	0	10	0	0	0	12	0	0	0	22
	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	2
VARMÁRSKÓLI	76	72	81	101	83	107	102	0	0	0	622
	4	4	4	4	4	4	4	0	0	0	28
GFRSK. MOSFELLSBÆ	0	0	0	0	0	0	0	109	88	72	269
	0	0	0	0	0	0	0	4	4	3	11
MYLLUBAKKASKÓLI	95	110	114	123	118	133	0	0	0	0	693
	5	6	5	6	6	6	0	0	0	0	34
HOLTASKÓLI	0	0	0	0	0	0	138	154	116	130	538
	0	0	0	0	0	0	6	7	5	7	25
GRINDAVÍKURSKÓLI	40	37	38	41	40	41	36	36	49	35	393
	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	20
NJARÐVÍKURSKÓLI	49	37	45	58	44	51	62	47	48	54	495
	3	3	2	3	2	2	3	2	2	3	25
SANDGERÐISSKÓLI	36	30	36	32	22	37	31	31	19	36	310
	2	2	2	2	1	2	2	2	1	2	18
GERÐASKÓLI	13	21	26	23	29	21	15	30	22	21	221
	1	1	1	1	2	1	1	2	1	1	12
STÓRU-VOGASKÓLI	10	17	10	14	12	14	15	17	8	10	127
	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	10
Nemar	997	1.016	1.115	1.191	1.175	1.207	1.203	1.221	1.076	1.095	11.296
Deildir *)	56	59	55	60	56	54	56	55	52	58	561

(SKRÁÐ Í OKTÓBER)

*)Hér eru allir sérkennsluhópar taldir með í deildafjölda þótt þeir hafi ekki sjálfstæða stundaskrá nema að hluta til.

HJ 18/01/93

Grunnskólar Reykjanesumdæmis (SKRÁÐ Í OKTÓBER 1992)

YFIRLIT UM FJÖLDA OG STÆRÐ DEILDA SKÓLAÁRIÐ 1992/93

	<10	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	>30	ALLS
1. bekkur	1	1	2	0	1	1	3	7	6	10	7	5	5	5	2	0	0	0	0	0	0	0	0	56
2. bekkur	2	1	0	1	0	5	4	5	13	6	8	5	6	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	59
3. bekkur	1	2	0	0	0	2	2	0	5	2	4	6	6	7	9	5	1	1	2	0	0	0	0	55
4. bekkur	1	0	0	1	0	2	2	4	4	7	9	6	4	4	7	2	2	2	3	0	0	0	0	60
5. bekkur	1	0	0	1	1	0	0	3	1	5	5	9	4	4	6	7	3	3	2	1	0	0	0	56
6. bekkur	0	0	0	0	0	2	0	1	3	2	3	4	5	5	10	3	1	9	5	1	0	0	0	54
7. bekkur	1	0	1	1	0	1	2	1	2	5	5	3	4	6	2	6	4	5	2	3	2	0	0	56
8. bekkur	1	0	0	0	0	1	2	0	2	3	4	3	4	3	8	12	4	1	1	3	1	2	0	55
9. bekkur	3	0	1	1	0	1	2	4	1	2	4	4	4	5	3	3	2	5	2	4	1	0	0	52
10. bekkur	5	2	1	0	0	1	2	1	4	8	6	5	8	5	0	3	1	0	2	1	3	0	0	58
SAMTALS	16	6	5	5	2	16	19	26	41	50	55	50	50	46	48	41	18	26	19	13	7	2	0	561

Ath. Hér eru allir sérkennsluhópar taldir með í deildafjölda með <10 nemendum og teljast því með í samtölu.

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
1.- 10. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
1. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

5265

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
2. bekkur.



HJ 17/12/92

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
3. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

5267

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
4. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
5. bekkur.



HJ 17/12/92

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
6. bekkur.



HJ 17/12/92

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
7. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
8. bekkur.



HJ 17/12/92

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
9. bekkur.



HJ 17/12/92

Þingskjal 947

5273

REYKJANESUMDÆMI 1992/93.
Fjöldi deilda eftir stærð.
10. bekkur.



HJ 17/12/92

Fylgiskjal 5

Dæmi um áætlun um nemendafjölda, deildafjölda og kennslumagnsþörf sem fræðslustjóri sendir skólum.

(Grunnskóli Njarðvíkur er dæmigerður grunnskóli með nemendum í 1. - 10. bekk.)

Athugasemdir varðandi *fyrstu áætlun.* (Send skólum í byrjun mars).

- Í drögum að viðmiðunarstundaskrá fyrir árið 1992/93 var gert ráð fyrir meiri niðurskurði á viðmiðunarstundaskrá en síðar var ákveðið af menntamálaráðuneytinu.
- Nemendafjöldinn er áætlaður 484 og deildafjöldi 22.
- Í fyrstu áætlun er sérkennsla ekki talin með, þar sem gert er ráð fyrir að slík áætlun sé unnin af starfsmönnum skóla í samvinnu við sérfræðinga fræðsluskrifstofu og berist með athugasemdum skóla um fyrstu áætlun.

Athugasemdir varðandi *samþykkta áætlun.* (Send skólum um 20. apríl).

- Hér er miðað við þá viðmiðunarstundaskrá sem menntamálaráðuneytið gaf út og skránni breytt til samræmis við það sem skólinn óskaði eftir.
- Nemendafjöldinn er áætlaður 490 en bekkjardeildir 24, þ.e. tveim fleiri en í fyrstu áætlun. Nemendum sem skráðir voru í 1. bekk fjölgaði um þrjá svo að þar var bætt við einni bekkjardeild.
- Í 10. bekk var fjölgað um eina deild vegna sérkennsluþarfa og er sú deildafjölgun fjármögnuð sem sérkennsluúrræði.
- Samþykkt sérkennsluáætlun skólans er sundurliðuð undir fyrirsögninni KENNSLUSTUNDIR AF UMDÆMISKVÓTA. Þau úrræði sem þar eru talin eru sérkennsla, fjölgun um eina deild (í 10. bekk) og sérstök viðfangsefni (fatlaðir nemendur). Heildarstundafjöldi til þessara þarfa skólans eru 139 stundir á viku. (Þar af eru 35 stundir reiknaðar inní stundafjölda einstakra greina).

ÁÆTLUN UM NEMENDAFJÖLDA OG KENNSLUMAGN.

NJARÐVÍKURSKÓLI FYRSTA ÁÆTLUN 1992/93 24/02/93

DRÖG AÐ VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ. (DÆMI UM ÚTFÆRSLU).

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
Íslenska	9,0	9,0	9,0	8,0	7,0	7,0	6,0	6,0	5,0	5,0	71,0
Stærðfræði	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	5,0	41,0
Mynd- & hdm.	2,0	2,0	2,0	4,0	4,0	5,0	4,0	4,0	4,0		31,0
Heimilisfr.	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	2,0	2,0	2,0		12,0
Tónmennt	2,0	2,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0		12,0
Samfélagsgr.	1,0	1,0	1,0	2,0	4,0	3,0	3,0	2,0	3,0	2,0	22,0
Kristinfræði	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0		9,0
Náttúrufræði	1,0	1,0	1,0	1,0	2,0	3,0	3,0	3,0	3,0	2,0	20,0
Danska						2,0	2,0	3,0	3,0	4,0	14,0
Enska							2,0	3,0	3,0	4,0	12,0
Íþróttir	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	4,0	4,0	4,0	4,0	34,0
Valgreinar										7,0	7,0
SAMTALS:	24,0	24,0	24,0	25,0	27,0	30,0	32,0	33,0	33,0	33,0	285,0
FELLT NIÐUR:	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
VIÐMIÐUN:	24,0	24,0	24,0	25,0	27,0	30,0	32,0	33,0	33,0	33,0	285,0

ÁÆTLAÐUR NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI.

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
5 ára											
6 ára	44										44
7 ára		37									37
8 ára			45								45
9 ára				58							58
10 ára					41						41
11 ára						51					51
12 ára							57				57
13 ára								50			50
14 ára									46		46
15 ára										55	55
16 ára											
17 ára											
NEMENDUR	44	37	45	58	41	51	57	50	46	55	484
DEILDIR	2,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	2,0	22,0

KENNSLUSTUNDAFJÖLDI - FYRSTA ÁÆTLUN 1992/93 (NJARÐVÍKURSKÓLI 24/02/93)

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
Íslenska	18,0	18,0	18,0	24,0	14,0	14,0	18,0	12,0	10,0	10,0	156,0
Stærðfræði	8,0	8,0	8,0	12,0	8,0	8,0	12,0	8,0	8,0	10,0	90,0
Mynd- & hdm.	4,0	4,0	4,0	12,0	8,0	10,0	12,0	8,0	8,0	0,0	
(Skst. 25,3)				4,8	3,4	4,3	4,8	4,2	3,8		95,3
Heimilisfr.	2,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	6,0	4,0	4,0	0,0	
(Skst. 24,2)	1,8	1,5	1,9	3,6	2,6	3,2	3,6	3,1	2,9		51,2
Tónmennt	4,0	4,0	4,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	0,0	26,0
Samfélagsgr.	2,0	2,0	2,0	6,0	8,0	6,0	9,0	4,0	6,0	4,0	49,0
Kristinfræði	2,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	0,0	20,0
Náttúrufræði	2,0	2,0	2,0	3,0	4,0	6,0	9,0	6,0	6,0	4,0	44,0
Danska					0,0	4,0	6,0	6,0	6,0	8,0	30,0
Enska						0,0	6,0	6,0	6,0	8,0	26,0
Íþróttir	6,0	6,0	6,0	9,0	6,0	6,0	12,0	8,0	8,0	8,0	75,0
Valgreinar								0,0	0,0	14,0	
										14,8	28,8
SAMTALS:	49,8	49,5	49,9	83,4	60,0	67,5	104,4	73,3	72,7	80,8	691,3
LEIÐSÖGN Í SAFNI.....						1,7	1,9	1,7	1,5	1,8	8,6

KENNSLUSTUNDIR AF UMDÆMISKVÓTA:
Sérkennsla o.fl. .....
Fjölgun deilda ....
Sérstök viðfangsefni .....
Uppeldisfulltrúar: stöðugildi.

FRÁ UMDÆMI SAMTALS..... .....

TILFÆRSLUR:

KENNARASTUNDIR ALLS 699,9

NEMENDASTUNDIR 627,0 SKIPTISTUNDIR 49,5 RÁÐNINGARVIÐMIÐUN: 594,9 (85%)

ÁRGANGA- OG FAGSTJÓRN: 26,9 klst. á viku í 36 vikur. Samtals: 968,0 klst.

SAFNVINNA: Klst. á viku: STÖÐUR: Skólaár: Allt árið:

ATHUGASEMDIR:

ÁÆTLUN UM NEMENDAFJÖLDA OG KENNSLUMAGN.

NJARÐVÍKURSKÓLI SAMÞYKKT ÁÆTLUN 1992/93 24/02/93

DRÖG AÐ VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ.

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
Íslenska	9,0	9,0	9,0	8,0	8,0	7,0	6,0	6,0	5,0	5,0	72,0
Stærðfræði	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	5,0	41,0
Mynd- & hdm.	2,0	2,0	2,0	4,0	4,0	5,0	4,0	4,0	4,0		31,0
Heimilisfr.	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	2,0	2,0	2,0		12,0
Tónmennt	2,0	2,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0		12,0
Samfélagsgr.	1,0	1,0	1,0	3,0	4,0	3,0	3,0	2,0	3,0	2,0	23,0
Kristinfræði	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0		9,0
Náttúrufræði	1,0	1,0	1,0	1,0	2,0	3,0	3,0	3,0	3,0	2,0	20,0
Danska						2,0	2,0	3,0	3,0	4,0	14,0
Enska							2,0	3,0	3,0	4,0	12,0
Íþróttir	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	4,0	4,0	4,0	4,0	34,0
Valgreinar										7,0	7,0
SAMTALS:	24,0	24,0	24,0	26,0	28,0	30,0	32,0	33,0	33,0	33,0	287,0
FELLT NIÐUR:	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
VIÐMIÐUN:	24,0	24,0	24,0	26,0	28,0	30,0	32,0	33,0	33,0	33,0	287,0

ÁÆTLAÐUR NEMENDA- OG DEILDAFJÖLDI.

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
5 ára											
6 ára	47										47
7 ára		38									38
8 ára			45								45
9 ára				58							58
10 ára					41						41
11 ára						51					51
12 ára							58				58
13 ára								49			49
14 ára									46		46
15 ára										57	57
16 ára											
17 ára											
NEMENDUR	47	38	45	58	41	51	58	49	46	57	490
DEILDIR	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	3,0	24,0

KENNSLUSTUNDAFJÖLDI - SAMÞYKKT ÁÆTLUN 1992/93 (NJARÐVÍKURSKÓLI 24/02/93)

	1-B	2-B	3-B	4-B	5-B	6-B	7-B	8-B	9-B	10-B	ALLS
Íslenska	27,0	18,0	18,0	24,0	16,0	14,0	18,0	12,0	10,0	15,0	172,0
Stærðfræði	12,0	8,0	8,0	12,0	8,0	8,0	12,0	8,0	8,0	15,0	99,0
Mynd- & hdm.	6,0	4,0	4,0	12,0	8,0	10,0	12,0	8,0	8,0	0,0	
(Skst. 25,2)				4,8	3,4	4,3	4,8	4,1	3,8		97,2
Heimilisfr.	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	6,0	4,0	4,0	0,0	
(Skst. 24,5)	2,0	1,6	1,9	3,6	2,6	3,2	3,6	3,1	2,9		52,5
Tónmennt	6,0	4,0	4,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	0,0	28,0
Samfélagsgr.	3,0	2,0	2,0	9,0	8,0	6,0	9,0	4,0	6,0	6,0	55,0
Kristinfræði	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	2,0	0,0	21,0
Náttúrufræði	3,0	2,0	2,0	3,0	4,0	6,0	9,0	6,0	6,0	6,0	47,0
Danska					0,0	4,0	6,0	6,0	6,0	12,0	34,0
Enska						0,0	6,0	6,0	6,0	12,0	30,0
Íþróttir	9,0	6,0	6,0	9,0	6,0	6,0	12,0	8,0	8,0	12,0	82,0
Valgreinar								0,0	0,0	21,0	
										4,2	25,2
SAMTALS:	74,0	49,6	49,9	86,4	62,0	67,5	104,4	73,2	72,7	103,2	742,9
LEIÐSÖGN Í SAFNI.....						1,7	1,9	1,6	1,5	1,9	8,6

KENNSLUSTUNDIR AF UMDÆMISKVÓTA:

Sérkennsla o.fl.	80,0	
Fjölgun deilda	35,0	
Sérstök viðfangsefni	24,0	
Uppeldisfulltrúar: 0,00 stöðugildi.	0,0	
FRÁ UMDÆMI SAMTALS.....	139,0	 104,0

TILFÆRSLUR:

KENNARASTUNDIR ALLS 855,5

NEMENDASTUNDIR 689,0 SKIPTISTUNDIR 49,7 RÁÐNINGARVIÐMIÐUN: 727,2 (85%)

ÁRGANGA- OG FAGSTJÓRN: 27,2 klst. á viku í 36 vikur. Samtals: 980,0 klst.

SAFNVINNA: Klst. á viku: 35,80 STÖÐUR: Skólaár: 0,89 Allt árið: 0,67

ATHUGASEMDIR: Sérverkefni er vegna fjölfatlaðrar stúlku í 1. bekk.

Svar fræðslustjóra Vesturlands.
(8. febrúar 1993.)

Fræðslustjóri Vesturlandsumdæmis hefur tekið saman samanburðaryfirlit milli skólaaranna 1991/1992 og 1992/1993. Fylgja með bréfi þessu yfirlit yfir tíu af fimmtán skólum í umdæminu. Í þessum samanburði er fyrir skólaárið 1991/1992 lagt til grundvallar yfirlit í vorskýrslu skólans sem gerð er í lok skólaars og er og á að vera uppgjör skólaarsins um kennslu í einstökum námsgreinum. Vegna skólaarsins 1992/1993 er farið eftir stundaskrám einstakra árganga sem fræðslustjóri kallar inn frá skólunum að upphafi skólaars. Ekki er þó fullvíst að sú tilhögun sem þar er sett upp komi til að gilda allt skólaárið. Ýmsar námsgreinar eru kenndar í styttri lotum eða námskeiðum og þá hliðrað til með aðra kennslu eða vikustundafjöldi aukinn meðan á því stendur. Hárrettur samanburður fæst því fyrst með samanburði vorskýrslna beggja ára. Samanburðaryfirlitin ná aðeins yfir tíu af fimmtán skólum og er ástæðan sú að á yfirliti vorskýrslu er í sumum tilfellum ekki skipt niður á námsgreinar með sama hætti og eyðublað gerir ráð fyrir og gert er hér, en einnig vegna þess að á stundaskrám er ekki merkt hvaða námsgrein se kennd í hverjum tíma heldur er tíminn merktur bekkjarkennara sem skiptir og raðar stundum með þeim hætti sem hentar því skipulagi kennslu sem hann vinnur eftir. Þegar oskað er nánari vitneskju um skiptingu milli námsgreina eru svörin þau að jafnan se reynt að vera sem næst viðmiðunarstundaskra.

Sé gert heildaryfirlit yfir fækkun eða fjölgun kennslustunda í einstökum greinum sem um er spurt kemur þetta í ljós:

Í íslensku, en til hennar er talið lestur, skrift, ritun, stafsetning, málvísi, bókmenntir og almenn málörvun, voru á skólaárinu 1991/1992 kenndar 698.5 stundir í þeim tíu skólum sem yfirlitið nær til en 712.0 á skólaárinu 1992/1993. Stundum hefur fjölgað í fjórum skólum samtals um 35 stundir, en fækkað í sex um 21.5 stund. Fjölgun því 13.5 í greininni.

Í stærðfræði voru 1991/1992 kenndar 457.0 stundir, en 1992/1993 435.5. Stundum fjölgaði í tveimur skólum, samtals um 5.0, fjöldinn stoð í stað í einum skóla, en fækkun varð í sjö, samtals um 26.5 stundir. Heildarfækkun 21.5 stund.

Í dönsku voru á stundaskra 1991/1992 alls 128.5 stundir, en 1992/1993 123.0. Fjölgun varð í þremur skólum um 6.0 stundir, tveir stoðu í stað en fækkun varð í tímm samtals um 11.5 stundir. Heildarfækkun 5.5 stundir.

Enska hafði 1991/1992 120.5 stundir, 1992/1993 123.5 stundir. Fjölgun varð í þremur skólum um 10.0 stundir, fjórir stóðu í stað, en fækkun varð í þremur um 7.0 stundir. Fjölgun því alls 3.0 stundir.

Heildarstundafjöldi skolanna samkvæmt þessum yfirlitum minnkaði úr 2723 í 2625 eða um 98 stundir. Af þessum stundum eru 10.5 stundir í þeim fjórum greinum sem serstaklega er spurt um í fyrirspurn alþingismanna.

Rétt er að árétta tvöfaldan fyrirvara í sambandi við þær tölur sem hér eru settar á blað, hinn fyrri er áminning þess sem fyrr var sagt um tímabundin frávik frá stundaskrá til þess að koma við kennslu í ýmsum greinum sem ekki eru gagngert merktar inn á stundaskrá og gjarna taka þá tíma frá þeim greinum sem flestar stundir hafa á skrá, s.s. íslensku og stærðfræði. Sá síðari að í fámennum samkennsluskólum er gjarna hnikað til milli ára námsgreinum sem fáar stundir hafa og kennslan tekin á sama ári hjá tveimur árgöngum en felld niður næsta skólaár. Þetta helgast oft af því hvort kennari fæst í greinina. Ýmislegt af þessu tagi má sjá af yfirlitum skólanna sé í þau rýnt. Þó að raunar sé vissum erfiðleikum bundið að gera slík yfirlit fullkomlega rétt þegar í hlut eiga fámennir samkennsluskólar. Þar sem tveir til fjórir árgangar eru samtímis í hópi hjá einum og sama kennara.

Þá skal einnig tekið fram að fækkun kennslustunda er ekki í öllum tilfellum bein afleiðing niðurskurðar kennslumagns. Erfiðleikar að fá kennara til starfa, bæði til almennrar kennslu og í ýmsar sérgreinar geta valdið því að ekki er hægt að nýta þann stundafjölda sem skólinn á rétt á og sú er enda orsök samdráttar milli ára í nokkrum tilfellum, en hitt er einnig fyrir hendi að fækkun kennarastunda komi ekki til fulls fram í fækkun nemendastunda heldur hafi henni verið mætt með aukinni samkennslu árganga og hópa.
Niðurskurður kennslukvóta hefur náð til allra skóla og þar með allra nemenda þó að misjafnt sé hversu mikið einstakir nemendur verða varir við það í daglegu skólastarfi.

Með bréfi þessu og meðfylgjandi yfirlitum um einstaka skóla telur fræðslustjóri sig hafa svarað umræddri fyrirspurn eins vel og hann getur án þess að fara í mikla og tímafreka gagnasöfnun nú á miðjum vetri, en nákvæmari vitneskja ætti að fást þegar vorskýrslur skólanna berast í júní-mánuði næstkomandi.

Með góðri kveðju,

Snorri Þorsteinsson.

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skóli nr..1
Nemendur skólaarið 1991-1992 210. skólaarið 1992-1993 209

	1.b		2.b		3.b.		4.b.		5.b.		6.b.		7.b.		8.b.		9.b.		10.b.		alls	
namsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	10	9	10	7	10	7	8	7	6	7	6	7	5	7	5	6	5	6	6	6	71	69
stæfr.	4	4	4	5	4	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	6	47	50
danska											2	2	2	2	3	3	3	3	4	4	14	14
enska													2	2	3	3	3	3	4	4	12	12
hand&m	2	3	2	3	2	3	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4			30	33
heim. 1)	1	+	1	+	1	+	1	+	1	1	2	2	2	2	2	2	2	2		1	13	10+
tónm.	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1		1		1		1				9	5
íþr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	30	30
náttfr.		1		1		1	1	1	2	2	2	2	2	2	3	2	3	2	3	2	16	16
samf.	2	1	2	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3	3	3	2	3	2	3	2	26	23
krfr	1	1	1	1	1	1	1	1	1	2	1	2	1	1	1	1					8	10
val&fl.													4			2	2	3	8	5	14	10
alls	24	23+	24	23+	24	23+	26	25+	26	28	29	30	34	31	33	33	34	33	36	36	290	282

1) + merkir að greinin er kennd tímabundið eða í námskeiðsformi.

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skóli nr. 2.
Nemendur skólaarið 1991-1992 162. skólaarið 1992-1993 163.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
namsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	8	7	8	7	8	8	8	8	8	8	9	6	7	9	6	6	6	6	6	6	74	71
stæfr.	4	4	4	4	4	3	5	5	5	5	5	4	5	5	5	5	5	5	5	5	47	45
danska											2	2	2	2	4	4	4	4	4	4	16	16
enska													3	3	4	4	4	4	4	4	15	15
ha&my	2	3	2		4	2	4	2	4	2	4	2	4	2	4	2	4	2	4		36	17
heim.	2	1	2	1	2	1	1	1	1	2	1										9	6
tónm.	2		2	2	2	2	2	1	1		1										10	5
íþr.	2	2	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	27	27
náttf.			1		1		1	1	2	2	2	4	2	2	2	3	2	3	2	2	15	17
samff.	3	5	1	6	1	4	2	2	3	3	3	4	3	3	3	3	3	3	3	3	25	36
krfr.			1		1		1		1	1	1	1	1	1	1		1				8	3
val&fl.	1		1		1		1		1		1		1		1	1	2	1	7	2	17	4
alls	24	22	24	22	26	22	28	23	29	26	32	26	31	30	33	31	34	31	38	29	299	262

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: skóli nr. 3
Nemendur skólaárið 1991-1992 128, skólaárið 1992-1993 114.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	8	7	8	7	9	7	8	7	10	10	10	8	6.5	7	6.5	5	7	6	5.5	5	78.5	69
stærð.	4	4	4	4	6	5	5	4	4	5	4	4	4	5	5	4	5	4	5	4.5	46	43.5
danska											2		2	2	3	3.5	3.5	3.5	4	3	14.5	12
enska													3.5	2	3.5	4	5	3.5	4.5	4	16.5	13.5
hand&m	4	3	4	5	4	4	4	4	4	4	4	6	4	7	4	4	4	4	4	4	40	45
heim. 1)	+		+		1	1	1	1	2	1	1	1	2	1	2	2	2	2		3	11+	12
tónm.		1		2		2		2														7
íþr.	3	3	3	3	4	3	3	3	3	3	3.5	4	3	3.5	3.5	4	3.5	3	3	3	32.5	32.5
náttfr.									2	2	2	2	3.5		4	1.5		1.5	2	1	13.5	8
samf.	3	3	3	3	4	3	6	5	5	3	5.5	5	4.5	1.5	3.5	2	5	3	2	1	41.5	29.5
krfr						1				1		1		1								4
val&fl.				1				2				2	2	2	3	4	3	3.5	6	4.5	18	17
alls	22	21	22+25		28	26	29	26	30	29	34	33	35	32	38	34	38	34	36	33	312	293

1) + merkir að greinin er kennd tímabundið eða í námskeiðsformi.

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skóli nr. 4.
Nemendur skólaárið 1991-1992 30, skólaárið 1992-1993 32.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	7	7	7	7	7	11	8	12	9	10	7	10	7	8							52	65
stærð.	4	5	4	5	4	4	4	4	4	4	5	5	5	5							30	32
danska										2	2	2	2	2							4	6
enska													2	2							2	2
hand&my	3	2	3	2	3	2	4	4	5	2	5	4	4	2							27	18
heim.	1	1	1	1	1		1		1	2	1		1	2							7	6
tónm.	2	3	2	3	2	2	2	2	2	2	2	1	1	1							13	14
íþr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	4	3							22	21
náttf.							1	1	2	1	2	2	3	2							8	6
samff.	3	3	3	3	3	2	3	2	5	2	5	3	4	3							26	18
krfr.	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1							7	7
val&fl.																						
alls	24	25	24	25	24	25	27	29	32	29	35	31	34	31							198	195

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skoli nr. 5
Nemendur skolaaríð 1991-1992 120, skolaaríð 1992-1993 126.

	1.b		2.b		3.b.		4.b.		5.b.		6.b.		7.b.		8.b.		9.b.		10.b.		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	8	6	8	8	8	8	5	7	9	8	7	7	6	7	6	5	5	5	5	5	67	66
stærð.	4	4	4	4	5	4	5	4	5	6	5	4	5	5	6	6	6	5	6	5	51	47
danska											3	3	3	2	3	3	4	4	4	4	17	16
enska													3	2	4	3	4	4	4	4	15	13
hand&m	1	2	1	2	2	2	3	4	5	4	2	2	4	2	3	2	2	2			23	22
heim.																1						1
tónm.	1		1		1		1		1		1										6	
íþr.	2	2	2	2	2	2	2	2	4	3	3	4	3	3	3	3	3	3	3	4	27	28
náttfr.									2	2	2	2	4	4	5	4	5	4	2		20	16
samf.	2	5	2	2	2	2	2	2	2	3	2	3	3	3	3	3	3	3	3	5	24	31
krfr	1	1	1	1		1	1	1	1			1	1	1	1						6	6
val&fl.			1	1		1	1								3	2	4	2	9	4	18	10
alls	19	20	20	20	20	20	20	20	29	26	25	26	32	29	37	32	36	32	36	31	274	256

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skoli nr. 6
Nemendur skolaaríð 1991-1992 154, skolaaríð 1992-1993 107.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	7	9	7	8	7	8	8	8	8	7	9	6	7	6	5	6	5	4	5	5	68	66
stærð.	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	4	5	4	5	5	5	5	5	4	50	47
danska											2	2	2	2	3	3	4	3	4	3	15	13
enska													3	2	3	3	4	3	4	4	14	12
ha&my	3	4	3	4	3	2	4	4	4	4	4	5	4	2	4	2	4	5	4		37	32
heim. tónm.	1		1		1	2	2		2		2		2	3	2	3	2		2	2	17	10
íþr.	3	3	3	2	3	2	3	2	3	3	3	3	3	3	3	3	3	4	3	2	30	27
náttf.	2		2	1	2		2	3	2	3	4	4	4	4	4	4	4	4		4	26	27
samff.	2	3	2		2	3	3	2	3	3	3	2	3	4	4	4	4	3	4	4	30	28
krfr.	1		1		1		1		1		1		1	1	1						8	1
val&fl.						3		3		3		3					2	1	7	3	9	16
alls	24	24	24	20	24	25	28	27	28	28	35	28	34	31	34	33	37	32	38	31	304	279

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skóli nr. 7
Nemendur skólaárið 1991-1992 447, skólaárið 1992-1993 440.

	1.b		2.b		3.b.		4.b.		5.b.		6.b.		7.b.		8.b.		9.b.		10.b.		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	9	9	9	9	9	8	9	9	8	7	8	7	8	7	6	6	6	6	6	6	78	74
stærð.	4	4	4	4	4	4	4	4	5	5	5	5	5	5	5	5	6	5	6	6	48	47
danska											2	2	2	2	3	2	3	3	4	4	14	13
enska													2	2	3	3	3	3	4	4	12	12
hand&m	3	3	2	2	2	2	4	3	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4			31	30
heim.												2	1	2	2	4	2	3			5	11
tónm.	2	2	2	2	2	2	2	2	1	2	1	1									10	11
íþr.	2	2	3	3	3	3	3	3	2	3	4	3	4	4	4	3	4	4	4	4	33	32
náttfr.						1			2	1	2	2	3	2	3	2	2	3		2	12	13
samf.	3	3	3	3	2	3	3	3	4	3	3	3	2	2	4	3	3	2		2	27	27
krfr	1	1	1	1	1	1	1	1		1	1	1	1	1		1					6	8
val&fl.								1											12	5	12	6
alls	24	24	24	24	23	24	26	26	26	26	30	30	32	31	34	33	33	33	36	33	288	284

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: Skóli nr. 8
Nemendur skólaárið 1991-1992 60, skólaárið 1992-1993 67.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	10	13	10	13	9	12	9	12	9	9	5	8	5	5	5	5	6	5	5	5	73	87
stærð.	5	4	5	4	8	5	8	5	6	6	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	57	49
danska												3	3	3	3	3	3	3	5	4	14	16
enska													4	5	4	5	4	5	4	5	16	20
ha&mý	4	4	4	4	3	4	3	4	4	4	4	4	2	3	3	3	2	3	2	2	31	33
heim.												3	3	3	3	3	3	3			9	12
tónm.																						
íþr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	30	30
náttf.									2	2	4	3	4	5	4	5	2	3	3	4	19	22
samff.		1		1	4	2	4	2	4	3	4	3	2	1	2	1	2	2	2	2	24	18
krfr.			1		2	1	2	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2		2	1	17	11
val&fl.																	2	2	4	4	6	6
alls	22	25	23	25	29	27	29	27	30	29	27	34	33	35	34	35	34	34	35	35	296	306

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: skóli nr 9.
Nemendur skólaárið 1991-1992 26. skólaárið 1992-1993 28.

	1.b		2.b		3.b		4.b		5.b		6.b		7.b		8.b		9.b		10.b		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	6	6	6	6	11	12	11	12	11	12	8	8	8	8							61	64
stærð.	3	3	3	3	4	4	4	4	4	4	5	5	5	5							28	28
danska											2	3	2	3							4	6
enska											2	3	2	3							4	6
hand&myn	5	5	5	5	4	3	4	3	4	3	4	4	4	4							30	27
heim.					1		1		1		1		1								5	
tónm.	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1							7	7
íþr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3							21	21
náttf.											2	2	2	2							4	4
samfél.	3	3	3	3	2	2	2	2	2	2	3	4	3	4							18	20
krfr.					1	1	1	1	1	1	1		1								5	3
val&fl.																						
alls	21	21	21	21	27	26	27	26	27	26	32	33	32	33							187	186

Samanburður milli skólaára á kennslu í einstökum greinum: skóli nr.10
Nemendur skólaárið 1991-1992 66. skólaárið 1992-1993 73.

	1.b.		2.b.		3.b.		4.b.		5.b.		6.b.		7.b.		8.b.		9.b.		10.b.		alls	
námsgr.	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93	92	93
ísl.	6	10	8	8	8	6	10	6	10	11	9	11	7	9	6	6	6	7	6	7	76	81
stærð.	4	1	5	5	5	5	5	5	5	4	5	4	6	5	6	6	6	6	6	6	53	47
danska											2		2	2	4	3	4	3	4	3	16	11
enska													2	3	4	5	4	5	4	5	14	18
hand&m	2	1	2	2	4	6	4	6	4	6	5	6	5	4	4	3	4	4	4	4	38	42
heim.			1				1				0.5		0.5		1						4	
tónm.	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	10	10
íþr.	2	1	2	1	2	3	2.5	3	2.5	4	2.5	4	2.5	3	3	3	3	2	3	2	25	26
náttfr.			1		1		2		2	1	2	1	2	2	2		2	2	2	2	16	8
samf.	2	2	2	3	2	3	2	3	2	3	2	3	2	3	2	5	2	2	2	2	20	29
krfr					1	1	0.5	1	0.5	1	1	1	1	1	1						5	5
val&fl.										1		1		1			4	1	4	1	8	5
alls	17	16	22	20	24	25	28	25	27	32	30	32	31	34	34	32	36	33	36	33	285	282

Svar fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis.
(3. febrúar 1993.)

Hér með tilkynnist til menntamálaráðuneytisins að ég hef rekið mig á verulega annmarka á því að svara þessari fyrirspurn svo marktækt sé og skal greina frá helstu ástæðum þess.

Í grunnskólum hér á Vestfjörðum er yfirleitt um samkennslu tveggja til þriggja árganga að ræða, og víða er einnig um ýmsa samþættingu að ræða. Skólastjórar hafa brugðist við fækkun stunda með margvíslegu móti. Sums staðar hefur verið fjölgað í námshópum og kennslufyrirkomulagi breytt til að mæta þessu, en áhersla er víðast hvar lögð á að halda óskertri kennslu í þeim greinum sem spurt er um. Þá hefur skólatími margra skóla lengst verulega og þannig verið aukið við kennslu yfir skólaárið í stað skerðingar í um helmingi skóla á Vestfjörðum.

Eftirfarandi skólar hafa lengt skólatíma sinn milli ára:
Reykhólaskóli úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskóli Barðastrandarhrepps úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskólinn Tálknafirði úr 8½ mánuði í 9 mánuði.
Grunnskólinn Bíldudal úr 8½ mánuði í 9 mánuði.
Grunnskólinn Þingeyri úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskólinn Suðureyri úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskólinn Súðavík úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Finnbogastaðaskóli úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskólinn Drangsnesi úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.
Grunnskólinn Hólmavík úr 8 mánuðum í 8½ mánuð.

Erfiðleikar eru á að nota vor- eða haustskýrslur til samanburðar vegna breytinga sem gerðar voru á þeim síðasta vor en þar var stundafjöldi nemenda í námsgreinum og námsþáttum færður frá haustskýrslu yfir á vorskýrslu þannig að samanburðartölur koma ekki þá leiðina fyrr en í vor eftir greinum.

Hægt væri að krefja hvern einstakan skóla um svör en ekki hefur unnist tími til þess á þeirri viku sem liðin er frá því fyrirspurnin barst hingað. Ég tel óvíst, m.a. af framangreinum ástæðum, að það gæfi heillegri svör við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,

Pétur Bjarnason.

Svar fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis vestra.
(10. febrúar 1993.)

1. Kennslustundum hefur fækkað frá 1991/92 til 1992/93 um 7,8%, þ.e. 314 stundir. Nemendum hefur á sama tímabili fækkað um 41, úr 1.880 í 1.839, eða um rúm 2%. Mjög erfitt er að segja til um hvernig niðurskurður kemur niður á kennslugreinum því það er mjög misjafnt eftir skólum. Almenn „regla“ er að felld er niður kennsla eða fækkað tímum sem erfitt er að fá kennara til að kenna en einnig má merkja að tímaflestu greinarnar fá einhverja skerðingu.

2. Almennt virðist sem kennsla í stærðfræði og tungumálum sé ekki skert í efstu bekkjum en skerðingin komi frekast fram á miðstigi, þ.e. skólastjórnendur hugsa sem svo: Þegar batnar í ári er betra að bæta þeim nemendum upp tapið sem ekki eru lengra komnir.

3. Magntölur verða alltaf ónákvæmar í þessu umdæmi þar sem fjöldi nemenda býr við samkennslu árganga. Einnig hefur breytt fyrirkomulag við söfnun upplýsinga með skólaskýrslum þau áhrif að illmögulegt er að bera þetta saman milli ára.

Annað atriði hefur einnig truflandi áhrif á slíkan samanburð en það er sú staðreynd að fjórir skólar í umdæminu lengdu árlegan skólatíma um tvær til fjórar vikur þannig að í þeim skólum hefur heildarskerðing miðað við síðasta ár verið bætt og jafnvel má sýna fram á fjölgun kennslustunda milli ára.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ingi Leifsson.

Svar fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra.
(6. febrúar 1993.)

Í svarinu er miðað við skólaár og skólaárin 1991/92 og 1992/93 borin saman en ákvörðun Alþingis um niðurskurð kennslumagns tekur til síðara skólaársins.

Í fyrsta lagi er spurt hvernig niðurskurður kennslustunda árið 1992 skiptist á kennslugreinar eftir árgöngum. Engar samantektir eru til um það á fræðsluskrifstofunni hvernig skólar hafa skipt tímum sínum niður á kennslugreinar enda oft og tíðum erfitt að greina það nákvæmlega vegna samþættingar námsgreina og sveigjanlegra kennsluhátta. Meiri áhersla hefur verið lögð á að halda utan um heildartímamagn enda er það mat fræðslustjóra að meira máli skipti gæði kennslu einstakra námsgreina en magn.

Við athugun kemur í ljós að niðurskurður kennslumagns í umdæminu milli skólaára er til muna minni en tilefni var til þrátt fyrir minnkun heildarkennslumagns til fræðsluumdæmisins. Aðeins fjórir skólar í umdæminu eru með færri nemendastundir á bekkjardeild á skólaárinu en á síðasta ári, eða 27,3% nemenda umdæmisins:

Grunnskóli Grímseyjar 1,8 kennslustundir á bekkjardeild.
Barnaskóli Akureyrar 1,21 kennslustund á bekkjardeild.
Gagnfræðaskóli Akureyrar 2,33 kennslustundir á bekkjardeild.
Glerárskóli 0,51 kennslustund á bekkjardeild.

Aðrir nemendur eru með svipað eða fleiri kennslutíma á viku. Þessu hafa tíu skólar með 20% nemenda umdæmisins náð með því að lengja skólaárið (8–8,5 mánuði og 8,5–9 mánuði) og þá höfðu margir skólanna skert kennslutíma nemenda og skipt nemendum í smærri námshópa ýmissa aðstæðna vegna sem síður er gert nú. Dæmi er um kennslutímaaukningu á hverja bekkjardeild í skóla að meðaltali um tvær stundir á viku frá síðasta skólaári (Borgarhólsskóli Húsavík).

Trausti Þorsteinsson.

Svar fræðslustjóra Austurlandsumdæmis.
(19. mars 1993.)

Langflestir skólar eru með stundafjölda í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Á nokkrum stöðum vantar eina til tvær stundir svo lágmarki sé náð.

Skýring: Sund (ein stund á viku) ekki talið með eða kennsla felld niður í kennslugrein, t.d. heimilisfræði eða tónlist, vegna kennaraskorts. Þá getur einnig verið um að ræða tilfærslu milli anna eða ára.

Í einstaka tilfellum þurfa skiptistundir að vera fleiri en gert er ráð fyrir í áætlun skóla. Ástæðan er allt of lítið húsnæði til kennslu, t.d. í heimilisfræði, smíðum o.fl.

Þar sem samkennsla er mikil (fámennir skólar) fá yngri nemendur oft fleiri kennslustundir en þeim ber, einkum í heimanaksturssskólum. Aftur á móti er því öfugt farið í heimavistarskólum. Yngstu börnin eru aðeins þrjá daga (tvær nætur) í heimavist og er reynt að mæta því t.d. með því að tveir kennarar starfi samtímis með börnunum. Þannig er reynt að veita þeim eins góða þjónustu og hægt er miðað við skertan skólatíma, þ.e. færri daga í skóla í viku hverri.

Guðmundur Magnússon.

Starfstími skóla í Austurlandsumdæmi skólaárið 1992–1993.

	Mánuðir
Seyðisfjarðarskóli	9
Nesskóli	9
Verkmenntaskóli Austurlands	9
Grunnskóli Eskifjarðar*	9
Grunnskólinn Bakkafirði	8
Vopnafjarðarskóli	8,5
Grunnskólinn Borgarfirði*	8,5
Brúarásskóli	8
Skjöldólfsstaðaskóli*	8
Fellaskóli	8
Hallormsstaðaskóli*	8,5
Grunnskólinn Eiðum*	8,5
Egilsstaðaskóli*	9
Grunnskólinn Mjóafirði	7
Grunnskólinn Norðfjarðarhreppi	8
Grunnskóli Reyðarfjarðar*	9
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar*	9
Grunnskólinn Stöðvarfirði*	8,5
Grunnskólinn Breiðdalshreppi	8
Grunnskólinn Beruneshreppi	8
Grunnskólinn Djúpavogi	8,5
Grunnskólinn Geithellnahreppi	7
Nesjaskóli	8,5
Hafnarskóli*	9
Heppuskóli*	9
Grunnskólinn Mýrahreppi	8
Grunnskólinn Borgarhafnarhreppi	8
Grunnskólinn í Hofgarði	8

* Lenging um 2 vikur.

Svar fræðslustjóra Suðurlands.

(1. febrúar 1993.)

Erfitt er að meta heildarfækkun kennslustunda nemenda vegna niðurskurðar. Þetta stafar af tvennu fyrst og fremst:

1. Í 13 skólum hefur árlegur starfstími lengst um tvær vikur, úr átta mánuðum í átta og hálfan mánuð. Í þremur skólum hefur skólatími lengst úr átta og hálfum mánuði í níu mánuði. Þannig hefur heildarstundafjöldi nemenda staðið í stað þótt vikulegum stundum hafi verið fækkað um eina til tvær.

2. Fyrir skerðingu voru margir skólar sem ekki kenndu lögbundinn vikulegan stundafjölda. Munaði þar frá einni stund á viku upp í þrjár. Aukinn þrýstingur á skólana að sinna lögbundinni kennslu hefur í sumum tilfellum valdið því að ekki hefur orðið um stundafækkun að ræða.

3. Í litlum skólum veldur samsetning aldurshópa mikilli sveiflu í tímafjölda milli ára. Þetta þýðir að hjá skóla getur stundum fækkað vegna óhagstæðs fjölda í aldurshópum, t.d. Ljósafossskóla og Grunnskóla Austur-Landeyja.

4. Víðast hvar fækkar stundum í íþróttum og valgreinum.

5. Í svörum frá skólunum kom fram að í íslensku fækkar um eina stund hjá 6.–9. og 10. bekk í fjórum skólum, hjá 366 nemendum. Í 4., 8., 9. og 10. bekk fækkar um eina stund í ensku, dönsku og samfélagsfræði, hjá 222 nemendum. Svör hafa borist frá níu skólum af þrjátíu.

Að lokum má benda á að úthlutunarreglurnar eru þannig að margir skólar telja sig verða að skipta bekkjum meir en fjöldi skiptistunda segir til um og af þeim sökum getur vikulegum stundum nemenda fækkað, þ.e. teknar eru stundir af kennslukvóta til þess að skipta bekkjum. Ekki er unnt að svara þessu ítarlegar miðað við fyrirliggjandi gögn.

Jón Hjartarson.

948. Fyrirspurn [569. mál]

til viðskiptaráðherra um vanda verslunar í strjálbýli.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru niðurstöður úttektar viðskiptaráðuneytisins á vanda dagvöruverslunar í strjálbýli?
2. Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þessum niðurstöðum?

949. Skýrsla [570. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Utanríkisstefna á vegamótum

Umskiptin á alþjóðavettvangi síðustu fjögur árin eru hin mestu sem orðið hafa í hálfa öld. Af því leiðir að Ísland stendur nú frammi fyrir umfangsmestu endurskoðun á utanríkisstefnu sinni frá því á síðari hluta fimmta áratugarins.

En gera verður greinarmun á endurskoðun og endursköpun. Aðlögun utanríkisstefnunnar að breytingum í heiminum á sér stað á grundvelli varanlegra íslenskra þjóðarhagsmuna. Krafan um aðlögun felur í sér að kanna verður til hlítar með hvaða hætti mikilvægustu markmiðum verði hrundið í framkvæmd við nýjar aðstæður í alþjóðamálum. Nýbreytni í framkvæmd utanríkisstefnunnar má ekki verða á kostnað staðfastra lífshagsmuna. Jafnframt þarf að varast að fastheldni á viðtekin sjónarmið leiði til þess að Ísland einangrist í samfélagi þjóðanna.

Stöðugleiki í meðferð utanríkismála hefur verið ein mikilvægasta arfleifð ríkisstjórna á lýðveldistímanum. Fátt rýrir orðstír ríkja meira en óvæntar byltur í utanríkismálum. Nú á tímum umróts í alþjóðamálum er því ekki síður brýnt en á tímum kyrrstöðu kalda stríðsins að Alþingi og ríkisstjórn standi saman um meginmarkmið utanríkisstefnunnar.

Staða Íslands í heiminum hefur breyst í veigamiklum atriðum á örstuttum tíma. Á tímum kalda stríðsins tryggði lykilstaða landsins í varnarsamstarfi Íslendingum áhrifastöðu í Evrópu langt umfram það sem stærð landsins og fólksfjöldi gaf tilefni til. Við hinar breyttu aðstæður verður ekki lengur gengið að því vísu að tillit verði tekið til íslenskra hagsmuna í evrópsku samstarfi. Samrunaþróunin í Evrópu á hér einnig hlut að máli. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að Ísland muni ekki slást í hóp þeirra EFTA-ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu. Umsókn Noregs, Svíþjóðar og Finnlands að Evrópubandalaginu gerir það að verkum að þungamiðja norræns samstarfs mun á næstunni færast nær Brussel. Ísland á því á hættu að verða afskipt einnig í norrænu samstarfi.

Þessum breytingum þurfa Íslendingar að mæta af fullri einurð. Hvort heldur sjálfvalin einangrun í tortryggni eða gagnrýnislaus undanlátssemi við volduga nágranna eru óásættanlegir kostir, sem stuðla myndu að jaðarstöðu Íslands. Því er óhjákvæmilegt að Íslendingar hafi sjálfir að því frumkvæði að koma ár sinni betur fyrir borð í breyttu alþjóðlegu umhverfi með jafnvel virkari utanríkisstefnu en hingað til. Haldi Íslendingar hins vegar að sér höndum, getur fátt komið í veg fyrir að stefnumörkun og ákvarðanir annarra ríkja hafi æ meiri áhrif á utanríkishagsmuni Íslands í framtíðinni, hvort sem Íslendingum líkar betur eða verr.

Ráðstafanir hafa raunar þegar verið gerðar til að aðlaga stefnuna í utanríkismálum og utanríkisviðskiptum kröfum nýs tíma.

Á sviði öryggis- og varnarmála hefur ríkisstjórnin ákveðið að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu til að tryggja Íslendingum hlutdeild í samráði Evrópuríkja Atlantshafsbandalagsins. Í júní 1992 setti utanríkisráðherra á fót nefnd fulltrúa samstarfsflokka í ríkisstjórn og embættismanna til að fjalla um öryggis- og varnarmál Íslands við breyttar aðstæður í alþjóðamálum. Nefndin skilaði áliti sínu 10. mars síðastliðinn. Í álitinu koma fram athyglisverðar ábendingar, sem hafðar verða til hliðsjónar við stefnumörkun í náinni framtíð. Í samráði við utanríkisráðherra átti nefndin meðal annars viðræður við stjórnvöld í Washington um framtíð varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna.

Á sviði viðskipta hefur verið unnið að því í samstarfi við önnur EFTA-ríki að færa verslun við ríki Mið- og Austur-Evrópu í nýjan farveg markaðsbúskapar og viðskiptafrelsis og efla efnahag ríkjanna, en eftir hrun kommúnismans urðu gamlir samningar sem byggðust

á vöruskiptum og umfangsmiklum ríkisafskiptum í einu vetfangi úreltir. Fyrirmyndin er sótt til tuttugu ára gamalla fríverslunarsamninga EFTA-ríkja og EB, en ýmis ákvæði eru færð til nútímalegra horfs. Bágt efnahagsástand eystra hefur staðið viðskiptum við þessi ríki fyrir þrifum, en horfur eru á því að samningarnir skapi traustari grunn fyrir þessi samskipti í framtíðinni.

Sókn ríkja Evrópubandalagsins í átt til æ nánara sambands hefur einnig bein áhrif á íslenskt viðskiptaumhverfi. Að sönnu leiðir þróun þessi ekki nauðsynlega til aukinna viðskiptahindrana, en hefur þó óhjákvæmilega áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Grípa þurfti því til aðgerða til að tryggja stöðu Íslands á mikilvægasta markaðssvæðinu, Evrópu. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) gafst ekki aðeins tækifæri til þess að tryggja aðgang að mörkuðum, heldur leiðir hann einnig til hraðari aðlögunar íslenskra fyrirtækja að nútímalegu viðskiptaumhverfi og aukinni samkeppni.

Á þessum grunni mun ríkisstjórnin byggja frekar á stjórnartímabilinu.

Umrót og óvissa

Við lok kalda stríðsins bundu margir við það vonir að takast mætti að koma á nýrri skipan heimsmála, sem einkennast myndi af friðsamlegum samskiptum og samvinnu lýðræðisríkja. Alþjóðlegum og svæðisbundnum samtökum, ekki síst Sameinuðu þjóðunum, var ætlað að renna styrkum stoðum undir hina nýju skipan. Dregið skyldi úr spennu og hættu á átökum, landamæri opnuð og stuðlað að aukinni hagsæld í skjóli verslunar þjóða í millum. Frjáls viðskipti kæmu loks með afgerandi hætti í stað verndarstefnu og einangrunarhyggju.

En veruleikinn hefur þó orðið annar og fáir gera sér lengur vonir um að framundan bíði viðburðasnautt þúsund ára sæluríki. Ofstæki, hatur og þjóðernishroki í einstökum ríkjum hafa á örstuttum tíma opinberað vanmátt hins alþjóðlega samfélags til að hafa hemil á skærum og átökum og minnt á að markmiðum lýðræðisríkjanna verður ekki náð nema með hægfara þróun og þrotlausu starfi til langs tíma.

Óvissa setur nú svip á stjórnmálaástandið í Evrópu. Lausn ríkja Mið- og Austur-Evrópu úr viðjum kommúnismans og sovéskrar yfirdrottnunar, ásamt upplausn Sovétríkjanna sjálfra, hefur svipt hulunni af djúpstæðri misklíð og ósætti, sem haldið var í skefjum með valdi í kalda stríðinu. Hildarleikurinn í fyrrverandi Júgóslavíu er dæmi um þetta, en þar hafa vestræn ríki lítið fengið að gert meðan sjálfstætt og fullgilt aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum, Bosnía-Hersegóvína, hefur verið lagt í rúst. Hætta á frekari útbreiðslu átakanna er enn umtalsverð. Mikil óvissa setur einnig svip á ástandið í Rússlandi um þessar mundir, þar sem aukin ítök harðlínuafla og þjóðernissinna gætu knúið stjórnvöld til að sveigja af braut sátta og samvinnu við vestræn ríki, sem fylgt hefur verið til þessa. Ófriður í fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna, svo sem Georgíu, Aserbaidsjan, Moldóvu og Tadsjikistan, er einnig áhyggjuefni.

Snurður hafa einnig hlaupið á þráðinn í tilraunum ríkja Vestur-Evrópu til að koma á nánara sambandi sín á milli á viðskipta- og efnahagssviðinu. Þróun evrópsks samstarfs hefur ekki verið stöðug og jöfn eftir stríð heldur hafa skipst á tímabil grósku og ládeyðu. Eftir mótunarskeið Evrópubandalagsins fyrsta áratuginn tók við tuttugu ára stöðnun. Um miðjan síðasta áratug hófst síðan ný sókn í átt til nánara samstarfs. Samþykkt evrópsku einingarlaganna árið 1987 og framkvæmd innri markaðar með afnámi landamæra og allra viðskiptahindrana árið 1993 hleyptu nýju kappi í talsmenn sambandsríkis Evrópu. Samstarf Evrópuríkja virtist og eiga góðan hljómgrunn meðal kjósenda hvarvetna innan EB. Með nýrri endurskoðun Rómarsáttmálans, Maastricht-samkomulaginu, átti að leggja grunn að stofnun nánara pólitísks sambands Evrópubandalagsríkjanna. Svo virðist sem þetta gróskuskeið sé nú á enda runnið. Versnandi efnahagsástand og dvínandi áhugi almennings benda til þess að pólitískar forsendur fyrir róttækum breytingum á samstarfi Evrópubandalagsríkja verði ekki til staðar næstu árin. Aðildarviðræður Evrópubandalagsins

við fjögur EFTA-ríki og þær skipulagsbreytingar sem fylgja í kjölfar aðildar eru þegar ærið verkefni. Ákveði EB að þeim viðræðum loknum að taka við fleiri aðildarríkjum kemur að nýjum vegamótum. Ef aðildarríki EB verða fleiri en tuttugu alls, verður annaðhvort að styrkja stofnanir þess eða gera ráð fyrir lausbeislaðra samstarfi.

Ekki verður séð fyrir endann á GATT-viðræðunum og átti þeim þó að ljúka fyrir árslok 1990. Mikið er í húfi að þar takist vel til, því renni þær út í sandinn aukast líkur á því að viðskiptaerjur magnist milli Bandaríkjanna, Evrópu og Asíuríkja. Víst má telja að enginn fari með sigur af hólmi í slíkum átökum.

Umrót hefur farið vaxandi í öðrum heimshlutum, meðal annars í mörgum þróunarlöndum, þar sem stjórnleysi hefur leyst einræði af hólmi. Einkum er ástandið alvarlegt í Afríku, þar sem fátækt, sjúkdómar og hungursneyð ógna lífi milljóna manna. Þrátt fyrir lofsverðan árangur tilrauna Bandaríkjanna og Sameinuðu þjóðanna til að stilla til friðar í Sómalíu er framtíðarlausn á hinu pólitíska ástandi enn ekki í sjónmáli. Ófriður hefur einnig blossað upp að nýju í Angóla. Í fjölmennustu álfunni, Asíu, er Indlandi ógnað af innbyrðis sundurlyndi og spenna hefur aukist í samskiptum Norður-og Suður-Kóreu, einkum eftir að stjórnvöld í Pyongyang rufu samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna nýlega. Hátt á annan tug ríkja um heim allan eru nú talin eiga eða geta framleitt gereyðingarvopn.

Hið ótrygga ástand í heiminum veldur því að óhjákvæmilegt er að hugað verði áfram að öryggi og landvörnum. Þrátt fyrir að skipting Evrópu í andstæðar fylkingar og sú beina hernaðarógn, sem henni fylgdi, heyri fortíðinni til, getur engin þjóð leyft sér að láta öryggi sitt og landvarnir fyrir róða. Ekki væri þó síður háskalegt að láta undir höfuð leggjast að neyta allra þeirra færa, sem nú gefast, til að stuðla að auknum friðsamlegum samskiptum og samvinnu þjóða, ekki síst þeirra sem fyrir stuttu voru sitt hvorum megin markalínu austurs og vesturs. Þetta á við um samvinnu í öryggis- og varnarmálum, en einnig á sviði efnahags- og viðskiptamála, umhverfismála og mannréttinda. Í þessu efni getur Ísland lagt lóð sitt á vogarskálarnar með virkri þátttöku í fjölþjóðasamstarfi.

Bjargföst undirstaða öryggis

Í skýrslu nefndarinnar um öryggis- og varnarmál er réttilega á það bent að á tímum örra breytinga í heimsmálunum standi Íslendingar ekki vörð um öryggi sitt nema með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og með varnarsamstarfi við vinveitt nágrannaríki. Breytingar, sem átt hafi sér stað, geri að verkum að renna þurfi fleiri stoðum undir íslenska öryggishagsmuni en gert er með varnarsamningnum við Bandaríkin og aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. Jafnframt er áréttað að varnarsamstarfið við Bandaríkin og þátttaka Íslands í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins séu og verði "hin bjargfasta undirstaða öryggis landsins".

Óbreytt hlutverk varnarliðsins

Þrátt fyrir óhjákvæmilegar áherslubreytingar innan Atlantshafsbandalagsins og í varnarsamstarfinu hafa hvorki Ísland né önnur bandalagsríki hug á grundvallarbreytingum. Á sama hátt og íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýjum aðstæðum hafa þau átt skoðanaskipti við fulltrúa bandarískra stjórnvalda á ýmsum stigum um framtíð og framkvæmd varnarsamstarfsins, bæði í ljósi breyttra aðstæðna á Norður-Atlantshafi og niðurskurðar útgjalda til varnarmála í Bandaríkjunum. Af hálfu bandarískra stjórnvalda og í öðrum nálægum bandalagsríkjum hefur hernaðarlegt mikilvægi hnattlegu Íslands verið ítrekað, ekki síst samfara fækkun í bandarísku herliði á meginlandi Evrópu og aukinni hættu á svæðisbundnum átökum, en varnaráætlanagerð Atlantshafsbandalagsins byggist nú meir en

áður á liðsauka- og birgðaflutningum frá Norður-Ameríku til Evrópu.

Eftirlits- og varnarhlutverk varnarliðsins á Íslandi er óbreytt og ekki hafa orðið verulegar breytingar á liðsafla eða búnaði þess á síðastliðnu ári. Á hinn bóginn má búast við að vart verði við almennan niðurskurð útgjalda til varnarliðsins og á Bandaríkjaþingi eru nú til meðferðar tillögur um verulega skerðingu á varaliði bandaríska hersins. Verði þessar tillögur samþykktar er hugsanlegt að þær varaliðsherdeildir, sem eru ætlaðar til varna á Íslandi, verði lagðar niður á tímabilinu 1995-1996. Íslensk stjórnvöld fylgjast vel með þessum tillögum og er þegar farið að huga að öðrum bandarískum herdeildum sem geta ef til vill komið í staðinn. Enn er nauðsynlegt að varaliðið, sem hefur það verkefni að verja hernaðarlega mikilvæga staði á landinu á hættu- eða ófriðartímum samkvæmt sérstakri varnaráætlun, haldi reglubundnar æfingar á Íslandi til að kynnast staðháttum, veðurfari og landslagi.

Virk þátttaka Íslendinga í vörnum landsins hefur verið á dagskrá íslenskra stjórnvalda allt frá árinu 1985 og kemur það meðal annars fram í fundasókn innan hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, þátttöku í gerð varnaráætlana fyrir Ísland, heræfingum hér á landi og rekstri Ratsjárstofnunar. Með hliðsjón af ofangreindum breytingum er tímabært að auka þátttöku íslenskra sérfræðinga og starfsmanna í verkefnum sem tengjast beinlínis framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951. Þannig er æskilegt að kanna, í samráði við dómsmálaráðuneytið, hvort Landhelgisgæslan geti í samvinnu við varnarliðið tekið aukinn þátt í eftirliti með hafsvæðunum umhverfis Ísland. Þess má geta að nú er í gildi samningur um samstarf Landhelgisgæslunnar og bandaríska sjóhersins um sjómælingar við Ísland, en slíkar mælingar koma meðal annars að notum við tundurduflavarnir. Einnig þarf að stefna að nánara samstarfi Landhelgisgæslunnar og þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins.

Almannavarnir ríkisins gegna lykilhlutverki á Íslandi í skipulagningu viðbragða á hættutímum. Samræming áætlana er í verkahring sérstakrar skipulagsnefndar, en nefnd þessi hefur meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að mikilvæg mannvirki og staðir, hafnir og orkuver, séu fleiri en svo að fastur liðsafli varnarliðsins geti gætt þeirra á hættutímum. Kanna þarf nánar með hvaða hætti hugsanlegt sé að veita löggæsluyfirvöldunum frekari stuðning við gæslu slíkra mannvirkja og staða á hættutímum.

Bandalag í aðlögun

Á undanförnum árum hefur Ísland ásamt öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins tekið þátt í að laga bandalagið að breyttum aðstæðum og nýjum verkefnum. Aðlögun þessi endurspeglast meðal annars í nýrri öryggismálastefnu sem byggist á fækkun í herjum og áherslu á fjölþjóðlegar, viðbragðsskjótar hersveitir, stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins, þátttöku í friðargæslu og aukinni ábyrgð evrópskra aðildarríkja.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur áhersla verið lögð á varfærna aðlögun bandalagsins þannig að ekki yrði dregið úr stjórnmálalegri samstöðu eða kjarna varnarsamstarfsins, einkum hvað varðar sterk tengsl aðildarríkjanna í Norður-Ameríku og Evrópu. Einnig hefur það verið afstaða íslenskra stjórnvalda að æskilegt væri að stofna til sem nánastra tengsla og samvinnu Atlantshafsbandalagsins við aðrar stofnanir og samtök í Evrópu.

Þrátt fyrir nokkra umræðu um fjölgun bandalagsríkjanna hefur ekki verið talið tímabært að skilgreina sérstök inntökuskilyrði. Sú skoðun hefur þó heyrst að aðild að Evrópubandalaginu ætti að vera forsenda aðildar nýrra ríkja að Atlantshafsbandalaginu. Af hálfu Íslands hefur ekki verið tekin bein afstaða til hugsanlegrar stækkunar bandalagsins, en þó er ljóst að aðild að Evrópubandalaginu getur ekki ein sér talist nægileg viðmiðun. Talið er að Ungverjaland, Pólland, Tékkland og Slóvakía sækist eftir fullri aðild að

Atlantshafsbandalaginu og að jafnvel Svíþjóð, Finnland og Austurríki vilji tengjast því með einhverju móti. Íslensk stjórnvöld munu hvetja til þess að umsóknir um fulla aðild eða beiðnir um öryggisskuldbindingar verði skoðaðar fyrst og fremst með tilliti til þess hvort þær styrki bandalagið og stuðli að stöðugleika í Evrópu til lengri tíma litið.

Þótt aðlögun Atlantshafsbandalagsins hafi að flestu leyti verið árangursrík er enn óljóst hvernig bandalagið mun þróast og hvert meginhlutverk þess verður. Eftir að Varsjárbandalagið var lagt niður og sovéskar eða rússneskar hersveitir fluttar frá öðrum ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu, er ekki lengur hætta á allsherjarárás á Atlantshafsbandalagið né heldur skyndiárás á eitt eða fleiri bandalagsríki. Þess í stað hafa líkur á svæðisbundnum átökum í Evrópu aukist vegna deilna þjóðernishópa, kúgunar minnihlutahópa, óstöðugs stjórnarfars, bágborins efnahags, trúarofstækis og útbreiðslu gereyðingarvopna. Slík átök geta haft almenn áhrif á öryggishagsmuni Atlantshafsbandalagsins og breiðst út til einstakra aðildarríkja þess. Svæðisbundin átök eftir lok kalda stríðsins hafa hingað til náð hámarki í fyrrverandi Júgóslavíu. En víðar er mikil spenna og er hart barist í nokkrum fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna. Jafnframt er alls óvíst hvort stjórnarfarslegar og efnahagslegar umbætur takast í Rússlandi eða hvort þar brjótast einnig út átök. Þrátt fyrir samdrátt í vopnaframleiðslu og fækkun í herjum hefur Rússland ennþá mun öflugri her en önnur Evrópuríki, auk mikils fjölda kjarnavopna. Innanlandsófriður þar gæti því haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Stórfelld svæðisbundin átök verða yfirleitt ekki til lykta leidd af einni stofnun eða samtökum heldur þarf sameiginlegt átak til að koma á friði og finna lausn á deilumálum. Þar getur Atlantshafsbandalagið gegnt lykilhlutverki vegna hernaðarlegra burða og stjórnmálalegra áhrifa, ekki síst í Mið- og Austur-Evrópu. Það hefur burði til að annast friðargæslu eða jafnvel aðgerðir til að stilla til friðar í Evrópu, ef Sameinuðu þjóðirnar eða Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu óskaði eftir því að bandalagið tæki að sér slíkt verkefni, enda samræmist það stofnskrá og markmiðum þess. Á þann hátt myndi Atlantshafsbandalagið stuðla að auknu öryggi aðildarríkjanna og frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjasamskipta. Forsenda slíkra aðgerða er full samstaða bandalagsríkjanna og samstarf annarra stofnana og samtaka. Friðargæsla eða aðgerðir til að stilla til friðar gætu skapað möguleika á áþreifanlegri samvinnu við samstarfsríki í Norður-Atlantshafssamstarfsráðinu og gefið Frakklandi tækifæri til að nálgast hermálasamvinnu bandalagsins á nýjan leik.

Þátttaka Atlantshafsbandalagsins í friðargæslu eða skyldum verkefnum gæti orðið eins konar prófsteinn á framtíðarhlutverk bandalagsins og gefið vísbendingu um hvort það verður áfram virkur þátttakandi í alþjóðlegum aðgerðum til að tryggja friðsamlega þróun í Evrópu. Erfitt er að spá af öryggi um þróun bandalagsins en eftirfarandi möguleikar eru hugsanlegir:

Í fyrsta lagi gæti farið svo að Atlantshafsbandalagið, þar með talin Bandaríkin, tryggði öryggi aðildarríkjanna aðeins gegn meiriháttar ógnun. Í því tilviki yrði meginhluti bandarísks herliðs í Evrópu kvaddur heim og Evrópuríki yrðu í flestum tilvikum að eiga frumkvæði að lausn vanda á sviði öryggismála án fulltingis Bandaríkjanna eða Atlantshafsbandalagsins. Framkvæmd friðargæslu eða tilraunir til að stilla til friðar í Evrópu yrðu þá aðallega bundnar við evrópsk aðildarríki bandalagsins.

Í öðru lagi gæti hið gagnstæða gerst og Atlantshafsbandalagið, með þátttöku Bandaríkjanna, haldið áfram að tryggja öryggi aðildarríkjanna og tekið virkan þátt í öryggismálum Evrópu, þar á meðal verkefnum í nafni annarra stofnana og samtaka. Bandaríkin myndu í þessu tilviki ekki fækka meira í herliði sínu í Evrópu en þegar er ráðgert. Tengslin yfir Atlantshafið myndu haldast og betur yrði hægt að bregðast við afmörkuðum hættum en ella.

Í þriðja lagi gæti þróunin orðið á þann veg að aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins fjölgaði, en það gerist væntanlega ekki nema bandalagið og Bandaríkin verði áfram virkur

þátttakandi í öryggismálum Evrópu og tryggi öryggi aðildarríkjanna.

Efling Evrópustoðar

Tillaga ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar, þar sem lýst er stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu (VES), endurspeglar þau varanlegu áhrif sem umskiptin í Evrópu hafa haft á samstarf vestrænna ríkja í öryggismálum. Upplausn Sovétríkjanna og slit Varsjárbandalagsins hafa augljóslega gert það að verkum að Vestur-Evrópa stendur ekki frammi fyrir stórfelldri hernaðarógn líkt og áður. Samrunaþróunin innan Evrópubandalagsins er einnig komin á það stig að ríkin tólf hafa náið samráð sín á milli um utanríkismál, þar á meðal öryggismál. Þetta hvort tveggja hefur orðið til þess að Vestur-Evrópuríki, sem lengst af lutu forystu Bandaríkjanna í öryggismálum, hafa sjálf tekið aukið frumkvæði og eflt samráð innbyrðis.

Því hefur verið haldið fram að efling VES væri ögrun við Atlantshafsbandalagið. Slíkar staðhæfingar standast ekki. Á fundum leiðtoga og utanríkisráðherra bandalagsins á undanförnum árum hefur ítrekað verið lýst yfir stuðningi við hlutverk sambandsins bæði sem varnarþáttar í viðleitninni til að sameina Evrópu og sem tækis til að styrkja evrópska stoð Atlantshafsbandalagsins. Óneitanlega er þó mikið undir því komið að vel takist til í framkvæmdinni. Móta verður aukið hlutverk VES á þann veg að samskipti þess við Atlantshafsbandalagið verði í fyllsta máta gagnkvæm og samstiga. En til að svo megi verða er nauðsynlegt að þau ríki, sem mestra hagsmuna eiga að gæta við Atlantshafið, tali sjálf sínu máli innan VES. Aukaaðild Íslands að sambandinu er þannig ekki aðeins í samræmi við íslenska öryggishagsmuni heldur þjónar hún einnig hagsmunum Atlantshafsbandalagsins. Er það í samræmi við sjónarmið sem fram komu í viðræðum nefndarinnar um öryggis- og varnarmál við stjórnvöld í Bandaríkjunum, Noregi og Bretlandi og við forystumenn Atlantshafsbandalagsins, þar sem viðmælendur lýstu ánægju með þá ákvörðun Íslands að taka boði VES um aukaaðild.

Margt bendir til að VES fái aukið vægi í samráði Evrópuríkja um öryggismál á næstu árum. Verði raunin sú er óhjákvæmilegt að Atlantshafsbandalagið þróist æ meir á þann veg að verða fyrst og fremst vettvangur tvíhliða samráðs ríkja VES annars vegar og ríkja Norður-Ameríku hins vegar. Í slíku samráði má Ísland ekki verða afskipt. Íslendingar eiga mikið í húfi að geta beitt áhrifum sínum í umræðum um öryggismál á meginlandi Evrópu, en fari fram sem horfir hefðu þeir ekki til þess vettvang utan VES. Með þátttöku Íslands og Noregs í VES, þó einungis sé um aukaaðild að ræða, skapast færi á að koma sjónarmiðum ríkja á norðurvæng á framfæri.

Frá áramótum hefur Ísland, ásamt Noregi og Tyrklandi, verið "virkur áheyrnaraðili" að VES, en aukaaðild þessara ríkja tekur gildi um leið og aðild Grikklands. Höfuðstöðvar VES hafa verið fluttar frá Lundúnum til Brussel og hefur fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu verið falin forsjá mála gagnvart samtökunum.

Hægfara samrunaþróun

Á undanförnum árum hafa Evrópuríki hvert með sínum hætti þurft að taka afstöðu til þess hvernig framtíðarsamstarfi ríkja álfunnar væri best fyrir komið. Evrópubandalagið hefur nú öðlast slíkt vægi að allt milliríkjasamstarf innan Evrópu tekur leynt og ljóst mið af því sem þar gerist. Sókn Evrópubandalagsríkjanna í átt til æ nánara sambands virtist um skeið óstöðvandi en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um Maastricht-samkomulagið í Danmörku, naumur stuðningur Frakka við það og tregða Breta hafa valdið því að jafnvel þótt Maastricht-samkomulagið verði að lokum samþykkt bæði í Bretlandi og Danmörku er allur vindur úr

seglum heitustu talsmanna Sambandsríkis Evrópu. Umrót á gjaldeyrismörkuðum Evrópu hefur leitt til efasemda um að efnahagslegar forsendur séu fyrir evrópskri gjaldeyriseiningu.

Alkunna er að innan EB hefur því gjarnan verið haldið fram að erfitt væri að gera hvort tveggja í senn, fjölga aðildarríkjum og styrkja innviði bandalagsins. Því var það skilyrði upphaflega sett af leiðtogafundi EB í Lissabon að aðildarviðræður við EFTA-ríkin gætu ekki hafist fyrr en eftir samþykkt Maastricht-samkomulagsins. Fjögur EFTA-ríkjanna hafa nú engu að síður hafið aðildarviðræður við Evrópubandalagið. En fari svo að Bretar eða Danir felli Maastricht-samkomulagið eru aðildarviðræður í uppnámi. Margt annað getur orðið til þess að draga aðildarviðræður á langinn og ekki er víst að niðurstaða náist að lokum sem verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í ríkjunum fjórum. Umsækjendur geta því þurft að treysta á EES-samninginn lengur en næstu tvö ár.

Hvert nýtt aðildarríki breytir eðli og svipmóti Evrópubandalagsins og raskar viðkvæmu valdajafnvægi innan þess. Það er því farið varlega í sakirnar áður en nýjum ríkjum er hleypt að samningaborðinu. Tilboð leiðtogafundarins í Lissabon til EFTA-ríkjanna um að aðildarviðræður skyldu hefjast fljótt fékkst ekki fram nema fyrir verulegan pólitískan þrýsting og verður því vart endurtekið í bráð. EFTA-ríkin hafa nú þegar hvert á sinn hátt svarað því tilboði. Vangaveltur um mögulega aðild Íslands að EB eru því fjarlægari nú en fyrir ári. Næst þegar Evrópubandalagið vekur máls á því að fjölga aðildarríkjum verður það að takast á við umsóknir nýfrjálsra ríkja Austur-Evrópu. Sú lota getur teygst fram á næstu öld ef af henni verður. Fjölgi aðildarríkjum mikið fram yfir sextán verður að taka allar stofnanir EB til gagngerrar endurskoðunar og óvíst er hversu langan tíma það tekur.

Kreddufastir talsmenn Evrópubandalagsins hafa jafnan haldið því á lofti að ekki þýði annað í samstarfi Evrópuríkja en að taka við öllum skuldbindingum án undantekninga, ekki tjói að velja og hafna. Þess sjást nú nokkur merki að þessi bókstafstrú sé á undanhaldi, þótt hún sé langt frá því að vera horfin. EES-samningurinn markar að þessu leyti tímamót því með honum var í fyrsta skipti vakið máls á því að veita ríkjum utan bandalagsins hindrunarlausan aðgang að innri markaðnum án þess að því fylgdi að taka við öðrum skuldbindingum en þeim sem nauðsynlegar væru fyrir snurðulausan rekstur hans. Gamlar starfsaðferðir innan EB sem miðuðust við að staðla og samræma öll tæki og starfsaðferðir hafa þróast í þá átt að setja aðildarríkjum almenn markmið sem þau uppfylla síðan hvert á sinn hátt. Með Maastricht-samkomulaginu er fest í sessi sú starfsregla að enga ákvörðun beri að taka á efra stjórnsýslustigi sem hægt væri að taka á neðra stigi án verulegra vandkvæða eða viðskiptahindrana. Samkvæmt reglu þessari, sem kennd hefur verið við dreifræði, er tryggt að sameiginlegar stofnanir EB gangi ekki um of inn á valdsvið einstakra aðildarríkja eða sveitarstjórna. Þess sér þegar stað í stjórnkerfi EB að tekið er tillit til þessa, því tilskipanir eru að verða færri og almennari. Vaxandi sveigjanleiki EB tekur á sig aðrar myndir. Innan Evrópubandalagsins hefur hvort tveggja gerst að nokkur aðildarríki hafa tekið sig saman um að efla samstarf sín á milli, án þess að öll aðildarríkin væru þar með, og það að einstök ríki hafa verið undanþegin frá samþykktum EB á tilteknum sviðum. Ef byggja á upp frekara samstarf allra Evrópuríkja verður að taka tillit til sérstöðu hvers og eins þeirra, finna hverju sína vistarveru.

EES-samningurinn getur átt fyrir höndum lengri líftíma en marga grunar. Hvernig sem öðrum aðildarríkjum EFTA vegnar í aðildarviðræðunum verður hann traustur grunnur sem hægt verður að byggja á þegar samið verður um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins í framtíðinni. Þær skuldbindingar og þau réttindi sem honum fylgja munu standa þó semja verði um einfaldara fyrirkomulag stofnana verði samningsaðilar ekki aðrir en Ísland og EB.

Ástandið á Balkanskaga

Tilraunir til að hemja borgarastyrjöldina í fyrrverandi Júgóslavíu hafa enn ekki borið árangur. Íbúar Bosníu-Hersegóvínu hafa orðið hart úti og hætta er á að átökin breiðist út til annarra landssvæða, til dæmis Kosovo og Makedóníu.

Ísland var á sínum tíma fyrsta vestræna ríkið til þess að viðurkenna sjálfstæði Slóveníu og Króatíu og viðurkenndi Bosníu-Hersegóvínu skömmu síðar. Ísland stóð fyrir aðildartillögu Slóveníu að allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og utanríkisráðherra þáði heimboð til Slóveníu dagana 14.-15. október síðastliðna. Upplýsingar úr þeirri heimsókn voru lagðar til grundvallar tillögum vinnuhóps, sem stofnaður var á vegum ríkisstjórnarinnar til að fjalla um aukna aðstoð við ríki fyrrverandi Júgóslavíu.

Stjórnvöld hafa á undanförnum mánuðum tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi um málefni fyrrverandi Júgóslavíu. Auk almennra framlaga til hjálparstofnana var framlag Íslands á síðastliðnu ári til friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í fyrrverandi Júgóslavíu 4,4 milljónir króna og viðbótarframlag til flóttamannastofnunarinnar (UNHCR) 3 milljónir króna. Ríkisstjórnin hafði samstarf við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar um fjársöfnun til stuðnings stríðshrjáðum í fyrrverandi Júgóslavíu og Sómalíu. Alls söfnuðust um 22 milljónir króna og þar af voru 4 milljónir króna framlag íslenskra stjórnvalda. Einnig ákvað ríkisstjórnin, eins og að framan greinir, að stofna vinnuhóp um aðgerðir til aðstoðar í fyrrverandi Júgóslavíu, með fulltrúum utanríkisráðuneytisins, Rauða kross Íslands og Hjálparstofnunar kirkjunnar. Tillögum vinnuhópsins var hrundið í framkvæmd. Fólu þær í sér kaup á fæði fyrir níu þúsund manns í Slóveníu fyrir 3 milljónir króna, fatasöfnun, matvælasendingar og endurbyggingu húsnæðis fyrir flóttamenn fyrir 16 milljónir króna. Fatasöfnunin heppnaðist vel og söfnuðust alls 150-160 tonn af góðum skjólfatnaði, en verðmæti hans er áætlað um 30-50 milljónir króna. Það samstarf sem ríkisstjórnin hefur átt við óopinber félagasamtök hefur því skilað verulegum árangri og er vonast til að framhald geti orðið á því.

Til viðbótar þessu ákvað ríkisstjórnin að veita 6,4 milljónir króna til að greiða laun allt að þriggja einstaklinga, sem kunna að verða ráðnir til friðargæslustarfa í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Slík ákvörðun hefur ekki verið tekin áður og er liður í því að Ísland axli aukna ábyrgð á alþjóðavettvangi.

Loks ákvað ríkisstjórnin að afsala sér 115 milljóna króna lánsheimild á niðurgreiddum vöxtum frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, að því tilskildu að lánið yrði notað til uppbyggingar í fyrrverandi Júgóslavíu, en vextir af umræddu láni eru mun lægri en á öðrum sambærilegum lánum sem Ísland á kost á.

Þátttaka Sameinuðu þjóðanna í friðarumleitununum hefur farið stigvaxandi. Frá því að öryggisráðið ákvað í janúar 1992 að senda eftirlitsmenn og setja á stofn sérstakar friðargæslusveitir (UNPROFOR) hefur fjöldi hermanna aukist í rúmlega tuttugu og þrjú þúsund. Síðan hefur öryggisráðið samþykkt ályktun um efnahagslegar refsiaðgerðir, auk annarra ályktana til þess að auka skilvirkni refsiaðgerðanna, eins og að banna yfirflug herflugvéla yfir Bosníu-Hersegóvínu og flutninga með ýmsan varning um Serbíu og Svartfjallaland og heimila að stöðva skip og leita í þeim. Aðgerðirnar hafa hins vegar ekki skilað þeim árangri sem vonast var til, enda hefur framkvæmd bannsins gengið erfiðlega.

Í kjölfar fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Osló 1992 hefur bandalagið jafnt og þétt aukið þátttöku í framkvæmd refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna. Flotadeild bandalagsins hefur aðstoðað við framkvæmd ályktana öryggisráðsins og flugvélar bandalagsins hafa fylgst með framkvæmd yfirflugsbannsins. Einnig hefur bandalagið aðstoðað friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á margvíslegan hátt. Vestur-Evrópusambandið hefur

tekið þátt í framkvæmd ályktana öryggisráðsins hvað varðar eftirlit á Adríahafi í samvinnu við Atlantshafsbandalagið. Evrópuráðið og Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hafa einnig veitt mikilvæga aðstoð, einkum á sviði mannréttindamála.

Í kjölfar Lundúnaráðstefnunnar í ágúst síðastliðnum hófust friðarviðræður um Bosníu-Hersegóvínu, undir formennsku Davids Owens lávarðar, af hálfu Evrópubandalagsins, og Cyrus Vance, af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Eftir margra mánaða friðarviðræður liggja nú fyrir drög að friðaráætlun, þar sem kveðið er á um vopnahlé, stjórnskipan og skiptingu landssvæðisins í stjórnsýslusvæði. Fulltrúar Bosníu-Króata og múhameðstrúarmanna hafa undirritað alla þrjá hluta áætlunarinnar, en fulltrúar Bosníu-Serba hafa undirritað tvo fyrstu hlutana um vopnahlé og stjórnskipan. Viðræður halda áfram í New York og er hugsanlegt að leitað verði neyðarúrræða við lausn deilunnar með aðstoð öryggisráðsins.

Óttast er að átökin kunni að breiðast til Makedóníu. Mörg nágrannaríki hafa hagsmuna að gæta ef til átaka kæmi, þar á meðal Grikkland, Búlgaría, Albanía og Tyrkland. Átök í Makedóníu gætu því haft í för með sér einhver alvarlegustu stríðsátök í Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Ágreiningur Grikklands og Makedóníu, sem á sér pólitískar, sögulegar og menningarlegar rætur, er djúpstæður og lausn virðist ekki vera í sjónmáli. Grikkland hefur hingað til komið í veg fyrir viðurkenningu ríkja Evrópubandalagsins á Makedóníu undir því nafni.

Ástandið í sjálfstjórnarhéraðinu Kosovo, þar sem Albanir eru í miklum meirihluta, er einnig mjög alvarlegt. Serbnesk stjórnvöld líta á héraðið sem sögulegan hornstein Serbíu. Hafa þau fjölmennt herlið í Kosovo og hafa skipað Serba í helstu áhrifastöður í héraðinu. Að undanförnu hefur sambandsherinn verið efldur verulega og spenna fer vaxandi. Albönsk stjórnvöld hafa gefið til kynna að þau muni ekki láta afskiptalaust ef Serbar grípa til aðgerða gegn albanska meirihlutanum.

Annað áhyggjuefni er hættan á að átökin nái til Sandjak-héraðs, sem liggur að landamærum Serbíu og Svartfjallalands. Meirihluti íbúanna er múhameðstrúar og serbnesk stjórnvöld munu eflaust reyna að tryggja áhrif kristinna Serba, enda er héraðið talið mikilvægt vegna samgangna við Svartfjallaland og landleiðar Serba að sjó. Þá gætu átök brotist út í Vojvodina, en þar búa fjölmennir minnihlutahópar af ungverskum og króatískum uppruna sem Serbar hafa beitt harðræði. Vojvodina á landamæri að Ungverjalandi og fylgjast Ungverjar grannt með þróuninni í héraðinu.

Jafnvel þótt pólitískt samkomulag náist í Bosníu-Hersegóvínu, er ekki séð fyrir hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. Enginn vafi leikur á að þjóðernishreinsanir, nauðungarflutningar, fjöldamorð og nauðganir eiga eftir að hafa alvarleg áhrif á sambúð ríkjanna um ókomna tíð. Líklegt er að vandi flóttamanna viðhaldi spennu um langa hríð. Einnig er hætt við að alda hryðjuverka fylgi í kjölfar friðarskilmála, sem kynni að hafa áhrif um gervalla Evrópu, eins og sagan sýnir í öðrum sambærilegum tilvikum. Fleiri þættir kunna að hafa afleiðingar í framtíðinni. Hætta er á auknum áhrifum heittrúaðra múhameðstrúarmanna í Bosníu-Hersegóvínu, deila Króata og Serba í Króatíu er óútkljáð og samkomulag um vopnahlé er ótryggt. Ekki er heldur séð fyrir endann á sögulegri draumsýn leiðtoga Serba um stofnun Stór-Serbíu.

Heiftúðugar deilur og átök af þessu tagi geta skipt ríkjum í andstæðar fylkingar og veikt sameiginlega öryggisskipan í Evrópu. Á meðan friðsamleg lausn deilna á Balkanskaga er ekki í sjónmáli mun þróunin í þessum heimshluta hafa veruleg áhrif á öryggismál í Evrópu.

Brothætt lýðræði í Rússlandi

Samskipti Íslands og Rússlands hafa verið vinsamleg. Stjórnmálaástandið í Rússlandi og breytingar á viðskiptum ríkjanna hafa þó sett þessum samskiptum þrengri skorður en ella. Þótt enn hafi ekki gefist tækifæri til beinna viðræðna íslenskra og rússneskra ráðamanna, hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í samráði og aðgerðum vestrænna ríkja til aðstoðar nýfrjálsum ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal Rússlandi, innan hins svokallaða 24ra landa samstarfs. Kanna þarf sérstaklega með hvaða hætti má auka samskipti Íslands og Rússlands með það fyrir augum að Ísland geti stutt frekar við bakið á lýðræðisþróuninni í Rússlandi.

Á árinu 1992 voru haldnar ráðstefnur í Washington, Lissabon og Tókýó að frumkvæði Bandaríkjastjórnar til þess að hvetja til og samræma aðstoð við fyrrverandi Sovétlýðveldi. Ríkisstjórn Íslands ákvað að veita sautján milljónir króna á síðasta ári í aðstoð og lögðu stofnanir, fyrirtæki og félög á Íslandi fram svipaða upphæð. Stórum hluta framlags ríkisstjórnarinnar var varið til tækniaðstoðar við sjávarútveg á Kamtsjatka. Mikilvægt er að Ísland taki þátt í að festa í sessi lýðræði og markaðshagkerfi í Rússlandi með aðstoð af þessu tagi.

Hvað varðar viðskipti ríkjanna tveggja, hafa endalok miðstýringarinnar þegar haft áhrif á þá tilhögun sem hefur verið við lýði í marga áratugi. Viðskiptabókun ríkjanna gerði ráð fyrir að Rússland léti af hendi ákveðið olíumagn sem selt yrði til Íslands eða annarra landa og gjaldeyrinum varið til að fjármagna kaup á íslenskum vörum. Á síðasta ári sáu rússnesk stjórnvöld engin tormerki á því að tryggja afhendingu á 425 þúsund tonnum af olíu, en annað kom síðar á daginn. Rússneskum stjórnvöldum reyndist ókleift að standa við efni bókunarinnar, þar sem forræði framleiðslunnar var farið frá ríkinu til héraða og fyrirtækja. Svo fór að lokum að einungis 50-100 þúsund tonn af olíu voru flutt til landsins á árinu. Þetta hefur meðal annars valdið framleiðendum á saltsíld og ullarvörum hérlendis verulegum erfiðleikum.

Viðskiptafrelsi í stað miðstýrðrar ríkisverslunar gerir nýjar kröfur til þeirra sem vilja stunda viðskipti í Rússlandi, en skapar jafnframt nýja möguleika. Sá vaxtarbroddur sem gefur sérstakt tilefni til bjartsýni í viðskiptum Íslands og Rússlands er samstarf á sviði orkumála, þar með talinn undirbúningur jarðhitaveitu á Kamtsjatka. Slík hitaveita gæti með fullum afköstum sparað íbúum þar á fjórða hundrað þúsund smálestir af olíu á ári, sem er reyndar orðin Rússum dýr og torfengin. Samvinna í sjávarútvegi er á frumstigi, en íslensk fyrirtæki gætu hugsanlega látið í té vel búin skip, tækni- og markaðsþekkingu, ef viðunandi lausn finnst varðandi greiðslufyrirkomulag, til dæmis við Kamtsjatka og í Barentshafi. Viðskiptabókun ríkjanna tveggja féll úr gildi um síðustu áramót, en hefur nú verið framlengd til áramóta. Rússneskum útgerðar- og fiskvinnsluaðilum er vel kunnugt um árangur Íslendinga og hafa þeir upp á síðkastið sýnt mikinn áhuga á samstarfi.

Þótt litið hafi verið á Jeltsín forseta Rússlands og ríkisstjórn hans sem persónugerving umbótastefnunnar er ekki þar með sagt að umbætur standi og falli með þessum einstaklingum. Á hinn bóginn skiptir miklu að réttkjörnir leiðtogar, sem sannanlega hafa umboð þjóðarinnar, veiti Rússlandi forystu í erfiðum hamskiptum frá kommúnísku alræði til lýðræðis og markaðshagkerfis. Ef ekki tekst fljótlega að leysa stjórnarfarslegar deilur og höggva á þann hnút sem torveldar róttækar efnahagsaðgerðir, er alls óvíst hvað gerast kann í Rússlandi. Jafnvel er ekki hægt að útiloka almenna upplausn og átök, sem gætu haft afdrifaríkar afleiðingar um gervalla Evrópu. Þrátt fyrir að afturhaldsöfl í Rússlandi hafi styrkst mjög á undanförnum mánuðum er víst að ekki verður aftur horfið til þess ástands sem ríkti á tímum kommúnismans. Á hinn bóginn er óljóst hvað við tekur. Ekki verður gengið að því vísu að það verði lýðræði og frjálst markaðshagkerfi að vestrænni fyrirmynd.

Allt frá upplausn Sovétríkjanna og sjálfstæði Rússlands hafa rússnesk stjórnmál borið þess merki hversu treglega hefur gengið að laga stjórnkerfi landsins að nýjum aðstæðum. Valdsvið innan stjórnkerfisins hafa verið óljóst skilgreind og er mikill klofningur á meðal þeirra sem innan þess starfa. Samtímis hafa efnahagslegir örðugleikar magnast við endalok miðstýringarinnar og þar við bætast vandamál vegna þjóðernisminnihluta, trúarbragðadeilna og vaxandi vonleysis.

Ástand þetta endurspeglast í langvarandi deilum forseta og þings, en fulltrúaþingið er arfleifð frá tíð fyrri stjórnarhátta og margklofið. Fjöldi harðlínumanna á meðal þingmanna og sundurleysi í röðum þeirra hefur staðið ríkisstjórninni fyrir þrifum. Eiginleg flokkaskipan hefur enn ekki komist á.

Í stórum dráttum snúast stjórnmáladeilurnar í Rússlandi um það hvort stjórnkerfi og hagkerfi landsins eigi að byggjast á valddreifingu eða miðstýringu og hvort Rússland eigi að verða virkt og ábyrgt þátttökuríki í alþjóðlegu samstarfi. Báðir þættirnir eru samtvinnaðir og hafa deilurnar um skipan innanlandsmála oft ráðið stefnunni í utanríkismálum, til dæmis varðandi afstöðuna til Eystrasaltsríkjanna, Kúrileyja og fyrrverandi Júgóslavíu. Hugsanlega hafa Jeltsín forseti og umbótasinnar vanmetið erfiðleikana, sem eru samfara því að breyta hagkerfinu, koma á lýðræðislegu stjórnkerfi og skynsamlegri valddreifingu samkvæmt nýrri stjórnarskrá, allt á skömmum tíma og á grunni gamla skipulagsins. Þegar hafa verið gerðar verulegar efnahagsráðstafanir sem eru forsenda þróunar í átt til markaðshagkerfis, þar á meðal frjáls verðlagning. Lögfesting eignarréttar og sala ríkiseigna mætir hins vegar harðri andstöðu og á meðan fóðrar seðlabankinn, sem lýtur stjórn þingsins, vaxandi verðbólgu með seðlaprentun. Ef Jeltsín og ríkisstjórninni tekst ekki fljótlega að fylgja eftir þessum fyrstu ráðstöfunum er líklegt að þær verði unnar fyrir gýg en þá yrði frekari erlend efnahagsaðstoð tilgangslítil.

Frá því að stjórnmálalegar og efnahagslegar umbætur hófust fyrir alvöru í Sovétríkjunum og síðar Rússlandi hefur utanríkisstefnan fyrst og fremst miðast við að komast út úr þeirri sjálfheldu sem skapaðist á tímum kommúnismans, þegar einungis hernaðarmáttur ákvarðaði stöðu Sovétríkjanna á alþjóðavettvangi. Stefna Rússlands í utanríkis- og öryggismálum hefur hingað til mótast af jákvæðu viðhorfi til samvinnu við Vesturlönd, einkum Bandaríkin. Það hefur meðal annars komið mjög skýrt fram í samningaviðræðum um afvopnunarmál. Þessi afstaða hefur hins vegar sætt gagnrýni hjá aðilum, sem leggja meiri áherslu á þjóðernishyggju. Afstaða Rússlands í einstökum málum að undanförnu, þar á meðal varðandi brottflutning hersveita frá Eystrasaltsríkjunum, gefur vísbendingu um að þjóðernishyggja kunni að setja sterkari svip á rússneska utanríkisstefnu eftirleiðis.

Tengsl við Samveldi sjálfstæðra ríkja

Ísland viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi allra aðildarríkja Samveldis sjálfstæðra ríkja í byrjun liðins árs og stofnað hefur verið til formlegs stjórnmálasambands við Úkraínu og Georgíu. Shevardnadse, forseti Georgíu, hafði viðkomu á Íslandi í september í fyrra og átti viðræður við íslenska ráðamenn. Sú stefna var mörkuð í upphafi að láta ákvörðun um stjórnmálasamband við samveldisríkin, önnur en Rússland, einkum ráðast af möguleikum á sviði viðskipta eða annarra áþreifanlegra samskipta. Sendiráði Íslands í Moskvu hefur verið falin forsjá mála gagnvart samveldisríkjunum og berst þangað fjöldi fyrirspurna frá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum eftir að hömlum miðstýringarinnar var aflétt. Mun smám saman koma í ljós hvernig og hve víðtæk tengsl geta komist á við þessi ríki þannig að gagnkvæmum hagsmunum sé þjónað.

Íslensk sérþekking á nýtingu jarðhita getur komið að góðum notum í

samveldisríkjunum. Auk Rússlands hafa Úkraína, Armenía og Georgía látið í ljós áhuga á samvinnu við Íslendinga á þessu sviði. Sérfræðingar frá Georgíu komu til dæmis í kynnisferð og til ráðstefnuhalds hér á landi síðastliðið haust, en innanlandsástandið í Armeníu og Georgíu hefur torveldað eðlilegt framhald. Þurfti að fresta ferð íslenskra jarðhitasérfræðinga til Tíflis í fyrrahaust. Má þó vænta að víðtæk samvinna geti tekist á komandi árum, þannig að íslenskir sérfræðingar taki þátt í að flýta jarðhitanýtingu í samveldisríkjunum. Vitað er um jarðhita á meira en fimmtíu svæðum í þessum ríkjum og verulegt fjárhagslegt bolmagn þarf til að hrinda samvinnuverkefnum í framkvæmd. Vonast er til að alþjóðlegar og fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, sem sinna stuðningi við þennan heimshluta, veiti nauðsynlegan stuðning til þessara mála.

Ætla má, að utan Rússlands verði einkum grundvöllur fyrir viðskipti við vestlægari samveldisríki: Úkraínu, Hvíta-Rússland og Moldóvu. Íslensk fyrirtæki hafa kannað möguleika á viðskiptum í þessum ríkjum og má nefna að fataverksmiðja með íslenskri eignaraðild hóf rekstur í Ódessa við Svartahaf á liðnu ári. Hugsanleg ráðgjöf og samstarf á sviði ullarvinnslu hefur verið rætt við aðila í Túrkmenistan og komið hefur fram áhugi hérlendis á því að auka samskiptin við Kasakstan, sem er mjög víðfeðmt og auðlindaríkt ríki.

Nú þegar liðið er á annað ár frá því að Samveldi sjálfstæðra ríkja var stofnað og þrátt fyrir nokkrar væntingar í upphafi hefur það enn ekki orðið meira en mjög laustengt ríkjabandalag. Aðildarríkin eiga öll við umtalsverða stjórnmálalega og efnahagslega örðugleika að stríða og hafa átt erfitt með að koma sér saman um sérstaka stofnskrá samveldisins. Að auki hefur engin samstaða náðst um framkvæmd einstakra þátta nánara samstarfs í samræmi við fjölda yfirlýsinga leiðtoga ríkjanna, þar á meðal um sameiginlegan gjaldmiðil sex aðildarríkjanna. Ekki bætir úr skák að tvíhliða samskipti einstakra samveldisríkja eru mjög misjöfn.

Rússland og Úkraína komust að samkomulagi um skiptingu Svartahafsflotans í fyrra, en deilan um yfirráð yfir Krímskaga er enn óleyst. Það sem veldur jafnvel enn meiri áhyggjum, innan samveldisins sem utan, er tregða úkraínskra stjórnvalda til að leyfa flutning á langdrægum kjarnaflaugum frá Úkraínu til Rússlands, þrátt fyrir fyrri skuldbindingar um það efni. Samkvæmt Minsk-samkomulaginu á síðasta ári voru öll skammdræg kjarnavopn flutt frá Úkraínu til Rússlands, en um þriðjungur allra langdrægra kjarnaflauga Sovétríkjanna fyrrverandi er enn í Úkraínu í trássi við svonefnt Lissabon-samkomulag sem Kasakstan og Hvíta-Rússland stóðu einnig að. Úkraína hefur ekki fullgilt samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna eða START I samninginn um takmörkun langdrægra kjarnavopna.

Margt bendir til að Úkraínustjórn reyni að nota kjarnavopnin sem tromp á hendi í samskiptum við Rússland og Vesturlönd, einkum Bandaríkin. Vestræn ríki, sem hafa heitið umtalsverðu fjármagni til aðstoðar við eyðingu kjarnavopna og endurþjálfunar vísindamanna í samveldisríkjunum, leggja mikla áherslu á að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna. Því gæti ákvörðun Úkraínu um að virða að vettugi umsamdar skuldbindingar, til skemmri eða lengri tíma, haft mjög neikvætt fordæmisgildi.

Stuðningur við Eystrasaltsríkin

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir endurheimt sjálfstæðis og fullveldis á árunum 1990-1991 hefur valdið því að sérstök tengsl hafa myndast á milli Íslands og ríkjanna þriggja. Þetta endurspeglaðist meðal annars í nýlegri heimsókn Brazauskas forseta Litháens hingað til lands og fundum hans með forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Áframhaldandi stuðningur vinveittra ríkja getur ráðið úrslitum um hvort takast muni að renna nægilega styrkum stoðum undir sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Íslensk stjórnvöld hafa af fremsta megni reynt að aðstoða Eystrasaltsríkin við að hefja þátttöku í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi, meðal annars með því að kynna þeim rekstur og skipulag utanríkisþjónustunnar. Einnig hafa Norðurlöndin verið samtaka í aðstoð við ríkin þrjú, til dæmis með því að standa straum af þátttöku þeirra í starfsemi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu í Vínarborg á síðasta ári.

Ísland veitti Eystrasaltsríkjunum eina milljón Bandaríkjadala í greiðslujafnaðaraðstoð og hafa stjórnvöld staðið að þjálfun og námskeiðum fyrir fjölda einstaklinga frá ríkjunum þremur, þar á meðal með styrkveitingum til náms við Háskóla Íslands og þjálfun í stjórnun fyrirtækja, en síðastnefnda verkefnið var einnig styrkt af íslenskum félögum og fyrirtækjum. Einnig hafa verið veittir styrkir vegna hugsanlegra samstarfsverkefna, til stofnunar lyfjaverksmiðju í Litháen, rannsókna á jarðvarma og ráðgjafar um flugöryggismál. Fjármálaráðherrar Norðurlanda undirrituðu samkomulag í Helsinki um fjárfestingaáætlun fyrir Eystrasaltsríkin í þeim tilgangi að aðstoða þar lítil og meðalstór fyrirtæki. Samkvæmt áætluninni verður varið meira en sjö og hálfum milljarði íslenskra króna til fjárfestinga í formi ábyrgða á lánum sem renna til ríkjanna og hefur meðal annars verið leitað til Evrópubankans (EBRD) og Norræna fjárfestingarbankans í því skyni.

Af skiljanlegum ástæðum hefur verið tilhneiging á Vesturlöndum á undanförnum árum til að spyrða saman Eystrasaltsríkin þrjú og móta heildarstefnu gagnvart þeim, þó í raun séu ólíkar aðstæður og hagsmunir í hverju ríki. Þetta er meðal annars afleiðing af nauðsynlegri samstöðu Eystrasaltsríkjanna meðan þau voru að brjótast undan sovéskum yfirráðum og af landfræðilegri og efnahagslegri smæð þeirra. Nú, um tveimur árum eftir að ríkin þrjú öðluðust fullt sjálfstæði á ný, fer hvert þeirra í auknum mæli eigin leiðir og tvíhliða samskipti við önnur ríki eru að komast í fastari skorður. Eftir sem áður hafa Eystrasaltsríkin sameiginlega hagsmuni á sviði öryggismála, einkum hvað varðar samskiptin við Rússland.

Saga liðinna alda og síðustu ára veldur því að Eystrasaltsríkin hafa ríka ástæðu til að fylgjast grannt með atburðum í Rússlandi og standa saman ef þörf krefur. Brottflutningur rússnesks herliðs, landamæradeilur, staða rússneskra minnihluta og hótanir öfgasinnaðra þjóðernissinna eru sameiginleg vandamál. Þó er stigsmunur á því hversu alvarlegur vandinn er í hverju ríki og hvernig þau hafa brugðist við. Litháen, sem er stærst ríkjanna og með fæsta íbúa af rússneskum uppruna, hefur náð samkomulagi við Rússland um brottflutning rússnesks herliðs og svo virðist sem samkomulag um samgöngur milli Rússlands og Kaliningrad sé í augsýn. Á meðan hefur lítið sem ekkert þokast í viðræðum Lettlands og Eistlands við Rússland um brottflutning rússnesks herliðs eða tilhögun landamæra. Útlit er fyrir að rússnesk stjórnvöld hyggist haga samningum við þessi tvö ríki með öðrum hætti en gagnvart Litháen, meðal annars með óbeinni tengingu við réttindi rússnesku minnihlutanna í framtíðinni. Vestræn ríki, þar á meðal Ísland, hafa algerlega hafnað því að þessi mál skuli tengd saman.

Rússnesk stjórnvöld hafa vakið máls á meintum mannréttindabrotum Lettlands og Eistlands gagnvart íbúum af rússneskum uppruna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Gagnrýnin, sem beinist aðallega að lagaskilyrðum um ríkisborgararétt, hefur til þessa ekki fengið mikinn hljómgrunn utan Rússlands, enda stefna stjórnvalda í ríkjunum þremur ekki talin stangast á við alþjóðalög.

Mjög hefur verið lagt að rússneskum stjórnvöldum á alþjóðavettvangi að ljúka samningum við öll Eystrasaltsríkin um ásættanlega áætlun um brottflutning rússnesks herliðs. Vonast er til að brottflutningur rússnesks herliðs frá Eystrasaltsríkjunum haldi áfram þrátt fyrir yfirlýsingu stjórnvalda í Moskvu nýlega um að brottflutningur hafi verið stöðvaður sökum húsnæðiseklu í Rússlandi. Einstök ríki hafa staðið að fjölþjóðlegu samráði um hvernig hugsanlega væri hægt að auðvelda brottflutninginn með efnahagsaðstoð, ekki síst fjárveitingum til byggingar íbúðarhúsnæðis. Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir áskoranir um

umsaminn, en skilyrðislausan brottflutning rússnesks herliðs frá þessum ríkjum.

Eystrasaltsríkin þrjú glíma við mikinn efnahagsvanda, en eru misjafnlega á vegi stödd til að hrinda í framkvæmd efnahagslegum umbótum. Þannig veldur til dæmis mikilvægi landbúnaðar í Litháen því að viðskipti við Rússland og Hvíta-Rússland eru annars eðlis en gerist í hinum ríkjunum tveimur. Þetta endurspeglast í því að litháísk stjórnvöld leggja nú áherslu á bætt samskipti við Rússland, ekki síst í viðskiptum, enda fyrri deilur að mestu leystar. Lettland og Eistland njóta nálægðarinnar við Skandinavíu og geta ef til vill byggt á rústum sovésks iðnaðar til útflutnings í vesturátt.

Samkvæmt nýlegu áliti alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru Eystrasaltsríkin á góðri leið í átt til markaðsbúskapar. Þróunin hefur hins vegar ekki verið átakalaus. Samyrkjubú voru víða lögð niður og hefur gífurleg fjárfesting á því sviði engum arði skilað. Framleiðsla hefur minnkað verulega, verðbólga er mikil og atvinnuleysi fer vaxandi. Á sama tíma hefur verið unnið að eflingu stjórnkerfa ríkjanna sem hafa verið illa undir það búin að takast á við svo stórtæk vandamál.

Ísland og önnur Norðurlönd hafa gengið frá tvísköttunarsamningum við Eystrasaltsríkin þrjú og undirbúningur er hafinn að gerð fríverslunarsamnings við þau einnig.

Velmegunarmúr í stað járntjalds?

Þótt öll ríki Mið- og Austur-Evrópu hafi virst órofa heild á tímum kalda stríðsins, ofurseld sovéskri yfirdrottnun og miðstýrðu hagkerfi í rúmlega fjóra áratugi, kemur stjórnmálalegur, efnahagslegur og menningarlegur munur þeirra í millum æ betur í ljós. Aðlögun þessara ríkja að lýðræði og markaðshagkerfi verður óhjákvæmilega misjöfn að umfangi og tíma, en miklu skiptir fyrir öll ríki álfunnar að múr velmegunar og öryggis komi ekki í stað járntjaldsins sem fyrir var.

Samskipti Íslands við ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa löngum fyrst og fremst verið á sviði viðskipta, en verulega hefur dregið úr þeim frá því sem var. Ísland á eftir sem áður gott samstarf við þessi ríki innan alþjóðlegra og fjölþjóðlegra stofnana og samtaka.

Tékkland, Ungverjaland og Pólland, ásamt hugsanlega Slóvakíu, eru stundum nefnd Visegrad-ríkin, með vísan til svæðisbundinnar samvinnu þeirra á undanförnum árum. Þessi ríki standa næst Vestur-Evrópu í landfræðilegum og menningarlegum skilningi og geta að auki byggt á rótgrónum efnahagstengslum til vesturs. Þau eru öll fyrirsjáanlegir þátttakendur í evrópska samrunaferlinu. Visegrad-ríkin hafa íhugað að mynda sérstakt fríverslunarsvæði. Upphafið að slíkum ráðagerðum má rekja til áhuga þeirra á evrópskum samruna og gerð samstarfssamninga við Evrópubandalagið og fríverslunarsamninga við EFTA-ríkin. Eftir standa Búlgaría og Rúmenía, og hlutar fyrrverandi Júgóslavíu, þó sambandsríkið Júgóslavía hafi hvorki verið aðili að Varsjárbandalaginu né undir sovéskum yfirráðum. Fornfálegur landbúnaður og úreltur iðnaður einkenna helst síðastnefndu ríkin á Balkanskaga, sem eiga sér takmarkaða lýðræðishefð.

Upplausn Tékkóslóvakíu er ef til vill besta dæmið um hvernig andstæður í Mið-og Austur-Evrópu birtust í einu ríkjanna. Friðsamleg og umsamin tilhögun aðskilnaðarins í Tékklandi og Slóvakíu endurspeglar í senn þá jákvæðu breytingu sem hefur orðið á milliríkjasamskiptum í Evrópu og þá spennu sem er víða á milli þjóða í þessum heimshluta. Þótt aðskilnaðurinn hafi til þessa gengið áfallalaust, líður eflaust langur tími þar til afleiðingarnar verða að fullu kunnar. Tékkland er iðnvætt ríki með lýðræðislega stjórnarhætti, en Slóvakía hefur byggt aðallega á landbúnaði og hergagnaframleiðslu. Áform slóvakískra stjórnvalda um stíflugerð við Dóná og afstaða þeirra til réttinda ungverska þjóðernisminnihlutans hafa þegar valdið ágreiningi. Á síðasta ári þótti sjá fyrir endann á

verstu efnahagsörðugleikum Tékkóslóvakíu, en allt bendir til þess að aðskilnaðurinn tefji efnahagsbata, einkum í Slóvakíu, vegna staðhátta og tregðu til róttækra umbóta. Þegar til lengri tíma er litið er hugsanlegt að frekar dragi sundur með ríkjunum tveimur.

Ungverjaland er það fyrrum aðildarríki Varsjárbandalagsins sem hefur náð skjótustum árangri í stjórnmálalegum og efnahagslegum umbótum og um leið mjög nánum tengslum við ríki í Vestur-Evrópu. Eins og víða annars staðar í þessum heimshluta eiga öfgasinnaðir þjóðernissinnar nokkurn hljómgrunn í Ungverjalandi, en um fjórðungur af fólki af ungverskum uppruna býr innan landamæra nágrannaríkja, oft við mjög erfiðar aðstæður. Þetta hefur haft nokkur áhrif á samskipti Ungverjalands við þessi ríki, fyrir utan fyrrnefndar deilur við Slóvakíu og spennu á landamærunum við Serbíu, en hingað til hefur hvorki lýðræðisþróun né ábyrg stjórnarstefna liðið fyrir. Hafa ungversk stjórnvöld margítrekað að þau geri engar landakröfur á hendur nágrönnum sínum.

Margt þykir benda til að loks sé að rofa til í stjórnmálum og efnahagsmálum í Póllandi. Því valda bæði ríkisstjórn með tiltölulega sterka stöðu á þingi og framkvæmd róttækra umbóta. Það hefur vakið sérstaka athygli hversu einkavæðing framleiðslu og þjónustu hefur gengið greiðlega í Póllandi, en þar starfar nú rúmlega helmingur vinnufærra manna í einkageiranum. Góður og stöðugur efnahagur er ekki síst mikilvægur í Póllandi vegna nábýlisins við þróuð markaðshagkerfi í Þýskalandi og handan Eystrasaltsins.

Fyrsta ríkisstjórn Búlgaríu frá lokum síðari heimsstyrjaldar án þátttöku kommúnista var felld með vantrausti í búlgarska þinginu í fyrra, vegna deilna stjórnarflokksins og flokka þjóðernisminnihluta Tyrkja og annarra múhameðstrúarmanna. Síðan hefur gengið erfiðlega að mynda nýja meirihlutastjórn. Þrátt fyrir tilraunir til efnahagslegra umbóta, meðal annars einkavæðingar, þurfa Búlgarar að sigrast á miklum erfiðleikum sem eiga sennilega eftir að versna áður en batamerki fara að sjást. Frá því að kommúnistar hrökkluðust frá völdum í Búlgaríu hefur ekki borið á deilum við Tyrkland vegna tyrkneska þjóðernisminnihlutans, en búlgörsk stjórnvöld fylgjast glöggt með framvindu mála í fyrrverandi Júgóslavíu vegna hættunnar á útbreiðslu átakanna.

Í Rúmeníu er efnahagsástandið einnig mjög bágborið og allar stjórnmálalegar og efnahagslegar umbætur virðast hálfvolgar. Til marks um það er einungis stefnt að einkavæðingu um þriðjungs af iðnfyrirtækjum í landinu, enda eru flestir rúmenskir ráðamenn fyrrum kommúnistar og stjórnkerfið um margt svipað því sem verið hefur undanfarna áratugi, þar á meðal öflug öryggislögregla. Þó geta stjórnarandstöðuflokkar starfað innan þings sem utan og síðustu þingkosningar þóttu fara vel fram. Rúmenía er það ríki í Mið- og Austur-Evrópu, utan Sovétríkjanna fyrrverandi, sem hefur minnst tengsl við vestræn ríki. Ísland var meðflytjandi að tillögu um mannréttindi í Rúmeníu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári.

Öryggismál eru ofarlega á baugi víðast hvar í Mið- og Austur-Evrópu en endalok Varsjárbandalagsins og upplausn Sovétríkjanna skildu þar eftir tómarúm sem flest ríkin á svæðinu reyna nú að eyða í krafti samvinnunar innan Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, fremur en með svæðisbundinni varnarsamvinnu. Nú og um næstu framtíð verða næg tilefni í Mið- og Austur-Evrópu til deilna og jafnvel átaka, sem erfitt gæti reynst að reisa skorður við, þar á meðal staða þjóðernisminnihluta, landamæri og nýting náttúruauðlinda, að ónefndum afleiðingunum af styrjöldinni í fyrrverandi Júgóslavíu og erfiðri sambúð Sovétlýðveldanna fyrrverandi. Einnig stendur flestum fyrrverandi bandalagsríkjum Sovétríkjanna stuggur af hugsanlegri valdatöku kommúnista eða öfgasinnaðra þjóðernissinna í Rússlandi. Miklu skiptir því að það takist að brúa bilið til meiri stöðugleika með friðsamlegum hætti.

Norður-Atlantshafssamstarfsráðið

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum talið eðlilegt og æskilegt að Atlantshafsbandalagið stofnaði til samskipta við fyrrverandi aðildarríki Varsjárbandalagsins á sem flestum sviðum. Því var Ísland frá upphafi fylgjandi tillögunni um stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins (NACC) og hefur síðan hvatt til þess að samstarfið yrði eflt í áföngum. Auk fyrrum Varsjárbandalagsríkja hefur Albaníu nú verið veitt aðild og Finnlandi áheyrnaraðild.

Starfsáætlun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins er umfangsmikil og kveður á um samstarf á sviðum öryggis- og varnarmála, efnahagsmála, vísinda og rannsókna, umhverfismála og upplýsinga. Í áætluninni fyrir þetta ár er sameiginleg friðargæsla eitt þeirra verkefna sem vonir eru bundnar við að geti leitt til nánari tengsla bandalagsins og samstarfsríkjanna á sviði hermála.

Þrátt fyrir að stofnun Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins komi um tíma til móts við þarfir ríkja í Mið- og Austur-Evrópu, er nauðsynlegt að ráðið öðlist annan og meiri tilgang. Meðan bandalagið er ekki tilbúið að koma til móts við ríki þessi með öryggisskuldbindingar eða gera greinarmun á einstökum samstarfsríkjum er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að þau láti sér nægja til frambúðar að ráðið sé biðstofa hugsanlegrar aðildar að bandalaginu. Hafi Norður-Atlantshafssamstarfsráðið einungis óbein áhrif á öryggismál í Evrópu er sennilegt að sum samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu leggi aukna áherslu á bein tvíhliða samskipti við Atlantshafsbandalagið.

Nýr vettvangur í Vín

Í tæpa tvo áratugi hefur Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu verið snar þáttur í skipan öryggismála í Evrópu. Frá upphafi miðuðust helstu viðfangsefni ráðstefnunnar við hina þrjá meginþætti Helsinki-skjalsins, öryggismál, efnahagssamvinnu og mannréttindi. Meðan kalda stríðið var í algleymingi var mestum árangri náð á sviði öryggismála og mannréttinda, en í kjölfar leiðtogafundar í París árið 1990 og Helsinki-fundarins á síðasta ári eignaðist ráðstefnan sínar fyrstu stofnanir og er hún nú orðin mun margþættari en áður.

Ísland hefur tekið þátt í störfum ráðstefnunnar frá upphafi og talið hana ómissandi hluta evrópskrar öryggisskipunar seinni ára, ekki síst á dögum kalda stríðsins. Ráðstefnan hefur lengi verið eini sameiginlegi vettvangur allra Evrópuríkja, þar sem fjallað er um öryggismál í víðu samhengi. Þó svo að verkefnin hafi í vaxandi mæli skarast við verkefni annarra stofnana og samtaka í Evrópu eftir að kalda stríðinu lauk, hefur það verið afstaða Íslands, líkt og annarra Atlantshafsbandalagsríkja, að ekki sé nauðsynlegt að kveða afdráttarlaust á um verkefni og verkaskiptingu stofnana og samtaka meðan breytingaskeið stendur enn yfir. Á tímum óvissu og öryggisleysis er slík skörun betri en aðgerðaleysi. Vegna aukinna umsvifa ráðstefnunnar var ákveðið á síðasta ári að opna skrifstofu Íslands í Vín. Fylgst verður með þróun ferlisins og ákvörðun tekin um frekari tilhögun á þátttöku Íslands í samræmi við það.

Stofnanavæðing ráðstefnunnar hefur til þessa falist í framkvæmdaskrifstofu í Prag, átakavörnum í Vín og skrifstofu lýðræðis og mannréttindamála í Varsjá, auk embætta sérlegs fulltrúa fyrir þjóðernisminnihluta og framkvæmdastjóra ráðstefnunnar. Staðsetning, umfang og verkefni þessara stofnana bera þess merki að ráðstefnan er enn að miklu leyti fundaferli, en stofnanauppbyggingin verður endurskoðuð á þessu ári. Gert er ráð fyrir að ríkisoddvitar þátttökuríkjanna komi saman annað hvert ár og að ráð utanríkisráðherra haldi fund árlega. Á þessum fundum eru teknar ákvarðanir um verkefni ráðstefnunnar, starfshætti og uppbyggingu stofnana hennar. Framkvæmd og útfærsla ákvarðana fer fram annars vegar á

fundum nefndar háttsettra embættismanna, sem heldur reglulega fundi í Prag, og hins vegar á vegum sendinefnda í Vín.

Óljós og ólík markmið, auk skyndilegrar fjölgunar þátttökuríkja í rúmlega fimmtíu, hafa hamlað störfum ráðstefnunnar. Þá eru ónefndar skorðurnar sem eru settar með reglunni um samhljóða samþykki allra þátttökuríkja í öðru en mannréttindamálum. Ný þátttökuríki hafa bundið miklar vonir við ráðstefnuna sem eins konar evrópskar Sameinuðu þjóðir sem stæðu meðal annars að friðargæslu og þróunaraðstoð, en slíkar vonir hafa að miklu leyti brugðist til þessa.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að fylgjast með störfum nýs öryggissamvinnuvettvangs ráðstefnunnar í Vín sem ætlaður er til umræðna, samráðs eða samninga um öryggismál þátttökuríkjanna, en stofnun vettvangsins ber hæst í niðurstöðum Helsinki-fundarins. Nýi vettvangurinn, sem hefur starfað frá því í haust, leysir meðal annars af hólmi viðræður um traustvekjandi aðgerðir og viðræður um fækkun í hefðbundnum herafla í Evrópu. Hvað varðar aðrar samningaviðræður er störfum á vettvanginum hagað samkvæmt ákvæðum Helsinki-skjalsins, sem útilokar engin svið hefðbundins vígbúnaðar, en gerir ráð fyrir ákveðinni forgangsáætlun. Meðal þess sem er að finna í forgangsáætluninni er samræming afvopnunarskuldbindinga milli þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um fækkun í hefðbundnum herafla í Evrópu, og annarra þátttökuríkja. Einnig er lögð áhersla á að þróa frekar traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu, eflingu samninga um útbreiðslu vopna, svæðisbundnar aðgerðir og fleira. Ísland hefur þegar gerst meðflytjandi að tillögum á vettvanginum um svonefndar atferlisreglur ríkja og íslensk stjórnvöld hafa tekið undir hvatningar um reglubundin upplýsingaskipti um vopnaviðskipti og vopnaflutninga í þátttökuríkjum. Stefnt er að því að samningaviðræðum um málefni, sem tilgreind eru í forgangsáætlun Helsinki-skjalsins, ljúki eigi síðar en á haustmánuðum 1994.

Átakavarnir ráðstefnunnar eru á þróunarstigi og snerta marga hluta ráðstefnuferlisins, en Helsinki-skjalið kveður á um að aðgerðir á þessu sviði verði að miðast við aðstæður hverju sinni. Sendinefndir og eftirlitssveitir ráðstefnunnar eru nú staðsettar í fyrrverandi Júgóslavíu, Georgíu og Eistlandi. Ráðgert er að sendinefndir fari til Moldóvu og Tadsjikistan. Erindrekar eru einnig í Ungverjalandi, Búlgaríu og Rúmeníu og fara væntanlega til Úkraínu á þessu ári. Einnig er unnið að því að koma á friðarráðstefnu um Nagorno-Karabakh. Viðfangsefni erindreka eru mismunandi og skilgreind af þátttökuríkjunum í hverju tilfelli. Í fyrrverandi Júgóslavíu hefur verið reynt að koma í veg fyrir útbreiðslu átaka með nærveru eftirlitssveita í Kosovo, Sandjak, Vojvodina og Makedóníu, sem veitt hafa upplýsingar um ástandið á hverjum stað og reynt að miðla málum í staðbundnum deilum. Eftirlitssveitir í ríkjum sem eiga landamæri að Serbíu og Svartfjallalandi eiga að stuðla að því að ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskipta- og vopnasölubann séu virtar. Sendinefndinni í Georgíu er ætlað að miðla málum milli Georgíu og Suður-Ossetíu og að koma á samningaviðræðum vegna Abkhasíu. Sendinefndin í Eistlandi hóf störf í byrjun síðasta árs og fæst hún við ágreiningsefni Eistlendinga og rússneska minnihlutans í landinu.

Átakavarnir eru enn skammt á veg komnar og erfitt að meta gildi þeirra. Þó er ljóst að gagn hefur verið af áreiðanlegum upplýsingum sendierindreka og hefur þeim tekist að hafa milligöngu í staðbundnum deilumálum, til dæmis í Kosovo milli íbúa af albönskum uppruna og serbneskra stjórnvalda. Jafnframt leikur enginn vafi á því að eftirlitssveitir hafa náð nokkrum árangri á landamærum Serbíu og Svartfjallalands við að herða eftirlit með viðskipta- og vopnasölubanni Sameinuðu þjóðanna.

Aukin áhersla á Evrópuráðið

Evrópuráðið hefur unnið mjög árangursríkt starf á mörgum sviðum, sérstaklega á sviði mannréttinda. Þrátt fyrir að réttarfar hér á landi hafi að flestu leyti verið eins og best gerist hafa Íslendingar orðið að gera á því leiðréttingar í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Evrópuráðsins. Íslenskir dómstólar hafa í vaxandi mæli haft hliðsjón af mannréttindayfirlýsingu ráðsins við uppkvaðningu dóma og um þessar mundir starfar nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem undirbýr lögfestingu mannréttindayfirlýsingarinnar hér á landi. Áhrifa Evrópuráðsins gætir einnig á sviðum félagsmála, menningar- og menntamála, umhverfismála og heilsugæslu. Einnig taka þingmenn þátt í ráðgjafarþingi Evrópuráðsins.

Í kjölfar stjórnmálalegra umbrota á undanförnum árum hefur mikilvægi Evrópuráðsins aukist verulega og stendur nú yfir allsherjarendurskoðun á starfsemi stofnunarinnar. Slík endurskoðun miðar ekki síst að því að gera Evrópuráðinu betur kleift að greiða götu ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem reyna nú að tileinka sér lýðræðislegt stjórnarfar að vestrænni fyrirmynd. Í ríkjum þessum er litið á aðild að Evrópuráðinu sem upphaf aukinnar samvinnu við vestræn ríki og lið í varðveislu öryggishagsmuna.

Aðildarríki Evrópuráðsins eru sammála um að ekki megi slaka á þeim ströngu kröfum sem gerðar eru til nýrra aðila, en hafa jafnframt lagt ríka áherslu á að aðstoða ríkin í Mið- og Austur-Evrópu við lýðræðislega umbótaþróun. Hafa þau hrundið af stað svokallaðri "Demosthenes" áætlun, sem er eitt af mikilvægari verkefnum stofnunarinnar um þessar mundir, ásamt stuðningi við réttindabaráttu minnihlutahópa. Markmið Evrópuráðsins er að leiða saman fjörutíu ríki með um átta hundruð milljónir íbúa í stofnun, sem byggist á sameiginlegum stjórnmálahugsjónum, mannréttindum, frelsi og réttarskipan.

Dagana 8. og 9. október á þessu ári verður ríkisoddvitafundur Evrópuráðsins haldinn í Vín, þar sem rætt verður um framtíð og eflingu ráðsins og svæðisbundins samstarfs, endurskipulagningu mannréttindadómstólakerfisins og nýjar áherslur samfara því að stofnunin er í raun orðin fyrsta sam-evrópska stofnunin.

Við núverandi aðstæður í alþjóðamálum, þar sem aukin áhersla er lögð á virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði sem undirstöðu réttlætis og varanlegs friðar, getur Ísland hiklaust lagt skerf af mörkum, ekki síst með virkari þátttöku í Evrópuráðinu.

Norðurlönd á krossgötum

Norðurlöndin standa nú á mikilvægum krossgötum í alþjóðamálum. Hinar föstu skorður sem einkenndu samskipti austurs og vesturs á tímum kalda stríðsins áttu sinn þátt í því að Norðurlöndin gátu einbeitt sér að samstarfi sínu innbyrðis. Hinar stórfelldu pólitísku breytingar sem átt hafa sér stað í umheiminum gera nú að verkum að norrænt samstarf þarf í auknum mæli að laga sig að kröfum nýrra tíma, þeirri óvissu sem einkennir þróunina í austanverðri Evrópu annars vegar og samrunaferlinu í álfunni vestanverðri hins vegar.

Þrátt fyrir þessar breytingar, eða jafnvel vegna þeirra, munu Norðurlönd áfram hafa sameiginlega hagsmuni og áhugamál sem best verður unnið að í þeirra hópi. Aukin áhersla á svæðisbundna samvinnu í Evrópu og nauðsyn á nálgun við evrópska samrunaferlið stuðlar enn frekar að norrænni samvinnu og samstöðu. Þar vegur EES-samstarfið þyngst, en nú er fyrirsjáanlegt að öll Norðurlönd taki í fyrsta skipti sameiginlegan þátt í viðskiptasamstarfi Evrópu.

Þegar fram líða stundir og fleiri Norðurlandanna kunna að hafa gerst aðilar að EB þarf að endurmeta norræna samvinnu þannig að hún verði áfram í samræmi við þarfir allra Norðurlandanna. Fyrrnefnd atriði, og einkum það síðastanefnda, sýna að það verður að leggja sérstaka áherslu á að efla óformlegt samráð og samstarf Norðurlandanna, sem hefur á ýmsan

hátt auðveldað Íslandi þátttöku í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi til þessa.

Starfshópur forsætisráðherra Norðurlandanna hefur lagt fram skýrslu um endurmat á norrænni samvinnu. Virkari þátttaka forsætisráðherranna í norrænu samstarfi er af hinu góða, enda getur hún leitt til þess að samstarfið fái aukið pólitískt vægi. Á hinn bóginn er full ástæða til að minna á hlutverk fagráðherra, ekki síst utanríkisráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra, þar sem ýmsar þær breytingar, sem kallað hafa á endurmat á norrænu samstarfi, falla einmitt undir verksvið þeirra.

Nýjar leiðir í svæðisbundnu samstarfi

Lok kalda stríðsins hafa opnað nýjar leiðir í svæðisbundnu samstarfi ríkja, jafnframt því sem ríki gera sér í auknum mæli grein fyrir mikilvægi þess að fást við uppsafnaðan vanda með sameiginlegum aðgerðum. Þessi þróun hefur meðal annars leitt til endurskoðunar hefðbundinna leiða í öryggismálum. Ríkari áhersla er lögð á að samvinna á sviði efnahags- og viðskiptamála, stjórnmála, umhverfismála og menningarmála stuðli að friði og öryggi í heiminum.

Svæðisbundið samstarf um umhverfisvandann á norðurslóðum hefur aukist verulega og má til dæmis nefna Rovaniemi-ferlið á sviði umhverfisverndar með aðild átta ríkja: Rússlands, Kanada, Bandaríkjanna og Norðurlandanna. Þessi sömu ríki tóku þátt í stofnun Barentsráðsins í byrjun þessa árs. Tilgangur ráðsins er að stuðla að auknum samskiptum ríkja á Barentshafssvæðinu og í næsta nágrenni og brúa bilið milli Rússlands og Vesturlanda. Af hálfu Íslands hefur höfuðáhersla verið lögð á tvo málaflokka, annars vegar umhverfismál, sem litið er á sem helsta viðfangsefni ráðsins, en hins vegar viðskiptasamstarf. Ráðið mun einnig fjalla um samvinnu á öðrum sviðum, þar á meðal í efnahagsmálum, vísindum og tækni, menningar- og ferðamálum.

Stofnun Barentsráðsins á sér að hluta til fyrirmynd í Eystrasaltsráðinu, enda eru markmið samtakanna að mörgu leyti svipuð. Aðilar að Eystrasaltsráðinu eru ríki sem liggja að Eystrasalti, ásamt Noregi, en Íslandi var upphaflega ekki boðin aðild að ráðinu. Ísland hefur látið í ljós áhuga á aðild og er sú ósk til umræðu innan ráðsins.

Á undanförnum árum hefur farið fram ítarleg umræða um hugmyndir Kanadamanna um stofnun allsherjarsamtaka um málefni norðurskautsins, Norðurskautsráð, með aðild sömu ríkja og aðild eiga að Barentsráðinu. Gert er ráð fyrir að öll norðurskautssamvinna falli undir valdsvið Norðurskautsráðsins, þar á meðal Rovaniemi-ferlið. Samkvæmt tillögu Kanada myndi ráðið fjalla um öll mál tengd Norðurskautssvæðinu önnur en varnarmál. Norðurlöndin hafa verið fylgjandi stofnun ráðsins að því tilskildu að öll ríkin átta verði aðilar að ráðinu. Bandaríkin hafa hins vegar ekki gert upp hug sinn og talið eðlilegt að fyrst verði fullreynt hvort núverandi samstarf sé fullnægjandi.

Aukin spenna frá Persaflóa til Atlantshafs

Atburðir í Mið-Austurlöndum hafa á undanförnum áratugum verið orsök deilna og átaka sem hafa ekki einungis verið svæðisbundin, heldur hafa oft og tíðum ógnað stöðugleika og friði á alþjóðavettvangi. Langvarandi togstreita Ísraels og Arabaríkja, vandi Palestínumanna og efnahagsleg misskipting í þessum heimshluta hafa tengst útflutningi olíu til iðnvæddra ríkja og leitt til vígbúnaðarkapphlaups sem virðist óstöðvandi. Af þessum sökum voru Mið-Austurlönd átakasvæði kalda stríðsins. Eftir sem áður hafa iðnríkin verulegra hagsmuna að gæta í þessum heimshluta.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki haft bein afskipti af deilum í Mið-Austurlöndum eða nálægum svæðum, en hafa á hinn bóginn tekið þátt í umræðum og samráði um málefni þessa

heimshluta á alþjóðavettvangi og tvíhliða við deiluaðila þegar tækifæri hafa gefist. Ríkisstjórnin hefur stutt friðarumleitanir Bandaríkjastjórnar í Mið-Austurlöndum og látið í ljós áhyggjur vegna atburða eða aðgerða deiluaðila sem spillt gætu fyrir friði. Þetta á til dæmis við um nýlegan brottflutning ísraelskra stjórnvalda á rúmlega fjögur hundruð palestínskum liðsmönnum heittrúarsamtaka frá herteknu svæðunum til Líbanons. Af því tilefni gerði utanríkisráðherra stjórnvöldum í Ísrael bréflega grein fyrir afstöðu Íslands, þar sem látin var í ljós skilningur á nauðsyn varna gegn hryðjuverkum, en jafnframt lögð áhersla á að stjórnvöld í Ísrael fari að alþjóðalögum og afturkalli ákvörðun sína um nauðungarflutninga Palestínumanna.

Ísland hefur einnig látið sig varða almenn mannréttindamál í Mið-Austurlöndum og hefur meðal annars gerst meðflytjandi að tillögum á þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um byggðir ísraelskra landnema á herteknu svæðunum og um mannréttindi í Írak og Íran. Einnig hafa íslensk stjórnvöld fordæmt brot Íraksstjórnar á ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og refsiaðgerðir samtakanna gegn Írak og Líbýu eru enn í gildi hér á landi.

Það er til marks um áherslur nýrrar stjórnar Clintons Bandaríkjaforseta að fyrsta utanlandsferð Warrens Christophers, utanríkisráðherra, var farin til Mið-Austurlanda vegna áframhaldandi friðarumleitana. Þrátt fyrir að núverandi friðarviðræður hafi staðið með hléum á annað ár og oft virst árangurslitlar, bendir þrautseigja þátttakenda til þess að þeir séu vongóðir um ásættanlega niðurstöðu. Jafnvel deilurnar um brottflutning Palestínumannanna fjögur hundruð hafa ekki breytt því. Það stafar meðal annars af því að sýrlensk stjórnvöld virðast vilja friðsamlega lausn og ráða því miklu um gang viðræðnanna. Eftir að friðarsamningar tókust með Egyptalandi og Ísrael og í kjölfar ósigurs Íraks í Persaflóastríðinu er Sýrland helsti andstæðingur Ísraels og gera má ráð fyrir að jórdönsk og líbönsk stjórnvöld fylgi í fótspor sýrlenskra stjórnvalda í friðarsamningum. Helsta markmið Sýrlendinga er endurheimt Gólan-hæða frá Ísraelsmönnum og margt bendir til þess að ríkisstjórn Verkamannaflokksins í Ísrael íhugi hægfara brotthvarf frá hæðunum á grundvelli traustra skuldbindinga sýrlenskra stjórnvalda um friðsamlega sambúð.

Bandaríkjastjórn virðist í mun að hverfa frá mjög áberandi þátttöku í friðarviðræðunum, sem hefur á stundum falist í því að beita deiluaðila stjórnmálalegum og efnahagslegum þrýstingi, til hlutlausrar milligöngu af því tagi sem stuðlaði að Camp David-samkomulaginu milli Ísraels og Egyptalands. Eftir standa mjög erfiðar hindranir, ekki síst ágreiningur um hvort Ísraelsmenn eigi að láta land í skiptum fyrir frið, hvernig öryggi Ísraels verði tryggt til frambúðar og hvernig komið verði til móts við þarfir og kröfur Palestínumanna. Eflaust verður erfiðast að yfirstíga síðastnefndu hindrunina. Lok kalda stríðsins og Persaflóastríðið veiktu mjög stöðu Frelsissamtaka Palestínu (PLO) og ekki vænkast hagur samtakanna ef samningar nást með Sýrlandi og Ísrael, jafnframt því að heittrúaðir múhameðstrúarmenn grafa undan stuðningi við samtökin á herteknu svæðunum. Þetta skýrir meðal annars vilja Frelsissamtakanna til þátttöku í friðarviðræðunum. Ef ekki verður fljótlega áþreifanlegur árangur af friðarviðræðunum fyrir Palestínumenn, er líklegt að stuðningur við heittrúarmenn eigi eftir að vaxa enn frekar á kostnað hófsamari afla.

Nú þegar betur horfir en áður með friðsamlega lausn deilumála milli Ísraels og Arabaríkja og hlutskipti Palestínumanna er ofarlega á baugi, vill svo til að ekki er hægt að útiloka að aðstæður í Arabaríkjunum verði til að viðhalda og jafnvel auka spennu allt frá Persaflóa til Atlantshafs. Hér er einkum átt við eflingu heittrúarstefnu múhameðstrúarmanna. Framan af þessari öld mótuðust stjórnmál í mörgum Arabaríkjum af mótsögnum sam-arabískrar þjóðernisstefnu, sósíalisma og rétttrúnaðar, jafnhliða misskiptingu olíuarðsins, og víðast hvar hefur verið einræði í skjóli miskunnarlausrar harðstjórnar. Eftir lok kalda stríðsins

hefur þetta breyst á þann hátt að arabískur sósíalismi, sem opinber stjórnarstefna, hefur vikið með eldri kynslóð leiðtoga og upplausn Sovétríkjanna. Einnig afhjúpaði Persaflóastríðið endanlega goðsögnina um styrk sam-arabískrar þjóðernisstefnu. Hefur heittrúarstefnan að ýmsu leyti fyllt það tómarúm sem myndaðist við þessa þróun og getur framrás hennar hugsanlega haft meiri áhrif í Evrópu en ófriðurinn í Mið-Austurlöndum til þessa.

Spenna í Mið-Austurlöndum og á nálægum svæðum stafar af fleiru en deilum Ísraels og Arabaríkja. Ástandið í Írak er enn mjög ótryggt og stjórnvöld þar hafa ítrekað brotið í bága við þær ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem voru lagðar til grundvallar vopnahléinu í Persaflóastríðinu og hafa að auki í hótunum við nágrannaríki. Það veldur nokkrum áhyggjum að Írak ræður enn yfir verulegum hefðbundnum herafla og rökstuddur grunur er um að áfram sé unnið að gerð gereyðingarvopna þar í landi. Einnig er loft lævi blandið annars staðar við Persaflóann vegna hertöku Írana á eyjunni Abu Musa og gífurlegra kaupa þeirra á hergögnum. Íran er eina ríkið í þessum heimshluta sem hefur lagst algerlega gegn samningum við Ísrael. Írönsk stjórnvöld hafa reynt að auka áhrif sín með því að eigna sér og hafa stjórn á heittrúarstefnu múhameðstrúarmanna víða um heim og veitt skoðanabræðrum sínum í Súdan, Líbanon og Afganistan fjárhags- og hernaðaraðstoð. Þau hafa undanfarið lagt mikla áherslu á að ná stjórnmálalegri og efnahagslegri fótfestu í fyrrverandi Sovétlýðveldum til norðurs, en þurft að etja þar kappi við Tyrki sem hafa þegar náð töluverðum ítökum. Þessi viðleitni Írana hefur borið misjafnan árangur, enda heittrúarstefnan í raun ekki alþjóðleg hugmyndafræði heldur birtist hún í staðbundnum hreyfingum, sem hafa sameiginleg einkenni, einkum afturhvarf til fornra trúarlegra dyggða og klerkaveldis, fordæmingu á spillingu og misskiptingu auðs, auk andúðar á vestrænu lífsviðhorfi. Þessar hreyfingar njóta einkum stuðnings í þeim löndum múhameðstrúarmanna, þar sem fólksfjölgun er mikil og náttúruauðlindir af skornum skammti. Það er kaldhæðni örlaganna að víða nota þessar hreyfingar þróun í átt til lýðræðis sér til framdráttar í þeim yfirlýsta tilgangi að koma í veg fyrir lýðræðislega stjórnarhætti.

Þótt heittrúarstefnan hafi staðbundin sérkenni og sé stjórnmálalega frumstæð, getur hún með tíð og tíma orðið alvarleg ógnun við sunnanverða Evrópu og við lýðræði og mannréttindi víða um heim. Nýlegir atburðir í Egyptalandi og Alsír eru til marks um hvernig heittrúaröflum hefur tekist að vega að stjórnvöldum í ríkjum sem hafa frá örófi alda haft náin menningarleg og efnahagsleg tengsl við Evrópu og þar sem iðnvæðing hefur verið komin á skrið. Heittrúarmenn hafa einnig látið að sér kveða í Marokkó, Túnis og Líbýu og ekki er hægt að útiloka að í fyrirsjáanlegri framtíð muni þeir ná verulegum ítökum um alla Norður-Afríku. Ef draga má ályktanir af stjórnarháttum í Íran og Súdan gæti slík þróun haft áhrif á öll milliríkjasamskipti við Miðjarðarhaf þegar frá líður. Útbreiðsla hátæknivígbúnaðar gæti einnig haft háskalegar afleiðingar í þessu sambandi.

Árangursrík aðlögun Kína

Pólitísk samskipti Íslands og Kína hafa verið með takmarkaðra móti undanfarin ár. Með hliðsjón af þeirri jákvæðu þróun, sem átt hefur sér stað í Kína á undanförnum árum, er eðlilegt að hugað verði að eflingu samskipta Íslands og Kína, en jafnframt að lögð verði áhersla á úrbætur í mannréttindamálum.

Spár um einangrun Kína á alþjóðavettvangi hafa ekki reynst réttar. Hörmungarnar í Bosníu-Hersegóvínu og Sómalíu hafa dregið athygli umheimsins frá atburðum á Tiananmen-torgi árið 1989. Einnig hefur hrun Sovétríkjanna gert það að verkum að pólitísk áhrif Kínverja í Asíu eru meiri en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma hefur hernaðaruppbygging í landinu aukist og gæti sú þróun haft áhrif á framtíðarstefnu Japans í öryggismálum. Þrátt

fyrir þetta hafa samskipti Kína við Japan og Suður-Kóreu batnað að undanförnu. Norrænir ráðamenn hafa einnig heimsótt eða skipulagt heimsóknir til Kína eftir nokkurt hlé á slíkum samskiptum.

Tilraunir Kína með takmarkað markaðshagkerfi hafa skilað árangri. Hagvöxtur hefur aukist verulega og alþjóðleg viðskipti við Kína fara vaxandi. Kína hefur fylgt sjálfstæðri utanríkisstefnu undanfarin ár og unnið markvisst að eflingu samskipta við önnur ríki. Árangur þessarar stefnu kemur meðal annars í ljós í þátttöku Kína í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem Kína hefur styrkt sig í sessi sem leiðandi ríki í þriðja heiminum.

Friðargæsla á vegum Sameinuðu þjóðanna

Að kalda stríðinu loknu skapaðist loks grundvöllur fyrir Sameinuðu þjóðirnar til þess að gegna hlutverki sínu. Á þessum tímamótum var staða stofnunarinnar hins vegar erfið. Hún hafði verið í fjársvelti í mörg ár, þar sem ýmis aðildarríki stóðu ekki í skilum með skylduframlög, og munaði þar mestu að stærsti greiðandinn, Bandaríkin, sem greiðir fjórðung heildarframlaga hafði ekki staðið í skilum. Einnig hvíldu miklar skuldir á samtökunum vegna friðargæsluverkefna.

Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu ætlað það hlutverk að tryggja frið og öryggi í heiminum. Snemma kom í ljós að togstreita austurs og vesturs gerði ráðið nær óstarfhæft. Nú síðustu ár hafa völd öryggisráðsins aftur á móti aukist og verkaskipting þess og allsherjarþingsins er ekki eins skýrt afmörkuð og áður. Auknar kröfur eru nú gerðar til öryggisráðsins við framkvæmd mannúðaraðstoðar, aðgerða vegna stórfelldra mannréttindabrota og jafnvel við eflingu lýðræðis, sem áður þóttu vera úrlausnarefni allsherjarþingsins.

Í janúar á síðasta ári var haldinn í öryggisráðinu ríkisoddvitafundur með það fyrir augum að leita leiða til að styrkja stofnunina við að inna af hendi verkefni sín samkvæmt sáttmálanum: varðveislu alþjóðlegs friðar og öryggis, eflingu félagslegra framfara og virðingar fyrir mannréttindum. Á fundinum var aðalframkvæmdastjóranum falið að gera tillögur, sem hann lagði síðan fram um mitt ár (Agenda for Peace). Í tillögunum er lögð áhersla á þrjú atriði: að stofnunin standi fyrir viðræðum tímanlega til þess að jafna ágreining á frumstigi; friðargerð þar sem deilur hafa risið og er í því sambandi áréttað mikilvægi þess að ríki heims gangist undir lögsögu alþjóðadómstólsins, og að stofnunin hafi á að skipa liðsveitum sem geti brugðist við án tafar og jafnvel án samþykkis deiluaðila til þess að viðhalda friði og koma í veg fyrir að alþjóðlegu öryggi verði ógnað. Sérstök nefnd allsherjarþingsins vinnur nú að því að útfæra tillögur þessar nánar.

Á síðustu árum hafa þjóðir heims snúið sér í auknum mæli til Sameinuðu þjóðanna í von um að þær myndu koma á og standa vörð um nýja skipan öryggismála. Þannig hefur stofnunin sent friðargæslusveitir til átta svæða: El Salvadors, Kúveits-Íraks, Angóla og Vestur-Sahara á árinu 1991, Kambódíu, Sómalíu og lýðveldanna fyrrverandi Júgóslavíu á árinu 1992 og Mósambíks á árinu 1993. Alls eru nú friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á þrettán stöðum í heiminum og starfa rúmlega sextíu þúsund manns í sveitunum. Árlegur kostnaður við friðargæsluna nemur nú meira en þremur milljörðum Bandaríkjadala. Einnig hafa ríki, sem freista þess að tileinka sér lýðræðislega stjórnarhætti, óskað eftir því að Sameinuðu þjóðirnar sendu eftirlitsmenn til að fylgjast með frjálsum kosningum. Íslenskum stjórnvöldum barst ósk frá Sameinuðu þjóðunum um að tilnefndir yrðu starfsmenn til starfa við friðargæslu í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og víðar og einnig að tilnefndir yrðu aðilar sem starfað gætu við kosningaeftirlit. Hefur ríkisstjórnin þegar orðið við ósk um tilnefningu starfsmanna til friðargæslu, eins og fram kemur í kaflanum um ástandið á Balkanskaga. Einnig hefur verið lagður fram listi yfir starfsmenn sem til greina koma til eftirlits með kosningum.

Umhverfismál í brennidepli

Í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiró í júní 1992, samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í desember síðastliðnum að stofna sérstaka umhverfisnefnd (Commission on Sustainable Development), sem hefði það verkefni að fylgjast með og vinna að framgangi samþykkta ráðstefnunnar. Nefndin heyrir undir efnahags- og félagsmálaráðið og eiga fulltrúar fimmtíu og þriggja ríkja sæti í henni. Kosið var í nefndina í fyrsta skipti í febrúar síðastliðnum og varð samkomulag meðal Norðurlandanna um að Ísland og Noregur byðu fram í Vesturlandahópnum. Hlutu bæði löndin kosningu.

Þátttaka Íslands í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur í för með sér aukin verkefni fyrir íslensk stjórnvöld. Mikilvægt er að vel og skipulega verði að þátttökunni staðið.

Umhverfisnefndin verður æðsta stofnun Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum. Hún mun annast samræmingu aðgerða hinna ýmsu sérstofnana Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála og fylgjast með starfi nefnda sem vinna að framgangi einstakra samþykkta ráðstefnunnar. Einnig mun hún gera tillögur um aðgerðir til einstakra ríkja, stofnana eða allsherjarþingsins. Í samræmi við framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er nú starfandi fjöldi alþjóðlegra nefnda um einstök framkvæmdaatriði áætlunarinnar og munu þær hafa mikil áhrif á störf umhverfisnefndarinnar. Unnið verður meðal annars að málaflokkum er skipta sérhagsmuni Íslands miklu, svo sem fiskveiðum, nýtingu lifandi auðlinda hafsins og verndun andrúmsloftsins.

Aukin þátttaka í alþjóðlegu mannréttindastarfi

Alvarleg mannréttindabrot eiga sér stað í flestum ríkjum heims. Það er stjórnvalda í hverju ríki að sjá til þess að mannréttindi séu virt, en jafnframt er nauðsynlegt að leggja ríka áherslu á alþjóðlegt samstarf og aðhald. Eðlilegt er að ríki, sem vegnað hefur vel í baráttunni fyrir þessum réttindum, miðli reynslu sinni til þeirra sem af stjórnmálalegum, efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum hafa ekki náð sama árangri.

Lok kalda stríðsins hafa gert ríkjum kleift að endurskoða hefðbundnar áherslur í öryggismálum. Umburðarlyndi, skilningur og virðing fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi eru í auknum mæli álitin undirstaða friðar og öryggis í heiminum. Viðfangsefni alþjóðlegra stofnana og samtaka endurspegla þetta í auknum mæli, til dæmis þegar rætt er um eða efnt til könnunarferða og jafnvel friðargæslu vegna mannréttindabrota. Þótt íslensk stjórnvöld geti ekki teflt fram herliði til varðveislu friðar, geta þau lagt mikilvægan skerf af mörkum þar sem mannréttindamál eru annars vegar. Þannig hefur mannréttindamálum verið gefinn aukinn gaumur á undanförnum árum, meðal annars með vaxandi þátttöku í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Vestræn ríki hafa unnið árangursríkt starf á sviði svæðisbundins mannréttinda-samstarfs og ber þar hæst störf Evrópuráðsins og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þó mega slíkar svæðisbundnar áherslur ekki verða til þess að draga úr algildi mannréttinda, það er, að beitt verði mismunandi viðhorfum til mannréttinda eftir heimshlutum, því þá gæti dregið úr þeim árangri sem náðst hefur á alþjóðavettvangi á undanförnum áratugum.

Um þessar mundir fer fram ítarleg endurskoðun á starfi Sameinuðu þjóðanna og hefur athyglin einkum beinst að framkvæmd markmiða og grundvallarreglna stofnskrárinnar. Á hinn bóginn hafa samtökin unnið árangursríkt starf á ýmsum sviðum, meðal annars varðandi mannréttindi. Réttilega hefur verið á það bent að meiri áhersla hafi verið lögð á gerð

samþykkta, samninga og mótun meginreglna en framkvæmd mannréttinda. Hafa ber þó í huga að skráning mannréttinda er hluti af framkvæmdinni og forsenda hennar.

Grunnurinn að alþjóðlegu mannréttindastarfi var lagður með samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna árið 1948, sem kveður á um að mannréttindi hafi alþjóðlegt gildi á friðartímum. Framkvæmd mannréttinda hefur fyrst og fremst verið í höndum allsherjarþingsins, efnahags- og félagsmálaráðsins með aðstoð undirnefnda þess, einkum mannréttindaráðsins, framkvæmdastjóra samtakanna og skrifstofunnar. Framkvæmdin hefur hins vegar verið ófullkomin vegna meginreglna þjóðaréttar, ófullkomins framkvæmdavalds og skorts á alþjóðlegum mannréttindadómstól. Öryggisráðið hefur þar til nýlega haft óveruleg afskipti af mannréttindum. Helsta undantekningin hefur verið kynþáttaaðskilnaðarstefna stjórnvalda í Suður-Afríku. Valdsvið öryggisráðsins hefur verið túlkað þröngt og því ekki tekið á mannréttindabrotum nema þau ógnuðu friði og öryggi ekki aðeins í því landi þar sem brotin áttu sér stað heldur einnig í öðrum ríkjum. Á leiðtogafundi öryggisráðsins í janúar 1992 kom fram aukin áhersla á afskipti öryggisráðsins af alvarlegum mannréttindabrotum.

Friðargæsluverkefni miðast í auknum mæli við þætti sem eru taldir undirstaða friðar, þar á meðal virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum. Eftirlit með mannréttindum er þáttur í friðargæsluverkefnunum í El Salvador, Kambódíu og í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Þessi þróun er umdeild og óttast sum þróunarríki að hún kunni að leiða til afskipta af innanríkismálum. Samfara auknum afskiptum öryggisráðsins hefur komið í ljós að þörf er fyrir leiðbeinandi reglur um hvenær og hvernig ráðið lætur til sín taka.

Miklar vonir voru bundnar við stóreflt mannréttindastarf við lok kalda stríðsins. Síðastliðin tvö ár hefur orðið vart við vandamál sem hamlað hafa þessu starfi. Ágreiningur milli ríkja í norðri og suðri hefur farið vaxandi. Krafa nokkurra þróunarlanda um menningarlega afstæðishyggju, sem felur í sér að mannréttindi geti verið breytileg eftir aðstæðum, verður æ háværari. Reglan um algildi mannréttinda er því mikilvægari en nokkru sinni fyrr sem einn af hornsteinum alþjóðlegs mannréttindastarfs.

Á sama tíma og meiri kröfur eru gerðar til stofnana Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda hefur skortur á samstöðu og ólíkar áherslur gert það að verkum að ekki hefur tekist að efla mannréttindastarfið. Kostnaður vegna reksturs mannréttindastarfsins nemur minna en 1% af fjárlögum stofnunarinnar. Umburðarlyndi fer minnkandi, trúfrelsi er víða ábótavant og kynþáttamisrétti er meira og alvarlegra en ætlað var, einnig í Evrópu.

Það er í dag viðurkennd meginregla í þjóðarétti að íhlutun samfélags þjóðanna vegna mannréttindabrota teljist ekki afskipti af innnanríkismálum og er þessari meginreglu sjaldan mótmælt á alþjóðavettvangi. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lætur stöðu mannréttindamála í einstökum ríkjum í auknum mæli til sín taka og 47. allsherjarþingið samþykkti í fyrsta sinn ályktun um ástand mannréttinda í ríki sem tilheyrir Afríkuríkjahópnum, Súdan. Engar ályktanir voru samþykktar um stöðu mannréttinda í Guatemala og á Austur-Tímor, en ítarleg umræða fór fram um ástandið í þessum ríkjum. Ísland var meðflytjandi að ályktunum um stöðu mannréttinda á Kúbu, í Súdan, Myanmar, Írak, Íran og fyrrverandi Júgóslavíu. Auk þess voru samþykktar ályktanir um stöðu mannréttinda í Afganistan, El Salvador og á Haítí.

Ísland hefur á undanförnum árum tekið þátt í störfum mannréttindaráðsins og gerðist á þeim vettvangi meðflytjandi að tveimur ályktunum: Um ofbeldi gagnvart konum og önnur mannréttindabrot í fyrrverandi Júgóslavíu. Þá var Ísland meðflytjandi að ályktunum um stöðu mannréttinda á Kúbu, í Íran og á Austur-Tímor.

Eitt af mikilvægari verkefnum 47. allsherjarþingsins var undirbúningur og samþykkt dagskrár alþjóðlegrar mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í Vín

14.-25. júní á þessu ári. Í undirbúningsvinnunni undir ráðstefnuna hefur hugmyndaágreiningur milli ríkja í norðri og suðri komið glöggt í ljós. Undirbúningur hefur staðið yfir í nokkur ár og var það fyrst á 47. allsherjarþinginu að ríkin náðu samkomulagi um dagskrá ráðstefnunnar.

Mannréttindaráðstefnan verður haldin á sögulegum tímamótum, en aldarfjórðungur verður þá liðinn frá síðustu alþjóðlegu mannréttindaráðstefnu háttsettra embættismanna aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Teheran í skugga kalda stríðsins. Lok þess hafa því vakið miklar vonir um að ráðstefnan og niðurstöður hennar verði sögulegt framlag samfélags þjóðanna til mannréttindabaráttunnar. Þrátt fyrir að pólitískar aðstæður hafi batnað til muna eru vandamálin síst minni. Kynþáttamisrétti er algengara og á alvarlegra stigi en talið var. Hreyfingar ný-nasista, ofbeldi gegn innflytjendum og þjóðernishreinsanir í Bosníu-Hersegóvínu minna á hörmungar sem enginn Evrópubúi trúði að gætu endurtekið sig. Kröfur þjóðernisminnihluta um aukið eða fullt sjálfstæði gerast sífellt háværari. Afleiðingar friðarskilmála og nýlendustefnu krefjast úrlausnar. Ágreiningur ríkja í norðri og suðri um framkvæmd mannréttinda hefur ef til vill aldrei verið eins áberandi. Mikilvægt er að ríki heims sameinist í baráttunni fyrir algildi mannréttinda og leggi áherslu á sameiginleg hagsmunamál sín í þeirri baráttu.

Áfangar í afvopnun

Takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna og búnaði til að beita þeim er orðin eitt mikilvægasta viðfangsefnið á sviði afvopnunarmála. Í skýrslu nefndar um öryggis-og varnarmál Íslands er bent á að um tuttugu ríki séu þegar talin eiga eða geta framleitt að minnsta kosti tvær tegundir gereyðingarvopna af þremur, kjarnavopn, efna-og lífefnavopn, eða eldflaugar til að bera þau.

Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við þessari þróun með því að gerast nýlega aðili að sérstöku samstarfi ríkja til að hefta útbreiðslu á langdrægum eldflaugum og tækni eða búnaði til framleiðslu þeirra. Þetta samstarf (Missile Technology Control Regime) hefur miðast við að koma í veg fyrir að slíkar eldflaugar og búnaður kæmust til ríkja, sem beitt gætu þeim til árása eða ógnana, með samræmdum útflutningstakmörkunum og upplýsingaskiptum. Lengi vel fjallaði samstarfið fyrst og fremst um eldflaugar sem geta borið kjarnavopn, en nær nú einnig til eldflaugatækni sem lýtur að flutningi annarra gereyðingarvopna. Ráðgert er að Ísland verði þátttakandi í hliðstæðu samstarfi, svonefndum Ástralíu-hópi, um takmörkun á útbreiðslu efna- og lífefnavopna og efna eða búnaðar til framleiðslu þeirra.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að tryggja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) sem tók gildi árið 1970. Íslensk stjórnvöld fordæmdu nýlega ákvörðun Norður-Kóreu um að rjúfa samninginn og hvöttu stjórnvöld þar til að hlíta ákvæðum samningsins um eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Fjöldi ríkja hefur bæst í hóp aðildarríkja samningsins um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna, þar á meðal kjarnorkuveldin, Frakkland og Kína, og eru ríkin nú um eitt hundrað og fimmtíu að tölu. Þau ríki sem ráða yfir þekkingu og getu á sviði kjarnorkuvísinda og standa utan samningsins eru Alsír, Argentína, Brasilía, Indland, Ísrael, Norður- og Suður-Kórea, Pakistan og Suður-Afríka. Þess er beðið að Úkraína, Kasakstan og Hvíta-Rússland gerist aðilar samkvæmt skuldbindingum Lissabon-samkomulagsins. Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnavopna verður endurskoðaður árið 1995, auk þess sem þá verður tekin ákvörðun um frekari gildistíma hans. Mörg ríki hallast að því að samningurinn eigi að hafa ótakmarkaðan gildistíma.

Ísland átti þátt í öðrum mikilvægum áfanga í takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna sem stofnaðili að samningnum um bann við framleiðslu, öflun, þróun og notkun efnavopna,

sem eitt hundrað þrjátíu og sjö ríki undirrituðu í París í byrjun þessa árs. Samningurinn, sem er árangur viðræðna sem staðið hafa á afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í aldarfjórðung, er fyrsti afvopnunarsamningurinn sem kveður á um útrýmingu ákveðinnar tegundar gereyðingarvopna. Samningurinn tekur gildi árið 1995, ef minnst sextíu og fimm ríki hafa fullgilt hann, en um þessar mundir er unnið að undirbúningi fullgildingar af hálfu Íslands.

Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur að undanförnu verið lögð mikil áhersla á að tryggja að þau arftökuríki Sovétríkjanna, sem eru á landssvæði samningsins um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu (CFE) frá árinu 1990, gengjust við skuldbindingum Sovétríkjanna samkvæmt samningnum. Tók samningurinn gildi 9. nóvember 1992 eftir að öll þessi ríki höfðu fullgilt hann. Mikilvægt er að samningurinn verði haldinn, ekki síst í ljósi þeirrar ólgu og átaka sem nú eiga sér stað á landssvæði Sovétríkjanna fyrrverandi.

Samningur um opnun lofthelgi var formlega undirritaður í Helsinki 24. mars 1992. Enn hafa einungis örfá ríki fullgilt samninginn, en unnið er að fullgildingu af hálfu Íslands.

Á síðustu misserum hafa náðst tveir mikilsverðir samningar varðandi takmörkun langdrægra kjarnavopna. Annars vegar er um að ræða START I samninginn, sem undirritaður var 31. júlí 1991 og felur í sér nálega helmingsfækkun langdrægra kjarnavopna. Hins vegar er um að ræða START II samninginn, sem var undirritaður 3. janúar síðastliðinn, en þar er bætt um betur og kveðið á um enn frekari niðurskurð langdrægra kjarnavopna fyrir árið 2003. Niðurstaðan af þessum tveimur samningum verður því fækkun sem nemur tveimur þriðju hlutum þessa vígbúnaðar.

START I samningurinn hefur verið fullgiltur bæði af Bandaríkjunum og Rússlandi. Vegna upplausnar Sovétríkjanna og útbreiðslu kjarnavopna var ákveðið að Úkraína, Kasakstan og Hvíta-Rússland skyldu einnig staðfesta START I samninginn og gerast auk þess aðilar að samningnum um bann við útbreiðslu kjarnavopna við fyrsta tækifæri.

Veruleg óvissa ríkir hins vegar um fullgildingu og framkvæmd START I samningsins eystra. Úkraína hefur enn ekki staðfest START I samninginn og notar hann bæði í pólitískri togstreitu við Rússland og til að þrýsta á um fjárhagsaðstoð úr vestri. Kasakstan bíður einnig átekta til að sjá hvað Úkraína ber úr býtum.

Ljóst er að eyðing kjarnavopnanna og sérstaklega kjarnakleyfu efnanna úr þeim verður gífurlega kostnaðarsöm. Þegar þykir víst að Rússland getur ekki staðið undir skuldbindingum START-samninganna nema með mikilli fjárhagsaðstoð Vesturlanda. Þetta á einnig við um Úkraínu. Bandaríska þingið hefur þegar veitt fjögur hundruð milljónir Bandaríkjadala í þessu skyni, en það dugir skammt. Öryggi kjarnavopnanna meðan á eyðingu stendur er einnig áhyggjuefni og hyggjast því mörg vestræn ríki veita Rússlandi aðstoð í því efni.

Jákvæð þróun hefur átt sér stað á sviði skammdrægra kjarnavopna. Atlantshafsbandalagið hefur fjarlægt öll skammdræg kjarnavopn á sjó og landi og er komið vel á veg með fyrirhugaðan niðurskurð kjarnavopna um borð í flugvélum. Bandaríkin hafa einnig fjarlægt öll skammdræg kjarnavopn úr skipum flotans. Framkvæmd skuldbindinga Rússlands um niðurskurð á skammdrægum kjarnavopnum á sjó er skemmra á veg komin, en Rússland hefur skuldbundið sig til að eyða þriðjungi af rúmlega tólf hundruð skammdrægum kjarnavopnum á sjó og koma öðrum fyrir í geymslu. Í samræmi við samkomulag Rússlands við Úkraínu, Kasakstan og Hvíta-Rússland hafa öll skammdræg kjarnavopn í ríkjunum þremur verið flutt til Rússlands. Hins vegar er enn ókunnugt um áform Rússa varðandi eyðingu og geymslu þessara vopna.

Ýmislegt bendir til að athygli beinist nú í ríkari mæli að samningaviðræðum um algert bann við tilraunum með kjarnavopn. Frakkland og Rússland hafa ákveðið að gera ekki tilraunir þar til í júlí á þessu ári. Það sama á í reynd við í Bandaríkjunum, þótt stjórnvöld þar

séu treg til að semja um allsherjarbann og telji nauðsynlegt af öryggisástæðum að halda tilraunum áfram. Fulltrúadeild Bandaríkjaþings hefur lagt til að viðræður fari fram um tilraunabann. Frakkland hefur einnig lagt til að hafnar verði viðræður fimm ríkja: Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Kína og Rússlands um sama efni. Íslensk stjórnvöld eru í grundvallaratriðum hlynnt umsömdu allsherjarbanni við tilraunum þegar til lengri tíma er litið og hafa gerst meðflytjendur að ályktunartillögu um það efni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ekki verður þó unnt að útiloka tilraunir með kjarnavopn með öllu svo lengi sem þau eru stór þáttur í varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins.

Vaxandi staðbundin átök og upplausn Sovétríkjanna hefur valdið auknum áhyggjum vegna hættunnar á útbreiðslu gereyðingarvopna, einkum kjarnavopna. Að sama skapi hefur aukist viðleitni til að reyna að stemma stigu við flutningi og sölu á vígbúnaði til raunverulegra eða hugsanlegra átakasvæða. Helst hefur athyglin beinst að Mið-Austurlöndum, Persaflóasvæðinu, Suður-Asíu og Kóreuskaga.

Margir hafa óttast að upplausn Sovétríkjanna kynni að leiða til þess að kjarnavopn kæmust í rangar hendur. Það hefur enn ekki gerst. Einnig hefur búferlaflutningur kjarnorkuvísindamanna frá nýfrjálsu ríkjunum verið áhyggjuefni. Þótt mikill árangur hafi náðst í samningum um afvopnun og frekari aðgerðir til að efla traust og öryggi er ekki ástæða til að vænta stórra áfanga á þessu sviði á næstu árum. Ríki Evrópu hafa nóg fyrir höndum við að framkvæma og fylgjast með framkvæmd samningsbundinna afvopnunarskuldbindinga næsta áratuginn. Oft vill gleymast að afvopnun er kostnaðarsöm og fyrirhafnarmikil. Hér eru umtalsverðir efnahagsmunir í húfi, ekki síst í Mið- og Austur-Evrópu, þar sem mörg ríki búa yfir öflugum hergagnaiðnaði og vígbúnaði umfram þarfir, sem oft getur auðveldað öflun nauðsynlegs gjaldeyris.

Þróunarsamvinna til endurskoðunar

Á sama hátt og aðrar þjóðir hefur Ísland tekið þróunaraðstoð sína til endurskoðunar. Ríkisstjórnin hefur ákveðið og fylgir því eftir í verki í fyrsta sinn að auka verulega fjárframlög til þessa málaflokks. Í byrjun árs 1992 skilaði starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins skýrslu um framtíð þróunarsamvinnu á vegum íslenska ríkisins. Þessi skýrsla var síðan til meðferðar í hópi embættismanna frá fimm ráðuneytum og skilaði hópurinn áliti í desember. Enn hefur ekki verið tekin afstaða til álitsins í ríkisstjórn.

Árangur þróunarmála hefur verið minni en vonir stóðu til við lok seinni heimsstyrjaldarinnar og er oft talað um áratugi hinna glötuðu tækifæra í þessum efnum. Valda því ýmsar ástæður. Iðnríkin hafa greitt minna til þróunarmála en þau höfðu lofað, aðstoðin var oft ómarkviss, tilgangur þróunarsamvinnu var í mörgum tilvikum lausn efnahagslegra vandamála heima fyrir og var oft veitt misjafnlega spilltum stjórnvöldum í pólitískum tilgangi. Lok kalda stríðsins hafa gert það að verkum að iðnríkin og alþjóðlegar stofnanir hafa á undanförnum árum endurskoðað tilgang og markmið þróunaraðstoðar. Um þessar mundir er þróunaraðstoð í auknum mæli beint til einkaaðila, stuðlað er að stofnun og eflingu smáfyrirtækja, aukin áhersla er lögð á sjálfbæra þróun, fólksfjölgunarvandamálið, þátttöku kvenna og útrýmingu sárustu fátæktar. Einnig hafa iðnríkin í auknum mæli tengt þróunaraðstoð við pólitískar úrbætur, sem jafnframt hefur leitt til aukinna vandamála í samskiptum við þróunarlöndin, sem kvarta sáran yfir yfirlætislegri góðvild fyrrverandi nýlenduherra. Fara verður varlega í þessum efnum og allar aðgerðir verða að taka mið af tilgangi og markmiði þróunaraðstoðar, sem er velmegun og hagsæld einstaklingsins.

Sumir óttuðust að endalok kommúnismans og efnahagslegur samdráttur í iðnríkjunum myndu verða til þess að draga úr framlögum til þróunarmála. Sú hefur ekki orðið raunin, því

framlög hafa aukist og veldur þar mestu aukin framlög Bandaríkjanna og nokkurra annarra ríkja, þar á meðal Japans og Noregs. Þessi þróun er vísbending um að iðnríkin geri sér í auknum mæli grein fyrir að þörfin fyrir stóreflt átak á sviði þróunarmála hefur líklega aldrei verið meiri en á núverandi tímamótum þegar fjöldi ríkja hefur sett stefnuna á lýðræði og aðrar pólitískar og efnahagslegar úrbætur.

Kröfur til utanríkisþjónustunnar

Þær stórfelldu breytingar sem hafa orðið á alþjóðavettvangi gera kröfu til umfangsmikils endurmats á samskiptunum við umheiminn. Umskipti þessi útheimta ekki einungis breyttar áherslur í íslenskum utanríkismálum. Óhjákvæmilegt er að einnig verði hugað að innviðum sjálfrar utanríkisþjónustunnar. Nauðsynleg aðlögun að breyttum kringumstæðum mun því aðeins ná fram að ganga að verkfærið, sjálf utanríkisþjónustan, sé verkinu vaxið og njóti jafnframt fullnægjandi starfsskilyrða.

Ráðstafanir til að mæta nýjum kröfum utan frá þurfa að haldast í hendur við markvissar endurbætur inn á við. Kröfur til utanríkisþjónustunnar hafa á undanförnum árum stóraukist og hafa aldrei verið meiri en nú. Þátttaka Íslands í fjölþjóðasamstarfi er margbreytilegri en nokkru sinni fyrr. Hins vegar bendir ástand þjóðarbúsins til þess að mannskap og efnum utanríkisþjónustunnar verði áfram skorinn þröngur stakkur. Því er enn ríkari nauðsyn á að ná fram sem mestri aðlögun með endurskipulagningu og betri nýtingu á þeim kröftum sem fyrir eru.

Nær engar breytingar hafa orðið á mannafla utanríkisþjónustunnar á síðastliðnu ári og kostnaður við rekstur hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu hefur lítillega dregist saman. Tryggja verður að hagsmunavarsla erlendis fullnægi þörfum okkar á hverjum tíma, hugað verði að staðaldri að þeim þörfum, til dæmis hvað varðar staðarval sendiskrifstofa, svo mannafli og fjármunir nýtist sem best.

Framkvæmd utanríkisstefnunnar á hverjum tíma kemur í hlut utanríkisþjónustunnar sem nú hefur starfað í rúmlega hálfa öld. Utanríkisþjónustan hefur af augljósum ástæðum ávallt verið fámenn og sendiskrifstofur einungis í helstu nágranna- og bandalagsríkjum. Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi, sem oft er mjög sérhæft, og aukið frumkvæði í íslenskri hagsmunagæslu krefst þess að sérþekking verði frekar efld, án þess að dregið verði úr fjölhæfni utanríkisþjónustunnar. Íslenskt utanríkisráðuneyti mun aldrei hafa að baki sér viðlíka fjölda sérfræðinga og upplýsingamiðlun frá öllum heimshornum og tíðkast í stærri ríkjum. Ný viðfangsefni á sviði utanríkismála, svo sem umhverfis-, mannréttinda-, viðskipta-, efnahags- og þróunarmál, krefjast aukinnar samhæfingar ráðuneytisins gagnvart þeim aðilum sem hafa sérþekkingu á slíkum viðfangsefnum utan þess. Umfangsmikið upplýsingaflæði, ekki síst vegna aukinnar þátttöku Íslands í starfi fjölþjóðasamtaka og stofnana, krefst bættrar úrvinnslu. Þyngri vinnubyrði, við óbreyttan mannafla, krefst forgangsröðunar verkefna og skilvirkni. Ekki verður vikist undan hinum auknu kröfum, en þeim verður einungis mætt með bættum starfsskilyrðum.

Hvað sem vangaveltum um einstök áhersluatriði utanríkismála líður, er einsýnt að aðlögun að breyttum aðstæðum í heiminum kallar á ráðstafanir til að stilla saman strengi og beita með skilvirkum hætti starfskröftum heima og erlendis.

Viðauki A

Starfsemi tengd varnarsvæðum og varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

Á árinu 1985 var lagður grundvöllur að aukinni þátttöku Íslendinga í mótun og framkvæmd öryggis- og varnarmála sem byggist á íslenskri þekkingu á herfræðilegum og hertæknilegum viðfangsefnum. Auðveldar þetta hlutlægt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfinni og fyrirkomulagi varnanna.

Utanríkisráðuneytið fer með framkvæmd varnarsamningsins og opinber samskipti við varnarliðið, auk tengsla við varnarmálaráðuneyti annarra Atlantahafsbandalagsríkja. Heyrir yfirstjórn ríkisstofnana á varnarsvæðum og eftirlit með verktökum og aðilum er starfa á varnarsvæðum einnig undir varnarmálaskrifstofu. Fulltrúar ráðuneytisins sækja reglubundna fundi herráðsforingja og varnarmálaráðherra í Brussel.

Sýslumannsembættið

Við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli störfuðu í byrjun árs 1993 alls 69 starfsmenn er skiptast milli deilda sem hér segir: Yfirstjórn, 6 starfsmenn, þar af tveir ritarar í hálfu starfi. Tollgæsla, 30 starfsmenn, þar af 7 við lagera og forðageymslur, flughlöð og eftirlit með starfsemi varnarliðsins svo og við tollútreikninga. Við almenna tollgæslu og útlendingaeftirlit starfa 23 starfsmenn, þar af tveir sérhæfðir við fíkniefnaeftirlit í flugstöð. Lögregla, 32 starfsmenn, þar af 3 við yfirstjórn og rannsóknarlögreglu, 29 við almenn lögreglustörf. Einn sérhæfður lögreglumaður starfar við fíkniefnaeftirlit og hefur til ráðstöfunar tvo sérþjálfaða fíkniefnaleitarhunda.

Sérsveit lögreglunnar var lögð niður í febrúar 1992.

Í árslok 1992 hafði embættið innheimt gjöld til ríkissjóðs að fjárhæð kr. 454.819.503,- en endurgreitt virðisaukaskatt til rétthafa að fjárhæð kr. 251.167.991,-, þannig að nettó innheimta ríkissjóðsgjalda í árslok var kr. 203.651.512,-. Fjárheimild embættisins árið 1992 var kr. 170.965.000,-.

Flugmálastjórn

Á árinu 1992 fóru samtals 689.669 farþegar um Keflavíkurflugvöll en 687.215 árið áður. Úr landi fóru 278.504 en til samanburðar má nefnda að árið 1991 fóru 278.380 farþegar úr landi. Til landsins komu samtals 276.679 farþegar en 278.755 á sama tíma í fyrra. Áningarfarþegar (transit) voru alls 134.486 árið 1992 en voru 130.080 árið 1991. Alls lentu 6.449 millilandavélar á flugvellinum á móti 6.441 árið áður.

Áætlaðar heildartekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru 261.900 þús. kr. á árinu 1992 en þar af námu lendingargjöld 247.900 þús. kr. Rekstrargjöld voru áætluð 225.200 þús. kr. en þar af nam launakostnaður 137.000 þús. kr. Skil til ríkissjóðs voru áætluð 35.000 þús. kr.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum fyrir árið 1992 reyndust heildartekjur nema 194.011 þús. kr. Þar af námu lendingargjöld 169.129 þús. kr. Rekstrargjöld reyndust 200.668 þús. kr., en þar af nam launakostnaður 135.436 þús. kr. Hallarekstur var því 6.657 þús. kr. og engin skil til ríkissjóðs.

Þetta bráðabirgðayfirlit sýnir að tekjur voru ofáætlaðar um 67.889 þús. kr. Það stafar fyrst og fremst af lágu gengi Bandaríkjadollars á árinu, en gjaldskrá flugvallarins er í þeirri mynt. En einnig að lendingargjöld eru miðuð við þyngd flugvéla, og reyndist umferðarþungi minni en áætlað var.

Árið 1992 störfuðu hátt á sjötta hundrað fastráðinna starfsmanna við almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Um háannatímann voru starfsmenn hátt í átta hundruð.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE)

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir 1992 nemur tap ársins 54.384 þús. kr., en uppsöfnuð vanskil hjá Ríkisábyrgðasjóði námu 326.888 þús. kr. á sama tíma.

Erlend endurlán og uppsöfnuð vanskil FLE við Ríkisábyrgðasjóð námu 3.896.398 þús. kr. í lok ársins 1992. Endurgreiðsla lánanna hefst á árinu 1993 og nær hámarki á árunum 1995 og 1997, en þá á að greiða u.þ.b. 90% af höfuðstól lánanna.

Greiðsluhalli Flugstöðvar hefur í reynd safnast upp hjá Ríkisábyrgðasjóði og endurspeglast í stöðu uppsafnaðra vanskila við Ríkisábyrgðasjóð á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur sem gera ráð fyrir 150 milljón kr. hækkun á tekjum flugstöðvarinnar á ári. Er það gert bæði með sérstakri hækkun innritunargjalda og einnig með því að bjóða út rekstur í Flugstöðinni. Til að auka umferð um völlinn eru frekari ráðstafanir nauðsynlegar, bæði markviss markaðssetning og niðurfelling eldsneytisgjalds. Að hvorutveggja er stefnt á næstu misserum.

Um all langt skeið hefur verið unnið að athugunum og undirbúningi að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum í tengslum við Keflavíkuflugvöll. Ríkisstjórnin hefur afgreitt máli og samþykkt að hafa frumkvæði að stofnun Frísvæðisins. Hefur hún falið framkvæmdanefnd að sjá um framhald málsins.

Ráðningadeild

Ráðningadeild varnarmálaskrifstofu hefur með höndum starfsmannamál, þ.á m. ráðningu starfsfólks til varnarliðsins. Um áramót 1991-1992 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 950 en um áramót 1992-1993 voru þeir 936 og hefur fækkað um 14 á árinu 1992. Til sumarstarfa voru ráðnir um 100 menn. Flestir voru starfsmenn í júlí alls 1057.

Fjöldi íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu skiptist þannig eftir starfsgreinum:

Starfsgreinar	**Karlar**	**Konur**	**Alls**
Stjórnun	100	23	123
Verkstjórn	66	4	70
Slökkvilið og snjóruðningur	139	1	140
Iðnaðarstörf	178	6	184
Skrifstofu- og verslunarstörf	79	119	198
Almennt verkafólk	60	117	177
Verkfræðingar og tæknimenn	40	0	40
Símavarsla	0	4	4
Samtals	**662**	**274**	**936**

Fríhöfnin

Heildarvelta Fríhafnarinnar á síðasta ári var um 1.900 milljónir kr. og hafði þá aukist á milli ára um fjóra af hundraði.

Hreinn hagnaður Fríhafnar var um 530 milljónir króna og skil í ríkissjóð 510 milljónir króna, eða 50 milljónum meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Auk þessa greiddi Fríhöfnin á árinu í húsaleigu og sameiginlegan kostnað rúmar 70 milljónir.

Hagnaður ársins 1992 skiptist þannig að skil í ríkissjóð námu 510 milljónum og fjárfestingar námu um 7 milljónum. Vörubirgðir eru svipaðar og um áramótin 1991 svo og sjóður í kreditkortum og peningum. Ársuppgjöri er ekki lokið þannig að hagnaðartala getur breyst eitthvað en ekki skil í ríkissjóð.

Endurgreiðslur virðisaukaskatts á árinu 1992 til erlendra ferðamanna námu 34,6 milljónum króna og höfðu lækkað um fjórar milljónir frá fyrra ári.

Sala varnarliðseigna

Tekjur ríkissjóðs vegna starfsemi Sölu varnarliðseigna á árinu 1992 voru samtals 59 milljónir kr., sem skiptast þannig að 28 milljónum kr. var skilað beint í ríkissjóð en innheimtur virðisaukaskattur var 31 milljón kr. Auk þess greiðir Sala varnarliðseigna landsútsvar og önnur opinber gjöld sem ekki eru talin með í ofangreindum tölum.

Ratsjárstofnun

Ratsjárstofnun rekur ratsjárstöðvarnar á Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi. Nýr ratsjárbúnaður hefur verið tekinn í notkun á þessum stöðvum. Ratsjárstofnun mun einnig reka hugbúnaðarmiðstöð innan varnarsvæðis á Suðurnesjum. Hugbúnaðurinn er í hönnun hjá Hughes Aircraft Co. fyrir bandaríska flugherinn og hefur Kögun hf., sem er verktaki Ratsjárstofnunar á þessu sviði 16 íslenska starfsmenn í þjálfun hjá Hughes. Starfsmaður Ratsjárstofnunar, sem þegar starfar í Bandaríkjunum, er tengiliður stofnunarinnar við bandaríska flugherinn og starfsmenn Kögunar í Bandaríkjunum. Þátttaka Íslendinga í þessu verkefni færir til landsins dýrmæta tækniþekkingu, sem mun án efa skila sér í auknum gjaldeyristekjum af útflutningi íslensks hugvits. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Ratsjárstofnunar á árinu 1993 verði 512 milljónir kr. Samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn greiða þeir allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

Þyrlubjörgunarsveit varnarliðsins

Björgunarsveitin hefur til umráða eina eldsneytis- og birgðaflutningavél af gerðinni HC-130 Hercules og fjórar björgunarþyrlur af gerðinni HH-60 G Pave Hawk.

Á árinu 1991 var 9 mönnum bjargað úr lífsháska en önnur aðstoð var veitt 14 sinnum. Á árinu 1992 var 6 mönnum bjargað úr háska en önnur aðstoð veitt í einu tilviki. Samtals hefur þyrlubjörgunarsveitin bjargað 256 mannslífum síðan hún var stofnuð árið 1971. Af þeim fjölda er rúmlega helmingurinn Íslendingar.

Kostnaður við rekstur varnarliðsins

Á árinu 1992 var heildarupphæð rekstrargreiðslna varnarliðsins til Íslendinga 177,9 milljónir Bandaríkjadala, eða 10.274 milljónir króna. Þar af var launakostnaður íslenskra starfsmanna varnarliðsins 39,5 milljónir dala, eða 2,281 milljón króna, en greiðslur til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu námu 138,4

milljónum dala, eða 7.993 milljónum króna. Kaup varnarliðsins á íslenskum matvörum á árinu 1992 námu nálægt 1,5 milljónum dala, eða 85,8 milljónum króna.

Í lok ársins 1992 var fjöldi varnarliðsmanna 2.999 auk 102 borgaralegra starfsmanna.

Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða

Í lok ársins 1992 bjó 51 erlendur starfsmaður varnarliðsins utan varnarsvæða, þar af 2 hermenn. Af þessum 51 eru 13 sem eiga íslenskan maka. Af þeim 49 borgaralegum starfsmönnum sem búa utan varnarsvæða eru 30 við kennslustörf, en hinir annast sérhæfð tæknistörf eða eru starfsmenn erlendra fyrirtækja sem annast sérhæft viðhald og þjónustu á búnaði varnarliðsins.

Umhverfismál

Stofnaður hefur verið starfshópur um viðskilnað varnarsvæða með þátttöku fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og umhverfisráðuneyti auk varnarmálaskrifstofu. Stefnt er að því að starfshópurinn ljúki störfum á þessu ári og að hann skili tillögum að kröfum um viðskilnað varnarsvæða, sem verði grundvöllur samningaviðræðna milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda.

Bandaríska strandgæslan hefur tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að rekstri Lóran C-stöðvarinnar á Sandi verði hætt í desember 1994. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það hvort íslensk stjórnvöld reki Lóran C-stöðina áfram að þeim tíma loknum. Hins vegar fara nú fram viðræður um viðskilnað Bandaríkjamanna á Sandi.

Framkvæmdir á vegum varnarliðsins

Á árlegum fundi með byggingadeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október 1992, var ákveðið að framkvæmdir skyldu hefjast á árinu við byggingu hugbúnaðarmiðstöðvar í tengslum við eftirlits- og stjórnstöð hins nýja ratsjárkerfis (IADS) á Keflavíkurflugvelli. Verður sú framkvæmd kostuð af Atlantshafsbandalaginu. Aðrar framkvæmdir, sem ákveðið var að skyldu hefjast á árinu, tengjast endurbótum og viðhaldi mannvirkja á varnarsvæðum og er kostnaður vegna þeirra greiddur af bandarískum stjórnvöldum. Kostnaður þeirra nýju verkefna sem unnin verða af Íslenskum aðalverktökum er áætlaður um 11 milljónir Bandaríkjadala, eða um 689 milljónir króna. Einnig verður haldið áfram framkvæmdum sem áður hafa verið ákveðnar og þegar eru hafnar, en kostnaður við þær á árinu er um 20 milljónir dala, eða 1.252 milljónir króna. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir mun því nema um 31 milljón dala, eða 1.941 milljón króna. Til samanburðar má nefna að kostnaður vegna framkvæmda á árinu 1992 nam 51,6 milljónum dala, eða 3.230 milljónum króna. Að auki er áætlað framkvæmdafé Keflavíkurverktaka á þessu ári um 11,9 milljónir dala, eða 745 milljónir króna, samanborið við 19 milljónir dala, eða 1.189 milljónir króna árið 1992.

Viðauki B

Utanríkisviðskipti

Alþjóðleg efnahagsþróun

Síðastliðin tvö ár hafa reynst erfið fyrir efnahagskerfi heimsins og ólíklegt að það rofi til á þessu ári. Gjaldeyrismarkaðir hafa verið í uppnámi, hagvöxtur hefur látið standa á sér meir en búist var við og ekki hefur almenn vantrú á bata bætt úr skák. Þrátt fyrir að það líti út fyrir að nýtt hagvaxtarskeið sé í uppsiglingu í Bandaríkjunum bendir flest til að erfiðleikar í Evrópu og Japan muni vega upp á móti því.

Orsakir þessa vanda má meðal annars rekja til skuldasöfnunar einstaklinga og fyrirtækja á uppgangsskeiðinu á níunda áratugnum og til mjög hárra vaxta í Evrópu í kjölfar sameiningar Þýskalands. Ennfremur hefur skortur á samhæfingu í efnahagsstefnu Evrópuríkjanna gert sitt. Gera má ráð fyrir að þótt mesta erfiðleikatímabilinu sé að líkindum lokið muni efnahagsbati láta á sér standa.

Flestar alþjóðastofnanir gera ráð fyrir að hagvöxtur muni hægt og bítandi færast í aukana á yfirstandandi ári. Útlitið er þó tvísýnt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn til dæmis gerir ráð fyrir um 2% hagvexti meðal iðnríkjanna, en hagvöxtur reyndist vera um 1,4% þar í fyrra. Útlitið er bjartara fyrir þróunarríkin, en sama spá gerir ráð fyrir um 5,7% hagvexti þar. Búist er við áframhaldandi samdrætti í Austur-Evrópu og fyrrverandi Sovétríkjunum þó ekki sé búist við því að hann verði jafnmikill og í fyrra.

Verðbólga í iðnríkjunum fer minnkandi og er að meðaltali um 3% í stað 4,9% árið 1990 og 4,4% árið 1991.

Tafla I
Alþjóðlegar hagtölur

	1990	1991	1992	1993*
Hagvöxtur, *breyting í % frá fyrra ári*	**2,1**	**0,1**	**0,8**	**2,3**
Iðnríki	2,3	0,5	1,4	2,0
Bandaríkin	0,8	-1,2	2,0	3,0
Evrópubandalagið	2,9	0,8	1,1	1,0
Japan	4,8	4,0	1,6	2,4
Ísland	0,4	1,4	-3,3	-1,4
Þróunarríki	3,5	3,2	5,1	5,7
Austur-Evrópa og fyrrverandi Sovétríkin	-3,1	-8,7	-17,2	-5,4
Alþjóðaviðskipti, *breyting í % frá fyrra ári*	**4,1**	**2,6**	**4,0**	**5,6**
Verðbólga, %				
Iðnríki	**4,9**	**4,4**	**3,2**	**3,1**
Ísland	14,8	6,8	3,7	4,0
LIBOR[1]*, 6 mán. vextir,* %	**8,4**	**6,1**	**3,8**	**3,9**

*) Áætlun 1) Millibankavextir á dollaralánum

Viðskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður ársins 1992 var óhagstæður um 0,4 milljarða króna (miðað við FOB verðmæti inn- og útflutnings), en var óhagstæður um 0,6 milljarða króna árið áður. Við samanburð á tölum um vöruviðskipti áranna 1991 og 1992 er rétt að gera ráð fyrir því að vísitala meðalgengis gjaldmiðla hefur hækkað um 1% á milli áranna, ef miðað er við viðskiptavog. Verðmæti vöruútflutnings nam 87,8 milljörðum króna árið 1992, sem er 4,1% minna en árið áður í krónum talið. Verðmæti útflutnings á sjávarafurðum dróst saman um 4,6%, en það er helsta skýringin á samdrættinum, þar sem verðmæti sjávarafurða er um 80% af heildarverðmæti vöruútflutningsins. Verðmæti álútflutnings dróst saman um 0,3% og kísiljárns um 6,1%.

Öllum er kunnugt hvernig verðhrun á áli hefur leikið áliðnaðinn hér á landi og slegið áformum um frekari uppbyggingu hans á frest. Verðþróun þessa má að hluta til rekja til umframbirgða álverksmiðja í þeim lýðveldum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum, en framleiðsla þar er meiri en viðkomandi ríki ná að vinna úr. Þrátt fyrir að magn þess áls, sem héðan var flutt á árinu, væri um 5% meira en árið áður (það er 4.230 tonnum meira), var verðmæti þess lægra og munaði 22,4 milljónum kr., eða 0,3%. Útflutningur kísiljárns jókst einnig að magni til. Aukningin var um 3.447 tonn, eða um 6,4%. Samt var útflutningur á kísiljárni 6,1% verðminni árið 1992 en árið áður.

Heildarverðmæti (FOB) vöruinnflutnings nam 88,2 milljörðum króna árið 1992, sem er um 6,9% verðminni innflutningur en árið áður. Þar ber mest á samdrætti í innflutningi á flutningatækjum á vegum (þar með talið bifreiðum) og ýmsum vélum og tækjum.

Tafla II
Þjónustujöfnuður árin 1991 og 1992

	1991	1992	% breyting
Þjónustujöfnuður	**-16.221**	**-11.675**	**28,0%**
Úflutt þjónusta alls	**37.860**	**37.586**	**-0,7%**
Tekjur af erlendum ferðamönnum	7.139	6.366	-10,8%
Tekjur af samgöngum	12.991	12.162	-6,4%
Vaxtatekjur og arður	1.783	2.299	28,9%
Tekjur af varnarliði, nettó	9.439	9.757	3,4%
Ýmsar tekjur	6.508	7.002	7,6%
Innflutt þjónusta alls	**54.081**	**49.261**	**-8,9%**
Ferða- og dvalarkostnaður	17.460	15.076	-13,7%
Útgjöld vegna samgangna	11.943	10.839	-9,2%
Vaxtagjöld og arðgreiðslur	16.580	16.149	-2,6%
Ýmis útgjöld	8.098	7.197	-11,1%

Þjónustujöfnuður var neikvæður um 11,7 milljarða kr. árið 1992. Eins og sjá má í töflu II hér að ofan voru þjónustutekjur 37,6 milljarðar kr. árið 1992, en þjónustugjöld 49,3 milljarðar kr. Vaxtajöfnuður var neikvæður um 13,9 milljarða kr. árið 1992. Þjónustujöfnuður án vaxtajafnaðar var því jákvæður um 2.200 milljónir kr. árið 1992. Árið

1991 var neikvæður þjónustujöfnuður 16,2 milljarðar kr., neikvæður vaxtajöfnuður var 14,8 milljarðar kr., þannig að þjónustujöfnuður án vaxtajafnaðar var neikvæður um 1.400 milljónir kr. Þessa breytingu má meðal annars skýra með minni útgjöldum íslenskra ferðamanna erlendis.

Viðskiptajöfnuður var því neikvæður um 12,1 milljarð kr. árið 1992, sem er 4,1 milljarði kr. hagstæðari viðskiptajöfnuður en árið áður.

Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum

Litlar breytingar eru á hlutdeild einstakra vinnslugreina í verðmæti vöruútflutnings á árinu 1992 miðað við árið áður. Hlutdeild sjávarafurða og iðnaðarvara hefur minnkað lítillega en hlutdeild landbúnaðarafurða og annarra vara hefur aukist. Þar ber mest á mikilli aukningu í útflutningi á gömlum skipum (sjá töflu III).

Tafla III
Útflutningur vara eftir vinnslugreinum

	1992 Millj. kr.	1992 %	1991 %	1990 %
Sjávarafurðir	69.881	79,6	80,0	75,5
Iðnaðarvörur	15.125	17,2	17,4	20,4
Landbúnaðarvörur	1.632	1,9	1,8	1,9
Aðrar vörur	1.195	1,4	0,8	2,2
Samtals:	**87.833**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Í viðbæti I við þennan kafla er tafla sem sýnir hvernig útflutningur skiptist eftir afurðum. Hér á eftir eru breytingar í viðskiptunum útskýrðar frekar:

Sjávarafurðir

Þó að verðmæti útflutnings á lýsi hafi aukist um 0,7 milljarða kr. og á fiskimjöli um 2,7 milljarða milli áranna 1991 og 1992, einkum vegna meiri loðnuafla, dróst verðmæti útflutnings sjávarafurða saman um 3,3 milljarða. Það má rekja til minni útflutnings á saltfiski (2,8 milljarðar kr.), frystum fiskflökum (2,6 milljarðar kr.), ferskum heilum fiski (1,8 milljarðar kr.) og frystri rækju (0,8 milljarðar kr.).

Iðnaðarvörur

Útflutningur á iðnaðarvörum dróst saman um 800 milljónir kr. (5%) milli áranna 1991 og 1992 og munar þar mest um hrun útflutnings á fiskafóðri. Útflutningur á vörum úr ull dróst einnig saman og verðmæti útflutnings á kísiljárni. Athyglisvert er að stöðugur vöxtur hefur verið í útflutningi á óáfengum drykkjum, álpönnum og rafeindavogum undanfarin ár.

Landbúnaðarvörur

Verðmæti útfluttra landbúnaðarvara jókst um 11 milljónir kr., þrátt fyrir að útflutt magn minnkaði um 479 tonn. Þetta má rekja til þess að hærra verð hefur fengist fyrir kindakjöt, lax og silung.

Aðrar vörur

Vægi annars útflutnings hefur aukist verulega milli áranna. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst meiri útflutningur á gömlum skipum. Athyglisvert er að útflutningur á steypuvikur eykst jafnt og þétt milli ára.

Innflutningur eftir vörutegundum

Í viðbæti II við þennan kafla er yfirlit yfir magn og verðmæti (CIF) innflutnings eftir helstu vörutegundum. Heildarverðmæti (CIF) innflutningsins dróst saman um 6,9% milli áranna 1991 og 1992, eða um 7,2 milljarða króna. Þar ber mest á samdrætti í innflutningi á vélum og tækjum, þar með talið flutningatækjum. Hér á eftir verður vikið að hverjum flokki innflutnings fyrir sig.

Tafla IV
Innflutningur vara eftir vöruflokkum

	1992 Millj. kr.	1992 %	1991 %	1990 %
Matvæli, skepnufóður og lifandi dýr	7.347	7,6	7,1	7,4
Drykkjarvörur og tóbak	1.773	1,8	1,6	1,6
Hrávörur, ekki til manneldis, aðrar en eldsn.	4.648	4,8	5,1	5,1
Eldsneyti og smurolíur	8.065	8,3	8,1	9,8
Feiti og olía, dýra- eða jurtakyns	251	0,3	0,2	0,3
Kemískar vörur	8.082	8,3	8,1	8,2
Ýmsar vörur flokkaðar eftir hráefni	16.049	16,6	17,1	16,6
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	33.325	34,4	35,7	35,1
Ýmsar unnar vörur	11.711	12,1	11,4	10,8
Aðrar vörur	5.645	5,8	5,5	5,1
Samtals:	**96.895**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Matvæli, skepnufóður og lifandi dýr

Hlutfall matvæla af verðmæti innflutnings til Íslands árið 1992 var 7,3% (skepnufóður 0,3%) en var 6,8% árið áður. Ástæðan fyrir þessari aukningu er að innflutningur matvæla minnkaði ekki eins mikið og annar innflutningur á tímabilinu, þ.e. verðmæti innflutnings á matvælum minnkaði um 0,8% á meðan heildarinnflutningur dróst saman um 6,9%. Helstu breytingar í innflutningsverðmæti matvæla eru þær að innflutningur á korni jókst um 6% og innflutningur á ýmsum unnum matvælum jókst um 6,2%. Á móti kemur samdráttur í innflutningi á öðrum matvælum.

Drykkjarvörur og tóbak

Hlutfall drykkjarvara og tóbaks af heildarinnflutningi árið 1992 var 1,8% en var 1,6% árið áður. Verðmæti innflutnings þessara afurða jókst um 3,6% á milli áranna.

Hrávörur, ekki til manneldis, aðrar en eldsneyti

Hlutfall hrávara af verðmæti innflutnings árið 1992 var 4,8%, en var 5,1% árið áður. Innflutningurinn dróst saman um 12,8% milli áranna, eða um 685 milljónir kr. Þar ber mest á samdrætti í verðmæti innflutnings á málmgrýti og málmúrgangi. Athyglisvert er að verðmæti þessara afurða sem notaðar eru við framleiðslu á áli og kísiljárni hefur dregist saman samhliða aukningu á innfluttu magni. Þessar tölur sýna að verðlækkun á áli og kísiljárni skilar sér að hluta í verðlækkun á hráefninu sem notað er til vinnslunnar.

Eldsneyti og smurolíur

Árið 1992 fluttu Íslendingar inn eldsneyti og smurolíur fyrir 8,1 milljarð kr., eða fyrir um 400 milljónum kr. minna en árið áður, eða 4,8% minna. Þessi innflutningur var árið 1992 8,3% af heildarinnflutningi það ár, en 8,1% árið áður. Jarðolía og olíuafurðir voru fluttar inn fyrir 7,6 milljarða kr. sem er 3,3% minna en árið áður. Mun meira magn var flutt inn af olíu árið 1992 en árið 1991, þannig að helsta ástæðan fyrir verðminni innflutningi á eldsneyti er verðlækkun á olíu.

Feiti og olía, dýra- eða jurtakyns

Lítill innflutningur er á vörum sem falla undir þennan flokk og lítil breyting hefur verið milli ára.

Kemískar vörur

Verðmæti innflutnings á kemískum vörum minnkaði um 3,6% á milli áranna 1991 og 1992, það minnkaði þó ekki eins mikið og verðmæti heildarinnflutningsins, því hlutdeild kemískra vara í verðmæti innflutnings jókst úr 8,1% 1991 í 8,3% 1992. Innflutningur á öllum vörum er falla undir þennan flokk dróst saman á milli áranna, nema innflutningur á lyfja- og lækningavörum, sem jókst um 283 milljónir kr., eða 15,4%.

Ýmsar vörur flokkaðar eftir hráefni

Undir þennan flokk falla ýmsar unnar vörur sem einkennast af hráefninu sem í þær er notað, til dæmis pappír, járn og stál, leðurvörur og spunagarn. Verðmæti innflutnings á þessum vörum minnkaði um 9,8% milli áranna 1991 og 1992, eða um 1,7 milljarða kr. Þar ber mest á verðminni innflutningi á unnum málmvörum, það er 600 milljónir, 430 milljónum kr. verðminni innflutningi á unnum vörum úr trjáviði og korki og 180 milljónum kr. verðminni innflutningi á járni og stáli. Innflutningur á þessum vörum hefur einnig dregist saman að magni til.

Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki

Innflutningur á vélum og tækjum hefur verið ríflega þriðjungur vöruinnflutnings til Íslands undanfarið. Árið 1991 var innflutningurinn 35,7% af heild, en á síðasta ári hafði hlutfallið minnkað í 34,4%. Verðmæti innflutningsins minnkaði um 10,4% milli áranna, eða um 3,9 milljarða kr. Það skýrist að mestu leyti á því að verðmæti innflutnings á flutningatækjum á vegum, þ.m.t. fólksbifreiðum, minnkaði um 2,1 milljarð kr., eða 23,6% á milli áranna. Verðmæti innflutnings á vélum til sérstakra atvinnugreina minnkaði um 1,3 milljarða kr., eða 33,7%.

Ýmsar unnar vörur og aðrar vörur

Lítil breyting var á innflutningi á öðrum vörum milli áranna 1991 og 1992, þó skal geta þess að innflutningur á húsgögnum dróst saman um 10,1%, ef miðað er við verðmæti.

Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði

Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, önnur Evrópuríki, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Eftir því sem fram líða stundir munu allar aðstæður á þremur þeim fyrstnefndu verða æ áþekkari vegna samninga okkar við þau og má þar búast við einu markaðssvæði. Verulegar tilfærslur hafa orðið milli markaðssvæða undanfarin ár. Vægi Vestur-Evrópu hefur aukist, vægi Bandaríkjanna og annarra Evrópuríkja minnkað og nokkrar sveiflur hafa verið á útflutningi til Japans. Í viðbæti III við þennan kafla er tafla yfir vöruviðskipti Íslendinga við einstök lönd og markaðssvæði.

Enn dró úr vöruútflutningi til EFTA-ríkjanna milli áranna 1991 og 1992, en verðmæti hans var 8,3% minna árið 1992 en árið áður. Hlutfall verðmætis vöruútflutnings til EFTA-ríkjanna af heildarverðmæti vöruútflutnings Íslendinga árið 1991 var 7,7% en 7,3% árið 1992, eða samdráttur um 580 millj. kr. Þar munar mest um minni útflutning á áli til Sviss svo skakkaði 1.554 milljónum kr., á móti kemur meiri útflutningur á loðnulýsi og loðnumjöli til Noregs um 341 milljón kr. og á loðnumjöli til Finnlands um 391 milljón kr.

Verðmæti vöruinnflutnings frá EFTA-ríkjunum jókst um 40%, úr því að vera 16,6% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga í það að vera 25%, þar munar mest um 153,3% aukningu í verðmæti vöruinnflutnings frá Noregi, eða um 8,5 milljarða kr., þannig að árið 1992 komu 14,6% af vöruinnflutningnum frá Noregi, 14,1 milljarður kr. ef miðað er við CIF verðmæti, sem er meira en frá nokkru öðru ríki heimsins, næst á eftir kemur Þýskaland með 12,4% af vöruinnflutningi til Íslands. Þessa miklu aukningu í innflutningi frá Noregi má rekja til breytinga á viðskiptaháttum fyrrverandi Sovétlýðvelda, en lítill innflutningur var á olíu frá þeim árið 1992, og viðskipti við Holland drógust einnig saman (sjá síðar). Íslendingar hafa í staðinn keypt mikla olíu frá Noregi, en árið 1992 var verðmæti innflutningsins 4,6 milljarðar kr. miðað við 0,6 milljarða kr. árið áður. Annað sem skýrir þessa aukningu í innflutningi frá Noregi er mikill innflutningur á skipum, en árið 1992 fluttu Íslendingar inn skip frá Noregi að andvirði 5,4 milljarða kr., en aðeins fyrir 0,5 milljarða kr. árið áður.

Lítil breyting varð á verðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsins á milli áranna 1991 og 1992. Heildarverðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsríkja minnkaði um 1,4% frá fyrra ári, en hlutfall vöruútflutnings til EB af heildarvöruútflutningi hækkaði úr 66,8% árið 1991 í 68,6% árið 1992.

Mestur samdráttur er í útflutningi til Portúgals, um 41,5% eða um 1,8 milljarða kr., en verðmæti saltfisksútflutnings til Portúgals minnkaði um 1,8 milljarða kr. milli áranna 1991 og 1992. Bretland er sem fyrr stærsti kaupandinn innan Evrópubandalagsins. Árið 1991 nam vöruútflutningur til Bretlands 21,4 milljörðum króna eða 23,4% af heildarvöruútflutningi, á móti 22 milljörðum kr. árið 1992 eða 25,1% af heildarvöruútflutningi miðað við verðmæti. Útflutningur til Danmerkur jókst um 1,1 milljarð kr. á milli áranna 1991 og 1992, eða um 28,3%, þar munar mest um aukinn útflutning á loðnumjöli um 939 milljónir kr. og á frystri rækju um 204 milljónir kr.

Verðmæti vöruútflutnings til Frakklands, Ítalíu og Þýskalands minnkaði milli áranna 1991 og 1992. Verðmæti útflutningsins til Ítalíu minnkaði um 793 milljónir kr., þar af minnkaði verðmæti saltfisks um 588 milljónir kr. og verðmæti skreiðar um 162 milljónir kr.

Verðmæti vöruútflutnings til Belgíu, Grikklands, Hollands, Írlands, Lúxemborgar og Spánar jókst milli áranna 1991 og 1992.

Athygli vekur að þrátt fyrir samdrátt í útflutningi á saltfiski hefur Spánarmarkaður haldið sínum hluta af vöruútflutningi Íslands, jafnvel sótt eitthvað í sig veðrið.

Verðmæti vöruinnflutnings frá Evrópubandalaginu minnkaði um 11,5% og var árið 1992 48,6% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga. Verðmæti vöruinnflutningsins frá Hollandi hefur minnkað mest í krónum talið, eða um tæpa 3 milljarða kr., það er 29,3% lækkun verðmætis, þar munar mest um 2,6 milljörðum kr. verðminni olíuinnflutning, sem skýrir meðal annars aukninguna sem hefur orðið á innflutningi frá Noregi, sem greint var frá að framan. Verðmæti vöruinnflutningsins frá Þýskalandi minnkaði um 9,4%, eða um 1,2 milljarða kr. á milli áranna 1991 og 1992. Um er að ræða almennan samdrátt í innflutningi á flestum sviðum. Verðmæti vöruinnflutnings frá Spáni minnkaði um 853 milljónir kr., þar munar mest um að eitt skip var keypt frá Spáni fyrir 603 milljónir kr. árið 1991, en ekkert árið 1992.

Verðmæti vöruinnflutnings frá Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Lúxemborg og Portúgal minnkaði milli áranna 1991 og 1992, en innflutningurinn frá Grikklandi, Írlandi og Ítalíu jókst á sama tímabili.

Hlutur Bandaríkjanna hefur verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár og hafði hlutur þeirra í heildarútflutningi Íslendinga minnkað úr 28,4% árið 1984 í 9,9% árið 1990. Árið 1991 óx hlutur Bandaríkjanna í 12,6% af heild, en minnkaði aftur árið 1992 í 11,4%. Bandaríkin eru nú þriðji stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða, á eftir Bretlandi (25,1%) og Þýskalandi (12,5%). Verðmæti vöruinnflutnings frá Bandaríkjunum hefur minnkað um 38,8% og var aðeins 8,3% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga árið 1992 en var 12,6% árið áður, þar munar mest um minni innflutning á flugvélum.

Verðmæti vöruútflutnings til Japans var 7,5% af heildarverðmæti vöruútflutnings Íslendinga árið 1992 og hafði dregist saman um 8,1% frá árinu 1991. Árið 1990 var verðmæti útflutningsins til Japans í lágmarki, 6% af heild. Það hafði minnkað úr 7,8% árið 1987. Verðmæti vöruinnflutnings frá Japan minnkaði um 25,3%, eða um 1,9 milljarða kr., þar munar mest um minni innflutning á bifreiðum, sem nemur 1,2 milljörðum kr.

Þær miklu breytingar, sem nú eiga sér stað í efnahags- og viðskiptalífi í ríkjum Austur-Evrópu, munu vafalaust eiga eftir að hafa mikil áhrif á viðskipti Íslands við þessi ríki. Breytingarnar í átt til frjálsra gjaldeyrisviðskipta hafa nú þegar haft þær afleiðingar að utanríkisviðskiptin hafa dregist saman vegna mikils gjaldeyrisskorts. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessu, og útflutningur til þessara ríkja hefur dregist saman.

Mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur í Austur-Evrópu er á því svæði sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Árið 1992 var verðmæti vöruútflutnings Íslendinga þangað aðeins um 276 milljónir kr. og hafði minnkað úr 2.347 milljónum kr. árið 1990, eða um 88,3%. Þar munar mest um stöðvun á útflutningi á síld og karfa til fyrrverandi Sovétríkjanna, en verðmæti síldarútflutnings til Sovétríkjanna var 1.047 milljónir kr. árið 1990 og verðmæti karfaútflutningsins var 506 milljónir kr. sama ár. Útflutningur til annarra ríkja Austur-Evrópu hefur einnig dregist saman. Sem dæmi má nefna Pólland, en verðmæti útflutnings þangað drósts saman um 86,8% milli áranna 1991 og 1992, eða úr 193,1 milljón kr. árið 1991 í 25,5 milljónir kr. árið 1992. Þó hefur útflutningur til Tékkneska lýðveldisins, Slóvakíu og Ungverjalands tekið við sér aftur eins og sjá má í viðbæti III.

Verðmæti vöruútflutnings til Færeyja hefur minnkað um 42,8%, eða 331 milljón kr. Þar munar mest um að útflutningur á fiskafóðri til Færeyja minnkaði um 429 milljónir kr., á móti kemur útflutningur á notuðum skipum til Færeyja árið 1992 fyrir 98 milljónir kr., sem var enginn árið áður. Verðmæti vöruinnflutnings frá Færeyjum jókst um 346,7% milli áranna

1991 og 1992, eða um 800 milljónir kr. Breytingin felst í því að árið 1992 keyptu Íslendingar tvö notuð skip af Færeyingum fyrir 1.029 milljónir kr., en árið 1991 voru keypt tvö skip, annað notað, fyrir 133 milljónir kr. og hitt ónotað fyrir 55 milljónir kr.

Verðmæti vöruinnflutnings frá öðrum Evrópuríkjum hefur minnkað töluvert. Þar munar mest um 54,5% samdrátt í vöruinnflutningi frá fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna, sem er eins og áður sagði að mestu olía.

Verðmæti vöruútflutnings til annarra ríkja en hér hafa verið talin var 4,1% af heildarvöruútflutningi Íslendinga árið 1992, en 3,4% árið áður. Aukning í verðmætum nam 15,9%, eða um 494 milljónir kr. Þar munar mest um 286 milljóna kr. aukningu í verðmæti vöruútflutnings til Kýpur, það eru tvö skip fyrir 110 milljónir og aukning í útflutningi á frystum heilum fiski og frystum fiskflökum, og 392 milljóna kr. aukningu í verðmæti vöruútflutnings til Tævans, sem er aukinn útflutningur á frystri grálúðu þangað. Á móti kemur minna verðmæti vöruútflutnings til Ástralíu, Brasilíu, Grænlands, Hong Kong, Ísraels og Suður-Kóreu.

Verðmæti vöruinnflutnings frá umræddum ríkjum jókst um 1,6% á milli áranna 1991 og 1992, úr því að vera 8,0% af heildarvöruinnflutningi í 8,7%. Helstu breytingarnar á innflutningnum felast í verðminni innflutningi á áloxíði frá Ástralíu, sem munar 535 milljónum kr., og auknum innflutningi frá Ísrael sem nemur 271 milljón kr., þar munar mest um nýjan innflutning þaðan, varmaskipta fyrir 229 milljónir kr. Innflutningur frá Kanada og Kína hefur einnig aukist umtalsvert.

Útflutningsráð Íslands

Í september 1991 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi Útflutningsráðs Íslands. Árið 1992 er því fyrsta árið sem starfsemi fer fram eftir nýju skipulagi. Með skipulagsbreytingunum var ákveðið að leggja aukna áherslu á öflun sértekna og tókst það nokkuð vel, því að tekjur af sölu ráðgjafar á árinu 1992 urðu samtals 12 milljónir króna. Með skipulagsbreytingunum var jafnframt ákveðið hvernig starfsemi Útflutningsráðs erlendis skyldi háttað. Ákveðið var að reka tvær skrifstofur erlendis, aðra í Berlín fyrir Evrópu og hina í New York fyrir Ameríku. Til viðbótar við þessar tvær skrifstofur var ákveðið að senda viðskiptafullrúa "flakkara" til tímabundinnar dvalar á fjarlægum slóðum. Á árinu 1992 voru "flakkarar" sendir til fjögurra svæða. Fulltrúi Útflutningsráðs dvaldist í Santiago í Chile í þrjá mánuði og í framhaldi af því var stofnað fyrirtækjanet til að undirbúa stofnun sölufyrirtækis í Chile. Í desember tóku síðan 12 fyrirtæki þátt í alþjóðlegri tækjasýningu fyrir sjávarútveg í Santiago undir hatti Útflutningsráðs Íslands. Útflutningsráð réð Íslending, sem búsettur var í Namibíu, til að gera athugun á möguleikum Íslendinga í Namibíu og Suður-Afríku. Fulltrúi Útflutningsráðs var sendur til Mið-Austurlanda til að gera úttekt á sóknarfærum Íslendinga þar, og fulltrúi Útflutningsráðs dvaldi um það bil þrjá mánuði á Kamtsjatka til að gera athugun á möguleikum Íslendinga í sjávarútvegi á Kamtsjatka.

Dvöl fulltrúa Útflutningsráðs á Kamtsjatka tengdist neyðaraðstoð ríkisins við Rússland. Veittar voru 6,5 milljónir króna til neyðarhjálpar á Kamtsjatka og var Útflutningsráði falin umsjón þess verkefnis. Ákveðið var annars vegar að bjóða 10 starfsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja á Kamtsjatka í mánaðarþjálfun á Íslandi og hins vegar að gera arðsemisathugun á rekstri fiskvinnslu í landi á Kamtsjatka. Heimsókn Kamtsjatka-manna stóð frá miðjum október fram í miðjan nóvember og fengu þeir tækifæri til að kynnast rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi, bæði veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurða. Hópurinn fékk þjálfun í verkstjórn, áætlanagerð og markaðsmálum og hafa þau boð borist frá yfirmönnum þeirra að þjálfunin sé nú þegar farin að skila árangri. Í kjölfar dvalar fulltrúa

Útflutningsráðs á Kamtsjatka hafa viðskipti við svæðið farið vaxandi og eru líkur á því að á svæðinu séu áhugaverðir möguleikar.

Heimurinn er stöðugt að verða minni. Umfangsmiklar framfarir hafa orðið á öllum samskiptakostum á undanförnum árum. Fjarskipti á milli heimsálfa eru auðveldari en nokkru sinni fyrr og kostnaður við þau hefur farið minnkandi. Sama gildir um flugsamgöngur. Þurfi Íslendingur að vera kominn á einhvern stað í heiminum innan sólarhrings, er það mögulegt. Árið 1992 var viðburðaríkt hjá Útflutningsráði Íslands. Fulltrúar voru sendir til fjarlægra staða, athuganir voru gerðar á möguleikum Íslendinga á fjarlægum slóðum, auk þess sem kannað var hvort Íslendingar gætu tekið að sér verkefni fyrir verkkaupa sem staðsettir eru erlendis. Á árinu var gerð athugun á möguleikum Íslendinga á sviði fjarvinnslu. Fjarvinnsla byggist á því, að einstaklingur með þekkingu á ákveðnu sviði tekur að sér verkefni fyrir verkkaupa, en samskiptin við verkkaupann fara fram í gegnum fjarskiptakerfið. Vinnsla verkefna með þessum hætti hefur farið vaxandi á undanförnum árum, sérstaklega í löndum þar sem laun eru í lægri kantinum, en fólk með sérfræðiþekkingu á völdum sviðum hefur einnig náð árangri við markaðsfærslu á þekkingu sinni, þó svo að þjónustan sé ekkert sérstaklega ódýr. Að mati Útflutningsráðs eru ákveðnar líkur á því, að Íslendingar geti nýtt sér þessa tækni til gjaldeyrisöflunar í einhverjum mæli.

Á árinu stóð Útflutningsráð fyrir ýmsum fundum og ráðstefnum. Í septembermánuði var haldinn fundur, þar sem kynntar voru niðurstöður viðskiptafulltrúa, sem sendir höfðu verið til tímabundinnar dvalar á fjarlægum slóðum. Í nóvember hélt Útflutningsráð ásamt sjávarútvegsráðuneytinu ráðstefnu um möguleika sem skapast í íslenskum sjávarútvegi vegna samnings um evrópskt efnahagssvæði. Á ráðstefnunni voru flutt tólf áhugaverð erindi af bæði íslenskum og erlendum fyrirlesurum. Ráðstefnan var haldin í Viðey og var mjög vel sótt. Í desember var haustfundur Útflutningsráðs haldinn og var á honum fjallað um samkeppnisstöðu gjaldeyrisskapandi atvinnugreina og um möguleika Íslendinga á að fá erlenda aðila til að fjárfesta hér á landi. Danir hafa á undanförnum árum verið með sérstakt átak til að fá bandaríska og japanska aðila til að fjárfesta í Danmörku. Yfirmaður þessarar starfsemi hjá danska utanríkisráðuneytinu var fenginn til Íslands til að kynna þær aðferðir, sem Danir hafa beitt á undanförnum árum. Á ráðstefnunni var einnig fjallað um möguleika Íslendinga á rekstri frísvæða, þar sem erlendir aðilar gætu fengið aðstöðu.

Rætt hefur verið um það hvort Útflutningsráð eigi í auknum mæli að vinna að kynningu á Íslandi sem fjárfestingarkosti fyrir erlenda fjárfesta. Útflutningsráð ýmissa landa vinna að slíkum verkefnum til hliðar við kynningu á útflutningsafurðum þjóða sinna. Vel gæti farið á því, að Útflutningsráði Íslands væru falin slík verkefni, því líklegt er að ein af forsendum nýs vaxtarskeiðs í íslensku atvinnulífi verði auknar fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Mjög dýrt er að fjármagna nýjar fjárfestingar með erlendu lánsfé og væri því æskilegt að fá erlenda aðila til að leggja áhættufjármagn í formi hlutafjár í íslenskan atvinnurekstur. Til að svo verði þarf hins vegar að skapa á Íslandi áhugaverð skilyrði fyrir erlenda fjárfestingaraðila. Nokkuð hefur verið rætt um hver þau skilyrði þurfa að vera, en ekki hefur myndast samstaða um það hvort bjóða eigi upp á slíkt.

Á árinu 1990 voru samþykkt lög frá Alþingi um Útflutningsráð Íslands. Í lögunum var ákveðið að leggja sérstakt útflutningsráðsgjald á fyrirtæki í iðnaði, sjávarútvegi og flutningum milli Íslands og annarra landa. Gjaldið er lagt á aðstöðugjaldsstofn fyrirtækja í þessum greinum. Ákveðið hefur verið að fella niður aðstöðugjald frá og með áramótum 1992-93. Aðstöðugjaldsstofn verður þó fyrir hendi á árinu 1993, þar sem ríkið greiðir sveitarfélögum 80% af álögðu aðstöðugjaldi, en frá og með áramótum 1993-94 má gera ráð fyrir, að aðstöðugjaldsstofn verði ekki lengur til. Því er nauðsynlegt að fjármögnun Útflutningsráðs Íslands verði endurskoðuð á árinu 1993 með það í huga, að nýtt fyrirkomulag

geti tekið við á árinu 1994. Mismunandi aðferðir eru notaðar í nágrannalöndum til fjármögnunar á starfi útflutningsráða. Í Austurríki er lagt gjald á inn- og útflutning, í Noregi er lagt gjald á útflutning, í Sviþjóð eru félagsgjöld og framlag á fjárlögum og í Finnlandi er fjárveiting á fjárlögum. Í öllum löndunum er jafnframt lögð áhersla á auknar sértekjur og á það við um flest útflutningsráð í Evrópu.

Viðbætir I

Vöruútflutningur frá Íslandi árin 1991 og 1992

FOB verðmæti í millj. kr.

Vörutegundir	1991.			1992.			% br.
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	verðm.
Sjávarafurðir	**460.816,7**	**73.235,5**	**80,0%**	**566.670,9**	**69.881,2**	**79,6%**	**-4,6%**
Fryst fiskflök	117.271,7	29.116,6	31,8%	111.755,8	26.540,8	30,2%	-8,8%
Frystur fiskur heill	52.133,4	6.313,5	6,9%	54.503,8	6.835,9	7,8%	8,3%
Ferskur fiskur heill	88.999,5	8.801,8	9,6%	83.922,0	7.005,1	8,0%	-20,4%
Fersk fiskflök	6.666,9	1.567,6	1,7%	5.690,1	1.385,2	1,6%	-11,6%
Saltfiskur og skreið	54.971,1	14.393,2	15,7%	47.900,1	11.583,0	13,2%	-19,5%
Rækja fryst	17.431,0	6.266,2	6,8%	19.158,1	7.110,4	8,1%	13,5%
Humar frystur	1.029,1	899,2	1,0%	951,3	678,2	0,8%	-24,6%
Hörpudiskur frystur	1.097,2	629,5	0,7%	1.157,0	598,0	0,7%	-5,0%
Hrogn	8.050,3	1.554,7	1,7%	5.486,0	983,8	1,1%	-36,7%
Saltsíld	10.299,8	877,0	1,0%	7.169,7	638,6	0,7%	-27,2%
Lýsi	30.261,9	671,7	0,7%	62.115,8	1.360,7	1,5%	102,6%
Mjöl	61.114,2	1.700,5	1,9%	148.172,2	4.404,8	5,0%	159,0%
Sjávarafurðir ót.a.	11.490,6	444,0	0,5%	18.689,0	756,7	0,9%	70,4%
Landbúnaðarafurðir	**8.424,4**	**1.621,5**	**1,8%**	**7.945,0**	**1.632,3**	**1,9%**	**0,7%**
Fryst kindakjöt	1.993,3	210,0	0,2%	1.772,0	222,2	0,3%	5,8%
Ostar og kaseín (ostaefni)	774,0	74,8	0,1%	507,4	58,3	0,1%	-22,1%
Ull	960,9	49,7	0,1%	1.209,0	69,8	0,1%	40,4%
Saltaðar nautgripa- og hrossahúðir	444,7	29,3	0,0%	440,1	28,9	0,0%	-1,4%
Þurrkuð refa- og minkaskinn	71,9	210,1	0,2%	25,4	181,5	0,2%	-13,6%
Lifandi hross	577,8	167,5	0,2%	615,5	167,9	0,2%	0,2%
Lax og silungur	2.552,2	704,1	0,8%	2.262,7	704,3	0,8%	0,0%
Dúnn	1,9	71,2	0,1%	1,7	61,8	0,1%	-13,2%
Landbúnaðarafurðir ót.a.	1.047,7	104,8	0,1%	1.111,2	137,6	0,2%	31,3%
Iðnaðarvörur	**205.471,2**	**15.924,2**	**17,4%**	**204.885,3**	**15.124,8**	**17,2%**	**-5,0%**
Lagmeti (fiskmeti)	2.576,3	1.339,5	1,5%	2.786,2	1.399,2	1,6%	4,5%
Óáfengir drykkir	3.680,2	177,4	0,2%	4.225,4	198,0	0,2%	11,6%
Áfengir drykkir	73,8	7,4	0,0%	31,4	5,1	0,0%	-31,1%
Þang- og þaramjöl	1.993,9	63,1	0,1%	3.243,4	80,6	0,1%	27,7%
Fiskafóður	8.252,2	456,9	0,5%	524,2	28,0	0,0%	-93,9%
Kísilgúr	21.787,7	420,3	0,5%	19.171,6	390,9	0,4%	-7,0%
Fiskkassar, trollkúlur og netahringir	526,3	140,4	0,2%	602,1	150,7	0,2%	7,3%
Loðsútuð skinn	350,8	832,0	0,9%	326,9	792,9	0,9%	-4,7%
Pappaumbúðir	566,7	59,0	0,1%	515,7	53,6	0,1%	-9,2%
Ullarlopi, ullarband og vörur úr ull	455,9	819,0	0,9%	274,5	504,1	0,6%	-38,4%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	356,9	110,9	0,1%	338,4	140,6	0,2%	26,8%
Kísiljárn	53.451,5	1.764,5	1,9%	56.898,4	1.656,3	1,9%	-6,1%
Ál	86.266,8	8.076,2	8,8%	90.496,6	8.053,8	9,2%	-0,3%
Álpönnur	480,2	286,3	0,3%	464,2	323,6	0,4%	13,0%
Steinull	2.188,4	67,9	0,1%	2.291,8	78,7	0,1%	15,9%
Rafeindavogir	23,9	258,9	0,3%	33,3	258,8	0,3%	0,0%
Ýmis búnaður til fiskveiða	605,2	150,2	0,2%	594,5	154,1	0,2%	2,6%
Vélar til vinnslu sjávarafurða	73,8	187,4	0,2%	89,5	170,8	0,2%	-8,9%
Aðrar iðnaðarvörur ót.a.	21.760,7	706,9	0,8%	21.977,2	685,0	0,8%	-3,1%
Aðrar vörur	**41.554,7**	**779,2**	**0,9%**	**54.569,1**	**1.194,6**	**1,4%**	**53,3%**
Gamlir málmar	1.487,3	58,4	0,1%	5.582,4	77,6	0,1%	32,9%
Gömul skip	3.062,0	151,7	0,2%	7.036,0	471,5	0,5%	210,8%
Steypuvikur	33.354,3	64,6	0,1%	35.716,4	78,0	0,1%	20,7%
Flugvélar og hlutar til þeirra	0,5	0,8	0,0%	2,5	1,5	0,0%	87,5%
Ýmsar vörur ó.t.a	3.650,6	503,7	0,6%	6.231,8	566,0	0,6%	12,4%
Vöruútflutningur alls	**716.267,0**	**91.560,4**	**100%**	**834.070,3**	**87.832,9**	**100%**	**-4,1%**

Viðbætir II

Vöruinnflutningur til Íslands árin 1991 og 1992

CIF verðmæti í millj. kr.

Vörutegundir	1991.			1992.			% br.
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	verðm.
Matvæli, skepnufóður og lifandi dýr	**124.193,8**	**7.404,0**	**7,1%**	**118.795,9**	**7.347,2**	**7,6%**	**-0,8%**
lifandi dýr, önnur en lifandi fiskar	0,5	2,5	0,0%	0,8	4,5	0,0%	80,0%
kjöt og unnar kjötvörur	8,6	2,8	0,0%	4,9	2,1	0,0%	-25,0%
mjólkurafurðir og egg	93,9	24,9	0,0%	113,9	23,8	0,0%	-4,4%
fiskur, krabbadýr, lindýr og unnið fiskmeti	10.375,5	813,1	0,8%	10.005,6	811,6	0,8%	-0,2%
korn og unnar kornvörur	51.048,9	1.473,2	1,4%	47.637,6	1.561,3	1,6%	6,0%
ávextir og grænmeti	24.026,1	2.140,6	2,1%	25.286,7	2.051,1	2,1%	-4,2%
sykur, unnar sykurvörur og hunang	13.600,2	642,0	0,6%	13.719,4	599,1	0,6%	-6,7%
kaffi, te, kakaó, krydd og vörur úr slíku	4.141,5	991,5	1,0%	4.166,5	929,9	1,0%	-6,2%
skepnufóður	16.978,8	342,4	0,3%	13.721,3	332,9	0,3%	-2,8%
ýmsar unnar matvörur	3.919,8	971,0	0,9%	4.139,2	1.030,9	1,1%	6,2%
Drykkjarvörur og tóbak	**10.915,8**	**1.711,8**	**1,6%**	**9.985,4**	**1.773,1**	**1,8%**	**3,6%**
drykkjarvörur	10.322,2	957,3	0,9%	9.375,7	981,7	1,0%	2,5%
tóbak og unnar tóbaksvörur	593,6	754,5	0,7%	609,7	791,4	0,8%	4,9%
Hrávörur, ekki til manneldis, aðrar en eldsneyti	**447.436,8**	**5.332,7**	**5,1%**	**452.516,9**	**4.647,6**	**4,8%**	**-12,8%**
húðir, skinn og loðskinn, óunnið	200,2	26,2	0,0%	162,2	35,6	0,0%	35,9%
olíufræ, olíuhnetur og olíukjarnar	192,8	18,8	0,0%	206,4	19,1	0,0%	1,6%
hrágúm (þ.m.t. gervigúm og endurunnið)	37,0	4,5	0,0%	78,9	6,5	0,0%	44,4%
trjáviður og korkur	51.904,8	1.273,3	1,2%	53.324,0	1.223,3	1,3%	-3,9%
pappírsmassi og úrgangspappír	0,0	0,0	0,0%	6,7	1,0	0,0%	
spunatrefjar og spunatrefjaúrgangur	398,1	98,3	0,1%	355,1	76,6	0,1%	-22,1%
náttúrlegur áburður og jarðefni, óunnið	191.081,0	635,1	0,6%	175.803,0	557,9	0,6%	-12,2%
málmgrýti og málmúrgangur	202.572,0	3.014,6	2,9%	221.611,6	2.469,8	2,5%	-18,1%
óunnar efnivörur dýra- og jurtakyns	1.050,9	261,9	0,3%	969,0	257,8	0,3%	-1,6%
Eldsneyti og smurolíur	**667.850,4**	**8.474,8**	**8,1%**	**753.557,9**	**8.064,6**	**8,3%**	**-4,8%**
kol, koks og mótöflur	97.867,3	555,2	0,5%	70.211,5	413,6	0,4%	-25,5%
jarðolía og jarðolíuafurðir og skyld efni	568.611,1	7.875,6	7,6%	681.959,3	7.612,8	7,9%	-3,3%
gas, náttúrlegt og tilbúið	1.372,0	44,0	0,0%	1.387,1	38,2	0,0%	-13,2%
Feiti og olía, dýra- eða jurtakyns	**3.929,1**	**241,9**	**0,2%**	**4.001,0**	**250,5**	**0,3%**	**3,6%**
feiti og olía, dýrakyns	185,3	11,0	0,0%	182,2	11,8	0,0%	7,3%
feiti og olía, jurtakyns, óunnið, hreinsað eða umbreytt	2.669,7	152,7	0,1%	2.870,0	164,9	0,2%	8,0%
feiti og olía o.fl.	1.074,1	78,2	0,1%	948,8	73,8	0,1%	-5,6%
Kemískar vörur	**78.530,0**	**8.384,6**	**8,1%**	**75.087,0**	**8.082,3**	**8,3%**	**-3,6%**
lífræn kemísk efni	2.294,9	313,9	0,3%	2.193,5	294,9	0,3%	-6,1%
ólífræn kemísk efni	12.077,5	538,5	0,5%	12.446,2	480,9	0,5%	-10,7%
litunar-, sútunar- og málunarefni	5.352,2	908,3	0,9%	5.410,5	802,4	0,8%	-11,7%
lyfja- og lækningavörur	528,1	1.839,5	1,8%	453,9	2.122,1	2,2%	15,4%
rokgjarnar olíur og kvoður; ilmefni; snyrti- og hreinlætisvörur	5.254,7	1.390,1	1,3%	5.128,4	1.372,5	1,4%	-1,3%
tilbúinn áburður	28.809,2	346,7	0,3%	26.645,7	291,5	0,3%	-15,9%
frumgerðir plasts	11.216,4	1.072,5	1,0%	10.297,8	880,4	0,9%	-17,9%
plastvörur, ekki frumgerðir	4.075,8	1.054,0	1,0%	3.767,5	917,9	0,9%	-12,9%
kemísk efni og afurðir ót.a.	8.921,2	921,1	0,9%	8.743,5	919,7	0,9%	-0,2%
Ýmsar vörur flokkaðar eftir hráefni	**156.049,1**	**17.790,0**	**17,1%**	**133.764,8**	**16.048,9**	**16,6%**	**-9,8%**
leður, unnar leðurvörur ót.a. og unnin loðskinn	62,0	88,1	0,1%	37,5	61,0	0,1%	-30,8%
unnar gúmvörur ót.a.	4.688,5	1.096,1	1,1%	4.131,3	996,2	1,0%	-9,1%
unnar vörur úr trjáviði og korki (ekki húsgögn)	28.426,8	1.809,8	1,7%	20.794,9	1.378,5	1,4%	-23,8%
pappír, pappi og vörur unnar úr slíku og úr pappírsd.	36.874,2	3.692,0	3,5%	35.735,9	3.576,7	3,7%	-3,1%
spunagarn, vefnaður, tilbúnir vefnaðarmunir, ót.a.	4.832,7	2.501,2	2,4%	4.428,4	2.349,2	2,4%	-6,1%
unnar vörur úr ómálmkenndum jarðefnum, ót.a.	21.644,9	1.597,1	1,5%	18.134,1	1.548,1	1,6%	-3,1%
járn og stál	41.362,2	2.016,9	1,9%	35.102,2	1.833,3	1,9%	-9,1%
málmar aðrir en járn	2.303,1	617,6	0,6%	2.196,3	533,5	0,6%	-13,6%
unnar málmvörur, ót.a.	15.854,7	4.371,2	4,2%	13.204,2	3.772,4	3,9%	-13,7%
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	**96.391,1**	**37.193,0**	**35,7%**	**105.660,8**	**33.324,7**	**34,4%**	**-10,4%**
aflvélar og tilheyrandi búnaður	1.591,5	1.675,5	1,6%	809,4	1.182,8	1,2%	-29,4%
vélar til sérstakra atvinnugreina	7.475,0	3.753,9	3,6%	4.623,8	2.490,7	2,6%	-33,7%
málmsmíðavélar	1.317,7	519,2	0,5%	494,5	272,2	0,3%	-47,6%
ýmsar vélar og tæki til atvinnurekstrar	5.418,9	4.261,3	4,1%	4.912,0	4.069,1	4,2%	-4,5%
skrifstofuvélar og skýrsluvélar	562,8	2.581,6	2,5%	514,8	2.458,9	2,5%	-4,8%
fjarskiptatæki, hljóð- og mynduptöku og -flutningstæki	913,6	2.690,4	2,6%	892,0	2.624,8	2,7%	-2,4%
rafmagnsvélar og tæki ót.a.	53.799,3	6.232,9	6,0%	61.680,4	6.039,4	6,2%	-3,1%
flutningatæki á vegum	20.886,4	8.826,4	8,5%	14.843,2	6.743,7	7,0%	-23,6%
önnur flutningatæki	4.425,9	6.651,8	6,4%	16.890,7	7.443,1	7,7%	11,9%
Ýmsar unnar vörur	**12.900,8**	**11.904,4**	**11,4%**	**13.675,7**	**11.711,4**	**12,1%**	**-1,6%**
forsmíðaðar byggingar, pípul.efni, hreinl.-, hitunart., ljósabúnaður	2.595,3	930,9	0,9%	3.993,8	1.085,7	1,1%	16,6%
húsgögn og hlutar til þeirra	6.592,2	2.247,0	2,2%	6.020,7	2.020,1	2,1%	-10,1%
ferðabúnaður, handtöskur o.þ.h.	167,2	237,3	0,2%	165,0	242,3	0,3%	2,1%
fatnaður annar en skófatnaður	1.894,3	4.946,1	4,7%	1.887,8	4.860,3	5,0%	-1,7%
skófatnaður	665,1	1.028,2	1,0%	650,7	1.009,0	1,0%	-1,9%
vísinda- og mælitæki	345,3	1.454,4	1,4%	330,6	1.496,4	1,5%	2,9%
ljósmyndavörur og sjóntæki, ót.a.; úr og klukkur	641,4	1.060,5	1,0%	627,1	997,6	1,0%	-5,9%
Aðrar vörur	**9.579,2**	**5.691,9**	**5,5%**	**9.861,8**	**5.645,1**	**5,8%**	**-0,8%**
ýmsar iðnaðarvörur, ót.a.	9.274,2	5.537,3	5,3%	9.328,9	5.438,3	5,6%	-1,8%
vörur og viðskipti ekki flokkuð eftir tegund	305,0	154,6	0,1%	532,9	206,8	0,2%	33,8%
Vöruinnflutningur samtals	**1.607.776,1**	**104.129,1**	**100%**	**1.676.907,2**	**96.895,4**	**100%**	**-6,9%**

Viðbætir III

Utanríkisverslun Íslendinga árin 1990, 1991 og 1992

Innflutningur: CIF
Útflutningur: FOB

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	Útflutningur				Innflutningur			
	1990	1991	1992	91-92 %breyt.	1990	1991	1992	91-92 %breyt.
EFTA-ríki								
Austurríki	176,7	42,2	40,4	-4,3%	706,5	822,1	649,9	-20,9%
Finnland	897,6	439,1	843,9	92,2%	1.602,5	1.760,7	1.642,9	-6,7%
Liechtenstein	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,5	3,8	1,0	-73,7%
Noregur	1.348,8	1.449,9	1.956,6	34,9%	4.869,6	5.571,9	14.113,8	153,3%
Sviss	3.871,6	3.634,2	2.217,1	-39,0%	1.174,9	1.459,6	1.234,1	-15,4%
Svíþjóð	1.695,4	1.450,1	1.377,3	-5,0%	7.388,7	7.716,5	6.629,8	-14,1%
EFTA-ríki, samtals	**7.990,1**	**7.015,5**	**6.435,3**	**-8,3%**	**15.742,7**	**17.334,6**	**24.271,5**	**40,0%**
EFTA-ríki, hlutdeild	**8,6%**	**7,7%**	**7,3%**		**16,3%**	**16,6%**	**25,0%**	
EB-ríki								
Belgía	976,4	1.106,4	1.288,2	16,4%	1.746,2	2.052,6	1.754,3	-14,5%
Bretland	23.446,2	21.433,3	22.021,5	2,7%	7.782,0	8.374,2	8.244,4	-1,5%
Danmörk	4.676,5	3.853,0	4.943,1	28,3%	8.324,8	8.713,4	8.550,6	-1,9%
Frakkland	8.311,4	9.236,0	8.666,5	-6,2%	2.942,7	3.667,2	3.155,9	-13,9%
Grikkland	860,4	736,0	1.012,0	37,5%	83,9	116,2	118,9	2,3%
Holland	1.955,9	1.594,4	1.774,5	11,3%	10.022,4	10.204,3	7.218,7	-29,3%
Írland	75,8	35,3	79,7	125,8%	391,0	500,0	577,8	15,6%
Ítalía	2.690,6	3.249,9	2.456,3	-24,4%	2.993,2	3.384,6	3.424,0	1,2%
Lúxemborg	30,1	45,3	73,6	62,5%	33,6	38,1	30,3	-20,5%
Portúgal	3.316,6	4.325,0	2.531,1	-41,5%	854,5	1.214,8	1.149,7	-5,4%
Spánn	4.645,1	4.412,1	4.502,8	2,1%	877,5	1.694,3	841,6	-50,3%
Þýskaland	11.777,2	11.100,4	10.940,4	-1,4%	12.157,4	13.237,7	11.998,7	-9,4%
EB-ríki, samtals	**62.762,2**	**61.127,1**	**60.289,7**	**-1,4%**	**48.209,2**	**53.197,4**	**47.064,9**	**-11,5%**
EB-ríki, hlutdeild	**67,8%**	**66,8%**	**68,6%**		**49,9%**	**51,1%**	**48,6%**	
Önnur ríki Evrópu								
Búlgaría	24,0	18,5	17,7	-4,3%	13,9	14,3	26,5	85,3%
Færeyjar	1.438,5	772,4	441,8	-42,8%	47,1	230,8	1.031,0	346,7%
Júgóslavía	88,3	75,4	23,9	-68,3%	118,3	133,2	75,7	-43,2%
Eistland	*	*	0,1	*	*	*	0,0	*
Lettland	*	*	0,0	*	*	*	0,6	*
Litáen	*	*	0,7	*	*	*	1,0	*
Malta	1,6	0,9	0,0	-100,0%	2,6	4,5	3,9	-13,3%
Mónakó	2,4	0,1	0,0	-100,0%	1,5	1,0	0,5	-50,0%
Pólland	184,9	193,1	25,5	-86,8%	1.098,3	336,6	378,5	12,4%
Rúmenía	5,1	13,7	5,3	-61,3%	22,7	22,6	24,6	8,8%
Rússland	*	*	267,9	*	*	*	1.510,9	*
Sovétríkin	2.347,1	492,5	*	*	4.786,5	3.326,2	*	*
Tékkóslóvakía	61,4	17,7	34,0	92,1%	340,4	385,4	292,5	-24,1%
Tyrkland	161,2	0,3	1,3	333,3%	82,9	114,8	86,3	-24,8%
Ungverjaland	97,7	5,9	13,5	128,8%	52,5	114,6	56,5	-50,7%
Úkraína	*	*	6,8	*	*	*	1,4	*
Önnur, samtals	**4.412,2**	**1.590,5**	**838,5**	**-47,3%**	**6.566,7**	**4.684,0**	**3.489,9**	**-25,5%**
Önnur, hlutdeild	**4,8%**	**1,7%**	**1,0%**		**6,8%**	**4,5%**	**3,6%**	
Bandaríkin	**9.176,9**	**11.504,7**	**10.038,8**	**-12,7%**	**13.949,5**	**13.100,0**	**8.012,1**	**-38,8%**
Bandaríkin, hlutdeild	**9,9%**	**12,6%**	**11,4%**		**14,4%**	**12,6%**	**8,3%**	
Japan	**5.545,6**	**7.213,6**	**6.628,0**	**-8,1%**	**5.419,3**	**7.465,0**	**5.579,1**	**-25,3%**
Japan, hlutdeild	**6,0%**	**7,9%**	**7,5%**		**5,6%**	**7,2%**	**5,8%**	
Önnur lönd								
Ástralía	69,4	64,9	59,9	-7,7%	2.499,2	2.992,6	2.468,3	-17,5%
Brasilía	189,4	172,3	131,0	-24,0%	256,3	280,6	235,7	-16,0%
Grænland	160,0	119,8	84,5	-29,5%	45,7	5,2	25,5	390,4%
Hong Kong	36,6	19,0	11,8	-37,9%	599,7	676,7	622,1	-8,1%
Ísrael	74,5	172,9	64,5	-62,7%	50,5	90,8	361,4	298,0%
Kanada	286,7	313,5	301,8	-3,7%	510,2	766,0	985,3	28,6%
Kína	16,3	2,4	6,0	150,0%	431,5	550,3	677,3	23,1%
Kýpur	46,1	7,6	293,8	3765,8%	4,6	5,4	12,5	131,5%
Nígería	588,7	673,3	685,9	1,9%	0,1	0,0	0,0	0,0%
Suður-Kórea	56,1	225,3	89,1	-60,5%	543,7	778,3	729,0	-6,3%
Taívan	879,7	1.084,1	1.476,0	36,1%	606,3	807,1	787,9	-2,4%
Öll önnur lönd	334,6	253,9	398,3	56,9%	1.185,7	1.395,2	1.572,9	12,7%
Önnur lönd, samtals	**2.738,1**	**3.109,0**	**3.602,6**	**15,9%**	**6.733,5**	**8.348,2**	**8.477,9**	**1,6%**
Önnur lönd, hlutdeild	**3,0%**	**3,4%**	**4,1%**		**7,0%**	**8,0%**	**8,7%**	
Heildarviðskipti	**92.625,1**	**91.560,4**	**87.832,9**	**-4,1%**	**96.620,9**	**104.129,2**	**96.895,4**	**-6,9%**
Vísitala meðalgengis (1983 = 100)	297,9	297,5	300,5	1,0%	297,9	297,5	300,5	1,0%

Viðauki C

Fríverslunarsamtök Evrópu - EFTA

Inngangur

Starfsemi Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, á árinu 1992 og fyrstu mánuðum þessa árs var í aðalatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi var staðið í samningum við Evrópubandalagið (EB) um stofnun hins Evrópska efnahagssvæðis (EES). Í öðru lagi var unnið að skipulagslegum undirbúningi gildistöku samningsins um EES. Í þriðja lagi var samið um fríverslun við ýmis önnur ríki og komið á samstarfi við þau á ýmsum sviðum viðskiptamála. Þessum kafla er, auk inngangs, skipt í þrjá hluta samkvæmt ofangreindri skiptingu.

Samhliða samningaviðræðum um efni EES-samningsins var strax á árinu 1991 byrjað að huga að ýmsum framkvæmdaatriðum sem leiðir af skuldbindingum EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum. Ber þar hæst stofnun sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar og EFTA-dómstóls. Undirbúningur EFTA-landanna varðandi efnissvið EES-samningsins var falinn bráðabirgðafastanefnd EFTA í Brussel. Skipulagning og framkvæmdaþættir voru sett í hendur skipulagsnefndar EFTA (HLPG), þar sem sátu fastafulltrúar EFTA-ríkjanna í Genf. Á miðju ári 1992 var síðan stofnuð sérstök nefnd aðila að samningnum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þeirri nefnd er ætlað að starfa áfram eftir gildistöku EES-samningsins. Einnig voru settar á stofn sérstakar undirbúningsnefndir fyrir stofnun eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins.

EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum gert fríverslunarsamninga við Búlgaríu, Ísrael, Rúmeníu, Pólland, Slóvakíu og Tékkland, Ungverjaland og Tyrkland.

EFTA-ríkin hafa einnig gert yfirlýsingar með öllum þessum ríkjum óháð gerð fríverslunarsamninganna, sem hvetja til aukinna samskipta ríkjanna. EFTA-ríkin hafa einnig gert slíkar sameiginlegar yfirlýsingar með öllum Eystrasaltsríkjunum, Slóveníu og Albaníu. Jafnframt hafa EFTA-ríkin hvert um sig samið um fríverslun við Færeyjar.

Ísland hafði formennsku í EFTA fyrri hluta ársins 1992, Noregur seinni hluta þess og Svíþjóð fyrri hluta árs 1993.

Stofnun Evrópska efnahagssvæðisins

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var undirritaður 2. maí 1992 í Óportó. Reyndar hafði samningslokum verið fagnað þegar í október árið áður en nokkur ljón reyndust í veginum.

Dómstóll Evrópubandalagsins komst að þeirri niðurstöðu um samninginn í desember 1991, að stofnun sameiginlegs dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið takmarkaði valdssvið EB-dómstólsins og gengi því gegn Rómarsamningnum. Samkomulag náðist 14. febrúar 1992 um skiptingu eftirlitslögsögu á sviði samkeppnisreglna og nýja stofnanauppbyggingu fyrir dómstólaþátt samningsins, sem fólst í því að settur yrði upp sérstakur EFTA-dómstóll sem hefði lögsögu varðandi fullnustu á samningnum í EFTA-ríkjunum og um lausn deilumála þeirra á milli. Einnig varð samkomulag um að settur yrði upp sameiginlegur gerðardómur fyrir mál er varða öryggisráðstafanir. Samningurinn fór að nýju fyrir dómstól Evrópubandalagsins sem í áliti sínu í apríl 1992 samþykkti í meginatriðum hina nýju tveggja stoða lausn á sviði eftirlits og fullnustu.

Samhliða undirritun EES-samningsins 2. maí 1992 voru undirritaðir tveir samningar EFTA-ríkjanna, annars vegar um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og hins vegar um stofnun fastanefndar EFTA. Einnig undirrituðu EFTA-ráðherrar á ráðherrafundinum í Reykjavík í maí 1992 samning um samstarf þingmanna frá þjóðingum EFTA-ríkjanna.

Hinn 6. desember 1992 var EES-samningurinn felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss. Önnur EFTA-ríki fullgiltu samninginn á árinu 1992, nema Ísland sem fullgilti samninginn 13. janúar 1993. Þjóðþing aðildarríkja EB höfðu ekki öll lokið fullgildingu samningsins fyrir árslok 1992. Niðurstaðan í Sviss leiddi til þess að EES-samningurinn gat ekki tekið gildi 1. janúar 1993. Á ráðherrafundi EFTA í Genf 11. desember 1992 staðfestu ráðherrar annarra EFTA-ríkja en Sviss vilja sinn til að láta EES-samninginn taka gildi eins fljótt og mögulegt væri. Þegar var hafinn undirbúningur að gerð sérstakrar bókunar um nýjan gildistökudag með fulltrúum EB og um nauðsynlegar tæknilegar breytingar á EES-samningnum vegna brottfalls Sviss. Jafnframt reyndist nauðsynlegt að ræða kröfu Spánverja um að Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Svíþjóð greiddu að fullu framlag Sviss í þróunarsjóðinn og kröfu Spánverja um aukinn markaðsaðgang fyrir landbúnaðarafurðir þeirra.

Niðurstaða af samningaviðræðum EB og EFTA vegna fráhvarfs Sviss er að EFTA-ríkin munu taka á sig um 2/3 af kostnaði þeim sem annars hefði lagst á Sviss. Árlegt framlag Íslands í þróunarsjóð EES mun samkvæmt þessu hækka frá því að vera um 68 milljónir í um 85 milljónir. Kröfum Spánar um endurskoðun landbúnaðarákvæða var vísað á viðræður þær sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað skv. 19. grein EES-samningsins fyrir árslok 1993. Þó engu væri breytt í samningi um landbúnaðarafurðir tóku EFTA-ríkin á sig að láta tvíhliða samninga um suðrænar landbúnaðarafurðir ganga í gildi strax 15. apríl 1993.

Bókun um breytingar á EES-samningnum, erindaskipti milli einstakra EFTA-ríkja (annarra en Sviss) og EB um bráðabirgðagildistöku landbúnaðarsamninganna 15. apríl 1993 og bókanir um breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og samningnum um þingmannanefnd EFTA-ríkjanna, voru undirritaðar 17. mars 1993.

Bókunin um breytingar á samningnum um EES öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi komið fullgildingar- eða samþykktarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunarinnar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókunin gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðustu skjölunum hefur verið komið í vörslu. Sé þeim hins vegar komið í vörslu þegar færri en fimmtán dagar eru að upphafi næsta mánaðar, öðlast bókunin ekki gildi fyrr en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjölunum var komið í vörslu.

Undirbúningur að gildistöku EES og EFTA-samninganna

Almennur undirbúningur að gildistöku samningsins að því er EFTA-skrifstofuna varðaði var á hendi skipulagsnefndar EFTA (HLPG). Undirbúningur vegna eftirlitsstofnunarinnar annars vegar og dómstólsins hins vegar var í höndum sérstakrar undirbúningsnefndar og síðar ennfremur í höndum sérstakrar nefndar samningsaðila.

Almenn skipulagsatriði

Skipulagsnefnd EFTA (HLPG), sem hafði verið sett á stofn á árinu 1991 til að vinna að því að koma á fót þeim stofnunum, sem EFTA-ríkin skuldbundu sig til að setja upp samkvæmt EES-samningnum, og einnig til að skipuleggja annað samstarf EFTA-ríkjanna í tengslum við EES, hélt áfram störfum framan af árinu 1992.

Störf nefndarinnar beindust fyrst og fremst að skipulagi á starfsemi EFTA skrifstofunnar og þörfum hennar vegna EES, bæði að því er varðaði mannafla og húsnæðismál

og einnig að fjármálum og kostnaðarskiptingu á milli EFTA-ríkjanna vegna EES-samstarfsins. Undirbúningur að stofnsetningu Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins var hins vegar falinn sérstökum undirbúningsnefndum.

Skipulagsnefnd EFTA ákvað að þjónusta EFTA-skrifstofunnar vegna stofnunar EES ætti að byggjast upp smám saman og til að byrja með ætti að nýta það starfsfólk, sem þegar væri við störf, en færa það til og gefa því ný verkefni eftir þörfum. Samkvæmt tillögum nefndarinnar ákváðu ráðherrar að starfsmannareglur og vinnuskilyrði ættu að vera þau sömu fyrir allar EFTA-stofnanirnar. Starfsmönnum EFTA hefur fjölgað frá 68 árið 1988 upp í 168 starfsmenn árið 1992, aðallega vegna EES-samninganna en einnig vegna fríverslunar-samninga við þriðju lönd. Í upphafi ársins 1992 störfuðu tveir Íslendingar í embættisstöðum hjá EFTA-skrifstofunni. Annar þeirra lét af störfum á árinu 1992, en fjórir Íslendingar voru ráðnir til viðbótar og hafa hafið störf. Fjórir Íslendingar eru einnig í almennum störfum hjá EFTA. Alls starfa því níu Íslendingar hjá EFTA-skrifstofunni en auk þess voru tveir Íslendingar í starfsþjálfun hjá EFTA frá mars 1992 til mars 1993.

Ráðherrar ákváðu í desember 1991 að aðalstöðvar EFTA skyldu vera áfram í Genf en hluti starfsfólks skrifstofunnar skyldi starfa í Brussel. Skipulagsnefndin vann að vali á húsnæði fyrir EFTA-skrifstofuna í Brussel, sem ráðherrar gengu frá ákvörðun um á fundi sínum í Reykjavík í maí 1992. Aðalframkvæmdastjóri EFTA fékk umboð til að taka ákvarðanir um skiptingu starfsliðs milli Brussel og Genfar.

Eftir langt samningaþóf í Skipulagsnefndinni og á ráðherrafundinum í Reykjavík í maí síðastliðinn náðist samkomulag um kostnaðarskiptingu EFTA-ríkjanna til EFTA, eftirlitsstofnunar EFTA, EFTA-dómstólsins og samstarfsverkefna við EB. Niðurstöður samkomulagsins urðu eftirfarandi fyrir fjárlög 1993:

- Til skrifstofu EFTA, eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins verða fjárframlög EFTA-ríkjanna reiknuð út á grundvelli 3ja ára meðaltals OECD-viðmiðana og heildarþjóðarframleiðslu (GNP), þó þannig að framlag Íslands verður 1.20% og Liechtensteins 0.35%.

- Fyrir framlög EFTA-ríkjanna til samstarfsverkefna með EB á árinu 1993 var ákveðið að framlögin skiptist á milli EFTA-ríkjanna miðað við meðaltal síðustu fáanlegra talna fyrir síðustu 3 ár af heildarþjóðarframleiðslu (GNP) og landsframleiðslu (GDP) á markaðsverði. Hlutur Íslands samkvæmt þessu verður um 0.7%.

EFTA-ráðherrar höfðu ákveðið í Lúxemborg í október 1991 að fjárframlögum EFTA-ríkjanna í þróunarsjóðinn yrði skipt í samræmi við heildarþjóðarframleiðslu á markaðsverði þar sem notað yrði meðaltal síðustu þriggja ára.

Vegna brottfalls Sviss frá EES-samningnum hefur verið ákveðið að framlag Sviss til skrifstofu EFTA verði til 1. júlí 1993 óbreytt en verði eftir það 75% af því framlagi Sviss, sem það annars hefði orðið til skrifstofu EFTA með þátttöku þess í EES. Framlag Sviss vegna annarrar starfsemi í EES fellur niður og ljóst er að skipta verður því upp milli hinna EFTA-ríkjanna.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Undirbúningsnefnd fyrir Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) var stofnuð á ráðherrafundi í Genf í desember 1991. Hlutverk hennar var að undirbúa skipulag ESA og ráða starfsfólk. Umboð nefndarinnar var síðan endurnýjað á ráðherrafundinum 11. desember 1992 fyrir þau sex EFTA-ríki sem þá stóðu að EES-samningnum, eftir brottfall Sviss.

Nefndin hefur haldið hátt í tuttugu fundi um skipulagningu ESA, ráðningar, leigu á húsnæði, kaup á tækjum og húsgögnum, þjálfun starfsfólks og fjármál. Nokkrir fundir hafa einnig verið haldnir með tilvonandi eftirlitsfulltrúum stofnunarinnar sem hafa rætt skipulagningu framtíðarstarfsins.

Undirbúningsnefnd ESA tók ákvörðun um að ráða 69 embættismenn, þar af 6 Íslendinga, og 35 almenna starfsmenn til starfa í áföngum. Umsækjendur um störf hjá ESA voru 2622 en þar af voru 214 kallaðir í viðtöl. Um þriðjungur embættismannanna hóf störf haustið 1992. Flestir þeirra fóru í læri hjá framkvæmdastjórn EB, í skemmri eða lengri tíma, samhliða því að vinna að því að gera stofnunina starfshæfa frá gildistökudegi samningsins. Fjárhagsáætlun ESA gerði ráð fyrir um 27 millj. Sfr. fyrir árið 1993 en á árinu 1992 höfðu verið notaðar 3.3. millj. Sfr. til stofnsetningar ESA.

Eftirlitsstofnun EFTA hefði getað hafið störf 1. janúar 1993 í samræmi við skuldbindingar EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum og samningum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Sviss var komu þeirra starfsmanna sem ekki höfðu þegar hafið störf frestað tímabundið, ásamt öðrum framkvæmdum, þar sem þegar var ljóst að gildistaka samningsins myndi frestast. EFTA-ráðherrar ákváðu síðan á fundi sínum 11. desember í Genf að eftirlitsstofnunin skyldi að öllu leyti flutt til Brussel.

EFTA-dómstóllinn

Undirbúningsnefnd EFTA-dómstólsins var stofnuð á ráðherrafundi EFTA í Genf í desember 1991. Nefndin fékk það hlutverk að undirbúa stofnun dómstólsins og ráðningu starfsfólks.

Nefndin hefur undirbúið drög að starfsreglum fyrir dómstólinn sem síðar þurfa að hljóta samþykki aðildarríkjanna. Nefndin tók ákvarðanir um ráðningu 13 embættismanna að undanskildum dómurunum og 10 almennra starfsmanna til dómstólsins. Búið var að ganga frá ráðningu ritara, bókasafnsfræðings, stjórnunarfulltrúa og fjármálafulltrúa í desember 1992. Öðrum ráðningum var frestað þar til gildistaka samningsins yrði ákveðin.

Leigusamningur um húsnæði fyrir dómstólinn í Genf var undirritaður í nóvember 1992 og var undirbúningur nógu langt á veg kominn til að dómstóllinn gæti hafið störf 1. janúar 1993.

Fjárhagsáætlun fyrir dómstólinn fyrir árið 1993 hafði hljóðað upp á um 10 milljónir Sfr.

Nefnd aðila að samningum um eftirlitsstofnun og dómstól

Á ráðherrafundinum í Reykjavík í maí 1992 var ákveðið að setja á stofn sérstaka nefnd samningsaðila að samningum EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Upphaflega var nefndinni ætlað að vera vettvangur EFTA-ríkjanna til að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Þótt stofnanirnar séu sjálfstæðar og fulltrúar ríkjanna í þeim megi ekki taka við fyrirmælum frá aðildarríkjunum um neitt það er varðar eftirlits- og dómsstörf stofnananna, þá kallar rekstur slíkra stofnana, sérstaklega við stofnun þeirra, á ýmsar stjórnunarlegar og stefnumótandi ákvarðanir um rekstur þeirra og fjármál. Á ráðherrafundi EFTA í desember 1992 ítrekuðu ráðherrar ákvörðun um hlutverk nefndarinnar og ákváðu að hún skyldi með fulltrúum þeirra sex EFTA-ríkja, sem þá stóðu að EES-samningnum, samþykkja fyrstu fjárhagsáætlanir eftirlitsstofnunar EFTA og dómstólsins og taka aðrar ákvarðanir sem væru nauðsynlegar til að koma þessum stofnunum á legg, auk ákvarðana sem taka þyrfti vegna samninga á milli EFTA-ríkjanna sjö vegna brottfalls Sviss úr EES.

Brottfall Svisslendinga úr EES og ákvörðun um flutning eftirlitsstofnunar EFTA frá Genf til Brussel kallaði á ýmsar stefnumótandi ákvarðanir varðandi ráðningar og kjör starfsfólks. Þessar ákvarðanir féllu undir nefnd samningsaðila að eftirlitsstofnuninni og dómstólnum.

Samskipti EFTA-ríkjanna við þriðju ríki

Samskiptum EFTA-ríkjanna við þriðju ríki má einkum skipta í tvo flokka: 1) Samskipti í formi fríverslunarsamninga. 2) Samskipti á grundvelli samstarfsyfirlýsinga.

Fríverslunarsamningar

EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum gert fríverslunarsamninga við Búlgaríu, Ísrael, Rúmeníu, Pólland, Slóvakíu og Tékkland, Ungverjaland og Tyrkland. Þessir fríverslunarsamningar eru að mestu byggðir á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja og EB frá 1972-1973, það er tryggð er fríverslun með iðnaðarvörur og niðurfelling tolla á tilteknum vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum. Fyrir þessar vörur er gefin heimild til verðjöfnunar. Að því er Ísland varðar heimild til álagningar tolla og fjáröflunartolla eða til verðjöfnunar. Jafnframt fela samningarnir í sér fríverslun með fisk og fiskafurðir.

Jafnhliða gerð fríverslunarsamninga gerðu einstök EFTA-ríki tvíhliða landbúnaðarsamninga við þessi ríki. Í tilviki Íslands er í öllum tilfellum um að ræða vörur, sem við framleiðum ekki, og í langflestum tilvikum vörur þar sem núverandi rauntollar eru engir. Svo að dæmi séu tekin, mætti nefna möndlur, hnetur, fíkjur, hunang, appelsínur, epli, kirsuber, ferskjur og plómur. Þegar Austur-Evrópuríkin tóku upp vestræna viðskiptahætti komu þau hvert af öðru upp tollkerfi með svipuðu sniði og EB, en þó með mun hærri tollum en EB-ríkin. Þetta er ein af ástæðum þess að EB-ríkin og síðar EFTA-ríkin höfðu mikinn áhuga á að gera við þau fríverslunarsamninga.

Ísland hefur í gegnum árin haft þó nokkur viðskipti við Pólland og fyrrum Tékkóslóvakíu en í minna mæli við önnur ofangreindra ríkja. Með þessum samningum opnast í framtíðinni möguleiki til að auka viðskipti við þessi ríki. Orðið hefur vart við mikinn áhuga út- og innflytjenda á þessum samningum. Þá hafa nokkrir innflytjendur á Íslandi vakið athygli á því að fyrirtæki sem þeir hafa viðskipti við í Evrópu hafi fjárfest í Austur-Evrópuríkjunum og hafið framleiðslu þar til innflutnings til EFTA- og EB-ríkjanna. Þessir innflytjendur hafa hvatt til þess að staðfestingu íslenskra stjórnvalda á þessum samningum verði hraðað eins og kostur er þannig að það valdi þeim ekki erfiðleikum að flytja slíkar vörur til Íslands.

Hér á eftir verður vikið að stöðu samninganna í einstökum tilvikum og hver samningsniðurstaða varð varðandi fisk.

Búlgaría

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu um fríverslun hófust á árinu 1992 og fríverslunarsamningur ríkjanna var undirritaður 29. mars 1993. Búlgaría mun á tíu ára aðlögunartíma fella smám saman niður tolla og aðrar viðskiptahindranir á iðnaðarvörum, en EFTA-ríkin munu gera það að mestu strax við gildistöku samningsins. Full fríverslun með fisk og fiskafurðir kemst á strax við gildistöku samningsins.

Ísrael

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Ísraels hófust 1991 og fríverslunarsamningur milli ríkjanna var undirritaður í september 1992.

Ein meginástæða þess að EFTA-ríkin hófu fríverslunarviðræður við Ísrael var sú að ríkisstjórn Ísraels ákvað á árinu 1991 að hækka verulega innflutningstolla sína frá 1. janúar 1992. Útflytjendur í EFTA-ríkjunum töldu að með þessum aðgerðum Ísraelsstjórnar myndu þeir tapa markaðshlutdeild sinni í Ísrael til Bandaríkjanna og ríkja Evrópubandalagsins þar sem þau ríki hafa fríverslunarsamninga við Ísrael. Bandaríkin gengu frá slíkum samningi árið 1985 og EB-ríkin 1975.

Í samningaviðræðunum var það afstaða Ísraels að hafa samninga við EFTA-ríkin sem líkasta fríverslunarsamningum þess við Bandaríkin og EB. Þetta olli ýmsum erfiðleikum og þá ekki síst að fulltrúar Ísraels bentu á að fiskur og fiskafurðir féllu alveg fyrir utan þessa samninga og auk þess væru fiskur og fiskafurðir flokkað sem landbúnaðarvörur og féllu undir landbúnaðarstefnu þess. Þó nokkur veiði væri í vötnum og væri þessi veiði oft hluti af starfsemi samyrkjubúa. Einnig væri veiði stunduð af þess hálfu í Miðjarðarhafi. Af hálfu EFTA-ríkjanna var bent á að það væri ófrávíkjanleg stefna í fríverslunarviðræðum þeirra að fríverslun skyldi ná til fisks og fiskafurða.

Þetta deilumál var það síðasta sem leystist í samningaviðræðunum og varð til þess að samningaviðræður stóðu nokkrum mánuðum lengur en stefnt hafði verið að. Niðurstaðan er mjög ásættanleg fyrir Ísland. Ísrael mun með fáeinum undanþágum koma á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir á aðlögunartíma. Ísrael lækkaði tolla í 80% af grunntolli 1. janúar 1993 og fjórar frekari lækkanir, hver um 20% af grunntolli, koma til framkvæmda ár hvert þangað til tollurinn er að fullu afnuminn 1. janúar 1997. Kvótar verða einnig smám saman rýmkaðir og felldir úr gildi á aðlögunartíma. Undanþágur frá fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir varða fyrst og fremst nokkrar tegundir vatnafisks.

Pólland

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Póllands hófust árið 1990 og fríverslunarsamningur milli ríkjanna var undirritaður í desember 1992.

Pólland mun smám saman fella niður innflutningstolla og aðrar hindranir í viðskiptum með iðnaðarvörur á aðlögunartíma til 31. desember 2001. Pólland mun fella niður tolla um tíu af hundraði á fiski og fiskafurðum við gildistöku samningsins, það er ef tollurinn er 20% niður í 10%, 15% niður í 5% o.s.frv. Afgangur tolla, ef einhver er, fellur niður smám saman á sama hátt og af iðnaðarvörum, það er í fimm jöfnum áföngum, hinn fyrsti 1. janúar 1995. EFTA-ríkin munu að mestu fella niður þessar hindranir á iðnaðarvörum og fiski og fiskafurðum við gildistöku samningsins.

Rúmenía

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu hófust árið 1992 og fríverslunarsamningur milli ríkjanna var undirritaður í desember 1992. Samkvæmt ákvæðum samningsins tekur hann gildi 1. maí 1993 gagnvart þeim ríkjum sem hafa staðfest hann fyrir þann tíma ef eitt þeirra ríkja er Rúmenía.

Rúmenía mun smám saman fella niður innflutningstolla og aðrar hindranir í viðskiptum með iðnaðarvörur á aðlögunartíma til 31. desember 2002, en EFTA-ríkin fella niður slíkar hindranir að mestu við gildistöku samningsins. Fríverslun með fisk og fiskafurðir verður komið á strax við gildistöku samningsins, með þeirri undanþágu að Rúmenía fær tímabundna heimild til að halda núverandi innflutningstollum á sardínum, makríl, túnfiski og silungi.

Slóvakía og Tékkland

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og fyrrum Tékkóslóvakíu hófust árið 1990 og fríverslunarsamningur milli ríkjanna var undirritaður í mars 1992. Samningurinn tók gildi gagnvart Íslandi 1. janúar 1993. Við upplausn Tékkóslóvakíu í Slóvakíu og Tékkland 1. janúar 1993 var með samþykki allra aðilja ákveðið að samningurinn og tvíhliða landbúnaðarsamningar, sem einstök EFTA-ríki höfðu gert, næðu til beggja ríkjanna.

Slóvakía og Tékkland munu smám saman fella niður innflutningstolla og aðrar hindranir á viðskiptum með iðnaðarvörur á aðlögunartíma til 30. júní 2002. Slóvakía og Tékkland felldu niður alla innflutningstolla og aðrar hindranir á fiski og fiskafurðum við gildistöku samningsins. EFTA-ríkin felldu að mestu niður þessar hindranir á iðnaðarvörum og fiski og fiskafurðum við gildistöku samningsins.

Tyrkland

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands hófust 1990 og fríverslunarsamningur milli ríkjanna var undirritaður í desember 1991. Samningurinn tók gildi gagnvart Íslandi 1. september 1992.

Tyrkland mun fella niður innflutningstolla og aðrar hindranir í viðskiptum með iðnaðarvörur og fisk og fiskafurðir á aðlögunartíma til 31. desember 1995. EFTA-ríkin fella slíkar hindranir niður að mestu við gildistöku samningsins. Tyrkland felldi niður 60% af tollum á fiski og fiskafurðum og flestum iðnaðarvörum þegar við gildistöku samningsins.

Ungverjaland

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands hófust 1990 og var fríverslunarsamningur milli ríkjanna undirritaður 29. mars 1993. Samkvæmt ákvæðum samningsins tekur hann gildi 1. júlí 1993 gagnvart þeim ríkjum, sem hafa staðfest hann fyrir þann tíma, ef eitt þeirra er Ungverjaland.

Ungverjaland mun smám saman fella niður innflutningstolla og aðrar hindranir í viðskiptum með iðnaðarvörur og fisk og fiskafurðir á aðlögunartímabili til 30. júní 2003 meðan EFTA-ríkin munu fella niður slíkar hindranir að mestu við gildistöku samningsins.

Færeyjar

EFTA-ríkin hafa hvert um sig samið um fríverslun við Færeyjar. Samningur Íslands og Færeyja var undirritaður í ágúst 1992 og var þingsályktunartillaga um fullgildingu samningsins lögð fyrir Alþingi í mars síðastliðnum.

Samningurinn tryggir fríverslun með iðnaðarvörur, fisk og fiskafurðir. Samhliða honum var gengið frá því með bréfaskiptum að innflutningur annarra landbúnaðarafurða en mjólkur og kjötafurða er tollfrjáls til Færeyja. Færeyingar veita jafnframt tollfrjálsa kvóta fyrir lambakjöt ár hvert. Á móti er Færeyingum tryggður tollfrjáls aðgangur fyrir vatn og öl, gert úr malti.

Yfirlýsingar um aukið samstarf

EFTA-ríkin hafa einnig gefið yfirlýsingar ásamt öllum ofangreindum ríkjum óháð gerð fríverslunarsamninganna, sem hvetja til aukinna samskipta ríkjanna á sviði viðskipta, umhverfismála, þjónustu, rannsókna og fleira. EFTA-ríkin hafa einnig gefið slíkar sameiginlegar yfirlýsingar með öllum Eystrasaltsríkjunum, Slóveníu og Albaníu. Í fjárhagsáætlun EFTA hvert ár er ákveðin upphæð, að vísu ekki há, sem varið er til tækniaðstoðar við öll umrædd ríki á grundvelli þessara yfirlýsinga. Þá fjárhæð ber að nýta

á þeim sviðum sem EFTA-ríkin telja sig hafa sérkunnáttu á enda hafi samsvarandi tækniaðstoð ekki verið veitt af öðru ríki eða stofnun. Hvert tilvik fyrir sig er afgreitt sérstaklega af fulltrúum EFTA-ríkjanna í Genf.

Viðauki D

Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti - GATT

Inngangur

Uruguay-viðræðunum var hleypt af stokkunum á ráðherrafundi aðildarríkjanna í Punta del Este í Uruguay árið 1986. Með því hófust langviðamestu viðskiptaviðræður um aukið frelsi í heimsverslun sem átt hafa sér stað fram að þessu. Til að samkomulag næðist um að hefja þessar viðræður var nauðsynlegt að þær fjölluðu um hina fjölmörgu og ólíku hagsmuni aðildarríkjanna. Með þessu móti var ætlunin að allir tækju á sig skuldbindingar og fórnuðu að minnsta kosti stundarhagsmunum á einu sviði, gegn því að hljóta ávinning á öðru sviði eða af heildarniðurstöðu, og þannig yrði einn "heildarpakki" mótaður þar sem jafnvægis hagsmuna yrði gætt. Auk hinna hefðbundnu viðræðuefna um lækkun tolla og afnám annarra viðskiptatálma voru tekin til umfjöllunar ný svið sem aldrei hafði verið rætt um áður, svo sem þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi. Einnig skyldi leitast við að fella viðskipti með spunavörur og landbúnaðarafurðir betur undir GATT-reglur með nýjum samningum um þessi svið. Ýmis ákvæði GATT og sérsamningar þess skyldu tekin upp og túlkuð nánar með tilliti til fenginnar reynslu og nýrra aðstæðna í heimsviðskiptum. Loks skyldu stofnanamál rædd, meðal annars hvort breyta ætti GATT í eiginlega alþjóðastofnun, sérstaklega í ljósi hins aukna umfangs samningsins. Einnig var samþykkt að fjalla um úrlausn deilumála í GATT en talið var nauðsynlegt að málsmeðferðarreglur yrðu endurskoðaðar og styrktar til að auka réttaröryggi.

Á síðari hluta ársins 1991 voru samningaviðræðurnar komnar mjög langt og vart varð lengra komist í hinum tæknilegu viðræðum á flestum sviðum viðræðnanna. Tímabært var því að pólitískar ákvarðanir yrðu teknar um þá þætti sem eftir stæðu. Einnig var talið æskilegt að ljúka viðræðunum vel í tíma fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum í nóvember 1992.

Þar sem samningsniðurstaðan lét á sér standa ákvað aðalframkvæmdastjóri GATT að leggja fram á eigin ábyrgð, í desember 1991, drög að lokaskjali Uruguay-viðræðnanna sem hefði að geyma samningstexta fyrir öll efnissviðin (Draft Final Act Embodying the Results of the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations). Með þessu frumkvæði náðist markverður áfangi. Drögin hafa að geyma uppkast að samningstexta fyrir öll svið viðræðnanna. Með þeim var loksins kominn samningsgrundvöllur til að ljúka viðræðunum og í raun virtist einungis vanta herslumuninn á að það tækist. Hins vegar var ljóst að erfið mál voru enn óleyst, einkum í landbúnaðarkaflanum. Lýstu mörg ríki því yfir að þau gætu ekki samþykkt hann óbreyttan. Mikil vinna var einnig eftir í þjónustuviðræðunum, stofnanamálum, markaðsaðgangi fyrir iðnaðarvörur og lagasamræmingu samningstextanna. Enda kom brátt í ljós að þrátt fyrir að samningsgrundvöllurinn væri fyrir hendi var við ramman reip að draga. Lítið gekk að finna lausnir á ágreiningsmálum og voru þátttökuríkin treg til samninga fyrr en EB og Bandaríkin hefðu gert málin upp sín á milli. Þar var helsti ásteitingarsteinninn landbúnaðarmálin.

Hafa ber í huga að Uruguay-viðræðurnar eru langflóknustu og viðamestu alþjóðlegu viðskiptaviðræðurnar til þessa þar sem tekist er á um mikla hagsmuni. Mun því kosta mikið átak að koma þeim endanlega í höfn. Hefur viðræðunum verið lýst með þeim hætti að með þeim sé verið að taka hið alþjóðlega viðskiptakerfi með heljarstökki inn í nútímann. Orðið

er mjög aðkallandi að hinar alþjóðlegu viðskiptareglur GATT verði lagaðar að nútímaþörfum. Reiknað hefur verið út að Uruguay-viðræðurnar muni leiða til aukinna þjóðartekna í heiminum sem nemur 200 milljörðum dollara. Þá eru þessar viðræður helsta haldreipi þróunarlanda og kommúnistaríkjanna fyrrverandi til að auka viðskiptamöguleika og koma á opnara hagkerfi og þannig stuðla að hagvexti og framþróun. Ljóst er því að mikið er í húfi.

Í skýrslu utanríksráðherra til Alþingis í mars 1992 var fjallað ítarlega um Uruguay-viðræðurnar í GATT, feril þeirra, forsendur þeirra, efnissvið og innihald draganna að lokaskjali Uruguay-viðræðnanna. Þar sem það efni á enn að fullu við verður að þessu sinni látið nægja að greina frá framvindu frá þeim tíma og leitast við að leggja mat á horfurnar og stöðu mála.

Eitt af því sem samkomulag hefur náðst um í tengslum við Uruguay-viðræðurnar og þegar hefur komið til framkvæmda er, að viðskiptastefna og reglur einstakra aðildarríkja GATT eru reglulega athugaðar og kannað hvort aðildarríkin standi við GATT-samningsskuldbindingar sínar. Slík athugun á viðskiptastefnu og reglum Íslands verður til athugunar á síðari hluta þessa árs og í byrjun þess næsta eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Ferill Uruguay-viðræðnanna 1992

Vatnaskilum var talið náð í viðræðunum þegar samkomulag varð milli Bandaríkjamanna og EB um landbúnaðarkaflann hinn 20. nóvember 1992, hið svokallaða "Blair House" samkomulag. Væntu menn þess þá að með því hefði helstu hindrunum á samningum verið rutt úr vegi.

Samkomulagið var í tveimur þáttum, annars vegar vegna deilna um olíufræframleiðslu EB og hins vegar varðandi ágreiningsefni í Uruguay-viðræðunum. Í grundvallaratriðum og allri uppbyggingu fylgir samkomulagið varðandi Uruguay-viðræðurnar texta aðalframkvæmdastjóra GATT. Breytingarnar varða innanlandsstuðning og útflutningsbætur.

Eins og áður er gert ráð fyrir að svonefndur samantalinn innanlandsstuðningur (AMS), miðað við viðmiðunarárin 86-88 skuli dreginn saman um 20%. Breytingin frá texta aðalframkvæmdastjóra GATT felst í því að beinar greiðslur til bænda, sem standa í hlutfalli við flatarmál ræktaðs lands eða bústofnsstærð (á tilteknum tíma), eru nú undanþegnar niðurskurði. Þessar greiðslur verða að vera tengdar markmiðum um samdrátt í framleiðslu. Með þessu móti er tryggt að nýsamþykkt landbúnaðarstefna EB geti samrýmst GATT-skuldbindingum.

Eins og áður er gert ráð fyrir að niðurskurður á fjárframlögum til útflutningsbóta verði 36% miðað við viðmiðunarárin 1986-1990. Samkomulag EB og Bandaríkjanna felur í sér að magn útflutnings sem nýtur bóta skuli draga saman um 21% (í stað 24% í texta aðalframkvæmdastjóra GATT). Jafnframt náðist samkomulag um þann skilning að 21% samdrátturinn skyldi eiga við sérhvern vöruflokk, en ekki heildir eins og korn í heild eða kjötvörur í heild.

Bandaríkin og EB hafa ekki samið um neinar breytingar frá texta aðalframkvæmdastjóra GATT varðandi markaðsaðgang og er því áfram gengið út frá allsherjar tollaígildum og lækkun tolla og tollaígilda um 36% að meðaltali í jöfnum áföngum á sex ára tímabili, þó þannig að fyrir enga vöru megi lækkunin verða minni en 15%. Sömuleiðis standa áfram tillögur um lágmarks markaðsaðgang (3% af innanlandsneyslu við gildistöku og aukningu í 5% á aðlögunartímanum) og tryggingu fyrir að núverandi markaðsaðgangur verði ekki skertur.

Frakkar hafa tekið samkomulagi EB og Bandaríkjanna afar illa og talið það óaðgengilegt fyrir sig. Veifað er því tré að Frakkar muni að óbreyttu beita neitunarvaldi þegar heildarniðurstöður allra þátta Uruguay-viðræðnanna verði lagðar fram til formlegrar samþykktar í Ráðherraráði EB. Enn er of snemmt að meta áhrif stórsigurs hægri manna í frönsku þingkosningunum á afstöðu Frakka til samkomulagsins, en ef marka má yfirlýsingar hægri manna í kosningabaráttunni er ekki að vænta stefnubreytingar.

Þegar landbúnaðarsamkomulag EB og Bandaríkjanna lá fyrir í nóvember 1992 var í fyrstu talið að eftirleikurinn yrði auðveldur við að ljúka öðrum þáttum Uruguay-viðræðnanna á grundvelli heildarsamningsdraga aðalframkvæmdastjóra GATT. Þá kom hins vegar í ljós að erfitt reyndist að leysa ýmsa aðra þætti heildarsamningsdraganna. Samningur um markaðsaðgang var ófrágenginn milli hinna stóru (EB og Bandaríkjanna) og ekki var eins auðvelt að ganga frá honum og búist var við. Erfið viðfangsefni í þjónustuviðræðunum voru einnig óleyst og lítið bólaði á lausnum. Bandaríkjamenn komu fram með tillögur um textabreytingar á ýmsum köflum heildarsamningsdraganna. Einkum á það við kaflana um hugverkaréttindi, jöfnunartolla, hina alþjóðlegu viðskiptastofnun, heilbrigðis- og sjúkdómavarnir (hluta af landbúnaðarkaflanum) og tæknilegar viðskiptahindranir. Viðbrögð annarra við þessum textatillögum voru hörð, því segja má að þátttökuríkin hafi verið við því búin að samþykkja allan texta heildarsamningsdraganna nema þjónustu- og landbúnaðarkaflana, og var hver breyting því tortryggð. Opnaðist nú flóðgátt breytingartillagna og má segja að hið viðkvæma jafnvægi sem náðist í heildarsamningsdrögunum hafi verið í hættu.

Þegar útséð var að ekki næðist að skapa pólitíska lausn fyrir lok ársins 1992 var ákveðið að fresta viðræðunum fram yfir áramót og taka upp þráðinn í janúar 1993. Ekki er hægt að segja að viðræðurnar hafi enn komist aftur í gang. Að vísu ákváðu EB og Bandaríkjamenn að gera úrslitatilraun, áður en forsetaskiptin yrðu í Bandaríkjunum 20. janúar 1993, til að leysa óleyst mál sín á milli, einkum markaðsaðganginn fyrir iðnaðarvörur. Sú tilraun skilaði ekki árangri.

Horfur

Eindreginn vilji er til að leiða viðræðurnar til lykta sem fyrst og virðast allir á einu máli um hina brýnu nauðsyn á nýjum reglum fyrir hið alþjóðlega viðskiptakerfi en flestir samningsaðilar hafa áhyggjur af stöðunni.

Samkomulag virðist ríkja um að eina leiðin til að ljúka Uruguay-viðræðunum sé á grundvelli draganna að lokaskjali Uruguay-viðræðnanna. Tilraunir til að breyta texta þess (öðrum en í landbúnaðarkaflanum) setja hið viðkvæma jafnvægi lokaskjalsins í hættu og þar af leiðandi farsælar lyktir. Krafa Bandaríkjanna um ýmsar breytingar sem fram komu í lok ársins 1992, í kjölfar landbúnaðarsamkomulagsins við EB, raskar hinum viðkvæma samningsgrundvelli.

Uruguay-viðræðurnar snúast nú einkum um tvennt, markaðsaðgang og breytingar á textum heildarsamningsdraganna. Línurnar eru hins vegar skýrar hvar járn er í járn milli EB og Bandaríkjanna. Þannig virðist liggja nokkuð vel fyrir hvað þessir aðilar þurfa að gera til að niðurstaða fáist milli þeirra. Til þess þarf pólitískar ákvarðanir í Washington og Brussel sem erfitt verður að ná.

Nú er hlé á viðræðunum þar til ríkisstjórn Clintons hefur fengið framlengingu á samningsumboði sínu til að ljúka Uruguay-viðræðunum. Talið er líklegt að ríkisstjórn Clintons komist ekki hjá því að nýja umboðið verði með þeim hætti að krefjast skuli breytinga á heildarsamningsdrögunum (t.d. að umhverfismál verði tekin inn, breytingar á

textunum um niðurgreiðslur og jöfnunartolla, heilbrigðis- og sjúkdómavarnir, tæknilegar viðskiptahindranir, vernd hugverkaréttinda í viðskiptum o.fl.). Ef það reynist rétt hefur það að líkindum í för með sér að lokaniðurstöðu í Uruguay-viðræðunum sé varla að vænta fyrr en halla tekur á árið. Ísland hefur ásamt 30 öðrum ríkjum skorað á EB, Bandaríkin og Japan að reyna til þrautar að ná samkomulagi sem fyrst á grundvelli samningsdraga aðalframkvæmdastjóra GATT. Norðurlandahópurinn í GATT hefur einnig þrýst á að niðurstaða fáist í þessum viðræður.

Athugun á viðskiptastefnu og reglum Íslands

Árið 1989 ákváðu aðildarríki GATT að fara með reglulegu millibili nákvæmlega yfir viðskiptastefnu og reglur ríkjanna og bera saman við ákvæði GATT og auka þannig eftirlit með því að einstök ríki framfylgdu GATT-samningsskuldbindingum sínum. Þessi athugun fer þannig fram að skrifstofa GATT sendir ítarlegan spurningalista til þess ríkis sem stendur til að athuga og þegar svör berast við honum sendir skrifstofa GATT sendinefnd til viðkomandi ríkis til að fara nánar ofan í saumana á viðskiptastefnu og reglum viðkomandi ríkis. Á grundvelli þessa gera starfsmenn GATT skýrslu um samanburð á reglum GATT og viðskiptastefnu og reglum viðkomandi lands. Jafnframt ber ríkisstjórn umræddds ríkis að gera skýrslu um viðskiptastefnu og reglur þess. Þessar tvær skýrslur eru síðan teknar fyrir og ræddar af aðildarríkjum GATT þar sem fulltrúar viðkomandi ríkis sitja fyrir svörum.

Ísland lendir í fyrsta skipti í slíkri skoðun í janúar 1994. Þegar hafa borist spurningalistar frá skrifstofu GATT og von er á sendinefnd frá henni með haustinu.

Viðauki E

Evrópubandalagið

Almennt

Árið 1992 var var ekki síður umhleypingasamt hjá bandalaginu en árið á undan, enda verið að staðfesta Maastricht-samkomulagið um stofnun Evrópusambandsins (European Union). Staðfesting aðildarríkjanna á samningnum hefur þó síður en svo verið þrautalaus og enn hafa Bretland og Danmörk ekki staðfest hann. Gjaldeyrisþróun og spenna milli aðildarríkjanna varð ekki til að efla traust manna á samstarfinu um gjaldeyris- og efnahagsmál. Fjárlagarammi bandalagsins fyrir næstu ár var til umræðu allt árið og niðurstaða náðist á leiðtogafundi bandalagsins í desember, reyndar fyrr en búist var við. Árið 1992 var einnig síðasta árið til að koma á fót innri markaði Evrópubandalagsins en sú för hófst í júní 1985. Þetta ár einkenndist annars mjög af breytingum sem urðu eftir að fyrrum Sovétríkin liðuðust sundur, styrjaldarástandinu sem ríkir í fyrrum Júgóslavíu og erfiðleikum milli bandalagsins og Bandaríkjanna á sviði viðskipta meðal annars í tengslum við GATT.

Evrópusambandið

Samkomulagið um stofnun Evrópusambandsins var undirritað af utanríkisráðherrum og fjármálaráðherrum EB í Maastricht í Hollandi 7. desember 1991. Margir fulltrúar notuðu tækifærið til að leggja áherslu á það að samningurinn væri ekki lokaáfangi í samruna Evrópu heldur upphafið að nýjum áfanga í þróuninni. Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar, ítrekaði m.a. mikilvægi efnahags- og peningasamstarfs, aukins samstarfs í félagsmálum og að með sameiginlegri utanríkis- og varnarmálastefnu komi aðildarríkin til með að koma fram sem einn aðili og hafi möguleika til sameiginlegra aðgerða á þeim sviðum, þar sem þau hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Það átti eftir að koma í ljós að margir voru ósammála forseta framkvæmdastjórnar þegar kom að túlkun á mikilvægi eða ástæðum til að ýta undir þróun í átt að nánara sambandi milli aðildarríkjanna. Í samningaviðræðunum höfðu Bretar óskað eftir og fengið undanþágu frá ákvæðum um félagsmálasáttmála auk möguleika á að verða utan efnahags- og gjaldmiðilssamstarfsins. Danir og Írar þurftu, samkvæmt stjórnarskrá, að leggja samninginn fyrir þjóðaratkvæði.

Danir felldu samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu 2. júní, Írar samþykktu hann í júní með miklum meirihluta atkvæða. Mitterrand Frakklandsforseti ákvað að leggja samninginn undir þjóðaratkvæði og samþykktu Frakkar hann naumlega í september. Niðurstöðurnar í Danmörku og að vissu leyti í Frakklandi opnuðu augu manna fyrir því að þróun Evrópubandalagsins í átt til Evrópusambands var hvorki eins auðveld né eins sjálfsögð og talið hafði verið. Leiðtogar Evrópubandalagsins ákváðu á fundi sínum í Lissabon 26.-27. júní, að bandalagið héldi áfram á þessari braut þrátt fyrir neitun Dana og að nauðsynlegt væri að samkomulagið yrði staðfest samkvæmt áætlun, án þess að til endurskoðunar samningsins kæmi eða breytingar á honum. Þeir lýstu því jafnframt yfir að Danir hefðu enn möguleika á að vera með í þessari þróun, það er að engar dyr væru þeim lokaðar.

Í framhaldi af þessu leituðust Danir við að finna lausn með félögum sínum í bandalaginu og gáfu meðal annars út Hvítbók 30. október undir yfirskriftinni "Danmörk í Evrópu", þar sem þeir lýstu afstöðu sinni í mikilvægum málum, svo sem varnarmálum og

þátttöku í þriðja áfanga efnahags- og gjaldmiðilssambandsins. Þrátt fyrir dræmar móttökur í ýmsum höfuðborgum fram eftir ári náðist samkomulag um lausn á leiðtogafundi EB í Edinborg 11. - 12. desember síðastliðinn, á þeirri forsendu þó, að lausnin ætti eingöngu við um Dani og enga aðra og fæli ekki í sér lagalegar breytingar á Maastricht-samkomulaginu. Ákvörðuninni um að lausnin eigi eingöngu við um Dani er fyrst og fremst beint til þeirra sem sótt hafa um aðild að bandalaginu, en henni er ekki síður beint til Breta, sem munu líklega ekki afgreiða samninginn fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðslu Dana í vor.

Leiðtogafundurinn staðfesti að Danir þyrftu ekki að lúta ákvæðum Maastricht-samkomulagsins um ríkisborgararétt og að Danir taki ekki þátt í þriðja áfanga Efnahags- og gjaldmiðilssambandsins. Danska krónan verður þar af leiðandi ekki lögð niður fyrir sameiginlegan gjaldmiðil og þar með eru Danir ekki háðir sömu reglum um efnahagsmál og önnur aðildarríki sem taka þátt í þriðja, og síðasta áfanganum. Þeir halda því sjálfstæði í stjórn peningamála. Danir eru nú áheyrnarfulltrúar í Vestur-Evrópusambandinu og munu ekki taka þátt í varnarsamstarfi aðildarríkja EB.

Eftir þetta samkomulag tóku Danir við forsæti í Evrópubandalaginu, en fram að Edinborgarfundinum efuðust margir um að þeir gætu, stöðu sinnar vegna, tekið við forsæti í bandalaginu í byrjun árs.

Fjármál EB

Fjármál EB voru í brennidepli á árinu, ekki síður en Maastricht-samkomulagið. Ljóst var að endurskoða þurfti fjárlagarammann frá 1988 til að mæta auknum útgjöldum, sem gert er ráð fyrir vegna samningsins um Evrópusambandið. Framkvæmdastjórn bandalagsins lagði í mars fram tillögur þar sem gert var ráð fyrir að fjárlög EB færu stighækkandi til ársins 1997 frá því að vera 1,20% af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna í að vera 1,37%. Hækkunin átti fyrst og fremst að greiða kostnað við aðgerðir til að stuðla að efnahagslegri og félagslegri samheldni og uppbyggingu í lakar stöddum ríkjum bandalagsins, aðstoða evrópsk fyrirtæki við að nýta sér til fulls innri markaðinn og efla samkeppnisstöðu þeirra og loks að fjármagna sameiginlegar aðgerðir utan bandalagsins, svo sem fjárhagsaðstoð og framlög til umhverfisverndar. Tillögurnar fólu í sér að komið yrði upp sérstökum sjóði til að efla efnahagslega og félagslega samheldni, til viðbótar þeim sjóðum, sem nú þegar eru til. Þá fólst í tillögunum að veita bæri sérstaka aðstoð til landssvæða í austurhluta Þýskalands, án þess þó að hún verði á kostnað annarra svæða sem þurfa á aðstoð að halda. Framkvæmdastjórnin lagði mikla áherslu á þessar tillögur, sem mörg aðildarríkjanna töldu of fjárfrekar, en önnur töldu ekki nóg að gert til að efla efnahagslega og félagslega samheldni.

Í Rómarsamningnum, eins og honum var breytt 1986, er staðfest sú stefna að við ákvarðanatöku beri að líta til efnahagslegrar og félagslegrar samheldni. Þetta er Grikklandi, Írlandi, Portúgal og Spáni mikilvægt í samskiptum innan EB, þar sem þau, undir forystu Spánar, telja sig eiga á brattann að sækja í samskiptum við önnur ríki í bandalaginu.

Þegar líða tók á árið 1992 virtist sem hvorki næðist samkomulag um fjármál né yrði framtíð Maastricht-samkomulagsins tryggð. Leiðtogafundurinn í Edinborg komst þó vel frá þessum málum. Forseti framkvæmdastjórnar bandalagsins lagði fram breytingartillögur á fjárlagarammanum stuttu fyrir fundinn. Á grundvelli þeirra var ákveðið á fundinum að auka ekki við fjárlagarammann jafnhratt og mikið og framkvæmdastjórnin hafði upphaflega gert ráð fyrir. Þess í stað bæri að hægja á, þannig að árið 1999 nemi fjárlög bandalagsins 1,27% af þjóðarframleiðslu. Engin hækkun er áætluð árin 1993 og 1994, árið 1995 hækka þau um 0,01%, um sama hlutfall árið 1996 og um 0,02% árið 1997 og 1998.

Stækkun bandalagsins

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika innan bandalagsins við stofnun Evrópusambandsins hefur ekki dregið úr áhuga annarra ríkja á aðild. Nú liggja fyrir aðildarumsóknir frá Austurríki, Finnlandi, Noregi, Möltu, Sviss, Svíþjóð, Kýpur og Tyrklandi. Umsóknir Möltu, Kýpur og Tyrklands hafa legið nokkuð lengi fyrir ásamt umsókn Austurríkis. Það hefur verið stefna bandalagsins að hefja ekki aðildarviðræður fyrr en það væri sjálft búið að koma eigin málum í fastar skorður, bæði Maastricht-samkomulaginu og fjárlagarammanum.

Finnland lagði inn umsókn um aðild 18. mars án allra skilyrða. Sviss sótti um aðild 20. maí á sama grundvelli og Finnar, en Austurríki hafði sótt um aðild þegar á árinu 1989. Svíþjóð sótti um aðild að Evrópubandalaginu 1. júlí 1991. Hinn 29. júlí sama ár óskaði ráðið eftir áliti framkvæmdastjórnar EB á umsókninni. Álit framkvæmdastjórnar EB var samþykkt 31. júlí 1992. Mánuði fyrr, á leiðtogafundi EB sem haldinn var í Lissabon 26. og 27. júní, var sérstaklega rætt um stækkun bandalagsins á grundvelli skýrslu sem lögð var fram af framkvæmdastjórninni. Í skýrslunni kemur fram að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið greiði fyrir samningaviðræðum við þau aðildarríki EFTA sem sótt hafa um aðild. Leiðtogafundur bandalagsins ítrekaði að formlegar samningaviðræður gætu hafist um leið og Maastricht-samkomulagið hefur verið staðfest og samkomulagi náð um nýjan fjárlagaramma.

Álit framkvæmdastjórnarinnar um aðildarumsókn Svíþjóðar var í samræmi við þá niðurstöðu Maastricht-samkomulagsins frá því í desember árinu áður, að gert er ráð fyrir því að ný aðildarríki gangi einnig undir ákvæði Maastricht-samkomulagsins. Framkvæmdastjórnin ítrekaði í álitinu þá skoðun sína að aðild EFTA-ríkja valdi ekki óyfirstíganlegum vandamálum, aðild þeirra myndi jafnvel styrkja bandalagið á ýmsum sviðum. Framkvæmdastjórnin áleit að utanríkis- og öryggisstefna Svíþjóðar hefði breyst verulega, en lagði þó til að í samningaviðræðum yrði leitað eftir nákvæmri og bindandi pólitískri og lagalegri skuldbindingu um að Svíar muni ganga að utanríkisþætti Maastricht-samkomulagsins.

Noregur sótti um aðild að bandalaginu á síðari hluta síðastliðins árs og varð þar með fimmta ríkið af sjö sem standa að Fríverslunarsamtökum Evrópu til að sækja um aðild. Norðmenn hafa lýst því yfir að þeir vilji vera í sama hópi og nágrannar þeirra í Skandinavíu. Álit framkvæmdastjórnar á umsókn Noregs var lagt fram nýlega. Umsögnin er í heild sinni mjög jákvæð þó tekið sé fram að vissir örðugleikar séu fyrirsjáanlegir í aðildarviðræðunum.

Noregur hefur um langt skeið verið í hópi tíu mikilvægustu viðskiptaaðila Evrópubandalagsins. Árið 1991 komu 50% af innflutningi Norðmanna frá löndum EB og 66 % af útflutningi þeirra fóru á EB markað.

Bent er á að ríkisstyrkir til landbúnaðar í Noregi séu með þeim hæstu innan OECD. 5,4% mannafla vinni við landbúnað, sem sé svipað hlutfall og innan EB. Þó hafi landbúnaðarframleiðsla aðeins verið 1,8% af GDP árið 1990, samanborið við 3% hjá Evrópubandalaginu. Landbúnaðarframleiðsla Norðmanna sé svo lítil að hún muni hafa óveruleg áhrif á markaði EB. Framleiðsla landbúnaðarvara fullnægir aðeins um 50% af neysluþörf landsmanna. Mikill hluti þeirrar kornvöru, ávaxta og grænmetis sem neytt er í Noregi er innflutt. Stefnumörkun í landbúnaði í Noregi er að mörgu leiti svipuð og innan EB, þó ríkisstyrkir Norðmanna séu umtalsvert hærri en hjá bandalaginu. Noregur, líkt og Evrópubandalagið, styðji landbúnað í afskekktum héruðum landsins til að stuðla að viðhaldi byggðar. Eins og innan EB sé framleiðslustýring mikilvægur þáttur byggðastefnu.

Fiskveiðar Norðmanna standa undir 6% heildar útflutningstekna þeirra. Gangi Noregur í Evrópubandalagið mun stærð fiskveiðiflota bandalagsins aukast um 17%. Gagnkvæmar veiðiheimildir aðildarríkja innan fiskveiðilögsögu hvers um sig gæti orðið einn helsti

ásteytingarsteinn í samningaviðræðum, einkum með tilliti til þess að taka verður til greina sérstöðu norðurhéraða Noregs, sem eru mjög háð fiskveiðum.

Gera má ráð fyrir að útgjöld Evrópubandalagsins muni aukast um um það bil 521 milljón ECU við aðild Noregs, eða innan við 1%. Af þessari upphæð er gert ráð fyrir að um 188 milljónir fari í styrki til landbúnaðar, um 90 milljónir renni til Norðmanna úr þróunarsjóðum EB og um 115 milljónir renni til fiskveiða, eða milli 15 og 20% af útgjöldum EB til þess málaflokks. Við inngöngu Noregs munu tekjur bandalagsins aukast um um það bil 969 milljónir ECU, eða sem svarar til 1,5% af heildarútgjöldum Evrópubandalagsins.

Með tilliti til mannfjölda og náttúruauðlinda er Noregur eitt af auðugustu ríkjum Evrópu. Engar óyfirstíganlegar hindranir ættu því að vera í vegi aðildar þess að Evrópubandalaginu segir að lokum í umsögninni.

Frá því að álit framkvæmdastjórnar á umsóknum Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar lá fyrir hafa verið fundir um einstaka þætti álitsins. Farið hefur verið yfir löggjöf bandalagsins sem ekki er í samningnum um EES, almenna viðskiptastefnu bandalagsins, svo sem samninga við þriðju ríki, skattamál og tollamál. Það hefur ekki farið á milli mála að mikill áhugi og vilji er af hálfu umsækjenda úr hópi EFTA-ríkja til að hefja samningaviðræður sem fyrst. Það virðist sem þessi ríki muni vinna náið saman í samningaviðræðunum, þótt allar samningaviðræður verði tvíhliða. Þau hafa flest sett markið hátt og vonast til þess að af aðild geti orðið fyrir árið 1996. Áhugi þeirra á aðild hefur þó ekki verið á kostnað samningsins um EES, nema síður sé. Þau telja samninginn um EES góðan og enn á langt í land að aðild verði að raunveruleika. Síðustu tvö árin hafa líka sýnt að tímaáætlanir raskast auðveldlega og að þjóðaratkvæðagreiðslur geta farið öðruvísi en ætlað er. Þau mál, sem rædd verða undir formennsku Dana, eru önnur mál en þau sem snúa að Maastricht, en á síðari hluta árs kemur í ljós hvort Maastricht-samkomulagið verður orðið að veruleika.

Þing EB

Þjóðverjinn Egon Klepsch var kosinn forseti þingsins í stað Spánverjans Enrique Baron Crespo í upphafi þings, hinn 13. janúar 1992.

Mikill tími þingsins fór í að ræða þau mál sem efst voru á baugi, svo sem Maastricht-samkomulagið og fjárlögin. Þá varði þingið góðum tíma í samninginn um EES, sérstaklega í upphafi árs, þegar spurning var hvort hann bryti í bága við Rómarsáttmálann og drægi úr völdum stofnana bandalagsins.

Eftir að allt Þýskaland var orðið aðili að bandalaginu var ljóst að taka þyrfti tillit til þessa varðandi fjölda þingmanna. Á leiðtogafundinum í Edinborg náðist samkomulag um fjölda þingmanna aðildarríkjanna, samkvæmt tillögu þingsins. Hér á eftir er listi yfir fjölda þingmanna einstakra ríka eins og hann er í dag og hvernig hann verður frá og með árinu 1994:

	1993	**1994**
Belgía	24	25
Danmörk	16	16
Þýskaland	81	99
Grikkland	24	25
Spánn	60	64
Frakkland	81	87
Írland	15	15
Ítalía	81	87
Lúxemborg	6	6

Holland	25	31
Portúgal	24	25
Bretland	81	87
Samtals	**518**	**567**

Innri markaðurinn og dreifræðisreglan

Lagabreytingar vegna innri markaðarins gengu ágætlega. Á síðasta fundi ráðs EB um innri markaðinn 18. desember síðastliðinn var gengið frá flestum málum, þannig að nú eru um 95% þeirra lagabreytinga, sem kynntar voru með "Hvítbókinni" árið 1985, samþykktar. Undir forsæti Breta á síðari hluta árs hafa um 85 gerðir verið samþykktar. Allt sem nú hefur verið samþykkt leiðir til þess að hægt er að afnema eftirlit með vörum, fjármagni og þjónustu aðildarríkjanna, en verr gengur með afnám eftirlits með fólki á landamærum milli aðildarríkja. Það hefur komið í ljós að sumar tillögurnar sem hafa verið lagðar fram þarf ekki að samþykkja til að ná markmiðum innri markaðarins. Jafnframt hefur meginreglan um dreifræði rutt sér mjög til rúms innan EB, þar sem gert er ráð fyrir því að bandalagið beiti sér einungis á þeim sviðum þar sem æskilegast er að ákvarðanir verði teknar á hálfu bandalagsins og betri niðurstöðu sé ekki að vænta ef aðildarríkin sjái um málin hvert um sig.

Á árinu fór framkvæmdastjórnin yfir nokkuð af núgildandi löggjöf og tillögum og skoðaði þær með hliðsjón af meginreglunni um dreifræði. Á Edinborgarfundinum kom fram að nokkrar tillögur hafa verið dregnar til baka, svo sem skylda til að merkja matmæli með upplýsingum um næringargildi, og fyrirhugað er að draga nokkrar tillögur til baka sem nú eru til umfjöllunar í þinginu, svo sem tillögur um meðferð dýra í dýragörðum, tillögur um breytingar á 6. virðisaukaskattstilskipuninni og tillögur um merkingar skófatnaðar. Þá hefur einnig verið ákveðið að hætta við að leggja fram tillögur um samræmingu á bílnúmerum og um fjárhættuspil. Í desember 1993 mun framkvæmdastjórnin leggja fyrir leiðtogafund bandalagsins lokaskýrslu sína um endurskoðun á núgildandi löggjöf EB með hliðsjón af meginreglunni um dreifræði.

Ný framkvæmdastjórn

Hinn 21. desember samþykkti ráðið nýja framkvæmdastjórn til 4 ára. Taki Maastricht-samkomulagið gildi fyrr mun framkvæmdastjórnin sitja til 6. janúar 1995, þar sem samkomulagið gerir ráð fyrir því að framkvæmdastjórn sitji í samræmi við kjörtímabil þingmanna á Evrópuþinginu. Þegar hafði verið ákveðið í Lissabon að Jacques Delors yrði forseti framkvæmdastjórnar frá 6. janúar 1993 til 6. janúar 1995. Delors hefur setið í tvö tímabil, það er frá 1985-1988 og 1989-1992.

Helstu breytingar sem urðu á framkvæmdastjórninni eru þær að Frans Andriessen lét af störfum. Sir Leon Brittan, sem annast hafði samkeppnismál, tekur við utanríkisviðskiptum, Hans van den Broek sér um utanríkismál, þar á meðal sameiginleg utanríkis- og varnarmál, og samninga um stækkun bandalagsins. Sameiginlega sjá þeir tveir því um mál sem varða Evrópska efnahagssvæðið, þótt flestir þættir þess verði á starfssviði Brittans. Henning Christophersen annast efnahags- og peningamál með Jacques Delors, forseta framkvæmdastjórnar, Belginn Karel van Miert um samkeppni- og starfsmannamál og Ítalinn Raniero Vanni D'Archirafi um innri markaðinn. Fiskimálin, ásamt umhverfismálum, kjarnorkuöryggi og almannavörnum, komu í hlut nýs framkvæmdastjórnarmanns frá Grikklandi, Ioannis D. Paleokrassas, sem víða hefur komið við í atvinnulífi og stjórnmálum í Grikklandi, síðast sem fjármálaráðherra frá apríl 1992.

Sjávarútvegsstefna EB

Á fundi sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagsins, sem haldinn var í Brussel 19. og 20. desember 1992, voru samþykktar nýjar reglur um sameiginlega sjávarútvegsstefnu bandalagsins. Undirbúningur þessara breytinga hefur staðið lengi yfir. Verkið var unnið í samræmi við ákvæði 8. greinar reglugerðar (EBE) nr. 170/83 um að stofna kerfi innan bandalagsins til friðunar og skynsamlegrar nýtingar fiskistofna, þar sem gefinn er kostur á endurskoðun fyrir árslok 1992.

Hinar nýju reglur sem ráðherrarnir samþykktu eiga að tryggja samræmingu meðal aðildarríkja, vernd fiskistofna, stjórnun fiskveiða, virkt eftirlit með veiðum og eðlilega þróun atvinnugreinarinnar og skapa þannig grundvöll sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu bandalagsins frá 1. janúar 1993. Þessar nýju reglur, sem koma í stað reglugerðar EBE nr. 170/83, ná til fiskveiða, vinnslu og fiskeldis. Reglurnar eiga að gilda innan bandalagsins, fyrir skip skráð í EB og skip í fiskveiðilögsögu þess. Gildistími er tíu ár, það er til 31. desember 2002. Í kjölfar reglugerðarinnar verða síðan settar ýmsar nánari reglur til að ná settum markmiðum.

Í reglunum er m.a. kveðið á um:

- áframhaldandi rétt aðildarríkja til 12 mílna einkalögsögu
- úthlutun veiðikvóta til aðildarríkja á grundvelli hefðbundinna veiða
- óbreyttar reglur um Hjaltlands-hólfið
- reglur um takmarkaðan aðgang að sérstökum veiðisvæðum
- frá 1. janúar 1995 verði komið á samræmdu leyfakerfi fyrir fiskiskip, sem stjórnað verður af aðildarríkjum
- að ráðherraráðið móti langtímaáætlanir um sókn og nýtingu fiskistofna byggðar á vísindalegum upplýsingum. Einnig verður í þessum áætlunum að taka mið af félags- og efnahagslegri þróun á ýmsum svæðum sem háð eru sjávarútvegi og vinnslu. Fyrsta áætlunin verður að koma fram á næsta ári.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar á framkvæmdastjórn EB að leggja fram, fyrir 31. desember 2001, skýrslu um efnahagslega stöðu sjávarútvegs, veiða og vinnslu og félagsleg álitamál í því sambandi. Á grundvelli þessarar skýrslu ber ráðherraráðinu að taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á sjávarútvegsstefnunni fyrir 31. desember 2002.

Í október kvað Evrópudómstóllinn upp úrskurð í málum er Spánn og Portúgal höfðuðu gegn framkvæmdastjórn EB, Bretlandi og Þýskalandi til að fá breytt reglum bandalagsins um úthlutun veiðikvóta EB í lögsögu Grænlands, Færeyja og Noregs á grundvelli hefðbundinna veiða. Dómstóllinn hafnaði kröfum Spánverja og Portúgala.

Eins og fram hefur komið telur framkvæmdastjórn EB nauðsynlegt að minnka afkastagetu flotans um allt að 40%. Eftir miklar umræður meðal fulltrúa aðildarríkja og framkvæmdastjórnar bandalagsins náðust samningar um áætlanir þar sem gert er ráð fyrir 15-20% samdrætti í afkastagetu flotans á árunum 1993 til 1996, mismunandi eftir tegundum veiðiskipa. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að taka tillit til möskvastærðar og þess tíma, sem skipum ber að vera bundin við bryggju, við nánari útfærslu umræddrar áætlunar.

Fiskveiðikvótar í lögsögu EB fyrir árið 1993 voru ákvarðaðir í desember. Samtals eru kvótarnir um 3,8 millj. tonn. Þar af kemur í hlut aðildarríkja um 3,1 millj. tonn. Mismuninn notar bandalagið í skiptum fyrir gagnkvæmar veiðiheimildir, t.d. við Noreg, Svíþjóð og Færeyjar. Við ákvörðun kvóta nú hefur bandalagið enn á ný neyðst til að draga úr aflaheimildum helstu fisktegunda. Ein undantekning er hér á. Kvóti fyrir ýsu verður 123 þús. tonn samanborið við 70 þús. tonn á fyrra ári.

Í lok nóvember var áritaður samningur milli EB og Argentínu um fiskveiðimál. Samkvæmt samningi má EB veiða í lögsögu Argentínu um 250 þús. tonn af fiski á ári næstu fimm árin. Samningurinn, sem er frábrugðinn fyrri fiskveiðisamningum EB hvað varðar beinar greiðslur og gagnkvæmar veiðiheimildir, skuldbindur EB til þátttöku í samstarfsverkefni, til dæmis með því að láta skrá skip frá bandalaginu í Argentínu, til að greiða um 28 millj. ECU (rúmlega 2.100 millj. kr.) til vísinda- og tæknimála, þróunarverkefna og starfsþjálfunar og til að lækka tolla á nokkrum sjávarafurðum við innflutning til bandalagsins.

Í nóvember samþykkti ráðherraráð EB reglugerð (EB) nr. 3412/92 um tollkvóta fyrir nokkrar innfluttar sjávarafurðir frá og með 1. apríl 1993. Með tilliti til væntanlegrar gildistöku EES-samnings var vöruflokkum fækkað miðað við fyrri ár, til dæmis er enginn kvóti fyrir saltaðan fisk. Þegar að ljóst var að EES samningurinn tæki ekki gildi fyrir 1. apríl 1993 lögðu starfsmenn sjávarútvegsskrifstofu framkvæmdastjórnar EB, DG XIV, ásamt sérfræðingum aðildarríkja fram drög að nýrri reglugerð um tollkvóta fyrir sjávarafurðir sem gilda áttu frá 1. apríl 1993. Þau reglugerðardrög taka til saltfisks.

Það umrót sem verið hefur á fiskmörkuðum Evrópu hefur tafið afgreiðslu á tollkvótum innan EB. Fyrst var ákveðið að fresta afgreiðslu þeirra fram yfir þingkosningar í Frakklandi og þá búist við að þeir gætu verið samþykktir á ráðherrrafundi 5. apríl. Nú hefur þeim verið vísað aftur til embættismanna til efnislegrar endurskoðunar svo endanlegrar ákvörðunar er ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi um 19 apríl.

Töf þessi er tilfinnanleg fyrir íslenska saltfiskútflytjendur og óvissan um úrslit hálfu verri. Sérstaklega er bagalegt að geta ekki flutt inn á tollkvótum fyrir páska, en saltfiskur hefur jafnan selst vel á föstunni. Hefðu tollkvótar verið samþykktir á áætlun hefðu tollar á söltuðum þorsk verið 3,7-5,0% í stað 13.0%; söltuð þorskflök tolluð á 9% í stað 20%, söltuð ufsaflök tolluð á 9% í stað 16% osfrv.

Tollkvótar EB eru gefnir út að einhliða ákvörðun Evrópubandalagsins og byggjast ekki á neinni samningsskuldbindingu. Ísland á því ekki réttarkröfu á hendur EB. Sendiráð Íslands gagnvart aðildarríkum EB hafa tekið málið upp gagnvart stjórnvöldum einstakra aðildarríkja bæði í Brussel og höfuðborgum ríkjanna.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fá Dani, sem nú fara með formennsku innan EB til þess að flýta afgreiðslu málsins. Einnig hefur verið leitað til þeirra þriggja ríkja sem slógu afgreiðslu málsins á frest, Breta, Frakka og Belga; og leitast við að sannfæra þá um að hægt væri að afgreiða saltfiskkvóta þó svo að ferskfiskkvótum væri slegið á frest. Loks hefur verið leitað eftir stuðningi þeirra ríkja sem flytja inn saltfisk, Spánar, Portúgal og Ítalíu því hærri tollar lenda einnig á þarlendum fiskinnflytjendum og neytendum.

Landbúnaðarstefna EB

Umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á landbúnaðarstefnu EB voru samþykktar á fundi landbúnaðarráðherra bandalagsins í Brussel 21. maí. Breytingarnar eru gerðar með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar, svonefndri MacSharry-áætlun, sem kynnt var í júlí 1991.

Helstu ástæður þessara breytinga eru minnkandi tekjur bænda, óvissa í markaðsmálum, auknar birgðir mjólkur, nautakjöts og smjörs, mikil og vaxandi útgjöld EB vegna landbúnaðar, aukin umhverfisspjöll af völdum landbúnaðar, ágreiningur innan GATT um verslun með landbúnaðarvörur og væntanlega aukin landbúnaðarframleiðsla í Austur-Evrópu.

Markmið nýrrar landbúnaðarstefnu er að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir landbúnaðarvörum, jafnframt því sem bændum verði tryggð viðunandi afkoma. Í nýjum

reglum er gert ráð fyrir verðlækkun afurða og minnkun framleiðslukvóta, auk þess sem bændum gefst tækifæri til að fara fyrr á eftirlaun. Til að borga upp tekjutap bænda verða þeim greiddir ríflegir styrkir. Þá geta bændur fengið styrki til skógræktar og til að forða landssvæðum frá umhverfisspjöllum.

Viðauki F

Þættir í starfi Sameinuðu þjóðanna

Verkefni Sameinuðu þjóðanna hafa verið mikið í sviðsljósinu að undanförnu og skal hér greint frá nokkrum þáttum í störfum stofnunarinnar, 47. allsherjarþinginu, friðargæslu og nokkrum sérstofnunum.

47. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar hafa átt mikilli velgengni að fagna undanfarin misseri eftir hrun kommúnismans og með bættri sambúð stórveldanna. Hlutverk þeirra hefur aukist og samtökin hafa beitt sér enn frekar á ýmsum sviðum þar sem þau höfðu áður haslað sér völl. Skulu þar helst til nefnd friðargæslustörf, afvopnunarmál og starfsemi á sviði mannréttinda. Segja má að 47. allsherjarþingið hafi starfað í skugga öryggisráðsins, sem hefur verið mjög virkt og látið frá sér fara á þessu ári fleiri ályktanir en nokkru sinni fyrr. Þingið fjallaði ítarlega um endurskipulagningu, endurskoðun og endurmat á störfum samtakanna. Á efnahags- og félagsmálasviðinu höfðu Norðurlöndin forystu um tillögugerð með svonefndu "Nordic UN Project", sem hefur að geyma umfangsmiklar hugmyndir um hvernig stofnunin geti orðið skilvirkari og skilað betri árangri með lægri tilkostnaði. Indverjar hafa haft forystu um fjölgun í öryggisráðinu og þar af leiðandi breytingar á starfsháttum þess.

Nýr aðalframkvæmdastjóri, Egyptinn Boutros Boutros-Ghali, lýsti því yfir þegar hann tók við embætti að hann gæfi aðeins kost á sér eitt kjörtímabil og hóf síðan víðtækar breytingar á skipulagi og starfsmannahaldi á skrifstofum stofnunarinnar án þess að þurfa að hugsa um endurkjör. Endurbætur þessar og endurskipulagning hafa þó ekki skilað þeim árangri sem vænst var. Tillögum Norðurlandanna á efnahags- og félagsmálasviðinu hefur verið tekið misjafnlega og þrátt fyrir mikil óformleg fundahöld verður að segja að lítið hafi þokast áfram. Gætir þar bæði tortryggni af hálfu þróunarlandanna, sem óttast að hlutur þeirra verði fyrir borð borinn og ýmis iðnríki hafa látið í ljós efasemdir. Afstaða Norðurlandanna hefur verið að ganga ekki að samkomulagi sem skilar litlum raunhæfum umbótum. Má búast við því að umræður haldi áfram.

Allsherjarþingið samþykkti mjög hóflega orðaða ályktunartillögu Indlands og fleiri þróunarlanda varðandi fjölgun í öryggisráðinu. Umræður um þetta mál hafa staðið með hléum á annan áratug, en síðast var fjölgað sætum í ráðinu um miðjan sjöunda áratuginn. Telja margir stækkun ráðsins nú óhjákvæmilega og stefna Indverjar og aðrir flytjendur tillögunnar að því að af stækkun geti orðið fyrir fimmtíu ára afmæli Sameinuðu þjóðanna árið 1995. Sem kunnugt er hafa Japan og Þýskaland sóst eftir föstum sætum í ráðinu í krafti efnahagslegs mikilvægis en sveðisbundnu stórveldin Brasilía, Nígería og Indland gera slíkt hið sama. Aðalframkvæmdastjórinn hefur gert margvíslega breytingar á skipulagi skrifstofa Sameinuðu þjóðanna. Deildir hafa verið lagðar niður, nýjar stofnaðar og aðrar hafa verið sameinaðar. Æðstu yfirmönnum hefur verið fækkað og mjög margir háttsettir starfsmenn færðir á milli starfa eða ekki fengið starfssamninga sína framlengda. Athygli hefur vakið, og reyndar einnig valdið gagnrýni, að aðalframkvæmdastjórinn hefur ekki ráðgast við fulltrúa aðildarríkjanna vegna breytinganna. Ekki hefur hann heldur leitað samþykkis allsherjarþingsins.

Tvö mál ber hæst þegar litið er yfir störf 47. allsherjarþingsins. Annars vegar er framkvæmd samþykkta umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, en fjallað var um það mál í 2. nefnd og í sérstakri undirnefnd hennar, þar sem samkomulag náðist um ályktanir þar að

lútandi. Hins vegar er samþykkt ályktunar varðandi samning um bann við þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og beitingu efnavopna og eyðileggingu núverandi birgða. Samningsgerðin hefur staðið í tuttugu og fjögur ár í afvopnunarnefndinni í Genf. Alls voru 145 ríki meðflytjendur tillögunnar sem má teljast einsdæmi á þessum vettvangi. Samningurinn var lagður fram til undirritunar í París í byrjun þessa árs. Í 2. nefnd fóru fram langar samningaviðræður um umhverfismálin í sérstakri undirnefnd undir forystu fastafulltrúa Malasíu. Alls voru samþykktar sjö ályktanir, þar á meðal um eyðimerkurmyndun og þurrka, sjálfbæra þróun lítilla eyríkja, umboð og uppbyggingu umhverfis- og þróunarnefndarinnar (CSD) og ráðstefnu um fiskveiðar á úthöfunum. Miklar deilur stóðu um síðastnefndu tvær ályktanirnar, einkum um hvar umhverfisnefndinni skyldi valinn fundarstaður og hvort ráðstefnan ætti, að fjalla um fiskveiðar við mörk efnahagslögsögu ríkja eða umboð hennar ætti að vera allt annað.

Eins og áður er getið gekk illa að ná viðunandi árangri í óformlegri nefnd er fjallaði um enduruppbyggingu og eflingu Sameinuðu þjóðanna á sviði efnahags- og félagsmála. Norðurlöndin lögðu áherslu á þrjú atriði í tillögum sínum á þessu sviði: alþjóðlegt þróunarráð (IDC), sem móta skyldi almenna stefnu á sviði efnahags- og félagsmála, nýjar fjáröflunarleiðir við þróunaraðstoð og loks stofnun lítilla framkvæmdaráða í stofnunum SÞ á þróunarsviðinu til eflingar markvissri stjórnun. Viðræður um þessi mál verða teknar upp að nýju á þessu vori. Af öðrum málum 2. nefndar má nefna samþykkt ályktunar um Mannfjöldaráðstefnuna, sem halda á í Kairó 5. til 13. september 1994, og ályktun um Byggðaráðstefnu (Habitat II) sem fyrirhuguð er 3. til 14. júní 1996. Þá var samþykkt ályktun þar sem lagt er til að UNITAR, þjálfunar- og rannsóknastofnun Sameinuðu þjóðanna, verði lögð niður.

Ein af mikilvægari ákvörðunum 3. nefndar var samþykkt ályktunar um mannréttindaráðstefnu sem haldin verður í Vín 14. til 25. júní í ár. Alls voru 135 ríki meðflytjendur að ályktuninni þar sem staðfestar eru samþykktir undirbúningsnefndar ráðstefnunnar. Erfiðlega gekk að ná samkomulagi um dagskrá ráðstefnunnar þar sem þróunarríkin leggja áherslu á að í mannréttindum felist efnahags- og félagsleg réttindi, en vestræn ríki vilja fjalla um mannréttindi í þrengri skilningi. Aðrar mikilvægar ályktanir á sviði mannréttinda voru samþykktir tveggja yfirlýsinga, sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið, annars vegar um réttindi minnihlutahópa og hins vegar um vernd fólks gegn brottnámi. Samþykktar voru ályktanir varðandi mannréttindabrot í Afganistan, El Salvador, Haítí, Myanmar, Júgóslavíu, Íran, Súdan og Kúbu. Þá fékk nefndin nýjan dagskrárlið til umfjöllunar, mannréttindabrot í Eistlandi og Lettlandi, sem Rússland óskaði eftir að tekin yrðu á dagskrá þingsins. Formaður lagði fram ályktunartillögu um málið sem samþykkt var samhljóða. Ályktunartillaga um aðstæður götubarna í heiminum var lögð fram af EB-ríkjunum. Og loks má nefna ákvörðun um að Sameinuðu þjóðirnar veiti mannréttindaverðlaun á árinu 1993 í tilefni af 45 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingarinnar.

Á sviði félagsmála var mikilvægasta ákvörðun nefndarinnar samþykkt ályktunar um að halda félagsmálaráðstefnu (ríkisoddvitafund) í Kaupmannahöfn snemma árs 1995. Ráðstefnan mun leggja áherslu á þrjú meginatriði: bætt lífskjör, fulla atvinnu og eflingu félagslegrar samlögunar.

Í 5. nefnd bar mest á umfjöllun um fjárhagsvanda stofnunarinnar eins og undanfarin ár, fjármögnun friðargæslusveitanna, kostnaðarhlutdeild aðildarríkjanna, starfsmannahald og skýrslu endurskoðendaráðsins. Vandamál tengd fjárþröng Sameinuðu þjóðanna og fjármögnun friðargæslusveita eiga rót sína að rekja til ógreiddra framlaga aðildarríkja, sem í haust námu 1,2 milljörðum Bandaríkjadala, þar af 550 milljónir dala vegna skyldaframlags til stofnunarinnar og 605 milljónir dala vegna friðargæslu. Í tillögum aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um leiðir til úrbóta er m.a. gert ráð fyrir dráttarvöxtum á ógreidd framlög, heimild til lántöku á almennum markaði, heimild allsherjarþingsins til ákvörðunar

þriðjungsframlaga til friðargæslu þegar í upphafi ákvörðunar öryggisráðsins, stofnun svokallaðs "Peace Endowment Fund" og stofnun sérstaks varasjóðs fyrir friðargæslusveitir. Starfsmannamálin reyndust eitt erfiðasta umræðuefnið í nefndinni einkum vegna framkvæmda og fyrirhugaðra breytinga aðalframkvæmdastjórans á starfsmannahaldi. Hefur hann gefið út yfirlýsingar, sem farið hafa fyrir brjóstið á starfsmönnum stofnunarinnar, um fækkun starfsmanna, en hann hefur meðal annars lagt niður þrettán stöður háttsettra embættismanna. Ekki bætir úr skák að Sameinuðu þjóðirnar eru sagðar vera ósamkeppnisfær vinnuveitandi á hinum alþjóðlega vinnumarkaði vegna lélegra launa í samanburði við aðrar alþjóðastofnanir. Þá hefur öryggi starfsmanna við skyldustörf farið versnandi og hafa þrettán starfsmenn Sameinuðu þjóðanna látið lífið það sem af er árinu. Framlagastigi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er eitt erfiðasta úrlausnarefni nefndarinnar vegna tilkomu hinna nýju aðildar-ríkja. Ljóst er að umræðan um framlagastigann hefur hafnað í lagalegum flækjum og enginn vilji er í nefndinni til að leysa málið. Þegar þinghaldi lauk fyrir jól biðu enn mörg viðfangsefni úrlausnar, svo sem endurskipulagning á sviði efnahags- og félagsmála og skýrsla aðalframkvæmdastjórans "Starfsskrá friðar".

Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna

Á tímum kalda stríðsins var friðargæsla vafalítið sá vettvangur þar sem Sameinuðu þjóðirnar náðu hvað bestum árangri. Friðargæslusveitir voru sendar víða um heim, skipaðar hermönnum valinna aðildarríkja, en undir stjórn samtakanna og alltaf með samþykki viðkomandi deiluaðila. Sveitirnar komu sér fyrir milli stríðandi fylkinga er friður hafði verið saminn og tryggðu að friður héldist án þess að grípa sjálfar til vopna. Í flestum tilfellum voru þær kallaðar heim er ekki þótti hætta á að ófriður brytist út að nýju. Nýleg dæmi um árangursríkt starf friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna eru frá Namibíu og Nikaragúa. Á báðum stöðunum tókst að tryggja frið og koma stjórnartaumum í hendur lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðanna. Eftir hrun kommúnismans gerðu menn sér bjartar vonir um enn frekara hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að tryggja frið og öryggi í heiminum, eins og gert hafði verið ráð fyrir í stofnskrá samtakanna. Fundur æðstu manna ríkjanna, sem sæti eiga í öryggisráðinu, í janúar sl., þar á meðal stórveldanna fimm sem eiga þar föst sæti, staðfesti fullan vilja ríkjanna til að nota samtökin sem vettvang samvinnu og friðar eins og stofnskráin mælir fyrir um. Fólu þeir aðalframkvæmdastjóranum að gera skýrslu um á hvern hátt samtökin gætu tekist á við vaxandi hlutverk. Í skýrslu sinni "Starfsskrá friðar" varpaði hann fram ítarlegum hugmyndum um ýmis atriði starfsvettvangs samtakanna. Friðargæslunni voru þar gerð góð skil og lagðar fram tillögur um víðari túlkun friðargæslustarfa en áður tíðkaðist. Lögð var áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir áður en til ófriðar kæmi bæði diplómatískar og með því að setja friðargæslusveitir niður milli deiluaðila. Þá var fjallað um möguleika á að knýja fram frið með vopnavaldi ef önnur ráð þryti og jafnvel að senda sveitir á vettvang án samþykkis deiluaðila. Loks var gert ráð fyrir auknu hlutverki Sameinuðu þjóðanna að ófriði loknum. Auk hefðbundinnar friðargæslu hafa samtökin í seinni tíð aðstoðað við eflingu mannréttinda og við undirbúning og framkvæmd kosninga, svo og við að endurreisa samgöngu- og matvæladreifingarkerfi að ófriði loknum.

Miklar vonir voru bundnar við aukin umsvif stofnunarinnar á sviði friðargæslustarfa en nú hafa komið í ljós talsverðir erfiðleikar. Í fyrsta lagi skal nefnt umfang friðargæslunnar. Nú eru í friðargæslusveitum Sameinuðu þjóðanna um sextíu þúsund manns á þrettán stöðum í heiminum og er árlegur kostnaður um þrír milljarðar Bandaríkjadala. Segja má að á þessu sviði séu Sameinuðu þjóðirnar að verða fórnarlamb eigin velgengni, en þrátt fyrir kröfur um aukna friðargæslu hefur reynst æ erfiðara að innheimta kostnaðarhlutdeild margra aðildarríkja.

Í lok febrúar 1993 skulduðu aðildarríkin 1.051,6 milljónir Bandaríkjadala vegna friðargæslu. Útgjöld Íslands vegna friðargæslu eru nú mun hærri en sem nemur aðildarframlaginu til stofnunarinnar. Í öðru lagi hefur friðargæslusveitunum reynst ókleift að framkvæma hlutverk sitt á nokkrum stöðum svo sem í Kambódíu, þar sem Rauðu Khmerarnir gera þeim erfitt fyrir, í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu, einkum í Bosníu-Hersegóvínu, El Salvador og loks á Kýpur þar sem friðargæslusveitir eru enn tæplega þrjátíu árum eftir að stillt var til friðar án þess að lausn hafi fundist. Öryggisráðið hefur því í auknum mæli gripið til hertra refsiaðgerða gegn ósamvinnuþýðum aðilum, þar með taldar bindandi aðgerðir samkvæmt VII. kafla stofnskrárinnar. Í þriðja lagi er sú staðreynd, að með efnahagskreppu í ýmsum vestrænum iðnríkjum, sem lagt hafa fram bróðurpartinn af friðargæsluliði Sameinuðu þjóðanna, gætir nú vaxandi tregðu til þess að taka þátt í friðargæslusveitum og greiða kostnað við þær. Má þar fyrst nefna kostnað við friðargæsluna á Kýpur, sem er fjármögnuð með frjálsum framlögum, en framlögin hafa farið minnkandi með hverju ári og nemur skuld sveitanna nú tæplega tvö hundruð milljónum Bandaríkjadala. Danmörk hefur kallað friðargæsluliða heim frá Kýpur og búist er við að Kanada, Austurríki og jafnvel Bretland geri slíkt hið sama. Friðargæslusveitir eru nú á eftirfarandi stöðum: Ísrael 259 menn frá árinu 1948; Indland-Pakistan 39 menn frá árinu 1949; Kýpur 2197 menn frá árinu 1964; á Gólanhæðum 1120 menn frá árinu 1974; Líbanon 5643 menn frá árinu 1978; El Salvador 530 menn frá árinu 1991; Kúveit-Írak 353 menn frá árinu 1991; Angóla 298 menn frá árinu 1991; Vestur-Sahara 332 menn frá árinu 1991; Kambódía 18.900 menn frá árinu 1992; Sómalía 650 menn frá árinu 1992; fyrrverandi Júgóslavía um 23.000 menn frá árinu 1992; Mosambík 7500 menn frá árinu 1993.

Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna

Neyðarhjálparskrifstofa SÞ. Á 46. allsherjarþinginu var samþykkt að efla samhæfingu innan Sameinuðu þjóðanna á sviði neyðarhjálpar með því að setja á fót skrifstofu fyrir mannúðaraðstoð og sérstakt embætti aðstoðaraðalframkvæmdastjóra til þess að unnt sé að bregðast skjótt og örugglega við þegar hættuástand skapast af mannavöldum eða náttúruhamfara. Í þessa skrifstofu var innlimuð Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDRO) svo og sérstakar neyðarhjálparskrifstofur fyrir Afríku, Írak og Suðaustur-Asíu. Samhliða þessari breytingu var settur á stofn sérstakur neyðarhjálparsjóður með frjálsum framlögum að upphæð fimmtíu milljónir Bandaríkjadala. Framlag Íslands í sjóðinn nam tíu þúsund dölum. Sjóði þessum er ætlað að lána til verkefna sem upp koma þannig að unnt sé að bregðast tafarlaust við þegar neyðarástand skapast, enda fái sjóðurinn lán sín endurgreidd þegar söfnun getur hafist fyrir viðkomandi hjálparstarfi. Pólitískar ákvarðanir eru teknar í New York í samráði við skrifstofu Sameinuðu þjóðanna en þar er neyðarhjálparfulltrúinn staðsettur. Genfarskrifstofan sér hins vegar um samhæfingu og skipulagningu hjálparstarfsins. Verkefni skrifstofunnar eru ekki aðeins samhæfing og að bregðast við neyðarástandi heldur er ætlunin að brugðist sé við vandanum með langtímalausn í huga. Neyðaraðstoð skal ekki líta á sem einangrað verkefni heldur ber að tengja hana uppbyggingu og þróun. Framlag Íslands til Neyðarhjálparstofnunarinnar á árinu 1992 nam kr. 543.000,-.

Matvælaáætlun SÞ (WFP) var sett á stofn árið 1961 sameiginlega af Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) og allsherjarþinginu til þess að veita aðstoð á svæðum þar sem yfirvofandi er hungur. Veitir hún neyðarhjálp í formi matargjafa og tæknilegrar þjónustu við að leysa vandann. Matvælaáætlunin sér einnig um Alþjóðamatvælabirgðasjóðinn (IEFR) en takmark hans er að hafa jafnan til ráðstöfunar 500.000 tonn af korni. Framlag Íslands á árinu 1992 til Matvælaáætlunarinnar nam kr. 883.000,- og til Alþjóðamatvælabirgðasjóðsins kr. 370.000,-.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) var stofnuð árið 1951 á grundvelli ákvörðunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Eftir síðari heimsstyrjöldina var fyrst farið að líta á flóttamannavandamálið sem alþjóðlegt vandamál enda var flóttamannavandamálið þá gífurlegt. Samkvæmt tölum Flóttamannastofnunarinnar eru nú um sjötíu og átta milljónir manna í hrakningum frá heimilum sínum. Af þeim eru um átján milljónir flóttamenn og tuttugu milljónir heimilislausir í heimalöndum sínum. Á árinu 1992 skráði Flóttamannastofnunin þrjár milljónir nýrra flóttamanna í heiminum og hefur stofnunin aðstoðað eina og hálfa milljón flóttamanna við að snúa aftur til fyrri heimkynna. Þessi stórbrotnu vandamál hafa haft gífurlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Flóttamannastofnunina, sem að langmestu leyti byggir starfsemi sína á frjálsum framlögum aðildarríkjanna. Útgjöld stofnunarinnar á liðnu ári vegna gífurlegra verkefna munu vera rúmlega einn milljarður Bandaríkjadala. Flóttamannavandinn er til staðar í öllum heimshlutum. Hins vegar skyggði hið hrikalega ástand í Júgóslavíu og Sómalíu á allt annað. Flóttamannavandamálið í Júgóslavíu er hið versta í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Átökin þar hafa leitt til þess að vel á fjórðu milljón manna hafa hrakist frá heimilum sínum. Vegna nauðsynjar á skjótum aðgerðum og aukinnar fjárþarfar var að frumkvæði flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna haldinn sérstakur alþjóðlegur framlagafundur í Genf varðandi neyðaraðstoð við fórnarlömb átakanna í fyrrum Júgóslavíu. Á fundinum lagði flóttamannafulltrúi fram áætlun í sjö liðum um skipulagningu neyðaraðstoðarinnar. Á fundinum kom fram mikill stuðningur við áætlanir flóttamannafulltrúans og mörg ríki tilkynntu um aukin framlög til hjálparstarfsins.

Fastafulltrúi Íslands flutti ræðu á fundinum og tilkynnti um þriggja milljóna króna framlag af Íslands hálfu og lýsti stuðningi við framlagðar hugmyndir um skipulagningu hjálparstarfsins. Að því er varðar ástandið í Sómalíu þá hefur Flóttamannastofnunin þar mjög mikilvægu hlutverki að gegna í samvinnu við aðrar hjálparstofnanir undir forystu Neyðarhjálparskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Stofnaður var sérstakur neyðarhjálparsjóður fyrir Sómalíu til fjármögnunar hjálparstarfsins.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Fjórtánda starfsár Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík var með hefðbundnum hætti. Tólf jarðvísindamenn og verkfræðingar voru í sex mánaða sérhæfðri þjálfun hér á landi. Þeir komu frá Kosta Ríka (1), El Salvador (1), Filippseyjum (3), Guatemala (1), Kenýa (2), Kína (3) og Tékkóslóvakíu (1). Sérfræðingar Orkustofnunar sáu um mestan hluta kennslunnar, en nemendur voru einnig í læri hjá verkfræðistofnuninni Vatnaskil hf. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1979, en þá samþykkti ríkisstjórnin að Orkustofnun gerðist aðildarstofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Samstarfssamningurinn milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar um rekstur Jarðhitaskólans var framlengdur vorið 1991 til ársins 1996.

Alls hafa 118 raunvísindamenn og verkfræðingar frá tuttugu og þremur löndum hlotið sex mánaða þjálfun í Jarðhitaskólanum, en um fjörutíu hafa komið til skemmri námsdvalar. Íslenska ríkið greiðir um 80% af kostnaði við rekstur Jarðhitaskólans en um 20% koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tokýó. Íslenska framlagið til Jarðhitaskólans er fært í fjárlögum sem hluti af framlagi Íslands til þróunaraðstoðar. Nemandi frá Tékkóslóvakíu kom á árinu 1992 á sérstökum styrk sem íslensk stjórnvöld greiddu til þess að auka samskipti Íslands og Tékkóslóvakíu.

Mikil aðsókn er að Jarðhitaskólanum frá öllum heimshornum. Árið 1993 er búist við nemendum m.a. frá Búlgaríu, El Salvador, Filippseyjum, Kenýa, Kína og í fyrsta skipti koma nemendur frá Litháen og Rúmeníu. Jarðhitaskólinn er rekinn innan Jarðhitadeildar Orkustofnunar.

Viðauki G

Norðurlandasamvinna

Næstu misseri munu mótast af umfangsmiklu umbótastarfi í norrænni samvinnu.

Forsætisráðherrar Norðurlanda höfðu frumkvæði að viðamiklu endurmati og nýsköpunarstarfi með Maríuhafnaryfirlýsingunni frá því í nóvember 1991. Hin svokallaða "Iloniemi-nefnd", sem skyldi semja skýrslu um endurmat norrænnar samvinnu, skilaði áliti til forsætisráðherranna á fundi þeirra á Borgundarhólmi 17. ágúst 1992.

"Störe-hópnum" svokallaða var síðan í kjölfarið falið að gera tillögur um útfærslu á helstu tillögum "Iloniemi-nefndarinnar". "Störe-hópurinn" skilaði af sér skýrslu hinn 11. nóvember síðastliðinn í tengslum við 41. þing Norðurlandaráðs í Árósum. "Iloniemi-skýrslan" eða "Skýrsla forsætisráðherra um endurmat á norrænni samvinnu" hlaut ítarlega umfjöllun á sérstökum kynningarfundum með Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Þá var skýrsla um málið lögð fram á Alþingi, 186. löggjafarþingi 1992, og var hún tekin til ítarlegrar umræðu hinn 29. október 1992.

Með hliðsjón af nýsköpunartillögum þessum hafa oddvitar ríkisstjórnarinnar tekið ákvarðanir sem leiða munu til verulegra breytinga á norrænu samstarfi. Í "Iloniemi-skýrslunni" eru lagðar grundvallar- og meginlínur um framtíð norræns samstarfs en álit "Störe-hópsins" felur í sér nánari útfærslu og er leiðarvísir á því breytingaskeiði sem framundan er.

Nýsköpunarstarfið miðar fyrst og fremst að því að "þarfirnar móti skipulag samstarfsins", að breyttri forgangsröð verkefna, fækkun embættismannanefnda og ráðherranefnda og endurskipulagningu á rekstri skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Hin formlega samvinna innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar verður í meginatriðum á sviðum sem fyrst og fremst snerta hreina og beina norræna hagsmuni ("genuint nordisk karaktär"), eins og tekið er til orða í skýrslunni.

Í Borgundarhólmsyfirlýsingunni frá 18. ágúst 1992 felst að forsætisráðherrarnir fari með æðstu stjórn norræns samstarfs og móti pólitískar megináherslur í evrópsku og norrænu samstarfi innávið og útávið, meðal annars til þess að auðvelda þátttöku ríkjanna í EES- og EB-samstarfinu. Þannig er annars vegar að því stefnt að styrkja pólitíska stjórnun á norrænu samstarfi en hins vegar að leggja aukna áherslu á óformleg samráð og samstarf ríkisstjórna, þingmanna, samtaka og félaga og fyrirtækja. Forsætisráðherrarnir ákváðu að þróa bæri norræna stjórnarsamvinnu um utanríkis- og öryggismál og tryggja náið og vaxandi norrænt samstarf um mál, sem eru á dagskrá innan Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og annars staðar á samstarfsvettvangi ríkja þar sem Norðurlönd koma við sögu. Hér er verið að leggja grunn að nánu sambandi og virku frumkvæði þannig að hægt sé með stuttum fyrirvara að hafa áhrif á efnisatriði mála.

Formennska í nefndum og ráðum fær nú aukið vægi og verða formennirnir ábyrgir fyrir framvindu og heildarsýn á tilteknum sviðum. Þetta hefur verið nefnt "hin virka formennska" í norrænu samstarfi.

Forsætisráðherrarnir hafa lýst stuðningi við tillögur um að einbeita norrænu samstarfi að sjö forgangssviðum: menningu, menntun og rannsóknum, umhverfismálum, réttindamálum þegnanna, efnahagsmálum, fiskveiðum og lagalegum efnum. Í samstarfi Norðurlandanna

verður auk þess meðal annars lögð áhersla á samgöngumál og samskiptakerfi innan Norðurlanda, auðlindastefnu, orkumál og byggðasamstarf.

Sem dæmi um áherslubreytinguna má taka að því hefur verið lýst yfir sem markmiði að fyrir 1996 verði helmingi norrænu fjárlaganna varið til menningar- og menntamála, en 1992 var rösklega þriðjungi framlaga á fjárlögum varið til þessara málaflokka. Ákveðið hefur verið að draga á engan hátt úr samvinnu á sviði umhverfismála á árunum 1993 og 1994 né heldur framlagi til verkefna í Eystrasaltsríkjunum og annars staðar í Mið- og Austur-Evrópu. Í þessu sambandi má nefna að starfstími Norrænu upplýsingaskrifstofanna þriggja í Eystrasaltsríkjunum, sem reynst hafa þýðingarmikill hlekkur í samskiptakeðjunni milli norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, hefur verið framlengdur til 1995.

Yfirlýsingar forsætisráðherranna frá Borgundarhólmi og Árósum hafa einnig að geyma aukna áherslu á samstarf almannasamtaka sem ráðherrarnir telja vera þýðingamikinn hluta af samstarfinu í heild innan Norðurlanda.

Komið hefur verið á fót sérstakri samstarfsnefnd sem leysir nefnd staðgengla samstarfsráðherra af hólmi og er skipuð aðstoðarmönnum ráðherra eða háttsettum embættismönnum. Samstarfsnefndin "Nordisk Samarbejdskomité" (NSK) á að samræma norrænt samstarf frá degi til dags. Hún getur tekið við fyrirmælum beint frá forsætisráðherrunum en heyrir að öðru leyti undir norrænu samstarfsráðherrana. Hún er ábyrg fyrir framkvæmd tillagna þeirra, sem birtar eru í áliti "Störe-hópsins", og vinnur nú að frekari útfærslu þeirra.

Á 41. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Árósum 9.-11. nóvember 1992, tók iðnaðar- og viðskiptaráðherra þátt í utanríkismálaumræðunni fyrir Íslands hönd og lagði meðal annars áherslu á að virk stjórnun á norrænu samstarfi mætti ekki leiða til þess að lýðræðisleg áhrif færu minnkandi. Hann benti á að með tilkomu Eystrasaltsráðsins myndu fjögur Norðurlandanna stuðla að nánari samvinnu við löndin við Eystrasalt. Íslendingar hefðu áhuga á að tengjast þessu samstarfi og tækju feginsamlega við stuðningi annarra norrænna ríkja í þeirri viðleitni. Einnig var sérstaklega minnst á að þótt ný verkefni biðu norræns samstarfs á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins væri brýnt að móta framtíð þess á þann hátt að Álandseyingar, Færeyingar og Grænlendingar sæju sér áfram hag í að taka þátt í því. Ekki mætti líta framhjá hagsmunum sjálfstjórnarsvæðanna við þá endurskipulagningu sem fyrirsjáanleg er á norrænu samstarfi.

"Norrænt samstarf hefur frá upphafi verið einn af hornsteinum í utanríkisstefnu Norðurlanda", sagði ráðherrann. "Því er þó ekki að neita að stöðnun hefur einkennt samstarfið á vissum sviðum hin síðari ár. Hvaðan sem við komum þá vitum við að við lifum á tímum efnahagslegrar lægðar. Henni fylgir þungbær niðurskurður og endurmat á opinberri fjármögnun og hlutverki velferðarkerfisins og uppbyggingu. Hér eru öll norrænu ríkin á sama báti. Það er mikilvægt fyrir Norðurlönd að fást við þessi vandamál sameiginlega innan vébanda OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að fylgt verði samræmdri efnahagsstefnu sem ýtir undir nýja hagvaxtarþróun í heiminum og bætt atvinnuástand."

Ríkisstjórnir Norðurlanda miða að því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði taki gildi á fyrri helmingi ársins 1993. Svíar, Finnar og Norðmenn hafa ákveðið að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Svíar og Finnar héldu 1. febrúar síðastliðinn sinn fyrst viðræðufund um aðild með samningamönnum EB. Þessar nýju aðstæður leiða til umfangsmikils og vaxandi samstarfs Norðurlanda utan hins hefðbundna vettvangs Norrænu ráðherranefndarinnar. Þessi samvinna, sem samkvæmt eðli málsins er að verulegu leyti óformleg, hefur einnig áhrif á forsendur þess samstarfs sem nú á sér stað undir stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar um frumvarp til laga um Evrópskt efnahagssvæði, sem samþykkt var á Alþingi 12. janúar 1993, segir meðal annars: "Fyrirsjáanlegar eru ýmsar breytingar á samstarfi Norðurlandanna á vettvangi ríkisstjórna og þjóðþinga í kjölfar samningsins um EES. Sagt hefur verið að EES-samningurinn sé mikilvægasti Norðurlandasamningur sem gerður hefur verið um áratuga skeið. Með honum verða loks "Norðurlönd einn heimamarkaður", svo sem löngum hefur verið stefnt að á vettvangi Norðurlandaráðs, og helstu markmið "NORDEK" frá því um 1970 verða komin í höfn. Með EES-samningnum flytjast norræn samstarfsmálaefni á sviði efnahagsmála, viðskipta og annarra viðfangsefna, sem undir samninginn heyra, yfir á hinn stærri EES-vettvang. Breytingarnar á samstarfi Norðurlandanna miða ekki síst að því að nýta til fulls þá möguleika sem þar verður að finna. EES-samstarfið er til þess fallið að styrkja norræna samvinnu ef rétt er á málum haldið. Stæðu Íslendingar utan við EES væru þeir jafnframt að einangra sig frá stórum og mikilvægum þáttum í norrænu samstarfi."

Verklag í hinu norræna samstarfskerfi mun framvegis miðast að verulegu leyti við að styrkja Norðurlönd vegna þátttöku þeirra í Evrópska efnahagssvæðinu og aðildar að stofnunum þess. Þar af leiðir að stefnumarkandi mál, sem áformað er að ræða á vettvangi EES, verða rædd á tilteknum stigum milli norrænna ríkisstjórna. Framvegis munu Norðurlönd í vaxandi mæli ræða sín á milli grundvallarafstöðu til nýs frumkvæðis eða nýrra forsendna áður en til ákvarðanatöku kemur. Þetta hefur það í för með sér að norrænt samstarf verður að fjalla um framtíðarmál og undirbúning að ákvörðunum fremur en að bregðast við orðnum hlut. Í Árósayfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda er vísað til þess að EES-samningurinn opni möguleika á nánara samráði um mikilvæg efnahagsatriði.

Viðauki H

Þróunarsamvinna

Í byrjun árs 1992 skilaði starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins skýrslu um framtíð þróunarsamvinnu á vegum íslenska ríkisins. Þessi skýrsla var síðan til meðferðar í hópi embættismanna frá fimm ráðuneytum. Sá hópur skilaði áliti í desember.

Niðurstöður aðila eru mjög samhljóða að flestu leyti. Þetta eru þær helstu:

- Lagt er til að sett verði á stofn sérstök skrifstofa þróunarmála innan utanríkisráðuneytisins. Í tengslum við skrifstofu þróunarmála starfi sérstakt þróunarmálaráð, skipað fulltrúum utanríkisráðherra (er skipi formann ráðsins), fjármálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, umhverfisráðherra, og fulltrúa sem tilnefndur verði af frjálsum félagasamtökum. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) verði þá lögð niður og um leið yfirtekur skrifstofan skuldbindingar ÞSSÍ. Framkvæmd verkefna verður ýmist boðin út eða falin hæfum aðilum.

- Málefni Alþjóðabankans og undirstofnana hans, sem sinna nánast eingöngu þróunarríkjum, verða áfram hjá viðskiptaráðuneytinu, en hin nýja þróunarmálaskrifstofa í utanríkisráðuneytinu tekur með formlegum hætti þátt í umfjöllun um þau mál.

- Talið er æskilegt að stjórnvöld endurskoði markmið varðandi aukningu framlaga til þróunaraðstoðar. Fyrri nefndin um framtíðarskipan þróunaraðstoðar lagði til að framlög ríkisins til þróunaraðstoðar verði 0,3-0,4% af þjóðarframleiðslu um næstu aldamót.

Að vísu eru 0,3-0,4% af þjóðarframleiðslu nokkru lægra hlutfall en þau 0.7% sem samþykkt hefur verið hjá SÞ nú síðast í Ríó, en þó mikil framför frá því sem nú er. Starfshópur embættismanna ráðuneytanna hafði þann fyrirvara á, að breytt fyrirkomulag skyldi vera til endurskoðunar eftir þrjú ár, en engu að síður er hér um veigamikla stefnumörkun að ræða. Tillögurnar eru til meðferðar hjá ríkisstjórninni og breyta þarf lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Það er að mörgu leyti skynsamlegt að breyta núverandi skipulagi um leið og framlög til þróunarsamvinnu fara vaxandi. Það hefur vissulega mátt gagnrýna það að sami aðili, Þróunarsamvinnustofnun Íslands, hefur tekið allar ákvarðanir um val á verkefnum, séð um framkvæmd þeirra og metið eða að minnsta kosti greitt fyrir mat á árangri starfseminnar. Þróunarsamvinnustofnun hefur aðeins haft tvo starfsmenn á skrifstofu sinni í Reykjavík, en allt að fimmtán manns eru nú starfandi á vegum hennar erlendis í þremur til fjórum þróunarríkjum. Það er augljóst að með auknum fjárveitingum þarf á auknu starfsliði í yfirstjórn að halda ef framkvæmd verkefna á áfram að vera í höndum stofnunarinnar.

Undirbúningur verkefna og val á samstarfslöndum og samstarfsaðilum ásamt hinni eiginlegu stefnumótun á að vera í höndum þess aðila sem ábyrgðina ber, það er utanríkisráðuneytisins og þróunarmálaráðs samkvæmt tillögunum. Skrifstofa þróunarmála í utanríkisráðuneytinu, sem yrði óháð þeim sem framkvæma verkin, myndi svo meta hvernig fjármununum hefur verið varið. Dregið hefur verið í efa að til séu stofnanir eða fyrirtæki

sem geti séð um framkvæmd þróunarverkefna. Vera má að nokkurn aðlögunartíma þurfi fyrir þessar breytingar en ástæðulaust er að efast um að næg færni og þekking sé til á Íslandi.

Það er líklegt að áherslur í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga breytist við ofangreindar breytingar, ef gerðar verða. Áherslurnar eru og hafa verið að vinna með fáum samstarfslöndum á afmörkuðum sviðum, á þeim sviðum þar sem Íslendingar hafa mest fram að færa og mesta reynslu. Þessi svið eru sjávarútvegur, sérstaklega haf- og fiskirannsóknir, nýting jarðhita og málefni er snerta atvinnuþátttöku kvenna og verkmenntun ungmenna. ÞSSÍ hefur að mestu haldið sig við lönd í sunnanverðri Afríku og Vestur-Afríku til þess að dreifa ekki kröftum of mikið. Ekki er ástæða til að færa sig út af því svæði meðan ekki er meira fé til ráðstöfunar, enda þörf á aðstoð og þróunarsamvinnu óvíða í heiminum jafnmikil.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir ákveðinni fjárveitingu til neyðarhjálpar, þrjátíu milljónum króna sem ráðstafað skal í samráði við ÞSSÍ. Þetta fyrirkomulag er mikil framför frá því verið hefur, að sótt hefur verið beint til ríkisstjórnarinnar á síðustu stundu þegar neyðartilvik hafa komið upp. Önnur Norðurlönd leggja til hliðar um tíunda hluta af heildarupphæð opinberra þróunarframlaga til neyðarhjálpar og gæti verið rétt að binda eitthvert slíkt hlutfall hér líka. Það fé verði veitt hjálparstofnunum í gegnum skrifstofu þróunarmála.

Þá gefst með þessum skipulagsbreytingum og auknum fjárveitingum til þróunarmála tækifæri til að endurskoða samstarfið við alþjóðaþróunarstofnanir, bæði á vegum SÞ og annarra. Væntanlega er skynsamlegt að leggja frekari áherslu á samstarf við færri stofnanir og reyna þá að hafa framlagið það myndarlegt að unnt sé að hafa áhrif á starfsemina. Jarðhitadeild Háskóla SÞ á Íslandi er tvímælalaust fremst í þeim flokki marghliða verkefna sem leggja ber áherslu á að efla. Stofnanir eins og Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO), Þróunarstofnun SÞ (UNDP), Barnahjálpin (UNICEF) og Stofnunin um málefni kvenna (UNIFEM) og væntanlega fleiri.

Viðauki I

Hafréttarmál

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 55 ríkjum. Mun hann öðlast gildi einu ári eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt hann. Síðustu tólf mánuði hafa fjögur ríki bæst í hóp þeirra ríkja sem staðfest hafa samninginn.

Hvalamál

Stofnsamningur NAMMCO (North Atlantic Marine Mammal Commission) var undirritaður í Nuuk á Grænlandi 9. apríl 1992. Aðilar að þessum samtökum eru, auk Íslands, Færeyjar, Grænland og Noregur. Í stofnsamningnum segir m.a. að ráðið skuli stuðla að verndun, stjórnun og rannsóknum á sjávarspendýrum í Norður-Atlantshafi með samráði og samvinnu á svæðisbundna vísu. Fyrsti fundur NAMMCO var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 10. til 11. september 1992. Annar fundur ráðsins var haldinn í Tromsö í Noregi dagana 19. til 20. janúar síðastliðinn. Þessa dagana er verið að ráða framkvæmdastjóra fyrir NAMMCO en reiknað er með að þrír starfsmenn verði á skrifstofu ráðsins sem hefur aðsetur í Tromsö í Noregi.

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun var haldin í Ríó de Janeiró 3. til 14. júní 1992. Á ráðstefnunni var samþykkt víðtæk framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) um leiðir og markmið sem þjóðum ber að stefna að til að stuðla að sjálfbærri þróun um heim allan. Þar kemur fram sú meginregla að sjávarspendýr skuli nýtt sem aðrar lífverur hafsins. Þar er einnig viðurkennd starfsemi svæðisbundinna stofnana sem starfa að friðun, stjórnun og rannsóknum á þessu sviði.

Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu tók gildi 30. júní 1992 eins og ráð var fyrir gert árið áður. Fundur ráðsins var haldinn í Glasgow dagana 29. júní til 3. júlí 1992. Ekki kom fram nein stefnubreyting meirihluta ráðsins sem hélt þar enn fast við þá stefnu að neita að taka á dagskrá endurskoðun á veiðikvótum þrátt fyrir yfirlýsingar frá vísindanefnd hvalveiðiráðsins um að ýmsir stofnar væru nýtanlegir.

Hvalamálið var tekið fyrir í Osló 3. mars síðastliðinn á fundi í Norræna ráðherraráðinu þar sem mættir voru sjávarútvegsráðherrar og umhverfisráðherrar ríkjanna. Engrar stefnubreytingar varð vart á fundinum hjá Finnum og Svíum sem hingað til hafa skipað sér í hóp þeirra ríkja sem innan Alþjóðahvalveiðiráðsins hafa staðið gegn því að hvalveiðar í atvinnuskyni gætu hafist á ný. Íslendingar, sem verða áheyrnarfulltrúar á næsta ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem haldinn verður í Kyótó í Japan dagana 10. til 14. maí n.k., munu taka þátt í undirbúningsviðræðum Norðurlandaþjóðanna fyrir þann fund.

Úthafsveiðimál

Dagana 6. til 8. maí 1992 var Ísland þátttakandi í ráðstefnu sem haldin var í Cancun í Mexíkó að frumkvæði Mexíkóstjórnar um ábyrgar fiskveiðar. Jafnframt tóku Íslendingar virkan þátt í undirbúningsfundum um fiskveiðimálefni fyrir Ríóráðstefnuna. Var Ísland meðal flutningsaðila að skjali L.16 á Ríóráðstefnunni þar sem fram komu tillögur um aukið eftirlit með fiskveiðum á úthafinu. Skjalið var ekki samþykkt á ráðstefnunni en þar var þó samþykkt að halda ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna um hvernig hægt væri að framfylgja reglum

hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna um nýtingu og friðun fiskistofna sem halda sig víðar en í efnahagslögsögu eins ríkis, hvort heldur þeir leita á úthafið, eru í lögsögu fleiri ríkja eða teljast til mikilla fartegunda samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Fyrsti fundur ráðstefnunnar verður haldinn í New York dagana 12.-30. júlí n.k. en undirbúningsfundur verður haldinn dagana 19.-23. apríl á sama stað.

Íslendingar voru á meðal þátttakenda á ráðstefnu sem haldin var í höfuðstöðvum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm dagana 7. til 15. september um fiskveiðar á úthöfunum.

Eftir lok Ríóráðstefnunnar hefur myndast samstarfshópur ríkja sem styðja a.m.k. að hluta markmið skjals L.16. Ráðstefna þessara ríkja var haldin í St. John's á Nýfundnalandi dagana 21. til 24. janúar 1993. Var tilgangur ráðstefnunnar að stilla saman strengi framangreindra ríkja fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ísland er meðal fimm ríkja sem veita hópnum forystu. Hin eru Argentína, Chile, Kanada og Nýja-Sjáland. Fulltrúar 48 ríkja sóttu fundinn. Forysturíkin hafa ákveðið að leita samstöðu um gerð samningsdraga sem lögð verða fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þar verður meðal annars lögð áhersla á að ákvæði hafréttarsamningsins verði virt, hagsmunir strandríkja verði tryggðir, að komið verði í veg fyrir notkun þægindafána til að komast hjá eftirliti, að komið verði á virku eftirlitskerfi varðandi veiðar á úthöfunum, að ríki verði skylduð til að framfylgja reglum alþjóðasamninga gagnvart þegnum sínum á úthafinu.

Í framangreindum hópi samstarfsríkja er Ísland eina Norðurlandaþjóðin. Kynntu Íslendingar málstað sinn á fundi sjávarútvegsráðherra Norðurlandanna í Osló 3. mars síðastliðinn.

Kom þar fram að Íslendingar munu á komandi ráðstefnum leggja áherslu á eftirfarandi atriði varðandi stjórnun veiða á sameiginlegum stofnum:

1. Kvótar verði ákveðnir með svæðisbundinni samvinnu.
2. Höfð verði að leiðarljósi sjálfbær nýtingarstefna.
3. Alþjóðlegar reglur verði settar til að tryggja að kvótar og aðrar reglur ákveðnar með hinni svæðisbundnu samvinnu verði virt. Hér má nefna að komið verði á alþjóðlegu eftirlitskerfi og kerfi til að framfylgja ofangreindum ákvörðunum svæðisbundinna samtaka.
4. Tryggðir verði hagsmunir strandríkjanna, sérstaklega með tilliti til markastofna.

Á fundinum var samþykkt að ríkin skyldu hafa náið samráð varðandi undirbúning að væntanlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Úthafsveiðimál eru nú á meðal fastra málaflokka embættismannanefndar ráðherraráðs Norðurlanda um fiskveiðimál.

Veiðar annarra þjóða við Ísland

Samkvæmt samningi frá 1975 veiddu þrjú belgísk fiskiskip hér við land fyrri hluta ársins 1992 en tvö síðari hluta ársins. Leyfilegur hámarksafli þessara skipa er 4.400 lestir. Heildarafli þeirra á síðasta ári var hins vegar 1.182 lestir, þar af var þorskur um 221 lest.

Færeyingar hafa haft fiskveiðiheimildir í íslenskri lögsögu samkvæmt samningi frá 1976. Íslensk stjórnvöld ákveða heildarafla hverju sinni og nam heimild þeirra 6.500 lestum á síðasta ári, þar af 1.000 tonn þorskur. Heildarveiði Færeyinga nam 6.504 lestum á síðasta ári og þar af var þorskur 883 lestir og lúða 386 lestir. Færeyingum hefur verið úthlutað veiðiheimildum fyrir árið 1993 og eru það 6.000 lestir, þar af eru 700 lestir af þorski og 400 lestir af lúðu.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn rétt til línu- og handfæraveiða við Ísland eftir nánari ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Engar veiðiheimildir voru veittar á árinu 1992 á grundvelli þessa samkomulags.

Haustið 1992 var ríkisstjórninni með þingsályktun heimilað að staðfesta samning frá 18. maí 1992 sem framlengir með lítilsháttar breytingum samkomulag sem gilt hefur samkvæmt samningi frá 12. júní 1989 milli Íslands, Grænlands og Noregs um nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Samkvæmt samningnum er hámarksafla skipt þannig milli landanna að 78% falla í hlut Íslands og 11% falla í hlut hvors hinna. Samkvæmt samningnum hafa Grænlendingar og Norðmenn heimild til þess að veiða innan lögsögu Íslands með ákveðnum takmörkunum. Á vertíðinni 1992/1993 veiddu Norðmenn rétt um það bil 67.000 lestir af loðnu en þar af voru um 8.000 lestir veiddar innan íslenskrar lögsögu. Færeyingar veiddu í umboði Grænlendinga um það bil 20.000 lestir á vertíðinni og þar af um helming innan íslenskrar lögsögu. Grænlendingar veiddu um 1.000 lestir innan íslensku lögsögunnar.

Á síðasta ári var samið við Evrópubandalagið um skipti á veiðiheimildum. Samkvæmt samningnum skulu Íslendingar fá 30.000 lestir af loðnukvóta Grænlendinga gegn því að Evrópubandalagið fái að veiða hér 3.000 lestir af karfa. Ekki hefur komið til framkvæmda á samningnum þar sem hann hefur enn ekki hlotið staðfestingu af hálfu mótaðilans.

Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO)

Níundi ársfundur NASCO var haldinn í Washington 9. til 12. júní 1992. Á fundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar var ákveðið að hámarksveiði á laxi við Færeyjar fyrir árið 1993 skyldi vera 550 tonn. Ekki náðist samkomulag á fundi Vestur-Grænlandsnefndarinnar um veiðitakmarkanir á Grænlandssvæðinu. Næsti ársfundur stofnunarinnar verður haldinn í Edinborg 6. til 11. júní á þessu ári.

Fylgiskjal 1

Ályktunartillögur sem Ísland var meðflytjandi að á 47. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna

Ál.nr.	Dsl.	Efni:	Atkvæða-greiðsla
Allsherjarþingið:			
47/1	8	Forsvar fyrir Júgóslavíu hjá SÞ	127-6-27
47/10	140	Samvinna SÞ og CSCE	S.á.a.
47/65	32	Hafréttarmál	135-1-9
47/116C	33	Suður-Afríkusjóður	S.á.a.
47/117	34	Menntunar- og þjálfunaráætlun SÞ	S.á.a.
47/221	19	Aðild Tékkneska lýðveldisins	S.á.a.
47/222	19	Aðild Slóvakíu	S.á.a.
Fyrsta nefnd:			
47/39	60	Bann við efnavopnum	S.á.a.
47/45	52	Sannprófun á öllum sviðum	S.á.a.
47/47	54	Bann við kjarnavopnatilraunum	159-1-4
47/52I	61	Traustvekjandi aðgerðir	S.á.a.
47/52K	"	Tvíhliða kjarnorkuviðræður	S.á.a.
47/52L	"	Upplýsingar um vopnaviðskipti	S.á.a.
47/54D	63	Traustvekjandi aðgerðir	S.á.a.
47/56	65	Vopn sem valda ódæma þjáningum	S.á.a.
Önnur nefnd:			
47/187	78a	Aðl. áætl.búskapar að mark.hagkerfi	S.á.a.
47/171	12	Sjálfstæður atvinnurekstur	S.á.a.
Þriðja nefnd:			
47/79	91	Kynþáttamisréttisnefnd, CERD	S.á.a.
47/80	"	Kynþáttahreinsanir og kynþáttahatur	S.á.a.
47/88	93a	Framkv. alþj.áætl. um málefni fatlaðra	S.á.a.
47/92	"	Ráðstefna um félagslega þróun	S.á.a.
47/93	94	Bætt staða kvenna á skrifstofu SÞ	S.á.a.
47/94	94	Alþj.samn. um afnám alls misrétt. gegn konum	S.á.a.
47/100	95	Framkv. áætl. SÞ um aðgerðir gegn fíkniefn.	S.á.a

47/104	96	Framlengdur starfst. UNHCR	S.á.a.
47/105	96	Skýrsla Flóttamannafulltrúa SÞ	S.á.a.
47/107	96	Aðstoð við flóttafólk í Afríku	S.á.a.
47/109	97a	Sjóður í þágu fórnarlamba pyntinga	S.á.a.
47/111	"	Árangursrík framkvæmd alþjóðasamn. á sviði mannréttinda	S.á.a.
47/112	"	Samningur um réttindi barna	S.á.a.
47/122	97b	Mannréttindaráðstefna SÞ 1993	S.á.a.
47/126	"	Aðstæður götubarna	S.á.a.
47/127	"	Efling mannréttindaskrifstofu SÞ	S.á.a.
47/129	"	Afnám umburðarleysis í trúmálum	S.á.a.
47/136	"	Skyndiaftökur	S.á.a.
47/139	97c	Mannréttindi á Kúbu	69-18-64
47/142	"	Mannréttindi í Súdan	104-8-33
47/144	"	Mannréttindi í Myanmar	S.á.a.
47/145	"	Mannréttindi í Írak	126-2-26
47/146	"	Mannréttindi í Íran	86-16-38
47/147	"	Mannréttindi í fyrrverandi Júgóslavíu	S.á.a.

Sjötta nefnd:

47/30	126	Genfarsamningarnir	S.á.a.
47/31	127	Öryggi stjórnarerindreka	S.á.a.

Skýringar:

Ál.nr.:	Númer ályktunar
Dsl.:	Númer dagskrárliðar
Atkvæðagreiðsla:	Meðatkvæði-mótatkvæði-hjáseta
S.á.a.:	Samþykkt án atkvæðagreiðslu

Fylgiskjal 2

Ályktunartillögur sem Ísland var meðflytjandi að á 49. þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna

- Landnám Ísraelsmanna á herteknu svæðunum (L.7).
- Nauðgun og svívirðing kvenna á landsvæði fyrrverandi Júgóslavíu (L.21).
- Ástand mannréttinda í fyrrverandi Júgóslavíu (L.16).
- Ástand mannréttinda í Íran (L.35).
- Ástand mannréttinda á Kúbu (L.37).
- Framkvæmd yfirlýsingarinnar um afnám alls umburðarleysis og misréttis vegna trúarbragða eða sannfæringar (L.50/Rev.1).
- Sjóður SÞ með frjálsum framlögum í þágu fórnarlamba pyntinga (L. 57).
- Starf undirnefndarinnar um varnir gegn misrétti og vernd minnihlutahópa (L.60).
- Efling mannréttindaskrifstofunnar (L.73).
- Ástandið í Austur-Timor (L.81/Rev.1).
- Framkvæmd sáttmálans um réttindi barna (L.88).
- Drög að yfirlýsingu varðandi ábyrgð og skyldur einstaklinga, hópa og félaga til að efla og vernda almennt viðurkennd mannnréttindi og grundvallarfrelsi (L.91).
- Aftökur án dóms og laga (L.97).
- Ástand mannréttinda í Rúmeníu (L.98).
- Ástand mannréttinda í Írak (L.103).
- Ástand mannréttinda í Kína (L.104.).
- Mannréttindafulltrúi SÞ varðandi barnasölu, barnavændi og barnaklám (L.109).

Fylgiskjal 3

Yfirlit yfir kostnað við friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna

UNPROFOR (United Nations Protection Force)

Í upphaflegri skýrslu til allsherjarþingsins, 6. mars 1992, var kostnaður við UNPROFOR áætlaður USD 620.676.000 fyrstu 12 mánuðina. Í framhaldi af því ákvarðaði allsherjarþingið með ályktun 19. mars 1992 USD 251.500.000 framlag til friðargæslustarfa í Júgóslavíu. Sú upphæð skyldi nægja til 15. október 1992.

Í fyrirliggjandi skýrslu til allsherjarþingsins er gert ráð fyrir eftirfarandi kostnaði fram til 20. febrúar 1994:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
15.10.1992-20.02.1993	USD 292.811.400	USD 87.843,42
21.02.1993-20.02.1994	USD 577.348.200	USD 173.204,46
		USD 261.047,88

Ísland hefur greitt framlag sitt til UNPROFOR fyrir tímabilið 12. janúar - 14. október 1992, USD 74.985,00 og framlag sitt vegna tímabilsins 15. október 1992 - 20. febrúar 1993, USD 89.968,00.

UNOSOM (United Nations Operation in Somalia)

Með ályktun öryggisráðsins nr. 751 hinn 24. apríl 1992 var ákveðið að stofna friðargæslusveitir í Sómalíu. Allsherjarþingið samþykkti ályktun öryggisráðsins hinn 1. desember sl. Í skýrslu um fjármögnun friðargæslusveitanna er gert ráð fyrir eftirfarandi kostnaði:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.05.1992-31.10.1992	USD 6.952.100	USD 2.023,00
01.11.1992-30.04.1993	USD 102.698.900	USD 30.345,00
		USD 32.368,00

Í ályktun allsherjarþingsins er aðalframkvæmdastjóra SÞ einnig heimilað að takast á hendur fjárskuldbindingar fyrir allt að USD 14 milljónir á mánuði frá 1. maí 1993 að telja, ákveði öryggisráðið að framlengja umboð UNOSOM. Heimildin er háð samþykki allsherjarþingsins.

Með bréfi dags. 3. des. sl. óskaði aðalframkvæmdastjórinn greiðslu á framlagi Íslands til UNOSOM, að fjárhæð USD 32.368.00. Þá greiddi Ísland USD 50.000.00 í sérstakan Sómalíusjóð til styrktar mannúðarstarfi friðargæslusveitanna í Sómalíu.

UNAVEM II (United Nations Angola Verification Mission)

Í fyrirliggjandi skýrslu til allsherjarþingsins er gert ráð fyrir áframhaldandi kostnaði við UNAVEM II á neðangreindan hátt:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.11.1992-31.10.1993	USD 71.995.500	USD 21.598,65

Ísland hefur greitt framlag sitt til UNAVEM II fyrir tímabilið 1. jan.- 31. okt. 1992, USD 4.199,00 og USD 14.335,00 fyrir tímabilið 1. júní - 31. des. 1992. Ennfremur USD 7.304,00 fyrir tímabilið 1. nóvember 1992 - 28. febrúar 1993.

UNIKOM (United Nations Iraq-Kuwait Observation Mission)

Í skýrslu til allsherjarþingsins kemur eftirfarandi fram:

Frá stofnun friðargæslusveita í Írak-Kuwait hinn 9. apríl 1991 og fram til 8. október 1992, hafa framlög til UNIKOM numið samtals USD 121.166.424. Aðildarríki hafa greitt USD 95.784.205 og ógreidd framlög eru 25.382.219.

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
09.04.1991-08.10.1991	USD 60.977.000	USD 18.000,00
09.10.1991-08.04.1992	USD 33.600.000	USD 9.791,00
09.04.1992-08.10.1992	USD 33.600.000	USD 8.307,00
		USD 36.098,00

Aðalframkvæmdastjóri SÞ hefur lagt til við öryggisráðið að umboð UNIKOM verði framlengt næstu 12 mánuðina. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður fyrir þetta tímabil nemi USD 49.693.200. Farið er fram á helming þeirrar fjárhæðar í ofangreindri skýrslu fyrir næstu 6 mánuði:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.11.1992-30.04.1993	USD 24.846.600	USD 7.453,98

Ísland hefur greitt framlag sitt til UNIKOM vegna tímabilsins 1. nóvember 1992 - 30. apríl 1993, USD 5.789,00.

UNIFIL (United Nations Interim Force in Lebanon)

Í fyrirliggjandi skýrslu til allsherjarþingsins kemur fram að frá tímabilinu 19. mars 1978 - 31. jan. 1993 hafa framlög til UNIFIL numið alls USD 2.003,6 milljónum. Aðildarríki hafa greitt USD 1.846,4 milljónir og ógreidd framlög eru 284,3 milljónir. Kostnaður við UNIFIL er áætlaður eftirfarandi:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.02.1993-31.01.1994	USD 146.280.000 eða 12.190.000 pr.mán.	USD 43.884,00

Ísland hefur greitt framlag sitt til UNIFIL fyrir tímabilið 1. ágúst 1992 - 31. jan. 1993, USD 20.600,00 og framlag sitt vegna tímabilsins 1. febrúar - 31. júlí 1993, USD 22.049,00. Framlagið er innheimt tvisvar sinnum á ári fyrir tímabilin 1. febr.-31. júlí og 1. ágúst - 31. janúar. Síðan 1. febrúar 1991 hefur greiðslan numið USD 22.600,00 á hálfs árs fresti.

UNDOF (United Nations Disengagement Observer Force)

Í fyrirliggjandi skýrslu til allsherjarþingsins kemur fram að kostnaður við UNDOF fyrir tímabilið 1. des. 1991 - 30. nóvember 1992 nam USD 42.768.000.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi kostnaði við UNDOF sem hér segir:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
Frá 1. des. '92 og um óákveðinn tíma:		
USD 3.034.000 pr.mán.		
Framreiknað fram til 30. nóv. '93:	USD 36.408.000.	USD 10.922,40

Ísland hefur greitt framlag sitt til UNDOF, USD 4.213,00, fyrir tímabilið 1. júní -30. nóv. 1992 og framlag sitt vegna tímabilsins 1. desember 1992 - 31. maí 1993, USD 5.089,00. Framlagið er innheimt 2 sinnum á ári, fyrir tímabilin 1. des. - 31. maí og 1. júní - 30. nóv. Síðan 1. des. 1990 hefur greiðslan numið USD 5-6.000 á hálfs árs fresti.

UNTAC (United Nations Transitional Authority in Cambodia)

Í skýrslu aðalframkvæmdastjóra SÞ til allsherjarþingsins um fjármögnun friðargæslusveita í Kambódíu, kemur fram að öryggisráðið ákvað með ályktun nr. 717, 16. október 1991, að stofna friðargæslusveitirnar UNAMIC (United Nations Advance Mission in Cambodia). Stofnað var til UNAMIC í tilefni af undirritun samkomulags milli stríðandi aðila í Kambódíu og tóku sveitirnar til starfa 9. nóvember 1991 og höfðu meðal annars það verkefni að fjarlægja jarðsprengjur.

Með ályktun nr. 745, 28. febrúar 1992 ákvað öryggisráðið að stofna UNTAC sem hrinda skyldi í framkvæmd ákvæðum ofangreinds friðarsamnings. Samkvæmt ályktuninni skal umboð UNTAC aðeins vara í 18 mánuði. UNTAC tók til starfa 15. mars 1992 og yfirtók þar með starfsemi UNAMIC.

Umboð UNTAC er ákaflega víðtækt og nær til mannréttinda, stjórnsýslu, löggæslu, uppbyggingar landsins almennt, aðstoðar við flóttafólk og kosningaundirbúnings fyrir kosningar sem áætlað er að fram fari ekki síðar en í maí 1993, auk hefðbundinnar friðargæslu.

Kostnaður við UNAMIC frá 1. nóvember 1991 - 30. apríl 1992 nam samtals USD 33.576.200. Af þeirri upphæð var hlutur Íslands USD 9.949,00.

Kostnaður við UNTAC er eftirfarandi:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
15.02.1992-31.10.1992	USD 806.000.000	USD 239.952,00

Framlagið var greitt hinn 26. janúar 1993.

Endurskoðuð kostnaðaráætlun fyrir UNAMIC og UNTAC fyrir tímabilið 1. nóvember 1991-31. júlí 1993 sýnir að kostnaður við friðargæsluna í Kambódíu mun nema samtals USD

1.603.018.000. Ofreiknaður kostnaður fram til 31. október 1992 nam USD 162.345.800 og er gert ráð fyrir að hann verði endurgreiddur til framlagsríkja.

Hagsýslu- og fjárhagsáætlananefnd, ACABQ, taldi kostnað við UNTAC ofreiknaðan og gerði tillögu um lækkun framlaga vegna þessa.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi kostnaði á eftirfarandi hátt:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.11.1992-30.04.1993	USD 483.961.200	USD 145.188,36
01.05.1993-31.07.1993	USD 241.841.300	USD 72.552,39
		USD 217.740,75

Að auki var lagt til að ofgreitt framlag aðildarríkja kæmi til inneignar við frekari greiðslur vegna UNTAC. Með bréfi dags. 15. janúar 1993, óskaði aðalframkvæmdastjóri SÞ eftir greiðslu á framlagi Íslands til UNTAC fyrir tímabilið 1. nóvember 1992 - 30. apríl 1993, að fjárhæð USD 93.449,00.

Framlag Íslands vegna UNTAC hefur því lækkað verulega frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Framlagið hefur verið greitt.

ONUSAL (United Nations Observer Mission in El Salvador)

Með ályktun öryggisráðsins 7. nóvember 1989 voru friðargæslusveitirnar ONUCA stofnaðar í El Salvador. Í skýrslu til öryggisráðsins 14. janúar 1992 tilkynnti aðalframkvæmdastjóri SÞ að mikilsverður árangur hefði náðst milli stríðandi fylkinga í El Salvador, eftir að stjórnvöld og FMLN undirrituðu samning um vopnahlé 31. desember 1991. Í ljósi þessara breyttu aðstæðna ákvað öryggisráðið að binda endi á starfsemi ONUCA frá og með 17. janúar 1992 og flytja starfsemina yfir til ONUSAL.

Kostnaður við ONUCA frá upphafi og fram til 30. apríl 1992 nam samtals USD 94.961.864. Hlutur Íslands þetta tímabil nam USD 11.277,00.

Frá stofnun ONUSAL í janúar 1992 fram til 31. október 1992 hefur Ísland greitt samtals USD 10.694,00.

Í skýrslu til allsherjarþingsins um ONUSAL kemur meðal annars fram að dregið hefur úr starfsemi friðargæslunnar og er reiknað með að henni ljúki um mitt ár 1994.
Gert er ráð fyrir eftirfarandi kostnaði:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.12.1992-31.05.1993	USD 19.339.500	USD 5.801,85

Ísland hefur greitt framlag sitt vegna ONUSAL fyrir tímabilið 1. desember 1992 - 28. febrúar 1993, USD 2.267,00.

MINURSO (United Nations Mission for the Referendum in Western Sahara)

Með ályktun öryggisráðsins nr. 690 var ákveðið að stofna til friðargæslu og kosningaeftirlits í Vestur-Sahara. Hinn 17. maí 1991 samþykkti allsherjarþingið kostnaðaráætlun vegna verkefnisins að fjárhæð USD 143.000.000. Í skýrslu um fjármögnun

MINURSO kemur fram að starfsemi MINURSO hefur legið niðri að miklu leyti, meðal annars vegna deilna ættbálka um hverjir væru á kjörskrá.

Kostnaður við MINURSO frá 17. maí 1991 - 30. nóvember 1992 nam USD 72.200.000. Af upphaflegri fjárhæð, USD 143.000.000, sem ákvörðuð var af allsherjarþinginu, standa ónotaðir USD 70.800.000. Í ofangreindri skýrslu er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði notuð til áframhaldandi starfsemi MINURSO fram til þess tíma að öryggisráðið taki ákvörðun um framlengingu umboðsins. Gert er ráð fyrir að USD 2.400.000 verði notaðir á hverjum mánuði.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir kostnaði við MINURSO á eftirfarandi hátt:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
01.12.1992-30.11.1993	USD 28.600.000	USD 8.580,00

Ísland greiddi hluta framlags síns til MINURSO í júní 1991 er inneign þess fyrir UNTAG, USD 19.187,00, var millifærð á reikning MINURSO. Eftirstöðvarnar, USD 22.813,00, voru greiddar í júlí sama ár (samtals USD 42.000,00).

UNFICYP (United Nations Peace-keeping Force in Cyprus)

Í skýrslu aðalframkvæmdastjóra SÞ til öryggisráðsins 1. des 1992 kemur fram að nokkur ríki (Danmörk, Bretland, Austurríki og Kanada) sem lagt hafa til mannafla á Kýpur, hyggjast kalla heim hluta af friðargæsluliðum sínum. Það þýðir að núverandi starfsmönnum UNFICYP mun fækka úr 2.078 í 1.488, eða um 28%.

Friðargæslusveitirnar á Kýpur, sem starfað hafa á eyjunni síðan 1964, eru fjármagnaðar með frjálsum framlögum aðildarríkja SÞ. Þau standa þó aðeins fyrir þriðjungi af heildarkostnaði við UNFICYP. Kostnaður við tímabilið 1. júní 1992 - 30. nóvember 1992 nam USD 15,4 milljónum. Frjáls framlög sama tímabil námu aðeins USD 3,4 milljónum.

Þar sem frjálsu framlögin hafa aldrei dugað til greiðslu kostnaðar hefur eingöngu tekist að endurgreiða þeim ríkjum, sem leggja til friðargæslusveitir, útlagðan kostnað fram til ársloka 1981.

Heildarskuldir UNFICYP frá 1964 fram til 30. nóvember 1992 nema nú USD 197,1 milljón.

Kostnaður við tímabilið 15. desember 1992 - 15. júní 1993, miðað við fyrrgreindan samdrátt, er áætlaður USD 9,5 milljónir.

Í sérstöku bréfi aðalframkvæmdastjórans til aðildarríkja SÞ, dags. 10. desember 1992, eru fjárhagserfiðleikar UNFICYP ítrekaðir og skorað á ríkisstjórnir aðildarríkja að verða við beiðni um frjáls framlög. Í viðauka bréfsins er greint frá framlagi ríkja síðustu tvö árin, miðað við 31. október 1992. Þar kemur fram að Ísland greiddi USD 6.135.00 til UNFICYP fyrir tímabilið 16. des. 1990 - 15. júní 1991, og sömu upphæð fyrir tímabilið 16. júní 1991 - 15. desember 1991.

Ísland greiddi framlag sitt til UNFICYP fyrir árið 1992, USD 14.265,00 hinn 6. janúar 1993.

ONUMOZ (United Nations Operation in Mozambique)

Í skýrslu aðalframkvæmdastjórans til öryggisráðsins 3. desember 1992 kemur eftirfarandi fram:

Hinn 13. október 1992 samþykkti öryggisráðið ályktun nr. 782 þar sem fagnað er undirritun friðarsamnings milli stjórnvalda í Mozambique og RENAMO (Resitencia National Mozambicana). Ákveðið er að stofna friðargæslusveitir í Mozambique, ONUMOZ, fram til 31. október 1993.

Áætlaður kostnaður er eftirfarandi:

	Heildarkostnaður	Hluti Íslands
15.10.1992-30.06.1993	USD 140.000.000	USD 42.000,00

Áætlun hefur ekki verið gerð fram yfir 30. júní 1993.

Friðargæsluverkefnum sem lokið er.

UNTAG (United Nations Transition Assistance Group)

Í skýrslu um fjármögnun friðargæslusveita í Namibíu kemur fram að í samræmi við ályktun allsherjarþingsins frá 1. mars 1989 höfðu framlög til UNTAG verið ákveðin USD 409.555.646, fyrir 12 mánaða tímabil. Miðað við 30. apríl 1991 höfðu aðildarríki greitt USD 386.438.902. Með ályktun allsherjarþingsins voru framlög til UNTAG leiðrétt og lækkuð í USD 345.314.701. Eftir þessa ákvörðun var staða sjóðsins þannig að aðildarríki áttu inni samtals USD 46.011.473. Ógreidd framlög námu USD 4.887.272.

Hinn 30. september 1992 höfðu USD 37.155.563 verið endurgreiddir til aðildarríkja. Á sama tíma námu ógreidd framlög USD 2.318.936.

Hinn 14. júní 1991 var endurgreiðsla úr sjóði UNTAG að fjárhæð USD 19.187,00 millifærð á reikning friðargæslusveitanna í Vestur-Sahara, sem hluti af greiðslu Íslands til MINURSO.

UNIIMOG (United Nations Iran-Iraq Military Observer Group)

Í skýrslu til allsherjarþingsins um fjármögnun friðargæslusveita á landamærum Íran-Íraks kemur fram að hinn 1. september 1992 námu ógreidd framlög til UNIIMOG USD 1.060.886 og að ónotuð innistæða á sérstökum reikningi nam USD 36.807.802. Í skýrslunni er lagt til að af þeirri fjárhæð verði USD 19.596.389 endurgreiddir til aðildarríkja. Eftirstöðvarnar, USD 17.211.413, hafa verið millifærðar á hinn nýstofnaða friðargæslusjóð "Peace-keeping Reserve Fund".

Friðargæslu- og eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna, 1948-1992



•-------- Fyrir 1988 •——— Frá 1988

Heimild: ársskýrsla aðalframkvæmdastjóra SÞ 1992

Fylgiskjal 4

Skjal um aukaaðild Lýðveldissins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Lýðveldisins Tyrklands að Vestur-Evrópusambandinu

1. Utanríkisráðherrar aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins og utanríkisráðherrar Íslands, Noregs og Tyrklands áttu fund í Róm 20. nóvember 1992. Þeir staðfestu enn á ný þær skuldbindingar ríkjanna sem beinast að því að tryggja frið og öryggi í Evrópu. Þeir lýstu í því sambandi ánægju með þróun evrópskrar samkenndar á sviði öryggis- og varnarmála. Í ásetningi sínum að koma tengslum Vestur-Evrópusambandsins og annarra Evrópuríkja innan Atlantshafsbandalagsins á nýjan grundvöll í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi í Evrópu, með hliðsjón af hlutverki Vestur-Evrópusambandsins sem leiðar til að styrkja Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins, vísuðu þeir til yfirlýsingar ráðherrafundar Vestur-Evrópusambandsins í Maastricht 10. desember 1992, þar sem þessum ríkjum var boðið að gerast aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu.

2. Í þessu samhengi vísuðu þeir til boðs utanríkisráðherra Þýskalands og þáverandi formanns ráðs Vestur-Evrópusambandsins 30. júní 1992 til Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Lýðveldisins Tyrklands um að hefja viðræður um hugsanlega aukaaðild þeirra að Vestur-Evrópusambandinu. Í skoðanaskiptum þessum hefur verið staðfest að Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland fallast á þann ásetning aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins að efla hlutverk Vestur-Evrópusambandsins þegar litið er til lengri tíma fram til sameiginlegrar evrópskrar varnarmálastefnu sem samrýmist stefnu Atlantshafsbandalagisins, og að þau fallast að öllu leyti á A-lið III. hluta Petersberg-yfirlýsingarinnar.

Að viðræðunum loknum staðfestu utanríkisráðherrar Vestur-Evrópusambandsins þá ósk, að Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland gerðust aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu.

Ennfremur töldu ráðherrarnir að í aukaaðild þessara landa fælist mikilvægt skref til að styrkja Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins og þar með sjálf tengslin yfir Atlantshafið, í anda yfirlýsingar Rómarfundarins um frið og samvinnu frá 8. nóvember 1991.

3. Í samræmi við þetta, og án þess að eftirtalin atriði feli í sér breytingar á endurskoðuðum Brusselsamningi, gerast Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu. Geta þau, enda þótt þau séu ekki aðilar að endurskoðuðum Brusselsamningi, tekið fullan þátt í fundum ráðs Vestur-Evrópusambandsins - með fyrirvara hvað snertir ákvæði VIII. greinar - svo og starfshópum þess og undirstofnunum, eins og nánar er lýst hér á eftir:

- Að ósk meirihluta aðildarríkja, eða helmings aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, má takmarka þátttöku við fulla aðild,

- þau njóta málfrelsis, en geta ekki komið í veg fyrir samróma ákvarðanir aðildarríkja,

- þau mega tengjast ákvörðunum aðildarríkja og geta tekið þátt í að framkvæma þær, nema meirihluti aðildarríkja, eða helmingur aðildarríkja að meðtöldu formennskuríki, ákveði annað,

- Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland geta tengst varnaráætlanadeild með föstum tengilið,

- þau munu, á sama grundvelli og full aðildarríki, taka þátt í þeim hernaðaraðgerðum Vestur-Evrópusambandsins sem þau leggja herlið til,

- þau verða tengd við fjarskiptakerfi aðildarríkjanna (WEUCOM) hvað snertir fjarskipti varðandi fundi og störf sem þau taka þátt í,

- þau verða beðin um að leggja fram fé til þarfa samtakanna.

Af hagkvæmnisástæðum verða geimverkefni takmörkuð við núverandi aðildarríki til 1995, er tilraunaþætti rekstrar gervihnattamiðstöðvarinnar lýkur. Meðan á þeim þætti stendur verða ný aðildar- og aukaaðildarríki látin fylgjast með þeim störfum Vestur-Evrópusambandsins sem varða geimverkefni. Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að aukaaðilar geti tekið þátt í síðari geimverkefnum um leið og ákvarðanir eru teknar um að halda þeim áfram.

4. Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland munu eiga sama rétt og bera sömu skyldur og ríki með fulla aðild hvað snertir störf sem flutt eru til Vestur-Evrópusambandsins frá öðrum vettvangi eða stofnunum sem þau eiga þegar aðild að.

5. Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur og Lýðveldið Tyrkland munu verða aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu á þeim degi er lýðveldið Grikkland verður aðili að Vestur-Evrópusambandinu. Fram til þess tíma verður litið á Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noreg og Lýðveldið Tyrkland sem virka áheyrnaraðila að Vestur-Evrópusambandinu.

950. Nefndarálit [237. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.

951. Breytingartillaga [237. mál]

við till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Akureyri 15. júní 1992.

952. Fyrirspurn [571. mál]

til forsætisráðherra um frágang stjórnarfrumvarpa og skýrslna opinberra stofnana.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Eru starfandi málfarsráðunautar á vegum einstakra ráðuneyta og stofnana?
2. Með hvaða hætti er reynt að tryggja að mál, sem ríkisstjórnin sendir Alþingi sem þingmál, séu skýr og hnökralaus hvað málfar og framsetningu snertir?
3. Er með markvissum hætti reynt að tryggja að skýrslur og önnur gögn í opinberri stjórnsýslu, sem almenningi eru ætluð, séu á skýru og hnökralausu máli og að öðru leyti aðgengileg almenningi?

953. Tillaga til þingsályktunar [572. mál]

um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins.

Flm.: Páll Pétursson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar að kjósa nefnd níu alþingismanna til að rannsaka aðdraganda og forsendur fyrir ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarps, m.a. með tilliti til fjárhagslegra tengsla hans við stofnunina og menntamálaráðuneytið og starfsemi á vegum þess.

Greinargerð.

Í ljósi umræðna og upplýsinga, sem fram hafa komið, er óhjákvæmilegt að rannsókn fari fram á því hvort óeðlileg hagsmunatengsl séu á milli nýsetts framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins, stofnunarinnar og menntamálaráðuneytis.

954. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri og Gylfi Kristinsson deildarstjóri, frá Alþýðusambandi Íslands Lára V. Júlíusdóttir og Ari Skúlason, Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jónas Haralds frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Stéttarsambandi bænda, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Vélstjórafélagi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Sambandi byggingamanna, Málm- og skipasmíðasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur sem settar eru fram í tilskipun EBE nr. 77/187 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar, en þessar reglur er ekki að finna í íslenskri löggjöf. Samkvæmt 8. gr. hennar og í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skulu aðildarríkin setja nauðsynleg lög og stjórnvaldsfyrirmæli til að hrinda markmiðum tilskipunarinnar í framkvæmd.

Við nánari yfirferð á frumvarpinu kom fram ábending frá nefnd þeirri er samdi frumvarpið um að efnisreglur, er felast í 2. og 3. tölul. 3. gr. tilskipunarinnar og varða gildistíma kjarasamninga annars vegar og viðbótarlífeyrissjóði hins vegar, hafi ekki komist

nægilega vel til skila og leggur nefndin því til að 2. gr. frumvarpsins verði umskrifuð með þeim hætti að reglur tilskipunarinnar verði skýrari. Því mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt með slíkri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal tekur fram að stuðningur hans við frumvarpið sé óháður afstöðu hans við afgreiðslu frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi, 6. apríl 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Eggert Haukdal.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.

955. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu.

Ákvæði 2. mgr. getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem þar um ræðir. Skiptir þá engu máli hvort starfsmaður starfar áfram við reksturinn eftir aðilaskipti eða ekki.

956. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun ríkisins og Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir á 115. löggjafarþingi frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landssambandi íslenskra útvegs-

manna, Fiskifélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, siglingadómi og fjármálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali:

1. Breytingin á 6. gr. felur í sér að í reglum, er ráðherra setur um hæfniskröfur þeirra sem hanna og smíða skip, verði tekið mið af reglum í sambærilegum iðngreinum.
2. Breytingin á 8. gr. felur í sér að felld verða niður ákvæði 2. og 3. mgr. um hámarksaldur innfluttra skipa. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu uppfylla skilyrði íslenskra laga um styrkleika, búnað og haffæri. Þannig felur frumvarpið í sér nægilega tryggingu þess að ekki verði heimilaður innflutningur annarra skipa en þeirra sem eru vel búin og örugg. Er því lagt til að aldurshámark gildi aðeins um fiskiskip.
3. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að yfirvélstjóri falli brott úr hópi þeirra er ábyrgð beri á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipum. Í núgildandi lögum er þessi ábyrgð á herðum eiganda skips, útgerðarmanns og skipstjóra og þykir ekki ástæða til að fjölga í þeim hópi. Þá er lagt til að samkvæmt nýrri málsgrein skuli starfsskyldum yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu hagað samkvæmt ákvæðum sjómannalaga því til áréttingar að ekki er ætlunin að raska skipan samkvæmt þeim.
4. Lögð er til breyting á 2. mgr. 13. gr. um framkvæmd skyndiskoðunar. Að óbreyttu mætti ætla að varðskip Landhelgisgæslunnar yrðu að leita leyfis hjá Siglingamálastofnun í hvert skipti sem varðskipsmenn létu fara fram skyndiskoðun á hafi úti. Nú þegar er samkomulag milli þessara stofnana um framkvæmd skyndiskoðunar og er lagt til að stofnanirnar semji um tilhögun slíks eftirlits framvegis.
5. Breytingin við 35. gr. varðar gildistöku og þarfnast ekki skýringa.
6. Lagt er til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um meðferð þeirra mála sem þingfest hafa verið fyrir siglingadómi fyrir gildistöku laganna. Í frumvarpinu er lagt til að siglingadómur verði lagður niður. Tvö mál eru nú fyrir dóminum, annað nýhöfðað og liggur dómur í því máli væntanlega fyrir í júní á þessu ári. Eðlilegt þykir að um þessi mál fari samkvæmt gildandi lögum en hinir almennu dómstólar munu síðan taka við þeim málum er höfðuð verða eftir gildistöku laganna.

Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara varðandi breytingartillöguna við 9. gr. þar sem þeir telja að yfirvélstjóri eigi að vera í hópi þeirra er ábyrgð skulu bera á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipum svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Alþingi, 5. apríl 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.
Guðni Ágústsson, með fyrirvara.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

957. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra setur reglur um hæfniskröfur er þeir sem hanna og smíða skip skulu uppfylla. Þær skulu m.a. taka mið af réttindum hlutaðeigandi iðngreina.
2. Við 8. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Eigi má flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra.
3. 9. gr. orðist svo:
   Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.
   Um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.
4. Við 13. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Siglingamálastofnun ríkisins og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig þessu eftirliti skuli hagað.
5. Við 35. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Á eftir 35. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Mál, sem þingfest hafa verið fyrir siglingadómi við gildistöku laga þessara, skulu rekin fyrir dóminum eftir þeim reglum sem um hann hafa gilt, sbr. lög nr. 51/1987.

958. Fyrirspurn [573. mál]

til sjávarútvegsráðherra um samstarf við Sambandslýðveldið Rússland.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að koma á samstarfi við Sambandslýðveldið Rússland í sjávarútvegi er leitt geti til langtímaviðskipta milli landanna um

a. hráefni til fiskvinnslu og matvælaiðnaðar, markaðssetningu og sölu afurða,
b. sölu þekkingar og tækni sem nýtist við stjórn fiskveiða, vinnslu og vöruþróun,
c. sölu tækjabúnaðar, veiðarfæra og fiskiskipa,
d. skipasmíðar, endurbætur og viðgerðir og
e. greiðslu fyrir vörur og þjónustu með hráefnum?

959. Fyrirspurn [574. mál]

til utanríkisráðherra um viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hyggst ráðherrann undirbúa og fara fram á viðræður við Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku, NAFTA, um fríverslun, markaðsaðgang, samskipti og samstarf?

960. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt á l. um útflutning hrossa, nr. 64/1958, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á fund sinn frá landbúnaðarráðuneytinu Jón Höskuldsson deildarstjóra og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni og frá Búnaðarfélagi Íslands Kristin Hugason hrossaræktarráðunaut og Gunnar Hólmsteinsson skrifstofustjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Dýralæknafélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en vill jafnframt vekja athygli á því að við umræður í nefndinni kom fram að útgáfa útflutningsleyfa væri óþarflega margbrotin og ef til vill mætti draga úr kostnaði með skilvirkari framkvæmd en nú er. Því beinir nefndin því til landbúnaðarráðuneytisins hvort ekki sé full ástæða til að endurskoða þær reglur er um útflutning hrossa gilda eða taka gildandi lög um þau mál til endurskoðunar í heild sinni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Árni R. Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1993.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Guðmundur Bjarnason.
Eggert Haukdal.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Ragnar Arnalds.
	Einar K. Guðfinnsson.	

961. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um leiðsögu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá samgönguráðuneytinu Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra. Þá studdist nefndin við umsagnir er henni bárust á 115. löggjafarþingi frá Vitastofnun Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna,

Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Siglingamálastofnun ríkisins. Enn fremur barst nefndinni umsögn frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lögð er til breyting á skilgreiningu hugtaksins „hafnarsvæði“ í 2. gr. Orðið „særými“ er almennt notað yfir særými skips og þykir því réttara að skilgreina hafnarsvæði sem svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð.

Lagðar eru til tvær efnislegar breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að skylda útgerða til að hafa umboðsmann hérlendis, ætli skip þeirra að hafa viðkomu í íslenskri höfn, takmarkist við að magn hættulegs varnings, sem skipið flytur, sé umfram hættumörk samkvæmt reglugerð. Núgildandi reglugerð, um flutning á hættulegum varningi, er frá árinu 1982. Í 3. gr. hennar er vísað til alþjóðareglna, IMDG-CODE (International Maritime Dangerous Goods Code). Reglurnar byggjast á viðauka við Marpol 73/78, alþjóðasamningi um varnir gegn mengun hafsins sem fullgiltur hefur verið af Íslands hálfu, og fela í sér mörk varðandi flutning hættulegra efna. Hins vegar er lagt til að 2. mgr. falli brott en í reglugerð, er ráðherra setur, verði kveðið á um skilyrði þau er umboðsmanni ber að uppfylla.

Breytingin á 6. gr. felur í sér að í nýjum málslið verði kveðið á um tilkynningarskyldu erlendra veiðiskipa til Landhelgisgæslunnar þegar þau sigla inn í íslenska efnahagslögsögu. Er það í samræmi við 4. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, en þar segir jafnframt að skip skuli tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar það hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Breytingin á 7. gr., þar sem lagt er til að orðið hafnsögumaður verði notað í stað orðsins leiðsögumaður, er í samræmi við hugtakaskilgreiningar 2. gr.

Alþingi, 5. apríl 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Stefán Guðmundsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.

962. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um leiðsögu skipa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Skilgreining á *hafnarsvæði* orðist svo: Svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð.

2. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska landhelgi með varning umfram hættumörk samkvæmt reglugerð og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann hér á landi. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður. Í reglugerð skal setja skilyrði sem umboðsmanni ber að uppfylla.
   b. 2. mgr. falli brott.
3. Við 6. gr. Á eftir 1. málsl. fyrri málsgreinar komi nýr málsliður svohljóðandi: Erlend veiðiskip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands.
4. Við 7. gr. Í stað orðsins „leiðsögumann“ í 1. mgr. komi: hafnsögumann.

963. Svar [370. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um óskir erlendra þjóða um aðstoð við þróun sjávarútvegs.

1. *Hvaða þjóðir hafa á síðustu þremur árum óskað eftir aðstoð Íslendinga við þróun sjávarútvegs?*

Svari við þessari spurningu verður að skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða aðstoð við ríkisstjórnir eða opinbera aðila þar sem aðstoð er veitt í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands og hins vegar samvinnu íslenskra og erlendra einkafyrirtækja en þar hefur Útflutningsráð Íslands iðulega haft milligöngu.

a. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur nú með höndum starfsemi í Namibíu, á Grænhöfðaeyjum og í Malaví. Þess utan hafa stofnuninni borist fyrirspurnir og óskir um aðstoð við þróun sjávarútvegs frá ráðherrum, sendiherrum eða háttsettum embættismönnum nokkurra þjóða. Ekki er til nákvæm skrá yfir þessi erindi enda margar fyrirspurnirnar eingöngu munnlegar. Þó má nefna Angóla, Tansaníu, Mósambík, Kenía, Túnis, Vestur-Sahara, Haítí, Sri Lanka og Seychelles-eyjar. Enn fremur má geta þess að mál hafa komið til umræðu í heimsóknum íslenskra ráðamanna t.d. til Eystrasaltsríkjanna og Mexíkó og nýlega voru hér á ferð sendinefndir frá Kamtsjatka í Rússlandi og frá Þýskalandi þar sem þessi mál bar á góma.
b. Samstarf milli einkafyrirtækja eða önnur viðskipti, hvort sem um þátttöku eða milligöngu Útflutningsráðs er að ræða, er tæpast hægt að flokka sem þróunaraðstoð. Of langt mál yrði að útlista allt slíkt en þó má nefna að á vegum Útflutningsráðs hefur verið unnið að könnun á möguleikum íslenskra útflutningsfyrirtækja til þátttöku í sjávarútvegi í Chile, Namibíu og Suður-Afríku og á Kamtsjatka. Íslensk fyrirtæki hafa enn fremur leitað hófanna í Óman, Íran og víðar. Ótalin eru þá ýmis lönd sem íslenskir aðilar hafa átt í viðskiptum við, svo sem flest okkar helstu viðskiptalönd í Evrópu og Ameríku auk Japan.

2. *Hvers konar aðstoð er óskað eftir?*

Óskir þær, sem Þróunarsamvinnustofnun hafa borist, varða í flestum tilfellum aðstoð við hafrannsóknir og tilraunaveiðar en auk þess hafa borist óskir um aðstoð við fiskveiðar almennt, smíði fiskiskipa, þjálfun yfirmanna á fiskiskipum, byggingu fiskiðjuvera, fiskvinnslu og sölu og markaðsmál fiskafurða.

3. *Hafa hugmyndir um fjármögnun aðstoðar fylgt slíkum beiðnum?*

Yfirleitt fylgja beiðnum til Þróunarsamvinnustofnunar óskir um verulega fjárhagsaðstoð og oftast er farið fram á að stofnunin fjármagni umbeðið verkefni að fullu sem telja verður eðlilegt með hliðsjón af hlutverki hennar. Sú er reyndar einnig raunin hvað varðar tilraunir íslenskra fyrirtækja til að selja vörur sínar og þjónustu til þróunarlandanna, greiðslur eru yfirleitt aðalvandamálið.

964. Svar [565. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um útlán og afskriftir ríkisbankanna.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve mikil voru heildarútlán ríkisbankanna, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, árið 1992?*
2. *Hvernig skiptust útlánin hlutfallslega eftir atvinnugreinum og hversu mikill hluti þeirra var til einstaklinga?*
3. *Hve miklar voru afskriftir bankanna árið 1992?*
4. *Hvernig skiptast þær afskriftir eftir atvinnugreinum og hversu mikill hluti þeirra var vegna einstaklinga?*

Í svari þessu eru upplýsingar um útlán og afskriftir ríkisbankanna, sbr. framangreinda fyrirspurn. Ekki liggur fyrir sundurliðun á afskriftum bankanna fyrir árið 1992 eftir atvinnugreinum, sbr. 4. tölul. fyrirspurnarinnar.

Landsbanki Íslands.

1.–2. Flokkun útlána og endurlánaðs erlends lánsfjár eftir atvinnugreinum:

	Útlán samtals (þús. kr.)	Af heild %
Landbúnaður	3.633.545	4,2
Sjávarútvegur	26.318.759	30,7
Verslun: Kaupmenn	6.696.750	7,8
Olíufélög	2.981.521	3,5
Samvinnufélög	5.451.349	6,4
Iðnaður	8.835.318	10,3
Íbúðarbyggingar	2.389.019*	2,8
Samgöngur	1.196.844	1,4
Raforkumál	475.474	0,6
Ríkissjóður og stofnanir	4.178.813	4,9
Bæjar- og sveitarfélög	2.650.476	3,1
Fjárfestingarlánastofnanir	2.409.337	2,8
Bankar og sparisjóðir	412.101	0,5
Aðrar lánastofnanir	727.931	0,9
Byggingaverktakar íbúðarhúsnæðis	310.215	0,4
Aðrir byggingaverktakar	820.285	1,0
Þjónustustarfsemi	3.289.845	3,8
Ýmislegt	12.847.113*	15,0
Samtals	**85.624.695**	**100,0**

*Lán til einstaklinga 15.236.132 þús. kr. eða 17,8%.

3. Framlag í afskriftareikning útlána árið 1992 var 3.856 millj. kr.

Búnaðarbanki Íslands.

1.–2. Flokkun útlána og endurlánaðs erlends lánsfjár eftir atvinnugreinum:

	Útlán samtals (þús. kr.)	Af heild %
Landbúnaður	3.885.074	10,8
Sjávarútvegur	3.701.504	10,3
Verslun: Kaupmenn	6.578.510	18,4
Olíufélög	983	0,0
Samvinnufélög	477.535	1,3
Iðnaður	2.601.319	7,3
Íbúðarbyggingar	3.327.711*	9,3
Samgöngur	1.148.641	3,2
Raforkumál	5.720	0,0
Ríkissjóður og stofnanir	3.806.151	10,6
Bæjar- og sveitarfélög	945.271	2,6
Fjárfestingarlánastofnanir	1.090.979	3,0
Bankar og sparisjóðir	0	0,0
Aðrar lánastofnanir	150.659	0,4
Byggingaverktakar íbúðarhúsnæðis	214.554	0,6
Aðrir byggingaverktakar	337.007	0,9
Þjónustustarfsemi	5.444.872	15,2
Ýmislegt	2.122.903*	5,9
Samtals	**35.839.393**	**100,0**

*Lán til einstaklinga 5.450.614 þús. kr. eða 15,2%.

3. Framlag í afskriftareikning útlána árið 1992 var 636,5 millj. kr.

965. Frumvarp til laga [575. mál]

um matvæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með alhliða fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

Lyf, sbr. lyfjalög, nr. 108/1984, tóbak, sbr. lög nr. 74/1984 um tóbaksvarnir og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum samkvæmt lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum.

3. gr.

Matvæli skulu vera þannig gerð og framboðin að þau valdi ekki heilsutjóni og viðskipti með þau blekki ekki á neinn hátt.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

4. gr.

1. *Matvæli* eru samkvæmt lögum þessum hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.
2. *Framleiðsla* er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.
3. *Dreifing* er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.
4. *Efni og hlutir* eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.
5. *Umbúðir* eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.
6. *Örverur* eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælum eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra.
7. *Hráefni* eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

8. *Aukefni* eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla sem tæknileg hjálparefni eða til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.
9. *Bætiefni* eru vítamín, steinefni (þar með talin snefilefni) og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.
10. *Aðskotaefni* eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.
11. *Varnarefni* eru efni sem notuð eru gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.
12. *Opinbert eftirlit* er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.
13. *Innra eftirlit* er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu vörunnar.
14. *Faggilding* er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

III. KAFLI
Stjórn og skipan.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Einnig fer hann með yfirstjórn mála er varða innflutning og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár, meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og eldisfiski. Yfirdýralæknir er ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings þeirra. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.

8. gr.

Samstarfsráð skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit og fjalla um framkvæmd matvælaeftirlits, sbr. IX. kafla laganna. Ráðið skipa einn fulltrúi tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, annar af Fiskistofu og sá þriðji tilnefndur af yfirdýralækni, og skulu varamenn tilnefndir af sömu aðilum. Ráðið skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur sem skulu staðfestar af ráðherrum sem fara með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Ráðið gerir tillögu um úrlausn ágreiningsmála sem varða framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt skal ráðið fá til umsagnar allar tillögur að lögum og reglugerðum um matvæli og matvælaeftirlit.

Samstarfsráð gerir árlega skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og skal hún kynnt ráðherrum, opinberum eftirlitsaðilum og samtökum hagsmunaaðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla.

IV. KAFLI
Framleiðsla og dreifing.

9. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu tilkynna um starfsemi sína til fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnasamsetningar sem nota á við framleiðslu matvæla.

10. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu haga starfsemi sinni þannig að þau skorti ekki eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni. Jafnframt skal þess gætt að matvælin óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu eða dreifingu matvæla, skal gæta ýtrasta hreinlætis og þrifnaðar við meðferð þeirra og hafa þekkingu á eða fá nauðsynlega fræðslu um rétta meðferð matvæla. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera ábyrgð á að þessi fræðsla fari fram.

Þeim sem haldnir eru sjúkdómum, sem hætta er á að geti dreifst með matvælum, er óheimilt að starfa við meðferð matvæla. Eftirlitsaðilar, sbr. IX. kafla laganna, geta að höfðu samráði við landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks.

11. gr.

Óheimilt er að hafa á boðstólum eða dreifa matvælum sem blekkt geta kaupanda eða móttakanda varðandi uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif þeirra.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um með hvaða hætti hafa má matvæli á boðstólum eða dreifa á annan hátt þannig að gefið er í skyn að varan sé sérstaklega ætluð tilteknum hópum, svo sem vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum.

12. gr.

Matvæli, sem finnast á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar, skulu talin framleidd þar nema annað verði sannað. Matvæli teljast jafnframt höfð á boðstólum á dreifingarstað ef þau er þar að finna.

Á sama hátt skulu efni, hlutir og annað, sem tengist framleiðslu matvæla, talið notað við framleiðslu ef það er að finna á framleiðslustað eða í húsakynnum framleiðslustaðar. Jafnframt telst slíkur varningur hafður á boðstólum á dreifingarstað ef hann er þar að finna.

13. gr.

Matvæli skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við ákvæði um geymslu matvæla sem sett eru með reglugerðum og er framleiðandi eða eftir atvikum dreifandi ábyrgur fyrir réttri geymslu vörunnar.

Eigandi eða umráðandi flutningstækis er ábyrgur fyrir því að tækið uppfylli þær kröfur sem settar eru um flutning matvæla.

V. KAFLI
Umbúðir og merking þeirra.

14. gr.

Þeim sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, er skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera sömu skyldur.

15. gr.

Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda eða dreifanda vörunnar. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd/lagarmál.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að gera frekari kröfur um umbúðamerkingar en fram koma í þessari grein og á sama hátt er heimilt að gera vægari kröfur til merkingar tiltekinna vörutegunda eða vöruflokka.

VI. KAFLI
Sérreglur um efnainnihald.

16. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um heiti, framleiðslu og samsetningu matvæla, þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að stuðla að heilbrigði eða til að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda.

Þegar vöruheiti er bundið við tiltekna vörutegund samkvæmt þessari grein er ekki heimilt að nota sama heiti á aðrar vörur eða veita einhverjar þær upplýsingar sem gætu orðið til þess að neytendur villtust á vörunni og öðrum vörum sem hafa annan uppruna eða aðra samsetningu.

17. gr.

Ráðherra skal með reglugerðum setja ákvæði um notkun aukefna, varnarefna og bætiefna við framleiðslu matvæla og um mesta leyfilegt magn aðskotaefna í matvælum.

VII. KAFLI
Framkvæmd og fræðslustarfsemi.

18. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd laga þessara setja ráðherrar reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til. Þar skal meðal annars kveðið nánar á um framleiðslu og dreifingu matvæla, efnainnihald, umbúðir, matvælaeftirlit og matvælarannsóknir.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralæknir og Fiskistofa skulu, hver á sínu sviði, sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skulu þessir aðilar vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Menntamálaráðherra skipuleggur kennslu um matvæli og meðferð þeirra í námi í heimilisfræðum í öllum grunnskólum landsins og þá aðstöðu sem nauðsynleg er til þeirrar kennslu. Þá skipuleggur ráðuneytið kennslu í matreiðslu, örverufræði, næringarfræði og neytendamálefnum sem tengjast matvælasviði, í öllum framhaldsskólum landsins, bæði í skólakjarna og valnámi, og einnig í menntun kennara.

VIII. KAFLI
Leyfisveitingar.

20. gr.

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir yfirstjórn sjávarútvegs- eða landbúnaðarráðherra er leyfisveiting annars vegar í höndum Fiskistofu og hins vegar í höndum yfirdýralæknis.

Leyfisveiting og endurnýjun leyfa er háð því að eftirlits- og leyfisgjald sé greitt, sbr. og 25. og 26. gr., og leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef sá sem slíkt leyfi hefur gerist sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi ef framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun og skal viðkomandi eftirliti tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. og III. og IX. kafla laganna geta ráðherrar, að höfðu samráði við samstarfsráð, gert með sér samkomulag um að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi.

IX. KAFLI
Matvælaeftirlit.

22. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum aðilum. Hollustuvernd ríkisins skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Þá er ráðherra, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón opinbers eftirlits með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. laga þessara.

Fiskistofa hefur með höndum opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla sem falla undir ákvæði 7. gr. laganna.

23. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að opinberir eftirlitsaðilar skuli hljóta faggildingu. Það sama á við um aðra aðila sem kunna að taka að sér eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Ráðherrum er einnig heimilt að ákveða að rannsóknir og útgáfa vottorða vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skuli framkvæmd af aðilum sem hlotið hafa faggildingu.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða með hvaða hætti komið skal á innra eftirliti framleiðenda og dreifenda matvæla og hvort og þá með hvaða skilyrðum það getur verið þáttur í opinberu eftirliti.

Samstarfsráð skal vera ráðherrum til ráðgjafar um lagasetningu og framkvæmd mála varðandi faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og einnig varðandi innra eftirlit.

24. gr.

Matvælaframleiðendum og dreifendum er skylt að láta aðilum, sem fara með eftirlit samkvæmt lögum þessum, endurgjaldslaust í té nauðsynleg sýni til rannsókna og veita þeim allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast við framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt er skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað.

Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits. Þá skulu upplýsingar og tilkynningar þeirra sem falið er eftirlit með matvælum til fjölmiðla eða annarra aðila vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstaklingar, einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón eða álitshnekki að ósekju.

X. KAFLI
Rekstrarkostnaður og gjaldtaka.

25. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra getur sett gjaldskrá vegna kostnaðar að því er varðar starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis vegna matvælaeftirlits, sbr. 22. gr. Þá skulu ráðherrar setja gjaldskrár vegna opinberra matvælarannsókna. Gjald samkvæmt þessum ákvæðum má taka lögtaki og setur hlutaðeigandi ráðherra reglugerð með nánari ákvæðum um upphæð þess, gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að innheimtu gjaldsins.

Eftirlitsgjöld heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits skulu vera samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

26. gr.

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða, sbr. og VIII. og IX. kafla laganna, og 17.6. og 22.2. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það sama gildir um setningu gjaldskrár vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

27. gr.

Þegar rökstuddur grunur leikur á að vara eða starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim og ekki liggja fyrir vottorð faggiltra aðila sem sýna annað er heimilt að gera kröfu um að hlutaðeigandi framleiðandi eða dreifandi greiði nauðsynlegan rannsóknarkostnað.

XI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

28. gr.

Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið alvarlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsynlegar varúðar- og varnaðaraðgerðir sem geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við landlækni, Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni og Fiskistofu áður en til slíkra aðgerða er gripið.

29. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt, sbr. og 27.9. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þegar eftirlitsaðili stöðvar dreifingu vöru, svo sem inn- eða útflutning og hætta er talin á að vörunni verði þrátt fyrir það dreift á markað þar sem eftirlit er í höndum annars aðila er eftirlitsaðilum skylt að hafa samráð sín á milli eða gera viðeigandi ráðstafanir, allt eftir eðli málsins.

30. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt breytingu nr. 28/1990.

XII. KAFLI
Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

31. gr.

Sá er sekur gerist um brot gegn ákvæðum þessara laga skal greiða allan kostnað sem leitt hefur af útvegun sýna, rannsóknum og öðru sem af því hefur hlotist. Um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög gilda að öðru leyti ákvæði VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

XIII. KAFLI
Gildistaka.

32. gr.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. júlí 1993, falla úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum, og ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Samstarfsráð, sbr. 8. gr., skal taka til starfa þegar við samþykkt laganna og skal ráðið vinna að undirbúningi fyrir gildistöku þeirra.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

1.1. Skipan nefndar og verksvið.

Hinn 2. janúar 1989 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd sem falið var að gera tillögur að nýjum matvælalögum. Ný lög um matvæli áttu að koma í stað laga nr. 24/1936 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, svo og annarra síðar tilkominna laga er tengjast framleiðslu, dreifingu, sölu og eftirliti með matvælum. Nefndinni var sérstaklega ætlað að kanna löggjöf Norðurlanda og athuga hvort og með hvaða hætti hægt væri að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf þessara landa í samræmi við samþykktir norrænu ráðherranefndarinnar um samræmingu löggjafar á matvælasviðinu. Í nefndina voru upphaflega skipaðir: Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, formaður, Jón Gíslason næringarfræðingur, ritari, tilnefndur af stjórn Hollustuverndar ríkisins, Elín Hilmarsdóttir matvælafræðingur, tilnefnd af iðnaðarráðuneyti, Páll A. Pálsson, fyrrverandi yfirdýralæknir, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Edda Magnúsdóttir matvælafræðingur, tilnefnd af sjávarútvegsráðuneyti, og Valgerður Hildibrandsdóttir næringarfræðingur, tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Fljótlega sagði Valgerður Hildibrandsdóttir sig úr nefndinni og tilnefndu Neytendasamtökin í hennar stað Bryndísi Steinþórsdóttur hússtjórnarkennara. Í tengslum við kjaradeilu háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og fjármálaráðuneytisins sagði Edda Magnúsdóttir sig úr nefndinni á öndverðu sumri 1990. Í hennar stað kom Gísli Jón Kristjánsson fiskmatsstjóri, en hann kom til starfa í nefndinni í október 1991. Á miðju ári 1989 var ákveðið að Oddur Rúnar Hjartarson, dýralæknir og framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, kæmi til starfa sem ritari nefndarinnar og hefur hann gegnt því starfi í samvinnu við Jón Gíslason.

Nefndin lýsti þeirri skoðun sinni í upphafi starfsins að endurskoðun matvælalöggjafarinnar hlyti að taka mið af matvælum og neysluvörum en ekki nauðsynjavörum, þ.e. að undir matvælahugtakið yrðu flokkaðar allar þær vörur sem teldust matvæli og neysluvörur samkvæmt lögum nr. 24/1936, en ákvæði laga um nauðsynjavörur yrðu endurskoðuð á vegum þeirra sem færu með neytendamál og þar til þau ákvæði sættu endurskoðun skyldu þau standa óbreytt í lögum nr. 24/1936. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti féllst á þessa skoðun en fór þess á leit, að höfðu samráði við nefndina, að viðskiptaráðuneyti tilnefndi aðila í nefndina sérstaklega vegna þessara þátta. Hinn 19. desember 1989 var Þórunn Erhardsdóttir, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti, skipuð í nefndina samkvæmt tillögu viðskiptaráðuneytis.

Nefndin kynnti sér og hafði til hliðsjónar matvælalöggjöf í nágrannaríkjum og löggjöf Evrópubandalagsins (EB) um matvæli, ásamt íslenskum lögum og reglum á þessu sviði. Á starfstíma nefndarinnar hafa orðið miklar umræður um matvælalöggjöf ekki síst í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði (EES) en óvíða hefur hann meiri áhrif en á matvælasviðinu. Fyrir því taldi nefndin eðlilegt að flýta sér ekki um of heldur reyna að standa þannig að málum að frumvarp til nýrra matvælalaga tæki mið af reglum Evrópubandalagsins. Jón Gíslason næringarfræðingur hefur annast þennan þátt á vegum íslenskra stjórnvalda í tengslum við samninga um Evrópskt efnahagssvæði þannig að nefndin hefur ávallt haft bestu og ítrustu upplýsingar um stöðu mála á hverjum tíma. Yfir-

dýralæknir hefur haft umsjón með þessum málaflokki á sínu sviði og Ríkismat sjávarafurða og Fiskistofa frá ársbyrjun 1993 hefur fylgst með lagasetningu EB um sjávarafurðir. Nefndin telur að lagafrumvarp það, sem hér liggur frammi, taki tillit til efnisþátta sem fram koma í áðurgreindri löggjöf.

Meðal þess sem nefndin lagði áherslu á í sínum störfum var umræða um rekstrargrundvöll opinbers matvælaeftirlits og gjaldtöku vegna þess. Markmiðið var að samræma gjaldtöku og gera hana eins einfalda og hægt væri og helst þannig að ákveðið gjald væri lagt á framleiðendur og dreifendur matvæla. Hagsmunaaðilar tækju þannig þátt í rekstrarkostnaði matvælaeftirlits sem beinist að atvinnurekstri þeirra, en þá yrði jafnframt að ákvarða skiptingu gjaldsins milli eftirlitsaðila. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er á flestum eftirlitssvæðum með gjaldskrár vegna eftirlits á þeirra vegum og er ráðgert að slík gjaldskrá verði sett á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á árinu 1993. Matvælaeftirlit hefur að öðru leyti ekki verið rekið með almennum eftirlitsgjöldum, en það er algengt víða erlendis. Nefndin féll frá hugmyndum um sameiginlega gjaldtöku í matvælaeftirliti þar sem samkomulag náðist ekki við sum samtök hagsmunaaðila, en þess í stað var ákveðið að gera tillögu um að samræma gjaldtökuheimildir eftirlitsaðila.

1.2. Umsagnir.

Nefndin hóf þegar störf í janúar 1989 og hefur unnið að málinu með stuttum hléum síðan. Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum haustið 1989 og sendi eftirtöldum aðilum til umsagnar að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra: Dýralæknafélag Íslands, eiturefnanefnd, Félag garðyrkjubænda, Félag íslenskra iðnrekenda, Félag íslenskra stórkaupmanna, Félag kjötiðnaðarmanna, Félag matartækna, Félag matarfræðinga, Félag matreiðslumanna, Félag mjólkurfræðinga, Félag sláturleyfishafa, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Háskóli Íslands, matvælafræði, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hollustuvernd ríkisins, Hússtjórnarkennarafélag Íslands, iðnaðarráðuneyti, Iðntæknistofnun Íslands, Kaupfélag Eyfirðinga, Kaupmannasamtök Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hússtjórnarval, landbúnaðarráðuneyti, Landssamband iðnaðarmanna, Manneldisfélag Íslands, Manneldisráð Íslands, Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands, Meistarafélag kjötiðnaðarmanna, menntamálaráðuneyti, Mjólkursamsalan, Neytendasamtökin, Osta- og smjörsalan, Rannsóknaráð ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Ríkismat sjávarafurða, Samband garðyrkjubænda, Samband íslenskra samvinnufélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband veitinga- og gistihúsa, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, síldarútvegsnefnd, sjávarútvegsráðuneyti, Skreiðarsamlagið, Sláturfélag Suðurlands, Staðlaráð Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, Sölustofnun lagmetis, utanríkisráðuneyti, Útflutningsráð Íslands, Verslunarráð Íslands, yfirdýralæknir.

Alls var um 53 umsagnaraðila að ræða og skiluðu 35 umsögnum eða sem næst tveir þriðju sem verða að teljast nokkuð góðar heimtur og sýna áhuga hlutaðeigandi aðila á viðfangsefninu. Enn fremur leituðu einstakir nefndarmenn álits valinna aðila eftir því sem ástæður þóttu til. Formaður nefndarinnar kynnti drögin meðal annars á fundi með héraðslæknum auk þess sem drögin voru kynnt á fundum með hinum ýmsu hagsmunaaðilum.

Umsagnir voru misjafnlega ítarlegar eins og gengur en meiri hluti umsagnaraðila skilaði þó ítarlegum umsögnum, ekki síst hagsmunaaðilar í matvælaframleiðslu. Að fengnum umsögnum, sem voru að berast fram á haustið 1990, tók nefndin saman önnur drög þar sem reynt var að samræma sjónarmið þeirra sem umsagnir gáfu. Önnur drög lágu fyrir vorið 1991 og voru send út til allra þeirra sem gáfu umsagnir um fyrri drög, svo og allra ráðuneyta sem koma að matvælamálefnum með einum eða öðrum hætti eða samtals 39 aðilar, og bárust umsagnir frá 11 þeirra. Nefndin hélt síðan fund með þeim aðilum sem gáfu umsagnir við önnur drög og óskuðu eftir að ræða umsögn sína frekar.

Umsagnir um önnur drög voru að berast fram á sumar 1991 og hefur nefndin síðan unnið úr þeim, reynt að samræma athugasemdir og samræma frumvarpið reglum Evrópubandalagsins. Nefndin lítur svo á að tekist hafi að koma til móts við flest sjónarmið sem fram komu í umsögnum og leggur fram frumvarp sem allir nefndarmenn standa að.

1.3. Uppbygging og markmið frumvarpsins.

Það er skoðun nefndarinnar að tilgangur laga um matvæli hljóti að vera að reyna að tryggja, svo sem kostur er, gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Til þess að ná þessu markmiði beri að halda úti alhliða fræðslu- og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti og gerir frumvarpið grein fyrir því hvernig að þessum þáttum skuli staðið. Lögunum er ætlað að ná yfir framleiðslu, dreifingu og alla aðra meðferð matvæla, en með dreifingu er m.a. átt við innflutning og útflutning. Undir lögin fellur ekki meðferð matvæla á einkaheimilum, nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilis. Lögunum er þó ætlað að ná til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Lyf samkvæmt lyfjalögum, tóbak samkvæmt tóbaksvarnalögum og vímuefni, önnur en áfengi, samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, eru enn fremur undanþegin ákvæðum laganna. Það sama á við um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Lögunum er ætlað að ná yfir alla þætti sem snerta matvæli, nema þá sem sérstaklega eru undanskildir.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem lögunum er ætlað að stefna að, er kveðið á um eftirfarandi:

1. Ótvíræðar skilgreiningar á orðum og hugtökum svo sem hvað átt er við með matvælum, framleiðslu, dreifingu o.s.frv.
2. Stjórn og skipan þar sem lagt er til að málin verði á vegum þriggja ráðuneyta.
3. Framleiðslu og dreifingu.
4. Umbúðir og merkingu þeirra.
5. Sérreglur um efnainnihald.
6. Fræðslustarfsemi.
7. Leyfisveitingar.
8. Matvælaeftirlit.
9. Rekstrarkostnað og gjaldtöku þar sem fram koma ótvíræð ákvæði um gjaldtöku vegna matvælaeftirlits.
10. Að innan fimm ára frá gildistöku skuli lögin endurskoðuð og er þá meðal annars gert ráð fyrir að tekin verði afstaða til þess hvort sameina beri opinbert matvælaeftirlit á vegum eins aðila.

Hvað varðar stjórn og skipan er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ætlað að fara með yfirstjórn samkvæmt lögunum, að svo miklu leyti sem hún fellur ekki undir landbúnaðarráðherra eða sjávarútvegsráðherra. Landbúnaðarráðherra er ætlað að fara með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna og mála er varða innflutning og útflutning búfjár, smitsjúkdóma búfjár, meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og eldisfiski og er yfirdýralæknir ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál. Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings þeirra og er Fiskistofu ætlað að vera ráðherranum til ráðgjafar um þessi mál. Ráðgjafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verður Hollustuvernd ríkisins. Samstarfsráð, skipað fulltrúum Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis skal starfa samkvæmt lögunum og vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit og fjalla um framkvæmd matvælaeftirlits þar sem þess gerist þörf. Því er ætlað að gera tillögur um úrlausn ágreiningsmála sem varða framkvæmd laganna og reglugerða. Enn fremur skal ráðið fá til umsagnar allar tillögur að löggjöf um matvæli og matvælaeftirlit.

Varðandi störf nefndarinnar að öðru leyti og frekari skýringar vísast til annarra athugasemda svo og athugasemda við einstakar greinar.

2. Tækniþróun í matvælaiðnaði.

2.1. Hálf öld.

„Fyrr á tímum þegar hver sat að mestu leyti að sínu og vöruviðskipti manna á meðal voru smávægileg saman borið við það sem nú er og þegar vörutegundirnar voru fáar og framleiðsla þeirra einföld ...“

Það kann að virðast ótrúlegt að þessar línur skuli hafa verið skrifaðar fyrir meira en hálfri öld. Textinn er fenginn úr greinargerð með frumvarpi til laga um varnir gegn vörusvikum, en hefði eins getað verið settur á blað í dag. Hafi þessi orð átt við á þeim tíma eiga þau svo sannarlega við nú. Framleiðsla matvæla er ekki lengur einföld og vörutegundir fáar. Í dag er matvælaframleiðsla iðngrein sem byggir á háþróaðri tækni þar sem hagnýtt er nýjasta þekking á öllum helstu sviðum raunvísinda, svo sem efnafræði, eðlisfræði, líffræði, örverufræði, lífeðlisfræði, að ógleymdri stærðfræði og verkfræði.

Á rúmri hálfri öld hefur margt breyst. Ekki einungis hvað þá tækni áhrærir sem nú er notuð við framleiðslu matvæla, heldur einnig á sviði dreifingar og flutninga. Nú eiga neytendur þess kost að velja vörutegundir frá fjarlægum heimsálfum og í hillum verslana getur að líta ótrúlegan fjölda matvæla. Tískusveiflur og nýjungar berast nú hraðar til landsins en áður jafnt að austan sem vestan. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar á heimilishaldi og því sem nefna má hefðbundna matargerð, en hvort tveggja hefur áhrif á neysluvenjur landsmanna sem hafa breyst mikið á sl. fimmtíu árum. Máltíðum, þar sem fjölskyldan borðar öll saman, hefur fækkað og í stað þeirra komið óformlegar smámáltíðir og bitar milli mála. Áður fyrr var það venjulega sami aðilinn á heimilinu, oftast móðirin, sem ákvað matseðil vikunnar fyrir fjölskylduna. Nú er algengt að sú ákvörðun sé jafnmikið í höndum annarra fjölskyldumeðlima sem bera þá um leið meiri ábyrgð á eigin mataræði.

Á Íslandi og í öðrum vestrænum ríkjum hefur átt sér stað sams konar þróun. Hún er í grófum dráttum sú að hver fjölskylda telur æ færri meðlimi og fleiri búa einir og á það síðarnefnda bæði við um einhleypinga og eldra fólk. Aldursdreifingin í þjóðfélaginu hefur um leið breyst þar sem meðalævi lengist og fleiri ná háum aldri jafnframt því að fæðingum hefur fækkað. Neysluvenjur hafa mótast á mismunandi tímum, auk þess sem þarf-

ir eru misjafnar, og því má segja að hver aldurshópur hafi sínar neysluvenjur og sérþarfir.

2.2. Varðveisla og vöruþróun.

Áður fyrr var megináhersla lögð á að varðveita matvælin og þá helst í sem upprunalegustu ástandi. Nú er hins vegar hlutur vöruþróunar orðinn meiri. Í nútíma matvælaiðnaði er framleiðsla matvæla nær undantekningarlaust afrakstur mikillar vöruþróunar. Óhjákvæmilegt er að sú vinna sé stöðugt í gangi til að mæta breytilegum kröfum og aukinni samkeppni á markaði sem verður alþjóðlegri með hverjum deginum.

Umbúðir eru orðnar mikilvægur þáttur við vöruþróun og gegna mun stærra hlutverki en áður. Í vaxandi mæli er litið á þær sem hluta af vörunni þó megintilgangur þeirra sé enn sem fyrr að verja innihaldið.

Fjöldaframleiðsla matvæla er vandasöm. Matvælin verða að standast vinnslu, pökkun, geymslu og dreifingu oft um langan veg. Varan verður auk þess að halda sínum upprunalegu gæðum meðan líftími hennar varir. Neytendur gera þá kröfu að áferð, litur og bragð matvælanna minni sem mest á ferskan heimalagaðan mat án þess að það verði á kostnað geymsluþolsins. Aukið geymsluþol hefur að stærstum hluta náðst vegna nýrrar tækni og nýrra aðferða í greininni, en aukefni eiga líka drjúgan hlut að máli. Hlutverk aukefna er hins vegar miklu fjölbreyttara og fáir leiða hugann að því að óhugsandi væri að hafa á boðstólum margar algengustu neysluvörur sem eru á markaðnum ef þeirra nyti ekki við.

Aukefni eru hjálparefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla til að hafa áhrif á hina ýmsu eiginleika þeirra, svo sem bragð, lit, áferð og geymsluþol. Í þeim hópi aukefna, sem hafa áhrif á geymslu matvæla, eru rotvarnarefni sem notuð eru í viðkvæm matvæli til að auka geymsluþol og vernda neytendur gegn hugsanlegum matareitrunum og matarsýkingum. Þráavarnarefni er flokkur efna sem líka tilheyra þessum hópi aukefna. Hlutverk þeirra er að hindra þránun, en í kjölfar hennar verða oft litar- og bragðbreytingar, svo og myndun efnasambanda sem draga úr hollustugildi matvæla.

Ævagamlar geymsluaðferðir, svo sem þurrkun, kæling og frysting, eru enn við líði þó í breyttri mynd sé. Við erum til dæmis ekki lengur háð veðráttunni. Nú eru það vélar sem þurrka, kæla og frysta og hafa því leyst veðurguðina af hólmi. Að því leytinu til má segja að matvæli séu í grundvallaratriðum geymd á sama hátt og áður, en með nýtískulegum aðferðum.

2.3. Tækni.

Tölvutækninni með allri sinni sjálfvirkni hefur fleygt fram og er hún orðin ómissandi í matvælaiðnaðinum sem annars staðar. Ítarlegir útreikningar og prófanir gera mögulegt að meta mjög nákvæmlega hvaða áhrif tiltekin vinnsla hefur á matvælin áður en til fjöldaframleiðslu kemur. Í nútíma matvælaiðnaði er slíkt nauðsynlegur hluti af vöruþróun. Eðlis- og efnafræði matvæla verður því flóknari sem meiri fjölbreytni verður í samsetningu þeirra. Hugtök eins og vatnsvirkni auka skilning okkar á því samspili sem á sér stað milli allra þeirra ólíku þátta sem hafa áhrif á öryggi, gæði og geymsluþol matvæla. Líftæknin hefur opnað heim sem áður var hulinn og þar eru möguleikarnir nær ótakmarkaðir. Rannsóknir á geislun matvæla hafa verið stundaðar áratugum saman og eiga nýjar aðferðir og tækni á því sviði eflaust eftir að valda miklum breytingum í greininni í náinni framtíð.

Hagnýt not „óvinsamlegra“ örvera er svið sem á sér fáar takmarkanir. Um er að ræða hagnýtingu þeirra örvera og/eða þeirra efna eða efnasambanda, sem þær framleiða, til að draga úr vexti eða útrýma óæskilegum örverum í matvælum. Dæmi um örverur, sem nota má í þessu skyni, eru mjólkursýru- og própíónsýrubakteríur og hugsanlega gersveppir og edikssýrubakteríur. Þá má nefna það nýjasta á sviði umbúðafræða sem kallað er „virk pökkun“, en með því er átt við að í umbúðum eða á þeim er komið fyrir efnum sem halda vörunni lengur ferskri og lengja þar með geymsluþol hennar. Slík efni eða „ferskleikaaukar“ eru t.d. færir um að eyða súrefni, gefa frá sér eða fjarlægja koltvísýring, gleypa raka eða hafa stjórn á hitastigi. Nýjung á þessu sviði eru nemar sem skynja hita. Annaðhvort er þá um að ræða að nemi gefi til kynna það hitastig sem umlykur vöruna hverju sinni eða hann gefi til kynna, oftast með litarbreytingu, hvenær hiti fer upp eða niður fyrir ákveðið mark, svo sem frostmark.

Byltingar þær, sem orðið hafa á rúmri hálfri öld á sviði tækni og þekkingar, eru margar en nokkrar hafa valdið meiri straumhvörfum í matvælaiðnaði en aðrar og verður hér minnst á þær helstu:

Niðursuða hefur haft geysimikla þýðingu í matvælaiðnaði og er elsta aðferð við fjöldaframleiðslu matvæla. Enn í dag er hún ein sú mest notaða.

Hraðfrysting hefur náð geysilegum vinsældum á þessu tímabili. Notkun fljótandi lofttegunda gerir mögulegt að frysta viðkvæm matvæli, svo sem ber og ávexti með góðum árangri. Með nýtískulegum aðferðum við frystingu matvæla og geymslu þeirra má tryggja að tap næringarefna verður hverfandi.

Frostþurrkun er þurrkunaraðferð þar sem beitt er hraðri djúpfrystingu og síðan þurrkun eða þurrgufun þar sem ís er breytt í vatnsgufu. Með þessari aðferð varðveitist ekki einungis bragð og lykt eins og best verður á kosið heldur einnig áferð og lögun.

Loftskipti er nýjung sem varð til þegar plastfilmur og umbúðir með mismunandi gegndræpi komu á markaðinn. Eins og nafnið bendir til felur aðferðin í sér að höfð eru skipti á því lofti sem umlykur matvælin og öðrum heppilegri lofttegundum eða blöndum þeirra. Með aðferðinni opnaðist leið til að bæta geymsluþol margra viðkvæmra matvæla, ekki síst grænmetis og ávaxta. Þessi aðferð hefur rutt sér mjög til rúms og er nú notuð fyrir fjölmörg önnur matvæli, svo sem kjöt, smárétti, sætabrauð og samlokur.

Tandurpökkun er tækni sem byggist á því að umbúðir og matvæli eru dauðhreinsuð hvort í sínu lagi. Átöppun og pökkun fer einnig fram í dauðhreinsuðu umhverfi. Við framleiðslu á geymsluþolnum mjólkurvörum er tandurpökkun notuð ásamt svokallaðri leifturhitun sem er snögghitun í 130–150°C í 1–2 sek.

Örbylgjuofninn bar með sér „örbylgjubyltinguna“ sem enn er ekki séð fyrir endann á. Sívaxandi fjöldi hvers konar tilbúinna rétta og matvæla, sem ætluð eru fyrir örbylgjuofna, segir sína sögu um viðtökur neytenda. Gildir það jafnt um heimili, veitingastaði og skyndibitastaði. Matvælaiðnaðurinn sjálfur hefur hagnýtt sér kosti örbylgjutækninnar til að þíða frosin matvæli með skjótum hætti og við hvers kyns forhitun.

2.4. Framtíðin.

Lífsstíllinn hefur meiri áhrif á hvað við látum ofan í okkur en flesta grunar og hann getur því gefið vísbendingu um neysluvenjur fólks. Neytendur verja mun minni tíma við matargerð en áður og þeir kaupa meira af tilbúnum eða hálftilbúnum matvælum og gera miklar kröfur til ferskleika og gæða. Fituminni, sykurskertar, trefjaríkar og orkuminni, slíkum vörum er ætlað að höfða til og uppfylla væntingar ákveðins hóps neytenda. Búast má við því að neytendur framtíðarinnar verði enn kröfuharðari og ekki aðeins fróð-

ari um næringargildi og hollustu matvæla, heldur einnig um þær framleiðsluaðferðir sem notaðar eru. Vöruúrval eykst frá því sem nú er og líftími hverrar „nýrrar" vöru á markaðnum styttist.

Neytendur velja matvæli sem hafa rétta samsetningu með tilliti til næringargildis og hollustu og orðin þægindi, ferskleiki og öryggi verða án efa einnig lykilorð í vöruþróun matvæla framtíðarinnar. Ef einhver þessara orða lýsa öðrum fremur hvað það er sem helst mun hafa áhrif á almennar neysluvenjur eru það orðin þægindi og heilsa. Víst er að úrval matvæla, sem verða löguð að óskum neytenda, verður meira en við getum séð fyrir í dag og framtíðin gefur fyrirheit um meira og betra framboð af matvælum þar sem hlutur erfðatækni (líftækni) og skyldra greina verður enn stærri en hann er nú.

3. Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit.

3.1. Þróun málaflokksins.

Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit hefur verið í þróun hér á landi frá því á árunum 1935–1936, en á þeim árum hófst örverufræðilegt matvælaeftirlit, auk þess sem fyrsta heildarlöggjöfin um eftirlit með matvælum og öðrum neysluvörum tók gildi á þessum tíma. Lögin um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum (nr. 24/1936) eru að mestu leyti í gildi enn þann dag í dag og í kjölfar þeirra tóku gildi ýmsar reglugerðir um matvæli og matvælaeftirlit. Á grundvelli laganna var Matvælaeftirlit ríkisins starfrækt á árunum 1936–1938 og sérstakt mjólkureftirlit var einnig starfrækt á árunum 1945–1947 og síðar Mjólkureftirlit ríkisins fram til ársins 1969. Að öðru leyti var almennt matvælaeftirlit í höndum heilbrigðisnefnda og héraðslækna víðs vegar um land.

Þróun mála hefur leitt til margra breytinga í matvælaframleiðslu og eftirliti og fyrstu reglugerðir um matvæli og matvælaeftirlit koma því að litlum notum í dag, þó svo sumar þeirra séu enn í gildi. Matvælalögin hafa þó á margan hátt haldið gildi sínu, en nú er tímabært að endurskoða þau með hliðsjón af breyttum tímum og þeim áherslubreytingum sem fyrirsjáanlegar eru í nánustu framtíð í matvælaeftirliti.

Um sérhæfða þætti á sviði matvæla og matvælaeftirlits er einnig fjallað í öðrum lögum en þeim sem að framan eru kölluð matvælalög. Það eru lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög um eftirlitsstörf dýralækna og málefni er varða innflutning og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár og meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og eldisfiski, einnig lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og þá er fjallað um matvæli í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Auk þess má nefna lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Matvælalöggjöf og starfsemi opinberra eftirlitsaðila hefur haft áhrif á framleiðsluhætti og aðra meðferð matvæla, en þáttur framleiðenda og dreifenda í að móta og hrinda í framkvæmd markmiðum um góða framleiðsluhætti og um aukin gæði vörunnar er mikill. Það er því eðlilegt að ætla þessum aðilum að sjá að verulegu leyti um eftirlit með eigin vörum á komandi árum með því að komið verði á innra eftirliti fyrirtækja í samræmi við tiltekna staðla eða löggjöf sem sett er þar að lútandi. Samstarf opinbers eftirlits og fyrirtækja vegna innra eftirlits er fyrirsjáanlegt og á að vera báðum aðilum til hagsbóta, en mestu máli skiptir að hagsmunir neytenda verði tryggðir með þeim skipulags- og áherslubreytingum sem þegar má sjá í framkvæmd eða stefnt er að í eftirliti á

matvælasviði. Ef rétt er að staðið mun sú verða raunin því innra eftirlit samkvæmt þessu lagafrumvarpi felst í eftirliti á vegum framleiðenda og dreifenda matvæla í þeim tilgangi að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu eigin vöru. Í samræmi við þetta hefur innra eftirlit einnig verið nefnt „eigið eftirlit".

3.2. Reglur og eftirlitsþættir.

Opinbert eftirlit með matvælum, og á margan hátt einnig innra eftirlit, grundvallast á þeim reglum sem settar eru um framleiðslu og dreifingu þessara vörutegunda, auk þeirrar reynslu sem byggt er á í matvælaeftirliti, svo sem vegna matareitrana og matarsýkinga. Í innra eftirliti fyrirtækja koma síðan aðrir þættir til sem varða almenn gæði vörunnar og samkeppnishæfni hennar og geta slík markmið jafnvel leitt til þess að fyrirtæki gera enn frekari kröfur til eigin starfsemi en fram koma í opinberum reglum. Þetta á hins vegar við um sum fyrirtæki en ekki önnur og nokkuð langur tími mun líða þar til innra eftirlit í framleiðslu og dreifingu matvæla getur talist fullnægjandi.

Sérstakar reglur um innra eftirlit hafa lengst af ekki verið til staðar og staðlar á því sviði ekki komið til fyrr en hin síðari ár. Hins vegar hafa lengi verið í gildi hér á landi almennar reglur um eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla og annarra neysluvara sem fyrirtækjum ber að fara eftir og opinberir aðilar hafa eftirlit með. Hin síðari ár hefur þörf fyrir sérhæft eftirlit og setningu sérreglna um ákveðna þætti aukist verulega og má sem dæmi nefna reglur um vissar framleiðslugreinar og reglur um efnainnihald og umbúðamerkingar. Reglugerð um mjólk og mjólkurvörur tók gildi á árinu 1986 og tveimur árum síðar tóku gildi umfangsmiklar reglur um aukefni og merkingu neytendaumbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur. Sama ár kom ný reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og svo dæmi séu tekin hefur einnig verið gerð breyting á reglum um eftirlit og framleiðslu á lagmeti til útflutnings. Þá var ný heilbrigðisreglugerð samþykkt á árinu 1990 þar sem m.a. er fjallað um matvæli og nýjustu reglur varðandi eftirlit með alifuglum eru frá sama ári. Að lokum er rétt að nefna að reglugerð um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum tók gildi í byrjun árs 1993 og eru þar gerðar kröfur um innra eftirlit. Þær meginreglur, sem nú er stuðst við, eru því nýlegar, en setja verður frekari reglur um efnainnihald í neysluvörum og framkvæmd eftirlits. Á þetta ekki síst við um ákvörðun hámarksmagns aðskotaefna, t.d. í grænmeti og ávöxtum.

Ef Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði (EES) verður að endurskoða íslenska löggjöf um matvæli og hún gæti því tekið miklum breytingum á komandi árum. Samanburður á löggjöf Evrópubandalagsins (EB) og matvælalöggjöf hér á landi hefur þegar verið gerður og er í því sambandi vísað til rits viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins frá október 1990 sem ber heitið „Samanburður á íslenskri löggjöf og samþykktum Evrópubandalagsins".

Matvælaeftirlit er yfirgripsmikið sérsvið og á þetta jafnt við um eftirlit með innfluttum vörutegundum og eftirlit með innlendri framleiðslu. Það er m.a. vegna þessa sem nokkuð skortir á innra eftirlit í framleiðslu og við dreifingu matvæla þar sem sérfræðiþekking er oft ekki nægileg til að því verði sinnt á viðunandi hátt. Ráðgjöf af hálfu opinberra aðila eða einkaaðila og aukin þátttaka sérmenntaðs fólks í starfsemi fyrirtækja getur breytt miklu þar um og hefur aukist á undanförnum árum. Eins og hér kemur fram eru eftirlitsþættir margir og því eru gerðar kröfur til sérþekkingar þeirra aðila sem starfa við matvælaeftirlit og þeirrar löggjafar eða annarra markmiða sem eftirlitið byggir á.

Eftirlitsþættir:
— Framleiðsluaðstæður, svo sem húsakynni, ílát, áhöld og vélar.
— Starfsfólk.
— Flutningur og önnur dreifing.
— Örverufræðilegir þættir.
— Efnafræðilegir þættir.
— Umbúðir og umbúðamerkingar.
— Staðlar/leyfisveitingar.
— Útlit vörunnar/skynmat.
— Plöntusjúkdómar.

3.3. Matvælaeftirlit.

Til að stuðla að almennri hollustu matvæla er haft eftirlit með því að skoða framleiðsluaðstæður, vörutegundir og einnig umbúðir, m.a. með tilliti til merkingar þeirra, auk þess að gera kröfu um vottorð varðandi eiginleika, efnainnihald eða samsetningu vörunnar. Slíkt eftirlit er falið opinberum eftirlitsaðilum, en mest ábyrgð mun hins vegar ætíð hvíla á þeim sem framleiða matvæli og standa að dreifingu þeirra. Skipulagt innra eftirlit er því hverju fyrirtæki nauðsyn og þau verða að gera kröfu til þekkingar starfsmanna sem sinna störfum á þessu sviði. Þá liggur fyrir að rannsóknaþörf í matvælaeftirliti er mikil og á þetta bæði við um örverufræðilegar og efnafræðilegar rannsóknir.

Almennt matvælaeftirlit er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, en eftirlit með framleiðslu matvæla er einnig á hendi annarra aðila, svo sem embættis yfirdýralæknis og héraðsdýralækna varðandi kjöt, mjólk og fiskeldi og Fiskistofu ásamt skoðunarstofum varðandi sjávarafurðir. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sinnir einnig verkefnum varðandi eftirlit með sjávarafurðum og þess má jafnframt geta að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur eftirlit varðandi sjúkdóma og meindýr á plöntum og afurðum þeirra. Þá fer Hollustuvernd ríkisins með sérhæft eftirlit með innflutningi matvæla í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Með setningu nýrra laga um matvæli munu aðilar sem sinna matvælaeftirliti hafa samsvarandi heimildir í sínum störfum og einnig bera sömu skyldur gagnvart þeim aðila sem eftirlitið beinist gegn. Þá er gert ráð fyrir setningu matvælareglugerðar þar sem skyldur eftirlitsaðila eru skilgreindar nánar, auk þess sem heimilt verður til að setja reglur um innra eftirlit.

3.3.1. Almennt matvælaeftirlit.

Fyrstu lög um heilbrigðissamþykktir voru sett hér á landi árið 1905. Þau lög komu ekki til framkvæmda og voru sett ný lög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir árið 1940. Samkvæmt lögunum skyldu heilbrigðisfulltrúar starfa í kaupstöðum, en í öðrum sveitarfélögum var heimilt að ráða heilbrigðisfulltrúa til starfa. Árið 1969 tóku gildi fyrstu lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og í samræmi við ákvæði laganna hóf Heilbrigðiseftirlit ríkisins starfsemi árið 1970 og var þá falin yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, þar með töldu matvælaeftirliti. Árið 1977 voru síðan sett lög um Matvælarannsóknir ríkisins og var þeirri stofnun falið að sjá um gerla- og efnafræðilegar rannsóknir á matvælum fyrir eftirlitsaðila.

Hollustuvernd ríkisins tók til starfa árið 1982 eftir að sett voru ný lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit árið 1981. Stofnunin leysti af hólmi Matvælarannsóknir ríkisins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins og var þannig falið að hafa yfirumsjón með almennu matvælaeftirliti og sjá um rannsóknir sem því tengjast. Á árinu 1988 var lokið við lögbundna endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og voru þá gerðar breytingar varðandi framkvæmd matvælaeftirlits. Meðal nýmæla í endurskoðuðum lögum (nr. 81/1988) var ákvörðun um að sérhæfðu innflutningseftirliti skyldi komið á og hefur Hollustuvernd ríkisins sinnt þessu verkefni frá árinu 1989. Stofnunin fer að öðru leyti ekki með beint eftirlit, heldur er það í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Landinu er skipt í 13 eftirlitssvæði og er eftirlitið framkvæmt af heilbrigðisfulltrúum, en þeir eru ráðnir af svæðisnefnd sem skipuð er formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis sem er formaður svæðisnefndar.

3.3.2. Innflutningseftirlit.

Skipulagning innflutningseftirlits er misjöfn eftir ríkjum og það sama gildir um þær reglur sem segja til um framkvæmd þess. Eftirlitið fer því fram á mismunandi hátt auk þess sem áherslur geta verið nokkuð ólíkar og á þetta m.a. við um nágrannaríki okkar. Í flestum tilvikum er framkvæmdin í höndum matvælastofnana eða eftirlitsaðila sem starfa í tengslum við slíkar stofnanir og er þá unnið í samvinnu við tollyfirvöld. Þess eru einnig dæmi að tollyfirvöld sjái alfarið um innflutningseftirlitið og þannig er málum háttað í Finnlandi þar sem eftirlitið er í höndum stofnunar á vegum tollyfirvalda.

Hollustuvernd ríkisins hefur haft eftirlit með innflutningi matvæla frá árinu 1989 og hefur unnið að því verkefni í samvinnu við tollyfirvöld. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur einnig eftirlit með innfluttum vörum eftir að þær eru komnar í dreifingu. Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um breytingu á þessari skipan, enda fer um framkvæmdina skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í störfum nefndar, sem nú vinnur að endurskoðun þeirra laga, hafa hins vegar komið fram tillögur um breytingu á framkvæmd eftirlits, þannig að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fái aukin verkefni við eftirlit með innflutningi og að eftirlit með þeim vörum verði þá í raun sambærilegt eftirliti með innlendri framleiðslu. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt verði að fela Hollustuvernd tiltekin verkefni eins og gert er í frumvarpi þessu og má þar helst nefna eftirlit með varnarefnum í grænmeti og ávöxtum. Slík skipan mála er í samræmi við starfsemi sænsku matvælastofnunarinnar sem hefur eftirlit með varnarefnum í innfluttu grænmeti og ávöxtum. Hollustuvernd mun áfram sjá um skráningu nauðsynlegra upplýsinga og aðra gagnasöfnun vegna innflutnings matvæla og gegna þar sambærilegu samræmingarhlutverki og danska matvælastofnunin gerir gagnvart almennu matvælaeftirliti þar í landi sem sér um eftirlit með innfluttum matvælum.

Tillögur um breytingu á skipan mála varðandi innflutningseftirlit koma fram þar sem heilbrigðiseftirlit er nú betur í stakk búið til að sinna því verkefni en áður var. Kemur þar til bæði aukin þekking eftirlitsaðila og betri reglur til að starfa eftir, en einnig hefur heilbrigðisfulltrúum fjölgað. Auk þess er engin ástæða til að gera greinarmun á innlendri framleiðslu og innfluttum vörum í almennum eftirlitsstörfum á matvælasviði. Eftirlit með innflutningi sjávarafurða og aðbúnaði í erlendum fiskiskipum sem koma með sjávarafurðir til landsins hefur einnig sýnt að rétt er að skoða framkvæmd innflutningseftirlits hér á landi.

Á Norðurlöndum hefur verið komið á fót tilkynningarkerfi sem nefnt er „Nordisk kontaktnett for næringsmidler". Tilgangur þess er sá að löndin sendi tilkynningar þegar innflutningur vörutegunda er ekki heimilaður eða ef eftirlitsaðilar stöðva sölu vörutegunda sem taldar eru geta valdið heilsutjóni. Fjöldi tilkynninga hefur borist til Hollustuverndar frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku og einnig nokkrar frá Noregi. Margar þeirra tilkynninga sem berast frá Danmörku koma upprunalega frá þeim ríkjum sem aðild eiga að Evrópubandalaginu, en tilkynningar frá hinum löndunum eru vegna þess eftirlits sem þar fer fram. Allt eftir eðli málsins eru upplýsingar milli landanna gefnar gegnum síma eða sendar með bréfi eða símbréfi. Samstarf milli Norðurlandanna á þessu sviði er mjög mikilvægt. Upplýsingar, sem berast milli landanna, má nota við skipulagningu eftirlits og val á áherslum, en einnig í beinu eftirliti og þá ekki síst þegar skjótra aðgerða er þörf. Þá má geta þess að ýmsar samnorrænar nefndir hafa um árabil unnið að samræmingu eftirlitsþátta og matvælalöggjafar á Norðurlöndum, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir verslunarhömlur milli landanna og jafnframt að einfalda eftirlitsstörf.

3.3.3. Sláturafurðir og aðrar búfjárafurðir.

Embætti yfirdýralæknis og dýralæknar starfa að matvælaeftirliti samkvæmt lögum um dýralækna, nr. 77/1981, og lögum og reglugerðarákvæðum er varða inn- og útflutning búfjárafurða, smitsjúkdóma búfjár og meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og eldisfiski. Með störfum sínum skulu dýralæknar þannig leitast við að koma í veg fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum eða neyslu spilltra afurða búfjár. Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturhúsum og hafa eftirlit með sláturafurðum, bæði hvað varðar heilbrigðisskoðun og síðan meðferð og flutning afurða. Jafnframt hafa héraðsdýralæknar eftirlit með heilbrigði mjólkurkúa og umgengni í fjósum og mjólkurhúsum þar sem framleidd er sölumjólk, auk þess sem dýralæknar hafa eftirlit með notkun lyfja svo þau sé ekki að finna í mjólk eða öðrum afurðum þannig að valdið geti heilsutjóni.

Eftirlit í mjólkurstöðvum skal vera í samvinnu héraðsdýralækna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og þess ber einnig að geta að þegar búfjárafurðir eru komnar í vinnslu og dreifingu er það heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sem annast eftirlitið undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

3.3.4. Framleiðsla og útflutningur sjávarafurða.

Fiskistofa tók til starfa á árinu 1992 og frá og með 1. janúar 1993 hefur hún annast framkvæmd laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Fiskistofa tók þar með við því hlutverki sem Ríkismat sjávarafurða hafði áður samkvæmt lögum nr. 53/1984, en með þeim lögum tók Ríkismatið við starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Framleiðslueftirlitið starfaði áður samkvæmt lögum nr. 108/1974, en með þeim var starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins sameinuð í einni ríkisstofnun.

Hlutverk og starfsemi Fiskistofu er með nokkuð öðrum hætti en var hjá Ríkismati sjávarafurða. Hlutverk Ríkismatsins var að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með

því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans, sem og útflutningi fiskafurða. Einnig hafði stofnunin eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra. Á vegum Ríkismatsins störfuðu matsmenn sem sinntu eftirlits og leiðbeiningarstörfum, en sjávarútvegsráðherra var einnig heimilt að fela öðrum aðilum eftirlit eða rannsóknir á tilteknum þáttum.

Hlutverk Fiskistofu er að setja sér vinnureglur um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum og veita vinnsluleyfi til handa þeim sem starfa við meðferð sjávarafurða. Þá veitir Fiskistofa skoðunarstofum viðurkenningu, en skoðunarstofur eru lögaðilar eða fyrirtæki sem annast reglulegar skoðanir á búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa. Skoðunarstofur veita einnig Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja. Viðurkenning skoðunarstofu er háð því að hún hafi komið upp gæðakerfi og skilyrði fyrir vinnsluleyfi er að kröfur um hreinlæti, búnað og innra eftirlit séu uppfylltar, auk þess sem gerð er krafa um að vinnsluleyfishafar hafi gert samning við skoðunarstofu. Heimilt er þó að víkja frá þessari kröfu ef fyrirtæki starfar eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt kröfum íslenskra og alþjóðlegra staðla IST/ISO 9001 eða 9002. Eftirlitshlutverk Fiskistofu felst í því að fylgjast með og gera úttekt á starfsemi skoðunarstofa og hún skal einnig hafa yfirsýn yfir starfsemi vinnsluleyfishafa. Ef aðilar vanrækja skyldur sínar er Fiskistofu heimilt að veita þeim áminningu eða eftir atvikum afturkalla viðurkenningu eða vinnsluleyfi.

3.3.5. Innra eftirlit og gæðastjórnun.

Innan Evrópubandalagsins (EB) og hjá ríkjum EFTA hefur á undanförnum árum farið fram umræða um innra eftirlit þeirra fyrirtækja sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla. Það sama hefur átt sér stað í öðrum ríkjum og má þar sem dæmi nefna bæði Bandaríkin og Kanada. Samstaða er um að í tengslum við aukið frjálsræði í viðskiptum með matvöru verði að leggja auknar skyldur á framleiðendur og dreifendur og gera þannig kröfu um innra eftirlit þeirra. Markmiðið er að framleiðendur og dreifendur sjái um og geti ábyrgst gæði eigin vöru. Sum fyrirtæki hafa haldið uppi slíku eftirliti í langan tíma, en hjá öðrum er þörf á verulegum úrbótum í þessum efnum. Nauðsynlegt er fyrir fyrirtæki að setja upp gæðastjórnunar- eða eftirlitskerfi sem taka á hreinlætis- og heilbrigðisþáttum vegna matvælaframleiðslu og jafnvel einnig markaðs- og rekstrarþáttum í þeim tilgangi að ná settum markmiðum eða kröfum um heilnæmi vörunnar, upplýsingaskyldu og aukna samkeppnishæfni.

Með aukinni áherslu á innra eftirlit ættu opinberir aðilar að geta breytt áherslum í sínum störfum og verður fræðsluþátturinn þá að vega mikið. Einnig má vænta skipulagsbreytinga vegna þessara mála hjá þeim stofnunum sem starfa við matvælaeftirlit eins og þegar hefur komið fram hvað varðar eftirlit með sjávarafurðum. Þess ber einnig að geta að fram getur komið krafa um að eftirlitsaðilar komi upp innra eftirliti með þeirri starfsemi sem rekin er á þeirra vegum og er þar bæði átt við eftirlit og rannsóknir. Þegar er hafinn undirbúningur þess starfs á vegum eftirlits og rannsóknaraðila hér á landi. Einnig er ljóst að opinberir eftirlitsaðilar geta aðstoðað við og tekið þátt í að koma á innra eftirliti með framleiðslu og dreifingu matvæla.

Til fróðleiks má geta þess að örverufræðilegt eftirlit með matvælum hófst hér á landi haustið 1935 og var það Mjólkursamsalan í Reykjavík sem þá hóf eftirlit með eigin vörum. Var það starfrækt til ársins 1937 þegar Atvinnudeild háskólans hóf störf, en við iðnaðardeild þeirrar stofnunar var rannsóknastofa fyrir gerlarannsóknir í þágu atvinnuveganna. Auk þess að annast rannsóknir á mjólk og mjólkurvörum fyrir Mjólkursamsöluna fram til ársins 1945 sá þessi deild einnig um örverurannsóknir á matvælum fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu. Gerlarannsóknir Atvinnudeildar háskólans urðu síðar að deild innan Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og má segja að Matvælarannsóknir ríkisins og þá einnig rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins hafi þróast út frá þeirri stofnun. Þróun örverufræðilegra matvælarannsókna hefur því staðið hér á landi í nálægt 60 ár og hefur innra eftirlit og opinbert eftirlit á margan hátt verið samtvinnað.

3.3.6. Forvarnir og fræðslumál.

Markmið matvælaeftirlits eru að fyrirbyggja heilsutjón, stuðla að bættum gæðum og tryggja að neytendur fái nauðsynlegar upplýsingar um uppruna og samsetningu matvöru. Þessi starfsemi telst því til forvarna á heilbrigðissviði, en einhverra hluta vegna hefur slíkt forvarnastarf oft átt undir högg að sækja saman borið við aðra hefðbundna starfsemi á heilbrigðissviðinu. Þá er ljóst að leggja ber meiri áherslu á fræðslu um þessa þætti á hinum ýmsu skólastigum, þannig að neytendur hafi þekkingu til að meta og notfæra sér þær upplýsingar sem fram koma um meðferð og samsetningu matvæla.

Manneldismál hafa verið tekin fastari tökum hér á landi eftir að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um manneldis- og neyslustefnu árið 1989, en í tillögunni er einnig fjallað um matvælaeftirlit. Margir þættir manneldismála tengjast starfsemi eftirlitsaðila, bæði hvað varðar matvælalöggjöf og fræðslustarfsemi. Nægir þar að nefna að meðal helstu upplýsinga sem neytendur hafa um næringargildi matvæla er merking umbúða í þessu tilliti. Þó svo ekki sé almennt tekið á manneldismálum í tillögum að nýjum matvælalögum þar sem sérlög eru um Manneldisráð Íslands er stefnt að því að auka samstarf Hollustuverndar ríkisins og Manneldisráðs og er það í fullu samræmi við ákvæði í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ekki er auðvelt og jafnvel ekki réttlætanlegt að meta einn þátt forvarna á móti öðrum og skoða þannig áhrif þeirra á heilsufar með tilliti til forgangsröðunar verkefna. Ástæðan er sú að í eðli sínu geta þessir þættir verið nokkuð ólíkir, þó svo þeir tengist mataræði og meðferð matvæla, auk þess sem áhrif sumra þátta er auðveldara að mæla en annarra. Þannig eru flestir sammála um að matareitranir og matarsýkingar af völdum örvera og lélegt mataræði með hliðsjón af manneldismarkmiðum séu þeir þættir sem hafa mest áhrif á heilsufar. Ætla má að ýmis efnasambönd, sem notuð eru við matvælaframleiðslu, svo sem aukefni og varnarefni, hafi ekki jafnmikil áhrif á heilsufar, en þó ber að gæta varúðar við notkun þeirra og í raun einnig við að draga afdráttarlausar ályktanir með tilliti til heilsufarslegra áhrifa þeirra.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir geta ólík sjónarmið komið fram við skipulagningu starfa og val á áherslum við framkvæmd matvælaeftirlits og í fræðslumálum á manneldissviði. Engu að síður er mikilvægt að hafa samstarf um áætlanagerð og skipulagningu verkefna og því er nauðsynlegt að huga sem fyrst að gerð matvæla- og manneldisstefnu þar sem mótuð er skýrari stefna í þessum málum. Er þá nauðsynlegt að skoða allt matvælaeftirlit, rannsóknir á matvæla- og manneldissviði og fræðslumál.

3.4. Matvælarannsóknir.

Rannsóknir vegna matvælaeftirlits hér á landi hafa frá upphafi að mestu verið byggðar á örverufræðilegum athugunum og er svo enn þann dag í dag, þó svo aðstaða til efnagreininga hafi verið bætt og áhersla sé einnig lögð á þann þátt. Örverufræðilegar rannsóknir eru umfangsmiklar í framleiðslueftirliti og einnig varðandi dreifingu viðkvæmra vörutegunda, svo sem mjólkurvöru og kjötafurða. Það sama má segja um eftirlit með drykkjarvatni. Rannsóknir þessar eru að mestu gerðar á innlendri framleiðslu þar sem innflutningur viðkvæmra vörutegunda er lítill, m.a. vegna þess að ekki er heimilt að flytja inn tilteknar landbúnaðarvörur, svo sem kjöt og mjólkurafurðir. Innflutningseftirlit gerir hins vegar meiri kröfur til efnarannsókna og full þörf er á frekari rannsóknum varðandi efnainnihald innlendrar framleiðslu.

Fjöldi efnasambanda, sem geta komið fyrir í matvælum, teljast til aðskotaefna og er þeim oft skipt í eftirfarandi flokka:

Aðskotaefni:

— Útrýmingarefni, plöntulyf, stýriefni og örgresisefni.
— Málmar.
— Lyfjaleifar.
— Efni úr plastumbúðum.
— Sveppaeitur (mykotoxín).
— PCB og önnur klórsambönd.

Sum þeirra efna, sem teljast til fyrsta flokksins að framan, eru eiturefni eða hættuleg efni. Eru þau einnig nefnd varnarefni þar sem þau eru notuð gegn illgresi, sveppum og meindýrum við ræktun eða eftir uppskeru matjurta. Meiri notkun varnarefna, aukefna og annarra efnasambanda við matvælaframleiðslu gerir það að verkum að eftirlit með þessum þáttum er nú mikilvægara en áður var. Einnig er kunnugt að umhverfismengun getur haft áhrif á efnasamsetningu neysluvara. Til glöggvunar má geta þess að aukefni og varnarefni, sem notuð eru við ræktun og vinnslu matvæla, skipta hundruðum og einnig kemur til greining á næringarefnum vegna merkingar næringargildis eða sérmerkingar umbúða varðandi innihald orkuefna eða bætiefna.

3.5. Rannsóknaaðstaða og áherslur í eftirliti.

Val á áherslum við eftirlit og rannsóknir á þeim þáttum, sem hér hafa verið tilgreindir, er gert með tilliti til heilbrigðissjónarmiða, en matvælaframleiðsla og þróun matvælalöggjafar og matvælaeftirlits hér á landi hefur einnig haft áhrif á forgangsröðun verkefna. Samræming matvælalöggjafar á stærri markaðssvæðum, svo sem á Evrópsku efnahagssvæði, mun síðan geta leitt til þess að áherslur í opinberu eftirliti breytist. Slíkt er eðlilegt þar sem löggjöf í fjölda ríkja verður þá sú sama varðandi umfangsmikla þætti, svo sem umbúðamerkingar og notkun aukefna. Samstarf eftirlitsaðila gerir það einnig að verkum að skoða verður skipulag og áherslur í eftirliti.

Matvælaeftirlit hér á landi hefur lengi markast af þeirri aðstöðu sem fyrir hendi er til rannsókna. Aðstaða til efnarannsókna hefur ekki verið fullnægjandi og er enn þörf úrbóta á því sviði, auk þess sem mikilvægt er að huga að endurnýjun þeirrar aðstöðu sem nú er fyrir hendi til örverurannsókna. Eðlilegt er að miða uppbyggingu rannsóknaaðstöðu með tilliti til þeirra forgangsröðunar sem skilgreind er, miðað við þær áherslur sem valdar eru í eftirlitsstörfum. Slík áætlanagerð um rannsóknaþörf hefur verið lögð fram vegna innflutningseftirlits með matvælum og þá meðal annars tilgreint hvaða efnasambönd og efnaflokka mikilvægt er að greina.

Áherslur í matvælaeftirliti eru misjafnar í hinum ýmsu löndum og á þetta ekki síst við um rannsóknir á efnainnihaldi vörutegunda. Í Finnlandi og Danmörku eru rannsóknir á efnafræðilegum þáttum umfangsmiklar og það sama gildir um rannsóknir á varnarefnum í garðávöxtum í Svíþjóð. Í Noregi hafa hins vegar verið tekin færri sýni til slíkra rannsókna, auk þess sem fjöldi efnasambanda, sem athuguð eru, er ekki eins mikill, en á árinu 1991 var unnið að verulegum úrbótum hvað slíkar rannsóknir varðar þar í landi. Rannsóknir, sem gerðar eru á garðávöxtum í þessum löndum til athugunar á innihaldi varnarefna, sýna að innan við 5% af þeim vörum, sem rannsakaðar eru, innihalda þessi efni yfir leyfilegum mörkum þegar sýni eru tekin af handahófi. Hlutfallið er hins vegar hærra þegar sýni eru tekin vegna gruns, t.d. vegna fyrri reynslu eða niðurstaðna annarra rannsókna. Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að vörur sem innihalda aðskotaefni yfir settum mörkum séu seldar til ríkja sem ekki hafa fullnægjandi reglur eða eftirlit, en niðurstöður rannsókna Hollustuverndar ríkisins á árinu 1991 á magni varnarefna í innfluttu grænmeti og ávöxtum benda þó ekki til þess að þetta sé vandamál hér á landi.

Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal Hollustuvernd ríkisins annast efna- og örverurannsóknir á matvælum vegna eftirlitsstarfa heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna gerði stofnunin áætlun um uppbyggingu aðstöðu til efnarannsókna á neysluvörum í samvinnu við fulltrúa Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, m.a. með það í huga að nýta sem best aðstöðu þeirrar stofnunar. Efna- og örverurannsóknir á matvælum eru einnig stundaðar af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þá vinna Iðntæknistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræðum og Rannsóknastofa háskólans í lyfjafræði jafnframt við rannsóknir á matvælum. Auk opinberra eftirlitsrannsókna sinna framangreindir aðilar einnig þjónusturannsóknum fyrir matvælaframleiðendur og dreifendur.

3.6. Samantekt.

Íslensk matvælalög eru frá árinu 1936 og eru þau nú til endurskoðunar með hliðsjón af mikilli þróun mála á þessu sviði og þá einnig með tilliti til umræðu um frjáls viðskipti með matvæli og breyttar áherslur í matvælaeftirliti. Þessi umræða er ekki eingöngu tengd Evrópsku efnahagssvæði (EES), heldur fer hún einnig fram í öðrum ríkjum og alþjóðlegum stofnunum eins og Alþjóðlega staðlaskrárráðinu fyrir matvæli (Codex Alimentarius). Þá geta samningar um EES leitt til þess að miklar breytingar verði á skömmum tíma á íslenskum reglugerðum um matvæli og verður að gæta þess að heimildir séu fyrir slíkum breytingum í íslenskum lögum. Jafnframt verða matvælalög að vera þannig gerð að svigrúm sé til að mæta breyttum áherslum í matvælaeftirliti sem ætla má að fylgi í kjölfar aukinnar samvinnu ríkja á þessu sviði og breyttum viðskiptaháttum.

Fram hefur komið að matvælaeftirliti er skipt milli nokkurra aðila hér á landi og að rannsóknaraðilar eru ekki færri en þeir sem sinna eftirliti. Þá er starfsemi á manneldissviði að mestu falin öðrum aðilum. Í tillögum að nýjum matvælalögum er leitast við að taka á sem flestum þáttum matvælasviðs, án þess þó að gera umtalsverðar breytingar á verkefnum eða starfssviði einstakra stofnana. Hins vegar er leitast við að samræma heimildir og skyldur eftirlitsaðila og auka samstarf þeirra.

Full ástæða getur verið til að skoða betur hvort rétt sé að samræma frekar starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila og einnig annarra aðila sem starfa að forvörnum á matvælasviði. Þetta var í raun ekki það verkefni sem nefnd um matvælalög var falið að vinna, en nefndin telur að mótun heilsteyptrar matvæla- og manneldisstefnu gæti verið liður í að skoða þennan þátt, þannig að komið verði á náinni samvinnu fagaðila og stofnana sem vinna við rannsóknir, eftirlit og fræðslu um matvæli og manneldi.

4. Horfur og staða mála í öðrum ríkjum.

4.1. Hvert stefnir?

Miklar breytingar eru fram undan sem varða framleiðslu og dreifingu matvæla. Innri markaður Evrópu verður að veruleika 1. janúar 1993 og er unnið að undirbúningi þessara tímamóta innan ríkja Evrópubandalagsins og einnig EFTA ríkja sem geta tengst þessum markaði og þeirri löggjöf sem þar verður ráðandi með samningi um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Einnig eru á döfinni og að hluta til komnar í framkvæmd umfangsmiklar breytingar á matvælalöggjöf í Bandaríkjunum, bæði hvað varðar almenna þætti eins og umbúðamerkingar og síðan eftirlit þar sem áhersla er lögð á notkun eftirlitskerfa eins og ÁME, þ.e. Áhættugreining mikilvægra eftirlitsþátta sem er vel þekkt undir skammstöfuninni HACCP (Hazard Analysis Critical Control Points).

Norðurlöndin tengjast EES sem aðilar að EFTA, auk þess sem Danmörk er aðili að EB og önnur ríki sækja nú um aðild að bandalaginu. Norðurlöndin hafa lengi unnið saman að ýmsum málefnum á matvælasviði, en samstarf þetta hefur þó aldrei verið meira en á síðastliðnum áratug og hefur eitt helsta markmiðið verið að draga úr verslunarhindrunum. Einnig ber að hafa í huga mikil viðskipti okkar á matvælasviði við ríki utan Evrópu, svo sem Bandaríkin, og gæti orðið nauðsynlegt að skoða matvælalöggjöf hér á landi með hliðsjón af því að samræming löggjafar á einu svæði (EB/EES) getur þýtt misræmi gagnvart öðrum svæðum eða ríkjum. Innri markaður Evrópu og samningur um EES gæti þannig leitt til verslunarhindrana gagnvart ríkjum sem eru utan þessa markaðar.

4.2. Norðurlönd.

Uppbygging matvælalöggjafar og eftirlits á Norðurlöndum er á margan hátt sambærileg, þó svo mismunandi áherslur í einstökum reglum og uppbyggingu eftirlits séu að sjálfsögðu til staðar. Samstarf Norðurlandanna um matvælamálefni hefur verið nokkuð reglulegt síðustu fjóra áratugi og nokkuð umfangsmikið síðasta áratuginn og þá að mestu rekið á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Norðurlöndin hafa lagt mikla áherslu í þessu samstarfi á samræmingu reglna og aukið samstarf um framkvæmd rannsókna og eftirlits. Tilgangurinn var að fyrirbyggja viðskiptahömlur á Norðurlöndum og nýta betur bæði þekkingu og reynslu starfsfólks á þessum vettvangi. Starfsemi þessi á matvælasviði var frá árinu 1980 undir stjórn norrænu fastanefndarinnar um matvælamálefni, en auk þess störfuðu fastanefndir um eiturefni í matvælum, um manneldismál og um matvælaeftirlit. Samstarf á vettvangi norrænu matvælarannsóknanefndarinnar (NMKL) hefur einnig verið umfangsmikið og á sér reyndar lengsta sögu í formlegum samskiptum Norðurlandanna á matvælasviði. Á vegum framangreindra nefnda hafa síðan vinnunefndir starfað að ýmsum sérhæfðum verkefnum í þeim tilgangi að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið vegna norræns samstarfs á matvælasviði.

Árið 1989 varð stefnubreyting í norrænu samstarfi á matvælasviði vegna umræðu sem þá var komin í gang í tengslum við innri markað Evrópu og Evrópskt efnahagssvæði. Um svipað leyti var fastanefndinni um matvælamálefni breytt í embættismannanefnd og síðar hefur einnig komið til fastanefnd um vatnsmál. Með breyttum áherslum og viðhorfum, bæði af hálfu fagfólks og embættismanna, hefur norrænt samstarf á matvælasviði tekið meira mið af löggjöf í Evrópu og þá sérstaklega samræmdri matvælalöggjöf Evrópubandalagsins, en einnig löggjöf í ríkjum EFTA. Markmiðið er að koma sjónarmiðum á framfæri og vinna stuðning fyrir þeim viðhorfum sem eru ráðandi í löggjöf Norðurlandanna á matvælasviði og við eftirlit í þessum ríkjum. Þetta samstarf er mikilvægt með hliðsjón af því að eitt ríkjanna á aðild að EB, önnur eru aðilar að EFTA og hafa sum þeirra þegar sótt um aðild að EB, auk þess sem fyrir liggur að Norðurlöndin geta innan skamms orðið aðilar að EES. Samræmd viðhorf og samstarf Norðurlandanna á matvælasviði mun eiga þátt í að auka vægi þeirra á þessum vettvangi, en með endurskoðun norræns samstarfs, sem nú er unnið að, er nokkur óvissa um með hvaða hætti þetta samstarf verður í framtíðinni.

4.3. Evrópubandalagið (EB).

Samræmd löggjöf EB um matvæli hefur verið að þróast í um þrjá áratugi, en það er ekki fyrr en á síðastliðnum áratug að náðst hefur að samræma löggjöf bandalagsins á ýmsum mikilvægum sviðum. Er hún að mestu byggð á tilskipunum og er með umfangsmestu löggjöf bandalagsins á einu fagsviði. Með fagsviði er hér átt við matvælalöggjöf sem eina heild, en einnig má skipta því í almenna matvælalöggjöf, löggjöf varðandi búfjárafurðir, löggjöf um sjávarafurðir og eftirlit tengt þessum þremur þáttum. Markmiðið með samræmdri löggjöf um matvæli og samræmingu hvað varðar eftirlit er að tryggja frjáls viðskipti með matvæli án þess að dregið sé úr öryggi, heilnæmi og upplýsingaskyldu til neytenda.

Þeim sem hafa kynnt sér markmið EB um hina nýju aðferð (new approach) og umfang löggjafar bandalagsins um matvæli er ljóst að nýju aðferðinni er ekki beitt á matvælasviði. Nýja aðferðin gerir ráð fyrir fækkun reglna og að þær verði gerðar einfaldari og skýrari. Þess í stað var ætlunin að byggja á tilvísun í viðmiðunarstaðla og aukinni fræðslu til neytenda með umbúðamerkingum og á annan hátt um framleiðslu og samsetningu matvæla. Raunin er sú að margar reglur á matvælasviði eru ítarlegar, í sumum tilvikum sértækar og þeim fjölgar ört. Enn á eftir að ljúka samræmingu reglna um aukefni, aðskotaefni og önnur sérsvið löggjafarinnar, auk þess sem framkvæmd matvælaeftirlits er ekki að fullu mótuð. Ríki bandalagsins hafa því eigin löggjöf á ýmsum sviðum, en að einhverju leyti verður um að ræða gagnkvæma viðurkenningu á slíkri löggjöf frá og með árinu 1993, þó svo enn sé ekki ljóst að hve miklu leyti um slíkt verður að ræða.

4.4. Evrópskt efnahagssvæði (EES).

Ísland og önnur EFTA ríki hafa unnið að samanburði á eigin löggjöf um matvæli og sambærilegri löggjöf EB og var þetta gert vegna gerðar samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Einnig er að mestu lokið við þýðingar tilskipana og annarra stjórnvaldsfyrirmæla EB í tengslum við ákvörðunartöku hér á landi um aðild að þessum samningi og framkvæmd hans ef af verður.

Matvælalöggjöf EB hefur verið lögð til grundvallar í samningi um EES og hafa íslensk stjórnvöld helst gert fyrirvara hvað varðar viðskipti með búfjárafurðir, en að öðru leyti eru fyrirvarar og undanþágur með tilliti til matvælalöggjafar og eftirlits mjög takmarkaðar af hálfu EFTA ríkja. Ef samkomulag næst um EES liggur því fyrir að gera verður umfangsmiklar breytingar á íslenskum reglum um matvæli og því ber að gæta þess að heimildir til þess sé að finna í matvælalögum. Frumvarp, sem nú er lagt fram, er samið með tilliti til þessa og einnig er þar tekið á þáttum sem varða breytingar á matvælaeftirliti og þegar hafa komið fram í tilskipunum EB og tillögum að nýjum tilskipunum á þessu sviði, svo sem varðandi hlutverk og mikilvægi innra eftirlits og tengsl þess og opinbers eftirlits.

Ekki er í stuttu máli mögulegt að gera grein fyrir umfangi og helstu efnisþáttum í löggjöf um matvæli sem mun gilda hér á landi ef samningur um EES kemur til framkvæmda. Sviðið er hins vegar stórt og getur framtíðin ein sýnt hvort kostir umfangsmikillar löggjafar um matvæli á Evrópsku efnahagssvæði og breyttar áherslu í matvælaeftirliti ná að vega upp þá galla sem einnig fylgja þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar eru á þessu sviði. Einn kostur er sá að Evrópuríki innan EB og EFTA hafa þegar hafið óformlegt samstarf um matvælaeftirlit. Fulltrúar ríkjanna hittast árlega og hafa einnig myndað starfshópa til að fjalla um tiltekin mál sem tengjast eftirliti með matvælum. Þá hefur verið komið á tilkynninganeti til að tryggja skjótari og betri málsmeðferð þegar upp koma mál vegna milliríkjaviðskipta með matvæli. Hollustuvernd og Ríkismatið taka þátt í þessu samstarfi og eru tengiliðir við önnur Evrópuríki á þessum vettvangi.

4.5. Bandaríkin.

Viðskipti með matvæli milli Íslands og Bandaríkjanna eru án efa hlutfallslega meiri en hjá flestum öðrum Evrópuríkjum. Löggjöf um matvæli og áherslur í matvælaeftirliti eru þættir sem geta haft veruleg áhrif á þessi viðskipti og eru miklir hagsmunir í húfi fyrir aðila sem þau stunda. Þetta verður að hafa í huga ef Ísland gerist aðili að EES þar sem reglur EB og Bandaríkjanna eru á vissum sviðum frábrugðnar og getur það skapað vandamál með tilliti til markmiða um frjáls viðskipti með matvæli. Sem dæmi eru reglur um umbúðamerkingar nokkuð ólíkar og það sama getur komið upp varðandi notkun algengra efnisþátta eins og aukefna, en mismunur á slíkum reglum hefur valdið nokkrum vandkvæðum við innflutning matvæla frá Bandaríkjunum til Íslands. Þau vandamál, sem við er að stríða í dag, geta hins vegar aukist með tilkomu EES ef stjórnvöld gera ekki sérstakar ráðstafanir með tilliti til lagasetningar á matvælasviði ef slíkt er heimilt samkvæmt ákvæðum samnings um EES.

Heilbrigðis- og landbúnaðaryfirvöld bera höfuðábyrgð á lagasetningu um matvæli og matvælaeftirlit í Bandaríkjunum, ásamt viðskiptaráðuneytinu hvað varðar eftirlit með sjávarafurðum. Stofnanir, sem gegna þar umfangsmiklu hlutverki, eru landbúnaðarráðuneytið (Department of Agriculture-USDA), Matvæla- og lyfjastofnunin á vegum heilbrigðisyfirvalda (Food and Drug Administration-FDA, Department of Health and Human Services) og Þjónustustofnun fiskiðnaðarins (National Marine Fisheries Service-NMFS, Department of Commerce). USDA sinnir löggjöf og eftirliti með kjöti og kjötafurðum,

NMFS með fiskafurðum og FDA sinnir almennri matvælalöggjöf og síðan beinu eftirliti með þeim innflutningi matvæla sem öðrum er ekki falið að annast með sérlögum. Matvælalöggjöf er mjög umfangsmikil í Bandaríkjunum og á margan hátt frábrugðin því sem þekkist hér á landi, bæði hvað efni og uppbyggingu varðar, en mismunur virðist minni hvað varðar uppbyggingu matvælaeftirlits, þó svo hann geti virst mikill með tilliti til umfangs þeirrar starfsemi sem fram fer á þessum vettvangi í Bandaríkjunum.

Á lægri stjórnstigum er einnig hægt að setja ítarlegri reglur en settar eru af þeim alríkisstofnunum sem fara með yfirstjórn matvælamála og þar er einnig farið með stjórn umfangsmikils eftirlits með framleiðslu og dreifingu matvæla sem ekki er beint á verksviði USDA, FDA eða NMFS. Almennu matvælaeftirliti í fylkjum Bandaríkjanna svipar á margan hátt til uppbyggingar eftirlits hér á landi á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Fylkjum er þannig skipt í eftirlitssvæði þar sem beint eftirlit fer fram, en yfirumsjón eftirlits er í höndum eins aðila sem jafnframt sinnir umfangsmiklu rannsóknarhlutverki. Massachusetts Food and Drug Administration er dæmi um slíkan yfirumsjónaraðila.

4.6. Alþjóðlega staðlaskrárráðið fyrir matvæli (Codex Alimentarius).

Mismunur á löggjöf um matvæli í hinum ýmsu ríkjum heims hefur staðið í vegi fyrir frjálsum viðskiptum með matvæli. Nefndir á vegum Alþjóðlega staðlaskrárráðsins um matvæli hafa lengi unnið að gerð staðla um matvæli og þætti tengda eftirliti í þeim tilgangi að samræma og bæta kröfur og framkvæmd mála á þessu sviði, m.a. með það að markmiði að draga úr viðskiptahömlum. Alþjóðlega staðlaskrárráðið fyrir matvæli starfar á vegum Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og aðildarríki þessara stofnana hafa rétt til þátttöku í starfsemi ráðsins og nefnda á vegum þess. Hvert ríki tekur síðan afstöðu til þess hvort það vill lögbinda staðla staðlaskrárráðsins eða byggja löggjöf á einhvern hátt á þessum stöðlum. Ísland hefur lengi tekið þátt í störfum staðlaskrárnefndar um fisk og fiskafurðir og er það mikilvægt til að hafa áhrif á gerð staðla á því sviði. Einnig tók Ísland um tíma þátt í störfum varðandi mjólkurafurðir og nú eru fundir um aukefni og aðskotaefni sóttir reglulega, auk þess sem stefnt er að þátttöku í gerð staðla um umbúðamerkingar. Hvert ríki hefur eitt atkvæði við ákvarðanatöku og er því ekki á nokkrum vettvangi meiri möguleiki fyrir ríki eins og Ísland til að hafa áhrif á alþjóðlega löggjöf um matvæli.

Lengi vel hafa staðlar Alþjóðlega staðlaskrárráðsins litlu áorkað við að draga úr viðskiptahömlum, þó svo mörg ríki hafi notað þá við gerð reglna um matvæli, en nú virðist geta orðið breyting þar á. Evrópubandalagið notar staðlana í auknum mæli við gerð tilskipana, auk þess sem allt bendir til þess að þeir verði notaðir til viðmiðunar í milliríkjaviðskiptum með matvæli á grundvelli GATT-samkomulags þegar um það næst samstaða. Með hliðsjón af þessu leggja mörg ríki nú mikla áherslu á þátttöku í störfum Alþjóðlega staðlaskrárráðsins um matvæli og það ætti að gilda jafnt um Ísland sem og önnur ríki sem aðild eiga að ráðinu.

5. Nýmæli frumvarpsins.

5.1. Inngangsorð.

Frumvarp að nýjum matvælalögum er gert með hliðsjón af eldri löggjöf á þessu sviði, en einnig með tilliti til breytinga sem verða með samræmingu innri markaðar í Evrópu og reynslu sem fengin er af matvælalöggjöf og matvælaeftirliti hér á landi á undanförnum áratugum og því samstarfi sem Norðurlöndin hafa haft á þessu sviði. Jafnframt má vísa til þeirra breytinga sem eru að verða við framkvæmd eftirlits í Kanada og í mikilvægum viðskiptaríkjum eins og Bandaríkjunum. Markmiðið með setningu laga um matvæli er ekki eingöngu að tryggja heilnæmi og hollustu þeirra, þó svo þeir þættir vegi þungt, heldur er einnig tekið mið af almennum gæðum vörunnar og þáttum sem varða hagsmuni neytenda, svo sem um upplýsingagjöf og réttmæta viðskiptahætti.

Nýmæli frumvarpsins varða bæði þá þætti sem tengjast neytendavernd og verksviði og samskiptum aðila sem sinna opinberu matvælaeftirliti, auk þess sem tekið er á innra eftirliti framleiðenda og dreifenda matvæla. Um þessa þætti hefur verið fjallað á almennan hátt í fyrri köflum þessara athugasemda og því er hér aðeins vikið að sérhæfðum þáttum í frumvarpinu.

5.2. Helstu nýmæli.

1. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. varðandi einkaheimili eru ný, en sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja.
2. Flestar skilgreiningar 4. gr. eru nýjar og er nánar fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.
3. Gert er ráð fyrir samræmdri yfirstjórn matvælalöggjafar og eftirlits á vegum þriggja ráðuneyta, sbr. 5.–8. gr., en áður hafa ákvæði um stjórnun þessa málaflokks verið í sérlögum án þess að þar sé fjallað um samskipti eða samræmingu á starfsemi ráðuneyta eða stofnana þeirra. Í 8. gr. er fjallað um samstarfsráð stofnana sem fara með eftirlit og ráðgjöf og er það nýtt ráð sem ætlað er að samræma og styrkja yfirstjórn og lagasetningu um matvæli og matvælaeftirlit.
4. Ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. eru ný og eru sett fram með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur eiga að bera ábyrgð á eigin vöru og að vandað sé til framleiðslu og meðferðar hennar. Í 3. mgr. sömu greinar er að finna nýmæli að því er varðar samræmingu á heimildum eftirlitsaðila um að gera kröfu til heilsufarsskoðunar starfsfólks sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla.
5. Sett eru ákvæði um sérfæði í 2. mgr. 11. gr. og þá meðal annars fæðu sem ætluð er börnum. Hér er höfð hliðsjón af umfangsmikilli og ítarlegri löggjöf annarra ríkja og EB á þessu sviði og því eru sett ný ákvæði um þennan málaflokk.
6. Í 2. mgr. 12. gr. eru ákvæði sem eru hliðstæð núgildandi ákvæðum sem fram koma í 1. mgr. greinarinnar.
7. Skýr ákvæði um ábyrgð eiganda eða umráðanda flutningstækis hafa ekki verið í lögum og eru því ný, sbr. 2. mgr. 13. gr.
8. Ákvæði 15. gr. um umbúðamerkingar eru ítarlegri en áður og taka m.a. mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja og má nefna Bandaríkin og EB í því samhengi.
9. Ný ítarleg ákvæði um fræðslustarfsemi er að finna í 19. gr. og er talið mikilvægt að ná markmiðum greinarinnar fram til að stuðla að bættri framleiðslu og meðferð matvæla og til að auka þekkingu og skilning neytenda.

10. Í 3. mgr. 20. gr. er ákvæði um tilkynningarskyldu þegar ný framleiðslutækni er tekin í notkun.
11. Ákvæði í 21. gr. varðandi samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila hefur ekki verið í matvælalögum og miðar að því að koma í veg fyrir skörun verkefna þar sem hægt er að koma því við.
12. Verksvið eftirlitsaðila er skilgreint í 22. gr. og kemur þar skýrt fram hver verkaskipting aðila er með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps og sérlaga sem þeir starfa eftir.
13. Í 23. gr. er fjallað um þætti sem varða ný viðhorf varðandi eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda, auk þess sem fjallað er um faggildingu, sbr. skilgreiningar í 4. gr. frumvarpsins.
14. Ákvæði um þagnarskyldu og aðrar skyldur eftirlitsaðila í 2. mgr. 24. gr. eru ný í matvælalögum, en hliðstæð ákvæði er að finna í öðrum lögum.
15. Gjaldskrárheimildir eru þær sömu fyrir ríkisstofnanir sem tilgreindar eru í 25. gr., en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tekur gjöld samkvæmt gildandi ákvæðum laga nr. 81/1988. Ákvæði 26. og 27. gr. taka einnig mið af því að samræma heimildir til gjaldtöku og þá með það í huga að sá aðili, sem eftirlit beinist að eða sækir tiltekna þjónustu, taki þátt í kostnaði vegna þess.
16. Í sérstökum tilvikum getur orðið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki eiga við undir eðlilegum kringumstæðum og er tekið á þessu í 28. gr. með samráði heilbrigðisyfirvalda og eftirlitsaðila.
17. Með 29. gr. eru heimildir eftirlitsaðila við eftirlit samræmdar og er talið eðlilegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og að þeir hafi samráð í ákveðnum tilvikum, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Valdsvið og þvingunarúrræði eru á sama hátt samræmd með 30. gr. og það sama gildir um málsmeðferð, úrskurði og viðurlög í 31. gr.
18. Með ákvæðum til bráðabirgða er þegar við samþykkt laganna gert ráð fyrir auknu samstarfi eftirlitsaðila, sbr. 1. tölul. um samstarfsráð, auk þess sem skoða skal grundvöll fyrir samræmingu á starfsemi aðila sem í dag sinna matvælaeftirliti, sbr. 2. tölul. bráðabirgðaákvæða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 1. gr. nær tilgangur laganna ekki eingöngu til heilnæmis matvæla og hollustuhátta, heldur einnig óréttmætra viðskiptahátta (blekkinga), og á það síðarnefnda ekki síst við um umbúðamerkingar, auglýsingar og aðra kynningu og upplýsingamiðlun. Afdráttarlaus ákvæði um þessa þætti eru talin mikilvæg og má benda á að Evrópubandalagið leggur mikla áherslu á umbúðamerkingar og rétta kynningu matvæla gagnvart neytendum og kemur þetta fram í tilskipunum bandalagsins. Norðurlöndin hafa lengi lagt áherslu á þessa þætti í matvælalöggjöf og það sama gildir um önnur mikilvæg viðskiptaríki eins og Bandaríkin, en þar eru reglur um merkingu og kynningu matvæla nú til endurskoðunar með tilliti til framangreindra þátta.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er víðtækt og sést þetta vel þegar skoðaðar eru skilgreiningar á framleiðslu og dreifingu í 2. og 3. tölul. 4. gr. Lögin ná til allra matvæla, sbr. skilgreiningu þeirra í 1. tölul. 4. gr. og er neysluvatn þar með talið. Ákvæði í 1. mgr. 2. gr. varðandi einkaheimili eru ný og marka ekki breytingu frá þeim starfsháttum sem tíðkast hafa í matvælaeftirliti. Hins vegar er talið rétt að skilgreina gildissvið þannig að friðhelgi einkaheimila sé ljós nema þar fari fram leyfisskyld starfsemi sem undir eðlilegum kringumstæðum er ekki heimil á slíkum stöðum. Sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf annarra ríkja. Þá telst áfengi til matvæla, sbr. 2. mgr. 2. gr., og er þetta í samræmi við núgildandi löggjöf og ýmis ákvæði í matvælalöggjöf Evrópubandalagsins. Hins vegar er það ekki algilt að áfengir drykkir teljist til matvæla og má þar sem dæmi nefna löggjöf í Finnlandi.

Tóbak er skilgreint sem neysluvara í eldri lögum, en ekki er talið rétt að telja tóbak til matvæla og er því vísað til sérlaga um tóbaksvarnir. Einnig er vísað til lyfjalaga þar sem lyf teljast ekki til matvæla, en í lyfjalögum og reglugerðum samkvæmt þeim er að finna nánari aðgreiningu lyfja og almennra neysluvara. Rétt er að geta þess að bætiefni, náttúruvörur og hollefni („heilsuvörur“) teljast til matvæla þegar vörurnar falla ekki undir skilgreiningu lyfja vegna magns bætiefna eða innihalds efna sem hafa þekktar lyfjaverkanir.

Ekki var talin ástæða til að láta lög þessi ná yfir eftirlit með sjúkdómum og meindýrum á plöntum sem framkvæmt er af Rannsóknastofnun landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að um er að ræða sérhæfða starfsemi sem nær ekki aðeins til matjurta og því ekki talið rétt að skilgreina hana sérstaklega í matvælalögum. Þá er ekki talið rétt að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái sama vægi og aðrir eftirlitsaðilar í þessum lögum vegna ofangreinds eftirlits.

Um 3. gr.

Í þessari grein er vikið að þeim markmiðum laganna sem fram koma í 1. gr., sbr. athugasemdir við hana, en hér er sérstaklega tekið á heilsutjóni vegna neyslu matvæla og óréttmætum viðskiptaháttum (blekkingum). Með þessu er tekið á meginmarkmiðum laganna og vísað til þeirrar ábyrgðar sem hvílir á framleiðendum og dreifendum matvæla með hliðsjón af meginmarkmiðum og tilgangi laganna.

Um 4. gr.

Í stað þess að aðgreina matvæli og tilteknar neysluvörur eins og gert er í núgildandi lögum, eru *matvæli* skilgreind í 1. tölul. 4. gr. þannig að allar neysluvörur, sem lögin ná til, teljast matvæli. Því verður ekki lengur nauðsynlegt að tala um matvæli og aðrar neysluvörur. Skilgreiningar á *framleiðslu* og *dreifingu* í 2. og 3. tölul. eru nýjar og eru ekki síst gerðar í þeim tilgangi að einfalda allan lagatexta. Þannig nægir í lagatexta að tilgreina dreifanda þegar átt er við innflytjanda, umboðsaðila, innlendan dreifingaraðila og smásöluaðila.

Skilgreining *efna* og *hluta* í 4. tölul. er ný og tekur mið af umfangsmikilli löggjöf sem sett verður á þessu sviði og má m.a. vísa til löggjafar EB í því samhengi. *Umbúðir* eru einnig skilgreindar nánar í 5. tölul.

Hinir ýmsu efnisþættir í matvælum hafa ekki áður verið skilgreindir í lögum, sbr. 6.–11. tölul. greinarinnar. Þetta á t.d. við um örverur og má einnig nefna að skilgreining orðsins *bætiefni* er víðtækari en almennur skilningur á því orði hefur verið. Þá hefur orðið *varnarefni* ekki komið fyrir í íslenskri matvælalöggjöf og má líta á það sem nýyrði í þessu samhengi. Skilgreining varnarefna nær ekki aðeins til notkunar þeirra við framleiðslu og geymslu fullunninna matvæla, heldur einnig matvæla, svo sem korns, sem notuð eru sem hráefni við framleiðslu annarra vörutegunda.

Skilgreining *opinbers eftirlits* hefur ekki komið fyrir áður í matvælalögum, en kemur hér fram í 14. tölul. 4. gr., m.a. með hliðsjón af ákvæðum um opinbert eftirlit og hlutverk þess í matvælalöggjöf EB. Skilgreiningar *innra eftirlits* og *faggildingar* í 15. og 16. tölul. eru nýjar og taka mið af breyttum áherslum í matvælaeftirliti í tengslum við innri markað í Evrópu (EB/EES) og í öðrum ríkjum, svo sem Bandaríkjunum og Kanada.

Um 5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessu frumvarpi, en ekki er gerð tillaga um breytingu á starfsemi annarra ráðuneyta eða stofnana sem sinna matvælaeftirliti, sbr. yfirstjórn þeirra og starfsemi á tilteknum sviðum löggjafar og eftirlits skv. 6. og 7. gr. og jafnframt 22. gr. frumvarpsins. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar og er einnig ætlað að annast eða hafa yfirumsjón með starfsemi nefnda sem nú sinna tilteknum sérverkefnum á matvælasviði. Má þar nefna aukefnanefnd og íslensku matvælarannsóknanefndina. Einnig hefur verið rætt um slíka starfsemi vegna aðskotaefna í matvælum og vegna starfa Alþjóðlegu staðlaskrárnefndarinnar um matvæli.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn landbúnaðarráðherra samkvæmt gildandi sérlögum og hlutverk yfirdýralæknis sem ráðgjafa ráðherrans á þessu sviði.

Um 7. gr.

Á sama hátt og gert er í 6. gr. er hér fjallað um yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og verksvið Fiskistofu samkvæmt sérlögum.

Um 8. gr.

Lögð er áhersla á aukið samstarf ráðuneyta og stofnana sem fjallað er um í 5.–7. gr. og í þeim tilgangi er lagt til að skipað verði samstarfsráð. Ráðið verður skipað fulltrúum stofnana sem fara með yfirumsjón eftirlits, þ.e. Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis. Er ráðinu ætlað að hefja störf þegar frumvarpið er samþykkt og vinna þá að undirbúningi fyrir gildistöku laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði þar að lútandi. Samstarfsráð mun vinna að samræmingu matvælaeftirlits og er einnig falið mikilvægt hlutverk varðandi samræmingu löggjafar á þessu sviði, en löggjafarhlutverk er á hendi þriggja ráðherra.

Þess má geta að einnig er tekið á samskiptum eftirlitsaðila í 21. og 29. gr. og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun verksviðs og bæta framkvæmd eftirlits með auknu samstarfi aðila. Telja verður ákvæði um samstarfsráð og önnur ákvæði sem varða samstarf eftirlitsaðila meðal helstu nýmæla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Tilkynningarskylda, sem lögð er á framleiðendur og dreifendur matvæla, er til að tryggja að hægt sé að hafa gott yfirlit yfir þá aðila sem reka slíka starfsemi. Um starfsleyfi er nánar fjallað í 20. gr., en vikið er að starfsleyfi hér til aðgreiningar frá tilkynningarskyldu sem er annars eðlis. Í 2. mgr. er vikið að tilkynningarskyldu vegna umbúða eða efna sem notuð eru við framleiðslu matvæla og er ekki síður mikilvægt að hafa eftirlit með þessum þáttum, þó svo starfsemin sem slík sé ekki háð starfsleyfi á sama hátt og framleiðsla og dreifing matvæla. Fordæmi er fyrir tilkynningarskyldu af þessu tagi í íslenskum reglum, svo sem varðandi aukefni í matvælum.

Um 10. gr.

Um ákvæði þessarar greinar má segja að þar er kveðið skýrar á um ábyrgð framleiðenda og dreifenda en áður hefur verið gert í lögum og reglugerðum á matvælasviði. Þetta er í samræmi við þá þróun sem er að verða varðandi ábyrgð þessara aðila á eigin vöru og þá ekki síst með tilliti til heilnæmis og hollustu vörunnar. Ákvæði þessa kafla, V. kafla, um umbúðamerkingar og XI. kafla um valdsvið og þvingunarúrræði eiga í raun að vera sambærileg við og ná sama tilgangi og ákvæði frumvarps um öryggi framleiðsluvöru sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi. Matvælalöggjöfin mun því gilda um mál sem varða öryggi matvæla og upplýsingagjöf með tilliti til þess.

Af nýmælum má nefna ákvæði um þekkingu og fræðslu í 2. mgr. 10. gr. og er mikilvægt að þessu verði fylgt eftir, sbr. og 19. gr. frumvarpsins. Einnig ákvæði varðandi sjúkdóma og heilsufarsskoðun í 3. mgr. sömu greinar þar sem þau gilda fyrir alla eftirlitsaðila, en hliðstæð ákvæði eru í reglugerð um verksvið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Um 11. gr.

Hér er vikið að mikilvægum atriðum sem varða eitt af meginmarkmiðum laganna um réttmæta viðskiptahætti. Ákvæði þessi geta átt við um misnotkun aukefna svo sem þegar litarefni eða bindiefni eru notuð til að villa fyrir um gæði vörunnar og einnig kynningu og umbúðamerkingar sem nánar er vikið að í næsta kafla.

Það sama getur átt við um ákvæði í 2. mgr. 11. gr. varðandi sérfæði eða aðrar vörur sem auglýstar eru, kynntar og merktar þannig að þær séu ætlaðar tilteknum hópum fólks vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að hafa heimild til að setja reglur um þessa þætti, bæði til að tryggja gæði vörunnar og réttmæta markaðssetningu hennar. Rétt að geta þess að á þessum málum er tekið í tilskipunum EB um matvæli. Má þar sem dæmi nefna almennt sérfæði og barnamat.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við breytingu sem gerð var á núgildandi lögum, sbr. lög nr. 5/1985, þar sem sönnunarbyrði er lögð á framleiðanda eða dreifanda, svo sem ef óstimplað kjöt eða önnur matvæli sem ekki samræmast lögum eða reglum finnast á framleiðslustað eða í dreifingu.

Ákvæði í 2. mgr. ná til efna, hluta og annars sem notað er við framleiðslu matvæla og eru þau sett fram til samræmis við 1. mgr., en eiga við aðra þætti eins og óleyfileg aukefni eða umbúðir sem ekki standast reglur.

Um 13. gr.

Geymsla matvæla og flutningur þeirra við rétt geymsluskilyrði eru þættir sem geta haft veruleg áhrif á gæði og heilnæmi vörunnar. Mikilvægt er að taka á þessum þáttum við framleiðslu og dreifingu, þar með töldum flutningi, og þarf skýrar lagaheimildir til stuðnings reglum sem um þetta fjalla, sbr. heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, og hliðstæða setningu reglna og fram kemur í tilskipun EB um hraðfryst matvæli. Könnun, sem Hollustuvernd ríkisins gerði á árinu 1992, sýnir að mikill misbrestur er varðandi réttar geymsluaðstæður við flutning matvæla og flutningur fiskafurða á opnum bílpöllum er annað dæmi sem flestir þekkja til.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ábyrgð þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir, svo og þeirra sem nota þær umbúðir fyrir vörur sem þeir framleiða eða dreifa. Almenn ákvæði um þessa þætti er að finna í gildandi matvælalögum, en fáar sértækar reglur hafa verið settar um umbúðir og efni sem geta borist úr þeim í matvæli. Í tilskipunum EB eru hins vegar umfangsmiklar reglur á þessu sviði og ljóst að úrbóta er þörf hér á landi.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um umbúðamerkingar og eru ákvæði þessi í samræmi við þær reglur sem nú gilda um merkingu umbúða fyrir matvæli. Einnig samræmast ákvæði greinarinnar þeim kröfum sem gerðar eru til umbúðamerkinga í tilskipunum EB. Þess má geta að í gegnum tíðina hafa nokkur ráðuneyti sett reglur um merkingu matvæla og því tímabært að setja þennan þátt í fastari skorður og samræma bæði kröfur um merkingu umbúða og eftirlit með þeim.

Ákvæði 2. mgr. taka mið af því að veittar eru undanþágur frá tilteknum ákvæðum um merkingar þegar umbúðir eru litlar og jafnframt þess að í reglugerðum eru gerðar frekari kröfur til umbúðamerkinga en fram koma í 1. mgr. Dæmi um þetta er merking næringargildis og ýmsar fullyrðingar um heilsufarslega þætti.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga við um setningu sérstakra reglna um ákveðnar vörur, svo sem mjólkurvörur og kjötvörur, þar sem markmiðið getur verið að staðla vörurnar með tilliti til ákveðinna efnisþátta. Tilgangurinn getur bæði verið heilsufarslegs eðlis, svo sem manneldissjónarmið, og að tryggja að neytendur fái þá vöru sem þeir eiga rétt á þegar tiltekið vöruheiti er valið, óháð því hver framleiðandi hennar er. Vitað er að nú eru t.d. seldar kjötvörur með líkum heitum en nokkuð ólíkar að samsetningu. Ekki er tekið á þessum þáttum á þennan hátt í núgildandi löggjöf þó heimildir til setningar slíkra reglna séu fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar geta einnig átt við um tilteknar framleiðsluaðferðir og má sem dæmi nefna lífræna ræktun matvæla. EB hefur reglur um lífræna ræktun og hér er því lagalegur stuðningur fyrir setningu reglna um slíkar aðferðir eða vörur eða aðra þætti sem greinin nær til.

Gert er ráð fyrir að hagsmunir neytenda og framleiðenda fari í flestum tilvikum saman og að samráð sé haft við þessa aðila um gerð reglna á þessu sviði, en ef ágreiningur er um setningu reglna getur annar málsaðili ekki hindrað setningu þeirra ef um ótvíræða hagsmuni hins aðilans er að ræða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að setja skuli reglur um tiltekin efni í matvælum. Ekki er tekið á þessu á þennan hátt í núgildandi löggjöf, en heimildir til að setja slíkar reglur eru fyrir hendi, þó svo ráðherra sé þar ekki beinlínis falið að setja reglur um tiltekna efnisþætti eins og fram kemur í þessari grein. Talið er rétt að leggja sérstaka áherslu á setningu reglna um þessa efnisþætti með hliðsjón af gildandi reglum hér á landi, í öðrum ríkjum og hjá EB.

Um 18. gr.

Framkvæmd laganna felst í setningu reglna um þá þætti sem lögin ná til og er framkvæmdin í höndum ráðherra sem fara með yfirstjórn mála. Í þeim tilgangi að samræma lagasetningu er samstarfsráði ætlað mikilvægt hlutverk í þessum lögum eins og áður hefur verið vikið að og er í því samhengi bent á ákvæði 8. og 23. gr.

Um 19. gr.

Ekki hefur áður í lögum verið tekið á ýmsum þeirra þátta sem fjallað er um í þessari grein, en þar er fjallað ítarlega um fræðslumál. Auk stofnana, sem starfa við ráðgjöf og matvælaeftirlit, er í 2. mgr. þessarar greinar fjallað um hlutverk menntamálaráðherra varðandi fræðslu á matvæla- og manneldissviði. Er hér um mikilvæg ákvæði að ræða, ekki síst með hliðsjón af því að matvælaframleiðsla er mikilvægasta atvinnugrein sem stunduð er hér á landi. Markmiðið er að styrkja fræðslu bæði fyrir almenning og svo þá sem vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. og ákvæði 2. mgr. 10. gr.

Umfang íslensks matvælaiðnaðar má glögglega sjá þegar skoðaðar eru nýjustu tölur yfir ársverk í iðngreinum, en þær eru frá 1990. Þá voru 11.706 ársverk í matvælaiðnaði, en ársverk í almennum iðnaði, þar með töldum matvælaiðnaði, voru 23.231. Hlutur matvælaiðnaðar í almennum iðnaði er því 50,4%, en til samanburðar voru ársverk í byggingarstarfsemi 12.380 þetta ár og fellur þar undir hvers kyns mannvirkjagerð og viðhald. Þessar tölur ættu að sína hver fræðsluþörfin á matvælasviði er og hve brýnt mál þetta er fyrir íslensku þjóðina vegna þeirra hagsmuna sem tengjast matvælaiðnaði hér á landi.

Um 20. gr.

Um leyfisveitingar hefur ekki verið fjallað í lögum á þann hátt sem hér er gert, en ákvæði um þessi atriði er að finna bæði í sérlögum og reglugerðum á matvælasviði. Ótvíræðar heimildir eru í greininni til að binda starfsleyfi ákveðnum skilyrðum, auk þess sem endurskoðun leyfa er heimil, m.a. ef ráðgert er að taka í notkun nýja framleiðslutækni. Hér er ekki átt við minni háttar breytingar eða framleiðslutækni sem áður hefur verið beitt, heldur umfangsmeiri breytingar. Slíkum ákvæðum má beita ef ætlunin væri að hefja geislun matvæla eða aðrar framleiðsluaðferðir sem skoða verður með tilliti til heilnæmis eða hollustu matvæla.

Um 21. gr.

Skörun á verksviði eftirlitsaðila er fyrir hendi og með ákvæðum þessarar greinar er skapaður möguleiki til að skipa málum þannig að aðeins einn aðili annist leyfisveitingar og eftirlit með tiltekinni starfsemi. Fiskvinnsla, sem vinnur vöru bæði til útflutnings

og innanlandsneyslu, á samkvæmt lögum að vera undir eftirliti Fiskistofu og skoðunarstofa og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með framleiðslu og dreifingu á eldisfiski er á hendi fleiri en eins aðila. Skörun og tvíverknað eftirlitsaðila má fyrirbyggja með samkomulagi milli ráðherra í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Um 22. gr.

Skipting opinbers eftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er með sama hætti og nú er samkvæmt gildandi lögum um matvæli og sérlögum um tiltekna flokka matvæla. Ekki var talið raunhæft að sameina starfsemi eftirlitsaðila á þessu stigi, en í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða kemur fram að stefnt er að endurskoðun laganna innan 5 ára. Er þá meðal annars gert ráð fyrir að skoðað verði hvort rétt er að samræma starfsemi opinbers eftirlits með matvælum á vegum eins aðila. Ýmis ákvæði frumvarpsins miða hins vegar að því að auka samstarf og samskipti opinberra aðila við framkvæmd eftirlits og lagasetningu um matvæli.

Um 23. gr.

Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru þau ákvæði sem fram koma í greininni um faggildingu rannsóknar- og eftirlitsaðila og um innra eftirlit framleiðenda og dreifenda matvæla. Þessi ákvæði tengjast þeim nýju viðhorfum sem eru uppi, ekki síst innan sameiginlegs markaðar í Evrópu, hvað varðar breyttar áherslur í matvælaeftirliti með aukinni gæðastjórnun, bæði af hálfu hagsmunaaðila og opinberra aðila sem hafa eftirlitshlutverki að gegna.

Í tilskipunum EB eru ákvæði um innra eftirlit, svo sem vegna fiskafurða, og tillögur hafa komið fram um setningu reglna um innra eftirlit við framleiðslu, dreifingu, tilreiðslu og aðra meðferð matvæla. Því er nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði í lögum til setningar slíkra reglna. Hér á landi og í Kanada er nú gerð krafa um innra eftirlit í fiskiðnaði og í Bandaríkjunum er fiskvinnslufyrirtækjum boðið að taka upp ákveðið eftirlitskerfi gegn gjaldi og geta fyrirtækin síðan notað þennan þátt í sinni starfsemi við markaðssetningu vörunnar.

Grein þessi gerir ráð fyrir að aðrir en opinberir aðilar geti haft eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, en eftirlit þeirra getur ekki tengst opinberu eftirliti nema um það séu settar nánari reglur. Ráðherrum er heimilt að setja slíkar reglur og jafnframt er þeim heimilt að gera kröfu um að aðilar, sem sinna eftirlitsstörfum á matvælasviði, skuli hljóta faggildingu.

Um 24. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er tryggt að eftirlitsaðilar hafa fullan aðgang að eftirlitsskyldri starfsemi og þeim gögnum sem nauðsynlegt er að skoða við eftirlit. Jafnframt er í 2. mgr. tryggt að eftirlitsaðilar gæti trúnaðar og séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd um leið og gerð er krafa um að þeir valdi ekki einstaklingum eða einstökum atvinnugreinum, stofnunum eða fyrirtækjum tjóni eða álitshnekki að ósekju vegna samskipta við fjölmiðla eða annarra upplýsinga sem veittar eru um eftirlitsmál.

Um 25. gr.

Hér er bæði byggt á nýjum ákvæðum og ákvæðum sem er að finna í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nokkuð var rætt um að setja ákvæði um samræmda gjaldtöku af innlendri framleiðslu og innfluttum matvælum, miðað við framleiðslumagn eða verðgildi, þannig að hægt væri að fella aðrar gjaldskrár úr gildi. Horfið var frá þessum hugmyndum vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við innheimtu og síðan skiptingu fjármagns milli eftirlitsaðila, auk þess sem ekki náðist samkomulag við hagsmunaaðila um endurskoðun gjaldskrárákvæða.

Matvælarannsóknir eru í dag framkvæmdar samkvæmt gjaldskrám sem settar hafa verið fyrir þær stofnanir sem slíkum störfum sinna. Ákvæði greinarinnar um opinberar matvælarannsóknir eru því í samræmi við framkvæmd þeirra í dag.

Gjaldskrárheimildir aðila, sem tengjast eftirliti, eru samræmdar með ákvæðum þessarar greinar og er markmiðið að þeim verði beitt þannig að tekið verði mið af raunverulegum kostnaði vegna matvælaeftirlits og matvælarannsókna. Gert er ráð fyrir að ákvæðum 21. gr. verði beitt þegar um skörun á verksviði eftirlitsaðila er að ræða, en hver sem niðurstaða í slíkum málum verður skal þess gætt að eftirlitsskyldur aðili greiði ekki gjöld til fleiri en eins aðila vegna matvælaeftirlits.

Um 26. gr.

Það sama á við hér og um 25. gr. að framan, en þessi grein varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða eða umsókna um heimild til notkunar tiltekinna efna eða annarra slíkra leyfisveitinga.

Um 27. gr.

Ekki hefur áður verið fjallað á þann hátt sem hér er gert um greiðslu rannsóknarkostnaðar af hálfu framleiðenda og dreifenda þegar rökstuddur grunur er á að starfsemi uppfylli ekki ákvæði laga eða reglna. Mikilvægt er að bregðast við þegar grunur leikur á að ákvæði laga og reglna séu ekki uppfyllt og sérstaklega ef um hættu á heilsutjóni getur verið að ræða. Eftirlitsaðilar fá á ýmsan hátt, m.a. gegnum samstarf við önnur ríki, upplýsingar og gögn sem gefa tilefni til sérstakra aðgerða. Hafi hagsmunaaðili, sem eftirlit beinist gegn, þá engin gögn til að hrekja þær grunsemdir sem fram koma er talið eðlilegt að hann standi undir kostnaði við rannsóknir á vöru sem hann er ábyrgur fyrir.

Um 28. gr.

Greinin er ný og með ákvæðum hennar er samskiptum eftirlitsaðila og heilbrigðisyfirvalda skipað í ákveðinn farveg sem verður að teljast mikilvægur þegar mál af þessum toga koma upp. Rétt er að taka fram að 28. gr. yrði aðeins beitt ef um mjög alvarlega hættu getur verið að ræða. Dæmi um þetta eru hugsanlegar afleiðingar af slysum í kjarnorkuverum og alvarleg tilvik matareitrana.

Um 29. gr.

Með þessari grein er verið að samræma valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila og er m.a. stuðst við ákvæði þar að lútandi í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í 3. mgr. greinarinnar, þar sem tekið er á framleiðslu og dreifingu matvæla sem dæmd eru óhæf til útflutnings eða dreifingar innan lands, er einnig fjallað um samskipti eftirlitsaðila í þeim tilgangi að tryggja sem besta framkvæmd eftirlits.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um förgun matvæla og er rétt að taka fram að um hana geta einnig gilt önnur lög og reglur, svo sem vegna mengunarvarna, sem ber að virða við ákvörðunartöku um hvernig að henni er staðið.

Um 30. gr.

Það telst til nýmæla í þessari grein og 29. gr. að öllum eftirlitsaðilum er ætlað að starfa eftir sömu ákvæðum hvað valdsvið og þvingunarúrræði varðar og er það eðlilegt, en hefur ekki verið þannig áður.

Um 31. gr.

Á sama hátt og fyrir valdsvið og þvingunarúrræði er með 31. gr. verið að samræma málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, hvort sem eftirlitið beinist að fiskafurðum, kjöti eða öðrum matvælum.

Um 32. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr gildi ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, en það sama gildir ekki um þau ákvæði laganna sem aðeins varða nauðsynjavörur. Í stað ákvæða laganna um nauðsynjavörur er gert ráð fyrir að koma muni lög um öryggi framleiðsluvöru, en frumvarp að þeim var lagt fram á 116. löggjafarþingi. Í athugasemdum um 13. gr. frumvarps til laga um öryggi framleiðsluvöru segir eftirfarandi: „Ekki er lagt til að lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, sem að hluta til fjalla um sama efni, verði felld úr gildi, en hins vegar er reiknað með að þau verði felld úr gildi með nýjum matvælalögum sem verið er að semja á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins". Ef frumvarp um öryggi framleiðsluvöru verður samþykkt á undan nýjum matvælalögum verður að breyta 32. gr. þessa fumvarps, þannig að lög nr. 24/1936 verði í heild sinni felld úr gildi. Málum er hins vegar öfugt farið ef ný matvælalög verða samþykkt fyrst og verður þá að gera breytingu á 13. gr. frumvarps til laga um öryggi framleiðsluvöru, þannig að ákvæði laga nr. 24/1936 um nauðsynjavörur verði felld úr gildi.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um matvæli í 17. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, falli einnig úr gildi. Í bráðabirgðaákvæðum þeirra laga kemur fram að ákvæði 17. gr. skuli gilda þar til fyllri ákvæði hafi verið sett um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum og mengun matvæla af völdum slíkra efna. Það er álit nefndarinnar að ákvæði þessa frumvarps um aðskotaefni og þá sérstaklega varnarefni komi í stað þeirra ákvæða sem eru í áðurnefndum lögum og þau megi því fella úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðum til bráðabirgða er samstarfsráði falið að hefja þegar undirbúning að gildistöku laganna. Með þessu er samstarf eftirlitsaðila og þeirra sem fara með yfirstjórn laganna tryggt þegar við samþykkt frumvarpsins.

Ákvæði um endurskoðun laganna er talið mikilvægt, ekki síst með hliðsjón af þeirri öru þróun og miklu breytingum sem nú eru fyrirsjáanlegar með sameiginlegum markaði í Evrópu og hugsanlegri aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Á því tímabili, sem tilgreint er í 2. tölul., mun einnig fást meiri reynsla af samstarfi opinberra eftirlitsaðila og því raunhæft að ræða hvort grundvöllur er til frekari samræmingar á starfsemi þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um matvæli.

Markmið laganna er að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu matvæla og að merkingar þeirra séu fullnægjandi. Með frumvarpinu er eftirlit með matvælum samræmt og valdsvið hvers stjórnvalds skýrt. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem eru talin nauðsynleg vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Loks eru ákvæði um fræðslustarfsemi um matvæli.

Frumvarpið er fyrst og fremst samræming á matvælaeftirliti, auk þess sem lögin eru færð í nútímalegra horf. Breytingar frá gildandi lögum eiga ekki að leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ákvæði um gjaldtöku stofnana eru samræmd og veitt er víðtækari heimild til gjaldtöku hjá eftirlitsstofnunum í sjávarútvegi og landbúnaði. Kostnaður af samstarfsráði, sem skal vinna að samræmingu laga, reglna og fyrirmæla um matvæli og framkvæmd eftirlits, á að rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana er málið varðar.

Með frumvarpinu á að koma í veg fyrir skörun á verksviði eftirlitsaðila og tvöfalda gjaldtöku og á það því að leiða til hagræðis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi það ekki í sínum verkahring að skoða frekari samræmingu á starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila og annarra þeirra sem starfa að forvörnum á matvælasviði. Bent er á í athugasemdum með frumvarpinu að full ástæða sé til slíkrar athugunar og tekur fjármálaráðuneytið undir það.

Ef af samningi um Evrópskt efnahagssvæði verður munu kröfur um matvælaeftirlit aukast og eru lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, nú til endurskoðunar m.a. vegna þess. Mun umfang matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins að líkindum aukast og rekstrarkostnaður þess hækka. Ef ástæða þykir til að breyta lögunum mun kostnaðarmat fylgja því frumvarpi.

966. Fyrirspurn [576. mál]

til menntamálaráðherra um úrbætur í móttökuskilyrðum sjónvarps og hljóðvarps á Djúpavogi og nágrenni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvenær er þess að vænta að ráðin verði bót á slæmum móttökuskilyrðum fyrir sjónvarp og hljóðvarp á Djúpavogi og nágrenni?

Greinargerð.

Þann 18. mars 1993 gerði hreppsnefnd Djúpavogshrepps svohljóðandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Djúpavogshrepps skorar á Ríkisútvarpið að sjá til þess að tengingu ljósleiðara verði hraðað þannig að sjónvarpsútsendingar í Djúpavogshreppi komist í viðunandi horf. Hreppsnefnd telur að sjónvarpsútsendingar á þessu svæði hafi verið með þeim hætti á undanförnum árum að ekki verði við svo búið lengur.

Þá telur hreppsnefnd brýnt að komið verði upp endurvarpsstöð í Álftafirði þannig að útsendingar Rásar 2 náist þar.“

Skriflegt svar óskast.

967. Fyrirspurn [577. mál]

til forsætisráðherra um nefnd til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hverjir eiga sæti í þeirri nefnd sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi að fela ríkisstjórninni að skipa til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi?
2. Hvað líður störfum nefndarinnar?

968. Svar [528. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sigbjarnar Gunnarssonar um lögreglumenn og bifreiðaeign lögreglu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir lögreglumenn eru starfandi í landinu, skipt eftir sérhæfðum lögreglustörfum og lögsagnarumdæmum?*
2. *Hversu mörgum bifreiðum hefur lögreglan yfir að ráða, skipt eftir lögsagnarumdæmum?*

Í eftirfarandi töflum koma fram þau atriði sem spurt er um:

1. Fjöldi fastráðinna lögreglumanna, 607, skipt eftir starfsstigum og lögregluumdæmum samkvæmt nýjustu upplýsingum.
2. Fjöldi lögreglumanna borinn saman við íbúafjölda í hverju umdæmi þannig að sjá má hversu mörgum íbúum hver lögreglumaður þjónar, en yfirlitið var unnið um síðustu áramót. Til áréttingar skal tekið fram að í ýmsum umdæmum eru auk fastráðinna lögreglumanna starfandi héraðslögreglumenn og aðstoðarmenn.
3. Fjöldi lögreglubifreiða í hverju lögregluumdæmi og árgerð þeirra miðað við 1. apríl sl.

Ráðuneytið veitir fúslega frekari upplýsingar um sundurliðun á skiptingu lögreglumanna og um gerðir lögreglubifreiða, svo og um bifhjól sem lögreglan hefur til afnota.

Fjöldi og staðsetning lögreglumanna og yfirmanna árið 1993.

Sýslumanns-umdæmi	Fjöldi lögrm.	Yfir-lögr.	Aðst-yfirl.	Aðal-varðstj.	Varð-stj.	Aðst-varðstj.	Lögr-fltr.	Ranns-lögr.	Deild-fltr.	Full-trúi
Akranes	11	1			3		1			
Borgarnes	7	1			2	1				
Stykkishólmur	9	1			3	3				
Búðardalur	1				1					
Patreksfjörður	4			1	1					
Bolungarvík	2				1	1				
Ísafjörður	12	1	1	1	3		1			
Hólmavík	1				1					
Blönduós	5	1			2					
Sauðárkrókur	7	1			2					
Siglufjörður	6	1			2					
Ólafsfjörður	2				1	1				
Akureyri	31	1	1		5	5	1	3		
Húsavík	9	1			4					
Seyðisfjörður	5				3	2				
Neskaupstaður	2				1	1				
Eskifjörður	5			1	2	1	1			
Höfn í Hornafirði	3				1	1				
Vík í Mýrdal	1				1					
Hvolsvöllur	4			1	1					
Vestmannaeyjar	11	1			3		1			
Selfoss	22	1	1		7	3	1	1		
Keflavík	38	1	1		7	5	2	3		
Hafnarfjörður	39	2	1		8	4	1	3		
Kópavogur	24	1	1		4	5	2	2		
Reykjavík	264	2	6	9	38	16	5	35		1
RLR	41	2	7				6	25	1	
Keflavíkurflugvöllur	34	2		5	8	3	1			
Lögregluskóli	6	1					3			2
Ráðuneyti	1	1								
Samtals	**607**	**23**	**19**	**18**	**115**	**52**	**26**	**72**	**1**	**3**

Fjöldi íbúa og lögreglumanna á Íslandi í árslok 1992.

Lögregluumdæmi	Fjöldi lögrm.	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúa á lögrm.
Akranes	11	5.261	478
Borgarnes	7	3.962	566
Snæfellsnes	9	4.370	486
Dalasýsla	1	869	869
Patreksfjörður	4	2.223	556
Bolungarvík	2	1.195	598
Ísafjörður	12	5.200	433
Strandasýsla	1	1.063	1.063
Húnavatnssýsla	5	3.940	788
Skagafjarðarsýsla	7	4.664	666
Siglufjörður	6	1.749	292
Ólafsfjörður	2	1.201	601
# Akureyri/Dalvík	31	19.770	638
# Þingeyjarsýsla	9	5.898	655
# Norður-Múlasýsla	5	5.007	1.001
# Neskaupstaður	2	1.726	863
# Suður-Múlasýsla	5	3.892	778
Austur-Skaftafellssýsla	3	2.435	812
Vestur-Skaftafellssýsla	1	1.224	1.224
Rangárvallasýsla	4	4.516	1.129
Vestmannaeyjar	11	4.867	442
Árnessýsla	22	11.287	513
Keflavík/Grindavík	38	15.491	408
# Hafnarfjörður	39	24.610	631
Kópavogur	24	16.840	702
# Reykjavík	264	108.942	413
RLR	41		0
Keflavíkurflugvöllur	34		0
Lögregluskóli	6		0
Ráðuneyti	1		0
Samtals	**607**	**262.202**	**432**

Íbúafjöldi miðast við hagstofutölur frá 1. desember 1992.
Fjöldi lögreglumanna miðast við heimiluð stöðugildi.

Breyting umdæma frá 1. júlí 1992.

Lögreglubifreiðar á Íslandi 1993.
(1. apríl 1993.)

Fjöldi og meðaltal árgerða.

Embætti	Fjöldi bifreiða	Árgerðir								Meðaltal árgerða
Akranes	3	93	88	89						90,0
Borgarnes	2	87	89							88,0
Snæfellsnes	5	88	93	91	92	90				90,8
Dalasýsla	1	91								91,0
Patreksfjörður	2	92	90							91,0
Bolungarvík	1	89								89,0
Ísafjörður	4	88	90	93	91					90,5
Strandasýsla	1	91								91,0
Húnavatnssýsla	4	93	89	91	89					90,5
Skagafjarðarsýsla	2	90	88							89,0
Siglufjörður	1	91								91,0
Ólafsfjörður	1	87								87,0
Akureyri/Dalvík	7	88	93	91	93	89	91	93		91,1
Þingeyjarsýsla	5	91	89	88	88	87				88,6
Norður-Múlasýsla	5	93	91	88	89	93				90,8
Neskaupstaður	2	92	84							88,0
Suður-Múlasýsla	5	93	90	91	92	88				90,5
Austur-Skaftafellssýsla	2	90	89							89,5
Vestur-Skaftafellssýsla	1	91								91,0
Rangárvallasýsla	3	92	93	83						89,3
Vestmannaeyjar	2	88	92							90,0
Árnessýsla	8	82	93	90	89	93	92	89	89	89,4
Keflavík/Grindavík	8	92	89	93	88	89	90	89	92	90,1
Keflavíkurflugvöllur	4	91	91	91	93					91,5
Hafnarfjörður	6	90	90	93	93	92	93			91,1
Kópavogur	4	87	92	93	92					91,0
Reykjavík	51	87					93			90,0
RLR	11	90					93			90,0
Lögregluskóli	2	88	88							88,0
Samtals	**153**					**Árgerð á embætti, meðaltal**				**90,0**

Meðaltal árgerða allra bifreiða 90,4

969. Frumvarp til laga [193. mál]

um leiðsögu skipa.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

Stjórn leiðsögumála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn leiðsögumála. Vitastofnun Íslands fer með framkvæmd leiðsögumála svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og lögum um vitamál.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Skip: Hvert það far sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna, og notað á sjó.

Leiðsögumaður: Sá sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið svæði.

Leiðsöguskylda: Skylda til að nota leiðsögumann við siglingu skipa um ákveðið svæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnsögumaður: Leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnarsvæði. Hafnsögumaður er ráðinn af viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnsöguskylda: Skylda til að nota hafnsögumann við siglingu skipa um ákveðið hafnarsvæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnarsvæði: Svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð.

Umboðsmaður: Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

Hættuleg efni: Efni sem hættuleg teljast samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO Dangerous Goods Code).

Löggilding og skilyrði hennar.

3. gr.

Vitastofnun Íslands löggildir leiðsögumenn. Löggilding gildir fyrir ákveðið svæði til allt að fimm ára í senn. Um löggildingu skal nánar ákveðið í reglugerð.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast löggildingu til að vera leiðsögumaður skipa.

1. Er 25–65 ára að aldri.
2. Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
3. Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem löggilding á að ná til og er nákunnugur siglingaleiðum á svæðinu.
4. Hefur lokið námskeiði til að vera leiðsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Þessum skilyrðum verður einnig að vera fullnægt eftir að löggilding er fengin.

Vitastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá þessum skilyrðum þegar sérstaklega stendur á.

Skyldur leiðsögumanns.

4. gr.

Leiðsögumanni ber skylda til að aðstoða yfirvöld, svo sem löggæslu-, tolla-, heilbrigðis-, siglinga- og hafnaryfirvöld við störf þeirra. Þá ber honum að aðstoða á allan hátt stjórnendur skipa sem hann leiðbeinir og ráðleggja um siglingu skipsins þannig að á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt sé komist á milli áfangastaða. Þá skal leiðsögumaður aðstoða við að koma skipi í festar þegar ekki er um að ræða aðstoð hafnsögumanns viðkomandi hafnar.

Sérstök varúð skal viðhöfð til að hindra mengun stranda og sjávar af völdum hættulegra efna. Mengunaróhöpp skal þegar í stað tilkynna viðkomandi hafnarstjóra og Siglingamálastofnun ríkisins. Leiðsögumaður er ábyrgur fyrir að tilkynningin berist réttum aðilum og skal reyna með öllum tiltækum ráðum að halda útbreiðslu mengunarinnar í lágmarki.

Leiðsögumaður ber ekki ábyrgð á siglingu skips sem hann leiðbeinir heldur aðeins á þeim ráðum sem hann gefur.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að gefa út gjaldskrá um greiðslur fyrir leiðsögu skipa.

Umboðsmaður skips.

5. gr.

Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska landhelgi með varning umfram hættumörk samkvæmt reglugerð og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann hér á landi. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður. Í reglugerð skal setja skilyrði sem umboðsmanni ber að uppfylla.

Umboðsmaður sér um að útvega löggilta leiðsögumenn til að fylgja skipinu og skal tilkynna yfirvöldum ef leiðsöguskylt skip notar ekki leiðsögumann.

Ef ástæða þykir til er heimilt að krefjast trygginga vegna hugsanlegs tjóns er skipið kann að valda hér við land. Skal umboðsmaður skipsins hafa milligöngu um að leggja fram slíka tryggingu.

Tilkynning um komu.

6. gr.

Öll skip, er koma erlendis frá inn í íslenska landhelgi með landtöku í huga, skulu með minnst 24 klst. fyrirvara tilkynna komu sína til hafnaryfirvalda í fyrstu viðkomuhöfn. Erlend veiðiskip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands. Í tilkynningu skal koma fram nafn skips, heimahöfn, þjóðerni, eigandi skips og útgerðaraðili, sé hann ekki eigandi, skipstjóri og umboðsmaður útgerðar hér á landi. Þá skal koma fram hver farmur er og magn ef um hættuleg efni er að ræða. Einnig skal geta áætlaðs komutíma og hvort óskað er leiðsögumanns.

Áður en komið er í höfn skal með minnst 3 klst. fyrirvara hafa samband við viðkomandi hafnaryfirvöld.

Leiðsögu- og hafnsöguskylda.

7. gr.

Öll skip, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu ætíð nota hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita kunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Um borð í öllum skipum með erlendum skipstjórnarmönnum, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skal við siglingu á milli hafna vera leiðsögumaður.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um leiðsögu- og hafnsöguskyldu.

Undanþágur.

8. gr.

Undanskilin ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land sjúka menn eða slasaða.

Brot o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða missi leiðsögumannsréttinda og/eða skipstjórnarréttinda og sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

Samgönguráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

10. gr.

Leiðsögumenn, sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda réttindum sínum þann tíma sem skírteini þeirra kveða á um.

Hafnsögumenn, sem starfa við hafnsögu skipa við gildistöku laga þessara, skulu innan fimm ára afla sér löggildingar sem hafnsögumenn.

Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi lög um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933.

970. Nefndarálit [354. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um hana Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneytinu og Gunnar Snorra Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 6. apríl 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

971. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann dóms- og kirkjumálaráðherra, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytis, og Davíð Ósvaldsson frá Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar.

Umsagnir bárust frá biskupi Íslands, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, Fríkirkjunni í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Reykjavíkurborg, Samkeppnisstofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Á meðal nýmæla frumvarpsins má nefna að lagt er til að afmarka megi í vígðum kirkjugarði óvígða reiti og eru utanþjóðkirkjumenn þá sérstaklega hafðir í huga. Enn fremur verði heimilt að afmarka svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið og er þar komið til móts við óskir þeirra sem vilja hvíla í ómerktum gröfum. Kirkjugarðsstjórn mundi þó búa yfir öllum upplýsingum ef á þyrfti að halda, t.d. vegna opinberrar rannsóknar.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á 115. löggjafarþingi hafa verið gerðar á því breytingar sem miða að því að afmarka betur hvaða verkefnum kirkjugörðum er ætlað að kosta með kirkjugarðsgjöldum. Er frumvarpinu ætlað að jafna aðstöðu þeirra sem njóta þjónustu sem greidd er af kirkjugarðsgjöldum þannig að hún sé ekki misjöfn eftir landshlutum og eftir því hver sér um útförina. Nokkrum breytingum, sem nefndin leggur til, er ætlað að koma enn frekar til móts við athugasemdir þeirra sem óttast hafa um samkeppnisstöðu þeirra sem starfa við útfararþjónustu.

Nokkur túlkunaratriði voru rædd ítarlega í nefndinni og fékkst sá skilningur á hugtakinu „prestsþjónusta“ í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins að forstöðumönnum skráðra trúfélaga yrði greitt fyrir þjónustu vegna útfara með sama hætti og prestum þjóðkirkjunnar. Er það í samræmi við það meginsjónarmið sem gilda á um túlkun laganna að þeim skuli framfylgt af umburðarlyndi og víðsýni gagnvart trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Einnig var upplýst að þótt ekki megi setja girðingar um leiði eða gera grafhýsi í kirkjugarði útiloki það t.d. ekki að þró sé steypt í leiði. Það verði skv. 28. gr. háð mati kirkjugarðsstjórnar hversu langt megi ganga og ágreiningi um það skotið til skipulagsnefndar kirkjugarða.

Þá leggur nefndin til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að ekki þurfi einróma samþykki maka og niðja látins manns um að lík hans skuli brennt.
2. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að utanþjóðkirkjusöfnuðum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi sé heimilt að kjósa fulltrúa sinn í kirkjugarðsstjórn. Í frumvarpinu er miðað við 2.000 gjaldskylda meðlimi en borist hafa ábendingar um að sú tala sé of há. Samkvæmt ákvæðinu þarf utanþjóðkirkjusöfnuður að uppfylla ákvæðið um fjölda gjaldskyldra meðlima á því svæði sem hinn sameiginlegi kirkjugarður eða kirkjugarðar þjóna. Þá eru enn fremur tekin af tvímæli um að söfnuðum, sem uppfylla skilyrði greinarinnar, verði heimilt en ekki skylt að skipa fulltrúa í kirkjugarðsstjórn.
3. Lögð er til sú breyting á 11. gr. að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í skipulagsnefnd kirkjugarða en hlutverk hennar er að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum landsins eins og nánar er mælt fyrir um í frumvarpinu. Er þetta lagt til í ljósi þess að samkvæmt frumvarpinu hafa sveitarfélög með höndum margs konar verkefni. Þó er lögð áhersla á að ekki er með frumvarpinu verið að auka skyldur sveitarfélaga svo einhverju skipti.
4. Lagt er til að í kaflafyrirsögn IV. kafla sé getið um skyldur sveitarfélaga og rétt en ekki eingöngu skyldur. Er þetta lagt til vegna 15. gr. sem kveður á um heimild sveitarfélags til eignarnáms með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytis á hentugu landi undir kirkjugarð.
5. Lagt er til að 12. gr. verði breytt þannig að skylda sveitarfélags varðandi girðingu um kirkjugarð nái til þess að leggja til efni í girðinguna en það þurfi ekki að kosta uppsetningu hennar. Er ákvæðið þannig óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki er tæmandi talið um hvaða byggingarefni geti verið að ræða. Það kom skýrt fram í nefndinni að þrátt fyrir það væri ekki stefnt að því að auka á kvaðir sveitarfélaga vegna þessa heldur væri aðeins verið að hafa ákvæðið opið varðandi önnur byggingarefni en áður voru upp talin.
6. Lagt er til að 2. málsl. fyrri málsgreinar 13. gr. falli brott en þar er kveðið á um gerð og lýsingu vegar sem sveitarfélag á að leggja að kirkjugarði. Nefndin gengur út frá þessum atriðum sem vísum og er þeirrar skoðunar að óþarft sé að mæla fyrir um þau í lagatexta.

7. Lagðar eru til tvær breytingar á 21. gr. Annars vegar falli niður ákvæði um að dóms- og kirkjumálaráðuneyti leitir umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um umsóknir um leyfi til útfararþjónustu. Í stað þess setji ráðherra nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð. Hins vegar verði skýrt mælt fyrir um í síðari málsgrein að reki kirkjugarðsstjórnin útfararstarfsemi verði sú starfsemi og allir þættir tengdir henni algerlega aðskildir frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórna.
8. Lögð er til breyting á 26. gr. sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara.
9. Lagt er til að orðalag 27. gr. verði leiðrétt til að fyrirbyggja misskilning.
10. Lagt er til að 37. gr. verði breytt þannig að Ríkisendurskoðun fari yfir reikningshald kirkjugarða.
11. Lagðar eru til tvær breytingar á 38. gr. Annars vegar falli niður 3. málsl. 4. mgr. en hann þykir óþarfur. Hins vegar verði 5. mgr. leiðrétt í samræmi við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989.
12. Lagt er til að síðari málsliður 44. gr. falli brott en þar er kveðið á um kirkjuskoðunargjald sem prófasti ber fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits. Ákvæði þetta er úrelt en kirkjuskoðunargjald var síðast ákvarðað 20 álnir og hefur ekki verið innheimt um langt árabil.
13. Lagt er til að 45. gr. verði breytt en réttara mun vera að nefna utanþjóðkirkjusöfnuði sem skráða í ákvæðinu.
14. Lagt er til að orðalagi 49. gr. verði breytt og mælt fyrir um að sóknarprestur skuli að jafnaði vera viðstaddur upptöku líks. Gefur það svigrúm til þess að forstöðumaður trúfélags utan þjóðkirkjunnar verði viðstaddur athöfnina sé þess óskað. Sóknarprestur yrði heldur aldrei viðstaddur ef við því væri amast af ættingjum. Ákvæðið stefnir aðeins að því almennt að uppgröftur líka fari fram með ákveðnum virðuleik.
15. Lögð er til breyting á dagsetningu í 53. gr.
16. Loks er lögð til breyting á fyrirsögn frumvarpsins en orðinu „líka“ þykir þar ofaukið.

Alþingi, 6. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, með fyrirvara.	Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Björn Bjarnason.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Ey. Kon. Jónsson.	Pétur Bjarnason.	Sigbjörn Gunnarsson.

972. Breytingartillögur [375. mál]

við frv. til l. um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „utanþjóðkirkjusöfnuðir með a.m.k. 2.000 gjaldskylda meðlimi“ í 2. málsl. komi: utanþjóðkirkjusöfnuðum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi er heimilt að.

3. Við 11. gr. Í stað orðanna „og þjóðminjavörður“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar komi: þjóðminjavörður og fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
4. Á eftir orðinu „skyldur“ í fyrirsögn IV. kafla komi: og rétt.
5. Við 12. gr. Á undan orðinu „girðingu“ í fyrri málsgrein komi: efni í.
6. Við 13. gr. 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.
7. Við 21. gr.
   a. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.
   b. Á eftir orðinu „starfsemi“ í síðari málsgrein komi: og fjárhagur henni tengdur.
8. Við 26. gr. Eftirfarandi breytingar verði á fyrri málsgrein:
   a. 1. málsl. falli brott.
   b. Í stað orðanna „Með sama hætti“ í 2. málsl. komi: Kirkjugarðsstjórn.
9. Við 27. gr. Í stað orðanna „afhenda skrána borgarlækni (héraðslækni)“ í síðari málslið 2. mgr. komi: afhenda afrit skrárinnar héraðslækni.
10. Við 37. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun reikningshald kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert.
11. Við 38. gr.
    a. 3. málsl. 4. mgr. falli brott.
    b. 5. mgr. orðist svo:
       Gera má aðför fyrir kirkjugarðsgjöldum samkvæmt þessari grein.
12. Við 44. gr. Síðari málsliður falli brott.
13. Við 45. gr. Eftirfarandi breytingar verði á fyrri málsgrein:
    a. Á undan orðinu „utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í fyrri málslið komi: skráðum.
    b. Orðið „löggiltan“ í fyrri málslið falli brott.
14. Við 49. gr. Í stað orðsins „jafnan“ í 1. málsl. komi: að jafnaði.
15. Við 53. gr. Í stað orðanna „31. des. 1992“ komi: 31. des. 1993.
16. Orðið „líka“ í fyrirsögn frumvarpsins falli brott.

973. Svar [462. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jörgínu Jónsdóttur um atvinnuþátttöku kvenna á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru helstu verkefni sem studd voru með fjárveitingum árið 1992 af fjárlagaliðnum 07-981 Vinnumál 1.70 Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni?*
2. *Hvernig skiptast þessar fjárveitingar eftir kjördæmum?*
3. *Hvert er mat ráðuneytisins á gildi þessa verkefnis fyrir atvinnuuppbyggingu kvenna á landsbyggðinni?*

Tvisvar hefur verið úthlutað úr þessum sjóði, fyrst árið 1991 og síðan aftur 1992, 15 millj. kr. á hvoru ári. Við ráðstöfun fjárins hefur einkum verið tekið mið af þróunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á viðkomandi atvinnusvæði. Einnig hefur verið litið til þess að ráðning sérstakra ráðgjafa til að leiðbeina og

hvetja til atvinnuátaks kvenna er að mati kvennanna sjálfra talin vænleg til árangurs. Leitast hefur verið við að dreifa fjármagninu um allt land þannig að í hvern landshluta komi nokkuð svipuð upphæð. Einnig hefur verið horft til atvinnuástandsins á hverju svæði, þ.e. atvinnuleysis, einkum meðal kvenna.

Við úthlutun hafa eftirfarandi atriði jafnframt verið höfð til hliðsjónar:

— Verkefnin skulu vera vel skilgreind og fyrir skal liggja framkvæmda- og kostnaðaráætlun.
— Fjárveitingin komi sem flestum konum að notum.
— Ekki verði veittir beinir rekstrar- eða fjárfestingarstyrkir nema sérstakar ástæður mæli með því.
— Tekið verði mið af framlagi heimamanna, svo sem fjárframlögum, vinnu, húsnæði og tækjum.

Félagsmálaráðuneytið hefur notið ráðgjafar Byggðastofnunar við úthlutun fjárins og hóps kvenna sem atvinnuþróunarfélögin í hverju kjördæmi hafa tilnefnt í. Hefur reynslan af þessu fyrirkomulagi verið góð.

1. Alls voru veittir styrkir til 27 verkefna. Þar af voru 6 hlutfallslega háir styrkir, 1 millj. kr. eða meira, og 21 styrkur með lægri fjárhæðum en 1 millj. kr.

Stærsta upphæðin fór til Suðurnesja eða 2,5 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar á því svæði. Þar er nú um 12% atvinnuleysi meðal kvenna eins og kunnugt er. Hér er um að ræða þróunarverkefni í umsjón atvinnuráðgjafa svæðisins.

Til Vestfjarða var veitt 1,7 millj. kr. til áhugahóps um atvinnumál kvenna á Vestfjörðum. Þessi hópur var myndaður í kjölfar ráðstefnu um atvinnumál kvenna sem haldin var á Ísafirði haustið 1991 og var ráðstefnan styrkt úr þessum sama sjóði á því ári. Hugmyndir vestfirsku kvennanna eru að ráða ráðgjafa til að vinna að atvinnuuppbyggingu fyrir konur á svæðinu. Samvinna mun verða milli kvennahópsins og starfsmanna Byggðastofnunar á Ísafirði við þetta verkefni.

Til Norðurlands eystra runnu samtals 2,3 millj. kr. og er helsta verkefnið laun til ráðgjafa sem starfar á vegum Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar. Var veitt 1,3 millj. kr. til þessa. Hér er um að ræða framhaldsverkefni frá árinu 1991.

Þá var 1,1 millj. kr. varið til að ráða ráðgjafa í hlutastarf til að vinna með austfirskum konum að verkefni sem kallað er „Kvennaráðgjöf Atvinnuþróunarfélags Austurlands".

Þróunarverkefnið að Þingborg í Hraungerðishreppi í Árnessýslu fékk í annað sinn styrk úr sjóðnum að upphæð 1 millj. kr. til að vinna að nýjungum í ullarvinnslu (vinnuþjálfun, fræðslu og vöruþróun).

Til verkefnisins „Átak í smáiðnaði", sem hefur aðsetur í Borgarnesi, var varið 1 millj. kr.

Tæpum 6 millj. kr. var samtals varið til 21 verkefnis. Hér eru ekki tök á að telja þau öll upp og verða hér aðeins nefnd nokkur. Til Norðurlands vestra dreifast 1,5 millj. kr. til 7 smærri kvennaverkefna. Saumasmiðjan TEST fékk styrk til hönnunar og markaðsátaks og saumastofa á Hofsósi fékk einnig styrk til markaðsátaks. Þá fengu nokkrir kvennahópar, m.a. Bardúsa á Hvammstanga sem rekur verslun og verkstæði, styrki til hönnunar og markaðsátaks varðandi nytjalist og til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald.

Þá var ferðaþjónustuverkefni á Stokkseyri og Eyrarbakka veittur styrkur og er reiknað með að hópur kvenna fái þar atvinnu ef vel tekst til. Til Víkur í Mýrdal var veitt 440 þús. kr. til að þróa matvælaframleiðslu.

KK-matvæli á Reyðarfirði fengu 350 þús. kr. til að standa að nýjungum í matvælaiðnaði og til markaðsátaks.

Kvennahópur í Þingeyjarsýslu hefur staðið fyrir útimarkaði á Fosshóli undanfarin sumur og fengu þær styrk að upphæð 350 þús. kr.

Veittir voru styrkir til nokkurra verkefna sem nýtast konum um allt land, svo sem til að taka saman upplýsingar um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og til útgáfu fréttabréfs. Þá var einnig veittur styrkur til að taka saman og gefa út upplýsingabækling um konur í atvinnurekstri á Íslandi.

2. Leitast hefur verið við að dreifa fjármagninu um allt land. Einnig hefur verið horft til atvinnuástandsins á hverju svæði, einkum með tilliti til atvinnuleysis meðal kvenna.

Suðurnes	2.500.000 kr.
Vesturland	1.650.000 kr.
Vestfirðir	1.800.000 kr.
Norðurland vestra	1.480.000 kr.
Norðurland eystra	2.350.000 kr.
Austurland	1.975.000 kr.
Suðurland	2.250.000 kr.
Óstaðsett	800.000 kr.

3. Markvisst mat hefur ekki farið fram á því hvernig styrkirnir hafa nýst konum á landsbyggðinni þegar til framtíðar er litið. Enn sem komið er er erfitt að meta árangur, enda of stuttur tími liðinn frá því fyrst var úthlutað. Varanlegur árangur gæti farið að koma í ljós á þessu ári en þegar styrkur er veittur er ævinlega farið fram á ítarlega skriflega greinargerð frá styrkþegum sem þeim ber að senda ráðuneytinu ári síðar.

Hins vegar má leiða að því líkum að þessir styrkir hafi talsvert gildi fyrir atvinnuuppbyggingu kvenna á landsbyggðinni. Ef litið er til styrkjanna frá árinu 1991 má t.d. benda á að ráðning kvennaráðgjafa fyrir Eyjafjarðarsvæðið hafi skilað árangri. Mat kvenna á því svæði er að ráðgjöfin hafi nýst þeim afar vel. Á sama ári var framleiðsla á flíkum úr hreindýraskinni styrkt á Austfjörðum og hefur það þróunarverkefni borið góðan árangur.

Styrkir til námskeiðahalds hafa að öllum líkindum komið mörgum konum til góða og ýmsar kvennasmiðjur hafa getað haldið áfram starfsemi sinni vegna fjárstuðnings úr þessum sjóði. Ber þar líklega hæst starfsemi Þingborgar í Árnessýslu þar sem mjög faglega er að verki staðið.

Í framhaldi af ráðstefnum um atvinnumál kvenna, bæði á Akureyri (1992) og á Ísafirði (1991), sem styrktar hafa verið úr sjóðnum, hefur verið hrint af stað sérstöku átaki í atvinnumálum bæði á þessum svæðum og á landsvísu.

Ljóst er að þessar styrkveitingar hafa haft hvetjandi og styrkjandi áhrif á konur á landsbyggðinni og aukið þeim þor og sjálfstraust til að takast á við ný verkefni.

974. Svar [509. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur um störf og starfsemi í opinberri þjónustu á landsbyggðinni.

1. *Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var af ríkisstjórninni til að kanna flutning á starfsemi ríkisstofnana út á land?*

Nefnd um flutning opinberra stofnana var skipuð af forsætisráðherra hinn 9. júní sl. Hana skipa Gunnlaugur Stefánsson alþingismaður, Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs, Kristín Ástgeirsdóttir alþingismaður, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrv. alþingismaður, sem er formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar er að gera tillögu um flutning einstakra stofnana ríkisins frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar eftir því sem hagkvæmt og æskilegt er talið. Þá er nefndinni ætlað að benda á aðra kosti sem vænlegir geta talist við að færa opinbera starfsemi og atvinnutækifæri til landsbyggðarinnar.

Starf nefndarinnar hefur verið allumfangsmikið og haldnir hafa verið margir fundir. Forstöðumenn þeirra stofnana, sem helst hafa þótt koma til álita, hafa komið á fund nefndarinnar og til viðtals þar sem þeir hafa m.a. gefið ítarlegar lýsingar á verkefnum og starfsemi stofnana sinna og lagt fram gögn og greinargerðir sem unnið hefur verið úr. Nefndarmenn hafa einnig sótt heim þær stofnanir sem um er að ræða. Þá hefur nefndin í starfi sínu leitað fanga sem víðast eftir því sem ástæða hefur þótt til, svo sem upplýsinga erlendis frá þar sem reynsla er af flutningi ríkisstofnana frá höfuðborg.

Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum og skili nefndaráliti með tillögum sínum með vorinu.

2. *Hefur störfum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni fjölgað sl. tvö ár?*

Sem svar við 2. lið fyrirspurnarinnar, um hvort störfum í opinberri þjónustu hafi fjölgað á landsbyggðinni sl. tvö ár, er hér birt tafla frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem sýnir hlutfallslega skiptingu launagreiðslna, eftir kjördæmum og landshlutum, allra þeirra sem fá afgreidd laun hjá fjármálaráðuneyti.

Hlutfallsleg skipting launagreiðslna eftir kjördæmum og landshlutum 1990–1992.

	1990	1991	1992
Reykjavík	49,0	49,9	50,1
Reykjanes	24,5	24,7	24,7
Vesturland	4,0	3,8	3,8
Vestfirðir	2,4	2,2	2,3
Norðurland vestra	2,8	2,7	2,7
Norðurland eystra	7,2	7,0	7,0
Austfirðir	3,7	3,7	3,6
Suðurland	5,6	5,3	5,3
Höfuðborgarsvæðið	**70,4**	**71,5**	**71,9**
Landsbyggðin	**28,9**	**27,8**	**27,5**
Óstaðsett	0,8	0,7	0,6
Samtals	100,0	100,0	100,0

Samkvæmt þessum tölum hafa launagreiðslur til starfsmanna á landsbyggðinni lækkað um 1,5% frá árinu 1990–1992. Hér er ekki um að ræða öll laun vegna opinberrar starfsemi, en þessar tölur gefa vísbendingu um það að hlutfall starfa hafi lækkað lítils háttar undanfarin ár á landsbyggðinni. Hlutdeild landsbyggðarinnar í íbúatölu landsins var 42,9% árið 1990 en 42,1% árið 1992.

3. *Hvernig dreifast störf í opinberri þjónustu hlutfallslega niður á landið í heild eftir kjördæmum og hve stórt hlutfall eru þau af störfum í hverju kjördæmi?*

Sem svar við 3. lið fyrirspurnarinnar, um dreifingu opinberra starfa eftir kjördæmum, er birt tafla sem sýnir skiptingu starfsemi hins opinbera sem hlutfall af ársverkum í hverju kjördæmi og sem hlutfall af ársverkum hins opinbera á landinu öllu. Hlutfallsleg skipting fólksfjölda er einnig sýnd. Notuð er skilgreining Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar á starfsemi hins opinbera. Í þeirri flokkun telst starfsemi Pósts og síma ekki með. Ársverk miðast við heimilisfesti launþega. Staðsetning starfseminnar og starfsfólks þarf ekki að vera í sama kjördæmi, sérstaklega á þetta við um Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi (utan Suðurnesja).

Skipting opinberrar starfsemi eftir kjördæmum árið 1990.

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Samtals
Atvinnuvegir alls	37.236	25.642	6.336	4.518	4.370	10.653	5.337	9.030	103.121
Opinber starfsemi alls	10.253	5.507	1.136	677	924	2.056	959	1.427	22.939
Ársverk alls	47.489	31.148	7.472	5.195	5.294	12.709	6.296	10.457	126.060
Íbúatala 1. desember 1992	100.865	66.433	14.462	9.681	10.353	26.678	13.060	20.670	262.202
Hlutfall opinberrar starfsemi af ársverkum (%)	21,6	17,7	15,2	13,0	17,5	16,2	15,2	13,6	18,2
Hlutfall í opinberri starfsemi í landinu (%)	44,7	24,0	5,0	2,9	4,0	9,0	4,2	6,2	100,0
Hlutdeild í íbúatölu (%)	38,5	25,3	5,5	3,7	3,9	10,2	5,0	7,9	100,0



975. Svar [478. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um einkavæðingu og tekjumarkmið fjárlaga.

1. *Hver hefur árangur einkavæðingar verið til þessa?*

Á síðasta ári námu tekjur af sölu ríkiseigna, þar með talið fasteigna, alls tæpum 900 millj. kr. Hreinar tekjur af sölu fyrirtækja og eignarhluta í félögum voru rúmar 300 millj. kr. Lokið var við sölu á Ferðaskrifstofu Íslands, Prentsmiðjan Gutenberg var seld, framleiðsludeild Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins var seld, hlutur ríkisins í Þróunarfélagi Íslands var seldur lífeyrissjóðum sem mun leiða til öflugri þátttöku þeirra í áhættufjármögnun nýrra fyrirtækja og loks var hafin sala á hlutabréfum í Jarðborunum til almennings. Söluandvirði Skipaútgerðar ríkisins og Menningarsjóðs var ráðstafað til greiðslu á skuldum þeirra og er því ekki talið með hér að framan. Ekki voru heimildir til sölu fleiri fyrirtækja á árinu 1992.

Enginn vafi leikur á að hægt hefði verið að selja fleiri fyrirtæki og eignir ef heimildir hefðu verið til þess. Þá er sýnt að sala ríkisins á eignum og fyrirtækjum hefur ekki haft þau neikvæðu áhrif á íslenskan hlutabréfamarkað sem sumir spáðu og jafnvel vonuðust til. Margt bendir til þess að einkavæðingin hafi örvað viðskipti á hlutabréfamarkaði. Þau fyrirtæki, sem seld voru á árinu, voru keypt af aðilum sem tæplega hefðu farið inn á hlutabréfamarkaðinn nema einmitt vegna þess að framangreind fyrirtæki voru föl.

Auk sölu á fyrirtækjum og eignarhlutum hafa einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar og einstök ráðuneyti unnið að undirbúningi þess að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög sem gert er ráð fyrir að verði seld og er verið að kanna ýmsa möguleika í þeim efnum.

Unnið hefur verið að því að bjóða út ýmsa framkvæmdar- og rekstrarþætti. Má nefna útboð ræstinga í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og útboð rekstrar ferju á Eyjafirði. Er þetta raunar í samræmi við þá stefnu sem um nokkurn tíma hefur verið fylgt í stofnunum er heyra undir samgönguráðuneytið, t.d. í vegamálum og flugvallagerð. Mörg verkefni eru í undirbúningi. Sérstök hagræðingarnefnd á vegum ríkisstjórnarinnar vinnur að því að auka útboð í tengslum við rekstur og innkaup.

Vel hefur tekist til með sölu fyrirtækjanna sem seld hafa verið. Við undirbúning hefur verið leitað til verðbréfafyrirtækja um úttekt, verðmat og framkvæmd sölunnar. Með þessu hefur verið leitast við að tryggja fagleg vinnubrögð og að jafnræðis sé gætt meðal væntanlegra kaupenda. Mikilvægt er að ríkið standi þannig að málum þegar eignir almennings eru seldar. Gengið hefur verið eftir því að kaupverð sé greitt að fullu þegar sala fer fram enda er það ekki hlutverk ríkisins að lána kaupendum kaupverðið, lánaviðskipti eru hlutverk annarra.

2. *Hvernig hyggst ríkisstjórnin ná fram tekjumarkmiðum fjárlaga 1993 með sölu ríkisfyrirtækja með hliðsjón af því að breytingum á ríkisbönkunum og sölu hluta hefur verið slegið á frest?*

Ríkisstjórnin hefur vegna sérstakra aðstæðna í efnahagslífinu ákveðið að bíða með einkavæðingu ríkisbankanna tveggja. Undirbúningi að breytingu þessara stofnana í hlutafélög verður haldið áfram og stefnt að einkavæðingu þegar aðstæður leyfa. Þetta hefur í för með sér nokkra röskun og óvissu um hvort sett tekjumarkmið geti náðst, enda var ráð fyrir því gert við gerð fjárlaga að sala hlutabréfa í Búnaðarbankanum mundi skila fast að

helmingi áætlaðra tekna af sölu ríkisfyrirtækja. Sala hlutabréfa í Búnaðarbankanum ætti að geta gengið fljótt fyrir sig og skilað góðum tekjum, enda eru flestir sammála um að Búnaðarbankinn sé vel rekið fyrirtæki.

Það er ekki óeðlilegt að litið sé til sölu fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins. Fyrir því eru ekki aðeins pólitísk og hagfræðileg rök sem lúta að því að sala annars af ríkisbönkunum tveimur dragi úr ríkisafskiptum og auki enn á aðhald í rekstri heldur einnig efnahagsleg rök því á tímum þrenginga getur verið skynsamlegt að selja eignir í stað þess að auka lántökur og skuldsetningu. Hins vegar verður tímasetningin að vera rétt og sérstaklega verður að vanda til alls undirbúnings. Horft hefur verið til erfiðleika bankastofnana í löndunum í kringum okkur og standa verður þannig að málum að hugsanleg sala valdi ekki óvissu um þessar mikilvægu stofnanir.

Alþingi hefur nú til meðferðar frumvörp sem fela í sér að heimilt verður að selja Lyfjaverslun ríkisins, Íslenska endurtryggingu og Þvottahús Ríkisspítalanna. Verði þau að lögum má vænta þess að tekjur af sölu ríkisfyrirtækja geti numið 700–800 millj. kr. á þessu ári, en þegar hafa verið samþykkt lög um breytingu Síldarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélög. Sala á hlutabréfum ríkisins í Jarðborunum mun halda áfram. Þá má geta þess að áformað er að bjóða út verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Loks er fyrirhugað að afnema ríkiseinkasölu á tóbaki.

976. Svar [459. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um framhaldsnám í listgreinum.

1. *Hve margir stunda nú nám erlendis sem skilgreint er sem framhaldsnám í listgreinum (eftir greinum)?*

Samkvæmt upplýsingum sjóðsins stunduðu 92 Íslendingar nám erlendis í ýmsum tónlistargreinum, 8 stunduðu dansnám, 69 stunduðu nám í ýmsum myndlistargreinum og 47 í ljósmyndun. Í ýmsum greinum kvikmyndalistar stunduðu 55 nám, í leiklistargreinum 42 og handritsgerð 3. Þessar upplýsingar miðast við tölu umsókna hjá sjóðnum fyrir námsárið 1992–93.

2. *Hverjir leggja mat á, og hvernig, hvort um er að ræða nám erlendis sem alls ekki verður stundað á Íslandi?*

Í samræmi við ákvæði laga leggur stjórn sjóðsins mat á hvort um er að ræða nám erlendis sem alls ekki verður stundað á Íslandi. Þegar stjórnin metur slíkt nám hefur hún til hliðsjónar upplýsingar um viðkomandi nám og upplýsingar um það nám sem í boði er hér á landi. Einnig er oft leitað til utanaðkomandi aðila bæði hér á landi og erlendis í þessu sambandi.

3. *Hve margir sóttu um lán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna til náms í listgreinum erlendis haustið 1992 en fengu ekki úthlutun og á hvaða forsendum var þeim hafnað? Hvernig skiptast þeir á greinar?*

Fjórum námsmönnum hefur verið synjað um lán á haustönn 1992 til tónlistarnáms, einum vegna dansnáms, einum vegna myndlistarnáms, einum vegna náms í ljósmyndun

og þremur vegna náms í leiklist. Í einhverjum tilfellum hafa þessir námsmenn fengið lán til náms við aðrar stofnanir en þeir sóttust eftir upphaflega.

4. *Eru einhver úrræði fyrir hendi og þá hver fyrir þá sem ekki komast að hjá þeim sérskólum hér á landi þar sem fjöldatakmörkunum er beitt en óska eftir sem áður að stunda nám í viðkomandi greinum?*

Listnám á háskólastigi er lánshæft bæði hér á landi og í útlöndum samkvæmt reglum sjóðsins. Námsmaður, sem synjað hefur verið um inngöngu í listaskóla hér vegna fjöldatakmarkana, getur því átt kost á að fá aðstoð til þess að stunda þetta nám á háskólastigi erlendis. Öðru máli gegnir um sérnám sem ekki er kennt á háskólastigi. Um skeið hefur reglan verið sú að veita ekki lán til sérnáms í listum erlendis þótt menn hafi ekki komist í það nám hér á landi vegna fjöldatakmarkana.

977. Svar [460. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um fjölda og samsetningu lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem stunda nám í listgreinum erlendis.

1. *Hversu margir fengu lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna til náms í listgreinum erlendis og í hvaða greinum:*
   a. *1991–92,*
   b. *1992–93?*

Fjöldi og samsetning lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem stunda nám í listgreinum erlendis.

Listgreinar	1991/92	1992/93
Dans	11	8
Handritsgerð	2	3
Kvikmyndagreinar	65	55
Leiklistargreinar	42	42
Ljósmyndun	37	47
Myndlistargreinar	92	73
Tónlistargreinar	119	95
Samtals	**368**	**323**

2. *Hve margir þeirra hófu nám og í hvaða greinum:*
   a. 1991–92,
   b. 1992–93?

Fjöldi þeirra sem hófu nám í listgreinum erlendis.

Listgreinar	1991/92	1992/93
Dans	6	2
Handritsgerð	1	2
Kvikmyndagreinar	23	23
Leiklistargreinar	20	12
Ljósmyndun	15	24
Myndlistargreinar	30	31
Tónlistargreinar	51	47
Samtals	**146**	**141**

978. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, frá Umferðarráði Þórhall Ólafsson formann, Óla H. Þórðarson framkvæmdastjóra og Guðmund Þorsteinsson, Ólaf Ólafsson landlækni og Brynjólf Mogensen og Kristin R. G. Guðmundsson, yfirlækna á Borgarspítalanum. Umsagnir bárust frá Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Bifreiðaskoðun Íslands, Ökukennarafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga, Náttúruverndarráði, lögreglustjóranum í Reykjavík, Umferðarráði, Slysavarnaráði Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Sýslumannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Vinnueftirliti ríkisins og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Frumvarp þetta miðar að því að endurskoða nokkur ákvæði umferðarlaganna og gera þau jafnframt skýrari og einfaldari í framkvæmd. Enn fremur hefur frumvarpið að geyma nýmæli, svo sem ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglur um æfingaakstur á bifreið án löggilts ökukennara en undir leiðsögn sérstaks leiðbeinanda, að tími til æfingaaksturs verði lengdur úr þremur mánuðum í sex og kveðið verði á um skyldunotkun hlífðarhjálms við akstur torfærutækis. Auk þessara nýmæla leggur nefndin m.a. til að við frumvarpið bætist ákvæði um bann við framúrakstri á vegamótum og um heimild til ráðherra að setja reglur um torfæruakstur utan vega. Þá leggur nefndin til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Lagt er til að ný grein komi á eftir 4. gr. sem kveði á um breytingu á 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, um bann við framúrakstri við gatnamót. Í a–d-lið ákvæðisins eru taldar upp undantekningar frá banninu. Fram hefur komið að þær hafa verið túlkaðar sem sjálfstæð heimild til framúraksturs en ekki undantekningar frá almennu banni við framúrakstri eins og réttara þykir. Til þess að eyða óvissu um

túlkun ákvæðisins og í ljósi markmiðs þess að tryggja greiða umferð án þess að stefna umferðaröryggi í hættu leggur nefndin til að orðalagi þess verði breytt.

2. Lögð er til breyting á 6. gr. til að taka af tvímæli um að þokuljós megi nota ásamt ökuljósum með lágum ljósgeisla.
3. Lagt er til að ný grein komi á eftir 7. gr. sem heimili ráðherra að setja reglur um torfæruakstur utan vega. Talsvert mun hafa borið á því að unglingar, sem ekki hafa almennt bifhjólapróf, aki t.d. torfæruhjólum utan vega en ekki hefur verið hægt að beina þessum akstri inn á æfingasvæði eða inn í keppni sökum kröfu um ökuréttindi.
4. Lögð er til breyting á 10. gr. en viðmiðun sú, sem nota á í sambandi við bifhjól í d-lið ákvæðisins, þykir betur komin í reglugerð.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að í fyrsta lagi verði b-liður að c-lið og öfugt. Í öðru lagi er lagt til að aldur leiðbeinanda við æfingaakstur verði 24 ár í stað 21 árs og í þriðja lagi skal hann hafa a.m.k. fimm ára reynslu af að aka viðkomandi ökutæki í stað þriggja ára.
6. Lögð er til leiðrétting á tilvísun í 13. gr.
7. Lagt er til að ný grein komi á eftir 19. gr. frumvarpsins sem kveði á um heimild ráðherra til að setja reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Landlæknir, yfirlæknir slysavarðstofunnar í Reykjavík og heilaskurðlæknir komu á fund nefndarinnar. Var erindi þeirra að mæla með því við nefndina að hún flytti breytingartillögu við frumvarpið um skyldu barna til að nota hlífðarhjálma á reiðhjólum. Af þessu tilefni fékk nefndin starfsmenn Umferðarráðs til fundar við sig. Þeir kynntu nefndarmönnum kynningarstarf ráðsins um þetta efni en töldu ekki tímabært að lögfesta skyldu til að nota hlífðarhjálma á reiðhjólum. Lagasetningin hefði ekki gildi fyrr en notkun hlífðarhjálma hefði náð ákveðnu marki (20–25%). Skiptar skoðanir komu fram í nefndinni um málið, hvort rétt væri að lögfesta notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar, við hvaða aldur ætti að miða notkunina og um gerð hjálmanna. Niðurstaða meiri hluta nefndarmanna varð sú að leggja til að ráðherra hefði heimild til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma á reiðhjólum. Er litið svo á að með þessu sé ekki lögfest heimild til þess að skylda hjólreiðamenn til að nota hlífðarhjálma. Slíkri skyldu ber hins vegar að veita lagavernd. Með þessari niðurstöðu meiri hluta nefndarmanna er komið er til móts við sjónarmið þeirra sem vilja lögfesta notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar en beðið með frekari ákvarðanir löggjafans í þessu efni.
8. Lagðar eru til breytingar á 28. gr. sem miða aðallega að því að lagfæra orðalag 112. gr. umferðarlaga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ingi Björn Albertsson stendur að breytingartillögum nefndarinnar en styður ekki 7. lið breytingartillagnanna (um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar).

Alþingi, 15. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Auður Sveinsdóttir.
Björn Bjarnason.	Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
Pétur Bjarnason.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jón Helgason.

979. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:
   Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og
   a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
   b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
   c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
   d. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.
2. Við 6. gr. Í stað orðsins „lágs“ í fyrri málslið efnismgr. c-liðar komi: eða ásamt lágum.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   34. gr. laganna breytist þannig:
   a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskírteini og um lágmarksaldur ökumanns.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Akstursíþróttir og aksturskeppni.**
4. Við 10. gr. D-liður 1. efnismgr. orðist svo: tilteknum bifhjólum.
5. Við 11. gr.
   a. B-liður orðist svo: Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Má þar ákveða að sá æfingaakstur fari fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemanda.
   b. C-liður orðist svo: Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Ákvæði 1.–5. mgr. eiga við um akstur þennan eftir því sem við á.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „1. mgr.“ í a-lið komi: 2. málsl. 1. mgr.
7. Á eftir 19. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein, 72. gr. a, er orðast svo:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar.
8. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, breytist þannig:
   a. Í stað orðanna „sviði, og“ í i-lið 1. mgr. kemur: sviði.
   b. Á eftir orðinu „ökupróf“ í k-lið 1. mgr. kemur: og.
   c. Á eftir k-lið 1. mgr. kemur nýr liður, l-liður, og orðast svo: að annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.
   d. Í stað orðsins „árlega“ í 3. mgr. kemur: a.m.k. annað hvert ár.

980. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og bárust henni umsagnir frá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Sýslumannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Þessir aðilar eru meðmæltir samþykkt frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði refsiákvæði um viðtöku, geymslu og flutning ávinnings af fíkniefnabrotum en telja verður að almennt sé ekki unnt samkvæmt gildandi lögum að refsa fyrir viðtöku ágóða af fíkniefnasölu og gildir það sama um flutning, geymslu og aðra sambærilega aðstoð sem kemur til eftir að frumbrotið er framið. Markmið 1. gr. frumvarpsins er annars vegar að ná til þeirra sem standa að fíkniefnaviðskiptum án þess að eiga beina aðild að innflutningi eða dreifingu fíkniefnanna. Hins vegar verði fíkniefnaviðskipti takmörkuð með því að refsivert verði að aðstoða við undanskot ávinnings af fíkniefnaviðskiptum.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, 339. mál, og er þar lagt til að við lögin bætist sams konar ákvæði og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Refsiákvæðinu er ætlað að hamla gegn fíkniefnaviðskiptum og enn fremur takmarka möguleika milliliða til að tryggja sér ávinnig af fíkniefnaviðskiptum. Er nefndin þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að lögfesta ákvæði af þessu tagi og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 16. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Auður Sveinsdóttir.	Björn Bjarnason.	Ey. Kon. Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.	Pétur Bjarnason.

981. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 338. máli, og vísast til álits nefndarinnar um það mál.

Alþingi, 16. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Auður Sveinsdóttir.	Björn Bjarnason.	Ey. Kon. Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.	Pétur Bjarnason.

982. Svar [322. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um skiptingu heildarútlána Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

1. *Hvernig skiptast heildarlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins á milli búgreina?*
2. *Hvernig skiptast útlán Stofnlánadeildar síðustu þrjú ár á milli búgreina?*

Samkvæmt upplýsingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafa lán ekki verið flokkuð eingöngu eftir búgreinum, enda ekki gerlegt þar sem erfitt getur verið að skilja á milli búgreina svo sem í sambandi við tækjakaup, hlöðubyggingar o.fl. Vegna þessa er ekki unnt að svara spurningunni sundurliðaðri á þann hátt sem óskað er. Í töflu 1 eru sundurliðuð útlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins 31. desember 1992 eftir lánaflokkum, en í töflu 2 eru upplýsingar um lánveitingar deildarinnar með fyrirliggjandi skiptingu árin 1989–1992.

3. *Hvernig skiptast greiðslur á neytenda- og jöfnunargjaldi síðustu þrjú ár á milli búgreina?*

Samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins skiptast þessar greiðslur á milli búgreina eins og sjá má í töflu 3 en dráttarvöxtum er ekki skipt á búgreinar.

Tafla 1

Eftirstöðvar heildarútlána Stofnlánadeildar landbúnaðarins 31.12.1992.		
Jarðakaup	2.077	1.422.367.344,70
Fjós og mjaltakerfi	1.645	906.210.723,50
Fjárhús	938	312.117.916,99
Svínahús	86	117.187.784,03
Hesthús	65	86.753.702,53
Hænsnahús	89	67.913.691,30
Hlöður	1.337	620.382.415,71
Geymslur	400	253.630.522,55
Hita- og vatnsveitur	377	143.043.860,35
Dráttarvélar og aðrar vélar	998	255.590.711,62
Gróðurhús	327	388.578.922,49
Æðarrækt	8	4.340.908,39
Leitarm.hús/fjárréttir	30	15.053.085,46
Veiðihús og -staðir	26	32.686.516,55
Loðdýrarækt	1.016	1.202.549.154,56
Fóðurstöðvar	60	123.617.355,44
Afurðastöðvar	311	899.587.387,61
Ferðaþjónusta	21	38.009.639,26
Skógrækt	1	226.909,60
Ræktun	110	27.016,72
Verkstæði	14	7.913.333,94
Flekamót	1	803.219,81
Íbúðarhús	1.534	69.947.070,54
Bústofn	640	251.242.899,57
Önnur atvinnustarfsemi	2	3.006.180,09
Óflokkað	991	316.955,64
Skuldbreyting	40	22.886.265,18
Lífeyrissjóður	2.156	672.684.983,54
Hagræðingarlán	17	12.426.898,85
Lausaskuldir	2.252	863.410.634,86
Vextir	94	99.703.645,29
Eftirstöðvar alls:	17.663	8.894.217.656,67

Tafla 2

Lánveitingar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins 1989-1992

	1989		1990		1991		1992	
	Fj.	Krónur	Fj.	Krónur	Fj.	Krónur	Fj.	Krónur
Jarðakaup	80	79.255.000	77	95.763.000	95	157.245.864	127	308.888.000
Fjós og mjaltak.	54	53.630.300	53	61.037.700	76	97.060.000	68	80.734.000
Fjárhús	9	6.024.200	14	15.870.300	19	25.010.800	13	15.353.000
Svínahús	8	14.069.000	4	6.922.000	4	11.341.000	11	25.756.000
Hesthús	7	6.599.400	10	14.291.000	14	26.224.000	15	21.072.000
Hænsnahús	1	2.232.000	0	0	2	3.196.000	6	12.790.000
Hlöður	22	23.227.000	23	31.025.800	23	31.312.000	13	15.484.000
Geymslur	13	10.448.000	16	15.997.500	19	39.675.000	23	37.323.000
Hitaveitur	61	28.455.400	65	37.134.000	28	19.575.000	28	19.430.500
Vinnuvélar	97	29.518.500	102	43.266.700	126	63.587.000	128	68.402.000
Gróðurhús	32	47.677.000	22	33.092.500	51	79.569.200	26	45.905.800
Æðarrækt	1	600.000	2	2.731.000	1	357.000	0	0
Leitarm.h./fjárr.	0	0	1	535.000	1	400.000	3	6.031.000
Veiðihús	0	0	0	0	3	5.571.000	3	5.012.000
Loðdýrarækt	57	48.239.500	6	5.069.600	0	0	0	0
Fóðurstöðvar	1	7.000.000	0	0	1	266.000	0	0
Afurðastöðvar	3	9.469.000	4	16.678.000	5	67.388.000	3	29.837.000
Ferðaþjónusta	0	0	0	0	2	4.000.000	19	34.057.000
Skógrækt							1	226.000
Flekamót							1	800.000
Önnur atvinnust.							2	3.000.000
Skuldbreyting							36	20.455.000
Til vanskilakostn.	8	13.430.000	0	0	6	16.239.447	0	0
	454	379.874.300	399	379.414.100	476	648.017.311	526	750.556.300
v/rétt. o.fl.	68	24.389.000	113	56.960.000	170	123.479.000	198	154.279.000
Bústofnskaupa	47	30.391.000	38	30.423.550	46	39.099.200	40	36.178.000
Samtals	115	54.780.000	151	87.383.550	216	162.578.200	764	190.457.000
Heildarlán	569	434.654.300	550	466.797.650	692	810.595.511	1290	941.013.300

Tafla 3

Skipting neytenda- og jöfnunargjalds 89-92			
	Tekjur 89/90	Tekjur 90/91	Tekjur 91/92
Mjólkurafurðir	150.069.243	155.662.834	161.994.541
Sauðfjárafurðir	101.752.011	89.748.617	119.439.444
Nautgripakjöt	23.124.177	24.420.684	26.287.754
Hrossafurðir	2.361.587	2.243.457	2.650.210
Kartöflur	6.122.104	2.045.458	4.494.218
Grænmeti	11.038.711	15.295.665	18.087.402
Ull	0	0	5.438.792
Grávara	16.248	0	0
Æðardúnn	571	26.663	0
Egg	13.424.874	8.647.345	11.474.711
Alifuglakjöt	9.475.357	6.490.124	11.224.377
Svínaafurðir	18.061.832	19.050.413	19.916.047
Skógarvörur	218.402	0	0
Lax og silungur	37.194	0	0
Dráttaevextir	3.420.712	2.792.368	4.482.397
Samtals tekjur	339.123.023	326.423.628	385.489.893

983. Frumvarp til laga [578. mál]

um verndun nytjavatns.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til nytjavatns hvort sem það telst vera yfirborðsvatn eða grunnvatn, svo og til nytjavatnssvæða.

Markmið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd nytjavatns þannig að almenningur hafi aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar, þar með töldu húsdýrahaldi, eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Við framkvæmd laga þessara skal taka eðlilegt tillit til annarrar nýtingar á vatni, náttúruverndarsjónarmiða og verndunar menningarverðmæta.

Skilgreiningar.

3. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim merkir:

Aðrennslissvæði vatnsbóla: Svæði það sem vatn rennur af til vatnsbóla.

Grunnvatn: Rennandi vatn neðan jarðar í samfelldu lagi sem fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í jörðinni með rennslisstefnu nærri láréttu.

Grunnvatnsstraumur: Grunnvatn á samfelldu svæði með ákveðna rennslisstefnu og ákveðið rennsli hverju sinni.

Neysluvatn: Vatn sem er notað til drykkjar, við matvælavinnslu, við matargerð og önnur not sem tengjast beint neyslu fólks og heilsu og ákveðnar gæðakröfur eru gerðar til.

Nytjavatn: Undir nytjavatn fellur vatn til drykkjar, til almenns heimilishalds, til búsþarfa, til matvælaiðnaðar og annarrar iðju og nota. Gerðar eru mismunandi kröfur til gæða nytjavatns eftir því til hvaða nota það er ætlað. Nytjavatn skiptist í neysluvatn og verkavatn. Um gæði nytjavatns gilda ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og reglur settar samkvæmt þeim.

Nytjavatnssvæði: Landsvæði þar sem taka má nytjavatn með hagkvæmu móti og aðrennslissvæði vatnsbóla á því.

Straumvötn: Sýnilega rennandi vötn á yfirborði sem eru yfirleitt í afmörkuðum farvegi.

Stöðuvötn: Vötn á yfirborði þar sem rennsli er ekki sýnilegt berum augum og þekja samfelld svæði.

Vatnafar: Vatn á tilteknu svæði, staðsetning þess, magn, rennsli, gæði, ástand, tímaháðar breytingar og vatnshagur frá úrkomu til rennslis út af svæðinu.

Vatnajarðfræði: Jarðfræðilegir þættir sem hafa áhrif á grunnvatn, rennsli þess, ástand og eðli, eða fræðigreinin um þá.

Vatnaskil: Mörk vatnasviða. Vatn rennur ekki yfir vatnaskil af náttúrulegum orsökum.

Vatnasvið: Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.

Vatnsból: Náttúruleg uppspretta eða mannvirki þar sem vatn er tekið.

Vatnsgæði: Ástand vatns hvað varðar hreinleika, grugg, vatnshita, sýrustig, efnainnihald, örveruinnihald eða aðra eiginleika sem áhrif hafa á gæði þess til notkunar.

Vatnsgæfni: Eiginleiki jarðlaga eða landsvæða til að gefa af sér hlutfallslega mikið vatn, annaðhvort með náttúrulegu móti eða við vatnstöku.

Vatnsspjöll: Skerðing á magni eða gæðum vatns af náttúrulegum ástæðum eða af manna völdum.

Vatnstökusvæði: Svæði þar sem vatnsból er til staðar og næsta umhverfi vatnsbóla þar sem vatnstaka á sér stað.

Vatnsveita: Mannvirki til að veita vatni frá vatnsbóli til notenda.

Vatnsverndarsvæði: Nytjavatnssvæði þar sem vatnsvernd hefur verið komið á.

Vatnsverndun: Ákvörðun um varðveislu vatnsgæða og viðhald þeirra, svo og aðgerðir sem hindra spillingu vatns.

Verkavatn: Nytjavatn sem ekki er neysluvatn og þarf ekki að vera neysluhæft.

Yfirborðsvatn: Vatn á yfirborði jarðar. Skiptist í straumvötn og stöðuvötn.

II. KAFLI
Stjórn nytjavatnsverndar.

4. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn vatnsverndarmála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar sex manna samráðsnefnd um nytjavatnsvernd sem í eiga sæti: Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga; einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda; þrír fulltrúar með sérþekkingu á vatnsverndarmálum, einn samkvæmt tilnefningu Orkustofnunar, einn samkvæmt tilnefningu mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og einn samkvæmt tilnefningu skipulagsstjórnar ríkisins. Umhverfisráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ef atkvæði eru jöfn um afstöðu samráðsnefndar um tiltekið málefni ræður atkvæði formanns.

Skipunartími nefndarmanna er fjögur ár.

Umhverfisráðherra skal setja samráðsnefndinni starfsreglur.

Skipulag ríkisins skal leggja samráðsnefnd til aðstöðu og starfsmenn eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

6. gr.

Samráðsnefnd um nytjavatnsvernd er umhverfisráðherra til ráðuneytis um verndun nytjavatns og nytjavatnssvæða og um framkvæmd laga þessara.

Verkefni samráðsnefndar er að:

1. gera tillögur um verndun nytjavatns og nytjavatnssvæða,
2. hafa yfirlit yfir nytjavatnssvæði og vernd þeirra, afla upplýsinga um ástand nytjavatns, vatnstöku og vatnsverndar á landinu öllu,

3. gera áætlun um viðbúnað gegn hugsanlegri hættu á vatnsspjöllum á vatnsverndarsvæðum,
4. tryggja samráð sveitarfélaga, annarra hagsmunaaðila og þeirra opinberu stofnana sem verndun nytjavatns varðar,
5. sinna öðrum verkefnum á sviði vatnsverndarmála, sem umhverfisráðherra felur henni.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi samráðsnefndar.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir fara fyrir sitt leyti með verndun nytjavatns og nytjavatnssvæða hver í sínu umdæmi eins og segir í lögum þessum og öðrum lögum þar að lútandi.

III. KAFLI
Aðgangur að nytjavatni.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Hverri landareign fylgir lögum samkvæmt réttur til umráða og hagnýtingar nytjavatns úr landareigninni, þó með þeim takmörkunum sem lög þessi gera ráð fyrir.

Á þeim landsvæðum, sem ekki lúta einkaeignarrétti, er réttur til umráða og hagnýtingar nytjavatns í höndum íslenska ríkisins og fer iðnaðarráðherra með rétt til umráða og hagnýtingar nytjavatns.

9. gr.

Nú liggja landamerki um nytjavatnssvæði, þannig að einhver hluti nytjavatns liggur í landareign tveggja eða fleiri landeigenda og ekki verður aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því hvern hlutfallslegan rétt hver landareign hefur til nytjavatns.

Hið sama gildir um nytjavatnssvæði á milli landareigna og landsvæða sem ekki lúta einkaeignarrétti.

Um nytjavatn á landareign í einkaeign.

10. gr.

Landeigandi hefur alltaf rétt til að nýta nytjavatn til heimilis og búsþarfa.

Hyggist landeigandi nýta nytjavatn á landareign sinni í öðrum tilgangi en fram kemur í 1. mgr. eða leyfa öðrum töku þess þarf samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og heilbrigðisnefnda og er þeim heimilt, ef ástæða þykir til, að krefja landeiganda um mat á áhrifum vegna fyrirhugaðrar nýtingar.

Heimildir landeiganda skv. 1. og 2. mgr. eru þó ætíð háðar þeim skilyrðum að nýting nytjavatns eða framkvæmdir henni tengdar valdi ekki spjöllum á eign annars manns og skerði hvorki rétt né aðgang annarra til nytjavatns.

Landeiganda ber við nýtingu og ráðstöfun á nytjavatni skv. 1. og 2. mgr. að virða rétt þeirra sem greindir eru í 11. gr.

11. gr.

Ábúendur samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976, og aðrir sem lönd hafa á leigu, hafa rétt til töku nytjavatns úr landareign til heimilis- og búsþarfa.

12. gr.

Landeiganda er óheimilt að skilja nytjavatnsréttindi frá landareign að fullu og öllu en heimilt er honum að skilja þau réttindi frá um tiltekið tímabil en þó eigi lengur en 15 ár.

Sveitarfélögum er þó heimilt vegna almenningsveitna að kaupa nytjavatnsréttindi að fengnu samþykki ráðherra. Réttur þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. til töku nytjavatns, skal þó óskertur. Sveitarfélögum og almenningsveitum er óheimil sala þessara réttinda til annarra en landeigenda.

Landeigandi hefur forkaupsrétt á þeim vatnsréttindum er skilin hafa verið við landareign hans áður en lög þessi tóku gildi. Að honum frágengnum hafa sveitarfélög eða almenningsveitur rétt til forkaupsréttar.

Um rétt til töku nytjavatns á landi annars aðila.

13. gr.

Heimildir aðila til að afla nytjavatns eru háðar forgangsröð nýtingar og skal að jafnaði við það miðað að þörf á neysluvatni gangi fyrir þörf á verkavatni. Landeigandi hefur alltaf forgang til vatnstöku til sömu notkunar og annar aðili. Almenningsveitur sveitarfélaga hafa forgang til vatnstöku næst á eftir landeiganda.

Forgangsréttur skal miðaður við eftirfarandi notkun og í þessari röð:

1. Nytjavatn til heimilis- og búsþarfa.
2. Neysluvatn til iðnaðar- og atvinnureksturs.
3. Neysluvatn til sölu.
4. Vatn til fiskeldis og annarrar lífræktar.
5. Fiski- og verkavatn til iðnaðar og/eða atvinnureksturs.

14. gr.

Nú telur aðili brýna þörf á að fá heimild til að afla sér nytjavatns í landareign annars aðila eða á landsvæði sem ekki lýtur einkaeignarrétti og hefur eigi náð samkomulagi við rétthafa og getur hann þá sótt um til viðkomandi sveitarstjórnar í héraði að hún hlutist til um lausn málsins. Sveitarstjórn skal hafa samráð við heilbrigðisnefnd og samráðsnefnd.

Ef sveitarstjórn telur að umsækjandi geti ekki útvegað sér nytjavatn með öðrum viðráðanlegum hætti skal hún leita samkomulags með honum og rétthafa nytjavatns.

Sé sveitarstjórn sjálf aðili skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar leitað beint til samráðsnefndar um að hún beiti sér fyrir lausn.

15. gr.

Náist ekki samkomulag á milli aðila skv. 14. gr. getur umhverfisráðherra veitt umsækjanda, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, heilbrigðisnefndar og samráðsnefndar, heimild til að taka með leigunámi til 15 ára nytjavatn í landi annars svo og land undir vatnsból og land undir lagnir til að tryggja aðkomu nytjavatns til umsækjanda. Heimild þessi tekur einnig til lands í eigu þriðja aðila. Umhverfisráðherra getur farið fram á að umsækjandi leggi fram mat á áhrifum vegna vatnstöku eftir því sem nánar kann að vera kveðið á um í reglugerð.

Óheimilt er að beita leigunámi til töku á neysluhæfu vatni til nota sem verkavatn ef hægt er að afla þess með viðunandi kjörum með öðrum hætti.

IV. KAFLI
Vatnsvernd.

16. gr.

Óheimilt er að spilla nytjavatni og nytjavatnssvæðum.

17. gr.

Umhverfisráðherra getur að fengnum tillögum samráðsnefndarinnar afmarkað landsvæði sem njóta eiga vatnsverndar. Skipta skal vatnsverndarsvæðum í svæði með ríkjandi eða víkjandi vatnsvernd.

Ríkjandi vatnsvernd skal vera á svæðum þar sem vatnsvernd hefur forgang fram yfir alla aðra landnotkun.

Víkjandi vatnsvernd skal vera á svæðum þar sem heimilt er að afnema eða takmarka vernd nytjavatns vegna annarra og ríkari hagsmuna.

18. gr.

Vatnsverndarsvæði vegna nytjavatns skulu flokkuð með tilliti til þess hver þörf telst á vernd og hversu víðtæk hún skuli vera.

Flokkun skv. 1. mgr. skal vera með þessum hætti:

1. flokkur. Brunnsvæði sem er nánasta umhverfi vatnsbóls og ítrustu kröfur um vernd skulu gilda.
2. flokkur. Grannsvæði sem er svæðið næst utan við brunnsvæðið og þar sem strangar kröfur um vernd skulu gilda.
3. flokkur. Fjarsvæði sem er svæði utan við grannsvæðið út að vatnaskilum og þar sem verulegar kröfur um vernd skulu gilda.

19. gr.

Samráðsnefnd skal sjá til þess að gerð verði úttekt á nytjavatnssvæðum áður en þau eru tekin í vernd. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um vatnafar, vatnajarðfræði, vatnsgæði, ástand vatns, mengunarhættu og vatnsnotkun. Úttekt þessi skal vera til viðmiðunar fyrir eftirlit með vatnsverndinni. Enn fremur skal tilgreina sértækar kröfur sem gilda fyrir svæðið, þar á meðal um sérhvern flokk fyrir sig, um fastan og fljótandi úrgang, meðferð og notkun efna, takmörkun framkvæmda, umferðar og annars er varðar mengunarvarnir og vatnsspjöllum gæti valdið. Jafnframt skal koma fram hvaða kröfur skuli gera um vernd í hverjum flokki fyrir sig. Kröfur þessar skulu koma fram í skýringartexta, sbr. 2. mgr. 21. gr.

20. gr.

Samráðsnefnd gerir tillögur til umhverfisráðherra um vatnsverndarsvæði og flokkun þeirra að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum frá sveitarstjórnum, landeigendum, Skipulagi ríkisins, Hollustuvernd ríkisins vegna hættu á vatnsspjöllum og Orkustofnun vegna verndunar vatnsgæfra eða vatnsauðugra svæða.

21. gr.

Nú ákveður umhverfisráðherra að taka til afgreiðslu tillögu samráðsnefndar, sbr. 20. gr., og sér hann þá um að hún verði auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Auglýsingu skal fylgja uppdráttur af hinu fyrirhugaða vatnsverndarsvæði, svo og skýringartexti þar sem m.a. koma fram fyrirmæli um vatnsgæði og vernd.

Í auglýsingu skal tekið fram að þeir sem kunna að gera athugasemd við tillöguna skulu tilkynna það umhverfisráðherra innan átta vikna frá birtingu auglýsingar, að öðrum kosti teljast þeir samþykkja hana.

Eigendum eða umráðamönnum þess svæðis, sem tillögunni er ætlað að taka til, skal tilkynna tillögu samráðsnefndar sérstaklega.

22. gr.

Þegar frestur skv. 21. gr. er liðinn kannar samráðsnefnd málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og veitir umhverfisráðherra umsögn. Nú telur umhverfisráðherra fram komnar veigamiklar athugasemdir við tillöguna og skal hann þá vísa tillögunni til endurskoðunar samráðsnefndar. Að fenginni umsögn hennar ákveður hann hvort endurskoðuð tillaga skuli auglýst að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Ákvörðun umhverfisráðherra um vatnsvernd skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

23. gr.

Landeigandi, eða annar sem af því hefur hagsmuni, getur óskað eftir því við umhverfisráðherra að vatnsvernd, sem sett hefur verið á landsvæði samkvæmt lögum þessum, verði aflétt eða ríkjandi vatnsvernd verði breytt í víkjandi vatnsvernd.

Að fenginni umsögn samráðsnefndar, sem gæta skal ákvæða 20. gr., ákveður umhverfisráðherra hvort vatnsvernd skuli standa óbreytt, henni aflétt eða ríkjandi vatnsvernd breytt í víkjandi vatnsvernd.

Ákvörðun umhverfisráðherra um niðurfellingu eða breytingu á ríkjandi vatnsvernd í víkjandi vatnsvernd skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

24. gr.

Sá er óskar að víkjandi vatnsvernd verði breytt á tilteknu svæði skal senda umsókn um slíkt til sveitarstjórnar sem að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd gerir rökstudda tillögu til umhverfisráðherra. Umhverfisráðherra ákveður að fenginni umsögn samráðsnefndar hvort tillagan skuli staðfest breytt eða óbreytt eða synjað.

25. gr.

Vatnsverndarsvæði skulu felld inn í skipulag. Í aðalskipulagi og svæðisskipulagi skal kveðið á um afmörkun og flokkun vatnsverndarsvæða eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Þar sem land hefur ekki verið skipulagt samkvæmt skipulagslögum er heimilt að afmarka vatnsverndarsvæði.

Ef tillaga að vatnsvernd nytjavatnssvæðis samræmist ekki staðfestu skipulagi skal leita álits samráðsnefndar og skipulagsstjórnar ríkisins um hvernig með skuli fara. Ef þessir aðilar verða ekki sammála sker umhverfisráðherra úr hvernig með skuli fara og sér um auglýsingu samkvæmt því.

26. gr.

Ef stofna á til atvinnurekstrar, mannvirkjagerðar eða annarra athafna á svæði þar sem ekki hafa verið ákveðin vatnsverndarsvæði skv. 17. gr. og flokkun þeirra skv. 18. gr. skal heilbrigðisnefnd sjá til þess að tryggt sé að ekki verði spillt vatni.

Sama á við um skipulag hvers konar byggðar, þar með talin sumarhúsa- og orlofshúsahverfi.

27. gr.

Umhverfisráðherra getur krafist þess að fyrirtæki með starfsemi, sem valdið getur vatnsspjöllum, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkum spjöllum komi krafa um slíkt ekki fram í starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis. Sama á við um aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem valdið geta vatnsspjöllum.

28. gr.

Umhverfisráðherra getur tekið landareignir eignarnámi í þeim tilgangi að tryggja vatnsvernd, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Landeigandi getur krafist þess að öll eign sín sé tekin eignarnámi ef vatnsvernd hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hennar.

V. KAFLI
Eftirlit með vatnsvernd.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins fara með heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit á vatnsverndarsvæðum, svo sem annars staðar, í samræmi við lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Eftirlitsaðilar skv. 1. mgr. skulu hafa stöðugt eftirlit með vatnsgæðum og vatnsnotkun á vatnsverndarsvæðum, svo og með breytingum á vatnafari og vatnajarðfræði þeirra. Eftirlitsaðilar skulu enn fremur hafa samráð við samráðsnefnd vegna skipulags og eftirlits á vatnsverndarsvæðum og gefa henni reglulega skýrslu þar um.

30. gr.

Samráðsnefnd skal hafa yfirlit yfir ástand vatnsverndarsvæða og skal með reglulegu millibili gera almenna úttekt á ástandi og þróun vatnsverndarsvæða.

Í störfum sínum skv. 1. mgr. ber samráðsnefnd að hafa samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og Skipulag ríkisins.

31. gr.

Um skýrslugerð til samráðsnefndar og um úttekt samráðsnefndar á vatnsverndarsvæðum og samvinnu hennar við heilbrigðisnefnd, sveitarstjórn, Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og Skipulag ríkisins skulu nánari ákvæði vera sett með reglugerð.

32. gr.

Umhverfisráðherra hefur rétt til að láta rannsaka vatn vegna vatnsverndar hvar sem er á landinu. Er landeigandi eða umráðamaður þess skyldur að veita úttektar-, rannsóknar- og eftirlitsaðilum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að landareigninni og leyfa

sýnatöku á vatni og aðrar nauðsynlegar rannsóknaraðgerðir. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við umferð þessara aðila, rannsóknir þessar eða bíði landeigandi eitthvert tjón af skal það bætt að fullu eftir mati náist ekki samkomulag.

Við störf sín skulu úttektar- og eftirlitsaðilar gæta þess að valda sem minnstri röskun á högum landeiganda eða leiguliða.

VI. KAFLI
Eignar- og leigunámsákvæði og bótaákvæði.

33. gr.

Eignar- og leigunám samkvæmt lögum þessum skal fara fram samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

34. gr.

Valdi vatnsvernd baga eða fjárhagstjóni fyrir landeiganda eða afnotahafa lands skal hann eiga rétt til bóta úr hendi ríkissjóðs eða þess sveitarfélags sem fer fram á verndina.

35. gr.

Spillist land vegna vatnstökulagna eða landeigandi eða afnotahafi verði fyrir tjóni skal bæta það að fullu eftir mati ef ekki næst samkomulag milli aðila um bætur.

VII. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru fyrir hendi.

37. gr.

Sekta má samkvæmt lögum þessum jafnt lögaðila sem einstakling. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið framið í gáleysi til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brots á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

38. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

39. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

40. gr.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk sem fyrir er mælt um í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

41. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að stöðva tiltekna starfsemi eða athafnir tímabundið ef hætta er á vatnsspjöllum er brjóta gegn lögum þessum, m.a. vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega, í símbréfi eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

42. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á úttekt, rannsóknum og eftirliti samkvæmt lögum þessum.

43. gr.

Kostnaður vegna samráðsnefndar skal greiddur úr ríkissjóði.

Ríkissjóði er enn fremur skylt að greiða allt að helmingi af beinum útlögðum kostnaði heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara.

Nánari ákvæði um greiðslu ríkissjóðs á útgjöldum heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara skulu sett í reglugerð.

Brottfall laga og gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 18. gr., 31., 32., 33. gr. og 2.–5. mgr. 83. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar eftir birtingu laga þessara skal leita eftir tilnefningum í samráðsnefnd og skipa hana innan tveggja mánaða. Nefndin skal þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Samráðsnefnd skal innan 12 mánaða frá gildistöku laga þessara gera tillögu um líkleg nytjavatnssvæði. Þau svæði skulu vera afmörkuð sem vatnsverndarsvæði og njóta sömu verndar þar til þau verða skipulögð. Samráðsnefnd ber að tilkynna viðkomandi landeiganda og sveitarstjórn tillögur sínar. Nú vill aðili, sem hefur annarra hagsmuna að gæta í landnýtingu en vatnsvernd, fá aflétt vernd á líklegu vatnsverndarsvæði, þá skal hann senda inn umsókn til samráðsnefndar. Tiltekið svæði skal þá vera tekið fyrir og skipulagt sem slíkt, sbr. IV. kafla laga þessara.

III.

Sveitarstjórnir, sem lög nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, taka til, skulu fyrir 1. júlí 1995 gera tillögu til samráðsnefndarinnar um afmörkun og flokkun vatnsverndarsvæða sinna ásamt greinargerð eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 21. nóvember 1991 skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um vatnsvernd, þ.e. verndun neysluvatns sem mundi leysa af hólmi ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, og annarra laga sem lúta að þessu efni. Í nefndina voru skipuð Páll Líndal, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Elín R. Líndal bóndi, tilnefnd af Stéttarsambandi bænda, Freysteinn Sigurðsson vatnajarðfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun, Gísli Gíslason bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Gunnar Steinn Jónsson líffræðingur, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins. Við fráfall Páls Líndals sumarið 1992 tók Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, við formennsku í nefndinni. Nefndin lauk störfum við tillögugerð sína um frumvarpið 25. mars 1993 og lagði það fyrir umhverfisráðherra sama dag.

Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Frumvarp þetta byggir að verulegu leyti á vatnalögunum, nr. 15/1923, og þeim grundvallarhugmyndum sem þar eru fram settar. Verktæknilegar, þekkingarlegar og þjóðfélagslegar aðstæður hafa breyst mikið á þeim sjö áratugum sem liðnir eru síðan þau voru sett. Vatnalögin ná því ekki lengur nægilega til allra þeirra atriða sem snerta nytjavatnsmál í nútíma þjóðfélagi. Vatnsþörf hefur aukist, aðferðir við vatnsöflun og vatnsveitur hafa breyst, þekking um nytjavatn hefur aukist til muna og skipulag er orðið fastur þáttur í rekstri þjóðfélagsins. Því var orðin brýn og aðkallandi nauðsyn að setja ný lög um vernd nytjavatns og aðgang að því þó að grunnhugmyndir séu lítt eða ekki breyttar frá vatnalögunum.

Nefndin skrifaði eftir upplýsingum um sambærilega löggjöf á Norðurlöndnum og kynnti sér hvernig tekið væri á þessum málaflokki þar. Ekki var hægt að byggja mikið á löggjöf þessara þjóða, þó svo að viss atriði væru höfð til hliðsjónar.

Hollustumarkmið með nytjavatnsvernd og mengunarvarnir þær, sem verndin miðar við, eru byggðar á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og á ýmsum lögum um mengun og mengunarvarnir auk reglugerða er á lögum þeim byggja. Auk þess er byggt á skipulagslögum og reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í þeim. Téð lög fjalla að vísu ekki beint um nytjavatnsvernd sem slíka, aðgerðir hennar vegna og stýringu hennar. Um það er hins vegar fjallað sérstaklega í frumvarpi þessu sem byggir þó á framangreindum lögum um framkvæmdaratriði eins og kröfur til nytjavatns, mengunarvarnir, skipulag og fleira.

Það nýmæli er í frumvarpinu að verndun nytjavatns er tekin fyrir á sértækan og samfelldan hátt í stað sundurlausra og ósamfelldra ákvæða í ýmsum lögum sem skildu eftir eyður í verndinni og stjórnsýslulegri umfjöllun um hana. Annað nýmæli er, borið saman við vatnalögin nr. 15/1923, að vernd er framkvæmd með skipulagsaðgerð. Þriðja breytingin frá gildandi lögum er að stjórnsýsla við nytjavatnsvernd er samræmd þeim aðstæðum sem nú ríkja í þjóðfélaginu og þeim flóknu aðstæðum sem nytjavatnsmál eru háð.

Vatnsvernd felur í sér varðveislu á vatnsgæðum og er sem slík lögboðin fyrirmæli um mannlegar aðgerðir á einhverju landsvæði, heimildir til þeirra og bönn við þeim sem hafa að markmiði að tryggja ákveðið ástand vatns að magni og gæðum til einhverra tilgreindra nota. Vatnsvernd felst að miklu leyti í því að takmarka rétt landeiganda og annarra rétthafa til óskoraðra afnota á landi sínu ef það heftir eða skerðir færi annarra á að afla sér vatns á viðunandi hátt eða spillir nytjavatnsauðlindinni og framtíðarnotkun hennar. Jafnframt setur vatnsvernd skorður við ýmsum opinberum framkvæmdum þó þær séu að öðru leyti í almannaþágu. Þessi háa réttarstaða vatnsverndarinnar er nauðsyn sem byggir á þeirri grundvallarstaðreynd að vatn er lífsnauðsyn. Það er óhjákvæmilegt að allir hafi nauðsynlegan og hóflegan aðgang að vatni, að auðlindin sé varðveitt til framtíðarnytja og hún sé vernduð fyrir spjöllum. Þess vegna hafa ýmsir aðilar hagsmuna að gæta vegna nytjavatns og vatnstöku, þar á meðal sveitarfélög og almenningur sem þarf að hafa vissan rétt til nytjavatns eins og kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Réttaraðilar við nýtingu nytjavatns eru eftirfarandi:

— Landeigendur og aðrir vatnsréttindahafar.
— Sveitarfélög vegna hagsmunagæslu í umdæmi hlutaðeigandi sveitarfélags.
— Ríkið vegna almannahagsmuna á landinu öllu.

Hingað til hefur ekkert tiltekið ráðuneyti haft yfirumsjón með nytjavatni andstætt því sem er með vatn vegna orkuvinnslu, náttúruverndar, fiskveiða, samgangna og gróðurs. Iðnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með flestum ólífrænum auðlindum landsins, þ.e. orku, jarðhita og fallvötnum, jarðefnum í námum og byggingarefni. Eðlilegt er talið að iðnaðarráðuneytið taki að sér nytjavatnsauðlindina á sama hátt og ofangreindar auðlindir. Því er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að umhverfisráðuneytið fari með yfirstjórn nytjavatnsverndarmála en iðnaðarráðuneyti með yfirstjórn á nýtingu nytjavatnsauðlindarinnar.

Verndun nytjavatns er aðeins ein hlið á nytjavatnsmálum. Önnur hlið er t.d. eignar- og umráðaréttur á vatni í tengslum við slíkan rétt á landareign, afréttarlöndum og á hálendi landsins, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Þar er ýmislegt enn óskýrt eða óákveðið sem snert getur aðgangsrétt að vatni þrátt fyrir ákvæði 8. gr., enda varða þau atriði annað og fleira en vatnsréttindin ein. Úr þessari óvissu þarf að bæta áður en vandræði hljótast af. Sama gildir um skipulag hálendisins og annarra landsvæða sem óskýrt er með eignar- og umráðarétt yfir eða ágreiningur er um. Þar þurfa að koma til skýr ákvæði um eignar- og umráðarétt og skipulag svo fella megi nytjavatnsverndina að því.

Enn önnur hlið er umsjón stjórnvalda með nytjavatnsauðlindinni sem slíkri, en sú umsjón er hvergi vistuð með skýru og ákveðnu móti hjá einhverju tilteknu stjórnvaldi eins og gildir með vatn til annarra nota eins og að framan greinir. Nægir þar að benda á veiðivötn hjá landbúnaðarráðuneytinu og í þess umboði hjá Veiðimálastofnun, vötn vegna landræktar og landgræðslu hjá landbúnaðarráðuneytinu og í þess umboði hjá Landgræðslu ríkisins og búnaðarfélögum, vötn vegna landslags- og náttúruverndar hjá umhverfisráðuneytinu og í þess umboði hjá Náttúruverndarráði, fallvötn og jarðhitavötn til orkuvinnslu hjá iðnaðarráðuneytinu og í þess umboði hjá Orkustofnun. Aðrar ólífrænar auðlindir, eins og orkuefni, jarðefni til iðnaðar og byggingarefni, eru vistaðar hjá iðnaðarráðuneytinu og í umsjón stofnana þess. Af stofnunum iðnaðarráðuneytisins hefur Orkustofnun heimild til rannsókna á nytjavatni samkvæmt breytingu við orkulög, nr. 58/1967 frá 1972, en ekki lögboðna umsjón með því.

Eðlilegast er að vista nytjavatnið sem aðrar ólífrænar auðlindir hjá iðnaðarráðuneytinu og í þess umboði hjá Orkustofnun, enda eru þar reknar umfangsmestu og skipulegustu rannsóknir á vatni hér á landi. Hollustuhættir nytjavatns verða eftir sem áður í umsjón Hollustuverndar ríkisins.

Enn ein hlið á nytjavatnsmálum er vatnsvinnslan. Lög eru til um vatnsveitur, nr. 81/1991, en enn skortir á upplýsingaskyldu opinberra vatnsveitna til stjórnvalda um vatnstöku og vatnsgæði, en án þess er örðugt að hafa nauðsynlegt eftirlit með nytjavatnsvernd og nytjavatnsauðlindinni. Gert er ráð fyrir að samráðsnefnd afli upplýsinga um vatnstökuna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, en setja þarf skýr ákvæði um upplýsingaskyldu vatnstakenda til að skrá upplýsingar um vatnstöku og vatnsgæði og koma þeim á framfæri við stjórnvöld.

Frumvarp þetta er einskorðað við nytjavatnsvernd sem miðast við að tryggja möguleika til nýtingar nytjavatns en ekki um aðra þætti nytjavatnsmála sem slíka. Nytjavatn er vatn sem er notað sem efni, ólíkt notkun vatns sem orkubera (jarðhiti, virkjunarvötn), til samgangna eða við landslagsmótun. Undir nytjavatn fellur vatn til almenns heimilishalds, til matvælaiðnaðar og annarrar iðju og nota. Það vatn, sem er drukkið eða notað við framleiðslu matvæla, er skilgreint sem neysluvatn í þrengri merkingu. Nytjavatn getur verið misjafnt að gæðum og öðru ástandi eftir því til hvaða nota það er ætlað og verður að haga vatnsvernd í samræmi við það.

Vatnsvernd nær til ákveðins og afmarkaðs landsvæðis, ákveðin fyrirmæli gilda þar um athafnir manna og þau fyrirmæli geta stangast á við önnur þau not er menn vilja hafa af því sama landi. Þeim ágreiningi verður ekki ráðið til sátta nema með viðeigandi skipulagi á landinu. Af þessu leiðir að verndun vatns er skipulagsaðgerð og heyrir þess vegna til umhverfisráðuneytisins.

Verndun nytjavatns er aðeins ein hlið á vatnsvernd vegna almannahagsmuna og til einkanota. Verndar á vatni er þörf vegna ýmissa annarra hluta, svo sem vegna fiskiræktar og fiskigengdar í vötnum, til ræktunar í landbúnaði og til landgræðslu, til verndunar landslags, lífríkis og annars náttúrufars, vegna orkuvinnslu og vatnsmiðlunar og fleiri nota. Ekki eru fyrir hendi sértæk, skýr og samfelld lög vegna slíkrar verndar þó ýmis ákvæði megi víða finna í lögum.

Þó markmið slíkrar verndar séu önnur en hvað varðar nytjavatn, verndunarkröfur séu aðrar og sérþekking á þeim verndarmálum sé að hluta til af öðrum toga er þó í öllum tilfellum um skipulagsaðgerðir að ræða, ferlið til að koma á vernd er svipað og átt er við vatn í öllum tilfellum. Því kann að vera hentugt að sníða lög um mismunandi vatnsvernd sem mest í sama form og jafnvel að stefna að því að steypa vatnsverndarlögum öllum saman í einn samstæðan lagabálk þegar þar að kemur.

Í frumvarpinu eru nokkrar reglugerðarheimildir er varða tiltekin atriði í framkvæmd laganna í samræmi við þá staðreynd að setning reglna leyfir meiri sveigjanleika við stýringu þessa málaflokks. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra setji eða geti sett reglugerðir um eftirtalin atriði:

1. Aðstöðu og starfsmenn fyrir samráðsnefnd hjá Skipulagi ríkisins, sbr. 6. gr.
2. Skýrslugerðir vegna eftirlits og um úttekt samráðsnefndar á vatnsverndarsvæðum, sbr. 31. gr.
3. Framkvæmd á úttekt, rannsóknum og eftirliti vegna frumvarps þessa, sbr. 42. gr.
4. Greiðslur úr ríkissjóði á útgjöldum heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna vegna laga þessara, sbr. 43. gr.

Sum ofantalinna atriða má sameina við setningu reglugerða.
Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til að ná markmiðum frumvarpsins um nýtingu og verndun nytjavatns, sem sett eru fram í 2. gr., er nauðsynlegt að gildissvið frumvarpsins taki til alls nytjavatns eins og það er skilgreint í 3. gr. án tillits til þess hvar það finnst eða í hvaða mynd það birtist. Þetta er gert í 1. gr. frumvarpsins og er engin undantekning gerð frá þeirri reglu að frumvarpið taki til alls nytjavatns sem finnst á yfirborði eða í jörðu.

Frumvarpið tekur þess vegna til alls nytjavatns hvort sem það birtist t.d. sem straumvatn, stöðuvatn eða jarðvatn. Engin skilyrði eru sett í frumvarpinu um vatnsmagn eða varanleika þess. Það hefur því engin áhrif á gildissvið frumvarpsins þótt vatnsmagn nytjavatnsins kunni að vera breytilegt eða það hverfi tímabundið.

Það er einnig í þágu markmiða frumvarpsins skv. 2. gr. að það taki einnig til nytjavatnssvæða enda verður nytjavatn ekki skilið frá aðliggjandi landsvæðum.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram tvíþætt markmið sem er verndun og nýting nytjavatns. Markmiðið er að tryggja almenningi aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar, þar með töldu húsdýrahaldi, og vernd nytjavatnsauðlindarinnar til framtíðarnota. Við framkvæmd laga þessara skal skv. 2. mgr. taka tillit til annarrar nýtingar á vatni, náttúruverndarsjónarmiða og verndun menningarverðmæta.

Um 3. gr.

Í greininni eru skýrð nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og munu verða notuð í væntanlegum reglugerðum en sum þeirra hafa óljósa merkingu í hugum almennings. Í sumum tilfellum er lögð áhersla á merkingar hugtaka í öðru ljósi en almennt tíðkast. Ítarlegri og nákvæmari skilgreiningar eru til um sum þessara heita í hlutaðeigandi fræðigreinum, en hér er einvörðungu litið til þeirra þarfa sem lög þessi krefjast.

Um 4. gr.

Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, ásamt síðari breytingum, nr. 77/1990, fer umhverfisráðuneytið m.a. með mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, skipulags- og byggingarmál svo og gerð landnýtingaráætlana og er ráðuneytinu ætlað að hafa frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum er snerta framkvæmd umhverfismála.

Um 5. og 6. gr.

Nytjavatnsvernd snertir marga aðila. Í einn stað eru hagsmunaaðilar sem hlut eiga að máli og vilja tryggja næga vernd. Í annan stað eru sérfræðiaðilar hvað varðar reynslu og þekkingu á vatnafari, grunnvatni sérstaklega, hollustuháttum og mengunarvörnum. Í þriðja stað eru skipulagsaðilar sem þurfa að samræma vatnsverndina við almennt skipulag og áform um aðra landnýtingu. Ákvörðun um nytjavatnsvernd þarf að byggja á upplýsingum og sjónarmiðum frá öllum þessum aðilum. Til að ná því markmiði er gert ráð fyrir því í 5. gr. frumvarpsins að umhverfisráðherra skipi sér til ráðuneytis samráðsnefnd um

nytjavatnsvernd, að fengnum tillögum eftirtaldra aðila: Stéttarsambands bænda, vegna landeigenda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, vegna sveitarstjórna, Orkustofnunar, um fulltrúa með sérþekkingu á sviði vatnafars og grunnvatnsmála, Hollustuverndar ríkisins um fulltrúa með sérþekkingu á sviði hollustuhátta og mengunarvarna, Skipulags ríkisins um fulltrúa með sérþekkingu á sviði skipulagsmála en umhverfisráðherra skipar án tilnefningar formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst ráðgefandi. Einkum er henni ætlað að semja tillögur til ráðherra er varða nytjavatnsverndina, svo sem afmörkun verndarsvæða, kröfur um vatnsvernd á þeim svæðum og ákvæði um eftirlit. Jafnframt er henni ætlað að sjá um úttektir á vatnsverndarsvæðunum, að afla yfirlits um nytjavatnsmál, vatnsvernd og vatnsverndarsvæði á landinu, auk þess að tryggja samstarf þeirra aðila er að málum þessum koma.

Nytjavatnsvernd er skipulagsaðgerð og eru tillögur samráðsnefndar í formi skipulagstillagna. Vatnsvernd þarf að samræma við almennt skipulag og fella inn í það þar sem það er til staðar, sbr. 25. gr. Því er hentugast að vista samráðsnefndina hjá Skipulagi ríkisins. Óhjákvæmilega þarf að leggja töluverða vinnu í öflun og varðveislu upplýsinga fyrir samráðsnefnd vegna tillögugerðar hennar og samræmingar við skipulag auk samskipta við hina mörgu aðila sem störf hennar krefjast. Því verður ekki hjá því komist að nefndinni verði fenginn a.m.k. einn starfsmaður með viðeigandi sérþekkingu og reynslu sem mundi hafa aðstöðu hjá Skipulagi ríkisins. Sérþekking hans þarf að ná til vatnsnýtingar, nytjavatnsöflunar, vatnafars, mengunarvarna og skipulagsmála.

Talsverð vinna verður í upphafi við að koma vernd yfir þau nytjavatnssvæði sem mest eru aðkallandi. Sú vinna byggist á reynslu og sérþekkingu á nytjavatnsmálum og verður að gera ráð fyrir að vinnunnar verði fyrst og fremst aflað þar sem sú reynsla og þekking er fyrir hendi. Svipað gildir um úttektir og eftirlit í tímans rás, þó í mun minna mæli sé. Ekki er gert ráð fyrir að samráðsnefnd komi sér upp sérstakri skrifstofu til að sinna þessum málum, heldur verði þau unnin í samvinnu við aðrar stofnanir, eins og Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og aðra aðila með þekkingu á sviði hollustuhátta, mengunarvarna, vatnafræða og skipulagsmála.

Rétt þykir að umhverfisráðherra geti falið samráðsnefnd önnur verkefni á sviði vatnsverndar, t.d. að undirbúa frekari löggjöf á sviði vatnsverndar.

Um 7. gr.

Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta neinu um verksvið heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum, nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hvað varðar eftirlit með neysluvatni, vatnsbólum og vatnsveitum.

Heilbrigðisnefndum og sveitarstjórnum eru ætluð ýmis hlutverk samkvæmt lögum þessum, sbr. t.d. 10. gr., 15. gr. og 29. gr.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er sett fram hin forna regla að landeigandi hafi rétt til töku nytjavatns á landareign sinni. Frumvarpinu er einvörðungu ætlað að setja almennar reglur um hagnýtingu og verndun nytjavatns, þar með talið nytjavatn sem fylgir landareign. Hins vegar er ekki ætlun með þessu frumvarpi að ákvarða hversu víðtækur sá réttur sé.

Um landsvæði, sem ekki lúta einkaeignarrétti, eru ákvæði í 2. mgr. Enginn getur talist eiga kröfu til réttinda á þessum svæðum nema til þeirra hafi verið stofnað með námi eða hefð, sbr. t.d. Hrd. 1955, bls. 108, og Hrd. 1981, bls. 1584 (Landmannaafréttardómar). Það hefur því ekki áhrif á 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins þótt meðferð og hagnýting nytjavatns, sem á slíkum landsvæðum kann að finnast, sé falin íslenska ríkinu enda er virtur réttur þeirra sem hugsanlega hafa stofnað með nýtingu til eignarréttarlegra verðmæta í merkingu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er gert með ákvæðum 2. mgr. og fær þetta ákvæði því vafalaust staðist skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt gildandi lögum eru engin ákvæði til um vatnsréttindi almennt á landsvæðum sem ekki lúta einkaeignarrétti og mun 2. mgr. setja skýrar reglur um þetta hvað nytjavatn varðar. Með ákvæðum í greininni eru iðnaðarráðherra fengin umráð yfir því nytjavatni sem fellur til íslenska ríkisins enda heyra náttúruauðlindir undir þann ráðherra, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands, og því eðlilegast að hann fari með umráða- og hagnýtingarrétt á landsvæðum sem ekki lúta einkaeignarétti.

Með „einkaeignarrétti“ er átt við það sem stundum er kallað „einstaklingsbundinn eignarréttur“, „beinn eignarréttur“ eða „fullur eignarréttur“ hvort sem hann er í höndum einstaklinga eða lögpersóna, þar með talin sveitarfélög og ríkið, sbr. t.d. 1. og 2. mgr. námulaga, nr. 24/1973.

Um 9. gr.

1. mgr. er sambærileg við ákvæði 14. gr. orkulaga, nr. 58/1967, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985. Eðlilegt þykir að sama regla gildi einnig á nytjavatnssvæði sem liggur á mörkum landareigna (eignarlanda) og landsvæða sem ekki lúta einkaeignarrétti.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru settar fram almennar takmarkanir á rétti landeiganda til að tryggja að markmið frumvarpsins um verndun nytjavatns skv. 2. gr. verði náð.

Samkvæmt 8. gr. er landeiganda heimiluð notkun nytjavatns til heimilis- og búsþarfa svo fremi það valdi ekki öðrum landeigendum óþægindum, sbr. 11. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Samkvæmt 2. mgr. þarf landeigandi alltaf samþykki skipulags- og heilbrigðisnefnda til nýtingar nytjavatns í öðrum tilgangi en segir í 1. mgr. og gildir þar einu hvort sú nýting kallar á borun eða aðrar framkvæmdir. Rökin að baki þessu ákvæði eru að verulegu leyti hin sömu og nefnd voru í tengslum við 1. mgr. Auk þess má nefna að með því að hafa opinbert eftirlit með nýtingu skv. 2. mgr. er reynt eins og frekast er kostur að koma í veg fyrir spjöll á nytjavatnslindum er þjóna heilu sveitarfélagi og jafnvel fleiri en einu, sjá enn fremur athugasemdir við 13. gr.

3. mgr. á sér hliðstæðu í 9. gr. og 11.–12. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, m.a. um töku vatns til heimilis- og búsþarfa. Eðlilegt þykir að sama regla gildi um nýtingu nytjavatns samkvæmt frumvarpi þessu.

Hagsmunir ábúenda og annarra, sem tekið hafa land á leigu hjá landeiganda skv. 11. gr., eru tryggðir frekar með 4. mgr. Landeigandi verður ætíð að sjá til þess að þessir aðilar hafi aðgang að nytjavatni á landi hans, þó svo að hann ráðstafi því skv. 2. mgr.

Um 11. gr.

Þessi grein hefur að geyma venjubundna reglu um rétt ábúanda til vatnsnýtingar, sbr. 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, en jafnframt er í greininni að finna þau nýmæli að leigi landeigandi út land úr landareign sinni, t.d. sumarbústaðalönd eða lönd undir gripahús, eiga þeir aðilar rétt til að nýta sér nytjavatn sem finnst á landareigninni til heimilis- eða búsþarfa. Réttur þeirra sem hafa slíkar lendur á leigu til töku nytjavatns er óháður því hvar vatnsbólið er að finna á landareigninni.

Um 12. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um að nytjavatnsréttindi skuli ekki skilin frá landareign að fullu eða öllu eins og raunar gildir um aðrar auðlindir og hlunnindi. Þó er heimilt að skilja nytjavatnsréttindi frá landareign um tiltekið tímabil til allt að 15 ára í senn.

Í 1. mgr. er lagt bann við því framvegis að skilja nytjavatnsréttindi frá landareign að fullu og öllu en sambærileg ákvæði eru í öðrum lögum, t.d. í 2. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

2. mgr. hefur að geyma undantekningu frá reglu 1. mgr. um bann við sölu á nytjavatnsréttindum þar sem sveitarfélögum vegna almenningsveitna er veitt heimild til að kaupa slík réttindi. Rétt er að undirstrika að þessi réttur sveitarfélaga nær einvörðungu til kaupa í þágu almenningsveitna. Sveitarfélögin hafa hins vegar ekki heimild til að selja þessi réttindi nema til landeigenda og er það í samræmi við meginregluna í 1. mgr.

Í 3. mgr. eru ákvæði um nytjavatnsréttindi sem seld hafa verið áður en frumvarp þetta tekur gildi. Í samræmi við 1. mgr. hefur landeigandi forkaupsrétt að þessum réttindum en að honum frágengnum hafa sveitarfélög eða almenningsveitur forkaupsrétt.

Um 13. gr.

Í vatnalögunum, nr. 15/1923, er kveðið á um í 11. gr. að öllum sé heimil vatnstaka til heimilis- og búsþarfa í landi annars aðila svo fremi sem það sé honum meinlaust. Ekki er skýrt tekið fram í vatnalögum eða í fyrirliggjandi frumvarpi að leita skuli samþykkis landeiganda, heldur er það talið sjálfsagt, sbr. ákvæði 14. gr. í frumvarpi þessu þar sem fjallað er um hvað gera skuli ef ekki fæst samþykki landeiganda til vatnstöku. Með 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. er stefnt að því að tryggja rétt landeiganda og leiguliða til vatns til brýnustu nauðsynja. Stefnt er að því að tryggja aðgang almenningsveitna að nauðsynlegu vatni umfram einkaaðila til óhefðbundins atvinnurekstrar, sbr. 1. mgr., og að hollustu vatns verði ekki stefnt í voða né gengið fram hjá hagsmunum almenningsveitna með því að gera nýtingu vatns umfram brýnustu þarfir háða samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Um 14. gr.

Aðila getur verið nauðsyn á töku nytjavatns sem er í umráðum annarra hvort sem það er landeigandi eða ríkið. Þessi grein hefur að geyma ákvæði um heimild slíks aðila til að leita til sveitarstjórnar ef ekki semst með honum og rétthafanum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að ef sveitarstjórn er sjálf aðili að málinu geti aðilar leitað beint til samráðsnefndar um að hún beiti sér fyrir lausn málsins.

Um 15. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er umhverfisráðherra veitt heimild til að leyfa umsækjanda, sem þarfnast nytjavatns úr landi annars, að taka þau nytjavatnsréttindi leigunámi í allt að fimmtán ár, sbr. 12. gr. Til að umsækjandi geti nýtt sér nytjavatnsréttindin verður hann að hafa aðgang að landi til að leggja lagnir. Umhverfisráðherra er því einnig heimilt samkvæmt þessari grein að leyfa umsækjanda leigunám á landi í þessum tilgangi. Sambærilega heimild er að finna t.d. í 18. gr. laga, nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og 5. gr. laga, nr. 60/1981, um raforkuver.

Heimild umhverfisráðherra til að veita leigunám er takmarkað í 2. mgr. þar sem kveðið er á um að ekki megi heimila leigunám til töku á neysluhæfu vatni til nota sem verkavatn ef hægt er að afla þess með viðunandi kjörum með öðrum hætti. Með þessu er verið að stuðla að því að aðhalds sé gætt í því að nota neysluhæft nytjavatn sem verkavatn og er það í samræmi við 2. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í grein þessari er sett fram sú regla að með öllu sé óheimilt að spilla nytjavatni og nytjavatnssvæðum að viðlögðum refsingum skv. VII. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra geti að fengnum tillögum samráðsnefndar afmarkað landsvæði sem njóta eiga vatnsverndar og að skipta skuli vatnsverndarsvæðum í svæði með ríkjandi og víkjandi vatnsvernd. Taka nytjavatns er ákveðin not af landi. Meðal annarra nota má t.d. telja not lands undir byggð, undir samgöngumannvirki, undir orkuvirkjanir og veitur, til efnistöku (byggingarefni), undir sumarbústaði, til landbúnaðar, til útivistar og vegna landslags- eða náttúruverndar. Þýðing þessara nota getur verið mjög mismikil eftir stöðum og nýtingu. Einnig er misjafnt hvort sömu notum eða þörfum megi finna stað annars staðar. Vatnstaka er bundin af náttúrunnar hálfu við þau svæði þar sem hún er nauðsynleg eða hagkvæm. Nytjavatn er nauðsyn allri byggð og þarf því að tryggja aðgang að því, nú og til framtíðar. Því hefur vatnstaka víða eðlilegan forgang fram yfir önnur landnot, enda gætu þau sum orðið markleysa ef byggð legðist af eða skertist vegna vatnsskorts. Einnig getur auðlegð vatnsauðugra eða vatnsgæfra svæða verið svo mikil gagnvart öðrum landnotum að vatnstaka eigi þar að hafa forgang. Því er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að ríkjandi vatnsvernd skuli vera á þeim svæðum þar sem vatnsvernd hefur forgang fram yfir alla aðra landnotkun. Hafa verður í huga að nytjavatnssvæðum má svo spilla með annarri landnýtingu að þau verði ónýtanleg um langan aldur. Nytjavatnssvæði þau, er hér um ræðir, þurfa því vatnsvernd til að tryggja afnot þeirra, nú og til framtíðar.

Nytjavatnssvæði geta verið hagkvæm til nýtingar þó afla megi nægs vatns fyrir byggð annars staðar með viðráðanlegu móti. Eins geta svæði verið hagkvæm til vatnstöku þó önnur svæði enn auðugri séu í nánd. Á svona svæðum þarf vatnstaka ekki að vera óhjákvæmileg nauðsyn eða hafa meiri þýðingu en önnur landnot, t.d. undir byggð eða verðmætan atvinnurekstur sem er bundinn við þau sömu svæði hvað óhjákvæmilega staðsetningu varðar. Flestum öðrum landnotum má hins vegar finna annan stað. Á svona nytjavatnssvæðum getur samt verið hagkvæmt að tryggja vatnsgæði og aðgang að vatni a.m.k. tímabundið eða þar til kallað verður eftir þessum sömu svæðum undir önnur landnot. Þennan tíma verða nytjavatnssvæðin að njóta vatnsverndar, en hún getur þá verið víkjandi svo afnema megi hana með tiltölulega hægu móti þegar og ef til þess kemur.

Um 18. gr.

Í greininni er gerð tillaga um það að vatnsverndarsvæði skuli flokkuð með tilliti til þess hver þörf telst á vernd og hversu víðtæk hún skuli vera. Hætta af mengun nytjavatns er því meiri og bráðari því nær vatnsbóli sem hún á sér stað. Mest er hún við vatnsbólin sjálf. Þar er hætta á beinu ofanrennsli niður í vatnsbólin ef ekki er nógu vel frá þeim gengið eða jarðlög eru lek við vatnsbólið eins og oft er. Vegna þessa þarf oft að beina aðrennsli yfirborðsvatns frá vatnsbólunum og búa svo um að það leki ekki til skaða í jörð niður hið næsta vatnsbólunum eða að fólk og fénaður valdi úrgangs- eða efnamengun við þau. Í þessu skyni þarf oft að nýta landið hið næsta vatnsbólunum til slíkrar verndar og þá að girða það af ef þess er þörf. Þetta svæði er skilgreint sem brunnsvæði og gildir innan þess hin ítrasta vatnsvernd. Notendur vatnsbólanna verða sjálfir að geta athafnað sig innan brunnsvæðisins og hefur það áhrif á stærð þess, auk nauðsynlegs svigrúms til verndunaraðgerða. Æskilegt er að brunnsvæði séu a.m.k. einhverjir tugir metra að þvermáli.

Mengun getur borist til vatnsbóla hvarvetna að af aðrennslissvæði þeirra. Verði mengunin skammt frá vatnsbólinu þá er hætt við því að hún eyðist ekki áður en vatnið nær til vatnsbólsins. Því þarf að setja strangar kröfur um vernd á þessum hluta aðrennslissvæðisins sem næstur er vatnsbólunum og skilgreindur er sem grannsvæði. Stærð þeirra, og fjarlægð frá vatnsbólum til ytri marka þeirra, er mjög misjöfn. Þar sem jarðlög eru lek, vel opin, sprungusvæði beina vatni til vatnsbóla eða grunnvatnsstraumar eru öflugir, getur vatnið runnið tiltölulega langar leiðir á skömmum tíma. Grannsvæðið þarf þá að vera að sama skapi stórt. Yfirleitt gildir að því vatnsgæfara sem nytjavatnssvæði er, því stærra verður grannsvæðið að vera. Ætla má að ytri mörk grannsvæða liggi sjaldnast skemmra en nokkur hundruð metra frá vatnsbóli, en á hinn bóginn sjaldan lengra en nokkra kílómetra.

Aðrennslissvæði vatnsbóla utan grannsvæðis og út til vatnaskila er skilgreint sem fjarsvæði. Þar er þess vænst að minni háttar mengun á því svæði eyðist eða þynnist niður fyrir leyfileg mörk áður en vatnið nær til vatnsbólanna. Svo verður þó ekki nema vissar skorður séu settar við mengunarhættu og þurfa fjarsvæðin því einnig að njóta verulegrar verndar þó að hún þurfi ekki í öllum greinum að vera eins ströng og á grannsvæðunum.

Afmörkun brunnsvæða, grannsvæða og fjarsvæða á vatnsverndarsvæðum miðast jafnt við núverandi vatnsból sem vænleg vatnstökusvæði í framtíðinni. Nytjavatnssvæðin eru mjög mismunandi að jarðgerð og vatnafari, auk þess sem mengunarhætta er mismunandi frá einu svæði til annars. Vernd hvers svæðis verður því að taka mið af aðstæðum þar, en til þess þarf að afla upplýsinga um hættu á mengun. Því er nauðsynlegt að gera úttekt á vatnsverndarsvæðunum áður en fyrirkomulag verndar á þeim er ákveðið og er gerð tillaga um það í 19. gr.

Um 19. gr.

Með grein þessari er sú skylda lögð á herðar samráðsnefndar að sjá til þess að gerð sé úttekt á nytjavatnssvæði hvað varðar vissa þætti sem taldir eru upp í 2. málsl. greinarinnar þegar land er tekið í vernd.

Til að verndun á nytjavatni og nytjavatnssvæðum nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að gefnar séu út skýrar reglur hvernig eigi að umgangast og fara með hin einstöku vatnsverndarsvæði svo sem kveðið er á um í 4. og 5. málsl. greinarinnar.

Um 20. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er það hlutverk samráðsnefndar að gera tillögu um nytjavatnssvæði og vernd þeirra. Samráðsnefnd getur gert þetta að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum eins og nánar er kveðið á um í greininni.

Orkustofnun og Hollustuvernd ríkisins gegna lykilhlutverki varðandi eftirlit og vernd vatns eins og áður hefur verið rakið.

Um 21.–22. gr.

Í þessum greinum er lýst ferlinu við að kunngera þá ætlun að friða landsvæði í þágu vatnsverndar samkvæmt frumvarpi þessu. Ákvæði þessara greina eru byggð á sambærilegum ákvæðum í 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Um 23.–24. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um rétt landeigenda og annarra sem hagsmuna hafa að gæta svo sem ábúenda og hugsanlega einnig viðkomandi sveitarfélags til að fá vatnsvernd breytt í þá veru að vikið sé frá forgangi hennar, t.d. að ríkjandi vatnsvernd verði breytt í víkjandi vatnsvernd eða alveg felld niður.

Í 24. gr. er sérákvæði þegar óskað er eftir að víkjandi vatnsvernd skuli felld niður. Í þeim tilvikum getur landeigandi eða annar, sem hagsmuna hefur að gæta, snúið sér til viðkomandi sveitarstjórnar svo sem nánar er lýst í greininni.

Um 25. gr.

Verndun vatns með því að afmarka vatnsverndarsvæði og ákveða vernd á þeim er í raun skipulagsaðgerð. Því er gert ráð fyrir því í 1. mgr. að fella vatnsverndina inn í almennt skipulag þar sem þess er kostur, en slíkt skipulag er í aðalatriðum sams konar aðgerð og vatnsvernd, þ.e. svæði eru afmörkuð og kveðið á um hvað á þeim skuli gera eða láta vera að gera. Lega og mörk vatnsverndarsvæða eru háð náttúrufari og verður þeim ekki valinn annar staður eins og gera má með ýmis önnur landnotasvæði í skipulagi. Þótt ekki sé farið að huga að skipulagningu annarra landnota getur verið nauðsyn að afmarka vatnsverndarsvæði til að fyrirbyggja óþörf vatnsspjöll sem orðið gætu á svæðunum ef vernd skortir. Því þarf að gera ráð fyrir þeim möguleika að afmarka vatnsverndarsvæði þótt ekki sé um skipulag að öðru leyti að ræða á viðkomandi svæði.

Um 26. gr.

Vatnsvernd fylgir ákveðnu ferli eins og aðrar aðgerðir. Fyrst þarf að meta þörfina fyrir vatnsvernd. Næst þarf að ákveða fyrirkomulag verndarinnar og koma henni á. Þá þarf að fylgjast með framkvæmd verndarinnar og árangri af henni hvað varðar vatnsgæði og aðgang að vatni. Loks getur þurft að bæta úr vatnsspjöllum ef til þeirra kemur hvort sem það er af náttúrulegum völdum eða af manna völdum, af gáleysi eða ásetningi. Þá þarf yfirleitt að grípa skjótt til viðeigandi aðgerða áður en mengun breiðist út í vatninu eða vatnsból spillast. Til að svo megi verða þarf að vera fyrir hendi áætlun um aðgerðir gegn vatnsspjöllum, þar sem m.a. er metið hvaða mengunarhætta er fyrir hendi og hvar, til hvaða aðgerða eigi að grípa og hverjir skuli hafa umsjón með framkvæmd þeirra. Aðgerðir þær, sem um ræðir, eru mismunandi eftir aðstæðum á hverju svæði en geta m.a. falist í hreinsiaðgerðum, fráveitum vatns frá vatnsbólum eða gerð og nýtingu nýttra vatnsbóla ef allt um þrýtur.

Í greininni er því gert ráð fyrir því að ef stofna eigi til tiltekinnar starfsemi, mannvirkjagerðar eða skipulagningar byggðar á svæðum, þar sem ekki hafa verið ákveðin vatnsverndarsvæði og flokkun þeirra, skuli heilbrigðisnefnd bera ábyrgð á því að vatni verði ekki spillt.

Um 27. gr.

Markmið þessa ákvæðis er að tryggja fyrirbyggjandi verndarráðstafanir á öllu nytjavatni. Einu gildir hvort viðkomandi starfsemi er á landsvæði sem auglýst hefur verið sem vatnsverndarsvæði skv. 20.–22. gr. frumvarpsins eða ekki.

Um 28. gr.

Með 1. mgr. þessarar greinar hefur umhverfisráðherra heimild til taka landareignir eignarnámi til að tryggja vatnsvernd með þeim almenna áskilnaði að almannahagsmunir krefjist þess. Óeðlilegt væri að heimila umhverfisráðherra að taka einvörðungu nytjavatnsréttindin eignarnámi því með því væri brotið gegn ákvæðum 11. gr. frumvarpsins.

Þau atvik geta komið upp að nytjavatnsvernd verði ekki tryggð með ákvæðum 17. og 18. gr. eða af öðrum ástæðum sé nauðsynlegt að taka land eignarnámi í þágu vatnsverndar. Þessi grein á sér hliðstæðu í 35. gr. laga 47/1971, um náttúruvernd.

Ákvæði 2. mgr. veitir landeiganda heimild til að krefjast þess að eign hans sé öll tekin eignarnámi ef nytjavatnsvernd hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi eignarinnar. Hér er fyrst og fremst um að ræða sanngirnisákvæði sem á sér að nokkru hliðstæðu, t.d. í 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

Um 29. gr.

Svo sem greint var frá í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins hefur samþykkt þess engin áhrif á ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Eftirlitsaðilar verða að gefa samráðsnefndinni reglulega skýrslu um ástand vatnsverndarsvæða.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um hlutverk samráðsnefndar skv. 2. tölul. 2. mgr. 6. gr. Ástæður þess að samráðsnefnd ber að hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins, Orkustofnun og Skipulag ríkisins koma fram í athugasemdum við 6. gr. og 2. mgr. 20. gr.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um rannsóknar- og umferðarrétt á landsvæði. Ákvæði þetta á sér hliðstæðu m.a. í 18. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. námulaga, nr. 24/1973.

2. mgr. mælir hins vegar fyrir um þá sjálfsögðu reglu að úttektar-, rannsóknar- og eftirlitsaðilum beri við störf sín að koma fram við landeigendur og leiguliða af háttvísi og valda sem minnstri röskun á högum þeirra.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 36. gr. laga 47/1971, um náttúruvernd.

Um 35. gr.

Í greininni er almennt bótaákvæði, sbr. t.d. 2. málsl. 19. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta á fyrirmynd í 27. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Almennt má segja að VII. kafli frumvarps þessa sé byggður á XII. kafla laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 37. gr.

Ákvæði þetta á fyrirmynd í 28. gr. laga 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 31. gr. laga 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 40. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 33. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 41. gr.

Með ákvæði þessu er umhverfisráðherra veitt vald til að stöðva tiltekna starfsemi eða athafnir ef hætta er á vatnsspjöllum. Hér er umhverfisráðherra vissulega veitt mikið vald en reynslan hefur sýnt að það er nauðsynlegt að einhver aðili hafi slíkt vald til að grípa inn í starfsemi eða athafnir á hættutímum ef hindra á að umhverfisspjöll eigi sér stað eða að minnsta kosti til að draga úr afleiðingum þeirra.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 33. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ljóst er að huga þarf vel að undirbúningi að framkvæmd frumvarps þessa ef að lögum verður. Nauðsynlegt er talið að samráðsnefnd geti hafið störf sem fyrst.

Um ákvæði til bráðabirgða II og III.

Til að koma í veg fyrir óþörf vatnsspjöll áður en nytjavatnssvæði landsins hafa verið tekin undir vatnsvernd í samræmi við IV. kafla er nauðsynlegt að setja hvarvetna á vatnsvernd með fyrirvara þar sem um vænleg nytjavatnssvæði er að ræða. Því er gerð tillaga um það í II. ákvæði til bráðabirgða. Þessi afmörkun vatnsverndarsvæða þarf að fara fram svo fljótt sem við verður komið. Hér er gert ráð fyrir því að hún verði ákveðin innan 12 mánaða frá gildistöku laga þessara. Samráðsnefnd er ætlað að gera tillögur um slík svæði, enda hefur hún hið besta yfirlit yfir landið sem völ er á með aðstoð ráðgjafa sinna. Einnig er sveitarstjórnum ætlað að gera tillögur um þau svæði sem þær vilja vernda vegna almenningsveitna sinna.

Hér er að sjálfsögðu um bráðabirgðaaðgerðir að ræða sem ekki verður í alla staði hægt að vanda svo vel til sem skyldi. Bæði er hætt við að einhver svæði verði út undan sem verndunarverð eru og eins að vernd verði sett á einhver svæði sem betur má nýta til annars. Í fyrra tilfellinu má þó vænta þess að óvernduð svæði, sem eftir liggja, verði fá og smá, en þá á líka að vera hægur vandi að koma á vernd á þeim í samræmi við IV. kafla frumvarpsins. Í síðara tilfellinu er gert ráð fyrir að ásett vernd standi þangað til hagsmunaaðilar æskja þess að henni verði breytt, og samráðsnefnd eða aðrir aðilar hafa tóm til að gera tillögur um aðra skipan, í samræmi við IV. kafla, eða umrædd svæði verði tekin til almenns skipulags. Hagsmunaaðilum mun liggja mest á að þessari vernd verði breytt sem fyrst og er því gert ráð fyrir því að umsóknir þeirra þar að lútandi verði teknar til meðferðar hjá samráðsnefnd og viðeigandi tillögur gerðar til ráðherra svo fljótt sem aðstæður leyfa, í samræmi við IV. kafla frumvarpsins.

984. Svar [514. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Stefánssonar um snjómokstur og upplýsingar um færð.

1. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun reglna um snjómokstur þannig að þessi þjónusta verði aukin og bætt?*

Reglur um vetrarþjónustu hafa verið endurskoðaðar á nokkurra ára fresti, síðast í mars 1991. Við hverja endurskoðun eru reglur rýmkaðar og þjónusta aukin. Með því er leitast við að koma til móts við óskir og þarfir vegfarenda og atvinnulífs fyrir öruggar samgöngur. Með uppbyggingu vega og betri tækjum til snjómoksturs hefur þetta tekist án þess að kostnaður ykist úr hófi. Hér er þó um stóran kostnaðarlið að ræða.

Í vegáætlun þeirri, sem nú liggur fyrir Alþingi, er reiknað með að verja 530 millj. kr. á þessu ári til vetrarþjónustu og fer sú upphæð vaxandi og er 620 millj. kr. árið 1996. Við þá tillögugerð var haft í huga að þjónustan yrði aukin og hef ég þegar falið Vegagerð ríkisins að undirbúa tillögur þar að lútandi.

2. *Hvaða reglur gilda um upplýsingar Vegagerðar ríkisins um færð á vegum?*

Á hverjum degi skrá rekstrarstjórar Vegagerðarinnar í tölvukerfi upplýsingar um færð og ástand vega á öllum stofnvegum og flestum tengivegum.

Færð á vegum að vetrarlagi er flokkuð í fjóra meginflokka, þ.e. opið, fært stórum bílum og jeppum, jeppaslóð og lokað. Auk þess eru ástandi vegar og veðurfari gerð frekari skil með ástandslýsingu eins og: hálka, snjór á vegi án fyrirstöðu, snjór á vegi en fært í slóðum, skafrenningur/snjókoma, ófært vegna veðurs o.fl. Vegaeftirlitið hefur á hendi samræmingu á skilgreiningu og mati þessara þátta.

Við mat á færð er haft í huga hvað venjulegum vegfaranda á eðlilega útbúinni bifreið er ætlandi að komast. Nokkuð ber á því að vönum mönnum á sérbúnum bifreiðum finnist gæta of mikillar varúðar í upplýsingum Vegagerðarinnar eins og vikið er að í greinargerð með fyrirspurninni. Samkvæmt eðli máls verður vart hjá slíku komist.

Á hverjum morgni kl. 8 skulu komnar inn upplýsingar um helstu umferðarleiðir og er skipulag eftirlitsferða á hverri leið miðað við þessa tímasetningu. Í framhaldi af þessu eru síðan aðrar leiðir skoðaðar og upplýsingar skráðar í tölvukerfi.

Fyrstu fréttir um færð eru sendar til Ríkisútvarpsins um kl. 7.30 og fyrir kl. 8 eru sendar með myndsendi allar innkomnar upplýsingar til flestra fjölmiðla um færð á öllum helstu leiðum og er þeim útvarpað í flestum tilfellum strax eftir það. Ríkisútvarpið er einnig beintengt við tölvukerfi Vegagerðarinnar og geta dagskrárgerðarmenn séð þessar upplýsingar í hljóðveri og nýtt sér eftir efnum og ástæðum í beinni útsendingu.

Dagblaðið birtir þessar fréttir á korti um hádegið og Morgunblaðið birtir seinustu fréttir af færð frá deginum áður.

Textavarp sjónvarps skráir inn upplýsingar um hringveginn kl. 9 en með beintengingu við tölvu Vegagerðarinnar, sem komin verður í vor, munu upplýsingar um færð á öllu vegakerfinu birtast á sjónvarpsskjánum um leið og rekstrarstjórar skrá þær inn. Einnig er fréttum af færð komið til umferðarútvarps Umferðarráðs og jafnframt er mögulegt að útvarpa beint frá stjórnstöð Vegaeftirlitsins í Reykjavík.

Þegar færð og veður breytist yfir daginn er upplýsingum breytt í tölvukerfinu og þeim síðan komið áfram eftir sömu boðleiðum og ef tilefni er til er hringt beint í útvarpsstöðvar til að koma aðvörunum eða breytingum á framfæri.

Náin samvinna er við Veðurstofu Íslands um fréttir af veðri og færð og ef ástæða er til er aðvörun um hálku eða ófærð af völdum veðurs komið á framfæri í veðurfréttum útvarps og sjónvarps.

Yfir sumartímann bætast við fréttir af helstu fjallvegum landsins en þá eru vikulega gefin út kort um ástand þeirra og eru þau send til um 300 aðila sem tengjast upplýsingaþjónustu við ferðamenn, bæði innan lands og utan, og eru þau m.a. fest upp á allflestum greiðasölustöðum landsins.

985. Fyrirspurn [579. mál]

til samgönguráðherra um leiðsögumannsstörf.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir löggildingu starfsheitisins „leiðsögumaður ferðafólks“? Ef svo er, þá hvenær?
2. Hversu margar undanþágur voru veittar útlendingum til að annast leiðsögumannsstörf á árunum 1985–1992, sundurliðað eftir árum og þjóðerni?

3. Hvaða menntunarkröfur þurfa erlendir leiðsögumenn að uppfylla til að öðlast slíkar undanþágur? Er krafist sérþekkingar á Íslandi, náttúrufari, sögu þjóðarinnar og atvinnuháttum?
4. Hvernig verður framkvæmd þessara mála háttað næsta sumar?

Greinargerð.

Fyrirspurn þessi var lögð fram á síðasta þingi en var ekki svarað þrátt fyrir eftirgrennslan fyrirspyrjanda bæði í þingi og ráðuneyti. Fyrirspurnin er því ítrekuð en efni hennar fært til þessa árs.

Skriflegt svar óskast.

986. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Nefndin sendi heilbrigðis- og trygginganefnd málið til umsagnar og mælti hún með að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.

987. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Halldór Þorbjörnsson hæsta-

réttardómara frá réttarfarsnefnd. Umsagnir bárust frá fjármálaráðuneytinu, héraðsdómi Norðurlands eystra, héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Suðurlands, héraðsdómi Vesturlands, héraðsdómi Norðurlands vestra, ríkissaksóknara, Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að ákæruvaldi lögreglustjóra verði breytt en það er skv. 28. gr. laganna takmarkað við tilteknar tegundir minni háttar brota. Það hefur í för með sér að embætti ríkissaksóknara hefur umtalsverðan fjölda af minni háttar málum til meðferðar sem ekki er unnt að afgreiða með öðrum hætti en útgáfu ákæru og síðan dómstólameðferð. Þessi mál hefðu mörg hver verið afgreidd með dómsátt án afskipta ríkissaksóknara samkvæmt eldri lögum um meðferð opinberra mála. Markmið frumvarpsins er að ákæruvald lögreglustjóra nái til þessara mála og enn fremur að réttaröryggi almennings verði bætt með því að mál gangi hratt og vel fyrir sig. Tilefni breytingarinnar er dómur Hæstaréttar 7. janúar 1993 þar sem túlkað var hvernig ríkissaksóknari mætti beita heimild 2. mgr. 28. gr. laganna til að fela lögreglustjórum ákæruvald. Meiri hluti nefndarinnar tekur hins vegar undir þá almennu ábendingu Lögmannafélags Íslands að viss hætta geti verið því samfara að einn og sami maðurinn annist rannsókn brotamáls, ákæri í því og sæki síðan málið.

Í öðru lagi er lagt til að aðild að kröfugerð um kyrrsetningu á eignum sakbornings skv. 85. gr. laganna verði breytt þannig að sá sem stýrir rannsókn eða ríkissaksóknari geti gert kröfu um kyrrsetningu. Er breytingin lögð til í tilefni af úrskurði sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur 17. september 1992. Þar var niðurstaðan sú að lögreglustjóri gæti aðeins krafist kyrrsetningar ef hann færi með ákæruvald í þeim brotaflokki sem brot heyrði til. Þörf er á að breyta ákvæðinu þannig að lögreglustjóri hafi heimild til þess að krefjast kyrrsetningar við rannsókn máls en nauðsynlegt getur verið að slík tryggingarráðstöfun sé gerð strax í upphafi rannsóknar.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæðum um útgáfu fyrirkalls og ákæru skv. 120. gr. laganna verði breytt. Er miðað við að frestur til fyrirkalls miðist við móttöku dómara á ákæru og skuli hann eigi síðar en þremur vikum eftir móttöku ákæru gefa út fyrirkall á hendur ákærða. Samkvæmt gildandi lögum er fresturinn fjórar vikur eftir að ákæran er gefin út. Komið hefur fyrir að birting ákæru, sem gefin hefur verið út, hefur dregist þannig að ógerlegt hefur verið fyrir dómara að gefa út fyrirkall tímanlega. Komið hafa ábendingar um að 5. gr. frumvarpsins sé ekki nógu skýr þannig að óljóst sé hvort fresturinn byrji að líða þegar máli hefur verið úthlutað dómara til meðferðar eða þegar málið berst dómstólnum. Kemur vafinn upp þar sem um fjölskipaðan dómstól er að ræða. Til þess að taka af allan vafa er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt og fyrri skilningurinn verði lagður til grundvallar.

Frumvarpið miðar að því, svo sem að framan er lýst, að sníða vankanta af nýlegum lagabálki og er í samræmi við þann tilgang sem ætlunin var að ná með samþykkt hans.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 16. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Sigbjörn Gunnarsson.

Pétur Bjarnason. Björn Bjarnason.

Fylgiskjal.

Fjárlagaskrifstofa, fjármálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Þær meginbreytingar frá gildandi lögum, sem felast í frumvarpinu, eru í 2. gr. þess og er þeim lýst í athugasemdum við greinina. Helstu ákvæði greinarinnar eru þessi:

1. Umfang ákæruvalds lögreglustjóra byggist á almennri ákvörðun ríkissaksóknara og er það rýmkun á ákvæðum núgildandi laga þar sem lögreglustjórar fara með ákæruvald fyrir brot sem tilgreind eru í a–c-liðum 1. mgr. 28. gr. laganna, auk þess sem ríkissaksóknari getur falið þeim ákæruvald í öðrum málum skv. 2. mgr.
2. Almenn heimild ríkissaksóknara til að fela lögreglustjórum ákæruvald er rýmkuð þannig að í stað þess að heimildin miðist við að brot varði sektum, upptöku eigna eða varðhaldi verði miðað við að brot varði sektum, upptöku eigna, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.
3. Auk brota þar sem refsimörk falla undir almenna viðmiðun í 2. lið hér að framan verði ríkissaksóknara heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum, lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun og 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot á þeirri grein tengjast jafnframt umferðarlagabrotum og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum, en þó ekki til nytjastuldar á skipi eða flugfari.

Tilgangur þessarar lagabreytingar er að gera lögin skilvirkari, stytta málsmeðferð minni háttar mála með því að fela lögreglustjórum ákæruvald í þeim í stað þess að láta þau fara dómsmálaleiðina að undangenginni ákæru ríkissaksóknara. Sú leið er vafalítið lengri og dýrari í meðförum og má því segja að frumvarpið miði að því að koma í veg fyrir kostnaðaraukningu ríkissjóðs sem annars gæti orðið.

988. Breytingartillaga [372. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, JHelg, BBj, SigG, PBj).

Við 5. gr. Efnismgr. orðist svo:

Jafnframt gefur hann svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en þremur vikum eftir að hann fær í hendur ákæru, út fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing.

989. Þingsályktun [354. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja hins vegar um fríverslun milli Íslands og Færeyja.

(Afgreidd frá Alþingi 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 633.

990. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [572. mál]

í málinu: Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins.

Frá Geir H. Haarde.

Þar sem fyrir liggur að menntamálaráðherra hefur óskað athugunar Ríkisendurskoðunar á fjárhagslegum samskiptum setts framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins við stofnunina telur Alþingi ekki ástæðu til að kjósa rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni til að fjalla um málið. Því samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

991. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á 2. gr. frumvarpsins en þar er ákvæðum um ákæruvald lögreglustjóra breytt þannig að það geti tekið til fleiri mála, þ.e. tiltekinna tegunda minni háttar afbrota.

Lögmannafélag Íslands bendir á í umsögn sinni um málið að ávallt sé ákveðin hætta því samfara að einn og sami maðurinn annist rannsókn brotamáls, ákæri í því og sæki síðan málið. Við slíkar aðstæður sé ekki nægilega tryggt að gætt sé þeirrar hlutlægni við rannsókn sem 31. gr. laganna býður. Samkvæmt því lagaákvæði ber rannsóknara að gæta jafnt að þeim atriðum er horfa til sýknu og sektar. Hætt er við að ef hann eigi að sækja mál að rannsókn lokinni muni hann beina rannsókninni að þeim atriðum er horfi til sektar til þess að ná fram sakfellingu síðar og þar með „sýna árangur í starfi". Það sé þáttur eða veikleiki í mannlegu eðli sem ekki megi loka augunum fyrir. Minni hluti nefndarinnar telur rétt að taka tillit til þessarar ábendingar.

Enn fremur kom fram hjá fulltrúa réttarfarsnefndar sem kom á fund nefndarinnar að ekki hefði verið valin heppilegasta leiðin við setningu laga um meðferð opinberra mála með því að hafa ákværuvald í svo mörgun málum í höndum lögreglustjóra. Sú stefna var hins vegar mörkuð með setningu laganna.

Minni hlutinn mun ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 1993.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

992. Lög [193. mál]

um leiðsögu skipa.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 969.

993. Lög [260. mál]

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 64/1958, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 341.

994. Svar [482. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um útflutning á iðnvarningi tengdum sjávarútvegi.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvert var verðmæti útflutts iðnvarnings, sem tengist sjávarútvegi, frá árinu 1982 til og með 1992 á föstu verðlagi?*
2. *Hvaða hlutfall var það af andvirði heildarútflutnings landsmanna á sama tímabili?*

Meðfylgjandi er yfirlit yfir útfluttar iðnaðarvörur sem tengjast sjávarútvegi 1983–1992. Rétt er að taka fram að tollnúmeraflokkunarkerfi var breytt árið 1988 og aftur 1991. Af þeim sökum er samanburður milli ára erfiður. Var fyrri flokkun allmiklu grófari. Má nefna að vélar til fiskverkunar flokkuðust þá í safnflokknum „vélar ótaldar annars staðar".

Rétt er þó að hafa í huga að ástæður fyrir breyttu flokkunarkerfi tengjast breyttu viðskiptaumhverfi, þ.e. að vörur eru þá fyrst teknar út úr safnflokkum þegar verulega fer að kveða að þeim í útflutningi.

Verðmæti útfluttra iðnaðarvara sem tengjast sjávarútvegi 1983-1992.

Verðmæti í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Nr. í Hagtíðindum		1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
825	**Fiskkassar, trollkúlur og netahringir**	13,6	25,0	48,6	77,7	82,1	113,2	121	155,2	140,4	150,7
855	**Fiskinet og línur, kaðlar o.þ.h.**	29,7	50,6	73,9	110,7	147,5	159	181,8	192,6	110,9	140,6
890	**Rafeindavogir**	2,2	11,8	75,7	101,3	85,6	132,2	179,5	188,7	258,9	258,8
893	**Vélar, tæki og bún. til fiskveiða**	7,9	12,9	20,3	49,9	80,7	123,3	116,8	180,3	150,2	154,1
895	**Vélar til fiskverkunar**					139,1	196	211,2	209,7	187,4	170,8
	Samtals:	**53,4**	**100,3**	**218,5**	**339,6**	**535,0**	**723,7**	**810,3**	**926,5**	**847,8**	**875,0**
	Heildarvöruútflutningur	18.633,0	23.760,6	33.749,6	44.967,8	53.053,1	61.666,7	80.071,7	92.625,1	91.560,4	87.832,9
	% af heildarvöruútflutningi	0,29%	0,42%	0,65%	0,76%	1,01%	1,17%	1,01%	1,00%	0,93%	1,00%
	Verðmæti á föstu verðlagi*	**144,2**	**233,1**	**398,3**	**551,4**	**849,7**	**1.007,2**	**894,4**	**926,5**	**846,9**	**875,0**

* Miðað er við meðalgengi útflutnings á árinu 1992

995. Svar [521. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur og Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur um afbrot barna og unglinga og meðferðar- og vistunarúrræði.

Inngangur.

Minnt skal á að félagsmálaráðuneytið tók ekki við málaflokknum vernd barna og ungmenna fyrr en um síðustu áramót. Því liggja ekki fyrir í ráðuneytinu umfangsmiklar upplýsingar um þetta svið. Til að unnt væri að svara fyrirspurninni reyndist nauðsynlegt að afla ýmissa frumupplýsinga. Í nokkrum liðum fyrirspurnarinnar er leitað upplýsinga um tiltekinn aldurshóp barna og ungmenna. Erfitt hefur reynst að afla sundurgreindra upplýsinga frá nokkrum stofnunum og ráðrúm hefur ekki gefist í öllum tilvikum að vinna allar upplýsingar til fulls. Enn aðrar hafa alls ekki borist í tæka tíð. Ráðuneytið mun á næstunni vinna að frekari upplýsingaöflun í því augnamiði að fá betra yfirlit yfir þau úrræði sem til er að dreifa fyrir barnaverndaryfirvöld, kostnað, aldursskiptingu skjólstæðinga og annað sem máli kann að skipta.

1. Af hve mörgum börnum 10–15 ára þurftu barnaverndarnefndir að hafa afskipti á árunum 1990–1992 vegna afbrota? Svar óskast sundurgreint eftir aldri barnanna.

Þetta atriði fyrirspurnarinnar varðar upplýsingar um störf barnaverndarnefnda. Í fyrsta lagi lýtur þetta atriði að því með hvaða hætti vitneskja berst til nefndanna, þar á meðal um þau mál þar sem börn eru viðriðin afbrot. Í öðru lagi er um að ræða hvernig þessi vitneskja er skráð í gögnum barnaverndarnefnda og í þriðja lagi hvernig þessu atriði eru gerð skil í skýrslum barnaverndarnefnda.

Í lögum, sem í gildi voru á þeim tíma sem fyrirspurnin nær til, segir í 2. mgr. 19. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966: „Ef brot eru framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, ber löggæslumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu.“ Vitað er að nokkur misbrestur er á því að þetta ákvæði hafi verið rækt, m.a. vegna þess að barnaverndarnefnd var ekki gert kunnugt um málið. Auk þess var þessi framkvæmd örðug vegna þess að flestar barnaverndarnefndir hafa ekki starfsmönnum á að skipa. Þar sem starfsmenn barnaverndarnefnda eru til staðar er ekki tryggt til þeirra náist um helgar þegar flest afbrot ungmenna eru framin. Annað atriði í lögum, sem við kemur fyrirspurninni, lýtur að skýrslugerð barnaverndarnefnda. Í 54. gr. fyrrgreindra laga var barnaverndarráði falið að heimta ársskýrslur frá barnaverndarnefndum um störf þeirra og gefa út útdrátt úr þeim eigi sjaldnar en annað hvert ár. Barnaverndarráði hefur þótt skorta skýr lagaákvæði um þessa upplýsingaöflun, þ.e. um hvaða upplýsinga skuli aflað. Þannig hafa barnaverndarnefnir í raun gert grein fyrir störfum sínum eins og þeim hefur þótt réttast. Lítið samræmi hefur verið milli nefndanna að þessu leyti. Það var í rauninni ekki fyrr en með skýrslu ráðsins fyrir árið 1984–1985 að tilraun var gerð til að samræma þessar upplýsingar. Áhersla var lögð á að afla upplýsinga um hvernig mál berast til nefndanna, um fjölda mála, fjölda funda sem hver nefnd hélt o.s.frv. Síðast en ekki síst var lögð áhersla á að afla upplýsinga um eðli þeirra ráðstafana sem gripið var til gagnvart börnum, hvernig eftirliti var háttað með þeim börnum, sem og um fjölda barna sem um var að ræða, kyn þeirra og aldur. Við þessa tilraun til að samræma upplýsingarnar kom í ljós að frum-

skráning hjá nefndunum var afar mismunandi, þar á meðal skilgreiningar og skráningarmáti. Sem dæmi má nefna að mikill munur var á því hvað talið var félagslegt úrræði og hvað talið var barnaverndarúrræði, t.d. var í einu tilviki hægt að líta á sumardvöl barns í sveit sem barnaverndarúrræði ef nefndin stuðlaði að því með einhverjum hætti að barnið færi til dvalarinnar. Annars staðar var litið á slíkt sem félagslegt úrræði og það ekki skráð sem barnaverndarúrræði. Miðað við að ætla má að um 300 börn fari til sveitardvalar fyrir tilstilli barnaverndarnefnda getur flokkun og skráning þessa „úrræðis" skekkt verulega heildaryfirlit og gert samanburð ómarktækan.

Af öllu framangreindu leiðir að þær upplýsingar, sem barnaverndarnefndir hér á landi láta í té um störf sín, gefa lítið tilefni til að ætla hverjar ástæður hafi verið fyrir afskiptum af börnum. Vert er að hafa í huga að þau vandamál, sem börn, sem gjarnan eru skjólstæðingar barnaverndaryfirvalda, eiga við að glíma, eru oftast fjölþætt. Afbrot eru venjulega aðeins hluti þess vanda sem við er að glíma.

Til að gefa svar við fyrirspurninni og gera sér grein fyrir umfangi afbrota á meðal ungmenna verður ekki komist nær svari en að kanna gögn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglunni í Reykjavík. Að sögn lögreglunnar mun flestum málum ungmenna, sem fremja afbrot, vera vísað til meðferðar barnaverndarnefnda. Skráning RLR er þó með þeim hætti að aðeins er unnt að fá upplýsingar um fjölda kærða 16 ára og yngri. Engin sundurgreining fer fram í skráningarkerfi RLR á aldri þeirra sem eru yngri en 16 ára né hjá lögreglunni í Reykjavík á þeim sem yngri eru en 14 ára.

Fjöldi kærða hjá RLR 16 ára eða yngri 1990–1992.

1990	1991	1992
429	405	359

Úr kæruskrá lögreglunnar í Reykjavík.

	1990	1991	1992
Ölvun á almannafæri:			
–14	6	4	8
15–16	51	41	34
Hnupl:			
–14	42	75	88
15–16	53	65	57
Innbrot:			
–14	15	11	20
15–16	26	19	37
Líkamsárás:			
–14	8	9	4
15–16	33	32	31
Rúðubrot:			
–14	11	15	
15–16	42	28	

	1990	1991	1992
Eignaspjöll:			
-14	44	15	
15-16	41	28	
Meint ölvun við stjórn ökutækis:			
-14			0
15-16			23
Dómsátt á lögreglustöð:			
-14			0
15-16			1
Handteknir vegna gruns um meðferð ávana- eða fíkniefna:			
-14	0	2	0
15-16	7	35	11

2. *Hve oft voru afbrot tengd*
   a. vínneyslu,
   b. neyslu annarra vímuefna,
   c. geðrænum vandamálum?
   Svar óskast sundurgreint eftir aldri barnanna.

Því miður er ekki unnt að gefa upplýsingar um það hve oft afbrot barna og ungmenna voru tengd þeim atriðum sem spurt er um, þ.e. áfengis- eða vímuefnaneyslu eða vanda af geðrænum toga. Svo sem fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar miðar skráning mála hjá opinberum aðilum að því að halda upplýsingar um fjölda einstaklinga. Sundurgreining á þeim vanda, sem við er að glíma, fer ekki fram. Til að unnt væri að afla slíkra upplýsinga þyrfti sérstaka rannsókn sem fæli í sér alhliða athugun á hverju máli sem barnaverndarnefndir hefðu haft til umfjöllunar. Á það var bent í fyrrgreindu svari að vandi þeirra barna og ungmenna, sem eru skjólstæðingar barnaverndaryfirvalda, er gjarnan margþættur.

3. *Hvaða meðferðar- og vistunarúrræðum hafa barnaverndaryfirvöld yfir að ráða á vegum ríkis, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?*

Hér verður gerð nánari grein fyrir því hvaða meðferðar- og vistunarúrræðum barnaverndaryfirvöld hafa aðgang að í sínu starfi, á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Vafamál er hvort telja beri ýmsar stofnanir til „úrræða" enda þótt félagsmála- eða barnaverndaryfirvöld stuðli að því með einhverjum hætti að barn eða ungmenni dveljist þar um stundarsakir, svo sem í húsi Rauða krossins. Fyrir yngri börn væri markviss dvöl barna á dagvistarstofnun eða skóladagheimili dæmi um þannig úrræði. Þessi „jaðarúrræði" eru ekki talin með í þessu yfirliti um stofnanir.

Meðferðar- og vistunarúrræði sem barnaverndaryfirvöld hafa yfir að ráða.

1. Unglingaheimili ríkisins.
   Fimm starfseiningar:
   *Móttökudeild.
   *Meðferðarheimilið Sólheimum 7.
   *Unglingasambýlið Sólheimum 17.
   *Meðferðardeildin á Tindum fyrir unga fíkniefnaneytendur.
   *Ráðgjafar- og göngudeildarþjónusta.

*Auk þess er í tengslum við Unglingaheimili ríkisins rekið sérstakt heimili að Árbót í Aðaldal.

2. Meðferðarheimilið á Torfastöðum (UHR).
3. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL).
4. Vistheimili barna að Hraunbergi 15 og Mánagötu 25.
5. Unglingasambýli Félagsmálastofnunar Reykjavíkur og tvö fjölskylduheimili.
6. Meðferðarheimilið Kleifarvegi 15.
7. Vistun á einkaheimilum.[1]
8. Önnur úrræði.[2]

Árbót í Aðaldal er sérhæft úrræði fyrir tvo drengi sem þurfa sérstakrar gæslu og umönnunar við, stofnað 15. ágúst 1992. Ábúendur reka meðferðarheimilið sem verktakar en UHR hefur yfirumsjón með hinu faglega og uppeldislega starfi.

Vistheimilin á Mánagötu og í Hraunbergi eru aðeins ætluð skjólstæðingum barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Meðferðarheimilið Kleifarvegi 15 heyrir undir geðdeild Borgarspítalans í Reykjavík. Í raun er tæpast um að ræða úrræði á vegum barnaverndarnefndar. Á hinn bóginn eru mörg þeirra barna sem dvelja á heimilinu jafnframt skjólstæðingar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Börnunum er komið á heimilið fyrir milligöngu sálfræðiþjónustu skóla í Reykjavík, oft í samvinnu við Félagsmálastofnun. Sjá einnig meðfylgjandi yfirlit.

4. *Hve margar stofnanir og heimili sinna meðferðar- og umönnunarhlutverki fyrir þessa aldurshópa á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?*

Auk þeirra stofnana, sem nefndar eru í svari við 3. lið, eru nokkrar stofnanir, heimili eða áfangastaðir sem annast börn og ungmenni með einum eða öðrum hætti. Flestar koma fram í yfirliti því sem birt er í lok þessarar samantektar. Flestar þessara stofnana liðsinna ungmennum sem eru eldri en þau sem fyrirspurnin nær til, en ungmenni innan 16 ára kunna undir vissum kringumstæðum að dvelja þar. Meiri hluti þeirra staða, þar sem börn eða ungmenni dveljast, virðist vera ætlaður þeim sem eiga við fíkniefnavanda að stríða. Má þar nefna stofnanir SÁÁ, ýmsa áfangastaði, þar á meðal á vegum trúfélaga, en auk þess neyðarathvarf Rauða krossins sem áður er getið.

Þá er þess að geta að börn eru gjarnan send til sumardvalar sem oftast varir þrjá mánuði eða skemur. Þess háttar ráðstöfun er hér á landi notuð sem „félagslegt úrræði“ eða jafnvel sem „barnaverndarúrræði“. Ekki er unnt að gefa upplýsingar um aldursskiptingu barna né fjölda þessara heimila. Upplýsingar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar leiða í ljós að árið 1992 voru 180 börn send til sumardvalar á vegum stofnunarinnar á 67 heimili, nær öll í dreifbýli. Samkvæmt munnlegum upplýsingum, sem komu fram á fundi með fulltrúum hagsmunafélags vistforeldra í sveitum, má ætla að um 250 börn eða fleiri séu í sumardvöl á vegum félagsmálastofnana, flest á aldrinum 6–12 ára.

---

[1] Skammtíma- og langtímafóstur. Sumardvalir.

[2] Svo sem stuðningsfjölskylda, skipaður tilsjónarmaður (ekki eru til upplýsingar um umfang þessara úrræða).

5. Hver var heildarkostnaður þessara stofnana og heimila á árunum 1990–1992 hjá ríki, sveitarfélögum eða hjá einkaaðilum?

	1990	1991	1992[1]
5. a. *Á vegum ríkis (og sveitarfélaga):*[2]			
Tindar	38.734	76.012[3]	46.587
UHR	68.121	78.625	73.106
Torfastaðir	12.675	12.480	14.700
Árbót	—	—	8.155
Barna- og unglingageðdeild. — Upplýsingar bárust ekki.			
Meðferðarheimilið Kleifarvegi. — Upplýsingar bárust ekki.			
Samtals	**119.530**	**167.117**	**142.578**
5. b. *Á vegum sveitarfélaga eingöngu:*			
Fastastofnanir FR[4]	68.530	62.679	63.998[5]
Langtímafóstur á einkaheimilum[6]			111.000
Sveitadvöl[7]			10.000
Meðferðarheimilið Kleifarvegi. — Upplýsingar bárust ekki.			
Samtals			**184.998**
5. c. *Á vegum einkaaðila:*			
Rauðakrosshúsið	13.000	17.000	18.000

Upplýsingar um kostnað vegna fósturs barna:

Kostnaður við fóstur hefur til þessa verið reiknaður út frá „meðlagsupphæð" en framvegis er líklegt að notuð verði viðmiðunin „visteiningar", a.m.k. af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Í febrúar 1993 var 1 visteining u.þ.b. 7.700 kr. Ekki er óalgengt að sveitavistun unglings kosti 8 visteiningar (60.410 kr. á mánuði). Gjald fyrir börn yngri

[1] Upplýsingar um Tinda, UHR, Torfastaði og Árbót samkvæmt upplýsingum úr Ríkisbókhaldi, með fyrirvara um mögulegar breytingar.

[2] Þar af er hluti „sértekna", þ.e. hluti sveitarfélaga í rekstri ríkisstofnananna Torfastaða og UHR, 6.733 kr. árið 1990 og 6.135 árið 1991 í rekstri Torfastaða og 21.968 kr. árið 1990 og 25.500 kr. 1991 í rekstri UHR.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu greiðslnanna fyrir árið 1992. Frá og með árinu 1993 greiðist rekstur UHR af ríki eingöngu.

[3] Samtala rekstrarkostnaðar og stofnkostnaðar.

[4] Vistheimilin á Mánagötu og í Hraunbergi, unglingasambýli í Búðargerði og tvö fjölskylduheimili.

[5] Aðeins fengust upplýsingar um áætlaðan kostnað þriggja fyrstnefndu stofnananna 1993.

[6] Upplýsingar um þennan kostnaðarlið eru ekki fyrir hendi og er hér um að ræða áætlaða tölu. Vegna tímaskorts reyndist ekki unnt að leita tryggilegrar umsagnar um forsendur þessara útreikninga. Miðað er við að 300 börn séu í fóstri yfir árið og greidd sé fjórföld upphæð barnalífeyris, sem er 7.700 kr., með hverju barni. Auk þess er gert ráð fyrir öðrum minni háttar útgjöldum vegna fósturs barnanna. Nánari grein er gerð fyrir þeim reglum sem fylgt er af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar í sérstökum kafla.

[7] Einnig áætluð upphæð. Reiknað er með að 250 börn dveljist einn mánuð hvert og að kostnaður sé að upphæð 40.000 kr. fyrir hvert barn um sig á mánuði. Áætlað er að kostnaðarhlutdeild foreldra sé einhver en á móti komi ýmis útgjöld, svo sem vegna sérstaks eftirlits, aksturs o.fl. Jafnframt er gert ráð fyrir að sum barnanna dveljist lengur en einn mánuð.

en 12 ára er 6 visteiningar. Ef um er að ræða ungmenni, sem eiga við mikla hegðunarerfiðleika að etja, fer gjaldið upp í 10 einingar (77 þús. kr. á mánuði). Í því felst húsnæðis- og fæðiskostnaður fyrir unglinginn og laun þess sem annast hann. Auk þess eru oft greiddir vasapeningar. Sú upphæð, sem greidd er með börnum sem eru í fóstri á einkaheimili, er afar mismunandi allt frá því að fósturforeldrar sjái alfarið um framfærslu barnsins og hljóti enga greiðslu til þess að greiddar séu 75–80 þús. kr. á mánuði.

Undanskilinn í framangreindum kostnaði er launakostnaður starfsmanns barnaverndarnefndar, oftast félagsráðgjafa, sem er framkvæmdastjóri ráðstöfunarinnar og annar kostnaður af starfi hans, svo sem ferðir og dagpeningar.

6. *Er einhver sérhæfing í rekstri þessara stofnana eða heimila? Ef svo er, í hverju er hún fólgin og hversu margir einstaklingar voru vistaðir á þessum heimilum á árunum 1990–1992 skipt niður eftir aldri barnanna?*

Í yfirliti, sem fylgir þessu svari, er að finna upplýsingar um þær stofnanir þar sem unnið er að meðferð eða umönnun barna og ungmenna hér á landi. Þá eru í yfirlitinu upplýsingar sem unnt reyndist að afla um sérhæfingu þessara stofnana. Á hinn bóginn þykir rétt að gera nánari grein fyrir sérhæfingu þeirra stofnana sem sinna flestum skjólstæðingum barnaverndarnefnda og félagsmálayfirvalda.

Unglingaheimili ríkisins.

Í 1. gr. reglugerðar um Unglingaheimili ríkisins segir svo um hlutverk þess:

„Unglingaheimili ríkisins er stofnun þar sem yfirvöldum ber að aðstoða unglinga á aldrinum 12–15 ára (að báðum aldursflokkum meðtöldum) um lengri að skemmri tíma gerist þess þörf vegna hegðunarvandamála unglinganna, vegna alvarlegs skorts á eðlilegum aðbúnaði, umönnun og uppeldi unglinganna af hálfu forsjáraðila þeirra eða vegna alvarlegrar röskunar á högum unglinganna.

Aðstoðin er fólgin í:

a. Skammtímavistun meðan fram fara nauðsynlegar aðgerðir á grundvelli barnaverndarlaga eða þegar mjög er áfátt eðlilegum aðbúnaði og aðhaldi.
b. Vistun meðan rannsókn á unglingum fer fram, greining á vandamálum þeirra og ráðstafanir gerðar til úrbóta.
c. Vistun til langtímameðferðar og enduruppeldis.
d. Ráðgjöf, meðferð og önnur fagleg aðstoð án vistunar.

Heimilt er að víkja frá þeim aldursmörkum sem hér er miðað við ef ástæða þykir til.“

Eins og sjá má af þessu er skilgreiningin á hlutverki Unglingaheimilisins nokkuð rúm. Hefur þetta verið túlkað svo að Unglingaheimilinu beri að sinna öllum unglingum í vanda nema aðrar stofnanir hafi betri möguleika að sinna þeim vegna sérhæfingar sinnar. Þetta á t.d. við um þroskahefta unglinga og alvarlega geðveika unglinga.

Deildir Unglingaheimila ríkisins og sérhæfing þeirra:

1. Meðferðar- og ráðgjafardeild. — Unglingaráðgjöf (sveigjanleg aldursmörk).

Hlutverk:

a. Skipulagning á faglegu starfi á einstökum deildum innan Unglingaheimilisins í samráði við deildarstjóra.
b. Leiðbeiningar og fagleg ráðgjöf til starfsmanna Unglingaheimilisins.
c. Sálfræðileg og félagsleg rannsókn við upphaf vistunar.

d. Meðferð og ráðgjöf til unglinga, forsjáraðila og annarra aðstandenda.
e. Almenn ráðgjöf til sveitarstjórnar um málefni unglinga.

2. Móttökudeild (13–15 ára).
a. Skammtímadeild (tvö rými) er opin til móttöku allan sólarhringinn. Dvöl á meðan fram fara nauðsynlegar aðgerðir á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna. Vistun á vegum barnaverndarnefndar eða lögreglu. Ungmenni má aðeins vista á deildinni lengur en 24 klst. að fyrir liggi ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Hámarksvistunartími er tvær vikur.
b. Rannsóknardeild (fjögur rými). Deildin vistar unglinga til rannsóknar og til greiningar. Svo fljótt sem auðið er (innan fjögurra vikna) skulu liggja fyrir tillögur um áframhaldandi úrræði og faglega aðstoð.

3.–4. Uppeldis- og meðferðardeild Sólheimum 7 og Unglingasambýlið Sólheimum 17.

Deildirnar taka við unglingum í langvarandi uppeldi og meðferð. Aðallega er um að ræða ungmenni sem verið hafa í meðferð á öðrum deildum Unglingaheimilisins en geta ekki búið á heimili sínu. Unglingar skulu ekki teknir á deildirnar nema að lokinni gagngerri sálfræðilegri, uppeldislegri, læknisfræðilegri og félagslegri rannsókn og greiningu. Áætlun skal gerð um uppeldi, meðferð, aðstoð og aðrar ráðstafanir. Hún skal endurmetin með reglulegu millibili.

5. Tindar á Kjalarnesi (13–18 ára).

Deild fyrir vímuefnaneytendur er á Tindum. Um er að ræða langtímauppeldis- og meðferðardeild fyrir unga vímuefnaneytendur á aldrinum 13–18 ára. Hún starfar í samvinnu við þær stofnanir heilbrigðiskerfisins sem sinna neyðarþjónustu fyrir vímuefnaneytendur. Þar fer fram greining, skammtímavistun og eftirmeðferð. Aðstaða til afeitrunar er takmörkuð. Verst stöddu skjólstæðingarnir fara til afeitrunar á deild 33 A á Landspítala. Móttaka og greining tekur um 2–4 vikur, meðferð 6–12 vikur og eftirmeðferð 6–12 mánuði. Rými er fyrir 12 ungmenni. Eftirmeðferð fer fram á göngudeildarþjónustu UHR í Síðumúla. Sá hluti meðferðarinnar er í formi hópvinnu tvisvar til þrisvar í viku hverri og einkaviðtala 2–8 sinnum í mánuði eftir þörfum. Einnig er um að ræða fjölskylduviðtöl á meðferðartíma ásamt fjölskyldukvöldi einu sinni í viku.

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL).

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans er hluti af geðdeild Landspítalans. Stofnunin skiptist í göngudeild fyrir börn og ungmenni, legu- og dagdeild barna og legudeild unglinga. BUGL sinnir einnig bráðaþjónustu. Barnaverndarnefndir og foreldrar geta leitað til deildarinnar eftir ráðgjöf og meðferð vegna geðrænna erfiðleika barna og unglinga.

Unglingadeild, sem er lokuð, er með átta skráð vistrými en getur í raun einungis tekið við sjö einstaklingum.

Á barna- og unglingageðdeild fer fram greining og bráðameðferð. Starfsemi BUGL felst fyrst og fremst í meðferð á alvarlegri geðsjúkdómum og sállíkamlegum truflunum eða meðferð barna eða ungmenna í sjálfsvígshættu. Ungmenni með hegðunartruflanir, eða í mikilli vímuefnaneyslu, eru einnig vistaðir á unglingageðdeild en hámarkfjöldi er einn til tveir. Til bráðainnlagna kemur þegar um er að ræða alvarlega geðsjúkdóma eða sjálfsvígshættu.

Skammtíma- og langtímafóstur á einkaheimilum. Sumardvöl.

Eitt helsta langtímaúrræði barnaverndaryfirvalda er fóstur barna á einkaheimilim. Almennt má segja að í fóstur á einkaheimili fari aðeins þau börn sem teljast „fósturhæf". Með því er átt við að þau eigi ekki við svo mikinn tilfinningalegan vanda að etja að þau þurfi sérstaka umönnun. Fá úrræði eru til í landinu fyrir börn sem svo er ástatt um. Dvöl barna og ungmenna á einkaheimilum er oft beitt sem skammtímaúrræði, sérstaklega hvað varðar yngri börn en 12 ára, enda er ekkert vist- eða meðferðarheimili til í landinu fyrir yngri börn fyrir utan þau sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur rekur og hið sérhæfða úrræði sem barna- og unglingageðdeild Landspítalans er. Vistun á heimilum barnaverndarnefndar Reykjavíkur kemur gjarnan til á meðan unnið er að því að bæta uppeldishæfni foreldra. Einnig getur verið um að ræða að vistunartími sé notaður til að meta hæfni foreldra, andlega líðan barna o.s.frv. eða að foreldar séu þannig á sig komnir að þeim sé um megn að annast forsjá barna sinna.

Skýrslur barnaverndarnefnda gefa til kynna að árið 1990 hafi um 300 börn verið í varanlegu fóstri á landinu öllu. Öll þessi börn dvelja á einkaheimilum en ekki á stofnunum. Á sama tíma gefa upplýsingar þessa árs til kynna að auk þess hafi 429 börn dvalist utan heimilis í skemmri tíma „á vegum" barnaverndarnefnda, ýmist í tímabundnu fóstri, á vistheimili, unglingaheimili eða annarri stofnun eða verið í sumardvöl. Upplýsingar frá barnaverndarnefndum um framangreind atriði eru fremur ónákvæmar og ber að taka þeim með nokkrum fyrirvara af þeim sökum. Þá vantar í sumum tilvikum allar upplýsingar frá mörgum nefndanna um framangreind atriði.

Hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar störfuðu árið 1991 fjórar fjölskyldur sem tóku börn í fóstur með litlum fyrirvara. 23 börn dvöldu í slíku skammtímafóstri á vegum stofnunarinnar árið 1991. Þá rekur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar tvö fjölskylduheimili sem ætluð eru börnum sem ekki geta farið í fóstur á hefðbundin fósturheimili. Þannig heimili er á Ásvallagötu 4. Þar geta dvalið fimm börn.

Auk þessa fjölda barna og ungmenna, sem einhverjar upplýsingar eru til um, má gera ráð fyrir að einhver börn eða ungmenni hafi dvalið utan heimilis í lengri eða skemmri tíma án þess að sú ráðstöfun hafi verið með íhlutun viðkomandi barnaverndarnefndar. Engar upplýsingar eru til um fjölda þeirra barna.

Upplýsingar um fjölda barna á helstu stofnunum.
Sundurgreint eftir aldri þeirra þar sem þær upplýsingar fengust.

Unglingaheimili ríkisins:

Móttökudeild:

1990 — 106 vistanir	1991 — 101 vistanir	1992 — 100 vistanir
1 var 21 árs	2 voru 17 ára	1 var 17 ára
15 voru 16 ára	32 voru 16 ára	21 var 16 ára
59 voru 15 ára	46 voru 15 ára	49 voru 15 ára
30 voru 14 ára	14 voru 14 ára	22 voru 14 ára
1 var 13 ára	7 voru 13 ára	7 voru 13 ára

Meðferðarheimilið Sólheimum 7:

1990 — 11 vistanir	1991 — 12 vistanir	1992 — 15 vistanir
3 voru 16 ára	5 voru 16 ára	4 voru 16 ára
7 voru 15 ára	6 voru 15 ára	7 voru 15 ára
1 var 14 ára	1 var 13 ára	4 voru 14 ára

Sambýlið Sólheimum 17:

1990 — 7 vistanir	1991 — 7 vistanir	1992 — 10 vistanir
2 voru 18 ára	1 var 19 ára	1 var 18 ára
2 voru 16 ára	6 voru 16 ára	5 voru 17 ára
3 voru 15 ára	3 voru 16 ára	1 var 15 ára

Tindar:

1990 (starfaði ekki)	1991 — 50 vistanir	1992 — 62 vistanir
	3 voru 19 ára	1 var 19 ára
	3 voru 18 ára	7 voru 18 ára
	13 voru 17 ára	19 voru 17 ára
	10 voru 16 ára	12 voru 16 ára
	16 voru 15 ára	12 voru 15 ára
	3 voru 14 ára	8 voru 14 ára
	2 voru 13 ára	3 voru 13 ára

Ráðgjöf, göngudeildarþjónusta:

1990 — 137 unglingar	1991 — 146 unglingar	1992 — 202 unglingar
1 var 20 ára	7 voru 19 ára	6 voru 20 ára
6 voru 19 ára	22 voru 18 ára	7 voru 19 ára
9 voru 18 ára	17 voru 17 ára	11 voru 18 ára
25 voru 17 ára	30 voru 16 ára	29 voru 17 ára
30 voru 16 ára	31 voru 15 ára	37 voru 16 ára
32 voru 15 ára	19 voru 14 ára	48 voru 15 ára
17 voru 14 ára	7 voru 13 ára	40 voru 14 ára
13 voru 13 ára	8 voru 12 ára	21 voru 13 ára
2 voru 12 ára	1 var 11 ára	1 var 12 ára
2 óvíst um aldur	4 óvíst um aldur	2 óvíst um aldur

Rauðakrosshúsið:

1990	1991	1992
1 var 13 ára	1 var 12 ára	2 voru 13 ára
10 voru 14 ára	1 var 13 ára	10 voru 14 ára
15 voru 12 ára	9 voru 14 ára	19 voru 15 ára
	10 voru 15 ára	

Vistheimili barna Hraunbergi og Mánagötu:[1]

1990	1991
32	29
33	24

Unglingasambýli FR:

1990	1991
12	12

Meðferðarheimilið á Kleifarvegi:

1990 – 1992
9–10 ára — 6 börn
12–13 ára — 3 börn
10–11 ára — 3 börn
7–8 ára — 1 barn

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans:

Upplýsingar bárust ekki í tæka tíð

7. *Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem brotið hafa af sér, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?*

Ekkert þeirra meðferðarúrræða, sem getið er í þessari samantekt, fæst eingöngu við að sinna börnum eða ungmennum sem brotið hafa af sér. Almennt eru afbrot talin birtingarform annarra undirliggjandi vandkvæða (tilfinningalegra, félagslegra, geðrænna o.s.frv.). Því verður að líta svo á að fjölmargar þær stofnanir, sem vinna meðferðar- og greiningarvinnu með þessum aldurshópum, sinni að einhverju leyti börnum og ungmennum sem komist hafa í kast við lögin. Sérstaklega á þetta við um Unglingaheimili ríkisins. Vísað er til þess sem segir annars staðar í þessari greinargerð um faglegar kröfur til þeirra stofnana.

8. *Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem neytt hafa vímuefna, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?*

Meðferðarheimilið Tindar er eina sérhæfða meðferðarúrræðið fyrir unglinga í vímuefnavanda á Íslandi. Unglingaheimilið og samstarfsnefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnamálum völdu í sameiningu fyrirmynd í Bandaríkjunum, Fairview Deconess stofnunina í Minneapolis. Bandarískur prófessor í sálarfræði, viðurkenndur fyrir kenningar sínar og rannsóknir á sviði vímuefnamála, dr. Harvey Milkman, var valinn sem faglegur ráðunautur. Hefur hann fylgst reglulega með starfsemi Tinda frá upphafi. Á Tindum starfa

[1] Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um aldur barnanna en búast má við að meiri hluti þeirra hafi verið yngri en 10 ára.

félagsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, geðlæknir, kennarar, uppeldisfræðingar með þriggja ára háskólanám á uppeldissviði og óvirkir alkóhólistar sem hafa farið í meðferð vegna eigin vímuefnavanda.

9. *Hvaða faglegar kröfur eru gerðar til stofnana eða heimila þar sem börn, sem eiga við geðræn vandamál að stríða, eru vistuð á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga eða á vegum einkaaðila?*

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans er eina stofnunin í landinu sem hefur það sem skilgreint hlutverk að veita börnum og ungmennum með geðsjúkdóma greiningu og meðferð. Að einhverju leyti má einnig skilgreina Meðferðarheimilið á Kleifarvegi sem slíka stofnun. Í svari við fyrri hluta 6. liðar er greint nokkuð frá starfsemi barna- og unglingageðdeildarinnar. Skriflegar upplýsingar bárust því miður ekki frá stofnuninni í tæka tíð og var því stuðst við munnlegar upplýsingar.

Þessir starfsmenn starfa á barna- og unglingageðdeildinni samkvæmt því:

Á unglingageðdeild eru stöðugildi fyrir 1 sérfræðing, 5,2 hjúkrunarfræðinga, 1 deildarsálfræðing, 1 deildarfélagsráðgjafa og 12 meðferðarfulltrúa.

Á legudeild barna er starfandi 1 sérfræðingur, 1 sálfræðingur, 1 félagsráðgjafi, 1 hjúkrunarfræðingur og 4 fóstrur. Auk þess starfa þar meðferðarfulltrúar (ekki fengust upplýsingar um fjölda).

Á dagdeild barna er 1 sérfræðingur, 1 sálfræðingur, 1 félagsráðgjafi, 3 hjúkrunarfræðingar og 4 meðferðarfulltrúar. Auk þess starfa á stofnuninni 1 listþjálfi og annar í hlutastarfi.

Á göngudeild eru starfandi sérfræðingur í 75% starfi, 1 sálfræðingur og 1 félagsráðgjafi. Deildin er fjarri því að geta annað því sem hún á að gera.

Ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur til meðferðarfulltrúa á barna- og unglingageðdeild, en oftast hafa þeir starfsreynslu og reynt er að forðast að ráða fólk undir 25–30 ára aldri. Nýir meðferðarfulltrúar fá 10 daga námskeið í starfsbyrjun.

Greining tekur u.þ.b. sex vikur en meðferð getur staðið í eitt ár eða lengur.

Meðferðarheimilið á Kleifarvegi er rekið sem deild við Borgarspítalann í Reykjavík fyrir börn á aldrinum 7–12 ára sem að mati sérfræðinga sálfræðideilda skóla í Reykjavík hafa þörf fyrir meðferð vegna geðrænna og tilfinningalegra erfiðleika og hegðunarvandkvæða. Um er að ræða sólarhringsdvöl fyrir fjögur börn og dagvistun fyrir fjögur börn. Um faglegar kröfur vísast til almennra reglna sem gilda fyrir starf á geðdeildum. Meðferðarvinna fer fram undir stjórn geðlæknis, sálfræðings og félagsráðgjafa. Á Kleifarvegi starfa einnig deildarstjóri og sex uppeldisfulltrúar, ásamt matráðskonu.

YFIRLIT

Bráðameðferð, greining, meðferð, eftirmeðferð.

Stofnun	Aldur	Vistrými	Sérhæfing
UHR Móttaka	12–15	6	Bráðavistun unglinga á vegum lögreglu og barnaverndarnefnda. Auk þess rannsókn og meðferð.
UHR Meðferðarheimili	12–15	7	Langtímadvöl vegna hegðunarvanda, skorts á aðbúnaði vegna annarrar röskunar á högum ungmennis.
UHR Tindar	13–18	12	Vistun vegna misnotkunar fíkniefna (þrír mánuðir).
BUGL			
Barnageðdeild	0–12		
Unglingageðdeild	12–18		Meðferð á geðsjúkdómum barna og ungmenna, sjálfsvígshugleiðingum o.fl.
Torfastaðir	12–15	6	Langtímavistun fyrir unglinga með hegðunarefiðleika og félagsleg vandamál.
Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar	15–18	5–6	Unglingasambýli.
Unglingadeild			Ekki meðferð.
UHR Unglingasambýli	14–18	7	Unglingasambýli.
FR. Vistheimilið Mánagötu	0–12	7	Bráðavistun, hvíldarvistun, vistun vegna veikinda foreldra, rannsóknarvistun, aðlögun að fóstri.
FR. Vistheimilið Hraunbergi	0–12	7	Bráðavistun, hvíldarvistun, vistun vegna veikinda foreldra, rannsóknarvistun, aðlögun að fóstri.

Forvarnastarf, ráðgjöf, fræðsla, viðtöl.

Stofnun	Aldur	Sérhæfing
FR. Meðferðar- og ráðgjafardeild fyrir unglinga	12–18	Umsjón með málefnum ungmenna eldri en 12 ára, vinnuþjálfun, ráðgjöf og fræðsla í vímuefnamálum. Meðferð á málum afbrotaunglinga.
FR. Útideild	12–18	Vettvangs- og leitarstarf. Hópvinna og einstaklingsviðtöl.
FR. Unglingaathvörf (2 talsins)	13–16	Almenn aðstoð við unglinga í félagslegum erfiðleikum
Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, hálendishópur	13–16	Skipulögð ferðalög með ungmenni sem eiga í félagslegum erfiðleikum
Unglingadeild Félagsmálastofnunar Kópavogs	12–18	Forvarnastarf, ráðgjöf, stuðningur, einstaklingsviðtöl.
Fjölskyldu- og ráðgjafardeild Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar	12–18	Barna- og fjölskylduvernd, forvarnastarf og endurhæfing fjölskyldna.
UHR Unglingaráðgjöf	12–18	Aðstoð í göngudeildarþjónustu við unglinga með sálræna og félagslega erfiðleika. Fjölskylduviðtöl. Eftirmeðferð fyrir unglinga sem útskrifast hafa úr vistun UHR.
Forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík	Ekki aldursbundið	Almennar forvarnir meðal ungmenna, þar með talið á sviði áfengis- og vímuefnavarna.
AA-samtökin	Unglingar (og fullorðnir)	Hópstarf, fræðsla o.fl.
Foreldrasamtökin Vímulaus æska	Börn, unglingar, fullorðnir	Fræðsla fyrir foreldra og unglinga. Útgáfa á fræðsluefni, neyðarsími, ráðgjöf.
Stígamót	Ekki aldursbundið	Viðtöl, fræðsla, símaþjónusta, námskeið.

996. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til stjórnsýslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Eirík Tómasson hrl., Pál Hreinsson, aðstoðarmann umboðsmanns Alþingis, og Gunnar Jóhann Birgisson hdl. Umsagnir bárust frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Lögmannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sýslumannafélagi Íslands og umboðsmanni Alþingis.

Mál þetta tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Er það þriðja frumvarpið um þetta efni sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Áður voru lögð fram frumvörp til stjórnsýslulaga á 109. og 113. löggjafarþingi en urðu ekki útrædd.

Nefndin er þeirrar skoðunar að þörf sé á almennum stjórnsýslulögum. Þau séu nauðsynleg til þess að treysta réttaröryggi borgaranna í viðskiptum sínum við hið opinbera. Þau séu enn fremur nauðsynleg starfsmönnum stjórnsýslunnar til þess að þeir viti hvaða reglum þeir eiga að fylgja í starfi sínu. Þá séu þau nauðsynleg umboðsmanni Alþingis til stuðnings embættisfærslu hans í samskiptum við stjórnvöld en ekki er að efa að árangursríkara er að vísa í sett lög en óskráðar réttarreglur. Þess má geta að öll norrænu löndin hafa sett sér stjórnsýslulög að Íslandi einu undanskildu.

Frumvarp þetta hefur að geyma meginreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni. Er leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna en þó þannig að stjórnsýslan geti verið hagkvæm og skilvirk. Eru því almennt gerðar lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar en gert ráð fyrir að á einstökum sviðum verði gerðar strangari kröfur. Ný grundvallarlög á þessu réttarsviði þurfa að vera þannig úr garði gerð að eftir þeim verði farið og enn fremur verður að vera ákveðið svigrúm fyrir reglurnar að þróast. Við framkvæmd laganna kann að koma í ljós að ýmis ákvæði þurfi að vera skýrari og í ljósi fenginnar reynslu væri hægt að taka þau til endurskoðunar síðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfestar verði reglur sem margar hverjar hafa gilt í framkvæmd. Þótt höfð hafi verið hliðsjón af norrænum stjórnsýslulögum við samningu frumvarpsins tekur það mið af íslenskum aðstæðum. Íslenska stjórnsýslu einkennir einkum að ekki hafa náðst að mótast stjórnsýsluvenjur nema á afmörkuðum sviðum hennar. Mörg mál eru og afgreidd óformlega.

Hugtakanotkun í frumvarpinu er nokkuð hefðbundin. Með hugtakinu „stjórnvald“ er átt við þau embætti, stofnanir og aðra þá aðila sem fara með framkvæmdarvald. Hugtakið „aðili máls“ ber að skýra rúmt þannig að það nái ekki aðeins til þeirra sem eiga beina aðild að máli, svo sem umsækjenda um leyfi eða opinbert starf, heldur líka til þeirra sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá er í frumvarpinu nýtt hugtak, „stjórnsýslunefnd“, en því er ætlað að taka til þess sem hefur verið nefnt „fjölskipað stjórnvald“. Þykir hið fyrrnefnda þjálla og skiljanlegra.

Frumvarpið skiptist í níu kafla. Í I. kafla er fjallað um gildissvið laganna en þau taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Lögunum er ætlað að gilda þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldur einstaklinga eða lögaðila. Nær gildissvið laganna ekki til samningar almennra stjórnvaldsfyrirmæla, t.d. reglugerða.

Í II. kafla er fjallað um sérstakt hæfi, en þar eru taldar þær ástæður sem geta valdið vanhæfi starfsmanns eða nefndarmanna í stjórnsýslunni (3. gr.). Enn fremur er kveðið á um áhrif vanhæfis og málsmeðferð þegar um vanhæfi er að ræða (4.–6. gr.). Til samanburðar má geta þess að í 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er fjallað um vanhæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar einstakra mála.

Í III. kafla er kveðið á um almennar reglur sem byggjast á óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins, svo sem jafnræðisregluna (11. gr.) og meðalhófsregluna (12. gr.). Eru þetta reglur sem almennt eru taldar gilda í stjórnsýslunni en styrkur kann að reynast í lögfestingu þeirra.

Í IV. kafla er fjallað um andmælaregluna en kjarni hennar er sá að ekki verði tekin ákvörðun um réttarstöðu aðila fyrr en honum hafi verið gefinn kostur á því í fyrsta lagi að kynna sér málsgögn og málsástæður sem ákvörðun byggist á og í öðru lagi að tjá sig um málið. Gerðar eru breytingartillögur við 13. og 14. gr. sem útskýrðar eru hér á eftir. Í 15. gr. er mælt fyrir um upplýsingarétt, þ.e. rétt aðila máls til að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Er bent á að ákvæðið snýst ekki um upplýsingaskyldu stjórnvalda almennt. Í 17. gr. er á hinn bóginn kveðið á um takmörkun á aðgangi aðila máls að gögnum. Er stjórnvaldi slík takmörkun heimil ef hagsmunir aðila af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum. Í þessu sambandi leggur nefndin sérstaka áherslu á að áfram verða í gildi ákvæði í sérlögum sem byggð eru á sömu sjónarmiðum og 17. gr. frumvarpsins og taka á viðkvæmum málaflokkum. Má þar nefna 16. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990, 70. gr. barnalaga, nr. 20/1992, og 46. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, en samkvæmt ákvæðum þessum er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls vegna ríkra einkahagsmuna, þar á meðal með tilliti til aðila sjálfs.

Í V. kafla er fjallað um birtingu ákvörðunar stjórnvalds og rökstuðning hennar. Meginreglan verði sú að almennt verði ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir en aðili geti krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega eftir á að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (21. gr.). Fram kom að 3. tölul. 1. mgr. 21. gr., um að ekki sé skylt að sinna kröfu um rökstuðning þegar um sé að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda, er til kominn að beiðni sveitarstjórnarmanna. Slíkar ákvarðanir eru mjög háðar mati og því oft erfitt að rökstyðja þær með hlutlægum hætti. Þá er ákvæði um hvert skuli vera efni rökstuðnings (22. gr.).

Í VI. kafla er kveðið á um afturköllun ákvörðunar o.fl. og safnað saman ákvæðum er varða það álitaefni hvenær stjórnvald geti breytt ákvörðun sinni.

Í VII. kafla er fjallað um stjórnsýslukæru, en í henni felst það þegar aðili máls eða annar sá sem á kærurétt skýtur stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem þá er skylt að endurskoða ákvörðunina.

Í VIII. kafla eru ákvæði er snúa að stjórnsýslunefndum. Fyrst er að geta ákvæðis um skipun nefndarmanna í 32. gr. en athygli nefndarinnar var vakin á því að regla frumvarpsins um að varamaður skuli taka fast sæti aðalmanns þegar hann forfallast varanlega sé ekki í samræmi við venjur sem gilt hafa á Alþingi við kosningar í nefndir og ráð. Nefndin bendir í því sambandi á að ekkert er því til fyrirstöðu að aðrar venjur gildi í störfum löggjafans í þessum efnum en innan stjórnsýslunnar. 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Þá er í kaflanum fjallað um boðun funda (33. gr.). Formaður stjórnsýslunefndar skal boða til fundar með hæfilegum fyrirvara. Fer það eftir aðstæðum hverju sinni hver er hæfilegur fyrirvari en hann

mundi í flestum tilvikum vera einhverjir dagar. Þá er kveðið á um málsmeðferð í stjórnsýslunefndum í 34. gr.

Loks er í IX. kafla fjallað um gildistöku og brottfallin lög. Er miðað við að gildistaka verði 1. janúar 1994 og munu lögin ná til þeirra mála sem koma til stjórnvalda þann dag eða síðar. Í tengslum við gildistökuna er rétt að nefna að þegar stjórnsýslulög gengu í gildi annars staðar á Norðurlöndum voru haldin námskeið fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar til kynningar á lögunum á vegum þeirra ráðuneyta sem með stjórnarfarsmál fara. Væri rétt ef frumvarp þetta verður að lögum að haldin yrðu slík námskeið hér á landi á vegum forsætisráðuneytis því að ljóst er að um veigamikið mál er að ræða og nauðsynlegt að starfsfólk innan stjórnsýslunnar gerþekki ákvæði laganna.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu sem koma til móts við ábendingar umsagnaraðila og athugasemdir sem komið hafa fram í nefndinni. Snúa þær einkum að þremur atriðum:

Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 5. gr. (um málsmeðferð) sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara.

Í öðru lagi er lagt til að 13. gr., um tilkynningu stjórnvalda til aðila um meðferð máls, verði að 14. gr. og greininni verði jafnframt breytt þannig að stjórnvaldi sé því aðeins skylt að vekja athygli aðila máls á því að mál hans sé til meðferðar að hann eigi andmælarétt. Þá er lagt til að 14. gr. verði 13. gr.

Loks er lagt til að orðalag 26. gr. (um kæruheimild) verði lagfært.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við málið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 20. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.		Sigbjörn Gunnarsson.

997. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til stjórnsýslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

2. Við 13. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Andmælaréttur.*
3. Við 14. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Tilkynning um meðferð máls.*
4. Við 26. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Ákvörðun, sem ekki bindur enda á mál, verður ekki kærð fyrr en málið hefur verið til lykta leitt.

Leiðrétting.

Við gerð 21. heftis féll meðfylgjandi blað brott í bókbandi.

998. Frumvarp til laga [375. mál]

um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

(Eftir 2. umr., 21. apríl.)

I. KAFLI
Um greftrun líka og líkbrennslu.

1. gr.

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr., eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 7. gr.

2. gr.

Skylt er að virða ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna.

Nú var maður ósjálfráða er hann féll frá og tekur þá lögráðamaður (lögráðamenn) hans ákvörðun um þetta efni.

Nú er ekki vitað um vilja látins manns sem sjálfráða var og ákveða þá eftirlifandi maki (sambúðaraðili) og niðjar (kjörniðjar) hins látna hvort lík skuli greftrað eða brennt.

Nú er þeim vandamönnum eigi til að dreifa er greinir í 3. mgr. og taka foreldrar og systkin hins látna ákvarðanir í þessu efni og fer um það skv. 3. mgr. Ella er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra er nákomnastir eru hinum látna. Skal í því sambandi til þess litið hjá hverjum hinn látni hefur dvalist og hver sjái um útförina.

Ef eigi er vitað um afstöðu hins látna, sbr. 1. mgr., né þeirra er greinir í 3. og 4. mgr. má líkbrennsla fara fram, enda verði útförin gerð á stað þar sem aðstaða er til líkbrennslu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema lögmætt dánarvottorð liggi fyrir og vottorð sýslumanns eða umboðsmanns hans um tilkynningu um látið, sbr. skiptalög. Gæta skal og ákvörðunar um líkskoðun eða krufningu líka samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og enn fremur laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Áður en líkbrennsla fer fram þarf enn fremur að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Þeim er sér um framkvæmd líkbrennslu ber að afla vottorðs þessa.

4. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn sem hann andaðist eða var síðast heimilisfastur eða þar sem vandamenn hans, sbr. 2. gr., óska legs fyrir hann.

II. KAFLI
Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra, svo og líkbrennslustofnanir.

5. gr.

Með kirkjugörðum í lögum þessum er átt við afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög.

Kirkjugarða þjóðkirkjunnar skal prestur vígja. Heimilt er að afmarka óvígðan reit innan kirkjugarðssvæðis ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir.

Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki, sem frá stafar hávaði eða ys, í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið löggildir.

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Nöfn þeirra sem duft er varðveitt af í kirkjugarði skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 27. gr.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit.

III. KAFLI
Stjórn, starfslið og yfirumsjón kirkjugarða.

8. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófasts (í Reykjavík prófasta) og biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi, sbr. 9. gr., hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Er hún hér eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

9. gr.

Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn, svo og varamann með sama hætti. Utanþjóðkirkjusöfnuðum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi er heimilt að kjósa einn mann úr sínum hópi og annan til vara í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma. Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn eða tilnefnir ella varamann í sinn stað. Prófastar Reykjavíkurprófastsdæma sitja fundi til skiptis sitt árið hvor og eru varamenn hvor fyrir annan.

Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til kirkjugarða tekur.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð, svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur.

Kirkjugarðsstjórn sér um að láta taka allar grafir í garðinum, sér um árlegt viðhald legstaða og ber kostnað af prestþjónustu vegna útfara.

11. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins, þjóðminjavörður og fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma, báðir til fjögurra ára í senn. Varamenn þessara tveggja manna skulu kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Biskup er formaður nefndarinnar. Ef atkvæði verða jöfn í skipulagsnefnd ræður atkvæði formanns.

Skipulagsnefnd ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf skipulagsnefndar kirkjugarða, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

IV. KAFLI
Um skyldur og rétt sveitarfélaga vegna kirkjugarða, svo og um eignarnám vegna kirkjugarða.

12. gr.

Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.

Þar sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins.

13. gr.

Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri, ef því er að skipta. Enn fremur leggur sveitarfélagið til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum.

14. gr.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaðinum, sbr. 12. og 13. gr., niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eða hluta þeirra eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka er getur í 2. mgr. 12. gr., svo og 13. gr., að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því er hann er felldur.

15. gr.

Heimilt er með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að taka eignarnámi hentugt land undir kirkjugarð.

V. KAFLI
Ákvarðanir um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs.

16. gr.

Lögmætur safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan en í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn.

Nú er þetta vanrækt og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit prófasts (prófasta) um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Gögn þessi ber síðan að senda ásamt uppdrætti af fyrirhuguðum kirkjugarði eða stækkun hans til skipulagsnefndar kirkjugarða til úrlausnar, en ákvörðun hennar má skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er úrskurðar málið til fullnaðar.

VI. KAFLI
Uppdrættir af kirkjugörðum og framkvæmdir við þá.

17. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim sem í notkun eru og hinum sem hætt er að nota en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa skal markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði sem menn vita hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur framkvæmdastjóri kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

18. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir traustri girðingu með vönduðu sáluhliði. Þegar girða þarf kirkjugarð skal leita um það tillagna skipulagsnefndar sveitarfélagsins og skipulagsnefndar kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar, en kirkjugarðsstjórn í Reykjavíkurprófastsdæmum. Náist eigi samkomulag um girðingu við framkvæmdastjóra kirkjugarða ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta leggja brautir og gangstíga í kirkjugörðum samkvæmt staðfestum uppdrætti, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlast, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum endurgjaldslaust leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa er vel hæfa kirkjugörðum.

20. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af skipulagsnefnd kirkjugarða og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur.

Skylt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.

VII. KAFLI
Um grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrá o.fl.

21. gr.

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.

Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

22. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um að greftri sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar. Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

23. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað að tvígrafið sé í sömu gröf ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess er grafa á og fyrir liggur samþykki vandamanna þess er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá sem gröf lætur taka er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeigandi.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að ákveða að í tilteknum hluta kirkjugarðs, þar sem jarðvegsdýpt leyfir, skuli grafa í tveimur dýptum.

24. gr.

Beinum, sem upp kunna að koma þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný. Sé bálstofa fyrir hendi er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf, sbr. 7. gr.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að úthluta allt að þremur grafarstæðum til sömu fjölskyldu, enda sé eftir því leitað við greftrun þess er fyrst fellur frá. Réttur til grafarstæðanna helst í 50 ár.

26. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá vandamönnum viðvart áður ef kostur er og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmum við prófasta. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum þar sem best þykir á fara að dómi prófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum sem eru eldri en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er heimilt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber hlutaðeigandi kirkjugarði að greiða.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, kennitölu og stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, sbr. þó 3. mgr., og enn fremur nöfn þeirra sem fyrir eru greftraðir í garðinum ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur að kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra sem standa í skránni.

Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í tveimur eintökum og geymist annað hjá sóknarpresti og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmum og öðrum prófastsdæmum, ef þurfa þykir, skal afhenda afrit skrárinnar héraðslækni, manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða og Blóðbankanum í Reykjavík mánaðarlega.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kirkjugarðsstjórn að höfðu samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða heimilt að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Að öðru leyti fer um slíkar greftranir svo sem í 1. mgr. getur.

28. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá, sbr. 3. mgr. 27. gr. Sá sem setja vill minnismerki á leiði skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar sem ber að sjá um að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

29. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þess er óskað. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði ef þar eru smekkleg minnismerki að mati hennar og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

30. gr.

Legstaðasjóðir, sbr. 20. gr. laga nr. 21/1963, verða eigi stofnaðir eftir gildistöku laga þessara.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald legstaðasjóða þeirra, sem myndaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, undir yfirstjórn prófasts. Hún ávaxtar sjóðina í Kirkjugarðasjóði eða með öðrum þeim hætti sem henni þykir best henta.

Nú er friðunartími legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi prófasts (prófasta) og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

VIII. KAFLI
Ákvarðanir um að hætt skuli að grafa í kirkjugarði og um niðurlagningu kirkjugarðs.

31. gr.

Ákvörðun um að hætta skuli að grafa í kirkjugarði skal gerð á lögmætum safnaðarfundi eða safnaðarfundum, í Reykjavíkurprófastsdæmum í kirkjugarðsstjórn, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar eru friðhelgir og skulu taldir til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Heimilt er að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og að hirða hann sómasamlega.

Skipulagsnefnd kirkjugarða gerir tillögur í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélags og sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) um hvernig með kirkjugarð skuli fara sem hætt er að greftra í.

32. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a.m.k. frá greftrun í kirkjugarði og getur þá löglegur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfestir. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það að þar hafi kirkjugarður verið.

33. gr.

Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burtu þaðan.

34. gr.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörslu getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað, sbr. 26. gr.

35. gr.

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

36. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

IX. KAFLI
Kirkjugarðsgjöld.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum, sbr. 30. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun reikningshald kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert.

38. gr.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega, reiknaðar af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Tekjur kirkjugarða samkvæmt þessari málsgrein og 39. gr. nefnast einu nafni kirkjugarðsgjöld.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós að tekjur kirkjugarðs skv. 1. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af aðstöðugjöldum en í 1. mgr. segir.

Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum og er þeim heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Þeim ber að skila gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar.

Gera má aðför fyrir kirkjugarðsgjöldum samkvæmt þessari grein.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1993 skal gjaldið vera 174,9 kr. á einstakling á mánuði, að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1991 og 1992.
2. Á árinu 1994 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppígreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

Hver kirkjugarður á rétt á gjaldi skv. 1. mgr. fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins gjaldárs og býr á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins miðað við 1. desember næst á undan gjaldári. Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins.

Gjald vegna manna, sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist til Kirkjugarðasjóðs, sbr. X. kafla.

X. KAFLI
Kirkjugarðasjóður.

40. gr.

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 21/1963, 27. gr., skulu renna 8% af kirkjugarðsgjöldum.

Ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnir geta ávaxtað í sjóðnum það fé kirkjugarða sem er umfram árlegar þarfir með almennum innlánskjörum lánastofnana.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn kjörnir til fjögurra ára í senn af kirkjuráði, þar af einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Kirkjuráð ákveður hverjir vera skuli formaður og varaformaður stjórnarinnar.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

41. gr.

Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Úr sjóðnum má veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús.

Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa af fólki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar hans.

XI. KAFLI
Heimagrafreitir.

42. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður ef óðalið gengur úr ættinni.

43. gr.

Nú hefur eigi verið greftrað í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum skal jarðeigandi gera vandamönnum skv. 1. mgr. 47. gr. viðvart um að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Um niðurlagða heimagrafreiti gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. 31. gr.

XII. KAFLI
Skráning kirkjugarða og heimagrafreita.

44. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu og skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum.

XIII. KAFLI
Grafreitir utanþjóðkirkjusafnaða.

45. gr.

Heimilt er skráðum utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa forstöðumann, að taka upp sérstakan grafreit. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins meðan þeir halda sínum grafreit sómasamlega við og fylgja settum reglum.

XIV. KAFLI
Tilfærsla líka og flutningur þeirra.

46. gr.

Heimilt er dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að fengnu samþykki kirkjugarðsstjórnar sem hlut á að máli og biskups að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi, stílaða til

dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

47. gr.

Réttir aðilar til að standa að umsókn skv. 46. gr. eru eftirlifandi maki, sambúðarkona eða sambúðarmaður, börn hins látna eða aðrir niðjar, foreldrar eða systkin. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur ekki fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir eða fulltrúi hans sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða sé líkið í sterkri kistu er héraðslæknir telur fullnægjandi og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla. Við tilfærslu líka innan kirkjugarðs sker héraðslæknir úr um það hvort þörf sé á sérstakri kistu.

48. gr.

Upptaka líks samkvæmt dómsúrlausn fer fram eftir því sem þar greinir.

49. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um að flutningsins sé getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við þegar lík er þannig jarðsett.

XV. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistaka og brottfallin lög.

50. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerðir um málefni þau sem lög þessi taka til, þar á meðal um kirkjugarða, þar sem kveðið skal nánar á um rekstur þeirra og stjórn og tilhögun á greftri líka. Þá skal einnig kveðið nánar á um líkbrennslu í reglugerð.

Reglugerðir um kirkjugarða skulu settar í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða. Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfararfélags Íslands ef því er að skipta.

51. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er rétt að gera tillögur um reglur varðandi einstaka kirkjugarða og leita staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á þeim. Ráðuneytið leitar umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um tillögurnar.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

53. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Umboð kjörinna meðlima í skipulagsnefnd kirkjugarða fellur niður 31. desember 1993 og skal kjósa nýja meðlimi í nefndina fyrir þann tíma, sbr. 11. gr.

54. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Lög um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, svo og 35. gr. laga um ráðstafanir í efnahagsmálum o.fl., nr. 11 28. apríl 1975, svo og lög nr. 89 29. desember 1987 er breyta lögum nr. 21/1963.
2. Lög um líkbrennslu, nr. 41 3. nóvember 1915.
3. Ákvæði kirkjuskipunar Kristjáns fjórða frá 2. júlí 1607, sbr. tilskipun 29. nóvember 1629, II, 13.
4. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík, nr. 38 3. nóvember 1915, svo og lög nr. 11 4. júní 1924 og lög nr. 38 7. maí 1928 er breyta þeim lögum.
5. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn, nr. 14 8. september 1918.
6. Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o.fl., nr. 13 14. júní 1929.

Þá eru öll önnur ákvæði eldri laga, sem fara í bága við lög þessi, úr lögum numin.

Stjórnvaldsreglur, sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915, sem ekki fara í bága við lög þessi, halda gildi sínu uns nýjar reglur eru settar.

999. Þingsályktun [274. mál]

um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

(Afgreidd frá Alþingi 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 370.

1000. Frumvarp til laga [372. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. apríl.)

1. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott orðin „falin eru“.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

1. Lögreglustjórum er heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota:

a. gegn lögum um ávana- og fíkniefni,
b. gegn áfengislögum,
c. gegn tollalögum,
d. gegn lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,

e. gegn lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun,
f. gegn 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot tengist umferðarlagabroti og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum en skipi og flugfari.

3. mgr. 28. gr. laganna verður 2. mgr. og á undan henni kemur: 2.

3. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. laganna fellur brott orðið „ákærandi“, en í stað þess kemur: sá sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknari.

4. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laganna falla brott orðin „hann hefur“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið falið.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Jafnframt gefur hann svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en þremur vikum eftir að hann fær í hendur ákæru, út fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing.

6. gr.

3. mgr. 120. gr. laganna orðast svo:

3. Við birtingu ákæru og fyrirkalls skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1001. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr., 21. apríl.)

1. gr.

Í stað liðarins „Öxulþungi“ í 2. gr. laganna kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:

Ásþungi:
Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: og þá sem teyma eða reka búfé.

3. gr.

a. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Akstur utan vega.**

4. gr.

Í stað „Afrein“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: Frárein.

5. gr.

1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og

a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum eða
d. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

6. gr.

Í stað „hjólreiðamönnum og ökumönnum léttra bifhjóla“ í 6. mgr. 25. gr. laganna kemur: og hjólreiðamönnum.

7. gr.

32. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð.

b. 2. mgr. orðast svo:

Við akstur ökutækis í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

c. 6. mgr. orðast svo:

Í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað eða ásamt lágum ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

8. gr.

33. gr. laganna breytist þannig:

a. Orðin „og afturljós“ í 1. málsl. 3. mgr. falla niður.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur niður.

9. gr.

34. gr. laganna breytist þannig:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskírteini og um lágmarksaldur ökumanns.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Akstursíþróttir og aksturskeppni.**

10. gr.

38. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „fólksbifreiðar“ í 1. mgr. kemur: hópbifreiðar.

b. Í stað „30“ í 4. mgr. kemur: 50.

c. 5. mgr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

11. gr.

47. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir „þessara laga“ í b-lið 1. mgr. kemur: eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

b. D-liður 1. mgr. orðast svo: hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

12. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um aldur, kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd,

b. hópbifreið,

c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, þó ekki ef ökutækið, sem dregið er, er gert fyrir þá heildarþyngd og samanlögð leyfð heildarþyngd beggja ökutækjanna er innan við 3.500 kg og

d. tilteknum bifhjólum.

Með sama hætti getur dómsmálaráðherra sett reglur um frekari skilyrði til að mega stjórna:

a. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,

b. bifreið sem flytur hættulegan farm og

c. bifreið til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð.

Í reglum þessum má ákveða að við tilteknar aðstæður þurfi eigi aukin réttindi til að stjórna ökutæki sem fellur undir a–c-liði 1. mgr.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

13. gr.

57. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „þremur“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: sex; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.

b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Má þar ákveða að sá æfingaakstur fari fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemanda.
c. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Ákvæði 1.–5. mgr. eiga við um akstur þennan eftir því sem við á.

14. gr.

59. gr. laganna breytist þannig:
a. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.
b. Í stað „lagi“ í 1. málsl. 2. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: ástandi.

15. gr.

63. gr. laganna breytist þannig:
a. Í stað „sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd.
b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Dómsmálaráðherra getur og ákveðið að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega.

16. gr.

Fyrirsögn á undan 65. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

65. gr. laganna orðast svo:
Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun Íslands hf.

18. gr.

67. gr. laganna orðast svo:
Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar.
Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

19. gr.

Orðin „eða bifreiðaeftirliti“ í 2. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

20. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem notar sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti, skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Barn yngra en 6 ára skal í stað öryggisbeltis eða ásamt með öryggisbelti nota barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal barnið nota öryggisbelti ef það er unnt.

Eigi er skylt að nota öryggis- og verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur er undanþiggja tiltekna einstaklinga skyldu til að nota öryggis- og verndarbúnað. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað við sérstakan akstur.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað í samræmi við 1.–4. mgr.

21. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð, skal nota hlífðarhjálm. Sama er um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls eða eftirvagni torfærutækis.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

22. gr.

Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein, 72. gr. a, er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar.

23. gr.

76. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað „öxulþunga“ í 1. mgr. og tvisvar í 2. mgr. kemur: ásþunga.
b. Í stað **„Öxulþungi“** í fyrirsögn á undan greininni kemur: **Ásþungi.**

24. gr.

Á eftir „eigandi“ í 1. mgr. 90. gr. laganna kemur: (umráðamaður).

25. gr.

a. 101. gr. laganna orðast svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki.

Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Svipting ökuréttar.**

26. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

27. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 1. mgr. 103. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.

28. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 104. gr. laganna kemur: ökuréttar.

29. gr.

Í stað „ökuréttinda“ tvisvar í 105. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „réttindum“ í sömu grein kemur: rétti.

30. gr.

a. 1. mgr. 106. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Endurveiting ökuréttar.**

31. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, breytist þannig:

a. Í stað orðanna „sviði, og“ í i-lið 1. mgr. kemur: sviði.
b. Á eftir orðinu „ökuprófi“ í k-lið 1. mgr. kemur: og.
c. Á eftir k-lið 1. mgr. kemur nýr liður, l-liður, og orðast svo: að annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.
d. Í stað orðsins „árlega“ í 3. mgr. kemur: a.m.k. annað hvert ár.

32. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða fellur niður.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

1002. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Bjarna Þórðarson, framkvæmdastjóra Íslenskrar endurtryggingar. Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, starfsmönnum Íslenskrar endurtryggingar, Íslenskri endurtryggingu, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Tryggingastofnun ríkisins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um Íslenska endurtryggingu sem taki við rekstri, eignum og skuldum félagsins og mælir nefndin með samþykkt þess.

Nefndin leggur til að gerðar verði leiðréttingar á dagsetningum í frumvarpinu.

Finnur Ingólfsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Geir H. Haarde.
	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	

1003. Breytingartillögur [307. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Hlutafélagið tekur við eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar á bókfærðu verði eins og þær voru 1. janúar 1993 og frá sama tíma tekur félagið við hvers konar skuldbindingum, réttindum og skyldum Íslenskrar endurtryggingar.
   b. Orðin „við yfirtöku“ í síðari málslið 2. mgr. falli brott.
2. Við 7. gr. Síðasti málsliður orðist svo: Félagið skal taka til starfa 15. júní 1993 og fyrsti aðalfundur þess skal haldinn eigi síðar en 30. júní 1993.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „Hinn 31. desember 1992“ í síðari málslið komi: Frá sama tíma.

1004. Frumvarp til laga [580. mál]

um breyting á lögræðislögum, nr. 68/1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Heimilt er að ákveða í úrskurði að lögræðissvipting skuli tímabundin. Þó skal ekki ákveða hana styttri en sex mánuði.

b. Við 2. mgr., er verður 3. mgr., bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir þótt lögræðissvipting sé tímabundin.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er lögræðissvipting tímbundin og öðlast hinn lögræðissvipti þá sjálfkrafa lögræði að nýju að þeim tíma liðnum.

3. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, svohljóðandi:

Skipa má félagsmálanefnd sveitarfélags til þess að fara með lögráð manns sem sviptur hefur verið lögræði þegar yfirlögráðandi telur fullreynt að ekki fáist hæfur maður til þess að fara með lögráð hans. Yfirlögráðandi skal leita umsagnar félagsmálanefndar áður en máli er ráðið til lykta.

Að jafnaði skal skipa félagsmálanefnd þess sveitarfélags, þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili, til þess að fara með lögráðin. Verði ekki upplýst um lögheimili hans skal skipa félagsmálanefnd þess sveitarfélags þar sem hann dvelst.

Félagsmálanefnd skal skipa einn af nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum til þess hafa umsjón með framkvæmd lögráðanna.

Félagsmálanefnd skal fyrir 1. september ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á árinu um persónulega hagi og fjárhald hins ólögráða manns.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 15. mars 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lögræðislög, nr. 68/1984. Nefndina skipa Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, formaður, Davíð Þór Björgvinssn, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Ritari nefndarinnar er Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða gildandi lögræðislög og semja frumvarp til nýrra lögræðislaga. Þar sem ljóst er að það verkefni mun taka nokkurn tíma hefur nefndinni verið falið að semja frumvarp þetta til breytinga á núgildandi lögræðislögum vegna brýnna þarfa á þeim breytingum er felast í frumvarpinu, einkum 3. gr., og lýst er í athugasemdum við einstakar greinar þess.

Á fundi nefndarinnar komu Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Friðgeir Björnsson, dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hefur frumvarpið hlotið góðar undirtektir hjá þeim og hafa ábendingar þeirra um efni þess verið teknar til greina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að sett verði í lögræðislög heimild til að ákveða að lögræðissvipting skuli standa tiltekinn tíma. Þó er gert ráð fyrir að lögræðissvipting verði ekki ákveðin styttri en sex mánuði í senn.

Í núgildandi lögræðislögum er á því byggt að lögræðissvipting, hvort sem það er eingöngu sjálfræðissvipting, eingöngu fjárræðissvipting eða hvort tveggja, sé ávallt ótímabundin. Í samræmi við það fá lögræðissviptir einstaklingar ekki lögræði aftur nema dómari felli lögræðissviptingu niður samkvæmt beiðni og þá aðeins að því tilskildu að ástæður hennar séu ekki lengur taldar vera fyrir hendi. Ákvæði um tímabundna sviptingu lögræðis er því nýmæli. Telja verður að gild rök hnígi til þess að sett sé ákvæði í lög sem heimilar að lögræðissvipting verði ákveðin tímabundið:

a. Ótímabundin svipting lögræðis felur í sér mjög afdrifaríka skerðingu á grundvallarrétti fulltíða einstaklings til að ráða sér og málefnum sínum sjálfur. Með því að heimila að hægt verði að tímabinda lögræðissviptingu er í reynd verið að skapa dómara svigrúm til að ákveða að sviptingin skuli ekki standa lengur en nauðsynlegt virðist á þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp. Heimild til tímabindingar felur því í sér mildara úrræði en svipting til frambúðar og aukið réttaröryggi fyrir hinn lögræðissvipta.
b. Lögræðissvipting, og þá sérstaklega svipting sjálfræðis, er oft liður í því að skapa grundvöll til að koma mönnum í meðferð á sjúkrastofnunum, t.d. vegna geðsjúkdóms, ofdrykkju eða misnotkunar ávana- og fíkniefna. Við þessar aðstæður getur verið heppilegra að ákveða að svipting skuli tímabundin þar sem í mörgum tilfellum má gera ráð fyrir að viðkomandi verði samvinnuþýðari í meðferðinni ef hann sér fyrir endann á vist sinni og fyrir liggur að hann muni fá lögræði sjálfkrafa að nýju að þeim tíma liðnum sem ákveðinn hefur verið.

Leggja ber sérstaka áherslu á að skilyrði tímabundinnar lögræðissviptingar eru nákvæmlega þau sömu og ótímabundinnar sviptingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þar sem um er að ræða afdrifaríka og viðkvæma skerðingu á grundvallarmannréttindum leiða almenn lögskýringarviðhorf til þess að ákvæðin ber að skýra þröngt. Á þetta jafnt við þótt krafist sé lögræðissviptingar tímabundið. Þá er rétt að benda á að sömu reglur gilda um sóknaraðild í málum og málsmeðferð tímabundinna lögræðissviptinga og gilda um ótímabundnar sviptingar, sbr. 5. gr. laganna.

Rétt þykir að miða við að lögræðissvipting verði ekki skemmri en sex mánuðir. Með því er lögð áhersla á að úrræðinu verði ekki beitt nema fyrirsjáanlegt sé að þess verði þörf um einhvern tíma. Hér er einnig höfð hliðsjón af sex mánaða reglu 1. mgr. 9. gr. laganna.

Lagt er til að við 3. mgr. 3. gr. bætist nýr málsliður þar sem tekið er sérstaklega fram að veita megi þeim sem sviptur er lögræði tímabundið lögræði að nýju þótt tíminn sé ekki liðinn ef ástæður sviptingar eru ekki lengur taldar vera fyrir hendi. Um brottfellingu tímabundinnar lögræðissviptingar gilda einnig ákvæði 9. gr. laganna.

Um 2. gr.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að maður, sem sviptur hefur verið lögræði tímabundið, öðlast sjálfkrafa lögræði að þeim tíma liðnum sem ákveðinn hefur verið í úrskurði.

Ef talin er þörf á að framlengja lögræðissviptingu verður það ekki gert nema með annaðhvort tímabundnum eða ótímabundnum úrskurði dómara í nýju lögræðissviptingamáli. Um rekstur slíks máls gilda sömu reglur og um rekstur lögræðissviptingarmála endranær. Vakin er athygli á að sé útlit fyrir að nýr úrskurður gangi ekki fyrr en eftir að tímabundinni lögræðissviptingu lýkur, en nauðsynlegt er talið að halda viðkomandi á sjúkrastofnun til áframhaldandi meðferðar, er sú leið fyrir hendi að beita ákvæðum III. kafla laganna um nauðungarvistun, eða eftir atvikum ákvæði 3. mgr. 22. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, þegar ungmenni eiga í hlut, enda sé skilyrðum þessara lagaákvæða að öðru leyti fullnægt.

Um 3. gr.

Á síðustu missirum hefur það nokkrum sinnum gerst að ekki hefur tekist að finna hæfa lögráðamenn fyrir þá sem sviptir hafa verið lögræði sökum geðsjúkdóms, ofdrykkju eða misnotkunar á ávana- og fíkniefnum. Þar sem engin ákvæði eru í lögræðislögum sem taka á slíkum tilvikum er brýn nauðsyn til þess að sett verði ný ákvæði í lögræðislög til þess að leysa þennan vanda. Hér er sem betur fer um afar fá tilvik að ræða, en í hvert skipti sem slíkt hendir er um mikla erfiðleika að ræða sem erfitt hefur verið að leysa úr. Verður að telja það ótækt að lögum að maður sé sviptur lögræði án þess að honum verði skipaður einhver sá sem til þess er bær að fara með réttindi hans og skyldur til að fara með lögráð hans.

Af þessum sökum er lagt til að ný grein bætist við lögræðislögin sem verði 27. gr. a þar sem mælt verði svo fyrir að yfirlögráðandi hafi heimild til þess að skipa félagsmálanefnd, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, til að fara með lögráð manns sem sviptur hefur verið lögræði þegar yfirlögráðandi telur fullreynt að ekki fáist hæfur maður til þess að fara með lögráð hans. Af framansögðu er því ljóst að hér verður um þrönga undantekningarreglu að ræða sem einungis skal nota þegar ljóst er að ekki mun reynast unnt að skipa lögráðamann samkvæmt hinu almenna ákvæði 27. gr. lögræðislaga.

Í ákvæðinu er lagt til að heimilt verði að fela félagsmálanefnd að fara með lögráð í slíkum tilvikum. Nefndin skoðaði hins vegar einnig þá möguleika að gera það að borgaralegri skyldu að taka að sér lögráð, svo og þann möguleika að greiða sérstaklega fyrir störf lögráðamanna í þessum tilvikum. Hvorugur þessara kosta þótti nægjanlega góður. Hætta var talin á að lögráðunum yrði ekki sinnt með fullnægjandi hætti ef gert yrði að borgaralegri skyldu að taka þau að sér. Að því er síðari kostinn varðar þótti m.a. hætta á því að almennt mundi reynast erfiðara að fá menn til að taka að sér lögráð samkvæmt hinu almenna ákvæði 27. gr. nema gegn greiðslu. Þá ber þess einnig að geta að ein af meginástæðum þess að ekki hefur tekist að finna hæfa lögráðamenn fyrir þá sem sviptir hafa verið lögræði sökum geðsjúkdóms, ofdrykkju eða misnotkunar á ávana- og

fíkniefnum er sú að hér getur verið um að ræða erfið störf og draga verður í efa að rétt sé að leggja þau á einstaklinga.

Því þótti besti kosturinn að veita yfirlögráðanda heimild til að skipa félagsmálanefnd til þess að fara með lögráð í slíkum tilvikum, en í stærri sveitarfélögunum starfa oft á vegum nefndanna félagsráðgjafar, sálfræðingar og lögfræðingar. Verður að telja að vart sé öðrum stjórnvöldum fyrir að fara sem betur séu til þess fallin að rækja þetta hlutverk. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að félagsmálanefndir sveitarfélaga hafa oft töluverð afskipti af þeim einstaklingum sem sviptir eru lögræði sökum geðsjúkdóms eða langvarandi misnotkunar ávana- og fíkniefna. Ef litið er til 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, og 9. tölul. 2. gr., XI. og XIII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, verður einnig að telja að eðlilegt sé að fela félagsmálanefndum sveitarfélaga þessa hagsmunagæslu. Með 2. málsl. 1. mgr. hinnar nýju greinar er tryggt að félagsmálanefnd verða ekki falin lögráð lögræðissvipts manns ef nefndinni er kunnugt um hæfan einstakling sem hægt væri að fela lögráðin. Hér má enn fremur benda á að um eðlislík tilvik er hér að ræða og þegar forsjá barna, er verða forsjárlaus, hverfur til barnaverndarnefnda.

Komi upp hagsmunaárekstur, t.d. þar sem félagsmálanefnd þarf að úrskurða í máli hlutaðeigandi ólögráða manns á grundvelli laga nr. 40/1991, bæri að leysa úr honum eins og ávallt þegar upp kemur árekstur milli hagsmuna lögráðamanns og hins ólögráða, þ.e. með því að skipa sérstakan lögráðamann til að fara með umrætt mál skv. 28. gr. lögræðislaga.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvaða félagsmálanefnd beri að fela lögráðin. Eru ákvæði greinarinnar í samræmi við 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þá er í greininni lagt til grundvallar að lögráðin verði lögformlega falin félagsmálanefnd sem fer þá að öllu leyti með réttindi og skyldur lögráðamanns að lögum. Í 3. mgr. greinarinnar er hins vegar á því byggt að einum af nefndarmönnum eða starfsmönnum félagsmálanefndar verði falin umsjón með framkvæmd lögráðanna. Er þetta gert til þess að stuðla að því að samviskusamlega verði að framkvæmd lögráðanna staðið. Þá hefur þessi skipan einnig þann kost að hinn ólögráða sér ekki sífellt nýjan og nýjan starfsmann sem lítið þekkir til persónulegra haga hans. Þessi skipan er einnig líkleg til þess að nauðsynleg persónuleg tengsl skapist á milli umsjónarmanns og hins ólögráða. Hlutverk umsjónarmanns væri t.d. að leggja fyrir félagsmálanefnd tillögur varðandi mál sem nefndin þyrfti að taka ákvörðun um. Síðan félli það í hlut umsjónarmanns að sjá um framkvæmd þessara ákvarðana fyrir hönd nefndarinnar.

Í 4. mgr. greinarinnar er kveðið á um að félagsmálanefnd skuli árlega gefa yfirlögráðanda skýrslu um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á árinu um persónulega hagi og fjárhald hins ólögráða. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að því að eftirlit yfirlögráðanda með lögráðunum verði nægjanlega virkt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1005. Lög [283. mál]

um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 406.

1006. Lög [338. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 616.

1007. Lög [339. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 617.

1008. Lög [372. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1000.

1009. Lög [375. mál]

um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 998.

1010. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [313. mál]

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis.

2. gr.
Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti.

Ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en lög þessi mæla fyrir um, halda gildi sínu. Um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga fer þó eftir sveitarstjórnarlögum.

II. KAFLI
Sérstakt hæfi.

3. gr.
Vanhæfisástæður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

4. gr.

Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

5. gr.

Málsmeðferð.

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnsýslunefndar á þeim.

Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

6. gr.

Setning staðgengils.

Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.

III. KAFLI
Almennar reglur.

7. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Útreikningur frests.

Þar sem kveðið er á um frest í lögum telst sá dagur, sem fresturinn er talinn frá, ekki með í frestinum.

Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður.

9. gr.

Málshraði.

Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

10. gr.

Rannsóknarreglan.

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

11. gr.

Jafnræðisreglan.

Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðra á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

12. gr.

Meðalhófsreglan.

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

IV. KAFLI
Andmælaréttur.

13. gr.

Andmælaréttur.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

14. gr.

Tilkynning um meðferð máls.

Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

15. gr.

Upplýsingaréttur.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Fari aðili fram á að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum skal orðið við þeirri beiðni nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé verulegum vandkvæðum bundið. Forsætisráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir afrit og ljósrit sem veitt eru samkvæmt þessari grein.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til rannsóknar og saksóknar í opinberu máli. Þó getur sakborningur krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti.

16. gr.

Gögn undanþegin upplýsingarétti.

Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.
2. Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
3. Vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Þó á aðili aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Ef það sem greinir í 1. mgr. á aðeins við um hluta skjals skal veita aðila aðgang að öðru efni skjalsins.

17. gr.

Takmörkun á upplýsingarétti.

Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum.

18. gr.

Frestun máls.

Stjórnvaldi er heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Að öðrum kosti getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Máli skal þó ekki frestað ef það hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

19. gr.

Rökstuðningur synjunar og kæruheimild.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja málsaðila um aðgang að gögnum máls eða takmarka hann að nokkru leyti skal tilkynnt aðila og rökstudd í samræmi við V. kafla laga þessara.

Kæra má synjun eða takmörkun til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Kæra skal borin fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

V. KAFLI
Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.

20. gr.
Birting ákvörðunar og leiðbeiningar.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita leiðbeiningar um:

1. heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda,
2. kæruheimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru,
3. frest til þess að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákveðinn. Fylgi rökstuðningur ákvörðun þegar hún er tilkynnt skal veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr.

Ekki þarf þó að veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. mgr. þegar ákvörðun er tilkynnt hafi umsókn aðila verið tekin til greina að öllu leyti.

21. gr.
Hvenær veita skal rökstuðning.

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

22. gr.
Efni rökstuðnings.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Takmarka má efni rökstuðnings að því leyti sem vísa þarf til gagna sem aðila máls er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

Hafi stjórnsýslunefnd ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður færa rök fyrir henni í samræmi við 1.–3. mgr.

VI. KAFLI
Afturköllun ákvörðunar o.fl.

23. gr.
Breyting og leiðrétting.

Stjórnvald getur breytt ákvörðun sinni þar til hún hefur verið tilkynnt aðila máls.

Eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té.

24. gr.
Endurupptaka máls.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

25. gr.
Afturköllun.

Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar:

1. það er ekki til tjóns fyrir aðila, eða
2. ákvörðun er ógildanleg.

VII. KAFLI
Stjórnsýslukæra.

26. gr.
Kæruheimild.

Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Ákvörðun, sem ekki bindur enda á mál, verður ekki kærð fyrr en málið hefur verið til lykta leitt.

27. gr.
Kærufrestur.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg.

Þar sem lögmælt er að birta skuli ákvörðun með opinberum hætti hefst kærufrestur eftir fyrstu birtingu sé ákvörðunin birt oftar.

Þegar aðili fer fram á rökstuðning skv. 21. gr. hefst kærufrestur ekki fyrr en rökstuðningur hefur verið tilkynntur honum.

Þegar aðili óskar eftir endurupptöku máls innan kærufrests rofnar kærufresturinn. Hafni stjórnvald að taka mál til meðferðar á ný heldur kærufrestur áfram að líða að nýju frá þeim tíma þegar sú ákvörðun er tilkynnt aðila.

Kæra telst nógu snemma fram komin ef bréf, sem hefur hana að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Áður en kærufrestur rennur út er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest.

28. gr.

Kæra berst að liðnum kærufresti.

Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:

1. afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, eða
2. veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar.

Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

29. gr.

Réttaráhrif kærðrar ákvörðunar.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Æðra stjórnvaldi er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Ákveða skal svo fljótt sem við verður komið hvort fresta skuli réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar.

30. gr.

Málsmeðferð í kærumáli.

Við meðferð kærumáls skal fylgja ákvæðum II.–VI. og VIII. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

Heimilt er að ákveða að mál skuli flutt munnlega ef það er sérstaklega vandasamt og ætla má að það upplýsist betur með þeim hætti.

31. gr.

Form og efni úrskurða í kærumáli.

Úrskurður æðra stjórnvalds í kærumáli skal ávallt vera skriflegur og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram á stuttan og glöggan hátt:

1. Kröfur aðila.
2. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hin kærða ákvörðun.
3. Stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins.
4. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls skv. 22. gr.
5. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

VIII. KAFLI
Stjórnsýslunefndir.

32. gr.
Skipun nefndarmanna.

Þegar skipað er í stjórnsýslunefnd, sem tekur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, skal ávallt skipa aðalmenn og jafnmarga varamenn samtímis. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Þegar aðalmaður í stjórnsýslunefnd forfallast um stundarsakir tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Þegar aðalmaður fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans og skal þá nýr varamaður skipaður, nema sá sem skipað hefur í nefndina ákveði að skipa aðalmann að nýju.

33. gr.
Fundarboðun.

Formaður stjórnsýslunefndar boðar til fundar og skal boða til hans með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skylt að boða til fundar ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess.

Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað.

34. gr.
Málsmeðferð.

Stjórnsýslunefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin. Þegar atkvæði eru jöfn við kosningu manns í starf ræður hlutkesti.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Beita skal lögum þessum einvörðungu um mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögunum um þau mál upp frá því.

Ákvæðum 27. gr. um kærufrest skal aðeins beita um þau mál þar sem ákvörðun hefur verið tilkynnt eftir gildistöku laganna.

36. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Opið bréf frá 12. mars 1870 handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið fellur niður.
2. 3. málsl. 2. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður.
3. 25. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94 20. maí 1976, fellur niður.
4. 2. málsl. 2. mgr. 31. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, fellur niður.
5. Í 1. mgr. 2. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða

fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega". Í þeirra stað kemur: ef hann er vanhæfur samkvæmt stjórnsýslulögum.

6. 3. mgr. 8. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, fellur niður.
7. 4. mgr. 29. gr. og 3. málsl. 1. mgr. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, falla niður.
8. 2. málsl. 74. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, fellur niður og í stað hans kemur: Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.
9. Við 5. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30 27. maí 1992, bætist svohljóðandi málsgrein: Kæra til yfirskattanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

1011. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem greina má í þrjá meginþætti, breytingu á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins, brottfall skyldusparnaðar og að tækni- og þjónustudeild stofnunarinnar verði lögð niður. Á fund nefndarinnar komu frá fjármálaráðuneytinu Halldór Árnason skrifstofustjóri og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna Birgir Björn Sigurjónsson og Páll Halldórsson, frá Alþýðusambandi Íslands Hervar Gunnarsson, Guðmundur Gylfi Guðmundsson og Grétar Þorsteinsson, Rannveig Sigurðardóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hrafnhildur Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og frá Húsnæðisstofnun ríkisins Yngvi Örn Kristinsson, Sigurður Guðmundsson og Hilmar Þórisson. Þá komu á fund nefndarinnar, sérstaklega vegna þess þáttar frumvarpsins er snertir stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar, Jón L. Arnalds héraðsdómari, Páll Hreinsson lögfræðingur, Ragnar Aðalsteinsson hrl. og frá Ríkisendurskoðun Sigurður Þórðarson og Jón L. Björnsson. Enn fremur bárust nefndinni umsagnir frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Breytingar þær, sem lagðar eru til, eru flestar þess eðlis að ekki þarfnast skýringa. Þær efnislegu breytingar, sem lagðar eru til, miða að því að afmarka nánar valdsvið húnæðismálastjórnar annars vegar og ráðherra hins vegar. Helstu efnisbreytingarnar eru eftirfarandi:

Lagt er til að í nýrri málsgrein, er bætist við 2. gr., verði sérstaklega kveðið á um hvernig fara eigi með kostnað af rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fjallað verði um innra skipulag stofnunarinnar í reglugerð en ekki í lögum svo sem nú er. Talið er eðlilegt að kveðið verði á um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar í lögum. Þannig verði kostnaðinum skipt á milli þeirra sjóða sem stofnunin rekur, að teknu tilliti til umfangs í rekstri þeirra og útistandandi eigna.

Við 3. gr. er lögð til sú breyting að þingkjörnum stjórnarmönnum Húsnæðisstofnunar ríkisins verði fjölgað úr fimm í sjö.

Breytingin á 3. tölul. 4. gr. felur í sér að á brott falli skylda Húsnæðisstofnunar til að leita staðfestingar ráðherra á forsendum lánveitingar og skiptingu lánsfjár milli útlánaflokka áður en ákvörðun um útlán er tekin.

Breytingin á 8. gr. felur í sér áréttingu þess að húsnæðismálastjórn semur sjálf við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, í stað þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkt sé bundið við reglugerðarsetningu ráðherra.

Lögð er til sú breyting að við 9. gr. bætist nýr málsliður er kveði á um að fjárhagur húsbréfadeildar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Þá er lagt til að skv. 19. gr. verði byggingarsamvinnufélögum gert að greiða fyrir þá aðstoð er Húsnæðisstofnun veitir þeim vegna byggingarframkvæmda.

Í umsögn, er nefndinni barst frá stjórn Húsnæðisstofnunar, kom m.a. fram að greiðslubyrði af lánum til almennra kaupleiguíbúða hafi reynst þung miðað við félagslegar kaupleiguíbúðir og að æskilegt væri að breyta lánafyrirkomulagi vegna slíkra íbúða þannig að veitt verði eitt lán sem svari til 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði til 43 ára. Þá benti stjórnin á mikilvægi þess að breyta lögum um Húsnæðisstofnun þannig að útreikningur á söluverði félagslegra íbúða, sem byggðar eru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, samrýmist ákvæðum núgildandi reglugerðar og að lagaheimildir verði veittar til veitingar lána til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að um mikilvægar ábendingar sé að ræða. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur starfshópur unnið að því undanfarna mánuði að meta reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir og mun hann á næstunni skila niðurstöðum sínum og tillögum um breytingar grundvallaðar á fenginni reynslu. Á meðfylgjandi fylgiskjali er birt minnisblað sem formanni nefndarinnar barst frá Inga V. Jóhannssyni, húsnæðisfulltrúa og deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem sæti á í umræddum starfshópi. Þar kemur m.a. fram að starfshópurinn mun gera tillögur er varða fyrrgreindar athugasemdir um lán til almennra kaupleiguíbúða, lán til endurbóta á félagslegum íbúðum og lagfæringar vegna útreiknings söluverðs. Að mati meiri hluta nefndarinnar er æskilegt að niðurstaða starfshópsins varðandi breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu liggi fyrir áður en gerðar eru tillögur um breytingar hvað þessi atriði varðar.

Eggert Haukdal skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim er fram kunna að koma. Hann óskar þess einnig að fram komi sú afstaða hans að m.a. af háum vöxtum og atvinnuleysi leiði brýna þörf til að breyta húsnæðislögum áður en Alþingi lýkur störfum til að koma til móts við vandamál þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum.

Alþingi, 20. apríl 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. | Guðjón Guðmundsson. | Össur Skarphéðinsson.

Geir H. Haarde.

Eggert Haukdal, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Ingi V. Jóhannsson:

MINNISBLAÐ

Tillögur húsnæðismálastjórnar um breytingar á félagslega hluta húsnæðiskerfisins.
(25. mars 1993.)

Meðfylgjandi eru atriði sem óskað var eftir að undirritaður fjallaði um á fundi félagsmálanefndar Alþingis 16. mars sl.

Fyrst er rétt að vekja athygli á því að tillögur húsnæðismálastjórnar um breytingar á Byggingarsjóði verkamanna tengjast á engan hátt megintilgangi fyrirliggjandi frumvarps um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Á undanförnum mánuðum hefur á vegum félagsmálaráðuneytisins verið unnið að úttekt á framkvæmd og reynslu laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir. Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp fjögurra embættismanna frá ráðuneytinu og Húsnæðisstofnun til að afla upplýsinga um reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir og heimsækja húsnæðisnefndir sveitarfélaga í því skyni. Starfshópurinn hefur heimsótt nærri 30 húsnæðisnefndir og mörg félagasamtök sem vinna að húsnæðismálum. Á næstu dögum mun starfshópurinn skila niðurstöðum sínum og tillögum. Starfshópurinn mun setja fram beinar tillögur um lagabreytingar, ábendingar og hugmyndir til frekari athugunar. Í framhaldi af starfi nefndarinnar verður hafist handa um að athuga hvaða breytingar eru taldar nauðsynlegar á lánveitingum Byggingarsjóðs verkamanna með það fyrir augum að undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir.

Um einstakar tillögur er rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Lán vegna almennra kaupleiguíbúða. Starfshópurinn, sem vinnur að mati á framkvæmd laga um félagslegar íbúðir, hefur verið með athugasemdir og tillögur húsnæðisnefnda í þessu efni til athugunar og mun starfshópurinn leggja fram þrjár tillögur um breytingar á fyrirkomulagi lána til almennra kaupleiguíbúða.

2. Lán til endurbóta á félagslegum íbúðum. Fram kom á fundum starfshópsins með húsnæðisnefndum að á nokkrum stöðum þarfnast fjölbýlishús með félagslegum íbúðum gagngerra endurbóta utan húss, að öðrum kosti liggja húsin undir skemmdum sem getur augljóslega haft í för með sér fjárhagstjón fyrir Byggingarsjóð verkamanna, enda er hér um veð sjóðsins að ræða. Auk þeirra húsa, sem nú liggja undir skemmdum, kemur í ljós að í ýmsum sveitarfélögum er um yfirvofandi úrlausnarefni að ræða. Starfshópurinn mun leggja fram tillögur í tveimur liðum, annars vegar um aðgerðir þegar í stað og hins vegar lagabreytingu um nýjan lánaflokk. Lögð er áhersla á skýrt afmarkað viðfang lánaflokksins og vandaðan undirbúning.

Starfshópurinn lagði til í minnisblaði til ráðherra að gripið yrði til aðgerða þegar í stað, þ.e. án lagabreytinga, til úrlausnar þeim vanda sem steðjar að. Starfshópnum er ljóst að til þess er ekki skráð lagaheimild en telur að vel athuguðu máli hægt að rökstyðja lagastoð út frá eðli máls og neyðarsjónarmiðum. Félagsmálaráðherra óskaði með bréfi dags. 7. janúar 1993 eftir umsögn húsnæðismálastjórnar um þessa tillögu nefndarinnar og jafnframt að Húsnæðisstofnun meti lánsfjárþörf ef farið yrði að tillögum starfshópsins.

Sem svar við þessu hefur húsnæðismálastjórn vísað til tillagna (dags. 4. mars) í umsögn um fyrirliggjandi frumvarp um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem lagt er til að stofnaður verði sérstakur lánaflokkur í þessu skyni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða lánsfjárþörf í þessu skyni.

3. Lagfæringar vegna útreiknings á söluverði. Það sem hér um ræðir styðst við reglugerðarákvæði sem sett var fyrir tíu árum. Auðvitað er eðlilegt að samræma þetta og eðlilegt að það gerist í tengslum við þær tillögur er gerðar verða á grundvelli niðurstaðna starfshópsins.

Með hliðsjón af því sem fram hefur komið hér á undan varðandi úttekt á framkvæmd laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, sem mun liggja fyrir á næstu dögum, er bæði sjálfsagt og eðlilegt að vísa tillögum húsnæðismálastjórnar til samræmdrar tillögugerðar um lagabreytingar sem unnið verður að í kjölfar niðurstaðna starfshópsins. Samræmdar tillögur um breytingar á fyrirkomulagi félagslegra íbúða eru í alla staði heppilegri en tíðar smábreytingar.

1012. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GuðjG, ÖS, GHH, EH).

1. Við 1. gr. Í stað 1.–2. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðherra sem fer með yfirstjórn húsnæðismála.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Kostnaði við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins skal skipt milli þeirra sjóða sem stofnunin rekur, að teknu tilliti til umfangs í rekstri þeirra og útistandandi eigna í lok reikningsárs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. fyrri efnismgr. komi: sjö.
4. Við 4. gr. Síðari málsliður 3. tölul. falli brott.
5. Við 5. gr. Í stað orðsins „umsögn“ í 1. efnismgr. komi: tillögu.
6. Við 6. gr. Í stað orðanna „er heimilt að ákvarða“ komi: ákvarðar.
7. Við 8. gr. Efnismgr. orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána.
8. Við 9. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.
9. Við 12. gr. Í stað orðanna „Ráðherra getur með reglugerð heimilað að Húsnæðisstofnun semji“ í 1. málsl. efnismgr. komi: Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja.
10. Við 19. gr. Á eftir orðunum „undirbúning þeirra“ komi: enda komi gjald fyrir.
11. Við 20. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.

1013. Nefndarálit [437. mál]

um till. til þál. um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk hún við þá umfjöllun ýmis gögn um málið frá utanríkisráðuneytinu. Einnig barst nefndinni ályktun um málið frá Varðbergi, félagi ungra áhugamanna um vestræna samvinnu. Þá komu á fund nefndarinnar Sigþrúður Gunnarsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson frá Samtökum herstöðvaandstæðinga.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að Ísland gerist aukaaðili að Vestur-Evrópusambandinu og vill í því sambandi taka undir eftirfarandi kafla í ályktun Varðbergs um málið frá 22. mars sl.:

„Varðberg, félag ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, telur það þjóna öryggishagsmunum Íslands að ríkisstjórn Íslands staðfesti aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu og taki virkan þátt í að fylgjast með og móta öryggis- og varnarmál Evrópu. Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu ásamt aðild annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins tryggir að sjónarmið NATO-ríkjanna hafi áhrif á stefnumótun Vestur-Evrópusambandsins þannig að Evrópubandalagið verði ekki einrátt í varnar- og öryggismálaumræðu Vestur-Evrópu.“

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 26. apríl 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Geir H. Haarde.

Árni R. Árnason. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1014. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneyti Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka Val Valsson, Svein Jónsson og Ólaf Örn Ingólfsson, frá Sambandi íslenskra sparisjóða Baldvin Tryggvason og Sigurð Hafstein, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði Íslands og Rúnar B. Jóhannsson frá Félagi íslenskra endurskoðenda.

Í frumvarpinu er lagt til að aðskilin löggjöf um starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða verði sameinuð í einn lagabálk. Er lagt til að gildissvið laganna nái til viðskiptabanka í eigu ríkisins, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum og sparisjóða. Stofnanir þessar hafa sömu starfsheimildir en tekið er tillit til mismunandi stjórnunarlegrar uppbyggingar og eignaraðildar að þeim í frumvarpinu. Frumvarpið felur í sér allnokkrar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum sem eru þessi: Ákvæði um stofnun og starfs-

leyfi stofnananna eru ítarlegri (II. kafli), svo og ákvæði um synjun umsókna sem eru nýmæli (III. kafli), og enn fremur ákvæði um afturköllun starfsleyfa (XIII. kafli). Í IV. kafla er m.a. kveðið á um hæfi bankastjóra og nánari ákvæði eru um verkefni bankaráða og stjórna sparisjóða. Í V. kafla eru lögð til veruleg nýmæli er varða starfsemi sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda. Enn fremur eru ákvæði um laust fé og eigið fé og ársreikninga, endurskoðun og samstæðureikningsskil mun ítarlegri en í gildandi löggjöf (VI. og VII. kafli). Loks er gert ráð fyrir að ákvæði um Lánastofnun sparisjóðanna hf. verði felld brott og í stað hennar verði stofnaður sérstakur banki sparisjóðanna sem hafi fullar heimildir sem viðskiptabanki.

Rætt var nokkuð um málskotsrétt ákvarðana bankaeftirlitsins í nefndinni. Í því sambandi er þess að geta að til meðferðar er á Alþingi frumvarp til stjórnsýslulaga, 313. mál, sem nýlega hefur verið afgreitt út úr allsherjarnefnd. Það hefur að geyma ákvæði um kæru ákvarðana lægra setts stjórnvalds til hins æðra (VII. kafli). Er meginreglan sú að aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds ef því er á annað borð til að dreifa.

Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Áður en það er gert er sérstaklega bent á ákvæði frumvarpsins sem varða Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða í X. kafla frumvarpsins og breytingartillögur nefndarinnar við þau ákvæði. Með lögum nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, var Tryggingarsjóði viðskiptabanka heimilað að veita viðskiptabanka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð um Tryggingarsjóðinn, þar sem m.a. stjórnarmönnum var fjölgað um tvo, annar tilnefndur af fjármálaráðherra og hinn af Seðlabanka Íslands. Í umræðum á Alþingi um frumvarpið, sem varð að lögum nr. 16/1993, kom fram að viðskiptaráðherra hygðist skipa nefnd til að semja tillögur um framtíðarfyrirkomulag á innstæðutryggingum og hlutverki og starfsheimildum Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Í ljósi þessa varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja til að ákvæðum X. kafla frumvarpsins yrði breytt með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 16/1993 og reglugerðinni um breytingu á reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka en að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við ákvæði X. kafla.

Breytingarnar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að síðari málsgrein 1. gr. falli niður en hún er óþörf vegna ákvæða 97. gr. frumvarpsins þar sem segir að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna.
2. Lagt er til að í 8. gr. verði kveðið á um að samþykki Alþingis þurfi til þegar ríkisviðskiptabanki tekur víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 76. gr. frumvarpsins. Í lögum um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, nr. 16/1993, er sett þak á lántökur tryggingarsjóðanna en í 5. gr. segir að fjármálaráðherra sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku sjóðanna samtals að fjárhæð allt að 3.000 millj. kr.
3. Lagt er til að 10. gr. verði breytt en í 4. mgr. er mælt fyrir um heimild bankaeftirlits Seðlabanka Íslands að hafna nýjum hluthöfum eða kaupum þeirra sem fyrir eru á viðbótarhlutafé. Enn fremur geti bankaeftirlitið, telji það ekki ástæðu til að hafna eignarhlut, ákveðið að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur. Hér er um svo mikilvægar ávarðanir að ræða að réttara þykir að ráðherra taki ákvörðunina að fenginni tillögu bankaeftirlitsins.

4. Lögð er til breyting á 12. gr. með vísan til breytingartillögu við 10. gr. sem skýrt á frá hér að framan. Í 12. gr. er kveðið á um úrræði ef aðili, sem á tiltekinn hlut í hlutafélagsbanka, fer þannig með hlut sinn að skaði rekstur bankans.
5. Lagt er til að síðari málsgrein 18. gr. falli brott en þar er kveðið á um skattalega meðferð á stofnfé og arði stofnfjáreigenda í sparisjóði. Ákvæðið er þarflaust því að um þetta gilda sömu reglur og um hlutafélög, en sparisjóður er félag með takmarkaðri ábyrgð í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur þykir heppilegra út frá lagatæknilegum sjónarmiðum og með tilliti til framkvæmdar að efnislegar reglur um skattlagningu þessara stofnana verði ekki í sérlögum um þær.
6. Lögð er til breyting á 23. gr. í samræmi við breytingartillögu við 18. gr.
7. Lögð er til breyting á 34. gr. og vísast um hana til 19. liðar hér á eftir.
8. Lagt er til að 39. gr. verði breytt þannig að annars vegar verði í 5. tölul. 1. mgr. kveðið á um að bankaráð og sparisjóðsstjórn móti stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setji almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar. Taki slíkar reglur til hámarks lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna mega þær ekki ganga gegn almennum reglum um það efni sem ráðherra setur, sbr. 1. mgr. 46. gr. Hins vegar bætist við nýr töluliður er hafi að geyma ákvæði 52. gr. Í greininni er kveðið á um að bankaráði eða sparisjóðsstjórn skuli gerð grein fyrir ákveðnum upplýsingum árlega. Lagt er til að ákvæðið færist í 39. gr. þannig að bankaráð eða sparisjóðsstjórn setji leiðbeiningar um þessa árlegu upplýsingagjöf.
9. Lögð er til breyting á 40. gr. og vísast um hana til 19. liðar hér á eftir.
10. Lögð er til breyting á 43. gr. og vísast um hana til 19. liðar hér á eftir.
11. Lögð er til breyting á 44. gr. til að taka af allan vafa og skapa ekki óeðlilega samkeppnisstöðu milli banka og sparisjóða annars vegar og verðbréfafyrirtækja hins vegar.
12. Lagt er til að 45. gr. verði breytt þannig að heimild viðskiptabanka og sparisjóða skv. 2. mgr. verði rýmkuð þannig að stofnanirnar verði að uppfylla annað af tveimur skilyrðum ákvæðisins.
13. Lögð er til sú breyting á 46. gr. að ráðherra, en ekki bankaeftirlitið, setji reglur um eignarhlut viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart viðkomandi stofnun. Þá er lagt til að orðið „bókfærðu“ falli brott en því er ofaukið.
14. Lagt er til að 52. gr. falli brott og vísast um það til 7. tölul. hér að framan.
15. Lagt er til að 53. gr. verði breytt en í nefndinni var ítarlega rætt um samráð sparisjóða í vaxta- og gjaldskrármálum, sem er heimilt samkvæmt gildandi lögum um sparisjóði, í ljósi þess að samkeppnislög hafa nýlega tekið gildi. Í umræðum í nefndinni voru færð að því rök að með samstarfi sín á milli geti sparisjóðirnir veitt viðskiptabönkunum meiri samkeppni en ella. Það varð niðurstaða nefndarinnar að við ákvæði 53. gr. skyldi bætt því skilyrði að leiðbeinandi tillögur til sparisjóða um vexti og þjónustugjöld megi ekki brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í því felst að í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði mun sparisjóðum ekki verða veitt afdráttarlaus undanþága frá meginreglu samkeppnislaga um bann við samráði.
16. Lögð er til breyting á 54. gr. þar sem ekki þykir rétt að tiltaka binditíma nákvæmlega.
17. Lagt er til að við 2. mgr. 55. gr. bætist nýr málsliður en hann mun hafa fallið niður miðað við gildandi lög.

18. Lagt er til að 58. gr. verði breytt en þar er fjallað um gerð og framsetningu ársreikninga. Bent hefur verið á að löggjafinn hafi þegar ákveðið með hvaða hætti skuli staðið að mótun góðrar reikningsskilavenju hér á landi og útgáfu reglna þar að lútandi með lögum nr. 51/1968, um bókhald, sbr. lög nr. 95/1991, um breytingu á þeim lögum, þar sem reikningsskilaráð var sett á stofn. Er því lagt til að 1. og 2. mgr. verði sameinaðar í eina málsgrein. Á hinn bóginn verði kveðið á um að bankaeftirlitið skuli sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða. Skulu almennar leiðbeinandi reglur, m.a. um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings, liggja fyrir á aðgengilegan hátt.
19. Lögð er til sú breyting á 61. gr. að hugtakið „skoðunarmaður“ falli niður en í stað þess komi starfsheitið endurskoðandi. Hugtakið kemur og fyrir í 62., 63. og 67. gr. Það þykir rétt í ljósi þess að ákvæði frumvarpsins gera miklar kröfur til þeirra sem standa að endurskoðuninni, t.d. að ársreikningar verði endurskoðaðir í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Jafnframt komi einn endurskoðandi í stað tveggja skoðunarmanna með hliðsjón af lögum um hlutafélög, nr. 32/1978. Í samræmi við þetta er lagt til að 3. mgr. greinarinnar falli brott. Enn fremur er lagt til að orðalag 4. mgr. verði breytt til að fyrirbyggja misskilning.
20. Lagðar eru til tvær breytingar á 62. gr. Annars vegar verði breyting á starfsheitum í samræmi við breytingartillögu sem skýrð er í liðnum hér að framan. Hins vegar falli 3. mgr. niður þar sem kveðið er á um að ráðherra ákveði þóknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka í ljósi þess að ekki verði um skoðunarmenn hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum að ræða heldur endurskoðendur.
21. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 63. gr. Í fyrsta lagi verði orðalag 1. mgr. lagfært. Þá verði breyting á hugtakanotkun í samræmi við þá breytingu sem gerð er grein fyrir í 19. tölul. hér að framan. Þá verði 7. mgr. breytt og bætt við nýrri málsgrein en í 7. mgr. er bankaeftirlitinu m.a. falið að setja reglur um stofnun innri endurskoðunardeilda í bönkum og sparisjóðum ef það telur þörf á því. Bent hefur verið á að með beitingu slíkrar heimildar væri bankaeftirlitið með beinum hætti farið að hafa áhrif á stjórnun og skipulag í bönkum og sparisjóðum. Er því lagt til að þetta ákvæði falli niður en þess í stað komi ákvæði sem mæli fyrir um að við viðskiptabanka og sparisjóði skuli starfa endurskoðunardeild sem annist innri endurskoðun. Getur bankaeftirlitið þó veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun slíkrar endurskoðunardeildar. Loks verði bankaeftirlitinu falið að sjá til þess að við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju.
22. Lagðar eru til tvær breytingar á 64. gr. Annars vegar falli fyrri málsgreinin brott. Hins vegar verði gerð breyting á 2. mgr. en þar hefur bankaeftirlitið heimild til að láta endurskoða reikningsskil viðskiptabanka eða sparisjóðs á kostnað stofnunar þeirrar sem í hlut á. Með þeirri heimild er bankaeftirlitinu veitt það vald sem stofnunin þarf. Hætt er þó við að endurskoðandi gæti ekki fallist á þá leiðsögn bankaeftirlitsins um umfang slíkrar endurskoðunar sem felst í ákvæðinu og er því lagt til að því verði breytt.
23. Lögð er til leiðrétting á tilvísunum í 67. gr. og breyting í samræmi við breytingu sem gerð er grein fyrir í 19. tölul.

24. Lagðar eru til tvær breytingar á 68. gr. Annars vegar verði 1. mgr. breytt en sú upplýsingaskylda, sem lögð er þar á endurskoðendur, er ekki í samræmi við hlutverk og skyldur endurskoðenda en þeir hafa m.a. ríkri upplýsingaskyldu að gegna. Er því lagt til að þessi upplýsingaskylda verði lögð niður. Á hinn bóginn komi ákvæði um að hafi endurskoðandi ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækis hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína við bankaeftirlitið skuli hann gera því viðvart. Eru þessar breytingartillögur sambærilegar við þær breytingar sem gerðar voru á upplýsingaskyldu endurskoðenda í frumvörpum um verðbréfamarkaðinn sem nýsamþykkt eru sem lög og áður hafa verið nefnd.
25. Lagt er til að 69. gr. verði breytt í ljósi breytingartillagna við 2. mgr. 68. gr.
26. Lagt er til að 76. gr., um Tryggingarsjóð viðskiptabanka, breytist í kjölfar samþykktar laga nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Vísast til útskýringa um það í almennum athugasemdum hér að framan.
27. Lögð er til breyting á 78. gr., um Tryggingarsjóð sparisjóða, með vísan til 23. tölul. og almennra athugasemda hér að framan.
28. Lögð er til breyting á 84. gr. þannig að bankaeftirlitið krefji ekki erlenda eftirlitsaðila um upplýsingar heldur afli þeirra frá þeim.
29. Lögð er til breyting á 85. gr. sem felur í sér leiðréttingu á tilvísun.
30. Lagðar eru til þær breytingar á 93. gr. að annars vegar verði ákvæði fyrri málsliðar fyrri málsgreinar þrengt en það þykir of víðtækt í frumvarpinu. Hins vegar verði kveðið á um í síðari málslið fyrri málsgreinar að eftirlitið samkvæmt fyrri málslið fari eftir ákvæðum laganna og ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.
31. Lagt er til að 98. gr. falli brott með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á frumvörpum um verðbréfamarkaðinn sem samþykkt voru sem lög nr. 9/1993, nr. 10/1993 og nr. 11/1993.
32. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði laganna í 103. gr. Enn fremur bætist við ákvæði um að viðskiptabankar og sparisjóðir skuli samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistökuna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

Alþingi, 26. apríl 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Guðjón Guðmundsson.

Halldór Ásgrímsson. | Jóhannes Geir Sigurgeirsson. | Kristín Ástgeirsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara. | Sólveig Pétursdóttir.

1015. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein falli brott.
2. Við 8. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 76. gr. laga þessara.
3. Við 10. gr.
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs hlutaðeigandi stofnunar. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu.
   b. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 5. mgr. komi: ráðherra.
4. Við 12. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur ráðherra að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.
   b. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið getur“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins.
   c. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í síðari málslið 2. mgr. komi: ráðherra.
   d. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. komi: ráðherra.
5. Við 18. gr. Síðari málsgrein falli brott.
6. Við 23. gr. 3. mgr. falli brott.
7. Við 34. gr. Í stað orðsins „skoðunarmanna“ í 3. og 4. tölul. komi: endurskoðanda.
8. Við 39. gr.
   a. Orðið „þó“ í 2. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. 5. tölul. 1. mgr. orðist svo: að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.
   c. Á eftir 5. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður, 6. tölul., er orðist svo: að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif.
9. Við 40. gr. Í stað orðsins „skoðunarmenn“ í 4. mgr. komi: endurskoðendur.
10. Við 43. gr. Í stað orðsins „skoðunarmenn“ komi: endurskoðendur.

11. Við 44. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.
12. Við 45. gr. Fyrri málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana.
13. Við 46. gr.
    a. Orðið „bókfærðu“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðanna „bankaeftirlitið setur samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands er varða“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um.
    c. Á eftir orðinu „eignarhluta“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: sbr. skilgreiningu.
14. Við 52. gr. Greinin falli brott.
15. Við 53. gr. Við síðari málslið bætist: enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.
16. Við 54. gr. Orðin „með skemmri binditíma en 90 daga“ í síðari málslið falli brott.
17. Við 55. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 56. gr.
18. Við 58. gr. Greinin orðist svo:

    Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

    Bankaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

    Almennar leiðbeinandi reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.
19. Við 61. gr. Greinin orðist svo:

    Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og löggiltum endurskoðanda sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

    Endurskoðandi skv. 1. málsl. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

    Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

    Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

20. Við 62. gr. Greinin orðist svo:

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

21. Við 63. gr. Greinin orðist svo:

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykkta og góða reikningsskilavenju.

Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi vill koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til þess að svara.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit þeirra, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi gera stjórn hennar viðvart og bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur stofnunarinnar hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

Endurskoðandi hefur rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hefur hann rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun slíkrar endurskoðunardeildar.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

22. Við 64. gr.
    a. Fyrri málsgrein falli brott.
    b. Síðari málsgrein orðist svo:
    Bankaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.
23. Við 67. gr.
    a. Í stað orðanna „63. gr. og 64. gr. um skoðunarmenn“ í fyrri málslið 8. mgr. komi: og 63. gr. um endurskoðendur.
    b. Í stað orðanna „6., 7. og 8. mgr.“ í 9., 10. og 11. mgr. komi: 7. og 8. mgr.
24. Við 68. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn eða bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 55. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.
    b. 2. mgr. orðist svo:
    Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 55. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.
    c. Í stað orðsins „skoðunarmanna“ í síðari málslið 3. mgr. komi: endurskoðanda.
    d. Við 3. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ákvæði þessarar málsgreinar tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við getur átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.
25. Við 69. gr. Í stað orðsins „skoðunarmanna“ í 3. mgr. komi: stjórnar.
26. Við 76. gr. Greinin orðist svo:

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hann starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

Hlutverk Tryggingarsjóðs er tvíþætt:

1. Að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 70. gr. að því leyti sem eignir innstæðudeildar sjóðsins hrökkva til.
2. Að veita viðskiptabanka víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku og með samþykki ráðherra. Áður en stjórn sjóðsins veitir víkjandi lán úr lánadeild skal leitað samþykkis ráðherra.

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver banki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til deildarinnar er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð sex mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði um Tryggingarsjóð í reglugerð, svo sem um verksvið stjórnar, ávöxtun á eignum sjóðsins og tilhögun greiðslna úr innstæðudeild er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um upphaf skiptameðferðar banka er fallinn.

27. Við 78. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

28. Við 84. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Bankaeftirlitið aflar upplýsinga hjá eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um.

29. Við 85. gr. Í stað orðanna „viðauka með lögum þessum“ í síðari málslið komi: 44. gr. laga þessara.

30. Við 93. gr.
    a. Í stað orðsins „laga“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: þeirra.
    b. Á eftir orðinu „ákvæðum“ í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: laga þessara og.

31. Við 98. gr. Greinin falli brott.

32. Við 103. gr.
    a. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.
    b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

1016. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1978, um geymslufé.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá Seðlabanka Íslands, BSRB, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Félagi fasteignasala, ASÍ, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Mál þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, 208. mál, og felur ekki í sér efnisbreytingu frá gildandi lögum.

Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, en í henni felst að lögin taki gildi 1. júlí 1993.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

Alþingi, 26. apríl 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðjón Guðmundsson.

Halldór Ásgrímsson. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. Sólveig Pétursdóttir.

1017. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1978, um geymslufé.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

1018. Nefndarálit [303. mál]

um till. til þál. um tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin fjallaði um tillöguna, sem flutt er af Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni, í því ljósi að samningar höfðu tekist um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og að óvissu vegna brotthvarfs Sviss af svæðinu hafði verið eytt. Jafnframt lá fyrir við umfjöllun nefndarinnar að samningaviðræður væru hafnar milli EFTA-ríkjanna Austurríkis, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og framkvæmdastjórnar EB um aðild þessara ríkja að bandalaginu. Því var talið eðlilegt að breyta hinni upprunalegu tillögu. Við gerð breytingartillögunnar töldu nefndarmenn mikils virði að ná sem víðtækastri samstöðu um afgreiðslu málsins. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali.

Að mati nefndarinar er ákaflega mikilvægt að enginn vafi sé um afstöðu Íslands til Evrópubandalagsins (EB). Verði niðurstaðan af viðræðum fyrrgreindra EFTA-ríkja við EB sú að þau gerist aðilar að bandalaginu er jafnframt mikilvægt að fyrir liggi sú afstaða Alþingis að stefnt skuli að tvíhliða samningi Íslands og Evrópubandalagsins. Álítur nefndin nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að geta stuðst við vilja Alþingis þegar hugað er að samskiptum Íslands og EB um leið og hún minnir á nauðsyn þess að nefndinni gefist kostur á að fylgjast náið með þróun málsins. Því er eðlilegt að Alþingi marki þá stefnu sem felst í breytingartillögu nefndarinnar. Leiði tvíhliða viðræður Íslands og EB í framhaldi af gerð EES-samningsins til þess að gengið verði á ný til samninga við bandalagið verður sú ákvörðun borin undir Alþingi. Við slíka tvíhliða samningsgerð yrði eink-

um litið á viðskiptahluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem stofnanahlutinn hlyti óhjákvæmilega að taka á sig allt aðra mynd.

Innan nefndarinnar hefur töluvert verið rætt um það hvernig afskiptum Alþingis af framvindu mála á vettvangi EES skuli háttað. Jafnframt hefur nefndin rætt hvernig hún geti sem best fylgst með aðildarviðræðum EFTA-ríkja við EB. Þeim umræðum er ekki lokið, en nefndarmenn eru sammála um að utanríkismálanefnd gegni þar lykilhlutverki og verði að haga störfum sínum í samræmi við það.

Alþingi, 26. apríl 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.
Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.

1019. Breytingartillögur [303. mál]

við till. til þál. um tvíhliða samning við Evrópubandalagið.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið.

1020. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hluti hennar til að það verði samþykkt.

Með frumvarpinu er verið að gera breytingar á lögunum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sem Alþingi samþykkti 12. janúar sl. og leiðir þær af því að Sviss ákvað í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. desember sl. að gerast ekki aðili að svæðinu. Breytingarnar eru því tæknilegs eðlis frekar en efnislegar.

Við meðferð málsins í nefndinni hefur jafnframt verið fjallað á nýjan leik um bókun 3 við EES-samninginn. Sú bókun er um landbúnaðarmál og er samningaviðræðum um endanlegan frágang hennar enn ólokið. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að Alþingi fái eins og hingað til nákvæmar upplýsingar um framvindu mála í þeim samningaviðræðum þannig að þingmenn eigi þess kost að taka afstöðu til málsins þar til endanlegar niðurstöður viðræðna liggja fyrir.

Alþingi, 27. apríl 1993.

Björn Bjarnson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Geir H. Haarde.

Árni R. Árnason. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1021. Nefndarálit [437. mál]

um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Gunnar Pálsson frá utanríkisráðuneytinu og Sigþrúði Gunnarsdóttur og Svein Rúnar Hauksson frá Samtökum herstöðvaandstæðinga. Þá fékk nefndin umsögn um málið frá Varðbergi, félagi ungra áhugamanna um vestræna samvinnu.

Minni hluti utanríkismálanefndar mótmælir því hvernig þetta mál bar að á Alþingi. Skjal um aukaaðild var undirritað af umhverfisráðherra, f.h. utanríkisráðherra, í nóvember sl. án þess að áður væri leitað eftir vilja Alþingis. Núna, tæpu hálfu ári síðar, er svo leitað blessunar á þegar gerðum hlut. Er það bæði andlýðræðislegt og andþingræðislegt að standa þannig að málum.

Vestur-Evrópusambandið var stofnsett árið 1948 en lá nánast í dvala þar til á allra síðustu árum. Á fundi EB í Maastricht í desember 1991 var reynt að blása í það nýju lífi og því ætlað að vera nokkurs konar hernaðararmur sameiginlegrar stefnu EB í utanríkis- og varnarmálum.

Aukaaðildin að VES tengist þeirri almennu umræðu sem nú fer fram um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og hvernig hagsmunum þjóðarinnar verði best borgið.

Kalda stríðinu er lokið og óvinaímyndir þess að engu orðnar. Vígbúnaður, vopnakapphlaup og hernaðarbandalög verða ekki lengur réttlætt með öflugum óvini í austri eða vestri. Sovétkerfið er hrunið og engin ógn stafar lengur af meintri útþenslustefnu þess. Við þessar aðstæður hlýtur sú skilgreining og það mat á öryggishagsmunum Íslendinga, sem mótaðist í deiglu kalda stríðsins, að breytast. Það hlýtur að draga verulega úr áherslunni á hernaðarlegt mikilvægi Íslands og hefðbundnar landvarnir.

Stærsta ógnunin við öryggi Íslendinga, sem og annarra þjóða, er sú arfleifð kalda stríðsins sem liggur í hinum gífurlegu vopnabirgðum heimsins. Mikilvægustu öryggishagsmunir íslensku þjóðarinnar eru nú að vernda hafsvæðin kringum landið m.a. fyrir geislavirkum úrgangi og þeirri hættu sem fylgir umferð kjarnorkuknúinna kafbáta. Við þessar aðstæður duga hernaðarbandalög og hefðbundnar landvarnir skammt og þar af leiðandi þjónar það ekki hagsmunum Íslendinga að gerast aukaaðilar að VES. Þetta verður enn augljósara þegar haft er í huga að VES hefur þá afstöðu til kjarnavopna að þau séu óhjákvæmileg til að tryggja öryggi og frið í Evrópu.

Sem vopnlaus þjóð eiga Íslendingar að ástunda friðsamleg samskipti við allar þjóðir og stuðla að öryggi, friði og auknum jöfnuði milli þjóða fyrst og fremst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn tillögunni og leggur til að hún verði felld.

Alþingi, 27. apríl 1993.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm. Steingrímur Hermannsson. Ólafur Ragnar Grímsson.

Páll Pétursson.

1022. Fyrirspurn [581. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur á Möðrudalsöræfum og Norðausturvegi og Hellisheiði til Vopnafjarðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða reglur er fyrirhugað að gildi veturinn 1993–1994 um snjómokstur:

a. á Austurlandsvegi (vegi 1) milli Jökuldals og Mývatnssveitar,
b. á Norðausturvegi (vegi 85) frá Möðrudal til Vopnafjarðar,
c. á Hlíðarvegi (vegi 917) um Hellisheiði til Vopnafjarðar?

Skriflegt svar óskast.

1023. Fyrirspurn [582. mál]

til menntamálaráðherra um vörslu minja í umsjá Þjóðminjasafnsins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er staðið að vörslu minja í umsjá Þjóðminjasafnsins?
2. Hvernig var staðið að vörslu bátaskemmunnar sem brann aðfaranótt 23. apríl sl.?

3. Telur ráðherra forsvaranlegt að börn hafi óátalið fengið að nota bátaskemmuna sem leikvöll vikum saman fyrir brunann?
4. Til hvaða ráða verður gripið af hálfu Þjóðminjasafns og menntamálaráðuneytis til að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig?

Skriflegt svar óskast.

1024. Frumvarp til laga [192. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og notuð eru á sjó. Lögin gilda þó um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti fyrir erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra atvinnutækja á sjó og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega, sbr. þó ákvæði 6. tölul. þessarar greinar.
6. Kaupskip eru önnur skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur.

II. KAFLI

Gerð og búnaður.

Smíði, innflutningur og breytingar.

3. gr.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa á hafinu sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um siglingatæki, vélbúnað, fjarskiptabúnað, björgunarbúnað, lyf og læknisáhöld og eldvarna- og slökkvibúnað til að tryggja öryggi skipverja, skips og farms.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Skip skulu smíðuð og búin með tilliti til varna gegn mengun.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

4. gr.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til eldri skipa og skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu byggingarstigi. Þó skal tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis og aðbúnaðar um borð, enn fremur gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna.

6. gr.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingamálastofnun um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda Siglingamálastofnun ríkisins smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Ráðherra setur reglur um hæfniskröfur er þeir sem hanna og smíða skip skulu uppfylla. Þær skulu m.a. taka mið af réttindum hlutaðeigandi iðngreina.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra sem gilda hér á landi.

7. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, öryggi eða aðbúnað áhafna, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á sjóhæfni skips, öryggi skips og aðbúnað áhafna.

8. gr.

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

Eigi má flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra.

III. KAFLI
Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits. Haffæri skipa.

9. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.

Um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.

10. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra. Siglingamálastjóra er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar.

11. gr.

Aðalskoðun skal fara fram við lokaúttekt nýsmíði og á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við.

Siglingamálastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, veitt heimild til frestunar aðalskoðunar í allt að þrjá mánuði. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Við aðalskoðun skal athuga búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess og áhafnar.

Sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun, sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni, talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags krefst skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um hver borið hafi fram kröfu nema hún hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn þess sem bar fram kröfuna ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar Siglingamálastofnun telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

13. gr.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingamálastofnun ríkisins og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig þessu eftirliti skuli hagað.

14. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist í samræmi við 2. tölul. 12. gr. eða ef einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, getur ekki unað úrslitum skoðunargerðar getur sá sem telur sig vanhaldinn kært ágreininginn fyrir farbannsnefnd, sbr. 25. gr.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað er fullnægt skal siglingamálastjóri, starfsmaður stofnunarinnar sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra eða annar viðurkenndur aðili gefa út haffærisskírteini skipi til handa eða önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, skipaskrárnúmer, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafur fiskiskipa, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, gildissvið, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs. Siglingamálastofnun er þó heimilt að miða gildistíma skírteinis við almanaksmánuð að ári liðnu frá útgáfudegi skírteinis og gildir skírteinið þá til loka þess mánaðar.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og sýnt við fyrstu árlegu lögskráningu eða við greiðslu slysatryggingagjalds skipverja þegar ekki er skylt að lögskrá á skipið, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands eða lögreglu.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er. Ef ágallar eru þannig að eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað en skipið getur þó siglt örugglega getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

17. gr.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

18. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að ásigkomulag skips eða búnaður þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingamálastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingamálastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skipsins sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

19. gr.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI
Farbann.

20. gr.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gilt haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og úrskurða um gildi farbanns.
2. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fara fram, annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 21. gr. laganna.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.

Um refsimál, sem höfðað er út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögunum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun eftirrit dóma í málum út af brotum á lögum þessum.

27. gr.

Málum, sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 14. eða 20. gr., skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI
Gjöld.

28. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra skoðun, sem starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins framkvæma, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Eigandi skips skal greiða árlega skipagjald sem taki mið af því hvort skip er flokkað hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða viðurkenndu flokkunarfélagi.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt alþjóðasamþykktum að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma og veita.

VII. KAFLI
Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

30. gr.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík málalok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingartími sé ekki liðinn.

33. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

34. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI

Um gildistöku laganna o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987 og 9. gr. laga nr. 20 30. apríl 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mál, sem þingfest hafa verið fyrir siglingadómi við gildistöku laga þessara, skulu rekin fyrir dóminum eftir þeim reglum sem um hann hafa gilt, sbr. lög nr. 51/1987.

1025. Stjórnsýslulög. [313. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1010.

1026. Lög [456. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 792.

1027. Lög [300. mál]

um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 467.

1028. Frumvarp til laga [307. mál]

um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags undir nafninu Íslensk endurtrygging hf. er taki við núverandi rekstri, eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Hlutafé hins nýja félags skal nema 338.353.200 kr. og fá eigendur áhættufjár í Íslenskri endurtryggingu 1 kr. að nafnverði í hlutafé í hinu nýja félagi fyrir hverja 1 kr. sem þeir eiga af áhættufé. Skipti á áhættufjárskírteinum og hlutabréfum hafa ekki í för með sér skattskyldu hjá eigendum þeirra og gilda ákvæði 56. og 57. gr laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, um skiptin eftir því sem við á.

Hlutafélagið tekur við eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar á bókfærðu verði eins og þær voru 1. janúar 1993 og frá sama tíma tekur félagið við hvers konar skuldbindingum, réttindum og skyldum Íslenskrar endurtryggingar. Stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal vera bókfært verð þessara eigna 1. janúar 1993.

Mismunur hinna yfirteknu eigna og skulda skal vera eigið fé hlutafélagsins og skiptist það í hlutafé, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, og áhættusjóð sem yfirfærist óbreyttur, en það sem umfram verður leggst í varasjóð, sbr. 108 gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög.

3. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í hinu nýja hlutafélagi önnur en forgangsréttur að nýjum hlutum og skulu engar hömlur lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu.

4. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Tilgangur félagsins er að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend vátryggingafélög.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Íslenskrar endurtryggingar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi við yfirtökuna og skal þeim boðin sambærileg staða og þeir gegndu áður.

7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hins nýja hlutafélags og fer með hlutabréf ríkisins í því við stofnun þess. Ráðherranum skal heimilt að fela stjórn Íslenskrar endurtryggingar að annast stofnun félagsins, undirritun stofnsamnings þess og samþykkta og fara með stjórn þess til næsta aðalfundar þess. Félagið skal taka til starfa 15. júní 1993 og fyrsti aðalfundur þess skal haldinn eigi síðar en 30. júní 1993.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi 1.–14. gr. og 28. gr. laga nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., með síðari breytingum.

1029. Frumvarp til laga [208. mál]

um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, og sparisjóði.

2. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara.

3. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki“ eða „sparisjóður“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum, sbr. þó 5. mgr. 83. gr.

Viðskiptabanki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

II. KAFLI
Stofnun, starfsleyfi o.fl.

4. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning hlutafélagsbanka í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsbanka eða sparisjóðs. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig og aðrar upplýsingar og gögn sem viðskiptaráðherra ákveður.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjóða í Lögbirtingablaði.

5. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. þó 8. gr.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

6. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður verður ekki stofnaður með lægra hlutafé eða stofnfé en 400 milljónum króna og skal hlutafé eða stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

Ráðherra er heimilt að víkja frá lágmarkskröfum 1. mgr. um fjárhæð stofnfjár í sparisjóði að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Þó skal stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð en 80 milljónum króna og vera bundið gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Viðskiptabanka eða sparisjóði er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé. Allt hlutafé hlutafélagsbanka skal vera greitt áður en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

7. gr.

Starfandi viðskiptabönkum eða sparisjóðum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé eða stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá

bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

A. Ríkisviðskiptabankar.

8. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Þeir verða einungis stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík nema annað leiði af lögum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara.

Nánar skal kveðið á um starfsemi ríkisviðskiptabanka í reglugerð.

B. Hlutafélagsbankar.

9. gr.

Einungis hlutafélögum er heimilt að reka viðskiptabanka aðra en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

10. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 99. gr. um Lánastofnun sparisjóðanna hf.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipa hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Þeir hluthafar, sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka, skulu fyrir fram tilkynna bankaeftirlitinu þar um. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar. Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna bankaeftirlitinu ef hann hyggst auka við hlutafjáreign sína það mikið að hlutur hans í hlutafélagsbanka eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að hlutafélagsbanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs hlutaðeigandi stofnunar. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hrint í framkvæmd, enda hafi henni ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á 10% eða meira af hlutafé í hlutafélagsbanka, draga úr hlutafjáreign sinni skal hann tilkynna það bankaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi, sbr. 3. mgr., skal það einnig tilkynnt.

11. gr.

Þegar tilkynning hefur borist um kaup eða eigendaskipti hlutabréfa í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3., 4. eða 5. mgr. 10. gr. skal bankaráð eða bankastjórn tilkynna bankaeftirlitinu þar um án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal hlutafélagsbanki tilkynna bankaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga 10% eða meira af hlutafé bankans og hlutafjáreign hvers þeirra.

12. gr.

Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur ráðherra að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að eignarhlutum, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi um að eignast hlut eða auka við hann skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. fá þessir hlutir atkvæðisrétt að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

13. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga sjálfur eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist stofnunin meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal hún hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

14. gr.

Ákvæði 10.–12. gr. eiga einnig við um sparisjóði, eftir því sem við getur átt.

C. Sparisjóðir.

15. gr.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,

5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

16. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 18. gr. og 20.–21. gr. laga þessara og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

17. gr.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 70. gr.

18. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

19. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga sjálfur meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist sparisjóður meira af stofnfénu vegna ákvæða 20. og 21. gr. skal hann hafa selt stofnfjárhlut þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

20. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:

1. við andlát stofnfjáreiganda,
2. við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og
3. við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:
1. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hún lögð niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

21. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 18. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 20. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 19. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

22. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

23. gr.

Frá ársbyrjun 1993 er sparisjóðum heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:
1. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1992 miðað við lánskjaravísitölu og
2. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

III. KAFLI
Synjun umsókna um starfsleyfi.

24. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður, eftir því sem við á, ekki skilyrði 2. mgr. 4. gr. um form umsóknar, 5. gr. um stofnendur, 6. gr. um stofnfé, 8. gr. um stofnun ríkisviðskiptabanka, 9. gr. um stofnun hlutafélagsbanka, 1.–3. mgr. 10. gr. um hluti í hlutafélagsbanka, 2. mgr. 15. gr. um stofnun sparisjóðs og 38. gr. um stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skal umsókn um starfsleyfi synjað.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að synja umsókn um starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, sé eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða stofnfjáreiganda í sparisjóði skv. 10. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

26. gr.

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

IV. KAFLI
Stjórn.

A. Ríkisviðskiptabankar.

27. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt hefur verið kjörið.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

28. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um stöður bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

B. Hlutafélagsbankar.

30. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða.

31. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

C. Sparisjóðir.

32. gr.

Fundur stofnfjáreigenda fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs samkvæmt því sem lög og samþykktir sparisjóðsins ákveða. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs.

Aukafund skal halda ef stofnfjáreigendur, sem fara með minnst ⅓ hluta stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

33. gr.

Fundir stofnfjáreigenda skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á framangreindum fundum nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 35. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver stofnfjáreigandi á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á fundum stofnfjáreigenda sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

34. gr.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

1. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
2. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 59. gr.,
3. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 36. gr., og endurskoðanda, sbr. 60. gr.,
4. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun endurskoðanda, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
5. breytingar á samþykktum sparisjóðs og
6. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

35. gr.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 97. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 19. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

36. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Séu sveitarstjórnir einu stofnfjáreigendurnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú eru stofnfjáreigendur í sparisjóði fleiri en 150 og er þá heimilt að ákveða í samþykktum sparisjóðs að aðalfundur kjósi fulltrúaráð skipað að minnsta kosti 21 fulltrúa. Fulltrúaráð skal kosið til þriggja ára og þriðjungur árlega nema í fyrsta skipti. Fulltrúaráð kýs stjórn sparisjóðsins samkvæmt reglum 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnir af stofnfjáreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

37. gr.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

1. að ⅗ hlutum af stofnfjáreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
2. að ⅖ hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, þriggja til fimm manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar skv. 36. gr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á fundi stofnfjáreigenda.

D. Sameiginleg ákvæði.

38. gr.

Bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptir forræði yfir búi sínu.

Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs skulu einnig uppfylla skilyrði 1. mgr. Ríkisborgarar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að eiga sæti í bankaráði eða stjórn sparisjóðs.

39. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða samþykktir. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri hlutaðeigandi stofnunar. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör þeirra og verkaskiptingu samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem gildir í ákveðinn tíma,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar, sbr. 7. mgr. 62. gr.,
3. að staðfesta ráðningu staðgengla bankastjóra eða sparisjóðsstjóra samkvæmt tillögum bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra,
4. að staðfesta tillögur bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar,

5. að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra,
6. að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif,
7. að ákveða hvaða starfsmenn, auk bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun og setja reglur þar um,
8. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu viðskiptabanka eða sparisjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað,
9. að taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða ríkisviðskiptabanka eða leggja tillögur um þessi atriði fyrir hluthafafund eða aðalfund hlutafélagsbanka eða aðalfund sparisjóðs,
10. að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú,
11. að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum stofnunarinnar,
12. að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem viðskiptabanki eða sparisjóður á aðild að og
13. að taka ákvörðun um samruna hlutaðeigandi stofnunar við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 72. og 74. gr.

Áður en ákvörðun er tekin skv. 7.–13. tölul. 1. mgr. skal leitað tillagna bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn fjalla einnig um önnur mál sem þau skulu annast samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum hlutaðeigandi stofnana, svo og þau mál sem bankastjórar og sparisjóðsstjórar leggja fyrir bankaráð eða sparisjóðsstjórn.

40. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerðum eða samþykktum. Bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs skal ætíð halda ef einn eða fleiri bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs óska þess eða telji banka- eða sparisjóðsstjórar þess þörf. Bankastjórar og sparisjóðsstjórar sitja bankaráðsfundi eða stjórnarfundi sparisjóðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað.

Fundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Um það sem gerist á bankaráðsfundum og stjórnarfundum sparisjóðs skal haldin gerðabók og fundargerðir staðfestar á þann hátt sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður.

Bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra, endurskoðendur og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

41. gr.

Bankastjórar og sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Þeim ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar.

42. gr.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða sparisjóðs eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að.

Um heimildir annarra starfsmanna skv. 1. mgr. fer samkvæmt reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setja að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

43. gr.

Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Starfsemi.

44. gr.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalán,
   b. langtímaveðlán,
   c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
   d. viðskiptalán.
3. Fjármögnunarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.

7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (lánshæfni).
14. Útleiga geymsluhólfa.

Um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda vátryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðsstarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

45. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu.

46. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir mega ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr. og nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera innan þeirra marka sem getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

Samtala virkra eignarhluta, sbr. skilgreiningu skv. 3. mgr. 10. gr., má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast, má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eig-

in fé þeirra. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtæki skv. 45. gr. skal ekki tekinn með við útreikning skv. 1. mgr. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóða fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð, sem umfram er, dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu gefa bankaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 18. gr.

Veiti viðskiptabanki eða sparisjóður lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi stofnunar skulu settar óumdeildar tryggingar fyrir lánum sem eru umfram framangreint hlutfall.

47. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að veita bankastjórum eða sparisjóðsstjórum lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þá nema fyrirgreiðsla til þeirra sé samþykkt af bankaráði eða sparisjóðsstjórn, bókuð í gerðabók og sé á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að vera ábyrgðarmenn gagnvart hlutaðeigandi stofnun. Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð eftir reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

48. gr.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Sömu upplýsinga skal einnig aflað við stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar, eftir því sem unnt er.

49. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er viðskiptabanki eða sparisjóður hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankaráð eða sparisjóðsstjórn stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal viðskiptabanki eða sparisjóður þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi stofnun, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

50. gr.

Innlánsskilríki viðskiptabanka eða sparisjóða, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni þeirra, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við um aðrar stofnanir eða sjóði sem lög þessi taka til.

51. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður má ekki eiga fasteignir eða hluti í félögum um fasteignir fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 20% af eigin fé. Fasteignir sem viðskiptabanki eða sparisjóður notar vegna starfseminnar og fasteignir, sem hlutaðeigandi stofnun hefur yfirtekið til lúkningar kröfu skv. 1. mgr. 45. gr., reiknast þó ekki með.

52. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Sparisjóðum er þó heimilt að fela Lánastofnun sparisjóðanna eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr., að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

VI. KAFLI
Um laust fé og eigið fé.

53. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum eða Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir.

54. gr.

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé eða stofnfé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár eða stofnfjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Sá hluti afskriftareiknings sem endurspeglar ekki rýrnun á verðmæti útlána, þó að hámarki 1,25% af áhættugrunni, og er umfram almenn og sérstök tillög í reikninginn.
4. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.

5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf eða stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

55. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 54. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka eða sparisjóða hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í 44. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul., sbr. þó 2. mgr.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum. Eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr., er undanskilinn.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 54. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá öðrum félögum, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi stofnunar.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum, sem reka vátryggingarstarfsemi skv. 3. mgr. 44. gr. eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 2. mgr. 54. gr.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. 54. gr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar og 54. gr. skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna eða félag það sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.

VII. KAFLI
Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

56. gr.

Bankaráð og bankastjórar eða sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjórar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða er almanaksárið.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum eða sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvers eðlis fyrirvarinn er.

57. gr.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

Almennar leiðbeinandi reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

58. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar og afkomu hennar á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun stofnunarinnar og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hennar.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, bankaráðs, bankastjóra, sparisjóðsstjórnar, sparisjóðsstjóra og annarra í þjónustu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Sé um ágóðahlut að að ræða til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar og bankastjóra eða sparisjóðsstjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn skulu í skýrslu stjórnar gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi stofnana eða jöfnun taps.

59. gr.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Tryggingarsjóður sparisjóða ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Óheimilt er að flytja arðgreiðsluheimild milli ára.
2. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. tölul., skal leggja í varasjóð.

60. gr.

Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og löggiltum endurskoðanda sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Endurskoðandi skv. 1. málsl. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

61. gr.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

62. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta og góða reikningsskilavenju.

Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi vill koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til þess að svara.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit þeirra, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi gera stjórn hennar viðvart og bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur stofnunarinnar hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

Endurskoðandi hefur rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hefur hann rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun slíkrar endurskoðunardeildar.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

63. gr.

Bankaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

64. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur viðskiptabanka og sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða eða samþykkt aðalfundar þegar um aðra viðskiptabanka eða sparisjóði er að ræða.

65. gr.

Bankaeftirlitið setur reglur um:

1. mánaðarleg efnahagsyfirlit,
2. árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli, sbr. 54. gr.,
3. árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og
4. lausafjáruppgjör, sbr. 53. gr.

Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir birta opinberlega, skulu vera á samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

66. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, myndar ásamt dótturfyrirtæki samstæðu.

Viðskiptabanki eða sparisjóður telst vera móðurfyrirtæki þegar hlutaðeigandi stofnun:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við móðurfyrirtæki sem lýst er í 2. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfélögum þess.

Bankaeftirlitið setur nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila.

Ákvæði 46. gr. um eignarhluti o.fl., 51. gr. um fasteignir og 53.–55. gr. um lánveitingar, ábyrgðir og laust fé og eigið fé skulu einnig gilda þegar um samstæðu er að ræða. Bankaráð, sparisjóðsstjórn, bankastjórar og sparisjóðsstjórar móðurfyrirtækisins skulu sjá um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ákvæði 56.–58. gr. um ársreikning og skýrslu stjórnar, 1. og 4. mgr. 60. gr. um endurskoðun ársreikninga, 1. mgr. 61. gr. og 62. gr. um endurskoðendur, 1. og 2. mgr. 64. gr. um ársreikninga og 2. mgr. 92. gr. um eftirlitsskyldu bankaeftirlitsins gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Ákvæði 3. mgr. 64. gr. um skil á ársreikningi til bankaeftirlitsins og 65. gr. um hvernig standa skuli að upplýsingaskyldu viðskiptabanka og sparisjóða gilda einnig fyrir samstæðuna.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjóð sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum.

Ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gilda ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. Bankaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Slit viðskiptabanka og sparisjóða.

67. gr.

Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn eða bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 54. gr. skal bankaráð eða sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við getur átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 54. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans eða sparisjóðsins til úrbóta muni ekki bera árangur.

68. gr.

Bú viðskiptabanka eða sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber viðskiptabanka eða sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

1. ef ráðherra synjar viðskiptabanka eða sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 67. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að stofnuninni hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr.,
2. ef skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi stofnunar,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á sama hátt og skv. 2. mgr. 67. gr. og afhenda það honum ásamt álitsgerð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

69. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 1. tölul. 2. mgr. 68. gr. eða þegar fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir viðskiptabanka eða sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda stofnunarinnar skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi stofnunar kröfu um að bú hennar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 68. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hlutaðeigandi stofnunar hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi stofnunarinnar kröfu um að bú hennar verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum eða sparisjóðnum.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 68. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

70. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 69. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 67. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa ráðherra skv. 1. eða 2. mgr. 69. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 17. gr.

71. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal ráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

IX. KAFLI
Samruni.

72. gr.

Samruni viðskiptabanka eða sparisjóða er því aðeins heimill að ákvörðum þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn bankaeftirlitsins. Um samruna hlutafélagsbanka gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skal fara að hætti 1. mgr.

Við samruna skv. 1. og 2. mgr. tekur hin sameinaða stofnun við allri starfsemi, réttindum og skyldum hlutaðeigandi stofnana.

Viðskiptabanka eða sparisjóði, sem er slitið vegna samruna skv. 1. mgr., er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna viðskiptabanka eða sparisjóða er undanþegin stimpilgjöldum.

Auglýsa skal samruna viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi stofnana, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

73. gr.

Við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. ekki verið náð.

74. gr.

Samruni ríkisviðskiptabanka við annan viðskiptabanka eða sparisjóð er aðeins heimill að fengnu leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda ákvæði 72. gr. um slíkan samruna eftir því sem við getur átt.

X. KAFLI
Tryggingarsjóðir viðskiptabanka og sparisjóða.

A. Viðskiptabankar.

75. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hann starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

Hlutverk Tryggingarsjóðs er tvíþætt:

1. Að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 69. gr. að því leyti sem eignir innstæðudeildar sjóðsins hrökkva til.
2. Að veita viðskiptabanka víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku og með samþykki ráðherra. Áður en stjórn sjóðsins veitir víkjandi lán úr lánadeild skal leitað samþykkis ráðherra.

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver banki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til deildarinnar er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð sex mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði um Tryggingarsjóð í reglugerð, svo sem um verksvið stjórnar, ávöxtun á eignum sjóðsins og tilhögun greiðslna úr innstæðudeild er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um upphaf skiptameðferðar banka er fallinn.

B. Sparisjóðir.

76. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. VIII. og IX. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs. Í þessu skyni er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt:

1. að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
2. að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
3. að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og
4. að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir sjóðsins.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

77. gr.

Hver sparisjóður skal eigi síðar en 1. mars ár hvert greiða framlag til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánsfé sparisjóðsins um næstu áramót á undan. Aðalfundur ákveður hlutfallið en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna á innlánsreikningum. Þegar því hlutfalli er náð og ábyrgðir skv. 2. mgr. eru fallnar niður er aðal- eða aukafundi heimilt að ákveða að greiðslum til Tryggingarsjóðs verði hætt. Verði ráðstöfunarfé minna en 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna skulu greiðslur teknar upp að nýju samkvæmt nánari ákvörðun aðal- eða aukafundar.

Þar til heildareign Tryggingarsjóðs hefur náð lágmarki skv. 3. mgr. 75. gr. skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er nema skal 0,4% af heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Þessi ábyrgð lækkar hlutfallslega eftir að eigið fé Tryggingarsjóðs hefur náð 0,6% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna. Sparisjóðirnir skulu leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs.

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

78. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparisjóður má þó fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins.

Um boðun og lögmæti aðalfundar fer skv. 1. mgr. 33. gr. laga þessara.

79. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

80. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þar með talda framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

81. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

82. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

XI. KAFLI

Um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi.

83. gr.

Erlendir viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Bankaeftirlitið aflar upplýsinga hjá eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um:

1. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulag og fyrirhugaða starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríkinu,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda útibúsins,
5. upphæð eigin fjár og eiginfjárhlutfall viðskiptabankans eða sparisjóðsins og
6. upplýsingar um tryggingar í heimaríkinu á innlánum í útibúinu sé um þær að ræða.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 1.–4. og 6. tölul. í 2. mgr. skal hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna þær bankaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

Viðskiptabanki og sparisjóður skv. 1. mgr. geta notað sama heiti og notað er í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlendra og innlendra viðskiptabanka eða sparisjóða sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna fyrrnefndu verði auðkennd sérstaklega.

84. gr.

Erlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa hlotið starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, er heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Framangreindum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 44. gr. laga þessara, enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

85. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þá starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem um getur í 1. mgr. 83. gr.

Um heimildir erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, annarra en um ræðir í 1. mgr. 83. gr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI
Um starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis.

86. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 4. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt eftirfarandi upplýsingum:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfangi útibúsins og
4. nöfnum stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttekið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda þær til eftirlitsaðila í gistiríkinu ásamt upplýsingum um eigið fé hlutaðeigandi stofnunar, gjaldfærni og tryggingar innlána. Tilkynning hér að lútandi skal einnig send viðkomandi stofnun. Bankaeftirlitið skal samtímis einnig senda hlutaðeigandi eftirlitsaðilum staðfestingu þess efnis að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi viðskiptabankans eða sparisjóðsins.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Tilkynna skal hlutaðeigandi stofnun svo fljótt sem auðið er um afstöðu bankaeftirlitsins og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum eftirlitsaðila í því ríki þar sem þeir starfrækja útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

87. gr.

Óski viðskiptabanki eða sparisjóður að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaeftirlitið hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það þessar upplýsingar til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs heimili fyrirhugaða starfsemi.

88. gr.

Hyggist viðskiptabanki eða sparisjóður hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

XIII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.

89. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóða að fengnum tillögum bankaeftirlitsins:

1. uppfylli hlutaðeigandi stofnanir ekki ákvæði 6. gr. um stofnfé, 7. gr. um eigið fé eða 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda eftir því sem við á,
2. hefji hlutaðeigandi stofnun ekki starfsemi innan þeirra tímamarka sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. 4. gr.,
3. brjóti hlutaðeigandi stofnun með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 4. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi stofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

90. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skilyrði 54. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi stofnunar að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 67. gr.

91. gr.

Afturköllun á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tilkynnt bankaráði eða sparisjóðsstjórn og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtingablaði og auglýst í fjölmiðlum. Starfræki hlutaðeigandi stofnun útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal hlutaðeigandi stofnun slitið.

XIV. KAFLI
Eftirlit.

92. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði þeirra, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag viðskiptabanka og sparisjóða sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu viðskiptabanka eða sparisjóðs, hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsathugun hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

93. gr.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til bankaeftirlitsins.

94. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum viðskiptabanka eða sparisjóði með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

95. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi viðskiptabanka og sparisjóði og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

96. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

97. gr.

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda í sparisjóði og 2. mgr. 35. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru ein stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 72. gr. Sé héraðsnefnd ein stofnfjáreigandi takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við ⅕ hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

98. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

99. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hluti í banka sem stofnaður er af sparisjóðunum og ætlað er m.a. að taka við hlutverki Lánastofnunar sparisjóðanna, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

XVI. KAFLI
Viðurlög.

100. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

101. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

1. lög nr. 86 frá 1985, um viðskiptabanka, með síðari breytingum,
2. lög nr. 87 frá 1985, um sparisjóði, með síðari breytingum,
3. lög nr. 1 frá 1900, um stofnun veðdeildar Landsbanka Íslands,
4. lög nr. 34 frá 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum,
5. lög nr. 30 frá 1902, viðaukalög við lög nr. 1 frá 1900,
6. lög nr. 60 frá 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa,
7. lög nr. 122 frá 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,
8. lög nr. 94 frá 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,
9. lög nr. 55 frá 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, og
10. lög nr. 73 frá 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara, sem fjalla um stofnfjáreigendur í sparisjóði, taka einnig til ábyrgðaraðila eftir því sem við getur átt þar til fullnægt hefur verið ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, skal aðalfundur innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara ákveða að í stað ábyrgða komi stofnfé.

Leggi ábyrgðarmaður ekki fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fellur hann úr aðilahópi.

Stofnfé, sem innborgað er skv. 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

Inneign stofnfjáreigenda í séreignarsjóði stofnfjáreigenda í sparisjóði skal við gildistöku laga þessara færa til aukningar á stofnfé viðkomandi stofnfjáreiganda og skal hlutverki séreignarsjóðs þar með vera lokið.

II.

Fyrri Tryggingarsjóður sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skal, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sparisjóðs, lagður til Tryggingarsjóðs sem aukaárgjald að lokinni jöfnun framlaga miðað við heildarinnlánsfé sparisjóðs í árslok 1992. Miðað skal við að eftir jöfnun nemi aukaframlagið bókuðum inneignum fyrri Tryggingarsjóðs 31. desember 1992.

III.

Heimilt er að starfrækja Lánastofnun sparisjóðanna hf. í allt að sex mánuði frá gildistöku laga þessara. Um starfsemi hennar á þeim tíma gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Lánastofnun sparisjóðanna hf. er hlutafélag að fullu í eigu sparisjóðanna og gilda um hana ákvæði laga um hlutafélög nema annað sé boðið í lögum þessum.
2. Lánastofnun sparisjóðanna hf. greiðir skatta og önnur gjöld samkvæmt sömu ákvæðum og gilda um innlánsstofnanir.
3. Meginhlutverk Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í því skyni er stofnuninni heimilt að stunda starfsemi skv. V. kafla laga þessara. Stofnuninni er þó óheimilt að eiga innlánsviðskipti við almenning.
4. Lánastofnun sparisjóðanna hf. tekur við innlánum frá sparisjóðum, Tryggingarsjóði sparisjóða og fyrirtækjum í eigu sparisjóðanna. Einnig aflar stofnunin sér starfsfjár með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirmælum laga þessara.
5. Sala eða annað framsal hluta í Lánastofnun sparisjóðanna hf. er óheimilt nema til annars sparisjóðs. Veðsetning hluta er óheimil. Stjórn Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er skylt að innleysa hlutafé sparisjóðs í eftirgreindum tilvikum:
   a. við slit sparisjóðs skv. VIII. kafla laga þessara eða samruna hans við annars konar innlánsstofnun,
   b. við fjárnám skuldheimtumanna sparisjóðs í hlut hans í stofnuninni.

Innlausnarverð hlutar skal miðast við reiknað verðgildi hlutarins samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem kunna að hvíla á stofnuninni.

1030. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

1031. Svar [494. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um húsnæði Lánasýslu ríkisins.

1. Hver er eigandi þess húsnæðis sem tekið hefur verið á leigu fyrir Lánasýslu ríkisins að Hverfisgötu 4–6 í Reykjavík?

Eigendur húsnæðis Lánasýslu ríkisins að Hverfisgötu 4–6 eru Bergur G. Gíslason, Laufásvegi 64, Reykjavík, og Margrét Garðarsdóttir, Ægisíðu 88, Reykjavík.

2. Hversu stórt er húsnæðið í fermetrum talið?

Lánasýsla ríkisins hefur gert leigusamning við eigendur um afnot af 694 m^2 í húsnæðinu að Hverfisgötu 4–6. Að hluta til var það tekið á leigu 1990, eða um 265 m^2, til afnota fyrir Lánsýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa. Á árinu 1992 voru að auki leigðir 429 m^2, einnig til nota fyrir Lánasýslu ríkisins vegna flutnings á starfsemi Framkvæmdasjóðs Íslands af Rauðarárstíg 27 í húsnæði Lánasýslunnar og vegna flutnings Ríkisábyrgðasjóðs frá Seðlabanka sem áformaður er á næstu mánuðum.

3. Hversu háa fjárhæð þarf ríkissjóður að greiða fyrir leiguna?

Leigugreiðsla er með venjubundnum hætti. Leigugreiðsla nemur alls 430 þús. kr. á mánuði og er bundin lánskjaravísitölu.

4. Hvað kosta breytingar og innréttingar húsnæðisins ríkissjóð?

Breyting og innrétting á húsnæði Lánasýslu ríkisins að Hverfisgötu 4–6 fóru einkum fram á árunum 1992–93. Kostnaður við breytingar nemur alls 19,7 millj. kr. Þar af falla um 14,7 millj. kr. á Framkvæmdasjóð Íslands og um 5 millj. kr. á Lánasýslu ríkisins.

5. *Hefði ekki verið hægt að nýta ónýtt skrifstofuhúsnæði í eigu Framkvæmdasjóðs Íslands undir starfsemi Lánasýslunnar nú þegar sjóðurinn er undir stjórn hennar eða húsnæði Seðlabanka Íslands?*

Lánasýslu ríkisins var falin stjórn og umsjá Framkvæmdasjóðs Íslands á sl. ári samkvæmt lögum nr. 3/1992. Til álita kom að flytja starfsemi Lánasýslunnar í húsnæði Framkvæmdasjóðs við Rauðarárstíg. Af ýmsum ástæðum þótti það þó ekki ákjósanlegt. Því var valin sú leið að sameina alla þá starfsemi sem til Lánasýslu ríkisins telst á Hverfisgötu 4–6. Því var það ákvörðun fjármálaráðherra að flytja starfsemi Framkvæmdasjóðs um set og leigja nauðsynlegt húsnæði til starfseminnar.

1032. Nefndarálit [518. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi til núverandi ábúenda. Nefndinni bárust gögn frá jarðanefnd Suður-Múlasýslu þar sem mælt er með þessari sölu jarðarinnar. Einnig barst nefndinni yfirlýsing hreppsnefndar Vallahrepps um að ábúendur hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með að þeir fái hana keypta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1993.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Eggert Haukdal.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðni Ágústsson.
Ragnar Arnalds.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni R. Árnason.

1033. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til skaðabótalaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Arnljót Björnsson prófessor, dr. Benedikt Jóhannesson stærðfræðing og frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga Sigmar Ármannsson og Ólaf B. Thors. Umsagnir bárust frá Bjarna Þórðarsyni tryggingastærðfræðingi, Dómarafélagi Íslands, Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Tryggingaeftirlitinu og Öryrkjabandalagi Íslands. Enn fremur bárust athugasemdir frá Arnljóti Björnssyni prófessor.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur á sviði skaðabótaréttar utan samninga. Er það lagt fram öðru sinni og voru gerðar breytingar frá fyrra frumvarpi í samræmi við ábendingar sem bárust um það. Helstu breytingarnar eru þessar: Fellt var brott ákvæði um að ekki skyldi greiða örorkubætur væri varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna minni en 15%. Þá var ákvæðum 6. og 9. gr. um ákvörðun bótafjárhæðar breytt þannig að örorkubætur fara hækkandi eftir því sem tjónþoli er yngri og gildir það sama um dánarbætur skv. 2. mgr. 13. gr. Í fyrri gerð frumvarpsins var ekki gerður greinarmunur á bótum til manna fyrir varanlega örorku eftir aldri nema tjónþoli væri 56 ára eða eldri þegar tjón varð og gekk sú regla nokkuð langt til einföldunar bóta. Enn fremur var hugtakanotkun í frumvarpinu nokkuð breytt til þess að koma í veg fyrir að ruglað væri saman varanlegum miska, sbr. 4. gr., og varanlegri örorku, sbr. 5. gr., eða örorkustigi, sbr. 5. gr., og orkuskerðingarstigi, sbr. 8. gr. Loks voru ákvæði 10. gr. um örorkunefnd gerð skýrari. Markmið frumvarpsins eru einkum þrjú:

Í fyrsta lagi verði reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum endurbættar. Þótt dómvenja hafi þar myndast um mörg atriði ríkir m.a. óvissa um miskabætur, áhrif skattareglna á bótafjárhæð, fjárhæð örorkubóta til þeirra sem vinna heimilisstörf og ákvörðun dánarbóta til eftirlifandi maka og barna. Er tekið á þessu í frumvarpinu og miða reglur þess að því að tjónþoli fái fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla. Ræddi nefndin sérstaklega um ákvæði 8. gr. en þar er fjallað um ákvörðun bóta til barna og tjónþola sem nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur og þess vegna ekki unnt að nota árslaun áður en slys varð sem viðmiðun við ákvörðun um fjárhæð bóta. Er hér m.a. um heimavinnandi fólk að ræða. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum verði ákvörðun um bætur tekin á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. frumvarpsins og verði bætur til þessara einstaklinga þannig staðlaðar. Reynslan hefur sýnt að umræddir tjónþolar hafa oft hlotið lægri örorkubætur en eðlilegt má telja og er stefnt að því að ráða bót á því með ákvæðum 8. gr.

Í öðru lagi verði reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða færðar til nútímahorfs. Vátryggingar og almannatryggingar hafa eflst og hefur það dregið stórlega úr mikilvægi skaðabótaréttar, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum. Skýrist það af því að réttur tjónþola til að gera skaðabótakröfu á hendur tjónvaldi skiptir hann litlu sem engu máli eigi hann greiðan aðgang að bótum annars staðar. Þá skiptir endurkröfuréttur tryggingafélaga og almannatrygginga á hendur tjónvaldi óverulegu máli um fjárhagslega afkomu þessara tryggingakerfa. Er því lagt til að skaðabótaréttur og endurkröfuréttur verði takmarkaður í ríkari mæli en nú er.

Í þriðja lagi verði sett lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka tillit til hagsmuna þeirra sem bera skaðabótaábyrgð. Í ýmsum tilvikum getur verið ósanngjarnt að tjónvaldur beri skilyrðislaust allt tjón sem hann hefur valdið af gáleysi. Hefur 24. gr. frumvarpsins að geyma almenna lækkunarreglu, þ.e. að lækka megi bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í 23. gr. eru nýmæli sem draga úr bótaábyrgð launþega sem valda tjóni í starfi. Má í því sambandi nefna að ýmis sérákvæði laga kveða á um heimild til lækkunar bóta þegar launþegi veldur tjóni í starfi. Eru þau lagaákvæði bundin við tilteknar stéttir og veldur það misræmi sem þörf er á að laga.

Meiri hluti nefndarinnar telur brýnt að frumvarp þetta verði að lögum. Það felur í sér réttarbót og er ætlað að binda enda á óvissu sem ríkt hefur í framkvæmd um marga þætti skaðabótaréttarins. Reynslan verður síðan að leiða í ljós hvort þörf er á endurskoðun einstakra ákvæða. Þess má geta að skaðabótalög hafa verið í gildi um árarabir í öðrum norrænum löndum.

Meiri hlutinn álítur ákvæði frumvarpsins til bóta og mælir með að það verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi, 28. apríl 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Björn Bjarnason.
Sigbjörn Gunnarsson.	Jón Helgason.	Ey. Kon. Jónsson.

1034. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarpið, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi að heimila ráðherra að setja reglugerðir á ýmsum sviðum samgöngumála í tengslum við samþykkt EES-samningsins. Ekki kemur fram í frumvarpinu nema í mjög takmörkuðum mæli í hverju þær reglugerðir eru fólgnar. Hér er því um að ræða mjög verulegt valdaframsal til ráðherra frá löggjafanum. Það skal tekið fram að samgöngunefnd óskaði skýringa og greinargerðar frá samgönguráðuneyti þegar frumvarpið kom fram snemma á þessu þingi. Minni hluti nefndarinnar hafði vænst breytinga á frumvarpinu í framhaldi af því. Svo varð þó ekki og kom það lítið breytt til baka.

Löggjöf af þessu tagi er að mati undirritaðra óviðunandi með öllu. Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að sjá til þess að lög séu skýr og hægt sé að sjá efni þeirra. Svo er ekki í þessu lagafrumvarpi og í nefndarstörfum náðust ekki fram þær breytingar á því sem skýrðu innihald þess. Þessi málsmeðferð er öndverð við það sem gerst hefur við umfjöllun skyldra mála. Hefur almennt verið lögð áhersla á að hreinsa burt eftir föngum galopnar reglugerðarheimildir til ráðherra í málum tengdum EES-samningnum sem hafa verið til meðferðar á þessu þingi.

Minni hlutinn er andvígur vinnubrögðum af þessu tagi og leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. mars 1993.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.

Guðni Ágústsson.

1035. Fyrirspurn [583. mál]

til utanríkisráðherra um svonefnd „varnarsvæði“.

Frá Svavari Gestssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvar eru svonefnd „varnarsvæði“ á landinu?
2. Hve stór eru þau alls og hvert fyrir sig?
3. Hvernig er hvert svæði nú nýtt?
4. Hve mikla fjármuni hefur ríkissjóður greitt fyrir hvert svæði á verðlagi ársins 1993:
   a. alls,
   b. á ári?
5. Hve miklar tekjur hefur ríkissjóður nú í leigu af einstökum svæðum eða hluta þeirra?
6. Hvernig eru leigugjöld ákveðin?
7. Hve stór hluti svonefndra „varnarsvæða“ er nú í notkun hersins?
8. Hvernig og hvenær hyggst utanríkisráðuneytið afhenda þau lönd sem spurt er um í 7. tölul. og ekki eru nú í beinni notkun hersins eða tengdrar starfsemi?

Skriflegt svar óskast.

1036. Fyrirspurn [584. mál]

til umhverfisráðherra um afstöðu til mengunar frá kjarnorkuendurvinnslu í Sellafield.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða skilaboð flutti ráðherra breskum stjórnvöldum í páskaviku um afstöðu sína og íslensku ríkisstjórnarinnar til fyrirhugaðrar starfsemi THORP-kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield?
2. Hver voru viðbrögð breskra stjórnvalda?
3. Með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér í þessu máli á næstunni?

Skriflegt svar óskast.

1037. Þingsályktun [237. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Akureyri 15. júní 1992.

1038. Þingsályktun [437. mál]

um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 737.

1039. Lög [256. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1001.

1040. Lög [192. mál]

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1024.

1041. Lög [307. mál]

um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1028.

1042. Lög [208. mál]

um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1029.

1043. Lög [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1978, um geymslufé.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1030.

1044. Svar [432. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um dagpeninga.

1. *Hversu margir einstaklingar fengu greidda dagpeninga frá ríkinu að upphæð 400 þús. kr. eða meira á árinu 1992?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi og úr bókhaldi þeirra stofnana, sem eru með eigið bókhald, fengu 368 einstaklingar greidda dagpeninga umfram 400 þús. kr. eða meira á árinu 1992.

2. *Hversu margir einstaklingar fengu dagpeninga að upphæð 400 þús. kr. eða meira*
   a. til ferða innan lands,
   b. til utanferða,
   c. til ferða bæði innan lands og utan?

Nánari sundurliðun er þannig að:

a. 127 fengu greidda dagpeninga umfram 400 þús. kr. til ferðalaga innan lands,
b. 124 til utanferða,
c. 27 til ferða bæði innan lands og utan.

Skipting á einstök ráðuneyti er þessi:

Æðsta stjórn	18
Forsætisráðuneyti	2
Menntamálaráðuneyti	60
Utanríkisráðuneyti	12
Landbúnaðarráðuneyti	6
Sjávarútvegsráðuneyti	25
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9
Félagsmálaráðuneyti	9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	22
Fjármálaráðuneyti	1
Samgönguráðuneyti	149
Iðnaðarráðuneyti	22
Viðskiptaráðuneyti	2
Hagstofa Íslands	2
Umhverfisráðuneyti	8
Greitt af fleiri ráðuneytum og stofnunum	26
Samtals	**368**

1045. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið felur í sér að gerðar eru breytingar á lögum um verslunaratvinnu og á iðnaðarlögum þannig að ríkisborgurum á Evrópska efnahagssvæðinu verði heimilt að stunda hér þau störf sem lögin ná til.

Þessar lagabreytingar eru afleiðingar samningsins um EES og tengjast þeim ákvæðum hans sem fjalla um frjálsan flutning vinnuafls innan svæðisins.

Engin könnun hefur verið gerð á hugsanlegum áhrifum þessara lagabreytinga á viðkomandi starfsgreinar og ýmsar spurningar vakna varðandi mismunandi menntun og kröfur sem gerðar eru til þeirra sem starfa að verslun og iðnaði.

Minni hlutinn telur rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessu máli og mun því sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1046. Frumvarp til laga [117. mál]

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

1. gr.

Lög þessi gilda um aðilaskipti eða samruna fyrirtækja, atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á hinu Evrópska efnahagssvæði að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heyrir undir íslenska lögsögu.

Lög þessi gilda þó ekki þegar bú fyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta.

Lög þessi gilda ekki um haffær skip.

2. gr.

Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu.

Ákvæði 2. mgr. getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem þar um ræðir. Skiptir þá engu máli hvort starfsmaður starfar áfram við reksturinn eftir aðilaskipti eða ekki.

3. gr.

Aðilaskipti, sbr. 1. gr., geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekanda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg fyrir uppsagnir starfsmanna af efnahagslegum, tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi.

Sé ráðningarsamningi rift vegna þess að aðilaskipti hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsskilyrðum starfsmanni í óhag skal litið svo á að atvinnurekandi beri ábyrgð á riftun samningsins.

4. gr.

Þegar aðilaskipti verða skal trúnaðarmaður halda réttarstöðu sinni og starfi samkvæmt lögum og samningum að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heldur sjálfstæði sínu.

Ef trúnaðarmaður missir umboð sitt vegna aðilaskiptanna skal hann eftir sem áður njóta þeirrar verndar sem lög eða samningar kveða á um.

5. gr.

Aðilaskipti, sbr. 1. gr., skulu þeir sem hlut eiga að máli tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi með góðum fyrirvara og áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Jafnframt skal upplýsa hlutaðeigandi um ástæður aðilaskipta, um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þeirra fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna.

6. gr.

Hafi atvinnurekandi í huga að gera ráðstafanir vegna starfsmanna vegna aðilaskipta, sbr. 1. gr., skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna í því skyni að ná samkomulagi um þær. Samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði öðlast gildi að því er Ísland varðar.

1047. Lög [3. mál]

um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 237.

1048. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1049. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund eftirtalda aðila: Frá fjármálaráðuneytinu Halldór Árnason skrifstofustjóra og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra, Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson, frá Alþýðusambandi Íslands Hervar Gunnarsson, Guðmund Gylfa Guðmundsson og Grétar Þorsteinsson, Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Hjört Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og frá Húsnæðisstofnun ríkisins Yngva Örn Kristinsson, Sigurð Guðmundsson og Hilmar Þórisson. Þá komu á fund nefndarinnar, sérstaklega vegna þess þáttar frumvarpsins er snertir stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar, Jón L. Arnalds héraðsdómari, Páll Hreinsson lögfræðingur, Ragnar Aðalsteinsson hrl. og frá Ríkisendurskoðun Sigurður Þórðarson og Jón L. Björnsson. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, BHMR og félagsmálaráðuneytinu.

Frumvarpið greinist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á stjórnsýslulegri stöðu og stjórn Húsnæðisstofnunar. Þessum breytingum er minni hlutinn algerlega andvígur. Í öðru lagi er lögð til breyting á deildaskiptingu stofnunarinnar og að hönnunarvinnu á hennar vegum verði hætt og í þriðja lagi er lagt til að skyldusparnaður ungs fólks til húsnæðiskaupa verði afnuminn. Minni hlutinn er ekki efnislega andvígur því að gerðar verði breytingar á þessum þáttum.

Minni hlutinn átelur engu að síður harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið varðandi hönnunardeildina, bæði af hálfu félagsmálaráðherra og meiri hluta stjórnar Húsnæðisstofnunar. Þannig tók meiri hluti stjórnarinnar þá ákvörðun, og fór þar að tilmælum ráðherra, að leggja niður starfsemi hönnunardeildar, segja upp starfsfólki hennar og selja eigur og starfsemi áður en Alþingi hafði lokið umfjöllun um málið. Slíkur málatilbúnaður er með öllu óþolandi og í raun óvirðing við Alþingi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fulltrúum aðila vinnumarkaðarins verði vikið úr stjórn Húsnæðisstofnunar og þar með höggvið á formlega aðild þeirra að stefnumörkun í húsnæðismálum. Húsnæðismál eru veigamikill þáttur kjaramála og hið opinbera húsnæðiskerfi er m.a. fjármagnað með kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum. Þessi skipan var tekin upp í tengslum við kjarasamninga á sínum tíma og engin sérstök rök til að breyta þessu fyrirkomulagi nú. Telur minni hlutinn að eins hefði mátt skoða hvort gera ætti breytingu á því hvaða aðilar tilnefna í stjórnina. Bendir minni hlutinn í því sambandi m.a. á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en sveitarfélögin bera nú aukna ábyrgð á stjórn félagslega húsnæðiskerfisins.

Meginatriði frumvarpsins er þó án efa breytingin á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar. Nái hún fram að ganga er Húsnæðisstofnun ekki lengur sjálfstæð ríkisstofnun, heldur lýtur boðvaldi ráðherra. Þessi breyting er í samræmi við þá tilhneigingu sem nú gætir hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þ.e. að draga sem mest úr sjálfstæði ríkisstofnana og fyrirtækja og auka miðstýringu frá ráðuneytunum.

Þau rök hafa heyrst að félagsmálaráðherra beri hina pólitísku ábyrgð á húsnæðismálunum og verði að hafa þau meðul sem til þarf til að fylgja henni eftir, þar á meðal beint boðvald yfir Húsnæðisstofnun. Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum birtist í lögum um Húsnæðisstofnun en þau eru mjög ítarleg og vald og ábyrgð einstakra aðila vel skilgreint. Samkvæmt þeim ákveður ríkisstjórnin vexti af hverjum lánaflokki, félagsmálaráðherra ákveður skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár milli einstakra lánaflokka og hann getur flutt það milli lánaflokka innan ársins svo nokkuð sé nefnt. Þá skipar ráðherra bæði framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra stofnunarinnar. Síðast en ekki síst hefur ráðherra verulegt boðvald í þessum málaflokki með valdinu til að setja reglugerð.

Engin áþreifanleg dæmi liggja fyrir um að ráðherra og ríkisstjórn hafi ekki það vald sem þau þurfa til að koma fram stefnu sinni í húsnæðismálum. Fyrirhuguð breyting á stöðu Húsnæðisstofnunar innan stjórnsýslunnar er því vanhugsuð, illa rökstudd og gengur þvert á þá hugsun í nútímastjórnsýslu að dreifa valdi. Með þessari breytingu getur ráðherra gefið fyrirmæli um einstakar ákvarðanir Húsnæðisstofnunar auk þess sem hann hlýtur að verða áfrýjunaraðili um þær lánveitingar sem ákveðnar eru í stjórn stofnunarinnar. Með því að auka pólitískt vald ráðherra með þessum hætti yrðu innleiddir úreltir stjórnarhættir í rekstur þessarar lánastofnunar. Þessum breytingum er minni hlutinn algerlega andvígur og tekur þar undir sjónarmið stjórnar Húsnæðisstofnunar.

Þegar fyrirhugaðar eru jafnmiklar og víðtækar breytingar á lögum um húsnæðismál saknar minni hlutinn þess að ekki skuli bætt úr augljósum agnúum á húsnæðismálalöggjöfinni. Þar má í fyrsta lagi nefna að taka ætti upp skýrar heimildir um lán til endurbóta á félagslegu húsnæði, en nú liggja mörg hús í félagslega húsnæðiskerfinu undir skemmdum á sama tíma og ný eru byggð. Í öðru lagi ætti að breyta lánveitingum vegna kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, en þung greiðslubyrði veldur því að lítill áhugi er fyrir þessum valkosti.

Minni hlutinn gerir tillögu um afdráttarlausar lagaheimildir í báðum þessum tilvikum og flytur tvær breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm. Jón Kristjánsson. Kristinn H. Gunnarsson.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Fylgiskjal I.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.
(15. febrúar 1993.)

Alþýðusambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frumvarpið má greina í þrjá höfuðþætti eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.

1. Stjórnsýsluþátt sem má skipta í tvo þætti: Skipan húsnæðismálastjórnar og stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar gagnvart félagsmálaráðuneyti.
2. Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar verði lögð niður.
3. Brottfall skyldusparnaðar.

1. Á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 9. desember 1992 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Í áratugi hafa verkalýðssamtökin barist fyrir úrbótum í húsnæðiskerfinu. Þau hafa samið um skattlagningu til þess að fjármagna húsnæðiskerfið og staðið að lánsfjármögnun af hálfu lífeyrissjóðanna. Í ljósi þessa kemur á óvart að félagsmálaráðherra skuli nú kynna tillögu um að ryðja fulltrúum verkalýðssamtakanna úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Félagsmálaráðherra ætti að vera það ljósara en nokkrum öðrum að einmitt nú ríður á að halda samstöðu um húsnæðiskerfið.

Miðstjórn Alþýðusambandsins gerir kröfu til þess að samtökunum verði áfram tryggð aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar og varar alvarlega við því að höggvið verði á það samstarf sem verið hefur um húsnæðiskerfið."

Á undanförnum árum hefur stjórn Húsnæðisstofnunar verið skipuð fulltrúum kjörnum á Alþingi og fulltrúum tilnefndum af ASÍ og VSÍ. Með þessum hætti hafa fulltrúar margra stórra hagsmunaaðila komið saman og unnið að húsnæðismálum og haft sitt að segja um stefnumótun og framkvæmd húsnæðismála.

Með því að veita félagsmálaráðuneyti og félagsmálaráðherra meiri áhrif á stjórnun Húsnæðisstofnunar er í fyrsta lagi verið að gera húsnæðismálastjórn óvirka sem stjórnunaraðila og jafnframt er verið að gera forstjóra og aðra stjórnendur stofnunarinnar sem næst að óbreyttum ráðuneytisstarfsmönnum. Í öðru lagi er sýnilegt að sá vettvangur hverfi sem húsnæðismálastjórn hefur verið fyrir hagsmunaaðila til að koma saman og vinna saman að framgangi jafnviðamikils og viðkvæms málaflokks og húsnæðismálin eru.

Hætt er við að stefnumörkun og framkvæmd húsnæðismála muni eftir breytingar sem þessar leiða til meiri óstöðugleika í framkvæmd húsnæðismála en verið hefur til þessa þar sem félagsmálaráðherra hvers tíma muni hafa tilhneigingu til að setja fingraför sín of mikið á verk Húsnæðisstofnunar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er skipan tryggingaráðs tekin sem fyrirmynd að skipan nýrrar húsnæðismálastjórnar. Segja verður að hefði tryggingaráð verið skipað með öðrum hætti en gert er væri ef til vill ekki sami fljótfærnisbragur á breytingum í heilbrigðis- og tryggingamálum og verið hefur að undanförnu.

Húsnæðisstofnun er stærsta lánastofnun landsins og fjármögnun útlána stofnunarinnar hefur áhrif á vexti og efnahagsmál í landinu. Það hlýtur því að orka tvímælis að svo viðamikil fjármálastofnun verði jafntengd einum ráðherra og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ríkisbankarnir munu njóta mun meira sjálfstæðis en Húsnæðisstofnun. Með nýju stjórnskipulagi Húsnæðisstofnunar er verið að auka miðstýringu ríkisvaldsins í fjármálakerfinu.

2. Almennt er viðurkennt að á undanförnum árum hafi tæknideild Húsnæðisstofnunar skilað frá sér góðum verkum á hönnun íbúðarhúsnæðis. Með þeim hætti hefur deildin verið öðrum hönnunaraðilum fyrirmynd og jafnframt veitt þeim aðhald í þeirra störfum. Hætt er við að með brotthvarfi deildarinnar muni gæði hönnunar á íbúðarhúsnæði í landinu minnka og sá kostnaður, sem Húsnæðisstofnun hefur þurft að bera af rekstri tæknideildar, muni verða mun meiri fyrir íbúðabyggjendur án tæknideildarinnar.

3. Ljóst er að núverandi kerfi skyldusparnaðar er gengið sér til húðar, bæði vegna lítillar skilvirkni og mikils kostnaðar. Meira útstreymi hefur verið á skyldusparnaði en innstreymi, m.a. vegna vaxandi hlutfalls námsmanna í hópi ungs fólks. Skyldusparnaðurinn hefur því í reynd aðeins verið virkur hjá ungu fólki á vinnumarkaði. Ljóst er að fyrir þennan hóp fólks hefur skyldusparnaðurinn oft og tíðum komið sér vel og verið til góðs.

Heppilegt væri að viðhalda skyldusparnaði hjá ungu fólki ef kostur væri, t.d. með því að fækka undanþágum en jafnframt lækka hlutfall sparnaðarins.

F.h. Alþýðusambands Íslands,
Guðmundur Gylfi Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn húsnæðismálastjórnar.
(22. febrúar 1993.)

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 23. janúar 1993, þar sem óskað er umsagnar húsnæðismálastjórnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Húsnæðismálastjórn hefur haft til skoðunar ofangreint frumvarp og fer álit stjórnarinnar hér á eftir. Greina má þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér á lögunum, í þrennt. Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingar á stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar, skipulagi og yfirstjórn hennar. Í öðru lagi eru breytingar sem tengjast því að áformað er að leggja niður skyldusparnað ungmenna og í þriðja lagi eru gerðar breytingar á þeim kafla laganna sem fjallar um tæknideild stofnunarinnar þar sem stefnt er að því að leggja niður rekstur stofnunarinnar á hönnunardeild. Fjallað verður um hvern þessara þátta fyrir sig hér á eftir en fyrst eru dregnar saman niðurstöður húsnæðismálastjórnar. Þar koma jafnframt fram ábendingar um ýmsar aðrar breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem húsnæðismálastjórn telur brýnt að gerðar verði nú á yfirstandandi þingi. Rétt er að taka fram að stjórnin er ekki sammála um alla þætti málsins og verður reynt að gefa til kynna um hvaða þætti skoðanir eru skiptar og hvernig þær skiptast.

I. Yfirlit og helstu niðurstöður.

1. Breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar samkvæmt frumvarpinu miða að því að draga úr sjálfstæði stofnunarinnar og auka áhrif félagsmálaráðherra í yfirstjórn stofnunarinnar. Allir stjórnarmenn í húsnæðismálastjórn mæla gegn þessari breytingu sem þeir telja óæskilega. Rök húsnæðismálastjórnar eru m.a. þau að óeðlilegt sé að opinber lánastofnun sé undir beinni stjórn ráðherra, þar á meðal ákvarðanir um útlán, fjárhagsáætlun, innra skipulag, gjaldskrár og fleira. Tvennt kemur hér til, annars vegar að ekki er æskilegt að lánastofnun sé undir beinni stjórn ráðherra og hins vegar að rekstur stofnunar sem þessarar er svo sérhæfður að vart er hægt að ætla ráðherra að hafa á honum kunnugleik. Engin dæmi eru um að lánastofnun hér á landi í seinni tíð hafi verið undir beinni stjórn ráðherra.

2. Húsnæðismálastjórn er sammála um að leggja niður skyldusparnað ungmenna í núverandi mynd. Hvað framhald málsins varðar koma einkum tveir kostir til greina að mati stjórnarinnar, annars vegar að leggja alfarið niður skyldusparnað ungmenna og hins vegar að fækka undanþágum verulega og lækka sparnaðarhlutfall samfara því. Skiptar skoðanir eru í stjórninni um þessa tvo kosti. Helmingur stjórnarmanna vill taka til rækilegrar skoðunar að fækka undanþágum og lækka sparnaðarhlutfall en hinn helmingur stjórnarinnar telur að kerfið hafi runnið sitt skeið.

3. Meiri hluti stjórnar er sammála því að hætta skuli rekstri hönnunardeildar við Húsnæðisstofnun ríkisins en minni hluti stjórnar telur að deildin hafi áfram hlutverki að gegna. Rétt er að taka fram að meiri hluti stjórnar telur að ekki sé lögbundið að starfrækja hönnunardeild við stofnunina og hafa þegar verið gerðar ráðstafanir sem miða að því að leggja niður þessa starfsemi. Þannig var hönnunardeild stofnunarinnar lögð niður þann 1. febrúar sl. og fyrir liggur samningur við hluta starfsmanna deildarinnar um yfirtöku þeirra á starfseminni.

4. Mikil ásókn er frá þeim aðilum, sem fengið hafa úthlutað almennum kaupleiguíbúðum, í að fá þær fluttar milli kerfa og þeim breytt í félagslegar kaupleiguíbúðir. Þau rök eru færð fram fyrir þessum óskum að erfitt eða ómögulegt sé að koma almennum kaupleiguíbúðum í notkun þar sem enginn áhugi sé á slíkum íbúðum. Þessu valdi þung greiðslubyrði af lánum þessara íbúða. Það stafar af tvennu. Annars vegar eru vextir lána almennra kaupleiguíbúða mun hærri en vextir félagslegra íbúða og hins vegar er hluti lánsins (20%) með mun skemmri lánstíma en tíðkast um aðrar félagslegar íbúðir. Hinu fyrra er erfitt að breyta en húsnæðismálastjórn leggur til að breytt verði ákvæðum 52. og 54. gr. laganna þannig að veitt verði eitt lán sem svarar til 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði til 43 ára.

5. Mjög brýnt er einnig að gerð verði lagfæring á 90. gr. laganna þar sem fjallað er um útreikning á söluverði félagslegra íbúða sem byggðar eru samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Lagt er til að útreikningur verði samræmdur við ákvæði núverandi reglugerðar, þ.e. 99. gr. reglugerðar nr. 46/1991.

6. Brýnt er einnig að lagaheimildir verði veittar til veitingar lána til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum.

II. Breytingar á stjórnsýslulegri stöðu, yfirstjórn og skipulagi stofnunarinnar.

7. Í 1. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á 2. gr. laganna. Þar eru gerðar breytingar á stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar. Þær eru eftirfarandi:

a. Lagt er til að orðin „sjálfstæð ríkisstofnun“ falli niður en þess í stað verði einungis kveðið á um að Húsnæðisstofnun ríkisins sé ríkisstofnun.

b. Fellt er út að stofnunin skuli hafa forustu í stefnumótun í húsnæðismálum en þess í stað kveðið á um að hún skuli vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðuneytið og önnur stjórnvöld.

c. Tekinn er út úr núverandi grein sá málsliður sem kveður á um að stofnunin fari með stjórn hins opinbera veðlánakerfis og stofnuninni þess í stað falið að fara með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála.

Allar þessar breytingar miða að því að rýra sjálfstæði stofnunarinnar og auka vald félagsmálaráðherra.

8. Tilgangur þessara breytinga er samkvæmt greinargerð með frumvarpinu að tryggja að vald og ábyrgð fari saman við opinber afskipti af húsnæðismálum. Vísað er til þess að ráðherra félagsmála hafi í einhverjum tilfellum sætt gagnrýni vegna framkvæmdar í húsnæðismálum sem hafi verið á valdsviði Húsnæðisstofnunar ríkisins. Nú er það auðvitað slæmt þegar ráðherrar eru hafðir fyrir rangri sök en hitt er eigi að síður álitamál hvort breyta eigi húsnæðislöggjöfinni vegna slíkra mistaka. Núverandi löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins er grundvölluð á því sjónarmiði, sem jafnframt hefur verið haft til viðmiðunar við lagasetningu um fjölmargar aðrar opinberar lánastofnanir, að Alþingi setur stofnuninni löggjöf þar sem markmið, hlutverk og starfsemi, þar með talin lánastarfsemi og fjármögnun, eru skilgreind. Heimildir stofnunarinnar til útlána og lántaka eru síðan ákveðnar með lánsfjárlögum á hverju ári. Sama gildir um reksturskostnað, þ.e. umfang starfseminnar, hámark hans er ákveðið með fjárlögum hverju sinni.

9. Þau sjónarmið, sem kunna að liggja að baki ofangreindri skipan mála, geta verið margvísleg. Í fyrsta lagi er rekstur lánastofnana sérhæfð starfsemi og vart hægt að ætla að heppilegt sé að slíkri starfsemi sé stýrt beint af Stjórnarráði eða ráðherra. Í öðru lagi er hér um að ræða starfsemi sem ríkið hefur tekið að sér án þess að bein rök liggi til þess að starfsemin sé í höndum ríkisins, að minnsta kosti gildir þetta um sjálf útlán þessara stofnana. Af þeim sökum kunna menn að sækjast eftir því að starfsemi þessi sé sem minnst háð stjórnmálalegum afskiptum og sem mest á viðskiptalegum grundvelli. Aukin afskipti framkvæmdarvaldsins af rekstri Húsnæðisstofnunar og lánastofnana almennt eru að mati stjórnarinnar síst til bóta og með þeim væri verið að innleiða hér á landi stjórnarhætti í rekstri lánastofnana sem úreltir eru og hafa reynst illa hvarvetna annars staðar. Gengið væri þvert á stefnu aukins markaðsbúskapar og á þá stefnu að ákvarðanir lánastofnana, þótt þær séu í eigu ríkisins, séu alfarið byggðar á efnahagslegum forsendum. Það er mat húsnæðismálastjórnar að ofangreindar breytingar muni færa stjórn, rekstur og útlánastarfsemi stofnunarinnar að mestu undir beina stjórn ráðherra. Slík breyting er afar óæskileg að mati húsnæðismálastjórnar.

10. Í raun mælir margt fremur með því að sjálfstæði stofnunarinnar verði frekar aukið en að úr því verði dregið. Það er álit húsnæðismálastjórnar að færa ætti ákvarðanir um vexti af útlánum sjóðanna til húsnæðismálastjórnar jafnframt því sem löggjöfin um Byggingarsjóð verkamanna væri afdráttarlaus um það hvernig staðið skuli að fjármögnun á vaxtaniðurgreiðslu sjóðsins. Núverandi fyrirkomulag vaxtamála hefur orðið til þess að tefja aðlögun útlánsvaxta að vaxtakostnaði sjóðanna og hefur það skapað fortíðarvanda hjá þeim.

11. Frumvarpið gerir ráð fyrir að verulegar breytingar verði gerðar á skipan húsnæðismálastjórnar. Þessar breytingar eru þríþættar: Í fyrsta lagi er lagt til að fækkað verði í stjórninni úr tíu fulltrúum í fimm. Í öðru lagi er lagt til að úr stjórninni hverfi fulltrúar sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands (tveir fulltrúar) og fulltrúi sem tilnefndur er af Vinnuveitendasambandi Íslands. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að skipunartími formanns og varaformanns verði bundinn við starfstíma ráðherra. Skiptar skoðanir eru um tvo fyrri þætti breytinganna. Fulltrúar, sem kosnir hafa verið í stjórnina af núverandi ríkisstjórnarmeirihluta, auk fulltrúa Samtaka um kvennalista, styðja þessar breytingar. Þó telur fulltrúi Samtaka um kvennalista æskilegt að fulltrúar í húsnæðismálastjórn séu sjö. Ekki er ágreiningur um að skipunartími formanns og varaformanns sé bundinn við starfstíma ráðherra en nokkrir stjórnarmenn telja að þessi breyting sé í raun óþörf.

12. Húsnæðismálastjórn er samþykk þeirri breytingu sem gerð er á skipan ráðningar framkvæmdastjóra, þ.e. að hún sé tímabundin. Hins vegar telur stjórnin að núverandi orðalag í greininni (5. gr.) sé eðlilegra, þ.e. að ráðherra skipi framkvæmdastjóra að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar frekar en að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar. Hið nýja orðalag miðar vafalaust að því að draga úr valdi húsnæðismálastjórnar en er rökleysa: Umsögn um hvað? Eðlilegt er jafnframt, ef kveða skal á um í lögunum að ráðherra setji framkvæmdastjóra erindisbréf, að það sé gert að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

13. Húsnæðismálastjórn er sammála þeirri breytingu að ráðning skrifstofustjóra, eða hvaða starfsheiti sem nánasti aðstoðarmaður framkvæmdastjóra mun hafa, sé framvegis alfarið á ábyrgð framkvæmdastjóra og húsnæðismálastjórn eða ráðherra hafi ekkert um það að segja.

14. Frumvarpið gerir ráð fyrir að núverandi ákvæði laganna um skiptingu stofnunarinnar í deildir, sbr. 2.–3. gr., 20. gr., 49. gr. og VII. kafla, verði felld úr lögunum. Tilgangur þessa er að auka sveigjanleika í skipulagi stofnunarinnar og stuðla að hagræðingu. Jafnframt er ráðherra falið að ákveða að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar skipulag stofnunarinnar (2. gr.). Húsnæðismálastjórn er fylgjandi því að sveigjanleiki í skipulagi stofnunarinnar verði aukinn og telur að núgildandi ákvæði séu of takmarkandi og því fylgjandi markmiði þessara breytinga. Þó vill stjórnin koma með eftirfarandi tvær ábendingar. Sú fyrri er að telja mætti eðlilegra að orðalag greinarinnar væri að ráðherra staðfesti skipulag stofnunarinnar að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Hin seinni er að húsnæðismálastjórn telur að nauðsynlegt sé að löggjöfin kveði áfram á um að sjóðir þeir, sem stofnunin fer með, þ.e. Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður ríkisins/húsbréfadeild, Byggingarsjóður verkamanna og Tryggingasjóður vegna byggingargalla, séu fjárhagslega aðskildir og hafi aðskilið bókhald. Jafnframt verður í lögunum að kveða á um hvernig kostnaði við rekstur stofnunarinnar skuli skipt milli sjóðanna.

15. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir Húsnæðisstofnunar til gjaldtöku vegna veittrar þjónustu. Slíkt er mjög til bóta að áliti húsnæðismálastjórnar. Eðlilegra væri þó að heimildir þessar væru til handa húsnæðismálastjórn eða að gjaldskrá stofnunarinnar væri einungis staðfest af ráðherra.

16. Húsnæðismálastjórn telur að 8. og 12. gr. frumvarpsins séu óþarfar og að þær megi að skaðlausu fella út. Ekki virðist tryggara að ráðherra skipi þeim málum sem þar er fjallað um þótt hann geti „með reglugerð heimilað" tiltekna skipan. Ekki er heldur vitað að ágreiningur sé við ráðherra um þá framkvæmd sem nú er á þeim málum sem fjallað er um í 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 22. gr.

III. Niðurfelling VII. kafla um tækni- og þjónustudeild.

17. Sú breyting að fella niður úr lögunum kafla um tækni- og þjónustudeild við stofnunina hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að auka sveigjanleika í skipulagi stofnunarinnar eins og áður er getið og hins vegar afnema þá lagaskyldu sem hvílir á stofnuninni að „veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga". Hér að ofan hefur þegar komið fram afstaða stjórnarinnar til aukins sveigjanleika í skipulagi stofnunarinnar og skal ekki orðlengt frekar um það mál. Um hitt efnisatriðið eru skiptar skoðanir í húsnæðismálastjórn. Meiri hluti húsnæðismálastjórnar hefur þegar tekið þá ákvörðun að leggja niður starfsemi hönnunardeildar, en sú deild annaðist gerð íbúðateikninga. Var sú ákvörðun annars vegar byggð á þeirri skoðun meiri hluta stjórnar að ekki væri lagaskylda að starfrækja teiknistofu heldur aðeins að hafa teikningar til

sölu og hins vegar á þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, nefnilega að nægjanlegt framboð sé nú af þessari þjónustu á almennum markaði og að starfræksla deildar af þessu tagi geti teflt í tvísýnu stöðu stofnunarinnar til eftirlits við félagslegar íbúðabyggingar, þ.e. gert stofnunina að dómara í sjálfs sín sök.

18. Minni hluti stjórnar telur að enn sé gagn að starfrækslu hönnunardeildar innan stofnunarinnar. Starfræksla hönnunardeildar feli í sér kostnaðar- og gæðaaðhald gagnvart hönnuðum á almennum markaði. Jafnframt hefur verið bent á að það að hönnunarvinna eigi sér stað innan stofnunarinnar styðji starfsmenn hennar í eftirliti og ráðgjöf vegna félagsíbúðakerfisins. Starfsmenn fylgist betur með nýjungum í hönnun og hafi lifandi þekkingu á þeim möguleikum sem bjóðast. Að auki er vísað til þess að minni sveitarfélög hafi ekki bolmagn til kaupa á hönnun á almennum markaði.

19. Í 19. gr. frumvarpsins er gerð breyting á 1. mgr. 109. gr. laganna í IX. kafla um byggingarsamvinnufélög. Úr greininni er alveg fellt niður ákvæði um lánsrétt byggingarsamvinnufélaga en áfram er lagt til að Húsnæðisstofnun verði „stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra". Hliðstætt ákvæði um framkvæmdaraðila að félagslegum íbúðabyggingum er fellt úr lögunum með 14. gr. frumvarpsins. Húsnæðismálastjórn leggur til að þessi málsgrein falli alfarið niður og vísar til rökstuðnings sem kemur fram í athugasemd og skýringum við 14. gr. frumvarpsins.

IV. Niðurlagning skyldusparnaðar ungmenna.

20. Húsnæðismálastjórn hefur haft til skoðunar breytingar á fyrirkomulagi skyldusparnaðar ungs fólks að beiðni félagsmálaráðherra. Meginniðurstöður þeirra athugana má draga saman í eftirfarandi:

a. Vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna og rýmri reglna um undanþágur eru það nú tiltölulega fáir í hverjum árgangi sem spara til lengri tíma og mynda umtalsverðar innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

b. Mikil velta er inn og út af reikningum á hverju ári og samfara því er mikill umsýslukostnaður hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

c. Skattaleg fríðindi tengd skyldusparnaði féllu niður við upptöku staðgreiðslukerfis skatta 1988 þrátt fyrir að skattfríðindi hafi haldist á frjálsum húsnæðissparnaðarreikningum og ávöxtunarkjör skyldusparnaðar ungs fólks því verið mun lakari en húsnæðissparnaðarreikninga.

d. Miklar breytingar hafa átt sér stað á fjármagnsmarkaði frá því að skyldusparnaðarkerfinu var hleypt af stokkunum og framboð á sparnaðarkostum margfaldast auk þess sem ávöxtunarkjör hafa tekið stakkaskiptum.

Allt þetta mælir með því að taka skyldusparnaðarkerfið til gagngerrar endurskoðunar.

21. Á hinn bóginn er ljóst að umtalsverður hópur fólks á aldrinum 16–26 ára notar núverandi kerfi til reglubundins og varanlegs sparnaðar. Sé það gert myndast innstæður sem geta skipt sköpum við íbúðarkaup eða íbúðarbyggingu þegar að því kemur. Álitamál er hvað þessi hópur, sem leitar snemma út á vinnumarkaðinn, mun gera ef kerfið er lagt niður. Mun hann finna sér annan sparnaðarkost eða mun niðurlagning kerfisins leiða til aukningar á neyslu á kostnað sparnaðar og því veikja möguleika þessa hóps til íbúðarkaupa þegar til lengri tíma er litið? Við þessari spurningu er ekkert einhlítt svar.

22. Til umræðu í húsnæðismálastjórn hafa einkum verið þrír kostir, í fyrsta lagi að leggja kerfið alfarið niður, í öðru lagi að þrengja verulega möguleika til úttekta, þ.e. fækka undanþágum og lækka sparnaðarhlutfall, og í þriðja lagi að loka núverandi kerfi en taka upp nýtt frjálst sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk. Eins og áður er getið eru skoðanir skiptar í húsnæðismálastjórn milli tveggja fyrri kostanna. Þriðji kosturinn, þ.e. að hleypa af stokkunum nýju sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk á vegum hins opinbera, er ekki talinn koma til greina.

Með virðingu,

f.h. húsnæðismálastjórnar,
Sigurður E. Guðmundsson.

Fylgiskjal III.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
(4. mars 1993.)

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. febrúar sl. var tekið til afgreiðslu bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 11. febrúar sl., þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, stjórnarfrumvarp, 276. mál á þskj. 384.

Stjórnin samþykkti að láta í té svofellda umsögn um frumvarpið:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur sérstaka áherslu á síðustu málsgrein 1. gr. frumvarpsins þar sem segir: „Stofnunin skal leitast við að veita landsmönnum öllum sömu þjónustu óháð búsetu.“ Stjórnin telur að því markmiði verði best náð með því að stofnunin komi upp útibúum í landshlutunum sem hafi fullt vald til ákvarðanatöku og afgreiðslu mála, hvert á sínu svæði. Að sama skapi verði dregið úr starfsemi stofnunarinnar á aðalskrifstofunni í Reykjavík.

Stjórn sambandsins er sammála því að skipulag stofnunarinnar verði allt tekið til endurskoðunar, þ.e. skipting hennar í deildir, svið og sjóði, með það að markmiði að laga skipulagið að stofnun sem sjálfstæðastra útibúa í landshlutunum og auka skilvirkni hennar. Eðlilegt er að stjórn stofnunarinnar hafi skýrar heimildir varðandi innri málefni hennar og varar við því að slíkar heimildir séu færðar til ráðherra.

Ítrekuð er sú skoðun stjórnar sambandsins að sveitarfélögin fái aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar. Í því sambandi er minnt á að þau hafa þýðingarmiklu og margþættu hlutverki að gegna í húsnæðismálum og bera mikla ábyrgð á fjárreiðum og framkvæmd félagslega íbúðakerfisins.

Stjórn sambandsins telur að stjórn Húsnæðisstofnunar eigi sjálf að taka ákvarðanir um lánveitingar og skiptingu útlána milli útlánaflokka á grundvelli tillagna frá útibúum í landshlutunum og telur engin rök fyrir því að auka valdsvið ráðherra hvað það varðar.

Stjórnin telur rétt að breyta ákvæðum núgildandi laga um húsnæðisnefndir sveitarfélaga og kosningar til þeirra. Miðað við ábyrgð sveitarfélaga á félagslega húsnæðiskerfinu er eðlilegast að sveitarstjórnirnar einar skipi húsnæðisnefndir sveitarfélaganna sem starfa á þeirra ábyrgð. Sú skipan á enn frekar við ef fulltrúar atvinnulífs hverfa úr stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

1050. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (ISG, JónK, KHG, IP).

1. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   7. mgr. 38. gr. laganna, er verður 36. gr., breytist svo:
   Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.
2. Á eftir 12. gr. komi enn ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna, er verður 50. gr.:
   a. 4. tölul. orðast svo:
      4. Lán til almennra kaupleiguíbúða (90% lán).
   b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo:
      5. Lán til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum. Nánari reglur hér um skal setja í reglugerð.

1051. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hlutinn flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við frumvarp þetta. Minni hlutinn telur þó frumvarpið í raun óþarft því unnt er á grundvelli gildandi laga að framkvæma tilraun þá sem hér um ræðir, þ.e. í prentiðnaði. Minni hlutinn telur einnig að breytingartillaga meiri hlutans sníði ekki þá galla af frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem augljósastir eru. Telur minni hlutinn að verði frumvarpið samþykkt í núverandi mynd geti

það beinlínis skaðað það samstarf atvinnulífs og skóla sem er forsenda jákvæðrar þróunar starfsnáms í framhaldsskólum.

Breytingartillaga minni hlutans felur í sér eftirfarandi efnisbreytingar frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar:

1. Tillaga minni hlutans gerir ráð fyrir að ráðherra geti „ákveðið að efna til“ tilraunar en frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherrann efni til tilraunarinnar.
2. Tillaga minni hlutans gerir ráð fyrir að tilraunin sé unnin í framhaldsskóla, en sú hætta blasir við að verknámið verði tekið út úr skólunum þannig að framhaldsskólarnir verði eingöngu bóknámsskólar. Slíkt er afturför.
3. Tillaga minni hlutans gerir ráð fyrir að tilraunin verði unnin í samvinnu við skólastjórnendur.
4. Tillaga minni hlutans gerir ekki ráð fyrir að tilraunin verði takmörkuð við tvö ár.
5. Tillaga minni hlutans gerir ráð fyrir að fella úr greininni almenna og ótrúlega opna heimild til að víkja frá lögunum. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er í raun heimilt að afnema framhaldsskólalögin „ef nauðsyn krefur“.

Um aðdragandann að þessu máli verður nánar fjallað í framsögu.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Svavar Gestsson.

1052. Breytingartillaga [397. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SvG).

Við 1. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að ákveða að efnt skuli til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskóla í samvinnu við skólastjóra og skólanefnd viðkomandi skóla. Slíkt tilraunastarf skal unnið í fullu samráði við fulltrúa launamanna og atvinnurekenda í viðkomandi starfsgrein.

1053. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Frumvarp það um Evrópska efnahagssvæðið, sem nú liggur fyrir Alþingi, markar lokaafgreiðslu Alþingis á þátttöku Íslendinga í umræddu samstarfi. Afstaða 1. minni hluta til málsins hefur komið glöggt fram við afgreiðslu utanríkismálanefndar á upphaflegu frumvarpi. Sú afstaða er óbreytt.

Eins og fram hefur komið í áliti sérfræðinga samræmist sá samningur, sem íslenska ríkisstjórnin hefur gert um aðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu, ekki ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Þegar af þeirri ástæðu bæri að vísa því frumvarpi frá sem nú liggur fyrir og markar lokaafgreiðslu EES-málsins af hálfu Alþingis.

Frá því að EES-málið var afgreitt á Alþingi í janúar sl. hefur jafnframt ýmislegt komið í ljós sem enn frekar styður það að ekki sé tímabært að afgreiða málið. Skal sérstaklega bent á eftirgreind atriði.

Óvissa er enn mikil um afdrif EES-samningsins og er sú óvissa nú viðurkennd af utanríkisráðherra. Fjögur EFTA-ríki hafa þegar hafið viðræður við EB um fulla aðild og líta þau aðeins á EES sem biðsal.

Samningurinn hefur ekki verið tekinn til afgreiðslu nema á fáum þingum EB-landa. Jafnframt er talið að verði Maastricht-samningurinn ekki staðfestur af Dönum eða Englendingum muni EES-samningurinn ekki verða staðfestur af öllum löndum EB.

Fullyrðingar utanríkisráðherra um efnahagslegan ábata af EES-aðild hafa reynst stórlega ýktar og með framkomnum breytingum á samningnum er Íslandi ætlað að greiða enn stærri hlut í fjárhagsaðstoð til svæða innan EB.

Þá hafa undanfarið komið í ljós ótrúleg mistök eða kæruleysi af hálfu utanríkisráðherra í samningum um innflutning unninna landbúnaðarafurða samkvæmt bókun 3 sem leysa þarf úr áður en EES-samningurinn er endanlega afgreiddur.

Loks liggur ekki enn fyrir hvaða breytingar þarf að gera á íslenskum lögum vegna samningsins eða hvernig tryggð verða skilyrðislaus yfirráð Íslendinga yfir orkulindum og landi.

Þar sem fullgilding EES-samningsins frestast gefst nægur tími til að leita álits þjóðarinnar á samningnum og styður 1. minni hlutinn framkomna tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Steingrímur Hermannsson, frsm. Páll Pétursson.

1054. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til l. um breyt á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Með afgreiðslu fyrirliggjandi frumvarps ræðst afstaða Alþingis til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Samningurinn brýtur gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Með honum skerðist stórlega raunverulegt löggjafarvald Alþingis. Til þingsins munu streyma lög og reglugerðir frá Evrópubandalaginu sem Alþingi hefur engan þátt átt í að móta. Um 250 slíkar samþykktir EB, sem gengið hefur verið frá í Brussel frá því megintexti EES-samningsins var frágenginn 1. ágúst 1991, bíða afgreiðslu. Sá pakki mundi berast inn á borð alþingismanna eftir að samningurinn hefði tekið gildi.

Með EES-samningnum og því sem honum fylgir er verið að veita útlendingum aðgang að íslenskum náttúruauðlindum, fiskimiðum, orkulindum og landi.

Með samningnum væru Íslendingar að kasta fyrir borð helstu stjórntækjum í efnahagsmálum og gefa sig á vald ákvörðunum sem teknar eru án tillits til íslenskra hagsmuna.

Það stjórnkerfi, sem byggja á upp til að þjóna EES-kerfinu, er í senn ólýðræðislegt og kostnaðarsamt. Verið er að flytja ákvarðanatöku um íslensk málefni á fjölmörgum sviðum úr landi. Kostnaður við stjórnkerfi landsins mun vaxa til mikilla muna og nú þegar er byrjað að byggja upp í Brussel skrifstofur á vegum Stjórnarráðsins við tilkomu EES. Utanferðir íslenskra embættismanna og ráðherra mundu margfaldast.

Aðild Íslendinga að EES auðveldar mjög þeim öflum eftirleikinn sem knýja leynt og ljóst á um aðild Íslands að Evrópubandalaginu.

Alþýðubandalagið er andvígt aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og telur að ekki komi til greina að Íslendingar sæki um aðild að Evrópubandalaginu.

Þessi afstaða kom skýrt fram við umræðu um frumvarp til lögfestingar á EES-samningnum sem afgreitt var í janúar 1993.

Frá því að frumvarpið um staðfestingu á EES-samningi var samþykkt af meiri hluta á Alþingi í janúar sl. hefur ýmislegt komið í ljós sem staðfestir aðvaranir andstæðinga samningsins.

Utanríkisráðherra hefur kosið, í þeim samningum sem síðan fóru fram, að ganga gegn íslenskum hagsmunum á sviði landbúnaðar að því er varðar innflutning.

Fullyrðingar ráðherrans um efnahagslegan ábata af EES-aðild hafa reynst stórlega ýktar og með framkomnum breytingum á samningnum er Íslandi ætlað að greiða enn stærri hlut í fjárhagsaðstoð til svæða innan EES.

Enn er óafgreiddur fjöldi frumvarpa sem ríkisstjórnin telur að lögfesta þurfi vegna samningsins. Einnig hafa ekki verið lögð fram frumvörp sem boðuð voru á síðasta ári, m.a. varðandi eignarrétt á auðlindum, svo sem jarðhita og orku fallvatna.

Enn er óvissa um afdrif EES-samningsins. Aðeins þrjú EB-ríki höfðu tekið samninginn til afgreiðslu eins og hann lá fyrir sl. haust. Þá hefur komið fram að Spánn og e.t.v. fleiri EB-ríki tengja afstöðu til EES-samningsins við afgreiðslu Maastricht-samningsins innan Evrópubandalagsins.

Alþingi á að hafna þessum samningi og hefja undirbúning að bættum samskiptum við umheiminn út frá íslenskum forsendum. Það verður best gert með því að landið skipi sér utan stórra efnahagsheilda þar sem hagsmunir stórvelda og fjölþjóðafyrirtækja ráða ferðinni.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Hjörleifur Guttormsson.

1055. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til l. um breyt á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Þegar frumvarp til laga um staðfestingu á EES-samningnum var afgreitt á Alþingi í janúar sl. lá fyrir að Sviss yrði ekki aðili að samningnum. Það var því fyrirséð að málinu væri ekki lokið og að á yfirstandandi þingi þyrfti að breyta lögunum til samræmis við veruleikann. Sú breyting er nú gerð með þessu frumvarpi og þó að fyrst og fremst sé um tæknilegar breytingar á samningnum að ræða má segja að frumvarpið marki engu að síður lokaafgreiðslu EES-málsins af hálfu Alþingis.

Þau rök og þær forsendur, sem lágu til grundvallar umræðunni í janúar sl., eiga því enn við og sú afstaða, sem þingmenn tóku, stendur óhögguð. Á sömu forsendum og þá telur 3. minni hluti að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir verði að bera hina pólitísku ábyrgð á þeirri samningsniðurstöðu sem fyrir liggur og meðferð málsins gagnvart þingi og þjóð á undangengnum mánuðum.

Þriðji minni hluti bendir á að mikil óvissa ríkir nú um afdrif EES-samningsins þar sem einstök aðildarríki EB, svo sem Spánn, hafa látið þá skoðun í ljós að örlög EES-samningsins ráðist m.a. af niðurstöðum í atkvæðagreiðslu um Maastricht-samninginn í Danmörku og Bretlandi. Mikilvægt er að þessari óvissu verði eytt hið fyrsta og tryggt að hún komi ekki niður á aðgangi íslenskra sjávarafurða að mörkuðum EB.

Um afstöðu til samningsins að öðru leyti vísar 3. minni hluti í nefndarálit sitt frá því í janúar sl. sem birt var á þskj. 411.

Með tilvísun til þess sem að ofan greinir mun 3. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps á Alþingi.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1056. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá Alþýðusambandi Íslands Láru V. Júlíusdóttur, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Hrafnhildi Stefánsdóttur, frá Sambandi almennra lífeyrissjóða Hákon Kristjónsson og frá Landssambandi lífeyrissjóða Ólaf Gústafsson.

Frumvarp þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á reglum um ábyrgðasjóð launa til samræmis við lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, sem gengu í gildi 1. júlí 1992. Engar efnislegar breytingar felast í frumvarpinu frá gildandi lögum heldur er um að ræða aðlögun að þeim breytingum sem urðu 1. júlí 1992 á löggjöf um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Lögð er til breyting á d-lið fyrri málsgreinar 6. gr. Eftir að frumvarpið kom til umfjöllunar félagsmálanefndar barst formanni hennar ábending frá stjórn ábyrgðasjóðs launa varðandi rétt maka og barna gjaldþrota einstaklings til greiðslna úr sjóðnum. Samkvæmt ákvæðinu geta maki og skyldmenni í beinan legg ekki krafist bóta úr sjóðnum. Leiði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu má sjóðstjórnin þó heimila greiðslu til þessara launþega. Skilyrði þess að kröfur megi greiða úr ábyrgðasjóðnum er að þær hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum. Hin nýju lög um gjaldþrotaskipti koma hins vegar í veg fyrir að slíkar kröfur, sem hér um ræðir, geti hlotið viðurkenningu sem forgangskröfur. Því er lögð til viðbót við 6. gr. þannig að unnt verði að taka tillit til sérstakra mála er varða maka og börn þess er gjaldþrota verður enda þótt launakrafa þeirra hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa á grundvelli gjaldþrotaskiptalaga.

Eggert Haukdal og Gunnlaugur Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Kristjánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
	Kristinn H. Gunnarsson.	

1057. Breytingartillaga [406. mál]

við frv. til l. um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Frá félagsmálanefnd.

Við d-lið fyrri málsgreinar 6. gr. bætist: enda þótt launakrafa hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991.

1058. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem veitir menntamálaráðherra heimild til að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum og mun fela í sér aukna ábyrgð atvinnulífs, bæði faglega og fjárhagslega, og beina þátttöku aðila vinnumarkaðarins í framkvæmd skólastarfs og eftirliti með því.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Kristrúnu Ísaksdóttur, formann iðnfræðsluráðs, Ingvar Ásmundsson, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, Guðbrand Magnússon, framkvæmdastjóra Iðntæknistofnunar, Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, og Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur, ráðunaut menntamálaráðherra í skólamálum. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi iðnmenntaskóla, iðnfræðsluráði, Framhaldsskóla Vestfjarða, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Kennarasambandi Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Fjölbrautaskólanum við Ármúla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja auk sameiginlegrar umsagnar frá Alþýðusambandi Íslands, Bíliðnafélaginu, Félagi íslenskra iðnrekenda, Félagi bókagerðarmanna, Félagi íslenska prentiðnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Iðnnemasambandi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin er sú að menntamálaráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi skóla við ákvörðun um tilraunastarf í starfsnámi.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Björn Bjarnason.
Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.		Árni Johnsen.

1059. Breytingartillaga [397. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. l. nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, RG, VS, KÁ, BBj, ÓÞÞ, ÁJ, TIO).

Við 1. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal skipulagt í samvinnu við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein.

1060. Frávísunartillaga [440. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Frá Páli Péturssyni, Ragnari Arnalds og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Mikil óvissa ríkir nú um afdrif samningsins um Evrópska efnahagsvæðið og hefur utanríkisráðherra m.a. viðurkennt að ólíklegt sé að hann taki gildi á þessu ári. Samningurinn hefur enn ekki verið tekinn til afgreiðslu nema á fáum þingum EB-landa. Jafnframt er talið að verði Maastricht-samningurinn ekki staðfestur af Dönum eða Englendingum muni EES-samningurinn ekki ná fram að ganga á öllum þjóðþingum EB-ríkjanna. Í sumar kann því að vera komin upp allt önnur staða en nú er uppi í þessu máli.

Þegar af þeirri ástæðu telur Alþingi ekki rétt að afgreiða þetta frumvarp og samþykkir að **vísa því til ríkisstjórnarinnar**. Jafnframt samþykkir Alþingi að samningurinn verði ekki lagður fram á ný á Alþingi til staðfestingar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

1061. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til skaðabótalaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar styður þá grundvallarbreytingu sem lagt er til að gerð verði á greiðslum vegna varanlegrar örorku. Breytingin felst í því að greiðslur vegna varanlegrar örorku miðast við áætlað tekjutap í stað þess að miða við læknisfræðilegt mat. Þetta leiðir til þess að bætur munu yfirleitt hækka til þeirra sem lenda í alvarlegum slysum en í mörgum tilvikum lækka vegna minni háttar skaða. Vissulega er alltaf erfitt að leggja mat á hvað er mikill skaði og hvað er lítill skaði, en minni hlutinn vill til glöggvunar benda á eftirfarandi: Munur á bótum vegna mikils varanlegs miska, svo sem lömunar, og minni áverka, svo sem fingurmissis, hefur oft og tíðum verið of lítill að mati minni hlutans ef tekið er tillit til þess hve gífurlegur aðstöðumunur er á milli þess sem er bundinn hjólastól og hins. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. frumvarpsins er auk þess tekið tillit til þess hvernig skaðinn snertir hvern og einn. Píanóleikari, sem missti fingur, mundi samkvæmt því vera metinn með mun meiri örorku en skrifstofumaður. Gera má ráð fyrir að munurinn gæti orðið allt að 40% (sjá kafla 4.1 í athugasemdum við frumvarpið). Handverksmaður mundi með sömu rökum vera metinn til hærri örorku en forstjóri. Samkvæmt núgildandi lögum væri varanleg örorka þeirra allra fjögurra sú sama (u.þ.b. 10%). Möguleikar þeirra til að stunda áfram fyrra starf sitt væru hins vegar mjög ólíkir og því má segja að skaði þeirra sé mismikill.

Ungt fólk og útivinnandi konur.

Þær breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var lagt fram á 115. löggjafarþingi að grunnur bóta vegna örorku hefur verið hækkaður úr sexföldum árslaunum tjónþola í 7,5-föld árslaun en meira tillit er nú tekið til aldurs tjónþola. Skerðast bætur samkvæmt þessari gerð frumvarpsins nú frá og með 26 ára aldri í stað 56 ára aldri í fyrri gerð frumvarpsins. Þetta má styðja þeim rökum að tíminn, sem ungt fólk býr við örorku, er oftast lengri en hinna eldri. Unga fólkið á í flestum tilvikum eftir að fjárfesta í húsnæði og bera annan kostnað sem þeir eldri hafa oftar en ekki að baki. Minni hlutinn telur og að með þessari breytingu sé komið til móts við ábendingar um að ungt útivinnandi fólk hafi að öðru jöfnu ekki haft tíma til að vinna sig upp í sömu tekjur í starfi og hinir eldri. Hér er því tekið tillit til þess að ætla má að í framtíðinni muni ungt fólk hafa möguleika á að afla sér meiri tekna en þegar það er nýskriðið úr skóla. Hins vegar er ekki í þessu frumvarpi tekið tillit til framtíðarinnar hvað varðar tekjur kvenna. Grunnur bótagreiðslna eru tekjur næstliðins árs. Tekjur kvenna eru nú í flestum stéttum u.þ.b. 70% af tekjum karla og munurinn er því meiri sem um tekjuhærri stéttir er að ræða. Samkvæmt þessum grunni byggjast bótagreiðslur til kvenna á því að svona muni ástandið verða um aldur og ævi. Þótt tekjumunur milli kynja yrði að engu orðinn eftir 15 ár mundi konan sem slasaðist nú ekki njóta þeirra breytinga til jafns við kynsystur sínar. Þetta telur minni hlutinn alvarlegan ágalla á frumvarpinu. Minni hlutinn spurðist fyrir um möguleika á því að setja endurskoðunarákvæði í frumvarpið til að hægt væri að endurmeta tekjutap í ljósi breyttra aðstæðna, t.d. eftir ákveðinn árafjölda. Ekki reyndist vilji innan nefndarinnar til að kanna þá leið nánar þar sem slíkt var talið mjög erfitt í framkvæmd. Rétt er að benda á að unnt er að taka tillit til sérstakra aðstæðna þegar bætur eru ákveðnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, en það mat miðast við tekjur áður en slys á sér stað en ekki mat á framtíðartekjum. Einnig er í 11. gr. kveðið á um að tjónþoli geti fengið miska sinn eða örorku endurmetinn, en þar er aðeins gert ráð fyrir að það sé hægt vegna læknisfræðilegra ástæðna, ekki fjárhagslegra. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að leita leiða til að koma inn í íslenskan skaðabótarétt ákvæðum um að hægt sé að fá fjárhagslegt tjón endurmetið í ljósi nýrra aðstæðna, ekki síður en læknisfræðilegt tjón. Nokkuð virðist skorta á að slíkt réttlætismál njóti skilnings eins og sakir standa og því þarf að finna viðunandi tæknilega útfærslu og vinna hugmyndunum stuðning ef unnt á að vera að leiðrétta þennan ágalla frumvarpsins. Það er mjög brýnt að mati minni hlutans.

Staða nema og heimavinnandi fólks.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um bætur til þeirra sem ekki njóta vinnutekna. Stærstu hóparnir, sem falla undir þessa grein, eru börn, ungmenni í námi og heimavinnandi fólk. Í frumvarpinu er farin sú leið að hafa bætur til þessara hópa staðlaðar og miðaðar við miskastig. Þannig á ekki að vera hægt að ákvarða konum og körlum mismunandi bætur eins og væri ef miðað væri við áætlaðar meðaltekjur hvors kynsins fyrir sig á vinnumarkaði. Þetta telur minni hlutinn mjög mikilvægt. Því má segja að meira jafnræðis gæti milli kynja þegar í hlut á fólk sem ekki hefur atvinnutekjur en meðal útivinnandi fólks. Hins vegar geta komið upp nokkuð mismunandi aðstæður ef fólk er í hlutastörfum. Til glöggvunar birtir minni hlutinn nokkur dæmi til skýringar er hann fékk sérstaklega reiknuð í framhaldi af umræðum innan allsherjarnefndar. Þar eru bornar saman bætur sem 35 ára húsmóðir í 30% eða 60% starfi utan heimilis fengi samkvæmt núgildandi reglum og samkvæmt frumvarpinu. Dæmin eru reiknað út frá þrenns konar vinnutekjum. Hér er vitanlega um tilbúin dæmi að ræða en þau ættu að gefa nokkra mynd af veruleikanum. Í

dæmunum er ekki tekið tillit til bóta frá lífeyrissjóðum. Ekki er getið um aðrar bætur en fyrir varanlega örorku, en við þetta bætast miskabætur o.fl., sjá fylgiskjal.

Ljóst er að heimavinnandi fólk fær í sumum tilvikum hærri bætur en láglaunafólk. Minni hlutinn telur eðlilegra að meta heimilisstörf á þennan hátt en að miða við lágmarkstaxta eins og allt of oft er gert. Minni hlutinn styður því þá leið sem valin er í frumvarpinu. Hins vegar sýna þessi dæmi hvílík smánarlaun eru greidd á vinnumarkaði og ítrekar þá staðreynd að konur fylla láglaunahópana hvar í stétt sem þær standa.

Í þessu frumvarpi er ekki tekið á því hvernig bætur skila sér til tjónþola. Möguleikar á innheimtu bóta eru mismunandi eftir því hvort tjónþoli lendir í bílslysi eða verður fyrir árás misindismanns sem ekki er borgunarmaður fyrir dæmdum bótum. Það hlýtur að vera næsta verkefni í skaðabótarétti að bæta úr þessum ágalla.

Minni hlutinn styður frumvarpið í heild en telur rétt að benda á þessi atriði öðrum fremur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1993.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Fylgiskjal.

Samanburður á núgildandi venju á greiðslu bóta og þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Slasaði: 35 ára húsmóðir í 30% starfi utan heimilis.
Örorka 100%.
Laun í kr. á mánuði. Aðrar fjárhæðir í þús. kr.

Núgildandi venja			
Tekjugrundvöllur á mánuði	70.000	130.000	200.000
Árslaun	840.000	1.560.000	2.400.000
Vinnutekjur og -tap (30%)	21.000	39.000	60.000
Tapaðar húsmóðurtekjur	30.000	30.000	30.000
Núvirði taps (í þús. kr.)	8.433	11.409	14.881
Frádráttur vegna skatta og eingreiðslu í %	6	11	18
Frádráttur vegna skatta og eingreiðslu í kr.	506	1.255	2.679
Til frádráttar örorkulíf. TR	4.490	4.490	4.490
Bætur frá hinum skaðabótaskylda	3.437	5.664	7.713
Frumvarp			
Bætur skv. 8. gr. (90% af 16.000.000, sbr. 4. og 9. gr.)	14.400	14.400	14.400

Slasaði: 35 ára húsmóðir í 60% starfi utan heimilis.
Örorka 100%.
Laun í kr. á mánuði. Aðrar fjárhæðir í þús. kr.

Núgildandi venja			
Tekjugrundvöllur á mánuði	70.000	130.000	200.000
Árslaun	840.000	1.560.000	2.400.000
Vinnutekjur og -tap (60%)	42.000	78.000	120.000
Tapaðar húsmóðurtekjur	22.000	22.000	22.000
Núvirði taps (í þús. kr.)	10.582	16.535	23.479
Frádráttur vegna skatta og eingreiðslu í %	10	20	30
Frádráttur vegna skatta og eingreiðslu í kr.	1.058	3.307	7.044
Til frádráttar örorkulíf. TR	4.490	4.490	4.490
Bætur frá hinum skaðabótaskylda	5.034	8.738	11.946
Frumvarp			
Bætur skv. 6. gr.			
Tekjugrundvöllur á mánuði	70.000	130.000	200.000
Bætur 90% af 7,5-földum tekjugrundvelli	5.670	10.530	16.200
(Lækkun um 1% á ári frá og með 26 ára aldri til 35 ára aldurs, sbr. 9. gr.)			

1062. Lög [22. mál]

um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 22.

1063. Lög [518. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 875.

1064. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Orðin „á hinu Evópska efnahagssvæði“ í 1. gr. falli brott.

1065. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við 3. gr. Í stað 1. efnismgr. komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa tíu menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

1066. Fyrirspurn [585. mál]

til fjármálaráðherra um viðgerð á húsi Þjóðminjasafnsins.

Frá Svavari Gestssyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fallist á að hefja framkvæmdir við nýbyggingu fyrir Þjóðminjasafnið?
2. Hvenær hefjast viðgerðir á Þjóðminjasafninu á þessu ári fyrir þær 100 millj. kr. sem ætlaðar eru til verksins á fjárlögum?
3. Hve miklu fé hefur þegar verið varið til endurbóta á húsnæði Þjóðminjasafnsins 1991 og 1992, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1067. Frumvarp til laga [586. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, ásamt síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Á landsvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt nema til komi leyfi umhverfisráðherra að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs.

b. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein:
Kísilgúrnám á botni Mývatns er óheimilt. Þó er heimilt að vinna kísilgúr úr botni á tilteknu svæði í Ytriflóa til ársloka 2010. Svæði þetta er skilgreint nánar í námaleyfi til Kísiliðjunnar hf. útgefnu af iðnaðarráðherra 7. apríl 1993.

c. 4. mgr. orðast svo:
Þá eru heimilar án sérstaks leyfis byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mývatns- og Laxársvæðið í Suður-Þingeyjarsýslu er verndað með lögum nr. 36 frá árinu 1974. Auk þess njóta Mývatn og Laxá alþjóðlegrar verndar samkvæmt samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykktin) sem Ísland varð aðili að 2. desember 1977.

Mývatn og Laxá eru án efa auðugasta vatnakerfi landsins og eiga sér enga hliðstæðu á norðurhveli jarðar. Fegurð landslags við vatnið og ána er við brugðið og í Mývatnssveit eru fjölbreyttari jarðmyndanir en víðast annars staðar. Það er þó lífríki þessa svæðis sem gerir það einstætt og þá sérstaklega fuglalífið.

Í Mývatnssveit eru fjölbreytilegir landkostir sem hafa löngum verið undirstaða athafnasams mannlífs. Nýting þessara landkosta krefst varúðar eigi ekki að skaða sérstætt lífríki og landslag. Tilgangur laga nr. 36/1974 um Mývatn- og Laxársvæðið er að stuðla að verndun og er Náttúruverndarráði m.a. falið með lögunum að ákvarða hversu langt teljist óhætt að ganga í hvers konar atvinnustarfsemi á svæðinu þannig að verndun jarðsögulegra minja, landslags, dýralífs og gróðurs sé tryggð.

Þegar lögin um verndun Mývatns og Laxár tóku gildi hafði Kísiliðjan hf. starfað í rúm sex ár samkvæmt lögum nr. 80/1966. Með bréfi dags. 13. ágúst 1966 veitti iðnaðarráðherra Kísiliðjunni námaleyfi til 20 ára. Nýtt leyfi var gefið út 10. desember 1986 og gildir til ársins 2001 með ákvæðum um endurskoðun eftir fimm ár á þeim takmörkum sem vinnslunni voru sett í vatninu. Áður höfðu orðið töluverð átök um námaleyfið á milli þeirra sem vildu tryggja áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar og annarra sem töldu að kísilgúrnám á botni vatnsins hefði skaðleg áhrif á lífríki þess. Niðurstaða þeirrar deilu varð málamiðlun sem fólst m.a. í því að námavinnslan var takmörkuð við ákveðið svæði

í Ytriflóa fyrstu fimm árin. Jafnframt var skipuð nefnd sérfræðinga, sem var endurskipuð í janúar 1989, til „að gefa sérfræðilegt mat á því hver áhrif séu af starfrækslu Kísiliðjunnar á lífríki Mývatns og hverjar verði líklegar afleiðingar áframhaldandi starfsemi hennar fyrir lífríki vatnsins, verði starfsleyfi Kísiliðjunnar framlengt og vinnslusvæði hennar stækkað".

Sérfræðinganefnd þessi skilaði áliti í júlí 1991. Á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem þar eru fram settar, taldi nefndin fjóra kosti koma til greina hvað varðar framhald kísilgúrnáms í Mývatni án þess þó að taka afstöðu til þeirra:

1. Að loka Kísiliðjunni hið fyrsta og taka þannig enga áhættu varðandi frekari áhrif hennar á lífríki Mývatns.
2. Að framlengja eins og kostur er dælingu í Ytriflóa, þó þannig að áhrif á uppeldissvæði og fæðuöflunarsvæði varpfugla verði sem minnst og ekki verði verulegur setflutningur úr Syðriflóa í Ytriflóa.
3. Að leyfa takmarkaða vinnslu í Syðriflóa á svonefndum Bolum, en rannsaka jafnframt áhrif þeirrar vinnslu á lífríki vatnsins. Ef rannsóknir sýndu að slík áhrif yrðu óviðunandi mætti stöðva vinnsluna en leyfa í hennar stað aftur vinnslu í takmarkaðan tíma í Ytriflóa.
4. Að leyfa áframhaldandi dælingu kísilgúrs í Mývatni án nokkurra takmarkana.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er athygli sérstaklega beint að setflutningum í vatninu, áhrifum kísilgúrnámsins á þá og hugsanlegri röskun á lífríki vatnsins vegna þeirra.

Iðnaðarráðherra skipaði í ársbyrjun 1992, í samráði við umhverfisráðherra, ráðgjafahóp til að gera tillögu um rannsóknaáætlun er taki til breytinga á setflutningum sem orsakast af námavinnslu Kísiliðjunnar og meti áhrif þeirra á lífkerfi vatnsins. Jafnframt var hópnum falið að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja hvað varðar takmarkanir á kísilgúrnámi verksmiðjunnar meðan á rannsókn stendur. Ráðgjafahópurinn skilaði áliti í mars 1992 þar sem m.a. var lagt til að efnistaka Kísiliðjunnar hf. úr botni Mývatns verði áfram á sama svæði og áður í Ytriflóa meðan frekari rannsóknir verða gerðar á setflutningum, en námaleyfið yrði síðan endurskoðað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður þeirra rannsókna lægju fyrir.

Iðnaðarráðherra breytti námaleyfinu í samræmi við tillögu ráðgjafahópsins 1. apríl 1992 og umhverfisráðherra skipaði starfshóp 6. maí 1992 til að annast rannsóknirnar. Í þriggja ára rannsóknaáætlun, sem hópurinn vann eftir, voru fram settar eftirfarandi fjórar meginspurningar:

1. Hvernig er setflutningum háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand?
2. Hvernig er líklegt að setflutningum hafi verið háttað fyrir námavinnslu og landris?
3. Hvernig er líklegt að setflutningar breytist við áframhaldandi kísilgúrnám miðað við mismunandi staðsetningu námasvæða?
4. Hver eru líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríkið?

Gert var ráð fyrir að á fyrsta ári rannsóknanna fengjust svör við fyrstu þremur spurningunum sem allar sneru beint að flutningi setefna í vatninu en áhersla yrði lögð á lífríkisþáttinn síðari tvö ár rannsóknanna.

Verkefnishópurinn skilaði greinargerð 26. mars 1993 um niðurstöður rannsókna ársins 1992. Rannsóknirnar beindust annars vegar að mælingum á straumum og setflutningum í vatninu og vindi við vatnið og hins vegar að gerð reiknilíkans til að líkja eftir straumum og setflutningum í vatninu. Líkanið var síðan notað til þess að meta hvernig setflutningum er háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand og hvernig því var háttað fyrir námavinnslu Kísiliðjunnar hf. og landris samhliða Kröflueldum. Líkanið var

einnig notað til þess að áætla breytingar á setflutningum í vatninu miðað við mismunandi staðsetningu nýrra námasvæða fyrir verksmiðjuna. Helstu niðurstöður þessara rannsókna eru:

1. Setflutningar í Mývatni ráðast fyrst og fremst af vindknúðum straumum í vatninu, einkum suðvestlægum vindum. Setflutningar verða mun meiri þegar vindhraði fer yfir 5 vindstig en áður hefur verið talið og samsvarar það magn sem á ferðinni er nýmyndun sets í mörg ár.
2. Ytriflói er tiltölulega einangraður frá syðri hluta vatnsins hvað varðar strauma og setflutninga. Óverulegar breytingar hafa átt sér stað hvað varðar setflutninga frá Ytriflóa til Syðriflóa við þá röskun sem orðið hefur vegna námavinnslu Kísiliðjunnar og landriss vegna eldsumbrota.
3. Frekari námavinnsla í Ytriflóa mun ekki hafa teljandi áhrif á Syðriflóa, a.m.k. ekki í tengslum við strauma og setflutninga. Jafnframt eru vinnslumöguleikar í Ytriflóa talsvert meiri en áður hefur verið talið.
4. Námavinnsla á svokölluðum Bolum í Syðriflóa mundi samkvæmt líkaninu hafa veruleg áhrif á setflutninga og strauma í Syðriflóa á Bolum. Settap í gryfjum á Bolum yrði mun meira en nýmyndun sets á Bolum. Að mati verkefnishópsins hefði langvarandi námavinnsla á Bolum í för með sér verulegar breytingar á lífsskilyrðum í Mývatni. Sú námavinnsla, sem helst er talin möguleg sunnan Teigasunds, er vinnsla grunnra gryfja til suðurs frá Neslandatanga eða djúpra gryfja með lítið flatarmál á norðanverðum Bolum eða sambland af báðum þessum kostum.

Þessar niðurstöður veittu skýrari svör en búist var við, sérstaklega hvað varðar þá áhættu sem tekin yrði með því að heimila námavinnslu í Mývatni sunnan Teigasunds. Ljóst þykir að námavinnsla í Syðriflóa getur haft í för með sér verulegar breytingar á lífsskilyrðum í Mývatni.

Iðnaðarráðherra gaf út nýtt námaleyfi fyrir Kísiliðjuna hf. í samráði við umhverfisráðherra 7. apríl 1993. Við leyfisveitinguna var tekið mið af niðurstöðum rannsókna og þeim félagslegu og fjárhagslegu hagsmunum sem í húfi eru fyrir íbúa svæðisins og þjóðfélagið í heild. Ákveðið var að kísilgúrnám af botni Mývatns verði bundið við afmarkað svæði í Ytriflóa en námaleyfið jafnframt framlengt til ársloka 2010 í því skyni að eyða óvissu um framtíð fyrirtækisins. Þau svæði, sem ekki verður heimilt að vinna kísilgúr úr í Ytriflóa, eru þýðingarmikil fyrir afkomu fugla- og fiskstofna Mývatns og Laxár. Þar eru t.d. riðastöðvar urriða og svæði sem eru íslaus að vetrum og því athvarf fyrir þær endur sem hafa vetursetu á Mývatni og Laxá. Þessar vakir eru einnig þýðingarmiklar fyrst á vorin þegar aðrar andategundir koma til Mývatns af vetrarstöðvum sínum í Evrópu. Á þeim svæðum í Ytriflóa, þar sem óheimilt verður að vinna kísilgúr, eru einnig mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir andarunga og helstu fæðuöflunarsvæði gráanda. Þarna er einnig verulegur hluti flórgoðastofnsins á Íslandi sem þýðir að verði lífsskilyrði hans á þessu svæði skert að ráði er hætta á að stofninn minnki verulega eða hverfi.

Sú ákvörðun, sem tekin var með útgáfu nýs námaleyfis, að heimila kísilgúrnám í Mývatni til ársins 2010 en takmarka vinnsluna við tiltekið svæði í vatninu á að tryggja að ekki verði um verulega röskun á lífríki vatnsins að ræða vegna kísilgúrnáms í framtíðinni. Mat þetta er byggt á þeirri vitneskju sem liggur fyrir um dýr og gróður og um eðli og umfang strauma og setflutninga í vatninu. Það er skoðun umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis að með ákvörðun þessari hafi náðst ásættanleg lausn þar sem í senn er tekið tillit til umhverfisverndar og atvinnusjónarmiða.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár er flutt með hliðsjón af þessari sameiginlegu niðurstöðu umhverfis- og iðnaðarráðuneytis.

Eðlilegt þykir að gera einnig þá breytingu á lögunum að umhverfisráðherra veiti leyfi skv. 3. gr. í stað Náttúruverndarráðs. Breyting þessi er liður í endurskoðun á hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála sem leiðir af stofnun umhverfisráðuneytis. Náttúruverndarráð fjallaði um frumvarp þetta á fundi sínum 6. apríl 1993 og samþykkti að mæla eindregið með að frumvarpið verði að lögum.

1068. Nefndarálit [352. mál]

um till. til þál. um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Kvennaráðgjöfinni, Dómarafélagi Íslands, Stígamótum, Tryggingastofnun ríkisins og Kvennaathvarfinu.

Í málinu er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem kanni hvort grundvöllur sé til þess að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Við umfjöllun tillögunnar í nefndinni kom fram það sjónarmið að full ástæða væri til þess að kanna hvort ríkið ætti að ábyrgjast greiðslu bóta vegna ofbeldisbrota almennt. Til þess að tryggja að svo yrði gert leggur nefndin til að texta tillögugreinarinnar verði breytt. Hins vegar má nefna að sérstaklega hefur verið vakin athygli á að vandamál hafa risið við innheimtu bóta vegna kynferðislegs ofbeldis. Kynferðisbrot eru í eðli sínu afar viðkvæm brot. Þegar miskabætur eru dæmdar í slíkum málum eru þær m.a. hugsaðar sem bætur fyrir andlegt tjón, þjáningar og óþægindi sem brotaþoli hefur orðið fyrir. Er brotaþoli settur í mjög óþægilega stöðu þegar hann þarf að sækja slíkar bætur með málarekstri eins og um venjulegt skuldamál sé að ræða. Þess má geta að í Evrópusamningnum frá 24. nóvember 1983, um bætur til fórnarlamba ofbeldisbrota, eru ákvæði um skyldu ríkis til að tryggja greiðslu dæmdra skaðabóta og hafa önnur norræn ríki sett ýmis lagaákvæði um slíka skyldu. Ísland er ekki aðili að samningnum.

Nefndin álítur nauðsynlegt og tímabært að kanna þessi mál. Athuga þarf umfang og tíðni ofbeldisbrota, þar á meðal kynferðisbrota, dæmdar bætur, hvaða kostnað umrætt fyrirkomulag hefði í för með sér fyrir ríkið og hvort önnur úrræði en ríkisábyrgð á bótagreiðslum kæmu sér ef til vill betur. Hafa þarf enn fremur í huga þau varnaðaráhrif sem refsirétti er ætlað að hafa. Það verður að vera skýrt að ekki er ætlunin að draga úr ábyrgð brotamanns á gjörðum sínum.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ólafur Þ. Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson. | Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson. | Ingi Björn Albertsson. | Kristinn H. Gunnarsson.

Sigbjörn Gunnarsson. | Jón Helgason.

1069. Breytingartillögur [352. mál]

við till. til þál. um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota.

1070. Svar [473. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skattframtöl.

1. Hve stór hópur skattgreiðenda fékk áætlaðan skatt árin 1991 og 1992 sökum þess að ekki var skilað skattframtali eða framtal talið ófullnægjandi? Hefur sá hópur stækkað borið saman við fyrri ár?

	Fjöldi	Hlutfall af heildarfjölda (í %)
Einstaklingar sem fengu áætlun:		
1992	8.092	4,11
1991	8.018	4,14
1990	9.426	4,89
1989	9.698	5,18
Þar af launamenn:		
1992	5.708	3,40
1991	5.823	3,49
1990	7.120	4,26
1989	6.855	4,21

Þar af einstaklingar með atvinnurekstur:		
1992	2.384	8,29
1991	2.195	8,06
1990	2.306	8,99
1989	2.843	11,55
Lögaðilar sem fengu áætlun:		
1992	2.422	26,31
1991	2.502	26,78
1990	2.860	30,71
1989	2.437	24,75

Hvað varðar síðari málslið þessarar fyrirspurnar þá fækkar þeim framteljendum sem ekki skila skattframtali á framtalsárunum 1991 og 1992 miðað við fyrri ár.

Framangreindar upplýsingar eru samkvæmt álagningarskrá, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en þá hefur ekki verið tekið tillit til afgreiðslu slíkra mála fyrir viðkomandi framtalsár hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra.

2. *Að hve miklu leyti er um sömu skattgreiðendur að ræða og ekki skiluðu skattframtali árin 1991 og 1992 borið saman við síðustu ár á undan?*

Þeim framteljendum, sem sendu ekki skattframtöl til skattstjóra fyrir framlagningu álagningarskráa framtalsárin 1991 og 1992, hafa verið áætlaðar tekjur og eign við álagningu tekjuskatts og eignarskatts álagningarárin 1989, 1990, 1991 og 1992 eins og eftirfarandi yfirlitstöflur sýna:

a. Á árunum 1992 og 1991 hafa skattstjórar áætlað 4.579 framtöl fyrir 3.661 einstakling með atvinnurekstur. Af þeim hafa:
   506 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinnum á fjórum árum) 13,82%
   682 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 18,63%
   988 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 26,99%
   1.485 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 40,56%
b. Á árunum 1992 og 1991 hafa skattstjórar áætlað 11.531 framtal fyrir 10.402 launamenn. Af þeim hafa:
   767 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinnum á fjórum árum) 7,94%
   1.247 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 12,90%
   2.268 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 23,47%
   5.383 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 55,70%
c. Á árunum 1992 og 1991 hafa skattstjórar áætlað 4.924 framtöl fyrir 3.709 lögaðila. Af þeim hafa:
   426 verið áætlaðir í 4 ár (sami aðili fjórum sinnum á fjórum árum) 11,49%
   1.014 verið áætlaðir í 3 ár (sami aðili þrisvar sinnum á fjórum árum) 27,34%
   925 verið áætlaðir í 2 ár (sami aðili tvisvar sinnum á fjórum árum) 24,94%
   1.344 verið áætlaðir í 1 ár (sami aðili einu sinni á fjórum árum) 36,24%

3. *Hvernig er hópurinn, sem áætlað var á, samsettur, þ.e.*
   a. launþegar,
   b. atvinnurekendur, skipt á helstu atvinnugreinar?

Svar við a-lið er að finna í svörum við 1. og 2. spurningu.

Svar við b-lið er að finna í eftirfarandi yfirliti sem annars vegar sýnir einstaklinga með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og lögaðila á framtalsárunum 1991 og 1992.

	1991	1992
Einstaklingar með atvinnurekstur:		
Landbúnaður	293	281
Útgerð, fiskveiðar o.fl.	121	112
Iðnaður	176	167
Byggingar og framkvæmdir	353	320
Veitustofnanir o.fl.	2	0
Verslun	299	249
Flutningar, samgöngur	201	195
Þjónustugreinar	352	395
Ótilgreint	398	665
Samtals	**2.195**	**2.384**
Lögaðilar:		
Landbúnaður	24	18
Útgerð, fiskveiðar o.fl.	102	135
Iðnaður	337	290
Byggingar og framkvæmdir	185	157
Veitustofnanir o.fl.	2	2
Verslun	606	547
Flutningar, samgöngur	52	38
Þjónustugreinar	334	260
Ótilgreint	860	975
Samtals	**2.502**	**2.422**

Það ber að hafa í huga að á skrá, og meðtalinn á yfirliti um lögaðila, er verulegur fjöldi lögaðila sem í raun er ekki með neina starfsemi en hefur hvorki verið slitið né felldur formlega af fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

4. *Hvað líður þeirri breytingu á framkvæmd álagningar tekjuskatts á einstaklinga utan rekstrar, sem ráðherra boðaði í svari við fyrirspurn 7. nóvember 1991, að skattyfirvöld útbúi skattframtöl á grundvelli fyrirliggjandi gagna sem prentuð verði á þau eyðublöð sem einstaklingum eru send?*

Vinnuhópur, sem vann á vegum ríkisskattstjóra að athugunum í þessu máli, skilaði ítarlegri skýrslu til ríkisskattstjóra á árinu 1992.

Ekki er hægt að svo komnu máli að tímasetja hvenær umræddar breytingar geta orðið en áfram er unnið að málinu.

1071. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er hið síðara um veitingu ríkisborgararéttar á þessu löggjafarþingi. Afgreiðsla málsins í nefndinni var með hefðbundnu sniði, formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Farið var yfir nýjar umsóknir og umsóknir er hlutu ekki afgreiðslu á haustþingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sigbjörn Gunnarsson.

1072. Breytingartillaga [444. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Dani, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1965 í Marokkó.
2. Andri Lars Guðmundsson, barn í Reykjavík, f. 5. júlí 1992 í Reykjavík.
3. Anna María Guðmundsdóttir, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. janúar 1956 á Sauðárkróki.
4. Antun, Lucic, fiskvinnslumaður á Djúpavogi, f. 3. ágúst 1949 í Júgóslavíu.
5. Arnar Gunnlaugsson, verkamaður í Keflavík, f. 28. desember 1948 í Reykjavík.
6. Biondani, Sarah, yfirkennari í Reykjavík, f. 15. júlí 1948 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
7. Bonilla, Victor, aðstoðarprentari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1968 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Bradley, Sean Aloysius, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1957 á Írlandi. Fær réttinn 23. september 1993.
9. Caballa, Maria Lourdes, saumakona í Reykjavík, f. 30. júní 1956 á Filippseyjum.
10. Cabero, Grisel Urquieta, nemi á Seltjarnarnesi, f. 28. júní 1961 í Bólivíu.

11. Cariglia, John Julius, nemi á Akureyri, f. 14. ágúst 1974 á Akureyri.
12. Cariglia, Nicholas John, læknir á Akureyri, f. 6. desember 1946 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
13. Cisneros, Evangeline Rodrigo, verkakona á Akureyri, f. 5. febrúar 1951 á Filippseyjum.
14. Cupal, Concordia Hinampas, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1945 á Filippseyjum.
15. Deriveau, Marie Nicole Antoinette Lizin, skelvinnslukona í Stykkishólmi, f. 2. mars 1944 í Zaire.
16. Dervic, Izudin, knattspyrnuþjálfari í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
17. Dicdican, Emiliana Apostol, húsmóðir á Djúpavogi, f. 8. ágúst 1958 á Filippseyjum.
18. El Asri, Mohamed, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 8. mars 1967 í Marokkó. Fær réttinn 17. september 1993.
19. Faber, Berta Lucille, kennari í Hafnarfirði, f. 21. september 1962 í Saudi-Arabíu.
20. Fei, Hou Xiao, íþróttaþjálfari í Reykjavík, f. 26. nóvember 1956 í Kína.
21. Gala, Domenico, verkamaður í Hafnarfirði, f. 13. október 1965 á Ítalíu.
22. Gao, Li, verkakona í Kópavogi, f. 1. desember 1957 í Kína.
23. Garcia, Genaida Talledo, verkakona í Reykjavík, f. 3. apríl 1959 á Filippseyjum. Fær réttinn 7. júlí 1993.
24. Gledhill, Margrét, talsímavörður í Reykjavík, f. 29. nóvember 1966 í Englandi.
25. Grigory Reimarsson, verkamaður í Borgarnesi, f. 13. febrúar 1971 í fyrrum Sovétríkjunum.
26. Guðrún Dalia Salómonsdóttir, barn í Reykjavík, f. 8. janúar 1981 í Reykjavík.
27. Hansen, Annette Marie, verkakona á Akureyri, f. 27. september 1968 á Akureyri.
28. Hassan, Mohammed Sameh, þjónn í Keflavík, f. 25. mars 1965 í Egyptalandi.
29. Huntingdon-Williams, Martin Edward, arkitekt í Reykjavík, f. 13. júlí 1955 í Englandi.
30. Jarotram, Kanlaya, verkakona í Hveragerði, f. 30. nóvember 1966 í Tælandi.
31. Jerman, Stanko, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 12. október 1951 í Júgóslavíu.
32. Jimma, Mamo Dabaly Huru, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. 9. október 1962 í Kenýa.
33. Juul, Jancy Jutta, húsmóðir á Hvammstanga, f. 25. ágúst 1944 í Færeyjum.
34. Kader, Metin, hótelstarfsmaður í Reykjavík, f. 18. janúar 1961 í Tyrklandi. Fær réttinn 7. september 1993.
35. Kawy, Mahdia Mohamed Abdel, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. ágúst 1946 í Egyptalandi.
36. Kemtiko, Gertraude Maria, fóstra á Seltjarnarnesi, f. 20. nóvember 1936 í Austurríki.
37. Knowles, Roy David, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 3. júlí 1958 í Englandi.
38. Kolandavelu, Suresh Samuel Madhukar, vélvirki í Reykjavík, f. 10. febrúar 1954 á Indlandi.
39. Kostic, Luca, íþróttaleiðbeinandi á Akranesi, f. 12. september 1958 í Júgóslavíu.
40. Kostic, Svetlana, húsmóðir á Akranesi, f. 5. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
41. Kristín Ragnhild Ragnvaldsdóttir, nemi í Kópavogi, f. 5. maí 1969 í Reykjavík.
42. Kristjánsson, Linda Karen, nemi í Reykjavík, f. 19. október 1960 í Kanada.
43. Legaspi, Maria Meriam Gerarman, verkakona á Akureyri, f. 21. ágúst 1957 á Filippseyjum.

44. Maguire, Anna Catherine, tónlistarkona í Reykjavík, f. 28. desember 1959 í Englandi. Fær réttinn 23. september 1993.
45. Martino, Anthony, sölumaður í Reykjavík, f. 21. júlí 1945 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
46. McCormick, Charles Edwin, vélamaður í Njarðvík, f. 26. nóvember 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
47. Munoz, Marietta Calma, iðnverkakona á Akureyri, f. 27. október 1961 á Filippseyjum.
48. Niclasen, Ása Thurid, húsmóðir í Grindavík, f. 7. apríl 1943 í Færeyjum.
49. Nielsen, Fryolf Arvid Vilfred, verkstjóri á Eyrarbakka, f. 13. apríl 1933 í Færeyjum.
50. Nielsen, Jens Jørgen Fischer, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 1. janúar 1917 í Danmörku.
51. Palmero, Juan Francisco Valencia, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1960 á Spáni.
52. Passaro, Leno Hreiðar, sjómaður á Siglufirði, f. 22. nóvember 1972 í Englandi.
53. Passaro, Renzo Gustav, nemi á Siglufirði, f. 2. janúar 1976 í Englandi.
54. Patterson, Gordon Herbert Matthew, vélvirki í Vogum, f. 30. desember 1957 í Skotlandi.
55. Paulsen, Eyrún Petrina, hárgreiðslukona í Hafnarfirði, f. 8. febrúar 1946 í Hafnarfirði.
56. Perez, Eva Batulan, verkakona í Ólafsvík, f. 9. nóvember 1965 á Filippseyjum.
57. Piras, Vincenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 17. maí 1964 á Ítalíu.
58. Porca, Salih, knattspyrnumaður í Reykjavík, f. 30. nóvember 1965 í Júgóslavíu.
59. Poulsen, Ib Georg, næturvörður í Reykjavík, f. 16. mars 1944 í Danmörku.
60. Puawkloom, Ladda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. ágúst 1963 í Tælandi.
61. Puttha, Suphan, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. desember 1962 í Tælandi.
62. Qase, Amal, nemi í Reykjavík, f. 25. desember 1963 í Sómalíu.
63. Qin, Zhang Xiao, líffræðingur á Seltjarnarnesi, f. 3. apríl 1955 í Kína.
64. Sanchez, Gladys Noemi Shedan, verkakona í Reykjavík, f. 22. júlí 1954 í Perú.
65. Scala, Róbert Paul, sjómaður í Reykjavík, f. 29. ágúst 1963 í Reykjavík.
66. Shwaiki, Ibrahim Barakat Salem, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 í Jórdaníu.
67. Si Said, Allaoua, verkamaður í Reykjavík, f. 23. mars 1958 í Frakklandi.
68. Slamnig, Suncana, píanókennari á Egilsstöðum, f. 8. september 1959 í Júgóslavíu.
69. Tassinari, Lorenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1959 á Ítalíu.
70. Terrazas, Anna Lísa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 13. mars 1969 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
71. Thomsen, Julian Jón, lagermaður í Reykjavík, f. 28. febrúar 1973 í Reykjavík.
72. Truong, My Hoa, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 18. maí 1959 í Víetnam. Fær réttinn 30. september 1993.
73. Valadbigi, Behzad, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1956 í Íran. Fær réttinn 21. september 1993.
74. Velemir, Slavko, sjómaður á Skagaströnd, f. 1. janúar 1964 í Júgóslavíu.
75. Wardum, Eyðstein, sjómaður í Garðabæ, f. 7. apríl 1965 í Færeyjum.
76. West, David, prestur í Reykjavík, f. 21. júní 1943 á Norður-Írlandi.
77. Wuthitha, Sukalaya, framreiðslukona í Keflavík, f. 8. september 1965 í Tælandi.

78. Yeatman, Bronwen, póstafgreiðslukona á Stöðvarfirði, f. 4. júní 1954 á Nýja-Sjálandi.
79. Zamudio Ayjarí, Redy Luz, leiðsögumaður á Ísafirði, f. 14. október 1961 í Perú.
80. Överby, Gunnar Atli, sjómaður í Reykjavík, f. 26. október 1951 í Noregi.

1073. Frumvarp til laga [77. mál]

um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipun 89/48EBE sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

Lög þessi gilda einnig um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

2. gr.

Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, svo og norrænir ríkisborgarar sem uppfylla skilyrði þeirrar tilskipunar eða samninga sem falla undir 1. gr., eiga rétt á að gegna hér á landi starfi sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Þau stjórnvöld, sem fara með málefni er varða hlutaðeigandi starf, skulu sjá um að skilyrði þau sem greinir í 2. gr. til að gegna starfinu hafi verið uppfyllt.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipun þeirri eða samningum sem falla undir 1. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna prófs eða viðbótarmenntunar. Ráðherra setur og reglur um gjöld er krefja má vegna umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem falla undir 1. gr. Nánari ákvæði um þá framkvæmd skulu sett í reglugerð.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið, svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, sbr. 4. gr., geta krafið umsækjanda um upplýsingar, sem þörf er á, til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

1074. Frumvarp til laga [21. mál]

um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE, eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, skulu hafa lagagildi hér á landi.

Reglugerðin, eins og hún hefur verið aðlöguð, sbr. 1. mgr., er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint tilmælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Vinnuveitendasamband Íslands annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

Komi upp ágreiningur um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar 1612/68 séu haldin er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu auk fulltrúa skv. 1. mgr. tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af fjármálaráðherra eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launþega eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

3. gr.

Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd eftirlits skv. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal.

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI

ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA

I. BÁLKUR

Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

— þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða

— þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;

b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;

c) binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði, eða á landsmælikvarða, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda, samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963[1].

[1] Stjtíð. EB nr. 159, 2. 11. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR

Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið[1]; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1] Reglugerð (EBE) nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði, það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:

a) maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;

b) ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.

2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI

ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR

I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða Fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.

Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.

EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum.

2. Í samvinnu við umsjónarnefndina skal fastanefnd EFTA ákvarða hvernig farið skuli með gögnin sem greint er frá í 1. mgr. og hve oft skuli skipst á upplýsingum. Til að meta ástand á vinnumarkaði skulu EFTA-ríkin nota samræmdar viðmiðanir, sem fastanefnd EFTA setur fram í samræmi við störf umsjónarnefndarinnar samkvæmt d-lið 33. gr., að fengnu áliti ráðgjafarnefndarinnar.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður í samráði við umsjónarnefndina, skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við þá launþega sem hlut eiga að máli.

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda mánaðarlega hið minnsta skýrslu til þjónustuskrif-

stofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA sem sýnir eftir starfsgreinum og svæðum:

a) störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði;

b) starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til hlutaðeigandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa.

2. Skýrslunum sem um getur í 1. mgr. skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal setja upp, í samvinnu við umsjónarnefndina.

16. gr.

1. Tilkynna skal um sérhvert laust starf, sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlunum EFTA-ríkis og ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði en manna má innan EES á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr., þar til bærum vinnumiðlunum EES-ríkis sem hefur gefið til kynna að það hafi mannafla á lausu í sömu starfsgrein í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bókunar 1.

2. Vinnumiðlanirnar skulu senda upplýsingar um gildar umsóknir til vinnumiðlana fyrra EFTA-ríkisins í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bókunar 1. Á 18 daga tímabili frá því að tilkynning hefur borist um laust starf til vinnumiðlana síðara EFTA-ríkisins skulu umsóknirnar lagðar fyrir vinnuveitendur með sama forgangi og innlendir launþegar hafa umfram ríkisborgara frá ríkjum utan EES. Á ofangreindu tímabili skal því aðeins senda tilkynningar um laus störf til ríkja utan EES að EES-ríkið sem í hlut á telji að ekki sé nægilegt vinnuafl að fá innan EES-ríkjanna í viðkomandi störf.

3. Ákvæði 1. mgr. ná ekki til starfa sem hafa verið boðin launþegum frá ríkjum utan EES þegar:

a) slíkt tilboð er gert ákveðnum launþega og er í eðli sínu sérstakt vegna þess að um er að ræða:

   i) sérstakar hæfniskröfur eða trúnaðarstarf eða fyrri starfstengsl;

   ii) fjölskyldutengsl, annaðhvort milli vinnuveitanda og launþegans sem í hlut á, eða milli hins síðarnefnda og launþega sem hefur verið í fastri vinnu við fyrirtækið í eitt ár hið minnsta.

Liðum i) og ii) skal beita í samræmi við ákvæðin sem sett eru í viðaukanum;

b) ráðið er í slík störf úr tiltölulega einsleitum hópi árstíðabundins vinnuafls þar sem að minnsta kosti einum tilteknum aðila hefur verið boðið starf;

c) vinnuveitendur bjóða slík störf launþegum sem búa á svæðum sem liggja sitt hvorum megin við landamæri EES-ríkis og ríkis sem ekki er EES-ríki;

d) vinnuveitendur bjóða skylaust launþegum frá ríkjum utan EES störf með tilliti til þess að starfsemi fyrirtækisins raskist ekki og vinnumiðlanirnar, sem hafa látið málið til sín taka til að tryggja rétt innlendra launþega eða launþega frá hinum EES-ríkjunum, hafi komist að þeirri niðurstöðu að um réttlætanlegar ástæður sé að ræða.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:

   i) á grundvelli skýrslnanna sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

   ii) koma á beinum tengslum við ráðstöfun:

      — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;

      — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;

      — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum sem varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. EFTA-ríkin sem hlut eiga að máli skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir

þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er upp úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega tvisvar á ári:

— árangur aðgerða EES við ráðstöfun lausra starfa;

— hve margir ríkisborgarar ríkja utan EES hafa verið ráðnir;

— fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði og, að svo miklu leyti sem kostur er, tilflutning mannafla innan EES.

2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum EES-ríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

20. gr.

1. Þegar röskun, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði EFTA-ríkis ber því ríki að tilkynna um það til eftirlitsstofnunar EFTA og hinna aðildarríkjanna og veita þeim nánari upplýsingar um málsatvik.

2. EFTA-ríkin og eftirlitsstofnun EFTA skulu grípa til allra tilheyrilegra ráðstafana til að koma slíkum upplýsingum á framfæri innan EES svo að menn sæki ekki um störf á því svæði eða í þeirri atvinnugrein.

3. Með fyrirvara um beitingu sáttmálans og bókana sem honum fylgja geta EFTA-ríkin sem um getur í 1. mgr. farið fram á það við eftirlitsstofnun EFTA að hún lýsi því yfir, til að koma aftur á eðlilegu ástandi á því svæði eða í þeirri atvinnugrein, að starfsemi ráðningarkerfisins sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr. skuli felld niður að hluta eða að öllu leyti.

Ekki seinna en tveimur vikum eftir að slík beiðni berst skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun um niðurfellinguna og hve lengi hún skuli standa. Hvaða EFTA-ríki sem er getur farið fram á það við fastanefnd EFTA, þó aðeins innan tveggja vikna, að það ógildi eða breyti slíkri ákvörðun. Fastanefnd EFTA skal bregðast við beiðni af þessu tagi innan tveggja vikna.

4. Hafi slík niðurfelling orðið skulu vinnumiðlanir annarra EES-ríkja, sem hafa gefið til kynna að þær hafi launþega á sínum snærum, ekki grípa til neinna ráðstafana til að manna laus störf sem tilkynning hefur borist um til þeirra beint frá vinnuveitendum í EES-ríkjunum sem getið er um í 1. mgr.

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1]

21. gr.

Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla undir framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 13. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

[1] Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a) samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b) vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;

c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI

NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu, með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;

b) gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;

c) koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d) láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á, að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni; eða varamaður hans, skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meirihluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minnihlutans, fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1]

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

[1] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a) koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;

b) móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;

c) auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;

d) kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR
Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 29. gr. EES-samningsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

— sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar, eða

— samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega, á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema, í samræmi við skilmála sáttmálans, takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum, í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna sem um getur í III. hluta skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, samanber þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

Fyrir hönd ráðsins,
G. SEDATI forseti.

VIÐAUKI

Til skýringar við a-lið 3. mgr. 16. gr.:

1) Með orðunum „sérstakar hæfniskröfur" er átt við æðri eða óvenjulega menntun og hæfi innan verksviðs eða starfsgreinar þar sem sérhæfðrar tækniþekkingar er krafist. Þegar um er að ræða árstíðabundið vinnuafl, sem ráðið er í hópum, skal þessi skilgreining gilda um verkstjóra.

2) Með orðinu „trúnaðarstarf" er átt við starf þar sem venjulega er krafist í gistilandinu sérstaks trúnaðartrausts milli vinnuveitanda og launþega.

3) Með orðunum „fyrri starfstengsl" er átt við það þegar vinnuveitandi óskar eftir að ráða til sín launþega sem hefur áður starfað hjá honum á því yfirráðasvæði aðildarríkis í að minnsta kosti tólf mánuði á síðustu fjórum árum.

4) Með orðinu „fjölskyldutengsl" er átt við tengsl vegna hjúskapar eða skyldleika í fyrsta og annan lið á milli vinnuveitanda og launþega og skyldleika í fyrsta lið á milli tveggja launþega.

1075. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Við lög nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu, bætist ný grein, 18. gr., svohljóðandi:

Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins vera undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

Sama undanþága gildir varðandi skilyrði um heimilisfesti á Íslandi, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga þessara.

Ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu eigi njóta lakari aðstöðu með tilliti til undanþágu frá menntunar- eða starfsreynsluskilyrði en íslenskir ríkisborgarar, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga þessara.

2. gr.

1. tölul. 3. gr. laga nr. 42 18. maí 1978, iðnaðarlaga, hljóðar svo:

1. Er íslenskur ríkisborgari. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins vera undanþegnir skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

1076. Frumvarp til laga [28. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði leiguaksturs með vörur og farþega að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evr-

ópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „þrenns“ í 1. málsl. kemur: ferns.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., sem orðast svo: Leyfi til ferða fram og til baka milli landa felur í sér leyfi til að aka með hóp farþega frá ákveðnum brottfararstað til tiltekins ákvörðunarstaðar og til baka aftur, með endurteknum ferðum.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
      Til að öðlast leyfi skv. 1. gr. laganna þarf leyfishafi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      1. Hafa óflekkað mannorð.
      2. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu.
      3. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni.
2. Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði fólksflutninga með langferðabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

3. gr.

Siglingalög, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, **Um aðild að Evrópsku efnahagssvæði**, með einni grein, 243. gr., er orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði siglingalaga að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

4. gr.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, með síðari breytingum.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

5. gr.

Lög um leiðsögu skipa, nr. 48/1933.

1. Við 1. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

2. Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Um aðild að Evrópsku efnahagssvæði**, með einni grein, 28. gr., er orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um leiðsögu skipa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Hafnalög, nr. 69/1984, með síðari breytingum.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Vegalög, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði vegamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

8. gr.

Lög um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

1. Á eftir c-lið 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við nýr málsliður er orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um heimilisfesti á Íslandi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.
2. Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um veitinga- og gististaði að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

9. gr.

Lög um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

1. Við b-lið 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði vera undanþegnir skilyrði um ríkisfang á Íslandi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

2. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag ferðamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

10. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Á eftir 2. málsl. 1. gr. laganna bætist við nýr málsliður er orðast svo: Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

II. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimildir samgönguráðherra til að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum skulu teknar til endurskoðunar verði verulegar breytingar á gerðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem lög þessi miðast við, eða viðbætur við þær.

1077. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá Vegagerð ríkisins Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson, forstöðumann tæknisviðs. Þá bárust nefndinni umsagnir frá stjórn Skallagríms hf. og Hríseyjarhreppi auk umsagnar fjármálaráðuneytisins sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Sturla Böðvarsson.	Guðmundur Bjarnason.	Guðni Ágústsson.
Sigbjörn Gunnarsson.	Árni R. Árnason.	Árni Johnsen.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum.

Með frumvarpinu er ætlunin að setja nýtt ákvæði í vegalög þar sem tilgreint verði að Vegagerð ríkisins hafi umsjón með málefnum ferja og flóabáta. Stofnuninni verði að auki heimilt að eiga ferjuskipin eða eiga hlut í eignarhaldsfélögum þeirra. Mikilvægt er að reynt verði að hemja útgjöld til ferjumála og að leitað verði leiða til hagræðingar. Að áliti fjármálaráðuneytisins er hins vegar ekki nauðsynlegt til þess að ná fram slíkum sparnaði að setja sérstök lagaákvæði um að Vegagerðin kaupi eða eigi ferjur fremur en t.d. veghefla. Í frambúðarskipan ferjumála hlýtur eignarhaldið fremur að verða á hendi ríkissjóðs þótt Vegagerðinni verði falið að fara með þann eignarhlut gagnvart rekstraraðilum og notendum.

Undanfarin fimm ár hafa útgjöld ríkisins vegna ferjumála aukist verulega eða úr 64 millj. kr. á árinu 1987 í 306 millj. kr. árið 1992 sem er um 250% vöxtur að raunvirði. Áætlað er að þessi útgjöld aukist í 535 millj. kr. á árinu 1995 en fari síðan lækkandi eftir því sem dregur úr greiðslum af lánum. Talið er að næstu fjögur árin, 1993–1996, muni rekstrar- og stofnframlög ríkissjóðs vegna ferjumála að óbreyttu nema rúmlega 1.900 millj. kr. sem er álíka mikið og rennur árlega til viðhalds alls vegakerfisins. Lánveitingar ríkissjóðs til kaupa á ferjum voru orðnar 2.400 millj. kr. í lok ársins 1992.

Í meginatriðum virðist útgjaldaaukningin stafa af því að stefnan í ferjumálum hefur um of verið mótuð af heimamönnum á hverjum stað. Ekki hefur verið hugað nægilega vel að mismunandi valkostum í samgöngum viðkomandi staða og áætlanagerð hefur í ofanálag oft verið afar óraunhæf. Stjórnunarlegt forræði á ferjurekstrinum hefur ekki farið saman við fjárhagslega ábyrgð. Þannig hefur rekstraraðilum heima í héraði að mestu verið látið eftir að skilgreina flutningsþarfir og ákvarða tíðni og tilhögun siglinga, en ríkissjóður hefur setið eftir með fjárhagsbyrðina.

Aðstoð við ferjurekstur er hluti af þeirri byggðastefnu sem stjórnvöld hafa sett sér á hverjum tíma. Þótt slíkar ákvarðanir byggi yfirleitt á byggðapólitískum forsendum fremur en hagrænum hljóta stjórnvöld að reyna að tryggja að jafnan verði farnar hagkvæmustu leiðirnar til að ná settum markmiðum. Frá og með árinu 1993 er ætlunin að færa ábyrgð og yfirstjórn ferjumála á eina hendi með því móti að Vegagerð ríkisins annist ráðstöfun framlaga ríkissjóðs til ferja. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að styðja þessar úrbætur og styrkja hlutverk og heimildir Vegagerðarinnar.

Að mati fjármálaráðuneytisins eru horfur á að breyting á fyrirkomulagi ferjumála geti leitt til útgjaldalækkunar. Gera má ráð fyrir að valkostir fái vandaðri skoðun en oft áður og ferjurekstur verði betur samhæfður við aðrar samgönguleiðir til lengri tíma litið samhliða því að rekstrarkostnaður verði lækkaður með útboðum. Þetta er þó að miklu leyti háð því að Vegagerðin fái nægilegt ráðrúm til að leita hagkvæmustu leiða til að uppfylla þau markmið um flutningsþarfir sem stjórnvöld setja.

1078. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, SigG, StB, ÁMM, ÁJ).

1. Við 4. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
      Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993.*
2. Við 5. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um leiðsögu skipa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993.*

1079. Nefndarálit [232. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs, og Valgerði H. Bjarnadóttur, jafnréttisfulltrúa á Akureyri. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Jafnréttisráði, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Kvennaráðgjöfinni, Vinnueftirliti ríkisins, Kvenréttindafélagi Íslands, Samtökum um kvennaathvarf, Rannsóknastofu í kvennafræðum, Tryggingastofnun ríkisins, Byggðastofnun, UNIFEM á Íslandi, Kennarasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar var lögð fyrir Alþingi í desember 1986 í framhaldi af setningu nýrra jafnréttislaga árið 1985. Sú áætlun var sett upp með nokkuð öðrum hætti en nú er gert. Félagsmálaráðherra kynnti á Alþingi í mars 1991, í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, hvernig tekist hefði að ná fram markmiðum þeirrar áætlunar. Framkvæmdaáætlunin, sem hér er til umfjöllunar, er, eins og sú fyrri, gerð til fjögurra ára en er nú lögð fram í formi þingsályktunartillögu í samræmi við 17. gr. núgildandi jafnréttislaga, nr. 28/1991. Rétt þykir að taka fram að fyrri kafli áætlunarinnar, er fjallar um starfsmannamál ríkisins, er að mestu leyti byggður á ákvæðum laganna.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að jafna stöðu kynjanna hér á landi með sérstökum aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Þannig hlýtur að verða að leggja sérstaka áherslu á að efla sjálfsvitund beggja kynja og að jafna möguleika þeirra til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Einnig er það markmið í sjálfu sér að flétta jafnréttismálin þannig inn í starfsemi opinberra stofnana að áætlun sem þessi verði að lokum óþörf.

Í umræðum um þingsályktunartillöguna á Alþingi komu fram nokkrar athugasemdir um gildi slíkra áætlana. Nefndin bendir á að fyrirmynd framkvæmdaáætlunarinnar er sótt til nágrannaríkja okkar á Norðurlöndum, en þar hafa slíkar áætlanir gefist vel. Mikilvægt er að áætlunin verði almennt vel kynnt og að grannt verði fylgst með framgangi hinna ýmsu verkefna. Auk þess verði hún kynnt þeim aðilum, félögum og stofnunum sem eðli málsins samkvæmt geta og eiga að koma að hinum ýmsu verkefnum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í umsögnum, er nefndinni hafa borist, koma fram margar mikilvægar ábendingar varðandi efni og framkvæmd áætlunarinnar. Nefndin álítur að sum þessara atriða séu þess eðlis að rétt sé að flytja sérstakar breytingartillögur þar um. Nefndin vill árétta mikilvægi þess að hugað verði að ýmsum öðrum atriðum við endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar að tveimur árum liðnum frá gildistöku hennar.

Breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði, felast í eftirfarandi atriðum:

1. Lögð er til breyting á ártölum í upphafsorðum áætlunarinnar þannig að gildistími hennar verði fjögur ár frá væntanlegri gildistöku. Er það í samræmi við 17. gr. laga nr. 28/1991. Framkvæmdaáætlun þessi er endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar frá febrúar 1991 og er það ástæðan fyrir þeim ártölum sem hér er lagt til að verði breytt.
2. Lagt er til að töluliður 1.2.1. falli brott, en þar er lagt til að löggjöf verði bætt varðandi kynferðisafbrot. Ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisafbrot, hefur þegar verið breytt með lögum nr. 40/1992. Þannig var bætt við ákvæðum um að kynferðisafbrot skuli vera ókynbundin, refsimörk ákvæða kaflans yfirleitt hert og refsivernd aukin. Markmið þau, er fram koma í tölulíðnum, hafa þannig þegar verið lögbundin.
3. Lögð er til breyting á tölulið 1.2.2. Með nýjum lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er miðað að því að draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Þrátt fyrir þá lagasetningu þarf enn að huga að því markmiði að dregið verði úr skaðlegum áhrifum kynferðisbrota og málsmeðferð í slíkum málum. Árétta verður mikilvægi þess að stöðugt verði miðað að því að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot. Þá bendir nefndin einnig á mikilvægi þess að ákvæðum áætlunarinnar, er þegar hafa verið tekin upp í lög, verði fylgt eftir þannig að eftirlit verði haft með beitingu þeirra og virkni.
4. Breytingin við tölulið 1.2.3. felur í sér að í aukinni fræðslu lögreglumanna í grunnnámi um kynferðisafbrot felist einnig aukin fræðsla varðandi heimilisofbeldi og verði slík kennsla hluti af endurmenntunarnámskeiðum þeirra. Nefndin lítur svo á, án þess að gera beina breytingartillögu þar um, að æskilegt væri einnig að kennara- og fóstrunemar og starfsfólk allra skólastiga eigi kost á námskeiðum og námsefni um þessi efni.

5. Lögð er til efnisbreyting á tölulið 2.1. sem heyrir undir verkefni félagsmálaráðuneytisins og varðar stöðu karla í breyttu samfélagi. Þannig er lagt til að skipuð verði ráðgjafarnefnd til tveggja ára og verði hlutverk hennar að virkja karla í jafnréttisumræðunni auk þess sem nefndin skal tryggja að sjónarmið karla komist til skila ekki síður en sjónarmið kvenna. Þá verði starfsmanni skrifstofu jafnréttismála falið að fylgja ákvörðunum nefndarinnar eftir þannig að þær hafi virk áhrif úti í þjóðfélaginu.
6. Breytingin á tölulið 2.2. felur í sér að kveðið verði nánar á um hlutverk jafnréttisráðgjafa. Þannig er lagt til að jafnréttisráðgjafi sinni jafnréttisstarfi á sviði menntamála, fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við ýmsa aðila. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að jafnréttisráðgjafi verði ráðinn sem fyrst. Tryggja þarf samvinnu jafnréttisráðgjafa með samráðsfundum og samvinnu þeirra við atvinnuráðgjafa um atvinnumál kvenna. Þá verði tryggt með virku samráði að sú reynsla nýtist sem fengist hefur á liðnum árum af starfi að jafnréttismálum um allt land. Á það við um starf Jafnréttisráðs, Brjótum múrana, jafnréttisnefnda, jafnréttisfulltrúa Akureyrar, kvennaráðgjafa við atvinnuþróunarfélög auk átaksverkefna sveitarfélaganna o.fl.
7. Breytingin, sem lögð er til við tölulið 2.3., um vinnuvernd, er tvíþætt. Þannig er lagt til að fyrirsögn efnismálsgreinarinnar óbreyttrar verði „Úttekt á hefðbundnum kvennastörfum". Þá bætist við nýr undirliður er verði nr. 2.3.2. og beri fyrirsögnina „Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum". Lagt er til að á vegum félagsmálaráðuneytisins verði gerð könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar verði markvisst unnið að því að draga úr kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þá er lagt til að ákvæðum verði bætt í viðeigandi löggjöf þar sem tekið verði á kynferðislegri áreitni.
8. Lögð er til breyting á ártölum í tölulið 2.4. og vísast um þá breytingu til breytinga á upphafsorðum ályktunarinnar. Þá er lagt til að í stað orðanna „verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins" komi „norræna jafnlaunaverkefnið". Umrædd verkefnisstjórn hefur verið lögð niður og verkefni hennar felld undir Jafnréttisráð.
9. Breytingin við tölulið 2.5., um starfsmenntun, byggir á því að sett hafa verið ný lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.
10. Breytingin á tölulið 3.1. felur aðeins í sér breytingu á kaflaheitum og þarfnast ekki skýringa.
11. Lagt er til að við 3. kafla, sem varðar verksvið fjármálaráðuneytisins, verði bætt nýjum undirkafla þar sem fjallað verði um sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera. Lagt er til að skipulögð verði fyrir þá sérstök námskeið þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna.
12. Lagt er til að töluliður 6.3. falli brott þar sem þegar hefur verið stofnuð neyðarmóttaka sem fellur að þeim markmiðum er talin eru upp í liðnum.
13. Breytingin á tölulið 9.2. felur í sér að auk þess sem stefnt verði að samfelldum skóladegi í grunnskólum verði stefnt að lengingu daglegs skólatíma yngstu barnanna og árlegs kennslutíma.
14. Lagt er til að liður 9.2., um leikskóla, falli brott en nú þegar er unnið að endurskoðun laga um leikskóla, nr. 48/1981.

15. Lagt er til að við kafla 9, sem varðar verksvið menntamálaráðuneytisins, bætist nýr töluliður. Nefndin tekur undir sjónarmið, er fram koma í umsögn er henni barst frá Rannsóknastofu í kvennafræðum, varðandi mikilvægi þess að kennsla og rannsóknir í kvennafræðum verði efldar á háskólastigi. Einnig telur nefndin eðlilegt að kvennarannsóknir verði kynntar í sem flestum fræðigreinum.

Félagsmálaráðherra hefur þegar óskað eftir því að starfsmenn skrifstofu Jafnréttisráðs geri úttekt á því hvort áætlanir sem þessi skili árangri og munu niðurstöður slíkrar úttektar vera væntanlegar með haustinu. Þá hefur ráðherra einnig óskað eftir því við Jafnréttisráð að það fylgi framkvæmdaáætluninni eftir og fylgist með framgangi hinna ýmsu markmiða hennar og leggur nefndin áherslu á að það gangi eftir. Þar sem áætlunin verður lögum samkvæmt endurskoðuð að tveimur árum liðnum eru ýmsar ábendingar sem nefndin álítur mikilvægt, m.a. með tilliti til umsagna er henni bárust, að hafðar verði í huga við þá endurskoðun.

Í framkvæmdaáætlun umhverfisráðstefnunnar, sem haldin var í Rio de Janeiro á síðasta ári, var lögð áhersla á nauðsyn þess að þróunaraðstoð framtíðarinnar miði að því að gera þiggjendur sjálfbjarga. Aukin áhersla á þróunaraðstoð til kvenna er í anda þeirrar áætlunar og tekur nefndin undir þær ábendingar að rétt sé að beina þróunaraðstoð í meira mæli en nú tíðkast til kvenna. Þá skiptir máli að konur vinni að vali verkefna, undirbúningi og framkvæmd þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafa konur lítið sóst eftir störfum á vegum stofnunarinnar og er mikilvægt að þar verði breyting á þannig að ráðnar verði konur til að fylgja slíku starfi eftir, sbr. lið 13.2. í áætluninni.

Í umsögnum, er nefndinni bárust, kom fram hvatning um að þátttaka kvenna verði aukin í nefndum á vegum ríkisins þannig að lágmarkshlutfall verði bundið við 30% af hvoru kyni. Nefndin tekur undir þessa viðmiðunartölu. Hún telur eðlilegt að miðað verði við hlutfall í hverri nefnd, svo sem gert er annars staðar á Norðurlöndum, en ekki heildarhlutfall hjá hverju ráðuneyti. Á hinn bóginn treystir nefndin sér ekki til að mæla með öðru viðmiði en heildarhlutfalli í ráðuneytum á meðan ekki er lögbundin tilnefning beggja kynja í nefndir annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndinni bárust ábendingar um nauðsyn aðgerða til að draga úr atvinnuleysi kvenna. Víða í áætluninni koma fram margs konar aðgerðir til að bæta atvinnulíf kvenna. Nefndin leggur áherslu á að við endurskoðun áætlunarinnar verði horft á atvinnuleysi kvenna sem slíkt og aðgerðir sem líklegar eru til árangurs að ráða þar bót á. Þá komu víða að ábendingar um nauðsyn á endurskoðun reglna um fæðingarorlof, svo sem um lengingu þess, laun í fæðingarorlofi og bætta stöðu og aukinn rétt feðra til töku fæðingarorlofs. Einnig bárust nefndinni mikilvægar ábendingar um að við endurskoðun verði hugað að markmiðum varðandi íþróttamál kvenna og nauðsyn þess að styrkja konur og kvennafélög innan íþróttahreyfingarinnar.

Nefndinni barst yfirlit yfir fjölda örorkuþega þar sem fram komu athyglisverðar upplýsingar varðandi skiptingu örorku frá stiginu 50–100% milli kynja. Þannig eru mun fleiri konur en karlar með varanlega örorku á þessu stigi. Mikilvægt er að þessi mál verði skoðuð nánar, m.a. með tilliti til tengsla við atvinnu kvenna og orsaka þessa mismunar. Í áætluninni er þannig, sbr. lið 2.3., gert ráð fyrir að ítarleg úttekt verði gerð á hefðbundnum kvennastörfum með það að markmiði að draga fram tengslin milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar.

Í umsögnum kom fram að þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi lagt talsverða vinnu í að finna fjarvinnsluverkefni á vegum hins opinbera hafi árangurinn verið rýr. Nefndin tekur undir þær ábendingar að nauðsynlegt sé að finna nýjar leiðir varðandi fjarvinnslustofur og fjármagn til að fylgja þeim eftir. Æskilegt er að lagt verði mat á hvort þær leiðir, sem farnar hafa verið, hafi skilað nægum árangri og í framhaldi af því verði hugað að því hvort beita eigi nýjum aðgerðum til að styrkja fjarvinnsluverkefni og fjarvinnslustofur.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim er fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Kristjánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Gunnlaugur Stefánsson.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.

1080. Breytingartillögur [232. mál]

við till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá félagsmálanefnd.

1. Í stað ártalsins „1992–1996“ í upphafsorðum ályktunarinnar komi: 1993–1997.
2. Töluliðurinn 1.2.1. falli brott.
3. Við tölulið 1.2.2.
   a. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Dregið verði úr skaðlegum áhrifum kynferðisbrota og málsmeðferðar á brotaþola og tryggðar bætur fyrir fjártjón og miska. Jafnframt verði refsivörslukerfið styrkt í baráttunni við refsiverð brot.
   b. Fyrirsögn orðist svo: Meðferð opinberra mála.
4. Við tölulið 1.2.3. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Jafnframt verði fræðsla varðandi kynferðisafbrot og heimilisofbeldi aukin í grunnnámi lögreglumanna og verði þáttur í endurmenntunarnámskeiðum þeirra.
5. Efnismálsgrein töluliðar 2.1. orðist svo:
   Skipuð verði sérstök ráðgjafarnefnd til tveggja ára sem hafi það hlutverk að virkja karla í jafnréttisumræðunni þannig að sjónarmið þeirra komist til skila. Einum starfsmanni skrifstofu jafnréttismála verði falið að fylgja ákvörðunum nefndarinnar eftir.
6. Við tölulið 2.2. Í stað orðanna „og starfi í náinni samvinnu við jafnréttisnefndir þar sem þær eru starfandi“ í lok 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Jafnframt sinni jafnréttisráðgjafi, eftir því sem þörf krefur, jafnréttisstarfi á sviði menntamála og fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við jafnréttisnefndir og starfsfólk viðkomandi ráðuneyta og stofnana.

7. Við tölulið 2.3.
   a. Á undan efnismálsgreininni komi svohljóðandi fyrirsögn: 2.3.1. *Úttekt á hefðbundnum kvennastörfum.*
   b. Á eftir tölulið 2.3. komi nýr töluliður, 2.3.2., er orðist svo: *Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.*

      Gerð verði könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum verði unnið markvisst að því að auka umræðu um og vinna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Sett verði ákvæði varðandi kynferðislega áreitni í viðeigandi löggjöf.
8. Við tölulið 2.4.
   a. Í stað orðanna „1992 og 1993“ í fyrri efnismálsgrein komi: 1993 og 1994.
   b. Í stað orðanna „verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins“ í síðari efnismálslið komi: norræna jafnlaunaverkefnið.
9. Við tölulið 2.5. Í stað orðanna „Væntanleg löggjöf“ í upphafi 1. málsl. komi: Lög nr. 19/1992.
10. Við tölulið 3.1.
    a. Orðin „sérstök námskeið fyrir konur“ í fyrirsögn falli brott.
    b. Á undan efnismálsgreininni komi ný fyrirsögn er orðist svo: 3.1.1. *Sérstök námskeið fyrir konur.*
11. Í 3. kafla bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 3.1.2. *Sérstök námskeið fyrir stjórnendur.*

    Skipulögð verði sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna.
12. Töluliðurinn 6.3. falli brott.
13. Við tölulið 9.1. Efnismálsgreinin orðist svo:

    Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum og að daglegur skólatími yngstu barnanna og árlegur kennslutími verði lengdur.
14. Töluliðurinn 9.2. falli brott.
15. Á eftir tölulið 9.3.6. komi nýr töluliður, 9.3.7., er orðist svo: Á háskólastigi verði kennsla og rannsóknir í kvennafræðum efldar.

1081. Nefndarálit [104. mál]

um till. til þál. um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið um það umsagnir frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Vegagerð ríksins, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.	Guðmundur Bjarnason.
Guðni Ágústsson.	Árni Johnsen.	Árni R. Árnason.

1082. Breytingartillaga [104. mál]

við till. til þál. um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

Frá samgöngunefnd.

Við tillgr. bætist nýr stafliður er orðist svo:
d. að kanna möguleika á að auka og bæta nýtingu tekjustofna Vegasjóðs.

1083. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar .

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Um II. kafla frumvarpsins, um tryggingamál, komu Ingi R. Helgason, forstjóri Brunabótafélags Íslands, Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri Tryggingaeftirlitsins, frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga Ólafur B. Thors og Sigmar Ármannsson, Einar Sveinsson frá Sjóvá-Almennum, Eyþór Fannberg, forstöðumaður Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, Jón G. Tómasson borgarritari og Magnús Óskarsson borgarlögmaður og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri. Þá komu til viðræðna um aðra kafla frumvarpsins Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis, frá Læknafélagi Íslands Sverrir Bergmann formaður og Páll Þórðarson framkvæmdastjóri, frá Tannlæknafélagi Íslands Svend Richter og Jón Ásgeir Eyjólfsson formaður, Vilborg Ingólfsdóttir, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga Ásta Möller formaður og Sigrún Gunnarsdóttir, frá Apótekarafélagi Íslands Guðmundur Reykjalín, Ingólfur Benediktsson, Jón Björnsson formaður, Sigurður Jónsson og Benedikt Sigurðsson, frá lyfjahópi Félags íslenskra stórkaupmanna Birgir Thorlacius formaður og Sindri Sindrason, Eggert Sigfússon, aðstoðarlyfjafræðingur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson stjórnarformaður og Daníel Viðarsson, forstöðumaður eiturefnasviðs, og Magnús Ólafsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins. Enn fremur bárust umsagnir frá Tryggingaeftirlit-

inu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, borgarstjóranum í Reykjavík, Brunabótafélagi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, Fasteignamati ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi. Loks studdist nefndin við umsagnir er bárust á 115. löggjafarþingi frá Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga, lyfjafræði lyfsala í Háskóla Íslands, lyfjahópi Félags íslenskra stórkaupmanna, prófessor í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, Félagi sjóntækjafræðinga, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Hjúkrunarfélagi Íslands, námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Tryggingastofnun ríkisins, Tannlæknafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Umferðarráði, Stéttarsambandi bænda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, VSÍ, BSRB, BHMR, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Brunabótafélagi Íslands, Íslenskri endurtryggingu, Tryggingaeftirlitinu, Húseigendafélaginu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi verði orðalag 4. gr. leiðrétt, en hjúkrunarnám fer bæði fram í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Í öðru lagi verði 11. gr. breytt, en þar er fjallað um brunatryggingar fasteigna. Hafa orðið miklar umræður um ákvæðið í nefndinni. Annars vegar er kveðið á um brunatryggingar í Reykjavík. Lagt er til að fasteignir þar verði brunatryggðar hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar til ársloka 1994 og skal húseigendum tilkynnt tímanlega að brunatryggingar þeirra falli niður. Skulu þeir hafa stofnað til brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi frá 1. janúar 1995. Hins vegar er ákvæði um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Gilda sömu reglur þar og um brunatryggingar í Reykjavík. Húseigendur eru bundnir af vátryggingarsamningum sem sveitarfélag hefur gert til ársloka 1994 en eftir það geta þeir gert samninga við önnur vátryggingafélög. Ef þeir gera það ekki framlengist samningurinn við vátryggingafélagið sem sveitarfélagið hefur gert til eins árs í senn.

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 12. gr. að 20. gr. laga nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands, falli ekki niður heldur verði þar kveðið á um heimild Brunabótafélagsins til að gera sérsamninga við einstök sveitarfélög um vátryggingarkjör húseigna. Með því gerist sveitarfélag félagi í Brunabótafélaginu en samningurinn bindur ekki alla húseigendur í umdæminu enda væri slíkt í andstöðu við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Loks er lagt til að 17. gr. falli niður. Fram hefur komið að ekki gafst tími til að koma þeim breytingum í frumvarpstexta sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur í för með sér varðandi eiturefni og hættuleg efni. Það mun hins vegar vera að meinalausu að ekki verði kveðið á um þau í frumvarpinu því að aðlögunartími varðandi eiturefni og hættuleg efni er til ársins 1995.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Sólveig Pétursdóttir.

Þuríður Pálsdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

1084. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SigG, LMR, ÞurP, SP, SAÞ).

1. Við 4. gr. Við 1. efnismgr. b-liðar bætist: og Háskólanum á Akureyri.
2. Við 10. gr. A- og b-liður falli brott.
3. Við 11. gr. F-liður orðist svo: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
   1. Borgarstjórn Reykjavíkur skal hafa með höndum brunatryggingar húseigna í Reykjavík til ársloka 1994 og skal tilkynna húseigendum tímanlega og eigi síðar en 1. júlí 1994 að brunatryggingar þeirra hjá Húsatryggingum Reykjavíkur falli niður og að þeir skuli stofna til brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi frá 1. janúar 1995. Ákvæði þetta á einnig við um nýtryggingar sem teknar eru á árinu 1994. Húseigandi skal í síðasta lagi fyrir 31. ágúst 1994 hafa tilkynnt Húsatryggingum Reykjavíkurborgar skriflega heiti þess vátryggingafélags sem taka mun að sér brunatryggingu húseignar hans frá og með 1. janúar 1995 og skal tilkynningunni fylgja staðfesting vátryggingafélagsins þar að lútandi. Þeir húseigendur, sem ekki hafa fullnægt tilkynningarskyldu gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur samkvæmt framansögðu, teljast áfram vátryggðir hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar til 31. desember 1994. Borgarstjórn Reykjavíkur skal þó skylt að semja við eitthvert vátryggingafélag um yfirtöku þessa stofns í síðasta lagi 1. janúar 1995 að undangengnu útboði.
   2. Húseigendur utan Reykjavíkur skulu bundnir af þeim samningum sem gerðir hafa verið milli sveitarfélaga og vátryggingafélaga um brunatryggingar allra húseigna í hlutaðeigandi sveitarfélagi og af þeim vátryggingarskilmálum sem gerðir hafa verið milli húseigenda og vátryggingafélaga með stoð í fyrrnefndum samningum til loka árs 1994. Frá og með 1. janúar 1995 skal húseigendum utan Reykjavíkur heimilt að brunatryggja húseignir sínar hjá því vátryggingafélagi sem þeir sjálfir kjósa, enda hafi félagið heimild til að hafa með höndum slíkar tryggingar. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóvember 1994 tilkynna brunatryggingafélagi sínu skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting annars vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar frá og með 1. janúar 1995. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til árs í senn.

4. Við 12. gr. C-liður verði svohljóðandi: 20. gr. orðast svo:
   Brunabótafélagi Íslands er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar, að gera sérsamninga við einstök sveitarfélög um vátryggingarkjör húseigna í umdæminu og þá einkum í sambandi við tryggilegar brunavarnir og aðrar aðstæður í umdæminu. Stjórn sveitarfélags getur óskað þess við félagið að það taki að sér brunatryggingar fasteigna í sveitarfélaginu samkvæmt sérstökum samningi. Með slíkri samningsgerð gerist sveitarfélagið félagsmaður í Brunabótafélaginu, en ekki bindur slíkur samningur alla húseigendur í umdæminu og er þeim frjálst að tryggja húseignir sínar hjá öðrum vátryggingafélögum.
   Sveitarfélag, sem hefur gert slíkan samning sem um getur í 1. mgr., getur sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október ár hvert og gengur þar með úr félaginu og hefur eftir það hvorki skyldur við félagið né nýtur þar réttinda.
   Sveitarfélag, sem hefur með framangreindum hætti gengið úr félaginu, getur að nýju óskað eftir vátryggingarsamningi með fjögurra mánaða fyrirvara miðað við 15. október ár hvert og gerist þá aftur félagsmaður í félaginu við þá samningsgerð.
5. III. kafli (17. gr.) falli brott.

1085. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Gústav Arnar, yfirverkfræðing hjá Pósti og síma, Þórunni Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Pál Magnússon, útvarpsstjóra Íslenska útvarpsfélagsins, Heimi Steinsson, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Árna Pál Árnason, lögfræðing í utanríkisráðuneytinu, og Kristján Árnason, formann Íslenskrar málnefndar. Þá fékk nefndin umsagnir um frumvarpið frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bandalagi íslenskra listamanna, Póst- og símamálastofnuninni, Íslenskri málstöð, Ríkisútvarpinu, Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Verslunarráði Íslands og Íslenska útvarpsfélaginu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirtaldar:

1. Leiðréttar eru tilvísanir til gildandi útvarpslaga í 3. og 4. gr. frumvarpsins.
2. Í 3. og 7. gr. frumvarpsins eru gerðar leiðréttingar í samræmi við lög um fjarskipti, nr. 32 19. apríl 1993, sem fela í sér að verkefni eru flutt frá Póst- og símamálastofnun til Fjarskiptaeftirlits ríkisins.
3. Gerð er breyting á lokamálslið 3. gr. er felur í sér að hafa skuli samráð við samgönguráðuneytið þegar úthlutað er senditíðnum á örbylgju fyrir útvarp og er það í samræmi við þá stefnu er fram kemur í athugasemdum við frumvarpsgreinina.
4. Gerð er breyting á 3. efnismgr. 5. gr. til að gera ákvæði hennar skýrara.

5. Lagt er til að í 9. gr. verði kveðið á um að tilhögun auglýsinga í útvarpsstöðvum eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins. Er slíkt í samræmi við ákvæði frumvarpsins um að „kostun“ eigi einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins. Talið er eðlilegt að ákvæði frumvarpsins um kostun og tilhögun auglýsinga gildi bæði fyrir Ríkisútvarpið og aðrar útvarpsstöðvar.
6. Bætt er við frumvarpið gildistökuákvæði.

Svavar Gestsson áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Björn Bjarnason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.
Árni Johnsen.		Svavar Gestsson, með fyrirvara.

1086. Breytingartillögur [305. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „sem leyfi fær“ í 4. efnismgr. komi: sem leyfi hefur.
   b. Orðið „einstakra“ í 5. efnismgr. falli brott.
2. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „1. tölul. 3. gr.“ í upphafi inngangsmálsliðar greinarinnar komi: 1. tölul. 2. mgr. 3. gr.
   b. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ í upphafi efnismálsgreinar komi: Fjarskiptaeftirlit ríkisins.
   c. Í stað lokamálsliðar greinarinnar komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Í síðara tilfellinu skal hafa samráð við samgönguráðuneytið.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „3. tölul. 1. mgr. 3. gr.“ í upphafi inngangsmálsgreinar greinarinnar komi: 3. tölul. 2. mgr. 3. gr.
4. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. efnismgr. greinarinnar:
   a. A-liður orðist svo: Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárliði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að að rjúfa með auglýsingatíma á þann veg að auglýsingum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.
   b. Við bætist nýr stafliður er orðist svo: Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum, skulu líða að minnsta kosti 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

5. Við 7. gr. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunar“ í lok 2. tölul. efnismálsgreinar komi: Fjarskiptaeftirlits ríkisins.
6. Við 9. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Ákvæði 2.–7. mgr. 4. gr. og 4. gr. a eiga einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins.
7. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

1087. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Guðríði Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, Þórólf Þórlindsson prófessor, forstöðumann Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, Eggert Lárusson, formann Hins íslenska kennarafélags, Eirík Jónsson, varaformann Kennarasambands Íslands, og Birnu Sigurjónsdóttur, formann skólamálaráðs Kennarasambands Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. er gerð sú breyting að kveðið er á um að Rannsóknastofnunin skuli vera vísindaleg stofnun svo sem er í gildandi lögum.
2. Við 4. gr. eru gerðar þrjár breytingar. Fyrsta breytingin er við 1. tölul. 4. gr. er lýtur að samningu samræmdra prófa og könnunarprófa og felur í sér að felldar eru brott tilvísanir til skólastiga. Það er gert með hliðsjón af því að enn liggur ekki fyrir hvort tekin verða upp samræmd próf á framhaldsskólastigi. Hins vegar felst ekki í breytingunni tillaga um að leggja af samræmd próf á grunnskólastigi. Önnur breytingin er við 4. tölul. 4. gr. og er gerð til að taka af öll tvímæli um að ráðgjöf stofnunarinnar fyrir menntamálaráðherra sé ekki bundin við *breytingar* á aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla heldur veiti stofnunin almenna ráðgjöf um þessa námsskrá. Þriðja breytingin er einnig við 4. tölul. 4. gr. og felur í sér lagfæringu á málfari.
3. Við 5. gr. eru gerðar tvær breytingar. Fyrri breytingin felur í sér að felld eru brott ákvæði um að forstöðumaður stofnunarinnar skuli ráðinn samkvæmt samningi við menntamálaráðherra. Þykir ákvæðið óþarft. Síðari breytingin felur í sér að forstöðumaður ráði starfmenn stofnunarinnar án þess að til þurfi að koma samþykki ráðherra og er gerð til að samræmi sé við 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um sjálfstæði stofnunarinnar.
4. Við 7. gr. eru gerðar breytingar á skipan ráðgjafarnefndarinnar. Í fyrsta lagi er kveðið á um að Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélagi tilnefni sameiginlega tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera grunnskólakennari og hinn framhaldsskólakennari, en félagsmenn í HÍK stunda margir kennslu í grunnskóla og félagsmenn KÍ í framhaldsskólum. Þá er fellt brott ákvæði um að rektorar Háskóla Íslands, Háskóla Akureyrar og Kennaraháskóla Íslands skuli sitja í nefndinni og gerð tillaga um að þessum skólum sé veitt sjálfdæmi um hverja þeir tilnefni í nefndina. Nokkur umræða varð um það hvort aðrir skólar á háskólastigi skyldu sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina, í stað þess að einskorða tilnefninguna við áðurgreinda

þrjá skóla, en við nánari athugun var það ekki talið rétt og m.a. haft í huga að þessir þrír skólar eru þeir sem einkum sinna kennaramenntun á Íslandi.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Björn Bjarnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Valgerður Sverrisdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Árni Johnsen.

1088. Breytingartillögur [557. mál]

við frv. til l. um Rannóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „sjálfstæð“ komi: vísindaleg.
2. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. tölul. orðist svo: Sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa. Kennarar skulu taka þátt í prófagerð.
   b. Orðin „breytingar á“ í 4. tölul. falli brott.
3. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðin „samkvæmt samningi við menntamálaráðherra“ í lok 1. málsl. falli brott.
   b. Orðin „með samþykki menntamálaráðherra“ í lok 3. málsl. falli brott.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd til fimm ára í senn er vera skal forstöðumanni stofnunarinnar til faglegrar ráðgjafar. Í nefndinni skulu eiga sæti sex fulltrúar, einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi og skal annar þeirra vera grunnskólakennari og hinn framhaldsskólakennari, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Háskólans á Akureyri og einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

1089. Nefndarálit [229. mál]

um till. til þál. um sérstakt tilraunaverkefni framhaldsskóla á Austurlandi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Verkmenntaskóla Austurlands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Menntaskólanum á Egilsstöðum og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með hliðsjón af því að nefndin hefur mælt með samþykkt stjórnarfrumvarps um að heimila menntamálaráðherra að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í framhaldsskólum (397. mál þingsins), sem og með hliðsjón af því að sérstök nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins er að vinna að málefnum framhaldsskóla á Austurlandi, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Valgerður Sverrisdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Björn Bjarnason.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Svavar Gestsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni Johnsen.
	Tómas Ingi Olrich.	

1090. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsögn frá menntamálaráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu, Jónasi Gíslasyni, vígslubiskupi í Skálholti, Bolla Gústavssyni, formanni Hólanefndar, Félagi íslenskra safnamanna, Ferðmálaráði Íslands, Þór Magnússyni þjóðminjaverði, héraðsnefnd Skagfirðinga og fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands.

Ólafur Þ. Þórðarson og Valgerður Sverrisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Björn Bjarnason.
Tómas Ingi Olrich.	Svavar Gestsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
	Árni Johnsen.	

1091. Nefndarálit [160. mál]

um till. til þál. um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsögn frá Ferðamálaráði Íslands, Félagi leiðsögumanna, Félagi íslenskra fornleifafræðinga, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Félagi íslenskra safnamanna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innan lands.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Björn Bjarnason.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Árni Johnsen.		Tómas Ingi Olrich.

1092. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér heimild fyrir Tækniskóla Íslands til að innheimta skrásetningargjöld af nemendum í samræmi við slíkar heimildir hliðstæðra skóla. Nefndin fékk umsagnir um málið frá rektor Tækniskóla Íslands og Nemendafélagi Tækniskóla Íslands.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Björn Bjarnason. Tómas Ingi Olrich.

Árni Johnsen.

1093. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um Menningarsjóð.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá sagnfræðiskor, heimspekiskor, íslenskuskor og bókmenntafræði- og málvísindaskor heimspekideildar Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra listamanna, Rithöfundasambandi Íslands, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Félagi íslenskra fræða, rektor Háskóla Íslands og Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar meiri hlutans eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að stjórn Menningarsjóðs skuli kosin hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar í stað þess að vera skipuð af ráðherra eins og lagt er til í frumvarpinu.

Í öðru lagi er gerð sú breyting að 4. gr. frumvarpsins er felld brott og efni hennar fellt inn í 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Björn Bjarnason.

Tómas Ingi Olrich. Árni Johnsen.

1094. Breytingartillögur [306. mál]

við frv. til l. um Menningarsjóð.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, TIO, BBj, RG, ÁJ).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitir sjóðurinn fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
      Stjórn Menningarsjóðs hefur með höndum árlega úthlutun styrkja úr sjóðnum.
3. Við 4. gr. Greinin falli brott.

1095. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna Hannes Valdemarsson hafnarstjóra og Þorvald Jóhannesson, bæjarstjóra á Seyðisfirði. Nefndinni bárust umsagnir frá hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar, hafnarstjórn Hafnarfjarðar, hafnarstjórn Seyðisfjarðar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá studdist nefndin einnig við umsagnir sem bárust á 115. löggjafarþingi frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í flestum tilvikum er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur smávægilegar lagfæringar á framsetningu og orðalagi. Helstu breytingarnar, sem lagðar eru til, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 3. mgr. 3. gr. verði breytt þar sem óþarft þykir að í lögum sé kveðið á um setu starfsmanna Hafnamálastofnunar ríkisins á fundum hafnaráðs. Með þessari tillögu er ekki ætlunin að breyta gildandi framkvæmd.
2. Lagðar eru til breytingar á síðasta málslið 8. gr. Að óbreyttu gæti ráðherra ákveðið framkvæmdir innan hafnasamlags með áætlun sem síðar verður hluti af hafnaáætlun. Talið er eðlilegra að slíkar framkvæmdaáætlanir séu í samræmi við hafnaáætlun og þar með vilja Alþingis.
3. Breytingin á 27. gr. felur í sér að 2.–4. mgr. verði að tveimur málsgreinum með breyttri framsetningu en að óbreyttu gæti orðalagið bent til að fremur sé undantekning en meginregla að hafnir njóti hámarksframlags skv. 26. gr. Ætlunin er að árétta að svo sé ekki.
4. Breytingin á 33. gr. felur í sér að ráðherra skuli leita samþykkis fjárlaganefndar Alþingis áður en hann ráðstafar fé Hafnabótasjóðs. Er það sama fyrirkomulag og í gildandi lögum.

5. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Á grundvelli 24. gr. frumvarpsins, sbr. 26. gr., munu stofnframkvæmdir við löndunarkrana, hafnarvogir og hafnsögubáta ekki njóta ríkisstyrks. Er þar um að ræða breytingar frá gildandi lögum þar sem kveðið er á um 40% ríkisframlag til slíkra framkvæmda. Breytingin, sem lögð er til, felur í sér að ríkissjóður skuli fram til loka ársins 1994 greiða allt að 40% af stofnkostnaði við slíkar framkvæmdir og verður þannig um nokkurn aðlögunartíma að ræða.

Meiri hlutinn vill árétta þann skilning á 2. mgr. 14., gr., þar sem segir að hafnarsjóðir skuli undanþegnir sköttum til sveitarsjóða, að starfsemi sú, er hafnarsjóðir taka hugsanlega þátt í með aðild að hlutafélögum, svo sem útgerð eða fiskmarkaðir, verði skattlögð eins og önnur starfsemi. Nefndin lítur einnig svo á að ef fjárhagur hafna er slíkur að þær geti tekið þátt í atvinnurekstri hljóti ríkisframlög til þeirra að lækka frá því hámarki sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 4. maí 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Árni M. Mathiesen.

Árni Johnsen. Sturla Böðvarsson.

1096. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, SigG, StB, ÁMM, ÁJ).

1. Við 1. gr. Orðið „allra“ falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „hafnanna“ í 2. mgr. komi: hafna.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.
3. Við 5. gr. Lokamálsliður fyrri málsgreinar falli brott.
4. Við 8. gr. Lokamálsliður orðist svo: Með reglugerð fyrir hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.
5. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlaga, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 7. gr.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í upphafi 1. mgr. komi: Ráðherra.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „lögtaki“ í 1. mgr. komi: fjárnámi.
   b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé þess.

8. Við 13. gr. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í upphafi 4. mgr. komi: Ráðherra.
9. Í stað orðsins „hafnargerðir“ í fyrirsögn III. kafla, svo og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu, komi: hafnargerð.
10. Við 19. gr. Orðin „við þær“ falli brott.
11. Við 24. gr. Í stað orðsins „dýpkanir“ í 2. tölul. komi: dýpkun.
12. Við 26. gr. Í stað orðanna „dýpkanir hafna og innsiglinga“ í 2. tölul. komi: dýpkun hafnar og innsiglingar.
13. Við 27. gr. Í stað 2.–4. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:
    Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.
    Skerðing á hámarki framlaga skv. 26. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.
14. Við 33. gr. Á eftir orðunum „Hafnamálastofnunar og hafnaráðs“ í 1. mgr. komi: og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis.
15. Við 42. gr. Síðari málsliður falli brott.
16. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laga þessara skulu ákvæði laga nr. 69/1984, um allt að 40% ríkisframlag til stofnkostnaðar við hafnarvogir, hafnsögubáta og löndunarkrana, gilda til ársloka 1994.

1097. Nefndarálit [449. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Mál þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og vísast til álits nefndarinnar um það mál.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sigbjörn Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma. Meginefni þess varðar breytingar á 8. gr. almennra hegningarlaga um heimildir til að reka sakamál hér á landi þegar hlutaðeigandi maður hefur hlotið refsidóm í öðru ríki vegna sama brots. Vísað er til kostnaðarumsagnar um það frumvarp. Frumvarp þetta mun ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð umfram það sem þar greinir.

1098. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og komu á fund hennar Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, og Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari. Enn fremur var leitað álits hjá Dómarafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Rannsóknarlögreglu ríkisins og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem nauðsynlegt er talið að sett verði í lög til að unnt verði að fullgilda tvo samninga sem gerðir hafa verið á vegum Evrópuráðsins, þ.e. samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970 og samninginn um flutning á dæmdum mönnum sem var gerður í Strassborg 21. mars 1983. Báðir samningarnir hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu. Í frumvarpinu er jafnframt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að unnt verði að fullnægja hér á landi öðrum erlendum viðurlagaákvörðunum en þeim sem dæmd eða ákvörðuð hafa verið í ríkjum sem eru aðilar að framangreindum samningum, bæði samkvæmt öðrum tvíhliða eða marghliða samningum við erlend ríki. Einnig á það við um viðurlagaákvarðanir samkvæmt einstökum dómum eða ákvörðunum sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar hér á landi hafa hlotið í öðru ríki sem ekki hefur gert samning við Ísland um gagnkvæma fullnustu refsidóma. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um að unnt verði að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis.

Í frumvarpinu er farin sú leið að lögfesta efni fyrrnefndra samninga. Þegar lagasetning er nauðsynleg vegna fullgildingar alþjóðlegra samninga koma tvær leiðir til greina. Annars vegar að setja lög í samræmi við hinn fullgilta samning, eins og hér er lagt til, eða samningunum er veitt lagagildi. Þykir sú leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, skýrari, m.a. með tilliti til málsmeðferðar, því að hin leiðin getur haft í för með sér óvissu hvað varðar réttarfarsákvæði.

Megintilgangur samninganna er að fullnusta viðurlagaákvörðunar verði möguleg í öðru ríki en hún var tekin í. Að baki samningunum búa mannúðarsjónarmið og refsigæslusjónarmið. Dómþola getur verið það í hag að afplána refsingu í heimalandi sínu. Á hinn bóginn gæti maður tekið út refsingu sem hann hefur hlotið í heimaríki sínu í öðru landi, t.d. ef hann hefur flúið land.

Á samningunum er nokkur munur. Samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma getur eingöngu ríki, þar sem dómur var kveðinn upp, beðið um flutning á dómþola. Skilyrði flutningsins eru tilgreind í samningnum og séu þau uppfyllt er ríki, þar sem óskað er eftir að fullnusta fari fram, skylt að verða við beiðninni. Í öllum tilvikum á að ákvarða ný viðurlög í fullnusturíki til samræmis við réttarframkvæmd þar. Í samningnum um fullnustu refsidóma eru einfaldari málsmeðferðarreglur. Ríki, þar sem dómur var kveðinn upp og ríki þar sem óskað er eftir að fullnusta dóms fari fram, geta bæði beðið um flutning auk dómþola. Engin skylda er til að fallast á þá beiðni. Enn fremur getur fullnusturíki ráðið því hvort halda eigi áfram að fullnægja erlendum viðurlögum eða hvort ákvörðuð verði ný viðurlög fyrir verknaðinn samkvæmt lögum þess, sbr. 23. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í fjóra hluta. Í 1. hluta (1.–5. gr.) er kveðið á um gildissvið laganna. 2. hluti (6.–34. gr.) fjallar um fullnustu erlendra viðurlagaákvarðana hér á landi, 3. hluti (35.–42. gr.) um fullnustu íslenskra viðurlagaákvarðana erlendis og 4. hluti (43.–45. gr.) um gildistöku o.fl.

Samkvæmt frumvarpinu á héraðsdómur Reykjavíkur að annast mál sem lögð skulu fyrir dóm, sbr. t.d. 1. mgr. 10. gr. Rætt var um hvort heimila ætti að málin yrðu lögð fyrir alla héraðsdóma í landinu og var ákveðið að gera það. Er lögð til breyting á frumvarpinu sem miðar að því, brott falli orðið „Reykjavíkur“ þegar fjallað er um héraðsdóm og enn fremur komi ákvæði í 28. gr. þess efnis að um varnarþing gildi lög um meðferð opinberra mála. Þá er og lögð til breyting á 28. gr. sem miðar að því að taka af allan vafa um málskot.

Enn fremur var rætt um ákvæði 23.–25. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um fullnustu erlendra viðurlaga hér á landi samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna. Samkvæmt þessum ákvæðum er annaðhvort hægt að halda áfram að fullnægja viðurlögum hér á landi sem ákveðin hafa verið erlendis eða ný viðurlög yrðu ákvörðuð samkvæmt íslenskum lögum (23. gr.). Er valin sú leið í frumvarpinu að báðir kostir eru tiltækir og er það til þess að útiloka ekki þau ríki sem heimila aðeins aðra leiðina. Dómsmálaráðuneytið ákveður hvor leiðin er farin og hvað varðar tímalengd viðurlaganna er ekki heimilt að breyta henni nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot (24. gr.). Er þá tímalengd erlendu viðurlaganna færð niður að íslenska hámarkinu. Fram kom að ekki væri með þessu verið að færa dómsvald til ráðuneytisins og er ákvæðið sambærilegt við upphafsákvæði 4. gr. laga nr. 69/1963, um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. Þegar breyta á erlendri viðurlagaákvörðun leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm Reykjavíkur sem tekur síðan ákvörðun um breytinguna.

Hvað varðar kostnað sem hlýst af framkvæmd laganna, ef samþykkt yrðu, kom fram að ríkissjóður mundi bera þann kostnað sem á félli hér á landi og yrði enn fremur heimilt að láta dómþola sjálfan bera kostnað af flutningi sínum á milli landa. Um þetta er að öðru leyti vísað í fylgiskjal með áliti þessu. Í þessu sambandi má geta þess að fram hefur komið að 5–7 Íslendingar eru í erlendum fangelsum, en ekki liggur fyrir hvort mögulegt er að flytja þá hingað. Þá mun vera einn erlendur maður sem afplánar refsingu hér.

Þá hefur nefndin fjallað um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 449. mál, en það er lagt fram sem fylgifrumvarp með þessu máli. Lýtur meginefni þess að breytingu á 8. gr. laganna sem fjallar um neikvæð réttaráhrif erlendra refsidóma og nauðsynleg er vegna fullgildingar samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma. Loks hefur verið lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma, 537. mál, þar sem lagt er til að ríkisstjórninni verði heimilt að fullgilda umrædda samninga fyrir Íslands hönd. Hefur nefndin fjallað um málið að beiðni utanríkismálanefndar sem hafði málið til meðferðar í tengslum við þetta frumvarp.

Frumvarp þetta er viðamikið og hefur að geyma fjölmörg atriði sem vert er að athuga og mun tíminn leiða í ljós kosti þess og galla. Mælist nefndin til þess að dómsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um framgang þessara mála eftir þrjú ár þar sem fram komi m.a. samanburður á íslenskum dómum og erlendum.

Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sigbjörn Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Með frumvarpinu er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda tvo alþjóðasamninga fyrir Íslands hönd, samning um alþjóðlegt gildi refsidóma og samning um flutning dæmdra manna. Samningarnir munu gera það mögulegt að erlendir menn, sem dæmdir verða til fangelsisvistar hér á landi, verði fluttir til heimalands síns og fái að afplána refsingu sína þar. Sömuleiðis opnist sá möguleiki að Íslendingar, sem dæmdir eru til refsivistar erlendis, fái að afplána refsingu sína á Íslandi.

Samkvæmt 33. gr. frumvarpsins verður aðalreglan sú að ríkissjóður mun greiða sakarkostnað sem fellur til hér á landi vegna samninga þessara. Þó má dæma dómþola til greiðslu sakarkostnaðar þegar útivistardómur er endurupptekinn að kröfu dómþola. Einnig er heimilt að endurkrefja dómþola um kostnað vegna flutnings hingað til lands.

Í 14. gr. samnings um alþjóðlegt gildi refsidóma segir að samningsríki skuli ekki krefja hvert annað um endurgreiðslu neins kostnaðar vegna framkvæmdar samnings þessa. Í 17. gr. samnings um flutning dæmdra manna segir í 5. tölul. að allur kostnaður, sem á fellur vegna framkvæmdar samnings þessa, skuli greiddur af fullnusturíkinu nema sá kostnaður sem á fellur einvörðungu á landsvæði dómsríkisins.

Í gildi eru nú lög nr. 69/1963, um fullnustu refsidóma milli Norðurlandanna. Fullnusta samkvæmt þeim lögum hefur verið fátíð. Ekki er ástæða til að ætla að mikill kostnaðarauki ríkissjóðs fylgi frumvarpi þessu verði það að lögum en þó má gera ráð fyrir að fullnusta samkvæmt lögum þessum færist í aukana með árunum eftir því sem fleiri ríki fullgilda samningana.

1099. Breytingartillögur [450. mál]

við frv. til l. um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „héraðsdóm Reykjavíkur“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): héraðsdóm.
2. Við 28. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Lög um meðferð opinberra mála gilda um varnarþing, meðferð mála, beitingu þvingunarúrræða, kæru og áfrýjun eftir því sem við getur átt, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

1100. Nefndarálit [537. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 4. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1101. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um framkvæmd útboða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing. Umsagnir bárust frá Innkaupastofnun ríkisins, Landsvirkjun, Vegagerð ríkisins, Verktakasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenskra iðnrekenda, Verkfræðingafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Íslenskri verslun, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 8. gr. því að ekki er víst að bjóðendur eða fulltrúar þeirra séu alltaf viðstaddir opnun tilboða, sbr. 6. gr.
2. Lagt er til að 14. gr. verði breytt þannig að ekki þurfi að senda öllum bjóðendum greinargerð með rökstuðningi fyrir vali á tilboðinu. Annað gæti orðið vandasamt því að í greinargerðinni gætu þurft að koma fram atriði sem sá sem hafnað yrði teldi að keppinautunum kæmi ekki við.
3. Lagt er til að síðari málsliður 17. gr. falli brott en líta ber á gögn sem fylgja með tilboðseyðublaði sem hluta tilboðsins og nauðsynlegan þátt þess. Talið hefur verið eðlilegt að halda slíkum skjölum og varðveita þau eins og önnur gögn sem berast fyrirtæki. Endursending tilboðsgagna væri og lítil trygging fyrir því að kaupandi gæti ekki nýtt sér upplýsingar sem þar koma fram.
4. Loks er lögð til breyting á 19. gr. því að samningur stofnast milli aðila við það að kaupandi tekur tilboði bjóðanda og er það því hluti samningsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Halldór Ásgrímsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

1102. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneyti Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing. Þá kom á fund nefndarinnar Eiríkur Tómasson hrl. Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Kaupfélagi Árnesinga, Kaupfélagi Skagfirðinga, Lánastofnun

sparisjóðanna, Kaupfélagi Héraðsbúa, Tryggingasjóði innlánsdeilda, Seðlabanka Íslands, Kaupfélagi Borgfirðinga, Kaupfélagi Eyfirðinga og Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með tveimur breytingum:

Annars vegar verði innlánsdeild heimilt að taka við innlögnum bæði frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum samvinnufélagsins.

Hins vegar verði hlutfall eigin fjár félagsins af heildareignum ekki lægra en 18% í stað 20%.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Halldór Ásgrímsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðjón Guðmundsson.

1103. Breytingartillögur [364. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðinu „félagsmönnum“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: og viðskiptaaðilum.

b. Í stað „20%“ í fyrri málsgrein 1. tölul. 2. mgr. komi: 18%.

1104. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneyti Björn

Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing. Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, VSÍ og Seðlabanka Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Halldór Ásgrímsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

Frumvarpið gerir ráð fyrir heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja aukningu á hlutafé í Norræna fjárfestingarbankanum úr 1.600 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 2.400 milljónir SDR. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að samþykkja breytingar á samþykktum bankans sem fjalla um sérstaka lánafyrirgreiðslu til Eystrasaltsríkja (BIL-lán) og takast á hendur ábyrgðir í því sambandi að fjárhæð allt að jafnvirði 300 þúsunda evrópskra mynteininga (ECU).

Kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga er beint framlag rúmlega 22 m.kr. (300 þús. ECU) sem greiðist á árunum 1993–1995 og er gert ráð fyrir 11 m.kr. í fjárlögum 1993 á liðnum Hluta- og stofnfjárframlög undir 1. gr. Þá er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast ámóta fjárhæð og er heimild fyrir fjármálaráðherra í lánsfjárlögum 1993 til að ábyrgjast 22 m.kr. lántöku Norræna fjárfestingarbankans.

1105. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

Alþingi, 4. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Halldór Ásgrímsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Guðjón Guðmundsson.		Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1106. Breytingartillögur [363. mál]

við frv. til l. um framkvæmd útboða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 8. gr. Síðasti málsliður orðist svo: Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.
2. Við 14. gr. Á eftir orðinu „bjóðendum“ í síðari málsgrein komi: sem áttu lægri tilboð en það sem tekið var.
3. Við 17. gr. Síðari málsliður falli brott.
4. Við 19. gr. Á eftir orðinu „útboðsgögn“ komi: og tilboðið.

1107. Breytingartillögur [305. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðin „eftir því sem kostur er“ í 3. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
   b. Við 3. tölul. b bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Menntamálaráðuneytið felur Íslenskri málstöð, útvarpsréttarnefnd eða öðrum aðilum að gera úttekt á framkvæmd þessarar greinar.
2. Við 5. gr. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Allt tal og texti í auglýsingum skal vera á íslensku.

1108. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Áburðarverksmiðju ríkisins, Stéttarsambandi bænda og Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðju ríkisins. Einnig fræddust nefndarmenn um starfsemi Áburðarverksmiðjunnar í heimsókn sem farin var á meðan málið var til umfjöllunar í nefndinni en þar áttu þeir m.a. viðræður við stjórnendur og stjórnarmenn verksmiðjunnar.

Í athugasemdum við frumvarpið koma fram rök fyrir stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Meiri hlutinn tekur undir þá röksemd að eðlilegt sé að ríkið dragi sig út úr atvinnustarfsemi, einkum samkeppni við almennan atvinnurekstur.

Nokkur óvissa er um framtíð Áburðarverksmiðjunnar. Hinu nýja hlutafélagi verður að vísu veitt einkaleyfi það sem Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft til framleiðslu, innflutnings og sölu á tilbúnum áburði en það fellur úr gildi ekki síðar en í ársbyrjun 1995. Skapast þá aðstæður til samkeppni innfluttra áburðartegunda við framleiðsluvörur félagsins og má þess vænta að til hennar komi. Með stofnun hlutafélags um starfsemina er fyrirtækinu skapað aukið svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins hefur mikla þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og jafnframt eru bændur helstu viðskiptavinir hennar. Miklu skiptir fyrir afkomu landbúnaðarins hvernig verksmiðjan hagar starfsemi sinni. Þessir gagnkvæmu hagsmunir hafa verið viðurkenndir hingað til með því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skipan stjórnar Áburðarverksmiðjunnar. Meiri hlutinn telur við hæfi að á meðan ríkissjóður er einn eigandi að öllum hlutum í hinu nýja félagi verði stjórnarmenn áfram valdir eftir svipuðum forsendum og verið hefur og að leitað verði til samtaka bænda og landbúnaðar eftir því sem við getur átt.

Við fyrri umræður á Alþingi og umfjöllun þingnefnda um frumvörp til laga um stofnun hlutafélaga um ríkisfyrirtæki hafa orðið miklar umræður og skiptar skoðanir meðal þingmanna um hvernig gætt skuli réttinda ríkisstarfsmanna við slíkar breytingar. Nefndin hefur kynnt sér þær lögfræðilegu greinargerðir sem aðrar nefndir öfluðu sér við umfjöllun þeirra um hliðstæð mál en telur að endanleg niðurstaða verði vart fengin nema fyrir dómstólum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að fimm menn skipi stjórn hlutafélagsins, kjörnir á aðalfundi þess, svo og jafnmargir varamenn. Enn fremur er lagt til að yfirtöku hins nýja hlutafélags á eignum, skuldum og rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins, svo og brottfalli laga um hana, verði seinkað til 1. ágúst 1993.

Meiri hlutinn bendir á að með stofnun Áburðarverksmiðjunnar hf. og yfirtöku hennar á rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins verður Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir tekjumissi sem nauðsynlegt er að bæta.

Alþingi, 4. maí 1993.

Egill Jónsson, form.	Eggert Haukdal.	Árni R. Árnason, frsm.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson.		Össur Skarphéðinsson.

1109. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um Menningarsjóð.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um Menningarsjóð en sjóðnum er ætlað að leysa af hólmi menntamálaráð og hinn gamla menningarsjóð sem stofnaður var með lögum árið 1928.

Forsaga þessa máls er vægast sagt furðuleg og áhöld um að aðgerðir menntamálaráðherra og fulltrúa hans við að leggja niður menntamálaráð, Menningarsjóð og Bókaútgáfu Menningarsjóðs standist lög. Gengið var fram af mikilli óbilgirni, tilsjónarmanni beitt og ákveðið fyrir fram að leggja starfsemina niður án þess að lagaheimilda væri aflað til þess. Alþingi stendur því frammi fyrir gerðum hlut. Bókaútgáfan hefur verið lögð niður, útgáfuréttur seldur, búið uppgert og gamla landshöfðingjahúsinu ráðstafað. Það er því ljóst að kaflaskil eru orðin í afskiptum ríkisins af menningarmálum án þess að Alþingi Íslendinga hafi gefist kostur á að svo mikið sem ræða þá stefnubreytingu fyrir fram sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Það væri ástæða til að gera ítarlega grein fyrir sögu og aðdraganda þessa máls en hér verður látið nægja að vísa til þeirra umræðna sem urðu um frumvarp til laga um Menningarsjóð í mars sl.

Frumvarpið um nýjan Menningarsjóð er meingallað að mati minni hlutans þótt þær breytingar, sem meiri hlutinn leggur til, séu heldur til bóta.

Í fyrsta lagi ber að nefna að sjóðurinn ber áfram nafnið Menningarsjóður þótt honum sé einkum ætlað að styðja bókaútgáfu og hafi ekki lengur því víðtæka menningarhlutverki að gegna sem fólst í lögum um menntamálaráð.

Í öðru lagi er lagt til að stjórn sjóðsins verði kosin af Alþingi. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að í stjórninni eigi fyrst og fremst að vera fulltrúar rithöfunda og fræðimanna, þ.e. þeir sem þekkingu hafa á þeim bókum sem meiningin er að styrkja til útgáfu.

Minni hlutinn er að sjálfsögðu fylgjandi því að bókaútgáfa, ekki síst á sviði fræða og menningarsögu, sé styrkt myndarlega, enda oft um rit að ræða sem seljast hægt en hafa ómetanlegt gildi. Ekki verður sagt að hinn nýi Menningarsjóður fái veglega vöggugjöf eða að honum verði tryggðar miklar tekjur. Hann fær á milli 15 og 20 millj. kr. í arf frá hinum gamla Menningarsjóði og á síðan að fá í sinn hlut gjald af kvikmyndasýningum og skuggamyndasýningum eins og hinn eldri sjóður samkvæmt lögum um skemmtanaskatt,

nr. 58/1970. Reynslan sýnir að þessi tekjustofn hefur verið skertur ár eftir ár og ótrúlegt að þar verði breyting á nú. Að dómi minni hlutans hefði átt að fara betur ofan í tekjuöflun sjóðsins sem er vægast sagt gamaldags og úrelt.

Í ljósi forsögu þessa frumvarps og þess hvernig að málum hefur verið staðið og í ljósi þess hve gallað frumvarpið er leggur minni hlutinn til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Svavar Gestsson.

1110. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og átt fund með stjórnendum Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ljóst er að rekstur Áburðarverksmiðjunnar er í mikilli hættu. Það stafar ekki af því að verksmiðjan sé rekin með miklu tapi; á árinu 1992 var 14,9 millj. kr. hagnaður af rekstri og 104,5 millj. kr. hagnaður á árinu 1991. Hættan stafar heldur ekki af því að verksmiðjan sé skuldum hlaðin. Eigin fé sem hlutfall af heildarfjármagni hefur vaxið ört undanfarin ár og er nú 88,8% en veltufjárhlutfall er rúm 4% og er eignarstaða verksmiðjunnar mjög traust. Enn síður stafar hættan af því að verksmiðjan geti ekki selt framleiðslu sína. Á sl. ári seldi verksmiðjan alla framleiðslu sína, rúm 50.000 tonn, á innlendum markaði auk rúmlega 1.400 tonna sem voru innflutt og námu heildartekjur fyrirtækisins 1.163,5 millj. kr. Fjöldi starfsmanna er nú 119.

Yfirvofandi hætta stafar hins vegar af því að samkvæmt samningi um EES verður opnað fyrir innflutning erlends áburðar frá ársbyrjun 1995. Á undanförnum árum hafa nokkur risafyrirtæki með Norsk Hydro í broddi fylkingar náð yfirburðastöðu á norrænum markaði með áburði unnum úr jarðgasi. Líklegt er að Áburðarverksmiðjan muni eiga í erfiðleikum með að standast þá samkeppni þar sem íslenskur áburður er talinn um 10% dýrari en erlendur þótt raunverð á innlendum áburði hafi farið verulega lækkandi á liðnum árum eins og sjá má í meðfylgjandi fylgiskjali. Vissulega fylgja því nokkrir kostir fyrir bændur og neytendur landbúnaðarvara að áburðarverð lækki. Hins vegar er það stórfellt áfall fyrir þjóðarbúið og íslenskt efnahagslíf ef framleiðsla, sem nemur rúmum milljarði króna, fellur niður.

Fyrirhuguð breyting á rekstrarformi verksmiðjunnar leysir engan vanda. Nú er stjórn verksmiðjunnar kjörin á Alþingi en með stofnun hlutafélags um reksturinn verður sú breyting að landbúnaðarráðherra velur alla stjórnarmenn. Þótt eignarstaða fyrirtækisins sé mjög góð er ekki líklegt að eftirspurn verði eftir hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi við þær aðstæður sem við blasa. Því er langlíklegast að hlutabréfin verði áfram í eigu ríkisins.

Engin ástæða er til að ætla að staða verksmiðjunnar batni með þeirri miðstýringu og ólýðræðislegu valdasamþjöppun sem felst í því að önnum kafinn stjórnmálamaður, sem gegnir starfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, verði einráður um málefni fyrirtækisins.

Brýnasta verkefnið í málefnum þessa fyrirtækis er því ekki breyting á rekstrarformi heldur hitt að tryggja rekstur þess í framtíðinni og skapa því öruggan rekstrargrundvöll. Jafnhliða þessu þarf að huga að réttarstöðu þeirra starfsmanna verksmiðjunnar sem búa nú við réttindi ríkisstarfsmanna.

Undirritaður, sem skipar minni hluta nefndarinnar, telur óhjákvæmilegt að gerð verði vönduð úttekt á því á vegum landbúnaðarráðuneytisins og bændasamtakanna hvað gera þarf til að tryggja rekstur verksmiðjunnar til frambúðar eftir að innflutningur erlends áburðar hefst í samræmi við EES-samning á árinu 1995. Því er hér lagt til að máli þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1993.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.


ÞRÓUN ÁBURÐARVERÐS MIÐAÐ VIÐ BYGG.VÍSIT = 100
Verð til Ábv.
Verð til bænda
100
82,3
61
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992


Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni
47.4
57.7
68.8
64
63
79.6
84.1
88.8
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992

9. Helstu kennitölur.

	1992	1991	1990	1989
Veltufjármunir/heildareignir	42,7%	36,9%	26,5%	34,5%
Fastafjármunir/heildareignir	57,3%	63,1%	73,5%	65,5%
Skammtímaskuldir/heildareignir	10,7%	12,5%	13,6%	26,1%
Langtímaskuldir/heildareignir	0,5%	3,3%	6,8%	10,7%
Eigið fé/heildareignir	88,8%	84,2%	79,6%	63,2%
Veltufjárhlutfall	4,01	2,95	1,95	1,32
Lausafjárhlutfall	1,20	0,42	0,38	0,30

Rekstrarreikningur ársins 1992.

	Skýr.	1992	1991
Rekstrartekjur			
Sala áburðar		1.158.803.671	1.297.880.023
Aðrar tekjur		4.719.356	6.968.122
Samtals		**1.163.523.027**	**1.304.848.145**
Rekstrargjöld			
Hráefni, hjálparefni og umbúðir		348.144.397	594.127.664
Laun og tengd gjöld		299.821.234	280.384.848
Orkukostnaður		84.343.655	94.611.274
Annar rekstrarkostnaður		180.449.779	248.057.370
Landsútsvar	6,0	14.330.891	13.295.143
Afskriftir	1,2	186.224.983	221.348.915
Áburðarbirgðir, lækkun (hækkun)		36.143.875	(230.070.000)
Samtals		**1.149.458.814**	**1.221.755.214**
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		14.064.213	83.092.931
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur	1,7	43.750.735	65.380.056
Vaxtagjöld, verðbætur	1,7	(31.938.432)	(47.401.734)
Gengistap	1,4	(11.626.346)	(11.429.367)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1,2	666.048	14.879.165
Samtals		**852.005**	**21.428.120**
Hagnaður ársins		**14.916.218**	**104.521.051**

Efnahagsreikningur.
Eignir.

	Skýr.	1992	1991
Veltufjármunir			
Sjóður og bankainnstæður		93.574.897	34.133.677
Viðskiptakröfur	1,5	37.684.263	33.411.972
Aðrar skammtímakröfur		115.096.145	37.106.885
Hráefna- og rekstrarvörubirgðir	1,8	89.788.032	105.179.687
Áburðarbirgðir	1,8	489.780.125	525.924.000
Samtals		**825.923.462**	**735.756.221**
Fastafjármunir			
Áhættufé og langtímakröfur:			
Skuldabréfaeign		5.159.578	16.920.867
Eignarhlutir í félögum	2,0	5.505.161	2.671.675
Samtals		**10.664.739**	**19.592.542**
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Byggingar og önnur mannvirki		799.460.555	835.963.853
Verksmiðjuvélar og búnaður		272.532.295	388.113.878
Flutningstæki, verkfæri og áhöld		23.855.993	16.120.408
Samtals	**3,0**	**1.095.848.843**	**1.240.198.139**
		1.106.513.582	**1.259.790.681**
Eignir samtals		**1.932.437.044**	**1.995.546.902**

31. desember 1992.
Skuldir og eigið fé.

	Skýr.	1992	1991
Skammtímaskuldir			
Rekstrarlán í erlendri mynt		62.263.060	96.293.841
Ógreitt vegna starfsmanna		10.674.921	9.246.752
Ógreitt áunnið orlof	1,3	20.646.647	0
Ýmsar skammtímaskuldir		26.182.398	64.022.963
Landsútsvar ársins		14.330.891	13.295.143
Næsta árs afborganir langtímaskulda	4,0	71.853.689	66.472.633
Samtals		**205.951.606**	**249.331.332**
Langtímaskuldir			
Erlend lán	4,0	71.853.689	132.945.266
Næsta árs afborganir	4,0	(71.853.689)	(66.472.633)
Eftirlaunaskuldbindingar	1,6	9.251.000	0
Samtals		**9.251.000**	**66.472.633**
Skuldir samtals		**215.202.606**	**315.803.965**
Veðsetningar, ábyrgðarskuldbindingar	8,0		
Eigið fé			
Stofnfé		632.396.959	625.077.876
Endurmatsreikningur		1.876.133.827	1.851.546.878
Ójafnað tap		(791.296.348)	(796.881.817)
Eigið fé samtals	**7,0**	**1.717.234.438**	**1.679.742.937**
Skuldir og eigið fé samtals		**1.932.437.044**	**1.995.546.902**

1111. Nefndarálit [533. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá umhverfisnefnd og er umsögnin birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.	Hjörleifur Guttormsson.
Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar Alþingis.
(5. maí 1993.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um fjórar þingsályktunartillögur til staðfestingar á alþjóðasamningum á sviði umhverfismála sem utanríkismálanefnd sendi nefndinni til umsagnar.

Umhverfisnefnd fékk til viðræðna um málin Jón Gunnar Ottósson og Þóri Ibsen frá umhverfisráðuneytinu. Að ósk nefndarinnar tók umhverfisráðuneytið saman minnisblað um þá fyrirvara sem gerðir eru af hálfu Íslands við einn þessara samninga, Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við samþykkt þessara tillagna en bendir á eftirfarandi varðandi fyrirvara Íslands í Bernarsamningnum:

Með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu er fylgiskjal (fskj. II) með skrá yfir þá fyrirvara sem ástæða er talin til að gera við samninginn við aðild að honum. Í 1. mgr. 22. gr. samningsins segir svo: „Við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild getur sérhvert ríki gert einn eða fleiri fyrirvara um ákveðnar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I–III ...“

Í viðauka I er ein íslensk plöntutegund og í viðauka II eru nokkur íslensk dýr auk nokkurra dýrategunda sem flækjast stöku sinnum til landsins og njóta ekki verndar samkvæmt íslenskum lögum. Ástæða var talin til að gera fyrirvara um friðun þessara teg-

unda að óbreyttum lögum og í samræmi við íslenskar aðstæður svo að ósamræmi skapist ekki á milli íslenskrar löggjafar og þeirra þjóðréttarlegu ákvæða sem samningurinn felur í sér.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Taki lög þessi gildi munu tvær af þeim tegundum, sem fyrirvari er gerður um, lómur og ísbjörn, njóta verndar. Verði frumvarpið að lögum áður en samningurinn yrði fullgiltur fyrir Íslands hönd er ástæðulaust að gera fyrirvara um friðun þessara tegunda þar sem 9. gr. samningsins veitir sérhverjum samningsaðila rúma heimild til að veita undanþágur vegna ákvæða samningsins um verndun þeirra tegunda sem eru skráðar í viðauka II. Þess ber og að geta að samningsaðilum er heimilt hvenær sem er skv. 4. mgr. 22. gr. að afturkalla að fullu eða að hluta þá fyrirvara sem þeir hafa gert við samninginn.

F.h. umhverfisnefndar,

Gunnlaugur Stefánsson,
formaður.

1112. Nefndarálit [534. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá umhverfisnefnd sem gerir ekki athugasemd við samþykkt tillögunnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Geir H. Haarde.	Hjörleifur Guttormsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Páll Pétursson.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.

1113. Nefndarálit [535. mál]

um till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu. Þá barst nefndinni umsögn um tillöguna frá umhverfisnefnd og gerir nefndin ekki athugasemd við samþykkt hennar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.	Hjörleifur Guttormsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.

1114. Nefndarálit [536. mál]

um till. til þál. um fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, og Þóri Ibsen, deildarsérfræðing í umhverfisráðuneytinu. Þá barst nefndinni umsögn um tillöguna frá umhverfisnefnd og gerir nefndin ekki athugasemd við samþykkt hennar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.	Páll Pétursson.
Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.	Hjörleifur Guttormsson.

1115. Lög [117. mál]

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1046.

1116. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðisstofnun ríkisins er ríkisstofnun er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðherra sem fer með yfirstjórn húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast stjórn og framkvæmd opinberra afskipta af húsnæðismálum samkvæmt lögum þessum. Húsnæðisstofnun skal vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðuneytið og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem ráðherra felur henni á sviði húsnæðismála.

Húsnæðisstofnun skal koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu stofnunarinnar. Stofnunin skal leitast við að veita landsmönnum sömu þjónustu óháð búsetu.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, skipulag stofnunarinnar, þar á meðal skiptingu hennar í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um það í lögum þessum. Heimilt er að sameina yfirstjórn, rekstur og starfsmannahald tveggja eða fleiri sviða, deilda og sjóða sem kveðið er á um í lögum þessum.

Kostnaði við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins skal skipt milli þeirra sjóða sem stofnunin rekur, að teknu tilliti til umfangs í rekstri þeirra og útistandandi eigna í lok reikningsárs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

4. gr. laganna, *húsnæðismálastjórn,* orðast svo:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa sjö menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Skipunartími formanns og varaformanns skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina, sbr. 7. gr.

4. gr.

5. gr. laganna, *hlutverk húsnæðismálastjórnar,* orðast svo:

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og gæta þess að starfað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
2. Að gera tillögur til félagsmálaráðherra að fjárhagsáætlun þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður og fyrirhuguð skipting ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka byggingarsjóðanna og meginsjónarmið um ráðstöfun þess.
3. Að úthluta framkvæmdaraðilum lánum til félagslegra íbúða og skera úr vafa- og ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar.
4. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana eða henni eru falin samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, að fenginni tillögu húsnæðismálastjórnar, til sex ára í senn og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk til hennar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi stofnunarinnar og á því að þessir þættir séu innan þess ramma sem fjárlög setja.

Framkvæmdastjóri vinnur tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri situr fundi húsnæðismálastjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

7. gr.

4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána.

9. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Við Byggingarsjóð ríkisins er heimilt að starfrækja sérstaka húsbréfadeild. Um hlutverk hennar fer eins og greinir í lögum þessum. Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins.

10. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. b- og c-liðum þessarar greinar og hafa með höndum samskipti skuldara fasteignabréfa við húsbréfadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. a-lið megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

13. gr.

3. málsl. 9. mgr. 54. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

4. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo:

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 73. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila.

16. gr.

VII. kafli laganna, **Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar**, fellur brott.

17. gr.

VIII. kafli laganna, **Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga**, fellur brott.

18. gr.

B-liður 105. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra enda komi gjald fyrir.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um starfstíma framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins á ekki við um þann sem gegnir störfum við gildistöku laga þessara.

II.

Ráðherra er heimilt að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

III.

Um útgreiðslur á innstæðum á skyldusparnaðarreikningum gilda eftirfarandi reglur:

a. Innstæður, sem eru 30.000 kr. eða lægri, skulu greiddar eigendum án umsóknar innan sex mánaða frá gildistöku laganna.
b. Eigandi innstæðu, sem nemur hærri fjárhæð en 30.000 kr., á kost á að fá innstæðu sína greidda þegar hann hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefur barn á framfæri. Sama á við um 75% öryrkja samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins. Sá sem stundað hefur nám í sex mánuði samfellt samkvæmt vottorði skóla á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

   Húsnæðisstofnun skal kynna réttindi samkvæmt þessum lið sérstaklega.
c. Aðrar innstæður en þær sem fram koma í a- og b-liðum skulu greiddar eigendum 1. janúar árið 2000.
d. Ákvæði laga um skyldusparnað, sbr. VIII. kafla laga nr. 86/1988, með síðari breytingum, um skattalega stöðu innstæðna, vaxtaákvarðanir, vísitöluútreikning og innheimtu skulu, eftir því sem við á, gilda til 1. janúar 2000.
e. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

IV.

Ný húsnæðismálastjórn, sbr. 4. gr. laganna, skal kosin strax eftir gildistöku laganna og skal hún sitja til næstu alþingiskosninga.

1117. Lög [77. mál]

um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1073.

1118. Lög [21. mál]

um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1074.

1119. Lög [15. mál]

um breytingu á lagaákvæðum, er varða íslenskt ríkisfang, vegna aðildar að samingi um Evrópska efnahagssvæðið.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1075.

1120. Lög [28. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1076 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993.
Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

5. gr. hljóðar svo:
Lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993.
Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ráðherra er enn freumur heimilt að setja reglugerðir um leiðsögu skipa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

1121. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (EgJ, ÁRÁ, EKG, EH, KÁ, ÖS, GÁ, JGS).

1. Á eftir 6. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Stjórn hlutafélagsins skulu skipa fimm menn, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og jafnmargir varamenn þeirra.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1993“ komi: 1. ágúst 1993.

1122. Nefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið fékk á fund sinn frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra. Þá bárust henni umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að ekki verði bundið í lögum að umdæmanefndir skv. 1. tölul. 1. gr. verði kosnar af stjórnum landshlutasamtaka. Lagt er til að framkvæmd kosninganna verði í höndum landshlutasamtakanna sjálfra án þess að tekin sé afstaða til hvort þau fela hana stjórn sinni. Þá felst í breytingartillögunni að frestur fram til þessara kosninga verður lengdur um fimmtán daga.

Alþingi, 4. maí 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Kristjánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Gunnlaugur Stefánsson.

1123. Breytingartillaga [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Stjórnir landshlutasamtaka skulu fyrir 1. júní“ í upphafi 1. tölul. komi: Landshlutasamtök skulu fyrir 15. júní.

1124. Nefndarálit [516. mál]

um till. til þál. um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið en með því er lagt til að Alþingi samþykki heimild til handa félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga er starfi tímabundið á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar. Nefndin fékk á fund sinn frá félagsmálaráðuneytinu Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Vilhjálmsson formann og Þór Skúlason framkvæmdastjóra. Þá bárust henni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Sveitarfélaganefndin skipaði sérstaka nefnd til að fjalla um málefni grunnskóla og til að kanna hvernig hægt verði að flytja rekstur þeirra yfir til sveitarfélaga. Félagsmálanefnd telur rétt að fram komi að hún álítur að á grundvelli þeirrar meðferðar á málefnum grunnskóla verði þeir ekki á þessu stigi meðal tilraunaverkefna reynslusveitarfélaganna.

Alþingi, 4. maí 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Kristjánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Gunnlaugur Stefánsson.

1125. Breytingartillaga [504. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (EgJ, ÖS, ÁRÁ, EKG, EH, JGS, GÁ).

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbúnaðarráðherra. Hið sama gildir um vörulíki þessara vara. Ráðherra skal leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvort innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni nema þegar um er að ræða innflutning á kartöflum, nýju grænmeti, sveppum og blómum. Ráðherra skal þá leita umsagnar nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda, tilnefndum af samtökum þeirra, tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda, tilnefndum af viðskiptaráðherra, og oddamanni, tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstudda umsögn um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils. Ráðherra getur að fenginni umsögn nefndarinnar ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu og skal þá kveða á um leyfilegan sölutíma varanna. Sama gildir um aðrar vörur sem greinin tekur til, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innflutningur garðyrkjuafurða skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, enda sé verðjöfnunargjöldum beitt í samræmi við heimildir í milliríkjasamningum. Jafnframt getur ráðherra látið að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra. Samráð skal haft milli fjármálaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins um framkvæmd verðjöfnunar, þannig að ekki verði raskað samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu landbúnaðarvara og vara sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði, innan þeirra marka sem áðurgreindir samningar setja.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um til hvaða vara og vörulíkja ákvæði 1. og 2. mgr. tekur, þar með talið hlutfall hráefna í unnum vörum.

Ráðherra ákveður með reglugerð af hvaða hráefni úr landbúnaði skuli vera heimilt að endurgreiða verðjöfnunargjald við útflutning og hver endurgreiðslufjárhæðin skal vera.

1126. Svar [466. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um viðskipti varnarliðsins á Íslandi við íslenska verktaka og verslanir á árinu 1992.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða verktakar, verslanir og önnur íslensk fyrirtæki eiga í viðskiptum við varnarliðið, um hvers konar viðskipti er að ræða og hvert er umfang viðskiptanna?*
2. *Hve lengi hafa viðskiptin átt sér stað? Var til þeirra stofnað að frumkvæði varnarliðsins eða á annan hátt?*

3. *Hafa þau fyrirtæki öll sérstök leyfi varnarmáladeildar ráðuneytisins til viðskipta við varnarliðið og ef svo er hvenær voru þau leyfi út gefin?*

Sem svar við fyrirspurn um viðskipti varnarliðsins á Íslandi við íslenska verktaka og verslanir á árinu 1992 fylgir skrá yfir viðskiptamenn varnarliðsins sem utanríkisráðuneytið hefur fengið í hendur. Skráin nær til allra innlendra aðila sem stunduðu viðskipti við varnarliðið frá 1. október 1991 til 31. september 1992.

Heildargreiðslur varnarliðsins til viðskiptamanna á bandaríska fjárlagaárinu 1992 námu rúmlega 155 milljónum USD eða tæplega 9 milljörðum íslenskra króna miðað við meðalgengi bandaríska dollarsins árið 1992, en það var 1 USD = 57,68 kr. Þar af námu greiðslur til hins opinbera tæplega 23 milljónum USD eða rúmlega 1,3 milljörðum króna.

Greiðslur til viðskiptamanna utan Reykjaness námu um 6,4 milljónum USD eða um 368 milljónum króna.

Til þessara viðskipta hefur eingöngu verið stofnað að frumkvæði varnarliðsins. Eins og sjá má af viðskiptamannaskránni er um að ræða mjög fjölbreytt viðskipti, bæði við einkaaðila og hið opinbera. Ekki er til ítarleg skrá um hve lengi viðskiptin hafa átt sér stað, en í sumum tilfellum hafa þau staðið allar götur frá 1951. Veruleg aukning varð í viðskiptum varnarliðsins upp úr 1974 þegar fjölskyldufólki í varnarliðinu fjölgaði. Þau fyrirtæki, sem eiga í viðskiptum við varnarliðið, hafa til þess sérstök leyfi varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hafa leyfi þessi verið gefin út frá árinu 1951 til dagsins í dag.

HIÐ OPINBERA

NAFN VIÐSKIPTAMANNS	UPPHÆÐ Í KR. (USD=KR. 57.68)
ÁTVR	382.707
Brunamálastofnun ríkisins	24.918
Flugmálastjórn	1.199.744
Ríkissjóður	9.094.694
Hæstiréttur Íslands	6.864
Landmælingar Íslands	600.564
Löggildingarstofa ríkisins	32.416
Póstur og sími	772.863.780
Ratsjárstofnun	523.049.103
Ráðningadeild Varnarmálaskrifstofu	566.244
Skrifstofa Alþingis	7.210
Upplýsingamiðstöð ferðamála	57.680
Varnarmálaskrifstofan	13.040.294
SAMTALS	1320.926.218

NAFN VIÐSKIPTAMANNS	AÐSETUR	UPPHÆÐ FJÁRLAGÁRIÐ 1992
A.G. Matthíasson	Kópavogur	682.181
A. Guðmundsson hf	Kópavogur	3.334.135
A. Karlsson hf	Reykjavík	1.162.021
Áburðaverksmiðja ríkisins	Reykjavík	50.965
ACO hf	Reykjavík	379.131
Aðalsteinn Aðalsteinsson	Reykjavík	146.911
Aðalstöðin hf	Keflavík	977.907
Aðalverk hf	Keflavík	16.883.686
Ágæti hf	Reykjavík	1.165.713
Áhaldaleiga Suðurnesja	Keflavík	90.212
Akron hf	Reykjavík	6.229
Albert Guðmundsson	Reykjavík	2.074.288
Álfaborg	Reykjavík	23.706
Álímingar sf	Reykjavík	965.044
Almenna lögfræðistofan hf	Reykjavík	74.407
Álnabær hf	Reykjavík	2.589.313
Alþýðublaðið	Reykjavík	42.856
Andri hf	Reykjavík	8.191
Apótek Keflavíkur	Keflavík	399.665
Apple umboðið	Reykjavík	7.383
Árblik hf	Garðabær	2.537.747
Arnar Jósefsson		183.365
Arnardalur sf	Reykjavík	27.917
Árni Kristinsson læknir	Reykjavík	5.076
Árni Þórsson læknir	Reykjavík	7.095
Aron Björnsson		3.980
Árvík sf	Reykjavík	75.965
Ásbjörn Ólafsson hf	Reykjavík	19.092
Ásgeir Einarsson hf	Reykjavík	364.480
Ásgeir Theodórsson læknir	Reykjavík	80.983
Asiaco hf	Reykjavík	47.874
Ás leirsmiðja		6.172
Ásmundur Gústafsson		54.796
Astra	Reykjavík	825.285
Atlas hf	Reykjavík	46.202
ÁTVR	Keflavík	382.707
Austurbakki hf	Reykjavík	1.689.101
Axel Kaaber	Reykjavík	502.739
B.M. Vallá hf	Reykjavík	108.496
Bæjarfógetinn í Keflavík	Keflavík	9.748
Bætir hf	Reykjavík	168.656
Bakarí Friðriks Jónssonar	Keflavík	9.171
Bananar hf	Reykjavík	1.426.426
Bandalag íslenskra farfugla	Reykjavík	10.498

Barki hf	Kópavogur	106.247
Barr sf	Reykjavík	4.446.782
Benedikt Jóhannsson læknir		433.523
Bensínstöðin Fitjaborg	Njarðvík	8.710
Bergís	Seltjarnarnes	20.592
Bergvík hf	Reykjavík	12.286
Besta	Keflavík	1.166.405
BG Bílakringlan	Keflavík	1.532.904
Bifreiðaskoðun Íslands hf		10.959
Bílabúð Benna	Reykjavík	13.439
Bílaklæðningar hf	Reykjavík	358.481
Bílaleiga AG	Reykjavík	1.708.078
Bílaleiga Akureyrar	Akureyri	17.073
Bílaleigan Geysir	Keflavík	110.342
Bílaleigan RAS	Keflavík	927.033
Bílaleigan Reykjanes	Keflavík	802.271
Bílanaust	Reykjavík	1.069.906
Bílarétting	Keflavík	3.230.888
Bílaryðvörn hf	Reykjavík	421.872
Bílasmiðurinn sf	Reykjavík	85.886
Bílaver KA	Keflavík	807.116
Bílrúðan	Reykjavík	23.014
Bílver KA	Kópavogur	812.711
Bíro hf	Kópavogur	1.143.910
Bitburger Pils		168.483
Bjarni Hannesson læknir	Reykjavík	25.206
Bjarni Pálmarsson		6.056
Bjarni Þorleifsson læknir		5.307
Björn Árdal læknir	Reykjavík	13.843
Björn og Halldór hf	Reykjavík	118.302
Björn Tryggvason læknir		25.956
Björninn hf	Reykjavík	59.526
Bláa Lónið	Keflavík	118.186
Blikk og stál hf	Reykjavík	240.064
Blikksmiðja Ágústar Guðjónssonar	Reykjavík	42.568
Blikksmiðja Gylfa	Reykjavík	156.601
Blikksmiðjan Grettir hf	Reykjavík	439.222
Blikksmiðjan Höfði hf	Reykjavík	9.979
Blikksmiðjan OJ&K	Reykjavík	308.473
Blikksmiðjan Vík	Kópavogur	63.736
Blindravinnustofan	Reykjavík	6.172
Blómaheildsalan hf	Reykjavík	2.286.089
Blómamiðstöðin	Reykjavík	2.550.898
Blómastofa Guðrúnar	Keflavík	85.539
Blómaval	Reykjavík	20.592
Blossi sf	Reykjavík	79.137
B.ORammi hf	Keflavík	522.927
Boðeind sf	Reykjavík	117.725
Bogi	Reykjavík	1.269

Bókabúð Keflavíkur	Keflavík	412.008
Bókasala stúdenta	Reykjavík	4.787
Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar	Reykjavík	108.669
Bolur sf	Kópavogur	2.692.848
Bomanite	Kópavogur	971.331
Borgarfoss	Reykjavík	65.986
Borgarplast	Seltjarnarnes	102.555
Borgarprýði	Reykjavík	129.953
Borgarspítalinn	Reykjavík	3.147.309
Börkur sf	Hafnarfjörður	71.119
Bræðurnir Ormsson hf	Reykjavík	618.733
Brauð hf	Reykjavík	7.181.737
Bréfaskólinn	Reykjavík	3.518
Brum hf	Reykjavík	62.352
Brunamálastofnun ríkisins		24.918
Brynja	Reykjavík	197.035
Brynjólfur Jónsson læknir		68.178
Brynjólfur Mogensen læknir	Reykjavík	8.652
Brynjólfur Sandholt		32.993
BSH hf		43.894
Burstafell hf	Reykjavík	9.806
Burstagerðin hf	Garðabær	1.279.919
Bústoð hf	Keflavík	186.479
Byggingavörur hf	Reykjavík	35.589
Byggingavöruverslun Kópavogs	Kópavogur	1.155.792
Byggt og búið	Reykjavík	4.038
Dælur hf	Reykjavík	33.858
Dagblaðið	Reykjavík	198.188
Davíð Gíslason læknir	Reykjavík	21.457
David Pitt & Co	Reykjavík	125.569
DHL Hraðflutningar hf	Reykjavík	732.882
Domus Medica	Reykjavík	12.401
Donna hf	Reykjavík	158.678
Draumaland	Keflavík	79.252
Dreifing hf	Reykjavík	17.477
Dropinn hf	Keflavík	4.390.890
Dynjandi sf	Reykjavík	420.430
E.Th. Mathiesen	Hafnarfjörður	76.195
Eðal Katla hf	Reykjavík	50.585
Effco hf	Reykjavík	58.314
Efnaver hf	Reykjavík	8.940
Efnaverksmiðjan Eimur hf	Reykjavík	136.932
Efnaverksmiðjan Sjöfn	Reykjavík	588.163
Efnissala Guðjóns E. Jóhannssonar hf	Reykjavík	48.739
Efnissalan hf	Kópavogur	63.160
Eggert Jónsson læknir	Reykjavík	13.901
Eimskipafélag Íslands	Reykjavík	2.156.021
Einar J. Skúlason hf	Reykjavík	842.820
Einar Stefánsson læknir	Reykjavík	8.998

Elías Ólafsson læknir	Reykjavík	62.064
Ellen Mooney læknir	Reykjavík	98.806
Endurmenntun Háskóla Íslands	Reykjavík	180.077
Endurvinnslan	Reykjavík	2.094.245
Erla Einarsdóttir		46.548
Erlendur Hansen		18.919
Express Litmyndir	Reykjavík	8.018
Fagraberg	Reykjavík	320.009
Fálkinn hf	Reykjavík	266.828
Fannir hf	Reykjavík	2.423
Fannborg		156.947
Farfuglaheimilið Stykkishólmi	Stykkishólmur	14.478
Farfuglaheimili Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	13.266
Farfuglaheimilið Sjónarhóll	Reykjavík	7.498
Farfuglaheimilið Stórhóll	Utan Reykjaness	8.191
Father Dennis O´Leary	Reykjavík	50.470
Faxastál	Reykjavík	282.863
Faxi mánaðarblaðið	Keflavík	3.692
Félagsprentsmiðjan hf	Reykjavík	225.817
Ferðafélag Íslands	Reykjavík	86.347
Ferðaleikhúsið	Reykjavík	153.429
Ferðamálaskóli MK		54.104
Ferðamiðstöðin Veröld	Reykjavík	480.936
Ferðaskrifstofa Íslands	Reykjavík	121.993
Ferðaskrifstofa Vestfjarðar	Reykjavík	101.401
Ferðaskrifstofan Nonni	Utan Reykjaness	22.322
Ferðaþjónusta bænda	Reykjavík	183.076
Ferðaþjónusta Húsafell hf	Borgarfjörður	5.883
Ferðaþjónusta Suðurnesja	Keflavík	972.254
FH Akurtraðir Martha Böðvarsdóttir	Utan Reykjaness	10.094
FH Árni Ingvason	Utan Reykjaness	36.165
FH Bakkafljót	Utan Reykjaness	18.631
FH Brennistaðir	Utan Reykjaness	6.749
FH Ferjubakki	Utan Reykjaness	54.046
FH Fljótstunga	Utan Reykjaness	2.999
FH Fossar	Utan Reykjaness	4.903
FH Fosshólar	Utan Reykjaness	4.384
FH Gerði Suðursveit	Utan Reykjaness	15.574
FH Gísli Kjartansson	Utan Reykjaness	17.938
FH Guðrún Magnúsdóttir	Utan Reykjaness	4.211
FH Guðveig Bjarnadóttir	Utan Reykjaness	14.132
FH Hagi Aðaldal	Utan Reykjaness	3.403
FH Hlíð Eyjólfur Jónsson	Utan Reykjaness	4.614
FH Höfðabrekka	Utan Reykjaness	8.825
FH Hnausar	Utan Reykjaness	4.557
FH Hunkubakki	Utan Reykjaness	6.518
FH Jökulsá	Utan Reykjaness	2.076
FH Kristinn Jóhannsson	Utan Reykjaness	10.094
FH Litla Hof	Utan Reykjaness	33.108

FH Ólafur Thorsteinsson	Utan Reykjaness	14.247
FH Sigríður Sigurðardóttir	Utan Reykjaness	6.402
FH Sigrún Sæmundsdóttir	Utan Reykjaness	20.419
FH Skipalækur	Utan Reykjaness	2.365
FH Skútuvogur II	Utan Reykjaness	6.979
FH Smáratún	Utan Reykjaness	20.419
FH Smyrlabjörg Laufey Helgadóttir	Utan Reykjaness	5.826
FH Sólveig Sigurðardóttir	Utan Reykjaness	31.205
FH Syðri Hagi Ármann Rögnvaldsson	Utan Reykjaness	94.480
FH Þorsteinn Einarsson	Utan Reykjaness	3.807
FH Þorsteinn Gíslason	Utan Reykjaness	5.595
FH Þorvaldur Jónsson	Utan Reykjaness	18.112
FH Ytri Tunga	Utan Reykjaness	19.380
FH Ytri Vík	Utan Reykjaness	13.555
Fínpússning sf	Reykjavík	9.286
Fínull		185.730
Fiskeldi Grindavíkur	Grindavík	35.992
Fitjaborg	Njarðvík	5.595
Fitjanesti	Keflavík	3.634
Fjölprent hf	Reykjavík	48.163
Fjölval haf	Reykjavík	6.691
Flæði	Keflavík	2.757.508
Flötur hf		64.775
Flugfélag Norðurlands	Keflavík	14.651
Flugferðir Sólarflug	Reykjavík	15.112
Flughótel	Keflavík	52.662
Flugleiðir hf.	Keflavík	43.273.439
Flugmálastjórn	Keflavík	19.826.058
Flugmálastjórn	Reykjavík	1.199.744
Flúrlampar hf	Hafnarfjörður	46.086
Flutningamiðlun hf		865
Flutningsþjónusta Gunnars Rúnarssonar	Utan Reykjaness	80.464
FM Dreifing	Reykjavík	54.911
Fókus	Reykjavík	41.472
Folda	Akureyri	1.360.960
Fönix hf	Reykjavík	590.528
Formax	Reykjavík	15.170
Forskot sf	Reykjavík	24.341
Fótóval	Reykjavík	9.690
Fræðsluráð Hótel og veitingagreina	Reykjavík	61.660
Frétta- og auglýsingaþjónustan		9.979
Friðrik Ívarsson		2.019
Friðþór Kr. Eydal	Reykjavík	143.162
Frigg	Garðabær	3.172
Fríhöfnin	Keflavík	44.068
Fróði	Reykjavík	10.555
Frón hf	Reykjavík	153.833
Frumurannsóknastofan		1.310.893
G.A. Pétursson hf	Reykjavík	113.110

G. Ingvar Magnússon	Kópavogur	185.557
G.J. Fossberg hf	Reykjavík	75.445
G. Símonarson hf		239.891
Gamla Kompaníið		24.572
Garðaprjón	Garðabær	26.764
Georg V. Hannah		6.691
Gísli Ferdinandsson hf	Reykjavík	188.902
Gistiheimilið Ás	Utan Reykjaness	28.090
Gistiheimilið Gilsbakki	Utan Reykjaness	54.104
Gistiheimilið Heimir	Utan Reykjaness	15.747
Gistiheimilið Lönguhlíð	Utan Reykjaness	4.268
Gistiheimilið Lonna	Utan Reykjaness	24.226
Gistiheimilið Pétursborg	Utan Reykjaness	29.359
Gistiheimilið Salka	Utan Reykjaness	28.263
Gistiheimilið Sjóbúðir	Utan Reykjaness	2.250
Gistiheimilið Skólastíg 5	Utan Reykjaness	23.995
Gistiheimilið Smáratún	Utan Reykjaness	7.095
Gistiheimilið Tungusíður	Utan Reykjaness	10.325
Gistihús Áslaugar Jóhanns	Utan Reykjaness	3.749
Gistihúsið Kristína	Utan Reykjaness	53.296
Gistihúsið Leirubakka	Utan Reykjaness	4.095
Gistihúsið Sólbakki	Utan Reykjaness	9.863
GKS hf	Reykjavík	2.925.414
Gler í Bergvík	Reykjavík	33.627
Gleraugnaverslun Keflavíkur	Keflavík	7.002.410
Glerborg hf	Hafnarfjörður	866.700
Glersalan Keflavík	Keflavík	369.960
Glit hf	Reykjavík	1.116.858
Globus hf	Reykjavík	834.455
Glóey hf	Reykjavík	9.344
Glófaxi	Reykjavík	761.376
Gluggasmiðjan hf	Reykjavík	1.915.841
Gnýr sf	Reykjavík	278.940
Golf hf	Keflavík	881.408
Golfklúbbur Akureyrar	Akureyri	25.437
Gólflagnir		128.799
Gosan	Reykjavík	423.948
Grágás hf	Keflavík	418.930
Grétar Helgason		577
Grindavíkurbær	Grindavík	579.742
Gróðrastöðin Birkihlíð	Kópavogur	59.122
Gróðrastöðin Mörk	Reykjavík	132.260
Guðbjartur Þorleifsson		26.360
Guðbjörg Eyjólfsdóttir		79.483
Guðmundur Einarsson læknir		2.999
Guðmundur Arason hf	Reykjavík	332.294
Guðmundur Guðjónsson læknir	Reykjavík	5.653
Guðmundur Jóhannesson	Garðabær	4.159.709
Guðmundur Jónsson hf	Reykjavík	163.234

Guðmundur Pétursson		3.357.091
Guðmundur Snorrason		129.088
Guðmundur Þorgeirsson læknir		101.286
Guðmundur Viggósson læknir	Reykjavík	18.631
Guðmundur Vignir Einarsson læknir	Reykjavík	20.361
Guðni Kjartansson		74.696
Gullsmiðir	Reykjavík	33.454
Gullsmiðir Bjarni og Þórarinn	Reykjavík	145.238
Gúmmíbátaþjónustan	Reykjavík	23.880
Guðmundur Arason hf	Reykjavík	1.211
Gunnar Ás Vilhjálmsson læknir	Reykjavík	22.264
Gunnar Ásgeirsson hf	Reykjavík	42.337
Gunnar Guðjónsson	Reykjavík	296.648
Gunnar Valtýsson læknir	Reykjavík	4.845
Gunnlaugur Geirsson læknir	Reykjavík	6.633
Gylfi Baldursson læknir		72.561
H.A.G. Tækjasala	Reykjavík	18.169
Háberg hf		10.382
Háborg hf		5.191
Hæstiréttur Íslands		6.864
Hafnarbakki	Reykjavík	390.955
Hafsteinn Axelsson hf	Njarðvík	12.657.761
Hafsteinn Sæmundsson læknir	Reykjavík	2.423
Hagkaup hf	Keflavík	69.274
Hagstofa Íslands	Reykjavík	2.307
Hagvangur hf	Reykjavík	43.260
Halldór Steinsen læknir	Reykjavík	17.881
Handlæknastöðin hf	Reykjavík	476.668
Handprjónasamband Íslands	Reykjavík	179.096
Hannarr	Reykjavík	6.806
Hans Árnason	Reykjavík	212.147
Hans Petersen hf	Reykjavík	2.034.602
Haraldur Sigurðsson læknir	Reykjavík	20.130
Harpa hf	Reykjavík	473.668
Hátækni hf	Reykjavík	1.157.118
HBD Heildverslun		169.637
Hebron sf	Reykjavík	1.232.449
Héðinn	Garðabær	6.165.415
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Keflavík	3.403.120
Heildv. Ásgeirs Sigurðssonar		11.017
Heimilistæki hf	Reykjavík	770.432
Hekla hf	Reykjavík	3.594.791
Helga Sigurðardóttir		616.715
Helgi G. Þórðarson		712.117
Helgi Filippusson hf		7.614
Helgi Sigurðsson		2.884
Herjólfur sf	Reykjavík	291.342
Hestaleigan Laxnesi	Mosfellsbær	61.372
Hewlett Packard	Reykjavík	762.241

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	Reykjavík	175.693
Hf Ofnasmiðjan	Reykjavík	963.717
HG Heildverslun hf	Reykjavík	422.391
Hið íslenska Boðfélag	Reykjavík	767.317
Hífir-Kjarnborun hf	Reykjavík	94.364
Hilmar Kristinsson	Garðabær	5.845.868
Hilmar Sölvason	Njarðvík	61.975.084
Hilti umboðið	Reykjavík	639.844
Hitastýring hf	Reykjavík	19.784
Hitaveita Akraness	Akranes	314.990
Hitaveita Suðurnesja	Keflavík	1077.482.242
Hiti		29.013
Hjá Dóru		56.065
HK Húsgögn		72.273
Hlaðbær Colas hf	Hafnarfjörður	225.990
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna hf	Reykjavík	34.839
Hljómbær	Reykjavík	214.224
Hljómval	Keflavík	2.006.918
Hlöður hf	Reykjavík	235.623
Hólmur		52.489
Holræsahreinsun hf	Hafnarfjörður	1.553.207
Hönnun hf	Reykjavík	9.981.582
Hörður Sveinsson & Co		79.656
Höskuldur Baldursson læknir	Reykjavík	7.037
Hótel Arnfjörð		24.860
Hótel Blönduós	Blönduós	16.035
Hótel Borg	Reykjavík	194.728
Hótel Bræðraborg	Vestmannaeyjar	153.660
Hótel Edda	Höfn	121.820
Hótel Höfði	Reykjavík	13.843
Hótel Höfn	Höfn	7.960
Hótel Holiday Inn	Reykjavík	124.243
Hótel Ísafjörður	Ísafjörður	70.658
Hótel Jórvík		135.548
Hótel Keflavík	Keflavík	59.526
Hótel Kristína	Keflavík	5.191
Hótel Norðurland	Akureyri	83.751
Hótel Óðal	Reykjavík	17.362
Hótel Örk		30.282
Hótel Reynihlíð	Utan Reykjaness	12.170
Hótel Saga	Reykjavík	14.074
Hótel Skaftafell	Skaftafell	43.260
Hótel Þórshamar	Vestmannaeyjar	25.033
Hótel Valaskjálf	Utan Reykjaness	40.145
Hreggviður Hermannsson læknir		727.460
Hrísnes hf	Kópavogur	143.681
Hróðmar Helgason læknir		93.269
Hugbúnaður hf	Reykjavík	174.770
Hurðarsmiðjan	Reykjavík	186.999

Húsasmiðjan	Reykjavík	327.392
Húseiningar hf	Reykjavík	102.036
Húsið	Reykjavík	30.974
IBM á Íslandi	Reykjavík	3.576
Íslenskir aðalverktakar	Keflavík	3218.109.497
Iceland Review	Reykjavík	489.934
Icelux Ltd	Reykjavík	293.014
Icepak	Keflavík	32.270.633
Iðnmark hf	Hafnarfjörður	58.141
Iðntæknistofnun Íslands	Reykjavík	176.616
Iðunn	Seltjarnarnes	3.461
Ikea	Reykjavík	404.683
Ingvar og Ari sf	Reykjavík	193.978
Innbú	Keflavík	143.335
Innkaupastofnun ríkisins	Reykjavík	57.507
Innrömmun Finnboga	Reykjavík	70.427
Innrömmun Sigurjóns	Reykjavík	19.669
Innrömmun Suðurnesja	Keflavík	133.760
Ísaga hf	Reykjavík	1.806.076
Ísak hf	Reykjavík	50.355
Ísberg hf.	Reykjavík	655.706
Ísberg Fagraberg	Reykjavík	116.110
Ísboltar	Hafnarfjörður	1.673
Ísdekk	Reykjavík	861.912
Ísefni	Reykjavík	6.056
Íselco sf	Reykjavík	399.838
Íslandsflug	Reykjavík	69.043
Ísleifur Jónsson hf	Reykjavík	18.573
Íslensk Ameríska	Reykjavík	4.211
Íslensk Erlenda	Reykjavík	55.315
Íslensk Forritaþróun hf	Reykjavík	163.638
Íslensk Forritunarþjónusta		32.070
Íslensk Málstöð	Reykjavík	2.653
Íslenska Stálfélagið hf		24.226
Íslenska Verslunarmiðstöðin	Reykjavík	22.553
Íslenskur gæðafiskur	Garðabær	2.085.247
Íslenskur heimilisiðnaður	Reykjavík	157.120
Íslenskur skinniðnaður	Reykjavík	275.018
Ísól hf	Reykjavík	574.550
Íspan hf	Kópavogur	17.881
Ísplast	Hafnarfjörður	7.095
Ísspor		55.604
Ístækni hf	Reykjavík	18.342
Ístel	Reykjavík	265.559
Íþróttabandalag Keflavíkur	Keflavík	595.719
J.H. Sandsala	Reykjavík	7.844
J. Þorláksson og Norðmann hf	Reykjavík	149.737
Japis hf	Reykjavík	82.828
Jarðsýn	Seltjarnarnes	49.836

Jarðvinnslan	Reykjavík	35.935
Járn og gler	Kópavogur	6.979
Járnsmíðaverkstæði Jóhanns Viðars	Keflavík	68.351
Jöfur hf	Reykjavík	87.328
Jóhan Rönning hf	Reykjavík	829.092
Jóhann Ólafsson &Co.	Reykjavík	535.559
John Benedikz læknir		60.564
Jón Ásgeir Blöndal		56.526
Jón Bergsson hf	Reykjavík	58.488
Jón Brynjar Jónsson		49.316
Jón Gunnlaugur Jónasson læknir		24.745
Jón K Jóhannsson læknir		419.218
Jón R. Kjartansson		413.566
Jón T. Ágústsson		1.087.441
Jón Viðar Arnórsson, læknir		20.303
Jónar hf		11.248
Jónar Þór		10.498
Jónas Þór		36.858
Jötunn hf	Reykjavík	13.093
JS Heildverslun sf	Reykjavík	5.826
Júlíus P. Guðjónsson	Reykjavík	92.865
Júlíus Valsson læknir	Keflavík	2.480
K. Richter hf	Garðabær	55.950
Kælitækni sf	Njarðvík	62.467
Karl Arason	Keflavík	21.357.923
Kassagerð Reykjavíkur	Reykjavík	50.758
Kaupfélag Suðurnesja	Keflavík	2.535.151
Keflavíkurverktakar	Keflavík	1197.480.406
Keflavíkurspítali	Keflavík	123.954
Kjaran	Reykjavík	146.796
Kjarni hf	Kópavogur	367.710
Kjölur	Keflavík	23.880
Kjörís hf	Reykjavík	1.828.456
Klassík	Reykjavík	133.702
Klif hf	Reykjavík	19.265
Köfunarbúnaður og þjónusta	Reykjavík	20.996
Kolbeinn K. Kristófersson læknir		1.605.061
Kolbrún Erla Einarsdóttir		129.261
Kolsýruhleðslan sf	Reykjavík	13.382
Kórall sf	Reykjavík	11.248
Kornax	Reykjavík	4.787
Krabbameinsfélag Íslands	Reykjavík	134.221
Kremgerðin hf	Reykjavík	12.517
Kristín Róbertsdottir		8.767
Kristinn Guðmundsson læknir		245.082
Kristján G. Gíslason hf	Reykjavík	27.398
Kristrún Benediktsdóttir læknir		22.668
Kúlulegusalan hf	Reykjavík	126.435
Kynnisferðir sf	Reykjavík	18.400

Kynnisferðir ferðaskrifstofanna		11.363
Læknahúsið hf	Reykjavík	6.864
Læknafélag Íslands	Reykjavík	5.076
Landakot	Reykjavík	1.965.561
Landmælingar Íslands	Reykjavík	600.564
Landsbanki Íslands	Keflavík	655.360
Landsbjörg		85.020
Landshöfn KEF-NJ	Keflavík	5.233.999
Landspítalinn	Reykjavík	7.723.525
Landssmiðjan hf	Reykjavík	2.152.502
Landvélar	Kópavogur	191.613
Laugavegs Apótek	Reykjavík	44.817
Leiguflug Ísleifs Ottesen	Reykjavík	50.182
Listasmiðjan hf	Hafnarfjörður	6.864
Listgler	Kópavogur	3.057
Litaval	Reykjavík	9.056
Litaver	Reykjavík	182.615
Litbrá hf	Reykjavík	350.291
Ljósmyndaþjónustan hf	Reykjavík	115.706
Loðskinn	Reykjavík	111.322
Lofttækni	Reykjavík	4..614
Löggildingarstofa ríkisins		32.416
Lyfjaverslun ríkisins	Reykjavík	58.084
M.A. Eiríksson hf	Kópavogur	3.433.113
Macom hf	Reykjavík	23.014
Mælingastofa félags-byggingariðnaðarmanna	Reykjavík	79.022
Magnús Böðvarsson læknir	Reykjavík	3.980
Magnús Guðjónsson hf	Keflavík	10.036
Magnús H. Guðjónsson	Keflavík	9.286
Magnús Kjaran	Reykjavík	24.053
Magnús og Ólafur sf		1.108.610
Malarnám Njarðvíkur	Njarðvík	5.302.119
Málmsteypan Hella hf	Reykjavík	128.107
Málmtækni sf	Reykjavík	29.878
Málning hf	Reykjavík	858.336
Margeir Elentínusson		3.399.082
Marínó Hafstein læknir	Reykjavík	398.107
Marínó Pétursson hf	Reykjavík	88.193
Mata hf	Reykjavík	1.496.219
Matthildur Óskarsdóttir		1.039.913
Max hf	Reykjavík	1.974.156
Meistara og verktakasamband byggingameistara	Reykjavík	4.384
Merking hf	Reykjavík	517.274
Microtölvan	Reykjavík	8.652
Mikligarður	Reykjavík	79.195
Mjólkursamsalan	Reykjavík	18.238.301
Mjöll hf	Reykjavík	100.709

Móberg hf	Reykjavík	218.723
Morgunblaðið	Reykjavík	41.530
Múlalundur	Reykjavík	28.552
Myndarfólk	Keflavík	118.821
Myndaútgáfan	Reykjavík	378.381
Myndsýn	Reykjavík	326.584
Nesbók	Keflavík	38.184
Nesfiskur	Keflavík	6.223.903
Niels Chr. Nielsen læknir		359.981
Njarðtak sf	Njarðvík	3.567.969
Njarðvíkurbær	Njarðvík	155.044
Njörður Jónsson		1.788
Nói Síríus	Reykjavík	482.897
Nón hf	Reykjavík	46.548
Norðurleiðir	Reykjavík	13.382
Norræna Ferðaskrifstofan	Reykjavík	427.755
Nýherji	Reykjavík	1.702.887
Nýja Trésmiðjan	Keflavík	97.998
Nýmæli		11.940
Nýr Miðill hf	Reykjavík	28.840
O. Guðmundsson hf	Reykjavík	247.966
O. Johnson & Kaaber	Reykjavík	276.518
Oddgeir og Ási sf	Keflavík	3.634
Ofnasmiðja Kópavogs hf	Kópavogur	404.683
Ofnasmiðja Suðurnesja hf	Keflavík	446.674
Ofnasmiðjan hf	Reykjavík	230.374
Ólafur Arnarson læknir	Reykjavík	1.442
Ólafur Einarsson læknir	Reykjavík	9.748
Ólafur Eiríksson		22.207
Ólafur Fr. Bjarnason læknir	Reykjavík	1.612.387
Ólafur Gíslason & Co	Reykjavík	135.836
Ólafur Gunnlaugsson læknir		30.455
Ólafur Þorsteinsson og Co hf	Reykjavík	34.089
Óli Hjálmarsson læknir		222.529
Olíufélagið hf	Reykjavík	164.198.810
Olíufélagið Skeljungur	Reykjavík	1.795.751
Olíustöðin Helguvík hf	Keflavík	72.701.545
Olíuverslun Íslands hf	Reykjavík	155.736
Opal	Reykjavík	81.329
Optíma	Reykjavík	971.677
Orkubú Vestfjarða	Suðureyri	3.457.685
Ós	Garðabær	458.095
Óskar Guðjónsson		4.672
Osta og smjörsalan	Reykjavík	303.339
Ottó B. Arnar	Reykjavík	33.858
P. Árnason	Reykjavík	26.806.780
P. Jónsson		2.653
P. Ólafsson hf		15.285
P. Samúelsson hf		3.345

Páll Arnór Pálsson	Reykjavík	34.435
Páll Pétursson	Reykjavík	208.686
Penninn sf	Reykjavík	1.576.798
Perlan	Reykjavík	29.936
Pétur Filippusson hf	Reykjavík	78.099
Pétur Lúðvígsson læknir	Reykjavík	21.399
Pétur Óskarsson		21.515
Pfaff hf	Reykjavík	15.054
Píanóþjónusta Stefáns hf		5.018
Pípugerð Reykjavíkurborgar	Reykjavík	5.710
Plastgerð Suðurnesja		13.786
Plastos hf	Reykjavík	724.807
Plastprent hf	Reykjavík	244.852
Plastverk hf	Reykjavík	53.642
Pólar hf	Reykjavík	39.915
Póstur og sími	Keflavík	772.863.780
Prentgrip hf	Reykjavík	121.301
Prentgylling	Reykjavík	18.169
Prentsmiðjan Oddi hf	Reykjavík	494.087
Prjónaver		524.311
Propac	Reykjavík	31.252.581
Pústþjónusta Bjarkars	Keflavík	551.767
Ratsjárstofnun		523.049.104
Radíobúðin hf	Reykjavík	47.355
Radíokjallarinn	Keflavík	8.248
Radíomiðun	Reykjavík	7.671
Radíostofan hf	Reykjavík	497.663
Radíoþjónusta Sigga Harðar hf	Kópavogur	38.300
Radíovirkinn	Reykjavík	47.182
Ráðningadeild Varnarmálaskrifstofu		566.245
Ræsir hf	Reykjavík	25.379
Rafboði	Garðabær	153.602
Rafbúð R.Ó.	Reykjavík	100.882
Rafbúð Sambandsins	Reykjavík	4.730
Rafeindatækni hf	Keflavík	42.568
Rafelding	Reykjavík	14.824
Rafha hf	Hafnarfjörður	90.442
Rafmagnsveitur ríkisins	Reykjavík	5.307.541
Rafport sf	Kópavogur	21.457
Ragnar Daníelsson læknir	Reykjavík	155.678
Ragnar Finnsson læknir	Reykjavík	4.326
Rammagerðin hf	Reykjavík	59.180
Rammamiðstöðin	Reykjavík	394.416
Rammaprjón hf	Reykjavík	594.335
Rammi hf	Njarðvík	56.007
Rannsóknastofa Háskólans		312.222
Rannsóknastofa í lyfjafræði		260.079
Rannsóknastofa í ónæmisfræði		16.323
Rannsóknastofnun atvinnuveganna		155.563

Rauði kross Íslands	Hafnarfjörður	27.802
Regnbogaplast	Kópavogur	35.589
Rekstrarvörur	Reykjavík	531.233
Reykjafell hf	Reykjavík	185.614
Reykjagarður hf	Reykjavík	172.521
Reykjavíkurhöfn	Reykjavík	2.576.681
Ríkisféhirðir		10.094
Ríkissjóður	Reykjavík	9.094.694
Rolf Johansen & Co	Reykjavík	780.295
S. Jóhannsson		103.247
S. Konráðsson & Co	Reykjavík	449.904
Safalinn Feldskurðarstofa		529.733
Saga handknit	Reykjavík	569.763
Saga Heildverslun	Reykjavík	55.373
Saga Travel	Reykjavík	97.537
Sagaplast hf	Reykjavík	496.625
Sala varnarliðseigna	Reykjavík	757.742
Saltkaup	Reykjavík	597.969
Samband sveitarfélaga	Keflavík	1.252.810
Sameind hf	Reykjavík	152.044
Samprent	Reykjavík	338.178
Samskip hf	Reykjavík	1.279.400
Sámur sf	Reykjavík	95.576
Samvinnuferðir Landsýn	Keflavík	292.438
Sápugerðin Frigg	Garðabær	587.586
SAS	Keflavík	61.545
Saumastofan Eva		1.676.008
Saumastofan Mura	Reykjavík	131.799
Securitas hf	Reykjavík	2.826
Seðlabanki Íslands		7.037
Seglagerðin Ægir hf	Reykjavík	184.057
Selko hf	Kópavogur	141.143
Semco hf	Reykjavík	63.563
Sementsverksmiðja ríkisins	Reykjavík	21.053
Séra Alfreð Jolson	Reykjavík	144.200
Séra Baldur Sigurðsson		7.210
Séra Guðni Gunnarsson		21.630
Séra Sean Mctiernan		21.630
Sérleyfisbifreiðir Keflavíkur	Keflavík	17.090.180
Sess hf	Reykjavík	84.501
Shell Fitjum	Keflavík	10.786
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Reykjavík	31.782
Sighvatur Snæbjörnsson læknir		317.298
Sigmundur Magnússon læknir		4.095
Sigríður Júlía Bjarnadóttir		139.643
Sigþór Óskarsson		54.911
Sigurður E. Þorvaldsson læknir	Reykjavík	131.510
Sigurður Guðmundsson læknir	Reykjavík	14.305
Sigurður Markússon		865

Sigurgeir Kjartansson læknir	Reykjavík	38.934
Sigurjón Sigurðsson læknir	Reykjavík	2.713.671
Símvirkinn		5.018
Sindrastál hf	Reykjavík	1.227.084
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Reykjavík	99.094
Síuval hf	Reykjavík	7.671
SJ-Frost hf	Kópavogur	9.229
Sjálfskiptingarþjónusta	Kópavogur	38.703
Sjóklæðagerð Íslands hf	Reykjavík	421.179
Sjóklæðagerðin hf	Reykjavík	141.258
Sjóvá Almennar Tryggingar hf	Keflavík	49.720
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	Utan Reykjaness	6.979
Skátabúðin	Reykjavík	228.932
Skerping sf	Reykjavík	14.074
Skiltagerðin Veghús	Keflavík	10.728
Skiltahúsið	Reykjavík	52.085
Skinnadeild SÍS	Reykjavík	472.630
Skipaafgreiðsla Húsavíkur	Húsavík	8.940
Skipaafgreiðsla Jes Zimsen hf	Reykjavík	25.322
Skipaafgreiðsla Suðurnesja	Keflavík	13.605.212
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf	Njarðvík	60.622
Skiptaráðandinn í Keflavík	Keflavík	34.608
Skipting sf	Keflavík	5.288.448
Skipulag ríkisins	Reykjavík	2.653
Skógrækt ríkisins	Reykjavík	89.289
Skorri hf	Reykjavík	6.979
Skóvinnustofa Sigurbergs	Keflavík	13.786
Skóvinnustofa Sigurbjörns Þorgeirss.	Reykjavík	158.678
Skóvinnustofa Suðurnesja	Keflavík	19.611
Skrifbær	Reykjavík	11.767
Skrifstofa Alþingis		7.210
Skrifstofuvélar-Sund hf	Reykjavík	1.051.449
Skrifvélin hf	Reykjavík	31.263
Skúfur	Reykjavík	11.594
Skyggna	Reykjavík	86.520
Sláturfélag Suðurlands	Reykjavík	1.290.186
Smith og Norland	Reykjavík	39.511
Smjörlíki hf	Reykjavík	1.401.393
Snerruútgáfan sf	Reykjavík	122.628
Sögin hf	Reykjavík	100.536
Sól	Reykjavík	43.318
Sólarfilma	Reykjavík	1.647.745
Sólargluggatjöld sf	Reykjavík	231.239
Sólin-Gefjun hf	Reykjavík	528.637
Sólning hf	Njarðvík	110.457
Sölufélag garðyrkjumanna	Reykjavík	2.425.617
Sónar sf	Keflavík	319.259
Sorpa	Reykjavík	18.238.820
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Njarðvík	44.667.277

Suðurleið sf	Reykjavík	63.536.366
Spennubreytar	Hafnarfjörður	805.559
Sportís	Keflavík	2.282.109
Sportvörugerðin	Reykjavík	10.498
Sproti hf	Reykjavík	48.394
Staðarskáli	Utan Reykjaness	19.842
Stakksvík hf	Keflavík	1.869.524
Stálsmiðjan	Reykjavík	553.843
Stálver hf	Reykjavík	77.926
Stapafell hf	Keflavík	206.610
Stapaprent	Njarðvík	76.022
Stefán J. Hreiðarsson læknir	Reykjavík	12.978
Stefán Thorarensen	Reykjavík	379.361
Steinleir	Reykjavík	1.022.436
Steinn Jónsson læknir	Reykjavík	19.207
Steinprýði hf	Reykjavík	102.843
Steinsteypufélag Íslands		7.729
Stétt sf	Reykjavík	3.461
Steypustöð Suðurnesja hf	Njarðvík	1.040.836
Stilling	Reykjavík	4.384
Stimplagerðin Boði	Reykjavík	271.961
Stjórnartíðindi/Lögbirtingarblaðið		1.500
Stjörnuegg hf		512.891
Stjórnunarfélag Íslands	Reykjavík	570.801
Stjórnunarskólinn		82.021
Stjörnuprjón	Reykjavík	163.811
Stoð hf	Hafnarfjörður	139.413
Stofnfiskur	Keflavík	170.964
Straumur	Reykjavík	105.439
Studio Mats	Reykjavík	45.971
Sturlaugur Jónsson & Co	Reykjavík	259.214
Suðurvirki hf	Keflavík	23.290.665
Svavar Haraldsson læknir	Keflavík	19.900
Sveinn Ólafsson		10.036
Sverrir Örn Ólsen		7.498
Sýklarannsóknadeild Landspítalans	Reykjavík	53.412
Sýslumaðurinn í Keflavík	Keflavík	10.613
Sýslumannsembættið	Keflavíkurflugvelli	146.992.404
Tæknival	Vestmannaeyjar	3.312.908
Tandur sf	Reykjavík	555.516
Teppabúðin	Reykjavík	1.032.818
Teppahreinsun Suðurnesja	Keflavík	605.121
Teppaland-Dúkaland	Reykjavík	801.694
Timbur og stál hf	Kópavogur	88.539
Timburland hf	Kópavogur	2.250
Tíminn	Reykjavík	28.148
Títan hf	Reykjavík	994.576
Tölvur og skrifstofuvörur	Keflavík	3.461
Tölvusalan hf	Reykjavík	34.608

Tölvuskóli Reykjavíkur	Reykjavík	541.442
Tölvuskóli SFÍ og IBM		128.972
Tölvuskóli SFÍ og Nýherja		69.793
Tónninn Bjarni Pálmarsson		2.942
Toppur hf		283.151
Toyota umboðið	Keflavík	808
Trésmiðja Ella Jóns	Keflavík	773.027
Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar	Keflavík	540.577
Trésmiðjan Börkur hf	Njarðvík	421.295
Trygging hf	Reykjavík	2.954.254
Tryggvi Ásmundsson læknir		4.730
Túnverk	Reykjavík	107.804
Úlfar Þórðarson læknir	Reykjavík	2.434.096
Úlfur Agnarsson læknir	Reykjavík	8.825
Ull og gjafavörur	Reykjavík	130.818
Upplýsingamiðstöð ferðamála		57.680
Úranus	Reykjavík	63.448
Úrsmíðavinnust. Helga Sigurðs.	Reykjavík	12.113
Úrval-Útsýn	Reykjavík	877.659
Utanríkisráðuneytið	Reykjavík	290.361
Útihurðir	Hafnarfjörður	705.946
Útilíf	Reykjavík	712.925
Útivist ferðafélag	Reykjavík	4.211
Vaka hf	Reykjavík	457.345
Vald Poulsen hf	Reykjavík	34.031
Valur Helgason hf		141.835
Vari	Reykjavík	485.896
Varmi hf	Kópavogur	259.560
Varnarmálaskrifstofan		13.040.294
Vatnsveita Suðurnesja	Keflavík	10.480.225
Vatnsvirkinn hf	Reykjavík	96.499
Vátryggingafélag Íslands	Keflavík	994.288
Vefjarannsóknastofan		16.785
Veggfóðrarinn hf	Reykjavík	22.553
Veiðimaðurinn	Reykjavík	1.022.205
Veigar Margeirsson		120.955
Vélakaup	Reykjavík	123.262
Vélanaust hf	Reykjavík	269.077
Vélar hf	Reykjavík	423.602
Vélar og verkfæri hf	Reykjavík	275.249
Vélaverkstæði Sverre Stengrímsen		199.515
Vélsmiðja Hornafjarðar		35.935
Vélsmiðja Jens Árnasonar hf	Reykjavík	51.451
Vélsmiðja S.Þ.		46.548
Vélsmiðjan Faxi hf	Kópavogur	453.711
Vélsmiðjan Nonni	Reykjavík	37.434
Vélsmiðjan Tækni	Reykjavík	362.923
Vélvangur hf	Kópavogur	1.154
Vélvík	Reykjavík	20.592

Verkbær hf	Reykjavík	10.267
Verksmiðjan Sámur sf	Kópavogur	329.468
Verksmiðjan Vífilfell hf	Reykjavík	15.252.957
Verslun O. Ellingsen hf	Reykjavík	199.804
Vesturröst	Reykijavík	14.535
Vetrarsól hf	Reykjavík	1.605.927
Viðar Hjartarson læknir		249.062
Viðskiptakortið	Reykjavík	12.805
Viking-Brugg hf	Reykjavík	405.663
Víkingavatn		3.288
Víkurfréttir hf	Keflavík	48.855
Vilhjálmur Einarsson	Garðabær	2.367.418
Vilhjálmur Georgsson		31.666
Vinnan	Reykjavík	1.384
Vinnueftirlit ríkisins	Keflavík	292.092
Vogue	Keflavík	19.207
Vökvatengi	Njarðvík	1.241.158
Vöruborg hf	Kópavogur	77.060
Völuflutningar Friðriks Ívarssonar		16.958
Vörukaup hf	Reykjavík	4.730
Wurth á Íslandi	Reykjavík	3.865
XCO hf		724.403
Z-Brautir og gluggatjöld	Reykjavík	1.315.508
Þ. Jónsson & Co.	Reykjavík	430.754
Þ. Þorgrímsson	Reykjavík	125.858
Þjóðhagsstofnun		4.557
Þór hf	Reykjavík	27.398
Þórarinn Gíslason læknir	Reykjavík	32.070
Þórður Sverrisson læknir	Reykjavík	27.340
Þorgrímur Kristófersson		15.574
Þórir Kolbeinsson		4.557
Þorkell Bjarnason læknir		200.899
Þorsteinn Gíslason læknir	Reykjavík	486.358
Þroskahjálp á Suðurnesjum	Keflavík	1.442
Ökuleiðir sf	Keflavík	3.313.889
Ölgerðin Egill Skallagrímsson		46.375
Örn Sigurðsson		59.814
Örtölvutækni-Tölvukaup	Reykjavík	765.990
Össur hf	Reykjavík	83.636

1127. Nefndarálit [567. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Geir H. Haarde.
Páll Pétursson.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.

1128. Nefndarálit [566. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Í umræðum um málið kom fram það sjónarmið að íslensk stjórnvöld yrðu að fylgjast vel með því hvort ísraelsk stjórnvöld stæðu við fyrirheit samkomulags sem gert var í tengslum við fríverslunarsamninginn um að arabískum framleiðendum og útflytjendum á hinu svonefnda „yfirráðasvæði“ (hernumdu svæðunum), sem tilgreint er í samningnum, verði leyft að koma á samböndum og semja við kaupendur frá EFTA-ríkjum til

að þjóna viðskiptahagsmunum sínum og jafnframt hvort arabískum verslunarráðum á þessum svæðum verði heimilað að gefa út vottorð um uppruna. Það sjónarmið kom einnig fram að ekki væri rétt að þýða orðið „territory“ í samningnum sem „yfirráðasvæði“ heldur væri eðlilegra að þýða það sem „landsvæði“.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Björn Bjarnason, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Geir H. Haarde.

Tómas Ingi Olrich. Árni R. Árnason.

1129. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda aðila og vísast í því sambandi til nefndarálits meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Minni hlutinn hefur lítið við frumvarpið í heild sinni að athuga og getur tekið undir þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar gerir við frumvarpið á sérstöku þingskjali, ef frá eru taldar þær sem snúa að brunatryggingum í og utan Reykjavíkur. Gerir minni hlutinn sérstakar breytingartillögur við þann þátt frumvarpsins en þær miðast við að viðhalda þeirri festu og því öryggi sem verið hefur í brunatryggingum í landinu um leið og opnað er fyrir möguleika einstaklinga til að kaupa sér brunatryggingar án milligöngu sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á f-lið 11. gr. frumvarpsins sem er ákvæði til bráðabirgða við lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954.

Breytingin felur í sér að núgildandi samningar einstakra sveitarfélaga við vátryggingafélög haldi gildi sínu út það tímabil sem um var samið á sínum tíma þannig að lögin verði ekki gerð afturvirk.

Samkvæmt upplýsingum frá Brunabótafélagi Íslands renna allir samningar þess út þann 14. október 1995 en það félag mun vera með um 85% allra brunatrygginga á landsbyggðinni ef miðað er við iðgjaldamagn. Þegar samningar við sveitarfélögin renna út tekur við venjulegt vátryggingarsamband milli húseigenda og viðkomandi vátryggingafélags nema húseigandi eigi sjálfur frumkvæði að því að segja því sambandi upp.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 15. gr. frumvarpsins að lög nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, haldi gildi sínu með þeirri breytingu að einstökum húseigendum verði heimilað að segja sig undan brunatryggingu hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Þá er fellt út ákvæði til bráðabirgða varðandi brunatryggingar í Reykjavík.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var Húsatryggingum Reykjavíkurborgar og Viðlagatryggingu Íslands veitt undanþága frá lagareglum EB á vátryggingarsviði. Ástæða er til að ætla að undanþágan hafi verið veitt þar sem í hvorugu tilvikinu er um eiginleg tryggingafélög að ræða heldur samábyrgð fólks í tilteknu samfélagi á tjóni sem verður vegna bruna eða náttúruhamfara.

Það er skoðun minni hlutans að vegna fyrrnefndra undanþáguákvæða sé ekki ástæða til að umbylta núgildandi fyrirkomulagi brunatrygginga í Reykjavík enda er það gert í andstöðu og án samráðs við borgaryfirvöld í Reykjavík. Ber það vott um sérkennilegan valdhroka hjá ríkisstjórninni að ákveða upp á sitt eindæmi að einkavæða og leysa upp borgarfyrirtæki með lagaboði en leggja borgaryfirvöldum engu að síður þær skyldur á herðar að leysa þau vandamál sem af þessu hljótast. Í þessu sambandi vísast til bréfs frá borgarritaranum í Reykjavík, dags. 19. apríl 1993, sem fylgir með sem fskj. II.

Þeir sem einkavæða vilja Húsatryggingar Reykjavíkurborgar hafa gert það með tilvísun til jafnræðisreglna, þ.e. að það eigi að vera réttur allra húseigenda, hvar sem þeir búa á landinu, að vátryggja hjá því tryggingafélagi sem þeir velja sér sjálfir. Þessu tiltekna réttlæti er hægt að fullnægja ef gerð er sú breyting að einstakir húseigendur í Reykjavík geti sagt sig undan hinni sameiginlegu brunatryggingu hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 1996 hafi þeir sannanlega keypt sér tryggingu annars staðar. Dagsetningin er við það miðuð að frá og með þeim degi geti húseigendur alls staðar á landinu keypt sér einstaklingsbundna brunatryggingu ef þeir svo óska.

Loks gerir minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar tillögu til breytinga á e-lið 19. gr. frumvarpsins þar sem heimiluð er auglýsing og kynning lausasölulyfja. Aukin neysla lyfja er andstæð heilbrigðissjónarmiðum og getur aldrei verið markmið í sjálfu sér og þar af leiðandi skiptir eftirlit með auglýsingum verulegu máli sem og hvaða reglur verða settar um þær í reglugerð. Þar sem yfirleitt er of seint að leiðrétta rangar upplýsingar sem fram koma í auglýsingu eftir á leggur minni hlutinn til að auglýsingar hljóti samþykki lyfjanefndar áður en þær birtast.

Alþingi, 5. maí 1993.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm. | Finnur Ingólfsson. | Margrét Frímannsdóttir.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Fylgiskjal I.

Bréf borgarstjórans í Reykjavík til heilbrigðis- og trygginganefndar.

(4. maí 1993.)

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 16. f.m., móttekið á skrifstofu borgarstjóra 20. s.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt að borgarráð telji ekki tímabært að afgreiða málið á yfirstandandi þingi og jafnframt að óska eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um framtíðarskipan þessara mála.

Markús Örn Antonsson.

Fylgiskjal II.

Bréf borgarritarans í Reykjavík til heilbrigðis- og tryggingaráðs.

(19. apríl 1993.)

Vegna bréfs heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 14. þ.m., varðandi viðræður ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um breytingar á lagaákvæðum um brunatryggingar húseigna í Reykjavík er óhjákvæmilegt að rifja eftirfarandi upp:

1. Í fyrstu frumvarpsdrögum um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sem heilbrigðis- og tryggingaráðnefnd Alþingis sendi til umsagnar Húsatrygginga Reykjavíkur 19. júní 1992, voru engar breytingar gerðar á lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954. Þvert á móti er í athugasemdum við frumvarpið tekið fram að sérstakt undanþáguákvæði sé í gildi um Húsatryggingar Reykjavíkur.
2. Hinn 17. ágúst 1992 tilkynnti ráðherra tryggingamála hins vegar að hann mundi gera breytingar á þessu ákvæði og fella úr gildi lög um brunatryggingar í Reykjavík í árslok 1993. Um þessa breytingu hafði ráðuneytið ekkert samband við Húsatryggingar Reykjavíkur eða borgaryfirvöld, en nefndin sendi breytingartillöguna 25. ágúst til umsagnar Húsatrygginga.
3. Með bréfi 3. desember 1992 sendi ráðuneytið enn tillögu um breytingu á frumvarpinu til heilbrigðis- og tryggingaráðnefndar. Ekki var rætt við borgaryfirvöld um málið, raunar tekið sérstaklega fram í niðurlagi bréfsins að ekki hefði þótt ástæða til þess.
4. Að beiðni nefndarinnar 23. febrúar 1993 sá ráðuneytið loks 15. mars sl. ástæðu til að funda með fulltrúum borgarinnar. 29. mars hafði starfsmaður ráðuneytisins samband við mig og sagði að Efnahagsbandalagið hefði ákveðið að fella niður undanþáguákvæðið frá 1. júlí 1994. Ég kvaðst vilja sjá þetta skjalfest og fékk að tilstuðlan ráðuneytisins 2. apríl sl. bréf frá forstöðumanni Tryggingaeftirlitsins sem ég svaraði með bréfi til ráðuneytisins 6. apríl sl., sbr. hjálagt ljósrit. Hefði ég haldið að efni þess gæfi tilefni til viðræðna. Um það heyrðist ekki frá ráðuneytinu.

Eins og fram kemur af aðdraganda þessa máls hefur ráðuneyti tryggingamála aldrei sýnt minnsta áhuga á viðræðum við borgaryfirvöld um málefni brunatrygginga í Reykjavík. Þvert á móti. Því skýtur óneitanlega skökku við þegar ráðuneytið vill nú skýra þessa afstöðu sína og áhugaleysi með því að Reykjavíkurborg hafi ekki óskað eftir fundi. Ráðuneytið telur sig sýnilega ekki þurfa að ráðfæra sig um fyrirkomulag brunatrygginga í Reykjavík við borgaryfirvöld sem hafa annast þessar tryggingar í tæp 40 ár.

Segja verður ráðuneytinu til viðurkenningar að það hefur þó tekið til greina athugasemdir Reykjavíkurborgar frá 6. apríl þess efnis að fyrri útgáfa ráðuneytisins af bráðabirgðaákvæði varðandi brunatryggingar í Reykjavík væri óframkvæmanleg.

Hins vegar stendur enn eftir, að tillögur ráðuneytisins í þessu efni hafa ekkert með gildistöku EES-samningsins að gera. Alþingi verður a.m.k. að breyta samningnum áður. Fallist nefndin hins vegar á sjónarmið ráðuneytisins hlýtur að verða spurt hvað nefndin hugsi sér um framtíð Viðlagatryggingar Íslands sem fellur undir sama undanþáguákvæði EES-samningsins.

Þá er ástæða til að spyrja hvort nefndin telji bjóðandi að lögskylda ákveðinn aðila til að gera samning við „eitthvert" (sic) vátryggingafélag. Hvað gerist ef ekkert félag sendir tilboð? Verður ekki einnig að lögskylda tilgreind félög til að bjóða í og semja?

Eins og mál þetta liggur fyrir er að nauðsynjalausu verið að breyta lagaákvæðum sem veitt hafa húseigendum í Reykjavík örugga tryggingavernd gegn mjög lágum iðgjöldum. Verður ekki séð að hagsmunir hinna tryggðu ráði þessari afstöðu.

Jón G. Tómasson.

Fylgiskjal III.

Bréf dr. Páls Sigurðssonar prófessors til Sambands íslenskra tryggingafélaga.

(10. október 1992.)

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga hefur, með bréfi dags. 22. september sl., snúið sér til mín með beiðni um að ég láti í té lögfræðilega umsögn um þartilgreind atriði er varða frambúðargildi samninga um brunatryggingar húsa sem sveitarfélög utan Reykjavíkur gerðu á sínum tíma við tiltekin vátryggingafélög varðandi brunatryggingar allra húsa í viðkomandi sveitarfélögum ef frumvarp til laga um breyting á tryggingamálefnum, þar á meðal á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, verður lögfest.

Í 11. gr. frumvarps þessa (frumvarps til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði) er m.a. lagt til að lög nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, verði afnumin, heiti laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, verði breytt og verði lög um brunatryggingar, enda taki lögin til brunatrygginga allra húseigna í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Er þar gert ráð fyrir að fellt verði niður núgildandi ákvæði um að sveitarstjórnir/bæjarstjórnir hafi heimild til að semja við vátryggingafélag um að það taki að sér allar brunatryggingar húsa í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt verði afnumin sú kvöð að sveitarfélög beri ábyrgð á því að vátryggingunni verði haldið við enda þótt frumvarpið geri ráð fyrir að húseigendum verði framvegis skylt, hverjum og einum, að brunatryggja húseignir sínar. Lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði að vátryggingafélag taki ekki uppsögn gilda á skyldubrunatryggingu húseigenda, nema uppsögninni fylgi staðfesting þess að tryggingarskyldunni hafi verið fullnægt hjá öðru vátryggingafélagi. Í frumvarpinu er tekið fram að lögin skuli taka gildi um leið og EES-samningurinn sem þegar hefur verið undirritaður fyrir Íslands hönd. Í f-lið 11. gr. frumvarpsins er þó lagt til að við lög nr. 59/1954 bætist það ákvæði til bráðabirgða að borgarstjórn Reykjavíkur skuli hafa með höndum brunatryggingar húseigna í Reykjavík til ársloka 1993 en eigi síðar en 30. september 1993 beri Húsatryggingum Reykjavíkur að tilkynna húseigendum að bruna-

tryggingar hjá stofnuninni falli niður og að tryggja beri hjá öðru félagi frá og með 1. janúar 1994.

Í fyrrnefndu bréfi framkvæmdastjórans til mín er þess getið að Brunabótafélag Íslands og Samvinnutryggingar G T muni hafa gert samninga við sveitarfélög utan Reykjavíkur um brunatryggingar allra húseigna í hlutaðeigandi sveitarfélögum sem í flestum tilfellum renni út haustið 1995. Er af því tilefni óskað álits míns á því hvort húseigendur í þessum sveitarfélögum séu bundnir af þessum samningum út gildistíma þeirra eða hvort þeir geti, eftir að samningurinn um EES kemur til framkvæmda, leitað með brunatryggingar sínar til þess vátryggingafélags er þeir kunna sjálfir að kjósa og hvaða áhrif samningurinn um EES og löggjöf honum tengd hafi á samninga þá sem þessi tvö vátryggingafélög hafi gert við sveitarfélög um brunatryggingar húseigna, ekki eingöngu eigin húseigna heldur allra húsa í viðkomandi sveitarfélögum. Fylgdi bréfinu sýnishorn samnings af þessu tagi.

Ég hef leitast við að kanna og hugleiða fyrrnefnt álitaefni af gaumgæfni og er niðurstaða mín sem hér segir:

Samningar þeir milli sveitarfélaganna og tryggingafélaganna, sem hér um ræðir, bera að því leyti einkenni svonefndra „þriðjamannslöggerninga“ að þeir aðilar sem eiga að njóta hagsbóta af viðkomandi vátryggingu — húseigendur í sveitarfélögunum — öðlast beinan og sjálfstæðan rétt til að krefjast samningsefnda, þ.e. vátryggingarfjár, enda þótt þeir séu ekki beinir samningsaðilar og ekki verður talið að sveitarfélögin komi þar fram sem eiginlegir umboðsmenn húseigendanna. Breytir í engu þar um þótt húseigendunum sé ætlað að standa skil á tryggingariðgjöldum.

Ég tel vera ótvírætt að ef viðkomandi frumvarp verður að lögum muni lögin eftir gildistöku sína ráða að öllu leyti um réttarstöðu viðkomandi aðila án tillits til fyrri samninga um þetta efni. Með öðrum orðum: Lögin munu ganga framar öllum samningsákvæðum sem eigi fá samrýmst efni þeirra, en í frumvarpinu felst enginn fyrirvari eða vísbending um það að vátryggingarsamningum þeim, sem hér um ræðir, verði haldið til framkvæmdar eftir gildistöku laganna. Andstæður skilningur, sem birtist í framkvæmd, mundi leiða til þess að lögin næðu ekki tilgangi sínum og mundi ljóslega stangast á við bein ákvæði í EES-samningnum og þau grundvallarmarkmið um frjálsa samkeppni sem hann byggir á. Fer því ekki á milli mála að allir hlutaðeigandi aðilar verða eftir gildistöku laganna að fylgja beinum og skýrum ákvæðum þeirra á umræddu sviði. Af því leiðir að frá sama tíma geta hvorki hinir eiginlegu samningsaðilar né einstakir húseigendur, sem hagsmuna eiga að gæta, byggt nokkurn rétt á efnisákvæðum samninganna.

Ekki er rétt að segja að viðkomandi lagaákvæði ógildi beinlínis samninga þá sem hér um ræðir en þeir verða hins vegar óframkvæmanlegir eftir gildistöku laganna. Samningsaðilar, þ.e. hvort heldur sem er sveitarfélög og tryggingafélög, geta tvímælalaust ónýtt samningana með formlegum tilkynningum til gagnaðila miðað við fyrrnefnt tímamark ef þeim sýnist svo (án þess þó að tiltekinn uppsagnarfrestur skipti máli í því sambandi) og eftir það eru báðir samningsaðilar leystir undan samningsskyldum sínum. Formlegra tilkynninga af þessu tagi er þó ekki þörf því að réttaráhrifin verða þau sömu og fyrr greinir þótt þeim sé ekki beitt sökum þess hve lagaákvæðin eru ótvíræð.

Til athugunar kemur hvort hinir eiginlegu samningsaðilar eða einstakir húseigendur geti, ef tjón verður sannað, eignast bótakröfu af þessum sökum annaðhvort innbyrðis eða gagnvart ríkisvaldinu sem stendur að setningu nefndra laga. Ég hefi leitast við að kanna rækilega dóma sem gengið hafa hérlendis og meðal annarra norrænna þjóða og kynnu að gefa vísbendingu um viðhorf dómstóla í þessu efni, en niðurstaða þeirrar athugunar er sú

að ekki verði fundin nein vísbending um fordæmi sem viðurkenni bótaábyrgð af neinu tagi á þessu eða sambærilegum réttarsviðum, né heldur verða að mínu mati fundin næg eðlisrök sem mæli með niðurstöðu í þá átt. Hér er um langtímasamninga að ræða sem eru þess eðlis að ekki er óeðlilegt að samningsaðilar megi reikna með því, allt frá undirbúningi samningsgerðar, að ný löggjöf sem til kemur á samningstímabilinu kunni að hafa áhrif á framkvæmd þeirra og hljóta aðilarnir reyndar að ganga til samningsgerðar með því hugarfari þótt hvergi sé gerður fyrirvari í þá átt í samningunum sjálfum. Er því eðlilegt að aðilarnir beri sína áhættu varðandi umrædd atriði. Þótt t.d samningsbundin krafa tryggingafélags til vátryggingariðgjalds fram til hausts 1995 njóti á sinn hátt lögverndar, sbr. 67. gr. stjórnarskrár og til nokkurrar hliðsjónar 69. gr. hennar, sætir sú réttarvernd óhjákvæmilega takmörkun sem leiðir af almennum lagafyrirmælum á hverjum tíma, en lög þau, sem hér um ræðir, helgast að sjálfsögðu af þeirri ætlan löggjafans að hin nýja skipan sé þjóðfélagslega hagkvæm og nauðsynleg.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal IV.

Bréf dr. Páls Sigurðssonar prófessors til Sambands íslenskra tryggingafélaga.

(9. nóvember 1992.)

Hinn 10. október sl. skilaði ég lögfræðilegri álitsgerð til Sambands íslenskra tryggingafélaga eftir bréflegri ósk framkvæmdastjóra sambandsins þar sem fjallað var um tiltekin álitaefni sem tengjast frambúðargildi samninga um brunatryggingar húsa sem sveitarfélög utan Reykjavíkur hafa gert við tiltekin vátryggingafélög (Brunabótafélag Íslands og Samvinnutryggingar) varðandi brunatryggingar allra húsa í viðkomandi sveitarfélögum ef frumvarp til laga um breyting á tryggingamálefnum o.fl., sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, verður lögfest.

Eftir munnlegri beiðni framkvæmdastjóra sambandsins hef ég fallist á að gefa nú jafnframt, til viðbótar hinni fyrrnefndu álitsgerð, lögfræðilegt álit um gildi þess réttarsambands er skapast milli viðkomandi vátryggingafélaga og einstakra húseigenda sem hagsbóta njóta samkvæmt fyrrnefndum samningum milli sveitarfélaganna og tryggingafélaganna eftir gildistöku áðurnefndra lagaákvæða ef frumvarpið verður lögtekið.

Ljóst er að réttarsamband það, sem hér um ræðir, þ.e. milli einstakra húseigenda og viðkomandi tveggja tryggingafélaga, er að ýmsu leyti með sérstæðum hætti, einkum þó sé litið til stofnunarháttar þessa réttarsambands. Upplýst er að eigi hefur tíðkast að einstakir húseigendur, sem brunatryggingar njóta samkvæmt lögum nr. 59/1954, hafi gert sérstaka og skriflega samninga um brunatryggingar húsa við viðkomandi vátryggingafélög, en aldrei hefur hins vegar verið vefengt að þeir eigi beina kröfu á hendur tryggingafélagi vegna tryggingabóta að nánari skilyrðum fullnægðum, en iðgjöld vegna þessarar vátryggingar, sem nánar er kveðið á um í fyrrnefndum samningum sveitarfélaga og tryggingafélaganna, hafa húseigendur síðan greitt árlega í kjölfar hefðbundinna greiðsluáskorana frá tryggingafélögunum. Segja má að með því að greiða iðgjald sitt með þessum hætti hafi hver húseigandi um sig þannig viðurkennt stofnun réttarsambands við tryggingafélagið, en einkaréttarleg viðurkenning af því tagi hefur þó ekki verið nauð-

synleg í reynd sökum skýrra lagafyrirmæla sem kveða á um grunnreglu þessa fyrirkomulags. Með þessum hætti, þ.e. á grundvelli gildandi laga og samninganna við sveitarfélögin, hefur þannig stofnast svokallað „samningsígildi“ milli húseigendanna og tryggingafélaganna.

Í fyrrnefndri álitsgerð minni frá 10. október sl. segir m.a. að áðurnefndir samningar milli sveitarfélaganna og tryggingafélaganna tveggja beri tiltekin „einkenni“ þriðjamannslöggerninga, en um eiginlega þriðjamannslöggerninga er þar þó ekki að ræða, m.a. sökum þess að þriðji maður (hér einstakur húseigandi) verður að greiða loforðsgjafa (hér tryggingafélagi) endurgjald fyrir þá hagsmuni sem honum skulu látnir í té. Stendur það sem sagt var um afmörkuð einkenni þriðjamannslöggerninga á þessu sviði ekki í vegi fyrir því að „samningsígildi“, er leiði til gagnvirks réttarsambands milli húseigandans og tryggingafélags og hafi sjálfstætt gildi, stofnist með fyrrgreindum hætti.

Ljóst er að í c-lið 11. gr. fyrrnefnds frumvarps, sem hér er til umfjöllunar, en þar er ráðagerð um breytingu á 2. gr. laga nr. 59/1954, sbr. síðar, er á því byggt að um sérstakt réttarsamband sé að ræða milli einstakra húseigenda og vátryggingafélaganna því að ákvæði frumvarpsins verður ekki skilið á annan veg en svo að því sé m.a. ætlað að ná til þeirra réttarsambanda af fyrrnefndu tagi sem fyrir hendi eru þegar lögin taka gildi.

Í fyrri álitsgerð minni er m.a. tekið fram að verði viðkomandi frumvarp að lögum „muni lögin, eftir gildistöku sína, ráða að öllu leyti um réttarstöðu viðkomandi aðila án tillits til fyrri samninga um þetta efni“ og að lögin muni „ganga framar öllum samningsákvæðum sem eigi fá samrýmst efni þeirra“. Í þeirri álitsgerð voru að vísu einkum hafðir í huga samningarnir milli sveitarfélaganna og tryggingafélaganna í samræmi við þá spurningu sem þá hafði verið beint til mín en að því gefnu að um sjálfstætt og gagnvirkt réttarsamband sé að ræða milli einstakra húseigenda og tryggingafélags, svo sem fyrr var lýst, verður eigi annað séð en að sama grundvallarregla hljóti að eiga við um áhrif lögtöku frumvarpsins á þetta réttarsamband. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1954, svo sem henni er ætlað að hljóða skv. c-lið 11. gr. frumvarpsins, segir þó að ekki skuli taka gilda uppsögn á skyldutryggingu skv. 1. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á því að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skyldutryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Þetta verður ekki skilið á aðra leið en að húseiganda, sem brunatryggingar hefur notið eftir hinu eldra kerfi, verði heimilt, að fullnægðu fyrrnefndu skilyrði, að segja upp réttarsambandi sínu við viðkomandi tryggingafélag þegar eftir að lögin taka gildi, en jafnframt hlýtur þá að vera byggt á þeim skilningi að gildistaka laganna ein saman rjúfi ekki þetta réttarsamband sjálfkrafa og viðstöðulaust. Eigi verður talið að á húseiganda hvíli beinlínis skylda til að hafa frumkvæði um að rjúfa réttarsambandið (eða endurnýja það ella með formlegum brunatryggingarsamningi við sama tryggingafélag), en til þess að fyrrnefnt grundvallarviðhorf um að fyrirliggjandi samnings- og/eða réttarsamband á þessu sviði er fái ekki samrýmst hinni nýju skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir komist til framkvæmda í kjölfar nýrra laga verður eigi annað séð en að á viðkomandi tryggingafélögum hljóti að hvíla „eðlislæg“ skylda til að segja upp fyrrnefndu réttarsambandi við hvern einstakan húseiganda þegar eftir lögtöku frumvarpsins (ef af henni verður), þannig að „borðið verði hreint“ þegar að gildistöku laganna kemur eða mjög skömmu síðar, en þó gæti réttarsambandinu ekki lokið með formlegum hætti fyrr en viðkomandi tryggingafélag hefur fengið staðfestingu þess að húseigandinn hafi stofnað til nýrrar tryggingar sem fullnægi hinum nýju lagaákvæðum.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal V.

Bréf Hákonar Árnasonar hrl. til Inga R. Helgasonar.
(26. júní 1992.)

I.

Samkvæmt beiðni þinni hef ég lítillega athugað þýðingu fyrirhugaðra breytinga á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, og á lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, vegna hins svonefnda EES-samnings.

Er gert ráð fyrir því í 11. gr. frumvarps að breytingarlögunum að 1. gr. laga nr. 59/1954 um heimild bæjar- og sveitarfélaga utan Reykjavíkur til að semja við eitt eða fleiri vátryggingafélög um brunatryggingar fasteigna í umdæmi sínu verði afnumin og að hver og einn húseigandi utan Reykjavíkur ákveði eftirleiðis hvar hann skyldutryggir fasteign sína, sbr. greinargerð með 11. gr. frumvarpsins, sbr. breytingu á texta 2. gr. laga nr. 59/1954.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að 7. og 20. gr. laga nr. 9/1955 um skyldu til að brunatryggja fasteignir utan Reykjavíkur hjá BÍ verði felldar úr lögum.

Eins og kunnugt er var þessi skylda takmörkuð með tilkomu 20. gr. laganna á þann veg að bæjar- eða sveitarfélag gat sagt sig úr BÍ með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október ár hvert ef aðilar náðu ekki samkomulagi um tryggingakjör að undangenginni ósk bæjar- eða sveitarfélags um endurskoðun á þeim. Um einkarétt BÍ til fasteignatrygginga utan Reykjavíkur hefur ekki síðan verið að ræða í raun. Hefur framkvæmd fasteignatrygginga hjá BÍ verið í formi tryggingasamninga viðkomandi sveitarfélaga við BÍ til fimm ára í senn. Munu núgildandi samningar ná til 1995.

II.

Um heimild Alþingis til umræddra lagabreytinga þarf tæplega að efast, enda lagasetningarvaldi Alþingis ekki önnur takmörk sett en beint eða óbeint leiðir af stjórnarskránni. Ganga nefndar lagabreytingar sem slíkar ekki inn á þau svið sem stjórnarskráin meinar almenna löggjafanum að hrófla við né verður séð að þær brjóti í bág við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, en 67. gr. hennar kæmi hér helst til álita. Einkaleyfiseða einkaréttur BÍ til fasteignatrygginga utan Reykjavíkur er ekki fyrir hendi eins og áður segir og sýnast umræddar lagabreytingar ekki fela í sér skerðingar á réttindum BÍ sem bótaskyldu varði.

Er það álit mitt að margnefndar lagabreytingar felli ekki niður eða afnemi gildandi tryggingasamninga BÍ og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélaga. Standi samningarnir því lögformlega áfram það sem eftir lifir samningstímans að öðru óbreyttu.

Til þess að fella samningana úr gildi með lögum hefði orðið að taka það berum orðum fram í frumvarpstextanum sem ekki er gert. Virðist jafnframt ljóst að slíkt afnám gildandi samninga með lögum mundi fara í bág við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, en iðgjaldakröfur BÍ á grundvelli samninganna eru eign sem varin er af 67. gr. hennar eins og eignarréttarhugtak 67. gr. hefur verið skilgreint og túlkað af dómstólum.

Það er svo annað mál hvort fyrirhugaðar lagabreytingar hefðu í för með sér að forsendur tryggingasamninganna mættu teljast brostnar, ef að lögum verða, og viðsemjendur BÍ eða einstakir húseigendur gætu krafist ógildingar eða lausnar undan samningnum af þeim sökum. Við mat á því gildir sú meginregla samkvæmt fræðikenningunni að

brostnar forsendur ber ekki að taka til greina sem ógildingarástæðu, nema knýjandi nauðsyn sé fyrir aðila að losna undan samningi og þá því aðeins að slík niðurstaða sé ekki ósanngjörn í garð mótaðila. Er þá að jafnaði ekki það eitt talið nóg að viðkomandi samningar séu ekki lengur í takt við breytta löggjöf, a.m.k. þegar um skammtímasamninga er að ræða, heldur þarf annað og meira að koma til, svo sem að sá aðili, er vill losna undan samningsskyldu sinni, verði ella að sæta opinberum viðurlögum eða verulegum búsifjum. Virðist því í fljótu bragði ekki vera skilyrði til lausnar undan samningunum.

Á þessu réttarsviði er hins vegar um mörg álitamál og óvissuatriði að ræða.

Vegna hins skamma tíma til stefnu hefur ekki gefist kostur á að kanna nema lauslega það viðfangsefni sem við er að fást og verður því að skoða þessi skrif mín sem bráðabirgðaálit, sett fram með fyrirvara.

Með von um að komi samt að einhverju gagni.

Hákon Árnason, hrl.

1130. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (ISG, FI, MF, IP).

1. Við 11. gr. F-liður orðist svo: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
   Eftir gildistöku laga þessara geta sveitarfélög ekki gert samning um brunatryggingar við vátryggingafélög sem binda alla húseigendur í sveitarfélaginu en þeir samningar, sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna, halda gildi sínu út tryggingartímabilið samkvæmt eigin ákvæðum. Einstakir húseigendur skulu í síðasta lagi 30. september 1995 tilkynna brunatryggingafélagi sínu skriflega hyggist þeir flytja tryggingar sínar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting annars vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar eigi síðar en frá og með 1. janúar 1996.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   a. Orðið „allra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.
   b. Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þetta skerðir ekki rétt húseigenda í lögsagnarumdæminu til að brunatryggja húseignir sínar hjá öðrum vátryggingafélögum.
   c. 4. gr. laganna orðast svo:
      Dómkvaddir matsmenn meta vátryggingarverð og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati getur hann óskað yfirmats.
   d. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
      Borgarstjórn Reykjavíkur skal hafa með höndum brunatryggingar allra húseigna í Reykjavík til ársloka 1995. Einstakir húseigendur skulu í síðasta lagi 30. september 1995 tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur skriflega hyggist þeir flytja tryggingar sínar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting annars vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar eigi síðar en frá og með 1. janúar 1996.

e. Fyrirsögn 15. gr. verði: *Breyting á lögum um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, með síðari breytingum.*

3. Við 19. gr. Á eftir orðinu „skal“ í 3. mgr. e-liðar komi: fá samþykki lyfjanefndar og.

1131. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 491974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorláksson skrifstofustjóra og Áslaugu Guðjónsdóttur lögfræðing. Umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Lífeyrissjóði sjómanna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Alþingi, 4. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Sólveig Pétursdóttir.

Guðjón Guðmundsson.

1132. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „refsiverðs verknaðar“ og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „viðskiptamaður“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: sem ekki er í föstu viðskiptasambandi skv. 1. mgr.
3. Við 15. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

1133. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá landbúnaðarráðuneytinu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra, frá utanríkisráðuneytinu Gunnar Snorra Gunnarsson sendiherra og frá félagi garðyrkjubænda Kjartan Ólafsson formann og Sigurð Þráinsson, varaformann félagsins. Enn fremur bárust nefndinni umsagnir frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, Búnaðarfélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá naut nefndin aðstoðar Tryggva Gunnarssonar hrl. við athugun á málinu.

Í nefndinni fór fram ítarleg umræða um landbúnaðarþátt samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og málefni er því tengjast. Samhliða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var gert samkomulag milli Íslands og Evrópubandalagsins um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði sem tók gildi 15. apríl sl.

Verður nú gerð grein fyrir þeim þáttum er sérstaklega komu til umfjöllunar í nefndinni við athugun þessa frumvarps.

I. Um blóm og grænmeti.

Samkvæmt samkomulaginu frá 15. apríl verður innflutningur frjáls og án álagningar tolla á fimm tegundum blóma á tímabilinu 1. desember til 30. apríl og á jafnmörgum tegundum grænmetis frá 1. nóvember til 15. mars ár hvert. Þær tegundir, sem hér um ræðir, eru:

Tollnr.	
Úr 0603.1000	Afskorin blóm: Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, paradísarfuglablóm.
Úr 0702.00	Tómatar, nýir eða kældir.
Úr 0705.1100	Salathöfuð, ný eða kæld.
Úr 0707.1100	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar.
Úr 0709.6009	Ómulin paprika, ný eða kæld.
Úr 0710.8000	Ómulin paprika, fryst.

Í viðtölum við blóma- og garðyrkjubændur og í bréfum frá samtökum þeirra, sem nefndinni bárust, kemur fram að þeir óttast að innlend framleiðsla verði ekki samkeppnisbær við þessar innfluttu vörur sem ræktaðar eru við ákjósanleg vaxtarskilyrði, auk þess sem þessar greinar njóta víða erlendis opinbers stuðnings gagnstætt því sem er á Íslandi. Bent var á að sumar þeirra tegunda, sem nú verður frjálst að flytja inn, hafa mikið geymsluþol. Slík vara getur því verið lengur á markaði hér á landi en meðan innflutningur er frjáls. Þess vegna er tekin upp í tillögu nefndarinnar heimild til handa landbúnaðarráðherra til að ákveða að sala á innfluttum vörum verði bundin við það tímabil sem innflutningur er heimill.

II. Bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Bókun 3 með EES-samningnum varðar samninga um frjálsan innflutning á vissum unnum landbúnaðarafurðum og töku verðjöfnunargjalda af þeim innflutningi. Viðmiðun verðjöfnunargjalda í viðskiptum við EB-þjóðir miðast við lægsta verð EB-ríkja og innanlandsverð innflutningslands. Þær vörur, sem EES-samningurinn opnar fyrir innflutning á og leggja má á óheft verðjöfnunargjald, eru eftirtaldar:

Tollnr.	
Úr 0403.10	Jógúrt, bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói.
Úr 0403.90	Vissar sýrðar mjólkurafurðir, bragðbættar með ávöxtum, hnetum eða kakói.
Úr 1517.10	Smjörlíki sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga.
Úr 1517.90	Aðrar olíublöndur sem innihalda meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga.

Enn fremur er heimilt að leggja óheft verðjöfnunargjöld á vörur í eftirgreindum tollflokkum sem ekki hefur verið innflutningsbann á:

Úr 1806	Súkkulaði og önnur matvæli sem innihalda kakó.
Úr 1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki inniheldur kakóduft eða inniheldur kakó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, auk matvæla úr ákveðnum vörum sem ekki innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga.
Úr 1902	Pasta, einnig soðið eða fyllt, (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnið á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kanellóní; couscous, einnig unnið.
Úr 1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur.
Úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni.
Úr 2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður.
Úr 2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það og jafnblönduð samsett matvæli.

III. Viðaukar 2–7 í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Á fundi sérfræðinga EFTA og EB í Brussel 31. mars sl. var rætt ítarlega um viðauka 2–7 við bókun 3 við EES-samninginn. Þar skýrðist afstaða EB til útfærslu á hráefnalista bókunar 3. Á fundinum kom fram sú krafa EB að kjöt, fitur og olíur skuli hafa verið skráð á hráefnalista hvers samningsaðila 1. janúar 1992 til þess að falla undir almenna meginreglu um verðjöfnun, sbr. 2. gr. bókunarinnar.

Þessi afstaða Evrópubandalagsins, eins og hún var skýrð fyrir nefndinni, kom á óvart því að Ísland fékk undanþágu frá 5. gr. I. viðbætis eins og staðfest var í skýrslu fimm ráðuneyta sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti meiri hluta utanríkisnefndar við frumvarpið til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Þá leitaði formaður landbúnaðarnefndar, með bréfi dags. 23. apríl sl., eftir því við utanríkisráðuneytið að það skýrði stöðu þessara mála, sjá fskj. I. Í svari ráðuneytisins, sem barst samdægurs, kom fram að þau sjón-

armið, sem af Íslands hálfu voru lögð til grundvallar, væru óbreytt. Hér væri einungis um að ræða framsetningu af hálfu EB sem EFTA-ríkin hefðu hafnað, sjá fskj. II.

IV. Aðrir fríverslunarsamningar.

Fyrr á þessu þingi voru samþykktar þingsályktunartillögur sem heimila utanríkisráðherra að gera fríverslunarsamninga við Tyrkland, Pólland, Tékkland og Slóvakíu. Auk þess hefur Ísland áður gert hliðstæða samninga við Færeyjar, Ísrael, Rúmeníu, Ungverjaland og Búlgaríu. Á fskj. III með áliti þessu er að finna yfirlit yfir gildissvið framangreindra samninga. Ekki er lokið endanlegri gerð hliðstæðs lista varðandi blandaðar vörur en samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu ganga samningarnir, sem gerðir hafa verið við einstök ríki, yfirleitt skemmra en EES-samningurinn.

V. Gagnkvæmni samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Fram til þessa hefur íslenskur landbúnaður í framkvæmd búið við nær algjöra innflutningsvernd. Frá því er nú horfið að því er tekur til þeirra heimilda sem EES-samningurinn veitir til innflutnings á landbúnaðarvörum sem framleiddar eru hér á landi. Í þessu sambandi má benda á þá gagnkvæmni sem m.a. felst í EES-samningnum. Í honum, og öðrum þeim fríverslunarsamningum sem nú hefur hefur verið greint frá, felst að samhliða skyldu aðildarríkja til að leyfa innflutning vinnsluvara úr hráefnum landbúnaðarins fylgir réttur til að taka verðjöfnunargjöld af þessum innflutningi. Einnig er þar víða, t.d. í 2. gr. bókunar 3 með EES-samningnum, jafnframt kveðið á um endurgreiðslur við útflutning.

VI. Breytingartillögur nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Tillögurnar fela ekki í sér víðtækar efnisbreytingar frá því sem er í frumvarpinu heldur er leitast við að gera lagatextann skýrari til að auðvelda framkvæmd laganna.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. mgr. 2. gr. Í fyrsta lagi er lögð til viðbót við 1. málsl. Eins og frumvarpið er orðað tekur ákvæðið til allra búvara, sbr. skilgreiningu búvörulaganna, hvort sem varan eða tilsvarandi vara er framleidd hér á landi eða ekki. Þar sem verndarhagsmunirnir eru innlend framleiðsla þykir rétt að taka af skarið um það í lagatextanum. Í öðru lagi er lagt til að við málsgreinina bætist nýr málsliður er kveði á um að ákvæði 1. málsl. eigi einnig við um vörulíki þeirra vara sem þar er getið um. Til að fyrirbyggja misskilning á túlkun 1. málsl. þykir rétt að kveða ótvírætt á um að einnig þurfi samþykki ráðherra til innflutnings slíkra vörulíkja, svo sem smjörlíkis, ostlíkis og rjómalíkis enda þótt það leiði af orðinu „tilsvarandi“ í 1. málsl. að vörulíki og hliðstæðar vörur eigi þar undir.

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 3., 4. og 5. málsl. að í stað orðsins „álit“ verði notað orðið „umsögn“. Um samræmingaratriði er að ræða og þykir réttara að nota orðið „umsögn“, enda er í öllum tilvikum um að ræða umsögn viðkomandi aðila sem ekki bindur hendur ráðherra. Í fjórða lagi er lögð til sú breyting á 4. málsl. að þegar ráðherra ákveður að innflutningur búvara verði tímabundið undanþeginn leyfisveitingu skv. 1. mgr. skuli hann jafnframt ákveða leyfilegan sölutíma varanna. Nauðsynlegt þykir að setja slíkan varnagla, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir birgðasöfnun sem kæmi til sölu að loknum þeim tíma sem frjáls innflutningur er heimill. Í fimmta lagi er lagt til að nýr málsliður komi á eftir 5. málsl. Til þess að einfalda framkvæmd á reglum 1. mgr. þyk-

ir rétt að ráðherra geti, með sama hætti og við innflutning á garðyrkjuafurðum, ákveðið að innflutningur tiltekinna vara skuli tímabundið vera frjáls en að óbreyttu mætti skilja frumvarpið þannig að leita þurfi umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hverju sinni við innflutning.

Breytingarnar á 2. mgr. felast í fyrsta lagi í að við 1. málsl., sem kveður á um heimild ráðherra, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., til að heimila innflutning í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga, verði bætt skilyrði um beitingu verðjöfnunargjalda í samræmi við heimildir milliríkjasamninga. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, og bókun 3 sem honum fylgir, er gengið út frá því að heimila skuli frjálsan innflutning á tilteknum vörum sem unnar eru úr hráefnum frá landbúnaði. Þar er einnig gert ráð fyrir heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á slíkan innflutning eftir ákveðnum reglum. Verðjöfnunin er því í raun forsenda þess að fallist er á að heimila þennan innflutning. Hér á landi hefur verið valin sú leið að fela fjármálaráðherra framkvæmd á verðjöfnunarheimildinni en landbúnaðarráðherra framkvæmd á heimildum til innflutnings þessara vara. Með breytingunni er lagt til að tekið verði skýrt fram í frumvarpinu að skilyrði þess að landbúnaðarráðherra beiti heimild sinni til að leyfa hinn samningsbundna innflutning verði að fjármálaráðherra nýti sér heimildir viðkomandi samninga um beitingu verðjöfnunargjalda. Verði það skilyrði ekki uppfyllt getur landbúnaðarráðherra synjað um slíkan innflutning.

Á grundvelli breytingarinnar á 1. málsl. er lagt til að á eftir 2. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður þar sem kveðið verði á um skyldu landbúnaðar- og fjármálaráðuneytisins til að hafa samráð sín á milli um beitingu verðjöfnunarheimildanna.

Einnig að sett verði sú viðmiðunarregla að þess skuli gætt við framkvæmd verðjöfnunarinnar að ekki verði raskað samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu landbúnaðarvara og vara sem unnar eru úr hráefnum frá landbúnaði. Lögð er til þessi framsetning og tenging við framkvæmd ákvæða tollalaga um verðjöfnunina þar sem framkvæmd þessara mála er lögum samkvæmt hjá fyrrgreindum tveimur ráðuneytum.

Þá er lagt til að við 2. gr. bætist ný málsgrein sem kveði á um að ráðherra afmarki nánar í reglugerð til hvaða vara og vörulíkja ákvæði 1. og 2. mgr. taka, en þar verði skilgreint hvaða vörur megi flytja inn án þess að sækja þurfi um leyfi, hvaða vöruflokkar séu háðir leyfisveitingu og í hvaða tilvikum innflutningur sé með öllu óheimill af heilbrigðisástæðum. Jafnframt verði í þeirri reglugerð kveðið á um það til hvaða vara og hráefna verðjöfnun skuli taka. Í þriðja er lagt til að ákvæði 3. mgr. frumvarpsins, um að áður en teknar eru ákvarðanir um útflutning landbúnaðarvara skuli þeir aðilar, sem fara með þau mál, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, falli brott en þar er um að ræða leifar frá gömlu útflutningskerfi. Í fjórða lagi er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að ráðherra ákveði með reglugerð af hvaða landbúnaðarhráefni skuli vera heimilt að endurgreiða jöfnunargjald við útflutning auk þess sem hann ákvarðar endurgreiðslufjárhæðina í þeirri reglugerð.

Það sem hér hefur verið rakið er fram sett á grundvelli ákvarðana sem fyrir liggja þegar fjallað er um þetta mál án þess að meiri hlutinn taki efnislega afstöðu til þeirra ákvarðana. Í frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, er málinu fundinn staður í lögum um framleiðslu og sölu búvara og það þannig bundið stjórnsýslulega við landbúnaðarráðuneytið.

Eggert Haukdal óskar aftir því að fram komi sú afstaða hans að hann sé í andstöðu við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo sem fram hefur komið, þar sem samningurinn sé í andstöðu við hagsmuni landbúnaðarins.

Alþingi, 5. maí 1993.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	

Fylgiskjal I.

Bréf Egils Jónssonar til utanríkisráðuneytisins.
(23. apríl 1993.)

Samkvæmt frásögn af samningafundi sérfræðinga EB og EFTA 30. og 31. mars sl. eru kjöt og fita (önnur en smjörfita) ekki á lista þeirra vörutegunda sem skilyrðislaust má verðjafna fyrir. Að því er Ísland varðar yrðu áhrif tillögu EB þau að óheimilt væri fyrir Ísland að verðjafna fyrir þessum hráefnum.

Hvaða ráðstafanir hefur Ísland gert til þess að tryggja að framkvæmd bókunar 3 við EES-samninginn, sbr. yfirlýsingu utanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og landbúnaðarráðneytis sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar Alþingis, nái fram að ganga:

a. Ef ekki næst fram að heimild til töku viðmiðunargjalda miðist við árið 1992 er þá mögulegt að Ísland fái skýlausa undanþágu frá þeim ákvæðum sem takmarka möguleika Íslands á að beita verðjöfnunargjöldum vegna fitu og kjöts á hliðstæðan hátt og Noregi eru boðin í 3. gr. í II. viðauka í tillögum EB sem mundi tryggja rétt Íslands á óyggjandi hátt?
b. Náist ekki niðurstaða á grundvelli þeirra leiða sem nefndar eru í a-lið hvaða ráðstafana hyggst Ísland þá grípa til svo unnt verði að standa við framangreindar yfirlýsingar ráðuneytanna?
c. Hverjar eru horfur á niðurstöðu um lágmarksinnihald kjöts svo að verðjöfnun verði heimil? Styður Ísland tillögu Noregs um 1% kjötinnihald í unnum afurðum sem innihalda kjöt?

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson.

Fylgiskjal II.

Svar utanríkisráðuneytis við bréfi Egils Jónssonar.
(23. apríl 1993.)

Með bréfi dags. í dag spyrjist þér fyrir um gang viðræðna um frágang bókunar 3 við EES-samninginn með sérstakri vísan til sérfræðingafundar 31. þ.m. Af því tilefni vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram.

Á sérfræðingafundi 31. f.m. lagði fulltrúi framkvæmdastjórnar EB fram tillögur sínar að texta II. viðbætis við bókun 3 við EES samninginn en í II. viðbæti eru skráð þau hráefni sem verðjafna má fyrir. Í þessum tillögum EB eru fyrst taldar upp í 1. gr. mjólkurvörur, kornvörur, sykur, egg og kartöflur en í 2. gr. eru taldar upp aðrar afurðir, feiti, olíur og kjöt. Þessar tillögur EB gera ráð fyrir því að aðeins sé hægt að verðjafna fyrir þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. hafi verðjöfnun tíðkast á þeim 1. janúar 1992. Ef þessar tillögur EB næðu fram að ganga yrðu verðjöfnunaraðgerðir þær við innflutning á pitsum og pastaréttum, sem ríkisstjórnin greip til á síðasta ári, óheimilar við gildistöku EES-samningsins.

Annað atriði orkar tvímælis í þessum tillögum EB svo ekki sé meira sagt en það er að aðeins skuli verðjafnað fyrir hráefni úr tollflokki 2 en ekki fyrir kjötvörum úr 16. flokki.

EFTA-ríkin hafa staðið saman um það að hafna þessum tillögum og vísa til þess að í samþykktri fundargerð við undirskrift EES-samningsins er tekið fram að miða skuli við það hvaða hráefni verðjafnað er fyrir við gildistöku samningsins. Afstaða EFTA-ríkja er því að annaðhvort skuli ekki minnast á neina dagsetningu þarna eða setja inn þá dagsetningu sem upphaflega var fyrirhugað að samningurinn tæki gildi við, þ.e. 1. janúar 1993. Undanþága sú, sem EB-textinn gerir ráð fyrir vegna Noregs, yrði því óþarfur samkvæmt þessu og félli út. Hitt er annað mál að EB hefur verið tilkynnt um verðjöfnunaraðgerðir íslenskra stjórnvalda á pitsum og pastaréttum og hefur ekki verið amast við þeim af hálfu EB. Ekki er ástæða til þess að ætla að EB telji aðgerðir Íslendinga á þessu sviði varhugaverðari en annarra eða að samningar gætu af þeirra hálfu strandað á þessum aðgerðum. Á fundi um vöruviðskipti 19.–20. þ.m. kom fram að tillögur EB á sérfræðingafundinum höfðu verið settar fram án samráðs við samningamann framkvæmdastjórnar í vöruviðskiptum og var því lofað að þær skyldu teknar til frekari athugunar. Á sama fundi var sú afstaða Íslands skýrt áréttuð að ekki kæmi til greina að fallast á samkomulag sem hefði það í för með sér að falla yrði frá verðjöfnunaraðgerðum þeim sem gripið var til á síðasta ári.

Á síðasta ári náðist um það samkomulag eftir að ljóst var að frágangur bókunar 3 mundi dragast að EES-samningurinn skyldi ganga í gildi á fyrirhuguðum tíma en bókun 3 tæki gildi síðar þegar allir viðbætar væru tilbúnir. Samkvæmt þessu mun það ekki koma niður á útflutningshagsmunum í sjávarútvegi þó samningaviðræður um bókun 3 dragist á langinn.

Enn hefur ekki fengist niðurstaða um lágmarksinnihald kjöts svo verðjöfnun sé heimil en nú er tekist á um 1–5% í stað 1–10% áður. Íslendingar og Norðmenn standa saman um lægri mörkin en aðrar EFTA-þjóðir geta sætt sig við 5%.

F.h.r.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

Utanríkisráðuneyti,
viðskiptaskrifstofa:

Gildissvið samninga Íslands við önnur ríki um viðskipti með landbúnaðarafurðir.[1]

(30. apríl 1993.)

EB: Evrópubandalagið ("Cohesion-listinn") BG: Búlgaría
PL: Pólland TR: Tyrkland
CS: Tékkland og Slóvakía IL: Ísrael
RO: Rúmenía FO: Færeyjar
HU: Ungverjaland

	Tollnr.	Vörulýsing	EB	PL	CS	RO	HU	BG	TR	IL	FO	Tollur %
	0409.0000	Náttúrlegt hunang		■	■	■	■	■				0
	0505-10	Fiður notað sem tróð; dúnn					■					0
úr	0603-1000	Afskorin blóm: Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm fulglamjólk, paradísarfuglablóm; (1. desember-30. apríl)	■									30
úr	0702-00	Tómatar (1. nóvember-15. mars), nýir eða kældir	■									30
úr	0703-10	Laukar, aðrir en útsæðislaukar, nýir eða kældir	■	■	■	■	■	■	■			30
úr	0703-10	Útsæðislaukar og skalottulaukur (þ.e. restin úr 0703-1000)		■	■	■	■	■	■			30
	0703-2000	Hvítlaukur, nýr eða kældur	■	■	■	■	■	■	■			30
úr	0705-1100	Salathöfuð (1. nóvember-15.mars), ný eða kæld	■									30
úr	0707-00	Gúrkur og reitagúrkur, n. eða k. (1. nóvember-15. mars)	■									30
	0708-1000	Ertur (Pisum sativum), nýjar eða kældar		■	■	■	■	■	■			30
	0708-2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaeseolus spp.), ný eða kæld		■	■	■	■	■	■			30
úr	0708-9000	Breiðbaunir og hestabaunir, nýjar eða kældar			■		■		■			30
úr	0708-9000	Aðrir belgávextir, nýir eða kældir										30
	0709-2000	Spergill, nýr eða kældur	■	■		■	■					30
	0709-3000	Eggaldinjurtir, nýjar eða kældar	■									30
úr	0709-6009	Ómulin paprika, ný eða kæld (1. nóvember-15. mars)	■									30
	0709-7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka, nýtt eða kælt		■	■	■	■		■			30
úr	0709-9009	Ólívur, nýjar eða kældar										30
úr	0709-9009	Kúrbítur, nýr eða kældur	■		■	■						30
	0710-2100	Ertur (Pisum sativum), frystar		■	■	■	■	■	■	■		30
	0710-2200	Belgaldin (Vigna spp., Phaeseolus spp.), fryst		■	■	■	■	■	■	■		30
	0710-2900	Belgávextir, aðrir en ertur og baunir, frystir	■	■	■	■	■	■	■			30
	0710-4000	Sykurmais, frystur						■				30
úr	0710-8000	Ómulin paprika, fryst (1. nóvember-15. mars)	■		■	■	■	■	■			30
úr	0710-8000	Piparjurt og laukur, fryst			■	■	■	■	■			30
	0711-1000	Laukur, varinn skemmdum til bráðab., óh. til manneldis				■	■	■	■	■		30
	0711-2000	Ólívur, varðar skemmdum til bráðab., óh. til manneldis				■	■	■	■	■		30
	0712-2000	Laukur, þurrkaður		■	■	■	■	■				30
	0712-9001	Sykurmais, þurrkaður						■				30
úr	0712-9009	Aðrar þurrkaðar matjurtir, aðrar en tómatar	■									30
		og gulrætur, þurrkaðar matjurtablöndur	■									30
	0713-1000	Ertur (Pisum sativum), þurrkaðar		■	■	■	■	■	■	■		0
	0713-2000	Hænsnabaunir (garbanzos), þurrkaðar		■	■	■	■	■	■	■		0
	0713-3100	Belgbaunir af tegundinni Vigna mungo (L.) Hepper eða Vigna radiata (L.) Wilczek, þurrkaðar		■	■	■	■	■	■	■		0
	0713-4000	Linsubaunir, þurrkaðar		■	■	■	■	■	■	■		0
	0713-5000	Breiðbaunir (Vicia faba var. major) og hestabaunir (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor), þurrkaðar		■	■	■	■	■	■	■		0
	0802-1100	Möndlur, nýjar eða þurrkaðar	■									0
	0802-1200	Möndlur, nýjar eða þurrkaðar, afhýddar	■			■	■	■	■			0
	0802-2100	Heslihnetur, nýjar eða þurrkaðar	■					■				0
	0802-2200	Heslihnetur, nýjar eða þurrkaðar, afhýddar	■		■	■	■	■	■			0

	Tollnr.	Vörulýsing	EB	PL	CS	RO	HU	BG	TR	IL	FO	%
	0802-3100	Valhnetur, nýjar eða þurrkaðar	■				■	■				0
	0802-3200	Valhnetur, nýjar eða þurrkaðar, afhýddar	■		■	■	■	■	■			0
	0802-5000	Hjartaaldin				■	■		■			0
úr	0802-9000	Hnetukjarnar	■									0
	0803-0000	Bananar, nýir eða þurrkaðir	■									0
úr	0804-2000	Þurrkaðar fíkjur	■				■		■			0
úr	0804-2000	Fíkjur, nýjar					■		■			0
	0804-3000	Ananas, nýr eða þurrkaður	■									0
	0805-1000	Appelsínur, nýjar eða þurrkaðar	■				■		■	■		0
	0805-2000	Mandarínur, klementínur o.s.frv..., nýjar eða þurrkaðar	■				■		■			0
	0805-3001	Sítrónur, nýjar eða þurrkaðar	■				■		■			0
	0805-3009	Súraldin, ný eða þurrkuð	■				■		■			0
	0805-4000	Greipaldin, ný eða þurrkuð					■		■	■		0
	0806-1000	Ný vínber	■				■	■	■			0
	0806-2001		■				■	■	■			0
	2009	Þurrkuð vínber	■				■	■	■			0
úr	0807-1000	Melónur, aðrar en vatnsmelónur, nýjar	■					■	■			0
úr	0807-1000	Vatnsmelónur, nýjar	■				■	■	■			0
úr	0808-1000	Epli til safagerðar, frá 16. sept til 15. desember, ný		■	■	■	■	■	■			0
úr	0808-1000	Önnur epli, ný		■	■	■		■	■			0
	0808-2000	Perur og kveður, nýjar		■	■	■	■	■	■			0
	0809-1000	Apríkósur, nýjar	■		■	■	■	■	■			0
	0809-2000	Kirsuber, ný	■	■	■	■	■	■	■			0
	0809-3000	Ferskjur, þar með taldar nektarínur, nýjar	■		■	■	■	■	■			0
úr	0809-4000	Plómur, nýjar	■	■	■	■	■	■	■			0
úr	0809-4000	Þyrniplómur, nýjar		■	■	■	■	■	■			0
	0810-1000	Jarðarber, ný	■	■	■	■	■	■	■			0
úr	0810-2000	Hindber og brómber, ný					■	■				0
úr	0810-2000	Mórber og lóganber, ný (þ.e. restin úr 0810-2000)						■				0
	0810-3000	Sólber, hvítar og rauðar kúrennur (ribsber) og garðaber (stikilsber), ný		■	■	■	■	■				0
	0810-4000	Trönuber, aðalbláber og aðrir ávextir af ættinni Vaccinium						■				0
úr	0810-9000	Kívíávöxtur, nýr	■	■		■		■				0
úr	0810-9000	Granatepli (kjarnaepli), ný		■	■	■	■	■	■			0
úr	0810-9000	Aðrir ávextir, nýir (þó ekki í 0810-20 eða 40)		■		■		■				0
	0811-1001	Fryst jarðarber, einnig með viðbættum sykri eða öðru	■	■	■	■	■	■	■			0
	1009	sætuefni	■	■	■	■	■	■	■			0
úr	0811-2001							■				0
	2009	Mórber og lóganber						■				0
úr	0811-2001	Hindber, brómber, sólber, hvítar og rauðar kúrennur						■				0
	2009	(ribsber) og garðaber (stykkilsber), fryst						■				0
úr	0811-9001	Fryst kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni		■	■	■	■	■	■			0
úr	0811-9009	Fryst kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni		■	■	■	■	■	■			0
úr	0811-9009	Aðrir frystir ávextir, ekki með viðbættum sykri.										0
	0812-1000	Kirsuber, varin skemmdum til bráðab., óh. til manneldis						■				0
	0812-2000	Jarðaber, --- " ---						■				0
úr	0812-9000	Apríkósur, --- " ---						■				0
úr	0812-9000	Aðrir ávextir og hnetur --- " ---						■				0
	0813-1000	Þurrkaðar apríkósur	■	■	■	■	■	■	■			0

	Tollnr.	Vörulýsing	EB	PL	CS	RO	HU	BG	TR	IL	FO	%
	0813-2000	Sveskjur										0
	0813-3000	Epli, þurrkuð										0
úr	0813-4000	Ferskjur og perur, þurrkaðar										0
úr	0813-4000	Aðrir ávextir, þurrkaðir										0
	0813-5000	Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum k.										0
	0814-0000	Hýði af sítrusávöxtum eða melónum										0
	0904-2001	Ávextir af ættinni Capsicum eða af ættinni Pimenta,										0
	2009	þurrkaðir eða muldir										0
	0905-0000	Vanilla										0
	0909-2000	Sveipjurtarfræ										0
	0909-3000	Ostakúmenfræ										0
	0909-4000	Kúmenfræ										0
	0909-5000	Finkulfræ; einiber										0
	0910-1000	Engifer										0
	0910-2000	Safran										0
	0910-9900	Annað krydd (annað en túrmerik, tímían, karrí og blandað)										0
	1006	Ris										0
	1211	Plöntur eða plöntuhlutar sem aðallega er notað í										
		ilmvörur, lyf o.s.frv.										0
	1302-2000	Pektínefni, pektínöt og pektöt										0
	1302-3101											0
	3109	Agar										0
	1507-1000	Sojabaunaolía, hrá, einnig afhýmuð										0
úr	1507-9000	Önnur sojabaunaolía til iðnaðarframl. óhæf til manneldis										0
	1509-1000	Hrá ólívulolía										0
	1509-9000	Önnur ólívuolía										0
	1512-1100	Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma, hrá										0
úr	1512-1900	Önnur olía úr fræi sólbl. eða körfubl. óhæf til manneldis										0
	1515-1100	Línolía, hrá										0
	1515-6000	Jójóbaolía og þættir hennar										0
	1515-9000	Önnur olía (þ.e. önnur en olía sem hefur sérstakt tollnr.)										0
	1516-1001	Feiti og olíur úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir										
		þeirra, endurestrað										0
	1516-2000	Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra										0
úr	1604-1100	Lax, heill eða í hlutum, lagaður eða varinn skemmdum										20
úr	1604-2000	Annað úr laxi, lagað eða varið skemmdum, í umbúðum										
		sem innihalda meira en 3. kg.										20
	1804-0000	Kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía										0
	2001-1000	Gúrkur og reitagúrkur, unnar eða varðar skemmdum										0
	2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en										
		með ediki eða edikssýru										0
úr	2003-1000	Sveppir, unnir eða varðir skemmdum										0
úr	2004-9000	Jarðartískokka, unnin eða varin skemmdum, fryst										0
úr	2004-9000	Grænar eða svartar ólívur, unnið eða varið sk., fryst										0
úr	2004-9000	Grænar baunir og belgaldin,unnið eða varið sk., fryst										0
	2005-3000	Súrkál, ófryst										0
	2005-4000	Ertur, unnar eða varðar skemmdum, ófrystar										0
	2005-5100	Belgaldin, afhýdd, unnin eða varin skemmdum, ófryst										0
	2005-6000	Spergill, unninn eða varinn skemmdum, ekki frystur										0
	2005-7000	Ólívur, unnar eða varðar skemmdum, ekki frystar										0
úr	2005-9000	Jarðartískokka, unnin eða varin skemmdum, ekki fryst										0

	Tollnr.	Vörulýsing	EB	PL	CS	RO	HU	BG	TR	IL	FO	%
úr	2005-9000	Kapar, unninn eða varinn skemmdum, ekki frystur	■									0
úr	2006-00	Ávextir, varðir skemmdum með sykri, annað en engifer og kirsuber, með meira en 13% af sykri miðað við þunga	■							■		0
úr	2006-00	Aðrir ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri.								■		0
	2007-1000	Jafnblönduð framleiðsla								■		0
	2007-9100	Sulta, hlaup, mauk, eða deig úr sítrusávöxtum soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni.								■		0
úr	2007-9900	Kastaníuhnetudeig og heslihnetudeig		■	■	■	■		■	■		0
úr	2007-9900	Önnur sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni.			■					■		0
	2008-1100	Jarðhnetur, unnar eða varðar skemmdum		■			■	■	■	■		0
úr	2008-1900	Heslihnetur og pistachios		■	■		■	■	■	■		0
úr	2008-1900	Aðrar hnetur, jarðhnetur og önnur fræ, einnig blandað saman, unnið eða varið skemmdum						■		■		0
	2008-2001		■									0
	2009	Ananas, unninn eða varinn skemmdum	■									0
úr	2008-3001	Mandarínur, unnar eða varðar skemmdum (þar með	■	■			■		■	■		0
	3009	taldar tangarínur og satsúmur); klementínur, wilkingávextir og áþekkir blendingar sítrustegunda	■	■			■		■	■		0
úr	2008-3001			■			■		■	■		0
	3009	Aðrir sítrusávextir, unnir eða varðir skemmdum		■			■		■	■		0
	2008-5001		■	■	■	■	■		■	■		0
	5009	Apríkósur, unnar eða varðar skemmdum	■	■	■	■	■		■	■		0
	2008-6001			■	■	■	■		■			0
	6009	Kirsuber, unnin eða varin skemmdum		■	■	■	■	■	■	■		0
	2008-7001		■	■	■	■	■		■	■		0
	7009	Ferskjur, unnar eða varðar skemmdum	■	■	■	■	■	■	■	■		0
	2008-8001			■	■	■	■		■	■		0
	8009	Jarðaber, unnin eða varin skemmdum		■	■	■	■	■	■	■		0
	2008-9201			■	■	■	■		■	■		0
	9209	Blandaðir ávextir, unnir eða varðir skemmdum		■	■	■	■	■	■	■		0
úr	2008-9901			■	■	■	■		■	■		0
	9909	Vínber og plómur, unnið eða varið skemmdum		■	■	■	■	■	■	■		0
úr	2008-9901	Aðrir ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða								■		0
	9909	varið skemmdum (annað en perur þ.e. 2008-40)								■		0
úr	2009-1101		■	■			■		■	■		0
	1109		■	■			■		■	■		0
	1901	Appelsínusafi, nema sá sem er ekki verðmætari en 30	■	■			■		■	■		0
	1909	ECU fyrir hver 100 kg. nettó	■	■			■		■	■		0
úr	2009-1101			■			■		■	■		0
	1109			■			■		■	■		0
	1901			■			■		■	■		0
	1909	Annar appelsínusafi		■			■		■	■		0
	2009-2001			■		■	■		■	■		0
	2009	Greipaldinsafi		■		■	■		■	■		0
úr	2009-3001			■	■		■		■	■		0
	3009	Sítrónusafi		■	■		■		■	■		0
úr	2009-3001	Safi úr hvers konar öðr. sítr.ávöxt. (einnig sítrónum),	■		■					■		0
	3009	ekki yfir 1,33g/cm3 að þéttl. við 20°C, verðm. en 30 ECU fyrir hver 100 kg. nettó, annar en með viðbættum sykri	■		■					■		0

	Tollnr.	Vörulýsing	EB	PL	CS	RO	HU	BG	TR	IL	FO	%
úr	2009-3001											0
	3009	Annar safi úr öðrum sítrusávöxtum										0
	2009-5001											0
	5009	Tómatasafi										0
	2009-6001											0
	6009	Þrúgusafi										0
	2009-7001											0
	7009	Eplasafi										0
úr	2009-8001	Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða þó ekki										0
	8009	ananassafi										0
úr	2009-8001											0
	8009	Safi úr hvers konar öðrum matjurtum										0
úr	2009-9001											0
	9009	Ávaxtasafablöndur										0
úr	2009-9001											0
	9009	Matjurtasafablöndur og blöndur úr safa matjurta og ávaxta										0
	2201	Vatn, þar með talið náttúrlegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt; ís og snjór										0
	2202	Vatn þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009										0
	2203	Öl gert úr malti										0
úr	2204-3000	Annað þrúguþykkni, annað en í gerjun eða sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íbl. alkóhóls										0
úr	2204-21	Annað vín í raun að alkóhólstyrkleika meira en 15% en minna en 18% miðað við rúmmál, í tveggja lítra umbúðum eða minni										0
úr	2204-29	Annað vín í raun að alkóhólstyrkleika meira en 15% en minna en 18% miðað við rúmmál, annað en í tveggja lítra umbúðum eða minni										0
úr	2208-3000	Írskt viskí, annað en Bourbon										0
	2208-4000	Romm og tafía										0
úr	2208-9009	Ouzo										0
úr	2208-9004	Írskir rjómalíkjörar										0
	2401	Óunnið tóbak; tóbaksúrgangur										30

[1] Skyggð svæði merkja að Íslendingum er skylt að leyfa óhindraða gjalda- og tollalausan innflutning á viðkomandi afurðum. Aftasti dálkurinn inniheldur upplýsingar um gildandi tolla á viðkomandi afurðum í innflutningi til Íslands.

1134. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá viðskiptaráðuneytinu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra, Finn Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Pál Ásgrímsson lögfræðing. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, Neytendasamtökunum, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að í stað þess að kveðið verði á um að rekja megi uppruna eignar til refsiverðs verknaðar verði tiltekið að rekja megi uppruna eignarinnar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.
2. Þá er lögð til sú breyting á 3. gr. að fastur viðskiptamaður þurfi ekki að sýna persónuskilríki þegar hann á í viðskiptum með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr.
3. Loks er lagt til að 15. gr. verði breytt þannig að lögin taki gildi 1. júlí 1993 en ekki verði miðað við gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Halldór Ásgrímsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

1135. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra og Áslaugu Guðjónsdóttur lögfræðing. Umsagnir bárust frá Félagi vinnuvélaeigenda, Verslunarráði Íslands, Vita- og hafnamálaskrifstofunni, ASÍ, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Innkaupastofnun ríkisins, Félagi íslenskra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, VSÍ, Landsvirkjun, Verktakasambandi Íslands, Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, Íslenskri verslun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Lagt er til að orðalag a- og b-liðar verði gert skýrara. Ákvæði d-liðar verði þrengt og lögð er til sú breyting á e-lið að ekki þurfi við kæru að færa sönnur á líkindi þess að tjón hafi orðið. Eðlilegra þykir að fara þá leið að kærur verði rökstuddar í stað þess að þær feli í sér sönnun. Þá er lagt til að f-lið verði breytt þannig að heimild félagsmálaráðuneytis til að grípa til aðgerða falli brott. 1. mgr. g-liðar færist yfir í f-lið þannig að eingöngu verði fjallað um bótaskyldu í g-lið og er það gert til að koma í veg fyrir misskilning. Lögð er til breyting á tímamörkum í h-lið til að enginn vafi verði um framkvæmd og loks er lagt til að ákvæði i-liðar verði skýrara.
2. Lagt er til að ný grein komi á undan 4. gr. en lögum um opinber innkaup, nr. 52/1987, er ekki skipt í kafla þannig að afmarka verður gildissvið 9–14. gr. laganna til þess að kæruheimild nái ekki yfir öll ákvæði laganna.
3. Lagt er til að 4. gr. verði breytt sem hér segir: Breytingar á b- og e-liðum eru í samræmi við áðurgreindar breytingartillögur, svo og á 1. mgr. d-liðar. Í a-lið verði orðalag leiðrétt og í 3. mgr. d-liðar verði kveðið á um lágmarksfjárhæð innkaupa sem ráðgert er að bjóða út á næstu 12 mánuðum í stað þess að hafa það ótímabundið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi, 5. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Guðjón Guðmundsson.

1136. Breytingartillögur [34. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SP, RG, GuðjG).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „sérleyfa eða einkaréttar“ í 3. málsl. a-liðar komi: sérleyfa eða annars konar einkaréttar.
   b. Í stað orðanna „verk boðið út í áföngum“ í 1. málsl. c-liðar komi: verki skipt í áfanga.
   c. Í stað orðanna „innlendum fjölmiðlum“ í 3. málsl. 3. mgr. d-liðar komi: þess konar auglýsingum.

d. E-liður orðist svo:

Nú telur verktaki að stjórnvald eða annar verkkaupi, sem lög þessi taka til, hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings sem felur í sér brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

e. F-liður orðist svo:

Fjármálaráðuneytið getur, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, gripið til eftirfarandi aðgerða fram að þeim tíma er tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt:

1. Stöðvað um stundarsakir útboð og gerð verksamnings.
2. Breytt ákvörðun verkkaupa, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, breyta útboðsauglýsingum, útboðsgögnum og útboðsskilmálum.

Nú vill kærandi ekki una úrlausn fjármálaráðuneytis skv. 1. mgr. og getur hann þá borið ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings undir dómstóla, sbr. þó 29. gr.

f. G-liður orðist svo:

Verkkaupi er bótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara hefur í för með sér fyrir verktaka. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

g. Í stað orðanna „áður en samningsgerð er lokið“ í 1. mgr. h-liðar komi: áður en tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

h. 1. málsl. 2. mgr. h-liðar orðist svo: Eftir að verkkaupa hefur borist tilkynning frá eftirlitsstofnun EFTA eða fjármálaráðuneyti um að stofnunin telji að um brot hafi verið að ræða skal verkkaupi innan viku frá því að fyrri tilkynningin berst senda fjármálaráðuneyti.

i. Síðari málsliður 3. mgr. h-liðar falli brott.

j. Síðari málsgrein i-liðar orðist svo:

Ákvörðun verður ekki kærð til fjármálaráðuneytis eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

2. Á undan 4. gr. í II. kafla komi ný grein er orðist svo:

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði 9. til 14. gr. laga þessara gilda eingöngu um útboð og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Við 4. gr.

a. Í stað orðsins „yfirliti“ í 2. málsl. fyrri málsgreinar a-liðar komi: eftirliti.

b. Í stað orðanna „sérleyfa eða einkaréttar“ í 2. mgr. b-liðar komi: sérleyfa eða annars konar einkaréttar.

c. 1. málsl. 1. mgr. d-liðar orðist svo: Í sérstakri kynningarauglýsingu í upphafi hvers reikningsárs skal tilkynnt um heildarvörukaup eftir vöruflokkum ef áætluð fjárhæð þeirra innkaupa sem ráðgert er að bjóða út á næstu 12 mánuðum er jöfn eða hærri en 750.000 ECU án virðisaukaskatts.

d. Í stað orðanna „innlendum fjölmiðlum“ í 3. málsl. 3. mgr. d-liðar komi: þess konar auglýsingum.

e. E-liður orðist svo:

Nú telur bjóðandi að stjórnvöld hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð samnings um innkaup sem felur í sér brot á ákvæðum laga þessara um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

1137. Lög [440. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 749.

1138. Þingsályktun [303. mál]

um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis.

1139. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um umhverfismat.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn frá umhverfisráðuneytinu Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóra, Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóra og Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðing, frá Vegagerð ríkisins Helga Hallgrímsson vegamálastjóra og Gunnar Gunnarsson lögfræðing, frá Skipulagi ríkisins Stefán Thors skipulagsstjóra og Halldóru Hreggviðsdóttur, hagverkfræðing og jarðfræðing, og Garðar Halldórsson, formann skipulagsstjórnar. Einnig komu á fund nefndarinnar Gestur Ólafsson arkitekt og Brian D. Clark, framkvæmdastjóri CEMP, miðstöðvar í umhverfisstjórnun og skipulagi í Aberdeen. Þá bárust nefndinni umsagnir frá flugráði, Sambandi sveitarfélaga á Suður-

nesjum, Ferðamálaráði, Búnaðarfélagi Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins, Vegagerð ríkisins, Orkustofnun, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Ferðafélagi Íslands, Hollustuvernd ríksins, Landvernd, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Skipulagi ríkisins, Náttúruverndarráði, Landvarðafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Landgræðslu ríksins, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Stéttarsambandi bænda, Landsvirkjun, Lífi og landi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ferðaþjónustu bænda, Verkfræðingafélagi Íslands, Eyþingi, Líffræðistofnun Háskóla Íslands og Rafmagnseftirliti ríkisins. Þá bárust nefndinni gögn frá umhverfisráðuneytinu og orðanefnd byggingarverkfræðinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagðar eru til nokkrar verulegar efnisbreytingar. Þannig er lagt til að ferli svonefnds umhverfismats, er frumvarpið gerir ráð fyrir, verði breytt á þann hátt að embætti skipulagsstjóra ríkisins fari ekki bæði með framkvæmd matsins og úrskurðarvald um niðurstöður þess. Á hinn bóginn verður áfram gert ráð fyrir að skipulagsstjóri fari með framkvæmd laganna og úrskurðarvald um mat á umhverfisáhrifum. Þá er um ýmsar efnislegar breytingar að ræða jafnt sem formbreytingar. Verður gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum frumvarpsins.

1. Breytingin á 1. gr. felur í fyrsta lagi í sér að lagt er til að starfsemi, sem framkvæmdum fylgir, verði einn þeirra þátta sem athugaðir verða við mat á umhverfisáhrifum þar sem umhverfisáhrif vegna starfsemi eru ekki síður mikilvægur þáttur en umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna sjálfra. Í öðru lagi er lagt til að í stað orðsins „og“ komi „eða“ sem felur í sér að til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum nægir að fyrir hendi sé einn þeirra þátta sem taldir eru upp í greininni. Þá er lagt til að orðið „umtalsverð“ verði notað í stað orðsins „veruleg“ og er sama breyting lögð til annars staðar í frumvarpinu til samræmingar. Frumvarpinu, ef að lögum verður, er þannig ætlað að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana og við ákvarðanir um tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Loks er lagt til að í stað orðsins „umhverfismat“ komi „mat á umhverfisáhrifum“ og vísast um þá breytingu til breytinga á skilgreiningum 2. gr.
2. Lagt er til að brott falli úr skilgreiningum 2. gr. hugtökin „framkvæmdir“, „leyfi til framkvæmda“ og „umhverfismat“. Ekki þykir þörf á að skilgreina þessi hugtök sérstaklega. Þá leggur nefndin til að í stað orðsins „umhverfismat“ verði notað „mat á umhverfisáhrifum“ og kemur sú breyting víða fram í tillögum nefndarinnar, m.a. um heiti frumvarpsins.
3. Lagðar eru til tvær efnislegar breytingar á 3. gr. Annars vegar er lagt til að síðari hluti fyrri málsgreinar falli brott þar sem segir að skipulagsstjóri ríkisins annist undirbúning umhverfismats og sjái um framkvæmd þess í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Þessi hluti málsgreinarinnar samræmist ekki þeim breytingum sem nefndin leggur til á málsmeðferð samkvæmt frumvarpinu og nánar verða útskýrðar varðandi breytingartillögu við 8.–13. gr. Þá er lagt til að ákvæði síðari málsgreinar, um fimm manna sérfræðinganefnd, sem aðstoði ráðherra við framkvæmd laganna, falli brott.
4. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 4. gr. Lagt er til að brott falli vísun 1. mgr. til 5. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að sú grein falli brott. Þá er lagt til að 2. mgr. falli efnislega brott. Ekki þykir þörf á að lögfesta þá meginreglu að beita skuli ákvæðum frumvarpsins um framkvæmdir samkvæmt sérlögum sem ekki fela í sér

ákvæði um mat á umhverfisáhrifum, enda felur 1. gr. frumvarpsins í sér hvenær skuli fara fram slíkt mat án tillits til hvaða lög gilda þar um. Í staðinn er lagt til að ákvæði 3. mgr. 5. gr. verði 2. mgr. 4. gr. en þar segir að frumvarp þetta haggi ekki strangari ákvæðum annarra laga um umfang og mat á umhverfisáhrifum.

5. Lagt er til að 5. gr. falli brott. Í fyrsta lagi er felld brott heimild ráðherra til að undanþiggja einstakar framkvæmdir ákvæðum frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að framkvæmdir í þágu varnarmála verði ekki undanþegnar ákvæðum þess. Loks er lagt til að 3. mgr. verði 2. mgr. 4. gr. og vísast um þá breytingu til skýringa á 4. gr.
6. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 6. gr. (sem verður 5. gr). Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarmörkin um vatnsmiðlanir í 1. tölul. lækki úr 5 km^2 í 3 km^2. Í öðru lagi er lagt til að 2. tölul. orðist upp á nýtt. Þannig verði jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira háð mati á umhverfisáhrifum. Orðið hrávarmi, sem notað er í frumvarpinu, getur aðeins átt við um jarðvarmavirkjanir. Er því lagt til að um önnur varmaorkuver, sem geta verið eldsneytisrafstöðvar eða eldsneytiskyntar hitunarstöðvar, verði notað viðmiðið uppsett afl. Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörkin um háspennulínur lækki úr 132 KV spennu í 33 KV. Með þeirri breytingu mun mat á umhverfisáhrifum taka til allrar lagningar helstu raflína á milli byggðarlaga. Í fjórða lagi er lagt til að almennar sorpeyðingarstöðvar falli undir ákvæði 6. tölul. og þá miðað við stöðvar þar sem skipuleg förgun eða urðun á sorpi og úrgangi fer fram. Í fimmta lagi er lagt til að 7. tölul. falli brott þar sem ekki þykir líklegt að efni hans geti átt við hér á landi. Í 2. mgr. 6. gr. er vísað í viðauka I við tilskipun 85/337/EBE sem birtur er sem fylgiskjal með frumvarpinu, en þar er m.a. getið um þær framkvæmdir er felast í 7. tölul. Í sjötta lagi eru lagðar til þær breytingar á 8. tölul. að hann taki ekki aðeins til frumbræðslu á steypujárni og stáli heldur verði ál þar á meðal auk þess sem endurbræðsla þessara málma falli undir töluliðinn. Í sjöunda lagi er lagt til að orðin „blandaða framleiðslu“ í 8. og 9. tölul. falli brott enda ekki ljóst hvað átt er þar við. Í áttunda lagi eru lagðar til breytingar á 10. tölul. varðandi vegi, hraðbrautir og flugbrautir. Lagt er til að miðað verði við lagningu nýrra vega þar sem ekki er talin ástæða til að endurbætur eða viðgerðir á vegum falli undir ákvæði frumvarpsins. Lagning hraðbrauta fellur samkvæmt skilningi nefndarmanna undir vegalagningu. Þá er talið eðlilegt að flugbrautir verði almennt látnar sæta mati á umhverfisáhrifum. Breytingin á 11. tölul. felur í sér brottfellingu á skipgengum vatnaleiðum, enda nægilegt að um þær sé getið í viðauka I. Loks eru lagðar til nokkrar breytingar á 2. og 3. mgr. sem ekki eru efnislegs eðlis.

   Í umsögnum, er nefndinni bárust frá fimm samtökum, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúruverndarráði og Landvarðafélagi Íslands, kemur fram að þau telja að í frumvarpið vanti ákvæði um umhverfismat vegna manngerðra breytinga á gróðurfari, svo sem með framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt. Nefndin ræddi þessar ábendingar og er sammála um að nauðsynlegt sé að vinna skipulega að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig geti verið ástæða til að fram fari umhverfismat eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist verði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda heimild til þess skv. 7. gr. frumvarpsins.
7. Breytingarnar á 7. gr. (sem verður 6. gr.) þarfnast ekki skýringa þar sem þær tengjast öðrum breytingum sem lagðar eru til við frumvarpið.

8. Lagt er til að í stað 8.–13. gr. frumvarpsins komi sex nýjar greinar (sem verða 7.–12. gr.). Tengist sú breyting m.a. fækkun á skilgreiningum 2. gr. þar sem lagt er til að „umhverfismat“ verði ekki lögbundið hugtak samkvæmt frumvarpinu. Að óbreyttu gerir frumvarpið ráð fyrir að skipulagsstjóri ríkisins sjái um undirbúning mats á umhverfisáhrifum og framkvæmd matsins og gerð en geti í undantekningartilvikum falið það öðrum aðilum (8. og 11. gr. frumvarpsins). Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins ákvarðar skipulagsstjóri síðan hvort umhverfismat sé í samræmi við þar til gerðar kröfur. Lagt er til að á þessu ferli verði nokkrar breytingar. Orðið „umhverfismat“ er sem fyrr segir ekki notað í þessum tillögum heldur rætt um mat á umhverfisáhrifum þegar fjallað er um hið eiginlega mat á áhrifum framkvæmda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Verður nú leitast við að gera grein fyrir helstu efnisbreytingunum.

Í hinni nýju 7. gr. er að hluta tekið upp efni 10. gr. frumvarpsins um ferli það sem fram fer áður en hafist er handa um framkvæmdir sem frumvarpið eða reglugerð samkvæmt því tekur til. Framkvæmdaraðili skal þannig senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun, hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni auk annarra upplýsinga sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar. Er þetta efnislega í samræmi við 1.–2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Þó verður sú breyting á að ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili sendi neina beiðni til skipulagsstjóra um að fram fari umhverfismat, enda er gert ráð fyrir að mat á umhverfisáhrifum verði á ábyrgð sjálfs framkvæmdaraðilans. Í 2. mgr. kemur síðan að hluta fram efni 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Skipulagsstjóri birtir innan tveggja vikna tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum með opinberri auglýsingu og skal athugasemdum skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Frestur til að skila inn athugasemdum er þarna lengdur um eina viku, enda er verið að kynna viðkomandi framkvæmd opinberlega í fyrsta skipti.

Efni hinnar nýju 8. gr. byggir á því sem að framan er sagt. Í 3. mgr. 10. gr. og 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að upplýsingar, er framkvæmdaraðili veitir, geti uppfyllt skilyrði frumvarpsins um mat á umhverfisáhrifum þannig að ekki sé þörf frekara mats. Lagt er til að í greininni verði kveðið á um að innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila taki hann ákvörðun um hvort fallist er á viðkomandi framkvæmd eða gerð krafa um frekara mat á umhverfisáhrifum. Þá skal skipulagsstjóri kynna ákvörðum sína skv. 1. mgr. fyrir hlutaðeigandi aðilum auk þess sem ákvörðunin verður birt opinberlega.

Í stað ákvæðis 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins um að skipulagsstjóri stjórni framkvæmd umhverfismats og sjái um að það fari fram er lagt til að í nýrri 9. gr. sé kveðið á um að framkvæmdaraðili sjái um mat á umhverfisáhrifum. Þá er kveðið á um að framkvæmdaraðili skuli bera kostnað af matinu í stað þess að 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að sá greiði kostnaðinn sem óskar eftir því að matið verði gert. Þá er lagt til í 2. mgr. að skipulagsstjóri setji almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, að teknu tilliti til sérákvæða í lögum og alþjóðlegra skuldbindinga. Þannig er ætlast til þess að í leiðsögureglum skipulagsstjóra verði bent á þau ákvæði sérlaga, svo sem náttúruverndarlaga, vegalaga og þjóðminjalaga, sem taka þarf tillit til við gerð mats á umhverfisáhrifum.

Í nýrri 10. gr. er efni 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, um áhrif þau sem tilgreina skal í mati á umhverfisáhrifum, tekið upp með nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að að ekki er kveðið á um að meta skuli félagsleg áhrif en þess í stað notað orðið samfélag svo sem gert er í 1. gr. frumvarpsins. Nefndin telur rétt að taka fram að hún telur að ekki beri að líta á upptalningu 11. gr. þannig að um sé að ræða þrengingu á meginreglu 1. gr. frumvarpsins þar sem rætt er um framkvæmdir sem hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Í 2. mgr. er kveðið á um að skipulagsstjóri skuli birta niðurstöður mats á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá því að hann hefur tekið á móti þeim. Athugasemdum skal skilað til hans innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Þetta ákvæði 2. mgr. samsvarar 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Í hinni nýju 11. gr. er kveðið á um að skipulagsstjóri kveði upp úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna innan átta vikna frá því að hann hefur birt niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Með þessu ákvæði er þannig kveðið skýrar en í frumvarpinu á um úrskurðarvald skipulagsstjóra. Í úrskurði skipulagsstjóra getur falist að fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, að krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta eða að lagst er gegn viðkomandi framkvæmd. Ekki er tekið upp ákvæði 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins um að skipulagsstjóri geti lokið við gerð matsins á kostnað framkvæmdaraðila verði hann ekki við tilmælum hans um öflun frekari upplýsinga eða gagna.

Í 2.–3. mgr. hinnar nýju 11. gr. er kveðið á um kynningu og opinbera birtingu úrskurðar skipulagsstjóra skv. 1. mgr. og auk þess greiðan aðgang almennings að úrskurðinum og niðurstöðum matsins. Um þessi atriði er fjallað í 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Með nýrri 12. gr. er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis skipulagsstjóra af málsmeðferð samkvæmt lögunum.

9. Breytingin á 14. gr. (er verður 13. gr.) er ekki efnislegs eðlis heldur leiðir hana af þeim breytingum sem fyrr eru greindar. Þannig ber leyfisveitanda ekki aðeins að taka tillit til mats á umhverfisáhrifum er hann veitir leyfi til framkvæmda heldur einnig til úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.
10. Breytingin á 15. gr. (er verður 14. gr.) er ekki efnislegs eðlis og þarfnast ekki skýringa.
11. Breytingin á 16. gr. (er verður 15. gr.) felur í sér einföldun ákvæðisins um heimild ráðherra til að setja reglugerð samkvæmt lögunum.
12. Lögð er til sú breyting á 18. gr. (er verður 17. gr.) að lögin öðlist þegar gildi, enda þykja þau eiga fullan rétt á sér án tillits til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

13. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem feli í sér að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 verði ekki háðar mati á umhverfisáhrifum en nauðsynlegt er að gefa hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frumvarpinu.
14. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði: Frv. til l. um mat á umhverfisáhrifum.

Alþingi, 5. maí 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Jón Helgason.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Árni R. Árnason.
Kristín Einardóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.

1140. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um umhverfismat.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í lögum þessum merkir:
   Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.
   Leyfisveitandi: Lögbært yfirvald sem veitir endanlegt leyfi til framkvæmda.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Skipulagsstjóri ríkisins annast framkvæmd laganna.
4. Við 4. gr.
   a. Orðin „þó með þeim undantekningum sem getur um í 5. gr.“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Lög þessi hagga ekki strangari ákvæðum annarra laga um mat á umhverfisáhrifum.
5. Við 5. gr. Greinin falli brott.
6. Við 6. gr. (er verði 5. gr.).
   a. Í stað „5 km^2“ í 1. tölul. komi: 3 km^2.
   b. 2. tölul. orðist svo: Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira.

c. 3. tölul. orðist svo: Lagning háspennulína með 33 KV spennu eða hærri.
d. 6. tölul. orðist svo: Förgunarstöðvar fyrir eitraðan og hættulegan úrgang og almennar sorpeyðingarstöðvar þar sem skipuleg förgun eða urðun á sorpi og úrgangi fer fram.
e. 7. tölul. falli brott.
f. 8. tölul. (er verði 7. tölul.) orðist svo: Verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbræðsla á steypujárni, stáli og áli.
g. Orðin „með blandaða framleiðslu“ í 9. tölul. (er verði 8. tölul.) falli brott.
h. 10. tölul. (er verði 9. tölul.) orðist svo: Lagning nýrra vega, járnbrauta og flugvalla.
i. 11. tölul. (er verði 10. tölul.) orðist svo: Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
j. 2. mgr. orðist svo:
Enn fremur eru háðar mati á umhverfisáhrifum þær framkvæmdir sem taldar eru upp í fskj. I með lögum þessum en ekki eru tilgreindar í 1. mgr.
k. Í stað orðanna „nánar hvaða framkvæmdir eru háðar umhverfismati“ í 3. mgr. komi: að aðrar framkvæmdir skuli háðar slíku mati.

7. Við 7. gr. (er verði 6. gr.). Greinin orðist svo:
Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.
Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

8. Í stað 8.–13. gr. komi sex nýjar greinar (7.–12. gr.) er orðist svo:
a. (7. gr.)
Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun og hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni og aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar.
Skipulagsstjóri birtir innan tveggja vikna tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum skv. 1. mgr. með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.
b. (8. gr.)
Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort:
a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
b. ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum.
Þegar ákvörðun skipulagsstjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta hana opinberlega.
c. (9. gr.)
Framkvæmdaraðili sér um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og ber kostnað af því.
Skipulagsstjóri ríkisins setur almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins að teknu tilliti til sérákvæða í lögum og alþjóðlegra skuldbindinga.

d. (10. gr.)

Í mati á umhverfisáhrifum skal tilgreina á viðeigandi hátt áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunna að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu.

Innan tveggja vikna frá því að skipulagsstjóri hefur tekið á móti niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum skal hann birta þær með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá auglýsingu.

e. (11. gr.)

Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt niðurstöður mats á umhverfisáhrifum skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Í úrskurði felst að:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
b. krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta eða
c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd.

Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta úrskurðinn eða útdrátt úr honum opinberlega.

Almenningur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði skipulagsstjóra, svo og niðurstöðum matsins.

f. (12. gr.)

Ráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis skipulagsstjóra ríkisins af málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.

9. Við 14. gr. (er verði 13. gr.). Greinin orðist svo:

Í leyfi til framkvæmda ber leyfisveitanda að taka fullt tillit til niðurstaðna mats á umhverfisáhrifum og úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

10. Við 15. gr. (er verði 14. gr). Greinin orðist svo:

Úrskurð skipulagsstjóra skv. 8. og 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur fyrir viðkomandi aðila.

Áður en umhverfisráðherra kveður upp úrskurð sinn skal hann leita umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

11. Við 16. gr. (er verði 15. gr.). Greinin orðist svo:

Umhverfisráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

12. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

13. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.

14. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um mat á umhverfisáhrifum.

1141. Nefndarálit [290. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur lokið athugun sinni á tillögunni og eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, en minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, hefur kosið að skila séráliti.

Nefndin hefur í störfum sínum notið aðstoðar Helga Hallgrímssonar vegamálastjóra, Jóns Birgis Jónssonar aðstoðarvegamálastjóra og Jóns Rögnvaldssonar, forstöðumanns tæknisviðs Vegagerðar ríkisins, og veittu þeir nefndinni margvíslegar upplýsingar. Eru þeim færðar þakkir fyrir.

Starfshættir við afgreiðslu tillögunnar voru með hefðbundnu sniði. Þingmannahópar kjördæmanna unnu að gerð tillagna um skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna við stofnbrautir, þjóðbrautir og brúagerðir, þ.e. brýr 10 m og lengri. Sömuleiðis fjölluðu þingmannahópar um allar tillögur um breytingar á flokkun vega í hverju kjördæmi fyrir sig. Um allar aðrar tillögur, sem fram koma í breytingartillögum meiri hlutans, hefur verið fjallað og ákvarðanir teknar á vettvangi nefndarinnar. Er þar um að ræða tillögur er varða tekjuhlið áætlunarinnar, skiptingu á vegafé til rekstrarliða og einstakra framkvæmdaflokka, skiptitölur milli kjördæma, skiptingu á fé til stórverkefna o.fl.

Breytingartillögur meiri hlutans við tekjuhlið áætlunarinnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er fé til framkvæmdaátaks í atvinnumálum 1993 lækkað úr 1.800 millj. kr. í 1.550 millj. kr. í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis. Í öðru lagi er byggt á áætlun um að verðlag milli áranna 1993 og 1994 hækki um 3% og markaðir tekjustofnar hækki í samræmi við það. Auk þess er um að ræða lítils háttar tilfærslu milli tekjuliða á árinu 1993 samkvæmt nákvæmari áætlun. Í þriðja lagi eru gerðar tillögur um að minnka það fjármagn sem greitt er til ríkissjóðs á árunum 1994–1996 á móti því sem áætlað er að kostnaður vegna ferjumála hækki um frá því sem tillagan greinir.

Tillögur um fé til stórverkefna byggjast á nýrri skilgreiningu fyrir þann vegaflokk sem samþykkt var af meiri hlutanum og raunar nefndinni í heild með fyrirvara einstakra nefndarmanna minni hlutans. Skilgreiningin er svohljóðandi miðað við verðlag 1993:

1. Jarðgöng. Greitt af óskiptu 80%, kjördæmisfé 20%.
2. Stórbrýr og vegir þvert á firði. Greitt af óskiptu 62,5%, kjördæmisfé 37,5%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 130 millj. kr.
3. Áfangi á hringvegi milli kjördæma. Greitt af óskiptu 70%, kjördæmisfé 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 800 millj. kr.
4. Tenging þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Greitt af óskiptu 70%, kjördæmisfé 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun 400 millj. kr.

Hin nýja skilgreining kemur fram í 3. og 4. tölul. hér að framan en verkefni, sem undir hana falla, eru hringvegurinn á Norðausturlandi frá Kísiliðju til Skjöldólfsstaða sem fær byrjunarfjárveitingar samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans og vegur fyrir Búlandshöfða á Snæfellsnesi sem ekki eru gerðar tillögur um að fái fjárveitingu af liðnum Stórverkefni á þessu áætlunartímabili.

Í tillögunum er gert ráð fyrir að liðurinn Sérstök verkefni falli niður frá og með 1995. Telja verður að hann hafi eigi lengur raunhæft gildi enda greiðast slík verkefni algerlega af fé hvers kjördæmis fyrir sig.

Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis er á fyrstu þremur árum þessarar vegáætlunar varið samtals 2.940 millj. kr. til sérstaks framkvæmdaátaks í atvinnumálum. Hér er um lánsfé að ræða sem gert er ráð fyrir að endurgreiðist af fjármagni til vegamála eftir að lokið er greiðslu á skuldum vegna vegaframkvæmda í Reykjavík, en stefnt er að því að þeim verði að fullu lokið á árinu 1998. Því fé, sem hér er lagt fram til atvinnumála, er í tillögum meiri hlutans skipt til einstakra verka, svo sem öðru framkvæmdafé til vegamála.

Kostnaður við flóabáta er nú tekinn inn í vegáætlun og er það nýmæli. Í breytingartillögum meiri hlutans er skilgreint á hvaða leiðum flóabátar verði reknir og hvert sé meginmarkmið með rekstrinum. Er þar gert ráð fyrir að ferjuleiðir verði hinar sömu og styrks hafa notið undanfarin ár.

Á þessu stigi telur meiri hlutinn þó eigi tímabært að taka ákvörðun um hvort reka eigi bílferju í Ísafjarðardjúpi. Áður en slík ákvörðun er tekin er ákjósanlegt að skoða málið betur, gera markaðskönnun og áætlun um stofnkostnað og rekstur og bera saman við aðra kosti ferjuþjónustu við þær byggðir sem eru háðar samgöngum á sjó, en jafnframt að athuga samhengi vetrarþjónustu á Djúpvegi við ferjurekstur. Leggur meiri hlutinn til að slík úttekt fari fram á þessu ári og málið verði tekið til athugunar að því loknu.

Framlag til flóabáta 1993 er óbreytt frá tillögunni eins og hún var lögð fram, 330 millj. kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði eitthvað meiri á árinu og er gert ráð fyrir að það sem á kann að vanta verði greitt úr ríkissjóði samkvæmt fjáraukalögum 1993. Er það í samræmi við yfirlýsingu samgönguráðherra í framsöguræðu við 1. umr. málsins.

Ljóst er að tillaga þessi um vegáætlun 1993–1996 boðar mesta framkvæmdatímabil síðari ára í vegamálum. Er það greinilega sýnt í meðfylgjandi fylgiskjali. Meiri hlutinn telur að hér sé um að ræða afar mikilvægan áfanga í samgöngumálum þjóðarinnar og leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1993.

Pálmi Jónsson, form., frsm. | Sigbjörn Gunnarsson. | Árni M. Mathiesen.

Árni Johnsen. | Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal.

Athugun á skiptingu fjármagns til vegagerðar samkvæmt vegáætlun undanfarinna ára og hugmynd fyrir árin 1993–1996. Allar tölur á áætluðu verðlagi 1993 (v=4740).

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Stjórn og undirb.	249	281	248	296	290	301	293	274	287	290	269	269	269	269
Sumarviðhald	1421	1697	1603	1650	1431	1395	1376	1381	1462	1637	1770	1950	2000	2040
Vetrarviðhald	483	474	519	525	436	418	710	682	492	500	530	580	600	620
Nýir þjóðvegir	2006	2290	2081	2079	1806	2109	2185	2242	2449	2588	3748*	2968*	2555*	2161
Brúagerð	161	259	175	164	140	160	133	161	153	168	143	150	150	150
Fjallvegir	56	67	58	64	38	45	42	45	55	59	56	70	75	75
Sýsluvegir	128	151	138	148	160	213	196	167	195	166	160	180	180	180
Vegir í kaupst.	313	361	295	302	264	280	267	251	281	239	232	260	270	280
Tilraunir	14	17	16	19	22	24	21	22	27	30	28	31	32	32
Véla- og áhaldakaup	33	30	25	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	4864	5627	5158	5247	4587	4945	5223	5225	5401	5677	6936*	6458*	6131*	5807
Til ferja og flóabáta	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	330	535	553	539

Tölur eru samkvæmt niðurstöðum útgjalda í skýrslu ráðherra fyrir árin 1983–1991 samkvæmt vegáætlun 1992 en samkvæmt hugmyndum fyrir árin 1993–1996.

* Fjárveitingar vegna framkvæmdaátaks vegna atvinnumála, 1.550 m.kr. 1993, 900 m.kr. 1994 og 450 m.kr. 1995, meðtaldar.

1142. Breytingartillögur [290. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (PJ, SigG, ÁMM, ÁJ, StB).

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4150	4368	4456	4545
2. Þungaskattur, árgjald	520	552	562	573
3. Þungaskattur, km-gjald	1390	1444	1473	1502
4. Bætt innheimta þungaskatts	0	52	52	52
1.2. Fært í ríkissjóð	-344	-143	-125	-139
	5716	6273	6418	6533
1.3. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1550	927	463	0
Samtals	7266	7200	6881	6533

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	129	133	133	133
2. Tæknilegur undirbúningur	98	101	101	101
3. Umferðartaln. og vegaeftirlit	35	36	36	36
4. Eftirlaunagreiðslur	7	7	7	7
	269	277	277	277
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	261	273	283	288
2. Malarvegir	284	298	304	309
3. Vegir með bundnu slitlagi	157	170	174	182
4. Brýr	28	31	32	34
	730	772	793	813

	1993	1994	1995	1996
2. Vetrarþjónusta	530	597	618	638
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	370	453	473	484
2. Endurnýjun malarslitlaga	180	206	216	216
3. Styrkingar og endurbætur	230	278	278	288
4. Viðhald brúa og varnargarða	90	103	103	103
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	90	103	103	103
6. Vatnaskemmdir	80	92	93	93
	1040	1235	1266	1287
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	537	509	752	950
2. Sérstök verkefni	271	219		
3. Höfuðborgarsvæðið	413	373	385	475
4. Stórverkefni	669	726	708	430
5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1550	926	463	0
	3440	2753	2308	1855
2. Þjóðbrautir	283	277	295	343
3. Girðingar og uppgræðsla	25	26	27	27
	3748	3056	2630	2225
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	132	139	139	139
2. Smábrýr	11	15	15	15
	143	154	154	154
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
Aðalfjallvegir	21	27	29	29
2. Aðrir fjallvegir	12	14	15	15
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	15	22	24	24
4. Vegir á Þingvöllum	1	1	0	0
5. Reiðvegir	7	8	9	9
	56	72	77	77
2.6. Til sýsluvega:	160	186	186	186
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	232	268	278	288
2.8. Til tilrauna:	28	32	33	33
2.9. Til flóabáta:	330	551	569	555
Samtals	7266	7200	6881	6533

3. Aftan II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Um Djúpá				10
06	Skaftá–Holtsvegur	10	18		26
11	Um Mýrdalssand		3		
14	Vík–Hvammsá	20	31		
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá	11			
06	Vegamót við Hveragerði				14
240	Stórhöfðavegur				
01	Hraunhamar–Stórhöfði		8	15	
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
06	Flúðir–Haukholt	10			
07	Um Brúarhlöð		5		
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Laugarás	18		21	
03	Laugarás–Biskupstungnabraut			31	31
34	Eyrarbakkavegur				
02	Lýsing við Selfoss	2			
05	Um Ölfusárós		2		
35	Biskupstungnabraut				
08	Laugarvatnsvegur–Geysir				10
36	Þingvallavegur				
01–04	Álftavatn–Þingvellir	1		21	
37	Laugarvatnsvegur				
03–04	Laugardalsh.–Biskupstungnabraut		18		32
1	Suðurlandsvegur				
01	Klifurrein í Lækjarbotnum			13	
02	Reiðgöng				21
1	Vesturlandsvegur				
15	Grjótvörn	10			
19	Um Botnsá		21		
40	Hafnarfjarðarvegur				
04	Undirgöng í Garðabæ	35			
41	Reykjanesbraut				
03	Undirgöng	6			
04–09	Endurbætur og gatnamót	13	8	2	24
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Víknavegur		7	22	
415	Álftanesvegur				
06	Lýsing		11		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll				31
431	Hafravatnsvegur				
02	Í Reykjahverfi			21	
1	Vesturlandsvegur				
05	Við Borgarnes				8
50	Borgarfjarðarbraut				
03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir				38
04	Deildartunga–Kaðalstaðir	40			
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		15		
54	Ólafsvíkurvegur				
05–06	Núpá–Stóraþúfa	11			
07	Lágafell–Fróðárheiði	10	12	34	12
57	Snæfellsnesvegur				
12	Búlandshöfði				29
60	Vestfjarðavegur				
08	Búðardalur–Klofningsvegur			35	10
10	Gilsfjörður			33	59
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður			7	74
27	Vestfjarðagöng	115	111	134	101
1	Norðurlandsvegur				
21	Heiðarsporður–Reitsgil	5			
75	Sauðárkróksbraut				
05	Við Sauðárkrók (lýsing)	3			
06	Um Vesturós		22		
76	Siglufjarðarvegur	42	24	70	62
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	58	13		
04	Krossastaðir–Ólafsfjarðarvegur				15
17	Fosshóll–Aðaldalsvegur			8	38
20	Helluvað–Skútustaðir	5		11	
21	Garður–Geiteyjarströnd			33	21
23–27	Kísiliðja–Biskupsháls	5	16	26	21
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Höfðagerðissandur				30
10	Vogar–Krossdalur		43	13	
25–27	Þistilfjörður–Brekknaheiði	8	8	10	16
87	Kísilvegur			4	
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá	4			
845	Aðaldalsvegur				
02	Staðarbraut–Syðrafjall		10	12	
1	Austurlandsvegur				
10	Dimmidalur–Skóghlíð	20	29	18	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
11	Skóghlíð–Fellabær				10
11	Við Fellabæ	5	5		
13	Egilsstaðanes		10		
21	Um Breiðdalsá	22	35		
23–24	Krossá–Búðaá				14
35	Þorgeirsstaðir–Skarðsdalur	5			
85	Norðausturvegur				
04–06	Hafnarvegur–Hvammsgerði			31	31
92	Norðfjarðarvegur				
10	Göng–Skuggahlíð			19	5
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Borgarfjarðarvegur–Langahlíð			16	35
02–03	Miðhúsaá–Efristafur	20	16		
96	Suðurfjarðavegur				
02–03	Eyri–Vattarnes	10		21	41
917	Hlíðarvegur				
04–06	Hérað–Vopnafjörður	12	7	31	31
	Austurlandsgöng	1	1	2	3
	Óráðstafað			38	47
	Samtals	537	509	752	950

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
11	Um Mýrdalssand	13	24		
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá	9			
1	Vesturlandsvegur				
01	Um Botnsá		16		
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		46		
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Brókarlækur–Hestlækur	65			
05–06	Núpá–Stóraþúfa	8			
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður	6	3		
27	Vestfjarðagöng	1	23		
61	Djúpvegur				
01	Tenging Inn-Djúps	22			
25	Óshlíð	15	8		
1	Norðurlandsvegur				
21	Heiðarsporður–Reitsgil	19			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós		27		
76	Siglufjarðarvegur				
10	Um Strákagöng	10			
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	45	31		
92	Norðfjarðarvegur				
10	Göng–Skuggahlíð	40	17		
917	Hlíðarvegur				
04–06	Hérað–Vopnafjörður	18	24		
	Samtals	271	219		

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur		61	51	
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur		52	46	22
13	Í Mosfellsbæ				41
41	Reykjanesbraut				
02	Breiðholtsbraut–Fífuhvammsvegur				31
04–09	Endurbætur og gatnamót	33	12	34	73
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	12	14	14	8
413	Breiðholtsbraut				
01	Suðurlandsvegur–Jaðarsel	120			
	Sæbraut	31			
	Ánanaust	26			
	Eiðsgrandi	5			
	Bústaðavegur	21			
	Miklabraut		71	12	60
	Vesturlandsvegur				56
	Greiðsla skulda í Reykjavík	134	139	183	184
	Fífuhvammsvegur	31	24		
	Vífilsstaðavegur			45	
	Samtals	413	373	385	475

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
18	Um Markarfljót	5			
60	Vestfjarðavegur				
10	Gilsfjörður	10	24	98	241
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós	11	69		
1	Austurlandsvegur				
21	Breiðdalsá	84	10		
	Óráðstafað			5	12
	Samtals	110	103	103	253

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
	Vestfjarðagöng	554	618	597	167
	Austurlandsgöng	5	5	8	10
	Samtals	559	623	605	177
	Stórverkefni samtals	669	726	708	430

1.5. Framkvæmdaátak.

Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót	51	74		
36	Þingvallavegur				
01–04	Álftavatn–Þingvellir	44		15	
37	Laugarvatnsvegur				
03–04	Laugardalshólar–Biskupstungnabraut	35	3	23	
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur			5	
1	Vesturlandsvegur				
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur	30			
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Víknavegur	43	21	16	
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll		21		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Vesturlandsvegur				
13	Um Hellistungur	60	31		
57	Snæfellsnesvegur				
08	Um Hraunsfjörð	63	45		
12	Um Búlandshöfða		10	43	
60	Vestfjarðavegur				
03	Um Suðurá	16			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdan	180	51		
68	Hólmavíkurvegur				
01	Fjarðarhorn–Borðeyri		51	52	
1	Norðurlandsvegur				
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	79	52	10	
21	Heiðarsporður–Reitsgil	10			
76	Siglufjarðarvegur				
09–10	Utan Lambanesreykja			15	
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	66	24		
20	Helluvað–Skútustaðir		46	43	
82	Ólafsfjarðarvegur				
05	Norðan Dalvíkur	62	16		
1	Austurlandsvegur				
10	Um Jökulsá á Dal	30	31		
21-22	Ós–Krossá	16			
23-24	Krossá–Búðaá	52	21		
41-42	Uppsalir–Reynivellir	40	36		
44	Fjallsá		25	62	
46	Kvíá–Hnappavellir	40			
46	Hnappavellir–Irpugilslækur	35	10		
	Samtals	952	568	284	

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur		43	37	
1	Vesturlandsvegur				
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur	64			
413	Breiðholtsbraut				
01	Suðurlandsvegur–Jaðarsel	60	31		
	Geirsgata	66			
	Miklabraut	68	111	56	
	Fífuhvammsvegur	52			
	Samtals	310	185	93	

Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót	170	31		
61	Djúpvegur				
25	Óshlíð	59	31		
1	Norðurlandsvegur				
23–27	Kísiliðja–Biskupsháls	24	44	86	
1	Austurlandsvegur				
10	Jökulsá á Dal	35	67		
	Samtals	288	173	86	
	Framkvæmdaátak samtals	1550	926	463	

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir–Ásvegur				25
26	Landvegur				
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut nyrðri	7	14		10
202	Prestbakkavegur				
01	Breiðabólsstaður–Prestbakki	1			
203	Geirlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Stjórn	2			
204	Meðallandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Fossar			11	
208	Búlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Búland				5
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur–Snæbýli			2	
215	Reynishverfisvegur				
01	Suðurlandsvegur–Norðurfoss		4		
239	Eldfellsvegur				
01	Um Eldfell	9	4	7	
248	Markarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Stóramörk			2	
250	Dímonarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Fljótshlíðarvegur			7	
253	Gunnarshólmavegur				
01	Voðmúlastaðir–Gunnarshólmi	8		2	3
255	Akureyjarvegur				
01	Strandarhjáleiga–Njálsbúð	8		2	3
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur–Hlíðarendi	12			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
262	Vallarvegur				
01	Um Efrahvol		2		
264	Rangárvallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Keldur			2	
273	Bugavegur				
01	Suðurlandsvegur–Vetleifsholt		4		
275	Ásvegur				
02	Um Háfshverfi		6		
282	Ásmundarstaðavegur				
01	Suðurlandsvegur–Ásmundarstaðir				4
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ			7	
32	Þjórsárdalsvegur				
01	Skeiðavegur–Stóranúpsvegur		4		10
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Hamarsvegur		7	11	
35	Biskupstungnabraut				
06	Reykjavegur–Einholtsvegur		14		
07	Einholtsvegur–Laugarvatnsvegur			6	12
304	Oddgeirshólavegur				
01	Suðurlandsvegur–Oddgeirshólar	5			5
305	Villingaholtsvegur				
03	Krókur–Lækjarbakki	13	3	9	
310	Votmúlavegur				
01	Eyrarbakkavegur–Gaulverjabæjarvegur	1			
316	Kaldaðarnesvegur				
01	Eyrarbakkavegur–Hreiðurborg				2
321	Skeiðháholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Skeiðavegur		7		
326	Hælsvegur				
01	Ýmsir staðir			2	
329	Mástunguvegur				
01	Skáldabúðir–Laxárdalur	2			
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna	5			
356	Tjarnarvegur				
01	Um Vatnsleysu		2		
374	Hvammavegur				
01	Suðurlandsvegur–Suðurlandsvegur				4
48	Kjósarskarðsvegur				
01	Um Laxá		5		
425	Nesvegur				
01	Hafnir–Saltverksmiðja	21	16	4	
431	Hafravatnsvegur				
01	Sólvellir–Hafravatn			18	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
461	Meðalfellsvegur				
01	Um Meðalfellsvatn				15
50	Borgarfjarðarbraut				
03–04	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir			16	36
53	Hvítárvallavegur				
01–02	Tunguá–Hvanneyri			10	
503	Akrafjallsvegur				
01	Ytrihólmur–Akranes				10
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla	20			
505	Melasveitarvegur				
01	Snjóastaðir				5
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir			8	
518	Hálsasveitarvegur				
04	Snjóastaðir		7		
540	Hraunhreppsvegur				
01	Snjóastaðir				5
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla	9			
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun		29	10	
582	Hálsabæjavegur				
01	Snjóastaðir			4	
586	Haukadalsvegur				
01	Um Haukadalsvatn	10			
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur–Hjallar	10	12		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Vestfjarðavegur–Reykhólar			10	
612	Örlygshafnarvegur				
01	Um Skápadal	11			10
614	Kollsvíkurvegur				
01	Örlygshafnarvegur–Tunga	4			
624	Ingjaldssandsvegur				
01	Vestfjarðavegur–Núpur	4			
633	Vatnsfjarðarvegur				
01	Djúpvegur–Reykjanes	12			
635	Snæfjallastrandarvegur				
01	Djúpvegur–Nauteyri				15
643	Strandavegur				
06	Kolbeinsvík–Byrgisvík		10		
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur–Drangsnes		10	21	10
03	Drangsnes–Bær		9		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi–Skarð	12			
722	Vatnsdalsvegur				39
733	Blöndudalsvegur	2	9		
734	Svartárdalsvegur		14		
745	Skagavegur				
04–05	Hafnaá–Keta	2	9		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsvegur–Austurdalsvegur			34	
767	Hólavegur	18	2		
83	Grenivíkurvegur				
03	Gljúfurá–Grenivík	4			
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka–Hofsá				17
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur–Hjalteyri	5			
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litlihamar–Rútsstaðir				18
833	Illugastaðavegur				
01	Norðurlandsvegur–Skógar	27	21	16	
836	Vaglaskógarvegur				
01	Hróarsstaðir–Mörk	6			
848	Mývatnsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Vagnbrekka		21	27	
01	Neslandavík–Kísilvegur				16
85	Norðausturvegur				
10	Hlíðarvegur–Deildarlækur		19	5	6
94	Borgarfjarðarvegur				
06–07	Selfljót–Vatnsskarð			17	10
08	Skriður–Framnes	17	1		
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur–Refstaður		12		
931	Upphéraðsvegur				
04	Brekkugerði–Hengifossá	1			21
08	Hafursá–Freyshólar	8			
941	Flugvallarvegur Egilsstöðum	3			
951	Vestdalseyrarvegur				
02	Seyðisfjörður–Vestdalseyri	4			
953	Mjóafjarðarvegur			10	
	Óráðstafað			15	17
	Samtals	283	277	295	343

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
Djúpá í Fljótshverfi (1)	25			
Fnjóská (836)	27			
Kráká (1)	9			
Fjallsá (1)	38			
Laxá (848)	33	12		
Botnsá (1)		22		
Laxá (48)		19		
Hraunsfjörður (57)		24		
Seyðisá (F37)		17		
Fuglabjargaá (85)		9		
Bessastaðaá (931)		16		
Laxá í Nesjum (1)		20		
Skillandsá (37)			19	
Yfirfall við Hrauneyjarfossvirkjun			8	
Laxá á Breið (574)			17	
Selfljót (94)			57	
Eyvindará (93)			31	51
Húsá í Mýrdal (1)				14
Jökulfall á Kerlingarfjallavegi				10
Þverá í Brekkudal (60)				10
Húseyjarkvísl (1)				31
Djúpá hjá Krossi (1)				16
Óráðstafað			7	7
Samtals	132	139	139	139

4. Við III. FLOKKUN VEGA.
Vegir, sem tilgreindir eru innan sviga, falla brott af þjóðvegaskrá.
Lýsing eftirtaldra vega orðist svo:

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Tungufljótsbrúar að Fjallabaksleið nyrðri.
248 Markarvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts að Stóru Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Dalsseli fram hjá Stóra Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Dalsseli um Borgareyrar á Landveg nálægt Sandtjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur að Leifsstöð.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, yfir Víknaveg, um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík, um Njarðvík og Keflavík, yfir Garðskagaveg nálægt hesthúsum, um Miðnesheiði til Sandgerðis.
(47 Flugstöðvarvegur.)
49 Nesbraut: Af hringveginum, vegamótum Suður- og Vesturlandsvegar, við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að Eiðistorgi.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og Norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.
413 Breiðholtsbraut: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíðar Vatnsendahvarfs á Reykjanesbraut í Mjódd.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Hvammi.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandi.
(537 Sauravegur.)
(568 Skógarnesvegur.)
(571 Ölkelduvegur.)
(579 Flugvallarvegur Stykkishólmi.)
(580 Hörðudalsvegur vestri.)
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsvegi hjá Hörðubóli að vegamótum að Vífilsdal.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Spágilsstöðum.
(588 Gillastaðavegur.)
(609 Fjarðarhlíðarvegur.)
(611 Siglunesvegur.)
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, að vegamótum Kollsvíkurvegar innst í Örlygshöfn, nærri Geitagili.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur að Hænuvík.

619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði að Feigsdal.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal að Sveinseyri.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Ástúni á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
(638 Laugalandsvegur.)
(647 Munaðarnesvegur.)
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.
(706 Núpsdalsvegur.)
715 Víðidalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, austan Víðidalsár, á Norðurlandsveg vestan Lækjamóta.
(718 Víðidalsvegur eystri.)
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
(723 Grímstunguvegur.)
(725 Miðásavegur.)
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Snæringsstöðum.
753 Vindheimavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
(755 Svartárdalsvegur.)
(758 Austurdalsvegur.)
(759 Kjálkavegur.)
(761 Fjallsvegur.)
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
(765 Hegranesvegur eystri.)
(766 Brimnesvegur.)
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að vegamótum við Hólaveg hjá fiskeldisstöð.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
(786 Sléttuhlíðarvegur.)
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða að Sigríðarstöðum.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Hvassafelli.
(832 Vaðlaheiðarvegur.)
836 Vaglaskógarvegur: Af Illugastaðavegi hjá Skógum, yfir Fnjóská, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Galtastöðum ytri.
(929 Fellavegur.)

(933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal.)
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði að Gilsárvöllum.
(966 Flugvallarvegur Djúpavogi.)
984 Hoffellsvegur: Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að vegamótum við Miðfell.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Hlíðarbergi.
(988 Flugvallarvegur Öræfum.)

Við 3.2.FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

a. 47 Flugvallarvegur í Keflavík, fellur út af skrá.
b. 49 Nesbraut, bætist á skrá.
c. 413 Breiðholtsbraut, bætist á skrá.

5. Við III. lið bætist:

3.4. FERJULEIÐIR

1. **Þorlákshöfn–Vestmannaeyjar.**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Reykjavík–Akranes.**
Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
3. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir í reglulegum áætlunarferðum farþegar og bílar með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. **Stykkishólmur–Skáleyjar–Reykhólar.**
Til Skáleyja er flutt frakt frá Stykkishólmi og Reykhólum eftir því sem þörf er á og eru farþegar einnig í þeim ferðum.
5. **Ísafjörður–Bæir–Æðey–Vigur.**
Til Bæja á Snæfjallaströnd, Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
6. **Árskógsströnd–Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
7. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
8. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

1143. Nefndarálit [458. mál]

um till. til þál. um að styrkja stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið en þar er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem styrki stöðu brotaþola við meðferð kynferðisbrotamála.

Nefndin telur að tillagan hreyfi við mikilvægu máli sem vert er fela ríkisstjórninni að kanna og leggja fram tillögur um svo fljótt sem auðið er. Sérstaklega er athyglisverð hugmynd sem reifuð er í greinargerð með tillögunni á bls. 2. Snýr hún að því að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur.

Nefndin bendir þó á að ýmislegt hefur áunnist í því að styrkja stöðu brotaþola kynferðisbrota. T.d. var nýlega samþykkt í nefndinni tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna kynferðisbrota, 352. mál.

Samt sem áður er rík nauðsyn á að athuga þessi mál og í trausti þess að svo verði gert leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigbjörn Gunnarsson.

1144. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá þremur aðilum, annars vegar Félagi eldri borgara í Reykjavík og Landssambandi aldraðra þar sem lýst var eindregnum stuðningi við frumvarpið og hins vegar frá Hagstofu Íslands þar sem lagst var gegn því að frumvarpið næði fram að ganga.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að manni, sem býr á stofnun fyrir aldraða, sé heimilt að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu áður. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að skilgreint verði hvað átt sé við með stofnun aldraðra og til þess verði notuð skilgreining sem er í 18. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Meiri hluti nefndarinnar telur að um réttlætismál sé að ræða og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndri breytingartillögu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1993.

Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ey. Kon. Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.

1145. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem býr á stofnun samkvæmt skilgreiningu 18. gr. laga um málefni aldraða, nr. 82/1989, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður.

1146. Nefndarálit [225. mál]

um till. til þál. um rannsóknar-, forvarna- og fræðslustörf um gigtsjúkdóma.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Gigtarfélagi Íslands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Kiropraktorafélagi Íslands, landlækni, Læknafélagi Íslands og Manneldisráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Björn Bjarnason.

1147. Nefndarálit [505. mál]

um till. til þál. um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir hún með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Finnur Ingólfsson.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Björn Bjarnason.

1148. Frumvarp til laga [587. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breyttum reglum um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra geta útgjöld í undantekningartilvikum orðið veruleg. Til að tryggja að þessi útgjöld verði aldrei fjárhagsleg ofraun fyrir sjúkratryggða er hér sett heimildarákvæði um endurgreiðslu á þessum kostnaði að hluta eða fullu. Gert er ráð fyrir að tekið sé tillit til tekna við mat á þessu atriði og að öðru leyti sé fylgt reglum sem ráðherra setur.

1149. Svar [475. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kristjánssonar um skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga í Austurlandskjördæmi.

1. *Hvaða svæði í Austurlandskjördæmi njóta ekki viðunandi sjónvarpsskilyrða eða sendinga Rásar 2?*
2. *Hvaða áform eru uppi um að bæta skilyrðin þar sem þau eru ófullnægjandi?*

3. *Mun Ríkisútvarpið semja við Póst og síma um afnot af ljósleiðara til þess að bæta útsendingar útvarps og sjónvarps og ef svo er, hvenær er niðurstöðu að vænta af þeim samningum?*

Til að afla svara við fyrirspurninni var leitað umsagnar Ríkisútvarpsins og er hún svohljóðandi:

Dagskrár Rásar 1 og Rásar 2 og dagskrá sjónvarps eru sendar út frá Vatnsenda til Gagnheiðar með stofnflutningi um örbylgjurás sem er í eigu Ríkisútvarpsins. Útsendingin fer vestur og norður um land og er numin á 12 millistöðvum á leið sinni austur. Elsti hluti þessa kerfis á leiðinni Vatnsendi–Vaðlaheiði er 19 ára en Austfjarðahlutinn er 14 ára gamall.

Á Gagnheiði eru aðalsendar fyrir sjónvarp, Rás 1 og Rás 2. Í upphafi voru dreifistöðvar við alla þéttbýliskjarna sem námu þessar sendingar og endurvörpuðu þeim. Á nokkrum leiðum hefur ljósleiðari verið tekinn í notkun, þ.e. frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar, Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar.

Útsendingar lang- og miðbylgjustöðvanna á Eiðum og Höfn ná til meginhluta Austurlandskjördæmis. Þær fylla í þau göt sem eru á dreifingu FM-sendinga og þjóna einnig sem öryggis- og varaleið.

1. Helstu annmarkar sem Austfirðingar búa nú við í útvarps- og sjónvarpsdreifingu eru eftirfarandi:

* Gallar hafa verið í örbylgjunni sem orsakað hafa stutt útföll, þannig að einstaka orð eða setningahlutar hafa fallið út, bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi. Þessi útföll hafa stundum verið þrálát á vissum árstímum, en hafa svo e.t.v. horfið svo vikum eða mánuðum skiptir á milli. Austfirðingar eru í enda örbylgjukeðjunnar og hafa því búið við samanlögð útföll hennar allrar.
* Endurvarpsstöðvar á sunnanverðum Austfjörðum, þ.e. á Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi, hafa búið við lélega móttöku frá Gagnheiði. Kemur þar til torveld bylgjuútbreiðsla yfir fjöllin og lág tíðni útsendingar, en þessi lága tíðni getur borist milli landa í vissum háloftaskilyrðum og koma þá oft fram truflanir frá erlendum sjónvarpsstöðvum.
* Rás 2 vantar á þremur stöðum þar sem FM-sendingar Rásar 1 eru nú fyrir, þ.e. í Álftafirði, Lóni og Almannaskarði.
* Í okkar fjöllótta landi verða löngum til staðir sem sjónvarps- og/eða FM-hljóðvarpssendingar ná illa eða ekki til. Á landinu öllu er áætlað að um það bil 80 sveitabæir nái ekki sjónvarpsútsendingum. Þar af eru um það bil 20 sveitabæir á Austurlandi.

2. Ríkisútvarpið álítur brýna nauðsyn að bæta úr núverandi ástandi. Átak þarf að gera varðandi:

* Endurnýjun langbylgjustöðvarinnar á Eiðum.
* Endurbætur á dreifikerfi á sunnanverðum Austfjörðum.
* Endurbætur á stofndreifingu.
* Fjölgun uppfyllingarsenda á afskekktum stöðum.

Langbylgjustöðin á Eiðum er komin til ára sinna og er áríðandi að endurnýja hana. Undirbúningur er hafinn með það fyrir augum að verkefninu ljúki á næsta ári.

Í athugun er hjá Pósti og síma hvort unnt sé að leggja ljósleiðara í sendihús Ríkisútvarpsins á sunnanverðum Austfjörðum og má búast við niðurstöðum úr þeirri athugun á næstunni. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu má búast við ákvörðun af hálfu Ríkisútvarpsins

um hvort farið verður í skammtímaleigu á ljósleiðara á þessu svæði, en langtímalausnir eru í nánari könnun eins og vikið verður að hér á eftir.

3. Unnið hefur verið að samanburði á kostnaði á sendingu um ljósleiðara og örbylgju í samvinnu við Póst og síma. Hefur samanburðurinn beinst að því að finna hagkvæmustu lausn á stofndreifingu Ríkisútvarpsins til lengri og skemmri tíma.

* Langtímavalkostir eru í höfuðatriðum þrír: a) að Ríkisútvarpið endurnýi og byggi áfram upp eigið örbylgjunet, b) að leigja ljósleiðara Pósts og síma, eða c) blönduð lausn með samspili af a og b eins og nú. Gjaldskrá fyrir leigu á ljósleiðara skiptir sköpum í þessum samanburði og taldi Ríkisútvarpið í upphafi verðlagninguna háa.
* Ríkisútvarpið heldur reglulega samráðsfundi með Pósti og síma. Eftir að þetta mál var tekið þar á dagskrá hefur gjaldskrárnefnd Pósts og síma ákveðið magnafslátt og nokkrar minni háttar tilhliðranir. Má segja að með því sé lokið umræðu um verðlagningu á leigu fyrir ljósleiðara og ljóst virðist að henni verður vart þokað neðar að sinni.
* Vegna þess hve sjónvarpssendingar eru fyrirferðarmiklar í flutningi hefur örbylgja Ríkisútvarpsins til skamms tíma verið umtalsverður hluti af innlendri stofnflutningsgetu. Örbylgja Ríkisútvarpsins virkar því eins og tilvist samkeppnisaðila á markaði og veitir gjaldskráraðhald. Legði Ríkisútvarpið örbylgju sína niður væri gjaldskráraðhald hennar úr sögunni.
* Að því er varðar öryggi og áreiðanleika eru gallar í núverandi örbylgju Ríkisútvarpsins raktir til tæknilegra vankanta sem nútímaleg hönnun getur bætt verulega úr. Því er ekki unnt að alhæfa út frá núverandi ástandi örbylgjunnar. Endabúnaður bæði ljósleiðara og örbylgju eru rafeindatæki sem geta bilað.

Tækniþróunin er ör og á næstu árum má gera ráð fyrir stafrænni byltingu í útvarps- og sjónvarpssendingum. Samanburður á ljósleiðaraflutningi og örbylgjuflutningi tekur ekki mið af væntanlegum breytingum þar sem forsendur þeirra vantar. Ríkisútvarpið stendur því frammi fyrir því vali að hefja endurnýjun eigin örbylgju eða nota ljósleiðara sem skammtímalausn og fylgjast með þróuninni um skeið. Ákvörðun um það verður tekin á næstu vikum.

1150. Frumvarp til laga [588. mál]

um Íslenska fjárfestingarbankann hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Íslenski fjárfestingarbankinn er hlutafélag og telst til lánastofnana eftir fyrirmælum laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði þeirra laga og laga um hlutafélög taka til Íslenska fjárfestingarbankans hf. að því leyti sem annað leiðir ekki af þessum lögum.

2. gr.

Tilgangur bankans er að efla framleiðslu, framleiðni, samkeppnishæfni og aðrar umbætur í atvinnulífinu með því að veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga, vöruþróunar og markaðssóknar.

Eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum bankans getur hann einnig haft með höndum sérhverja aðra starfsemi sem tengist þessu og starfsemi sem öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum.

Íslenski fjárfestingarbankinn hf. hefur aðalstöðvar sínar í Reykjavík.

3. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar njóti hagstæðari kjara en aðrir eða annarra sérstakra hlunninda í viðskiptum við bankann vegna eignarhlutar síns. Hömlur má ekki leggja á viðskipti með hluti í félaginu, sbr. þó ákvæði laga þessara um hlutabréf í bankanum í eigu Iðnaðarsjóðs og Vöruþróunar- og markaðssjóðs.

Á hluthafafundi getur enginn einn hluthafi eða hópur fjárhagslega tengdra hluthafa farið með meira en fimmtung atkvæða. Þetta gildir þó ekki um stofnendur Íslenska fjárfestingarbankans hf. að því leyti sem þeir kunna að eiga meira en fimmtung hlutafjár hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skal kjörin af hluthöfum á aðalfundi og vera skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra bankans og setur almennar reglur um starfsmannamál og skipulag hans.

Að öðru leyti en leiðir af ákvæðum II. og III. kafla ákveður stjórn bankans starfsemi hans hverju sinni innan þeirra marka sem tilgangur hans skv. 1. mgr. 2. gr. og samþykktir setja og kveður eftir þörfum á um skiptingu bankans í deildir. Stjórnin setur almennar reglur um helstu lánaflokka bankans, lánakjör og tryggingar sem verða áskildar fyrir lánveitingum hans og ábyrgðum.

5. gr.

Bankinn aflar sér fjár til útlána með lántökum innan lands og erlendis að því leyti sem eigið fé hans nægir ekki til. Gætt skal jafnvægis í gengis- og vaxtaáhættu í lánastarfsemi bankans.

II. KAFLI
Vöruþróunar- og markaðssjóður.

6. gr.

Við Íslenska fjárfestingarbankann hf. starfar Vöruþróunar- og markaðssjóður sem hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Tilgangur hans er að örva nýsköpun í atvinnulífinu, auka útflutning vöru og þjónustu og að auðvelda fjárfestingu erlendis í tengslum við sölu á innlendum framleiðsluvörum og þjónustu.

Hlutverk sitt rækir Vöruþróunar- og markaðssjóður með því að:

1. veita lán til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar,
2. veita lán til útflutnings- og markaðsstarfsemi,

3. veita framlög til nýsköpunar- og markaðsverkefna, rannsókna- og þróunarstarfsemi og aðgerða til að auka útflutning vöru og þjónustu,
4. kaupa og selja hlutabréf í starfandi félögum og taka þátt í stofnun nýrra félaga,
5. gangast í ábyrgð við aðrar lánastofnanir vegna skuldbindinga sem til hefur verið stofnað vegna verkefna sem falla undir 1. og 2. tölul.

Vöruþróunar- og markaðssjóður getur afskrifað kröfur sem hann eignast skv. 1., 2. eða 5. tölul. 2. mgr. ef verkefni sem lánað var til heppnast ekki.

7. gr.

Stjórn Vöruþróunar- og markaðssjóðs skipa þrír menn sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Skulu tveir þeirra vera samkvæmt tilnefningu stjórnar Iðnaðarsjóðs, sbr. ákvæði 9. gr. og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann stjórnar.

Vöruþróunar- og markaðssjóður hefur sjálfstæðan fjárhag, óháðan Íslenska fjárfestingarbankanum hf. og bera aðrir ekki sjálfkrafa ábyrgð á skuldbindingum hans. Fjármálum sjóðsins skal haldið aðgreindum í reikningshaldi Íslenska fjárfestingarbankans hf. og sjálfstæð reikningsskil gerð fyrir hann.

Íslenski fjárfestingarbankinn hf. annast daglegan rekstur Vöruþróunar- og markaðssjóðs, en kostnaður af starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans, þar á meðal þóknun stjórnarmanna.

8. gr.

Til starfsemi sinnar hefur Vöruþróunar- og markaðssjóður til ráðstöfunar eignir sínar og arð af þeim, svo og framlag úr Iðnaðarsjóði, sbr. ákvæði 10. gr., og aðrar lögbundnar tekjur.

Vöruþróunar- og markaðsjóður má aldrei verja hærri fjárhæð árlega en nemur tekjuafgangi liðins árs samanlagt til:

1. Framlaga skv. 3. tölul. 2. mgr. 6. gr.
2. Afskrifta skv. 3. mgr. 6. gr.

Leiði halli á starfsemi sjóðsins til þess að gengið sé á eigið fé hans má ekki ráðstafa fjármunum að hætti 2. mgr. fyrr en eigið fé er komið aftur í fyrra horf.

Verði Vöruþróunar- og markaðssjóður lagður niður rennur andvirði eigna hans til ríkissjóðs. Skal því varið til að efla framþróun í íslensku atvinnulífi í samráði við samtök fyrirtækja á sviði iðnaðar.

III. KAFLI
Iðnaðarsjóður.

9. gr.

Iðnaðarsjóður er sameign Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Iðnaðarsjóður skal hafa sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag og starfa samkvæmt samþykktum sem eigendur hans setja með staðfestingu ráðherra.

Ráðherra skipar einn af endurskoðendum Iðnaðarsjóðs og skal þóknun fyrir störf hans greidd af sjóðnum.

10. gr.

Stofnfé Iðnaðarsjóðs er 40% hlutabréfa í Íslenska fjárfestingarbankanum hf. Eigendur sjóðsins geta lagt frekari eignir til hans.

Iðnaðarsjóði er frjálst að selja hlutabréf sín í Íslenska fjárfestingarbankanum hf., en er óheimilt að ráðstafa þeim á annan hátt.

Standi til að selja hlutabréf sjóðsins í bankanum á lægra verði en nemur gangverði þeirra á hlutabréfamarkaði á ríkissjóður forkaupsrétt að þeim. Það sama á við ef til stendur að sjóðurinn selji sama kaupanda fjórðung af upphaflegri hlutafjáreign sinni í bankanum eða meira.

Að því leyti sem Iðnaðarsjóður selur hlutabréf sín í Íslenska fjárfestingarbankanum hf. skal hann verja söluverðinu til kaupa á öðrum eignum sem tryggja að stofnfé sjóðsins haldist óskert og beri arð.

Tekjum af eignum Iðnaðarsjóðs skal verja til þróunarstarfs í iðnaði á vegum samtaka fyrirtækja á sviði iðnaðar og á vegum Vöruþróunar- og markaðssjóðs. Skal skipting teknanna milli samtakanna og Vöruþróunar- og markaðssjóðs ákveðin af eigendum með staðfestingu ráðherra.

Iðnaðarsjóði og eigendum hans er óheimilt að ráðstafa eignum sjóðsins og tekjum á annan veg en segir í þessari grein.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og með umboð ríkisins á hluthafafundum félagsins.

12. gr.

Vöruþróunar- og markaðssjóður og Iðnaðarsjóður eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ráðherra skal efna til stofnfundar Íslenska fjárfestingarbankans hf. á árinu 1993 og hann skal taka til starfa 1. janúar 1994.

15. gr.

Þegar Íslenski fjárfestingarbankinn hf. tekur til starfa hættir Iðnlánasjóður störfum og falla frá sama tíma úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

1. Lög um Iðnlánasjóð, nr. 76 19. ágúst 1987, með áorðnum breytingum.
2. Lög um Útflutningslánasjóð, nr. 47 8. maí 1970.
3. 4. gr. laga um Iðnþróunarsjóð, nr. 9 13. febrúar 1970, með áorðnum breytingum.

Ráðherra skal auglýsa í Stjórnartíðindum þegar sameining Iðnþróunarsjóðs við Íslenska fjárfestingarbankann hf. kemur til framkvæmda samkvæmt ákvæðum laga þessara. Hættir Iðnþróunarsjóður þá störfum og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 9 13. febrúar 1970, með áorðnum breytingum.

Greiðslustaður skuldbindinga við Iðnlánasjóð og einstakar deildir hans skulu vera í Íslenska fjárfestingarbankanum hf. frá því að hann tekur til starfa. Sama gildir um skuldbindingar við Iðnþróunarsjóð eftir að sameining hans við bankann kemur til framkvæmda. Almenn opinber auglýsing til viðskiptamanna sjóðanna nægir til að gera þeim þetta kunnugt.

16. gr.

Þegar Íslenski fjárfestingarbankinn hf. tekur til starfa tekur Vöruþróunar- og markaðssjóður við öllum sérgreindum eignum og skuldbindingum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs og telst það stofnfé sjóðsins.

17. gr.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir að Íslenski fjárfestingarbankinn hf. tekur til starfa skulu hlutabréf í honum gefin út til stofnenda.

18. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs heldur gildi sínu að því leyti sem eignir Íslenska fjárfestingarbankans hf. og eftir atvikum Vöruþróunar- og markaðssjóðs hrökkva ekki til. Ríkissjóður ber einnig sams konar ábyrgð á erlendum lántökum Íslenska fjárfestingarbankans hf. á árinu 1994, enda séu þær í samræmi við ákvæði lánsfjárlaga.

Að öðru leyti en kveðið er á í þessari grein ber ríkissjóður ekki ábyrgð á skuldbindingum Íslenska fjárfestingarbankans hf. eða Vöruþróunar- og markaðssjóðs.

19. gr.

Við stofnun Íslenska fjárfestingarbankans hf. verður öll dagleg umsýsla Iðnþróunarsjóðs flutt til bankans og verður stjórn bankans ásamt framkvæmdastjóra Iðnþróunarsjóðs jafnframt framkvæmdastjórn sjóðsins skv. 3. mgr. 5. gr. samnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1970.

Jafnframt fellur úr gildi skipan framkvæmdastjórnar sem gerð var með bréfi iðnaðarráðherra 29. apríl 1991.

20. gr.

Stofnendur félagsins eru ríkissjóður ásamt Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. Heimilt er tveimur síðarnefndu aðilunum að láta sameiginlegt félag, sem myndað er með samruna þeirra og fleiri samtaka íslenskra fyrirtækja á sviði iðnaðar, taka við hlut sínum í félaginu annaðhvort við stofnun þess eða síðar og takast jafnframt á hendur þær skyldur sem á samtökunum hvíla samkvæmt lögum þessum. Gildir það einnig um hlut samtakanna í Iðnaðarsjóði.

Við stofnun Íslenska fjárfestingarbankans hf. greiða stofnendur skv. 3. gr. stofnfé sitt með því að ríkissjóður leggur fram Iðnlánasjóð sem sameiginlegt framlag þeirra að frátöldum sérgreindum eignum vöruþróunar- og markaðsdeildar hans. Tekur bankinn við öllum eignum og réttindum Iðnlánasjóðs og öllum skuldbindingum hans er ekki varða

vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Hlutafé stofnenda telst innborgað í einu lagi þegar Íslenski fjárfestingarbankinn hf. tekur til starfa.

Heildarfjárhæð hlutafjár í bankanum á stofnfundi hans skal nema 50% af eigin fé Iðnlánasjóðs 31. desember 1992 en halda skal framhaldsstofnfund þegar ársreikningar Iðnlánasjóðs fyrir árið 1993 liggja fyrir og skal þá hækka hlutafé í 75% af eigin fé Iðnlánasjóðs 31. desember 1993 að frátöldum eignum og skuldbindingum vöruþróunar- og markaðsdeildar. Af heildarhlutafénu koma 60% í hlut ríkissjóðs en 40% í hlut Iðnaðarsjóðs, sbr. 9. gr.

Takist ekki samkomulag milli stofnenda um verðmat á eigin fé Iðnlánasjóðs 31. desember 1993 skal matsnefnd skera úr um það og er mat hennar endanlegt. Ráðherra skipar þrjá menn í matsnefndina, einn samkvæmt tilnefningu eigenda Iðnaðarsjóðs, sbr. 9. gr., einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf en hún skal ljúka störfum fyrir 1. maí 1994. Skal þá boða til framhaldsstofnfundar og skrá upphæð hlutafjár í samræmi við 2. mgr.

Kostnaður við stofnun bankans, þar á meðal af starfi matsnefndar skv. 4. mgr., greiðist af bankanum.

Ákvæði þetta kemur í stað stofnsamnings fyrir Íslenska fjárfestingarbankann hf. ásamt öðrum ákvæðum laga þessara sem við geta átt.

21. gr.

Innan tveggja mánaða frá því að ríkissjóður verður eini eigandi Iðnþróunarsjóðs eftir ákvæðum 6. mgr. 2. gr. samnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, skal sjóðurinn sameinaður Íslenska fjárfestingarbankanum hf. að fullu. Um leið og sameiningin tekur gildi skal hlutafé Íslenska fjárfestingarbankans hf. aukið sem svarar ¾ af bókfærðu eigin fé Iðnþróunarsjóðs á þeim degi sem ríkissjóður eignast hann með öllu. Komi upp ágreiningur um verðmæti eigin fjár Iðnþróunarsjóðs á yfirtökudegi skal úr honum skorið með áliti þriggja matsmanna sem ráðherra skipar og er úrskurður þeirra endanlegur. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Íslenska fjárfestingarbankans hf., annar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og sá þriðji af viðskiptaráðherra og er hann formaður nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni nánari fyrirmæli í erindisbréfi og skal nefndin ljúka störfum innan mánaðar frá skipun hennar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bankanum.

Við framangreinda hlutafjáraukningu Íslenska fjárfestingarbankans hf. skal gefa út hlutabréf í bankanum sem nemur henni. Skal helmingur hlutabréfa afhentur ríkissjóði en helmingur bréfanna verður eign Vöruþróunar- og markaðssjóðs.

Ekki skal beita atkvæðisrétti í félaginu sem fylgir hlutabréfum Vöruþróunar- og markaðssjóðs meðan bréfin eru í eigu sjóðsins. Verðmæti þeirra skoðast sem viðbót við stofnfé sjóðsins.

Heimilt er stjórn sjóðsins með staðfestingu ráðherra að selja af hlutabréfaeign sjóðsins í bankanum, en óheimilt er að ráðstafa henni á annan hátt. Standi til að selja hlutabréf sjóðsins í bankanum á lægra verði en nemur gangverði þeirra á ríkissjóður forkaupsrétt að þeim. Það sama á við ef til stendur að selja sama kaupanda fjórðung af upphaflegri hlutafjáreign sjóðsins í bankanum eða meira.

Að því leyti sem Vöruþróunar- og markaðssjóður selur hlutabréf sín í bankanum skal verja söluverðinu til kaupa á öðrum eignum sem tryggja að stofnfé sjóðsins haldist óskert og beri arð, en stjórn sjóðsins er einnig heimilt að verja því til útlána með góðum tryggingum fyrir endurgreiðslu að mati stjórnarinnar.

22. gr.

Þegar Íslenski fjárfestingarbankinn hf. tekur til starfa skal öllum fastráðnum starfsmönnum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga, boðið starf við bankann að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Skal gæta jafnræðis milli starfsmanna stofnananna við ráðstöfun starfa.

Forstjóri Iðnlánasjóðs, framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs, svo og aðrir fastráðnir starfsmenn sjóðanna, sem ekki eru félagar í stéttarfélögum, skulu eiga kost á sambærilegu starfi við Íslenska fjárfestingarbankann hf. og þeir höfðu eftir því sem unnt er.

Nú tekur maður við starfi hjá Íslenska fjárfestingarbankanum hf. í samræmi við 1. eða 2. mgr. og verður þá sú breyting á ráðningarkjörum hans að gagnkvæmur uppsagnarfrestur hans og bankans verður tólf mánuðir nema skemmri uppsagnarfrestur hafi gilt um ráðningu hans við Iðnlánasjóð eða Iðnþróunarsjóð sem helst þá óbreyttur. Þetta raskar þó ekki ákvæðum ráðningarsamnings um tímabundna ráðningu.

Maður, sem tekur við starfi hjá Íslenska fjárfestingarbankanum hf. í samræmi við 1. eða 2. mgr., skal njóta þar sama réttar varðandi starfsaldur, veikindi, barnsburð og orlof og hann naut í fyrra starfi sínu. Hann nýtur ekki réttinda til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954. Fylgi lægri laun nýja starfinu en starfsmaður naut í fyrra starfinu skal bankinn greiða honum launamismuninn til loka uppsagnarfrests sem gilti um ráðningu í fyrra starfið, þó aldrei lengur en í tólf mánuði.

Fastráðinn starfsmaður Iðnlánasjóðs eða Iðnþróunarsjóðs sem hafnar starfi hjá Íslenska fjárfestingarbankanum hf. eða á ekki á kost á endurráðningu á tilkall til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954, enda fullnægi staða hans og ráðningarkjör skilyrðum þeirra laga.

23. gr.

Ráðherra er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að selja af hlutafjáreign ríkissjóðs í bankanum eftir því sem markaðsaðstæður leyfa og rennur andvirði hlutabréfanna í ríkissjóð. Við sölu bréfanna skal við það miðað að eignaraðild að bankanum verði sem víðtækust.

24. gr.

Leggja skal á 0,12% gjald, vöruþróunargjald, á allan iðnað í landinu í því skyni að afla tekna fyrir Vöruþróunar- og markaðssjóð. Gjaldið rennur óskert til sjóðsins og greiðist honum eftir því sem það er innheimt. Um gjaldendur, gjaldstofn og innheimtu fer með sama hætti og um getur í 1. og 2. gr. laga um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum.

Vöruþróunargjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

Vöruþróunargjald skal lagt á í fyrsta sinn árið 1994 á gjaldstofn ársins 1993. Vöruþróunargjaldið lækkar í 0,09% árið 1995 á gjaldstofn ársins 1994, lækkar í 0,06% árið 1996 á gjaldstofn ársins 1995 og lækkar í 0,03% árið 1997 á gjaldstofn ársins 1996.

Vöruþróunargjald skal leggja á í síðasta sinn árið 1997 á gjaldstofn ársins 1996. Eftir það fellur ákvæði þetta úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið sem liður í endurskipulagningu og eflingu fjármálastofnana sem settar hafa verið á fót til að styðja sérstaklega fjárfestingu og nýsköpun í atvinnuvegum landsmanna. Á árinu 1991 voru teknar upp viðræður milli iðnaðarráðuneytisins og helstu samtaka iðnfyrirtækja í landinu, þ.e. Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna um þær lánastofnanir sem sérstaklega hafa verið settar á fót til að þjóna iðnaðinum, þ.e. Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum árið 1935 að frumkvæði samtaka iðnfyrirtækja. Hafa samtökin frá upphafi skipað meiri hluta stjórnar sjóðsins og allar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum sjóðsins, hafa verið gerðar í samráði og reyndar oft að frumkvæði samtakanna. Markmiðið með stofnun Iðnlánasjóðs var að bæta úr brýnustu lánsfjárþörf iðnaðarins. Með breytingum á lögunum árið 1941 var hlutverk sjóðsins gert víðtækara og honum falið að lána til hvers konar iðnaðar- og iðjustarfsemi. Frá 1953 varð Iðnlánasjóður sérstök deild í Iðnaðarbankanum sem tók til starfa það ár.

Árið 1962 eða fyrir rúmlega 30 árum skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til þess að endurskoða löggjöf um sjóðinn. Árangur þess starfs var svo setning laga sem tóku gildi árið 1963 og enn eru í gildi að stofni til. Þar var ákveðið að sjóðurinn yrði gerður að sjálfstæðri stofnun, starfssvið hans var aukið og ákveðið var að leggja á iðnfyrirtæki sérstakt gjald, svokallað iðnlánasjóðsgjald, til eflingar og uppbyggingar sjóðsins. Var gjaldið lagt á sama gjaldstofn og aðstöðugjald til sveitarfélaga sem fyrst var lagt á með nýjum lögum um tekjustofna sveitarfélaga frá árinu 1962.

Árið 1985 var svokallaður Iðnrekstrarsjóður, sem komið hafði verið á fót til að auka útflutning iðnaðarvarnings og auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar, sameinaður Iðnlánasjóði og um leið var sett á fót sérstök vöruþróunar- og markaðsdeild við Iðnlánasjóð til að halda áfram þeirri starfsemi er áður var í höndum Iðnrekstrarsjóðs. Um leið var ákveðið að fyrirtæki í iðnaði greiddu til deildarinnar 0,25% af ársveltu sinni gegn jafnháu árlegu framlagi ríkisins. Framlag ríkisins var þó fljótlega fellt niður, en iðnfyrirtækin hafa með greiðslu iðnlánasjóðsgjalds haldið starfsemi deildarinnar gangandi.

Samtök fyrirtækja í iðnaði hafa um margra ára skeið haldið fram því sjónarmiði að fyrirtæki í iðnaði ættu Iðnánasjóð eða að öðrum kosti væri hann óskipt sameign iðnaðarins og ríkissjóðs. Í ársskýrslu Iðnlánasjóðs árið 1990 er að finna fróðlegar upplýsingar sem samtök iðnaðarins hafa mjög vitnað til. Þar er að finna annars vegar upplýsingar um framlög ríkisins og hins vegar tekjur sjóðsins af iðnlánasjóðsgjaldi áranna 1963–1990. Við þær tölur þarf að bæta framreiknuðum framlögum úr ríkissjóði á árinunum 1935–1962 og iðnlánasjóðsgjaldi síðustu ára.

Niðurstaðan er sú að í grófum dráttum má segja að væru framlögin reiknuð til verðlags í dag næmu framlög ríkissjóðs um 1,7 milljörðum króna en gjöld iðnfyrirtækja á sama tíma næmu 4,1 milljarði króna. Forsvarsmenn ríkissjóðs hafa bent á að við þessa útreikninga þurfi að bæta verðmæti ríkisábyrgðar sem Iðnlánasjóður hefur notið frá upphafi og núvirði skattafrádráttar sem iðnfyrirtæki hafa notið vegna greiðslu iðnlánasjóðsgjalds.

Iðnlánasjóður fékk Markús Sigurbjörnsson prófessor til þess að gefa lögfræðilega álitsgerð um eignarhald að Iðnlánasjóði. Niðurstaða Markúsar var að hann taldi að iðnfyrirtæki gætu ekki sótt rétt sinn til eignarhalds á Iðnlánasjóði á grundvelli laga, en hins

vegar taldi hann að uppbygging sjóðsins með álagningu iðnlánasjóðsgjaldsins takmarki heimildir löggjafans til að breyta rekstrarformi, sjálfstæði eða eignarhaldi Iðnlánasjóðs. Þeir sem greitt hafi til sjóðsins eigi rétt á því að njóta áfram góðs af starfsemi hans. Að fenginni þessari álitsgerð fóru samtök iðnfyrirtækja fram á samninga um eignarhald að sjóðnum og er samkomulag um efni þessa frumvarps í öllum meginatriðum.

Samtök iðnfyrirtækja hafa mjög hvatt til þess að lánasjóðir iðnaðarins, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, verði sameinaðir í einn öflugan fjárfestingarlánasjóð eða fjárfestingarlánabanka. Iðnþróunarsjóður var stofnaður í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA en í því sambandi var rætt um að auka þyrfti útlán til fjárfestinga í iðnaði hér á landi. Niðurstaða af viðræðum norrænna embættis- og stjórnmálamanna var samningur um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland sem undirritaður var í Reykjavík 12. desember 1969. Var samningurinn staðfestur með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 og sjóðurinn stofnaður með framlögum frá Norðurlandaríkjunum fimm.

Endurgreiðslur stofnframlaga hófust frá tíunda ári eftir stofnun sjóðsins og skal þeim lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins eða á árinu 1995. Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins samkvæmt ákvæðunum um endurgreiðslu stofnframlaga verður sjóðurinn eign og undir stjórn íslenska ríkisins.

Upphaflegur tilgangur sjóðsins var að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands, auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og auknu samstarfi á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra ríkja á Norðurlöndum. Með lögum sem tóku gildi á árinu 1986 var verksvið sjóðsins víkkað. Samkvæmt þeirri breytingu skal tilgangur Iðnþróunarsjóðs vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi með megináherslu á tækni og iðnþróun.

Samkvæmt ársreikningum ársins 1992 eru helstu lykiltölur í rekstri og efnahag Iðnlánasjóðs, vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem hér segir (í millj. kr.):

	Iðnlána-sjóður	Vöruþróunar- og markaðsd.	Iðnþróunar-sjóður
Hagnaður	53	3	100
Eignir	14.236	514	7.639
Skuldir	11.552	24	5.010
Eigið fé	2.685	490	2.629
Eiginfjárhlutfall (af heildarfjármagni)	21,5%		34,4%
Útlán námu í árslok (fyrir afskriftir)	12.734	239	6.288

Í frumvarpi þessu er lagt til að sjóðirnir verði sameinaðir um leið og Iðnþróunarsjóður verður að öllu leyti eign ríkissjóðs en rekstur þeirra verið samhæfður undir einni stjórn um leið og lögin koma til framkvæmda. Sjóðirnir myndi stofn í nýjum fjárfestingarbanka, Íslenska fjárfestingarbankanum hf., sem verði í upphafi í sameign samtaka iðnfyrirtækja og ríkissjóðs. Stefnt verði að almennri eignaraðild að bankanum, en arður af eignarhlut samtaka iðnfyrirtækja fari til þess að kosta þróunarstarf í iðnaði á vegum samtakanna og sérstaks Vöruþróunar- og markaðssjóðs sem tekur við hlutverki vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs.

Felld eru niður ákvæði í núgildandi lögum um Iðnlánasjóð varðandi tryggingardeild útflutningslána, en þau þykja hafa komið að takmörkuðu gagni og greiðslutryggingar vegna útflutnings eru nú boðnar á almennum markaði af öðrum aðilum.

Þær breytingar, sem frumvarpið leggur til, gera auðveldara að leysa heildarfjármögnun nýframkvæmda í atvinnulífinu og það gerir ráð fyrir að vöruþróunar- og markaðsstuðningur við íslensk fyrirtæki verði aukinn. Þá er starfssviðið víkkað þannig að bankinn er ekki eins bundinn við lánveitingar á sviði iðnaðar og Iðnlánasjóður er nú, en getur þjónað öllu atvinnulífi landsmanna eftir því sem þörf krefur. Þá styrkir sameining sjóðanna samkeppnisstöðuna á innlendum og erlendum fjármagnsmarkaði. Tilgangur frumvarpsins er að bæta skipulag lánastofnana atvinnulífsins og gera rekstur þeirra hagkvæmari og markvissari um leið og stuðlað er að hagræðingu í atvinnulífinu sjálfu og innan samtaka þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Starfsemi stærstu fjárfestingarlánasjóðanna hér á landi flokkast undir það sem erlendis er oftast nefnt fjárfestingarbankastarfsemi eða „investment banking" á enskri tungu. Undir þá skilgreiningu fellur tvímælalaust starfsemi Iðnlánasjóðs og enn frekar eftir sameiningu hans og Iðnþróunarsjóðs. Heitið „sjóður" eða á enskri tungu „fund" veldur stofnuninni nokkrum erfiðleikum í þeirri kynningu á erlendri grund sem henni er nauðsynleg vegna fjáröflunar til útlána sinna. Því er lagt til nafnið „Íslenski fjárfestingarbankinn" og að hann verði stofnaður í hlutafélagsformi. Vísað er til laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði en slík lög eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarp til þeirra laga liggur þegar fyrir Alþingi og er hér gert ráð fyrir að það verði lögfest þannig að lögin geti öðlast gildi í síðasta lagi um leið og EES-samningurinn kemur til framkvæmda.

Um 2. gr.

Í þessari grein um tilgang bankans er lögð áhersla á að starfsemi hans nýtist atvinnulífinu í heild og að hann geti eftir því sem ákveðið er í samþykktum bankans einnig haft með höndum sérhverja aðra starfsemi sem heimiluð verður í áðurnefndum lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 2. mgr. kemur fram að bankinn hafi aðalstöðvar sínar í Reykjavík, en það á sér hliðstæðu í 2. gr. laga nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð. Í tengslum við þetta er vakin athygli á því að 2. mgr. tekur ekki afstöðu til rekstrar bankans á útibúum sem færi eftir almennum reglum væntanlegra lánastofnanalaga og ákvæðum hlutafélagslaga.

Um 3. gr.

Ákvæði fyrstu málsgreinar er samið til að koma í veg fyrir að almenn ákvörðun verði tekin um sérstök hlunnindi hluthafa í viðskiptum við bankann í einstökum tilvikum. Í þessari málsgrein er einnig kveðið á um að ekki megi leggja hömlur á viðskipti með hluti í félaginu, en þó er gerð undantekning með þá hluti sem Iðnaðarsjóður eignast og er um það nánar fjallað í skýringum við 10. gr. frumvarpsins og skýringum við ákvæði 21. gr. að því er varðar hlutabréf Vöruþróunar- og markaðssjóðs.

Í síðari málsgrein er lagt til að lögfest verði sú regla að enginn einn hluthafi eða hópur fjárhagslegra tengdra hluthafa getið farið með meira en fimmtung atkvæða. Þetta gildir þó ekki um stofnendur bankans að því leyti sem þeir kunna að eiga meira en fimmt-

ung hlutafjár hverju sinni, en stofnendur skv. 20. gr. eru ríkissjóður, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

Um 4. gr.

Í þessari grein koma fram fáeinar reglur varðandi stjórn bankans.

Reglurnar verður að skoða með tilliti til almennra reglna 7. gr. frumvarps til laga um lánastofnanir sem áður er vísað til og gilda mundu um bankann. Með 4. gr. er hins vegar ráðgert að mun fleiri atriði varðandi stjórnun þessa banka yrðu ákveðin í lögum þessum en almennt mundu gilda um lánastofnanir. Þessi atriði eru:

1. Með 1. mgr. er ekki vikið frá almennum reglum í væntanlegri löggjöf um lánastofnanir nema að því leyti að hér er ráðgert að bundið verði í lög að stjórn bankans sé skipuð fimm mönnum. Án þessarar reglu yrði lagt á vald hluthafa að ákveða tölu stjórnarmanna í samþykktum fyrir félagið.
2. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að stjórnin ráði framkvæmdastjóra og setji almennar reglur um starfsmannamál og skipulag bankans. Gert er ráð fyrir að almennar reglur um verksvið framkvæmdastjóra í væntanlegum lánastofnanalögum muni gilda um það atriði. Hafa verður í huga í þessu sambandi ákvæði 22. gr. sem er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um rétt núverandi starfsmanna Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs á störfum hjá bankanum.
3. Hér er ákvörðunarvald stjórnar bankans áréttað um fjögur atriði. Þau snúa í fyrsta lagi að valdi stjórnar til að ákveða hver starfsemi bankans verði innan ramma tilgangs hans skv. 2. gr. og samþykkta, þar á meðal hvernig honum sé skipt í deildir, en í upphafsorðum 3. mgr. er þó vakin athygli á því að þessu ákvörðunarvaldi stjórnar séu settar skorður í II. og III. kafla frumvarpsins þar sem bein fyrirmæli koma fram um tvær deildir bankans. Í öðru lagi er áréttað vald stjórnar um ákvörðun lánaflokka. Í þriðja lagi er áréttað vald stjórnar um almenn lánakjör bankans og loks er í fjórða lagi tekið fram að stjórnin setji reglur um nauðsynlegar tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða bankans.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að bankinn afli sér fjár til útlána með lántökum innan lands og erlendis að því leyti sem fé hans nægir ekki til. Bankinn er ekki innlánsstofnun og því kemur fé til útlána hans ýmist af eigin fé eða með útgáfu skuldabréfa eða annars konar fjáröflun á fjármagnsmarkaði. Bankinn lánar síðan með vaxtamun sem myndar tekjur hans. Einnig er kveðið á um að jafnvægis skuli gætt í gengis- og vaxtaáhættu bankans. Þetta er unnt að gera með því að lána jafnan í sömu mynt og fjármagns er aflað í og með vaxtakjörum sem standi í hlutfalli við þá vexti sem bankinn greiðir af því fé sem endurlánað er eða með því að notfæra sér mynt- og vaxtaskipti við aðrar fjármálastofnanir og þannig mæta óskum lántakanda um mynt og fyrirkomulag vaxtagreiðslna.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um Vöruþróunar- og markaðssjóð sem ætlað er að koma í stað vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Nýmæli er að sjóðurinn hefur sérstaka stjórn, en auk þess er lagt til að hann hafi sjálfstæðan fjárhag á sama hátt og vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs hefur nú.

Helsta nýmæli í greininni er að sjóðnum er m.a. ætlað að auðvelda fyrirtækjum fjárfestingu erlendis í tengslum við sölu á innlendum framleiðsluvörum og þjónustu. Ekki eru tekin upp fyrirmæli í núgildandi lögum um að framlög (styrkir) megi ekki leiða til skerðingar á höfuðstól sjóðsins, en regla, sem nær til þessa atriðis, er hins vegar sett í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 8. gr. núgildandi laga um Iðnlánasjóð er kveðið á um sérstaka heimild handa vöruþróunar- og markaðsdeild til að veita lán með þeim kjörum að þau séu afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Um þetta er ekki fjallað í 6. gr. enda er gengið út frá því að lánakjör bankans yrðu ekki lögákveðin gagnstætt því sem nú er í lögum nr. 76/1987 og sama er látið gilda um Vöruþróunar- og markaðssjóð.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. er starfsemi sjóðsins ekki bundin við aðgerðir í þágu iðnaðarins, enda er oft um óljós mörk að ræða í keðju atvinnulífsins og aðgerðir á einu sviði þess geta komið fyrirtækjum á öðrum sviðum til góða.

Um 7. gr.

Lagt er til að skipan stjórnar Vöruþróunar- og markaðssjóðs verði með sama hætti og nú er um stjórn Iðnlánasjóðs, þ.e. að stjórn Iðnaðarsjóðs, sem er í eigu helstu samtaka fyrirtækja í iðnaði, tilnefni tvo stjórnarmenn en ráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar. Um Iðnaðarsjóð er fjallað í 9. gr. og eru eigendur hans Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna og í 20. gr. er gert ráð fyrir að sameiginlegt félag þeirra og e.t.v. fleiri samtaka fyrirtækja á sviði iðnaðar geti komið í þeirra stað. Er þetta tekið fram í frumvarpinu í tilefni af viðræðum sem staðið hafa yfir um sameiningu fyrrgreindra samtaka ásamt Verktakasambandi Íslands og Félagi íslenska prentiðnaðarins í ein heildarsamtök.

Í 2. mgr. er að finna skýringu á þeim orðum 1. mgr. 9. gr. að Vöruþróunar- og markaðssjóður hafi sjálfstæðan fjárhag, en þetta er afmarkað nánar á tvennan hátt. Annars vegar kemur fram að fjárhagur sjóðsins sé óháður bankanum, en í því ljósi ber sjóðurinn enga ábyrgð á skuldbindingum bankans og bankinn getur ekki nýtt sér fé hans í starfsemi sinni. Hins vegar kemur fram að aðrir aðilar beri ekki sjálfkrafa ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, en þar með er tekið af skarið um að hvorki bankinn né ríkið ábyrgist skuldbindingar sjóðsins nema þá með því að gangast beinlínis undir þá ábyrgð.

Í 3. mgr. eru ákvæði sem snúa að þjónustu eða aðstöðu sem bankinn veitir Vöruþróunar- og markaðssjóði. Er talið nauðsynlegt að marka þannig meginlínurnar í samskiptum bankans og sjóðsins.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru ákvæði um ráðstöfunarfé sjóðsins, tekjur hans og takmarkanir á heimildum til þess að nýta fé hans til styrkja eða eftirgjafa á kröfum. Til nánari skýringar á þessum fyrirmælum er rétt að taka fram að í upphafi 1. mgr. er gengið út frá því að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar eignir sínar og arð af þeim. Um stofnfé sjóðsins er nánar fjallað í V. kafla frumvarpsins, en það er eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs sem í árslok 1992 nam 490 milljónum króna eins og áður hefur komið fram í þessum athugasemdum.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái tekjur af hlutabréfaeign í Iðnaðarsjóði, sbr. ákvæði 10. gr., og loks er gert ráð fyrir að sjóðurinn eignist helming þeirra hlutabréfa sem bankinn gefur út við sameiningu Iðnlána- og Iðnþróunarsjóðanna, enda bætist andvirði bréfanna þá við höfuðstól Vöruþróunar- og markaðssjóðs, sbr. ákvæði 21. gr., og njóti þá arðs af þeim verðmætum.

Nefndar eru í 1. mgr. aðrar lögbundnar tekjur, en með því er fyrst og fremst átt við ákvæði 24. gr. um sérstakt vöruþróunargjald sem lagt er til að innheimt verði á árunum 1994–1997 af rekstri iðnfyrirtækja. Er þar lagt til að gjaldið fari lækkandi þar til það fellur brott, en um er að ræða aðgerð til aðlögunar við niðurfellingu iðnlánasjóðsgjalds. Iðnlánasjóðsgjaldið var, eins og áður hefur komið fram, lagt á með lögunum frá 1963 og var það lagt á aðstöðugjaldsstofn. Aðstöðugjald hefur nú verið fellt niður og því er lagt til að það verði á aðlögunartímanum lagt á virðisaukaskattsstofn, en frumvarp um breytingu á lögum um iðnaðarmálagjald sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu gerir ráð fyrir að það verði einnig innheimt stiglækkandi af sama stofni á sama tíma. Tekið skal fram að notkun þessa álagningarstofns er nú til athugunar í fjármálaráðuneytinu og mun það e.t.v. verða tilefni breytingartillögu við síðari umfjöllun um frumvarpið.

Eftir að innheimta vöruþróunargjalds og iðnaðarmálagjalds félli niður fengju Vöruþróunar- og markaðssjóður, sem og samtök fyrirtækja í iðnaði, einungis þær tekjur sem eignir þeirra og tekjustofnar samkvæmt frumvarpi þessu gæfu af sér. Um leið er gert ráð fyrir að úr skattheimtu á iðnfyrirtæki dragi.

Þótt áætlað sé að eignirnar samkvæmt frumvarpi þessu eigi að geta gefið talsverðan arð er ljóst að svo verður ekki í upphafi og því yrði tekjulækkun bæði hjá samtökunum og eins hjá Vöruþróunar- og markaðssjóði miðað við núverandi skipan mála. Því er lagt til að á aðlögunartíma verði innheimt vöruþróunargjald í stað iðnlánasjóðsgjalds af sama stofni og lagt er til í fyrrnefndu frumvarpi að iðnaðarmálagjald reiknist af, en að gjöldin verði í upphafi lægri en núverandi skattheimta gefur af sér og að þau fari síðan stiglækkandi þar til þau falli með öllu úr gildi frá og með árinu 1998.

Í 2 mgr. er að finna takmörkun á hverju sjóðurinn má verja árlega til að veita styrktarframlög og afskrifa útistandandi lán vegna misheppnaðra aðgerða. Um þetta eru nú fyrirmæli í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 76/1987.

Áður hefur verið vikið að 3. mgr., en þar er að finna takmarkanir á því hvað verja má að hætti 2. mgr. ef sjóðurinn hefur verið verið rekinn með halla þannig að gengið hafi á eigið fé hans.

Í 4. mgr. er ákvæði um hvernig með skuli fara ef vöruþróunar- og markaðsdeild verður lögð niður af einhverjum ástæðum.

Um 9. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt eignarhaldsfélag samtaka fyrirtækja í iðnaði er nefnist Iðnaðarsjóður. Samkvæmt 1. mgr. yrði hann í eigu Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, en jafnframt gætu ný heildarsamtök komið í þeirra stað, sbr. ákvæði 20. gr., enda hafi þau samtök sambærilegan tilgang og þau félög sem nefnd eru í þessari grein.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um stofnfé Iðnaðarsjóðs sem er 40% hlutafjár í Íslenska fjárfestingarbankanum hf. eins og nánar er fjallað um í ákvæði til bráðabirgða II. Settar eru hömlur á sölu hlutabréfanna, en þó er gert ráð fyrir að slík sala geti átt sér stað enda skal þá verja söluverðinu til kaupa á öðrum eignum sem tryggja ekki síður að stofnfé sjóðsins haldist óskert og beri arð. Með því að selja af hlutabréfaeigninni og kaupa t.d. önnur markaðsverðbréf, svo sem hlutabréf í öðrum félögum fyrir andvirðið, getur sjóðurinn dreift áhættu sinni og tryggt betur reglubundna arðgjöf af eignum sínum.

Tekjum af eignum Iðnaðarsjóðs skal verja til þróunarstarfs í iðnaði á vegum samtaka fyrirtækja í iðnaði og á vegum Vöruþróunar- og markaðssjóðs. Skulu eigendur ákveða skiptingu teknanna milli samtakanna og sjóðsins, en leita skulu þeir staðfestingar ráðherra á þeirri ákvörðun.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með málefni bankans eins og annarra banka. Málefni lánasjóða iðnaðarins hafa fallið undir verksvið iðnaðarráðherra, en frumvarp um sameiningu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna liggur nú fyrir Alþingi.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um skattfrelsi Vöruþróunar- og markaðssjóðs annars vegar og Iðnaðarsjóðs hins vegar. Það leiðir af eðli þessara stofnana að þær séu undanþegnar skattskyldu til ríkis og sveitarfélaga.

Um 13. gr.

Greinin gefur ráðherra heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, en slíkar reglur yrðu settar með reglugerð.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um gildistöku og brottfall laga, en auk þess eru í kaflanum ýmis ákvæði sem hafa tímabundið gildi og missa þýðingu um leið og þau hafa komið til framkvæmda.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að lögin taki þegar gildi við birtingu þeirra. Lagt er til að stofnfundur bankans verði haldinn á árinu 1993 og að hann taki til starfa 1. janúar 1994.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um brottfall laga, en þar er er um að ræða núgildandi lög um Iðnlánasjóð sem m.a. hafa að geyma ákvæði um iðnlánasjóðsgjald. Einnig er um að ræða lög um Útflutningslánasjóð sem Iðnlánasjóður hefur nú yfirtekið og ekki er lengur þörf sérstakra laga um starfsemi hans. Þá er gert ráð fyrir að felld verði brott 4. gr. laga um Iðnþróunarsjóð sem fjallar um skipan framkvæmdastjórnar hans, en í 19. gr. er lagt til að stjórn bankans ásamt framkvæmdastjóra sjóðsins taki við hlutverki framkvæmdastjórnarinnar um leið og bankinn tekur til starfa.

Þá er gert ráð fyrir að lögin um Iðnþróunarsjóð falli úr gildi þegar sameining sjóðsins við bankann kemur til framkvæmda, sbr. 21. gr., og skal ráðherra þá auglýsa sameininguna í Stjórnartíðindum.

Loks er í 3. mgr. fjallað um greiðslustað skuldbindinga Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs eftir að þeir hafa verið sameinaðir bankanum. Þarfnast þau ákvæði ekki frekari skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutabréf í bankanum verði gefin út hálfu ári eftir stofnun hans, en þá er reiknað með að endanleg niðurstaða liggi fyrir um upphæð hlutafjárins, sbr. 20. gr.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankans.

Sú ábyrgð, sem hvílir á ríkissjóði vegna skuldbindinga Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, fylgir þeim til Íslenska fjárfestingarbankans hf. Til viðbótar er lagt til að ríkissjóður takist á hendur sams konar ábyrgð á erlendum lántökum nýja bankans í eitt ár, enda séu þær í samræmi við ákvæði lánsfjárlaga. Er hér um aðlögunartíma að ræða fyrir bankann sem tryggja þarf sér góð erlend viðskiptasambönd í upphafi rekstrar síns.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans eða Vöruþróunar- og markaðssjóðs og mun mjög draga úr heildarábyrgðum ríkissjóðs í þessu sambandi á næstu árum um leið og eldri lán Iðnlána- og Iðnþróunarsjóðs verða greidd upp.

Um 19. gr.

Lagt er til að bankinn taki við allri daglegri umsýslu Iðnþróunarsjóðs um leið og hann tekur til starfa og að það verði undanfari að fullri sameiningu hans við bankann um leið og Iðnþróunarsjóður verður að fullu í eigu ríkissjóðs. Jafnframt er lagt til að stjórn bankans myndi ásamt framkvæmdastjóra Iðnþróunarsjóðs framkvæmdastjórn sjóðsins og að núverandi skipan framkvæmdastjórnar falli niður. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. samningsins um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland skulu í framkvæmdastjórninni sitja fulltrúar íslenska bankakerfisins og það er svo nánar útfært í 4. gr. laganna um sjóðinn, nr. 9/1970, þar sem ákveðið er að fulltrúar viðskiptabanka og Iðnlánasjóðs sitji í framkvæmdastjórninni. Í 15. gr. er lagt til að 4. gr. falli brott um leið og lög þessi taka gildi.

Síðast var skipað í framkvæmdastjórn sjóðsins 29. apríl 1991 og gilti sú skipan frá aðalfundi sjóðsins 1991 til og með aðalfundi sjóðsins árið 1994.

Um 20. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um stofnendur bankans og fyrirkomulag við stofnun hans. Stofnendur eru ríkissjóður ásamt Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, en síðarnefndu aðilunum er heimilt að láta sameiginlegt félag eða samtök, sem mynduð eru með samruna þeirra og fleiri samtaka íslenskra fyrirtækja á sviði iðnaðar, taka við hlut sínum í félaginu annaðhvort við stofnun þess eða síðar. Þetta gildir einnig um hlutinn í Iðnaðarsjóði eins og áður er um getið.

Iðnlánasjóður myndar stofnframlag til bankans að frátöldum sérgreindum eignum vöruþróunar- og markaðsdeildar. Telst það hlutafé stofnenda og allt innborgað þegar bankinn tekur til starfa.

Ekki er hægt að ákveða endanlega nafnverð hlutafjárins 1. janúar 1994, þ.e. þá liggja ekki fyrir reikningar Iðnlánasjóðs. Því er lagt til að það verði í upphafi skráð sem 50% af eigin fé Iðnlánasjóðs í árslok 1992, en síðan þegar ársreikningar liggja fyrir og greitt hefur verið úr hugsanlegum ágreiningi um verðmat á eigin fé sjóðsins verði fyrri hlutafjárskráning leiðrétt og þá miðað við 75% af eigin fé sjóðsins í lok ársins 1993.

Hlutafé skiptist þannig milli stofnenda að ríkissjóður á 60% en Iðnaðarsjóður, sbr. 12. gr., á 40% hlutafjárins.

Lagt er til að kostnaður við stofnun bankans greiðist af bankanum sjálfum.

Þetta ákvæði kemur í stað stofnsamnings fyrir bankann ásamt öðrum ákvæðum laganna sem við geta átt.

Um 21. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um samruna Iðnlánasjóðs við bankann, en það skal gerast innan tveggja mánaða frá því að ríkið verður eini eigandi sjóðsins. Bankinn skal greiða fyrir Iðnlánasjóð með því að gefa út hlutabréf fyrir sem svarar til ¾ af bókfærðu eigin fé Iðnþróunarsjóðs á þeim degi sem ríkissjóður eignast hann að fullu.

Komi upp ágreiningur um verðmat á eigin fé Iðnþróunarsjóðs skal hann útkljáður af sérstakri matsnefnd.

Helmingur þeirra hlutabréfa, sem bankinn gefur út, skal afhentur ríkissjóði, en helmingurinn verður eign Vöruþróunar- og markaðssjóðs og skoðast sem viðbót við stofnfé sjóðsins. Nýtur hann arðs af þessum hlutabréfum, sbr. ákvæði 8. gr., og nýtir arðinn til starfsemi sinnar, en ekki skal beita þeim atkvæðisrétti í félaginu sem fylgir hlutabréfum sjóðsins meðan þau eru í eigu hans.

Í 4. og 5. mgr. er heimilt að selja af hlutabréfaeign sjóðsins í bankanum með staðfestingu ráðherra á slíkri ákvörðun sjóðstjórnar. Til slíkrar sölu getur komið ef stjórn sjóðsins telur t.d. æskilegt að dreifa áhættu sinni með sölu á hlutabréfum í bankanum og samsvarandi kaupum á fjölbreyttari verðbréfaeign, en við söluheimildinni eru settir varnaglar sem taldir eru upp í greininni. Stjórn sjóðsins kynni einnig að telja rétt að selja hlutabréf hans í því skyni að losa um fé sem notað yrði til útlána í atvinnulífinu með öruggum tryggingum.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að fastráðnir starfsmenn Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs færist til Íslenska fjárfestingarbankans hf. að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Í greininni er fjallað nánar um réttindi starfsmannanna, en áunnin réttindi þeirra skulu ekki skerðast við breytinguna.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að ráðherra hafi með samþykki fjármálaráðherra heimild til að selja af hlutafjáreign ríkisjóðs í bankanum eftir því sem markaðsaðstæður leyfa. Gert er ráð fyrir að hlutabréf bankans verði fljótlega skráð á Verðbréfaþingi Íslands og að markaðsverð myndist í viðskiptum með þau.

Með því að útvíkka eignaraðild að bankanum með þessum hætti er um leið verið að styrkja hann og opna möguleika á því að afla honum aukins eigin fjár með hlutafjárútboði. Sérstaklega er tekið fram að við sölu bréfanna skuli við það miðað að eignaraðild að bankanum verði sem víðtækust.

Um 24. gr.

Starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs hefur verið fjármögnuð með tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi sem nú er 0,18% af aðstöðugjaldsstofni. Við hlutverki deildarinnar tekur Vöruþróunar- og markaðssjóður samkvæmt frumvarpinu og eru honum markaðir sérstakir tekjustofnar, sbr. 8. og 10. gr. frumvarpsins.

Mestur hluti væntanlegra tekna sjóðsins verður arður af hlutabréfum í bankanum eða arðberandi eignum sem keyptar verða í þeirra stað. Arður af þessum eignum mun fyrst um sinn ekki skila sjóðnum nægilegum tekjum til þess að tryggja órofið framhald þeirrar starfsemi sem hér um ræðir. Því er talið nauðsynlegt að leggja á tímabundið vöruþróunargjald á allan iðnað í landinu sem innheimt verði árunum 1994–1997, sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að gjaldið verði í upphafi 0,12% af gjaldstofni iðnaðarmálagjalds sem í stað aðstöðugjaldsstofns verður velta, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Áætlað er að tekjur Vöruþróunar- og markaðssjóðs af vöruþróunargjaldi verði um það bil 25% minni en verið hefði með óbreyttri álagningu iðnlánasjóðsgjalds, en hún nam samtals um 148 milljónum króna á árinu 1992. Gjaldið fer síðan stiglækkandi ár frá ári og verður síðast lagt á árið 1997 á gjaldstofn ársins 1996.

1151. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1990.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að ríkisreikningur fyrir árið 1990 verði samþykktur eins og hann liggur fyrir.

Alþingi, 6. maí 1993.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.	Gunnlaugur Stefánsson.
Guðmundur Bjarnason.	Jón Kristjánsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.
Guðrún Helgadóttir.		Margrét Frímannsdóttir.

1152. Nefndarálit [351. mál]

um till. til þál. um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og stuðst við umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun landbún-

aðarins, Veiðimálastofnuninni að Hólum, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Nefndin hafði jafnframt til hliðsjónar þingsályktunartillögu um ráðstafanir til að efla fiskeldi, 513. mál þingsins, og taldi rétt að fella inn í tillögugrein þessa máls þann þátt þeirrar tillögu sem lýtur að nýtingu fiskeldismannvirkja í eigu ríkisins. Að öðru leyti telur nefndin að þau sértæku atriði, sem talin eru upp í þeirri tillögu, falli undir þá almennu þróunaráætlun sem er meginefni breytingartillögu nefndarinnar.

Nefndin var sammála um að áætlun um rannsóknir og þróun fiskeldis þyrfti m.a. að fela í sér hugmyndir um lækkun á rekstrarkostnaði fiskeldis, einkum hvernig unnt yrði að lækka orkuverð með atbeina hins opinbera. Jafnframt þyrfti í þróunaráætlun fyrir greinina að benda á leiðir til að tryggja að fiskeldisfyrirtæki hafi sambærilega möguleika til að útvega rekstrarfjármagn og önnur fyrirtæki í útflutningi.

Alþingi, 4. maí 1993.

Egill Jónsson, form.	Árni R. Árnason.	Össur Skarphéðinsson, frsm.
Einar K. Guðfinnsson.	Kristín Ásgeirsdóttir.	Eggert Haukdal.
Guðni Ágústsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Ragnar Arnalds.

1153. Breytingartillaga [351. mál]

við till. til þál. um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við fyrri málsgrein tillgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sérstaklega verði kannað hvernig unnt sé að nýta sem best þau fiskeldismannvirki sem nú þegar hafa verið byggð.

1154. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um íbúðaverð á landsbyggðinni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 5. maí 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.	Guðjón Guðmundsson, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Eggert Haukdal.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Jón Kristjánsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1155. Tillaga til þingsályktunar [589. mál]

um sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd þingsins að tryggja að sjónvarps- og útvarpssendingar frá fundum Alþingis nái til landsins alls eigi síðar en við upphaf nýs þings í haust.

Greinargerð.

Fyrir rúmu ári hóf sjónvarpsstöðin Sýn útsendingar frá fundum Alþingis. Er það mál manna að þær útsendingar hafi vakið mikla athygli. Hins vegar er sá galli á að útsendingarnar ná aðeins til suðvesturhorns landsins og íbúar allrar landsbyggðarinnar eiga þess ekki kost að fylgjast með þessum útsendingum.

Þegar samningar voru gerðar milli stjórnar þingsins og sjónvarpsstöðvarinnar 8. apríl var gert ráð fyrir að unnið yrði að stækkun dreifingarsvæðis Sýnar en lítið virðist hafa gerst í þeim málum. Við slíkt verður ekki unað öllu lengur og fullkomlega eðlilegt að gera nú sérstakt átak til þess að koma útsendingum frá þingfundum til allra landsmanna.

Með þessari tillögu er forsætisnefnd þingsins falið að tryggja með öllum ráðum að það markmið náist að útsendingar sjónvarps og útvarps frá þingfundum nái til landsins alls ekki síðar en næsta haust. Mikilsvert er að Ríkisútvarpið, Póstur og sími og sjónvarpsstöðin SÝN verði höfð með í ráðum og ráðherrar fylgi málinu eftir í samvinnu við stjórn þingsins.

1156. Skýrsla [590. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1992 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðabirgðatölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur 1992:		
1. Bensíngjald	4.000	3.993
2. Þungaskattur, km-gjald	1.355	514
3. Þungaskattur, árgjald	475	1.223
	5.830	5.730
1.2. Fært í ríkissjóð	-265	-165
Samtals vegáætlun	5.565	5.565

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt vegáætlun.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands voru nýskráðar fólksbifreiðir og hópferðabifreiðir 7.261 á árinu 1992 á móti 9.441 árið áður (fækkun 23,1%). Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.406, en voru 2.502 árið áður (fækkun 43,8%).

Samdráttur hefur orðið á innflutningi bifreiða frá fyrra ári en þá hafði hann aukist mikið eftir tveggja ára lægð.

	Bifreiða-eign 31.12.90	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.91	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.92
Fólksbifreiðir	121.059	0,98	122.251	-0,63	121.469
Vöru-/sendibifreiðir	13.122	11,44	14.623	0,63	14.714
Alls	134.181	2,01	136.874	-0,49	136.197

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu 1992 varð 179,1 m.ltr og var söluaukningin um 2,1% frá fyrra ári.

Í febrúar 1991 var hafin sala á 95 oct. blýlausu bensíni og hafði það í árslok 1992 náð yfir 27% hlutdeild í heildarbensínsölunni. Tekur það einkum sölu frá 98 oct. superbensíni.

Bensíngjald var í ársbyrjun 23,82 kr/ltr, en á árinu urðu eftirtaldar hækkanir á því:

Dagsetning	Bensíngjald kr/ltr	Hækkun %	Byggingar vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/ltr
1. janúar 1992	23,82	2.02	187,4	24,99

Enn er við lýði sá afsláttur sem ákveðinn var 1989 af bensíngjaldi af blýlausu bensíni, en hann nemur 8,5%. Með tilkomu blýlausa 95 oct. bensínsins hefur hlutdeild þess bensíns, sem fullt bensíngjald er lagt á, minnkað stórlega og um áramótin 1992/1993 var hlutdeild blýlauss bensíns komið upp í 79,9% af sölunni. Afsláttur þessi nemur á einu ári um 280 m.kr. miðað við selt magn 1992 og gjaldskrá frá 1. janúar 1992 til ársloka.

Verð á blýlausu 92 oct. bensíni lækkaði í ársbyrjun úr 59,40 kr/ltr í 57,50 kr/ltr, en hækkaði síðan aftur á síðari hluta ársins og var verðið komið í 60,40 kr/ltr í desember.

Ár	Bensínsala m.ltr	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct	95 oct	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1982	126,9	1353	13,8			3.06	
1983	124,0	1281	22.3			5,08	
1984	126.0	1267	25.8			5.72	
1985	129.6	1275	35.0			9.54	
1986	136.8	1250	25.0		27.5	9,54	
1987	155.7	1324*	33.7		35.4	12.60	
1988	164.8	1321	36.6		38.3	12.60	
1989	166.4	1336	49.9		54.1	19,39	17.74
1990	169.4	1387	56.8		62.9	20.55	18.80
1991	175.4	1436	59.4	63,3	66.4	22.25	20.35
1992	179.1	1474	60.4	63.4	67.5	23.82	21.78

* Samanburður á meðaleyðslu bensínbifreiða milli áranna 1986 og 1987 er ekki raunhæfur. Við álagningu nýs bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 að gefa mun réttari mynd, en fyrri tölur.

1.1.2 Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar 1. janúar 1992 um 2%. Hækkun þungaskatts hélst í hendur við hækkun á bensíngjaldi á árinu. Um 19% aukning varð á innheimtu fasta árgjaldsins umfram hækkanir á gjaldskrám en innheimta km-gjalds virðist hafa verið svipuð og árið áður, þegar tekið hefur verið tillit til gjaldskrárbreytinga.

Enn hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á innheimtu- og álagningarkerfi þungaskatts, sem gert var ráð fyrir við gerð vegáætlunar.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Í vegáætlun fyrir 1992 var gert ráð fyrir að 265 m.kr., skyldu renna í ríkissjóð, en í reynd var sú upphæð lægri eða 165 m.kr.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1992 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir 1992 var meðalvísitala vegagerðar árið 1992 áætluð 4740 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir verðlagshækkun upp á rúm 4% milli ára. Meðalvísitalan varð í raun aðeins 4645 þannig að verðlagshækkun milli ára varð í raun 2%.

Markaðar tekjur til vegamála árið 1992 voru áætlaðar 5.830 m.kr. Á undanförnum árum hafa markaðar tekjur farið óskiptar til vegamála en árið 1992 var áætlað að 265 m.kr. af þeim rynnu í ríkissjóð.

Fjárhagsstaða Vegagerðarinnar í árslok 1992 var góð. Munaði þar mestu um að verðbólga var minni en gert var ráð fyrir og stöðugt harðnandi samkeppni á verktakamarkaðinum leiddi til þess að kostnaður við framkvæmdir er í lágmarki. Einnig voru flestir vetrarmánuðir nokkuð snjóléttir og voru um 50 m.kr. af snjómokstursfé látnar renna til nýrra þjóðvega.

Taka vinnulána var með minnsta móti á árinu.

Heildarútgjöld til vegamála, á föstu verðlagi, voru um 1% meiri á árinu 1992 en þau voru árið áður. Kostnaður við sumarviðhald var rúmlega 6% hærri og má að hluta rekja orsökina til snjóléttra vetrarmánaða. Viðhaldsþörfin fer hins vegar stöðugt vaxandi og má reikna með því að stöðugt stærri hluti af heildarfjárveitingum fari í þjónustu og viðhald á næstu árum.

Kostnaður við vetrarþjónustu var aftur á móti í lægri kantinum þrátt fyrir aukna þjónustu í kjölfar nýrra snjómokstursreglna, sem gefnar voru út í mars 1991.

Fjármagn til nýbygginga var um 5% minna á föstu verðlagi en á árinu áður og er það að stórum hluta vegna vaxandi útgjalda til viðhalds.

Í súluritinu hér að neðan koma fram útgjöld til vegamála í m.kr. á verðlagi 1992 á árunum 1964 til 1992.



Hér að neðan má sjá útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1992. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 340 í 332 stöðugildum en voru 340 í 333 stöðugildum um áramótin 1991-1992. Af þessum 340 eru 154 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 151 stöðugildi. Stöðugildi með starfsnúmeri eru 354.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1992 var 399 en var 396 árið 1991. Heildarvinnuframlag á árinu 1992 reiknað í dagvinnustundum nam 574 mannárum og hafði hækkað úr 560 frá árinu 1991. Launagreiðslur voru 761 m.kr. á árinu 1992 og launatengd gjöld 90 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um sl. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1992

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	21	3	2	4	3	3	3	4	43
Tæknilegur undirbúningur	37	7	5	7	6	3	7	4	76
Vegaeftirlit	5	–	–	–	–	–	–	–	5
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	12	–	–	–	–	–	1	1	14
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	2	9	6	8	9	5	11	10	60
Iðnaðarmenn	3	2	9	5	2	3	4	5	33
Vélamenn	4	7	6	13	10	5	10	8	63
Verkamenn	1	7	1	5	2	5	3	0	24
Ráðskonur, matreiðslumenn	3	1	0	1	1	1	2	2	11
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun var 136 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannadeild.

Ársumferð 1992
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 103 m.kr.

Tæknisvið nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verkefna, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðna framkvæmd, sem hefur fjárveitingu í vegáætlun, er kostnaðurinn færður á verkið en ef vinnan hins vegar tengist ekki ákveðnum verkum eða verkum sem ekki hafa enn fjárveitingu á vegáætlun er hún greidd af þessum lið.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit

Fjárveiting var 37 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Heildarumferð á þjóðvegum jókst lítillega eða um 0,5% frá árinu 1991.

Breytingar á umferð eftir landshlutum voru litlar. Þó minnkaði hún aðeins á Suðurlandi og Norðurlandi vestra, en jókst annars staðar, mest á Norðurlandi eystra um rúmlega 4%.

Kortið á síðunni hér til vinstri, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1991. Niðurstöður birtast í sérstakri skýrslu. Söfnun upplýsinga um umferðarslys á þjóðvegum árið 1992 stendur yfir.

C. Skráning vega og vegalengda.

Haldið var við skrám um opinbera vegi og lengd þeirra. Taflan hér að neðan sýnir lengd vegakerfisins, 1. janúar 1993.

Kjördæmi	Stofnbrautir		Þjóðbrautir		Þjóðvegir í þéttbýli				Þjóðvegir	Sýsluv.	Alls akf. þjóðv. og sýsluv.
	Ekki akfært	Akfært	Ekki akfært	Akfært	Ekki akfært	Akfært malarslitlag	Akfært bundið slitlag	Alls akfært	Alls akfært	akfært	
	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
Reykjavík					6,08	1,80	35,39	37,19	37,19		37,19
Suðurland		553,7	2,7	1.017,4	0,07	0,16	14,53	14,69	1.585,79	662,7	2.248,49
Reykjanes	6,0	217,1		178,0	1,79	0,18	31,06	31,24	426,34	69,3	495,64
Vesturland		578,1	17,5	768,7		0,05	14,38	14,43	1.361,23	460,2	1.821,43
Vestfirðir		788,2	9,0	506,8			14,82	14,82	1.309,82	537,2	1.847,02
Norðurl.v.		401,2	14,9	660,9			14,20	14,20	1.076,30	453,8	1.530,10
Norðurl.ey.		625,2		568,5		1,33	14,69	16,02	1.209,72	450,5	1.660,22
Austurland		910,3		469,9		1,17	25,91	27,08	1.407,28	494,9	1.902,18
Samtals	6,0	4.073,8	44,1	4.170,2	7,94	4,69	164,98	169,67	8.413,67	3.128,6	11.542,27

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní-sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1992														Ársumferð				
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000	Alls	% skipting				
	Gerð slitlags	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki														Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %		
Kjördæmi		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km					
Suðurland	Malar	238	225	329	82	85	21	8	5	0	0	0	0	0	994	34,5	19,6	3,9		
	Bundið	12	10	53	58	125	95	74	57	20	45	27	8	0	585	141,7	80,4	15,8		
	Samt.	250	236	382	140	210	116	82	62	20	45	27	8	0	1.578	176,2	100,0	19,7		
Meðalt. bílar/dag		24	71	145	250	393	562	884	1.169	1.694	2.347	4.817	5.922	0	454	306				
Reykjanes	Malar	0	27	59	11	16	8	5	9	0	2	0	0	0	136	12,4	3,8	1,4		
	Bundið	0	15	16	0	19	10	14	22	16	37	40	49	23	259	313,2	96,2	35,0		
	Samt.	0	41	75	11	35	18	19	30	16	39	40	49	23	396	325,6	100,0	36,4		
Meðalt. bílar/dag		0	78	159	234	359	628	936	1.200	1.848	2.418	3.464	6.489	16.275	2.498	2.255				
Vesturland	Malar	223	268	253	124	81	51	4	5	0	0	0	0	0	1.009	35,5	31,0	4,0		
	Bundið	0	1	22	16	62	104	36	17	31	44	15	0	0	347	79,3	69,0	8,9		
	Samt.	224	269	274	140	143	156	39	22	31	44	15	0	0	1.357	114,8	100,0	12,8		
Meðalt. bílar/dag		25	72	142	240	380	597	903	1.199	1.577	2.381	3.124	0	0	369	232				
Vestfirðir	Malar	278	177	450	94	10	0	0	0	0	0	0	0	0	1.010	22,0	49,3	2,5		
	Bundið	0	8	80	131	42	7	21	6	4	6	0	0	0	304	22,6	50,7	2,5		
	Samt.	278	185	530	225	52	7	21	6	4	6	0	0	0	1.313	44,6	100,0	5,0		
Meðalt. bílar/dag		27	77	137	239	362	503	834	1.002	1.763	2.430	0	0	0	161	93				
Norðurland	Malar	356	229	77	32	58	5	9	3	0	0	0	0	0	768	20,1	28,4	2,2		
vestra	Bundið	0	0	10	10	71	23	73	105	0	0	0	0	0	292	50,6	71,6	5,7		
	Samt.	356	229	87	42	129	28	82	108	0	0	0	0	0	1.061	70,7	100,0	7,9		
Meðalt. bílar/dag		27	74	138	241	375	637	896	1.091	0	0	0	0	0	285	183				
Norðurland	Malar	141	286	183	134	95	30	15	0	0	0	0	0	0	883	34,0	34,7	3,8		
eystra	Bundið	1	6	18	22	38	81	42	56	26	5	7	0	0	302	64,1	65,3	7,2		
	Samt.	141	292	201	156	132	111	57	56	26	5	7	0	0	1.185	98,1	100,0	11,0		
Meðalt. bílar/dag		31	74	137	239	388	571	899	1.255	1.752	2.509	3.036	0	0	340	227				
Austurland	Malar	278	214	254	131	62	2	0	0	0	0	0	0	0	941	26,5	40,8	3,0		
	Bundið	7	5	64	149	149	60	5	5	0	3	0	0	0	446	38,4	59,2	4,3		
	Samt.	285	219	318	279	211	61	5	5	0	3	0	0	0	1.386	64,8	100,0	7,2		
Meðalt. bílar/dag		26	70	142	247	407	617	940	1.140	0	2.637	0	0	0	197	128				
Samtals	Malar	1.514	1.426	1.605	608	407	117	42	21	0	2	0	0	0	5.741	185,0	20,7	20,7		
	Bundið	21	45	263	386	506	381	264	267	96	138	88	57	23	2.535	709,9	79,3	79,3		
	Alls	1.534	1.471	1.867	994	913	498	306	288	96	140	88	57	23	8.276	894,8	100,0	100,0		
Meðalt. bílar/dag		27	73	141	243	388	587	897	1.158	1.700	2.392	3.788	6.427	16.275	415	293				

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkamanna, sem störfuðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, en höfðu ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði, voru áætlaðar 8,0 m.kr., en urðu ekki nema tæplega 7,0 m.kr. Tvær ekkjur þessara fyrrverandi starfsmanna létust á árinu, en enginn nýr bættist við. Alls nutu því 5 fyrrverandi verkstjórar, 15 ekkjur og 3 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 23 á móti 25 í árslok árið 1991.

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf.

Heildarlengd stofnbrauta og þjóðbrauta er hátt á níunda þúsund km (sjá töflu á bls. 12) og umferðin er á níunda hundrað milljóna ekinna km á ári og eykst stöðugt sbr. línurit hér að neðan. Þá má nefna að væntingar vegfarenda aukast og munu stöðugt vera nokkuð á undan þróuninni til bættrar þjónustu.



Í vegáætlun 1992 var fjárveiting til þjónustu og viðhalds 2.045 m.kr. Henni var skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald. (sbr. fskj. 1).

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1992.



Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1974 til 1992. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi hvers árs.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1974	7,16	8,52	1,64	19,2
1975	10,49	11,78	3,23	27,4
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1063,00	1055,30	248,20	23,5
1989	1485,00	1489,70	526,70	35,4
1990	1852,00	1800,82	611,07	33,9
1991	1878,00	1887,10	393,00	20,8
1992	2045,00	2082,76	466,81	22,4

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu milli umdæma 1992. Upphæðirnar eru í m.kr.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1992 m.kr.	Lengd akfærra vega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1992 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	253,3	1.573	161,1	176	144	225,9	143,6	128
Reykjanes	421,5	395	1.067,1	326	129	338,5	857,0	104
Vesturland	337,7	1.348	250,5	115	294	275,3	204,2	239
Vestfirðir	322,9	1.295	249,4	45	718	195,3	150,8	434
Norðurl. vestra	203,9	1.062	192,0	71	287	166,7	157,0	235
Norðurl. eystra	269,0	1.194	225,3	98	275	199,9	167,5	204
Austurland	274,3	1.382	198,5	65	422	214,2	155,0	330
Samtals/meðaltal:	2.082,8	8.249	252,5	896	232	1.616,0	195,9	180

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980 - 1992 ásamt ýmsum stærðum sem áhrif hafa á viðhaldsþörfina.

Ár	Kostnaður m.kr	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1992 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Kostnaður pr. km. á verðlagi 1992 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á öllum þjóðvegum m.km.	Kostnaður pr 100 ekna km verðl. 1992
1980	65,17	228	1.360	8.409	161.7	90.015	472	288,1
1981	95.80	351	1.299	8.411	154.4	95.606	485	267,8
1982	181,00	570	1.511	8.306	181.9	100.936	500	302,2
1983	288,20	1064	1.289	8.277	155.7	100.459	485	265.7
1984	399,90	1198	1.588	8.268	192.1	108.254	524	303,1
1985	548,40	1595	1.636	8.222	199.0	113.202	586	279,2
1986	597,90	1825	1.559	8.231	189.4	117.117	606	257,2
1987	767,50	2285	1.598	8.265	193.4	125.950	726	220,1
1988	807,10	2890	1.329	8.269	160.7	133.148	774	171.7
1989	963,00	3538	1.295	8.256	156.9	138.602	795	162,9
1990	1.189,75	4375	1.294	8.254	156.8	137.778	807	160,3
1991	1.494,10	4673	1.521	8.249	184.4	134.181	889	171,1
1992	1.615,95	4758	1.616	8.249	195.9	136.874	896	180,4

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá 1964.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnbrauta og þjóðbrauta á hverja 100 ekna km á verðlagi 1992, samanber síðasta dálk töflunnar neðst á bls. 15.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu afmarkast af þeirri viðhalds- og viðgerðavinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru um greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 706 m.kr. og var skipt í fjóra megin flokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til þjónustu malarvega, til þjónustu vega með bundnu slitlagi og til þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessarra verkefna var 250 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og leiðurum, hreinsun vegsvæða og áningastaða meðfram vegum, upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars sem auðveldar umferðinni að komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Malarvegir

Fjárveiting til þjónustu malarvega var 278 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verkefni eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1992 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km					Malarvegir (km)	
Umdæmi	Klór-kalsíum	Úrgangs-salt	Nýtt salt	Sjór	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	-	219	200	-	419	201	119
Reykjanes	27	-	52	-	79	51	40
Vesturland	4	278	112	1.004	1.398	265	141
Vestfirðir	-	-	79	470	549	104	10
Norðurland vestra	15	113	105	3	236	107	75
Norðurland eystra	-	15	378	28	421	274	140
Austurland	19	130	305	228	682	195	64
Samtals	65	755	1.231	1.733	3.784	1.197	589

2.2.1.3. Vegir með bundnu slitlagi

Fjárveiting til þjónustu vega með bundnu slitlagi var 150 m.kr. og var varið til að greiða kostnað við yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringu á öxlum og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundnum slitlögum.

2.2.1.4. Brýr

Fjárveiting til þjónustu brúa var 28 m.kr. Henni var varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Frá áramótum til vors var óvenju snjólétt á öllu landinu. Haustið var einnig nokkuð snjólétt en illviðrasamt. Varð því kostnaður fremur hár seinni hluta ársins eins og sést á meðf. töflu. Á Vestfjörðum var þó talsverður snjór enda var þar varið um 27 % af allri fjárhæðinni, sem varið var til snjómoksturs á landinu. Fjárveiting var 490 m.kr. og innstæða frá fyrra ári 80,3 m.kr. Vegna hins hagstæða tíðarfars ákvað Alþingi að færa 50 m.kr. til nýbygginga vega. Til ráðstöfunar voru 520,3 m.kr. Kostnaður varð 466,3 m.kr. og rekstrarafgangur því um 54 m.kr.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1983 - 1992. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1992.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1983	1083	408,7	208,9	617,6
1984	1219	480,1	149,1	629,2
1985	1603	155,4	139,6	295,0
1986	1885	227,0	189,2	416,2
1987	2358	160,8	133,3	294,2
1988	2997	282,0	122,6	404,6
1989	3710	539,3	154,2	693,5
1990	4483	489,7	158,4	648,1
1991	4793	236,9	163,8	400,6
1992	4885	279,8	186,5	466,3
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				488,8

Hér að neðan má sjá heildarkostnaðinn við vetrarþjónustu á árunum 1964 - 1992 í súluriti. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1992.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1992.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.	Álag v/fasts kostnaðar %	Kostn. á km m.ál. þús.kr.
Hellisheiði: Rvk-Hverag. og Þrengslav.	52	19,2	369	35	498
Holtavörðuheiði	38	6,5	171	45	248
Fróðárheiði	13	4,2	323	45	468
Miklidalur og Hálfdán	29	9,2	317	35	428
Breiðadalsheiði	16	9,3	581	35	785
Botnsheiði	17	9,5	559	35	754
Steingrímsfjarðarheiði	47	7,0	149	35	201
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	31	4,2	135	50	203
Öxnadalsheiði	27	5,8	215	45	311
Dalvík - Ólafsfjörður	18	2,4	133	45	193
Fjarðarheiði	25	4,0	160	45	232
Oddsskarð	22	4,9	223	45	323

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1992. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar												
	Hlutfall af 365 dögum												
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði			2								1	5	8	2,2	83
Svínadalur												3	3	0,8	40
Kletthás	31	29	31	27	4						9	31	162	44,4	11
Hálfdán	5	8	6		1						4	7	31	8,5	80
Dynjandisheiði	31	29	31	29	11						15	31	177	48,5	15
Hrafnseyrarheiði	20	29	31	30	4						16	31	161	44,1	29
Breiðadalsheiði	6	15	14	9	1						5	18	68	18,6	130
Botnsheiði	4	12	12	5							4	17	54	14,8	126
Steingrímsfjarðarheiði	3	8	19	11							5	11	57	15,6	74
Holtavörðuheiði												1	1	0,3	33
Vatnsskarð, nyrðra											1	7	8	2,2	31
Siglufjv:Fljót-Siglufj.												7	7	1,9	44
Lágheiði	12	5	18	12	2					2	15	31	97	26,6	22
Öxnadalsheiði												4	4	1,1	74
Ólafsfjarðarmúli												4	4	1,1	67
Hólssandur	18	29	31	30	30	1					27	31	197	54,0	18
Öxarfjarðarheiði	18	29	31	30	31	5					27	31	202	55,3	18
Sandvíkurheiði												2	2	0,5	12
Vopnafjarðarheiði	14		5	3	1						1	21	45	12,3	24
Möðrudalsöræfi	11	3	28	6							6	26	80	21,9	27
Hellisheiði eystri	18	16	31	30	24	1				3	7	26	156	42,7	11
Vatnsskarð eystra	4	6	5	6	3						1	11	36	9,9	28
Fjarðarheiði	1	1	3	2							1	5	13	3,6	92
Oddsskarð	1	3		2							2	3	11	3,0	102
Breiðdalsheiði		11	4	6							1	11	33	9,0	8

2.2.3. Viðhald

Heildarfjárveiting til viðhalds var 899 m.kr.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til þessa verks hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til þess að komast áfram með bundið slitlag, hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlag.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta verið greitt af viðhaldsfé. Árangurinn af þessu er sá, að verulega hefur dregið úr sérstökum takmörkunum öxulþunga á aðalvegum á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun hvað varðar gerð bundins slitlags. Alls er bundið slitlag komið á 2.517 km eða 31% þjóðvega, og fer nú um 79% af öllum akstri á þjóðvegum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi, sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar feril, öryggi og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1992 voru 162 km þjóðvega lagðir bundnu slitlagi. Þó þessi lengd sé minni en á árunum 1985 til 1988 er um verulega aukningu að ræða frá árinu 1991. Stólpa- og línuritið hér á eftir sýnir lengd bundinna slitlaga sem bættst hafa við á þjóðvegakerfinu á síðustu árum og þróun í heildarlengd bundinna slitlaga.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður skiptist á ýmsa liði viðhaldsins og á kjördæmi samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Kjördæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginleg	0	0	0	1.595	1.595
Suðurland	63.663	16.075	14.268	14.366	108.372
Reykjanes	173.701	6.949	33.766	1.635	216.051
Vesturland	59.728	23.808	42.188	9.227	134.952
Vestfirðir	19.676	15.742	35.322	1.082	71.822
Norðurland vestra	33.627	13.197	23.223	4.897	74.944
Norðurland eystra	31.198	42.602	2.224	1.157	77.181
Austurland	31.052	22.269	22.773	19.490	95.584
Samtals	412.645	140.642	173.764	53.449	780.501

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 320 m.kr. Lagðir voru 306 km af bundnu slitlagi sem skiptist á tegundir og umdæmi eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Klæðing		Fræsing og klæðing		Malbik		Steypa		Annað		Alls	
Umdæmi	km	þ.m³	km	þ.m³	km	þ.m³	km	þ.m³	km	þ.m³	km	þ.m³
Suðurland	65,9	393	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	65,9	393
Reykjanes	43,8	287	0,0	0	33,1	171	0,7	3	1,6	11	79,2	472
Vesturland	43,8	275	6,7	46	0,0	0	0,0	0	0,0	0	50,5	321
Vestfirðir	20,5	104	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,6	3	21,1	106
Norðurland vestra	35,4	196	2,7	0	0,0	0	0,0	0	0,3	2	38,4	198
Norðurland eystra	16,4	96	0,0	0	0,0	0	0,0	0	7,6	34	24,0	130
Austurland	27,4	147	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	27,4	147
Samtals	253,2	1.498	9,4	46	33,1	171	0,7	3	10,0	50	306,4	1767

Inni í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar

Lengd bundinna slitlaga í mismunandi umferðarflokkum kemur fram í töflu á bls. 12.

Nú er mjög mikið af bundnum slitlögum að komast í það ástand að fyrsta yfirlögn er óumflýjanleg. Framkvæmdir á þessu sviði fara því ört vaxandi. Til þess að varðveita þau miklu verðmæti sem eru í bundnum slitlögum er nauðsynlegt að halda þeim lokuðum með viðgerðum og yfirlögnum. Þetta verkefni hefur því fengið forgang umfram ýmsar endurbætur. Eins og kemur fram í töflunni í kafla 2.2.3. hefur mun meira fé runnið til þess en vegáætlun gerði ráð fyrir. Vegna takmarkaðs fjármagns hafa því ýmsar knýjandi viðhaldsaðgerðir svo sem breikkanir, afréttingar og hjólfarafyllingar setið á hakanum.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting var 152 m.kr. Lagðir voru 427 km af malarslitlagi.

Í töflu hér fyrir neðan kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni				Unnið efni				Mölburður alls			
				Meðal þykkt				Meðal þykkt				Meðal þykkt
Umdæmi	km	m³	m³/m	cm	km	m³	m³/m	cm	km	m³	m³/m	cm
Suðurland	0	0		0	31	15.200	0,49	9	31	15.200	0,49	9
Reykjanes	0	0		0	34	13.385	0,40	10	34	13.385	0,40	10
Vesturland	33	33.485	1,00	24	64	16.480	0,26	5	97	49.965	0,52	13
Vestfirðir	6	4.800	0,75	19	32	10.460	0,33	7	38	15.260	0,40	9
Norðurland vestra	6	2.100	0,35	10	29	10.100	0,35	7	35	12.200	0,35	9
Norðurland eystra	0	0		0	58	16.524	0,28	5-7	58	16.524	0,28	5-7
Austurland	82	21.674	0,26	6	52	13.180	0,26	5	134	34.854	0,26	5
Samtals	128	62.059	2,37		299	95.329	2,36		427	157.388	2,70	

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1992 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Fyrir malarslitlög þús. m³				Fyrir bundin slitlög þús. m³			Fyrir burðalög og jöfnunarlög þús. m³					Samt. þús. m³
Umdæmi	16 mm	19 mm	25 mm	Samt.	16 mm	19 mm	Samt.	16 mm	19 mm	25 mm	>25 mm	Samt.	
Suðurland	–	0	18,6	18,6	–	11,5	11,5	–	–	51,0	–	51,0	81,1
Reykjanes	–	6,3	–	6,3	–	–	0,0	–	–	–	–	–	6,3
Vesturland	3,8	7,7	–	11,5	3,2	10,1	13,3	–	–	17,9	–	17,8	42,6
Vestfirðir	–	5,7	–	8,7	–	8,8	8,8	–	–	14,8	–	14,8	32,3
Norðurl. v.	–	26,5	–	26,5	1,0	14,2	15,2	–	–	5,6	9,1	14,8	56,5
Norðurl. ey.	–	0,0	24,4	24,4	1,9	7,6	9,5	1,0	–	11,4	14,2	26,6	60,5
Austurland	14,2	3,5	–	17,7	14,9	3,1	18,0	–	1,0	45,7	–	46,7	82,5
Samtals	18,0	49,7	46,0	113,7	21,0	55,3	76,3	1,0	1,0	146,4	23,3	171,7	361,8

Hér er aðeins talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 140 m.kr. Af hagkvæmnisástæðum var mestum hluta þessa fjár varið til tiltölulega stórra og skipulagðra verkefna. Þannig hefur verið leitast við að komast hjá vorviðgerðum. Til þess að komast hjá vorskemmdum hefur verið lögð áhersla á að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krefur. Kortið á bls. 23 sýnir takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu.


Takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1992.
30 d. oj.
5 d. 7 t.
23 d. oj.
3 d. 7 t.
40 d. 7 t.
28 d. 7 t.
30 d. 7 t.
24 d. oj.
17 d. 7 t.
33 d. oj.
5 d. 5 t.
12 d. 5 t.
5 d. 5 t.
18 d. 7 t.
12 d. oj.
26 d. 7 t.
24 d. 7 t.
21 d. 7 t.
12 d. vl.
45 d. oj.
9 d. 7 t.
15 d. 7 t.
24 d. vl.
16 d. 5 t.
15 d. oj.
4 d. vl.
35 d. oj.
5 d. 7 t.
7 d. oj t.
33 d. 7 t.
23 d. 7 t.
21 d. 7 t.
26 d. 7 t.
12 d. 7 t.
27 d. oj.
5 d. 5 t.
4 d. 7 t.
22 d. 7 t.
26 d. 7 t.
42 d. 7 t.
28 d. 7 t.
42 d. vl.
6 d. 5 t.
56 d. 7 t.
3 d. oj.
8 d. 5 t.
42 d. 7 t.
15 d. 7 t.
42 d. vl.
14 d. 7 t.
31 d. 5 t.
9 d. 7 t.
5 d. oj
27 d. 5 t.
15 d. 7 t.
34 d. 7 t.
34 d. 7 t.
27 d. 7 t.
33 d. 7 t.
7 d. vl.
15 d. oj.
22 d. 7 t.
20 d. 7 t.
49 d. 7 t.
22 d. 7 t.
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum (v.l. eða o.j.)
5 tonna öxulþungi (5 t.)
7 tonna öxulþungi (7 t.)

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 78 m.kr. Um 15 m.kr. var varið til endurnýjunar gólfs á Ölfusá á Suðurlandsvegi um Selfoss en verulegur hluti þess verks var greiddur af sérstakri fjárveitingu til stofnbrauta. Þá var lokið viðhaldsaðgerð á Þjórsá á Suðurlandsvegi þar sem öryggi brúarinnar gagnvart jarðskjálftum var jafnframt aukið. Auk þess var unnin fjöldi smærri verka.

2.2.3.5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 78 m.kr.

Um 29 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum, en reynslan sýnir að þar eru hættulegar aðstæður. Alls tóku þessar aðgerðir til meira en 50 brúa. Þar af voru nokkrar rifnar og endurnýjaðar með röraræsum með fullri vegbreidd.

Til annarra öryggisaðgerða var varið 12 m.kr. og voru nokkrir hættulegir staðir lagfærðir m.a. með uppsetningu leiðara.

Til vegmerkinga var varið 38 m.kr. Auk hefðbundins viðhalds umferðarmerkja var lokið við fyrri áfanga af merkingu hringvegarins sem aðalbrautar. Einnig var lokið endurnýjun leiðamerkjakerfisins sem hófst 1991.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting var 72 m.kr. Í óveðri snemma á árinu urðu nokkrar vatnaskemmdir einkum á austanverðu landinu. Annars var árið hagstætt hvað snertir slík áföll og fjárveitingin reyndist því rífleg.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Ríkissjóður þurfti ekki að afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1992. Markaðar tekjur voru við það miðaðar, að þær stæðu ekki einungis undir öllum útgjöldum samkvæmt vegáætlun, heldur skiluðu um 265 m.kr. til annarra þarfa ríkissjóðs.

Þann 19. ágúst tók Vegagerðin lán hjá eigendum Smárahvamms í Kópavogi að upphæð 10,4 m.kr. til kaupa á landi undir Arnarnesveg. Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu og endurgreiðist á árunum 1993-1995 með almennum skuldabréfavöxtum.

Þann 15. maí 1991 tók áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 49,2 m.kr. til brúargerðar á Markarfljót. Lán þetta er bundið gengi Bandaríkjadollars og skal endurgreiðast á árunum 1992-1994 af framlögum í vegáætlun til framkvæmda á Suðurlandi. Á árinu 1992 námu vaxtagreiðslur af láni þessu 2,7 m.kr. og afborgun gengisuppfærð 16,3 m.kr. Eftirstöðvar lánsins í árslok gengisuppfærðar námu 35,5 m.kr.

Á árinu 1987 tók áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 18 m.kr. til að endurgreiða lán, sem Bæjarsjóður Akureyrar tók árið 1981 vegna brúargerðar á Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, en brú þessi kom að miklum notum við lagningu hitaveitunnar á sínum tíma. Lán þetta var bundið lánskjaravísitölu og var endurgreitt að fullu á árinu 1992. Síðasta afborgun þess nam 10,9 m.kr. og vextir námu 0,9 m.kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Eftir venju voru tekin nokkur bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Sökum góðrar fjárhagsstöðu í lok ársins þurfti þó að taka mun minni bráðabirgðalán en horfur voru á í upphafi framkvæmdatímabils. Voru þau lán, sem tekin voru, að mestu leyti í formi vinnulána frá verktökum eða 93,5 m.kr., en bæjar- og sveitarfélög lánuðu 39,9 m.kr. Þar af endurlánuðu þau 31,6 m.kr. Engin bankalán þurfti að taka að þessu sinni.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 107,7 m.kr. Þar af fóru 7,8 m.kr. til vega í Reykjaneskjördæmi og 10,9 m.kr. til vega í Vesturlandskjördæmi. Til jarðgangagerðar á Vestfjörðum fóru tæpar 49 m.kr. og til Norðurlandsvegar í Öxnadal og á Öxnadalsheiði fóru um 40 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 25,7 m.kr. og var þar eingöngu um að ræða endurlán sveitarfélagsins til Þykkvabæjarvegar. Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 133,4 m.kr. á móti 164,5 m.kr. í árslok 1991 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1992 m.kr.	Árslok 1991 m.kr.
Til stofnbrauta	107,7	139,1
Til þjóðbrauta	25,7	24,0
Til sýsluvega o.fl.	0,0	1,4
Samtals	133,4	164,5

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda

Engin önnur utanaðkomandi lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1992 en að framan greinir.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 2.587 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 2.279 m.kr., til þjóðbrauta 282 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 26 m.kr.

Í súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnbrauta, þjóðbrauta og fjallvega á árunum 1964 til 1992. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1992.



2.3.1. Stofnbrautir

2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum voru 902 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Sérstök verkefni

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru 353 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu voru 417 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þess hluta fjárins sem var í umsjá Vegagerðarinnar kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna á stofnbrautum voru 607 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Þjóðbrautir

Fjárveitingar til þjóðbrauta voru 243 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla

Fjárveiting var 26 m.kr. og var 17 m.kr. varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar og 9 m.kr. til uppgræðslu.

Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir 1992 og stöðu mála á þessum sviðum.

Umdæmi	Framkvæmdir 1992 Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 1993 ha.
Suðurland	65	86	151	120
Reykjanes	23	40	63	55
Vesturland	84	46	130	267
Vestfirðir	25	152	177	114
Norðurland vestra	23	63	86	292
Norðurland eystra	97	10	107	656
Austurland	29	35	63	741
Samtals	346	432	777	2.245

Umdæmi	Óafgreitt 1.1.'92 Girðingar km	Ristar stk.	Afgreitt 1992 Girðingar km	Ristar stk.	Nýjar kröfur Girðingar km	Ristar stk.	Óafgreitt 1.1.'93 Girðingar km	Ristar stk.
Suðurland	69,0	2	11,0	0	2,0	0	60,0	2
Reykjanes	28,2	1	0,0	1	0,0	0	28,2	0
Vesturland	104,8	2	9,4	2	3,9	2	99,3	2
Vestfirðir	9,3	5	0,6	0	0,0	0	8,7	5
Norðurland vestra	90,6	7	24,2	0	4,8	0	71,0	7
Norðurland eystra	199,3	13	20,4	0	2,5	1	148,9	7
Austurland	59,0	4	11,4	0	3,7	0	51,4	4
Samtals	560,2	34	77,0	3	16,9	3	467,5	27

2.4. BRÝR

2.4.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 152 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti en gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í köflum 2.5.1., 2.6. og í fskj.2.

Heiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting 1992
Eyjafjarðará (823), Miðbraut	13	13
Leirá og Jökulkvísl (Álftaversafréttur)	4	4
Reyðarvatnslækur (264), Rangárvallavegur	4	4
Kolbeinsdalsá (76), Siglufjarðarvegur	22	22
Gljúfurá (83), Grenivíkurvegur	13	13
Fjallsá (1), Öræfum	64	64
Fjarðará (þjóðv. í þéttbýli),	32	32
	152	152

2.4.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 13 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Heiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting 1992
Sleggjubeina, Útnesvegur (574)	1,5	1,5
Kolbeinsvíkurá, Strandavegur (643)	1,4	1,4
Látragil, Örlygshafnarvegur (612)	1,7	1,7
Bergá, Víðidalstunguheiði (fjallvegur)	1,0	1,0
Gilkotslækur, Skagafjarðarvegur (752)	1,4	1,4
Laxá hjá Birningsst. Laxárdalsvegur (856)	1,5	1,5
Torfá, Út-Kinnarvegur (851)	1,5	1,5
Garðá á Jökuldal (1)	1,0	1,0
Gautavíkurá innri, Berufirði (1)	1,0	1,0
Kambá (Svíná) (1)	1,0	1,0
	13,0	13,0

2.5. FJALLVEGIR O.FL.

2.5.1. Aðalfjallvegir

Fjárveiting á þessum lið var 24 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni verður gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárveiting 1992 í þús.kr.
F-22 Fjallabaksleið nyrðri	2.100
F-28 Sprengisandsleið	1.600
F-35 Kaldadalsleið	1.200
F-37 Kjalvegur	11.500
F-72 Skagafjarðarleið	700
F-82 Eyjafjarðarleið	1.200
F-98 Gæsavatnaleið	6.000
Óskipt	2.700
Innistæða hjá þjóðgarðavegum	-3.000
	24.000

2.5.2. Aðrir fjallvegir

Fjárveiting til annarra fjallvega var 11 m.kr. og henni skipt eins og hér greinir:

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
1.	Vegur að Laka	Suðurland	450	
2.	Fjallabaksleið syðri	—	150	
3.	Afréttarvegur Hörgslandshreppi	—	20	
4.	Afréttarvegur Kirkjubæjarhreppi	—	20	
5.	Afréttarvegur Mýrdalshreppi	—	100	
6.	Afréttarvegur Álftavershreppi	—	20	
7.	Vegur á Fimmvörðuháls	—	100	
8.	Fjallabaksleið syðri	—	150	
9.	Emstruleið	—	150	
10.	Tindafjallavegur	—	150	
11.	Afréttarvegur Vestur-Eyjafjalla	—	20	
12.	Vegir í Þjórsárdal	—	30	
13.	Vegur á Haukadalsheiði	—	200	
14.	Vegur í Kerlingarfjöll	—	50	
15.	Hlöðuvallavegur	—	100	
16.	Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	20	
17.	Afréttarvegur Gnúpverja	—	30	
18.	Afréttarvegur Hrunamanna	—	30	
				1.790
19.	Vegur að Djúpavatni og Vígdísarvöllum	Reykjanes	100	
20.	Vegur að Reykjanesvita	—	100	
21.	Vegur að skíðaskála í Hamragili	—	60	
22.	Vegur að skíðaskála í Skálafelli	—	60	
23.	Vegur að Fossárdal	—	40	
				360
24.	Vegur að Surtshelli	Vesturland	200	
25.	Bílastæði við Barnafossa	—	22	
26.	Vegur fram Fljótstunguheiði	—	200	
27.	Vegur að Langavatni	—	200	
28.	Vegur um Grenjadal	—	35	
29.	Vegur að Hítarvatni	—	100	
30.	Vegur um Þverárdal	—	3	
31.	Viðhald fjallvega á Snæfellsnesi	—	300	
32.	Vegur um Reykjadal og Austurárdal	—	48	
33.	Vegur á Ljárskógafjall	—	20	
34.	Vegur um Brekknadal	—	29	
35.	Vegur á Svínafell	—	14	
36.	Vegur um Sópandaskarð	—	39	
37.	Viðhald fjallvega í Dalasýslu	—	50	
				1.260
38.	Vegur í Nesdal	Vestfirðir	6	
39.	Vegur úr Dýrafjarðarbotni	—	300	
40.	Kollafjarðarheiði	—	30	
41.	Skálavíkurvegur	—	94	
42.	Vegur að skíðaskála á Ísafirði	—	100	
				530

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
43.	Víðidalstunguheiði	Norðurl.vestra	500	
44.	Sauðadalsvegur	—	100	
45.	Langavatnsvegur á Skaga	—	100	
46.	Ýmsir vegir í Húnavatnssýslu	—	100	
47.	Siglufjarðarskarð	—	200	
48.	Lambahraun	—	200	
49.	Skálavatnsvegur á Skaga	—	100	
50.	Ýmsir vegir í Skagafirði	—	50	
				1.350
51.	Vegur um Barkárdal	Norðurl.eystra	230	
52.	Vegur norður Látraströnd	—	40	
53.	Vegur um Flateyjardalsheiði	—	600	
54.	Vegur um Leirdalsheiði	—	60	
55.	Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	50	
56.	Vegur um Reykjaheiði og Þeistareyki	—	100	
57.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	—	300	
58.	Vegur að Dettifossi að vestan	—	150	
59.	Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu	—	100	
60.	Skoruvíkurvegur	—	100	
61.	Vegur við Hafralónsá	—	100	
62.	Vegur að Dalsheiði	—	100	
63.	Vegur að Hvammsheiði	—	50	
64.	Ýmsir fjallvegir í Norður-Þingeyjarsýslu	—	50	
				2.030
65.	Vegir í Vopnafirði	Austurland	48	
66.	Snæfellsleið	—	339	
67.	Maríutunguvegur	—	621	
68.	Vegur í Loðmundarfjörð	—	177	
69.	Afréttarvegur Jökulsárhlíð	—	162	
70.	Þórudalsheiðarvegur	—	57	
71.	Vegur í Kollumúla	—	36	
72.	Jökulvegur Smyrlabjörgum	—	700	
				2.140
73.	Ferðafélag Íslands, sæluhús		200	
74.	Ferðafélag Skagfirðinga, sæluhús		100	
75.	Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		100	
76.	Ferðafélag Húsavíkur, sæluhús		100	
77.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		100	
				600
	Óskipt			940
		Samtals		11.000

Auk þess var 4 m.kr. fjárveiting til Leirár og Jökulkvíslar á Álftaversafrétti. Byggð var 11 m löng brú á Leirá og 20 m löng brú á Jökulkvísl. Brýrnar eru stálbitabrýr með timburgólfi á steyptum undirstöðum.

2.5.3. og 4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum

Fjárveiting til þjóðgarðavega o.fl. var 15 m.kr. og fjárveiting til vega á Þingvöllum var 2 m.kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu til þjóðgarðavega o.fl. skipt eins og hér segir:

		Fjárveiting 1992 í þús.kr.
1.	Vegir að Fjallabaki	500
2.	Vegur að Laka	1.200
3.	Kjalvegur um Gullfoss (F-37)	1.500
4.	Vegur að Dyrhólaey	300
5.	Vegur af Gjábakkavegi vegna vélsleðaumferðar	150
6.	Vegur að Surtshelli	200
7.	Brú við Barnafossa	200
8.	Vegur á Látrabjarg	1.300
9.	Vegur og brú norður Hornstrandir	600
10.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	700
11.	Vegur og bílastæði Höfða, Mývatnssveit	100
12.	Vegur í Jökulsárgljúfur	5.000
13.	Vegur í Ásbyrgi	3.500
	Óskipt	-250
		15.000

2.5.5. Reiðvegir

Fjárveiting var 6 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1992 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Blakkur, Strandasýslu	200
2.	—	Dreyri, Akranesi	500
3.	—	Faxi, Borgarfirði	500
4.	—	Glaður, Dalasýslu	400
5.	—	Kinnskær, Barðastrandarsýslu	200
6.	—	Snæfellingur, Stykkishólmi	600
7.	—	Stormur, Vestfjörðum	450
8.	—	Hending, Ísafirði	450
9.	—	Skuggi, Borgarnesi	300
10.	Samstarfsnefnd hestamannafélaga í Kjalarnesþingi vegna Flóttamannavegar og reiðleiðar til Skógarhóla		2.000
11.	Hestamannafélögin Sleipnir og Smári vegna Þjórsárbakka		400
			6.000

2.6. SÝSLUVEGIR

Fjárveiting til sýsluvega í vegáætlun var 163 m.kr. og var fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1992 í þús.kr.
1.	Gullbringusýsla	647
2.	Kjósarsýsla	3.704
3.	Borgarfjarðarsýsla	5.817
4.	Mýrasýsla	6.455
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	8.086
6.	Dalasýsla	5.482
7.	Austur-Barðastrandarsýsla	2.256
8.	Vestur-Barðastrandarsýsla	3.153
9.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	3.194
10.	Norður-Ísafjarðarsýsla	2.165
11.	Strandasýsla	3.650
12.	Vestur-Húnavatnssýsla	6.530
13.	Austur-Húnavatnssýsla	6.113
14.	Skagafjarðarsýsla	10.935
15.	Eyjafjarðarsýsla	11.213
16.	Suður-Þingeyjarsýsla	10.085
17.	Norður-Þingeyjarsýsla	7.855
18.	Norður-Múlasýsla	13.268
19.	Suður-Múlasýsla	8.209
20.	Austur-Skaftafellssýsla	4.296
21.	Vestur-Skaftafellssýsla	7.731
22.	Rangárvallasýsla	13.956
23.	Árnessýsla	18.200
		163.000

Eftirfarandi tafla sýnir lengd sýsluvega 1. janúar 1993.

Umdæmi	Skv. a-c lið 19. gr. Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d-e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	Kjördæmi alls km
V.- Skaftafellssýsla			127,4	127,4	7,3	134,7	
Rangárvallasýsla			212,9	212,9	24,7	237,6	
Árnessýsla			259,0	259,0	31,4	290,4	
							662,7
Gullbringusýsla			5,8	5,8	0	5,8	
Kjósarsýsla			63,5	63,5	0	63,5	
							69,3
Borgarfjarðarsýsla	0,0	5,6	68,8	74,4	8,7	83,1	
Mýrasýsla	0,0	1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,4	74,4	13,0	87,4	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,2
A.-Barðastrandarsýsla			25,2	25,2	68,7	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla		1,0	36,9	37,9	67,8	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		10,8	22,6	33,4	77,5	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	26,0	29,6	57,7	87,3	
Strandasýsla		3,0	38,0	41,5	97,9	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,7	62,3	164,0	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla	0,2	0,1	164,8	165,1	15,6	180,7	
							453,8
Eyjafjarðarsýsla *)	0,1	1,3	120,5	121,9	21,0	142,9	
S.-Þingeyjarsýsla *)		6,6	163,6	170,2	1,8	172,0	
N.-Þingeyjarsýsla	0,8	4,3	128,5	133,6	2,0	135,6	
							450,5
N.-Múlasýsla		9,4	188,4	197,8	35,3	233,1	
S.-Múlasýsla		1,1	129,7	130,8	42,5	173,3	
A.-Skaftafellssýsla		0,8	60,7	61,5	27,0	88,5	
							494,9
	6,2	82,8	2.303,0	2.393,0	736,1	3.128,6	3.128,6

*) Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur eru hér taldir með Eyjafjarðarsýslu.

2.7. VEGIR Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1990 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 11. júní 1992:

Reykjavík og kaupstaðir	217.669
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri	18.859
Samtals	236.528
Framlag samkvæmt vegáætlun 1992	Kr. 234.000.000
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga	- 58.500.000
Til skipta 1992 eftir íbúatölu	Kr. 175.500.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{175.500.000}{236.528}$ = Kr. 741,98

	Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1992
1.	Reykjavík	99.623	73.918.675
2.	Kópavogur	16.677	12.374.068
3.	Seltjarnarnes	4.219	3.130.431
4.	Garðabær	7.195	5.338.575
5.	Hafnarfjörður	15.623	11.592.017
6.	Grindavík	2.169	1.609.363
7.	Sandgerði	1.279	948.998
8.	Keflavík	7.566	5.613.851
9.	Njarðvík	2.502	1.856.444
10.	Mosfellsbær	4.382	3.251.374
11.	Akranes	5.239	3.887.254
12.	Borgarnes	1.788	1.326.667
13.	Ólafsvík	1.179	874.799
14.	Stykkishólmur	1.221	905.963
15.	Bolungarvík	1.176	872.573
16.	Ísafjörður	3.509	2.603.622
17.	Blönduós	1.084	804.311
18.	Sauðárkrókur	2.583	1.916.545
19.	Siglufjörður	1.759	1.305.150
20.	Ólafsfjörður	1.169	867.379
21.	Dalvík	1.496	1.110.008
22.	Akureyri	14.436	10.711.281
23.	Húsavík	2.478	1.838.636
24.	Egilsstaðir	1.482	1.099.620
25.	Seyðisfjörður	919	681.883
26.	Neskaupstaður	1.681	1.247.275
27.	Eskifjörður	1.036	768.695
28.	Höfn í Hornafirði	1.717	1.273.987
29.	Vestmannaeyjar	4.933	3.660.207
30.	Selfoss	3.951	2.931.579
31.	Hveragerði	1.598	1.185.690
	Samtals	217.669	161.506.920

	Kauptún	Íbúar	Framlag 1992
1.	Gerðar	1.076	798.375
2.	Vogar, (Vatnsleysustrandarhreppur)	562	416.995
3.	Álftanes, (Bessastaðahreppur)	1.139	845.120
4.	Grundarhverfi, (Kjalarneshreppur)	212	157.301
5.	Hellissandur og Rif, (Neshreppur)	630	467.450
6.	Grundarfjörður, (Eyrarsveit)	750	556.488
7.	Búðardalur, (Laxárdalshreppur)	281	208.498
8.	Patreksfjörður	909	674.464
9.	Tálknafjörður	329	244.113
10.	Bíldudalur	354	262.662
11.	Þingeyri	424	314.601
12.	Flateyri	410	304.213
13.	Suðureyri	350	259.694
14.	Súðavík	224	166.204
15.	Hólmavík	462	342.797
16.	Hvammstangi	693	514.195
17.	Skagaströnd, (Höfðahreppur)	647	480.064
18.	Hofsós	242	179.560
19.	Hrísey	276	204.788
20.	Grenivík, (Grýtubakkahreppur)	303	224.821
21.	Reykjahlíð, (Skútustaðahreppur)	248	184.012
22.	Raufarhöfn	378	280.470
23.	Þórshöfn	416	308.665
24.	Vopnafjörður	689	511.227
25.	Fellabær, (Fellahreppur)	334	247.823
26.	Reyðarfjörður	746	553.520
27.	Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	757	561.682
28.	Stöðvarfjörður, (Stöðvarhreppur)	339	251.533
29.	Breiðdalsvík, (Breiðdalshreppur)	244	181.044
30.	Djúpivogur, (Búlandshreppur)	456	338.345
31.	Vík í Mýrdal, (Mýrdalshreppur)	332	246.339
32.	Hvolsvöllur, (Hvolhreppur)	647	480.064
33.	Hella, (Rangárvallahreppur)	575	426.641
34.	Stokkseyri	444	329.441
35.	Eyrarbakki	532	394.736
36.	Þorlákshöfn, (Ölfushreppur)	1.245	923.770
37.	Flúðir, (Hrunamannahreppur)	204	151.365
	Samtals	18.859	13.993.080

Auk þess var 32 m.kr. fjárveiting til brúar á Fjarðará á þjóðvegi í þéttbýli á Seyðisfirði. Byggð var 22 m löng steypt eftirspennt bitabrú á Fjarðará. Brúin er 12 m breið með tveimur akreinum og tveimur gangstéttum. Gamla brúin á Fjarðará, sem var rifin, var alltof mjó og hættuleg, ekki síst fyrir gangandi umferð.

2.7.1. Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1992 samkvæmt bréfi fjárveitinganefndar Alþingis

Eftirstöðvar frá 1991	Kr. 2.014.079
Framlag árið 1992	58.500.000
	Kr. 60.514.079

	Úthlutun árið 1992:	**Kr.**
1.	Kópavogur	5.000.000
2.	Keflavík	2.000.000
3.	Njarðvík	3.000.000
4.	Mosfellsbær	1.500.000
5.	Akranes	2.000.000
6.	Borgarnes	2.000.000
7.	Stykkishólmur	1.000.000
8.	Ísafjörður	4.000.000
9.	Blönduós	3.000.000
10.	Siglufjörður	500.000
1.	Gerðar, Gerðahreppur	1.500.000
2.	Hvanneyri, Andakílshreppur	1.000.000
3.	Varmaland, Stafholtstungnahreppur	1.000.000
4.	Grundarfjörður, Eyrarsveit	4.000.000
5.	Patreksfjörður	1.000.000
6.	Reykjaskóli, Staðarhreppur, Vestur-Húnavatnssýslu	1.000.000
7.	Steinsstaðaskóli, Lýtingsstaðahrepppur, Skagafirði	1.000.000
8.	Varmahlíð, Seyluhreppur	1.000.000
9.	Hólar í Hjaltadal, Hólahreppur	1.000.000
10.	Hofsós, Hofshreppur	1.000.000
11.	Grenivík, Grýtubakkahreppur	5.000.000
12.	Þórshöfn	1.500.000
13.	Vopnafjörður	1.500.000
14.	Fellabær, Fellahreppur, Norður-Múlasýslu	1.000.000
15.	Hallormsstaður, Vallahreppur, Suður-Múlasýslu	500.000
16.	Reyðarfjörður	1.000.000
17.	Fáskrúðsfjörður, Búðahreppur	5.500.000
18.	Stöðvarfjörður, Stöðvarhreppur	1.000.000
19.	Breiðdalsvík	500.000
20.	Djúpivogur, Búlandshreppur	500.000
21.	Nesjaþorp, Nesjahreppur, Austur-Skaftafellssýslu	1.000.000
22.	Stokkseyri	1.000.000
23.	Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.000.000
		Kr. 58.500.000
	Eftirstöðvar í „25% sjóði“ til 1993	Kr. 2.014.079

2.8 TILRAUNIR

Fjárveiting var 29,0 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar, sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Burðarlög, slitlög og steinefni
  - Burðarlög
  - Burðarþolshönnun
  - Eiginleikar íslensks bergs
  - Festun með bikþeytu
  - Steinefnarannsóknir
  - Steypt slitlög
  - Styrkur malbiksmassa
- Vegyfirborð og öryggisbúnaður við vegi
  - Hemlunarprófanir
  - Kantstikur
  - Runnar til snjósöfnunar
  - Upplýstar örvar
  - Vegmerkingarefni
- Brýr og steinsteypa
  - Frost-þíðu próf
  - Jarðskjálftamælingar á brúm
  - Steinsteypurannsóknir
- Jarðtækni
  - Burðarþol staura
- Ýmislegt
  - Hæðarmælingar
  - Loftþrýstingur í dekkjum
  - Rekstur röra gegnum veg

Mörg þau verkefni, sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði.

Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum til vegagerðar.

Fskj. 1

SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

		Vegáætlun 20.05.1992	Breyting 1992	Fjárveiting 1992
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**284,0**	**1,1**	**285,1**
	1. Skrifstofukostnaður	136,0	1,1	137,1
	2. Tæknilegur undirbúningur	103,0		103,0
	3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37,0		37,0
	4. Eftirlaunagreiðslur	8,0		8,0
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**706,0**		**706,0**
	1. Sameiginlegt	250,0		250,0
	2. Malarvegir	278,0		278,0
	3. Vegir með bundnu slitlagi	150,0		150,0
	4. Brýr	28,0		28,0
	2. Vetrarþjónusta	**490,0**	**-50,0**	**440,0**
	3. Viðhald	**899,0**		**899,0**
	1. Endurnýjun bundins slitlags	320,0		320,0
	2. Endurnýjun malarslitlags	152,0		152,0
	3. Styrkingar og endurbætur	198,0		198,0
	4. Viðhald brúa og varnargarða	78,0		78,0
	5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	78,0		78,0
	6. Vatnaskemmdir	73,0		73,0
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**	**2.537,0**	**50,0**	**2.587,0**
	1. Stofnbrautir			
	1. Almenn verkefni og bundin slitlög	862,0	40,0	902,0
	2. Sérstök verkefni	353,0		353,0
	3. Höfuðborgarsvæðið	417,0		417,0
	4. Stórverkefni	597,0	10,0	607,0
	2. Þjóðbrautir	282,0		282,0
	3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	0,0		0,0
	4. Girðingar og uppgræðsla	26,0		26,0
2.4.	**Til brúagerða**	**165,0**		**165,0**
	1. Brýr 10 m og lengri	152,0		152,0
	2. Smábrýr	13,0		13,0
2.5.	**Til fjallvega o.fl.**	**58,0**		**58,0**
	1. Aðalfjallvegir	24,0		24,0
	2. Aðrir fjallvegir	11,0		11,0
	3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15,0		15,0
	4. Vegir á Þingvöllum	2,0		2,0
	5. Reiðvegir	6,0		6,0
2.6.	**Til sýsluvega**	**163,0**		**163,0**
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum**	**234,0**		**234,0**
2.8.	**Til tilrauna**	**29,0**		**29,0**
	Samtals	5.565,0	1,1	5.566,1

1. Til stofnbrauta

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
	Suðurlandskjördæmi			
1	Suðurlandsvegur			
11	Um Mýrdalssand	12		12
1	Suðurlandsvegur			
05	Göngubrú á Ölfusá	50		50
30	Skeiða- og Hrunamannavegur			
04-07	Þjórsárdalsvegur – Einholtsvegur	6		6
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur – Hvítá	15		15
34	Eyrarbakkavegur			
05	Um Ölfusárós	2		2
36	Þingvallavegur			
01	Biskupstungnabraut – Grafningsvegur	16		16
01-02	Búrfellsvegur – Heiðará	0	4	4
	Reykjaneskjördæmi			
36	Þingvallavegur			
02	Lýsing í Mosfellsdal	4		4
41	Reykjanesbraut			
05	Lýsing (1 km)	6		6
06	Lýsing vegamóta	1		1
12	Flugvallarvegur – Víknavegur	19		19
46	Víknavegur			
01	Um Fitjar	42		42
05	Lýsing (1 km)	5		5
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	15		15
422	Njarðvíkurvegur			
03	Njarðvíkurbraut – vestribyggð	5		5
	Vesturlandskjördæmi			
1	Vesturlandsvegur			
12	Arnarbæli – Hvammshorn	24		24
13	Hellistungur	0	6	6
50	Borgarfjarðarbraut			
04-05	Deildartunga – Kaðalstaðir	38		38
54	Ólafsvíkurvegur			
02-03	Brókarlækur – Hestlækur	20		20
03	Hestlækur – Hítará	36		36
05-06	Núpá – Stóra-Þúfa	10		10
60	Vestfjarðavegur			
02	Um Suðurá	0	7	7
	Vestfjarðakjördæmi			
60	Vestfjarðavegur			
03	Króksfjarðarnes – Kambur	10		10
27	Vestfjarðagöng	125		125

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
61	Djúpvegur			
25	Óshlíð	9		9
63	Bíldudalsvegur			
03	Hálfdan – Bíldudalur	13		13
68	Hólmavíkurvegur			
01-04	Fjarðarhorn – Kjörseyri	6		6
	Norðurlandskjördæmi vestra			
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk – Staðarskáli	8		8
21	Reiðgil – Grjótá	7		7
76	Siglufjarðarvegur			
03-04	Kýrholt – Hlíðarendi	36		36
09-10	Lambanesá – Sauðanes	11		11
10	Strákagöng	19		19
	Norðurlandskjördæmi eystra			
1	Norðurlandsvegur			
01	Grjótá – Öxnadalsá	0	15	15
02	Öxnadalsá – Þverá	52		52
03	Þverá – Hörgárdalsvegur	34		34
17	Fosshóll – Aðaldalsvegur	2		2
22	Múlavegur – Kísiliðja	15		15
82	Ólafsfjarðarvegur			
05	Dalvík – Rípill	0	8	8
85	Norðausturvegur			
27	Brekknaheiði	2		2
87	Kísilvegur			
00	Kirkja – Mývatnsvegur	13		13
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
01	Um Þverá	15		15
	Austurlandskjördæmi			
1	Austurlandsvegur			
10	Jökulsá – Dimmidalur	15		15
11	Skóghlíð – Fellabær	14		14
21-22	Ós – Núpur	25		25
38	Mánagarður – Myllulækur	28		28
43	Reynivellir – Jökulsá	2		2
45	Hrútá – Kvíá	30		30
85	Norðausturvegur			
03	Skeggjastaðir – Hafnarvegur	17		17
04	Á Sandvíkurheiði	10		10
93	Seyðisfjarðarvegur			
02	Langahlíð – Miðhúsaá	6		6
96	Suðurfjarðavegur			
03	Götuhjalli – Vattarnes	12		12
	Samtals	862	40	902

1.2. Sérstök verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	Fjárveiting 1992
1	Suðurlandsvegur			
11	Um Mýrdalssand	35		35
18	Um Markarfljót	18		18
1	Vesturlandsvegur			
13	Hellistungur	3		3
54	Ólafsvíkurvegur			
03	Hestlækur – Hítará	61		61
60	Vestfjarðavegur			
22	Dýrafjörður	15		15
61	Djúpvegur			
01	Tenging Inn-djúps	57		57
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk – Staðarskáli	8		8
21	Reiðgil – Grjótá	28		28
1	Norðurlandsvegur			
02	Öxnadalsá – Þverá	51		51
92	Norðfjarðarvegur			
09	Ofan Eskifjarðar – Göng	18		18
10	Göng – Skuggahlíð	20		20
917	Hlíðarvegur			
04-06	Vopnafjörður – Hérað	39		39
	Samtals	353		353

1.3. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
1	Suðurlandsvegur			
13	Umferðarljós	2		2
40	Hafnarfjarðarvegur			
03	Kópavogslækur – Vífilsstaðavegur	10		10
06	Reykjavíkurvegur – Reykjanesbraut	15		15
06	Engidalur – Flatahraun	70		70
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	30		30
07	Breiðholtsbraut – Elliðavatnsvegur	26		26
07	Elliðavatnsvegur – Suðurlandsvegur	7		7
415	Álftanesvegur			
04	Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur	1		1
	Sæbraut/Ánanaust	25		25
	Geirsgata	30		30
	Bústaðavegur	21		21
	Höfðabakki (gatnamót)	15		15
	Vesturlandsvegur	10		10
	Greiðsla skulda, Reykjavík	118		118
	Vífilsstaðavegur	37		37
	Samtals	417		417

1.4. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
	Stórbrýr:			
1	Suðurlandsvegur			
08	Um Kúðafljót	0	10	10
18	Um Markarfljót	107		107
60	Vestfjarðavegur			
22	Dýrafjörður	18		18
1	Austurlandsvegur			
21	Breiðdalsá	2		2
	Jarðgöng:			
60	Vestfjarðavegur			
27	Vestfjarðagöng	417		417
76	Siglufjarðarvegur			
10	Strákagöng	28		28
82	Ólafsfjarðarvegur			
06	Um Ólafsfjarðarmúla	16		16
	Austurlandsgöng	9		9
	Samtals	597	10	607

2. Þjóðbrautir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
	Suðurlandskjördæmi			
26	Landvegur			
01	Suðurlandsvegur – Hagabraut nyrðri	5		5
239	Eldfellsvegur	3		3
253	Gunnarshólmavegur			
01	Landeyjavegur – Landeyjavegur	1		1
255	Akureyjarvegur			
01	Suðurlandsvegur – Landeyjavegur	2		2
264	Rangárvallavegur			
03	Þingskálavegur – Suðurlandsvegur	9		9
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Suðurlandsvegur – Holtsvegur	7		7
35	Biskupstungnabraut			
05	Skálholtsvegur – Reykjavegur	19		19
09	Kjalvegur við Gullfoss	10		10
37	Laugarvatnsvegur			
03	Um Laugardalshóla	12		12
350	Grafningsvegur neðri			
01	Alviðra – Stóri-Háls	4		4
	Reykjaneskjördæmi			
417	Bláfjallavegur			
01	Suðurlandsvegur – Bláfjöll	23		23
	Vesturlandskjördæmi			
50	Borgarfjarðarbraut			
04-05	Deildartunga – Kaðalstaðir	18		18
53	Hvítárvallavegur			
01-02	Vesturlandsvegur – Hvanneyri	19		19
508	Skorradalsvegur			
02	Hjá Vatnsenda	13		13
589	Sælingsdalsvegur	2		2
	Vestfjarðakjördæmi			
619	Ketildalavegur			
03	Bíldudalur – Hvesta	15		15
643	Strandavegur			
05-06	Kaldbaksvík – Kolbeinsvík	16		16

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 20.05.1992	Fjárveiting Breyting	1992
	Norðurlandskjördæmi vestra			
711	Vatnsnesvegur			
01	Hvammstangi – Skarð	1		1
726	Auðkúluvegur	12		12
752	Skagafjarðarvegur			
02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	7		7
765	Hegranesvegur eystri	14		14
	Norðurlandskjördæmi eystra			
83	Grenivíkurvegur			
03	Gljúfurá – Grenivík	15		15
805	Svarfaðardalsvegur			
01	Holt – Tjörn	20		20
830	Svalbarðseyrarvegur			
02	Norðurlandsvegur – Svalbarðseyri	4		4
853	Hvammavegur	2		2
	Austurlandskjördæmi			
94	Borgarfjarðarvegur			
08	Skriður – Framnes	14		14
931	Upphéraðsvegur			
08	Hafursá – Freyshólar	15		15
	Samtals	~~276~~	~~33~~	~~243~~

Fskj. 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1992

Suðurland

1 Suðurlandsvegur

08 Um Kúðafljót

Fjárveiting til stórverkefna var 10 m.kr. Hafin var bygging bráðabirgðagarðs til að veita vatni frá fyrirhuguðu brúarstæði. Verktaki var Gunnar og Kjartan hf. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar steypti niðurrekstrarstaura fyrir undirstöður brúarinnar.

11 Um Mýrdalssand

Fjárveiting til almennra verkefna var 12 m.kr. og til sérstakra verkefna 35 m.kr. Landgræðslu ríkisins voru greiddar 8,5 m.kr. vegna uppgræðslu en fjárveitingunni að öðru leyti varið til greiðslu skulda.

18 Um Markarfljót

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 18 m.kr. og til stórverkefna 107 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 10,5 km langan kafla sem var undirbyggður 1991. Auk þess var gengið frá umhverfi vega og brúa. Einnig var girt með veginum. Slitlag hf. lagði bundna slitlagið.

05 Göngubrú á Ölfusá

Fjárveiting var 50 m.kr. Auk þess var varið 15 m.kr. af viðhaldsfé brúa til verkefnisins. Skipt var um steypt gólf á allri brúnni og er 2 m breið gangstétt á nýja gólfinu. Einnig var landstöpull að norðan endurbyggður og sett upp ný lýsing. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

26 Landvegur

01 Suðurlandsvegur - Hagabraut

Fjárveiting var 5 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

04 - 07 Þjórsárdalsvegur - Einholtsvegur

Fjárveiting var 6 m.kr. Byggður var 1,7 km langur kafli vestan Hvítárbrúar við Brúarhlöð. Verktaki var Páll Óskarsson.

31 Skálholtsvegur

01 Skeiðavegur - Hvítá

Fjárveiting var 15 m.kr. og auk þess var tekið 18 m.kr. bráðabirgðalán. Fullbyggður var með bundnu slitlagi 6,1 km langur kafli milli Skeiðavegar og Helgastaða. Verktaki við undirbyggingu var Vörubílstjórafélagið Mjölnir en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Suðurlandsvegur - Holtsvegur

Fjárveiting var 7 m.kr. Greidd var 4,5 m.kr. skuld og lagt bundið slitlag á 0,7 km langan kafla milli Votmúlavegar og Glóru.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting var 2 m.kr. sem voru greiddar Landgræðslu ríkisins vegna uppgræðslu meðfram veginum.

35 Biskupstungnabraut

05 Skálholtsvegur - Reykjavegur

Fjárveiting var 19 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 13 m.kr. bráðabirgðalán. Lagt var bundið slitlag á 2,0 km langan kafla frá Brúará að Smalaskála sem undirbyggður var 1991. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið. Byggður var og lagður bundnu slitlagi 3,2 km langur kafli frá Litla - Fljóti að brú á Tungufljóti við Fell. Verktaki við undirbyggingu var Páll Óskarsson en Klæðning hf. lagði slitlagið.

36 Þingvallavegur

01 Biskupstungnabraut - Grafningsvegur

Fjárveiting var 16 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 10 m.kr. af viðhaldsfé. Fullbyggður var með bundnu slitlagi 3,7 km langur kafli milli Álftavatns og Búrfellsvegar. Verktaki við undirbyggingu var Fossvélar hf. en Klæðning hf. lagði slitlagið.

01 - 02 Búrfellsvegur - Heiðará

Fjárveiting var 4 m.kr. Hafin var gerð 4,9 km langs kafla milli Búrfellsvegar og Heiðarár. Verktaki var Árvélar hf.

37 Laugarvatnsvegur

03 Um Laugardalshóla

Fjárveiting var 12 m.kr. og auk þess var unnið fyrir 15 m.kr. af viðhaldsfé. Byggður var og lagður bundnu slitlagi 3,8 km langur kafli milli Hjálmsstaða og Laugardalshóla. Verktaki var Framrás hf., Klæðning hf. lagði neðra lag klæðingar en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði efra lagið.

239 Eldfellsvegur

Fjárveiting var 3 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

253 Gunnarshólmavegur

01 Landeyjavegur - Landeyjavegur

Fjárveiting var 1 m.kr. Hafin var bygging 4,0 km langs kafla frá Voðmúlastöðum að Seli.

255 Akureyjarvegur

01 Suðurlandsvegur - Landeyjavegur

Fjárveiting var 1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

264 Rangárvallavegur

02 Reyðarvatnslækur

Fjárveiting til brúar á Reyðarvatnslæk var 4 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

03 Þingskálavegur - Suðurlandsvegur

Fjárveiting var 9 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

245 Kaldbaksvegur

01 Um Hruna

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 5 m.kr. bráðabirgðalán. Byggður var 0,9 km langur kafli um Hruna. Verktaki var Ræktunarsambandið Ketilbjörn.

350 Grafningsvegur neðri

01 Alviðra - Stóri-Háls

Fjárveiting var 4 m.kr. en auk þess var unnið fyrir 10 m.kr. framlag frá Grafningshreppi og 1,2 m.kr. framlag frá sýsluvegasjóði. Byggður var 5,7 km langur kafli frá Biskupstungnabraut að Hlíð. Verktaki við undirbyggingu var Vélgrafan sf. en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

374 Hvammsvegur

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir 2 m.kr. framlag frá sýsluvegasjóði. Lagt var bundið slitlag á 1,0 km langan kafla frá eystri vegamótum við Suðurlandsveg.

Reykjanes

1 Suðurlandsvegur

13 Umferðarljós

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 2 m.kr. Að ósk bæjarstjóra Mosfellsbæjar var uppsetningu umferðarljósa frestað.

36 Þingvallavegur

02 Lýsing í Mosfellsdal

Fjárveiting var 4 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1991 vegna uppsetningar á lýsingu í Mosfellsdal.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogslækur - Vífilsstaðavegur

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 10 m.kr. Greiddar voru landbætur og skuld frá árinu 1991.

06 Reykjavíkurvegur - Reykjanesbraut

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 15 m.kr. og fór til greiðslu skuldar vegna undirgangs við Kaplakrika sem var gerður 1991.

06 Engidalur - Flatahraun

Fjárveiting til Höfuðborgarsvæðisins var 70 m.kr. Kaflinn milli Engidals og Flatahrauns, 0,9 km langur, var endurbyggður, malbikaður og lýstur og gatnamót stefnugreind. Verktaki var JVJ hf.

41 Reykjanesbraut

05 Lýsing (1 km)

Fjárveiting var 6 m.kr. Lýstur var 1 km langur kafli milli Krísuvíkurvegar og Bæjarhellu. Verktaki var JVJ hf.

06 Lýsing vegamóta

Fjárveiting var 1 m.kr. og fór til greiðslu á skuld.

12 Flugvallarvegur - Víknavegur

Fjárveiting var 19 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs þar sem ekki var nægur tími til undirbúnings.

46 Víknavegur

01 Um Fitjar

Fjárveiting var 42 m.kr. Greidd var 18 m.kr. skuld vegna framkvæmda við gatnamót við Fitjar. Byggður var 0,3 km langur nýr vegarkafli frá Njarðarbraut í átt að Ytri - Njarðvík. Vegurinn var lagður malbiki og lýstur. Verktaki var Haukur Guðmundsson.

05 Lýsing (1 km)

Fjárveiting var 5 m.kr. Lýstur var 1 km langur kafli á milli Keflavíkur og Garðskagavegar. Verktaki var Hitaveita Suðurnesja.

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut – Reykjanesbraut

Fjárveitingar voru 15 m.kr. til almennra verkefna og 30 m.kr. til höfuðborgarsvæðisins. Greidd var skuld frá árinu 1991, greiddar landbætur og gengið frá veginum.

07 Breiðholtsbraut - Elliðavatnsvegur

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 26 m.kr. Hafnar voru framkvæmdir við byggingu 50 m langrar eftirspenntrar brúar á Elliðaár. Verktaki var SH verktakar hf.

07 Elliðavatnsvegur - Suðurlandsvegur

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 7 m.kr. Lýstur var 1,5 km langur kafli frá Rafstöðvarvegi að Suðurlandsvegi. Verktaki var Rafmagnsveita Reykjavíkur.

415 Álftanesvegur

04 Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur

Fjárveiting til höfuðborgarsvæðisins var 1 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

417 Bláfjallavegur

01 Suðurlandsvegur - Bláfjöll

Fjárveiting var 23 m.kr. Frá Suðurlandsvegi var 3,5 km langur kafli endurbyggður og lagður klæðingu. Verktaki var Árvélar hf.

422 Njarðvíkurvegur

03 Njarðvíkurbraut - Vestribyggð

Fjárveiting var 5 m.kr. Ofan við Innri-Njarðvík var 0,4 km langur kafli endurbyggður, lagður klæðingu og lýstur. Verktaki var Klæðning hf.

Vesturland

1 Vesturlandsvegur

12 Arnarbæli - Hvammshorn

Fjárveiting var 24 m.kr. og fór til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

13 Hellistungur

Fjárveiting var 6 m.kr. auk 3 m.kr. til sérstakra verkefna. Þá var lánsheimild 12 m.kr. Hafin var undirbygging 5 km langs kafla um Hellistungur en það er síðasti hluti Vesturlandsvegar sem er án bundins slitlags. Verktaki er Suðurverk hf.

50 Borgarfjarðarbraut

04 - 05 Deildartunga - Kaðalstaðir

Fjárveiting var 38 m.kr. til almennra verkefna, 18 m.kr. til þjóðbrauta og lánsheimild 20 m.kr. Unnið var að gerð 9,3 km langs nýs vegar með bundnu slitlagi frá Deildartungu að Kaðalstöðum. Verktaki er Jarðefni hf.

53 Hvítárvallavegur

01 Vesturlandsvegur - Hvanneyri

Fjárveiting var 19 m.kr. Lokið var við 3,3 km langan kafla með bundnu slitlagi frá Seleyri að Grjóteyri en mestur hluti verksins var unninn árið 1991. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Brókarlækur - Hestlækur

Fjárveiting var 20 m. kr. og lánsheimild 10 m.kr. Unnið var að gerð 2,5 km langs vegar með bundnu slitlagi. Verktaki er Háfell hf.

03 Hestlækur - Hítará.

Fjárveiting var 36 m.kr. til almennra verkefna og 61 m.kr. til sérstakra verkefna. Lokið var gerð 12,4 km langs kafla með bundnu slitlagi. Verktaki við fyrri áfanga, 7 km, var Borgarverk hf. og hóf hann framkvæmdir 1990, en verktaki við seinni áfanga, 5,4 km, var Völur hf. en hann hóf framkvæmdir 1991.

06 Núpá - Stóra-Þúfa

Fjárveiting var 10 m.kr. Lokið var við gerð fyllingar og burðarlags á 1,9 km löngum kafla en frágangi er ólokið. Verktaki er Bjarni Vigfússon.

60 Vestfjarðavegur

02 Um Suðurá

Fjárveiting var 7 m.kr. Framkvæmdum var frestað til ársins 1993.

508 Skorradalsvegur

02 Hjá Vatnsenda

Fjárveiting var 13 m.kr. og fór til greiðslu á skuld.

586 Haukadalsvegur

01 Um Haukadalsvatn

Fjárveiting var engin en heimild til að taka allt að 3,5 m.kr. lán til að ljúka við 2,5 km langan kafla um Haukadalsvatn. Auk þess var vegurinn styrktur að Stóra-Vatnshorni og lögð 7 ný ræsi á þeim kafla. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

589 Sælingsdalsvegur

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór til greiðslu á skuld.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

03 Króksfjarðarnes - Kambur

Fjárveiting var 10 m.kr. Lagt var slitlag á 3,2 km langan kafla um Geiradal, sem byggður var á síðastliðnu ári. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið. Er nú komið samfellt slitlag frá stað um 1 km vestan Króskfjarðaness vestur fyrir Bjarkarlund.

22 Dýrafjörður

Fjárveiting var til sérstakra verkefna 15 m.kr. og til stórverkefna 22 m.kr. eða alls 37 m.kr. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Ketilseyri að Næfranesi 3,9 km. Auk þess var lokið öllum frágangi við verkið nema sáningu. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar. Er nú komið samfellt slitlag fyrir Dýrafjörð frá Þingeyrarflugvelli að vegamótum Ingjaldssandsvegar.

27 Vestfjarðagöng

Fjárveiting til stofnbrauta var 125 m.kr. og til stórverkefna 417 m.kr. eða samtals 545 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 62 m.kr. Tekið vinnulán að upphæð 49 m.kr. Haldið var áfram framkvæmdum og gengu þær í aðalatriðum eftir áætlun.

Frá janúar og til 9. júní var haldið áfram að grafa tvíbreið göng í Tungudal. Þá var lengdin orðin 1.500 m en var aðeins 476 m í ársbyrjun. Þann 10. júní var hafinn gröftur í Botnsdal og unnið þar fram í lok október. Þá voru göngin þar orðin 904 m. Var þá haldið áfram frá Tungudal og í lok desember voru göngin þar orðin 1.801 m löng og þar af voru 1.325 m gerð á árinu 1992. Frá Breiðadal voru gerð 25 m löng göng. Í árslok voru göngin orðin 2.730 m, þar af voru 2.254 m grafnir á árinu.

Unnið var áfram að vegagerð í öllum dölunum þremur. Komið var fyrir 125 þús. m^3 í fyllingu auk þess sem ræsi voru lögð, unnið að frágangi og svo framvegis.

Byggður var fyrsti forskálinn 120 m að lengd í Tungudal. Verktaki var eins og áður Vesturís sf. Framkvæmdir hafa hingað til gengið vel og í aðalatriðum samkvæmt áætlun.

61 Djúpvegur

01 Tenging Inn-Djúps

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 57 m.kr. Lagt var slitlag á 3,5 km langan kafla frá Grjótá í Steingrímsfirði að vegamótum Strandavegar og 1,4 km langan kafla um Kálfanesflóa við Hólmavík. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust slitlagslögnina en verktakafyrirtækið Króksverk hf. á Sauðárkróki muldi malarefni til verksins.

Lagður var nýr vegarkafli, 2,3 km langur, um Fellabök að Grjótá sem var snjóþyngsti hlutinn. Verktakafyrirtækið Fylling hf. á Hólmavík annaðist þetta verk.

61 Djúpvegur

25 Óshlíð

Fjárveiting var 10 m.kr. 32 m.kr. sem fengnar voru af fjárveitingu af sérstökum verkefnum til Vesturlandsvegar 1991 voru endurlánaðar. 6 m.kr. styrkur fékkst frá Ofanflóðasjóði.

Settir voru upp 600 m af grjótkössum til að verjast grjóthruni. Settir voru upp 20 m af grjótvarnarneti af annarri gerð en áður til reynslu. Einnig voru grafnar gryfjur við þrjú snjóflóðagil og settur lítill kljúfur í eitt þeirra til reynslu.

63 Bíldudalsvegur

03 Hálfdan – Bíldudalur.

Fjárveiting var 13 m.kr. auk þess var tekið vinnulán að upphæð 30 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 3,2 km langan kafla frá Seljadalsá að Bíldudal. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar lögðu slitlagið. Undirbyggður var 3,0 km langur kafli frá Olíubeygju að Seljadalsá, Kaflinn var tekinn í notkun til bráðabirgða um áramótin, þó að burðarlag vanti. Verktakafyrirtækið Stakkafell hf. á Patreksfirði vann verkið.

68 Hólmavíkurvegur

01-04 Fjarðarhorn - Kjörseyri

Fjárveiting var 6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

612 Örlygshafnarvegur

03 Látragil

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Settur var stálhólkur í Látragil en þar var engin brú áður. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

619 Ketildalavegur

03 Bíldudalur - Hvesta.

Fjárveiting var 15 m.kr. Lagður var 1,4 km langur kafli innan Hvestu undir Svörtuhömrum. Frágangi er ekki lokið. Verktaki er Ellert Skúlason hf. Njarðvík.

643 Strandavegur

05 - 06 Kaldbaksvík - Kolbeinsvík.

Fjárveiting til þjóðbrauta var 16 m.kr. og til smábrúa 1,4 m.kr. Lagðir voru tveir kaflar, annar nánast frá Kaldbaksós að Spena, 4,0 km að lengd, hinn frá Spena norður fyrir Kolbeinsvíkurá 1,2 km að lengd. Settur var hólkur í Kolbeinsvíkurá í stað gamallar trébrúar. Frágangur og mölburður er eftir. Verktaki er Höttur sf. Hrútafirði.

Norðurland vestra

1 Norðurlandsvegur

01 Sýslumörk - Staðarskáli.

Fjárveiting var 8 m.kr. auk 8 m.kr. til sérstakra verkefna. Innstæða frá árinu 1991 var 9 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um skipulagsmál. Fé var lánað til framkvæmda á Öxnadalsheiði.

21 Reiðgil - Grjótá

Fjárveiting var 7 m.kr. auk 28 m.kr. til sérstakra verkefna og 25 m.kr. sem lánaðar voru úr kafla 01 í Hrútafirði. Lögð var tvöföld klæðing á nýbyggingu frá árinu 1991 frá Reiðgili að Grjótá svo og um Norðurá, samtals 6 km. Byrjað var á nýjum vegi um Giljareiti 3,5 km að lengd. Umsamin verklok eru 1. ágúst 1993. Verktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

76 Siglufjarðarvegur

03 - 04 Kýrholt - Hlíðarendi

Fjárveiting var 36 m.kr. auk 22 m.kr. til brúar á Hjaltadalsá. Byggður var nýr 5,5 km langur vegur um Hjaltadalsá og Kolbeinsdalsá. Slitlag vantar. Verktaki var Fjörður sf. Einnig lauk vinnuflokkur Vegagerðarinnar við smíði brúa á Hjaltadalsá og Kolbeinsdalsá.

09 - 10 Lambanesá - Sauðanes

Fjárveiting var 11 m.kr. Lokið var rásagerð með veginum. Verktaki var V. Brynjólfsson sf. Malarslitlag var lagt á veginn fyrir viðhaldsfé.

10 Strákagöng.

Fjárveiting var 19 m.kr. auk 28 m.kr. til jarðganga. Greidd var skuld frá árinu 1991. Byggður var forskáli Skagafjarðarmegin 28 m langur með nýrri sjálfvirkri hurð. Verktaki var Byggingafélagið Berg hf.

711 Vatnsnesvegur

01 Hvammstangi - Skarð

Fjárveiting var 1 m.kr. Lokið var frágangi nýbyggingar frá árinu 1991.

726 Auðkúluvegur

Fjárveiting var 12 m.kr. Endurbyggður var kafli frá Geithömrum að Grund 1,7 km og um Auðkúlu 1,1 km. Verktakar voru Guðmundur Erlendsson og Guðmundur Vilhelmsson frá Hvammstanga.

752 Skagafjarðarvegur

02 Héraðsdalsvegur - Svartárdalsvegur

Fjárveiting var 7 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1991 og lokið frágangi nýbyggingar frá því ári.

765 Hegranesvegur eystri

Fjárveiting var 14 m.kr. Lokið var endurbyggingu og styrkingu vegarins frá Ási suður að félagsheimili. Lagt var malarslitlag á allan veginn frá Garði að félagsheimili. Verktaki var Fjörður sf.

Norðurland eystra

1 Norðurlandsvegur

02 Öxnadalsá - Þverá

Fjárveiting til stofnbrauta var 52 m.kr. og til sérstakra verkefna 51 m.kr. eða samtals 103 m.kr. Greidd skuld frá 1991 að upphæð 12,7 m.kr. Lagður var 9,6 km langur kafli frá Engimýri að Gili. Byggð var ný brú á Öxnadalsá, 24 m löng og 7,8 m breið, og lokið við gerð 3,7 km kafla frá Þverá að Engimýri, með því að setja á hann asfaltbundið púkk og einfalda klæðingu. Verktaki við jarðvinnu var Klæðning hf. Garðabæ en vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust lögn slitlags og byggingu brúar.

03 Þverá - Hörgárdalsvegur

Fjárveiting var 34 m.kr. Lagt asfaltbundið púkk og einföld klæðing á 8,1 km langan kafla frá Þverá að Bægisá. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

17 Fosshóll - Aðaldalsvegur

Fjárveiting var 2 m.kr. og var henni varið til jarðvegsrannsókna á Fljótsheiði.

20 Um Skútustaði

Fjárveiting var engin en fyrir hluta aukafjárveitingar af óskiptu viðhaldsfé að upphæð 16 m.kr. var endurbyggður 0,8 km langur kafli um Skútustaði og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Jarðverk sf., Fnjóskadal en vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn slitlags.

1 Norðurlandsvegur

21 Vogar - Geiteyjarströnd

Fjárveiting var engin en fyrir hluta aukafjárveitingar af óskiptu viðhaldsfé að upphæð 16 m.kr. var endurbyggður 2,9 km langur kafli frá Vogum og suður fyrir Geiteyjarströnd og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Arnarfell hf. Skagafirði en vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn slitlags.

22 Múlavegur - Kísiliðja

Fjárveiting var 15 m.kr. Greidd skuld frá 1991 að upphæð 6,5 m.kr. Lokið við endurbyggingu á 2,5 km löngum kafla frá Múlavegi að Bjarnarflagi og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 16 m.kr. og fór hún öll til greiðslu upp í skuld frá 1991 að upphæð 35,0 m.kr.

83 Grenivíkurvegur

03 Gljúfurá - Grenivík

Fjárveiting til þjóðbrauta var 15 m.kr. og til brúa 13 m.kr. eða alls 28 m.kr. Byggð ný brú á Gljúfurá 12 m löng og 7,8 m breið. Lokið við að byggja 3 km langan kafla frá Gljúfurá að Grenivík ásamt 0,6 km langri tengingu að Grenivíkurhöfn og lagt á þá fyrra lag klæðingar. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

85 Norðausturvegur

06 Húsavík - Hallbjarnarstaðir

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 0,5 km langan kafla til norðurs frá Húsavík. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

27 Brekknaheiði

Fjárveiting var 2 m.kr. ásamt lánsheimild að upphæð 4 m.kr. Lagður var 0,5 km langur kafli frá sýslumörkum til vesturs. Eftir er efra burðarlag, slitlag og frágangur. Verktakar voru Átak hf., Vörubílstjórafélagið Þór og Arnar og Aðalbjörn, allir á Þórshöfn.

87 Kísilvegur

00 Kirkja - Mývatnsvegur

Fjárveiting var 13 m.kr. Greidd skuld frá 1991 að upphæð 2,7 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 3,1 km langan kafla frá Flugvallarvegi að Mývatnsvegi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

01 - 04 Snjóastaðir

Fjárveiting var engin en fyrir nýbyggingarfé frá Kísilvegi, Kirkja - Mývatnsvegur, og af óskiptu viðhaldsfé voru lagfærðir snjóastaðir á alls 12 stöðum. Þeirra stærstur var Sandvatnsbrekka. Verktaki var Arnarfell hf. Skagafirði.

805 Svarfaðardalsvegur

01 Holt - Tjörn

Fjárveiting var 20 m.kr. Lagður var 2,6 km langur kafli frá Holtsá að Húsabakka og sett á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Zophonías Antonsson, Dalvík, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn slitlags.

823 Miðbraut

01 Um Eyjafjarðará

Fjárveiting til brúa var 13 m.kr. Greidd var síðasta afborgun og vextir af skuld vegna byggingar brúarinnar.

829 Eyjafjarðarbraut eystri

01 Um Þverá

Fjárveiting var 15 m.kr. Lagður var 0,8 km langur kafli um Þverá og sett á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Árni Helgason Ólafsfirði en vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn slitlags.

830 Svalbarðseyrarvegur

02 Norðurlandsvegur - Svalbarðseyri

Fjárveiting var 4 m.kr. og fór hún öll til greiðslu skuldar frá 1991.

853 Hvammavegur

Fjárveiting var 2 m.kr. Lokið við endurbyggingu á 1,3 km löngum kafla frá Aðaldalsvegi að Haga og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

Austurland

901 Austurlandsvegur

10 Jökulsá - Dimmidalur

Fjárveiting var 15 m.kr. Greidd var 4 m.kr. skuld frá 1991. Lögð var klæðing á 3,2 km langan kafla, sem undirbyggður var 1992. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

11 Dimmidalur - Skóghlíð

Fjárveiting var 14 m.kr. og lánsheimild 15 m.kr. Undirbyggður var 6,3 km langur kafli og tekinn í notkun. Eftir að ljúka við fláa og frágang ásamt klæðingu. Verktaki er Héraðsverk hf. Egilsstöðum.

21 Brú á Breiðdalsá

Fjárveiting var 2 m.kr. Unnið var að tæknilegum undirbúningi.

21 - 22 Ós - Núpur

Fjárveiting var 25 m.kr. og lánsheimild 16. Lokið var undirbyggingu frá árinu 1991. Lögð var klæðing á 9,1 km langan kafla frá Hvarfsbót að Núpi. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

38 Mánagarður - Myllulækur

Fjárveiting var 28 m.kr. og innistæða frá árinu 1991 25 m.kr. Lokið undirbyggingu frá árinu 1991 og lögð klæðing á 4,5 km langan kafla. Verktaki í jarðvinnu var Helgi G. Kjartansson, Höfn en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði klæðinguna.

42 - 43 Reynivellir - Jökulsá

Fjárveiting var 2 m.kr. og unnið var fyrir 60 m.kr. lán frá fjárveitingu til brúar á Fjallsá. Lokið var undirbyggingu 1,2 km langs kafla austan Jökulsár frá árinu 1991 og lögð klæðing á allan kaflann 11,1 km. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

45 Brú á Fjallsá

Fjárveiting var 64 m.kr. Féð var lánað til lagningar bundins slitlags á kaflann Reynivellir - Jökulsá.

46 Hrútá - Kvíá

Fjárveiting var 30 m.kr. og fór hún til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

985 Norðausturvegur

03 - 04 Skeggjastaðir - Hölkná

Fjárveiting var 17 m.kr. Greidd var 4 m.kr. skuld frá árinu 1991. Lögð var klæðing á 3,6 km langan kafla. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

04 Á Sandvíkurheiði

Fjárveiting var 10 m.kr. Lögð klæðing á 2,4 km langan kafla milli Miðheiðarhryggs og Sveinaháls. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

992 Norðfjarðarvegur

09 Háhlíðarhorn - Göng

Fjárveiting var 18 m.kr. Lögð var klæðing á 1,3 km langan kafla. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

10 Geithúsaá - Norðfjarðará

Fjárveiting var 20 m.kr. Endurbyggður var 3 km langur kafli frá Skíðaskála á Oddsdal að Norðfjarðará. Verktaki var Borgarfell hf.

993 Seyðisfjarðarvegur

02 Langahlíð - Miðhúsaá

Fjárveiting var 6 m.kr. og fór hún til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

04 Brú á Fjarðará

Fjárveiting var 32 m.kr. Byggð 20 m löng brú með tveimur akbrautum og gangbrautum. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

994 Borgarfjarðarvegur

08 Skriður - Framnes

Fjárveiting var 14 m. kr. og fór hún til greiðslu skuldar frá árinu 1991.

996 Suðurfjarðavegur

03 Um Eyrarár

Fjárveiting var 12 m.kr. og innistæða frá árinu 1991 4 m.kr. til brúar á Eyrará. Byggður 1,7 km kafli um Eyrarár og settir stálhólkar í árnar. Eftir er að leggja klæðingu. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum.

917 Hlíðarvegur

04 Um Hellisheiði

Fjárveiting var 39 m.kr. Lokið við 7,3 km nýbyggingu frá árinu 1991 frá Hellisá að Fjallshólum. Lagður var vegur um Efri Hölknárdal 1,1 km og um Fjallshóla 1,6 km. Samtals 10 km. Eftir að setja malarslitlag. Verktaki var V. Brynjólfsson sf. Skagaströnd.

931 Upphéraðsvegur

08 Hafursá - Freyshólar

Fjárveiting var 15 m.kr. Greidd var 4 m.kr. skuld frá árinu 1991 og lokið við undirbyggingu. Lögð var klæðing á 2,2 km langan kafla. Verktaki við undirbyggingu var Vélaleiga Sigga Þór hf. Egilsstöðum en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði klæðingu.

Austurlandsgöng

Fjárveiting var 9 m.kr. Haldið var áfram jarðfræðirannsóknum á afmörkuðum svæðum.

Greinargerð um framkvæmdir við aðalfjallvegi 1992

F22 Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 2,1 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

F28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 1,6 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F35 Kaldadalsvegur

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F37 Kjalvegur

Fjárveiting af aðalfjallvegafé var 11,5 m.kr. en auk þess var 10 m.kr fjárveiting til þjóðbrauta (35 Biskupstungnabraut) og 1,5 m.kr fjárveiting af þjóðgarðafé. Innistæða var frá árinu 1991 til brúar á Grjótá 9 m.kr. Greidd var 2,8 m.kr. skuld frá 1991 vegna framkvæmda við Gullfoss.

Lagt var bundið slitlag á 1,6 km langan kafla frá Biskupstungnabraut auk bílastæða við þjónustumiðstöð. Á Grjótá var byggð 23 m stálbitabrú með timburgólfi á steyptum undirstöðum. Ýtt var upp 6 km löngum kafla vestan Helgufells og lögð í hann ræsi. Auk þess var unnið að heflun og almennu viðhaldi á veginum.

F72 Skagafjarðarleið

Fjárveiting var 0,7 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnaleið

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Unnið var að heflun og almennu viðhaldi á leiðinni. Um 2 m.kr. voru geymdar til fyrirhugaðra endurbóta við brú á Kreppu.

1157. Svar [579. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Péturs Bjarnasonar um leiðsögumannsstörf.

1. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir löggildingu starfsheitisins „leiðsögumaður ferðafólks"? Ef svo er, þá hvenær?*

Ráðherra hyggst ekki beita sér fyrir löggildingu starfsheitsins „leiðsögumaður ferðafólks".

2. *Hversu margar undanþágur voru veittar útlendingum til að annast leiðsögumannsstörf á árunum 1985–1992, sundurliðað eftir árum og þjóðerni?*

Tölulegar upplýsingar um fjölda útlendinga sem fengið hafa undanþágur til að annast leiðsögumannsstörf á Íslandi ná aftur til ársins 1988.

Árið 1988 voru samtals 27 undanþágur veittar erlendum aðilum. Þar af fengu austurrískar ferðaskrifstofur leyfi fyrir tólf leiðsögumenn, hollenskar fyrir tvo, þýskar fyrir átta, enskar fyrir tvo, amerískar fyrir einn og grænlenskar fyrir einn.

Árið 1989 voru samtals 45 undanþágur veittar erlendum aðilum. Þar af fengu austurrískar ferðaskrifstofur leyfi fyrir 16 leiðsögumenn, þýskar fyrir tólf, hollenskar fyrir átta, enskar fyrir fimm, svissneskar fyrir tvo, belgískar fyrir einn og franskar fyrir einn.

Árið 1990 voru samtals 46 undanþágur veittar erlendum aðilum. Þar af fengu austurrískar ferðaskrifstofur undanþágur fyrir 19 leiðsögumenn, þýskar fyrir ellefu, hollenskar fyrir níu, enskar fyrir þrjá, svissneskar fyrir tvo, franskar fyrir einn og ítalskar fyrir einn.

Árið 1991 voru samtals 67 undanþágur veittar erlendum aðilum. Þar af fengu austurrískar ferðaskrifstofur undanþágur fyrir 26 leiðsögumenn, hollenskar fyrir 18, þýskar fyrir 16, enskar fyrir þrjá, svissneskar fyrir þrjá og loks franskar fyrir einn.

Árið 1992 voru samtals 52 undanþágur veittar erlendum aðilum. Þar af fengu hollenskar ferðaskrifstofur leyfi fyrir 18 leiðsögumenn, þýskar fyrir 16, austurrískar fyrir 15 og svissneskar fyrir þrjá.

3. *Hvaða menntunarkröfur þurfa erlendir leiðsögumenn að uppfylla til að öðlast slíkar undanþágur? Er krafist sérþekkingar á Íslandi, náttúrufari, sögu þjóðarinnar og atvinnuháttum?*

Engar sérstakar formlegar menntunarkröfur eru gerðar til útlendinga sem annast leiðsögumannsstörf hér á landi. En þeir aðilar, sem veitt hafa umsagnir um undanþágubeiðnir undanfarin ár, hafa haft vinnureglur til viðmiðunar við umfjöllun undanþágna.

Þann 22. desember sl. var skipuð nefnd á vegum samgönguráðuneytis til þess að fjalla um stöðu og starfsréttindi leiðsögumanna ferðafólks á Íslandi. Í starfi sínu er nefndinni ætlað að meta stöðu íslenskra leiðsögumanna saman borið við erlenda leiðsögumenn sem starfa á Íslandi og kanna hvaða reglur gilda um störf og starfsréttindi leiðsögumanna innan hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis. Í nefndinni sitja fulltrúar frá ferðaskrifstofum, Ferðamálaráði og Félagi leiðsögumanna. Nefndin hefur ekki skilað áliti.

Það hefur orðið að samkomulagi á milli félagsmálaráðuneytis, Ferðamálaráðs og Félags leiðsögumanna að fyrrgreind nefnd fjalli um og veiti umsagnir varðandi þær undanþágubeiðnir erlendra aðila sem koma til með að berast fyrir nk. sumar. Nefndin hefur ákveðið að eftirfarandi þættir verði skoðaðir sérstaklega hjá hverjum umsækjanda þegar umsögn er gefin:

— Menntun viðkomandi umsækjanda.
— Fyrri störf.
— Reynsla af fararstjórn.
— Reynsla af ferðum um Ísland.

4. Hvernig verður framkvæmd þessara mála háttað næsta sumar?

Eins og áður sagði hefur orðið að samkomulagi að fyrrgreind nefnd veiti umsagnir um undanþágubeiðnir erlendra aðila fyrir næsta sumar. Félagsmálaráðuneytið mun hins vegar gefa út þau starfsleyfi sem verða veitt á sama hátt og sl. sumar.

Aðrir þættir, sem nefndin hefur til hliðsjónar við störf sín auk þeirra sem gerð er grein fyrir í 3. lið, eru m.a. eftirfarandi:

— Jákvæð umsögn skal að jafnaði ekki gefin nema fyrir störf á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst og er þá miðað við upphaf ferðar.
— Tímamörk starfsleyfis verði þau sömu og í prentaðri áætlun söluaðila ferðarinnar. Hámarkslengd ferðar er þrjá vikur.
— Hver einstaklingur fær ekki starfsleyfi til fleiri en tveggja ferða á sumri.
— Starfsleyfi verða gefin út til handa hverjum einstaklingi.
— Útlendingaeftirlitinu verði tilkynnt um öll starfsleyfi.
— Handhafi starfsleyfis hafi slíkt leyfi með sér á ferð sinni um landið.
— Umsóknir um starfsleyfi skulu berast félagsmálaráðuneytinu a.m.k. fjórum vikum fyrir upphaf ferðar á þar til gerðum umsóknareyðublöðum.
— Að öllu jöfnu verður umsögn neikvæð ef umsækjandi hefur starfað við fararstjórn hér á landi án þess að hafa fengið tilskilin leyfi, brotið gegn skilyrðum slíks leyfis eða brotið að öðru leyti gegn íslenskum lögum.

Þetta fyrirkomulag fyrir nk. sumar er til bráðabirgða þar sem nefnd þeirri, sem samgönguráðherra skipaði, er ætlað að gera tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Nefndin hefur unnið að öflun upplýsinga um hvernig þessum málum er háttað í ríkjum hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis. Ljóst var í byrjun árs að ekki yrði mögulegt vegna umfangs málsins að gera tillögur að laga- eða reglugerðarbreytingum sem gildi tækju fyrir sumarið en stefnt er að því að slíkar tillögur verði tilbúnar fyrir næsta ár.

1158. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um tillöguna og fékk á fund sinn til viðræðna Stefán Ólafsson frá Félagsvísindastofnun Háskólans.

Tillaga um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis fékk jákvæðar viðtökur þegar hún var rædd á Alþingi og í þeim umsögnum, sem bárust um tillöguna, var yfirleitt tekið undir markmið hennar. Hins vegar komu fram athugasemdir um að tillagan er mjög víðtæk og að sumir þeir þættir, sem rannsaka skal á skömmum tíma, hafi víða erlendis tekið mörg ár.

Úrbætur á þeim sviðum, sem tillagan fjallar um, falla jafnframt undir ýmis lög sem eru til endurskoðunar á vegum ríkisstjórnarinnar. Má í því tilfelli sérstaklega nefna frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þá má nefna að nýlega hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða lög um vinnumiðlun (nr. 18/1985) en markmið endurskoðunarinnar er m.a. að gaumgæfa hvort tímabært sé að kveða á um sérstaka þjónustu fyrir þá sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma. Einnig er hlutverk nefndarinnar að athuga tengsl laga um vinnumiðlun við önnur lög sem snerta vinnumiðlun, svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra og lög um atvinnuleysistryggingar.

Félagsvísindastofnun hefur nú lokið ítarlegri könnun á högum eitt þúsund atvinnulausra og hafa félagsmálanefnd verið kynntar niðurstöður hennar.

Nefndinni finnst mikilvægt að fylgja eftir þeim upplýsingum sem þar koma fram og leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,
b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi,
c. hvernig unnt er að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,
d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið.

Alþingi, 5. maí 1993.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.	Guðjón Guðmundsson, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.

1159. Nefndarálit [290. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á allmörgum fundum og fengið til liðs við sig m.a. starfsmann Vegagerðar ríkisins og fulltrúa samgönguráðuneytis.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu þingmannahópa kjördæmanna sem fjallað hafa um skiptingu vegafjár innan þeirra.

Tekjuáætlun.

Minni hlutinn gagnrýnir að tekjustofnar vegáætlunar séu skertir með þeim hætti sem gert er í þingsályktuninni og lögbundnir tekjustofnar til vegamála þannig notaðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Minni hlutinn telur að réttara hefði verið að Vegasjóður héldi sínum tekjustofnum og hið svokallaða framkvæmdaátak hefði verið lækkað um þá upphæð sem nemur skerðingunni. Fyrir allt tímabil vegáætlunar er Vegasjóður skertur um 886 millj. kr. sem færðar eru í ríkissjóð, þar af fyrir yfirstandandi ár 344 millj. kr.

Þá hefur ríkissjóður einnig farið inn á markaða tekjustofna til vegagerðar með álagningu sérstaks bensíngjalds, 4,50 kr. á hvern lítra. Áætlað er að það skili ríkissjóði tekjum upp á 750 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1993.

Í vegáætlun eru nú framlög til ferja og flóabáta upp á 330 millj. kr. fyrir árið 1993, 551 millj. kr. árið 1994, 569 millj. kr. árið 1995 og 555 millj. kr. árið 1996 og skerðist framkvæmdafé til vegagerðar sem því nemur.

Þær 1.550 millj. kr., sem merktar eru framkvæmdaátaki í vegamálum á yfirstandandi ári, eru í raun tilbúin tala. Ef allt þetta er tekið með í reikninginn er hér aðeins um 876 millj. kr. að ræða sem er aukning til vegaframkvæmda árið 1993. Það nær þó aðeins rétt rúmlega að vega upp þá skerðingu sem gerð var á framkvæmdafé til vegamála á sl. ári, en þar er um 765 millj. kr. að ræða. Þá eru ekki nema 111 millj. kr. eftir sem eru umfram vegáætlun eins og hún var samþykkt fyrir árin 1992 og 1993.

Sama rökstuðning er hægt að sýna fyrir árin 1994–1996. Minni hlutinn telur einnig að hér sé verið að gefa ávísun á minnkandi framkvæmdir á næstu árum eða eftir 1996 þar sem þá hlýtur að koma til greiðsla á þeim lánum sem hér er verið að taka og heimfæra á sem auknar framkvæmdir í vegagerð. Hlýtur það að draga úr framkvæmdagetu Vegasjóðs sem því nemur. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um lánstíma eða tilhögun endurgreiðslu.

Stórverkefnasjóður.

Hlutverk sjóðsins hefur verið að fjármagna gerð jarðganga, stórbrúa og fjarðaþverana. Hér átti að vera um mjög fá en stór verkefni að ræða. Í langtímaáætlun er gert ráð fyrir að á eftir jarðgöngum á Vestfjörðum, sem nú er unnið að, komi framkvæmdir við jarðgöng á Austfjörðum. Í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar er tekin inn ný skilgreining á hlutverki Stórverkefnasjóðs sem gerir ráð fyrir að framkvæmdir við bættar vegasamgöngur milli Norður- og Austurlands rúmist þar inni og einnig vegaframkvæmdir við Búlandshöfða.

Í nefndarstarfinu hefur sú skoðun komið fram af hálfu meiri hlutans að með því að taka nú inn nýja skilgreiningu á stórverkefnum sé verið að fresta gerð jarðganga á Austfjörðum eitthvað fram á næstu öld. Samkvæmt langtímaáætlun í vegagerð voru jarðgöng á Austfjörðum inni 1995–1998 eða á öðru tímabili með 448 millj. kr. en samkvæmt þessari tillögu eru 28 millj. kr. til þeirra hluta árin 1993–1996.

Minni hlutinn telur að með þessum breytingum sé verið að víkja frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið um jarðgangagerð. Stórverkefnasjóði er hér ætlað að fjármagna fleiri verkefni en áður án þess að fá til þess aukna tekjustofna. Það hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess að dreifa þarf framkvæmdum á lengra tímabil.

Ekki er um það deilt að hin nýju verkefni séu viðamikil og fjárfrek og því erfitt að fjármagna þau af framkvæmdafé viðkomandi kjördæma. Til þess að bæta við verkefni Stórverkefnasjóðs þyrfti hann hins vegar aukið fjármagn. Á því er hins vegar ekki tekið í tillögum meiri hlutans. Rétt er að minna á að þegar liðurinn Stórverkefni var upp tekinn í vegáætlun var það byggt á þeim forsendum að fjárhagsrammi sjóðsins yrði víkkaður.

Annað.

Þá telur minni hluti nefndarinnar að í algjört óefni sé komið hvað varðar fjármagn til framkvæmda við þjóðbrautir. Víða er svo komið að viðhaldi er mjög ábótavant, jafnvel svo að slysahætta gæti skapast af. Ljóst er að þörf er á auknu viðhaldi vega, bæði vega með bundnu slitlagi og malarvega. Endurnýjun á slitlögum vega hefur á undanförnum árum verið langt frá áætlaðri þörf. Nauðsynlegt er að auka fjármagn til þessa hluta vegaþjónustunnar á næstu árum.

Undirritaðir nefndarmenn telja rétt að ríkisstjórnin taki alla ábyrgð á þeim atriðum sem hér um ræðir og munu því sitja hjá við afgreiðslu vegáætlunar eða einstakra liða hennar.

Alþingi, 6. maí 1993.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Jóhann Ársælsson. Guðni Ágústsson.

Stefán Guðmundsson.

1160. Frumvarp til laga [591. mál]

um mannréttindasáttmála Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

1. Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt eftirtöldum samningsviðaukum:
   a. Samningsviðauka nr. 3 frá 6. maí 1963 um breyting á 29. gr. samningsins.
   b. Samningsviðauka nr. 5 frá 20. janúar 1966 um breyting á 22. og 40. gr. samningsins.

c. Samningsviðauka nr. 8 frá 19. mars 1985 um breyting á 20., 21., 23., 28., 29., 30., 31., 34., 40., 41. og 43. gr. samningsins.

2. Samningsviðauka frá 20. mars 1952 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samningsviðauka nr. 1).
3. Samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.
4. Samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann.
5. Samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.
6. Samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 eru birtir sem fylgiskjöl með þessum lögum á íslensku, ensku og frönsku.

2. gr.

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, Mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal I.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;

c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;

c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;

b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;

c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;

d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;

e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;

f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

6. gr.

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og or-

sök þeirrar ákæru sem hann sætir.

b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.

c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.

d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.

e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

7. gr.

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

8. gr.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

9. gr.

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

10. gr.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

12. gr.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Sérhver sá sem á er brotinn réttur eða frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

14. gr.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

15. gr.

1. Á tímum styrjaldar að annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

17. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

18. gr.

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi og heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi viðhafðar í nokkuru öðru skyni en fyrir er um mælt.

II. KAFLI

19. gr.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa hafa tekist á hendur skal setja á stofn:

1. Mannréttindanefnd Evrópu sem hér á eftir verður kölluð nefndin.
2. Mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn.

III. KAFLI

20. gr.

[1.][1]) Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og samningsaðilarnir eru. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis eiga sæti í nefndinni.

[2. Nefndin skal halda fundi sína með þátttöku allra nefndarmanna. Hún getur þó skipt sér í deildir sem séu skipaðar minnst sjö nefndarmönnum. Deildunum er heimilt að kanna erindi sem borin eru fram samkvæmt 25. gr. samningsins og fara má með á grundvelli dómvenju eða vekja ekki nein meiri háttar vafamál í túlkun eða beitingu samningins. Með þeim takmörkunum, sem að framan greinir og sem taldar eru í 5. tölul. þessarar greinar, skulu deildirnar fara með öll þau völd sem nefndinni eru fengin í samningnum.

Sá nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið vegna aðildarríkis sem erindi hefur verið beint gegn, skal hafa rétt til að sitja í þeirri deild sem erindinu er vísað til.

3. Nefndinni er heimilt að stofna starfshópa, sem séu hver um sig skipaðir að minnsta kosti þremur nefndarmönnum, er hafa vald, ef allir eru ósammála, til að lýsa erindi, sem borið er fram skv. 25. gr., ótækt eða fella það af málaskrá þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari athugunar.

4. Deild eða starfshópur getur ávallt látið lögsögu í máli í hendur fullskipaðrar nefndar, sem einnig getur mælt fyrir um flutning til sín á erindi sem vísað hefur verið til deildar eða starfshóps.

5. Aðeins nefndin fullskipuð getur farið með eftirfarandi völd:

a. Athugun á málshöfðun skv. 24. gr.

b. Vísun máls til dómstólsins í samræmi við 48. gr. a.

c. Samningu starfsreglna í samræmi við 36. gr.][2])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 1. gr.

21. gr.

1. Ráðherranefndin velur nefndarmennina af skrá sem skrifstofa ráðgjafarþingsins gerir. Skulu þeir kosnir með hreinum meiri hluta atkvæða. Fulltrúar hvers samningsaðila á ráðgjafarþinginu tilnefna þrjá menn og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Sömu aðferð skal eftir atvikum beita til að fullskipa nefndina ef fleiri ríki verða síðar aðilar að samningi þessum, svo og þegar sæti verður autt.

[3. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera menn grandvarir og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastöðum eða vera viðurkenndir fyrir þekkingu á landslögum eða þjóðarétti.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 2. gr.

22. gr.

1. Nefndarmenn skulu kosnir til sex ára. Þá má endurkjósa. Þó skal kjörtímabili sjö þeirra sem kjörnir eru í fyrstu kosningu lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu þremur árum liðnum skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs þegar að afloknu fyrsta kjöri.

3. [Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming nefndarmanna þriðja hvert ár er ráðherranefnd heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri nefndarmanna, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins nefndarmanna að ræða og ráðherranefndin beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Nefndarmaður, sem kjörinn hefur verið í stað annars, er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í nefndinni, uns því tímabili er lokið.

[6.][2]) Nefndarmenn skulu halda sæti sínu, þar til er aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 1. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 2. gr.

23. gr.

Nefndarmenn skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

24. gr.

Sérhver samningsaðili getur, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, skotið til nefndarinnar hverju meintu broti á ákvæðum sáttmálans sem annar samningsaðili telst hafa framið.

25. gr.

1. Nefndin getur tekið við erindum, sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í sáttmála þessum, enda hafi samningsaðili sá, sem kærður hefur verið, lýst því yfir að hann viðurkenni að nefndin sé bær til að taka við slíkum erindum. Þeir samningsaðilar, sem gefið hafa slíka yfirlýsingu, heita því að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

2. Slíkar yfirlýsingar má gefa til tiltekins tíma.

3. Yfirlýsingarnar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal senda samningsaðilum afrit af þeim og birta þær.

4. Nefndin skal einungis beita því valdi, sem henni er veitt með þessari grein þegar a.m.k. sex samningsaðilar eru skuldbundnir með yfirlýsingum samkvæmt málsgreinunum hér á undan.

26. gr.

Nefndin getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan sex mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

27. gr.

1. Nefndin skal eigi taka til meðferðar erindi sem lagt er fyrir hana skv. 25. gr. ef það er

a. frá ónafngreindum aðila;

b. eða efnislega hið sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af nefndinni eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

2. Nefndin skal meta ótæka hverja þá kæru sem hún telur ósamrýmanlega ákvæðum sáttmála þessa, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

3. Nefndin skal vísa frá hverju því erindi sem hún telur sér óheimilt að fjalla um skv. 26. gr.

28. gr.

[1.][1]) Hafi nefndin samþykkt að taka til meðferðar erindi sem henni hefur borist:

a. skal hún, í því skyni að sannreyna málsatvik, fara yfir málið með fulltrúum deiluaðila og, ef þörf krefur, láta rannsaka það. Er þeim ríkjum, sem hlut eiga að máli, þá skylt að greiða í hvívetna fyrir rannsókninni að höfðu samráði við nefndina.

b. Þá skal hún jafnframt vera aðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skýrgreind eru í samningi þessum.

[2. Ef nefndinni tekst að koma á sáttum skal hún semja um það skýrslu sem senda skal hlutaðeigandi ríkjum, ráðherranefndinni og aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til birtingar. Skýrslan skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem fengin var.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 4. gr.

29. gr.

[Þegar nefndin hefur tekið við málskoti skv. 25. gr. getur hún eftir sem áður ákveðið að hafna því [með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna][1]) uppgötvi hún við rannsókn þess einhverja ástæðu frávísunar, svo sem greinir í 27. gr.

Fari svo ber að tilkynna það málsaðilum.][2])

[1]) Samningsviðauki nr 8, 5. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 3, 1. gr.

30. gr.

[1. Nefndin getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er ákveðið að fella erindi af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. höfðandi hyggist ekki fylgja erindi sínu eftir, eða

b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða

c. af einhverri annarri ástæðu, sem nefndin ákvarðar, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um málið.

Nefndin skal þó halda áfram rannsókn erindis ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau, sem skýrgreind eru í samningi þessum, séu virt.

2. Ef nefndin ákveður að fella erindi af málaskrá sinni eftir að hafa tekið við því skal hún gera skýrslu sem hefur að geyma lýsingu á málsatvikum og ákvörðuninni um að fella erindið niður svo og ástæður þess. Málsaðilum skal send skýrslan svo og ráðherranefndinni til upplýsingar. Nefndin getur birt skýrsluna.

3. Nefndinni er heimilt að taka erindi að nýju á málaskrá sína ef hún telur að aðstæður réttlæti það.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 6. gr.

31. gr.

1. [Ef rannsókn erindis hefur ekki lokið í samræmi við 28. gr. (2. tölul.), 29. gr. eða 30. gr. skal nefndin gefa skýrslu um málsatvik og tjá skoðun sína á hvort málsatvik þau,

sem upplýst eru, leiði í ljós brot hlutaðeigandi ríkis á skyldum þess samkvæmt samningnum. Birta má álit einstakra nefndarmanna um þetta atriði í skýrslunni.][1])

2. Skýrslan skal send ráðherranefndinni. Hún skal enn fremur send hlutaðeigandi ríkjum og skal þeim eigi heimilt að birta hana.

3. Um leið og nefndin sendir ráðherranefndinni skýrsluna getur hún gert þær tillögur sem henni þurfa þykir.

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 7. gr.

32. gr.

1. Sé málinu ekki skotið til dómstólsins í samræmi við 48. gr. þessa samnings innan þriggja mánaða frá því að skýrslan var send ráðherranefndinni skal hún úrskurða með tveimur þriðju atkvæða þeirra er rétt eiga til setu hvort um brot sé að ræða á samningnum.

2. Verði niðurstaðan sú skal ráðherranefndin ákveða samningsaðila frest til þess að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru samkvæmt niðurstöðu ráðherranefndarinnar.

3. Ef samningsaðili hefur ekki gert fullnægjandi ráðstafanir innan hins tiltekna frests skal ráðherranefndin ákvarða með þeim meiri hluta, sem tilskilinn er í 1. tölul. þessarar greinar, hvernig fylgt skuli eftir hinni upphaflega ákvörðun hennar og birta skýrsluna.

4. Samningsaðilarnir heita því að hlíta hverri þeirri ákvörðun sem ráðherranefndin kann að taka samkvæmt ofangreindum töluliðum.

33. gr.

Fundi nefndarinnar skal halda fyrir luktum dyrum.

34. gr.

[Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar af meiri hluta þeirra sem fund sækja og greiða atkvæði, sbr. þó ákvæði 20. gr. (3. tölul.) og 29. gr.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 8. gr.

35. gr.

Fundir í nefndinni skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu boðaðir af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

36. gr.

Nefndin skal sjálf setja sér fundarsköp.

37. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal sjá nefndinni fyrir starfsliði.

IV. KAFLI

38. gr.

Mannréttindadómstóll Evrópu skal skipaður dómurum jafnmörgum þeim ríkjum sem aðilar eru að Evrópuráðinu. Eigi mega fleiri en einn þegn sama ríkis sitja í dómstólnum.

39. gr.

1. Dómarar skulu kjörnir af ráðgjafarþinginu, með meiri hluta greiddra atkvæða, af listum sem aðildarríki Evrópuráðs leggja fram. Hvert aðildarríki skal tilnefna þrjá menn, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Eftir því sem við á skal sami háttur hafður á til fylla tölu dómara þegar ný aðildarríki ganga í Evrópuráðið eða sæti losnar í dómstólnum.

3. Dómaraefni skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

40. gr.

1. Dómarar skulu kosnir til níu ára í senn. Þá má endurkjósa. Af þeim dómurum, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó kjörtímabili fjögurra lokið að þremur árum liðnum og annarra fjögurra að sex árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur eða sex árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra þegar að aflokinni fyrstu kosningu.

[3. Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um þriðjung dómara þriðja hvert ár er ráðgjafarþingi heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en níu ára, þó eigi lengur en til tólf ára né skemur en til sex.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og ráðgjafarþing beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri annast þegar að kosningu lokinni.][1])

[5.][2]) Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

[6.][2]) Dómarar skulu halda sæti sínu í dómstólnum þar til aðrir koma í þeirra stað. Þá er þeir hafa verið leystir af skulu þeir starfa áfram að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

[7. Dómarar skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar. Meðan á kjörtímabili þeirra stendur skulu þeir ekki gegna nokkurri þeirri stöðu sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra og hlutleysi sem dómarar eða kröfum þeim sem starfið gerir.][3])

[1]) Samningsviðauki nr. 5, 3. gr.

[2]) Samningsviðauki nr. 5, 4. gr.

[3]) Samningsviðauki nr. 8, 9. gr.

41. gr.

[Dómstóllinn skal kjósa sér forseta og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára. Þá má endurkjósa.][1])

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 10. gr.

42. gr.

Dómararnir skulu fá þóknun fyrir hvern starfsdag og skal ráðherranefndin ákveða upphæð hennar.

43. gr.

Deild [níu][1]) dómara skal fara með hvert það mál sem lagt er fyrir dómstólinn. Sjálfskipaður í deildina er dómarinn sem er þegn málsaðila. Fyrirfinnist enginn slíkur tilnefnir aðili dómara. Dómsforseti velur aðra dómara með hlutkesti áður en málsmeðferð hefst.

[1]) Samningsviðauki nr. 8, 11. gr.

44. gr.

Aðeins samningsaðilar og nefndin hafa rétt til að skjóta máli til dómstólsins.

45. gr.

Lögsaga dómstólsins tekur til allra mála sem varða túlkun og framkvæmd samnings þessa og samningsaðilar eða nefndin leggja fyrir hann skv. 48. gr.

46. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er lýst því yfir að hann viðurkenni skylduga lögsögu dómstólsins, *ipso facto* og án sérstaks samkomulags, í öllum málum sem varða túlkun og framkvæmd samningsins.

2. Þær yfirlýsingar, er að ofan greinir, má gefa skilyrðislaust eða með skilyrði um gagnkvæmi af hálfu nokkurra eða tiltekinna annarra samningsaðila, eða til ákveðins tímabils.

3. Þessar yfirlýsingar skulu afhentar aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu, og skal hann fá samningsaðilum afrit af þeim.

47. gr.

Dómstólnum skal því aðeins heimilt að fjalla um mál að nefndin hafi lýst því yfir að mistekist hafi að koma á sáttum, enda sé eigi liðinn sá þriggja mánaða frestur sem kveðið er á um í 32. gr.

48. gr.

Þeir, er nú skal greina geta lagt mál fyrir dómstólinn, enda sé samningsaðili sá eða þeir sem hlut eiga að máli skyldir að hlíta lögsögu dómstólsins eða annars kostar samþykki það:

a. nefndin;

b. samningsaðili er þegn hans er talinn órétti beittur;

c. samningsaðili sá sem vísaði málinu til nefndarinnar;

d. samningsaðili sem kvörtun hefur verið beint gegn.

49. gr.

Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

50. gr.

Nú telur dómstóllinn úrskurð eða ráðstöfun stjórnvalds samningsaðila fara að öllu leyti eða nokkru í bág við skyldur hans samkvæmt samningi þessum, enda veiti lög hans aðeins bætur að hluta sakir afleiðinga af slíkum úrskurði eða ráðstöfun, og skal dómstóllinn þá úrskurða, ef með þarf, aðila þeim, sem órétti var beittur, sanngjarnar bætur.

51. gr.

1. Dómstóllinn skal rökstyðja dóma sína.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

52. gr.

Dómur dómstólsins skal vera endanlegur.

53. gr.

Samningsaðilar heita því að hlíta dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

54. gr.

Dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með framkvæmd hans.

55. gr.

Dómstóllinn setur sér reglur og ákveður dómsköp sín.

56. gr.

1. Fyrsta kosning dómara skal fara fram eftir að yfirlýsingar samningsaðilanna, sem um getur í 46. gr., eru orðnar átta að tölu.

2. Ekkert mál verður lagt fyrir dómstólinn áður en kosning þessi hefur farið fram

V. KAFLI

57. gr.

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

58. gr.

Evrópuráðið skal standa straum af útgjöldum nefndarinnar og dómstólsins.

59. gr.

Nefndarmenn og dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðs og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

60. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

61. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

62. gr.

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

63. gr.

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að nefndin sé bær um að taka við erindum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 25. gr. samnings þessa.

64. gr.

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

65. gr.

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. 63. gr.

66. gr.

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, á ensku og frönsku – jafngildirtextar báðir – í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn").

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

2. gr.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

4. gr.

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. málsgrein 63. greinar samningins.

5. gr.

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. grein hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

6. gr.

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim deg, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

Gjört í París hinn 20. mars 1952, á ensku og frönsku – jafngildir textar – báðir í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald Mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita, skírskota til ákvæða samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „samningurinn"), einkum 19. greinar hans þar sem meðal annarra stofnana er settur á fót Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn"); telja nauðsynlegt að veita dómstólnum réttindi til þess að láta uppi ráðgefandi álit í ákveðnum tilvikum; og hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Dómstólnum er heimilt, ef ráðherranefndin æskir, að láta uppi ráðgefandi áliti um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningaviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði, er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem mannréttindanefndin, dómstóllinn eða ráðherranefndin kynnu að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf til tvo þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra er sæti eiga í nefndinni.

2. gr.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit, er ráðherranefnd ber fram, sé innan ráðgjafarsviðs hans, svo sem það er skilgreint í 1. grein samningsviðauka þessa.

3. gr.

1. Dómstóllinn skal á sameinuðum fundi fjalla um óskir um ráðgefandi álit.

2. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

3. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara réttur til að setja fram sérálit.

4. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndar.

4. gr.

Valdsvið dómstólsins skv. 55. grein samningins skal ná til þess að setja þær reglur og dómsköp er honum þurfa þykir vegna samningsviðauka þessa.

5. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn, og geta þau gerst aðilar að honum:

a. með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki;

b. með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki sem síðan er gengið frá.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningsviðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og öll aðildarríki samningsins hafa gerst aðilar að honum samkvæmt ákvæðum fyrsta töluliðar þessarar greinar.

3. Frá því að samningsviðauki þessi gengur í gildi skoðast 1. til 4. gr. hans órjúfanlegur hluti sáttmálans.

4. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðildarríkjum ráðsins um

a. allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

b. allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,

c. öll skjöl um fullgildingu eða samþykki, sem fram eru lögð, og

d. hvenær samningsviðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. tölulið greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 6. dag maímánaðar 1963, á ensku og frönsku -jafngildir textar báðir – í einu eintaki – sem geyma skal í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóra láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og samningsviðauka nr. 1 við hann.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist samningurinn), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var París 20. mars 1952, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og þær séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

3. gr.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

4. gr.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

5. gr.

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt næst tölulið á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. 63. gr. samningins.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

6. gr.

1. Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

2. Eigi að síður koma réttindi einstaklinga til málskots, svo sem þau eru viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 25. gr. samningsins eða með samþykki við lögsögu dómstólsins, svo sem hún er viðurkennd með yfirlýsingu samkvæmt 46. gr. samningins, ekki til framkvæmda að því er samningaviðauka þennan varðar fyrr en aðildarríki það, sem í hlut á, hefur lýst því yfir að það virði þessi réttindi eða að það fallist á þar greinda lögsögu að því er varðar öll eða einhver ákvæði 1. til 4. gr. samningsviðauka þessa.

7. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og saminginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Strassborg, 16. dag septembermánaðar 1963, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóri láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samning-

inn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn), telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum aðildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

3. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

4. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara samkvæmt 64. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

5. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

6. gr.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

7. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

8. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm að-

ildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 5. og 8. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 28. apríl 1983, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Samningsviðauki nr. 7 á við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur samningurinn),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,

b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og

c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna samkvæmt a-, b- og c-lið 1. tölul. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

2. gr.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

4. gr.

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningsins.

5. gr.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

6. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leyti það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tölul. 63. gr. samningsins.

5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1. til 6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

2. Þrátt fyrir það skal sá réttur einstaklinga til málskots, sem viðurkenndur er samkvæmt 25. gr. samningins, eða viðurkenning á bindingu á lögsögu dómsins samkvæmt yfirlýsingu í samræmi við 46. gr. samningins ekki gilda um þennan samningsviðauka nema viðkomandi ríki hafi gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni slíkan rétt eða lögsögu að því er tekur til 1. til 5. gr. þessa samningsviðauka.

8. gr.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

9. gr.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa samkvæmt 6. og 9. gr.

d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 22. nóvember 1984, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Á fskj. II með lagafrumvarpinu birtist samningurinn, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 á ensku og frönsku. Um fskj. II vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 25. júní 1992 gekk dómur á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, sem það fullgilti 19. júní 1953, en þetta var í máli sem kom til vegna kæru Þorgeirs Þorgeirsonar rithöfundar á hendur því. Í framhaldi af þessu skipaði dómsmálaráðherra nefnd þann 8. júlí 1992 til að gera tillögur um viðbrögð við dóminum. Meðal verkefna nefndarinnar var að kanna hvort tímabært væri að lögfesta hér á landi fyrrnefndan samning ásamt viðaukum við hann, eða Mannréttindasáttmála Evrópu eins og samningurinn og viðaukar við hann eru almennt nefndir í einu lagi, og undirbúa þá eftir atvikum frumvarp til laga um það efni.

Í nefndina voru skipuð Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi ráðherra, sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Björn Bjarnason alþingismaður, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Markús Sigurbjörnsson prófessor, og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Með nefndinni starfaði Jón Thors, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá aðstoðaði Guðrún Gauksdóttir lögfræðingur nefndina í nokkrum atriðum.

Í starfi sínu komst nefndin meðal annars að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja til að Mannréttindasáttmáli Evrópu yrði lögtekinn hér á landi, en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi. Í samræmi við erindisbréf sitt samdi því nefndin frumvarp það sem hér er flutt. Nefndarmenn, aðrir en Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, voru sammála um þessa frumvarpsgerð. Ragnar lagði hins vegar fram sératkvæði þar sem hann leggur til að einungis efnisákvæði mannréttindasáttmálans verði lögfest. Með sératkvæði hans fylgdi frumvarp til laga um slíka lögfestingu sáttmálans svo og greinargerð sem Guðrún Gauksdóttir lögfræðingur tók saman fyrir nefndina og nefnist: Frumathugun á því hvort breyta þurfi ákvæðum í íslenskri löggjöf við lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu. Sératkvæðið og fylgiskjöl þess eru prentað sem viðauki með lagafrumvarpi þessu. Þá samdi nefndin athugasemdir þær sem hér fylgja frumvarpinu. Nefndin hafði við samningu frumvarpsins meðal annars hliðsjón af undirbúningi að nýsettum lögum um sama efni í Danmörku. Rétt er að taka fram að nefndinni var ekki falið að taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til að lögfesta hér á landi ákvæði annarra alþjóðasamninga um mannréttindi sem íslenska ríkið hefur gerst aðili að, og hefur hún því ekki fjallað sérstaklega um það.

Eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið er skipt í tvo meginþætti. Annars vegar eru almennar athugasemdir þar sem einkum er fjallað um aðdragandann að gerð Mannréttindasáttmála Evrópu, réttindin sem vernduð eru af ákvæðum hans, hvernig farið er með kæru á broti gegn sáttmálanum, lagaleg áhrif sáttmálans í þeim ríkjum sem hafa gerst aðilar að honum, stöðu íslensks réttar gagnvart sáttmálanum, nánari röksemdir fyrir tillögu um að sáttmálinn verði lögfestur hér á landi og hver áhrif það hefði á íslenskan rétt að sú tillaga næði fram að ganga með samþykkt þessa frumvarps. Hins vegar eru síðan athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

I. Aðdragandi að gerð Mannréttindasáttmála Evrópu, gildistaka hans og síðari breytingar á honum.

Þegar leið á síðari heimstyrjöldina beindist veruleg athygli að þeim stórfelldu brotum á mannréttindum sem áttu sér stað fyrir upphaf stríðsins og á árum þess í ýmsum þeim ríkjum sem biðu þar að endingu lægri hlut og á hernámssvæðum þeirra. Þau viðhorf hlutu mikið fylgi að nauðsynlegt væri að þjóðir heims gerðu sameiginlegt átak til

að fyrirbyggja slík mannréttindabrot. Þetta hafði bein áhrif á mótun sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var undirritaður 26. júní 1945, en í 1. gr. hans kemur fram að eitt helsta markmið Sameinuðu þjóðanna sé að efla mannréttindi og stuðla að aukinni virðingu fyrir þeim án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða. Á grundvelli ályktunar Alþingis frá 25. júlí 1946 gekk Ísland í Sameinuðu þjóðirnar 19. nóvember 1946, sbr. auglýsingu nr. 91 frá því ári.

Stefnumörkun í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Til að fylgja frekar eftir þessu markmiði sáttmála Sameinuðu þjóðanna var þegar á fyrstu starfsárum þeirra sett á fót sérstök mannréttindanefnd sem var falið að semja drög að alþjóðlegri mannréttindaskrá. Nefndin hóf þetta starf í janúar 1947 og lauk því sumarið 1948, en drög hennar voru lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þá um haustið. Á allsherjarþinginu voru skiptar skoðanir um efni draganna, en sérstök nefnd vann að samræmingu sjónarmiða og gerði talsverðar breytingar á drögunum án þess að full samstaða næðist um þau. Í desember 1948 voru drögin með áorðnum breytingum allt að einu samþykkt án mótatkvæða á allsherjarþinginu sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Í inngangi að yfirlýsingunni er meðal annars vísað til þess að með sáttmála Sameinuðu þjóðanna hafi þau ríki, sem eiga aðild að þeim, skuldbundið sig til að virða mannréttindi og jafnrétti, en í því ljósi sé nauðsynlegt að allar þjóðirnar leggi sama skilning í hver þessi réttindi séu. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafi af þessum sökum samþykkt mannréttindayfirlýsinguna til fyrirmyndar öllum þjóðum í þessum efnum. Mannréttindayfirlýsingunni var þannig ekki ætlað að hafa bindandi áhrif að þjóðarétti fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, heldur að verða þeim til leiðsagnar og leggja um leið á þau siðferðilega skuldbindingu um að löggjöf þeirra og réttarreglur væru í samræmi við yfirlýsinguna. Í yfirlýsingunni var heldur ekki kveðið á um nein sérstök úrræði handa þeim sem teldi aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skert mannréttindi samkvæmt henni.

Upphaf Evrópuráðsins.

Á fyrstu árunum eftir stríð var mjög hvatt til þess í ríkjum Vestur-Evrópu að leitað yrði leiða til að auka samstöðu þeirra og þá einkum til að koma í veg fyrir að styrjöld gæti brotist út milli þeirra á ný. Síðla árs 1947 mynduðu ýmis samtök í þessum ríkjum alþjóðanefnd um evrópska samstöðu sem boðaði til ráðstefnu Evrópuþjóða í Haag í maí 1948. Á ráðstefnunni var meðal annars samþykkt ályktun um að stofna ætti ráðgjafarþing Evrópuríkja og mannréttindadómstól þeirra. Í anda þessarar ályktunar ákváðu aðildarríki svonefnds Brusselbandalags, sem stofnað var í mars 1948 af Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og Lúxemborg, að skipa nefnd til að vinna frekar að þessum markmiðum. Í janúar 1949 náðu þessi ríki samkomulagi um að leggja drög að stofnun Evrópuráðsins og buðu Danmörku, Írlandi, Ítalíu, Noregi og Svíþjóð að taka þátt í frekari undirbúningi. Í sameiningu stóðu þessi ríki síðan að stofnskrá Evrópuráðsins sem var undirrituð 5. maí 1949. Í 1. og 3. gr. stofnskrárinnar kemur fram að markmið Evrópuráðsins sé að stuðla að einingu aðildarríkja þess um að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum sem séu sameiginleg arfleifð þeirra, meðal annars með því að efla mannréttindi og mannfrelsi sem aðildarríki að Evrópuráðinu skuldbinda sig til að tryggja öllum innan lögsögu þeirra. Ísland var þriðja ríkið sem gekk í Evrópuráðið til viðbótar við stofnríki þess, en það gerðist 7. mars 1950.

Með stofnskrá Evrópuráðsins urðu til tvenns konar stofnanir þess; ráðgjafarþing og nefnd utanríkisráðherra aðildarríkjanna, svokölluð ráðherranefnd, en í stofnskránni var kveðið nánar á um skipan og hlutverk þessara stofnana. Þegar á fyrsta fundi ráðgjafar-

þingsins í ágúst 1949 var samþykkt að undirbúa gerð samnings milli aðildarríkja Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þingið fól laganefnd sinni að starfa frekar að þessu og beindi meðal annars til hennar að hafa í þeim efnum hliðsjón af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Laganefndin lauk störfum á skömmum tíma og samþykkti ráðgjafarþingið í september 1949 að mæla með tillögu hennar um gerð samnings, þar sem yrði kveðið á um verndun tíu grundvallarréttinda og stofnun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu til að tryggja að þessi réttindi yrðu virt. Í framhaldi af þessu komu tillögurnar til kasta ráðherranefndar Evrópuráðsins sem fól sérfræðinganefnd að semja uppkast að alþjóðasamningi á grundvelli þeirra. Innan sérfræðinganefndarinnar náðist ekki full samstaða og voru því nokkur atriði enn óútkljáð þegar hún skilaði ráðherranefndinni uppkasti sínu vorið 1950. Embættismannanefnd var falið að ná samkomulagi um þessi atriði, sem tókst að mestu, en endanlega voru öll meginatriði samningsins útkljáð á fundi ráðherranefndarinnar í ágúst 1950. Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var síðan undirritaður á fundi ráðherranefndarinnar 4. nóvember 1950, en samkvæmt 66. gr. hans átti hann að öðlast gildi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins hefðu afhent aðalritara þess skjöl um fullgildingu sína á samningnum. Forseti Íslands undirritaði 19. júní 1953 fullgildingarskjal íslenska ríkisins á samningnum, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Samningurinn tók síðan gildi 3. september 1953 þegar fullgildingarskjöl tilskilins fjölda aðildarríkja höfðu verið afhent Evrópuráðinu.

Breytingar á mannréttindasáttmálanum.

Í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru ekki sérstakar reglur um hvernig breytingar verði gerðar á ákvæðum hans eða aukið verði við hann, heldur gilda um þetta almenn fyrirmæli í stofnskrá Evrópuráðsins, einkum í 15. og 20. gr. hennar. Samkvæmt stofnskránni verður grunnur lagður að breytingum af þessum toga með ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins, ýmist að frumkvæði hennar eða þings ráðsins. Breytingar taka ekki gildi nema að fenginni fullgildingu tiltekins fjölda aðildarríkja að mannréttindasáttmálanum, en nauðsynlegur fjöldi ríkja er ákveðinn hverju sinni í samningi um breytingarnar. Breytingar á sáttmálanum, sem leggja auknar skyldur á aðildarríkin, verða ekki bindandi fyrir þau nema þau fullgildi þær fyrir sitt leyti. Með þessum hætti hafa alls verið gerðir átta samningsviðaukar við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem hafa öðlast gildi.

Þrír af þessum samningsviðaukum hafa leitt til breytinga á upphaflegum texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þetta eru samningsviðaukar nr. 3 frá 6. maí 1963, nr. 5 frá 20. janúar 1966 og nr. 8 frá 19. mars 1985. Ísland fullgilti tvo fyrstnefndu samningsviðaukana 16. nóvember 1967, en samningsviðauka nr. 8 22. maí 1987. Þessir samningsviðaukar öðluðust ekki gildi fyrr en við fullgildingu þeirra af hálfu allra aðildarríkja að mannréttindasáttmálanum. Það var fyrst á árinu 1970 sem viðauki nr. 3 fékk gildi, viðauki nr. 5 árið 1971 og viðauki nr. 8 árið 1990.

Fimm samningsviðaukar hafa leitt af sér viðbætur við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í einum þeirra, samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963, er kveðið á um frekari viðfangsefni Mannréttindadómstóls Evrópu en voru ráðgerð í upphaflega samningnum, en með þessum viðauka er mælt fyrir um vald dómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit um önnur atriði sáttmálans en skýringu á einstökum ákvæðum hans um vernd mannréttinda. Þessi samningsviðauki var fullgiltur af Íslandi 16. nóvember 1967, en hann öðlaðist gildi 1970, þegar öll aðildarríki að sáttmálanum höfðu fullgilt hann. Í hinum viðaukunum fjórum eru ákvæði um ýmis mannréttindi sem ekki var mælt fyrir um í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þetta eru nánar tiltekið

samningsviðaukar nr. 1 frá 20. mars 1952, nr. 4 frá 16. september 1963, nr. 6 frá 28. apríl 1983 og nr. 7 frá 22. nóvember 1984. Fyrsti samningsviðaukinn var fullgiltur af íslenska ríkinu um leið og samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eða 19. júní 1953. Samningsviðauki nr. 4 var fullgiltur 16. nóvember 1967, en tveir síðastnefndu viðaukarnir 22. maí 1987. Til þess að þessir samningsviðaukar fengju gildi var áskilið að ákveðinn fjöldi aðildarríkja, á bilinu frá fimm til tíu í hverju tilviki, hefðu fullgilt þá. Samningsviðauki nr. 1 öðlaðist gildi á árinu 1954, nr. 4 á árinu 1968, nr. 6 á árinu 1985 og nr. 7 á árinu 1988.

Þess skal getið að þann 6. nóvember 1990 var undirritaður samningsviðauki nr. 9 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en með honum er ætlunin að breyta ákvæðum 31., 44., 45. og 48. gr. samningsins. Þessi viðauki tekur ekki gildi fyrr en tíu aðildarríki hafa fullgilt hann, en það hefur ekki gerst enn sem komið er. Ísland er meðal þeirra ríkja sem ekki hafa fullgilt viðaukann.

Um þessar mundir hafa 27 aðildarríki að Evrópuráðinu fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en auk Íslands eru þetta eftirtalin ríki: Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, San Marino, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Tyrkland, Ungverjaland og Þýskaland. Á árinu 1992 var ríkið Tékkóslóvakía lagt niður og urðu þá um leið til tvö sjálfstæð ríki í þess stað, Tékkland og Slóvakía. Eftir þá breytingu er enn óljóst um aðild þessa fyrrum ríkis eða nýju ríkjanna tveggja að Evrópuráðinu og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Eftir ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka nr. 1, 4, 6 og 7 getur ríki fullgilt þá með fyrirvara um að ákveðin atriði þeirra samrýmist ekki löggjöf sinni, en með þeim hætti færist ríki undan skuldbindingu um að tryggja viðkomandi réttindi á yfirráðasvæði sínu. Af hálfu íslenska ríkisins hefur aldrei verið gerður slíkur fyrirvari við fullgildingu sem heyrir fremur til undantekninga í samanburði við önnur aðildarríki, enda hefur aðeins um þriðjungur þeirra fullgilt samninginn og alla viðauka við hann án fyrirvara.

II. Réttindi sem eru vernduð af Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis er skipað í fimm kafla. Í þeim fyrsta er mælt fyrir um réttindin sem aðildarríki að samningnum tryggja hverjum þeim, sem dvelst innan yfirráðasvæðis þeirra. Í II. kafla samningsins er kveðið á um stofnun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu, en tveir næstu kaflarnir geyma reglur um skipan hvorrar stofnunar um sig og meðferð þeirra á kærum og málum um brot á sáttmálanum, auk þess sem þar eru heimildir til að ljúka meðferð kæru út af slíku broti fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins. Í V. kafla samningsins eru nokkur almenn ákvæði og fyrirmæli um fullgildingu og gildistöku hans. Efnisákvæði um mannréttindi eru í I. kafla samningsins, en reglur hinna kaflanna snúa að mestu að meðferð á kærum um brot á sáttmálanum.

Með áðurnefndum samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 hefur verið aukið við þau réttindi sem talin eru í I. kafla samningsins og aðildarríkin skuldbinda sig til að virða. Með þeim skilyrðum, sem koma fram í einstökum ákvæðum mannréttindasáttmálans, er þar m.a. mælt fyrir um eftirfarandi:

* Rétt til lífs og bann við dauðarefsingu.
* Bann við pyntingum og ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.
* Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
* Rétt til frelsis og mannhelgi.

* Rétt handtekins manns til vitneskju um ástæður fyrir handtöku og hverjum sökum hann er borinn.
* Rétt handtekins manns og gæsluvarðhaldsfanga til að koma fyrir dómara og til dómsmeðferðar innan hæfilegs tíma.
* Rétt handtekins manns og gæsluvarðhaldsfanga til að bera frelsisskerðinguna undir dómstól.
* Rétt þess sem sætt hefur handtöku eða gæsluvarðhaldi til skaðabóta.
* Rétt til að fá réttláta og opinbera meðferð máls fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli innan hæfilegs tíma.
* Rétt til að dómstóll fjalli um ágreining í einkamálarétti og sakamál.
* Rétt sakbornings til að teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð.
* Lágmarksréttindi sakbornings:
    Tafarlausa vitneskju um eðli og orsök kæru.
    Nægan tíma og aðstöðu til varnar.
    Rétt til að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali.
    Rétt til ókeypis lögfræðiaðstoðar ef þörf krefur.
    Rétt til að spyrja eða láta spyrja vitni.
    Rétt til ókeypis aðstoðar túlks.
* Bann við afturvirkni refsilaga.
* Friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
* Hugsanafrelsi, samviskufrelsi og trúfrelsi.
* Tjáningarfrelsi, þar með talið skoðana-, upplýsinga- og hugmyndafrelsi.
* Félagafrelsi og fundafrelsi.
* Rétt til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu.
* Jafnrétti hjóna.
* Friðhelgi eignarréttar.
* Rétt til menntunar.
* Rétt foreldra til að tryggja að fræðsla barna sé samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.
* Rétt til að greiða atkvæði leynilega í frjálsum kosningum.
* Bann við frelsissviptingu vegna vanefnda á samningsbundinni skyldu.
* Ferðafrelsi og rétt til að velja sér dvalarstað.
* Bann við að ríki vísi þegni sínum úr landi eða meini honum komu til landsins.
* Bann við brottvísun hópa útlendinga úr landi.
* Réttarstöðu útlendings sem á að vísa úr landi.
* Rétt til að leita endurskoðunar á dómi í refsimáli.
* Bann við saksókn á hendur manni öðru sinni vegna afbrots sem hann hefur áður verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af.
* Rétt fyrir þann sem sætir mannréttindabroti samkvæmt sáttmálanum til raunhæfr ar leiðar til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi.
* Réttindi sáttmálans skulu tryggð án manngreinarálits, svo sem eftir kynferði, kynþætti, litarhætti, tungu, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum eða öðrum skoðunum, þjóðernis- eða þjóðfélagsstöðu, tengslum við þjóðernisminnihluta, eignum, uppruna eða annarri stöðu.

Hverjir njóta réttindanna?

Eins og kemur fram í 1. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis skuldbinda aðildarríkin að mannréttindasáttmálanum sig til að tryggja þessi réttindi hverj-

um þeim sem dvelst innan yfirráðasvæðis þeirra. Réttindin eru ekki aðeins tryggð þegnum ríkjanna, heldur öllum, sem dveljast innan þeirra og án tillits til þjóðernis, svo sem tekið er fram í 14. gr. samningsins, en í 16. gr. hans er þó heimilað að takmarka frelsi útlendinga til pólitískrar starfsemi.

Skuldbindingar og afmörkun hugtaks.

Til að efna skuldbindingar sínar, sem fylgja aðild að mannréttindasáttmálanum, verða ríkin, sem í hlut eiga, að haga löggjöf, stjórn- og dómsýslu sinni þannig að ofangreind réttindi séu virt. Í vel flestum atriðum eru þessi réttindi þess eðlis að þau beinast að ríkjunum sjálfum sem bera þá skyldurnar sem svara til réttindanna. Réttindin eru aðeins í undantekningartilvikum þess efnis að skyldur falli á einstaklinga eða samtök þeirra. Í raun má því segja að þegar rætt er um mannréttindi samkvæmt þessum sáttmála sé í meginatriðum átt við frelsisréttindi einstaklinganna til að haga lífi sínu, skoðunum og athöfnum að eigin vild án þess að eiga á hættu afskipti eða íhlutun ríkisins. Þessi afmörkun á hugtakinu mannréttindi eða eðli þeirra er í samræmi við viðtekinn skilning á því.

Munur á Mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindayfirlýsingu Sþ.

Við samanburð á ákvæðum mannréttindasáttmálans og ákvæðum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 kemur í ljós að ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar eru víðtækari. Þar er hins vegar að finna ákvæði um öll sömu mannréttindi og fjallað er um í Mannréttindasáttmála Evrópu. Á mannréttindasáttmálanum og mannréttindayfirlýsingunni er sá meginmunur að sáttmálinn er samningur sem bindur aðildarríkin að þjóðarétti. Mannréttindayfirlýsingin er ekki skuldbindandi þjóðréttarsamningur, en þar er að finna stefnumið til leiðsagnar fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Áhrif mannréttindayfirlýsingarinnar hafa verið mikil og á henni hefur verið byggt við gerð nýrra mannréttindasáttmála. Enda þótt mannréttindayfirlýsingunni sé þannig ekki ætlað að hafa bein réttaráhrif að þjóðarétti, leikur ekki vafi á að hún gegnir mikilvægu hlutverki og vegna þeirra viðurkenningar, sem hún hefur hlotið, hefur því verið haldið fram að ákvæði hennar hafi smá saman verið að breytast í reglur sem hafi gildi að þjóðarétti.

Eitt helsta markmiðið með gerð Mannréttindasáttmála Evrópu var einmitt að leggja lagalegar skyldur á aðildarríki að Evrópuráðinu til að virða og tryggja tiltekin mannréttindi, skyldur sem reyndist ekki unnt að koma á meðal Sameinuðu þjóðanna á fimmta áratug aldarinnar. Mannréttindasáttmálinn er að auki frábrugðinn flestum þjóðréttarsamningum að því leyti að hann leggur ekki aðeins lagaskyldu á aðildarríki gagnvart öðrum aðildarríkjum til að tryggja tiltekin mannréttindi, heldur er sagt í honum að hver sá, sem dvelst innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, geti átt kost á að leita úrræða á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli sáttmálans ef hann telur ríkið brjóta á sér gegn ákvæðum sáttmálans. Að þessu síðarnefnda leyti er mannréttindasáttmálinn verulega frábrugðinn flestum öðrum þjóðréttarsamningum því að hann veitir ekki aðeins samningsríkjunum, heldur einnig einstaklingum, aðgang að alþjóðlegum stofnunum til að fá leyst úr því hvort samningsríki hafi vanefnt skyldur sínar. Þess verður þó að geta að líkar leiðir hafa verið farnar í fáeinum yngri samningum um mannréttindi. Í valfrjálsri bókun við Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er kveðið á um rétt einstaklinga til að senda Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna erindi út af skerðingu þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Nefndin kannar erindin og kemur síðan sjónarmiðum sínum á framfæri við ríkið sem í hlut á og einstaklinginn. Ísland er eitt þeirra ríkja sem hefur skuldbundið sig til að hlíta kærum einstaklinga á hendur sér samkvæmt þessari bókun.

III. Meðferð kæru á hendur aðildarríki að Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru reglur um sérstakar stofnanir til að veita ríkjunum, sem hafa fullgilt mannréttindasáttmálann, aðhald og stuðla að því að þau virði réttindin, sem sáttmálanum er ætlað að tryggja. Þessar stofnanir eru nánar tiltekið Mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu, auk þess sem ráðherranefnd Evrópuráðsins kemur við sögu í þessum efnum, en stofnanirnar starfa allar í Strassborg í Frakklandi.

Mannréttindanefndin.

Mannréttindanefnd Evrópu er sú stofnun sem kærum um út af brotum á sáttmálanum er beint til í upphafi. Samkvæmt 20. og 21. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis er nefndin skipuð jafnmörgum mönnum og aðildarríki að sáttmálanum eru, en ráðherranefndin kýs einn mann frá hverju ríki í mannréttindanefndina til sex ára í senn af lista frá forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins. Íslandsdeild þess tilnefnir þrjá menn fyrir sitt leyti. Svo sem fram kemur í 23. gr. samningsins eiga nefndarmenn í mannréttindanefndinni sæti í henni sem einstaklingar en ekki til að gæta hagsmuna heimaríkja sinna. Í 24. og 25. gr. samningsins er ráðgert að kærur um brot á samningnum geti borist mannréttindanefndinni með tvennu móti. Samkvæmt fyrra ákvæðinu getur aðildarríki að sáttmálanum kært annað aðildarríki fyrir samningsbrot, en samkvæmt því síðara getur nefndin tekið við kærum frá einstaklingum, hópi þeirra eða samtökum sem telja aðildarríki hafa brotið gegn samningnum. Þessi síðarnefnda heimild er þó háð því að aðildarríkið, sem kært er, hafi lýst sérstaklega yfir viðurkenningu fyrir sitt leyti á því að nefndin sé bær um að taka við kæru frá einstaklingum. Öll aðildarríkin hafa gefið slíkar yfirlýsingar.

Í 26. og 27. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis koma fram frekari skilyrði fyrir því að mannréttindanefndin taki kæru til meðferðar. Þar er áskilið að áður hafi verið farnar allar leiðir sem lög leyfa í heimalandinu til að leysa úr kæruefninu. Ef kæra berst frá öðrum en aðildarríki að sáttmálanum verður hún að vera frá nafngreindum einstaklingi eða samtökum, hún má ekki varða sama atvik og hefur áður verið kært til nefndarinnar nema nýjar upplýsingar komi þá fram, og kæran má heldur ekki vera í ósamræmi við reglur sáttmálans eða fela í sér misnotkun á kærurétti. Mannréttindanefndinni er jafnframt heimilað að vísa þegar á bug kæru frá einstaklingi ef hún á bersýnilega ekki við rök að styðjast. Sé þessum skilyrðum fullnægt á nefndin að rannsaka kæruefnið nánar og gefa eftir atvikum hlutaðeigandi aðildarríki kost á að tjá sig um kæruna. Nefndin leysir í kjölfarið úr því hvort kæran sé tæk til frekari meðferðar. Telji nefndin kæruna tæka til frekari meðferðar leitar hún sátta milli kærandans og ríkisins sem í hlut á. Takist sátt ekki segir nefndin álit sitt á því hvort ríkið hafi brotið gegn sáttmálanum og gerir um það sérstaka skýrslu. Slíkar skýrslur eru sendar ráðherranefnd Evrópuráðsins skv. 31. gr. samningsins. Hvort sem mannréttindanefndin telur aðildarríki hafa brotið gegn sáttmálanum eða ekki getur hún lagt málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu skv. 48. gr. samningsins til að fá leyst úr því hvort um brot hafi verið að ræða. Álit hennar um kæru, þar sem því er hafnað að brot hafi verið framið, felur þannig að jafnaði í sér lokaúrlausn um kæruefnið, enda getur kærandinn ekki lagt mál sjálfur fyrir mannréttindadómstólinn eftir núgildandi ákvæðum 44. og 48. gr. samningsins.

Þegar mannréttindanefndin telur að aðildarríki hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálanum geta afdrif máls orðið með tvennum hætti: Annars vegar getur mannréttindanefndin látið af sinni hálfu við það sitja að gera skýrslu um málið til til ráðherranefndar Evrópuráðsins, svo sem henni ber ávallt að gera skv. 31. gr. samningsins. Hafi málið ekki verið lagt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í samræmi við

ákvæði 48. gr. samningsins af hálfu aðildarríkis innan þriggja mánaða frá því að skýrsla mannréttindanefndarinnar barst ráðherranefndinni skal ráðherranefndin samkvæmt ákvæði 32. gr. samningsins úrskurða hvort um brot á sáttmálanum sé að ræða. Til úrskurðar í máli þarf $^{2}/_{3}$ hluta ráðherranefndarinnar. Henni er ekki settur tímafrestur til að ljúka slíku máli. Úrskurði ráðherranefndin að um brot sé að ræða tiltekur hún frest fyrir aðildarríki til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru samkvæmt niðurstöðunni. Sem dæmi um mál sem þannig lýkur eru mál varðandi brotaefni þar sem áður hefur gengið dómur um sambærilegt tilvik og hvorki mannréttindanefndin né aðildarríki telja tilefni til að leita úrskurðar mannréttindadómstólsins um. Hins vegar getur mannréttindanefndin tekið ákvörðun um að leggja málið fyrir mannréttindadómstólinn skv. 48. gr. samningsins sem úrskurðar þá hvort um brot á sáttmálanum sé að ræða af hálfu aðildarríkis. Auk mannréttindanefndarinnar er aðildarríki einnig heimilt samkvæmt 48. gr. samningins í eftirtöldum tilvikum að leggja málið fyrir mannréttindadómstólinn: 1) Þegar þegn þess er talinn órétti beittur, 2) þegar það hefur sjálft vísað málinu til mannréttindanefndarinnar eða 3) þegar málið beinist gegn því.

Mannréttindanefnd Evrópu tók til starfa á árinu 1955. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um heildarfjölda kæra sem hafa borist henni, enda hefur nefndin beitt því verklagi frá öndverðu að beina því strax á fyrstu stigum til kæranda að draga erindi sitt til baka, ef augljóst þykir að ekki séu efni til að fjalla frekar um hana. Með þessum hætti er talið að um tvær af hverjum þremur kærum, sem berast nefndinni, séu dregnar til baka. Afturkallaðar kærur eru ekki færðar í málaskrá nefndarinnar. Kærur frá einstaklingum eða samtökum þeirra, sem hafa hins vegar gengið lengra og verið skrásettar hjá nefndinni, voru samtals 21.077 á árabilinu frá 1955 til ársloka 1992. Þar af hafði mannréttindanefndin í árslok 1992 tekið afstöðu til þess hvort 18.820 kærur væru tækar til frekari meðferðar. Í flestum tilvikum taldi nefndin kæru ótæka til meðferðar án þess að sjá ástæðu til að gefa ríkinu, sem kæra beindist að, kost á að tjá sig um hana, en á þennan veg fór fyrir 15.790 kærum. Í 1.792 tilvikum mat nefndin kæru ótæka til meðferðar eftir að hafa fengið svör hlutaðeigandi ríkis. Í 1.227 tilvikum komst mannréttindanefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að kæra væri tæk til frekari meðferðar. Af þeim málum hafði 159 verið lokið með sátt fyrir nefndinni fyrir árslok 1992, 45 málum hafði verið vísað á bug eftir nánari athugun nefndarinnar, en í 681 tilvikum hafði nefndin látið í ljós álit á því hvort brotið hafi verið gegn mannréttindasáttmálanum og gert skýrslu um það til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Kærur aðildarríkja til mannréttindanefndarinnar á hendur öðrum aðildarríkjum fyrir brot á mannréttindasáttmálanum hafa verið fátíðar, en frá 1955 til loka árs 1992 munu þær alls hafa verið 11 talsins.

Mannréttindadómstólinn.

Í IV. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis eru reglur um skipan Mannréttindadómstóls Evrópu og meðferð mála fyrir honum. Samkvæmt 38. og 39. gr. samningsins eru dómarar við dómstólinn jafnmargir og aðildarríkin að Evrópuráðinu, en þing ráðsins kýs þá til níu ára í senn úr hópi þriggja manna sem hvert ríki tilnefnir fyrir sitt leyti. Dómstóllinn starfar í deildum sem níu dómarar skipa hverju sinni, en dómarinn, sem hefur verið kosinn fyrir aðildarríkið sem mál beinist að, situr alltaf í dómi í viðkomandi máli, auk forseta eða varaforseta dómsins og sjö annarra dómara sem eru valdir með hlutkesti. Fyrir dómstólinn verða lögð mál á hendur aðildarríki að mannréttindasáttmálanum svo framarlega sem ríkið hefur lýst sig bundið af lögsögu dómstólsins samkvæmt fyrirmælum 46. gr. samningsins, en slíkar yfirlýsingar hafa komið fram frá sömu ríkjum og hafa lýst yfir viðurkenningu á heimild mannréttindanefndarinnar til að fjalla um kærur einstaklinga og samtaka á hendur sér. Fyrir mannréttindadómstólnum er

mannréttindanefndin eða eftir atvikum aðildarríki að sáttmálanum, sem hefur lagt mál fyrir hann, sækjandi máls. Ef mannréttindanefndin sækir fyrir dómstólnum mál, sem einstaklingur eða samtök þeirra hafa kært til hennar, gefst kærandanum kostur á að taka þátt í meðferð málsins fyrir dómstólnum, en aðild að málinu á þó kærandinn ekki í eiginlegum skilningi á þessum vettvangi. Fyrir mannréttindadómstólnum er unnt að ljúka máli með sátt með samþykki hans, en að öðrum kosti fer þar fram gagnaöflun og málflutningur og kveður dómstóllinn síðan upp rökstuddan dóm sem er fullnaðarúrlausn um sakarefnið eins og kemur fram í 51. og 52. gr. samningsins. Í dómi mannréttindadómstólsins er eingöngu kveðið á um það hvort hlutaðeigandi ríki teljist hafa brotið gegn mannréttindasáttmálanum, en hafi þess verið krafist getur dómstóllinn enn fremur dæmt þeim einstaklingi eða samtökum, sem brot á sáttmálanum hefur bitnað á, bætur úr hendi ríkisins skv. 50. gr. samningsins.

Dómur mannréttindadómstólsins hnekkir þannig ekki dómi eða annarri úrlausn sem hefur fengist um kæruefnið í aðildarríki að mannréttindasáttmálanum, heldur stendur slík úrlausn óhögguð. Mannréttindadómstóllinn og aðrar stofnanir, sem fjalla um kæruefni samkvæmt samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eru því ekki í neinum skilningi áfrýjunarstig í máli og endurskoða ekki dómsúrlausn frá aðildarríki, heldur er aðeins leyst úr því á þessum vettvangi hvort aðildarríki hafi brotið þjóðréttarskuldbindingu sína um að tryggja viðkomandi mannréttindi og eftir atvikum hvort ríkið sé bótaskylt af því tilefni.

Mannréttindadómstóll Evrópu tók fyrst til starfa í ársbyrjun 1959. Frá þeim tíma og til loka árs 1990 höfðu alls verið lögð 252 mál fyrir hann. Þar af hafði mannréttindanefndin lagt fyrir 251 mál, en í einu tilviki hefur aðildarríki lagt fyrir dómstólinn mál á hendur öðru aðildarríki að mannréttindasáttmálanum. Af þessum heildarfjölda mála hafði 189 verið lokið í ársbyrjun 1991. 12 þessara mála höfðu verið felld niður, en efnisdómur hins vegar gengið í 177 málum. Í 47 tilvikum varð niðurstaðan sú að hlutaðeigandi ríki hefði ekki brotið gegn mannréttindasáttmálanum, en brot voru hins vegar talin hafa verið framin í 130 málum.

Ráðherranefndin.

Hvert þátttökuríki Evrópuráðsins á skv. 14. gr. stofnskrár þess frá árinu 1949 einn fulltrúa í ráðherranefndinni og er það utanríkisráðherra.

Ráðherranefndin hefur bæði úrskurðar- og eftirlitshlutverki að gegna varðandi kærur vegna brota gegn mannréttindasáttmálanum. Svo sem nánar er rakið í kaflanum um mannréttindanefndina hér að framan sendir hún skýrslu sína um hvort aðildarríki hafi brotið gegn sáttmálanum til ráðherranefndarinnar í samræmi við ákvæði 31. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Í tilvikum þeim, sem nánar eru rakin í kaflanum um mannréttindanefndina, úrskurðar ráðherranefndin skv. 32. gr. samningsins um hvort um brot sé að ræða.

Í 54. gr. samningsins kemur fram að dómar mannréttindadómstólsins verði fengnir ráðherranefnd Evrópuráðsins, sem hefur þá eftirlit með því, að ríkið, sem dómur hefur gengið gegn, geri ráðstafanir til að fullnægja honum. Ráðstafanir aðildarríkis af slíku tilefni ráðast af atvikum hverju sinni og geta í sumum tilvikum verið fólgnar í því einu að inna af hendi skaðabætur eftir ákvæðum dóms. Í öðrum tilvikum getur úrlausn leitt af sér breytingu laga til aðlögunar að ákvæðum sáttmálans til að ríkið geti talist fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt honum. Ráðherranefndin á að fylgjast með því að ríkið bregðist á viðeigandi hátt við niðurstöðum dóms. Ráðherranefndin hefur sett sérstakar reglur um það hvernig ákvæði um eftirlit skuli beitt. Reglur þær, sem nú gilda, eru frá 1976. Þegar niðurstaða dómstólsins hefur orðið sú að sáttmálinn hafi verið brotinn

og dómstóllinn eftir atvikum ákvarðar kærandanum sanngjarnar bætur samkvæmt 50. gr. sáttmálans óskar nefndin eftir upplýsingum frá viðkomandi ríki um þær ráðstafanir sem það hefur gert í tilefni dómsins.

Ráðherranefndin telur hlutverki sínu ekki lokið fyrr en hún hefur fjallað um þær upplýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið og hún er fullviss um að ríkið hafi greitt þeim bætur sem brotið var á þegar bætur hafa verið dæmdar í samræmi við 50. gr. sáttmálans. Nefndin afgreiðir málið með ályktun að lokum. Vanræki ríki að fara eftir dómi getur það leitt til þess að ríkinu verði vikið úr Evrópuráðinu á grundvelli 8. gr. stofnskrár þess, en önnur úrræði eru ekki fyrir hendi til að framfylgja dómi mannréttindadómstólsins.

Frá 1955 til ársloka 1990 hafði ráðherranefnd Evrópuráðsins alls kveðið upp 95 úrskurði skv. 32. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis um að aðildarríki hafi brotið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu, en þau mál hafa þá ekki verið lögð fyrir mannréttindadómstólinn. Í sex tilvikum var um að ræða kærur milli aðildarríkja að sáttmálanum innbyrðis, en í hinum tilvikunum áttu málin rætur að rekja til kæra frá einstaklingum eða samtökum þeirra.

IV. Almennt um gildi Mannréttindasáttmála Evrópu í aðildarríkjunum.

Eins og áður hefur komið hér fram eru samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar við hann þjóðréttarsamningar. Þjóðréttarsamningur er yfirleitt skilgreindur á þann veg að hann sé samningur milli tveggja eða fleiri ríkja eða milli ríkis og alþjóðastofnunar sem er ætlað að leiða af sér réttindi og skyldur innbyrðis milli samningsaðilanna, ríkjanna eða stofnananna, án þess að hann þurfi að hafa bein áhrif á réttarstöðu þegna viðkomandi ríkja. Þjóðréttarsamningur skuldbindur yfirleitt ríki, sem á aðild að honum, gagnvart viðsemjanda sínum til að efna hann eftir því sem leiðir af efni samningsins. Með nokkurri einföldun má þannig segja að Mannréttindasáttmáli Evrópu feli í sér skuldbindingar milli aðildarríkjanna innbyrðis um að þau muni virða innan yfirráðasvæða sinna þau mannréttindi sem þar er kveðið á um, en til að tryggja þetta frekar hafa aðildarríkin enn fremur skuldbundið sig að þjóðarétti til að hlíta úrskurðum ráðherranefndar Evrópuráðsins og dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Í mannréttindasáttmálanum segir ekki berum orðum hvað aðildarríki eigi að gera til að efna skuldbindingar sínar um verndun þargreindra mannréttinda, en ganga má að því sem vísu að aðildarríkin hafi með fullgildingu sáttmálans tekið á sig skuldbindingar um að sjá til þess að gildandi réttarreglur á yfirráðasvæði þeirra, landsréttur þeirra, séu í samræmi við þennan þjóðréttarsamning. Mannréttindasáttmálinn byggir í raun á því að það sé lagt á vald hvers aðildarríkis hvernig þetta verði framkvæmt og það ráðist þá af stjórnskipunarreglum þess og réttarskipan að öðru leyti.

Í þeim ríkjum, sem fullgilt hafa Mannréttindasáttmála Evrópu, hafa verið farnar ólíkar leiðir til að efna þjóðréttarskuldbindingarnar sem þau hafa tekið á sig með þessum hætti. Þetta stafar ekki síst af því að reglur þessara ríkja eru ólíkar um það hvert sambandið er milli þjóðréttarsamninga, sem þau gangast undir, og landsréttar þeirra. Í sumum ríkjunum er byggt á því að reglur þjóðréttarsamninga þeirra verði sjálfkrafa hluti af landsrétti þeirra, en sú skipan er yfirleitt tengd við kenningar um svokallað eineðli þjóðaréttar og landsréttar. Í öðrum aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum er hins vegar gengið út frá því að þjóðaréttur og landsréttur séu tvö aðskilin réttarkerfi þar sem þjóðarétturinn gildir milli ríkja innbyrðis en landsrétturinn innan yfirráðasvæðis hvers ríkis um sig. Þar sem þessi viðhorf eru ríkjandi er byggt á kenningum um svokallað tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar, en af þeim leiðir að reglur þjóðaréttar verða ekki hluti af landsrétti nema þær séu lögfestar sérstaklega samkvæmt stjórnskipunarreglum viðkomandi ríkis.

Skipan í anda kenninga um eineðli þjóðaréttar og landsréttar er ríkjandi víðast á meginlandi Evrópu. Þannig hefur mannréttindasáttmálinn orðið hluti af landsrétti í til dæmis Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Grikklandi, Tyrklandi og Kýpur. Eftir stjórnskipunarlögum Austurríkis telst sáttmálinn njóta sömu stöðu gagnvart almennum lögum og stjórnarskrá ríkisins. Í nokkrum öðrum ríkjum, til dæmis í Frakklandi, Belgíu og Hollandi, gengur sáttmálinn fyrir almennum lögum án þess þó að teljast hluti stjórnskipunarlaga.

Tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar.

Viðhorf um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar eru á hinn bóginn lögð til grundvallar í Bretlandi og á Írlandi, Möltu og Norðurlöndum, þar á meðal Íslandi. Í þessum ríkjum gildir þannig í meginatriðum sú regla að þjóðréttarsamningur telst ekki hluti af landsrétti og hefur þar með almennt ekki áhrif á réttarstöðu manna á yfirráðasvæði ríkisins nema samningurinn sé gerður að hluta af landsrétti með lagasetningu. Ríkin eru þó allt að einu skuldbundin að þjóðarétti gagnvart viðsemjendum sínum til að tryggja að landsréttur þeirra stangist ekki á við þjóðréttarsamninga þeirra. Ef horft er sérstaklega til Mannréttindasáttmála Evrópu í þessu tilliti eru ýmsir kostir fyrir hendi til að tryggja þetta.

Í fyrsta lagi getur ríki aðlagað landsrétt sinn að þeim þjóðréttarskuldbindingum sem mannréttindasáttmálinn felur í sér. Ríkið verður þá að láta fara fram almenna athugun á því hvort einhverjar reglur í landsrétti þess stangist á við ákvæði sáttmálans og gera þá, ef þörf krefur, breytingar á slíkum reglum til þess að koma á samræmi. Aðlögun með þessum hætti felur það í sér að ríkið leitast við að efna þjóðréttarskuldbindingar sínar án þess að sáttmálinn sé gerður að hluta af landsrétti berum orðum, en í þess stað er gætt að því að landsrétturinn sé hvergi í andstöðu við sáttmálann. Síðan er unnt að tryggja aðlögunina enn frekar með því að skýra landsrétt til samræmis við ákvæði sáttmálans.

Í öðru lagi er hægt að gera mannréttindasáttmálann beinlínis að hluta af landsrétti með því að setja sérstök lög þar sem sáttmálinn í heild eða hluti hans er lögtekinn. Slík lögtaka eða lögfesting sáttmálans getur verið með ýmsu móti. Þannig er hægt að setja lög þar sem því er lýst yfir að þeir samningar, sem mynda mannréttindasáttmálann, skuli gilda sem lög í ríkinu. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að texti mannréttindasáttmálans sé lögtekinn í heild sinni, ýmist með tilvísun til sáttmálans sem slíks eða án þess að kenna lögin á nokkurn hátt við sáttmálann. Sé mannréttindasáttmálinn lögtekinn þarf að taka afstöðu til þess hver staða hans eigi að vera gagnvart annarri löggjöf ríkisins. Unnt er að gera ákvæði sáttmálans að hluta af eða jafnsett stjórnarskrá eða stjórnlögum ríkisins þannig að almenn lög, jafnt yngri sem eldri, yrðu að víkja fyrir þeim. Lögfesting getur einnig átt sér stað með þeim hætti að ákvæði sáttmálans verði gerð að almennum lögum. Ósamþýðanleg eldri lög yrðu þá að meginreglu að víkja fyrir ákvæðum sáttmálans eftir almennum lögskýringarreglum, en lagagildi sáttmálans stæði því hins vegar ekki í vegi að yngri lög yrðu sett í andstöðu við hann.

Loks er í þriðja lagi hugsanlegt að ríki leitist hvorki við að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans né lögtaki þau, heldur standi löggjöf óbreytt þrátt fyrir aðild að sáttmálanum. Eftir kenningum á sviði þjóðaréttar ber þó dómstólum og eftir atvikum stjórnvöldum að skýra landsrétt til samræmis við ákvæði sáttmálans. Þetta getur þó aðeins gengið að því leyti sem mögulegt er að sveigja til efni landsréttar með lögskýringu, en sé það ekki hægt verður landsrétturinn að halda velli og þjóðréttarreglan að víkja. Með þessu móti getur verið undir hælinn lagt hvort ríki takist að efna þjóðréttarskuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum, en augljós hætta er á að skuldbindingarnar verði vanefndar þegar ógerlegt reynist að samræma landsrétt ákvæðum sáttmálans með lögskýringu einni sér.

Í þeim aðildarríkjum að mannréttindasáttmálanum, þar sem er gengið út frá tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar, hafa verið farnar misjafnar leiðir til að efna skuldbindingarnar sem sáttmálinn felur í sér. Á Norðurlöndum, að Finnlandi frátöldu, var þetta lengst af gert með aðlögun að áðurnefndum hætti. Var þannig í öndverðu hugað að því við fullgildingu mannréttindasáttmálans hvort reglur landsréttar væru í einhverjum atriðum andstæðar ákvæðum sáttmálans og breytingar þá eftir atvikum gerðar á landsrétti til samræmingar. Upp frá því var reynt að halda þessu samræmi, bæði við setningu nýrra laga og með breytingu eldri laga þegar ósamræmi milli þeirra og sáttmálans hefur komið í ljós á síðari stigum.

Segja má að hér á landi hafi að einhverju leyti verið leitast við að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans, en því verður hins vegar ekki á móti mælt að á sumum sviðum hefur verið látið reka á reiðanum í trausti þess að ákvæði íslenskra laga samrýmdust ákvæðum sáttmálans. Verður vikið að þessu nánar hér á eftir.

Stefnubreyting hefur hins vegar orðið í þessum efnum á undanförnum árum annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku var mannréttindasáttmálinn lögfestur 29. apríl 1992, en sáttmálinn nýtur eftir það stöðu sem almenn lög í dönskum landsrétti. Í Noregi hefur nefnd unnið að gerð tillagna um lögfestingu mannréttindasáttmálans. Í Svíþjóð er starfandi nefnd sem á að gera tillögur um hvernig hægt verði að taka ýmis mikilvæg ákvæði mannréttindasáttmálans efnislega inn í stjórnlög ríkisins. Í Finnlandi var mannréttindasáttmálinn gerður að hluta landsréttar með sérstökum lögum á árinu 1990, en Finnland gekk fyrst í Evrópuráðið og fullgilti mannréttindasáttmálann á árinu 1989. Í Bretlandi og á Írlandi mun hafa verið fylgt þeirri stefnu að aðlaga landsrétt að ákvæðum mannréttindasáttmálans, en á Möltu hefur sáttmálinn verið lögfestur.

Gildi sáttmálans að landsrétti.

Í þeim aðildarríkjum að Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem ákvæði hans eru hluti af landsrétti, koma afleiðingarnar af því meðal annars fram á þann hátt að ákvæði sáttmálans eru gildandi lagareglur innan lands og er þá unnt að bera þau fyrir sig eins og hverja aðra réttarreglu í dómsmáli, fyrir stjórnvöldum eða á öðrum vettvangi þar sem getur reynt á þær. Í þeim aðildarríkjum, þar sem þjóðréttarsamningar verða ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti og mannréttindasáttmálinn hefur ekki verið lögfestur sérstaklega, hefur hins vegar almennt verið talið að ekki verði gengið lengra en að styðjast við ákvæði sáttmálans sem röksemd fyrir tiltekinni skýringu á gildandi réttarreglu í ríkinu. Gildi mannréttindasáttmálans að landsrétti skiptir þannig máli um það hvort ákvæðum hans verði beitt beinlínis sem réttarreglum í viðkomandi ríki eða aðeins sem röksemd fyrir lögskýringu. Lagagildi sáttmálans skiptir einnig máli í tilvikum þar sem réttarreglur aðildarríkis eru í ósamræmi við ákvæði hans. Hafi sáttmálinn lagagildi í ríki, þar sem ósamræmi kemur fram milli ákvæða hans og annarra reglna landsréttar, ganga ákvæði sáttmálans oftast fyrir og aðrar reglur verða þá að þoka. Sé sáttmálinn hins vegar ekki hluti af landsrétti í ríkinu verða ákvæði sáttmálans að öðru jöfnu að þoka fyrir settum lögum.

Ástæða er til að benda sérstaklega á að spurningin um hvort mannréttindasáttmálinn sé hluti af landsrétti breytir engu um stöðu aðildarríkis gagnvart úrlausnum þeirra alþjóðastofnana sem taka afstöðu á grundvelli samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis til þess hvort ríkið hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálanum. Hvort sem mannréttindasáttmálinn er hluti af landsrétti eða ekki gegna Mannréttindanefnd Evrópu, Mannréttindadómstóll Evrópu og ráðherranefnd Evrópuráðsins því hlutverki einu í þessu tilliti að taka afstöðu til þess hvort aðildarríki hafi brotið gegn skuldbindingum sínum að þjóðarétti og eftir atvikum að kveða þá á um skaðabótaskyldu þess.

V. Núverandi staða íslensks réttar gagnvart Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu Íslands var samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem áður segir fullgiltur 19. júní 1953 og hafa átta viðaukar við samninginn jafnframt verið fullgiltir. Frumsamningurinn var fullgiltur af forseta Íslands í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar og var það gert að undangenginni þingsályktun, en samningsviðaukarnir virðast allir hafa verið fullgiltir með heimild í sama ákvæði án þess að leitað hafi verið sérstaks samþykkis Alþingis til þess. Þá hefur íslenska ríkið sem áður segir gefið yfirlýsingu skv. 25. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis þar sem það viðurkennir án tímatakmarkana heimild Mannréttindanefndar Evrópu til að taka við kærum einstaklinga og samtaka þeirra á hendur sér. Ríkið hefur jafnframt lýst yfir skv. 46. gr. samningsins að það sé bundið af lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, en yfirlýsingar þess um þetta hafa alla tíð verið til ákveðins tíma í senn. Upphaflega yfirlýsingin um þetta var gefin 3. september 1958, en síðast var hún framlengd til fimm ára frá 2. september 1989 að telja.

Ísland heyrir til þess minni hluta aðildarríkja að Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem ákvæði hans teljast ekki hluti af landsrétti, heldur eingöngu skuldbinding ríkisins að þjóðarétti. Við fullgildingu íslenska ríkisins á sáttmálanum virðist ekki hafa komið sérstaklega til skoðunar að lögfesta ákvæði hans, enda var fremur fágætt á þeim tíma að fara þannig með þjóðréttarsamninga hér á landi. Þess í stað virðist hafa verið gengið út frá því að ríkið mundi efna skuldbindingar sínar með aðlögun landsréttar að ákvæðum mannréttindasáttmálans. Ekki virðist hafa þótt þörf á sérstökum aðgerðum til slíkrar aðlögunar, enda voru engar breytingar gerðar á íslenskri löggjöf í tengslum við fullgildingu sáttmálans. Þetta sést meðal annars af eftirfarandi orðum sem þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, lét falla í umræðum á Alþingi haustið 1951 um tillögu til þingsályktunar um heimild til að fullgilda mannréttindasáttmálann: „Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja að í öllu því sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenskri löggjöf, að nokkru leyti í sjálfri stjórnarskránni, eða þá að það eru slík grundvallarréttindi að þau eru talin felast í meginreglum íslenskra laga, jafnvel þó að það sé ekki berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja að I. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung því þar eru talin upp þau réttindi sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsagður þáttur í verndun íslenskra borgara gegn ofurvaldi ríkisins eða ásælni af annarra hálfu."

Samkvæmt þessu var í upphafi gengið út frá því að íslensk löggjöf samrýmdist í hvívetna ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og nægilegt væri þannig, til að efna þjóðréttarskuldbindingu ríkisins, sem komst á með fullgildingu samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, að beita aðferðum aðlögunar landsréttar að sáttmálanum. Með því að ekki þótti tilefni til lagabreytinga vegna aðlögunar í byrjun hefur væntanlega verið gert ráð fyrir að annað þyrfti ekki til en að gæta að því í framtíðinni að ný lagasetning yrði einnig í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmálans.

Ekki er ljóst hversu mikil athugun átti sér stað á íslenskri löggjöf í tengslum við fullgildingu samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis á árinu 1953. Hafa verður í huga að samningurinn var fullgiltur áður en farið var að beita einstökum ákvæðum sáttmálans við úrlausn kærumála. Á þeim áratugum, sem liðnir eru, hefur efnisinntak mannréttindaákvæðanna skýrst og jafnvel breyst fyrir túlkun mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins þannig að nú eru í mörgum efnum gerðar strangari kröfur til aðildarríkjanna en séð varð í upphafi. Hefur mannréttindasáttmálinn því án efa haft meiri áhrif hér á landi, sem og annars staðar í Vestur-Evrópu, en sjá mátti fyrir. Með því að sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi hafa áhrif hans aðallega komið fram með þrennu móti. Í fyrsta lagi hefur reynt nokkuð á áhrif sáttmálans í málum fyrir ís-

lenskum dómstólum, þar sem úrlausn hefur verið háð reglum landsréttar sem kunna að vera í andstöðu við ákvæði sáttmálans. Í öðru lagi hafa kærumál á hendur íslenska ríkinu vegna brota á sáttmálanum komið til úrlausnar fyrir Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu, en þar hefur orðið að taka afstöðu til þess hvort íslenskur landsréttur samrýmist ákvæðum sáttmálans um tiltekin atriði. Í þriðja lagi hefur gætt áhrifa af mannréttindasáttmálanum við lagasetningu hér á landi og eru jafnvel dæmi um það að lögum hafi verið breytt vegna hættu á að þau hafi ekki samrýmst ákvæðum sáttmálans. Ástæða er til að huga nánar að þessu þrennu.

1. Beiting ákvæða mannréttindasáttmálans í íslenskum dómsúrlausnum.

Í ríkjum, þar sem byggt er á tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar, er sem áður segir almennt gengið út frá því í fræðikenningum að reglum þjóðréttarsamninga, sem eru ekki beinlínis lögfestar, verði ekki beitt sem réttarheimild í eiginlegum skilningi. Er þá ráðgert að samræma verði landsrétt við ákvæði þjóðréttarsamninga eftir því sem kostur er með skýringu laga ríkisins þegar á það reynir í dómsmálum eða fyrir stjórnvöldum, en þegar svigrúmi til lögskýringar sleppir og útséð er að samræming takist ekki á þann hátt verði landsréttur að ganga fyrir reglum þjóðaréttar. Þessum kenningum hefur lengi verið fylgt í dómsúrlausnum hér á landi eins og eftirfarandi dæmi sýna:

* Eftir því sem næst verður komist reyndi í fyrsta sinn á áhrif ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu í máli fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nr. 968/1959, en þar byggði málsaðili meðal annars á því að reglur um stóreignaskatt í lögum nr. 44/1957 brytu gegn tilteknum ákvæðum sáttmálans. Um þetta sagði eftirfarandi í dómi í málinu: „Að því er Evrópusamninginn varðar hefur Alþingi með þingsályktun 19. desember 1952 veitt ríkisstjórninni heimild að honum og fullgildingarskjal var afhent af Íslands hálfu hinn 29. júní 1953. Hins vegar hefur samningur þessi ekki verið lögtekinn hér á landi, hvorki að hætti almennra laga né stjórnskipunarlaga. Getur stefnandi því eigi byggt á því hér fyrir dómi, að nefndur samningur veiti honum nokkurn þann rétt til lausnar undan skattákvæðum laga nr. 44/1957, sem hann samkvæmt framansögðu eigi nýtur samkvæmt ákvæðum íslenskra stjórnskipunarlaga.“
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni hans frá 1963, bls. 461, reyndi á það hvort heimilt væri að verða við kröfu ákæruvaldsins um hald á erlendum togara vegna rannsóknar máls um landhelgisbrot. Í dóminum var krafan tekin til greina með vísan til heimilda í ákvæðum laga um bann við botnvörpuveiðum, nr. 5/1920, til að leggja hald á skip, sem hefur verið notað til ólöglegra botnvörpuveiða hér við land, og selja það síðan að undangengnu fjárnámi til lúkningar á sektum á hendur skipstjórnarmanni og málskostnaði. Vísaði Hæstiréttur í dómi sínum sérstaklega í þessu sambandi til fyrirmæla um heimildir til að skerða friðhelgi eignarréttarins í niðurlagi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, að því er virðist til áréttingar því að umrædd íslensk lög samrýmdust þeim fyrirmælum, en ekki verður séð af dóminum hvort það hafi verið dregið í efa í málinu.
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni frá 1970, bls. 212, var leyst úr því hvort skipstjóra yrði gerð refsing fyrir fiskveiðabrot sem hann átti ekki sjálfur þátt í að drýgja. Gagnstætt niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar taldi einn dómari í sératkvæði að sýkna yrði skipstjórann af refsikröfunni. Var þetta byggt á því að ekki segði berum orðum í ákvæðum laga nr. 62/1967, sem hér reyndi á, að skipstjóri bæri refsiábyrgð án sakar á fiskveiðabroti sem væri drýgt á skipi hans. Var talið í sératkvæðinu að ekki væri unnt að dæma refsingu án sakar nema slíkt væri beinlínis tekið fram í lögum, en þessu til stuðnings var meðal annars vísað til ákvæða 2. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í dómasafni 1975, bls. 601, var leyst úr máli þar sem krafist var viðurkenningar á ólögmæti synjunar borgaryfirvalda í Reykjavík um að veita manni leyfi til hundahalds. Í dómi Hæstaréttar var þessi synjun talin heimil á grundvelli tiltekinna ákvæða í lögum, reglugerð og lögreglusamþykkt, en meðal annars sagði eftirfarandi í dóminum um þetta: „Loks verður ekki á það fallist ... að framangreindar réttarreglur brjóti gegn 66. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands ... eða að virða beri þær að vettugi, vegna þess að þær séu andstæðar 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis ... Hefur sáttmálinn ekki öðlast lagagildi á Íslandi, en auk þess fer bannið við hundahaldi í Reykjavík ekki í bága við nefnt ákvæði hans."
* Í dómi Hæstaréttar í dómasafni frá 1985, bls. 1290, reyndi á þá aðstöðu að maður hafði verið sakfelldur fyrir umferðarlagabrot í héraðsdómi, uppkveðnum af dómarafulltrúa sem var um leið fulltrúi lögreglustjórans í sama umdæmi og þar með yfirmanns þeirra lögreglumanna sem höfðu rannsakað brot þess sakfellda í öndverðu. Fyrir Hæstarétti krafðist hann ómerkingar héraðsdóms á þeirri forsendu að dómurinn hafi ekki verið kveðinn upp af óvilhöllum dómara, enda bryti sá háttur, að sami maður fjalli um mál sem lögreglustjóri og dómari, í bága við meginreglur 2. og 61. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Um þessa kröfu sagði í dómi Hæstaréttar: „Samkvæmt íslenskri dómstólaskipun er dómsvald í héraði utan Reykjavíkur í höndum bæjarfógeta og sýslumanna, sem hafa jafnframt lögreglustjórn á hendi. Þykir héraðsdómur eigi verða ómerktur af þeim sökum, að fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri fór með mál þetta. Þá hefur heldur eigi verið sýnt fram á nein sérstök atriði, sem valdi vanhæfi bæjarfógetans né þessa fulltrúa hans."
* Úr sams konar kröfu leysti Hæstiréttur í dómi sem birtist í dómasafni frá 1987, bls. 356. Þar segir eftirfarandi um rökin sem voru færð fyrir kröfu um ómerkingu héraðsdóms: „Ákvæði 2. greinar stjórnarskrár lýðveldisins ... hafa ekki verið talin standa í vegi þeirri skipan, sem lög mæla fyrir um, að sýslumenn og bæjarfógetar, sem hafa á hendi lögreglustjórn, fari jafnframt með dómsvald í héraði ... Er og beinlínis ráð fyrir því gert í 61. grein stjórnarskrárinnar frá 1944 ... að dómendur geti haft umboðsstörf á hendi. Ákvæðum 6. greinar Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis ... hefur ekki verið veitt lagagildi hér á landi. Breyta þau ekki þeirri lögbundnu skipan sem að framan var greind. Þar sem hinn áfrýjaði dómur var samkvæmt þessu kveðinn upp af héraðsdómara, sem til þess var bær að íslenskum lögum, verður hann ekki ómerktur af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað ..."
* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1988, bls. 1532, var leyst úr því hvort lögmætt væri að setja það skilyrði fyrir að njóta leyfis til að aka leigubifreið að leyfishafi yrði að vera félagsmaður í tilteknu félagi bifreiðastjóra. Var því haldið fram í málinu að slík skylduaðild að félagi væri meðal annars í andstöðu við ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Hæstiréttur hafnaði í dómi sínum að þessi skylda væri andstæð umræddri reglu stjórnarskrárinnar. Segir síðan í dóminum: „Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að ósamræmi sé milli 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeirra ákvæða alþjóðasamþykkta, er hann vísar til og rakin eru í héraðsdómi, og myndi enda ekki sjálfkrafa hagga settum stjórnarskrárákvæðum."

Í þessum dómum reyndi á röksemdir um að íslenskur landsréttur samrýmdist ekki ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur hefur ýmist hrundið þeim rökum með vísan til þess að ekkert slíkt ósamræmi væri fyrir hendi eða hafnað kröfum, sem voru byggðar á slíkum röksemdum, á þeirri forsendu að jafnvel þótt ósamræmi væri milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans breytti það ekki gildi settra laga eða eftir atvikum stjórnskipunarlaga hér á landi. Í einu tilviki, áðurnefndum dómi frá 1970,

var þó niðurstaða í minnihlutaatkvæði byggð á því að skýra yrði vafaatriði í íslenskum lögum meðal annars til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmálans.

Á síðustu árum hefur hins vegar orðið talsverð breyting á dómaframkvæmd í þessum efnum, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1990, bls. 2, reyndi enn á þá aðstöðu að þar fyrir dómi var krafist ómerkingar héraðsdóms í refsimáli á þeirri forsendu að forstöðumaður héraðsdómstólsins, þar sem var leyst úr málinu, hafi einnig verið lögreglustjóri í sama umdæmi og þar með yfirmaður lögreglumanna sem rannsökuðu málið á fyrstu stigum. Var krafa um ómerkingu líkt og í fyrri tilvikum byggð meðal annars á því að þessi háttur bryti gegn rétti manns skv. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis til að fá leyst úr máli sínu fyrir óvilhöllum dómara. Í dómi Hæstaréttar er minnst á áðurnefnda dóma frá árunum 1985 og 1987 þar sem talið hafði verið að 2. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi að einn og sami maður geti í senn farið með dómstörf og lögreglustjórn, en tekið er fram að þetta samrýmist illa viðhorfum í ríkjum sem byggi um annað á svipuðum réttarhugmyndum og séu við lýði á Íslandi. Er vikið þessu næst að ákvæðum 1. mgr. 6. gr. samningsins og því að Ísland hafi fullgilt samninginn og þar með gengist undir að lúta reglum hans. Þess er minnst að við fullgildingu hafi ríkisstjórnin talið að íslensk lög væru í samræmi við mannréttindasáttmálann, en síðan hafi þó mörg ákvæði hans verið skýrð nánar í úrlausnum Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Meðal annars hafi þeir menn, sem voru sakfelldir með fyrrnefndum dómum frá 1985 og 1987, kært íslenska ríkið fyrir brot á ákvæðum 6. gr. samningsins og mannréttindanefndin ályktað einróma út af annarri kærunni að um slíkt brot hafi verið að ræða. Því kærumáli hafi mannréttindanefndin skotið til mannréttindadómstólsins, en eftir það hafi íslenska ríkið gert sátt við kærandann, og hafi þar verið byggt á því að ríkið hafi ráðið bót á kæruefninu með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Beðið væri afstöðu mannréttindadómstólsins til þess hvort hann heimilaði að málinu yrði lokið með þessari sátt. Í dómi Hæstaréttar var síðan vikið að því að í stjórnarskránni væri byggt á þrígreiningu ríkisvaldsins, að sögulegar og landfræðilegar aðstæður, sem hafi búið því að baki að sömu mönnum hafi að mestu verið falið bæði dómsvald og umboðsvald utan Reykjavíkur, skipti orðið minna máli, að lög hafi verið sett um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, að íslenska ríkið hafi skuldbundið sig að þjóðarétti til að virða Mannréttindasáttmála Evrópu og að Mannréttindanefnd Evrópu hafi ályktað í fyrrnefndu kærumáli að Ísland hafi brotið þá skuldbindingu, en til stæði að ljúka málinu með sátt. Í dóminum var svo vísað til þess að samkvæmt þágildandi réttarfarslögum hafi dómara borið að víkja sæti í máli ef hætta var á að hann gæti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Að vísu bendi ekkert til þess að dómarafulltrúinn, sem leysti úr þessu máli í héraði, hafi litið hlutdrægt á málavöxtu, en fallast verði á það með Mannréttindanefnd Evrópu að almennt sé ekki næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum í sakamálum þegar dómari vinni um leið að lögreglustjórn eins og var í þessu máli. Segir loks í dómi Hæstaréttar: „Með tilliti til þess sem rætt hefur verið ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig að sýslumanninum í Árnessýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu" og var dómurinn ómerktur af þessum sökum. Þess skal getið að í kjölfarið gengu dómar í mörgum sambærilegum málum fyrir Hæstarétti þar sem niðurstaðan var á sama veg.

* Í dómi Hæstaréttar, sem birtist í dómasafni frá 1990, bls. 92, voru málavextir þeir að manni hafði verið gert á fyrri stigum að sæta gæsluvarðhaldi við rannsókn opinbers máls á grundvelli ákvæðis í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála sem heim-

ilaði slíka frelsissviptingu í tilvikum þar sem ástæða þótti til að ætla að sakborningur hefði gerst sekur um refsiverða hegðun og ætla mætti að brot hans varðaði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Í framhaldi af þessu var höfðað opinbert mál á hendur manninum, en dómarinn, sem fékk málið til úrlausnar, var sá sami og hafði áður leyst úr kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að íslenska ríkið hafi á árinu 1953 fullgilt samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og skuldbundið sig þar með að þjóðarétti til að tryggja að maður, sem er gefin að sök refsiverð háttsemi, fái notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir óhlutdrægum dómara. Í dóminum er greint frá dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, uppkveðnum 24. maí 1989 í máli á hendur danska ríkinu, þar sem talið var að ekki hafi verið fyrir hendi nægileg trygging skv. 6. gr. samningsins fyrir óhlutdrægni dómara í tilviki þar sem sami dómari kvað upp efnisdóm í máli og hafði kveðið á um gæsluvarðhald sakborningsins á fyrri stigum eftir sams konar reglu danskra laga og hafði verið beitt sem grundvelli fyrir gæsluvarðhaldi í þessu máli. Er síðan vísað til þess í dómi Hæstaréttar að í dómi hans, sem var gerð grein fyrir hér næst á undan, hafi verið byggt á því að skýra verði íslenskar lagareglur um hæfi dómara með tilliti til samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og varð því niðurstaðan sú að héraðsdómaranum bar að víkja sæti vegna áðurnefndra afskipta sinna af málinu á fyrri stigum. Þess má geta að sams konar úrlausn er að finna í dómasafni frá 1990, bls. 266.

* Í dómi Hæstaréttar í dómasafni frá 1991, bls. 1690, var leyst úr kröfu fiskvinnslufyrirtækis um ógildingu úrskurðar sjávarútvegsráðherra um upptöku ólögmæts sjávarafla á grundvelli laga nr. 32/1976. Til stuðnings kröfu um ógildingu úrskurðarins var því borið við að ákvæði laganna væru andstæð 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem löggjafinn hafi með setningu þeirra gengið lengra við að leggja úrlausnarvald um ágreining í hendur framkvæmdarvaldinu en stjórnarskráin heimili. Þá var því borið við til frekari stuðnings að ákvæði laganna væru andstæð 1. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í dóminum var ekki fallist á þá röksemd að löggjafinn hafi lagt úrlausnarvald í of ríkum mæli í hendur framkvæmdarvaldinu, enda væri hægt að fá skorið úr um lögmæti úrskurðar sjávarútvegsráðherra eftir á í dómsmáli. Segir síðan í dómi Hæstaréttar: „Þá er ekki heldur fallist á það, að framangreind lög séu andstæð 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en sáttmálinn hefur ekki öðlast lagagildi hér á landi.“

* Í dómi Hæstaréttar, sem var kveðinn upp 6. febrúar 1992, var leyst úr sakamáli á hendur manni sem var ekki fær um að tjá sig á íslensku og hafði því notið aðstoðar dómtúlks við meðferð málsins. Samkvæmt reglum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, taldist kostnaður af störfum dómtúlks til sakarkostnaðar í máli og varð hann þannig lagður með öðrum sakarkostnaði á ákærða ef sakfelling átti sér stað. Í dómi Hæstiréttar var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu, en tekið var fram að skýra yrði ákvæði laga nr. 74/1974 til samræmis við e-lið 3. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og leggja þannig kostnað af störfum dómtúlks í málinu á ríkissjóð, en sakarkostnaður var að öðru leyti lagður á ákærða.

* Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. mars 1992, var leyst úr kröfum ákæruvaldsins um refsingu á hendur manni fyrir ummæli í blaðagrein um opinberan starfsmann sem voru talin varða við ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í dóminum var fjallað almennt um skýringu á þessu ákvæði og tekið fram að í þeim efnum yrði að hafa hliðsjón af reglum um prentfrelsi í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Segir síðan í dómi Hæstaréttar: „Þessi lagaákvæði bæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttinda-

sáttmálum sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979."

Af þessum dómum má ráða að Hæstiréttur hefur í mjög auknum mæli tekið tillit til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu við úrlausn mála á síðustu árum. Í tveimur fyrstnefndu dómunum víkur hann algerlega frá fyrri skýringum, sem hafði verið fylgt í áratugi, á settum lagareglum um vanhæfi dómara til að fara með mál. Var þetta gert með tilliti til ákvæða 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og breytt þannig í raun inntaki reglnanna. Í framangreindum dómi um greiðslu kostnaðar af störfum dómtúlks víkur Hæstiréttur í raun til hliðar beinum fyrirmælum í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála þar sem var mælt fortakslaust fyrir um að sá kostnaður teldist til sakarkostnaðar og félli þar með eftir málsúrslitum á ákærða. Niðurstaða dómsins studdist við 6. gr. samningsins sem mælir meðal annars fyrir um skýlausan rétt sakaðs manns til að njóta sér að kostnaðarlausu aðstoðar dómtúlks. Í síðastnefnda dóminum tekur Hæstiréttur beinlínis fram að skýra verði ákvæði settra laga og stjórnarskrárinnar um æruvernd og prentfrelsi með tilliti til reglna mannréttindasáttmálans. Þannig er ljóst að Hæstiréttur hefur ekki aðeins tekið upp ákveðnari stefnu um að skýra landsrétt til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmálanum, jafnvel þótt með því sé horfið frá langvarandi dómvenju um skýringu á settum lagareglum, heldur hefur verið gengið lengra og talið fært að víkja í raun til hliðar settri lagareglu sem samrýmist ekki ákvæðum sáttmálans. Með þessu hafa verið gefin fordæmi um rúmar heimildir dómstóla til að laga landsrétt að þjóðréttarskuldbindingum ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Fordæmin ganga stundum mun lengra en fræðikenningar um slíka samræmingarskýringu ráðgera almennt. Í þessu ljósi hefur þeirri skoðun verið hreyft hvort dómaframkvæmdin hafi í reynd byggt á því í þessum tilvikum að mannréttindasáttmálinn væri orðinn hluti af landsrétti. Um það skal ekki fjölyrt hér frekar, en vissulega bera sumir þessara dóma vott um tilhneigingu til að færa að minnsta kosti ákvæði sáttmálans með óbeinum hætti inn í landsrétt með rúmri beitingu samræmingarskýringar á lögum.

2) Kærur á hendur íslenska ríkinu um brot á ákvæðum mannréttindasáttmálans.

Hér áður hefur komið fram að ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis fela í sér heimildir til að leita úrlausnar fyrir stofnunum samkvæmt samningnum um hvort íslenska ríkið, líkt og önnur aðildarríki að honum, hafi brotið gegn þeim þjóðréttarskuldbindingum um tryggingu mannréttinda sem það hefur tekið á sig með fullgildingu mannréttindasáttmálans. Samkvæmt 24. gr. samningsins er heimild annars aðildarríkis að honum til að leggja kæru á hendur Íslandi um slíkt brot fyrir Mannréttindanefnd Evrópu ekki háð samþykki íslenska ríkisins sem verður þannig bundið af úrskurði ráðherranefndar Evrópuráðsins um slíka kæru skv. 32. gr. samningsins. Líkt og nánast öll önnur aðildarríki að mannréttindasáttmálanum hefur íslenska ríkið jafnframt viðurkennt heimild Mannréttindanefndar Evrópu til að taka við kærum einstaklinga á hendur sér fyrir brot á sáttmálanum skv. 25. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og lýst sig bundið af lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. 46. gr. samningsins.

Að fullnægðum frekari skilyrðum samkvæmt ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis geta þannig önnur aðildarríki að honum kært íslenska ríkið fyrir brot á mannréttindasáttmálanum, svo og einstaklingar eða samtök þeirra sem telja ríkið hafa brotið á sér rétt. Úrlausn í slíku kærumáli er bindandi fyrir ríkið að þjóðarétti,

hvort sem hún er fengin fyrir ráðherranefndinni eða mannréttindadómstólnum. Hér verður hins vegar að leggja áherslu á það að þessar stofnanir meta aðeins hvort íslensk réttarregla eða beiting hennar í réttarframkvæmd hér á landi sé efnislega í andstöðu við reglur mannréttindasáttmálans í ákveðnu tilviki. Ef svo er talið kveður ráðherranefndin eða mannréttindadómstóllinn á um það eitt að ríkið hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum og ákveður eftir atvikum hæfilegar skaðabætur handa þeim sem slíkt brot hefur bitnað á. Þessar stofnanir endurskoða á hinn bóginn ekki efnislega niðurstöðu máls fyrir innlendum dómstóli og úrlausnir þeirra hnekkja í engu gildi íslenskrar dómsúrlausnar, jafnvel þótt komist sé að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi brotið gegn mannréttindasáttmálanum. Með öðrum orðum eru þetta þannig ekki áfrýjunardómstig fyrir innlenda dómsúrlausn, heldur aðeins alþjóðastofnanir sem leysa úr því hvort ríkið hafi vanefnt skyldu sína að þjóðarétti. Þessar stofnanir hafa enn síður vald til að ógilda eða raska á annan hátt ákvæðum íslenskra laga, en niðurstaða ráðherranefndarinnar eða mannréttindadómstólsins um að íslenskt lagaákvæði samrýmist ekki mannréttindasáttmálanum bakar hins vegar ríkinu skyldu að þjóðarétti til að hlutast til um að breyta því.

Kæra hefur aldrei verið borin fram á hendur íslenska ríkinu um brot á ákvæðum mannréttindasáttmálans af öðru aðildarríki að honum. Kærur einstaklinga á hendur Íslandi til Mannréttindanefndar Evrópu, sem hafa verið skráðar þar eftir áðurnefndum verklagsreglum hennar, eru á hinn bóginn orðnar 33 talsins frá því nefndin tók til starfa og hafði nefndin tekið afstöðu til 32 þeirra í byrjun árs 1993. Í 28 tilvikum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kæran væri ekki tæk til frekari meðferðar og vísaði henni þannig á bug. Í grófum dráttum voru kæruefnin í þessum tilvikum eftirfarandi:

* Í einu tilviki að reglur um stóreignaskatt í lögum nr. 44/1957 fælu í sér brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í einu tilviki að brotið hafi verið gegn ákvæðum 9., 10. og 13. gr. samningsins með því að kærandinn ætti þess ekki kost að koma fram ógildingu á skírnarsáttmála sínum.
* Í tveimur tilvikum að handtaka manns og eftirfarandi meðferð á sakamáli gegn honum hafi meðal annars verið í andstöðu við ákvæði 3., 5. og 6. gr. samningsins, en sami maður setti tvívegis fram kæru af sama tilefni.
* Í fimmtán tilvikum að bann við hundahaldi í þéttbýli hafi verið brot á friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis samkvæmt ákvæðum 8. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að veiting leyfis til byggingar á nágrannalóð væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að dráttur á meðferð dómsmáls í tengslum við kæruefnið hafi verið í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að synjun um að opinber skipti færu fram á dánarbúi fæli í sér skerðingu á erfðarétti og þar með brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í einu tilviki að reglur um kosningar til Alþingis, sem leiddu af sér misvægi atkvæða milli kjördæma, væru andstæðar ákvæðum 3. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í tveimur tilvikum að brottvikning eigenda íbúðar úr henni á grundvelli heimilda í lögum um fjölbýlishús, nr. 59/1976, væri brot á reglum um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis í 8. gr. samningsins og friðhelgi eignarréttarins í 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að meðferð máls af þessu tilefni fyrir íslenskum dómstólum hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 6. gr. samningsins, en sömu menn settu tvívegis fram kæru af sama tilefni.
* Í einu tilviki að afturköllun leyfis til að aka leigubifreið væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1, svo og að meðferð máls af þessu tilefni

fyrir dómi hafi í tilteknum atriðum brotið gegn 6. gr. samningsins.

* Í einu tilviki að taka bifreiðar vegna endurtekinnar notkun hennar í tengslum við umferðarlagabrot væri brot á friðhelgi eignarréttarins skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.
* Í einu tilviki að meðferð skaðabótamáls fyrir dómi hafi í tilteknum atriðum brotið gegn 6. gr. samningsins.
* Í einu tilviki að takmarkanir samkvæmt þágildandi barnalögum, nr. 9/1981, á heimildum til að leita úrlausnar dómstóla um forsjá barns fælu í sér brot á rétti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samningsins til að fá úrlausn dómstóla um réttindi manna og skyldur.

Mannréttindanefndin hefur hins vegar fjórum sinnum talið kæru á hendur íslenska ríkinu tæka til frekari meðferðar, en afdrif þeirra mála hafa orðið með eftirfarandi hætti:

* Í tveimur tilvikum töldu kærendur að meðferð refsimála á hendur sér hafi verið í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins með því að dómarar í málunum hafi einnig haft með höndum lögreglustjórn og þar með verið yfirmenn lögreglumanna sem rannsökuðu málin á fyrstu stigum. Báðir kærendurnir höfðu krafist ómerkingar héraðsdóma á hendur sér af þessum sökum fyrir Hæstarétti, en hann hafnaði kröfum þeirra í dómum á árunum 1985 og 1987 sem var greint frá hér áður. Mannréttindanefndin taldi báðar þessar kærur tækar til frekari meðferðar og ályktaði einróma um aðra þeirra að íslenska ríkið hefði brotið gegn áðurnefndu ákvæði samningsins. Í kjölfarið lagði hún mál gegn ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn varð við ósk ríkisins um að fella málið niður í mars 1990 eftir að það hafði gert sátt við kærandann, enda taldi dómstóllinn að bætt hefði verið úr því atriði í íslenskri löggjöf, sem gaf tilefni til kærunnar, með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og þeirri stefnu um skýringu á íslenskum reglum um vanhæfi dómara sem var mörkuð með áðurnefndum dómi Hæstaréttar í dómasafni hans frá 1990, bls. 2. Um hina kæruna ályktaði mannréttindanefndin hins vegar ekki frekar því sátt var gerð fyrir nefndinni milli ríkisins og kærandans í janúar 1990 áður en til þess kom.
* Í einu tilviki taldi kærandi að skert hefði verið tjáningarfrelsi hans og brotið gegn 10. gr. samningsins með sakfellingu hans fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, vegna efnis tveggja blaðagreina eftir hann, svo og að meðferð dómsmáls á hendur honum af þessu tilefni hefði í tilteknum atriðum verið andstæð ákvæðum 6. gr. samningsins. Mannréttindanefndin taldi kæruna tæka til frekari meðferðar um brot gegn 10. gr. samningsins, svo og um brot gegn 6. gr. hans í einu atriði. Á síðari stigum ályktaði nefndin gegn einu mótatkvæði að ríkið hefði brotið gegn tjáningarfrelsi kærandans skv. 10. gr. samningsins en taldi hins vegar einróma að meðferð dómsmálsins á hendur honum hefði ekki verið í andstöðu við 6. gr. samningsins. Í kjölfarið lagði nefndin mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu til úrlausnar um bæði þessi atriði og gekk dómur í því 25. júní 1992. Meiri hluti dómara samsinnti þar því áliti mannréttindanefndarinnar að brotið hafi verið gegn tjáningarfrelsi kærandans skv. 10. gr. samningsins, en einn dómari var á gagnstæðri skoðun í sératkvæði. Á hinn bóginn var niðurstaða dómaranna einróma um að ekki hafi verið brotið gegn 6. gr. samningsins við meðferð sakamálsins á hendur kærandanum. Honum voru dæmdar bætur að fjárhæð 530.000 kr. úr hendi ríkisins vegna kostnaðar síns af málinu. Í framhaldi af þessu var dómurinn fenginn ráðherranefnd Evrópuráðsins til eftirlits um framkvæmd hans í samræmi við 54. gr. samningsins. Málinu var endanlega lokið með ályktun ráðherranefndarinnar 10. nóvember 1992 þar sem var fallist á að íslenska ríkið hefði fullnægt skyldum sínum samkvæmt dóminum með því að hafa annars vegar greitt kærandanum tildæmda fjárhæð og hins vegar kynnt efni dómsins nægilega fyrir innlendum dómstólum og handhöfum ákæruvalds.

* Í einu tilviki taldi kærandi ákvæði íslenskra laga, sem gera aðild hans að bifreiðastjórafélagi að skilyrði fyrir að njóta leyfis til að aka leigubifreið, andstæð reglum um félagafrelsi í 11. gr. samningsins. Nefndin komst einróma að þeirri niðurstöðu að kæran væri tæk til frekari meðferðar. Nokkru síðar taldi nefndin gegn einu mótatkvæði að brotið hefði verið gegn fyrrnefndu ákvæði samningsins. Í framhaldi af þessu lagði nefndin mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Málið var flutt munnlega fyrir dómstólnum 22. febrúar 1993, en dóms er ekki vænst í því fyrr en á miðju árinu.

Ekki hefur reynst unnt að afla með aðgengilegum hætti upplýsinga til samanburðar um fjölda kæra til mannréttindanefndarinnar á hendur hverju aðildarríki að mannréttindasáttmálanum um sig og þá enn síður hversu oft nefndin hefur talið hlutfallslega að kærur gegn hverju ríki um sig hafi verið tækar til frekari meðferðar. Miðað hins vegar við heildarfjölda kæra til nefndarinnar hefur hún talið liðlega 6% þeirra tækar til frekari meðferðar. Af þeim 32 kærum á hendur íslenska ríkinu, sem nefndin hefur afgreitt, hafa fjórar talist tækar til frekari meðferðar eða rúmlega 12,5% þeirra.

3. Áhrif mannréttindasáttmálans á lagasetningu.

Fullgilding íslenska ríkisins á Mannréttindasáttmála Evrópu hefur sem áður segir leitt af sér skuldbindingu þess að þjóðarétti um að íslensk löggjöf muni tryggja öllum, sem dveljast á yfirráðasvæði þess, þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um. Líkt og hjá öðrum ríkjum, sem gengist hafa undir þessa skuldbindingu fyrir sitt leyti, hefur hún óhjákvæmilega sett mark sitt á lagasetningu hér á landi. Þótt engum lögum hafi verið breytt í tengslum við fullgildingu Íslands á sáttmálanum á árinu 1953 verður að ætla að upp frá því hafi verið tekið tillit til þessarar skuldbindingar við setningu nýrra laga. Bein merki þess sjást að vísu sjaldan í gögnum um undirbúning að nýrri löggjöf að skoðað hafi verið sérstaklega hvort ákvæði hennar samrýmist reglum mannréttindasáttmálans, en ýmsar undantekningar eru þó frá því. Þannig má í dæma skyni benda á að í athugasemdum við frumvörp, sem urðu að lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, lögum nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds, og barnalögum, nr. 20/1992, er vikið berum orðum að því hvernig ákvæði mannréttindasáttmálans hafa orkað á tiltekin atriði laganna. Þá má einnig benda á að í athugasemdum við frumvarp, sem varð að lögum nr. 92/1989. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, kemur fram að ein helsta kveikjan að flutningi þess hafi verið nauðsyn á að laga dómstólaskipanina að þeim kröfum sem gerðar eru til hennar á grundvelli 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, auk álits Mannréttindanefndar Evrópu um kæru á hendur íslenska ríkinu þar sem fallist var á að það hafi brotið gegn því ákvæði samningsins. Hér má svo enn fremur minna á að breytingar voru gerðar á skipan dómstóla í héraði með lögum nr. 27/1990 til bráðabirgða fram að gildistöku laga nr. 92/1989, en þetta var gert í tilefni af áðurnefndum dómi Hæstaréttar sem birtist í dómasafni hans frá 1990, bls. 2, þar sem horfið var frá eldri skýringu á reglum um vanhæfi dómara með tilliti til ákvæða 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

VI. Áhrif lögfestingar mannréttindasáttmálans á lagaframkvæmd.

Hér að framan hefur að nokkru verið vikið að því í öðru samhengi hver áhrif það hefði að íslenskum rétti að þetta frumvarp yrði að lögum. Til frekari upplýsinga um það má árétta að ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu verða að almennum lögum hér á landi ef frumvarpið nær fram að ganga. Lögfesting frumvarpsins hefði þannig í för með sér að líta megi svo á að fyrirmæli eldri laga, sem kunna að reynast ósamþýðanleg ákvæð-

um sáttmálans, teldust að meginreglu falla niður við gildistöku laganna. Með því hins vegar að hér yrði um almenn lög að ræða yrðu ákvæði þeirra yfirleitt að víkja fyrir yngri lögum. Af þessu er að sjálfsögðu ljóst að eitt helsta markmið frumvarpsins, að tryggja samræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða mannréttindasáttmálans, næst ekki út af fyrir sig formlega til frambúðar með því einu að það verði að lögum fyrst unnt væri að virða þetta markmið að vettugi með setningu yngri laga. Til þess að fyrirbyggja slíka þróun mála þyrfti að veita þessum reglum stöðu stjórnskipunarlaga, sem er ekki lagt til með þessu frumvarpi þótt það geti vel verið æskileg þróun mála þegar til lengri tíma er litið. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að gefa sér að yngri lög gætu vikið til hliðar ákvæðum mannréttindasáttmálans ef þetta frumvarp yrði að lögum. Í því sambandi verður að minnast þess að samþykkt þessa frumvarps mundi óhjákvæmilega orka þannig á skýringu núgildandi reglna stjórnarskrárinnar að yngri lög, sem kynnu að stangast á við ákvæði mannréttindasáttmálans, kynnu um leið að teljast stríða gegn stjórnarskránni eins og hún yrði skýrð í framtíðinni. Þá verður einnig að taka tillit til þess, að skuldbinding íslenskra ríkisins að þjóðarétti samkvæmt sáttmálanum stæði óhögguð þó að yngri lög kynnu í tilteknu atriði að ganga fyrir ákvæðum laga um gildi mannréttindasáttmálans að íslenskum landsrétti. Gætu því dómstólar með sama hætti og hingað til beitt ákvæðum sáttmálans í úrlausnum sínum til skýringar á yngri lögum.

Um áhrifin af því að þetta frumvarp yrði að lögum er að öðru leyti ástæða til að víkja hér að þrennu.

Í fyrsta lagi má enn á ný minnast þess að um mörg atriði, sem ákvæði sáttmálans taka til, eru þegar fyrirmæli í íslenskum lögum og auk þess að vera samrýmanleg ákvæðum sáttmálans eru þau fyrirmæli í ýmsum tilvikum ítarlegri. Sem dæmi um þetta má benda á ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þar sem er fjallað um heimildir til að skerða frelsi manns, og 6. gr. hans sem ná meðal annars til meðferðar refsimáls fyrir dómi, en um bæði þessi atriði er fjallað miklu ítarlegar á öðrum vettvangi, einkum í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Ákvæðum mannréttindasáttmálans yrði vitanlega ekki ætlað að leysa þau lög af hólmi. Á hinn bóginn yrði lögfesting sáttmálans til að draga fram áherslu á mikilvægustu atriðin varðandi mannréttindi sem verður að gæta að við beitingu þeirra laga í framkvæmd. Ef þetta frumvarp yrði að lögum gætu þau þannig að þessu leyti haft verulegt gildi í réttarframkvæmd við beitingu annarra og ítarlegri laga, bæði um skýringu þeirra og til aðhalds.

Í öðru lagi verður að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er eingöngu mælt fyrir um lagagildi ákvæða tiltekinna þjóðréttarsamninga. Ef frumvarpið yrði að lögum væru það eingöngu orð þessara samninga sem væru orðinn hluti af íslenskum landsrétti. Fordæmi frá Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu um skýringu þessara orða væru ekki þar með orðin landslög. Á hinn bóginn má telja sjálfsagt að reikna með að íslenskir dómstólar og stjórnvöld hefðu slík fordæmi til leiðsagnar þegar reyna kynni á skýringu einstaka ákvæða laganna. Um skerðingu á sjálfstæði dómstóla og stjórnvalda hér á landi verður engan veginn að ræða af þessum sökum, enda væru þau óbundin af fordæmum og staða þeirra í raun ekki önnur en á ýmsum öðrum sviðum við beitingu íslenskra laga sem eiga sér samhljóða erlendar hliðstæður, en í slíkum tilvikum er alvanalegt að huga að erlendri réttarframkvæmd til leiðsagnar um vafaatriði. Má einnig hafa í huga að dæmi eru þegar af því í íslenskum dómsúrlausnum að vísað sé um fyrirmyndir til skýringa mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins á tilteknum ákvæðum sáttmálans.

Í þriðja lagi má loks benda á það í tengslum við síðastnefnt atriði að það yrði á valdi íslenskra dómstóla og stjórnvalda að skýra ákvæði mannréttindasáttmálans sjálfstætt ef frumvarpið yrði að lögum, þar á meðal þau ákvæði sem ekki væri að finna for-

dæmi um frá mannréttindanefndinni eða mannréttindadómstólnum, og beita þeim við úrlausn mála. Í því sambandi er þó varla að vænta að úrlausnir um mikilvæg atriði verði byggðar í ríkum mæli á skýringum sem eiga sér ekki einhverja fyrirmynd eða bakhjarl í fræðilegri umfjöllun um ákvæði sáttmálans þótt íslenskum dómstólum og stjórnvöldum væri það vissulega heimilt.

VII. Röksemdir fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að Mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögfestur hér á landi, en með upptalningu í 1. gr. þess er afmarkað nánar hverjir þeir þjóðréttarsamningar eru sem er gefið þetta nafn í einu lagi. Með frumvarpinu er eingöngu stefnt að lögfestingu þeirra samninga sem íslenska ríkið hefur þegar fullgilt fyrir sitt leyti, og hefðu því breytingar á samningunum eða viðaukar við þá í framtíðinni engin sjálfvirk áhrif á efni íslenskrar löggjafar þótt frumvarpið verði að lögum. Miðað er við að reglur sáttmálans verði meðal almennra laga hér á landi.

Áður var minnt á að við fullgildingu Íslands á mannréttindasáttmálanum voru ekki hugmyndir um að lögfesta ákvæði hans og gera hann þar með að hluta landsréttar. Viðhorf varðandi aðild Íslands og annarra ríkja að sáttmálanum voru önnur en nú og af eðlilegum ástæðum lá ekki fyrir nein reynsla af fullgildingunni. Í ljós hefur komið að samræmi er ekki alltaf milli íslenskra laga og ákvæða sáttmálans eins og ráða má af umfjöllun hér að framan um það mál. Efnisinntak einstakra ákvæða sáttmálans hefur nú verið skýrt nánar í hundruðum úrlausna um kærur vegna brota gegn honum á rúmlega þremur áratugum. Úrlausnir hafa einnig þróast í þá átt að gera strangari kröfur til aðildarríkja að sáttmálanum. Þegar litið er nánar á reynsluna með hliðsjón af því hvort íslensk löggjöf veiti fullkomna tryggingu samkvæmt sáttmálanum benda úrlausnir dómstóla hér á landi og Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu ekki til þess að um slíka tryggingu sé að ræða. Eftir að þetta misræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans hefur orðið greinlegra hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að lögfesta bæri mannréttindasáttmálann. Þessari skoðun hafði verið hreyft í lögfræðilegri umfjöllun hér áður en misræmisins fór að gæta. Á Alþingi hefur einnig verið vakið máls á því oftar en einu sinni á undanförnum árum og áratugum að huga bæri að lögfestingu mannréttindasáttmálans.

Helstu röksemdir fyrir því að lögfesta nú ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu eru þessar:

1. Réttindi einstaklinga fá aukna vernd.
2. Réttaröryggi eykst.
3. Í sumum greinum Mannréttindasáttmálans er að finna ítarlegri ákvæði en í íslenskri löggjöf um einstaka þætti mannréttinda. Þótt mörg ákvæði sáttmálans eigi sér hliðstæður í settum lögum hér á landi, þar á meðal í stjórnarskránni, gildir þetta ekki um öll þau réttindi sem sáttmálinn nær til. Sem dæmi má benda á 10. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem samkvæmt orðalagi sínu tekur til tjáningarfrelsis almennt meðan 72. gr. stjórnarskrárinnar nær einvörðungu til prentfrelsis. Samkvæmt þessu yrði lögtaka mannréttindasáttmálans gagngert til þess að fylla upp í það sem kalla mætti eyður í íslenskri löggjöf.
4. Eftir lögfestingu getur einstaklingur borið ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum en ekki aðeins eins og nú er sem leiðbeiningargögn við lögskýringar.
5. Lögfesting auðveldar dómsúrlausnir og ákvarðanir stjórnvalda um mannréttindamál.
6. Eftir lögfestingu geta einstaklingar fengið dómsúrlausn hér á landi um ýmis þau

kæruefni sem ella hefðu þurft að fara til stofnananna í Strassborg. Ef úrlausn fæst samt ekki hér að landi hefur einstaklingur á sama hátt rétt til að kæra til mannréttindanefndarinnar.

7. Lögfestingin myndi vekja jafnt almenning og þá sem starfa að rekstri og úrlausn mála fyrir dómstólum og í stjórnsýslu og að undirbúningi að lagasetningu til frekari vitundar um mannréttindi og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki. Telja má hættu á að of oft geti nauðsynlegt tillit til mannréttindareglna horfið í skuggann í daglegum störfum.

8. Lögfesting mannréttindasáttmálans hér á landi væri í samræmi við almenna stefnu í flestum öðrum Evrópuríkjum og yrði þannig bæði til að færa íslenska löggjöf um þessi efni í sama horf og löggjöf þeirra ríkja sem við eigum hvað helst samskipti við og samstöðu með og til að auka á alþjóðavettvangi traust á virðingu íslenska ríksins fyrir mannréttindum.

9. Ákvæði stjórnarskrárinnar um mannréttindi eru fremur fáorð og komin mjög til ára sinna. Þótt lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu breytti í engu efni þessara ákvæða stjórnarskrárinnar má ætla að hún hefði allt að einu þau óbeinu áhrif að ríkari tilhneiging yrði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við reglur sáttmálans þar sem það gæti átt við.

VIII. Mannréttindasáttmálinn og stjórnarskrá Íslands.

Nefndarmenn sem undirbjuggu þetta frumvarp telja að endurskoða þurfi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar ekki síst með hliðsjón af Mannréttindasáttmálanum. Ljóst er að sú leið er seinfarin og lögfesting sáttmálans í almenn lög ætti að auka líkur á breytingu stjórnarskrárinnar á þann veg að mannréttindaákvæðin verði ítarlegri. Með því móti yrði enn betur tryggt að ekki verði hróflað við þeim mannréttindum sem sáttmálanum er ætlað að tryggja.

Þegar fjallað er um hvort lögfesta eigi Mannréttindasáttmála Evrópu verður að gefa því gaum hvort meinbugir gætu verið á því vegna stjórnarskrár íslenska ríkisins. Verður þá að líta til þess hvort lögfestingin feli í sér framsal íslensks ríkisvalds. Í I. kafla mannréttindasáttmálans eru efnisreglur um mannréttindi sem eðli sínu samkvæmt geta ekki falið í sér valdframsal. Lögfesting annarra ákvæða sáttmálans, þ.e. II.–V. kafla, tryggir stöðu þeirra manna hér á landi sem hann verndar. Í henni felst ekki framsal ríkisvalds til stofnana þeirra sem í sáttmálanum eru taldar (mannréttindanefndar, mannréttindadómstóls og ráðherranefndar). Segir ekkert um það í sáttmálanum að stofnunum þessum sé falið vald til að taka ákvarðanir sem unnt sé að framfylgja hér á landi gagnvart einstaklingum eða öðrum aðilum eins og um væri að ræða ákvarðanir handhafa íslensks ríkisvalds skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Lögfestingin breytir því ekki að þær skuldbindingar ríkisins, sem með beinum hætti felast í sáttmálanum, eru þjóðréttarlegs eðlis, sbr. 1. gr. hans. Framangreindar stofnanir taka afstöðu til þess hvort þessar þjóðréttarskuldbindingar hafa verið efndar.

Í fyrsta lagi er ekki um það að ræða að stofnanir þær, sem taldar voru, fari með löggjafarvald hér á landi. Geta ákvarðanir þeirra ekki breytt íslenskum lögum þó að í ákvörðununum geti falist að íslenska ríkið sé að þjóðarétti skuldbundið til lagabreytinga. Það atriði breytist ekki við lögfestingu sáttmálans og hefur verið til staðar alla tíð frá fullgildingu hans fyrir 40 árum. Breytingar á sáttmálanum fá ekki lagagildi hér á landi nema með nýrri lagasetningu frá Alþingi.

Þá felst ekki í lögfestingunni framsal á íslensku framkvæmdarvaldi. Stofnanirnar, sem starfa á grundvelli sáttmálans, fara ekki með neitt vald til að hrinda ákvörðunum sínum í framkvæmd. Þó að unnt sé að víkja ríki úr Evrópuráðinu vegna brota á sáttmál-

anum á vald til þess ekkert skylt við framkvæmdarvald skv. 2. gr. stjórnarskrár Íslands.

Í þriðja lagi felst ekki í lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu framsal á íslensku dómsvaldi. Mannréttindadómstóllinn og ráðherranefnd, og með óbeinum hætti mannréttindanefnd, hafa aðeins vald til að skera úr því með yfirlýsingu hvort reglur mannréttindasáttmálans hafi verið brotnar. Ákvarðanir um þetta geta ekki fellt úr gildi íslenska dóma. Það er hlutverk íslenskra aðila, sem starfa samkvæmt íslenskum lagareglum, að mæla fyrir um fullnustu þeirra þjóðréttarskuldbindinga sem skapast geta vegna ákvarðana mannréttindadómstólsins eða annarra stofnana sem nefndar voru. Heimild sú, sem dómstólnum í Strassborg er veitt í 50. gr. mannréttindasáttmálans til að mæla fyrir um bætur, leiðir ekki heldur til þess að réttur skapist til fullnustugerða hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins ber með sér er lagt til að Mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögtekinn með þeim hætti að kveðið verði á um lagagildi tiltekinna samninga Íslands við önnur ríki. Áður hefur verið nefnt að heitið Mannréttindasáttmáli Evrópu er notað hér sem samheiti fyrir samningana í einu lagi, en þetta kemur á sinn hátt fram í upphafsorðum 1. mgr. 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. eru samningarnir, sem mynda til samans Mannréttindasáttmála Evrópu, tilgreindir með heitum sínum og dagsetningunum þegar þeir voru undirritaðir, en ekki á að geta orkað tvímælis hverjir þessir samningar eru í því ljósi. Til að taka þó fyllilega af tvímæli um þetta og um leið til upplýsinga um efni samninganna kemur texti þeirra fram í íslenskri þýðingu í fylgiskjölum með frumvarpinu, eins og er vísað til í 2. mgr. 1. gr., og er þá einnig ætlast til að þeir verði birtir með lögunum ef frumvarpið verður samþykkt. Í fylgiskjölunum hafa ákvæði samningsviðauka nr. 3, 5 og 8 verið felld inn í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, enda leiddu þessir samningsviðaukar eingöngu til breytinga á eldri reglum í samningnum sem þá féllu niður.

Í tengslum við gerð þessa frumvarps var íslensk þýðing á samningunum, sem birtist á sínum tíma í Stjórnartíðindum við fullgildingu þeirra, endurskoðuð og lagfærð í ýmsum atriðum. Eru því fylgiskjölin með frumvarpinu ekki með öllu samhljóða áður birtum þýðingum á samningunum. Í þessu sambandi verður að taka fram að áður birtar þýðingar eru ekki bindandi um íslenskan texta samninganna, enda eru frummál samninganna enska og franska, eins og kemur fram í niðurlagi þeirra, og ræðst þannig efni þeirra endanlega af textanum á þeim tungumálum ef vafi rís um það.

Sú leið, sem farin er í 1. gr., að taka ekki upp ákvæði samninganna frá orði til orðs í frumvarpinu sjálfu, heldur að vísa aðeins til texta þeirra í fylgiskjölum, á sér hliðstæður í ýmsum lögum sem hafa veitt ákvæðum þjóðréttarsamninga Íslands lagagildi hér á landi. Sem dæmi um þetta má meðal annars benda á lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, nr. 13/1948, lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, nr. 16/1971, og lög nr. 21/1934 og 108/1935 sem leiddu af sér lagagildi tiltekinna samninga Norðurlanda um atriði í sambandi við skipti á dánarbúum og gjaldþrotaskipti.

Með 1. gr. er ráðgert að ákvæði samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann öðlist lagagildi hér á landi í heild sinni ef frumvarpið verður að lögum. Taka verður fram að þau ákvæði mannréttindasáttmálans, sem mestu skipta í þessu tilliti, eru í I. kafla samningsins og samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 þar sem efnisreglur eru um þau mannréttindi sem samningarnir vernda. Lagagildi mannréttindasáttmálans að öðru leyti skiptir í raun miklu minna máli, enda eru ákvæði

II.–V. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukanna nr. 2, 3, 5 og 8 að mestu um stofnanirnar sem leysa úr kærum um brot gegn skuldbindingum samkvæmt mannréttindasáttmálanum og meðferð mála fyrir þeim. Í tengslum við þetta má geta þess að í Danmörku og Finnlandi hefur mannréttindasáttmálinn verið lögfestur í heild og þá að meðtöldum þessum síðastnefndu ákvæðum.

Í II. lið athugasemda við frumvarpið er að finna yfirlit yfir þau réttindi sem reglur mannréttindasáttmálans vernda og í III. lið er síðan samantekt um meginatriði ákvæða sáttmálans um meðferð á kærum vegna brota á þeim réttindum. Til frekari skýringar fer hér á eftir örstutt yfirlit yfir efni einstakra kafla sáttmálans.

Evrópusamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis hefst á aðfararorðum þar sem segir meðal annars að aðildarríkin stígi sameiginlega fyrstu skrefin til að tryggja nokkur þeirra réttinda sem talin eru í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Í samningsviðaukum, sem síðar hafa verið gerðir, er nokkrum efnisreglum bætt við. Í 1. gr. sáttmálans segir síðan að aðildarríkin skuli tryggja öllum, sem dveljast á yfirráðasvæðum þeirra, réttindi þau og frelsi sem talin eru í I. kafla.

Efnisreglur I. kafla fjalla um

- réttinn til lífs (2. gr.),
- bann við pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (3. gr.),,
- bann við þrældómi og þrælkun (4. gr.),
- rétt til frelsis og mannhelgi (5. gr.),
- rétt til réttlátrar dómsmeðferðar (6. gr.),
- bann við afturvirkni refsilaga (7. gr.),
- friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta (8. gr.),
- hugsana-, sannfæringar- og trúfrelsi (9. gr.),
- tjáningar- og skoðanafrelsi (10. gr.),
- funda- og félagafrelsi (11. gr.),
- réttinn til að ganga í hjónaband (12. gr.).

Um ýmis þessara ákvæða er sagt að þau sæti tilteknum takmörkunum. Í 13. gr. segir að menn geti leitað réttar síns ef réttindin eru skert. Í 14. gr. er jafnréttisákvæði sáttmálans. Í 15. gr. er mælt fyrir um skerðingu réttinda á hættutímum. Nokkur fleiri ákvæði eru í I. kafla.

Í II. kafla segir að Mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóll Evrópu skuli tryggja að samningsaðilar standi við skuldbindingar sínar (19. gr.).

Í III. kafla (20.–37. gr.) er fjallað um mannréttindanefndina, skipan hennar, kærur til hennar og starfshætti. Í þessum kafla er einnig mælt fyrir um úrskurðarvald ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Í IV. kafla (38.–6. gr.) eru ákvæði um mannréttindadómstólinn.

Í V. kafla (57.–66. gr.) eru ýmis ákvæði, meðal annars um skýrslur aðildarríkja um ástand á sviði mannréttinda.

Gerðir hafa verið níu samningsviðaukar við Evrópusamninginn um verndun mannréttinda og mannfelsis. Hafa hinir átta fyrstu tekið gildi. Í þessum samningsviðaukum eru ýmist efnisreglur, eins og stuttlega verður rakið hér á eftir, eða málsmeðferðarreglur sem felldar hafa verið inn í texta hins upphaflega samnings hér að framan.

Í 1. samningsviðauka er fjallað um eignarrétt, menntunarrétt og rétt foreldra til að hafa áhrif á því sviði í samræmi við trúar- og lífsskoðanir sínar. Þá er í þessum samningsviðauka skuldbinding um að í aðildarríkjunum skuli halda frjálsar kosningar á hæfilegum fresti.

Í 2. samningsviðauka segir um heimild dómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit.

Í 4. samningsviðauka er bann við skuldafangelsi, trygging fyrir ferðafrelsi, brottvís-

un úr eigin landi og brottvísun hópa útlendinga.

Í 6. samningsviðauka er bann við dauðarefsingum.

Í 7. samningsviðauka eru reglur um brottvísun útlendinga úr landi, áfrýjun sakamála og aðra endurskoðun þeirra, svo og um jafnrétti hjóna.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er tekið fram að úrslausnir, sem kynnu að ganga á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindanefnd Evrópu, Mannréttindadómstól Evrópu eða ráðherranefnd Evrópuráðsins, séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Þetta er í raun eingöngu tekið fram til að árétta beinlínis í lögum, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, að umræddar stofnanir geti sem fyrr eingöngu kveðið á um hvort íslenska ríkið hafi efnt þjóðréttarskuldbindingar sínar samkvæmt mannréttindasáttmálanum og eftir atvikum að því beri að greiða skaðabætur að tiltekinni fjárhæð ef vanefnd er leidd í ljós. Í almennum athugasemdum hér að framan er skýrð í einstökum atriðum sú afleiðing af þessu að úrlausnir þessara stofnana hafa ekki bindandi áhrif að íslenskum landsrétti. Þær geta þannig til dæmis ekki haggað gildi íslenskrar löggjafar eða dómsúrlausnar. Þá er einnig vert að benda á að ef kveðið yrði á um skyldu ríkisins til að greiða skaðabætur í úrlausn mannréttindadómstólsins eða ráðherranefndarinnar yrði ekki hægt að fullnægja bótakröfu með aðför hér á landi á grundvelli úrlausnarinnar, heldur yrði að afla aðfararheimildar fyrir bótakröfunni með dómi hér á landi. Tilgangurinn með 2. gr. er aðeins að ítreka þetta.

Um 3. gr.

Ef þetta frumvarp hlýtur samþykki er ráðgert í 3. gr. að lögin öðlist þegar gildi við birtingu þeirra. Ástæðulaust er að láta gildistöku dragast til einhvers síðara tímamarks, enda þarf ekki ráðrúm til aðlögunar eða annars konar undirbúnings fyrir hana.

Í tengslum við ákvæði 3. gr. er vert að vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um brottfall annarra laga eða ákvæða í gildandi lögum. Eins og minnst hefur verið á áður í þessum athugasemdum er gengið út frá því að ákvæði í eldri lögum, sem kunna að stangast á við mannréttindasáttmálann, teldust fallin niður ef frumvarpið nær fram að ganga, en þetta yrði þá afleiðing af almennum lögskýringarreglum. Með því að frumvarpið tekur ekki af skarið um brottfall laga kæmi öðru fremur í hlut dómstóla að leysa úr því í afmörkuðum tilvikum ef á reyndi.

Viðauki.

Sératkvæði Ragnars Aðalsteinssonar.

Undirritaður nefndarmaður er í meginatriðum sammála meiri hluta nefndarinnar um þörf á lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu og rök fyrir lögfestingunni, en þó með eftirfarandi frávikum og athugasemdum:

1. Ég legg til að einungis efnisákvæði mannréttindasáttmálans og viðaukanna verði lögfest og fylgir sératkvæði þessu frumvarp til laga um slíka lögfestingu.

   Nefndin hefur orðið ásátt um að lögfesting sáttmálans væri til þess fallin að auka réttaröryggi þeirra sem geta byggt á sáttmálanum, þ.e. borið hann fyrir sig fyrir dómstólum og stjórnvöldum.

   Lögfesting þjóðréttarsamnings fer einkum fram með tvennum hætti: lögfestingu samnings í heild eða umskrift samnings. Þá er unnt að veita þjóðréttarsamningi stöðu stjórnskipunarlaga með stjórnarskrárbreytingu eða stöðu almennra laga með venjulegri löggjöf.

   Sú leið sem best tryggir vernd mannréttinda þeirra, sem Mannréttindasáttmáli Evrópu fjallar um, er stjórnarskrárbreyting og að áliti undirritaðs umskrift ákvæðanna, þannig að þau væru felld með eðlilegum hætti inn í meginmál stjórnarskrárinnar. Reynslan af tilraunum til endurskoðunar á stjórnarskránni á lýðveldistímanum er með þeim hætti að ætla verður að slíkt tæki allt of langan tíma við óbreyttar aðstæður.

   Tvær venjubundnar leiðir til að lögfesta sáttmálann sem almenn lög eru lögfesting í heild eða umritun hans með því að fella ákvæði hans inn í gildandi almenna löggjöf. Ef síðari leiðin er valin er einungis um lögfestingu efnisákvæða sáttmálans að ræða en ekki réttarfarsákvæða hans, ákvæða um staðfestingu og annað, sem einkum hefur gildi að þjóðarétti.

   Í sératkvæði þessu hefur verið valin sú leið að leggja til að lögfest verði einungis efnisákvæði sáttmálans án þess þó að vefa þau inn í almenna löggjöf. Undirritaður telur að með þeim hætti sé þeim markmiðum lögfestingarinnar náð að tryggja borgurunum að landsrétti þau mannréttindi sem ekki var áður nægilega ljóst hvort þeir nutu.

   Dómar Hæstaréttar á allra síðustu árum benda til að dómurinn hafi talið sér heimilt að ákveða hverju sinni í einstökum málum hvort og í hve ríkum mæli borgararnir nytu verndar efnisákvæða sáttmálans. Þeirri réttaróvissu er eytt með lögfestingu efnisákvæðanna, sem tryggir að borgararnir geti borið ákvæðin fyrir sig eins og hver önnur ákvæði íslensks réttar fyrir dómi.

   Undirritaður telur að engin rök hafi verið færð að því að lögfesting II., III., IV. og V. kafla sáttmálans um mannréttindanefndina, mannréttindadómstólinn, hlutverk ráðherranefndarinnar, kostnað, fullgildingu, uppsögn o.fl. hafi þýðingu um aukið réttaröryggi borgaranna eða annað sem hér skiptir máli. Hins vegar er hugsanlegt að eðli og réttaráhrif dóma Mannréttindadómstólsins í málum á hendur Íslandi kunni að breytast við lögfestinguna á þann veg að ekki samræmist íslenskum stjórnskipunarreglum. Að lokum mælir með lögfestingu efnisákvæðanna einna að athyglin beinist að þeim ákvæðum einum sem máli skipta um aukið réttaröryggi.
2. Mikilvægt er að huga að því við lögfestinguna hvort og í hve ríkum mæli nauðsynlegt er að breyta íslenskum lögum eða setja ný lög til að sem fyllsts samræmis sé gætt milli ákvæða sáttmálans og annarra ákvæða landslaga. Þarf að huga að gildandi rétti og nauðsynlegum breytingum á honum til samræmingar. Framvegis þarf einnig

að gefa gaum að því að ný lög og stjórnvaldsfyrirmæli brjóti ekki í bága við lögfest ákvæði sáttmálans.

Nefndin lét gera frumathugun á því hvort breyta þyrfti ákvæðum íslenskra laga við lögfestingu sáttmálans. Athugunina annaðist Guðrún Gauksdóttir lögfræðingur sem aflað hefur sér sérþekkingar á þessu sviði. Hún skilaði nefndinni skýrslu dagsettri 19. september 1992 um niðurstöður frumathugunar sinnar. Undirritaður telur að skýrsla Guðrúnar sé vel til þess fallin að auka skilning á ákvæðum sáttmálans og því hvernig Mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn beita efnisákvæðum hans. Þar er og að finna margvíslegar ábendingar um atriði í íslenskri löggjöf sem ástæða kann að vera til að endurskoða til að eyða ósamræmi eða líklegu ósamræmi. Undirritaður telur frumathugun Guðrúnar Gauksdóttur mikilvægt framlag til óhjákvæmilegrar athugunar á gildandi rétti með hliðsjón af efnisákvæðum sáttmálans og jafnframt leiðbeinandi fyrir þá sem annast samningu lagafrumvarpa eða framfylgja lögum sem dómarar eða handhafar framkvæmdarvalds.

Undirritaður lagði til að nefndin léti skýrslu þessa fylgja frumvarpinu sem fylgiskjal til nánari skýringar á þeirri ákvörðun nefndarinnar að leggja til að Mannréttindasáttmáli Evrópu yrði lögfestur. Sú tillaga fékk ekki fylgi og því fylgir hún sératkvæði þessu sem fskj. II.

3. Undirritaður leggur á það áherslu að þrátt fyrir sératkvæði þetta er nefndin í öllum aðalatriðum sammála í tillögugerð sinni, bæði um aðferð og forsendur, þó með þeirri undantekningu að undirritaður telur rétt að takmarka lögfestingu sáttmálans við efnisákvæði hans (réttindaskrána) í stað þess að lögfesta jafnframt ákvæði um réttarfar og annað sem hann telur ekki hafa þýðingu um markmið lagasetningarinnar. Þá hefur undirritaður talið rétt að taka fram með óyggjandi hætti í frumvarpsákvæði að með lögfestingu efnisákvæðanna sé ekki hnikað neinum þeim réttindum borgaranna sem þegar ganga lengra í vernd réttinda en gert er með sáttmálanum.

Reykjavík, 19. apríl 1993.
Ragnar Aðalsteinsson.

Fskj. I. Frumvarp til laga með fylgiskjali.
Fskj. II. Frumathugun á því hvort breyta þurfi ákvæðum í íslenskri löggjöf við lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu eftir Guðrúnu Gauksdóttur lögfræðing.

Fskj. I.

Drög að frumvarpi til laga

um lagagildi mannréttindaákvæða mannréttindasáttmála Evrópu.

1. gr.

Mannréttindaákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu hafa lagagildi á Íslandi, en með þeim er átt við þau ákvæði eftirfarandi samninga sem hér eru talin:

1. 1.–18. gr. í samningi frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt eftirtöldum samningsviðaukum:
   a. Samningsviðauka nr. 3 frá 6. maí 1963.
   b. Samningsviðauka nr. 5 frá 20. janúar 1966.
   c. Samningsviðauka nr. 8 frá 19. mars 1985.
2. 1.–3. gr. í samningsviðauka nr. 1. frá 20. mars 1952.
3. 1.–4. gr. í samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963.
4. 1.–3. gr. í samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983.
5. 1.–5. gr. í samningsviðauka nr. 7. frá 22. nóvember 1984. Framangreind ákvæði í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis með áorðnum breytingum og samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 eru birtir sem fylgiskjöl með þessum lögum á íslensku, ensku og frönsku.

2. gr.

Ekki skal túlka ákvæði laga þessara þannig að þau takmarki réttindi manna sem þeir þegar njóta samkvæmt öðrum réttarheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjöl:

1.–18. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

1.–3. gr. í samningsviðauka nr. 1 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

1.–4. gr. í samningsviðauka nr. 4 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann.

1.–3. gr. í samningsviðauka nr. 6 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.

1.–5. gr. í samningsviðauka nr. 7 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

MANNRÉTTINDAÁKVÆÐI MANNRÉTTINDASÁTTMÁLA EVRÓPU OG VIÐAUKA VIÐ HANN.

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950.

1. gr.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa sáttmála.

I. KAFLI.

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp, sem dauðarefsingu varðar að lögum.
2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu, skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein, ef valdbeitingin er ekki meiri en ítrasta nauðsyn krefur
   a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;
   b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;
   c. vegna löglegra aðgerða, sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.
3. Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.
2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.
3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:
   a. vinnu, sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu, sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmála þessa, eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
   b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
   c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
   d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
c. lögleg handtaka eða gæsla manns, sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnum;
d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;
e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir, að smitandi sjúkdómur breiðist út, eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;
f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land, eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær, sem hann er borinn.
3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald samkv. c-lið 1. töluliðar þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann, sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.
4. Hverju þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól, er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus er ólögmæt reynist.
5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sér að koma fram.

6. gr.

1. Þegar kvaða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi, eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila, eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum, þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.
2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.
3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:
   a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
   b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
   c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.

d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.

7. gr.

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðarleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarrétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.
2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

8. gr.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauð rekur til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheillar eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum , til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

9. gr.

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.
2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauð rekur til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheillar, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

10. gr.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð, er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum, sem lög mæla fyrir um og nauð rekur til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheillar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.
2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim, sem lög mæla fyrir um og nauð rekur til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að löglegar takmarkanir séu settar við því, að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

12. gr.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Sérhver sá sem á er brotinn réttur eða frelsi, sem lýst er í sáttmála þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

14. gr.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í sáttmála þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarra stöðu.

15. gr.

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt sáttmála þessum að því marki sem ítrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.
2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. málsgr.) og 7. gr.
3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum sáttmálans er á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Ekkert [ákvæða] í 10., 11., og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

17. gr.

Ekkert [ákvæða] í sáttmála þessum skal túlka þannig, að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem sáttmálinn kveður á um.

18. gr.

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi og heimilaðar eru í sáttmála þessum skuli eigi við hafðar í nokkuru öðru skyni en fyrir er um mælt.

Samningsviðauki nr. 1 frá 20. mars 1952.

1. gr.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum, sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

2. gr.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það, að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður, er tryggi það, að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

Samningsviðauki nr. 4 frá 16. september 1963.

1. gr.

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaða þar í landi.
2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.
3. Það má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauð rekur til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheillar, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.
4. Réttindi þau, er greinir í 1. málsgrein, geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

3. gr.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis, sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.
2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis, sem hann er þegn í.

4. gr.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

Samningsviðauki nr. 6 frá 28. apríl 1963.

1. gr.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða líflåta.

2. gr.

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum , sem tilgreind eru í lögunum, og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

3. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar bókunar á grundvelli 15. gr. sáttmálans.

Samningsviðauki nr. 7. frá 22. nóvember 1984.

1. gr.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun, sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:
a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,
b. að fá mál sitt tekið upp að nýju og,
c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.
2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna samkvæmt 1. tl. a., b. og c. þessarar greinar, þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegnar allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

2. gr.

1. Sérhver sá , sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.
2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

4. gr.

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfellur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.
2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.
3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. sáttmálans.

5. gr.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

Fskj. II.

Frumathugun á því hvort breyta þurfi ákvæðum í íslenskri löggjöf við lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu.

Verkefni unnið á vegum nefndar sem dómsmálaráðuneytið hefur skipað til að kanna hvort ekki sé tímabært að mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögfestur hér á landi.

1.0. Afmörkun verkefnisins.

Ljóst er, að efni það, sem tekið verður til athugunar, er ærið umfangsmikið. Miðað við þann tíma, sem mér er ætlaður í verkefnið, verður aðeins stiklað á stóru í íslenskri löggjöf. Áhersla verður lögð á könnun á samræmi íslensks réttarfars við fyrirmæli 6. gr.

Mannréttindasáttmálans um réttláta og opinbera málsmeðferð. Þá kemur til athugunar 11. gr. sáttmálans, sem fjallar m.a. um félagafrelsi, en talsverð umræða hefur verið um það ákvæði í sambandi við rétt manna til að standa utan félaga. Það ber að hafa í huga að túlkun á lagaákvæðum getur ráðið úrslitum um það hvort um brot á sáttmálanum er að ræða, en ekki það að tiltekið lagaákvæði í sjálfu sér brjóti gegn sáttmálanum, eins og nánar verður vikið að í lok þessa verkefnis.

2.0. Ákvæði 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til frelsis og öryggis.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmálans veitir öllum rétt til frelsis og öryggis. Í (a) til (f) lið eru talin tæmandi upp þau tilvik þar sem frelsisskerðing er heimil. Í 2. - 5. tölulið er kveðið nánar um réttindi þeirra, sem hafa verið handteknir eða sviptir frelsi á annan hátt.

Hér er ætlunin að fjalla nánar um ákvæði f. liðar 1. mgr. 5. gr. Ákvæðið hljóðar svo:

> "Everyone has the right to liberty and security of person. No one shall be deprived of his liberty save in the following cases and in accordance with a procedure prescribed by law; .....
> (f) the lawful arrest or detention of a person to prevent his effecting an unauthorised entry into the country or of a person against whom action is being taken with a view to deportation or extradition. ..."

Fyrirmæli 5. gr. eiga aðeins við sviptingu frelsis ("deprivation of liberty"), en ekki annars konar takmarkanir á frelsi manna. Ákvæði 5. gr. eiga tvímælalaust við, þegar útlendingur er sviptur frelsi sínu vegna fyrirhugaðrar brottvísunar eða framsals hans úr landi, eins og berlega kemur fram í f-lið 5. gr., eða vegna ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir að hann komist inn í landið.

Ákvæðin í 1. mgr. 5. gr. um málsmeðferð "in accordance with

procedure prescribed by law" fela í sér áskilnað um, að kveðið sé á um það í lögum landsins hvernig haga skuli meðferð mála, þegar menn eru sviptir frelsi sínu.

Lög nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum fjalla um það efni, sem ofangreint ákvæði tekur til. Þar er ekki skýrt kveðið á um þá málsmeðferð, sem gildir um ákvarðanir, þegar útlendingar óska eftir inngöngu í landið eða um brottrekstur þeirra.

3.0. Ákvæði 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til réttlátrar og opinberrar meðferðar mála fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.

3.1. Almennt.

Ákvæði 6. gr. Mannréttindasáttmálans hljóðar svo:

"(1) In the determination of his civil rights and obligations or of any criminal charge against him, everyone is entitled to a fair and public hearing within a reasonable time by an independent and impartial tribunal established by law. Judgment shall be prounounced publicly but the press and public may be excluded from all or part of the trial in the interests of morals, public order or national security in a democratic society, where the interests of juveniles or the protection of the private life of the parties so require, or to the extent strictly necessary in the opinion of the court in special circumstances where publicity would prejudice the interests of justice.
(2) Everyone charged with a criminal offence shall be presumed innocent until proved guilty according to law.
(3) Everyone charged with a criminal offence has the following minimum rights:
(a) to be informed promptly, in a language which he understands and in detail, of the nature and cause of the accusation against him;
(b) to have adequate time and facilities for the preparation of his defence;
(c) to defend himself in person or through legal assistance of his own choosing or, if he has not sufficient means to pay for legal assistance to be given it free when the interests of justice so require;
(d) to examine or have examined witnesses against him and to obtain the attendance and examination of witnesses on his behalf under the same conditions as witnesses against him;
(e) to have the free assistance of an interpreter if he cannot understand or speak the language used in court."

Ákvæðum 6. gr. er ætlað að tryggja réttlæti og öryggi í

meðferð annars vegar refsimála og hins vegar ágreiningsmála út af réttindum og skyldum einkaréttarlegs eðlis. Mál, sem falla ekki undir annan hvorn þessara málaflokka, eru óháð þeim kröfum, sem 6. gr. gerir til málsmeðferðar. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. geymir reglur er ná til beggja málaflokkanna, en 2. og 3. mgr. taka aðeins til refsimála.

3.2. Upplýsingar til sakbornings um ástæður ásakanna á hendur honum.

Samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans er það lágmarksréttur sakbornings, að hann sé upplýstur á tilhlýðilegan hátt, á tungumáli, sem hann skilur, og í smáatriðum um eðli og ástæður ásakanna á hendur honum. Ákvæði 32. gr. laga um meðferð opinberra mála kveður svo á um þetta atriði:

> "Skylt er að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður út af því eða við handtöku ef til hennar kemur"

Það væri æskilegt, með hliðsjón af 6. gr. sáttmálans, að skýrar væri kveðið á í íslensku lögunum um þennan fortakslausa rétt sakbornings.

3.3. Réttur til að bera mál undir dómstóla.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. felur í sér rétt manna til að bera mál undir dómstóla, sbr. mál Golder gegn Bretlandi. Ef maður getur ekki borið ágreining um réttindi og skyldur einkaréttarlegs eðlis undir dómstól er um að ræða brot á ákvæðinu. Dómstóllinn verður einnig að hafa nægilegt vald til að taka ákvörðun í málinu. Þegar stjórnvaldi er t.d. falið fullnaðarúrskurðarvald, sem felur í sér ákvörðun ("determination") á réttindum eða skyldum einkaréttarlegs eðlis, er um brot á 6. gr. að ræða, ef ekki er hægt að bera þann úrskurð undir dómstóla.

3.4. Réttur ákærða til að yfirheyra vitni.

Ákvæði (d) liðar 3. mgr. 6. gr. veitir ákærða rétt til að yfirheyra vitni eða láta yfirheyra vitni, sem vitna gegn honum, og að yfirheyra vitni, sem hann leiðir fram, með sömu skilmálum og vitni, sem vitna gegn honum.

Ákvæðið felur í sér regluna um jafnræði málsaðila, ... réttur sakbornings samkvæmt þessu ákvæði gengur þó lengra en jafnræðisreglan. Meginreglan er sú, að sakfelling verði ekki byggð á skýrslum vitna, sem sakborningur hefur ekki haft tækifæri til að leggja spurningar fyrir. Það felur hins vegar ekki í sér að ákærði eigi ótakmarkaðan rétt á að leiða fram vitni. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að ríki setji skilyrði um þetta efni í löggjöf. Það er einnig leyfilegt, að dómstóll meti, hvort vitnayfirheyrsla hafi þýðingu um úrslit málsins, og hafni vitnaleiðslum, ef svo er ekki. Jafnræði verður þó að vera með aðilum að þessu leyti. Almennt verður að telja óheimilt að leggja til grundvallar skriflegar vitnaskýrslur eða skýrslur lögreglu, ef ákærði hefur ekki haft möguleika á að spyrja vitnin.

Ákvæði 48. gr. laga um meðferð opinberra mála hljóða svo:

"1. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.
2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð, ef kostur er, og ákærði eða verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.
3. Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð málsins, en skýrsla hefur verið gefin fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé."

Ákvæði 3. mgr. 59. gr. hljóðar svo:
"3. Nú hefur vitni eða aðrir áður gefið skýrslu fyrir lögreglumanni eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíkar skýrslur og önnur sakargögn ekki fyrir vitni fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar og leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess sem skylt er að koma fyrir sem vitni má dómari ekki veita viðtöku nema sérstaklega standi á, svo sem þegar ekki er kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu."

Áhugavert er að bera ákvæði þetta saman við dóma Mannréttindadómstólsins í málum út af skýrslugjöfum fyrir dómstólum. Verði af lögfestingu Mannréttindasáttmálans, verða hérlendir dómstólar að túlka ákvæðið í samræmi við þau sjónarmið, sem Mannréttindadómstóllinn leggur til grundvallar í dómum sínum. Hér verða reifaðir nokkrir dómar Mannréttindadómstólsins, sem máli skipta í þessu sambandi.

Í máli **Unterpertinger gegn Austurríki** (dómur 24. nóvember 1986) voru málavextir þeir, að austurrískir dómstólar dæmdu Unterpertinger til 6 mánaða fangelsis fyrir líkamsárás á stjúpdóttur sína og eiginkonu. Þær höfðu gefið skýrslu fyrir lögreglu. Skýrslurnar voru síðar lesnar upp við réttarhöld fyrir dómstólum þeim, sem fjölluðu um ákæru á hendur Unterpertinger, en bæði eiginkona og stjúpdóttir hans höfðu notfært sér heimild í austurrísku refsiréttarfarslögunum til að neita að koma fyrir rétt í málinu.

Mannréttindadómstóllinn tók fram, að upplestur skýrslna með ofangreindum hætti bryti út af fyrir sig ekki í bága við 1. mgr. 6. gr. eða d-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans. Notkun þeirra sem sönnunargagna yrði hins vegar að samræmast rétti manna til varna samkvæmt nefndum ákvæðum. Það ætti sérstaklega við, þegar sakborningur hefði ekki haft tækifæri til að leggja spurningar fyrir skýrslugjafa á fyrri stigum málsins.

Eiginkona og stjúpdóttir Unterpertinger höfðu með neitun sinni að koma fyrir rétt hindrað hann í að spyrja þær eða láta spyrja þær út í skýrslur sínar. Hann gat að vísu gert sínar athugasemdir munnlega við meðferð málsins, en áfrýjunardómstóllinn hafði synjað honum að færa fram sönnunargögn, sem vektu efasemdir um trúverðugleika kvennanna tveggja. Mannréttindadómstóllinn sagði, að skýrslur kvennanna hefðu að vísu ekki verið einu sönnunargögnin, sem lágu fyrir dómstólunum. Á hinn bóginn kæmi skýrt fram í dómi áfrýjunardómstólsins, að sakfelling Unterpertinger hefði verið byggð á þessum skýrslum fyrst og fremst. Samkvæmt þessu hefði Unterpertinger verið sakfelldur á grundvelli framburðar, en rétti hans til varna hefði verið settar verulegar takmarkanir að því er til þess framburðar tók. Hefði þannig verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans og meginreglum d-liðar 3. mgr. 6. gr.

Í máli **Asch gegn Austurríki** (dómur 26. apríl 1991) voru málavextir þeir, að austurrískur héraðsdómstóll taldi Asch sekan um líkamsárás á sambýliskonu sína og var sú niðurstaða staðfest af áfrýjunardómstóli. Asch kvartaði yfir því, að dómstólarnir hefðu einkum byggt á skýrslu, sem sambýliskona hans gaf lögreglunni, en skýrsla þessi hefði verið lesin upp við réttarhöld í máli hans,

enda þótt sambýliskonan hefði þá verið búin að falla frá kæru sinni og hefði neitað að koma fyrir dóm.

Mannréttindadómstóllinn benti á, að öll sönnunargögn bæri almennt að leggja fyrir dóm í opinberu réttarhaldi og í viðurvist sakborninga, þannig að kostur væri á að flytja fram gagnrök. Vitni þyrfti þó ekki undantekningarlaust að gefa skýrslu fyrir dómi, og væri þar sérstaklega þess að gæta, að slíkt gæti reynst ókleift í vissum tilvikum. Notkun með þessum hætti á skýrslum, er aflað hefði verið áður en til dómsmeðferðar kæmi, væri ekki í sjálfu sér ósamrýmanleg 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. 6. gr., ef réttur til varnar væri virtur. Sá réttur gerði almennt kröfu til þess, að sakborningi hefði verið gefið tilhlýðilegt og hæfilegt færi á að andmæla og spyrja vitni, annað hvort þegar það gaf skýrslu sína eða á síðari stigum málsins.

Í þessu tilviki hafði lögreglumaður gefið dómstólum skýrslu um málsatvik, eins og sambýliskonan hefði lýst þeim fyrir honum. Mannréttindadómstóllinn vísaði til þess, að Asch hefði látið hjá líða að spyrja lögreglumanninn út úr. Þá hefði Asch átt þess kost að ræða frásögn sambýliskonunnar og koma eigin frásögn á framfæri, fyrst fyrir lögreglu og síðar fyrir dómi. Frásögn hans hefði verið ólík í þessi skipti og veikti það trúverðugleika hans. Mannréttindadómstóllinn lagði áherslu á, að skýrslur sambýliskonunnar í frásögn lögreglumannsins, hefðu ekki verið einu sönnunargögnin, sem dómurinn byggði sakfellisdóm sinn á. Hann hefði einnig tekið tillit til persónulegs mats lögreglumannsins á grundvelli viðtala hans við sambýliskonuna og Asch sjálfan, til tveggja samhljóða læknisvottorða, til lögregluranns óknarinnar og annarra sönnunargagna. Að þessu leyti yrði þetta mál greint frá máli Unterpertinger. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins varð sú, að ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. d-liðar 6. gr. hefðu ekki verið brotin.

Í máli **Kostovski gegn Hollandi** (dómur 20. nóvember 1989) voru málavextir þeir, að Kostovski var dæmdur til refsingar á grundvelli skýrslna tveggja ónafngreindra vitna, sem ekki voru yfirheyrð við meðferð málsins fyrir dómstólum. Mannréttindadómstóllinn taldi, að almennt ætti að leggja fram öll sönnunargögn í viðurvist

sakbornings í réttarhaldi, sem gerði sakborningi kleift að koma með gagnrök. Samt sem áður mætti nota yfirlýsingar, sem gefnar hefðu verið áður en til dómsmeðferðar kæmi, sem sönnunargögn, ef réttur sakbornings til varnar hefði verið virtur, sem almennt fælist í því, að sakborningi hefði verið veitt tilhlýðilegt tækifæri til að yfirheyra vitni, sem vitnaði gegn honum, annað hvort við skýrslugjöfina eða síðar við meðferð málsins. Mannréttindadómstóllinn taldi, að réttur sakbornings í þessu tilviki hefði ekki verið virtur og því hefði ákvæði d-liðar 3. mgr. og 1. mgr. 6. gr. verið brotið.

Í máli **Windisch gegn Austurríki** (dómur 27. september 1990) voru málavextir þeir, að Windisch var dæmdur fyrir brot á grundvelli upplýsinga, sem tveir ónafngreindir menn gáfu lögreglunni. Lögreglumennirnir, sem höfðu tekið á móti upplýsingunum, voru yfirheyrðir sem vitni fyrir dómstólnum og átti verjandi möguleika á að spyrja þá spurninga. Mannréttindadómstóllinn taldi, að ekki væri hægt að jafna því við yfirheyrslur þeirra, sem veittu upplýsingarnar. Þar sem þeir hefðu verið ónafngreindir átti verjandi enga möguleika á að vefengja trúverðugleika þeirra. Mannréttindadómstóllinn taldi ljóst, að sakfelling hefði fyrst og fremst verið byggð á vitnisburði lögreglumannanna um skýrslur nefndra ónafngreindra vitna. Því hefði verið um að ræða slíka skerðingu á rétti sakbornings, að ákvæði d-liðar 3. mgr. og 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin.

Í máli **Lüdi gegn Sviss** (dómur 15. júní 1992) voru málavextir þeir, að svissneskir dómstólar dæmdu Lüdi sekan fyrir fíkniefnasmygl. Við rannsókn málsins var m.a. beitt símhlerunum og lögregluþjónn notaður sem tálbeita. Dómstólarnir neituðu að heimila Lüdi eða verjanda hans að kalla lögregluþjóninn fyrir sem vitni.

Mannréttindadómstóllinn benti á, að Lüdi hefði þá fyrst játað brot sín, þegar honum hefði verið sýnd endurrit símatala þeirra, sem voru hleruð, og að Lüdi hefði ekki á neinu stigi málsins átt þess kost að sannreyna símtölin eða vefengja þau. Einnig bæri að hafa í huga, að skriflegar skýrslur lögreglumannsins hefðu skipt máli við úrlausn um þau málsatvik, sem leiddu til sakfellingar,

enda þótt ekki hefði í því efni verið byggt á skýrslunum eingöngu.

Mannréttindadómstóllinn taldi, að mál Lüdi væri öðru vísi háttað en málum Kostovski gegn Hollandi og Windisch gegn Austurríki, en í þeim málum hafði sakfelling byggst á framburði ónafngreindra vitna. Í tilviki Lüdi var um eiðsvarinn lögreglumann að ræða og rannsóknardómaranum hefði verið kunnugt um hlutverk hans. Auk þess hefði Lüdi þekkt lögreglumanninn, a.m.k. í sjón, þótt honum hefði e.t.v. ekki verið kunnugt hver hann var. Samt sem áður hefði hvorki rannsóknardómarinn né dómstólar verið fáanlegir til þess, að lögreglumaðurinn yrði leiddur fyrir þá sem vitni til samprófunar á skýrslum lögreglumannsins og staðhæfingum Lüdis. Ennfremur hefði Lüdi eða verjanda hans aldrei verið mögulegt að spyrja lögreglumanninn eða kasta vafa á trúverðugleika hans. Það hefði samt verið mögulegt að gera það á þann hátt, að virtir væru hagsmunir lögregluyfirvalda af því að halda nafni lögreglumannsins leyndu. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins varð sú, að í máli Lüdis hefði svo verulegar takmarkanir verið gerðar á rétti sakbornings til varnar, að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. 6. gr.

Af úrlausnum Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins má draga ákveðin meginsjónarmið við skýringu á d-lið 3. mgr. 6. gr., oft í tengslum við 1. mgr. 6. gr. Sakborningur í refsimálum á rétt á að leiða vitni, sem máli skipta, og jafnræðis verður að gæta í þeim efnum milli hans og handhafa saksóknarvalds. Meginreglan er sú, að vitni ber að leiða fyrir dóm í opinberu réttarhaldi, þar sem sakborningur á að eiga þess kost að spyrja út úr bæði vitni, sem hann leiðir og vitni, sem leidd eru gegn honum. Undantekningum er játað frá þessum meginsjónarmiðum. Nægilegt getur verið að lesa upp skýrslur vitnis fyrir dómi, ef sakborningur hefur á fyrra stigi átt þess kost að spyrja vitni. Ef ekki er unnt að leiða vitni eða sérstök rök eru til að láta það hjá líða, getur staðist að leggja fram skriflegar skýrslur þeirra, enda séu slíkar skýrslur ekki einu sönnunargögnin. Af ofangreindum dómum Mannréttindadómstólsins má ráða, að mjög ræðst af atvikum hvers máls, hvort ákvæðum d-liðar 3. mgr. 6. gr. (og 1. mgr. 6. gr.) hefur verið fullnægt eða ekki. Er oft um verulegt matsatriði að

ræða, svo sem kemur skýrt fram í dómi frá 28. ágúst 1992 í máli **Artner gegn Austurríki**. Þar töldu 5 dómarar af 9, að ekki væri um brot að ræða, en 4 voru á móti. Málavextir voru í stuttu máli þeir, að Artner var sakfelldur m.a. á grundvelli yfirlýsinga vitnis, sem gefnar voru fyrir lögreglu og rannsóknardómara. Skýrslan var lesin upp fyrir dóminum, þar sem vitnið var horfið. Í dómi Mannréttindadómstólsins sagði, að fjarvera Artners, og þar sem að vitnið hefði síðan ekki fundist þrátt fyrir tilraunir dómstólsins hefði gert það ómögulegt að koma þeim samtímis fyrir rétt. Því hefði dómstóllinn getað tekið vitnisburðinn til athugunar, að því tilskyldu að réttur sakbornings til varnar væri virtur. Yfirlýsingarnar hefðu ekki verið einu sönnunargögnin, sem dómstóllinn hefði byggt sakfellinguna á, og því hefði skerðingin á rétti sakbornings ekki verið slík, að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða d-lið 3. mgr. 6. gr.

3.5. Sönnunarfærslur fyrir áfrýjunardómstólum.

Í 6. gr. Mannréttindasáttmálans felst ekki neinn réttur til að áfrýja máli til æðri réttar. Sé áfrýjun hins vegar heimiluð í rétti ríkis, eiga ákvæði 6. gr. að meginstefnu til við málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstólnum, en taka verður tillit til sérstöðu áfrýjunardómstóla og málsmeðferðar fyrir þeim (dómur Mannréttindadómstólsins í máli **Delcourt gegn Belgíu** frá 17. janúar 1970). Þar rís meðal annars spurning um sönnunarfærslur fyrir áfrýjunardómstólum. Um það efni hefur verið fjallað í nokkrum dómum Mannréttindadómstólsins.

Í máli **Ekbatani gegn Svíþjóð** (dómur 26. maí 1988) voru málavextir þeir, að hann Ekbatani dæmdur til greiðslu sektar vegna hótunar í garð opinbers starfsmanns. Í undirrétti voru teknar skýrslur af honum og starfsmanninum, sem í hlut átti. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði kröfu Ekbatani um frekari yfirheyrslur.

Mannréttindadómstóllinn vísaði til þess, að opinber málsmeðferð ("a public hearing") á fyrsta dómstigi væri stundum nægileg, ef málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli væri þess sérstaka eðlis, að endurtekningar væri ekki þörf. Það ætti t.d. við, þegar

áfrýjunardómstóll ætti aðeins að leysa úr lagaatriðum en ekki að fjalla um staðreyndir (t.d. "court of cassation" í ýmsum löndum). Í máli Ekbatani hefði það hins vegar verið hlutverk áfrýjunardómstólsins að fjalla bæði um lög og staðreyndir. Væri þar þess sérstaklega að gæta, að dómstóllinn hefði átt að skera að öllu leyti úr um sýknu og sakleysi sakbornings með þeirri takmörkun einni, að dómstólnum var óheimilt að þyngja refsingu þá, sem héraðsdómur hafði ákveðið. Úr umræddu álitaefni hefði áfrýjunardómstóllinn ekki getað leyst nema með beinu mati á þeim vitnisburði, sem Ekbatani og áðurnefndur opinber starfsmaður höfðu gefið. Því taldi dómstóllinn, að átt hefði að endurtaka allar yfirheyrslur fyrir áfrýjunardómstólnum. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. hefði því verið brotið.

Í máli **Jan Åke Anderson gegn Svíþjóð** (dómur 29. október 1991) lagði Mannréttindadómstóllinn áherslu á það, að áfrýjun Anderson hefði ekki vakið spurningar um staðreyndir eða lagaatriði, sem ekki hefði verið hægt að leysa á grundvelli skjala málsins.

Í máli **Helmers gegn Svíþjóð** (dómur 29 október 1991) voru málavextir þeir, að Helmers höfðaði einkarefsimál á hendur tveimur einstaklingum vegna meiðyrða. Mannréttindadómstóllinn taldi, að úr spurningunni um sekt hefði ekki verið hægt að leysa, nema með beinu mati áfrýjunardómstólsins á yfirlýsingum Helmers persónulega og verjenda í málinu, sem héldu því fram að þeir væru saklausir af ásökunum Helmers. Niðurstaðan var því sú, að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

Í máli **Fejde gegn Svíþjóð** (dómur 29. október 1991) voru málavextir þeir, að sænskir dómstólar höfðu fundið Fejde sekan um að hafa undir höndum ólöglegt vopn og var hann dæmdur til greiðslu sektar. Í dómi Mannnréttindadómstólsins sagði m.a., að áfrýjun Fejde hefði ekki vakið spurningar um staðreyndir eða lagaatriði, sem ekki hefði verið hægt að leysa úr á grundvelli skjala málsins. Því hefði ekki verið um brot á 6. gr. að ræða.

Í máli **Vidal gegn Belgíu** (dómur 22. apríl 1992) hafði Vidal

verið dæmdur af áfrýjunardómstóli til 4 ára fangelsis. Í undirrétti hafði hann verið sýknaður. Í dómi Mannréttindadómstólsins sagði m.a., að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki leyft yfirheyrslu vitna, hvorki af hálfu saksóknara né verjanda. Vidal hefði verið sýknaður í undirrétti eftir nokkrar vitnayfirheyrslur. Þegar áfrýjunardómstóllinn hefði kveðið upp áfellisdóm, hefðu ekki legið fyrir nein ný sönnunargögn, að undanskyldum munnlegum yfirlýsingum annarra sakborninga í málinu. Dómurinn hefði eingöngu verið byggður á málsskjölum. Ennfremur hefði áfrýjunardómstóllinn ekki gefið neinar ástæður fyrir því, af hverju hann hafnaði vitnayfirheyrslum. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 6. gr. hefði verið brotin.

Ákvæði 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála hljóðar svo:

> "Hæstiréttur getur ákveðið yfirheyrslu ákærða eða vitna þar fyri rétti og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá er skýrslu skal taka af. ..."

Hæstiréttur Íslands endurskoðar mál bæði að því er varðar lagaatriði og staðreyndir. Þó að ákærði hafi verið sýknaður í undirrétti getur Hæstiréttur sakfellt ákærða. Jafnframt getur Hæstiréttur þyngt refsingu ákærða. Með hliðsjón af túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ákærði kröfu á sömu sönnunarfærslu fyrir áfrýjunardómstól og fyrir héraðsdómi, ef mál varðar staðreyndir eða lagaatriði, sem ekki verða leyst á grundvelli skjala málsins. Ákvæði 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 veita ákærða ekki ótvíræðan rétt til yfirheyrslu fyrir Hæstarétti. Synjun óskar um yfirheyrslu getur samkvæmt þeim meginsjónarmiðum, sem Mannréttindadómstóllinn hefur lagt til grundvallar skýringu á 1. mgr. 6. gr., falið í sér brot á 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

3.6. Réttur til úrlausnar máls innan hæfilegs tíma.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr tryggir rétt manna til að fá úrlausn mála sinna innan hæfilegs tíma. Að því er einkamál varðar markast þetta tímabil af málshöfðun. Vafasamara er við hvaða tímamark eigi að miða í refsimálum. Mannréttindanefndin hefur í úrlausnum sínum miðað við þann tíma, þegar svo er komið, að veruleg röskun hefur

orðið á stöðu manns vegna gruns, sem á hann hefur fallið. Lokadómur markar lok tímabilsins, eftir atvikum dómur æðra dóms eftir áfrýjun, eða niðurfelling máls. Mannréttindadómstóllinn hefur einkum tekið mið af þremur atriðum við mat á því, hvort réttur til úrlausnar máls innan hæfilegs tíma hafi verið brotinn. Tekið hefur verið mið af því, hversu flókið málið er, hegðun aðila við meðferð málsins og hvernig dómstólar og stjórnvöld hafa staðið að meðferð máls. Að því er varðar vinnuálag á dómstólum, þá hefur Mannréttindadómstóllinn talið, að ríki beri að meginstefnu til þá ábyrgð á skipulagningu réttarkerfis síns, þannig að ekki fari í bága við kröfur Mannréttindasáttmálans. Það má ráða af dómum Mannréttindadómstólsins og úrlausnum Mannréttindanefndarinnar, að talsvert ræðst af nánari atvikum hverju sinni, hvort mál hafi tekið hæfilegan tíma. Nefndin hefur jafnvel talið 7 eða 8 ár verið innan hæfilegs tíma í tilteknum málum og dómstóllinn 5 ár. Í máli Eckle þar sem mál var til meðferðar í 17 og 10 ár taldi nefndin og dómstóllinn farið út fyrir leyfileg tímamörk. Tilhneiging virðist vera til að taka tillit til sérstakra hagsmuna þess, sem kærir. Í máli H gegn Bretlandi, sem varðaði umgengnisrétt við barn, lagði dómstóllinn áherslu á þá hagsmuni, sem voru í húfi fyrir kærandann af málinu. Í máli B gegn V-Þýskalandi taldi nefndin að skilnaðarmál, sem tók 9 ár, hefði farið fram úr kröfum sáttmálans, með sérstöku tilliti til nauðsynjar á því að fjalla um skilnaðarmál og önnur fjölskyldumál á skjótan hátt.

Á Íslandi hefur stundum vaknað spurning um skilvirkni hérlendra dómstóla. Það gæti komið upp sú staða, í einstökum tilvikum, að ákvæði 6. gr. Mannréttindasáttmálans væri ekki fullnægt. Miklu máli skiptir, ef mál er í biðstöðu hjá dómstólum, án þess að nokkuð sé aðhafst.

3.7. Óháður og óvilhallur dómstóll.

Kröfur eru gerðar í 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans um að dómstóll skuli vera óháður og óvilhallur. Með skilyrðinu um að dómstóll skuli vera óvilhallur felst það, að dómari megi ekki vera vilhallur í dómum sínum (huglægt mat), og að ekki megi vera nein ástæða til að draga í efa hlutleysi dómara út frá hlutlægu sjónarmiði. Hér er ætlunin að athuga síðargreinda sjónarmiðið í

sambandi við skipan Félagsdóms samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í máli **Langborger gegn Svíþjóð** (dómur 22. júní 1989) reyndi á, hvort húsnæðisdómstóll gæti talist óháður og óvilhallur dómur. Málavextir voru þeir, að Langborger hafði tekið íbúð á leigu. Í leigusamningnum var ákvæði um, að samtök leiguliða annars vegar og húseigenda hins vegar skyldu semja um fjárhæð leigu og aðra leiguskilmála. Langborger gerði kröfu um fasta leigu og leigusamning, sem ekki hefði að geyma ákvæði af umræddu tagi. Því var hafnað og var ágreiningurinn lagður fyrir sænska húsnæðisdómstólinn. Dómurinn var skipaður fjórum mönnum, tveimur lögfræðingum og tveimur leikmönnum. Tveir síðarnefndir dómarar voru skipaðir af sambandi húseigenda og sambandi leigutaka, sem hvort um sig skipuðu einn mann.

Í dómi Mannréttindadómstólsins var tekið fram, að fyrir húsnæðisdómstólnum hefði deilan staðið um það, hvort umrætt samningsákvæði ætti að standa eða ekki, en ekki hvernig því ætti að beita. Almennt yrðu dómarar húsnæðisdómstólsins úr hópi leikmanna að teljast mjög vel hæfir til að dæma í deilum milli leigusala og leigutaka á grundvelli þeirrar sérstöku reynslu, sem þeir hefðu aflað sér. Engu að síður gæti staðið svo sérstaklega á í ákveðnu máli, að efast mætti um að þeir væru óháðir og óvilhallir. Í dóminum var talið, að spurningin snerist um það, hvort dómurinn hefði verið óvilhallur hlutlægt séð. Þess bæri að gæta, að báðir leikmennirnir hefðu verið tilnefndir af tvennum samtökum, sem þeir auk þess hefðu haft náin tengsl við. Þessi samtök hefðu haft hagsmuni af því, að umrætt samningsákvæði stæði áfram. Þar sem Langborger hefði leitað eftir því, að þetta ákvæði yrði fellt niður, hefði hann haft rökstudda ástæðu til að óttast, að nefndir dómarar hefðu sameiginlegra hagsmuna að gæta, sem væru andstæðir hagsmunum hans, og raskað yrði því hagsmunajafnvægi, er ríkti í skipan húsnæðisdómstólsins í öðrum málum, þegar að því kæmi að húsnæðisdómstóllinn legði dóm á kröfur hans. Að lokum var tekið fram, að hér breytti engu, þótt húsnæðisdómstóllinn hefði einnig verið skipaður tveimur embættisdómurum.

Ákvæði 39. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur

hljóðar svo:

> "Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. ..."

Ekki virðist útilokað, að aðili máls fyrir félagsdómi geri kröfur, sem séu andstæðar viðhorfum og hagsmunum bæði samtaka vinnuveitenda og launþega, sem hafa tilnefnt dómara, sem fjalla um málið. Dæmi slíks væri, að kröfur aðila byggðust á annarri skýringu kjarasamnings en samtök vinnuveitenda og launþega væru sammála um. Vafi gæti þá risið um, hvort félagsdómur væri óháður og óvilhallur samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem byggt var á í Langborger-dóminum. Er rétt að vekja athygli á því, að í 48. gr. laga nr. 80/1938 er ekki að finna neinar reglur um hæfi þeirra dómara, sem ekki eru tilnefndir af Hæstarétti.

3.8. Sakborningur skal talinn saklaus, þar til hann hefur verið sekur fundinn lögum samkvæmt.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skal sakborningur talinn saklaus, uns hann hefur verið fundinn sekur lögum samkvæmt. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. geyma þannig þá grundvallarreglu, að öll meðferð sakamáls skuli byggjast á því, að sakborningur sé saklaus. Þetta felur m.a. í sér, að sönnunarbyrði fyrir sekt sakbornings hvílir á saksóknarvaldinu og að allur vafi verði skýrður honum í hag (in dubio pro reo). Hér verður beint athygli að þýðingu reglunnar, þegar löglíkur er taldar fyrir ákveðnum verknaði. Þá kemur til athugunar, hvort b-liður 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála samræmist þessu ákvæði.

3.8.1. Öfug sönnunarbyrði.

Að því er varðar íslenska löggjöf hefur þeirri spurningu verið varpað fram, hvort ákvæði 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 82/1969 samrýmist þessu ákvæði. Ákvæðið hljóðar svo:

> " Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu."

Í máli **Salabiaku gegn Frakklandi** (dómur 7. október 1988) voru málsatvik þau, að hann hafði verið dæmdur til refsingar fyrir fíkniefnasmygl samkvæmt frönskum lögum, sem bökuðu mönnum refsiábyrgð, ef þeir höfðu tollskyldan varning í fórum sínum, þegar þeir fóru í gegnum tollskoðun, og þurfti þar ekki að sanna ásetning þeirra, þar sem við slíkar aðstæður var gengið út frá ásetningi þess, sem í hlut átti, nema hann gæti sýnt fram á óviðráðanleg atvik ("force majeure"), er afsökuðu hann.

Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu var sú, að í máli Salabiaku hefði 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans ekki verið brotin. Í dóminum segir m.a., að í öllum réttarkerfum tíðkist að mæla fyrir um löglíkur fyrir ákveðnum staðreyndum eða lagaatriðum og slíkt brjóti almennt ekki í bág við Mannréttindasáttmálann. Að því er til refsilaga taki, verði aðildarríkin þó að halda sig innan hæfilegra marka og verði þar að taka tillit til þeirra hagsmuna, sem í húfi eru, og virða rétt manna til að halda uppi vörnum. Í dóminum er lögð áhersla á, að vörslumaður varnings hafi í þeim tilvikum, sem hér um ræðir, ekki verið sviptur öllum tækifærum til varnar. Dómstóllinn tók síðan til athugunar, hvort umræddum frönskum lögum hefði verið beitt með þeim hætti í þessu tilviki, að samrýmanlegt væri fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Taldi dómurinn franska dómstóla hafa beitt af varfærni nefndri löglíkindareglu.

Með hliðsjón af þessum dómi er ekki loku fyrir það skotið, að með lögum megi leggja sönnunarbyrði að einhverju leyti á sakborning, ef unnt er að hnekkja löglíkum, sem þannig eru til komnar, og þær verða heldur ekki taldar óeðlilegar í sjálfu sér. Slíkri löglíkindareglu verður þó að beita af varfærni.

3.8.2. Bætur handa sakborningi.

Ekki liggja fyrir úrlausnir Mannréttindanefndarinnar eða Mannréttindadómstólsins, sem varða túlkun 2. mgr. 6. gr., þegar hætt hefur verið við málarekstur á hendur sakborningi og hann krefst bóta. Hins vegar hefur í nokkrum málum komið til álita sú framkvæmd, þegar mál á hendur sakborningi hefur ekki verið fylgt eftir af einhverjum ástæðum, að sakborningur greiði kostnað vegna málsins á grundvelli þess að líkur hafa verið taldar fyrir sök hans.

Í máli **Minnelli gegn Sviss** (dómur 25. mars 1983) voru málavextir þeir, að Minnelli var saksóttur fyrir svissneskum dómstólum fyrir ærumeiðandi ummæli í tiltekinni tímaritsgrein. Máli hans var frestað þar til að niðurstaða væri fengin úr öðru máli á hendur öðrum aðila um svipaðar sakir. Dómurinn ákvað síðar, að taka málið ekki fyrir, þar sem tímafrestir væru liðnir. Máli Minnelli lauk því, án þess að skorið væri úr um sekt hans og var spurning um málskostnað aðeins til úrlausnar. Dómstóllinn ákvað, í samræmi við svissnesk lög, að Minnelli ætti að bera 2/3 rannsóknar- og dómskostnaðar og skipaði honum að greiða einkasak-sóknurunum þóknun vegna útgjalda þeirra.

Mannréttindadómstóllinn taldi, að rökstuðningur dómsins fyrir ofangreindri ákvörðun málskostnaðar hefði falið í sér brot á 2. mgr. 6. gr., enda hefði þessum rökstuðningi ekki verið breytt við áfrýjun til æðri réttar. Í dómi Mannréttindadómstólsins sagði, að sú regla, að maður teldist saklaus uns sekt væri sönnuð, væri brotin, ef dómsniðurstaða bæri með sér þá skoðun að hann væri sekur, án þess að hann hefði áður verið fundinn sekur samkvæmt lögum og sérstaklega ef hann hefði ekki haft tækifæri til varna. Þetta gæti orðið jafnvel þó að um formlega niðurstöðu væri ekki að ræða. Það nægði að um væri að ræða einhverja röksemdafærslu, sem benti til þess að dómstóllinn teldi sakborning sekan. Mannréttindadómstóllinn benti á, að svissneski dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu, að ummæli Minnellis hefðu mjög líklega leitt til sakfellingar hans ef ekki hefði verið um takmarkanirnar að ræða. Með þessum rökstuðningi hefði dómurinn talið sannaða þá hegðun, sem lýst var af einkasaksóknurunum. Jafnframt hefðu rökin verið byggð á ákvörðunum, sem teknar voru í tveimur öðrum málum, sem Minnelli var ekki aðili að og voru lögum samkvæmt ólík máli hans. Með þessum hætti hefði dómstóllinn sýnt, að hann væri sannfærður um sök Minnellis, sem var sakborningur og hefði notið þeirra réttinda, sem veitt séu í 1. og 3. mgr. 6. gr. Þrátt fyrir að ekki hefði verið um að ræða formlega niðurstöðu og þrátt fyrir varfærnislegt orðalag (að öllum líkindum, mjög líklega) hefði dómurinn tekið afstöðu, sem ekki var í samræmi við regluna um að sakborningur teldist saklaus, uns hann væri fundinn sekur lögum samkvæmt.

Í málum **Lutz, Englert og Nölkenbockhoff gegn V-Þýskalandi** (dómur frá 25. ágúst 1987) taldi Mannréttindadómstóllinn, að ákvörðun um að neita manni, sem sakaður er um refsiverðan verknað, um endurgreiðslu vegna þess að málarekstri á hendur honum hafði verið hætt gæti komið upp álitamál samkvæmt 2. mgr. 6. gr., ef rök fyrir niðurstöðunni jafngiltu efnislega ákvörðun um sekt sakbornings, án þess að hann hafi áður verið fundinn sekur samkvæmt lögum og sérstaklega án þess að hann hefði haft tækfæri til að hafa uppi varnir í málinu. Í málum þessum höfðu dómstólar látið orð falla á þá leið, þegar þeir höfnuðu kröfum viðkomandi um endurgreiðslu, að hann hefði að öllum líkindum verið sakfelldur eða nærri væri fullvíst að hann hefði verið sakfelldur. Mannréttindadómstóllinn taldi samt, að í raun hefðu þýsku dómstólarnir aðeins slegið því föstu, að um rökstuddan grun hefði verið að ræða, enda þótt svo kynni að virðast að óheppilega og með tvíræðum hætti hefði verið til orða tekið. Samkvæmt því var niðurstaða Mannréttindadómstólsins sú, að ekki hefði verið brotið gegn 2. mgr. 6. gr.

Í ákvæði 175. gr. laga um meðferð opinberra mála segir m.a.:

> "1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina að: ....
> b. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borin, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða sakborningur hafi verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan."

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem fram koma í ofangreindum dómum Mannréttindadómstólsins verður að fara varlega í rökstuðningi, þegar þessu ákvæði er beitt.

3.9. Samband verjanda og skjólstæðings.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. 6. gr. á sakborningur rétt á því að hafa hæfilegan tíma og aðstöðu til undirbúnings vörn. Í því felst, sbr. og c-lið sömu mgr., réttur til að ræða í þessu skyni við lögmann, enda þótt sá réttur sé vissum takmörkum háður.

Mál **Can gegn Austurríki** (dómur 30. september 1985 - sátt) snerist um lengd gæsluvarðhalds og eftirlit með viðræðum

sakbornings við lögmann sinn þegar málið var á rannsóknarstigi. Í niðurstöðu Mannréttindanefndarinnar sagði, að ákvæði b-liðar 3. mgr. 6. gr. yrði ekki endilega takmarkað við réttarhöldin sjálf. Mannréttindanefndin taldi, að ekki væri hægt að útiloka það að dómurinn byggði á sönnunargögnum, sem aflað hefði verið á rannsóknarstigi. Það væri því mikilvægt fyrir varnaraðila að tryggja að grundvöllur varnarinnar yrði lagður þegar á þessu stigi málsins, hvort sem það væri í höndum sakbornings sjálfs eða verjanda hans. Mannréttindanefndin taldi, að almennt séð gæti verjandi ekki innt vinnu sína af hendi á tihlýðilegan hátt nema að honum væri leyft að hafa samband við skjólstæðing sinn í einrúmi. Því væri það almennt í ósamræmi við rétt til aðstoðar lögmanns samkvæmt c-lið 3. mgr. 6. gr. að gera samband verjanda við sakborning háð eftirliti. Samt sem áður yrðu takmarkanir á þessum rétti að vera undantekning frá meginreglunni og þyrftu því að vera réttlættar af sérstökum atvikum hvers einstaks máls. Í úrlausn nefndarinnar sagði síðan, að í umræddu máli hefði kæranda verið hindraður í frjálsum samskiptum sínum við lögmann sinn í 3 fyrstu mánuði rannsóknarinnar. Nefndin taldi, að ekki hefði verið hætta á leynimakki við lögmanninn eða fyrir hans tilstilli. Því hefði eftirlit með samskiptum sakbornings við lögmann sinn ekki verið réttlætt af sérstökum atvikum umrædds máls. Mannréttindanefndin taldi, að ákvæði c-liðar 3. mgr. 6. gr. hefði því verið brotið.

Vakin er athygli á þessari úrlausn nefndarinnar, sem sýnir að samskipti sakbornings við lögmann sinn eiga að meginstefnu til að vera frjáls jafnvel á rannsóknarstigi máls og að ekki megi takmarka þann rétt nema að alveg sérstaklega standi á.

3.10. Ákvæði 2. gr. 7. samningsviðauka.

Ákvæði 6. gr. kveður ekki á um rétt til áfrýjunar í refsimálum. Sá réttur er hins vegar tryggður í 2. gr. 7. samningsviðauka. Undantekning er m.a. gerð um minniháttar brot (offences of a minor character).

Ákvæðið hljóðar svo:

> "1. Everyone convicted of a criminal offence by a tribunal shall have the right to have his conviction or sentence reviewed by a higher tribunal. The exercise of this right, including the grounds on which it may be exercised, shall be governed by law.

2. This right may be subject to exeptions in regard to offences of a minor character, as prescribed by law, or in cases in which the person concerned was tried in the first instance by the highest tribunal or was convicted following an appeal against acquittal."

Samkvæmt orðanna hljóðan veitir ákvæðið ekki rétt til að fá refsidóm endurskoðaðan að öllu leyti. Ákvæðið er takmarkað við "conviction or sentence". Hér til samanburðar má geta þess að 5. mgr. 14. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi nær bæði til "conviction and sentence". Að baki 2. gr. 7. samningsviðauka lágu þau rök, að þar sem réttarkerfi aðildarríkjanna væru að þessu leyti verulega ólík væri æskilegt að það yrði í valdi hvers einstaks ríkis að ákveða hvers konar takmarkanir yrðu á rétti sakbornings til áfrýjunar. Mörg þessara ríkja höfðu gert fyrirvara við ákvæði 5. mgr. 14. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ætlunin var að komast hjá því við staðfestingu ríkja á samningsviðauka Mannréttindasáttmálans. Ef hljóðan ákvæðisins og undirbúningsgögn þess eru lögð til grundvallar, er það ekki í andstöðu við sáttmálann að áfrýjunardómstóll taki einungis afstöðu til lagaatriða, en ekki sönnunaratriða. Önnur sjónarmið um túlkun á ákvæðinu hafa komið fram.

Alveg er öruggt, að 2. gr. 7. samningsviðauka þrengir ekki þann rétt, sem menn eiga til réttlátrar meðferðar fyrir áfrýjunardómstól samkvæmt 6. gr. Í Ekbatani-málinu vísaði ríkisstjórn Svíþjóðar til 2. gr. og til skýrslu um skýringu á 7. samningsviðauka ("explanatory report", en hún er ekki bindandi fyrir Mannréttindanefndina eða Mannréttindadómstólinn við skýringu á sáttmálanum) til stuðnings því, að réttindin, sem veitt væru í 6. gr. gætu ekki átt við að öllu leyti fyrir áfrýjunardómstól. Mannréttindadómstóllinn tók ekki afstöðu til þess, hvaða þýðingu ummælin í skýrslunni hefðu, en vísaði til 7. gr. samningsviðaukans. Þar segði, að 1. - 6. gr. geymi ákvæði til viðauka við sáttmálann og öllum öðrum ákvæðum sáttmálans yrði jafnframt beitt. Undirbúningsgögnin vísuðu um þetta atriði til 60. gr. sáttmálans, sem m.a. kvæði svo á um, að ekkert í sáttmálanum skyldi túlkað þannig, að vernd samkvæmt öðrum mannréttindasáttmálum yrði takmarkaðri. Mannréttindadómstóllinn taldi engin rök fyrir því, að tilgangurinn með samningsviðaukanum hefði verið að takmarka vernd

6. gr. á áfrýjunarstigi.

Ekki liggja fyrir neinar úrlausnir um það, að 2. gr. 7. samningsviðauka tryggi betur rétt sakbornings við meðferð máls fyrir áfrýjunardómstóli en leiðir af 6. gr.

Í máli **Nielsen gegn Danmörku** (kvörtun nr. 19028/91) þurfti Mannréttindanefndin að taka afstöðu til 2. gr. 7. samningsviðauka. Málavextir voru þeir, að Nielsen var handtekinn vegna gruns um líkamsárás á konu og hótunar við hana. Hann neitaði sakargiftum. Nielsen var ákærður um tilraun til manndráps og var mál hans því í samræmi við dönsk lög flutt fyrir Vestre Landsret og kviðdómi. Nielsen var fundinn sekur um líkamsárás og hótanir en ekki tilraun til manndráps. Með hliðsjón af fyrri dómum yfir honum svipaðs eðlis var hann dæmdur til fangelsisvistar um óákveðinn tíma og til að greiða konunni skaðabætur. Nielsen áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar og óskaði eftir að lengd fangavistarinnar yrði fastákveðin, en byggði áfrýjun sína ekki á öðrum grunni. Þótt að Nielsen héldi fram sakleysi sínu gat hann ekki samkvæmt dönskum lögum áfrýjað sakfellisdómnum, þar sem sönnun um sekt eða sakleysi var samkvæmt dönskum lögum endanlega ákveðin af kviðdómnum og dómurum í yfirréttinum. Hæstiréttur staðfesti dóm yfirréttarins.

Nielsen byggði á 2. gr. 7. samningsviðauka og taldi að túlka ætti ákvæðið þannig, að hann ætti val á hvort áfrýjunin varðaði sakfellingu hans eða refsihæð brotsins. Í úrlausn Mannréttindanefndarinnar sagði, að 1. mgr. 2. gr. 7. samningsviðauka fæli í sér að framkvæmd réttarins til áfrýjunar eigi að vera lögákveðin en kvæði ekki á um umfang réttarins eða framkvæmd hans í raun. Tilvísunin til þess að grundvöllur áfrýjunarinnar yrði að eiga stoð í lögum sýndi skýrlega, að ríkjum var frjálst að ákveða, hvern hátt skyldi hafa á framkvæmd áfrýjunar. Það væri þessi hluti ákvæðisins, sem veitti ríkjum möguleika á að takmarka áfrýjun með ýmsum hætti. Það væru mismunandi reglur, sem giltu um áfrýjun í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Með hliðsjón af þessu taldi Mannréttindanefndin ekki nauðsynlegt að ákveða umfang 2. gr. 7. samningsviðauka almennt séð. Ef talið yrði að endurskoðun í skilningi þessa ákvæðis tryggði öllum rétt til að bera sakfellingu eða refsihæð fyrir æðri dómstól eða hvort tveggja, gæti sú endurskoðun dómstólsins verið takmörkuð, að því tilskyldu að takmarkanirnar samkvæmt lögunum gerðu þá

endurskoðun ekki þýðingarlausa.

Mannréttindanefndin taldi, að í þessu máli hefði Nielsen getað áfrýjað dómi Vestra Landsréttar til Hæstaréttar og hefði sú áfrýjun getað verið byggð á ýmsum atriðum, m.a. annars því, að refsing væri óhófleg miðað við brotið. Takmarkanirnar á endurskoðun hefðu verið í samræmi við reglur, sem giltu um málsmeðferð fyrir Hæstarétti, sem skæri aðeins úr um lögmæti dóms undirréttar. Nefndin taldi, að umrædd endurskoðun samkvæmt dönskum rétti hefði fullnægt kröfum 2. gr. 7. samningsviðauka.

4.0. Ákvæði 8. gr. um friðhelgi einkalífs o.fl.

4.1. Almennt.

Ákvæði 8. gr. verndar friðhelgi einka- og fjölskyldulífs, heimilis og bréfaskipta. Friðhelgin verður aðeins skert með þeim skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. ákvæðisins.

Ákvæði 8. gr. hljóðar svo:

> "1. Everyone has the right to respect for his private and family life, his home and his correspondence.
> 2. There shall be no interference by a public authority with the exercise of this right except such as is in accordance with the law and is necessary in a democratic society in the interests of national security, public safety or the economic well-being of the country, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals, or for the protection of the rights and freedoms of others."

Hugtökin einkalíf, fjölskyldulíf, heimili og bréfaskipti tengjast hvert öðru, t.d. er hægt að líta á fjölskyldulíf sem hluta af einkalífi einstaklinga. Mál er því oft hægt að heimfæra undir fleira en eitt af þessum hugtökum. 8.gr. er fyrst og fremst ætlað að vernda einstakling gegn afskiptum valdhafa. Í vissum tilvikum hefur ríki verið talið skylt til beinna athafna til að þess að tryggja og viðhalda virðingu fyrir þeim réttindum, sem tryggð eru í 8. gr. sáttmálans.

Hér er ætlunin í fyrsta lagi að kanna 52. gr. barnalaga nr. 20/1992. Í öðru lagi verða athuguð ákvæði laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, annars vegar í sambandi við takmarkanir á umgengnisrétti við forsjársviptingu og hins vegar við þátttöku foreldra við meðferð mála fyrir barnaverndaryfirvöldum. Í þriðja

lagi verður athugað ákvæði 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, en þar er sjúklingum meinaður aðgangur að sjúkraskýrslum, sem samdar hafa verið fyrir gildistöku laganna. Í fjórða lagi verða könnuð ákvæði laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og samræmi þeirra við úrlausnir Mannréttindanefndar Evrópu og dóma Mannréttindadómstólsins.

4.2. Vefenging á faðerni barns samkv. 52. gr. barnalaga nr. 20/1992.

52. gr. barnalaga nr. 20/1992 hljóðar svo:

> "Mál til vefengingar á faðerni barns, skv. 2. og 3. gr. geta höfðað eiginmaður og sambúðarmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft ....
> Mál skal höfða innan eins árs frá því að sóknaraðili fékk vitneskju um atvik sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu þess. .... Ofangreindir tímafrestir eiga ekki við þegar barn höfðar mál."

Vakin er athygli á þeim afdráttarlausa tímafresti (5 árum), sem settur er til fyrir höfðun vefengingarmáls. Ekki er neinn möguleiki á undanþágu samkvæmt lögunum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir drætti á málshöfðun. Þar sem umræddur tímafrestur á ekki við þegar börn höfðar mál getur umrædd takmörkun komið niður á því foreldri, sem ekki hefur forræði barns.

4.3. Réttur foreldra til umgengni við börn sín eftir að þeir hafa verið sviptir forsjá þeirra.

Í máli <u>Olsson gegn Svíþjóð</u> (dómur 24. mars 1988) var um að ræða þrjú börn Olsson-hjónanna, sem komið var fyrir á tveimur fósturheimilum. Fósturheimilin voru langt frá heimili foreldranna, sem kom í veg fyrir samband milli foreldranna og barnanna. Auk þess var komið í veg fyrir samband á milli systkinanna, þar sem fósturheimilin voru langt hvort frá öðru. Mannréttindadómstóllin taldi, að aðferð sú, sem beitt hefði verið, auðveldaði ekki sameiningu barnanna og foreldranna á ný og því hefði, að því er þetta atriði varðar, verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Í máli <u>Eriksson gegn Svíþjóð</u> (dómur 22. júní 1989) voru málavextir þeir, að opinberri umsjá barns var aflétt, en þess í stað sett bann við því að barnið yrði flutt frá fósturheimilinu. Í

dómi Mannréttindadómstólsins sagði, að bann þetta hefði verið í gildi í langan tíma og á tímanum hefði réttur móðurinnar til umgengni við barnið verið mjög takmarkaður. Sérstök áhersla var lögð á það af Mannréttindadómstólnum, að móðurinni hefði í raun verið synjað um tækifæri til að hitta barnið í þeim mæli og við þær aðstæður, sem voru til þess fallnar að stuðla að sameiningu þeirra á ný eða a.m.k. að því að styrkja samband þeirra. Takmarkanirnar á umgengnisréttinum og það, hve bannið við flutningi stóð lengi, hefði falið í sér þá skerðingu á rétti til friðhelgi fjölskyldunnar, að hún var ekki hófleg miðað við það markmið, sem stefnt var að. Því hefði verið um brot á 8. gr. að ræða.

Í máli **Margareta og Roger Andersson gegn Svíþjóð** (dómur 25. febrúar 1992) voru málavextir þeir, að takmarkanir voru settar á umgengnisrétt móður við son sinn, sem tekinn hafði verið í opinbera umsjá. Í dómi Mannréttindadómstólsins sagði, að kærendurnir hefðu verið sviptir öllum möguleikum til samskipta í 1 1/2 ár. Það hefði verið umfangsmikil skerðing og þyrfti að vera studd veigamiklum rökum og vera í samræmi við það takmark að sameina mæðginin aftur. Þó að ástæður, sem ríkisstjórnin hefði borið fram fyrir ákvörðuninni, hefðu skipt máli, hefðu þær verið almennar og ekki sýnt nægilega fram á nauðsyn aðgerðanna. Því hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Af málum þeim, sem varða umgengnisrétt foreldra við börn, sem þeir hafa verið sviptir forræði yfir, má ráða, að Mannréttindadómstóllinn leggur áherslu á, að það markmið beri að hafa í huga við ákvörðun umgengnisréttar að sameina foreldra og börn aftur. Því verði að vera um veigamikil rök að ræða, ef umgengnisréttur er verulega skertur eða útilokaður.

Í 33. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna er kveðið á um rétt barns í fóstri til umgengni við foreldra. Ákvæðið hljóðar svo:

> "Barn, sem er í fóstri, með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barninu nákomnir. Kynforeldrum er rétt og skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndanefndar.
> Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 31. gr.
> Ef sérstök atvik valda því að mati barnaverndarnefndar

að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að umgengnisréttar njóti ekki við eða breytt fyrri ákvörðun um umgengnisrétt með úrskurði. Jafnframt getur nefndin í þeim tilvikum lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns.
Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum ef hagsmunir barns krefjast þess.
Barnaverndarnefnd á úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína."

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins getur barnaverndarnefnd ákveðið að umgengnisréttar njóti ekki og lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns í sérstökum tilvikum. Telja verður, með hliðsjón af niðurstöðum Mannréttindadómstólsins, að fara verði varlega í þessum efnum.

4.4. Þátttaka foreldra í málsmeðferð út af forsjársviptingu.

Í nokkrum málum á hendur Bretlandi hefur Mannréttindadómstóllinn talið, að rétturinn til friðhelgi fjölskyldulífs feli sér rétt foreldra til ákveðinna réttinda við meðferð mála út af því, hvort börn þeirra skuli tekin í opinbera umsjá, hvort koma eigi þeim fyrir í fóstur og hvaða rétt foreldrar eigi til umgengni við börn sín. Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli W gegn Bretlandi er því lýst og síðar áréttað, t.d. í máli Olsson gegn Svíþjóð, að í 8. gr. felist ákveðnar kröfur til meðferðar forsjármála. Foreldrar verði að hafa tekið þátt í meðferð málsins með þeim hætti, að hagsmunum þeirra sé borgið, þegar litið sé til málsmeðferðarinnar í heild. Í máli Olsson taldi dómstóllinn, að 8. gr. hefði að þessu leyti verið fullnægt, þar sem þau hjón hefðu tekið þátt í mörgum samráðsfundum og fundum, sem voru undanfari ákvörðunar um forsjársviptingu og síðar ákvörðunum um að hafna kröfu um að opinberri forsjá skyldi ljúka. Einnig hefðu þau verið viðstödd réttarhöld fyrir dómstólum og notið lögfræðilegrar aðstoðar.

Þegar meðferð mála af þessu tagi dregst á langinn, getur það þýtt brot á friðhelgi fjölskyldulífs, þar sem möguleikar á sameiningu foreldra og barna á ný fara minnkandi, eftir því sem barnið festir með tímanum betur rætur í hinu nýja umhverfi.

Í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 58/1992 eru ákvæði um rétt foreldra

við meðferð úrskurðarmála.

> "Áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 45. gr. ber að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal veita þeim kost á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarnefnd, munnlega eða skriflega, þar á meðal með liðsinni lögmanna. Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð. ..."

Hér mætti velta fyrir sér, hvort ekki hefði þurft að setja nánari reglur um rétt foreldra til þátttöku í meðferð máls um sviptingu forsjár yfir börnum og takmörkun eða afnám umgengnisréttar við þau. Undir öllum kringumstæðum skiptir miklu máli, hvaða framkvæmd verður á túlkun ákvæðisins.

4.5. Ákvæði 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990.

Ákvæðið hljóðar svo:

> "Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.
> Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga. ..."

Samkvæmt þessu ákvæði á sjúklingur ekki rétt að fá afrit sjúkraskrár sinnar ef hún var færð fyriri gildistöku laganna. Hér kemur til athugunar hvort þetta afdráttarlausa bann samrýmist Mannréttindasáttmála Evrópu.

Mál <u>Gaskin gegn Bretlandi</u> (dómur 7. júlí 1989) snerist um neitun breskra félagsmálayfirvalda að veita Gaskin aðgang að öllum gögnum um dvöl hans á fósturheimilum. Gaskin taldi aðgang að gögnunum nauðsynlegan til að hann gæti komist yfir vandamál sín og fengið vitneskju um fortíð sína.

Mannréttindadómstóllinn taldi gögnin snerta einka- og fjölskyldulíf Gaskin og því félli spurningin um aðgang hans að þeim innan sviðs 8. gr. Dómstóllinn tók þó fram, að með því væri engin afstaða tekin til þess, hvort af 1. mgr. 8. gr. yrði leiddur almennur réttur til aðgangs að persónulegum gögnum og upplýsingum. Mannréttindadómstóllinn taldi jafnframt, að einstaklingar í svipaðri stöðu og Gaskin hefðu mikilvæga hagsmuni af því að fá

nauðsynlegar upplýsingar til að kynna sér og skilja bernsku sína og væru þessir hagsmunir verndaðir af Mannréttindasáttmálanum. Samt yrði að hafa í huga, að meðferð opinberra gagna sem trúnaðarmála skipti máli við öflun hlutlausra og áreiðanlegra upplýsinga og að slíkur trúnaður gæti einnig verið nauðsynlegur til verndar þriðja manni. Fyrirkomulag, svo sem það breska, er setji það að skilyrði fyriri aðgangi að gögnum, að sá, sem upplýsingar hefði gefið, samþykkti það, væri almennt séð samrýmanlegt 8. gr. Hins vegar yrði slíkt kerfi að tryggja hagsmuni einstaklings, sem leitaði aðgangs að skýrslum um einka- og fjölskyldulífs sitt, þegar sá, sem hefði gefið skýrslurnar, væri ekki til staðar eða neitaði með óviðeigandi hætti að gefa samþykki sitt. Í þeim tilvikum krefðist meðalhófsreglan þess, að hlutlaus aðili ákvæði, hvort veita ætti aðgang að skjölunum. Þar sem ekki hefði verið kostur slíkrar málsmeðferðar í þessu máli, hefði verið um brot á 8. gr. að ræða.

Það verður að telja líklegt, að sjúkraskrár verði taldar snerta einkalíf manna. Krafa manna um aðgang að sjúkraskrám gæti því fallið innan sviðs 8. gr. sáttmálans með svipuðum hætti og í Gaskin-málinu. Fortakslaust er ákveðið í 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990, að sjúklingur eigi ekki rétt á að fá afrit sjúkraskrár, sem var færð fyrir gildistöku laganna, og er ekki mælt fyrir um málskot til aðila, er geti heimilað aðgang sjúkraskránum á grundvelli mats á þeim hagsmunum, sem í húfi eru. Neitun um aðgang að sjúkraskrám virðist því við þessar aðstæður geta brotið í bág við 8. gr. Mannréttindasáttmálann.

4.6. Lög nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

Fangar eiga almennt sömu réttindi og almennir borgarar, að frátöldum þeim aðgerðum, sem telja verður nauðsynlegar fyrir framkvæmd frelsisskerðingar.

Þau mál, sem fangar hafa kært til Mannréttindanefndarinnar, fjalla að meginstefnu til um afskipti yfirvalda af bréfaskiptum þeirra og aðrar skerðingar á einkalífi, og ennfremur um nauðungarvinnu og pyntingar eða ómannúðleg meðferð eða refsingu.

Athygli er vakin á 22. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, en það ákvæði er óljóst að því er snertir upptöku

handrita eða annars skrifaðs efnis, sem fangi hefur skráð í fangelsinu.

Í ákvæðinu segir m.a.:

> ".... Handrit eða annað skrifað efni, sem fangi hefur skráð í fangelsinu, er heimilt að gera upptækt. Þetta á við ef handritið eða hið skráða efni inniheldur upplýsingar um aðra fanga sem ekki eiga að vera á allra vitorði, eru ósæmilegar eða aðrar ástæður mæla gegn því að það fari úr fangelsinu. .... "

Þetta ákvæði er víðtækt og geymir engar frekari reglur um það, hvernig upptöku handrita eða annars skrifaðs efnis beri að haga. Ákvæðið gefur fangelsisyfirvöldum rúmt mat á því, hvaða efni falli undir það. Það yrði að leggja til grundvallar, að upptaka handrits eða annars skrifaðs efnis færi ekki fram nema veigamiklar ástæður þættu til (sjá um þetta skýrslu Umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991, bls. 32 - 33).

5.0. Ákvæði 9. gr. Mannréttindasáttmálans um skoðana- og trúfrelsi.

Því er stundum haldið fram, að ríkinu sé óheimilt að verja fé úr ríkissjóði til styrktar þjóðkirkjunni, þar sem það samrýmist ekki trúfrelsi, að fé, sem er heimt með sköttum af utanþjóðkirkjumönnum, sé þannig ráðstafað í þágu ákveðinna trúarbragða.

Mannréttindanefndin hefur tekið fram, að ríkiskirkja sé ekki ósamrýmanleg 9. gr. Mannréttindasáttmálans (sjá t.d. skýrslu nefndarinnar frá 9. maí 1989 í máli Darby gegn Svíþjóð). Nefndin hefur einnig látið þá skoðun í ljós (í sömu skýrslu), að skylda til að greiða skatta, sem ekki eru bundnir sérstöku trúarlegu markmiði, sé almennt ekki ósamrýmanleg trúfrelsi. Breyti þar engu um, þótt ríkið verji fé til styrktar trúfélögum eða trúariðkunum. Að því er til almennra skatta taki, sé ekki fyrir að fara beinum tengslum milli einstaks skattgreiðanda og framlaga ríkisins til trúariðkana.

Í máli Darby taldi nefndin, að um brot væri að ræða bæði á 9. gr. út af fyrir sig og 9. og 14. gr. sameiginlega. Hér lagði sænska þjóðkirkjan sérstakt kirkjugjald á menn, sem þannig voru skyldaðir til beinna framlaga til kirkjunnar og trúariðkana hennar. Darby átti þess engan kost að víkjast undan skattheimtu þessari og taldi nefndin því að 9. gr. væri brotin. Aðstaðan væri hér sú, að þeir

menn, sem höfðu aðsetur í Svíþjóð, gátu fengið undanþágu frá umræddum skatti, en ekki þeir, sem aðsetur höfðu utan Svíþjóðar, og var Darby í hópi þeirra síðarnefndu. Taldi nefndin, að ekki væri hægt að réttlæta slíka mismunun. Því voru 9. og 14. gr. sameiginlega einnig brotnar.

Í dómi Mannréttindadómstólsins frá 23. október 1990 var komist að þeirri niðurstöðu, að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka og 14. gr. sameiginlega. Dómstóllinn tók enga afstöðu til 9. gr. út af fyrir sig eða séð í samhengi við 14. gr.

Athugun á íslenskum lögum virðist ekki benda til þess, að greiðslur til íslensku þjóðkirkjunnar feli í sér nein brot á Mannréttindasáttmálanum.

6.0. Ákvæði 11. gr. Mannréttindasáttmálans um funda- og félagafrelsi.

6.1. Almennt.

Ákvæði 11. gr. verndar m.a. rétt manna til að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum, Handhafar ríkisvalds bera ábyrgð á því, að menn njóti þessa réttar, og er skyldt að haga lögum og lagaframkvæmd í samræmi við það.

6.2. Réttur til að standa utan félaga.

Skiptar skoðanir hafa verið á því, hvort 11. gr. feli aðeins í sér rétt til að stofna félag eða einnig rétt til að hafna þátttöku í félagi. Rök, sem færð hafa verið gegn svo rúmum skilningi á félagafrelsi hafa einkum verið þau, að í 11. gr. sé hvergi tekið fram, að ekki megi skylda menn til þátttöku í félagi, eins og sé t.d. gert í 20. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Auk þess mæli undirbúningsgögn Mannréttindasáttmálans gegn svo rúmum skýringu. Það liggja ekki fyrir neinar úrlausnir hvorki af hálfu Mannréttindanefndarinnar eða Mannréttinda-dómstólsins, sem taka beinlínis og fortakslaust af skarið um ofangreint álitaefni. Ummæli í tilteknum úrskurðum nefndarinnar benda þó til þess, að nefndin hafi a.m.k. þá talið, að í félagafrelsi samkvæmt 11. gr. felist einnig réttur til að hafna þátttöku í félagi.

Fjallað hefur verið um þetta álitamál í dómi Mannréttindadómstólsins í máli **Young, James og Webster gegn Bretlandi** (dómur 13. ágúst 1981). Málavextir voru í stuttu máli þeir, að kærendunum, starfsmönnum bresku járnbrautanna, var sagt upp þar sem þeir neituðu að ganga í tiltekin stéttarfélög. Þegar þeir voru ráðnir, höfðu engar kröfur verið gerðar um aðild að stéttarfélagi, heldur var sú krafa gerð síðar. Í dómi Mannréttindadómstólsins var tekið fram, að ekki væri ástæða til þess að skera almennt úr því, hvort félagafreslsi samkvæmt 11. gr. fæli einnig í sér rétt til að hafna þátttöku í félagi. Einnig sagði í dóminum, að ekki væri heldur ástæða til að leysa úr því almennt, hvort umrætt fyrirkomulag, sem tekið var upp með samningnum (svokallað "closed shop system"), færi í bága við 11. gr. sáttmálans. Aðeins yrði dæmt um það, hvort það hefði bitnað með þeim hætti á kærendum, að brotið hefði verið gegn 11. gr. Í dóminum segir síðan m.a., að svo kunni að vera, að ekki sé undir öllum kringumstæðum óheimilt að knýja menn til þátttöku í stéttarfélagi, ef gert sé ráð fyrir, að 11. gr. tryggi ekki rétt til að standa utan félaga í sama mæli og rétt til stofnunar og inngöngu í félag. Hótun um brottrekstur úr starfi, sem feli í sér missi lífsframfæris, sé hins vegar alvarlegasta aðgerð í þessum efnum og hefði verið beint gegn mönnum, sem höfðu þegar verið ráðnir til starfa, áður en nokkurt skilyrði um þátttöku í tilteknu stéttarfélagi hafi verið sett. Með þessum hætti hafi verið vegið að rótum félagafrelsis samkvæmt 11. gr. og þegar af þeirri ástæðu hafi réttur kærenda til félagafrelsis verið skertur.

Af dómi þessum og úrlausnum nefndarinnar verður ráðið með neinni vissu, í hve miklum mæli ákvæði 11. gr. verndar réttinn til að hafna þátttöku í félagi. Hins vegar er ljóst, að um ótvírætt brot getur verið að ræða þegar sérstaklega háttar til svo sem þegar skilyrði fyrir þátttöku í stéttarfélagi eru sett eftir að maður hefur tekið við starfi og þvingunum beitt, sem ógna möguleikum manns á að afla sér lífsviðurværis.

Umræða um rétt manna til að standa utan félaga hefur vaknað hér á landi undanfarið, m.a. vegna niðurstöðu Mannréttindanefndar Evrópu í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn Íslandi. Málavextir voru

í stuttu máli þeir, að Sigurður var skyldaður samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar til að vera aðili að félaginu Frama, til þess að fá að halda leyfi sínu til leigubifreiðaaksturs. Mannréttindanefndin taldi 11. gr. hafa verið brotna og lagði áherslu á, að hótun um að að missa leyfi til leigubifreiðaaksturs, sem hefði í för með sér missi lífsviðurværis, væri alvarleg aðferð til að þvinga menn til að ganga í tiltekið stéttarfélag. Í þessu máli hefði þvinguninni verið beint að manni, sem hefði haft slíkt leyfi, áður en sú skylda að ganga í félagið hefði verið lögbundin. Mannréttindanefndin kannaði síðan hvort skilyrði 2. mgr. 11. gr. hefðu verið uppfyllt, sem gætu réttlætt skerðingu á félagafrelsi. Hún taldi, að skerðingin hefði verið lögmælt og að hún hefði þjónað lögmætum tilgangi. Hins vegar hefði því skilyrði ekki verið fullnægt, að skerðingin væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Mannréttindanefndin hefur vísað máli þessu til Mannréttindadómstólsins.

6.3. Atvinnuleysisbætur.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 64/1981 um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda er það m.a. skilyrði réttar til atvinnuleysisbóta, að þeir sem þeirra óska séu fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum. Þeir sem standa utan stéttarfélaga eiga samkvæmt því ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Hér er því um að ræða öryggi fyrir þá, sem eru í stéttarfélagi, fram yfir þá sem kjósa að vera utan slíkra félaga. Það gæti ráðið úrslitum fyrir þá, sem annars hefðu kosið að standa utan félaga, að þeir fái atvinnuleysisbætur. Hér er því um ákveðna þvingun að ræða fyrir þá, sem ekki æskja þess að vera í ákveðnum félagssamtökum. Spurningin er sú, hvort veigamiklar ástæður séu fyrir hendi, sem réttlæta þetta fyrirkomulag, og hvort það samrýmist ákvæðum 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

7.0. Ákvæði 2. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmálans um rétt til menntunar.

Ákvæði 2. gr. 1. samningsviðauka hljóðar svo:

"No person shall be denied the right to education. In the exercise of any functions which it assumes in relation to education and to teaching, the State shall respect the right of parents to ensure such education and teaching in conformity with their own religious and philosophical convictions."

Hér er ætlunin að athuga þetta ákvæði í sambandi við þær reglur sem gilda um einkaskóla á Íslandi.

Deilt hefur verið um, hvort réttur til menntunar samkvæmt þessu ákvæði feli aðeins í sér rétt til fá menntun eða einnig réttinn til að veita menntun, t.d. rétt til að veita menntun í einkaskólum jafnframt menntun í opinberum skólum. Þar sem fyrsta setningin í 2. gr. nefnir aðeins menntun og önnur setningin greinir á milli menntunar og kennslu virðist ekki hafa verið ætlunin að túlka ákvæðið svo rúmt.

Í máli **Kjeldsen, Busk Madsen og Pedersen gegn Danmörku** (dómur 7. desember 1976) taldi Mannréttindanefndin, að stofnun einkaskóla og aðgangur að slíkum skólum eða annarri fræðslu utan hins opinbera skólakerfis félli undir ákvæði 2. gr. 1. samningsviðauka. Í dómi Mannréttindadómstólsins í þessu sama máli virðist dómstóllinn hafa viðurkennt, með tilvísan til undirbúningsgagna sáttmálans, að frelsi til að veita menntun í einkaskólum virtist hafa verið í huga þeirra, sem sömdu sáttmálann, þó það kæmi ekki fram berum orðum. Túlkun, sem einnig tæki til þessa réttar, sé því ekki útilokuð. Í þessu máli var hins vegar ekki spurning um þann rétt út af fyrir sig, þannig að tvíræð úrlausn af hálfu dómsins liggur ekki fyrir.

Samkvæmt dómi Mannréttindadómstólsins er ekki hægt að krefjast þess á grundvelli 2. gr., að ríkið styðji menntun af neinu tagi, þar á meðal menntun í einkaskólum (dómur 23. júlí 1968, sem varðaði belgísk lög um notkun tungumála í skólum). Ef ákveðin menntun er styrkt með fjárframlögum, má ríkisstjórnin samkvæmt 14. gr. sáttmálans ekki mismuna menntun í ríkisskólum og einkaskólum. Þegar skera á úr því, hvort um mismunun sé að ræða í skilningi 14. gr., ræður úrslitum, hvort sá munur, sem gerður er milli manna, byggist á frambærilegum ástæðum fyrir slíkum mun. Í samræmi við það taldi Mannréttindanefndin, að ekki væri um að ræða mismunun, þótt

menntun í opinberum skólum væri styrkt að fullu, en menntun í einkaskólum aðeins 85 %. Rök nefndarinnar fyrir þeirri niðurstöðu voru þau, að ekki væri óeðlilegt, þegar um væri að ræða stofnanir, sem æskja eignarréttar og stjórnunar í einkaskólum, að ríkið krefðist einhvers fjárframlags af þeirra hálfu (mál X gegn Bretlandi nr. 7782/77).

Íslensk löggjöf hefur ekki að geyma mörg ákvæði um einkaskóla. Í 73. gr. laga nr. 49/19991 um grunnskóla er fjallað um löggildingu einkaskóla og skilyrði fyrir starfrækslu þeirra. Ákvæðið hljóðar svo:

> "Menntamálaráðuneytinu er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, sem ráðuneytið staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd og fræðslustjóra skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.
> Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé."

Hér er ætlunin að bera þetta ákvæði saman við þær túlkanir Mannréttindadómstólsins og Mannréttindanefndarinnar, sem liggja fyrir um 2. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans. Í ákvæðinu segir, að einkaskólar eigi ekki kröfu um styrk af almannafé. Ríki getur því hafnað ósk einkaskóla um styrki til skólastarfsins. Með hliðsjón af því, sem sagt hefur verið um túlkun Mannréttindadómstólsins og Mannréttindanefndarinnar um þetta atriði, yrði ríkið að gefa fullnægjandi ástæður fyrir neitun sinni til einkaskóla um styrk ef það styrkir aðra skóla með fjárframlögum. Annars væri hætta á að um mismunun væri að ræða á grundvelli 2. gr. 1. samningsviðauka, sbr. 14. gr. sáttmálans. Samkvæmt 75. gr. grunnskólalaganna áskilur ríkið sér rétt til að hafa eftirlit með starfsemi einkaskóla.

8.0. Lokaorð.

Hér að framan hefur verið leitast við að benda á þau atriði í íslenskri löggjöf, sem þarfnast nánari athugunar, ef af lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu verður hér á landi. Könnun á íslenskri löggjöf bendir til þess, að íslensk lög standist yfirleitt í sjálfu sér þær kröfur, sem gerðar eru í Mannréttindasáttmála Evrópu samkvæmt túlkun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu.

Það ber hins vegar að athuga, að lagaákvæði getur í sjálfu sér uppfyllt kröfur sáttmálans, en framkvæmd þeirra og túlkun hins vegar stangast á við þá vernd, sem ákvæðum sáttmálans er ætlað að veita. Einnig er rétt að benda á, að Mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn fylgja þeirri stefnu við skýringu Mannréttindasáttmálans, að skýringar geti tekið breytingum og þróast með breyttum tímum og aðstæðum. Vegna nýrrar skýringar tiltekins ákvæðis í Mannréttindasáttmálanum getur Ísland staðið frammi fyrir því, að laga þurfi íslensk lög og réttarframkvæmd að breyttum eða nýjum skýringum sáttmálans. Ræðst þá nokkuð af atvikum, hvort þar reynir á frumkvæði löggjafans eða dómstóla.

Reykjavík 19. september 1992.
Guðrún Gauksdóttir

1161. Skýrsla [592. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1992 urðu sem hér segir (í millj. kr.):

	1992	1991
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.073,7	1.071,9
Ferjubryggjur	11,0	6,5
Hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar	332,3	237,3
Samtals	**1.417,0**	**1.315,7**

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Hafnamálastofnunar.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Akranes.

Lokið var við smíði 15 m langrar löndunarbryggju fyrir smábáta í kverkinni við þró síldarmjölsverksmiðjunnar. Verkið var útboðsverk frá fyrra ári.

Unnið var að undirbúningi að endurbyggingu Faxabryggju með botnrannsókn og hönnun.

Framkvæmdakostnaður: 9,2 millj. kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Arnarstapi.

Vegna stöðugs sandburðar að bryggjunni á Arnarstapa var dýpkað meðfram henni í ár eins og á undanförnum árum. Þá var sett út grjótvörn yfir steypta vegginn milli fiskverkunarhússins og klettsins á Arnarstapa og fóru í þetta um 950 m^3 af stórgrýti.

Bjarni Vigfússon verktaki annaðist bæði þessi verk í umsjá Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj. kr.

Rifshöfn.

Lokið var við að steypa þekju við austurkant stálþilsins en það voru eftirstöðvar frá fyrra ári. Einnig var unnið við tengingu vatns og rafmagns á austurkant stálþils en því var ekki lokið.

Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir í umsjá Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj. kr.

Ólafsvík.

Unnið var við að styrkja alla harðviðarbryggjuna með skástífum, skipt um nokkra dekkplanka og bætt í hana bitum og staurum. Þessu verki lauk ekki á árinu vegna fjárskorts.

Unnið við þekju og lagnir á Norðurtangabryggju.

Steypt var um 30 m löng og 5 m breið upptökubraut fyrir smábáta.

Fest voru kaup á löndunarkrana, undirstaða steypt undir hann og hann settur upp.

Framkvæmdakostnaður: 12,1 millj. kr.

Grundarfjörður.

Suðurgarðurinn framan við olnboga var endurbyggður en hann hafði skemmst verulega veturinn áður.

Þá var grjóti raðað í fláa milli bátabryggjunnar og togarabryggjunnar. Smávegis dýpkun var einnig framkvæmd með því að sprengja í sundur klapparhól sem var þarna á milli bryggjanna, moka upp efninu og fjarlægja það. Einnig var raðað nokkrum stórum steinum fremst á norðurgarðinn. Samið var við Friðgeir Hjaltalín um að framkvæma verkið sem var í umsjá Hafnamálastofnunar. Samtals fóru í þessi verk rúmlega 2.500 m^3 af grjóti og kjarna.

Keypt ný hafnarvog og hún sett upp í sömu vogargryfju og sú eldri var áður í.

Sett var út 40 m löng flotbryggja sem var keypt notuð. Heimamenn lagfærðu hana og komu henni fyrir en umsjón annaðist Hafnamálastofnunin.

Dýpkað var með krana og gröbbun í togaraviðlegu Norðurgarðsins.

Framkvæmdakostnaður: 8,8 millj. kr.

Stykkishólmur.

Steypt var 1.090 m^2 þekja í Skipavík. Heimamenn önnuðust það verk í umsjá Hafnamálastofnunar.

Boðin var út dýpkun á klöpp austan löndunarbryggju en þar þurfti að bora og sprengja. Samið við lægstbjóðanda, Friðgeir Hjaltalín. Framkvæmdir hófust ekki á árinu.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 7,5 millj. kr.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Brjánslækur.

Steypt var 596 m^2 þekja og gengið frá lögnum að mestu. Samið var við Hannes Bjarnason frá Bíldudal. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót. Klæðning var sett ofan við þekjuna og á aðkeyrsluna, alls 1.500 m^2. Vegagerð ríkisins sá um það.

Framkvæmdakostnaður: 5,5 millj. kr.

Patreksfjörður.

Rekið var 54 m langt stálþil ásamt 17 m gafli. Steyptur var 58 m kantur á það. Lokið var við frágang á flotbryggjum. Hafnamálastofnun sá um verkið með aðstoð heimamanna.

Framkvæmdakostnaður: 35,1 millj. kr.

Tálknafjörður.

Byggt var 18 m² vigtarhús og keypt lítil pallvog. Samið var við heimamenn um þetta verk.

Framkvæmdakostnaður: 3,4 millj. kr.

Bíldudalur.

Engar framkvæmdir.

Þingeyri.

1.925 m² klæðning var lögð á tengibraut milli bryggja á hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 2,4 millj. kr.

Flateyri.

Byggð 27 m löng flotbryggja ásamt landstöpli og landgangi. Verk þetta var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Einar Val og Eirík frá Ísafirði.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

Suðureyri.

Engar framkvæmdir.

Bolungarvík.

Lokið var við byggingu 1. áfanga brimvarnargarðs við Brjót. Verkið var boðið út í árslok 1991 og þá var samið við lægstbjóðanda, Gunnar og Guðmund sf. Verkið hófst í maí og því lauk í nóvember. Samtals voru fluttir í garðinn 82.400 m³ af grjóti og kjarna. Auk þess var framleitt grjót/efni á lager um 43.000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 96,2 millj. kr.

Ísafjörður.

Unnið var að dýpkun í Sundahöfn og var verkið unnið af Dýpkunarfélaginu hf. að undangengnu útboði. Verkið átti að vinnast í júní–október og var áætlað magn alls um 80.000 m³. Verktakinn varð að hætta framkvæmdum í nóvember og varð gjaldþrota í framhaldi af því. Þá höfðu alls verið fjarlægðir um 66.000 m³ af svæðinu og því vantaði allnokkuð á að verkinu lyki. Uppgjöri þessa verks er ekki að fullu lokið.

Steyptur var 103 m kantur með pollum og niðurföllum. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Einar Val og Eirík frá Ísafirði.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 37,2 millj. kr.

Súðavík.

Dýptarmæling eftir dýpkun.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Norðurfjörður.

Í júní og júlí var unnið að endurbyggingu skjólgarðs við smábátahöfn í framhaldi af tjóni sem á honum varð. Alls var ekið út um 7.300 m³ af grjóti. Verkið var unnið af Hafnamálastofnun og heimamönnum.

Tjónastyrkur: 1,8 millj. kr.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 9,5 millj. kr.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 0,1 millj. kr.

Hólmavík.

Keyptar voru flotbryggjueiningar frá fiskeldinu á Nauteyri, 30 m að lengd. Steyptur var landstöpull og bryggjurnar settar út.

Haldið var áfram við byggingu vigtarhúss en ný hafnarvog var keypt á árinu 1991. Framkvæmdum við húsið er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 3,9 millj. kr.

Hvammstangi.

Malbikaðir voru 2.424 m^2 á hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 4,0 millj. kr.

Blönduós.

10. desember voru opnuð tilboð í byggingu brimvarnargarðs og bárust alls átta tilboð. Samið við lægstbjóðanda, V. Brynjólfsson sf. á Skagaströnd, og hljóðaði samningurinn upp á 114.220.992 kr. sem var 58,1% af kostnaðaráætlun. Áætlað er að verkið verði unnið á árunum 1993 og 1994.

Framkvæmdakostnaður: 2,5 millj. kr.

Skagaströnd.

Áfram var unnið við nýja stálþilsbakkann á Vesturgarði sem byrjað var á 1991. Steyptur var 100 m langur kantur á þilið, gengið frá vatns- og raflögnum í bryggjuna ásamt heimtaugum, byggt ljósamasturs- og vatnshús með rými fyrir spennistöð, sett upp bryggjulýsing og steypt 8,6 m breið þekja meðfram kanti, alls 1.140 m^2. Fyrirhugað er að malbika þekjuna síðan í fulla breidd. Verktaki við framkvæmdir var Helgi Gunnarsson, byggingameistari Skagaströnd. Samið var við V. Brynjólfsson sf. um byggingu á 15 m löngum skjólgarði við Skúffugarð. Í garðinn fóru um 3.300 m^3 af grjóti. Gengið var frá smábátabryggju við Skúffugarð.

Eftirlit með framkvæmdum annaðist tæknifræðingur Höfðahrepps í samvinnu við tæknideild Hafnamálastofnunar.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 28,3 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Unnið var að hönnun stálþilsbakka við Syðraplan og stálþilsefni boðið út í desember.

Gerðar voru mælingar vegna fyrirhugaðrar dýpkunar.

Unnið var að deiliskipulagi á hafnarsvæðinu.

Framkvæmdakostnaður: 0,7 millj. kr.

Hofsós.

Unnið var að endurbyggingu og lagfæringum á Norðurgarði. Steypt var ljósamasturshús, sett upp lýsing og raflagnir endurnýjaðar. Steypt var um 300 m² þekja á fremri hluta Norðurgarðs. Heimamenn önnuðust þessa vinnu sem var unnin í september og október.

Framkvæmdakostnaður: 4,1 millj. kr.

Haganesvík.

Unnið var að lagfæringum og breytingum á upptökubraut fyrir báta. Heimamenn unnu verkið.

Framkvæmdakostnaður: 1,7 millj. kr.

Siglufjörður.

Lokið var frágangi við flotbryggju í smábátalægi. Efnisnámu við norðurenda Strákaganga var lokað. Unnið var að dýpkun framan við nýju togarabryggjuna og annaðist Dýpkunarfélagið framkvæmdir. Fjarlægðir voru 8.200 m³ af efni. Keypt var rafmagnsheimtaug á Ingvarsbryggju.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 10,3 millj. kr.

Ólafsfjörður.

Lagt var slitlag á tengibraut, alls 1.600 m². Einnig var unnið að lagfæringu og endurnýjun á raflögnum og lýsingu á Norðurgarði. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir.

Í september var unnið að dýpkun. Dæluskip Björgunar hf., Sóley, fjarlægði alls 10.000 m³ af sandi í og innan við hafnarmynnið. Smábátabryggja í Vesturhöfn var endurbyggð.

Framkvæmdakostnaður: 11,0 millj. kr.

Dalvík.

Tvö mastursshús rifin og ný ljósamasturs- og vatnshús byggð í þeirra stað. Bygging húsanna var boðin út. Lögð var ný heimtaug að þeim, settar upp nýjar rafmagnstöflur með togara- og bátatenglum. Einnig voru sett upp ljósamöstur á húsin og bæði vatns- og rafbrunnar settir út við kant.

Framkvæmdakostnaður: 5,7 millj. kr.

Grímsey.

Fjármagnskostnaður: 1,6 millj. kr.

Hrísey.

Engar framkvæmdir.

Árskógssandur-Hauganes.

Keypt og sett upp ný pallvog og byggt lítið vigtarhús.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj. kr.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Rekið var niður 70 m stálþil ásamt 28 m göflum. Dýpkað var við þilið og fjarlægðir 6.000 m^3.

Lagt var yfirálag á Tangabryggju með 2.000 tonnum af möl. Starfsmenn hafnarinnar sáu um þessi verk.

Unnið var að deiliskipulagi á hafnarsvæðinu.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 37,5 millj. kr.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Steypt tæplega 940 m^2 þekja við nýja stálþilskantinn. Einnig var steypt upp ljósamasturs- og vatnshús, sett á það ljósamastur, gengið frá rafmagns- og vatnsbrunnum við kant og þeir tengdir. Lagt var slitlag á tengibraut á hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 13,2 millj. kr.

Húsavík.

Rekinn var niður 160 m langur stálþilskantur utan á Norðurgarðinn og komið fyrir bitum, stögum og akkerisplötum á hann. Sprengja þurfti skurð fyrir 120 m af þilinu. Magn fyllingarefnis á bak við þilið var um 9.500 m^3. Steyptur var 160 m langur kantur á þilið ásamt pollum, þybbum o.fl.

Áætlað var að dýpka í höfninni og fjarlægja um 55.000 m^3 efnis. Ekki náðist að fjarlægja nema 5.000 m^3 þar sem botninn reyndist of harður og ógræfur. Framkvæmdir hófust í maí og þeim lauk í desember. Framkvæmdir halda áfram 1993.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 99,6 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Höfnin og innsigling voru dýptarmæld.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Raufarhöfn.

Boðið var út það verkefni að rífa Norðursíldarbryggjuna sem var ónýt orðin. Samið var við lægstbjóðanda, Átak hf. á Þórshöfn. Einnig var unnið að öryggismálum. Keyptir voru bjarghringir, smíðaðar grindur undir þá. Einnig voru keypt Markúsarnet og krókstjakar, smíðað öryggisgrindverk og það sett upp.

Framkvæmdakostnaður: 1,7 millj. kr.

Þórshöfn.

Engar framkvæmdir.

Bakkafjörður.

Keyptar voru og settar út þrjár 10 m steinsteyptar flotbryggjueiningar. Einnig var lagfært svæðið umhverfis höfnina, raflagnir endurbættar og sett upp lýsing við bryggjurnar. Trébryggja við Suðurgarð var styrkt og dekk hennar heilklætt. Verkin voru unnin fyrri hluta sumars og önnuðust heimamenn framkvæmdir.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 8,1 millj. kr.

Vopnafjörður.

Boðin var út smíði vogarhúss við hafnarvog, en vogin var keypt 1991. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Mælifell sf. Á árinu voru steyptir sökklar að húsinu. Gengið var frá grjótvörn á bakkanum við húsið. Áfram var unnið við lagnir á Ásgeirsbakka en þeim lauk ekki árið áður.

Framkvæmdakostnaður: 7,5 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Settar voru þybbur á harðviðarbryggjurnar í höfninni við Hafnarhólma og byrjað að leggja slitlag á hafnarsvæðið.

Framkvæmdakostnaður: 0,4 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Samið var við nokkra heimaaðila um frágang og uppsetningu á dráttarbrautinni. Gengið var frá stíflu utan við brautarstæðið og það grafið upp á þurru. Síðan var steypt plata undir teinana, vagninn settur saman, spilhús reist og smíðaður léttur viðlegukantur. Verkinu var ekki að fullu lokið á árinu. Bætt var við raflagnir í Fjarðarhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 30,0 millj. kr.

Neskaupstaður.

Lagt var 1.800 m^2 slitlag á tengibraut á innra hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj. kr.

Eskifjörður.

Engar framkvæmdir.

Reyðarfjörður.

Sett var upp ný bílavog, byggt vogarhús og steypt upp ljósamastursbús við nýja stálþilskantinn. Verkið var boðið út og samið við Trévang hf. á Reyðarfirði sem vann verkið á árinu. Einnig var keyptur nýr stagbiti og tilheyrandi á nýja stálþilið, auk þess sem yfirálag var sett á fyllingu til að flýta sigi.

Framkvæmdakostnaður: 13,6 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Lokið var við dýpkun í smábátahöfn og var verkið unnið af Vökvavélum hf. á Egilsstöðum að undangengnu útboði og var útgrafið efni alls 5.850 m^3.

Boðin var út smíði á 20 m langri viðlegubryggju, ásamt landstöpli, fyrir tvær flotbryggjur og var samið við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson á Fáskrúðsfirði. Gengið var frá flotbryggju og sett upp lýsing við höfnina. Einnig var gengið frá grjótfláum innanvert í höfninni. Verk þetta var unnið af heimamönnum.

Hafnarsjóður keypti dráttarbraut.

Framkvæmdakostnaður: 19,2 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Endurbyggð var grjótvörn á um 110 m kafla austan á gömlu bryggjuna og upp í fjöru. Í þetta fóru alls 2.780 m^3. Heimamenn unnu verkið í júní samkvæmt tilboði. Lagðar voru bæði vatns- og raflagnir í stálþilsbryggjuna og unnu heimamenn það verk. Einnig var boðin út 1.100 m^2 þekja á stálþilsgarðinn og var samið við lægstbjóðanda, Trésmiðju Djúpavogs.

Verkið var unnið síðla sumars.

Framkvæmdakostnaður: 10,0 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Steypt undirstaða undir nýja hafnarvog og nýtt vogarhús. Smíðaðar voru tvær flotbryggjueiningar og þær settar út.

Framkvæmdakostnaður: 4,0 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Byggður var nýr viti í Suðurfjöru og önnuðust heimamenn þá framkvæmd ásamt starfsmönnum Vitastofnunar. Unnið var að dýpkun í höfninni á svæði frá vörubryggju og inn að frystihúsbryggju og Óslandsbryggju. Alls voru fjarlægðir um 12.000 m^3. Dýpkunin var framkvæmd með dýpkunarpramma hafnarinnar, Soffíu.

Framkvæmdakostnaður: 11,3 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Bygging ferjuaðstöðu fyrir nýjan Herjólf var boðin út í alútboði og tilboð opnuð í lok nóvember 1991. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda sem var SH-Verktakar hf. o.fl. Byggð var 14 m löng ferjubrú ásamt tilheyrandi útbúnaði í landi til að lyfta henni til tengingar við ms. Herjólf. Rekinn var niður 78 m langur stálþilskantur. Fyllt var á bak við þilið, steyptir á það pollar, komið fyrir vatni og rafmagni, sett upp lýsing, steypt þekja næst kantinum og malbikað fyrir ofan hana. Einnig var dýpkað fyrir ferjuna framan við þilið. Framkvæmdir hófust í janúar og þeim lauk í desember að undanskildum minni háttar lagfæringum.

Stærsta nýja verkefnið í Vestmannaeyjahöfn var dýpkun við Hörgeyrargarð (nyrðri hafnargarðinn) og stytting hans um 60 m. Unnið var samkvæmt niðurstöðu líkantilraunar um bætta kyrrð í höfninni. Verkið var boðið út og samið við Hafverk hf. frá Garðabæ. Verktími var áætlaður frá júlí til septemberloka. Dýpka átti innsiglinguna í -7,5 m

og fjarlægja um 45.000 m^3 af efni. Efnið, sem upp kom, var losað við Skeglutanga þar sem það myndar undirstöðu undir fyrirhugaðan grjótgarð sem á að stöðva sandburð að höfninni. Vel gekk að stytta garðinn en verktakinn fór frá verkinu áður en því lauk og eru nú um 1.000 m^3 ógrafnir fremst í innsiglingunni.

Sett verður upp nýtt innsiglingarmerki á enda Hörgeyrargarðs og er búið að smíða það en uppsetningu þess er ólokið.

Nýr löndunarkrani var settur upp í Friðarhöfn í kverkinni við ísafgreiðsluna.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 138,6 millj. kr.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Boðin var út í alútboði bygging ferjulægis fyrir nýja Vestmannaeyjaferju og voru tilboð opnuð í lok nóvember 1991. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda sem var SH-verktakar hf. o.fl. Byggð var 24 m löng ferjubrú ásamt tilheyrandi útbúnaði og mannvirkjum í landi til að lyfta henni og tengja við ms. Herjólf. Rekinn var niður 126 m langur stálþilskantur, fyllt meðfram honum og steyptur á hann kantur með pollum. Steypt var þekja meðfram stálþilskantinum og komið þar fyrir bæði vatni og rafmagni og lýsing sett upp. Einnig var unnið við malbikun bílastæða og steyptir kantar og gangstéttar. Þá var og dýpkað í höfninni. Framkvæmdir hófust í janúar og þeim lauk í desember.

Samið var við Sveinbjörn Runólfsson um að dýpka við flotbryggjurnar.

Þekja á Suðurvarargarði var malbikuð og lauk þar með framkvæmdum við ýmsar endurbætur sem samið var um við yfirtöku landshafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 160,1 millj. kr.

Grindavík.

Boðin var út dýpkun í höfninni í lok ársins 1991 og samið við lægstbjóðanda sem var Dýpkunarfélagið hf. Dýpkun þessi hefur ekki farið fram enn þá sökum gjaldþrots verktakans.

Dýptarmælt var í höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Sandgerði.

Dýpi mælt í innsiglingu eftir dýpkun.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík-Njarðvík.

Unnið var að byggingu smábátahafnar í Grófinni í Keflavík. Verkið var boðið út í árslok 1991 og samið við lægstbjóðanda Hagvirki-Klett hf. um framkvæmdina. Verkþættir við smábátahöfn, sem ríkið tók þátt í að greiða, voru: Bygging brimvarnargarða (34.200 m^3), dýpkun hafnarkvíar (56.200 m^3), bygging 22 m löndunarkants, löndunarkrani ásamt uppsetningu og sjósetningarbraut fyrir uppsátur smábáta.

Í Njarðvík var dýptarmælt og unnið að undirbúningi fyrir nýtt innsiglingarmerki en uppsetningu þess var ekki lokið fyrir áramót. Landfylling við botn Njarðvíkurhafnar var grjótvarin.

Eftirlit með framkvæmdum við smábátahöfnina annaðist Verkfræðistofa Suðurnesja í samvinnu við tæknideild Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 60,1 millj. kr.

Vogar.

Dýpkun í smábátahöfninni var boðin út og samið við Ístak hf. um verkið. Það var fólgið í því að bora og sprengja klöpp og dýpka svo í -2,0 m dýpi. Verkið var unnið frá ágúst fram í október. Alls var dýpkað á um 3.450 m^2 svæði og efnið tekið og sett í fyllingu við botn hafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 9,8 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Boðin var út dýpkun í höfninni árið 1991. Samið var við Dýpkunarfélagið hf. sem var lægstbjóðandi. Dýpkun hófst á árinu 1992 en henni lauk ekki. Uppgjöri verksins er ekki lokið vegna gjaldþrots verktakans.

Gengið var til samninga við Hagvirki-Klett hf., án útboðs, um að reka niður 216 m langan stálþilsbakka í Suðurhöfn við 4. áfanga Suðurbakka. Magn fyllingarefnis var samtals 23.000 m^3. Einnig var steyptur 202 m langur kantbiti með pollum og tilheyrandi á stálþilið. Verkið hófst í byrjun maí og lauk í byrjun desember.

Framkvæmdakostnaður: 126,3 millj. kr.

Garðabær.

Sett voru upp innsiglingarmerki, (dagmerki) að höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Vogir og búnaður vegna tölvuvæðingar þeirra.

Af óskiptri fjárveitingu voru styrktar breytingar á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Rifi, Ólafsvík, Eskifirði, Breiðdalsvík og Sandgerði.

Auk þess fengu eftirtaldir staðir lágmarksstyrk til kaupa á tölvubúnaði við hafnarvogir: Akranes, Tálknafjörður, Þingeyri, Suðureyri, Hrísey, Vopnafjörður, Höfn, Keflavík-Njarðvík og Vogahöfn.

Einnig var veittur styrkur vegna krókvogar á Kópaskeri og pallvogar á Seyðisfirði.

Framkvæmdakostnaður: 8,8 millj. kr.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki njóta ríkisstyrkja. Þar sem þessar framkvæmdir eru alfarið á vegum hafnarsjóðanna er eftirfarandi listi ekki tæmandi. Samkvæmt upplýsingum Hafnamálastofnunar eru þessar helstar og kostnaður við þær alls að upphæð 332,3 millj. kr.:

Akranes.

Settur upp löndunarkrani á nýja bryggju fyrir smábáta.
Kostnaður: 3,3 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Malbikað var gámaplan við sandfangara fremst á Norðurgarði, alls um 2,000 m^2.
Kostnaður: 3,5 millj. kr.

Grindavík.

Hafin var bygging 84 m harðviðarbryggju við suðurhlið Eyjabakka en því verki lauk ekki á árinu. Bryggja þessi er lenging á bryggjunni sem var byggð árið 1990.
Kostnaður: 29,0 millj. kr.

Keflavík-Njarðvík.

Tvær flotbryggjur, 5 einingar hvor, frá Króla í Garðabæ voru keyptar og settar upp. Gengið var frá lýsingu og vatns- og raflögnum við bryggjurnar. Athafnasvæðið var jafnað og malbikað. Einnig var keyrð út fylling við botn hafnarinnar í Njarðvík.
Kostnaður: 30,0 millj. kr.

Kópavogur.

Unnið var að upphafsframkvæmdum við nýjan grjótgarð norðan hafnarinnar. Keyrð var fram fylling sem garðurinn verður síðan byggður út frá. Gamli grjótgarðurinn var allur styrktur og endurraðaður.
Kostnaður: 8,5 millj. kr.

Reykjavík.

Helsta framkvæmd Reykjavíkurhafnar á árinu var endurnýjun mannvirkja í Gömlu höfninni, þ.e. endurbygging Austurbakka og Miðbakka, sem er um 270 m endurnýjun á hafnarbökkum.

Landrými á svæðinu er aukið með því að færa bakkana utar í höfnina. Þannig fæst aukið athafnarými og land undir nýja umferðargötu, Geirsgötu. Framkvæmdir hófust vorið 1992 og stefnt er að því að ljúka þessum framkæmdum í júlí 1993. Verktaki við þetta verk er Völur hf.

Aðrar helstu framkvæmdir Reykjavíkurhafnar voru frekari uppbygging flutningahafnar í Sundahöfn. Helstu verkefni þar voru landgerðir við Kleppsbakka og Klettagarða og frágangur 2. áfanga Vogabakka í Kleppsvík. Gengið var frá yfirborði bakka og lokið dýpkun aðsiglingar.

Framkvæmdakostnaður: 258,0 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Á Stað í Reykhólahreppi var sprengt fyrir bátakví sem var 25 x 20 m að stærð með 2 m dýpi. Við bátakvína var einnig byggður skjólgarður sem var 40 m á lengd og 14 m langur harðviðarkantur.

Unnið var að undirbúningi og hönnun nýrrar ferjubryggju að Nauteyri. Lítils háttar lagfæringar voru gerðar í Vigur og á Bæjum.

Endurnýjaðar voru þybbur á bryggjunni í Flatey á Breiðafirði.

Framkvæmdakostnaður: 11,0 millj. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Á Akranesi var lokið við 160 m sjóvörn við fiskverkunarhús Hafarnarins.

Í Ólafsvík var sjóvörnin undir bökkunum lengd um 350 m og lagfærður sá hluti sem fyrir var. Einnig var efsti hluti suðurgarðsins, en hann telst til sjóvarnar, endurbættur á 150 m kafla.

Á Vestfjörðum var unnið að sjóvörnum á Flateyri og samið um það við heimaaðila.

Á Norðurlandi var unnið á Hauganesi og samið við heimaaðila.

Á Reykjanesi var unnið við sjóvarnir í Sandgerði, Garði, Höfnum, Njarðvík og Grindavík og voru verk þessi boðin út.

Þá var unnið við sjóvarnir á Álftanesi og Seltjarnarnesi.

Framkvæmdakostnaður: 56,2 millj. kr.

RANNSÓKNIR

Á vegum Hafnamálastofnunar var unnið að frumrannsóknum fyrir 24,7 millj. kr. árið 1992. Kostnaður við frumrannsóknir er að fullu greiddur af ríkissjóði en fé til rannsókna kemur af sérstökum fjárlagalið er nefnist hafnarannsóknir og mælingar.

Dýptarmælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár.

Heildarmælingar af höfnum eru gerðar vegna grunnkorta og rannsókna, svo sem efnisflutninga og líkantilrauna. Mælingar af höfnum, innsiglingu og utan hafnar voru gerðar í Ólafsvík, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Úthafsöldumælingar fóru fram á Grímseyjarsundi, suður af Hornafjarðarósi, suður af Surtsey og vestur af Garðskaga. Einnig var haldið áfram mælingum á Keilisnesi.

Á fyrri hluta árs var unnið að líkantilraunum af Vestmannaeyjahöfn. Þar voru vandamálin að hluta til siglingatæknilegs eðlis og voru í fyrsta sinn gerðar tilraunir með siglingu skipa í líkani. Náðist góð samvinna við skipstjórnarmenn flutningaskipa, lóðsa Vestmannaeyjarhafnar og annarra skipstjórnarmanna sem nota höfnina.

Unnið var áfram eftir rannsóknaáætlun á siglingaleið um Hornafjörð. Hafinn var undirbúningur að því að keyra Hornafjarðarós í reiknilíkani og samið við verkfræðistofuna Vatnaskil um þá útreikninga. Reiknilíkanið kemur m.a. til með að lýsa straumum í Hornafjarðarósi og munu þær upplýsingar nýtast skipstjórnarmönnum við siglingu um ósinn.

Unnið var að undirbúningi að uppsetningu sjávarborðsmæla á Patreksfirði, Skagaströnd, Húsavík og á Hornafirði í samvinnu við Raunvísindastofnun.

Tekið var áfram þátt í alþjóðlegu verkefni við að skilgreina leyfilegar hreyfingar skipa í höfnum.

Einnig hófust umfangsmiklar rannsóknir vegna fyrirhugaðrar hafnar fyrir stóriðjuver á Keilisnesi. Á miðju ári hófst bygging líkans af Keilisnesi og líkantilraunir af hafnarmannvirkjum í Flekkuvík og Vatnsleysuvík. Þá var unnið að grundunar- og grjótrannsóknum.

Kostnaður við þær rannsóknir var 23,1 m.kr. á árinu og var hann fjármagnaður með lánsfé sem verður endurgreitt þegar fé verður útvegað til framkvæmdanna.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1992

(í millj. króna)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir:					
Akranes	Endurb. Faxabryggju, undirb.	45%	2,8		
	Löndunarbryggja	45%	6,4	9,2	4,1
Arnarstapi	Dýpkun	75%	0,4		
	Grjótvörn	75%	1,6	2,0	1,5
Rif	Þekja og lagnir	75%	0,3	0,3	0,2
Ólafsvík	Endurb. harðviðarbryggja	75%	7,0		
	Upptökubraut	75%	1,7		
	Norðurt.: Þekja og frágangur	75%	1,2		
	Löndunarkrani	40%	2,2	12,1	8,3
Grundarfjörður	Endurb. grjótvörn	75%	3,0		
	Fylling v/ bryggju	75%	1,0		
	Dýpkun	75%	0,9		
	Flotbryggja	75%	2,2		
	Hafnarvog	40%	1,7	8,8	6,0
Stykkishólmur	Skipavík, þekja	75%	7,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	0,1		
	Fylling og dýpkun, undirb.	75%	0,4	7,5	5,6
Brjánslækur	Ferjuaðstað, frágangur	75%	5,5	5,5	4,1
Patreksfjörður	Smábátahöfn, frágangnur	75%	0,4		
	Stálþil	75%	34,7	35,1	26,3
Tálknafjörður	Hafnarvog	40%	3,4	3,4	1,4
Þingeyri	Slitlag á tengibraut	75%	2,4	2,4	1,8
Flateyri	Flotbryggja	75%	3,5	3,5	2,6
Bolungarvík	Brimvarnargarður	75%	96,2	96,2	72,2
Ísafjörður	Sundah.: Dýpkun	75%	28,9		
	Kantur á stálþil	75%	5,2		
	Fjármagnskostnaður	75%	3,1	37,2	27,9
Súðavík	Dýpkun - mæling	75%	0,2	0,2	0,2
Norðurfjörður	Endurb. skjólgarður	75%	6,4		
	- Tjónastyrkur	75%	-1,8		
	Fjármagnskostnaður	75%	3,1	7,7	5,8

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Drangsnes	Fjármagnskostnaður	75%	0,1	0,1	0,1
Hólmavík	Flotbryggja	75%	1,6		
	Hafnarvog	40%	2,3	3,9	2,1
Hvammstangi	Slitlag á hafnarsvæði	75%	4,0	4,0	3,0
Blönduós	Brimvarnargarður, undirb.	75%	2,5	2,5	1,9
Skagaströnd	Stálþils frágangur	75%	22,5		
	Skjólgarður v/Skúffugarð	75%	4,5		
	Smábátabryggja, frágangur	75%	0,4		
	Fjármagnskostnaður	75%	0,9	28,3	21,2
Sauðárkrókur	Dýptarmælingar	75%	0,1		
	Deiliskipulag	75%	0,3		
	Stálþil, hönnun	75%	0,3	0,7	0,5
Hofsós	Norðurg.: Þekja, lagnir og lýsing	75%	4,1	4,1	3,1
Haganesvík	Bátarenna	75%	1,7	1,7	1,3
Siglufjörður	Flotbryggja, frágangur	75%	0,8		
	Námufrágangur	75%	0,5		
	Dýpkun	75%	6,7		
	Raflagnir á Ingvarsbr.	75%	1,1		
	Fjármagnskostnaður	75%	1,2	10,3	7,7
Ólafsfjörður	Slitlag á tengibraut	75%	3,5		
	Norðurg.: Lagnir	75%	1,3		
	Vesturg.: Endurb. viðlegukantur	75%	2,6		
	Dýpkun	75%	3,6	11,0	8,3
Dalvík	Suðurgarður: Lagnir og lýsing	75%	6,9		
	Leiðr. v/'91: Fylling	75%	-0,7		
	Hafnarvog	40%	-0,5	5,7	4,5
Grímsey	Fjármagnskostnaður	75%	1,6	1,6	1,2
Árskógssandur	Vog á Hauganesi	40%	1,4		
	Leiðr. v/ eldri framkvæmda	75%	-0,2	1,2	0,4
Akureyri	Vörukantur: Stálþil	55%	33,9		
	Deiliskipulag	55%	1,1		
	Dýpkun	55%	2,4		
	Fjármagnskostnaður	50%	0,1	37,5	20,6
Grenivík	Slitlag á tengibraut	75%	1,2		
	Stálþilsbakki, frágangur	75%	12,0	13,2	9,9

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Húsavík	Sprengdur skurður og dýpkun	75%	23,4		
	Norðurg.: Stálþil	75%	75,7		
	Fjármagnskostnaður	75%	0,5	99,6	74,7
Kópasker	Dýptarmælingar	75%	0,2	0,2	0,2
Raufarhöfn	Bryggjurif	75%	1,0		
	Öryggismál.	75%	0,7	1,7	1,3
Bakkafjörður	Flotbryggja	75%	4,0		
	Trébryggja, viðbót	75%	0,7		
	Lagnir ofl.	75%	0,5		
	Fjármagnskostnaður	75%	2,9	8,1	6,1
Vopnafjörður	Grjótvörn	75%	2,0		
	Lagnir á Ásgarð	75%	2,6		
	Hafnarvog	40%	2,9	7,5	4,6
Borgarfj.eystri	Slitlag ofl.	75%	0,4	0,4	0,3
Seyðisfjörður	Dráttarbraut , uppsetning	40%	28,8		
	Fjarðarhöfn: Raflagnir	75%	1,2	30,0	12,4
Neskaupstaður	Slitlag á tengibraut	75%	3,3	3,3	2,5
Reyðarfjörður	Stálþilsb.: Ljósam.hús	75%	1,1		
	Fylling og efni	75%	4,0		
	Hafnarvog	40%	8,5	13,6	7,2
Fáskrúðsfjörður	Smábátahöfn: Dýpkun	75%	2,0		
	Lýsing ofl.	75%	3,0		
	Viðlgubryggja	75%	2,0		
	Flotbryggja	75%	1,5		
	Dráttarbraut keypt	40%	10,7	19,2	10,7
Stöðvarfjörður	Endurb. brimvörn	75%	5,0		
	Stálþilsg.: Þekja	75%	4,8		
	Lagnir	75%	3,5	13,3	10,0
Djúpivogur	Flotbryggjur	75%	1,8		
	Hafnarvog	40%	2,2	4,0	2,2
Höfn í Hornaf.	Dýpkun	75%	4,5		
	Viti á Suðurfjöru	75%	6,8	11,3	8,5
Vestmannaeyjar	Hörgaeyrarg. fjarl. og dýpkað	75%	34,7		
	Dýpkun - mæling	75%	0,4		
	Innsiglingamerki	75%	2,9		
	Ferjulægi	75%	95,9		
	Fjármagnskostnaður	75%	2,4		
	Löndunarkrani	40%	2,3	138,6	103,1

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Þorlákshöfn	Ýmsar endurb.: Þekja	75%	1,5		
	Dýpkun v/ flotbr. ofl.	75%	2,6		
	Ferjulægi	75%	156,0	160,1	120,1
Grindavík	Dýpkun - mælingar	75%	0,2	0,2	0,2
Sandgerði	Dýpkun innsiglingar - mælingar	90%	0,6	0,6	0,5
Keflav./Njarðv.	Smábátahöfn: Brimvarnargarður	75%	18,7		
	Dýpkun	75%	27,5		
	Löndunarbryggja	75%	6,0		
	Sjósetningarbraut	75%	2,7		
	Löndunarkrani	40%	1,9		
	Grjótvörn Njarðvíkurhöfn	75%	3,0		
	Dýptarmæling Njarðvíkurhöfn	75%	0,3	60,1	44,4
Vogar	Dýpkun	75%	9,8	9,8	7,4
Hafnarfjörður	Suðurbakki: Stálþil	45%	110,6		
	Dýpkun	45%	15,7	126,3	56,8
Garðabær	Innsiglingarmerki	75%	0,1	0,1	0,1
Óskipt	Vogir og búnaður	40%	8,8	8,8	3,5
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir	40%	76,6		
		45%	135,5		
		50%	0,1		
		55%	37,4		
		75%	823,5		
	Samtals	90%	0,6	**1073,7**	**730,6**

II. Ferjubryggjur:

Flatey	100%	1,4	1,4
Staður á Reykjanesi	100%	8,1	8,1
Vigur	100%	0,1	0,1
Nauteyri	100%	1,3	1,3
Bæir á Snæfjallaströnd	100%	0,1	0,1
Samtals ferjubryggjur		**11,0**	**11,0**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1992
(í millj. króna)

Akranes	10,4
Ólafsvík	7,9
Flateyri	4,0
Árskógshreppur	3,5
Hornafjörður	0,6
Vík í Mýrdal	0,6
Stokkseyri	0,1
Selvogur	2,7
Grindavík	7,3
Hafnir	3,4
Sandgerði	2,7
Gerðahreppur	2,5
Njarðvík	2,6
Bessastaðahreppur	3,7
Seltjarnarnes	4,2
Samtals:	**56,2**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1992
(í millj. króna)

Almennar rannsóknir, óskipt		6,7
Rannsóknatæki og hugbúnaður		3,0
Ýmis sérverkefni (skipshreyfingar í höfnum ofl.)		0,5
Rekstur öldudufla		2,8
Líkantilraunir v/ Vestmannaeyja		4,5
Rannsóknaverkefni í höfnum:		
Akranes	0,2	
Ólafsvík	0,2	
Sauðárkrókur	0,3	
Ólafsfjörður	0,2	
Reyðarfjörður	0,3	
Höfn í Hornafirði	3,9	
Vestmannaeyjar	1,4	
Þorlákshöfn	0,4	
Grindavík	0,1	
Ýmsar hafnir	0,2	7,2
Samtals :		**24,7**

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1992

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1991		Ríkishl. framkv. 1992	Fjárveiting 1992	Staða ríkissjóðs í árslok 1992	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes	8,3		4,1	11,2	1,2	
Borgarnes		0,5				0,5
Arnarstapi	0,4		1,5	2,0		0,1
Rif	10,2		0,2	11,7		1,3
Ólafsvík		4,4	8,3	4,5		0,6
Grundarfjörður	0,7		6,0	5,2	1,5	
Stykkishólmur	12,5		5,6	18,9		0,8
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Brjánslækur		1,4	4,1	3,3		0,6
Patreksfjörður	1,6		26,3	10,2	17,7	
Tálknafjörður		0,8	1,4		0,6	
Bíldudalur						
Þingeyri		0,9	1,8		0,9	
Flateyri		0,2	2,6	2,6		0,2
Suðureyri		0,5				0,5
Bolungarvík	12,6		72,2	84,8		
Ísafjörður	37,4		27,9	22,8	42,5	
Súðavík	2,3		0,2	2,3	0,2	
Norðurfjörður	6,7		5,8	6,9	5,6	
Drangsnes	1,1		0,1	1,1	0,1	
Hólmavík		0,9	2,1	0,2	1,0	
Hvammstangi		0,2	3,0	2,3	0,5	
Blönduós	0,1		1,9	19,9		17,9
Skagaströnd	25,7		21,2	36,0	10,9	
Sauðárkrókur	1,1		0,5	15,0		13,4
Hofsós			3,1	3,5		0,4
Haganesvík		0,4	1,3	0,4	0,5	
Siglufjörður	10,5		7,7	9,2	9,0	
Ólafsfjörður	4,2		8,3	11,0	1,5	
Dalvík	14,6		4,5	11,0	8,1	
Grímsey	18,3		1,2	7,2	12,3	
Hrísey		0,2				0,2
Árskógssandur	1,5		0,4	1,1	0,8	
Hjalteyri						
Akureyri	37,3		20,6	22,0	35,9	
Svalbarðseyri						
Grenivík		1,9	9,9	4,9	3,1	
Húsavík	7,4		74,7	64,5	17,6	
Tjörnes	0,1			0,1		
Kópasker		0,2	0,2			
Raufarhöfn		1,8	1,3	0,4		0,9
Þórshöfn	3,7			5,2		1,5
Bakkafjörður	1,8		6,1	6,9	1,0	
Vopnafjörður	5,0		4,6	9,1	0,5	
Borgarfjörður-eystri	0,8		0,3	0,6	0,5	
Seyðisfjörður	1,9		12,4	10,9	3,4	

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1992

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1991		Ríkishl. framkv.	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1992	
	Vantar	Ónotað	1992	1992	Vantar	Ónotað
Neskaupsstaður	2,5		2,5	2,5	2,5	
Eskifjörður	4,1			4,1		
Reyðarfjörður	11,4		7,2	25,9		7,3
Fáskrúðsfjörður		2,5	10,7	6,8	1,4	
Stöðvarfjörður			10,0	8,5	1,5	
Breiðdalsvík	0,1			0,1		
Djúpivogur		0,5	2,2	2,9		1,2
Höfn í Hornafirði	5,6		8,5	10,9	3,2	
Vestmannaeyjar	10,0		103,1	83,9	29,2	
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn		14,4	120,1	98,1	7,6	
Grindavík	1,4		0,2	31,7		30,1
Hafnir	0,6				0,6	
Sandgerði	287,0		0,5	22,1	265,4	
Garður						
Keflavík/Njarðvík	1,0		44,4	2,4	43,0	
Vogar	2,7		7,4	13,0		2,9
Hafnarfjörður	0,7		56,8	7,8	49,7	
Garðabær		0,2	0,1			0,1
Óskipt			3,5	5,7		2,2
Samtals:	**554,9**	**33,0**	**730,6**	**755,3**	**581,0**	**83,8**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1992
(í millj. króna)

Almennar hafnir			755,3
Lendingabætur:			
	Skarðsstöð	1,95	
	Haukabergsvaðall	0,30	
	Gjögur	0,25	
	Djúpavík	0,20	
	Kaldrananes	0,35	
	Selvík á Skaga	0,40	
	Lónkot	0,25	
	Leirhöfn	0,70	
	Loðmundarfjörður	0,35	
	Óskipt v/kostnaðar	0,25	5,0
Ferjubryggjur:			
	Staður	4,70	
	Flatey	1,40	
	Vigur	0,20	
	Reykjanes	0,10	
	Nauteyri	1,40	
	Óráðstafað	2,20	10,0
		Samtals fjárveitingar:	**770,3**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1992
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):		
	Akranes	7,0
	Ólafsvík	6,4
	Patreksfjörður	0,2
	Flateyri	4,5
	Ísafjörður	0,2
	Skagaströnd	0,2
	Hrísey	0,1
	Árskógshreppur	3,6
	Stokkseyri	2,7
	Eyrarbakki	0,6
	Selvogur	2,7
	Grindavík	10,1
	Hafnir	2,0
	Sandgerði	2,8
	Gerðahreppur	2,5
	Njarðvík	2,7
	Bessastaðahreppur	3,7
	Seltjarnarnes	5,0
	Samtals	**57,0**

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1992
(í millj. króna)

Styrkir:		
a) Styrkir til nýframkvæmda:		
Arnarstapi	0,4	
Grundarfjörður	1,0	
Stykkishólmur	3,0	
Brjánslækur	0,7	
Patreksfjörður	2,0	
Flateyri	0,5	
Bolungarvík	17,0	
Norðurfjörður	1,4	
Drangsnes	0,2	
Blönduós	4,0	
Hofsós	0,7	
Haganesvík	0,1	
Ólafsfjörður	2,0	
Grímsey	0,6	
Grenivík	0,5	
Bakkafjörður	1,2	
Stöðvarfjörður	0,5	
Djúpivogur	0,5	
Vestmannaeyjar	14,1	
Þorlákshöfn	22,6	
Vogar	2,6	
Sandgerði	2,8	78,4
b) Tjónastyrkir:		
Grundarfjörður	0,3	
Norðurfjörður	1,8	2,1
Styrkir alls:		80,5
Lán:		
a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:		
Rif	2,0	
Skagaströnd	7,0	
Sauðárkrókur	1,5	
Dalvík	2,2	
Grenivík	0,5	
Húsavík	13,0	
Vopnafjörður	2,4	
Stöðvarfjörður	1,2	29,8
b) Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:		
Norðurfjörður	1,3	
Skagaströnd (framl. lán f.f.ári)	6,0	
Húsavík	16,5	23,8
Lán alls		53,6
Samtals lán og styrkir:		**134,1**

1162. Tillaga til þingsályktunar [593. mál]

um hafnaáætlun 1993–1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Alþingi ályktar skv. 29. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, að árin 1993–1996 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

I. KAFLI
Áætlun um ný hafnarmannvirki.

Árið 1993 er áætlað að framkvæma fyrir samtals 803,1 m.kr. í 32 höfnum í eigu sveitarfélaga. Framlag ríkisins til þessara framkvæmda verður 586,3 m.kr. en hafnarsjóðanna 216,8 m.kr.

Fjárveiting á fjárlögum ársins er 771,9 m.kr. og geymd fjárveiting frá fyrra ári 88,5 m.kr., samtals 860,4 m.kr. Af þessari upphæð fara 586,3 m.kr. til framkvæmda við ný hafnarmannvirki, en 270,6 m.kr. til uppgjörs við hafnarsjóðina, sbr. fskj. I.

Árið 1994 er áætlað að unnið verði fyrir samtals 967,5 m.kr. í 42 höfnum.

Árin 1995–1996 er áætlað að unnið verði að framkvæmdum í 50 höfnum fyrir samtals 1.890,6 m.kr.

Nánari sundurliðun á kostnaði við einstakar hafnir er að finna í töflum 1 og 2 hér fyrir aftan.

Tafla 1 er yfirlit yfir áætlaðan heildarframkvæmdakostnað í hverri höfn.

Tafla 2 er sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum. Taldar eru upp hafnir í hverju kjördæmi og tilgreindar þær framkvæmdir sem ríkissjóður mun styrkja.

Þar sem nú er unnið að endurskoðun laga og reglna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum er ekki gerð tillaga um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessari áætlun. Kostnaðarskipting framkvæmdaáfanga, sem tímasettir eru í áætluninni árið 1993, fylgir gildandi reglum.

Þá eru í gangi á nokkrum stöðum á landinu samningaviðræður um myndun hafnasamlaga. Hafnaáætlun miðar við óbreytta skipan mála. Komi til myndunar samlaga getur niðurstaða samninga leitt af sér breytingar á framkvæmdaröð.

Tafla 1.

Ný hafnarmannvirki 1993–1996 sem ríkið styrkir samkvæmt hafnalögum.
Yfirlit yfir heildarkostnað, þ.e. samanlagðan kostnað ríkissjóðs og viðkomandi hafnarsjóðs.

Kjördæmi	Áætlaður framkvæmdakostnaður hvert ár			Kostnaður samtals
Höfn	1993	1994	1995 og 1996	1993-1996
Vesturland				
Grundartangi	0,0	0,0	30,0	**30,0**
Akranes	42,4	28,0	63,3	**133,7**
Borgarnes	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Arnarstapi	0,0	0,5	5,0	**5,5**
Rifshöfn	13,2	26,5	10,9	**50,6**
Ólafsvík	6,3	0,0	49,4	**55,7**
Grundarfjörður	16,1	4,4	12,6	**33,1**
Stykkishólmur	13,1	23,3	31,2	**67,6**
Búðardalur	0,0	0,0	0,0	**0,0**
	91,1	**82,7**	**202,4**	**376,2**
Vestfirðir				
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Brjánslækur	0,0	0,0	18,6	**18,6**
Patreksfjörður	0,0	10,2	25,0	**35,2**
Tálknafjörður	10,7	0,0	56,0	**66,7**
Bíldudalur	16,2	0,0	0,0	**16,2**
Þingeyri	0,0	0,0	14,0	**14,0**
Flateyri	0,0	6,5	58,3	**64,8**
Suðureyri	0,0	0,0	14,1	**14,1**
Bolungarvík	82,5	13,4	14,6	**110,5**
Ísafjörður	0,0	87,3	121,4	**208,7**
Súðavík	0,0	5,6	18,8	**24,4**
Norðurfjörður	0,0	0,0	2,1	**2,1**
Drangsnes	0,0	5,1	0,0	**5,1**
Hólmavík	7,1	23,7	19,8	**50,6**
	116,5	**151,8**	**362,7**	**631,0**
Norðurland vestra				
Hvammstangi	0,0	0,0	43,3	**43,3**
Blönduós	91,1	40,9	44,8	**176,8**
Skagaströnd	5,9	7,2	28,0	**41,1**
Sauðárkrókur	65,3	37,7	74,7	**177,7**
Hofsós	0,0	9,1	7,2	**16,3**
Haganesvík	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Siglufjörður	0,0	12,8	9,1	**21,9**
	162,3	**107,7**	**207,1**	**477,1**

	Áætlaður framkvæmdakostnaður hvert ár			Kostnaður samtals
Höfn	**1993**	**1994**	**1995 og 1996**	**1993-1996**
Norðurland eystra				
Ólafsfjörður	34,3	79,9	31,5	**145,7**
Dalvík	7,1	0,0	179,0	**186,1**
Hrísey	0,0	25,9	41,4	**67,3**
Árskógshreppur	35,9	4,5	5,5	**45,9**
Hjalteyri	0,0	0,7	0,0	**0,7**
Akureyri	0,0	18,4	74,8	**93,2**
Svalbarðseyri	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Grenivík	0,0	0,0	35,0	**35,0**
Grímsey	18,5	0,0	6,7	**25,2**
Húsavík	93,9	1,3	79,2	**174,4**
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Kópasker	2,9	2,6	0,0	**5,5**
Raufarhöfn	4,1	11,5	7,3	**22,9**
Þórshöfn	0,0	51,0	39,1	**90,1**
	196,7	**195,8**	**499,5**	**892,0**
Austurland				
Bakkafjörður	0,0	14,8	0,0	**14,8**
Vopnafjörður	9,0	2,5	10,7	**22,2**
Borgarfjörður eystri	15,3	0,7	26,2	**42,2**
Seyðisfjörður	0,0	5,9	53,2	**59,1**
Neskaupstaður	8,5	19,6	51,4	**79,5**
Eskifjörður	29,3	32,3	13,9	**75,5**
Reyðarfjörður	26,1	7,3	0,0	**33,4**
Fáskrúðsfjörður	0,0	2,0	46,8	**48,8**
Stöðvarfjörður	5,9	0,0	7,4	**13,3**
Breiðdalsvík	30,4	32,1	10,4	**72,9**
Djúpivogur	3,5	23,0	66,7	**93,2**
Hornafjörður	6,3	56,8	51,0	**114,1**
	134,3	**197,0**	**337,7**	**669,0**
Suðurland				
Vestmannaeyjar	30,0	74,1	64,7	**168,8**
Þorlákshöfn	10,0	12,1	11,2	**33,3**
	40,0	**86,2**	**75,9**	**202,1**
Reykjanes				
Grindavík	54,7	83,5	73,2	**211,4**
Sandgerði	0,0	0,0	58,1	**58,1**
Garður	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Keflavík/Njarðvík	0,0	9,0	60,9	**69,9**
Vogar	2,2	3,9	2,4	**8,5**
Hafnarfjörður	0,0	44,6	0,0	**44,6**
Garðabær	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	**0,0**
	56,9	**141,0**	**194,6**	**392,5**
Ýmsar framkvæmdir, óskipt	5,3	5,3	10,7	**21,3**
Samtals allt landið:	**803,1**	**967,5**	**1890,6**	**3661,2**

Tafla 2.

Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Heildarframkvæmdakostnaður.

Skýringar við töflu:

*) Merkir að framkvæmd sé háð niðurstöðum úr líkantilraun.

**) Merkir að hafnarstjórn áformar að ljúka verkáfanganum á árinu 1993.

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
VESTURLAND			
Grundartangi			
Bætt hafnaraðstaða fyrir stór flutningaskip með djúpristu 12 - 13 m			30,0
Akranes			
Faxabryggja endurb. vesturkantur, stálþil m. kanti (77,8 m) og þekjurönd (400 m²).	30,3		
Faxabryggja; grjótvarin fylling og stálþil við enda (12,2+40 m)	12,1	28,0	
Faxabryggja austurkantur, stálþil (50m)			37,8
Faxabryggja; lagnir, lýsing og st. þekja á breikkun og eldri bryggju (20 m br. - 3.000 m²)			25,5
Borgarnes			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Arnarstapi			
**) Dýpkað við bryggju		0,5	
Endurb. á hafnarmannvirkjum			5,0
Rifshöfn			
Smábátahöfn; vatnslögn og lýsing	2,4		
Smábátahöfn; flotbryggja (30m)	4,6		
Smábátahöfn; dýpkun (6000m³)	6,2		
Innsiglingarmerki		1,6	
Endurb. hluti trébryggju bátahöfn		4,8	
Sandfangari (70 m)		12,9	
Endurb. grjótvörn Suðurgarð (Laga veg og 5000m³ grjót)		7,2	
Dýpkun (20.000 m³)			10,9
Ólafsvík			
Endurb. Harðviðarbryggju, verklok	6,3		
Norðurgarður; brimvörn styrkt og lengd (um 60 m)			42,6
Dýpkun í innsiglingu í 6 m (12.000 m³)			6,8
Grundarfjörður			
Dýpkað klöpp og laust efni við Stórubryggju (3.000 m³)	16,1		
Dýpkun hafnar (dæling, 5.000 m³)		3,1	
Slitlag milli bryggja (600 m²)		1,3	
Endurb. þekja Litlubryggju (300 m²)			2,1
Suðurgarður; breikkun og styrkt grjótvörn (200 m - 30 m³/m)			10,5

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
Stykkishólmur			
Slitlag á tengibraut að Súgandisey (klæðning, 6.100 m²)	6,4		
Ferjuaðstaða; vatns og raflögn að ferjubryggju	6,7		
Trébr. við Stykkið; endurbygging (norðurk. 320 m² - miðhl. 356 m²)		23,3	11,1
Steinbryggja; endurb. (veggir 900 m² - þekja 500 m²)			20,1
Búðardalur			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
	91,1	**82,7**	**202,4**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
VESTFIRÐIR			
Reykhólahöfn			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Brjánslækur			
Dýpkun við bátabryggju og stálþil (8.000 m³)			6,2
Bátabryggja úr timbri (4x20 m)			12,4
Patreksfjörður			
**) Lenging hafskipakants; masturs- og vatnshús, raflögn, lýsing og frágangur lagna		4,2	
Lenging hafskipakants; steypt 20m br. þekja (1.100 m²)		6,0	
Dýpkun í innsiglingarrennu og höfn (30.000 m³)			19,3
Flotbryggja (40 m)			5,7
Tálknafjörður			
Dýpkun í smábátahöfn (10.200 m³)	6,0		
Flotbryggja (30 m)	4,7		
Stálþil rammað niður og steyptur kantur (60+20m)			41,0
Dýpkun við stálþil (3.500 m³)			2,4
Steypt þekja, lagnir og lýsing (1.200 m²)			12,6
Bíldudalur			
Bátabryggja úr timbri (30 m)	13,3		
Lagnir, vatn og rafmagn við bryggju	1,2		
Löndunarkrani	1,7		
Þingeyri			
Smábátaaðstaða, færa garð og dýpka (10.000 m³)			9,5
Flotbryggja (30 m)			4,5
Flateyri			
Dýpkun í bátahöfn (10.000 m³)		6,5	
Stálþil í bátahöfn, lagnir og steypt þekja (750 m²)			8,3
Endurbygging stálþils, rammað þil og st. kantur (120 m).			50,0
Suðureyri			
Grjótvörn efst við Brjót (1.800 m³)			5,1
Dýpkun í bátahöfn (7.000 m³)			4,5
Flotbryggja (30 m)			4,5
Bolungarvík			
**) Brimvarnargarður við Brjót, verklok	82,5	13,4	
Grundargarður; grjótvörn styrkt og endurb. (300 m - 30 m³/m)			14,6

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
Ísafjörður			
**) Vörubakki Sundahöfn, rafl., lýsing, vatnsl. og st. þekja 20 m br. (2.000 m²)		24,5	
**) Sundahöfn malbikað gámaplan (3.000 m²)		6,6	
Endurb. Bátahöfn 1. áf. Landkantur og Botn, rammað þil og st. kantur (140 m)		56,2	
Endurb. Bátahöfn 1. áf. lagnir, lýsing og st. þekja (1.800 m²)			15,0
*) Olíubryggja Mávagarði trébr. (45 m - líkantilr.)			20,3
Harðviðarbryggja Sundahöfn (62 m)			35,5
Endurb. Bátahöfn 2. áf.; Dýpk. (23.000m³), rifið þil Olíumúla og stálþil (40m) fullfrág.			50,6
Súðavík			
Norðurgarður raflögn v. landtengingar f. skip		3,2	
Raflögn og lýsing á harðviðarbryggju		2,4	
Lenging harðviðarbryggju (40 m)			18,8
Norðurfjörður			
Flotbryggja (10 m)			2,1
Drangsnes			
Endurb. steinbryggja Drangsnesi		5,1	
Hólmavík			
Stálþilsbakki, frág. lagnir og st. þekja	7,1		
Viðlegubryggja við Norðurgarð m. lögnum og lýsingu (50 m)		23,7	
Dýpkun innan hafnar (32.000 m³)			19,8
	116,5	**151,8**	**362,7**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
NORÐURLAND VESTRA			
Hvammstangi			
Endurb. á Norðurgarði stálþil rammað og st. kantur (53 m)			17,4
Stálþil Norðurgarði; lagnir og st. þekja (700 m²)			5,3
Suðurbryggja endurb. og gerð bílgeng (50 m)			20,6
Blönduós			
Brimvarnargarður (227 m - 94.600 m³)	91,1	40,9	
Gerð viðlegukants við norðurhlið bryggju (80 m)			15,8
Stáltunnur við bryggjuenda			29,0
Skagaströnd			
Lokið þekju við stálþil Vesturgarði og þekju sunnan S.R. (malb. 2.600 m²)	5,9		
Skúffugarður, lýsing og raflögn		2,1	
Skúffugarður, kantur (80 m) og malb. þekja (900 m²)		5,1	
Dýpkað snúningsrými við ytri kant í 75 m br. og í innri höfn (21.000 m³)			20,4
Grjótvörn Vesturgarði við bræðsluna (60 m - 50 m³/m)			7,6
Sauðárkrókur			
Syðra plan stálþil: Þil rammað og st. kantur (165 m)	65,3		
Dýpkað að stálþili og innan bátahafnar (21.000 m³)		19,9	
Dýpkað fyrir snúning og í innsiglingu (17.000 m³)		11,0	
Syðra plan stálþil: Lagnir og lýsing		6,8	
Syðra plan stálþil: steypt þekja (1.800 m²)			9,9
Norðurgarður: Lenging brimvarnargarðs (60 m)			64,8
Hofsós			
Árgarður, endurb. grjótvörn (5.000 m³)		9,1	
Árgarður, steypt plan (250 m²)			1,4
Norðurgarður, steypt utan á bryggjuvegg 1. áf.(30 m)			5,8
Haganesvík			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Siglufjörður			
**) Ingvarsbryggja: Masturs- og vatnshús, raflögn og lýsing		4,5	
Ingvarsbryggja: Lagnir, lýsing og st. þekja (1.000 m²)		5,7	
Innri höfn: Lagnir og lýsing		2,4	
Smábátadokk suðurkantur, viðlegubryggja úr timbri (30 m)			9,1
	162,3	**107,7**	**207,1**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
NORÐURLAND EYSTRA			
Ólafsfjörður			
Þverbryggja: Efni (þil 326 t, festingar 76 t)	31,0		
Þverbryggja: Rammað þil og st. kantur (185 m)	3,3	48,5	
Dýpkun fyrir þverbryggju (21.800 m³) og viðhaldsdýpkun (22.000 m³)		27,2	
Steinbryggja rifin (ca 30 m)		4,2	
Þverbryggja: Lagnir, lýsing og st. þekja			17,5
Norðurgarður; grjótvörn styrkt og endurb. (150 m - 40 m³/m)			14,0
Dalvík			
Slitlag á gámasvæði (3.500 m²)	7,1		
*) Brimvarnargarður (260 m - líkantilr.)			131,7
Norðurgarður stálþil, endurb. fremsti hluti bryggju (53 m)			33,6
Suðurgarður; grjótvörn styrkt og endurb. (260 m - 30 m³/m)			13,7
Hrísey			
Stálþil efst við Suðurgarð: Rammað þil og st. kantur (35 m + gaflþil 20 m)		23,3	
Dýpkað við stálþil í 4 m (4.000 m³)		2,6	
Lagnir, lýsing og st. þekja á stálþil (600 m²)			5,9
*) Lenging Norðurgarðs (líkantilr.)			35,5
Árskógshreppur			
Stálþil Árskógssandi: Rammað þil og st. kantur (70 m)	35,9		
Stálþil Árskógssandi: Lagnir og lýsing		4,5	
Stálþil Árskógssandi: steypt þekja (1.000 m²)			5,5
Hjalteyri			
Grjótvörn á landgangi bryggju styrkt og endurb. (50 m - 10 m³/m)		0,7	
Akureyri			
**) Tangabryggja vörukantur; kantur, lagnir, lýsing og þekja (70x20 m)		18,4	
Krossanes, fylling v. stálþil (10.800 m³)			13,9
Krossanes stálþilsbakki: Rammað þil og st. kantur (60m)			27,1
Krossanes stálþilsbakki: Lagnir, lýsing og st. þekja (900 m²)			9,5
Dýpkun í Fiskihöfn (50.000 m³)			24,3
Svalbarðseyri			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Grenivík			
Grjótgarður lengdur og styrktur (20.000 m³)			35,0
Grímsey			
Löndunar og viðlegubryggja (40 m)	18,5		
Grjótvörn á hafnargarði styrkt (2300 m³)			6,7
Húsavík			
Norðurgarður verklok; lagnir, lýsing og þekja (2.130 m² st. - 2.500 m² malb.)	21,6		
**) Dýpkun, lokið verki frá '92	72,3	1,3	
Grjótvörn sunnan Suðurgarðs að Þvergarði (25.000 m³)			26,0
Dýpkað í 6 m við Þvergarð og í innri höfn (50.000 m³)			53,2

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
Ljórneshöfn			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Kópasker			
Dýpkun í 4,0 m að bryggju (5.000 m³)	2,9	2,6	
Raufarhöfn			
Innsigling; Leiðarmerki endurbætt	4,1		
Flotbryggja (30 m), fylling og landstöpull		5,4	
Grjótgarður bátahöfn; grjótvörn endurb. (240 m - 20 m³/m)		6,1	
Slitlag á tengibraut milli hafnarbryggju og togarabryggju (klæðning 1900m²)			2,1
Fylling norðan hafskipabryggju (1500 m³)			1,5
Dýpkun yst í innsiglingu (ca. 300 m² sv.)			3,7
Þórshöfn			
Löndunarkantur v. salthús: Spr. rás, rammað þil og st. kantur (70m)		51,0	
Löndunarkantur v. salthús: Lagnir, lýsing og st. þekja (1050 m²)			10,3
Botn milli bátabryggju og togarakants; rammað þil og st. kantur (37 m)			17,4
Hafskipakantur 13m lenging, rammað þil og st. kantur			9,2
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og st. þekja (200 m²)			2,2
	196,7	**195,8**	**499,5**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
AUSTURLAND			
Bakkafjörður			
Skjólhöfn - frágangur; vatnslögn, lýsing og akbraut lagf.		4,6	
**) Brimvarnargarður Nýhöfn endurb. (4.500 m³ stórgrýti > 2 tonn - 50% endurb./ 50% tjón)		10,2	
Vopnafjörður			
Hafnarvog og vogarhús (30 m²)	9,0		
Slitlag á tengibraut Ásgarð - Miðgarð		2,5	
Smábátaaðstaða; fylling norðan Ásplans (2.000 m³)			2,4
Smábátaaðstaða; bylgjubrjótur - flotbryggja (30 m)			8,3
Borgarfjörður eystri			
Grjótvörn á Bakkagerðisbryggju (7.000 m³)	15,3		
**) Slitlag á hafnarsvæði við Hafnarhólma (klæðning 700 m²)		0,7	
Skarfaskersgarður (15000 m³)			26,2
Seyðisfjörður			
Fjarðarhöfn; endurb. raflögn við stálþil og lýsing við ferjulægi		5,9	
Fyrirstöðugarður 400m (12.000 m³)			12,2
Dýpkun Fjarðarhafnar, 7 m dýpi úr 50 í 80 m br. (ca 75.000 m³)			41,0
Neskaupstaður			
**) Trébryggja norðan kælig. SVN (60m)	8,5	19,6	
Trébryggja við Netag. FV (30m)			13,2
Lenging stálþils við kælig. SVN fullfrág. með st. þekju (60x15 m)			38,2
Eskifjörður			
**) Bryggja við Hraðfrystihús; rammað bakþil og byggð timburbryggja (75 m)	29,3	25,0	
Bryggja við hraðfystihús; lagnir lýsing og st. þekja (500 m²)		7,3	
Smábátahöfn, löndunar og viðlegubr. við skjólgarð (50m)			13,9
Reyðarfjörður			
Stálþil vöruhöfn, st. kantur, lagnir og þekja (20x80 m)	26,1		
Vöruflutningahöfn gámasvæði; fylling og malb. slitlag (40x80 m)		7,3	
Fáskrúðsfjörður			
Löndunarbryggja smábátahöfn (10 m)		2,0	
Endurbygging Bæjarbryggjunnar stálþil fullfrág. (60 m)			46,8
Stöðvarfjörður			
Stálþilsgarður; st. þekja verklok (1.000 m²)	5,9		
Bátabryggja úr timbri við innri garð (20 m)			7,4
Breiðdalsvík			
Efni í stálþilshaus við ytri garð (þil ca 240 t. festingar ca 48 t.)	22,9		
Rammað þil, fyllt og steyptur kantur (135 m)	7,5	32,1	
Lagnir, lýsing og steypt þekja (1.200 m²)			10,4

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
Djúpivogur			
Hafnarvog; uppsetning vog og frág. vogarhúss	3,5		
Bátahöfn; þéttklædd trébryggja (30x7 m)		23,0	
*) Ytri mannvirki, innsigling - skjólgarðar (lfkantilr.)			50,0
Smábátahöfn norðurkantur, timburbryggja (50 m)			16,7
Hornafjörður			
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling (ca 15.000m³ pr. ár)	6,3	6,6	13,2
**) Leiðarmerki á Suðurfjöru og Helli		2,7	
Stálþil Álaugarey - Krossey; rammað þil og st. kantur (100 m)		47,5	
Stálþil Álaugarey - Krossey; lagnir, lýsing og st. þekja (100x20 m)			18,5
Flotbryggja (20 m)			3,3
Uppsátur f. smábáta (skáplan 5x15 m)			0,5
Endurb. trébryggja við vogarhús, fyrri áf. (45 m - harðviðarbr.)			14,0
Óslandsbryggja; rafm. heimtaug og frág. raflögn			1,5
	134,3	**197,0**	**337,7**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
SUÐURLAND			
Vestmannaeyjar			
Sandfangari við Skeglutanga, grjótvörn (46.200 m³)	30,0		
**) Raflögn og lýsing við Gjábakka		4,6	
Farmskipakantur austan skipalyftu; rammað þil og st. kantur (120 m)		69,5	
**) Dýpkun við farmskipakant (60.000 m³)			27,4
Farmskipakantur austan skipalyftu; lagnir, lýsing og st. þekja (20x120 m)			22,2
Smábátaaðstaða innan Nausthamarsbryggju			5,1
Friðarhafnarkantur endurbygging; hönnun og undirbúningsframkv.			10,0
Þorlákshöfn			
Dýpkun innsiglingar (2x20.000m³)	10,0		10,0
Trébryggja milli Svartaskers og ferjubryggju (30 m)		12,1	
Flotbryggja lengd (10 m)			1,2
	40,0	**86,2**	**75,9**

Höfn Lýsing framkvæmda	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995-96 m.kr.
REYKJANES			
Grindavík			
Eyjabakki; rammað stálþil við norðurkant, fyllt og steyptur kantur (177m, dýpi 8 og 5 m)	54,7	53,1	
Eyjabakki stálþil, lagnir, lýsing og st. þekja (167x 25 m)		30,4	
Smábátaaðstaða, dýpkun (22.400m³) og skjólgarðar (2.700 m³)			18,7
Smábátaaðstaða, flotbryggja (30 m)			4,5
*) Dýpkun hafnar og bætt innsigling 1. áf. (líkantilraunir)			50,0
Sandgerði			
Flotbryggja (40m)			5,7
Grjótvörn á Norðurgarð 1.áf (25.000 m³)			29,1
Grjótvörn á Norðurgarð 2.áf (20.000 m³)			23,3
Garður			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Keflavík/Njarðvík			
*) **) Smábátahöfn Gróf; lenging grjótgarðs (6.000 m³ - líkantilr.)		9,0	
Malbik á tengibraut Njarvík (1.000 m²)			2,0
Björgunarstigar á bryggjur (Keflavík 31, Njarðvík 33 stigar)			5,0
Grjótgarður í Njarðvík styrktur og lengdur um 60m (35.000 m³)			53,9
Vogar			
Löndunarkrani	1,6		
Flotbryggja (30m)	0,6	3,9	
Grjótvörn hafnargarði styrkt (100 m - 10 m³/m)			2,4
Hafnarfjörður			
**) Dýpkun við Suðurbakka (20.000 m³)		10,1	
**) Suðurbakki IV lagnir, lýsing og þekja 20 m br. (3600m²)		34,5	
Garðabær			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Kópavogur			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
Reykjavík			
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir			
	56,9	**141,0**	**194,6**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Í 29. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, segir að sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skuli gerð á tveggja ára fresti.

Í febrúar 1989 var hafnaáætlun fyrir árin 1989–1992 lögð fyrir 111. löggjafarþing í formi þingsályktunartillögu. Undirbúningsvinnu við gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1991–1994 lauk í febrúar 1991, en ekki varð af því að áætlunin væri lögð fram á Alþingi m.a. vegna þingkosninga sem fram fóru þá um vorið.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1993–1996 hófst með því að sent var út dreifibréf dags. 10. janúar 1992 til hafnarstjórna. Í bréfinu voru þær beðnar að skrá í forgangsröð þau verkefni sem brýnust væru talin. Jafnframt skyldi viðkomandi hafnarstjórn gera grein fyrir framkvæmdaþörf og rökstuðningi fyrir hvert verkefni. Svör bárust frá 58 höfnum af 68 sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var kostnaður við þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu, rúmir sex milljarðar króna (verðlag maí 1992).

Hafnamálastofnun gerði síðan í samræmi við 29. gr. hafnalaga tillögur um framkvæmdir á áætlunartímabilinu. Tillögur að framkvæmdum í hverri höfn voru sendar viðkomandi hafnarstjórn til umsagnar 9. október 1992. Jafnframt voru tillögurnar lagðar fram í heild í hafnaráði og þeim dreift á 23. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga sem haldinn var í Reykjavík 18.–19. október 1992. Í tillögunum var gert ráð fyrir heildarframkvæmdakostnaði árin 1993–1996 að upphæð 3.419 m.kr. (verðlag maí 1992). Þar af var áætlað að framkvæma fyrir 762 m.kr. árið 1993 og hluti ríkissjóðs það ár 556 m.kr. Svör með athugasemdum bárust frá 39 höfnum og flestar þeirra fólu í sér óskir um meiri framkvæmdir.

Í fjárlögum fyrir árið 1993 var framlag ríkisins til hafnarmannvirkja ákveðið 771,9 m.kr. Þar af fóru 270,6 m.kr. til uppgjörs á eldri framkvæmdum og greiðslu á hluta ríkisins í styrkhæfum fjármagnskostnaði, en á móti koma 84,8 m.kr. sem óráðstafað var af fjárveitingum frá fyrra ári. Er því af hálfu ríkisins gert ráð fyrir að verja alls 586,1 m.kr. til nýrra hafnarframkvæmda á árinu 1993.

Þegar fjárveitingar ársins 1993 lágu fyrir voru tillögur Hafnamálastofnunar teknar til endurskoðunar. Vegna þess að enn vantar tæpar 360 m.kr. til að gera upp þegar samþykkta kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í framkvæmdum fyrri ára var aðeins að takmörkuðu leyti hægt að taka tillit til óska sem bárust um auknar framkvæmdir.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á verðlagi febrúarmánaðar 1993 (byggingarvísitala 189,8 stig).

II. Uppgjör eldri framkvæmda.

Eftirfarandi er skrá yfir óuppgerðan hluta ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði vegna framkvæmda á árinu 1992 eða fyrr er kemur til greiðslu af fjárveitingum 1994 eða síðar. Tölurnar eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri Hafnamálastofnunar ríkisins frá því í desember 1992.

a. Uppgjör sem frestað var við gerð fjárlaga ársins 1993, en gert ráð fyrir að komi til greiðslu árin 1994–1996 (í millj. kr.):

Höfn	Upphæð
1. Patreksfjörður	8,0
2. Ísafjörður	27,5
3. Akureyri	20,0
4. Sandgerði	12,2
5. Hafnir	0,6
6. Keflavík-Njarðvík	19,0
7. Hafnarfjörður	25,5
Samtals ríkishluti til greiðslu 1994	**112,8**

b. Uppgjör lána sem tekin hafa verið með samþykki ráðuneytisins og fjárlaganefndar vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdum. Neðangreindar upphæðir eru árlegar afborganir án fjármagnskostnaðar:

Höfn	1994	1995	1996	1997–99	Samtals óuppg. lán
1. Norðurfjörður	0,9				0,9
2. Grímsey	4,0	4,0			8,0
3. Húsavík	30,0				30,0
4. Sandgerði	34,4	34,4	34,4	103,1	206,3
Afborganir samtals	**69,3**	**38,4**	**34,4**	**103,1**	**245,2**

III. Frumrannsóknir.

Í 26. gr. hafnalaga er kveðið á um að ríkissjóður greiði 100% kostnaðar við frumrannsóknir. Á fjárlögum ársins 1993 er undir liðnum Hafnarannsóknir og mælingar veitt 28.500 þús. kr. til frumrannsókna. Að auki eru veittar 4.000 þús. kr. til kaupa á rannsóknartækjum. Gert er ráð fyrir að árleg fjárveiting til frumrannsókna verði svipuð upphæð út áætlunartímabilið.

Með frumrannsóknum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, rannsóknir á byggingarefnum (t.d. á grjóti í brimvarnargarða), öldurannsóknir, straumfræðirannsóknir, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir. Þegar rannsóknir eru komnar á það stig að unnt er að taka ákvörðun um staðsetningu mannvirkis, gerð og byggingarefni telst frumrannsóknum lokið.

Öldumælingar eru yfirleitt tímafrekasti þáttur frumrannsókna og geta þær tekið 2–5 ár, allt eftir veðurfari. Veturinn 1992–1993 hafa verið í gangi öldumælingar við Keilisnes og Höfn í Hornafirði. Á áætlunartímabilinu eru áformaðar öldumælingar við Grindavík, Dalvík, Stöðvarfjörð og Arnarstapa.

Úthafsöldumælingar eru undirstaða öldumælinga við hafnir og hafa þær verið framkvæmdar á þremur stöðum við landið undanfarin ár, á Grímseyjarsundi, við Suðurland og vestur af Garðskaga. Ætlunin er að halda þessum mælingum áfram.

Í töflu 2, Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum, eru merktar með *) þær framkvæmdir sem háðar eru niðurstöðu líkantilrauna. Gert er ráð fyrir að vinna að líkantilraunum í rannsóknastöð Hafnamálastofnunar við eftirtaldar hafnir: Keilisnes (1993), Keflavík-smábátahöfn (1993), Djúpivogur (1993), Dalvík (1993), Höfn í Hornafirði (1993–1994), Reykjavíkurhöfn (1994), Hrísey (1994), Ísafjörður (1994–1995) og Grindavík (1995). Þá verður unnið að nauðsynlegum líkantilraunum í öðrum höfnum eftir því sem framkvæmdir gefa tilefni til.

Á Reyðarfirði og við Eyjafjörð er ætlunin að kanna hafnarstæði með tilliti til byggingar hafna fyrir stóriðjuver. Þá er áformað að vinna að botn- og jarðvegsrannsóknum á Djúpavogi og í Grindavík vegna óska um bætta innsiglingu.

Í apríl 1990 samþykkti Alþingi þingsályktun um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð. Þar var lagt til að Hafnamálastofnun ríkisins hraðaði rannsókn á innsiglingunni um Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð. Í framhaldi af því hefur verið unnið að rannsóknum samkvæmt rannsóknaáætlun. Í ár er ætlunin að ljúka gerð tölvulíkans sem fæst við strauma í ósnum og inn Hornafjörð og Skarðsfjörð við mismunandi ytri skilyrði. Þá er eftir að ljúka botnrannsóknum í innsiglingunni að Höfn. Líkan verður síðan byggt, eins og áður er getið, til að finna hagkvæmustu og öruggustu lausn á skipaleið um Hornafjarðarós.

Í samvinnu við nokkra innlenda aðila verður haldið áfram að þróa búnað til að veita sjófarendum upplýsingar um veðurlag, sjólag og strauma í og við hafnir. Fyrstu tækin verða sett upp á Höfn í Hornafirði og Grindavík. Annað samvinnuverkefni er þróun sjávarborðsmæla og uppsetning mælinets sem nota má til að fylgjast með langtímabreytingum á stöðu sjávarborðs við Ísland. Stefnt er að því að koma upp slíkum mælum í 10 til 15 höfnum.

IV. Kostnaðarskipting milli ríkis og hafnarsjóða.

Fjallað er um meðferð umsókna um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda í 27. gr. hafnalaga, nr. 69/1984. Greinin er svohljóðandi:

„Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag skv. 26. gr. verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tölul. 31. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar."

Í reglugerð um hafnamál, nr. 494/1986, er kveðið nánar á um kostnaðarskiptingu milli ríkis og hafnarsjóðs í 8. gr. og 17. gr. Þar kemur fram að í hafnaáætlun skuli, auk áætlunar um stofnkostnað mannvirkja, sett fram tillaga um kostnaðarskiptinguna og hvað framlag ríkissjóðs skuli skert frá almennu reglunni. Þessa tillögu skal byggja á verklagsreglum sem hafnaráð hefur samþykkt.

Við ákvörðun á greiðsluþáttöku ríkissjóðs hefur undanfarin þrjú ár verið stuðst við verklagsreglur sem hafnaráð samþykkti 21. mars 1989.

Nú þegar nýtt frumvarp til hafnalaga liggur fyrir Alþingi hefur verið ákveðið að endurskoða verklagsreglurnar. Þeirri endurskoðun er ekki hægt að ljúka fyrr en séð verður hvort hafnalögum verður breytt og þá hvernig.

Þrátt fyrir þetta óhagræði er nauðsynlegt að fyrir liggi stefna um hvaða framkvæmdir í hafnamálum ríkið mun taka þátt í að fjármagna á næstu árum þannig að hægt verði að undirbúa framkvæmdir með skipulegum hætti. Því er þessi áætlun lögð fram þótt takmörkuð sé hvað greiðsluþátttöku ríkissjóðs varðar.

Fylgiskjal I.

Tafla yfir ráðstöfun fjárveitinga 1993 og tölur til uppgjörs 1994 og síðar.
(Tölur í m.kr.)

Kjördæmi: Höfn	Fjárv. geymd frá f. ári	Fjárveiting á fjárlögum 1993	Ráðstöfun fjárveitingar 1993		Til uppgjörs 1994 og síðar (án fjármagnskostn.)
			Til framkvæmda	Til uppgjörs eldri framkv.	
Vesturland:					
Grundartangi					
Akranes		19,6	19,1	0,5	
Borgarnes	0,5				
Arnarstapi					
Rifshöfn		9,9	9,9		
Ólafsvík	0,9	3,8	4,7		
Grundarfjörður		13,3	12,1	1,2	
Stykkishólmur		12,8	9,8	3,0	
Búðardalur					
	1,4	**59,4**	**55,6**	**4,7**	**0,0**
Vestfirðir:					
Reykhólahöfn	0,1				
Brjánslækur					
Patreksfjörður		9,2		9,2	8,0
Tálknafjörður		8,5	8,0	0,5	
Bíldudalur		11,6	11,6		
Þingeyri		0,9		0,9	
Flateyri	0,2				(0,2)
Suðureyri	0,5				(0,5)
Bolungarvík		61,9	61,9		
Ísafjörður		29,2		29,2	27,5
Súðavík		0,2		0,2	
Norðurfjörður		6,8		6,8	0,9
Drangsnes		0,1		0,1	
Hólmavík		6,6	5,3	1,3	
	0,8	**135,0**	**86,8**	**48,2**	**35,7**
Norðurland vestra:					
Hvammstangi		0,6		0,6	
Blönduós	18,3	50,0	68,3		
Skagaströnd		16,2	4,4	11,8	
Sauðárkrókur	13,4	35,6	49,0		
Hofsós	0,4				(0,4)
Haganesvík		0,5		0,5	
Siglufjörður		8,1		8,1	
	32,1	**111,0**	**121,7**	**21,0**	**(0,4)**

Kjördæmi: Höfn	Fjárv. geymd frá f. ári	Fjárveiting á fjárlögum 1993	Ráðstöfun fjárveitingar 1993		Til uppgjörs 1994 og síðar (án fjármagnskostn.)
			Til framkvæmda	Til uppgjörs eldri framkv.	
Norðurland eystra:					
Ólafsfjörður		27,5	25,7	1,8	
Dalvík		13,0	5,3	7,7	
Hrísey	0,2				(0,2)
Árskógshreppur		28,0	26,9	1,1	
Hjalteyri					
Akureyri		21,7		21,7	20,0
Svalbarðseyri					
Grenivík		3,0		3,0	
Grímsey		19,3	13,9	5,4	8,0
Húsavík	9,0	61,4	70,4		31,0
Tjörneshöfn					
Kópasker		2,2	2,2		
Raufarhöfn	0,5	2,6	3,1		
Þórshöfn	1,5				(1,5)
	11,2	**178,7**	**147,5**	**40,7**	**57,3**
Austurland:					
Bakkafjörður		3,1		3,1	
Vopnafjörður	0,4	3,2	3,6		
Borgarfj.eystri		11,7	11,5	0,2	
Seyðisfjörður		6,8		6,8	
Neskaupstaður		8,7	6,4	2,3	
Eskifjörður		22,0	22,0		
Reyðarfjörður	8,2	11,4	19,6		
Fáskrúðsfjörður		1,7		1,7	
Stöðvarfjörður		5,7	4,4	1,3	
Breiðdalsvík		22,8	22,8		
Djúpivogur	0,9	0,5	1,4		
Hornafjörður		4,7	4,7		
	9,5	**102,3**	**96,4**	**15,4**	**0,0**
Suðurland:					
Vestmannaeyjar		61,0	22,5	38,5	
Þorlákshöfn		16,4	9,0	7,4	
	0,0	**77,4**	**31,5**	**45,9**	**0,0**
Reykjanes					
Grindavík	30,2	10,8	41,0		
Hafnir Höfnum					0,6
Sandgerði		46,7		46,7	218,5
Garður					
Keflav./Njarðvík		21,5		21,5	19,0
Vogar	1,7		1,7		
Hafnafjörður		26,5		26,5	25,5
Garðabær					
Kópavogur					
	31,9	**105,5**	**42,7**	**94,7**	**263,6**
Óskipt til hafna	1,6	2,6	4,2		(0,2)
Samtals allt landið	**88,5**	**771,9**	**586,3**	**270,6**	**356,2**

Fylgiskjal II.

Áætluð fjárveitingaþörf ríkisins 1993–1996.

Miðað er við kostnaðarskiptingu samkvæmt frumvarpi til nýrra hafnalaga.
(Með fyrirvara um að ólokið er endurskoðun á verklagsreglum skv. 27. gr. hafnalaga.)

Kjördæmi / Höfn	Fjárveitingaþörf til hafna hvert ár			Samtals
	1993 Nýfrkv. +uppgj.	1994 Nýfrkv. + uppgj.	1995 - '96 Nýfrkv. + uppgj.	1993-1996
Vesturland				
Grundartangi	0,0	0,0	18,0	**18,0**
Akranes	19,6	12,6	28,5	**60,7**
Borgarnes	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Arnarstapi	0,0	0,4	3,0	**3,4**
Rifshöfn	9,9	20,3	9,8	**40,0**
Ólafsvík	3,8	0,0	44,5	**48,3**
Grundarfjörður	13,3	3,5	7,6	**24,4**
Stykkishólmur	12,8	14,0	18,7	**45,5**
Búðardalur	0,0	0,0	0,0	**0,0**
	59,4	**50,8**	**130,1**	**240,3**
Vestfirðir				
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Brjánslækur	0,0	0,0	13,0	**13,0**
Patreksfjörður	9,2	14,1	20,8	**44,1**
Tálknafjörður	8,5	0,0	34,3	**42,9**
Bíldudalur	11,6	0,0	0,0	**11,6**
Þingeyri	0,9	0,0	11,2	**12,1**
Flateyri	0,0	5,6	35,0	**40,6**
Suðureyri	0,0	0,0	10,8	**10,8**
Bolungarvík	61,9	10,1	13,1	**85,1**
Ísafjörður	29,2	83,5	76,2	**189,0**
Súðavík	0,2	3,4	11,3	**14,8**
Norðurfjörður	6,8	0,9	1,3	**9,0**
Drangsnes	0,1	3,0	0,0	**3,1**
Hólmavík	6,6	14,2	17,9	**38,7**
	135,0	**134,8**	**245,0**	**514,8**
Norðurland vestra				
Hvammstangi	0,6	0,0	26,0	**26,6**
Blönduós	50,0	36,8	26,9	**113,7**
Skagaströnd	16,2	4,3	25,2	**45,7**
Sauðárkrókur	35,6	31,9	64,3	**131,8**
Hofsós	0,0	7,8	4,3	**12,1**
Haganesvík	0,5	0,0	0,0	**0,5**
Siglufjörður	8,1	8,4	5,5	**22,0**
	111,0	**89,2**	**152,2**	**352,4**

Kjördæmi / Höfn	Fjárveiting á port til hafna hvert ár 1993 Nýfrkv. +uppgj.	1994 Nýfrkv. + uppgj.	1995 - '96 Nýfrkv. + uppgj.	Samtals 1993-1996
Norðurland eystra				
Ólafsfjörður	27,5	56,1	23,1	**106,7**
Dalvík	13,0	0,0	151,0	**164,0**
Hrísey	0,0	16,1	35,5	**51,6**
Árskógshreppur	28,0	2,7	3,3	**34,0**
Hjalteyri	0,0	0,4	0,0	**0,4**
Akureyri	21,7	30,1	41,1	**92,9**
Svalbarðseyri	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Grenivík	3,0	0,0	31,5	**34,5**
Grímsey	19,3	4,0	10,0	**33,3**
Húsavík	61,4	31,2	71,3	**163,9**
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Kópasker	2,2	2,4	0,0	**4,6**
Raufarhöfn	2,6	8,7	5,5	**16,8**
Þórshöfn	0,0	29,1	23,5	**52,6**
	178,7	**180,8**	**395,8**	**755,3**
Austurland				
Bakkafjörður	3,1	7,7	0,0	**10,8**
Vopnafjörður	3,2	1,5	6,4	**11,1**
Borgarfjörður eystri	11,7	0,6	23,6	**35,9**
Seyðisfjörður	6,8	3,5	43,0	**53,3**
Neskaupstaður	8,7	14,7	30,8	**54,2**
Eskifjörður	22,0	23,2	8,3	**53,5**
Reyðarfjörður	11,4	4,4	0,0	**15,8**
Fáskrúðsfjörður	1,7	1,2	28,1	**31,0**
Stöðvarfjörður	5,7	0,0	4,4	**10,1**
Breiðdalsvík	22,8	19,2	6,2	**48,2**
Djúpivogur	0,5	13,8	55,0	**69,3**
Hornafjörður	4,7	36,4	34,6	**75,7**
	102,3	**126,2**	**240,4**	**468,9**
Suðurland				
Vestmannaeyjar	61,0	45,1	47,0	**153,1**
Þorlákshöfn	16,4	7,3	9,7	**33,4**
	77,4	**52,4**	**56,7**	**186,5**
Reykjanes				
Grindavík	10,8	50,1	64,6	**125,5**
Sandgerði	46,7	46,6	119,4	**212,7**
- " - fjármk.	25,1	24,7	40,4	**90,2**
Garður	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Keflavík/Njarðvík	21,5	16,2	62,2	**99,9**
Vogar	0,0	1,9	2,2	**4,1**
Hafnarfjörður	26,5	20,1	25,5	**72,1**
Garðabær	0,0	0,0	0,0	**0,0**
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	**0,0**
	130,6	**159,6**	**314,3**	**604,5**
Ýmsar frkv., óskipt	2,6	3,2	6,4	**12,2**
Samtals allt landið:	**797,0**	**797,0**	**1.540,9**	**3.134,9**

Fylgiskjal III.

Hafnasamband sveitarfélaga,
Gylfi Ísaksson verkfræðingur:

Tekjur og gjöld allra hafna 1991.
Úr Fjárhagur og gjaldskrár hafna, október 1992.

d)

(Ath. Nokkrar hafnir eru með bráðabirgðauppgjör. Tölur frá einum hafnasjóði, Arnarstapa, eru áætlaðar)

70 hafnir árið 1991	1% aflagj.	1 Tekjur	2 Gjöld	3 Framlegð = 1-2	4 Vext+afb.	5 Afgangur = 3-4	Innheimta á sérstöku vörugj. Yfirl. Hafnamálast. tímabilið 31/1-31/10 '92 skv. uppgj. 31/12 '92
	a)						
	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.
1. Akranes	(11.596)	44.578	24.421	20.157	1.450	18.707	3.437
2. Akureyri	(21.840)	75.276	42.803	32.473	5.500	26.973	4.164
3. Bolungarvík	(6.980)	15.309	11.429	3.880	9.500	-5.620 b)	632
4. Dalvík	(5.948)	20.202	12.657	7.545	12.000	-4.455	1.116
5. Eskifjörður	(5.415)	17.172	10.905	6.267	0	6.267	1.106
6. Grundarfjörður	(5.883)	10.490	8.675	1.815	650	1.165	96
7. Hafnarfjörður	(32.079)	110.967	66.954	44.013	18.850	25.163	5.057
8. Húsavík	(5.735)	22.189	11.652	10.537	3.900	6.637	1.229
9. Höfn	(16.844)	34.889	24.251	10.638	1.200	9.438	1.207
10. Ísafjörður	(17.083)	51.493	31.804	19.689	1.000	18.689	2.212
11. Ólafsvík	(8.036)	13.628	11.925	1.703	2.240	-537	249
12. Sandgerði	(17.688)	33.512	20.857	12.655	5.600	7.055	144
13. Sauðárkrókur	(4.158)	17.065	11.676	5.389	2.200	3.189	1.018
14. Vopnafjörður	(2.979)	6.508	4.870	1.638	1.100	538	428
15. Þingeyri	(2.391)	6.743	3.385	3.358	1.100	2.258	136
1.-15. samtals	**(164.655)**	**480.021**	**298.264**	**181.757**	**66.290**	**115.467**	**22.231**
16. Arnarst.Breiðav.	(200)	700	700	0	0	0	0
17. Árskógs.Hauganes	(957)	2.077	1.664	413	700	-287	0
18. Bakkafjörður	(1.002)	1.622	2.268	-646	200	-846	22
19. Bíldudalur	(2.121)	5.278	2.665	2.613	300	2.313	24
20. Blönduós	(318)	1.189	874	315	500	-185	166
21. Borgarfj(eystri)	(300)	631	476	155	0	155	0
22. Borgarnes	(0)	170	496	-326	380	-706	0
23. Breiðdalsvík	(2.191)	3.295	3.510	-215	350	-565	58
24. Djúpivogur	(2.400)	4.876	4.809	67	470	-403	85
25. Eyrarbakki						lögð niður	0
26. Fáskrúðsfjörður	(4.553)	10.621	9.130	1.491	1.000	491	214
27. Flateyri	(2.800)	5.182	4.353	829	400	429	5
28. Grenivík	(1.567)	2.294	1.423	871	600	271	10
29. Grindavík	(22.540)	41.818	21.143	20.675	200	20.475	710
30. Grímsey	(954)	1.250	543	707	100	607	86
31. Grundartangi	(0)	21.313	2.301	19.012	5.850	13.162	2.949
32. Hjalteyri	(55)	90	368	-278	75	-353	0
33. Hofsós	(159)	317	1.148	-831	450	-1.281	0
34. Hólmavík	(2.639)	4.280	3.612	668	500	168	35
35. Hrísey	(1.884)	7.959	2.396	5.563	340	5.223	270
36. Hvammstangi	(1.878)	3.494	2.692	802	350	452	77

70 hafnir árið 1991	1% aflagj.	1 Tekjur	2 Gjöld	3 Framlegð = 1-2	4 Vext+afb.	5 Afgangur = 3-4	Innh. á sérstöku vörugjaldi skv. uppgj. 31/12'92
	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.
37. Kópasker	(400)	588	768	-180	200	-380	0
38. Kópavogur	(0)	2.991	1.012	1.979	0	1.979	0
39. Neskaupstaður	(9.048)	20.643	14.159	6.484	400	6.084	1.533
40. Ólafsfjörður	(7.194)	13.740	10.035	3.705	1.800	1.905	256
41. Patreksfjörður	(3.970)	12.883	11.130	1.753	900	853	220
42. Raufarhöfn	(2.710)	4.998	4.947	51	500	-449	854
43. Reyðarfjörður	(2.108)	9.087	7.494	1.593	500	1.093	977
44. Reykhólahöfn	(0)	584	497	87	0	87	0
45. Seyðisfjörður	(3.119)	10.171	6.865	3.306	3.000	306	1.305
46. Siglufjörður	(6.813)	14.868	13.612	1.256	250	1.006	1.238
47. Skagaströnd	(7.920)	14.890	6.686	8.204	3.000	5.204	135
48. Stokkseyri	(0)	0	80	-80	0	-80	0
49. Stykkishólmur	(4.870)	15.590	10.917	4.673	5.200	-527	40
50. Stöðvarfjörður	(1.800)	2.873	2.990	-117	800	-917	87
51. Suðureyri	(1.828)	5.276	2.335	2.941	645	2.296	28
52. Súðavík	(4.000)	6.148	2.156	3.992	800	3.192	63
53. Svalbarðseyri	(0)	0	71	-71	0	-71	0
54. Tálknafjörður	(3.171)	7.009	4.480	2.529	1.000	1.529	163
55. Vestmannaeyjar	(36.392)	108.825	55.383	53.442	43.000	10.442	2.694
56. Vogahöfn	(0)	417	500	-83	500	-583	0
57. Þórshöfn	(4.453)	9.798	3.704	6.094	500	5.594	144
1.-57. alls	**(312.969)**	**859.856**	**524.656**	**335.200**	**142.054**	**193.146**	**36.679**
58. Reykjavíkurhöfn	(30.141)	636.631	386.520	250.111	60.078	190.033	54.561
59. Keflavík/Njarðv.	(12.537)	47.606	35.632	11.974	3.000	8.974 c)	1.885
60. Rifshöfn	(6.949)	12.285	10.878	1.407	950	457	149
61. Þorlákshöfn	(19.926)	39.632	28.199	11.433	10	11.423	127
62. Brjánsl.Barðastr.	(333)	1.469	929	540	70	470	35
63. Drangsnes,Kaldrn.hr.	(1.146)	1.491	1.103	388	0	388	3
64. Garðabær	(0)	0	0	0	0	0	0
65. Garður	(0)	54	359	-305	250	-555	0
66. Hafnir	(100)	774	1.557	-783	0	-783	0
67. Haganesvík	(0)	0	166	-166	0		0
68. Árneshreppur	(69)	355	426	-71	0	-71	2
69. Tjörneshöfn	(12)	19	69	-50	0	-50	0
70. Örlygshöfn	(0)	0	10	-10	0	-10	0
1.-70. alls = Allar hafnir 1991	**(384.182)**	**1.600.172**	**990.504**	**609.668**	**206.412**	**403.422**	**93.441**
Allar hafnir 1990	(272.930)	1.410.090	880.869	529.221	216.399	312.822	

Skýringar:

a) Dálkur 4 er skv. lánaskrá Hafnamálastofnunar og ársreikningum hafnasjóðanna.

b) + 1.920 þús. v. 0,275% viðbótaraflagjald Bolungarvík. Afgangur verður því -3.700 þús.

c) + 6.240 þús. framlag Keflavíkurbæjar. Afgangur verður því 15.214 þús.

d) Þessi dálkur er yfirlit Hafnamálastofnunar yfir innheimtu sérstaks vörugjalds hjá höfnunum. Nokkrar hafnir (Flateyri, Norðurfjörður, Borgarfj. eystri) hafa ekki skilað skýrslum f. allt tímabilið

Fskj. 1.

Upplýsingar um afla, aflaverðmæti og flutninga um hafnir.

Höfn	Íbúar	Landaður afli			Aflaverðmæti			Flutningar
		Árið 1992	Meðaltal síðustu 5 ár		Árið 1992	Meðaltal síðustu 5 ár		Lestað
	1. des. 1992	(tonn)	(tonn)	% af heild	m.kr.	m.kr	% af heild	+ losað (tonn)
1 Grundartangi	1.367	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	257.625
2 Akranes	5.261	76.955	55.884	*3,93%*	1.862	1.775	*3,29%*	243.309
3 Borgarnes	1.782			*0,00%*			*0,00%*	0
4 Arnarstapi/Helln.	50	365	358	*0,03%*	28	31	*0,06%*	0
5 Rif	625	10.149	9.923	*0,70%*	787	857	*1,59%*	8.000 *
6 Ólafsvík	1.110	15.044	16.353	*1,15%*	1.161	1.370	*2,54%*	13.000 *
7 Grundarfjörður	855	12.546	13.132	*0,92%*	834	897	*1,66%*	5.239
8 Stykkishólmur	1.232	14.058	11.440	*0,81%*	623	517	*0,96%*	3.732
9 Búðardalur	369			*0,00%*			*0,00%*	0
10 Reykhólar	357			*0,00%*			*0,00%*	1.500 *
11 Brjánslækur	138	747	250	*0,02%*	26	9	*0,02%*	1.500 *
12 Patreksfjörður	914	8.942	8.666	*0,61%*	643	717	*1,33%*	16.000 *
13 Tálknafjörður	367	5.655	6.147	*0,43%*	428	493	*0,91%*	7.886
14 Bíldudalur	351	3.271	4.328	*0,30%*	247	329	*0,61%*	3.892
15 Þingeyri	485	7.223	6.339	*0,45%*	534	499	*0,92%*	6.000 *
16 Flateyri	400	5.652	6.000	*0,42%*	408	459	*0,85%*	5.334
17 Suðureyri	322	2.859	4.998	*0,35%*	208	394	*0,73%*	2.760
18 Bolungarvík	1.195	29.291	28.256	*1,99%*	1.009	1.072	*1,98%*	14.276
19 Ísafjörður	3.490	25.631	28.762	*2,02%*	2.003	2.319	*4,29%*	62.000 *
20 Súðavík	232	6.707	6.408	*0,45%*	554	521	*0,96%*	2.504
21 Norðurfjörður	109			*0,00%*			*0,00%*	600
22 Drangsnes	160	1.220	1.012	*0,07%*	109	94	*0,17%*	336
23 Hólmavík	502	3.891	4.891	*0,34%*	326	408	*0,76%*	4.676
24 Hvammstangi	692	2.774	2.137	*0,15%*	242	179	*0,33%*	4.765
25 Blönduós	1.063	967	1.312	*0,09%*	97	117	*0,22%*	6.000 *
26 Skagaströnd	672	9.162	11.618	*0,82%*	727	979	*1,81%*	9.267
27 Sauðárkrókur	2.652	7.684	9.603	*0,68%*	576	780	*1,44%*	32.824
28 Hofsós	403	804	523	*0,04%*	64	45	*0,08%*	1.500 *
29 Haganesvík	163			*0,00%*			*0,00%*	0
30 Siglufjörður	1.749	93.556	71.026	*5,00%*	1.397	1.323	*2,45%*	15.969
31 Ólafsfjörður	1.201	15.556	18.450	*1,30%*	1.062	1.218	*2,26%*	11.340
32 Dalvík	1.504	13.846	13.842	*0,97%*	1.123	1.152	*2,13%*	42.459
33 Hrísey	261	2.415	3.494	*0,25%*	183	302	*0,56%*	9.508
34 Árskógss/Haugan.	379	3.020	3.313	*0,23%*	246	288	*0,53%*	0 *
35 Hjalteyri	226	68	97	*0,01%*	5	8	*0,01%*	0
36 Akureyri	14.671	74.911	63.637	*4,48%*	3.242	3.128	*5,79%*	167.699
37 Svalbarðseyri	340			*0,00%*			*0,00%*	0
38 Grenivík	423	2.102	2.530	*0,18%*	158	217	*0,40%*	1.200 *
39 Grímsey	122	2.593	2.283	*0,16%*	184	175	*0,32%*	3.500 *
40 Húsavík	2.465	9.832	9.921	*0,70%*	828	845	*1,56%*	55.529
41 Tjörneshöfn	89			*0,00%*			*0,00%*	0
42 Kópasker	384	709	609	*0,04%*	67	57	*0,10%*	0 *
43 Raufarhöfn	372	63.930	42.953	*3,02%*	541	600	*1,11%*	7.906
44 Þórshöfn	433	53.058	37.172	*2,62%*	606	562	*1,04%*	12.000 *

Höfn	Íbúar	Landaður afli			Aflaverðmæti			Flutningar
		Árið 1992	Meðaltal síðustu 5 ár		Árið 1992	Meðaltal síðustu 5 ár		Lestað
	1. des. 1992	(tonn)	(tonn)	% af heild	m.kr.	m.kr	% af heild	+ losað (tonn)
45 Bakkafjörður	132	867	1.610	*0,11%*	64	142	*0,26%*	1.000 *
46 Vopnafjörður	888	25.676	17.326	*1,22%*	492	534	*0,99%*	13.000 *
47 Borgafjörður e.	201	459	970	*0,07%*	37	82	*0,15%*	600 *
48 Seyðisfjörður	894	116.872	97.700	*6,88%*	807	848	*1,57%*	19.010
49 Neskaupstaður	1.636	109.726	92.388	*6,50%*	1.200	1.464	*2,71%*	28.502
50 Eskifjörður	1.059	109.633	91.094	*6,41%*	1.116	1.015	*1,88%*	26.510
51 Reyðarfjörður	742	39.113	35.878	*2,52%*	520	501	*0,93%*	45.000 *
52 Fáskrúðsfjörður	720	11.291	11.672	*0,82%*	664	696	*1,29%*	13.452
53 Stöðvarfjörður	318	3.206	4.054	*0,29%*	235	305	*0,56%*	4.340
54 Breiðdalsvík	332	1.897	4.214	*0,30%*	126	281	*0,52%*	3.719
55 Djúpivogur	590	5.031	5.884	*0,41%*	280	339	*0,63%*	6.849
56 Höfn	1.748	39.866	44.267	*3,12%*	1.566	1.563	*2,89%*	41.498
57 Vestmannaeyjar	4.867	164.808	159.691	*11,24%*	3.949	4.464	*8,26%*	111.300
58 Stokkseyri	546	0	85	*0,01%*	0	7	*0,01%*	0
59 Eyrarbakki (lögð af '92)	543	0	4	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0
60 Þorlákshöfn	1.599	28.928	32.141	*2,26%*	1.991	2.197	*4,07%*	26.973
61 Grindavík	2.184	86.365	71.082	*5,00%*	2.442	2.245	*4,16%*	11.346
62 Hafnir	107	137	167	*0,01%*	9	12	*0,02%*	0
63 Sandgerði	1.347	42.112	36.249	*2,55%*	2.212	2.119	*3,92%*	1.604
64 Garður	1.112	335	136	*0,01%*	23	11	*0,02%*	0
65 Keflavík/Njarðv.	10.076	19.828	25.844	*1,82%*	1.135	1.532	*2,84%*	104.249
66 Vogar	665	71	112	*0,01%*	5	10	*0,02%*	0
67 Hafnarfjörður	16.110	42.491	50.773	*3,57%*	3.181	3.269	*6,05%*	173.274
68 /Straumsvík								331.962
69 Garðabær	7.372	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0
70 Kópavogur	16.840			*0,00%*			*0,00%*	0
71 Reykjavík	100.865	69.284	66.706	*4,69%*	3.522	3.141	*5,81%*	1.975.793
Erlendis		32.527	63.349	*4,46%*	1.799	2.501	*4,63%*	
		1.537.716	**1.421.061**	***100%***	**50.514**	**54.015**	***100%***	**3.981.616**

Skýringar

Landaður afli: Tölur um landaðan afla í hverri höfn eru skv. bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands. Á nokkrum stöðum (Borgarnes, Búðardalur, Reykhólar, Norðurfjörður, Haganesvík, Svalbarðseyri, Tjörneshöfn, Kópavogur) skráir Fiskifélagið ekki afla, en heimamenn gefa upp að þar sé landað bolfisk og grásleppuhrognum í einhverju magni. (20-50 t.)

Aflaverðmæti: Tölur um aflaverðmæti eru fengnar með því að margfalda magn einstakra tegunda með verðmæti uppúr sjó skv. virðisyfirliti Fiskifélagsins (ág. 1992)

Flutningar: Vöruflutningar um hafnir eru skv. upplýsingum frá höfnunum fyrir árið 1991. Á nokkrum stöðum eru ekki tiltækar upplýsingar fyrir árið 1991. Talan er þá áætluð út frá eldri upplýsingum og merkt með stjörnu (*).

1163. Svar [581. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um snjómokstur á Möðrudalsöræfum og Norðausturvegi og Hellisheiði til Vopnafjarðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða reglur er fyrirhugað að gildi veturinn 1993–1994 um snjómokstur:

a. á Austurlandsvegi (vegi 1) milli Jökuldals og Mývatnssveitar,

b. á Norðausturvegi (vegi 85) frá Möðrudal til Vopnafjarðar,

c. á Hlíðarvegi (vegi 917) um Hellisheiði til Vopnafjarðar?

Fram til þessa hafa þessar leiðir ekki verið mokaðar reglulega á vetrum.

Leiðir a og b, milli Jökuldals og Mývatnssveitar og um Vopnafjarðarheiði, eru að jafnaði lokaðar á tímabilinu frá miðjum desember og fram í maíbyrjun og leið c, um Hellisheiði, frá nóvember og fram í júní.

Vegna breyttra aðstæðna hafa þessar leiðir verið opnaðar í vetur í tilraunaskyni til að fá reynslu og yfirsýn um umfang og árangur af vetraropnun á þessum leiðum.

Vegurinn um Mývatns- og Möðrudalsöræfi var mokaður vikulega í vetur eftir miðjan febrúar, alls 12 sinnum á 24 vinnudögum og er heildarkostnaður nú orðinn um 5,5 millj. kr. Síðustu fjórir til fimm vetur hafa verið óvenju snjóléttir á þessum slóðum og var vegurinn lengst af jeppafær veturinn 1991–1992.

Vegurinn um Vopnafjarðarheiði var lengi jeppafær í fyrravetur vegna hagstæðrar veðráttu og það án þess að mokað væri, en ekið var ofan á snjó á stöku stað. Í vetur hefur leiðin oft verið jeppafær af sömu ástæðum en 10.–11. mars var vegurinn opnaður í tilraunaskyni og hélst þá opinn í viku. Eftir það hefur leiðin verið lokuð, en var opnuð aftur 2. apríl. Kostnaður við þennan mokstur er nú orðinn um 600 þús. kr.

Eftir að uppbyggingu vegar um Hellisheiði lauk hefur það sýnt sig að þegar snjólétt er virðist mögulegt að opna veginn með tiltölulega litlum kostnaði. Þann 5. febrúar var heiðin opnuð í tilraunaskyni og kostaði sú opnun um 200 þús. kr. Eftir það hefur verið mokað þrisvar sinnum og er heildarkostnaður nú orðinn 700 þús. kr. Þar af hafa heimaaðilar greitt um 250 þús. kr. Með þessum aðgerðum hefur vegurinn haldist nokkuð lengi jeppafær, m.a. vegna óvenju hagstæðs tíðarfars.

Ekkert hefur enn verið ákveðið um snjómokstur á þessum leiðum næsta vetur enda stendur endurskoðun á snjómokstursreglum fyrir dyrum og er þegar farið að vinna að henni.

1164. Svar [493. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um breytingar á reglum lífeyrissjóða um lífeyrisskuldbindingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða breytingar voru gerðar á reglum um útgreiðslur lífeyris hjá einstökum lífeyrissjóðum á árunum 1985–1992, að báðum árum meðtöldum?

Í svari við fyrirspurninni verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á reglum um elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri í reglugerðum einstakra lífeyrissjóða, svo og reglum um grundvöll lífeyrisréttinda og fjárhæð lífeyris. Jafnframt verður gerð grein fyrir breytingum hjá sjóðum sem starfa samkvæmt lögum þar sem það á við. Í svarinu er gerð grein fyrir þeim breytingum sem einstakir sjóðir hafa gert á reglugerðum sínum á framangreindu árabili og staðfestar hafa verið af ráðuneytinu en sumar þessara breytinga öðlast ekki gildi fyrr en um mitt þetta ár.

1. Lífeyrissjóðir sem aðild eiga að Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir, sem eru í sambandinu, starfa samkvæmt samræmdri reglugerð. Þeir hafa á síðustu árum gert nokkrar breytingar sem snerta lífeyrisréttindi.

Á árinu 1991 samþykktu SAL-sjóðir að breyta grundvelli stigaútreiknings þannig að í stað þess að tengja hækkun grundvallarlauna breytingum á launum verkamanna er hækkun grundvallarlauna nú tengd hækkun lánskjaravísitölu.

Á árinu 1992 voru samþykktar breytingar á reglum um makalífeyri og örorkulífeyri en þessar breytingar taka gildi um mitt þetta ár. Breytingarnar felast m.a. í því að makalífeyrisréttur verður gagnkvæmur og réttur til makalífeyris er tengdur aðstæðum maka í meira mæli en áður hefur verið. Breytingarnar eru skýrðar í fskj. I. Loks hefur bráðabirgðaákvæði það, sem tryggir sjóðfélögum í aðildarsjóðum SAL verðtryggðar lífeyrisgreiðslur, verið framlengt reglulega og gildir nú til ársloka 1996.

2. Samvinnulífeyrissjóðurinn.

Samvinnulífeyrissjóðurinn breytti reglugerð sinni á árinu 1985 en þær breytingar voru staðfestar af fjármálaráðuneytinu í ársbyrjun 1986.

Ellilífeyrisaldri var breytt úr 67 árum í 70 ár. Sjóðfélaga er þó heimilt að taka lífeyri frá 65 ára aldri en lífeyririnn skal þá lækka um 0,5% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar á 70 ára aldur.

Ákvæðum um makalífeyri var breytt. Ákvæðin miða að því að makalífeyrir skuli aðeins greiddur ef maki er fæddur fyrir 1940 eða á barn undir 23 ára aldri sem er á framfæri hans. Maki, sem er að minnsta kosti 40% öryrki, fær jafnframt makalífeyri í hlutfalli við örorkuna. Þeir makar, sem fæddir eru eftir 1. janúar 1920 og ekki eiga börn eða eru öryrkjar, sbr. hér að framan, fá ekki greiddan fullan lífeyri. Skerðingin er 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1920 en 8% fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1930. Allir makar fá þó fullan makalífeyri í 18 mánuði eftir andlát sjóðfélaga. Þegar Samvinnulífeyrissjóðurinn breytti sínum reglum höfðu sambærilegar reglur gilt í nokkur ár hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

3. Lífeyrissjóður verslunarmanna.

Í október sl. voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð sjóðsins.

Grundvelli lífeyrisréttinda var breytt þannig að í stað þess að miða stigaútreikning við ákveðinn launaflokk hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur skal útreikningurinn miðast við grundvallarlaun sem taka breytingum miðað við lánskjaravísitölu.

Þá var reglum um makalífeyri breytt og hann aukinn verulega. Þannig fá t.d. allir makar óskertan lífeyri í 24 mánuði en áður var óskertur lífeyrir greiddur í 12 mánuði. Þá hafa aldursmörk lækkunar á makalífeyri verið færð fram um fimm ár þannig að skerðing mun miðast við árin 1925–1945 í stað áranna 1920–1940. Í þeim tilvikum, þar sem um skertar makalífeyrisgreiðslur er að ræða, leiða þessar nýju reglur til þess að greiðsl-

ur til makalífeyrisþega hækka. Þannig munu t.d. greiðslur til maka, sem fæddur er 1930, hækka um 12,5% og greiðslur til maka, sem fæddur er 1935, hækka um 75%. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar 1993.

Framangreindar breytingar eru nánar skýrðar í fskj. II.

4. Lífeyrissjóður KEA.

Á árinu 1987 voru gerðar breytingar á reglum um makalífeyri. Við 12. gr. reglugerðarinnar var bætt nýju ákvæði sem tryggir að óskertur makalífeyrir er greiddur til 23 ára aldurs yngsta barns sem er á framfæri maka. Hér er um sams konar reglu að ræða og áður hafði verið tekin upp hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna og Samvinnulífeyrissjóðnum. Þessi breyting hafði ekki veruleg áhrif á skuldbindingar sjóðsins enda var hér fyrst og fremst um leiðréttingu á misrétti að ræða. Loks hefur sjóðurinn framlengt bráðabirgðaákvæði reglulega en það tryggir lífeyrisþegum verðtryggðan lífeyri.

5. Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands.

Á árinu 1990 var gerð sú meginbreyting á reglugerð sjóðsins að réttindi í sjóðnum urðu verðtryggð með lánskjaravísitölu en þau höfðu ekki verið það áður. Makalífeyri var breytt í svipað horf og hann var í hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna á þeim tíma, þ.e. makinn þarf að fullnægja ákveðnum skilyrðum til þess að öðlast óskertan makalífeyri, t.d. að vera með barn yngra en 19 ára á framfæri sínu eða vera a.m.k. 40% öryrki. Þeir makar, sem fæddir eru fyrir 1930, halda óskertum réttindum. Rétturinn skerðist síðan um 10% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930. Enn fremur öðlast maki aftur rétt til makalífeyris þegar hann verður 67 ára. Réttindi til barnalífeyris voru hins vegar aukin. Barnalífeyrir greiðist nú til 19 ára aldurs barns í stað 18 ára aldurs áður.

6. Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar.

Á árinu 1986 voru gerðar breytingar á reglugerð Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölunnar þannig að makalífeyrir fæst almennt ekki ef maki er yngri en 40 ára við fráfall sjóðfélaga nema hjónin eigi barn innan 18 ára en áður hafði makalífeyrir verið greiddur án tillits til aldurs maka. Þá var jafnframt með þessari reglugerðarbreytingu tekinn upp stigaútreikningur réttinda og aukaiðgjald, 2,5%, sem skiptist milli launþega og vinnuveitenda í sama hlutfalli og iðgjald.

7. Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins.

Á árinu 1987 voru gerðar breytingar á reglugerð sjóðsins. 30 ára reglu í stigaútreikningi var breytt í það horf sem almennt tíðkast, þ.e. miðað er við bestu 30 ár að fullu og afganginn að hálfu. Áður var eingöngu miðað við 30 bestu ár. Hundraðshluti ellilífeyris varð stigafjöldi margfaldaður með 1,5 í stað 2,2 áður. Lífeyrir fór að miðast við grundvallarlaun eins og þau eru á hverjum tíma í stað 60 ára meðaltals. Loks var makalífeyrir skertur þannig að farið var að taka tillit til aðstæðna maka, þ.e. aldurs hans og hvort hann hefði börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu. Sjóðurinn hætti að taka við iðgjöldum 1. janúar sl.

8. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Reglugerðinni var breytt á árinu 1992 og tóku breytingarnar gildi 1. janúar sl. Lífeyrir breytist framvegis með lánskjaravísitölu í stað þess að fylgja launum í tilteknum launaflokki flugstjóra. Almennur lífeyrisaldur verður 63 ár í stað 60 ára áður. Stig margfaldast með 1,8 í stað 2,0 til að finna prósentu ellilífeyris en með 1,08 í stað 1,2 til að fá prósentu makalífeyris. Óvígð sambúð getur orðið grundvöllur makalífeyris. Þá greiðist barnalífeyrir nú til 21 árs aldurs barna í stað 18 ára aldurs áður. Loks var réttur eldri sjóðfélaga, sem áttu skilorðsbundin stig, bættur nokkuð.

9. Eftirlaunasjóður Búnaðarbankans.

Á reglugerð Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbankans var gerð breyting á árinu 1992. Sú breyting varð á réttindum sjóðfélaga að þeir sem hafa innan við sex ára starfsaldur hjá bankanum fá rétt til lífeyris úr sjóðnum miðað við reglugerð SAL en þessir starfsmenn höfðu ekki áður rétt til lífeyris úr sjóðum.

10. Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka.

Á árinu 1988 voru gerðar breytingar á reglugerð sjóðsins. Biðtími vegna makalífeyris var lækkaður úr sex árum í tólf mánuði. Þá eru geymd réttindi nú öll verðtryggð enda sé iðgjaldsgreiðslutíminn a.m.k. eitt ár. Áður voru slík réttindi óverðtryggð nema greidd hefðu verið iðgjöld í a.m.k. 15 ár.

11. Lögbundnir lífeyrissjóðir.

Lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, var breytt á sl. vori, sbr. lög nr. 44/1992. Helsta breyting laganna að því er lífeyrisréttindin varðar er sú að reglum laganna um örorkumat var breytt. Þannig varð meginreglan sú að örorkumat miðast nú við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu fimm árin eftir orkutap skal þó miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi til sjós. Áður var örorkumatið eingöngu miðað við vanhæfni til sjómannsstarfa þannig að menn sem voru vinnufærir til margra starfa í landi gátu fengið fullan örorkulífeyri úr sjóðnum.

Lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, var einnig breytt sl. vor, sbr. lög nr. 33/1992. Grundvelli stigaútreiknings var breytt þannig að í stað grundvallarlauna skal framvegis miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu. Þá var það jafnframt lögfest að ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir skyldi verða verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu eftir að hann hefur verið úrskurðaður. Sjóðurinn hafði þó greitt verðtryggðan lífeyri frá upphafi þótt það hafi ekki verið lögfest.

Að lokum skal þess getið að Lífeyrissjóður bænda breytti grundvelli stigaútreiknings í ársbyrjun 1992 á sama hátt og SAL-sjóðir en í lögunum um sjóðinn er heimild fyrir ráðherra að samþykkja nýjan stigagrundvöll ef sá fyrri telst ónothæfur.

Fylgiskjal I.

Bréf Sambands almennra lífeyrissjóða til aðildarsjóða.
(29. maí 1992.)

Um makalífeyri.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á síðasta sambandsstjórnarfundi SAL:

„Sambandsstjórnarfundur SAL, haldinn í Reykjavík 25. maí 1992, samþykkir þær breytingar á samræmdri reglugerð SAL um makalífeyri sem lagðar voru fyrir aðalfund sambandsins 28. október 1991. Gildistími skal miðast við 1. júlí 1993. Jafnframt beinir sambandsstjórnarfundurinn þeim tilmælum til aðildarsjóðanna að þeir samþykki sams konar breytingar á reglugerðum sínum sem taki gildi eigi síðar en 1. júlí 1993."

Með bréfi þessu fylgja tillögur um breytingar á makalífeyri, dags. 10. október 1991. Skrifstofa SAL mun afla samþykkis Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins fyrir breytingum þessum og verða svör aðila send sjóðunum jafnskjótt og þau berast.

Þá fylgir enn fremur með bréfi þessu sérstök álitsgerð frá Hrafnhildi Stefánsdóttur, hdl., og Láru V. Júlíusdóttur, hdl., dags. 20. maí sl., um lagalegan rétt lífeyrissjóða SAL til að breyta ákvæðum í reglugerðum sínum um makalífeyri með þeim hætti sem nú er lagt til. Niðurstaða þeirra er sú að SAL-sjóðunum sé heimilt að breyta reglugerðum sínum með þessum hætti enda sé sjóðfélögum tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar með a.m.k. sex mánaða fyrirvara. Vegna þessa taldi sambandsstjórn SAL eðlilegt að miða gildistíma reglugerðarbreytinganna við 1. júlí 1993 í stað 1. janúar 1993 ef það mætti verða til þess að nægjanlegur tími gæfist til að kynna fyrirhugaðar breytingar fyrir sjóðfélögum.

Hrafn Magnússon.

Breytingar á makalífeyri.

Sambandsstjórn Sambands almennra lífeyrissjóða hefur samþykkt að leggja til við aðildarsjóði SAL að eftirfarandi ákvæði um makalífeyri taki gildi frá og með 1. júlí 1993:

13. gr. orðist svo:

13. Makalífeyrir.

13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 42 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónaband hafi staðið a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

13.3. Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 13.1 um iðgjaldagreiðslutíma en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri skv. 13.1 né 13.2 eða greiðsla skv. 13.2 stendur skemur en 24 mánuði og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

13.4. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 13.1–13.3 til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

13.5. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði áður en taka hans hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Þegar skilyrði 13.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.2. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.6 en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau er lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 16.3.

13.6. Sé eftirlifandi maki yngri en 55 ára við fráfall sjóðfélaga skerðist makalífeyrir skv. 13.1 um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem eftirlifandi maka vantar á 55 ára aldur. Lífeyrir greiðist jafnan óskertur þann tíma sem réttur er skv. 13.2 eða 13.3.

13.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

Í meðfylgjandi ákvæðum felast eftirfarandi breytingar frá núgildandi reglugerð:

1. Ekkjur og ekklar njóta sama réttar til makalífeyris.
2. Lágmarksaldur eftirlifandi maka við fráfall sem skilyrði fyrir ævilöngum lífeyri hækkar ú 35 árum í 42 ár. Sé hinn eftirlifandi á aldrinum 42–54 ára við fráfallið er lífeyrir skertur. Lægsta greiðsla nemur 22% af óskertum lífeyri.
3. Barn á framfæri veitir rétt til makalífeyris fram að 19 ára aldri barnsins í stað ævilangs lífeyris.
4. Núgildandi ákvæðum 13.2 og 13.3 um greiðslu makalífeyris ef hinn eftirlifandi hefur skerta starfsorku er breytt í heimild til áframhaldandi greiðslu að 24 mánaða tímabilinu loknu.
5. Margföldunarstuðull stiga við útreikning makalífeyris lækkar úr 1,0 í 0,9, þ.e. eins og stuðull þessi var í upphaflegri reglugerð SAL.
6. Gert er ráð fyrir framreikningi stiga til 67 ára aldurs í stað 70 ára. Til samræmis er framreikningi vegna örorku breytt á sama veg. Þá skal til grundvallar framreikningi við útreikning makalífeyris reikna þriggja ára meðaltal þótt engin iðgjöld hafi verið greidd í eitt eða fleiri þessara ára.
7. Stofni eftirlifandi maki til sambúðar er gert ráð fyrir að makalífeyrir falli niður eins og um hjúskap væri að ræða.

Gildistökuákvæði verða á þann veg að hinar nýju reglur gilda um makalífeyrismál þar sem fráfall á sér stað eftir 1. júlí 1993 án tillits til hvort réttindi hafa verið áunnin fyrir eða eftir gildistöku.

Þar sem reglugerðarbreyting þessi getur í einstökum tilvikum haft veruleg áhrif á heildarrétt eftirlifandi maka til lífeyris þykir rétt að tilkynna með hæfilegum fyrirvara hinar nýju reglur.

Bréf Sambands almennra lífeyrissjóða til aðildarsjóða.
(9. desember 1992.)

UM REGLUGERÐARBREYTINGAR

Örorkulífeyrir.

Á fundi sambandsstjórnar SAL, 30. nóvember sl., var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Sambandsstjórnarfundur SAL, haldinn í Reykjavík 30. nóvember 1992, samþykkir þær breytingar á samræmdri reglugerð SAL um örorkulífeyri sem lagðar voru fyrir sambandsstjórnarfund SAL 25. maí sl. Gildistími skal miðast við 1. júlí 1993. Jafnframt beinir sambandsstjórnarfundurinn þeim tilmælum til aðildarsjóðanna að þeir samþykki sams konar breytingar á reglugerðum sínum sem taki gildi eigi síðar en 1. júlí 1993."

Eins og kunnugt er taka nýjar reglur um makalífeyri gildi 1. júlí 1993. Fyrstu örorkulífeyrismálin, sem úrskurðast samkvæmt nýju ákvæðunum, berast varla lífeyrissjóðunum fyrr en í fyrsta lagi í lok ársins 1993. M.a. þess vegna er mjög æskilegt að gildistímaákvæðin miðist við 1. júlí 1993.

Ávöxtunarmál.

Á fyrrgreindum fundi sambandsstjórnar SAL var enn fremur samþykkt eftirfarandi tillaga um breytingu á ákvæðum um ávöxtunarmál:

8.1.6 orðist þannig:

Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en getið er hér að framan enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

8.1.7 orðist þannig:

Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Þó skal eigi verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutabréfakaupa. Árleg hlutabréfakaup samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Ný grein bætist við, *8.1.8*:

Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

8.1.8 verði því *8.1.9.*

Lagt er til að gildistímaákvæðin verði eins fljótt og verða má hjá hverjum einstökum lífeyrissjóði.

Skrifstofa SAL hefur þegar skrifað erindi til fjármálaráðuneytisins og Vinnuveitendasambands Íslands og óskað eftir að þessir aðilar staðfesti fyrir sitt leyti umræddar reglugerðarbreytingar.

Leiðrétting.

Í bréfi SAL til aðildarsjóðanna, dags. 4. desember sl., var kynnt tillaga sambandsstjórnar SAL um viðskipti lífeyrissjóðanna við Húsnæðisstofnun. Þar voru þeir lífeyrissjóðir sem ekki hafa enn undirritað lánssamninga við Húsnæðisstofnun vegna 1993, hvattir til að ganga frá þeim málum hið fyrsta. Í textanum átti að sjálfsögðu að standa árið 1992 en ekki 1993. Lánssamningar vegna 1993 hafa ekki enn verið sendir lífeyrissjóðunum til staðfestingar. Minnt er á uppboð húsnæðisbréfa sem fer fram þriðjudaginn 22. desember nk.

Hrafn Magnússon.

Ákvæði reglugerðar SAL um örorkulífeyri. Tillögur og greinargerð.
(25. maí 1992.)

12. gr. orðist svo:

12. Örorkulífeyrir.

12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum enda hafi hann

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.

12.3. Þegar skilyrði 12.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 11. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs skv. 12.4. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri

úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Séu skilyrði 12.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við 16.3.

12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 12.3 á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera sem hér segir:

a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
b. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal að viðbættum 10% verði árleg stig með þessu móti lægri en stig reiknuð í samræmi við a-lið.
c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,4 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,4 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
d. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við skv. a- eða b-lið, meira en tveimur stigum skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 árum, en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.c.

12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.

12.7. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

14.3 orðist svo:

Sé sjóðfélaga úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 14.2. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka skv. 12. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Athugasemdir.

Á undanförnum árum hefur ör fjölgun örorkulífeyrisþega ásamt stórauknum útgjöldum til örorkulífeyris verið mörgum lífeyrissjóðum vaxandi áhyggjuefni. Hjá lífeyrissjóðum innan SAL hafa sjónir manna því beinst annars vegar að æskilegum breytingum á ákvæðum reglugerða sjóðanna um örorkulífeyri og hins vegar að breyttri framkvæmd.

Meðal þeirra lífeyrissjóða, sem hvað mesta áherslu hafa lagt á endurskoðun ákvæðanna um örorkulífeyri, er Lífeyrissjóður verksmiðjufólks. Kemur hvort tveggja til að á þeim sjóði hvíla sennilega tiltölulega meiri skuldbindingar vegna örorkulífeyris en á nokkrum öðrum lífeyrissjóði hér á landi og ætla má að hann verði í vaxandi mæli sjóður fyrir fólk með skerta starfsorku.

M.a. að frumkvæði Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks fól SAL þeim Guðjóni Hansen, Hrafni Magnússyni og Karli Benediktssyni að vinna að tillögum um breytingar á 12. gr. reglugerðar SAL með það fyrir augum að draga úr líkum á því að örorkulífeyrir verði úrskurðaður án þess að um raunverulegan rétt sé að ræða og koma í veg fyrir greiðslur sem vart virðast vera í neinu samræmi við áunninn bótarétt eða þá framtíðarréttindavinnslu hlutaðeigandi sjóðfélaga sem sennileg getur talist.

Meðfylgjandi tillögur eru byggðar á reynslu af umfjöllun hundruða örorkulífeyrismála þar sem óvissa hefur verið um réttinn til lífeyris eða niðurstaða hefur að öðru leyti þótt orka tvímælis. Þær eru að meginefni til samhljóða frumdrögum sem lögð voru fram á fundi með forstöðumönnum lífeyrissjóða innan SAL 6. febrúar 1992. Á þeim fundi komu þó fram ýmsar ábendingar og athugasemdir sem veitt hafa tilefni til breytinga á frumdrögunum og tekið hefur verið tillit til í endanlegum búningi tillagnanna.

Um einstök ákvæði tillagnanna skal eftirfarandi tekið fram:

1. Þeim atriðum, sem í núgildandi reglugerð er fjallað um í 12.1, er nú skipt í tvær málsgreinar, 12.1 og 12.2. Á sama hátt er gert ráð fyrir að núgildandi ákvæðum 12.2 verði skipt í 12.3 og 12.4.

2. Í 12.1 eru talin upp skilyrði fyrir örorkulífeyri með framreikningsrétti, sbr. þó þær takmarkanir á framreikningsréttinum sem kveðið er á um í 12.3. Í 12.1 er gert ráð fyrir tvenns konar rýmkun bótaréttar. Í a-lið er núgildandi skilyrði um iðgjaldagreiðslur síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutap breytt í skilyrði um þrjú af síðustu fjórum almanaksárum. Eru þá einkum hafðir í huga menn sem dvalist hafa erlendis um tíma við nám eða störf og menn sem þurft hafa að skipta um lífeyrissjóð og hafa á tímabili greitt í sjóð sem ekki er framreikningssjóður. Í öðru lagi er í síðasta málslið 12.1 heimildarákvæði þess efnis að við tilteknar aðstæður megi láta iðgjaldagreiðslur tvö undanfarandi almanaksár nægja. Er ákvæði þetta sett með sérstöku tilliti til ungra manna sem greitt hafa iðgjöld samfellt eftir að þeir uppfylltu aldursskilyrði eða luku námi en verða fyrir slysum áður en þriggja ára skilyrðið er uppfyllt. Í a-lið felst á hinn bóginn sú takmörkun að áunnin stig verða að vera a.m.k. 0,4 á almanaksári til þess að árið teljist iðgjaldagreiðsluár þegar

úrskurðað er hvort réttur er til framreiknings. Í síðasta málslið 12.3 er fjallað um lífeyrisrétt án framreiknings.

3. Í 12.2 felast verulegar breytingar á núgildandi reglum um örorkumat. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ekki verði lengur um einhliða úrskurð læknis að ræða. Í öðru lagi yrði læknisfræðilegt mat eða umsögn ekki nauðsynlega í höndum tryggingayfirlæknis, heldur gætu lífeyrissjóðir, einn eða fleiri saman, ráðið sér trúnaðarlækni, en sú skipan mála er nú hjá nokkrum lífeyrissjóðum utan SAL. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að mat miðað við starf umsækjanda gildi fyrstu þrjú árin eftir orkutap í stað fimm ára nú. Þá er lögð áhersla á að gerð verði grein fyrir atriðum sem varpa ljósi á hvenær orkutap hefur átt sér stað og að hve miklu leyti það hefur orðið eftir inngöngu umsækjanda í lífeyrissjóðinn. Loks er gert ráð fyrir rækilegri endurskoðun örorkumats að loknum fyrstu þremur árunum.

4. Í 12.3 er miðað við framreikning til 67 ára aldurs í stað 70 ára. Er þessi breyting í samræmi við tillögur um makalífeyrisréttindi sem bíða afgreiðslu hjá SAL. Þá er orðunum „ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja“ breytt í orðalagið „ofnokunar áfengis, lyfja eða fíkniefna“ sem þykir eiga betur við en efnislega er ekki um breytingu að ræða. Loks er bætt við ákvæði um takmörkun á framreikningsrétti þegar menn skipta um starf og hefja þá iðgjaldagreiðslur til annars lífeyrissjóðs en þess sem þeir hafa áður greitt til og líta verður á starfsskiptin sem tilraun til áframhaldandi atvinnuþátttöku. Í tilvikum þar sem slíkar tilraunir mistakast innan tiltölulega skamms tíma og niðurstaðan verður alger missir starfsorku hefur hingað til þurft að afgreiða mál án þess að hafa fastákveðin mörk til að styðjast við. Fyrir kemur að mál af þessu tagi verði ágreiningsefni milli hlutaðeigandi lífeyrissjóða og er því þörf ákvæða í samskiptasamningi um þetta efni, þar eð tryggja verður að tilraunir manna til að halda áfram störfum þrátt fyrir versnandi heilsufar leiði til a.m.k. eins mikils lífeyrisréttar og þeir hefðu ella öðlast.

5. Ákvæði 12.4.a eru óbreytt frá núgildandi reglugerð. Sérstök athygli er vakin á því að í höfuðreglunni um þriggja ára meðaltal stiga felst að við útreikning á meðaltalinu skal reikna með ár þótt engin iðgjöld hafi verið greidd eða iðgjöld ekki náð 0,4 stigum. Þannig skal deila með þremur í samanlögð stig tveggja síðustu ára fyrir orkutap ef sjóðfélagi hefur aðeins náð að greiða iðgjöld í tvö ár en fær þó framreikning vegna þess að heimildarákvæði síðasta málsliðar 12.1 er beitt.

6. Í 12.4.b felst takmörkun á framreikningi ef sjóðfélagi hefur haft skerta starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi sjóðs. Ekki er skilyrði að slík skerðing hafi verið metin á þeim tíma, heldur getur það mat verið hluti af örorkumati vegna lífeyrisumsóknar til sjóðsins.

7. Í 12.4.c er um að ræða takmörkun á framreikningi í tilvikum þar sem iðgjaldagreiðslur hafa verið stopular og ætla má að orsakirnar séu af því tagi sem upp er talið í ákvæðinu. Á það skal bent að átt er við stopular greiðslur til lífeyrissjóða almennt án tillits til hvort þeir eru aðilar að samstarfssamningi eða ekki. Enn fremur skal athygli vakin á því að hér er ekki gerð krafa um ofnotkun heldur aðeins um neyslu áfengis, lyfja eða fíkniefna sem sennilegt er talið að átt hafi þátt í óreglulegum iðgjaldagreiðslum.

8. Sú takmörkun á framreikningi, sem kveðið er á um í 12.4.d, er gerð í því skyni að draga úr framreiknuðum fjölda stiga í tilvikum þar sem ósennilegt er að umsækjandi hefði haldið áfram óbreyttri réttindavinnslu til 67 ára aldurs.

9. Ákvæði 12.5 er óbreytt frá núgildandi reglugerð.

10. Í 12.6 er það nýmæli að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Á það hefur verið bent að þrátt fyrir ákvæði reglugerða þess efnis að örorku-

lífeyrir skuli aldrei vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur sannalega orðið fyrir sé algengt að greiðslur til bótaþega fari fram úr fyrri launum þegar saman koma dagpeningar almannatrygginga, dagpeningar frá sjúkrasjóði stéttarfélags og örorkulífeyrir lífeyrissjóðs. Bótaákvæði sjúkrasjóða eru mjög mismunandi og á það bæði við um fjárhæðir dagpeninga og bótatímabil, en með fáeinum undantekningum hafa lífeyrissjóðir úrskurðað örorkulífeyri án tillits til slíkra bótagreiðslna. Með þeirri breytingu sem hér um ræðir hyrfi allur vafi um framkvæmdina fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap en eftir þann tíma væri hún á valdi einstakra sjóða eins og hingað til.

11. Í 2. málsl. 12.9 er 70 ára aldursmarkinu breytt í 67 ár til samræmis við 12.4. Að öðru leyti þarfnast 12.7–12.9 ekki skýringa.

12. Í 14.3 eru tekin af tvímæli um tvö atriði sem ekki er sérstaklega tekið fram um í núgildandi reglugerð. Annars vegar segir í tillögunum að réttur til barnalífeyris, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, taki til barna sem fædd eru fyrir orkutap eða þá er von á, en hins vegar að barnalífeyrir, sem búið er að úrskurða vegna örorku, falli ekki niður þótt öryrkinn nái ellilífeyrisaldri.

Fylgiskjal II.

Lífeyrissjóður verslunarmanna:

TILLAGA UM REGLUGERÐARBREYTINGU
(26. október 1992.)

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

9.2 hljóði:

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun í janúar 1993, 70.597 kr., skulu taka sömu hlutfallsbreytingum og lánskjaravísitala sú sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum.

9.4 hljóði:

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Makalífeyrir.

12.1 hljóði:

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1 og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði 12.2, 12.3 eða 12.4 eru uppfyllt. Þó skal óskertur makalífeyrir ætíð greiddur í minnst 24 mánuði, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.

12.2 hljóði:

Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir skv. 12.5 lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Geymd réttindi.

16.6 hljóði:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að fengnu samþykki aðildarsamtaka sjóðsins að yfirtaka eignir og skuldbindingar annarra lífeyrissjóða enda séu tryggingafræðilegir útreikningar lagðir til grundvallar við yfirtökuna.

16.6 verði *16.7.*

16.7 verði *16.8.*

Gildistaka.

12.1 hljóði:

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1993 og kemur í stað eldri reglugerðar.

Rökstuðningur.

9.2:

Í frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða er lagt til að grundvallarlaun og þar með lífeyrir verði verðtryggður samkvæmt lánskjaravísitölu og er það rökstutt með því að þannig njóti allir sjóðfélagar sömu verðtryggingar lífeyris ásamt með því að þannig lúti skuldbindingar sjóðanna og eignir þeirra sömu verðtryggingu.

Frá því að ofangreint frumvarp var lagt fram hefur Hæstiréttur staðfest lögmæti breytingar á lánskjaravísitölunni þannig að launavísitala hefur þar ⅓ vægi með vísitölu framfærslukostnaðar að ⅓ og vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓. Með þessari breytingu hefur vægi launa í vísitölunni vaxið úr rúmlega 33% í u.þ.b. 60%.

Þannig er ljóst að breytingar á nýju lánskjaravísitölunni muni til lengri tíma litið haldast betur í hendur við launaþróun í landinu en breytingar á þeirri eldri hefði gert og því er hér lögð til sú breyting að grundvallarlaun LV og þar með lífeyrir taki breytingum nýjum vísitölunnar.

Enn fremur felst hagræði í því fyrir sjóðinn að þurfa ekki á hverjum tíma að meta breytingar á kaupi virkra sjóðfélaga til breytinga á grundvallarlaunum.

Útreikningar á skuldbindingum sjóðsins verða mun traustari þar sem bæði lífeyrisskuldbindingar og eignir sjóðsins verða bundnar sömu verðtryggingunni.

Síðast en ekki síst mun traust sjóðfélaga og lífeyrisþega aukast á því að um fullkomlega verðtryggðan lífeyri sé að ræða þar sem lífeyrisgreiðslur til þeirra taka breytingum lánskjaravísitölu mánaðarlega.

Þess ber að geta að Samvinnulífeyrissjóðurinn tengdi grundvallarlaun sín við breytingar á lánskjaravísitölu um mitt árið 1991. Einnig tengdu allir aðildarsjóðir SAL grundvallarlaun sjóðanna við lánskjaravísitölu um síðustu áramót.

9.4:

Þessi breyting er gerð til að samræma reglugerð LV reglugerðum annarra stigasjóða, t.d. lífeyrissjóða innan SAL og Samvinnulífeyrissjóðsins, en þeir reikna stigið með þremur aukastöfum. Með því að reikna stigið með þremur aukastöfum verður ekki þörf fyrir tilfærslu þess sem ekki nýtist milli ára.

12.1:

Hér er lagt til að óskertur makalífeyrir greiðist í 24 mánuði minnst í stað 12 áður.

12.2:

Núverandi reglugerðarákvæði taka mið af þeirri staðreynd að sífellt algengara er að bæði hjón vinni utan heimilisins og ávinni sér þannig eigin lífeyrisrétt. Þannig er miðað við að makalífeyririnn gangi fyrst og fremst til þess að vega á móti þeirri tímabundnu röskun á fjárhag heimila sem dauði annars hjóna hlýtur að valda þannig að heimilunum gefist tími til að aðlaga tekjuöflun sína að breyttum aðstæðum. Enn fremur gerir reglugerðin ráð fyrir að makalífeyrir sé jafnan greiddur hafi makinn barn á framfæri sínu, sé makinn öryrki eða fæddur fyrir 1940. Fyrir þá sem fæddir eru árin 1920–1939 er makalífeyrir lækkaður og eykst lækkunin eftir því sem fólkið er yngra. Þessar reglur taka mið af þeim þjóðfélagsbreytingum sem áður var getið.

Hér er lagt til að aldursmörk lækkunarinnar færist fram um fimm ár en lækkunin um 8% fyrir hvert ár sem maki er fæddur eftir 1930 hefur sýnt sig að vera fullhröð þar sem atvinnuþátttaka kvenna, sem fæddar eru á árunum 1930–1940, virðist ekki eins mikil og almenn og gengið var út frá þegar reglugerðin tók gildi 1979.

Eftirfarandi línurit sýnir lækkunarferil fyrir og eftir breytingu:



16.6:

Með vísan til fyrirsjáanlegrar fækkunar lífeyrissjóða þykir rétt að hafa skýr ákvæði í reglugerð sjóðsins varðandi hugsanlega yfirtöku annarra sjóða.

22.1:

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Úr reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna fyrir breytingar í október 1992.

12. gr.

12.1. Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 11.1 og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði 12.2, 12.3 eða 12.4 eru uppfyllt. Þó skal óskertur makalífeyrir ætíð greiddur í minnst 12 mánuði, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.

12.2. Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1940. Þó skal makalífeyrir skv. 12.5 skerðast um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1920 og 6% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1930.

12.3. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka.

12.4. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 40% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum sem er sami hundraðshluti af makalífeyri skv. 12.5 og orkutap hans er metið. Örorku skal meta á fimm ára fresti.

12.5. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda skv. 11.4.

12.6. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný.

12.7. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 12.1 um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

Fylgiskjal III.

Samband almennra lífeyrissjóða:

Lífeyrissjóðaskrá 1992.
(Október 1992.)

Kennitala		Heiti lífeyrissjóðs	Heimilisfang
420169-1409	*	Almennur lífeyrissj. iðnaðarm.	Hallveigarstígur 1
450290-2549		Almennur lífeyrissjóður VÍB	Ármúli 13A
650376-0809		Eftirlaunasj. atvinnuflugmanna	Ármúli 6
510169-7009		Eftirlaunasj. starfsm.Hafnarfj.	Vesturgata 11-13
510169-3609		Eftirlaunasj. Keflavíkurkaupst.	Tjarnargata 12
510169-3959	#*	Eftirlaunasj. Sláturf. Suðurl.	Skúlagata 20
430269-5939		Eftirlaunasj. slökkvilm.á Keflav.flugv.	Tjarnargata 12
510169-4339		E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	Austurstræti 5
510169-4259		E. starfsmanna Landsb. og Seðlab.	Hafnarhúsið v/Tryggvag.
510169-6979		E. starfsmanna Olíuverzl. Íslands	Héðinsgata 10
510169-5659		E. starfsmanna Olíufél. Skeljungs	Suðurlandsbraut 4
510169-6899	#	E. starfsmanna Útvegsbanka Íslands	Suðurlandsbraut 4
650188-1799	#	E. starfsmanna Útvegsbanka Íslands h.f.	Ármúli 7
600978-0129		Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Hafnarstræti 7
430990-2179		Íslenski lífeyrissjóðurinn	Suðurlandsbraut 24
480873-1159		Lsj. Akraneskaupstaðar	Kirkjubraut 28
690670-0119		Lsj. Arkitektafélags Íslands	Freyjugata 41
450771-0589	*	Lsj. Austurlands	Egilsbraut 25
581072-0669	*	Lsj. Bjögg	Garðarsbraut 26
430269-5189		Lsj. blaðamanna	Síðumúli 23
430269-0119	*	Lsj. bókagerðarmanna	Hverfisgata 21
641072-0879	*	Lsj. Bolungarvíkur	Aðalstræti 14
430269-5509	*	Lsj. byggingariðnaðarm. í Hafnarf.	Bæjarhraun 2
670172-0589	*	Lsj. bænda	Bændahöllin Hagatorgi
600870-0179	*	Lsj. Dagsbrúnar og Framsóknar	Suðurlandsbraut 30
430269-5859	*	Lsj. Eimskipafélags Íslands	Pósthússtræti 2
610870-0159	*	Lsj. Félags garðyrkjumanna	Óðinsgata 7
610871-0119		Lsj. Félags. ísl. hljómlistarmanna	Rauðagerði 27
480673-0939	#	Lsj. F.íslenskra leikara c/o Kaupþing	Kringlan 5
630578-0279		Lsj. Félags leiðsögumanna c/o VÍB	Ármúli 13A
460472-0329	*	Lsj. Félags starfsfólks í veitingah.	Ingólfsstræti 5
430269-2839		Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	Borgartún 22
480673-1319	*	Lsj. framreiðslumanna	Suðurlandsbraut 20
430269-4889		Lsj. hjúkrunarkvenna	Laugavegur 114
620169-3159	*	Lsj. Hlíf	Borgartún 18
460172-0559	*	Lsj. Hlífar og Framtíðarinnar	Reykjavíkurvegur 68
480673-1079	*	Lsj. Iðju á Akureyri	Skipagata 14
480673-0859		Lsj. Iðnaðarmannafélags Suðurnesja	Tjarnargata 12
630173-0359		Lsj. ísl.stj.stm. á Kefv.flugv. c/o VÍB	Ármúli 13A
430269-3999	*	Lsj. KEA	Hafnarstræti 91

Kennitala		Heiti lífeyrissjóðs	Heimilisfang
570172-0859	#*	Lsj. Landssambands vörubifreiðastjóra	Suðurlandsbraut 30
640572-1089	#	Lsj. leigubifreiðastjóra	Fellsmúli 24-26
430269-5779		Lsj. lækna	Egilsgata 3
491171-0229	*	Lsj. matreiðslumanna	Skólavörðustígur 16
430269-6079	*	Lsj. Mjólkursamsölunnar	Pósthólf 635
430269-0469	*	Lsj. múrara	Síðumúli 25
430269-4539		Lsj. Neskaupstaðar	Egilsbraut 1
600970-0119	*	Lsj. rafiðnaðarmanna	Háleitisbraut 68
660472-0299	*	Lsj. Rangæinga	Verkalýðshúsið
440571-0429	*	Lsj. Sameining	Skipagata 14
460673-0119	*	Lsj. sjómanna	Laugavegur 114
590269-7279		Lsj. Skjöldur	Aðalstræti 6
640870-0289	*	Lsj. Sóknar	Skólavörðustígur 16
571171-0239	*	Lsj. Suðurnesja	Tjarnargata 12
430269-1949	*	Lsj. starfsmanna Áburðarverkmiðjunnar	Pósthólf 8353
510169-3799	*	Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	Geislagata 9
430269-5429	*	Lsj. starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Ketilsbraut 9
480673-1239	*	Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	Fannborg 2
430269-0899	#	Lsj. starfsmanna Reykjavíkurapóteks	Austurstræti 16
430269-6589	*	Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	Ráðhúsið
430269-6669		Lsj. starfsmanna ríkisins	Laugavegur 114
660478-0439		Lsj. starfsmanna SÍF c/o VÍB	Ármúli 13A
430269-3809	#	Lsj. starfsmanna Sjóvátr.fél. Íslands	Kringlan 5
480673-0699		Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	Ráðhúsið
480673-0429	*	Lsj. stéttarfélaga í Skagafirði	Sæmundargata 7A
430269-1519		Lsj. Tannlæknafélags Íslands	Hvassaleiti 13
430269-3059	*	Lsj. trésmiða á Akureyri	Skipagata 14
430269-0629		Lsj. Tæknifræðingafélags Íslands	Lágmúli 7
641072-0799	*	Lsj. verkafólks í Grindavík	Mánagata 27
630173-0439	*	Lsj. verkalýðsfélaga á Norðurl. vestra	Suðurgata 10
460172-0479	*	Lsj. verkalýðsfélaga á Suðurlandi	Austurvegur 22
430173-0149	*	Lsj. verkamanna	Sparisjóður V-Hún.
430269-4299		Lsj. Verkfræðingafélags Íslands	Engjateigur 9
430269-2249	*	Lsj. verksmiðjufólks	Skólavörðustígur 16
430269-1869	*	Lsj. verkstjóra	Skólavörðustígur 16
430269-4459	*	Lsj. verzlunarmanna	Kringlan 7
490671-0809	*	Lsj. Vestfirðinga	Brunngata 7
580572-0229	*	Lsj. Vestmanneyinga	Pósthólf 265
630371-0669	*	Lsj. Vesturlands	Kirkjubraut 40
620492-2809	*	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Suðurlandsbraut 30
430269-0389	*	Samvinnulífeyrissjóðurinn	Laugalækur 2A
450181-0489	*	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Pósthólf 1237
520169-7339		Tryggingasjóður lækna	Borgartún 28
490570-0129		Landssamband lífeyrissjóða	Kringlan 7
411085-0239		Reiknistofa lífeyrissjóða	Suðurlandsbraut 30
480875-0289		Samband almennra lífeyrissjóða	Suðurlandsbraut 30
660280-0229		Umsjónarnefnd eftirlauna	Suðurlandsbraut 30

* = Aðilar að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða.
\# = Taka ekki lengur við iðgjöldum.

1165. Svar [582. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um vörslu minja í umsjá Þjóðminjasafnsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er staðið að vörslu minja í umsjá Þjóðminjasafnsins?*
2. *Hvernig var staðið að vörslu bátaskemmunnar sem brann aðfaranótt 23. apríl sl.?*
3. *Telur ráðherra forsvaranlegt að börn hafi óátalið fengið að nota bátaskemmuna sem leikvöll vikum saman fyrir brunann?*
4. *Til hvaða ráða verður gripið af hálfu Þjóðminjasafns og menntamálaráðuneytis til að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig?*

Með vísan til bréfs dags. 4. maí sl. sendist eftirfarandi skriflegt svar við fyrirspurn á þskj. 1023 um vörslu minja í umsjá Þjóðminjasafnsins.

1. Samkvæmt upplýsingum þjóðminjavarðar er öryggiskerfi í Þjóðminjasafninu og húsnæði í þess eign með eftirfarandi hætti:

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu er varnarkerfi gegn innbrotum. Enginn óviðkomandi á að geta komist inn í húsið þegar þar er engin starfsemi án þess að viðvörunarkerfi tengt stjórnstöð öryggisgæslufyrirtækis fari í gang. Strax og slík boð fara í gang eru gerðar viðeigandi ráðstafanir. Við kerfið eru einnig tengdir nemar sem skynja hita og reyk og gera viðvart. Berist slík boð er þegar í stað haft samband við slökkvilið.

Á efri hæð hússins eru rakaskynjarar. Verði leki eða springi lagnakerfi berast boð til viðvörunarkerfisins sem sendir þau áfram. Rakaskynjarar eru einnig í ljósmyndastofu á jarðhæð hússins.

Vinnupallar standa við austurhlið hússins. Við þá eru tengdir nemar sem senda boð um óviðkomandi umgang.

Brunavörnum innan húss er þannig háttað að handslökkvitæki eru á nokkrum stöðum og brunaslöngur tengdar vatnslögn hússins eru á hverri hæð. Fyrir sýningarsölum eru járnhurðir en ekki er um aðra hólfun að ræða.

Að mati þjóðminjavarðar þarf enn að auka öryggisbúnað hússins og opna leið út úr húsinu á suðurgafli. Skortur á viðhaldi hússins um langt árabil hefur skapað ákveðna öryggishættu, einkum hvað varðar rafmagn og hitalagnir.

Í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði, sem er deild í Þjóðminjasafni Íslands, eru nýleg eldvarnakerfi og eldtefjandi plötur voru settar í veggi við endurbyggingu hússins fyrir nokkrum árum. Brunaslöngur og slökkvitæki eru í húsinu ásamt brunakerfi sem tengt er Slökkvistöð Hafnarfjarðar. Innbrotakerfi frá öryggisgæslufyrirtæki er einnig í húsinu.

Í Nesstofu á Seltjarnarnesi er verið að setja upp innbrotakerfi.

Í geymslu Þjóðminjasafns við Vesturvör í Kópavogi er brunaviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð. Áformað er að setja þar upp innbrotakerfi. Með geymslu Þjóðminjasafns í Dugguvogi er reglulegt eftirlit ákveðins aðila sem hefur með öryggisvörslu í hverfinu að gera. Ákveðið hefur verið að auka öryggisvarnir í Dugguvogi enda liggur fyrir nýleg öryggisúttekt á húsnæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um öryggismál á öllum byggðasöfnum. Sérfræðingar Þjóðminjasafns Íslands hafa á undanförnum missirum heimsótt hvert byggðasafnið af öðru og gert þar allsherjarúttekt, þar á meðal hvað varðar öryggisbúnað og eldvarnir. Skýrslur liggja fyrir um 14 byggðasöfn og nokkur önnur minjasöfn. Víðast hvar hefur brunavarnarúttekt einnig verið gerð á vegum Eldvarnareftirlits eða Brunamálastofnunar á síðustu árum. Aðeins er innbrota- og viðvörunarkerfi tengt lögreglu eða slökkviliði á fjórum þessara byggðasafna. Undantekningarlítið eru handslökkvitæki í söfnunum.

Þjóðminjasafn Íslands á eða hefur umsjón með á fjórða tug friðaðra húsa og kirkna víða um land. Mörg þessara húsa eru torfhús án rafmagns og sum fjarri alfaraleið. Ekki er hægur leikur að koma þar við brunavörnum eða innbrotakerfi og óhugsandi sums staðar.

2. Bátum í eigu Þjóðminjasafnsins var komið fyrir í skemmu við Vesturvör í Kópavogi árið 1990. Sú skemma var ætluð til geymslu annarra hluta. Bátarnir fóru ekki vel inni í heitu og þurru húsi og því fékkst leyfi til að reisa einfalt skýli á lóðinni við Vesturvör. Var það hannað sem vandað bráðabirgðaskýli, ekki eiginlegt hús heldur nánast sem rimlahjallur með sterkri grind, járnþaki og klæðningu niður á veggi en rimlum fyrir neðan. Skýlið var læst, vindur lék vel um og bátarnir voru varðir gegn sjó og regni, þornuðu hægt og áttu ekki að skemmast frekar. Fékkst leyfi fyrir þessari byggingu hjá Kópavogskaupstað sem bráðabirgðaskýli, en ekki var farið fram á að reisa eiginlegt hús því að svæðið var ekki skipulagt. Varanleg bygging hefði þurft að taka mið af skipulagi. Geymslan varð ódýr því að kostnaði varð að halda innan marka en þó þjónaði hún mjög vel tilgangi sínum meðan allt var með felldu.

Þessi bátageymsla var reist innan læstrar girðingar og áttu engar mannaferðir að vera þar um. Bátarnir voru settir inn í hana jafnóðum og hún var reist, sumir stóðu á malarfyllingunni en aðrir minni voru hafðir uppi á bitum því að reynt var að nýta plássið vel, enda gert ráð fyrir að um 20 bátar kæmust þarna inn og voru 18 settir þangað. Ekki voru hafðar stórar dyr á skýlinu þar eð ekki var gert ráð fyrir að bátar yrðu teknir úr því fyrr en þeir yrðu settir á endanlegan stað en hefði þess þurft var gert ráð fyrir að skrúfa frá stoðir og bita og hefði tekið einhverja klukkutíma að opna skýlið þannig og ganga frá því aftur. Hins vegar átti að vera rúm til að gera við eða lagfæra báta þarna inni.

Eftir að skýlið var reist var sett þar inn unnið rekaviðartimbur, sem ætlað var til viðgerðar gamalla húsa Þjóðminjasafnsins, og einnig viðir úr gömlum hjalli sem áhugamenn sóttu vestur í Vatnsfjörð sl. haust.

Ekkert rafmagn var í skýlinu né upphitun og átti engin hætta að vera þar af íkviknun innan frá. Ekki hvarflaði að mönnum að kveikt kynni að verða í skýlinu því að óviðkomandi mannaferð yrði engin þar. Þar væri engra verðmæta að leita og ekki talið að neinn sæi tilgang í að brjótast þar inn né vinna spellvirki. Því var ekki settur sérstakur viðvörunarbúnaður í skýlið, en eldviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð var hins vegar í skemmunni stóru á lóðinni.

3. Eins og fram hefur komið var bátaskemman innan læstrar girðingar og átti engin mannaferð að vera þar um. Enginn hafði orðið var við börn að leik í bátaskemmunni og var þeim því aldrei heimilað að vera þarna. Það er mikið ólán að börnin skuli hafa orðið völd að bruna bátanna.

4. Ráðuneytið hefur í samráði við Þjóðminjasafnið og Brunamálastofnun óskað eftir því við Brunamálastofnun að stofnunin hlutist til um að úttekt verði gerð á öllum söfnum á landinu. Þegar sú úttekt liggur fyrir mun ráðuneytið íhuga að boða safnafólk til fundar til að ræða þessi mál. Brunavarnir verða vafalaust forgangsatriði.

Við fjárveitingar úr ríkissjóði til starfsemi byggðasafna hlýtur það meginskilyrði að vera sett af hálfu þjóðminjaráðs að brunavarnir séu fullnægjandi.

1166. Svar [442. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einsetna skóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða grunnskólar í landinu eru nú einsetnir?

Upplýsinga um einsetningu var aflað frá fræðslustjórum landsins. Skilgreining á „einsetningu" virðist vera á reiki. Ýmist er talað um einsetningu í þeirri merkingu að hver bekkur hafi sína stofu eða einsetning er skilgreind þannig að allir nemendur geti verið samtímis í skólanum. Í svörum fræðslustjóra og þessari samantekt er miðað við að skóli sé einsetinn ef allir nemendur geta verið samtímis í skólanum og ekki þarf að skipta komutíma þeirra vegna plássleysis.

Samkvæmt upplýsingum fræðslustjóra er staðan sem hér greinir:

Reykjavík.

Fjórir skólar eru einsetnir. Nemendafjöldi í þeim skólaárið 1992–93 er alls 1.326 eða 10% nemenda grunnskóla Reykjavíkur. Tuttugu og þrír skólar þurfa að skipta komutíma nemenda, þ.e. eru tvísetnir að einhverju leyti.

Reykjanes.

Átta skólar eru einsetnir. Í þeim eru alls 2.354 nemendur eða um 21% nemenda í umdæminu. Fjórtán skólar eru tvísetnir. Í þeim eru samtals 5.818 nemendur eða um 51% nemenda umdæmisins. Sjö skólar eru blandaðir. Í flestum þeirra eru neðstu bekkirnir tvísetnir en 8.–10. bekkir einsetnir.

Vesturland.

Tíu skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 985 nemendur eða um 37% nemenda í umdæminu. Í fimm skólum er tvísetning að hluta. Í þeim eru a.m.k. 60% bekkjardeilda einsetnar.

Vestfirðir.

Þrettán skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 496 nemendur eða um 29% nemenda umdæmisins. Átta skólar eru tvísetnir og í þeim eru um 71% nemenda í umdæminu.

Norðurland vestra.

Fjórtán skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 782 nemendur eða um 43% nemenda. Fimm skólar eru tvísetnir og eru 47% nemenda umdæmisins í þeim.

Norðurland eystra.

Tuttugu og einn skóli er einsetinn. Í þeim eru 1.565 nemendur eða um 36% nemenda umdæmisins. Níu skólar eru tvísetnir með um 64% nemenda.

Austurland.

Fimmtán skólar eru einsetnir. Í þeim eru 397 nemendur eða um 18% nemenda umdæmisins. Fjórtán eru tvísetnir með um 82% nemenda.

Suðurland.

Tutturgu og fjórir skólar eru einsetnir. Í þeim eru 1.599 nemendur eða um 45% nemenda umdæmisins. Sjö skólar eru tvísetnir með 1.942 nemendur eða um 55% nemenda.

Ef þessar upplýsingar eru teknar saman í heild kemur í ljós að 109 skólar, eða um 52% grunnskóla í landinu, geta kallast einsetnir í þeirri merkingu að allir nemendur þeirra geta verið samtímis í skólanum og hafa væntanlega samfellda stundaskrá. Í þessum skólum eru samtals 9.504 nemendur eða um 23% nemenda alls í grunnskólum landsins.

Þess ber að geta að í mörgum skólum, sem hér eru taldir tvísetnir, eru einsetnar bekkjardeildir, einkum í 8.–10. bekk. Heildarfjöldi þeirra nemenda, sem njóta einsetningar, er því meiri en framangreindar tölur sýna.

Í fylgiskjali (með upplýsingum frá fræðslustjórum) koma fram nöfn þeirra skóla sem eru einsetnir í hverju umdæmi og nánari skýringar varðandi einstaka skóla.

Fylgiskjal.

UPPLÝSINGAR FRÁ FRÆÐSLUSTJÓRUM

Frá fræðslustjóra Reykjavíkur.
(1. apríl 1993.)

Hér með sendast svör við spurningum í bréfi, dags. 24. mars sl., vegna fyrirspurnar frá Alþingi um stöðu hvað varðar einsetningu skóla.

Hvað viðkemur a-lið í bréfinu vil ég geta þess að ég lít ekki svo á að skilyrði fyrir því að skóli teljist einsetinn sé að hver bekkur hafi sína stofu út af fyrir sig. Tel ég það skipulagsatriði innan skóla þótt einhverjar stofur séu samnýttar, t.d. sérgreinastofur. Ef allir nemendur skólans koma um svipað leyti að morgni í skólann og ekki þarf að skipta komutíma nemenda vegna plássleysis tel ég að um einsetningu sé að ræða.

Samkvæmt þessu eru eftirtaldir grunnskólar Reykjavíkur einsetnir:

a. Hagaskóli, Laugalækjarskóli og Réttarholtsskóli á unglingastigi og Fossvogsskóli á barnastigi.
b. Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Selásskóli, Seljaskóli, Vesturbæjarskóli, Vogaskóli, Æfingaskóli KHÍ, Ölduselsskóli.

Virðingarfyllst,

Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri.

YFIRLIT UM EINSETNINGU OG TVÍSETNINGU

		1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Kópavogur	Digranesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Kársnesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Kópavogsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Snælandsskóli	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Þinghólsskóli								einsett	einsett	einsett
	Hjallaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Seltjarnarnes	Mýrarhúsaskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett			
	Valhúsaskóli								einsett	einsett	einsett
Garðabær	Flataskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett				
	Garðaskóli							einsett	einsett	einsett	einsett
	Hofsstaðaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett						
Hafnarfjörður	Engidalsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Lækjarskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
	Víðistaðaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
	Öldutúnsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
	Setbergsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
	Hvaleyrarskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
Bessastaðahreppur	Álftanesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
Mosfellsbær	Varmárskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Gfrsk. í Mosfellsbæ								einsett	einsett	einsett
Kjalarneshreppur	Klébergsskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
Kjósarhreppur	Ásgarðsskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett			
Keflavík	Myllubakkaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett				
	Holtaskóli							einsett	einsett	einsett	einsett
Grindavík	Grindavíkurskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Njarðvík	Njarðvíkurskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett
Sandgerði	Sandgerðisskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Gerðahreppur	Gerðaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
Vatnsleysystrandarhr.	Stóru-Vogaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett

Skilgreining á einsetningu:

Allir nemendur eru samtímis í skólanum og geta haft samfellda viðveru allan skóladaginn.

HJ 08/04/93

Frá fræðslustjóra Vesturlands.
(24. mars 1993.)

Borist hefur ósk ráðuneytis um upplýsingar til svars við fyrirspurn á Alþingi um það hvaða grunnskólar á landinu séu einsetnir. Jafnframt er óskað eftir svari við því hvernig fræðslustjórar skilgreini einsetinn skóla. Í huga fræðslustjóra Vesturlands er einsetinn skóli sá sem getur veitt öllum nemendum kennslu samtímis, jafnt í bóklegum sem verklegum greinum. Því telur hann að sá skóli geti ekki kallast einsetinn þar sem nemendur verða að koma í skólann sérstaka ferð til þess að sækja tíma í íþróttum eða verklegum greinum.

Samkvæmt þessu eru þessir skólar í umdæminu einsetnir:

Heiðarskóli, Leirársveit, Andakílsskóli, Hvanneyri, Kleppjárnsreykjaskóli, Reykholtsdal, Varmalandsskóli[1], Mýrasýslu, Laugagerðisskóli, Snæfellsnesi, Lýsuhólsskóli, Staðarsveit, Grunnskólinn á Hellissandi, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Grunnskólinn í Búðardal, Laugaskóli, Sælingsdal[2].

Eftirtaldir skólar í umdæminu eru ekki einsetnir:

Brekkubæjarskóli, Akranesi: 17 af 24 deildum er kennt samtímis. Oft sérstök ferð í skóla vegna íþrótta og verklegra greina.

Grundaskóli, Akranesi: 17 af 24 deildum er kennt samtímis. Kennslustundir í verklegum greinum ekki alltaf aðliggjandi öðrum tímum á stundaskrá.

Grunnskólinn í Borgarnesi: 15 af 19 bekkjardeildum er kennt samtímis. Stöku stundir í íþróttum og verkgreinum aðgreindar og krefjast sérstakrar komu í skólann.

Grunnskólinn í Ólafsvík er einsetinn að öðru leyti en því að stundum þarf að koma aftur í skóla til íþrótta og verkgreina.

Grunnskóli Eyrarsveitar: Af tíu bekkjardeildum eru sex í kennslu samtímis en stundaskrá að öðru leyti samfelld.

Með þessu telur fræðslustjóri Verturlandsumdæmis sig hafa gefið eins greinargóð svör við fyrirspurninni og hann getur.

Með góðri kveðju,

Snorri Þorsteinsson, fræðslustjóri.

Frá fræðslustjóra Vestfjarða.
(13. apríl 1993.)

Einsetnir skólar: Grunnskólinn í Bolungarvík, Reykhólaskóli, Grunnskóli Barðastrandarhrepps, grunnskólinn Rauðasandi, Grunnskóli Mýrahrepps Núpi, grunnskólinn Holti, grunnskólinn Flateyri, grunnskólinn Súðavík, grunnskólinn Reykjanesi, Finnbogastaðaskóli, Klúkuskóli, grunnskólinn Broddanesi, grunnskólinn Borðeyri.

---

[1] Heimavist fyrir 6.–10. bekk.

[2] Allir nemendur í heimavist. Skólaseta yngri nemenda skert.

Tvísetnir skólar: Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskóli Patreksfjarðar, Grunnskóli Tálknafjarðar, Grunnskóli Bíldudals, grunnskólinn Þingeyri, Grunnskóli Suðureyrar, Grunnskóli Drangsness, grunnskólinn Hólmavík.

Frá fræðslustjóra Norðurlands vestra.

Einsetnir skólar: Gagnfræðaskóli Sauðárkróks[3], Barnaskóli Staðarhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu, Laugarbakkaskóli, Vesturhópsskóli, Húnavallaskóli, Varmahlíðarskóli, Steinsstaðaskóli, Akraskóli, Grunnskóli Staðarhrepps, Skagafirði, Grunnskóli Rípurhrepps, Grunnskóli Skefilsstaðahrepps, grunnskólinn Hólum, grunnskólinn Hofsósi, Sólgarðaskóli, Fljótum.

Fjölsetnir skólar: Grunnskóli Siglufjarðar, Barnaskóli Sauðárkróks, Grunnskóli Hvammstanga, Grunnskóli Blönduóss, Höfðaskóli, Skagaströnd.

Frá fræðslustjóra Norðurlands eystra.

(24. mars 1993.)

Á Norðurlandi eystra eru nú 30 sjálfstæðir grunnskólar. Af þeim eru 21 einsetnir en níu hafa ekki húsnæði til einsetningar. Í þessum níu skólum eru þó 64% nemenda umdæmisins.

Í okkar huga merkir „einsetinn skóli“ skóla þar sem allir nemendur geta fengið sína kennslu sasmtímis og því sem næst samfellt.

Trausti Þorsteinsson.

Frá fræðslustjóra Austurlands.

(25. mars 1993.)

Eftirtaldir skólar í Austurlandskjördæmi teljast einsetnir, þ.e. nemendur koma í skólann á morgnana og njóta samfelldrar kennslu með eðlilegu matarhléi:

Heimavistarskólar: Brúarásskóli, Skjöldólfsstaðaskóli, Grunnskólinn á Eiðum, Nesjaskóli (að meiri hluta daglegur akstur).

Heimanakstursskólar: Grunnskólinn í fyrrum Beruneshreppi, Grunnskólinn í fyrrum Geithellnahreppi, Grunnskólum á Mýrum, Austur-Skaftafellssýslu, Hrollaugsstaðaskóli í Suðursveit, Gunnskólinn í Hofgerði í Öræfasveit.

Heimangönguskólar: Grunnskólinn á Bakkafirði, Grunnskólinn á Mjóafirði, Grunnskólinn í Norðfjarðarsveit, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn á Breiðdalsvík.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Magnússon.

---

[3] Gagnfræðaskóli Sauðárkróks er eini skólinn sem ekki er með skerta skólaviku. Mismunandi er eftir skólum hve marga daga yngstu 3–4 árgangarnir mæta í skóla.

Frá fræðslustjóra Suðurlands.
(26. mars 1993.)

Tvísetnir skólar: Barnaskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli Vestmannaeyja að hluta, Sandvíkurskóli, Grunnskólinn á Stokkseyri, 1. og 2. bekkur eftir hádegi, Eyrarbakkaskóli, Hveragerðisskóli, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, 1.–3. bekkur eftir hádegi og 4. bekkur að hluta.

Í öðrum skólum geta allir nemendur verið samtímis í skóla.

Einsetinn er skóli þar sem allir nemendur geta verið samtímis í skólanum, ekki bundið við að hver bekkur hafi sína stofu.

Virðingarfyllst,

Jón Hjartarson.

1167. Svar [576. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um úrbætur í móttökuskilyrðum sjónvarps og hljóðvarps á Djúpavogi og nágrenni.

Hvenær er þess að vænta að ráðin verði bót á slæmum móttökuskilyrðum fyrir sjónvarp og hljóðvarp á Djúpavogi og nágrenni?

Ljósleiðari liggur ekki um öll sendihús Ríkisútvarpsins, en í athugun er hjá Pósti og síma hvort unnt sé að leggja ljósleiðara í sendihús Ríkisútvarpsins á sunnanverðum Austfjörðum. Þeirri athugun er ekki lokið, en búast má við svari á næstu dögum. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu má búast við ákvörðun af hálfu Ríkisútvarpsins um að leigja ljósleiðara á þessu svæði til óákveðins tíma. Langtímalausnir eru í athugun.

Ítarlegri upplýsingar um þessi atriði er að finna í nýlegu svari við fyrirspurn frá Jóni Kristjánssyni um skilyrði útvarps- og sjónvarpssendinga í Austurlandskjördæmi.

1168. Svar [497. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hver var heildarupphæð styrkja og lána úr Kvikmyndasjóði Íslands á föstu verðlagi á árunum 1980–1991, að báðum meðtöldum?*
2. *Hvaða leikstjórar voru styrktir, hverjir voru þeir, hvaða kvikmyndir þeirra voru styrktar og hversu hárri fjárhæð nam styrkurinn á hverja kvikmynd?*
3. *Hversu oft var hver kvikmynd sýnd í kvikmyndahúsi:*
   a. *hér á landi,*
   b. *erlendis?*

4. *Hver er áætlaður fjöldi sýningargesta hverrar kvikmyndar:*
   a. hér á landi,
   b. erlendis?
5. *Hverjir sátu í stjórn Kvikmyndasjóðsins á umræddu tímabili?*

Menntamálaráðuneytið aflaði meðfylgjandi upplýsinga frá Kvikmyndasjóði Íslands. Gögnin varða 1., 2. og 5. tölul. fyrirspurnarinnar sem hér segir:

1. heildarupphæð styrkja og lána úr Kvikmyndasjóði Íslands á föstu verðlagi á árunum 1980–1991, sjá fylgiskjal I,
2. hvaða leikstjórar hlutu styrki, til hvaða kvikmynda og hversu hárri fjárhæð styrkur nam á hverja kvikmynd, sjá fylgiskjöl II–XVIII,
5. fulltrúa í stjórn Kvikmyndasjóðs á umræddu tímabili, sjá fylgiskjöl XIX–XX.

Varðandi 3. og 4. tölul. fyrirspurnarinnar, þar sem spurt er um fjölda sýninga og sýningargesta hér á landi og erlendis á hverri einstakri kvikmynd, liggja upplýsingar ekki fyrir. Sé þess óskað að reynt verði að afla þeirra er ljóst að það mun krefjast mikillar vinnu og taka langan tíma.

Fylgiskjal I.

Kvikmyndasjóður Íslands:

Framlög ríkisins til styrkja og reksturs Kvikmyndasjóðs frá 1983–1993.
(Í þús. kr.)

1993	111.000	111.000
1992	94.400	97.200
1991	103.400	110.400
1990	75.100	85.600
1989	70.800	92.700
1988	65.600	104.000
1987	56.300	112.000
1986	23.900	56.470
1985	27.400	78.500
1984	6.500	24.660
1983	7.600	37.237
		907.667

Styrkir á föstu verðlagi 1983–1993 491.680.000 kr.

Fylgiskjal II.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.
(29. mars 1979.)

Fyrsta úthlutun úr Kvikmyndasjóði hefur farið fram, en sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 14/1978 og hafði hann 30 millj. kr. til umráða að þessu sinni.

Umsóknir bárust frá 19 aðilum vegna 23 verkefna. Sótt var samtals um styrki að fjárhæð um 130 millj. kr., en áætlaður heildarkostnaður við verkefnin er um 430 millj. kr.

Þessir hlutu styrki:

Styrkir:	Millj. kr.
Ágúst Guðmundsson o.fl.: Land og synir	9
Gísli Gestsson og Andrés Indriðason: Veiðiferðin (mynd fyrir börn)	5
Snorri Þórisson o.fl.: Óðal feðranna	5
Sigurður Sverrir Pálsson og Erlendur Sveinsson: Átthagar	3
Þorsteinn Jónsson: Sjómaður	2
Páll Steingrímsson og Ernst Kettler: Kvikmynd er hefur Vestmannaeyjar 1873 að sögusviði	2
Óli Örn Andreassen og Guðmundur P. Ólafsson: Í Vestureyjum	1.5
Sigurður Örn Brynjólfsson: Þrymskviða (teiknimynd)	1
Jón Axel Egilsson: Kvikmynd um fjölskyldulíf (handritsstyrkur)	1

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Knútur Hallsson formaður, Hinrik Bjarnason, tilnefndur af Félagi kvikmyndagerðarmanna, og Stefán Júlíusson, tilnefndur af Fræðslumyndasafni ríkisins.

Fylgiskjal III.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.
(2. maí 1980.)

Fjárveiting til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum fyrir árið 1980 nemur 45 millj. kr. Stjórn Kvikmyndasjóðs hefur lokið úthlutun á þessu fé. Eftirgreindir aðilar fengu stuðning að þessu sinni:

STYRKIR:	Þús. kr.
Kvikmyndir:	
Þorsteinn Jónsson:	
Kvikmynd sem byggð er á sögunni Punktur, punktur, komma, strik	11.000
Páll Steingrímsson og Ernst Kettler:	
Verk sem byggt er á sögunni Kona eftir Agnar Þórðarson	8.000
N.N. sf.:	
Styrkur til að ljúka við kvikmyndina Óðal feðranna	5.000
Magnús Magnússon:	
Kvikmynd um fuglalíf Mývatnssveitar	4.000

Guðmundur P. Ólafsson og Óli Örn Andreassen:	
Styrkur til að ljúka við kvikmynd um Vestureyjar	4.000
Snorri Þórisson:	
Kvikmynd um íslenska refinn	3.000
Helga Egilsson:	
Teiknimynd um Búkollu	2.000
Vilhjálmur Knudsen:	
Kvikmynd um jarðvarma	2.000
Handrit:	
Jakob F. Magnússon, Björn Björnsson og Egill Eðvarðsson:	
Kvikmynd um Tívolí í Reykjavík	3.000
Ásgeir Long:	
Kvikmynd frá stríðsárunum	1.000
Helgi Gestsson:	
Örlagasaga úr Skagafirði	1.000
Haraldur Friðriksson:	
Villa á Öræfum, byggt á frásagnarþætti eftir Pálma Hannesson	1.000
Stuttmynd:	
Ásgrímur Sverrisson o.fl.:	
8 mm kvikmynd, Riddari götunnar	200

Þess skal getið að um úthlutun síðar á árinu kann að verða að ræða ef þannig skipast um fjárhag sjóðsins.

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Knútur Hallsson formaður, Hinrik Bjarnason og Stefán Júlíusson.

Fylgiskjal IV.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.

(18. desember 1980.)

Aukaúthlutun hefur farið fram úr Kvikmyndasjóði. Söluskattur af sýningum á íslenskum kvikmyndum hefur á þessu ári runnið að mestu leyti í Kvikmyndasjóð. 26 umsóknir bárust. Úthlutað var 50.500 þús. kr. í styrki og lán og er skipting þannig:

Styrkir:	Þús. kr.
Ísfilm hf.:	
Útlaginn eftir Gísla sögu Súrssonar	15.000
Kvikmyndafélagið Óðinn:	
Framhaldsstyrkur til kvikmyndarinnar Punktur, punktur, komma, strik	7.000
Þráinn Bertelsson o.fl.:	
Kvikmynd fyrir börn eftir barnasögum um Jón Odd og Jón Bjarna	7.000
Íslenskur kvikmyndaiðnaður hf.:	
Undirbúningur kvikmyndar sem byggð verður á Gerplu Laxness	5.000
Kvikmyndafélagið Sóley hf.:	
Sóley	5.000
Magnús Magnússon:	
Framhaldsstyrkur til að ljúka heimildakvikmynd um fuglalíf við Mývatn	3.000
Arnarfilm sf.:	
Heimildakvikmynd um reka	2.000

Örn Harðarson:	
Heimildakvikmynd um Sveinbjörn Jónsson hugvitsmann	2.000
Óskar Þórisson o.fl.:	
8 mm leikin kvikmynd	500

Lán:	Þús. kr.
Helga Egilsson:	
Teiknimynd, byggð á þjóðsögunni um Búkollu	2.000
Vilhjálmur Knudsen:	
Heimildakvikmynd um eldgos	2.000

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Knútur Hallsson formaður, Hinrik Bjarnason, tilnefndur af Félagi kvikmyndagerðarmanna, og Stefán Júlíusson, tilnefndur af Fræðslumyndasafni.

Fylgiskjal V.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.

(18. maí 1981.)

Fjárveiting til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum fyrir árið 1981 nemur 1 millj. kr. Lokið er úthlutun á þessu fé. Eftirgreindir aðilar fengu stuðning að þessu sinni:

Leiknar myndir:	Styrkur í þús. kr.	Lán í þús. kr.
Ísfilm:		
Útlaginn	150	100
Norðan 8 hf.:		
Jón Oddur og Jón Bjarni	100	50
Hrafn Gunnlaugsson:		
Hiti og þungi dagsins	80	50
Sóley hf.:		
Sóley	50	
Lárus Ýmir Óskarsson o.fl.:		
Blindingsleikur	50	

Heimildamyndir:	Styrkur í þús. kr.
Magnús Magnússon:	
Fuglalíf við Mývatn	40
Saga Film:	
Íslenski refurinn	40
Arnarfilm sf.:	
Kvikmynd um gróður og dýr á grunnsævi	40
Sigurður Snæberg Jónsson:	
Miðnesheiði — Saga herstöðvar í herlausu landi	40
Heiðar Marteinsson:	
Kvikmynd um togveiðar	40
Ingibjörg Briem o.fl.:	
Kvikmynd um Bríet Bjarnhéðinsdóttur og kvenfrelsishreyfinguna	40

Valdimar Leifsson o.fl.:	
Kvikmynd um Sverri Haraldsson listmálara	40
Ólafur Ragnarsson:	
Bannhelgir blettir	30
Erlendur Sveinsson:	
Þingvellir	30
Örn Harðarson:	
Kvikmynd um íslenskan hugvitsmann	30

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Hinrik Bjarnason, Stefán Júlíusson og Knútur Hallsson formaður.

Fylgiskjal VI.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.

(2. apríl 1982.)

Fjárveiting til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum 1982 nemur 1.500.000 kr. — einni milljón og fimm hundruð þúsund krónum. Alls bárust 36 umsóknir.

Stjórn sjóðsins hefur fjallað um úthlutun á þessari fjárveitingu. Eftirgreindir aðilar fengu stuðning þessu sinni:

Leiknar myndir:

A. Til kvikmyndagerðar:	Styrkur í þús. kr.	Lán í þús. kr.
Saga Film hf.: Trúnaðarmál	200	50
FILM: Okkar á milli sagt í hita og þunga dagsins	200	50
Óðinn hf.: Atómstöðin	125	
Ágúst Guðmundsson: Með allt á hreinu	125	

B. Til handritagerðar:	Styrkur í þús. kr.
Þráinn Bertelsson: Sölvi Helgason	75
Kristín Jóhannesdóttir: Á hjara veraldar	75
Sigurjón Sighvatsson: Deild 10	75
Andrés Indriðason: Lára	50

Heimildamyndir:

Njála hf.: Um Helga Tómasson ballettdansara	75
Ísfilm hf.: Um ferð Daniels Bruun 1898	75
Filmusmiðjan: Miðnesheiði	75
Hugrenningur hf.: Rokk í Reykjavík	75
Páll Steingrímsson: Um hvalveiðar	50
Karl Óskarsson og Jón Björgvinsson: Um hjólreiðar	50

Grafísk mynd:

Finnbjörn Finnbjörnsson: Hugur og jörð	75

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Knútur Hallsson, Ólafur Ragnarsson og Stefán Júlíusson.

Fylgiskjal VII.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.
(5. apríl 1983.)

Fjárveiting til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum 1983 er 5 millj. kr. Að þessu sinni bárust 42 umsóknir. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið eftirfarandi úthlutun:

Leiknar myndir:

A. Til kvikmyndagerðar:	Þús. kr.
Völuspá sf.: Á hjara veraldar	850
FILM hf.: Einu sinni var	850
Óðinn hf.: Atómstöðin	600
Umbi: Skilaboð til Söndru	600
Jón Hermannsson og Þráinn Bertelsson: Nýtt líf	600
Saga Film: Húsið	350
B. Til handritagerðar:	
Ágúst Guðmundsson: Skáldsaga	50
Lárus Ýmir Óskarsson: Fjalla-Eyvindur	50
Viðar Víkingsson: Vikivaki	50

Heimildamyndir:

Vilhjálmur Knudsen: Mývatnseldar	150
Hjálmtýr Heiðdal o.fl.: Síldarævintýrið á Djúpuvík	75
Njála sf.: Íslenski hrafninn	75
Páll Steingrímsson: Saga hvalveiða á Íslandi	75
Sigurður Snæberg Jónsson: Miðnesheiði	75
Heiðar Marteinsson: Togveiðar – Stolt siglir fleyið mitt (lokastyrkur)	40
Þorsteinn Ú. Björnsson: Sigurjón Ólafsson myndhöggvari	40

Kynningarstarfsemi:

Kynning á íslenskri kvikmyndagerð	470

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Hinrik Bjarnason, tilnefndur af Félagi kvikmyndagerðarmanna, Helgi Jónasson, tilnefndur af Námsgagnastofnun (Fræðslumyndasafni), og Knútur Hallsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

Fylgiskjal VIII.

Frétt frá Kvikmyndasjóði.

Fjárveiting til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum 1984 er 6,5 millj. kr. Umsóknir voru að þessu sinni 40. Úthlutun hefur farið þannig:

Nýjar leiknar myndir:	Þús. kr.
Ágúst Guðmundsson: Sandur	1.800
Nýtt líf sf.: Skammdegi	1.800
Styrkir til kynningar og sölu á kvikmyndum:	
FILM: Hrafninn flýgur	200
Kvikmyndafélagið Óðinn: Atómstöðin	200
Saga Film: Húsið	200
Kvikmyndafélagið Umbi: Skilaboð til Söndru	200
Völuspá: Á hjara veraldar	200
Heimildamyndir:	
Hjálmtýr Heiðdal: Síldarævintýrið á Djúpuvík	250
Páll Steingrímsson o.fl.: Saga hvalveiða á Íslandi	250
Sigurður Grímsson: Þumall	250
Vilhjálmur Knudsen: Vatnajökull	250
Grafísk mynd:	
Finnbjörn Finnbjörnsson	100
Handritastyrkir:	
Egill Eðvarðsson: Kuml	75
Kristín Jóhannesdóttir: Pourquoi pas slysið	75
Þórarinn Guðnason: Íslendingar á Hafnarslóð	75
Þorgeir Þorgeirsson: Hvíta tjaldið	75
Kynningarstarfsemi:	
Útbreiðslu- og markaðsmál almennt	500

Í stjórn Kvikmyndasjóðs eru Hinrik Bjarnason, Helgi Jónasson og Knútur Hallsson.

Reykjavík, 30. apríl 1984.

Samtals hefur þá verið úthlutað 28 millj. kr. úr Kvikmyndasjóði á þessu ári.

Í úthlutunarnefnd eiga sæti Jón Þórarinsson formaður, Friðbert Pálsson og Sveinn Einarsson.

Reykjavík, 30. ágúst 1985.

Fylgiskjal IX.

Frétt frá Kvikmyndasjóði Íslands.
(Í ágúst 1985.)

Lokið er úthlutun úr Kvikmyndasjóði í ágúst 1985, en 10 millj. kr. voru til ráðstöfunar að þessu sinni. Styrkjum var úthlutað þannig:

Leiknar myndir:	Þús. kr.
Hilmar Oddsson: Eins og skepnan deyr	1.900
Þráinn Bertelsson: Nýtt líf 3	1.900
Handrit og undirbúningur:	
Ágúst Guðmundsson: Skáldsaga	1.200
Friðrik Þór Friðriksson: Skytturnar	1.000
Egill Eðvarðsson: Kuml, handrit	200
Þorsteinn Jónsson: Ljósbrot/sólarfrí, handrit	200
Heimildamyndir:	
Heiðar Marteinsson: Stolt siglir fleyið mitt, lokafrágangur	300
Sýn hf.: Borgarbörn í óbyggðum	200
Erlendur Sveinsson: Lífið er saltfiskur 2, handrit	200
Hjálmtýr Heiðdal o.fl.: Síldarævintýrið á Djúpuvík, lokafrágangur	100
Teiknimynd:	
Jón Axel Egilsson: Jurti, lokafrágangur	200
Kynning og dreifing:	
Kvikmyndafélagið Umbi: Skilaboð til Söndru	400
Skínandi hf.: Hvítir mávar	400
Mannamyndir: Gullsandur	400
Haust hf.: Útlaginn	400
Til síðari ráðstöfunar:	
Ráðning framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns o.fl.	1.000

Fylgiskjal X.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði.
(Í apríl 1985.)

Leiknar myndir:	Þús. kr.
Kvikmyndafélagið Óðinn: Atómstöðin	2.500
Völuspá sf.: Á hjara veraldar	2.500
FILM: Hrafninn flýgur	2.500
Skínandi hf.: Hvítir mávar	2.500
Hilmar Oddsson: Eins og skepnan deyr	2.000
Eyvindur Erlendsson: Erindisleysan mikla	2.000
Handrit og undirbúningur:	
Guðný Halldórsdóttir: Stella í orlofi	150
Þorsteinn Jónsson: Ljósbrot	150
Ásgeir Bjarnason o.fl.: Sólarlandaferðin	150
Þorsteinn Marelsson o.fl.: Línudans	150
Valgeir Guðjónsson: Maðurinn sem fékk högg á höfuðið	150
Hrafn Gunnlaugsson: Tristan og Ísold, handrit	150
Hrafn Gunnlaugsson: Tristan og Ísold, undirbúningur	400
Heimildamyndir:	
Kvik sf.: Saga hvalveiða við Ísland	500
Magnús Magnússon: Lífríki Mývatns	100
Íslenska kvikmyndasamsteypan: Hringurinn	200
Ísmynd: Louisa Matthíasdóttir	400
Baldur Hrafnkell Jónsson: Tryggvi Ólafsson	200
Sýn hf.: Flóttamenn frá fjarlægu landi	200
Kristín Jóhannesdóttir: Pourquoi pas slysið	100
Kynningarstarfsemi:	
Kynning og útbreiðsla íslenskra kvikmynda	1.000
Alls úthlutað	**18.000**

Fylgiskjal XI.

Fréttatilkynning frá Kvikmyndasjóði Íslands.
(16. apríl 1986.)

Lokið er úthlutun úr Kvikmyndasjóði 1986, en til ráðstöfunar voru 26 millj. kr. Styrkjum var úthlutað þannig:

Leiknar myndir:	Þús. kr.
Eyvindur Erlendsson: Erindisleysan mikla	3.500
Friðrik Þór Friðriksson: Skytturnar	5.000
Kvikmyndafélagið Umbi sf.: Stella í orlofi	5.000
FILM hf.: Tristan og Ísold	2.000
Nýtt líf: Góðir Íslendingar	2.000
Svart og sykurlaust: Svart og sykurlaust (kvikmynd)	1.500
Heimildamyndir:	
Anna Björnsdóttir: Mynd um íslenskar konur er giftust erlendum hermönnum	500
Magnús Magnússon: Mývatn	300
Kvik sf.: Saga hvalveiða við Ísland	400
Þumall sf.: Frá Grænhöfðaeyjum	500
Annað:	
Kynning og dreifing á vegum Kvikmyndasjóðs	2.000
Námskeið í handritagerð	500
Kvikmyndasafn Íslands	300
Sjóðsrekstur (þar á meðal stofnkostnaður)	1.500
Til síðari ráðstöfunar	1.000

Í úthlutunarnefnd eiga sæti Knútur Hallsson, Jón Þórarinsson og Sveinn Einarsson.

Fylgiskjal XII.

Fréttatilkynning frá Kvikmyndasjóði.
(2. febrúar 1987.)

Lokið er úthlutun úr Kvikmyndasjóði Íslands 1987. Styrkjum var úthlutað þannig:

Leiknar kvikmyndir:	Þús. kr.
Ágúst Guðmundsson: Útlaginn, enskt tal	500
Bíó hf.: Meffí	2.000
Egill Eðvarðsson: Kuml	1.000
Eiríkur Thorsteinsson: Skýjað	2.000
FILM: Tristan og Ísold	15.000
Friðrik Þór Friðriksson: Skytturnar	1.800
Frost Film hf.: Foxtrot	10.000
Kristberg Óskarsson: Skyggni ágætt	200
Kvikmynd: Himnaríki hf.	1.000
Tíu tíu sf.: Svo á jörðu sem á himni	3.000
Heimildamyndir:	
Anna Björnsdóttir: Ást og stríð	500
Filmusmiðjan hf.: Miðnesheiði	300
Jón Björgvinsson: 88 gráður austur	500
Jón Hermannsson: Hin römmu regindjúp	5.000
Magnús Magnússon: Sjófuglar	1.200
Páll Steingrímsson: Hvalakyn, hvalveiðar	500
Annað:	
Sigurður Örn Brynjólfsson: Teiknimynd	300
Kvikmyndahátíð	1.500
Kvikmyndasafn Íslands	1.500
Alls úthlutað	47.800

Á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs Íslands 1987 eru 55 millj. kr. Til kaupa á húsnæði fyrir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn Íslands fara 4,6 millj. kr. en 2,6 millj. kr. til reksturs og síðari úthlutana.

Í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs 1987 eiga sæti Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, formaður, Birgir Sigurðsson rithöfundur, forseti Bandalags íslenskra listamanna, og Friðbert Pálsson framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal XIII.

Fréttatilkynning frá Kvikmyndasjóði Íslands.
(27. janúar 1988.)

Aðalúthlutun úr Kvikmyndasjóði 1988 er lokið. Styrkjum var úthlutað þannig:

Til leikinna kvikmynda:	Þús. kr.
Ágúst Guðmundsson: Hamarinn og krossinn	10.000
Bíó hf.: Meffí	10.000
Nýtt líf: Magnús	13.000
FILM: Í skugga hrafnsins	4.000
Frost Film: Foxtrot	3.000
Lárus Ýmir Óskarsson: Bílaverkstæði Badda	1.000
Til heimildamynda:	
Björn Rúriksson: Jarðsýn	1.000
Jón Hermannsson: Hin römmu regindjúp	5.000
Magnús Magnússon: Íslenskir sjófuglar	800
Páll Steingrímsson: Íslensk tónlist	2.500
Til handritagerðar:	
Elísabet Jökulsdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Marín Kristjánsdóttir, Spaugstofan, Skafti Guðmundsson, Viðar Víkingsson, Viktor Ingólfsson, Vilborg Halldórsdóttir	2.390
Alls úthlutað	**52.690**

Í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs 1988 eiga sæti Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, formaður, Birgir Sigurðsson rithöfundur og Þorvarður Helgason rithöfundur.

Fylgiskjal XIV.

Fréttatilkynning frá Kvikmyndasjóði Íslands.
(15. febrúar 1989.)

Aðalúthlutun úr Kvikmyndasjóði 1989 er lokið. Styrkjum var úthlutað þannig:

Til leikinna kvikmynda:	Þús. kr.
Ágúst Guðmundsson: Til sögualdarkvikmyndar	10.000
Lárus Ýmir Óskarsson: Bílaverkstæði Badda	15.000
Þráinn Bertelsson: Magnús	9.000
Umbi: Kristnihald undir Jökli	3.000
Umbi: Kristnihald undir jökli, lán	2.350

Til heimildamynda:	Þús. kr.
Anna Björnsdóttir: Ást og stríð	600
Jón Hermannsson: Hin rámu regindjúp	5.000
Hjálmtýr Heiðdal: Saga bílsins á Íslandi	1.500
Magnús Magnússon: Íslenskir sjófuglar	400
Páll Steingrímsson: Tónlist á Íslandi	4.000
Til undirbúnings:	
Hrif hf.: Palli var einn í heiminum	2.000
María Kristjánsdóttir: Eyrarbakka-Arndís	1.500
Til teiknimyndar:	
Haraldur Guðbergsson: Völuspá	500
Til námskeiðs í kvikmyndagerð á vegum Kvikmyndasjóðs:	
Nokkrir kvikmyndagerðarmenn	800
Til handritagerðar:	
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson	400
Erlingur Gíslason	400
Guðbjörg Guðmundsdóttir	400
Hlín Agnarsdóttir	400
Jón Tryggvason	400
Sigríður Halldórsdóttir	400
Sigurbjörn Aðalsteinsson	200
Sveinbjörn I. Baldvinsson	400
Vilborg Halldórsdóttir	200
Þorsteinn Marelsson	200
Þórarinn Eldjárn	400
Til Kvikmyndaklúbbs Íslands	500
Styrkir samtals	57.600
Lán samtals	2.350
Samtals	**59.950**

Alls bárust Kvikmyndasjóði 74 umsóknir um styrki að þessu sinni. Áætlaður heildarframleiðslukostnaður þeirra verka, sem sótt var um styrki til, nam rúmlega hálfum milljarði króna.

Þá liggja fyrir niðurstöður dómnefndar í samkeppni, sem Kvikmyndasjóður efndi til um ritun handrita fyrir barna- og unglingamyndir. Viðurkenningu og styrk til að fullvinna handrit hlutu:

Styrkir:	
Andrés Indriðason	500
Kristín Steinsdóttir	500
Guðrún Helga Sederholm	330
Valdemar Leifsson og Þorsteinn Marelsson	330
Ævar Örn Jósepsson	330
Samtals	**1.990**

Dómnefnd skipuðu Guðrún Helgadóttir rithöfundur, formaður, Hlín Agnarsdóttir leikstjóri og Ari Kristinsson kvikmyndgerðarmaður. Alls bárust 32 handrit í keppnina.

Úthlutunarnefnd 1989 skipa Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, formaður, og rithöfundarnir Birgir Sigurðsson og Þorvarður Helgason.

Fylgiskjal XV.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði Íslands árið 1990.

(15. febrúar 1990.)

		Þús. kr.	Lán í þús. kr.
Bíómyndir:			
Framleiðslustyrkir:			
Friðrik Þór Friðriksson: Börn náttúrunnar	(59%)[1]	25.000	
Hrif: Pappírs-Pési		5.000	(24%) 2.500
Verkstæðið: Bílaverkstæði Badda		4.000	(63%) 3.000
Handrita- og undirbúningsstyrkir:			
Film: Píslarsagan		4.500	
Túndra: Júpíter		2.000	
Guðný Halldórsdóttir: Kórinn		600	
Hilmar Oddsson: Kaldaljós		600	
Framhaldsstyrkir:			
Umbi: Kristnihald undir Jökli	(47%)	3.000	
Heimildamyndir:			
Framleiðslustyrkir:			
Sigurður Sv. Pálsson: Á sjó	(53%)	5.500	
Árni Tryggvason: Handfærasinfónían	(50%)	2.500	
Magnús Magnússon: Haförninn	(13%)	2.000	
Vilhjálmur Knudsen: Kröflueldar		1.800	
Hið íslenska kvikmyndafélag: Jón Bjarki	(34%)	1.200	
Handrita- og undirbúningsstyrkir:			
Ólafur Rögnvaldsson: Ásýnd þjóðar		1.800	
Nýja bíó: Jón Leifs		1.000	
Annað:			
Kvikmyndaklúbbur Íslands		750	

Samtals voru veittar 66.750.000 kr. við aðalúthlutun.

[1] Prósentutalan sýnir hlutfall Kvikmyndasjóðs í heildarframleiðslukostnaði verksins (styrkupphæðir ekki framreiknaðar).

Úthlutunarnefnd skipa Helgi Skúlason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Sigurður Valgeirsson.

Fylgiskjal XVI.

Frá Kvikmyndasjóði Íslands.
(15. júní 1990.)

Ríkisstjórn Íslands samþykkti nú í vor að veita aukalega 6 millj. kr. til kvikmyndamála. Að ósk menntamálaráðuneytisins auglýsti Kvikmyndasjóður síðan eftir umsóknum um undirbúnings- og tapstyrki að upphæð 5 millj. kr. Kvikmyndasjóður gerir ráð fyrir að fá þá einu milljón sem á vantar til úthlutunar nú í haust. Úthlutunarnefnd hefur lokið störfum og fengu eftirtaldir styrki:

Undirbúningsstyrkir:	Þús. kr.
Kristín Jóhannesdóttir: Svo á jörðu	1.000
Óskar Jónasson: Vont efni	400
Tapstyrkir:	
Hrif: Ævintýri Pappírs-Pésa	1.000
Umbi	1.000
Leikfjallið: Tindátar	100
Jón Ragnarsson: Atómstöðin	375
Þorsteinn Jónsson: Atómstöðin	375
Þórhallur Sigurðsson: Atómstöðin	375
Örnólfur Árnason: Atómstöðin	375

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði Íslands árið 1991.
(18. febrúar 1991.)

Bíómyndir:		
Framleiðslustyrkir:		Þús. kr.
Óskar Jónasson: Sódóma, Reykjavík	(35%)[1]	15.000
Gjóla hf.: Ingaló á grænum sjó	(37%)	14.300
Þumall: Helgi og folaldið	(20%)	7.200
Handrita- og undirbúningsstyrkir:		
Halldór Þorgeirsson: Jörundur hundadagakonungur		1.000
Hákon M. Oddsson og Sigurjón B. Sigurðsson: BINGÓ		1.000
Kristinn Þórðarson: Svartfugl		500
Stuttmyndir:		
Framleiðslustyrkir:		
Sigurbjörn Aðalsteinsson: Ókunn dufl	(50%)	2.000

Heimildamyndir:		
Framleiðslustyrkir:		
Nýja Bíó: Jón Leifs	(24%)	8.500
Ólafur Jónsson: Ragnar í Smára	(32%)	2.000
Handrita- og undirbúningsstyrkir:		
Baldur Hrafnkell Jónsson: Krossgötur		1.000
Teiknimyndir:		
Framleiðslustyrkir:		
Sigurður Örn Brynjólfsson: Jólatréð okkar	(37%)	2.000
Jón Axel Egilsson: Djákninn á Myrká	(33%)	2.000
Annað:		
Kvikmyndaklúbbur Íslands		1.000
Samtals		**57.500**

[1] Prósentutalan sýnir hlutfall Kvikmyndasjóðs í heildarframleiðslukostnaði verksins (styrkupphæðir ekki framreiknaðar).

Úthlutunarnefnd 1991 skipa Róbert Arnfinnsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Sigurður Valgeirsson.

Fylgiskjal XVII.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði 1992.

Bíómyndir:		
Framlög til framleiðslu:		Þús. kr.
FILM: Hin helgu vé	(24%)[1]	21.000
Kvikmyndafélagið UMBI: Karlakórinn Hekla	(17%)	21.000
Kvikmyndafélag Íslands: Veggfóður	(12.5%)	2.000
Framlög til undirbúnings og handritagerðar:		
Kvikmyndadeild Skífunnar: Móri		1.000
Ari Kristinsson: Enginn veit		500
Sveinbjörn I. Baldvinsson: Skálholt		500
Stuttmyndir:		
Framlög til undirbúnings:		
Þór Elís Pálsson: Nifl		1.000
Jón Ásgeir Hreinsson: Tilberi		500
Heimildamyndir:		
Framlög til framleiðslu:		
Magnús Guðmundsson: Undir regnboganum	(19.5%)	3.500
Þorfinnur Guðnason: Úti við flóann	(16.5%)	2.500
Valdimar Leifsson: Listakonan sem Ísland hafnaði	(22%)	2.000
Framlög til undirbúnings:		
Anna Th. Rögnvaldsdóttir: Sigurður málari		500
Annað:		
Kvikmyndaklúbbur Íslands		1.000
Samtals		**57.000**

[1] Prósentutalan sýnir hlutfall Kvikmyndasjóðs í heildarframleiðslukostnaði verksins.

Úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs 1992 skipa Laufey Guðjónsdóttir, Róbert Arnfinnsson og Sigurður Valgeirsson.

Fylgiskjal XVIII.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði Íslands 1993.

Bíómyndir:		
Framlög til framleiðslu:		Þús. kr.
Óskar Jónasson: Sódóma, Reykjavík	(35%)[1]	15.000
Íslenska kvikmyndasamsteypan: Bíódagar	(21.6%)[1]	26.000
Nýja bíó: Vita et Mors	(36.3%)	23.000
Art Film: Stuttur Frakki	(8.6%)	3.000
Framlög til handritagerðar og undirbúnings:		
Nýtt líf: Einkalíf Alexanders		1.000
Óskar Jónasson: Snjóbolti		1.000
Kvikmyndafélagið Esja: Svartur himinn		600
Skífan: Alveg milljón		600
Sólskinsmyndir: Mestur hiti á landinu		600
Hillingar: Leitin að mömmu		400
Friðrik Erlingsson: Benjamín dúfa		400
Stuttmyndir:		
Framlög til framleiðslu:		
Þór Elís Pálsson: Nifl	(47%)	7.000
Baldur Hrafnkell Jónsson: Ráðagóða stelpan	(21.6%)	3.000
Heimildamyndir:		
Framlög til framleiðslu:		
Kvikmyndafélagið Villingur: Húsey	(27.7%)	2.000
Lifandi myndir: Árabátur	(16%)	2.000
Kári Schram: Dagsverk	(18.7%)	1.000
Alda Lóa Leifsdóttir: Halló, Reykjavík	(40%)	1.000
Framlag til handritsgerðar:		
Tage Ammendrup: Hugvitsmaðurinn		500
Annað:		
Inga Lisa Middleton: Ævintýri á okkar tímum		1.200
Teiknimyndagerðin: Auðunn og ísbjörninn		700

[1] Prósentutalan sýnir hlutfall Kvikmyndasjóðs í heildarframleiðslukostnaði verksins.

Úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs 1993 skipa Árni Þórarinsson ritstjóri, Kristbjörg Kjeld leikkona og Laufey Guðjónsdóttir dagskrárfulltrúi.

Fylgiskjal XIX.

Kvikmyndasjóður Íslands:

Úthlutunarnefndir Kvikmyndasjóðs 1979–1993.

(1979–1984 er úthlutað af sjóðstjórn.)

1979: Stjórn: Knútur Hallsson, Hinrik Bjarnason og Stefán Júlíusson.
1980: Stjórn: Knútur Hallsson, Hinrik Bjarnason og Stefán Júlíusson.
1981: Stjórn: Knútur Hallsson, Hinrik Bjarnason og Stefán Júlíusson.
1982: Knútur Hallsson, Ólafur Ragnarsson og Stefán Júlíusson.
1983: Knútur Hallsson, Helgi Jónasson og Hinrik Bjarnason.
1984: Knútur Hallsson, Helgi Jónasson og Hinrik Bjarnason.
1985: Friðbert Pálsson, Jón Þórarinsson og Sveinn Einarsson.
1986: Knútur Hallsson, Jón Þórarinsson og Sveinn Einarsson.
1987: Knútur Hallsson, Birgir Sigurðsson og Friðbert Pálsson.
1988: Knútur Hallsson, Birgir Sigurðsson og Þorvarður Helgason.
1989: Knútur Hallsson, Birgir Sigurðsson og Þorvarður Helgason. Dómnefnd fyrir handritasamkeppni fyrir barna- og unglingamyndir: Guðrún Helgadóttir, Hlín Agnarsdóttir og Ari Kristinsson.
1990: Helgi Skúlason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Sigurður Valgeirsson. Dómnefnd fyrir Norræna verkefnið: Árni Þórarinsson, Friðrik Rafnsson og Signý Pálsdóttir.
1991: Sigurður Valgeirsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Róbert Arnfinnsson.
1992: Sigurður Valgeirsson, Róbert Arnfinnsson og Laufey Guðjónsdóttir.
1993: Árni Þórarinsson, Kristbjörg Kjeld og Laufey Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal XX.

Kvikmyndasjóður Íslands:

Stjórnir Kvikmyndasjóðs Íslands 1979–1984.

1979–1981: Knútur Hallsson, Hinrik Bjarnason og Stefán Júlíusson.
1982: Knútur Hallsson, Ólafur Ragnarsson og Stefán Júlíusson.
1983–1984: Knútur Hallsson, Helgi Jónasson og Hinrik Bjarnason.
1984–1987: Knútur Hallsson, Kristín Jóhannesdóttir, Hrafn Gunnlaugsson, Sigurður Guðmundsson og Sigurður Sverrir Pálsson.
1987–1990: Knútur Hallsson, Kristín Jóhhannesdóttir, Hrafn Gunnlaugsson, Friðbert Pálsson og Sigurður Sverrir Pálsson.
1990–1993: Ragnar Arnalds, Edda Þórarinsdóttir, Friðbert Pálsson, Hrafn Gunnlaugsson og Lárus Ýmir Óskarsson.

1169. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á fund sinn Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálaráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fuglaverndarfélagi Íslands, Náttúruverndarráði, Eyþingi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Lífi og landi, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Samkvæmt 2. og 3. tölul. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun eru fuglaveiðar heimilar öllum íslenskum ríkisborgurum á afréttum og í almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Sama gildir um fuglaveiðar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Lagt er til að í stað þess að lögfesta undanþáguheimild í formi reglugerðarsetningar verði einstaklingum með lögheimili hér á landi veittur sami réttur og íslenskum ríkisborgurum. Er það einnig í samræmi við orðalag samsvarandi ákvæðis í frumvarpi til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.fl. sem lagt var fram á þessu þingi en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Þá er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að með samþykkt frumvarpsins er ekki verið að veita aukinn rétt að öðru leyti en fyrr er greint. Þannig er t.d. ekki verið að heimila framsal fuglaveiðiréttar af hendi þess sem réttinn á eða öðlast kann.

Alþingi, 5. maí 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
Árni M. Mathiesen.	Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Valgerður Sverrisdóttir.

1170. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (GunnS, TIO, ÁRÁ, KE, VS, LMR, ÁMM, SJóh).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „öllum íslenskum ríkisborgurum“ í 2. og 3. mgr. 5. gr. kemur: og mönnum með lögheimili hér á landi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Orðin „vegna samningsins um Evrópska efnahagsvæðið“ í fyrirsögn frumvarpsins falli brott.

1171. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá umhverfisráðuneytinu Jón Gunnar Ottósson skrifstofustjóra, Tryggva Gunnarsson hrl., Allan V. Magnússon héraðsdómara, Stefán Má Stefánsson prófessor og frá Náttúruverndarráði Arnþór Garðarsson formann og Þórodd F. Þóroddsson framkvæmdastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Lagabreyting sú, sem frumvarpið felur í sér, gerir mögulegt að hefja skipulagsgerð á miðhálendinu. Nefndin leggur áherslu á að þau mörk, sem dregin verða um miðhálendið, munu á engan hátt breyta núverandi réttarstöðu hvað varðar eignarhald á svæðinu og lögsögu yfir afréttum og almenningum. Eðlilegt þykir að ákvæði þetta verði sett til bráðabirgða og er því ætlaður gildistími þar til ný skipulags- og byggingarlög verða samþykkt. Unnið hefur verið að mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga var lagt fram á þessu þingi en ekki náðist að afgreiða það. Frumvarpið verður væntanlega lagt fram og afgreitt á næsta þingi og verður þá ákveðið hver verður meðferð skipulagstillögu fyrir miðhálendi landsins.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins vinnur um þessar mundir að því að kanna á hvern hátt skilgreina megi betur og ákvarða eignarrétt á miðhálendinu. Er þess vænst að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir næsta löggjafarþing. Nefndin bendir á að hafa þarf hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar þegar ákvörðun verður tekin um meðferð skipulagstillögu fyrir miðhálendið.

Alþingi, 5. maí 1993.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Kristín Einarsdóttir, frsm.	Tómas Ingi Olrich.
Valgerður Sverrisdóttir.	Árni M. Mathiesen.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.

1172. Breytingartillaga [455. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra getur, á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr., ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður á milli heimalanda og afrétta. Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Um málsmeðferð tillögu að skipulagi miðhálendisins fer skv. 16. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi.

1173. Skýrsla [186. mál]

menntamálaráðherra um rannsókna- og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar, samkvæmt beiðni.

Hinn 13. nóvember 1992 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um mótun vísinda- og tæknistefnu. Í erindisbréfi var nefndinni falið að hafa sérstaklega til hliðsjónar niðurstöður athugunar sérfræðinganefndar Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) á vísinda-, tækni- og nýsköpunarstefnu hér á landi, en sú athugun var gerð að ósk menntamálaráðuneytisins sumarið 1991 og lokaskýrsla birt haustið 1992. Í erindisbréfinu var enn fremur tekið fram að nefndinni væri einkum ætlað að fjalla um eftirtalin atriði:

1. Rannsóknamenntun og tengsl hennar við nýsköpun í atvinnulífi.
2. Fjármögnun rannsóknastarfsemi.
3. Eflingu rannsóknastofnana sem að dómi nefndarinnar hefðu lykilhlutverki að gegna við nýsköpun í atvinnulífi.

Í nefndina voru skipaðir Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri og Þórólfur Þórlindsson prófessor, formaður samstarfsnefndar Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins. Með nefndinni störfuðu dr. Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, og Eiríkur Baldursson, deildarstjóri hjá Rannsóknaráði ríkisins.

Nefndin skilaði skýrslu sinni með bréfi til menntamálaráðherra 17. apríl 1993. Ber hún yfirskriftina „Vísinda- og tæknistefna ríkisstjórnarinnar. — Tillögur og greinargerð vísinda- og tæknistefnunefndar menntamálaráðherra.“

Skýrsla nefndarinnar var reifuð á fundi ríkisstjórnarinnar 27. apríl 1993. Fyrirhuguð er frekari umfjöllun hennar í ríkisstjórn á næstu vikum, en samþykkt var að senda Alþingi skýrsluna nú þegar til kynningar.

Skýrsla nefndar um mótun vísinda- og tæknistefnu er prentuð hér sem fylgiskjal og lögð fyrir Alþingi til kynningar.

Jafnframt er með þessum hætti orðið við beiðni á þskj. 213 frá Svavari Gestssyni og átta öðrum alþingismönnum um skýrslu frá menntamálaráðherra um rannsókna- og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar, þó með þeim fyrirvara sem fram kemur hér að framan að tillögur nefndarinnar hafa ekki hlotið endanlega afgreiðslu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal.

i. Verkefni og málstök vísinda- og tæknistefnunefndar

Athugun OECD

Á miðju ári 1991 fór menntamálaráðherra þess á leit við Vísindanefnd OECD að gerð yrði athugun á stöðu vísinda og tækni á Íslandi. Samkomulag varð um að athugun OECD skyldi ekki einskorðast við vísinda- og tæknistofnanir heldur ná einnig til vísindamenntunar og kanna stöðu vísinda og rannsókna á Íslandi almennt, einkum með tilliti til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Sérfræðihópur, sem OECD skipaði, kom hingað til lands, fyrst í mars og síðan í júní 1992. Hópurinn heimsótti margar rannsóknastofnanir, Háskóla Íslands, ráðuneyti, sjóði og loks nokkur fyrirtæki sem leggja stund á rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Lokaþáttur úttektar OECD var umræðufundur um skýrslu og tillögur sérfræðihópsins, en þátt tóku í honum, auk fulltrúa íslenskra stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja, fulltrúar úr Vísindanefnd OECD og sérfræðihópurinn. Rækilega var gerð grein fyrir skýrslunni í fjölmiðlum.

Í meginatriðum voru tillögur sérfræðihóps OECD eftirfarandi:

- Stefnumótun varðandi vísinda- og tæknimál verði samþætt við stefnumótun í efnahagsmálum, með nánu samráði milli ráðuneyta.
- Breytt verði um sýn og áherslur í rannsóknum með því að auka fjárstreymi til rannsókna gegnum óbundna sjóði, með því að fjármagna í auknum mæli verkefni til lengri tíma og með því að stuðla að myndun samstarfsneta milli stofnana og fyrirtækja.
- Halda skuli þeirri meginstefnu að vísindaleg menntun til doktorsgráðu verði sótt til erlendra skóla en nám til meistaragráðu verði eflt hér á landi og byggt verði á rannsóknum. Jafnframt verði þáttur rannsókna aukinn á fyrsta námsstigi (BS/BA-námi) í háskólum.
- Áfram verði efldar rannsóknir sem miða að nýtingu náttúruauðlinda í sjávarútvegi, landbúnaði og orkuvinnslu. Jafnframt skuli glæða rannsóknir sem auka fjölbreytni og efla úrvinnslugreinar. Efla þurfi rannsóknir og þróunarstarf í þágu úrvinnslugreina með því að styrkja þær stofnanir sem eru uppspretta nýrra fyrirtækja, tækniyfirfærslu og aðstoðar við fyrirtæki.
- Þróa skuli færni og getu til nýsköpunar hjá fyrirtækjum með því að auka kunnáttu í stjórnun og viðskiptum og með því að auðvelda aðgang að áhættufé.
- Efla skuli þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi, meðal annars á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi, með því að stuðla að erlendri fjárfestingu í landinu svo og með því að byggja upp og virkja samböndvið íslenska hæfileikamenn sem búa erlendis og starfa að viðskiptum, vísindum og tækni.

Erindisbréf og viðfangsefni nefndarinnar

Menntamálaráðherra ákvað eftir að skýrsla OECD um stöðu vísinda, tækni og nýsköpunar hér á landi birtist síðla árs 1992, að skipa nefnd til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um mótun vísinda- og tæknistefnu. Nefndinni var falið að skila skýrslu til ráðherra snemma árs 1993. Til setu í nefndinni skipaði menntamálaráðherra þá Ólaf Davíðsson ráðuneytisstjóra og Þórólf Þórlindsson prófessor. Með þeim hafa starfað Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur og Eiríkur Baldursson deildarstjóri. Í erindisbréfi nefndarinnar segir:

"Við störf sín skal nefndin hafa sérstaklega til hliðsjónar niðurstöður OECD-athugunar á vísinda-, tækni-, og nýsköpunarstefnu hér á landi. Nefndin skal einkum fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Rannsóknamenntun og tengsl hennar við nýsköpun í atvinnulífi
2. Fjármögnun rannsóknastarfsemi

3. Eflingu rannsóknastofnana sem að dómi nefndarinnar hafa lykilhlutverki að gegna við nýsköpun í atvinnulífi."

Tilurð erindisbréfs nefndarinnar í kjölfarið á birtingu skýrslu OECD-hópsins kann, við fyrstu sýn, að gefa tilefni til þess að ætla að athyglinni sé fyrst og fremst beint að þeirri starfsemi sem fjallað er um í skýrslu OECD. Því telur nefndin rétt að strax komi fram að hún leggur víðan skilning í orðið "vísindi", en á ekki við þrönga tilvísun til grunnrannsókna í raunvísindum. Sama máli gegnir um önnur hugtök sem notuð eru til að vísa til rannsókna- og þróunarstarfsemi og beitt er í skýrslunni. Þannig getur hugtakið "hagnýtar rannsóknir" ekki síður átt við t.d. rannsóknir af félags- eða hagfræðilegum toga, heldur en þá þröngu merkingu að "hagnýtar rannsóknir" taki eingöngu til þess að raunvísindaleg þekking sé hagnýtt til efnahagslegs ávinnings í atvinnulífinu.

Það er mat nefndarinnar, m.a. að fengnum ábendingum Vísindaráðs, að þrátt fyrir ágætar tillögur og framlag til þessarar umræðu hafi sérfræðihópur OECD kosið að leggja þrengri skilning á verkefnið sem hópnum var falið en lesa má í erindisbréfi hans. Rannsóknum, öðrum en raunvísindum og hagnýtum rannsóknum, eru vart gerð nein skil í skýrslu hópsins. Hug- félags- og lífvísindi hlutu litla athygli sérfræðihópsins.

Skoðun nefndarinnar á takmörkunum OECD-skýrslunnar að þessu leyti verður síðar í þessari skýrslu tilefni tillögu um að hið fyrsta fari fram vönduð úttekt á stöðu og starfsháttum í hug- félags- og lífvísindum hér á landi.

Það er nefndinni kappsmál að málefni vísinda og tækni verði með reglubundnum hætti tilefni umræðna hjá æðstu valdhöfum þjóðarinnar, m.a. vegna þess að auknar líkur eru á því að stjórnvöld hér, eins og annars staðar í Evrópu, leggi á næstu árum meiri áherslu á að bæta almenn skilyrði til þess að efla rannsóknir með það fyrir augum að auka þekkingu og styrkja nýsköpun. Þess vegna telur nefndin að það sé afar mikilvægt að starfsemin tengist meira en nú umfjöllun um þjóðfélagsleg málefni, bæði í menningar- og efnahagslegum skilningi. Þessi skoðun nefndarinnar á við um allar tegundir rannsókna og vísindastarfsemi. Slík tenging við þjóðfélagsumræðuna og íslenskan veruleika mun, að mati nefndarinnar, hvort tveggja auðga umræðuna og skapa vísinda- og tæknistarfseminni betri starfsskilyrði svo hún verði betur í stakk búin til þess að takast á við verkefnin og svara þeim auknu kröfum sem til hennar eru gerðar. Nefndin vekur þó athygli á nauðsyn þess að sýna aðgát þegar stefna um þessi mál er mótuð og kynnt. Góð vísindi verða því aðeins stunduð að borin sé virðing fyrir starfsaðferðum þeirra, um leið og vísindasamfélagið verður að bera gæfu til þess að skilja samhengi við umhverfi, menningu og þjóðfélag sem það er sjálft hluti af. Þeir sem gera kröfur til vísindanna verða að átta sig á eðli þeirra og takmörkunum, og þeir sem iðka vísindi þurfa að sættast á forgangsröðun, bæta sífellt aðferðir sínar, markmið og leiðir í starfinu. Þetta á við um öll vísindi.

Tilgangur vísinda- og tæknistefnu stjórnvalda er að tryggja að lögð sé stund á þær rannsóknir sem við höfum forsendur til þess að stunda og þurfum á að halda, að vel sé að verki staðið í öflun þekkingar og niðurstöðurnar nýtist til skilnings á því hvað það er að vera Íslendingur í heimi hraðfara tæknibreytinga, til velgengni og framfara í atvinnulífi og til skilnings á uppruna okkar, arfleifð, tækifærum og umhverfi. Stefnunni er ætlað að skapa skilyrði til þessarar nauðsynlegu starfsemi, draga fram áherslur, stýra fjárveitingum til hennar og tryggja að ávallt veljist hæft rannsóknarfólk til starfa.

Skýrsla nefndarinnar tekur mið af umræddri skýrslu OECD en einnig er höfð hliðsjón af því hvað efst er á baugi í nálægum löndum. Þá var leitað sérstaklega eftir viðhorfum fjölmargra innlendra aðila, m.a. forsvarsmanna Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, forstjóra rannsóknastofnana atvinnuveganna, forsvarsmanna Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs. Samtöl við þessa aðila hafa fært nefndinni mikilvægar upplýsingar og sjónarmið.

Í starfi sínu hugaði nefndin einkum að þeim liðum sem taldir eru upp í erindisbréfinu. Auk þess taldi hún nauðsynlegt að víkja að öðrum þáttum sem annaðhvort bar á góma í samtölum nefndarinnar við aðila í rannsóknakerfinu eða henni sjálfri þótti hlýða að vekja athygli á.

ii. Útdráttur úr tillögum nefndarinnar

Hér á eftir fer útdráttur úr tillögum nefndarinnar. Fylgt er kaflaheitum skýrslunnar (feitletruð) og styttar tillögur birtar hér á eftir.

Rannsóknatengt framhaldsnám og styrkir að loknu doktorsprófi

- Háskóli Íslands geri tillögur til matsnefndar um fjögurra ára áætlun um tveggja ára rannsóknatengt framhaldsnám til meistaragráðu við háskólann. Í matsnefndinni eiga sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Vísindaráðs (Vísinda- og tækniráðs) og Háskóla Íslands. Að fjórum árum liðnum verður árangur tilraunarinnar metinn og lagður til grundvallar frekari áformum um rannsóknatengt framhaldsnám. Menntamálaráðuneytið staðfestir reglugerð um námið.
- Vísindanefnd Háskóla Íslands velur þær umsóknir um rannsóknatengt framhaldsnám sem teljast hæfar.
- Rannsóknatengt framhaldsnám verði fjármagnað m.a. að hluta með framlagi af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja og að hluta innan ramma núverandi fjárveitinga til Háskóla Íslands. Hluta af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja verði ráðstafað samkvæmt tillögum sérstakrar matsnefndar. Starfsreglur matsnefndar skulu öðlast staðfestingu menntamálaráðuneytis. Heimilt er að leita samstarfs um fjármögnun við aðila innan háskólans sem utan.
- Eitt af markmiðum tillögu nefndarinnar er að tryggja að efnt verði til samstarfs við stofnanir utan Háskóla Íslands.
- Gerð er tillaga um ráðstöfun þess hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja sem varið skal til eflingar rannsóknatengdu framhaldsnámi: Áætlað er að um 37,5 millj. kr. á ári hverju skiptist að jöfnu milli framlags til starfrækslu námsins, styrkja til nema í rannsóknatengdu framhaldsnámi og til þess að kosta tímabundnar styrkþegastöður að afloknu doktorsnámi. Fyrsta árið má þó reikna með nokkru lægri framlögum.
- Deildum er heimilt að efna til rannsóknatengds framhaldsnáms innan ramma núverandi fjárveitinga uppfylli umsóknir formleg skilyrði að mati Vísindanefndar Háskóla Íslands.

Fjármögnun rannsókna

- að kannaðar verði skattalegar leiðir til þess að auðvelda fyrirtækjum að takast á við nýsköpun. Þessari athugun skal ljúka á árinu 1993.
- að komið verði á stuðningi við fyrirtæki sem leggja verulegt fjármagn og mannafla til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Stuðningurinn felist í þátttöku í launakostnaði við störf vísindamanna að tímabundnum verkefnum.
- Ríkisfyrirtækjum verði heimilað að lækka arðgreiðslur til ríkissjóðs með því að verja hluta arðskilakröfunnar til vel skilgreindra rannsókna- og þróunarverkefna sem varða miklu fyrir starfsemina. Leita skal hæfra aðila til umsagnar um verkefni. Meðal fyrirtækja, sem koma til álita hér, eru Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli, Lyfjaverslun ríkisins, Póst- og símamálastofnun o.fl.
- Ríkisstofnunum verði heimilt að verja tilteknu hlutfalli ráðstöfunarfjár til vel skilgreindra rannsókna- og þróunarverkefna. Meðal stofnana, sem hér koma til álita, eru Brunamálastofnun, Hollustuvernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Ríkisspítalar, Siglingamálastofnun, Skógrækt ríkisins, Veðurstofa Íslands, Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnarmálastofnun og e.t.v. fleiri stofnanir.
- Málefni nýsköpunar í heild verði tekin til umfjöllunar af ríkisstjórn til þess að efla málefnalega umfjöllun og tengja hana við markmið stjórnvalda í efnahags- og menningarmálum.

- Sjóðir, sem styrkja verkefnabundna starfsemi, verði efldir á kostnað aukinna fjárveitinga til stofnana. Þannig verði 15-20% af samanlögðum framlögum til rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu veitt í gegnum verkefnabundna sjóði. Markinu verði náð árið 1995.
- Verkefnabundnir sjóðir geti veitt styrki til 3-4 ára verkefna. Efla þarf faglegar kröfur, sem gerðar eru til verkefna, og eftirlit með þeim.

Efling stofnana eða fræðasviða

- Nefndin telur að áhersla á valin svið sé líklegri til þess að skila meiri árangri en almenn hækkun á grunnframlögum til stofnana. Áherslan verði tímabundin og árangur metinn að 4-6 árum liðnum.
- Kannað verði hvort ávinningur sé af því að nokkrum fleiri stofnunum innan Háskóla Íslands verði tryggð grunnfjárveiting eins og t.d. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands nýtur í dag.
- Íslendingar taki yfir starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar og tækifærið verði notað til þess að endurskipuleggja fyrirkomulag jarðvísindarannsókna í landinu með það fyrir augum að öflug jarðvísindastofnun rísi hér á landi.
- Kannað verði hvaða ávinningur væri að því að endurskipuleggja rannsóknir í íslenskum fræðum, menningu og þjóðfélagsgerð með samruna stofnana innan Háskóla Íslands. Svipuð athugun verði gerð á skipulagi minni rannsóknastofnana á skyldum fræðasviðum.
- Endurskipulagingu matvælarannsókna verði hraðað og nýtt fyrirkomulag komi til framkvæmda árið 1994. Svipaðar athuganir fari fram á skipan byggingarannsókna, líftæknirannsókna og líffræðirannsókna í þágu landbúnaðarins.
- Hraðað verði framkvæmdum við þjóðarbókhlöðuna.
- Nefndin leggur til að þeirri meginreglu verði fylgt að rannsóknastofnunum verði tryggt grunnframlag, en síðan gert að afla eigin tekna.

Skipulag yfirstjórnar vísinda- og tæknimála

- Nefndin leggur til að ríkisstjórnin fjalli sérstaklega um vísinda- og tæknimálefni í heild við undirbúning fjárlaga. Til undirbúnings þessari umfjöllun verði kallaður saman starfshópur ráðuneyta, sem hafa vísinda- og tæknistarfsemi á verksviði sínu, undir forystu menntamálaráðuneytisins. Starfshópurinn geri tillögur um fjárveitingar til málaflokksins og leggi drög að fjárveitingum til fleiri ára. Starfshópnum er ætlað að tryggja að samhengi verði milli stefnumótunar um vísinda- og tæknimál og fjárveitinga til þeirra frá hinu opinbera. Hópurinn skal hafa náið samband við Rannsóknaráð og Vísindaráð, og síðar Vísinda- og tækniráð. Hann taki til starfa þegar vorið 1993 vegna undirbúnings fjárlaga 1994.
- Vísinda- og tækniráð Íslands leysir núverandi Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð af hólmi. Í ráðinu sitja níu meðlimir skipaðir til þriggja ára af menntamálaráðherra. Meðlimir ráðsins eru eru ekki sérstakir fulltrúar þeirra aðila sem tilnefna þá, heldur skal kappkostað að velja til setu í ráðinu einstaklinga sem eru þekktir að víðsýni og hæfni. Menntamálaráðherra skipar formann, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- Verkefni Vísinda- og tækniráðs eru stefnumótun um málefni sem varða vísindi og tækni í landinu. Ráðið veitir ríkisstjórn og Alþingi ráðgjöf um þessi málefni. Ráðið aðstoðar við undirbúning og tekur þátt í störfum samstarfshóps ráðuneytanna um vísinda- og tæknimálefni. Ráðið annast þátttöku í alþjóðasamstarfi í vísinda- og tæknimálum fyrir Íslands hönd. Ráðið leitar faglegrar aðstoðar í umfjöllun sinni um sérfræðileg málefni, og í úttektum og mati á rannsóknastarfseminni.
- Ráðið skal stofna óháðar faglegir ráðgjafarnefndir á helstu sviðum með það hlutverk að efla faglega umræðu og veita ráðgjöf í umfjöllun ráðsins um fagleg efni. Fagnefndirnar skulu koma saman eftir því sem þurfa þykir.

- Að öðru leyti annast Vísinda- og tækniráð þau verkefni sem getið er 1., 2., 13. og 17. grein laga nr. 48/1987 um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, eftir því sem við á.
- Fela má Vísinda- og tækniráði í umboði ríkisstjórnar að hafa meiri áhrif á skiptingu á hluta þess fjárlagaramma sem varið er til rannsókna- og þróunarstarfsemi á fjárlögum..
- Styrkveitingar úr sjóðunum eru formlega ákveðnar af Vísinda- og tækniráði að fenginni tillögu starfsnefnda sem ráðið velur árlega fyrir hvorn sjóð um sig. Starfsnefndirnar skulu hvor um sig skipaðar þremur meðlimum sem ekki eiga aðild að Vísinda- og tækniráði. Starfsnefndir leita sjálfar faglegrar aðstoðar, án afskipta ráðsins. Úthlutunarstefna sjóðanna er ákveðin af Vísinda- og tækniráði.
- Skrifstofa Vísinda- og tækniráðs annast verkefni sem ráðið felur henni.
- Vegna aukinnar þýðingar vísinda- og tæknimálefna verði stjórnsýsla menntamálaráðuneytisins treyst, m.a. vegna þess að vísindi og tækni eru verkefni sem ganga þvert á starfssvið flestra ráðuneyta. Í ljósi skýrari tengingar vísinda- og tæknistarfsins við þjóðfélagsleg markmið er og veruleg þörf fyrir samræmingu og samráð við önnur ráðuneyti.

Alþjóðlegt samstarf

- Efla þarf viðbúnað til þess að Íslendingar geti orðið fullgildir þátttakendur í Evrópusamstarfi og vísindamenn geti lagt það af mörkum sem gerir þá áhugaverða samstarfsaðila.
- Styrki til rannsókna- og þróunarverkefna þarf að veita til lengri tíma en nú er gert og tryggja fjármögnun allan tímann, sem verkefnið stendur, þegar í upphafi.
- Beina þarf athygli að öðru vísinda- og tæknisamstarfi en því sem felst í samvinnu á vegum EB.

Mat og úttektir

- Tekið verði upp reglubundið mat á árangri og framkvæmd r&þ verkefna hér á landi. Niðurstöður verði notaðar til þess að stýra fjármagni, móta stefnu og velja viðfangsefni starfseminnar að hluta.
- Úttekt fari fram á stöðu hug-, félags- og lífvísindarannsókna hér á landi fyrir árslok 1994.

Útgáfumál

- Lagt er til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir samvinnu við bókaforlög til þess að koma útgáfumálunum á fastari grundvöll.
- Rétt er að íhuga hvort aðilar, sem fjármagna rannsóknir, skuli gera ráð fyrir kostnaði við útgáfu eða dreifingu á niðurstöðum í styrkveitingum sínum.

Höfundarréttur og einkaleyfismál

- Gefi endanleg dómsniðurstaða í málaferlum, um höfundarrétt vísindamanna að niðurstöðum og skráðum athugunum í rannsóknaverkefnum á stofnunum, tilefni til breytinga, er lagt til að gagnger endurskoðun fari fram á þessum málum til þess að komið verði í veg fyrir að þau setji stein í götu samstarfs háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Stofnanir og fyrirtæki á landsbyggðinni

- Öll áform, sem gera ráð fyrir eflingu rannsókna- og þróunarstarfsemi á landsbyggðinni, miði að því að starfseminni verði safnað saman í miðstöðvar á fáum stöðum, t.d. þannig að útibú fleiri stofnana verði sett niður á sama stað. Nefndin leggur áherslu á að þar sem miðstöðvar af þessu tagi rísa séu til staðar forsendur í atvinnulífi til virkrar þátttöku, m.a. frumkvæði og vilji heimamanna.
- Samstarf Háskólans á Akureyri og rannsóknastofnana atvinnulífsins og fyrirtækja verði eflt.

1. Rannsóknatengt framhaldsnám og styrkir að loknu doktorsprófi

Með heitinu rannsóknatengt framhaldsnám er átt við nám í framhaldi af BA eða BS prófi frá háskóla. Rannsóknatengt framhaldsnám er frábrugðið því framhaldsnámi, sem nú er boðið upp á við nokkrar deildir Háskóla Íslands, að því leyti að mikil áhersla er lögð á rannsóknaþjálfun sem verður umtalsverður hluti námsins.

Háskóli Íslands hefur lagt fram tillögur að reglum um rannsóknatengt framhaldsnám. Í tillögunum er gert ráð fyrir að framkvæmd námsins verði í höndum einstakra deilda háskólans en háskólaráð, eða Vísindanefnd í umboði þess, skipti því fé sem veitt verði sérstaklega til rannsóknatengds framhaldsnáms. Fulltrúar rannsóknastofnana atvinnuveganna, Rannsóknaráðs ríkisins og Háskólans á Akureyri hafa lagt áherslu á að rannsóknatengt framhaldsnám tengist viðfangsefnum fyrirtækja með það að markmiði að byggja upp þekkingu í fyrirtækjum. Í þessu sambandi hefur verið bent á hugsanlega norræna fyrirmynd sem kallast Norræn iðnrannsóknamenntun - samstarf fyrirtækja og háskóla.[1]

Það er skoðun nefndarinnar að tveggja höfuðsjónarmiða skuli gætt við uppbyggingu á rannsóknatengdu framhaldsnámi og vali á viðfangsefnum í því: Annar vegar þarf að efla undirstöður fyrir fræðilegar, almennar og sértækar rannsóknir, m.a. á íslenskri menningu, arfleifð okkar, þjóðfélagsgerð og sérstökum aðstæðum í náttúru landsins. Hins vegar þarf námið að vera liður í því að efla menntunarstig innan fyrirtækja, auka skilning á gildi nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfsemi og breyta viðhorfum gagnvart vísindalega þjálfuðu starfsfólki. Ef rétt er að málum staðið gæti framhaldsnámið þjónað tveimur markmiðum: Að gera íslenskar rannsóknir áhugaverðari í augum okkar sjálfra og erlendra samstarfsaðila, og efla skilning forsvarsmanna fyrirtækja á gildi vísindalegrar þekkingar starfsmanna fyrir vöruþróun og markaðssetningu og þar með afkomu fyrirtækjanna.

Uppbygging framhaldsnámsins gæti verið í tengslum við þá hugmynd að komið yrði á fót stöðum, t.d. "prófessor II"[2] þar sem vinnutíma starfsmanns yrði skipt milli Háskóla Íslands og rannsóknastofnana atvinnuveganna eða fyrirtækja. Starfsmenn fyrirtækja, ríkisstofnana, verkfræðistofa og rannsóknastofnana, sem uppfylla ákveðnar hæfniskröfur, ættu að geta gegnt stöðum prófessors II og verið gjaldgengir sem leiðbeinendur við rannsóknaverkefni í framhaldsnámi. Þetta fyrirkomulag þarf að mati nefndarinnar ekki að einskorða við prófessorsstöður, heldur kemur einnig sterklega til álita að dósentar og lektorar deili tíma sínum milli kennslu og starfa að rannsóknum, hvort sem er innan háskóla eða á öðrum vettvangi. Áhersla skal lögð á að miklar faglegar kröfur verður að gera til þeirra starfsmanna sem koma til álita í stöður af þessu tagi. Nefndin vekur athygli á að hliðstæðu skipulagi hefur verið komið á við Háskólann á Akureyri þótt þar sé ekki enn sem komið er um framhaldsnám að ræða.

Náin tengsl skulu, eftir því sem við á, höfð við rannsóknastofnanir atvinnulífsins og verði kennurum og nemendum sköpuð aðstaða þar í samræmi við náms- og rannsóknaverkefni. Þegar samvinna er höfð við fyrirtæki til þess að tryggja tengsl rannsóknaverkefna nemenda við þarfir atvinnulífins, skal sambærileg aðstaða, mannafli og búnaður hjá fyrirtækjum metinn til jafns við það sem stofnanir innan eða utan háskólans láta í té. Þannig má vinna hluta verkefnanna á vettvangi í fyrirtækjum. Í tillögum skal gerð grein fyrir fjármögnun allra þátta framhaldsnámsins.

Nefndin bendir á tvær leiðir til þess að fjármagna hluta Háskólans í kostnaði við rannsóknatengt framhaldsnám. Önnur leiðin er sú að hluti af tekjum vegna sölu ríkisfyrirtækja[3] verði notaður til þess og verði þeim hluta ráðstafað samkvæmt tillögu sérstakrar matsnefndar

---

1 "Nordisk industriforskare-samarbete mellan industri og universitet." Íslendingar hafa þegar öðlast góða reynslu af þessu samstarfi sem er að hluta kostað af norrænum sjóðum, auk framlags fyrirtækis sem í hlut á.

2 "Prófessor II" er staða sem m.a. Norðmenn hafa stofnað til og skal sá, sem henni gegnir, deila tíma sínum milli háskólastofnunar og rannsóknastofnunar eða fyrirtækis.

3 Nefnd um ráðstöfun hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja, endurskoðaðar tillögur 12. janúar 1993.

Vísindaráðs (síðar Vísinda- og tækniráðs) sem skipar nefndina eftir tilnefningum menntamálaráðuneytis og Háskólans. Hin leiðin er sú að kostnaður skólans verði fjármagnaður með millifærslum milli grunnmenntunar og rannsóknamenntunar innan ramma gildandi fjárveitinga. Nefndin telur eðlilegt að báðar þessar leiðir verði notaðar hverju sinni.

Jafnframt því, sem rannsóknatengdu framhaldsnámi er komið á fót, er nauðsynlegt að auka styrkveitingar til rannsóknaverkefna ungra vísindamanna sem eru að hasla sér völl hér á landi að loknu doktorsnámi erlendis. Styrkir yrðu veittir til einstaklinga sem skara fram úr á sínu fræðasviði en einnig til stofnana sem gætu þannig valið unga vísindamenn með þá menntun, hæfni og viðfangsefni sem styrkja faglegar áherslur í uppbyggingu stofnana. Þessir styrkir yrðu fjármagnaðir m.a. með tekjum af sölu ríkisfyrirtækja og mótframlögum frá rannsóknasjóðum, rannsóknastofnunum og hugsanlega framlögum frá fyrirtækjum.

Tillögur nefndarinnar

- Háskóli Íslands geri tillögur til matsnefndar um fjögurra ára áætlun um tveggja ára rannsóknatengt framhaldsnám til meistaragráðu við háskólann. Í matsnefndinni eiga sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Vísindaráðs (Vísinda- og tækniráðs) og Háskóla Íslands. Námið byggist m.a. á 25-30 eininga rannsóknaverkefni. Að fjórum árum liðnum verður árangur tilraunarinnar metinn og lagður til grundvallar áformum um rannsóknatengt framhaldsnám við fleiri menntastofnanir.
- Í reglum um framhaldsnámið, sem matsnefndin fjallar um og menntamálaráðuneytið staðfestir, skal gerð grein fyrir kröfum um undirbúning nemenda, reynslu og hlutverk kennara, aðstöðu og búnað og um árangur, og auk þess fyrir fyrirkomulagi um mat á árangri.
- Vísindanefnd Háskóla Íslands velur þær umsóknir um rannsóknatengt framhaldsnám sem teljast hæfar.
- Rannsóknamenntunin verði fjármögnuð m.a. að hluta með framlagi af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja og að hluta innan ramma núverandi fjárveitinga til Háskóla Íslands með millifærslum milli grunnmenntunar og rannsóknamenntunar innan skólans. Tekjum af sölu ríkisfyrirtækja, sem renna til eflingar framhaldsnáms, verði ráðstafað samkvæmt tillögum sérstakrar matsnefndar Vísindaráðs (Vísinda- og tækniráðs) sem skipar nefndina að fengnum tilnefningum menntamálaráðuneytis og háskólans. Starfsreglur matsnefndar skulu öðlast staðfestingu menntamálaráðuneytis. Framlag af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja verður veitt þeim tillögum sem að mati Vísindaráðs uppfylla jafnt fræðilegar kröfur og byggja á tengslum við nýsköpun í atvinnulífi. Heimilt er að leita samstarfs um fjármögnun við aðila innan háskólans sem utan.

  Nefndin telur eðlilegt að matsnefndin verði einnig skipuð aðilum utan Háskóla Íslands. Einkum liggja þrjár ástæður að baki þessari skoðun: Fé, sem ætlað er til þess að bera hluta kostnaðarins, er fengið með sölu fyrirtækja í eigu ríkisins. Því er eðlilegt að það renni m.a. til þess að skjóta styrkari stoðum undir atvinnustarfsemi. Að lokinni tilraun með rannsóknatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands er gert ráð fyrir að boðið verði upp á slíkt nám við fleiri menntastofnanir í landinu. Eitt af markmiðum tillögu nefndarinnar er að tryggja að efnt verði til samstarfs við stofnanir utan Háskóla Íslands um framkvæmd námsins, eftir því sem við á.

- Gerð er tillaga um eftirfarandi ráðstöfun þess hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja sem varið skal til eflingar rannsóknatengdu framhaldsnámi: Áætlað er að um 37,5 millj. kr. verði til ráðstöfunar á ári hverju, en fyrsta árið má reikna með nokkru lægri framlögum:

Framlag til stofnana, deilda eða námsbrauta vegna starfrækslu námsins	12,5 millj. kr.
Styrkir til nemenda í framhaldsnámi	12,5 -
Styrkþegastöður (post-doc)	12,5 -
Samtals	**37,5 millj. kr.**

- Framlagi til stofnana má verja til launagreiðslu, úrbóta á aðstöðu og búnaði o.s.frv. samkvæmt tillögu um tilhögun námsins.
- Deildum, sem leggja fram tillögur að rannsóknatengdu framhaldsnámi, er heimilt að efna til slíks náms innan ramma núverandi fjárveitinga uppfylli þær formleg skilyrði að mati Vísindanefndar Háskóla Íslands.

2. Fjármögnun rannsókna

Þróun fjármagns 1980-1990

Fjármögnun

Árið 1990 vörðu Íslendingar um 3,4 milljörðum króna eða 1,11% af þjóðartekjum til rannsókna- og þróunarstarfsemi og alls voru unnin tæp 1200 ársverk í þessari starfsemi.[4] Báðar þessar tölur eru mun lægri að hlutfalli en tíðkast í löndunum í kringum okkur. Opinberir aðilar lögðu fram tæpa 2,7 milljarða kr., en fyrirtæki rúmlega 720 milljónir kr., eða um fjórðung.[5]

Erfitt er að segja hvort hér er minni fjármunum varið til nýsköpunar en annars staðar, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um t.d. hve umfangsmikil tækniyfirfærsla er til landsins. Gera verður ráð fyrir að tækniyfirfærslan sé veruleg að vöxtum og skipti e.t.v. meira máli fyrir tæknibreytingar í atvinnulífi en afrakstur rannsókna sem landsmenn leggja sjálfir stund á. Varast ber þó að vanmeta að öflug rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu er undirstaða þess að hægt sé að taka við aðfenginni tækni og beita henni til gagns í atvinnurekstri og þjónustu við þær aðstæður sem hér ríkja. Þess vegna ber að efla þessa starfsemi.

4 Ársskýrsla Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 1990 og 1991, tafla 1 og mynd 3, bls. 32.
5 Sama heimild, tafla 2, bls. 33.



Samanburður á hlut hins opinbera í framlögum til starfseminnar hér á landi, mælt í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, sýnir þó að hann er fyllilega sambærilegur við það sem gerist t.d. á sumum Norðurlandanna. Munurinn liggur hins vegar í því að hlutur atvinnulífsins hér er lægri en í þessum löndum. Skýringarnar liggja m.a. í gerð og samsetningu atvinnulífsins og rekstrarskilyrðum.[6]

- Fyrirtæki hér eru allajafna mjög smá. Það er ljóst að fyrirtæki, sem hafa 3-4 starfsmenn í þjónustu sinni (meðaltalið er u.þ.b. 3,6 starfsmenn), geta vart lagt verulega mikið til áhættusamrar starfsemi af því tagi sem rannsókna- og þróunarstarfsemi er, nema því aðeins að um hrein rannsóknafyrirtæki sé að ræða. Slík fyrirtæki eru þó fágæt hér.
- Meginatvinnuvegirnir byggja starfsemi sína á sókn í náttúruauðlindir. Afkoma og vöxtur fyrirtækja hefur til þessa byggst á sífellt aukinni sókn í auðlindirnar fremur en á sókn í aukið vinnsluvirði sem byggð er á nýmælum í aðferðum og tækjum. Fullyrða má að lítil hefð sé fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi í íslenskum fyrirtækjum. Á þessu er þó orðin merkjanleg breyting á síðustu árum.
- Hátt verðbólgustig og vextir eru ennfremur atriði sem vitað er að draga úr viðleitni fyrirtækja til þess að stunda rannsókna- og þróunarstarf.

Síðustu ár hefur hlutur fyrirtækja í fjármögnun rannsókna farið vaxandi, þótt í mismiklum mæli sé eftir atvinnugreinum. Þessi þróun þarf að halda áfram og styrkjast til muna á næstu árum.

Framkvæmd

Á tímabilinu 1971-1985 þrefaldaðist hlutdeild fyrirtækja í framkvæmd rannsókna hér á landi. Frá árinu 1985 hefur þó aftur dregið úr hlut þeirra þrátt fyrir að raunaukning á framkvæmd

6 Sjá t.d. samanburð milli Norðurlandanna í: Petersen, J. S. og Wiig, O.: Udviklingen i FoU-indsatsen i Norden i 1980'erne. Vitenskaps- og teknologi-indikatorer for Norden. Nordisk Industrifond, Informasjon nr 3/1992, bls. 26-47.



fyrirtækja í rannsóknum hafi orðið um 60 % á tímabilinu 1987-1990.[7] Hér er margs að gæta enda um hlutfallstölur og ítarlegri könnun að ræða árið 1990 en áður. Fyrirtækin fjármagna fjórðung en framkvæma aðeins 20% rannsókna- og þróunarstarfseminnar. Það sem e.t.v. skiptir mestu máli er að af þeim rannsóknum sem fyrirtækin fjármagna sjálf, hefur hlutur þeirra sjálfra í framkvæmdinni aukist til verulegra muna. Þetta er ánægjuleg þróun og bendir til þess að breytingar séu að verða í atvinnulífinu að þessu leyti. Þekkingin virðist vera að færast inn í fyrirtækin í vaxandi mæli. Fyrirtækin kjósa í ríkari mæli að annast þessa starfsemi sjálf, oftast með aðstoð stofnana.

Aðstæðurnar, sem að ofan eru raktar, gera það að verkum að hlutdeild hins opinbera í fjármögnun og framkvæmd rannsókna- og þróunarstarfsemi er meiri hér en víða annars staðar. Það sést m.a. á því að allt frá árinu 1937 hefur hið opinbera haft forgöngu um starfrækslu rannsóknastofnana sem hafa haft að markmiði að stunda rannsóknastarfsemi í þágu atvinnulífsins. Líklegt er að enn um sinn verði hlutdeild ríkisins meiri hér en annars staðar. Þetta er réttlætanlegt vegna þeirra aðstæðna sem greint var frá hér að framan og ekki síst með vísun til þess hlutverks sem vísindi og tækni gegna í skilningi okkar á landinu, menningunni og samfélaginu.

Leiðir til að auka fjármagn

Með hliðsjón af því sem, fyrr sagði, má leiða líkur að því að hið opinbera verði enn að auka framlög sín til rannsókna- og þróunarstarfsemi eftir ýmsum leiðum, en jafnframt verður að leggja höfuðáherslu á að atvinnulífið kosti meiru til en það hefur gert. Um leið og gerð er tillaga um aukin framlög hlýtur óhjákvæmilega að fylgja að gerðar verði meiri kröfur um árangur af starfseminni.

7 Ársskýrsla Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 1990 og 1991, bls. 33.

- Í atvinnulífi fer skilningur vaxandi á tækifærum sem felast í nýsköpun, rannsókna- og þróunarstarfsemi þar með talin. Kynslóðaskipti eru að verða og yngra fólk með meiri vísindalega þjálfun ræðst í vaxandi mæli til ábyrgðarstarfa hjá fyrirtækjum.
- Breyttar samkeppnisaðstæður, bæði af innlendum ástæðum og vegna aukinnar þátttöku í alþjóðasamstarfi, eru líklegar til þess að fyrirtæki eflist. Reyndar má sjá þá þróun í nokkrum atvinnugreinum nú þegar. Sameining fyrirtækja hófst í þjónustugreinum, stendur yfir í framleiðslugreinum og er á döfinni í samtökum atvinnugreina, lífeyrissjóðum og víðar.

Hið opinbera þarf að bæta forsendur fyrir því að fyrirtækin hugi betur að samkeppnisaðstöðu sinni í framtíðinni og tryggja markvissari notkun fjármuna og mannafla sem þegar er varið til starfsemi hjá stofnunum á þess vegum. Vakin er athygli á hugmyndum sem Rannsóknaráð ríkisins hefur lagt fram um skattaívilnanir til fyrirtækja sem í verulegum mæli stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi og skila hagnaði. Stuðningurinn fælist m.a. í því að fyrirtækjunum yrði heimilað, í framtali til skatts, að leggja 25-50% ofan á útgjöld sem sannanlega hefur verið varið til þessarar starfsemi.

Jafnframt álítur nefndin að leggja þurfi áherslu á að finna verður leiðir til þess að hvetja fyrirtækin sjálf til þess að skilgreina þarfir fyrir rannsóknir og vöruþróun á grundvelli markaðs- og arðsemissjónarmiða, sem þau geta síðan leitað með til opinberra rannsóknastofnana til úrlausnar.

Föst og óbundin framlög

Í úttekt OECD 1992 er vikið að því að hér á landi skorti verulega á að samræmdri stefnu til lengri tíma sé fylgt í dreifingu mannafla og fjármagns til rannsókna- og þróunarstarfseminnar. Þær tilraunir, sem eru gerðar, takmarkast við verksvið einstakra stofnana, ráða eða ráðuneyta. Samkomulag um skiptingu fjármagnsins á sér sögulegar forsendur, m.a. frá tíma Atvinnudeildarinnar, og hvert ráðuneyti gætir hagsmuna stofnana sem undir það heyra. (Í skýrslu OECD er þessu lýst sem stöðugu "Yalta"- samkomulagi um skiptingu fjárins.) Enn nefnir OECD að stofnanir séu næsta ófúsar til þess að láta breytt viðhorf setja mark sitt á starfsemina. Hér á landi er ráðstöfunarfé til tímabundinna verkefna umtalsvert lægra en gerist í nágrannalöndunum.

Samkvæmt tölum fyrir árið 1989[8] kemur í ljós að hér á landi var 9% af heildarfjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi varið í gegnum sjóði sem styrkja verkefni. Til samanburðar vörðu Finnar aðeins 6% með þessu móti, en Svíar 22%, Danir 10% og Norðmenn 14 %. (Nýrri tölur til samanburðar liggja ekki fyrir. Sjá töflu.)

---

8 Nordisk FoU-statistik for 1989 og statsbudsjettanalyse 1991. Nordisk Industrifond, Information nr 7/1991, tafla 6, bls. 15. Í tölum fyrir Ísland er með talið ráðstöfunarfé Vísindasjóðs, Rannsóknasjóðs, Byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnulífsins og Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Hliðstæðir aðilar eru upptaldir í tölum fyrir hin Norðurlöndin, en nokkru fleiri aðilar nefndir í tölum fyrir Svíþjóð, m.a. Riksföreningen mot cancer, Norrlandsfonden og Arbetarskyddsstyrelsen.

Heildarútgjöldum til r&þ 1989 skipt eftir uppruna í %					
	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Verkefnasjóðir	10	6	9	14	22
Önnur opinber framlög	36	31	61	37	17
Atvinnufyrirtæki	47	61	23	46	58
Önnur innlend framlög	4	1	4	1	1
Erlend framlög	3	1	3	2	2
Samtals:	100	100	100	100	100

Víða er nú lögð áhersla á að auka hlutdeild óbundins fjár með því að verja meira fé gegnum verkefnatengda sjóði, þar sem samkeppni er milli verkefna, og einatt gerð skilyrði um mótframlög annarra. Því hærra hlutfall fjárveitinga, sem bundið er með föstum framlögum til stofnana, því erfiðara er að sveigja áherslur í starfsemi þeirra að því sem kallar að og ekki á sér eðlilegan vettvang í starfsemi og skipulagi stofnana sem fyrir eru.

Það er skoðun nefndarinnar að bregðast beri við þessum ábendingum. Í umfjölluninni um eflingu stofnana eða verksviða (sjá síðar) var niðurstaðan sú að fremur ætti að efla ákveðin svið en að styrkja stofnanirnar frekar, þó með nokkrum undantekningum. Nefndin telur því rétt að sjóðir, sem styrkja verkefnabundna starfsemi, verði efldir á kostnað aukinna fjárveitinga til stofnana. Í dag má ætla að gegnum verkefnabundna sjóði sé varið u.þ.b. 8-9% af samanlögðum framlögum til rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu. Á fjárlögum 1993 er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 115 millj. kr. til Rannsóknasjóðs, og að 142 millj. kr. verði til ráðstöfunar úr Vísindasjóði. Ríkisstjórnin hefur samþykkt viðbótarfjárveitingu til Rannsóknasjóðs að upphæð 45 millj. kr. á árinu. Ekki liggur fyrir hvert ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands verður á árinu 1993.

Hækka þarf þetta hlutfall þannig að stefnt verði að því að t.d. 15 - 20% verði ráðstafað með þessum hætti, eða rúmum 500 milljónum króna miðað við heildarframlög til starfseminnar 1991. Þetta hlutfall tryggir að samkeppni ráði meiru um verkefnavalið og auðveldara verði að bregðast við þörfum atvinnulífs og tækifærum sem vísinda- og tæknistarfið sjálft leiðir í ljós.

Sjóðirnir, sem hér um ræðir, veita styrki til eins árs eða skemmri tíma í senn. Koma þarf á því fyrirkomulagi að styrkveitingar miðist fremur við þann tíma sem verkefnin standa, þ.e. til allt að 3-4 ára. Ákvörðun, sem tekin er þegar valið er að styrkja verkefni sem standa lengur en eitt ár, skal fela í sér fjármögnun allan tímann. Þessu fylgir að gera verður auknar faglegar kröfur og efla verður eftirlit með framgangi verkefnanna. Að loknum verkefnum, sem hljóta styrk til lengri tíma, skal gerð úttekt á árangri og framkvæmd. (Ath. Á myndinni hér að neðan er ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands talið með, þrátt fyrir að aðgangur að styrkjum hans sé takmarkaður við starfsmenn skólans.)



Tillögur nefndarinnar

Nefndin er þeirrar skoðunar að auka verði framlög til rannsókna- og þróunarstarfseminnar umtalsvert. Um það verður að takast sátt milli atvinnulífsins og ríkisvaldsins. Stefnt verði að því að hlutdeild atvinnulífsins í framlögum til rannsókna- og þróunarstarfsemi aukist verulega.

Nefndin gerir þá tillögu að til að örva atvinnulífið til átaka í rannsókna- og þróunarstarfsemi, sem miði að nýsköpun, muni ríkisstjórnin beita sér fyrir:

- að kannaðar verði skattalegar leiðir, m.a. tillögur frá Rannsóknaráði ríkisins, til þess að auðvelda fyrirtækjum að takast á við verkefni sem leiða til nýsköpunar, einkum með umtalsverðri þátttöku fyrirtækjanna í rannsókna- og þróunarstarfsemi. Þessari athugun skal ljúka á árinu 1993.
- að komið verði á sérstökum stuðningi við fyrirtæki sem sannanlega leggja í verulegum mæli fjármagn og mannafla til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Stuðningurinn felist í þátttöku í launakostnaði við störf hæfra vísindamanna að tímabundnum verkefnum í þágu fyrirtækjanna. Fyrirmyndir að þessari tillögu er að finna t.d. í Danmörku, Þýskalandi og Sviþjóð.

Nefndin gerir þá tillögu að ríkisstjórnin beini því til einstakra ráðuneyta að við undirbúning fjárlaga frá og með 1994 verði:

- ríkisfyrirtækjum heimilað að lækka arðgreiðslur til ríkissjóðs með því að verja hluta arðskilakröfunnar, skv. sérstakri ákvörðun, til vel skilgreindra rannsókna- og þróunarverkefna sem varða miklu fyrir þá starfsemi sem fyrirtækið stundar. Leita skal hæfra aðila til umsagnar um þau verkefni sem þannig koma til álita, áður en í þau er ráðist. Meðal fyrirtækja, sem koma til álita hér, eru Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli, Lyfjaverslun ríkisins, Póst- og símamálastofnun o.fl.
- ríkisstofnunum heimilt að meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni geti leitt til lækkunar kostnaðar í starfseminni eða betri nýtingar á framkvæmdafé sem stofnunin hefur til ráðstöfunar. Stofnununum skal heimilt að verja tilteknu hlutfalli ráðstöfunarfjárins í þessum tilgangi til vel skilgreindra verkefna sem metin eru álitleg af tilkvöddum, hæfum aðilum utan stofnunar. Meðal stofnana, sem hér koma til álita, eru

Brunamálastofnun, Hollustuvernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Ríkisspítalar, Siglingamálastofnun, Skógrækt ríkisins, Veðurstofa Íslands, Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnarmálastofnun og e.t.v. fleiri stofnanir.

- málefni nýsköpunar í heild, þ.m.t. rannsókna- og þróunarstarfsemi, tekin til umfjöllunar af ríkisstjórn til þess að efla málefnalega umfjöllun og tengja hana við markmið stjórnvalda í efnahags- og menningarmálum. (Sjá tillögur nefndarinnar um yfirstjórn rannsókna- og þróunarmála í landinu.)

Nefndin leggur til að ríkisstjórnin hlutist til um:

- að sjóðir, sem styrkja verkefnabundna starfsemi, verði efldir á kostnað aukinna fjárveitinga til stofnana. Þannig verði 15-20% af samanlögðum framlögum til rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu veitt í gegnum verkefnabundna sjóði. Þetta hlutfall tryggir að samkeppni ráði meiru um verkefnaval og auðveldara verði að bregðast við þörfum atvinnulífs, áherslum stjórnvalda í efnahagsmálum og tækifærum sem vísinda- og tæknistarfið sjálft leiðir í ljós. Hluti hagnaðar ríkisins af sölu ríkisfyrirtækja[9] verði notaður í þessum tilgangi. Markinu verði náð árið 1995.
- að verkefnabundnir sjóðir geti veitt styrki til 3-4 ára verkefna að uppfylltum skilyrðum. Efla þarf faglegar kröfur, sem gerðar eru til verkefna, og eftirlit með þeim.

3. Efling stofnana eða fræðasviða

Verkaskipting

Verkaskipting milli rannsóknastofnana atvinnuveganna og stofnana á vegum háskólans á rót sína m.a. að rekja til starfrækslu Atvinnudeildar Háskólans sem sett var á laggirnar með lögum árið 1937. Verkefni Atvinnudeildarinnar var að sinna rannsóknum í þágu atvinnulífsins í landinu. Með litlum breytingum var þessu skipulagi haldið allt til ársins 1965, að lögum var breytt og þau hafa síðan, með áorðnum minni breytingum, verið grundvöllur starfrækslu stofnananna í tæp 30 ár. Nokkrar stofnanir hafa bæst við síðan 1965 en sú verkaskipting og grundvallarhugsun, sem er að finna í lögunum, hefur einnig verið látin gilda um starfsemi þeirra. Meginatriði laganna frá 1965 er að stofnanirnar heyra hver undir sitt fagráðuneyti og er ætlað að sinna rannsóknum, þróunarstarfsemi og margvíslegri þjónustu á sviði viðkomandi ráðuneytis.

Rannsóknastofnanir á vegum Háskóla Íslands hafa byggst upp m.a. með tilvísun til skyldu skólans að vera bæði kennslu- og vísindastofnun. Það hefur verið mat skólans að stunda beri rannsóknir í þeim greinum sem kennsla er veitt í, m.a. til þess að styrkja fræðilegar undirstöður hennar. Skólinn hefur einnig haslað sér völl í rannsóknastarfsemi í þágu atvinnulífsins og endurspeglast verkaskipting milli skólans og rannsóknastofnananna í því að skólinn hefur einkum byggt upp starfsemi á sviðum þar sem ekki eru stundaðar rannsóknir af öðrum aðilum í þágu atvinnulífsins.

Önnur meginástæða uppbyggingar rannsóknastarfsemi innan skólans hefur verið sú að starfskraftar hæfra vísindamanna hafa staðið til boða og því verið ráðist í að byggja upp starfsemi stofnana á sérsviðum.

Í þriðja lagi hefur rannsóknastarfsemi byggst upp vegna sérstakra aðstæðna hér á landi, m.a. með tilliti til jarðfræði landsins og menningar þjóðarinnar. Miklu hefur einnig skipt að þrívegis hafa verið veittir stórir erlendir styrkir til uppbyggingar rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu. Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum var komið á laggirnar fyrir fjárstyrk frá

9 Nefnd um ráðstöfun hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja, endurskoðaðar tillögur 12. janúar 1993.

Rockefeller-stofnuninni, Raunvísindastofnun var komið á fót að miklu leyti fyrir styrk sem Bandaríska kjarnorkumálastofnunin veitti háskólanum í tilefni af 50 ára afmæli hans árið 1961 og matvælarannsóknir í landinu efldust verulega vegna styrks frá Kelloggs-stofnuninni.

Háskólastofnanir

Rannsóknastarfsemi á vegum Háskóla Íslands fer einkum fram í stofnunum eða á vegum kennara og sérfræðinga við skólann án þess að um formlega stofnun sé að ræða. Meðal rannsóknareininganna, sem eru um 45 talsins, má nefna Árnastofnun, Félagsvísindastofnun, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, Raunvísindastofnun, Líffræðistofnun, Rannsóknastofu Háskólans og Verkfræðistofnun. Nærri lætur að hver námsgrein í sumum deildum hafi á að skipa sinni eigin rannsóknastofnun. Nefndin telur rétt að kannað verði hvort treysta megi starfsemi þessa með samruna minni stofnana á skyldum fræðasviðum, þannig að við hverja rannsóknaeiningu starfi a.m.k. lágmarksfjöldi vísindamanna.

Á vegum Kennaraháskólans starfar rannsóknastofnun og einstakir kennarar stunda einnig rannsóknir.

Við Háskólann á Akureyri var sett á laggirnar rannsóknastofnun árið 1992. Stofnuninni er ætlað að vera rannsóknavettvangur allra deilda skólans og hún er jafnframt samstarfsvettvangur starfsmanna skólans og sérfræðinga annarra rannsóknastofnana og fyrirtækja. Uppbyggingin á Akureyri verður því með öðru sniði en við Háskóla Íslands. Með einni rannsóknastofnun fyrir allar deildir og samstarfi við rannsóknastofnanir atvinnulífsins er stefnt að því að tengja saman hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir, auk þess sem samstarf, sem gengur þvert á vísindagreinar, er auðveldað með því að starfrækja eina stofnun. Slíku fyrirkomulagi ætti einnig að fylgja hagræðing og rekstrarsparnaður.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna

Á vettvangi iðnaðarráðuneytisins starfa Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Á vettvangi landbúnaðarráðuneytisins starfa Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá og Veiðimálastofnun auk þess sem nokkur rannsóknastarfsemi fer fram á vegum Landgræðslunnar, við Búvísindadeildina á Hvanneyri og við Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Á vettvangi sjávarútvegsráðuneytisins starfa Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Á verksviði umhverfisráðuneytisins vinna Veðurstofa Íslands og Hollustuvernd ríkisins að rannsóknum, auk þess sem ráðuneytið hefur efnt til samstarfs fleiri aðila um rannsóknir í umhverfismálum, athugun á sjávarfánu við landið o.fl. Á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins fara fram rannsóknir í læknisfræði og heilbrigðisfræðum í stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands.

Efling stofnana eða verkefnasviða

Í umræðum nefndarinnar voru tvö meginsjónarmið skoðuð varðandi hugmyndir um eflingu stofnana. Annar kosturinn er að tengja átak til eflingar rannsóknastarfseminni við tilteknar stofnanir. Hinn kosturinn er að horfa fremur til þess að efla rannsóknir á ákveðnum sviðum sem talin eru mikilvæg í fræðilegu tilliti og vegna þýðingar fyrir atvinnuvegi landsmanna án þess að tengja þær fyrirfram ákveðnum stofnunum sérstaklega.

Fyrri kosturinn leiðir til eflingar á afmörkuðum sviðum sem byggð eru upp annars vegar með tilvísun í skipulag kennslu og mennta eða á grundvelli 30 ára gamalla laga sem ekki gátu tekið mið af tækniþróun síðustu áratuga. Átak til eflingar einstökum stofnunum leysir ekki þann vanda að tengja verður betur saman rannsóknir án hagrænna markmiða og rannsóknir sem hafa slík markmið að leiðarljósi. Slíkri tengingu verður ekki við komið nema með því að efna til

víðtæks samstarfs milli stofnana, en í skýrslu OECD er einmitt bent á að samvirkni er þörf í auknum mæli í rannsóknum hér á landi, ekki bara í stefnumótun heldur einnig í rannsóknastarfinu sjálfu. Tenging af þessu tagi einkennir í vaxandi mæli áherslur í vísinda- og tæknistefnu margra þjóða, og bestur árangur, vísindalegur sem efnahagslegur, hefur náðst í löndum þar sem sérstaklega hefur verið hugað að þessu.[10]

Það er mat nefndarinnar að slíkri tengingu milli vísindagreina verði betur náð með því að beina athyglinni öðru fremur að verkefnasviðum sem skara fram úr í vísindalegu starfi eða gegna lykilhlutverki í nýsköpun í atvinnuvegum landsmanna. Einnig er rétt að efla svið þar sem sérstakar aðstæður hér á landi gefa tilefni til þess. Nefndin fellst einnig á það sjónarmið, sem víða er lagt til grundvallar vísinda- og tæknistefnu, að viðfangsefni af þeim toga, sem hér um ræðir, séu flest þess eðlis að sérfræðikunnáttu af mörgum vísinda- og tæknisviðum sé þörf. Þess vegna telur nefndin að seinni kosturinn, þ.e. að efla ákveðin svið, sé álitlegri, a.m.k. þegar til skemmri tíma er litið. Þessi áhersla felur **ekki** í sér að sjónum verði fyrst og fremst beint að verkefnum sem einungis feli í sér skammtíma þróunarstarf en engar umtalsverðar rannsóknir.

Víða er nú dregið í efa að hefðbundin skiping í grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir sé til gagns og ljóst er að óþarfir múrar hafa verið reistir með þessari skiptingu. Það er staðreynd að tæp 22% hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi á Íslandi fara fram við æðri menntastofnanir og sjálfseignarstofnanir. Um 20% af grunnrannsóknum eru stundaðar við rannsóknastofnanir atvinnuveganna og 19% við aðrar opinberar stofnanir en háskóla og rannsóknastofnanir, en tæp 15 % við sjálfseignarstofnanir.[11] Þá eru dæmi þess að starfsmenn íslenskra fyrirtækja birti fleiri greinar í viðurkenndum vísindatímaritum en starfsbræður þeirra í skyldum rannsóknum við Háskóla Íslands. Þessu til viðbótar má nefna að 25-30% af fjármunum Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs hafa runnið til rannsóknastarfsemi við Háskóla Íslands.[12] Rannsóknasjóði ber, skv. reglum sjóðsins, að styðja rannsóknir í þágu atvinnuvega. Því er ljóst að í framkvæmd rannsóknanna sjálfra er þessi greinarmunur ekki gerður þrátt fyrir að skipulag stofnana og ráða í yfirstjórn málaflokksins geri ráð fyrir því. Nefndinni þykir því tímabært að leitað verði leiða til þess að laga skipulagið að starfseminni sem því er ætlað að styðja og telur rétt að byggja brýr milli þessara tveggja gerða af stofnunum þar sem rannsóknir eru stundaðar. Nefndin tekur því undir hugmyndir Háskóla Íslands um að komið verði á fót embættum sem kallast "prófessor II",[13] en þar er einmitt gert ráð fyrir að starfskröftum sé deilt milli skóla og rannsóknastofnana eða atvinnulífs.

Nefndin telur að áhersla á valin svið sé líklegri til þess að skila meiri árangri en hækkun á grunnframlögum til stofnana. Þetta á bæði við um líkur á vísindalegum árangri og um líkur á því að hagræn markmið náist. Áherslan yrði tímabundin og að 4-6 árum liðnum er rétt að meta árangurinn til þess að sjá hvort forsendur eru fyrir framhaldi eða ekki.

Nefndin telur mikilvægt að við ákvarðanir um eflingu verkefnasviða verði stefnt staðfastlega að því að gera rannsókna- og þróunarstarfsemina samkeppnisfæra við skylda starfsemi í nágrannalöndunum, hvað varðar vinnubrögð, aðstöðu og árangur. Í þessu sambandi þarf að huga að því að tryggja að þannig verði unnið að verkefnum að í þeim taki þátt a.m.k. lágmarksfjöldi vísindamanna til þess að auka líkurnar á árangri.

Nefndin leggur til að kannað verði hvort ávinningur væri af því að koma hliðstæðri skipan á fjárhagslegan starfsgrundvöll nokkurra háskólastofnana og tíðkast um Raunvísindastofnun og Tilraunastöðina í meinafræði.

---

10 Dæmi um þetta eru Japan, Þýskaland, Holland og Noregur. Sjá t.d. "Technology in a Changing World. OECD 1991. Þetta rit er lokaskýrsla úr "Technology/Economy Programme" 1988-1990. Niðurstöður skýrslunnar voru ræddar á fundi vísinda- og menntamálaráðherra OECD 1991.

11 Ársskýrsla Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 1990 og 1991, tafla 5, bls. 34.

12 Sama heimild, mynd 8, bls. 15.

13 Það er skoðun nefndarinnar að þetta fyrirkomulag geti einnig átt við um dósenta og lektora.

Nefndin leggur til að þeirri meginreglu verði fylgt að rannsóknastofnunum verði tryggt grunnframlag, en stofnunum síðan gert að afla eigin tekna, ýmist fjárstyrks sjóða eða framlaga frá fyrirtækjum vegna verkefna sem unnið er að. Reynsla annarra þjóða bendir til þess að hærra sértekjuhlutfall en 60% geti rýrt vísindalega starfsemi stofnana.

Verkaskipting á fræðasviðum

Samtöl nefndarinnar við forsvarsmenn rannsókna hafa leitt í ljós að á nokkrum sviðum kemur sterklega til álita að huga að verkaskiptingu milli stofnana. Á vegum hins opinbera eru nú stundaðar matvælarannsóknir á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, á Iðntæknistofnun og við Háskóla Íslands. Auk þessa eru stundaðar matvælarannnsókir á vegum fyrirtækja sem í greininni starfa. Skipulag matvælarannsókna á vegum opinberra aðila virðist taka mið af uppruna hráefnisins. Uppruni hráefnis sem grundvöllur skipulags rannsókna er ófullnægjandi og núverandi skipulag tekur ekki tillit til þess að mörg viðfangsefni í matvælarannsóknum eru óháð því með hvaða hráefni er unnið.

Nú þegar fer fram athugun á eflingu og samræmingu matvælarannsókna í landinu að frumkvæði þriggja ráðuneyta. Hugmyndir um endurskipulagingu á þessu sviði eru til athugunar. Nefndin hvetur til þess að athugunum þessum verði hraðað og nýtt fyrirkomulag taki gildi þegar árið 1994.

Þeir sem nefndin leitaði álits hjá um málið voru sammála um að lagfæringar á skipulagi og vinnubrögðum við matvælarannsóknir væru í raun prófsteinn á viljann til þess að skipuleggja starfið á grundvelli verkefna en ekki stofnana.

Rannsóknir á íslensku þjóðfélagi og menningu eru dreifðar á fjölmargar stofnanir sem heyra undir a.m.k. fjórar deildir Háskóla Íslands. Íslensk fræði, málvísindi og saga eru viðfangsefni heimspekideildar. Meðal stofnana, sem þessu sinna, eru Árnastofnun, Bókmenntafræðistofnun, Íslensk málstöð, Málvísindastofnun, Orðabók, Sagnfræðistofnun og Stofnun Sigurðar Nordals. Rannsóknir á gerð þjóðfélagsins og samskiptum milli þegnanna eru viðfangsefni félagsvísindadeildar, lagadeildar og viðskipta- og hagfræðideildar.

Viðfangsefni þessara rannsókna skarast að umtalsverðu leyti. Það er skoðun nefndarinnar að verulegur ávinningur væri að eflingu rannsóknastarfseminnar með samruna stofnana, en að skipulegu samstarfi verði komið á í ríkari mæli en nú er og stofnanir verði fluttar í sambýli, þar sem slík lausn er hentugri en samruni.

Efling þessara rannsókna er einkar mikilvæg vegna aukins fjölda tækifæra í erlendu samstarfi og vegna rannsóknatengda framhaldsnámsins sem fjallað var um hér að framan, auk annarra augljósra ástæðna sem ekki er þörf að rekja hér. Íslendingum ber skylda til þess að efla þessar rannsóknir og nefndin álítur að aukin umsvif í þessum fræðum séu líkleg til þess að draga hingað erlenda fræðimenn til náms og starfs.

Jarðfræði- eldfjalla- og jarðskjálftarannsóknir eru stundaðar á Norrænu eldfjallastöðinni, á Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofunni, við Jarðfræðiskor Háskóla Íslands og á Raunvísindastofnun. Breytingar, sem eru í deiglunni á norrænu samstarfi, styðja þá eindregnu skoðun nefndarinnar að Íslendingar eigi að taka yfir starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Um leið er rétt að nota tækifærið og endurskipuleggja rannsóknir í jarðvísindum hér á landi í þeim tilgangi að sameina þær í nýrri stofnun sem yrði öflug á alþjóðlegum mælikvarða og tryggði áfram öfluga stöðu íslenskra vísindamanna á þessu sviði. Slík stofnun væri álitlegur samstarfsaðili í erlendu vísindasamstarfi um leið og betur væri fyrir þessum rannsóknum séð miðað við þarfir og áhuga landsmanna sjálfra. Öflug jarðvísindastofnun gæti skapað sér tekjumöguleika í alþjóðlegu vísindasamstarfi og verkefnum fyrir aðra aðila.

Byggingarannsóknir eru stundaðar á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og á Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, auk þess sem nokkrar verkfræðistofur sinna nú rannsóknum í vaxandi mæli.

Líftæknirannsóknir eru einnig mjög dreifðar hér á landi. Slíkar rannsóknir eru m.a. stundaðar á Erfðafræðistofu og Örverufræðistofu Líffræðistofnunar Háskólans, á Rannsóknastofu Háskólans, í Blóðbankanum, á Rannsóknastofu í ónæmisfræði, Rannsóknastofu í veirufræði, á Raunvísindastofnun, Tilraunastöðinni í meinafræði á Keldum, Rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands, á Iðntæknistofnun, á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þessar rannsóknir eru ýmist til skilnings á sjúkdómum, arfgengi þeirra og þróun aðferða eða tilraunir til þess að hagnýta líftæknilegar aðferðir og afurðir, m.a. úr innlendum hráefnum. Rétt er hér að gera greinarmun á þeim rannsóknum þar sem einungis er um það að ræða að tækninni, þ.e. líftæknilegum aðferðum, er beitt og þeim rannsóknum sem lúta að því að rannsaka tæknina sjálfa og aðlögun hennar að viðfangsefnum. Engu að síður er það staðreynd að dreifing þessarar starfsemi er mikil og því rétt að kanna hvað ynnist með eflingu og samruna.

Líffræðirannsóknir tengdar landbúnaði eru einnig dreifðar. Þær eru stundaðar á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, við *Búvísindadeild á Hvanneyri*, á *Veiðimálastofnun*, við *Tilraunastöð* Hafrannsóknastofnunar að Stað, við Tilraunastöðina í meinafræði á Keldum, Líffræðistofnun HÍ og Tilraunastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá. Þá eru stundaðar rannsóknir á vegum Landgræðslunnar, við Bændaskólann að Hólum í Hjaltadal, við Garðyrkjuskóla ríkisins og víðar.

Í þessu samhengi telur nefndin rétt að vekja sérstaka athygli á þjóðarbókhlöðunni. Vel búið bókasafn með þeirri fjölþættu starfsemi, sem þar færi fram, væri lykilatriði til eflingar rannsóknastarfsemi á öllum sviðum. Meðal þess, sem vel búið vísinda- og tæknibókasafn býður upp á, er þjónusta við fræðimenn sem felst í greiðum aðgangi að erlendum gagnagrunnum. Aðgangur að slíkum upplýsingum er nauðsynlegur liður í undirbúningi rannsóknarverkefna og til ákvarðanatöku um að veita styrki til umsókna um rannsókna- og þróunarverkefni. Með kerfisbundinni notkun slíkra upplýsingasafna er um leið hægt að tryggja að ekki sé verið að veita styrki til verkefna sem e.t.v er þegar búið að leysa í öðrum löndum. Nefndin hvetur til þess að hraðað verði framkvæmdum við bókhlöðuna sem styrkja mun aðstöðu íslenskra rannsókna, jafnt innan lands sem utan.

Upptalningin hér að framan er til að undirstrika þá skoðun nefndarinnar að dreifing rannsóknastarfseminnar er mikil og virðist gilda einu hvaða svið er skoðað. Þessi dreifing á sér m.a. ýmsar sögulegar forsendur, og fjallað er um rannsóknir á einstökum sviðum af fleiri ráðuneytum. Dreifingunni fylgir verulegt óhagræði og eykur líkur á margfaldri uppbyggingu í tækjabúnaði og aðstöðu auk þess sem mannafli nýtist verr en skyldi. Þeir sem að rannsókna- og þróunarstarfseminni vinna reyna að bæta úr þessum skipulagslegu ágöllum og hafa efnt til samstarfs um rannsóknir í verulegum mæli. Sú samvinna sigrast þó ekki á því óhagræði sem skipulagið hefur í för með sér. Skoðun nefndarinnar er sú að full þörf sé á því að taka skipulagsmál rannsóknastarfseminnar til endurskoðunar á næstunni. Nefndin álítur að efling rannsóknasviða skuli haft að leiðarljósi í þeirri endurskoðun. Það er jafnframt eindregin skoðun nefndarinnar að efling rannsóknastarfseminnar, hvort sem um er að ræða stofnanir eða verksvið, skuli taka mið af því að hún verði sambærileg að gæðum og skyld starfsemi í öðrum löndum. Því er nauðsynlegt að leita aðstoðar erlendra sérfræðinga við mat á stöðu rannsókna hér á landi með samanburði við rannsókna- og þróunarstarfsemi í öðrum löndum og til að fá ábendingar um leiðir til að efla starfsemina.

Það vakti einnig athygli nefndarinnar að greiningin í hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir eftir stofnunum á ekki við rök að styðjast ef viðfangsefni þeirra stofnana, sem leggja stund á rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu, eru skoðuð.

Tillögur nefndarinnar

- Nefndin telur að áhersla á valin svið sé líklegri til þess að skila meiri árangri en almenn hækkun á grunnframlögum til stofnana. Þetta á bæði við um líkur á vísindalegum árangri og um líkur á því að hagræn markmið náist. Áherslan verði tímabundin og að 4-6 árum liðnum er rétt að meta árangurinn til þess að sjá hvort forsendur eru fyrir framhaldi eða ekki. Við ákvarðanir um eflingu sviða verði horft til samanburðar á gæðum rannsóknastarfsemi hér á landi við það sem gerist erlendis. Jafnframt skal horft til þess að rannsóknastarfseminni verði skipað þannig að lágmarksfjöldi vísindamanna sé að störfum á hverju sviði.
- Kannað verði hvort ávinningur sé af því að nokkrum stofnunum innan Háskóla Íslands verði tryggð grunnfjárveiting í samræmi við það sem tíðkast um Raunvísindastofnun og Tilraunastöðina í meinafræði.
- Íslendingar taki yfir starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar og tækifærið verði notað til þess að endurskipuleggja fyrirkomulag jarðvísindarannsókna í landinu með það fyrir augum að öflug jarðvísindastofnun rísi hér á landi.
- Kannað verði hvaða ávinningur væri að því að endurskipuleggja rannsóknir í íslenskum fræðum, menningu og þjóðfélagsgerð með samruna þeirra fjölmörgu stofnana sem að þessum rannsóknum vinna innan Háskóla Íslands. Þar sem samruni telst ekki hentugur verði bent á leiðir til að starfsemi þessara stofnana tengist betur en nú er.
- Athugað verði hvort treysta má starfsemi minni rannsóknastofnana innan Háskóla Íslands með samruna stofnana sem starfræktar eru á skyldum fræðasviðum.
- Endurskipulagingu matvælarannsókna verði hraðað og nýtt fyrirkomulag komi til framkvæmda árið 1994.
- Einnig er lagt til að svipaðar athuganir fari fram á skipan byggingarannsókna, líftækni-rannsókna og líffræðirannsókna í þágu landbúnaðarins.
- Hraðað verði framkvæmdum við þjóðarbókhlöðuna og hún verði tekin í notkun á árinu 1994.
- Nefndin leggur til að þeirri meginreglu verði fylgt að rannsóknastofnunum verði tryggt grunnframlag, en stofnunum síðan gert að afla eigin tekna, hvort sem er af styrkfé sjóða eða framlaga frá fyrirtækjum vegna verkefna sem unnið er að.

4. Skipulag yfirstjórnar vísinda- og tæknimála

Almennt skipulag rannsóknastarfseminnar

Eins og fram kom í kafla 4 bera nokkur ráðuneyti stjórnsýslulega ábyrgð á starfsemi rannsóknastarfseminnar í landinu. Undir menntamálaráðuneytið heyrir rannsóknastarfsemi, sem fer fram við menntastofnanir, og yfirstjórn þessara mála, þ.e. Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, ásamt þeim sjóðum sem undir ráðin heyra. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna heyrir undir atvinnuvegaráðuneytin, umhverfisrannsóknir eru að nokkru á ábyrgð umhverfis-ráðuneytisins og á vettvangi heilbrigðisráðuneytis fara fram rannsóknir í læknis- og heilbrigðisfræðum í stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands.

Grunnhugmyndin er sú að hagnýtar rannsóknir séu stundaðar á vegum stofnana sem heyra undir atvinnuvegatengd ráðuneyti en rannsóknir, sem ekki tengjast beint efnahagslegum markmiðum, þ.e. grunnrannsóknir og rannsóknir á öðrum sviðum, séu stundaðar á vegum Háskóla Íslands sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Umfjöllun nefndarinnar í kafla 4 sýndi einnig fram á að þessum mörkum hefur ekki verið fylgt, hvorki í áherslum stofnananna, sem rannsóknir stunda, né í verkefnum sem ganga þvert á verksvið ráðuneyta og stofnana. Slíkum verkefnum fer sífellt fjölgandi.

Afleiðing af þessu fyrirkomulagi er sú að ekki er fjallað t.d. um matvælarannsóknir, fiskeldisrannsóknir eða umhverfisrannsóknir af einum aðila í stjórnkerfinu, hvorki hvað varðar

meginviðhorf til viðfangsefna né fjárveitingar til starfseminnar. Fyrirkomulagið kallar einnig á að umtalsverður tími og orka fer til þess að samræma vinnubrögð við rannsóknir og skiptingu milli stofnananna, auk þess sem líkur aukast á því að rannsókna- og þróunarsvið, sem erfitt er að finna stað í stofnununum, verði vanrækt.

Fyrirkomulagið gerir einnig að verkum að stefnumótun og aðlögun rannsókna- og þróunarstarfseminnar að þjóðfélagslegum markmiðum verður öll þyngri í vöfum og skilvirkni minnkar.

Núverandi skipulag yfirstjórnar

Grunnur skipulagsins er sá munur sem gerður hefur verið á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum og á sér m.a. rætur í lögunum um Atvinnudeild Háskóla Íslands frá árinu 1937. Þannig er einu ráði ætlað að sinna hvorri tegund rannsóknastarfseminnar um sig. Í upptalningu laganna um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð og Rannsóknasjóð nr. 48/1987 um verkefni og hlutverk ráðanna er að finna mjög skyld verkefni og skyldur sem hvíla á báðum ráðunum.



Bæði ráðin skulu vinna að stefnumótun, upplýsingaöflun um rannsókna- og þróunarstarfsemina í landinu og kynningu á þessu starfi, styrkveitingum, fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana, gera tillögur um fjárveitingar til vísinda- og tæknistarfseminnar og annast þátttöku í erlendu samstarfi fyrir Íslands hönd, auk annarra verkefna sem ekki eru hér upp

talin. Af þessu tilefni gera lögin frá 1987 ráð fyrir sérstakri samstarfsnefnd ráðanna undir formennsku oddamanns sem menntamálaráðherra skipar, án tilnefningar.

Gagnrýni á núverandi skipan yfirstjórnar

Skiptingin í grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er víðast hvar á undanhaldi. Meginástæðan er sú að grundvallaratriði hennar stenst vart nánari athugun.[14] Skiptingin í tvö ráð byggir á þessari skiptingu og á því að straumur þekkingarinnar liggi frá rannsóknum til hagnýtingar, að á milli þeirra sé línulegt samband. Þetta er ekki raunsæ lýsing. Sambandið er mun flóknara en svo, og línulega lýsingin er fjarri því að gefa raunsanna mynd af því hvað gerist í samspili vísinda og tækni.[15] Þar þarf tækni og tæki til rannsóknanna sem síðan gera kleift að byggja tæki og þróa aðferðir sem nýtast í hagnýtum tilgangi og vekja einnig upp spurningar þar sem frekari rannsókna og nýrrar tækni er þörf. Það er mikilvægt að mati nefndarinnar, ef tengja á rannsókna- og þróunarstarfið betur þjóðfélagslegum markmiðum, að gera sér raunsærri mynd af starfseminni en birtist í tvískiptingunni og haga skipulagi eftir því. Enn mikilvægara er líklega að skiptingin í tvö aðskilin ráð er torskilin flestum og hamlar þeirri samvirkni sem er nauðsynleg í stefnumótun og ákvörðunum, ekki síður en í rannsóknastarfinu sjálfu.

Nefndin undirstrikar tvíþætt hlutverk rannsókna- og þróunarstarfseminnar: Annars vegar að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar og hins vegar að skýra og skilja gerð þjóðfélagsins, menningarinnar og þýðingu þess að vera Íslendingar á tímum hraðfara tæknibreytinga sem ekki láta neitt svið þjóðlífsins ósnortið.

Í skýrslu OECD 1992 kemur fram gagnrýni á fyrirkomulag yfirstjórnar rannsókna- og þróunarmála hér á landi. Sú skoðun er sett fram að núverandi skipulag ráðanna gagnist lítt er menn setja sér markmið í málum sem varða vísinda- og tæknistefnu (gr. 27).[16] Þar segir einnig að í raun sé engin samræmd stefna, hvorki í bráð né lengd, sem stýri því hvernig mannafli og fjármagn er notað í rannsókna- og þróunarstarfsemi hér á landi.[17] Reyndin sé þó sú að Rannsóknaráð ríkisins geri áætlanir á einstökum sviðum, en hafi, að frátöldum Rannsóknasjóði með takmörkuð fjárráð, ekkert fulltingi til þess að stýra nýtingunni á mannafla og fjármagni sem hið opinbera ver til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í skýrslunni segir ennfremur að fjármunum til rannsókna í landinu sé dreift samkvæmt stöðugu, eða lítt breytanlegu, samkomulagi um skiptinguna sem einstök ráðuneyti standi vörð um. Um Vísindaráð segir í OECD-skýrslunni að ráðið hafi að mestu varið kröftum sínum til að ákveða styrkveitingar úr Vísindasjóði, en minni gaumur hafi verið gefinn stefnumótun og ráðleggingum til ríkisstjórnar um vísindastefnu.[18]

Þegar OECD segir þá skoðun sína að líklega ætti að halda við skiptingunni í tvö ráð, og efla samstarfsnefndina, er það með tilvísun til þess að mismunandi skilyrði eru sett fyrir styrkveitingum úr sjóðum sem ráðin hafa á sínum snærum. Þar er og vísað til þess að gengið verði að tillögu OECD um að komið verði á sérstöku Nýsköpunarráði ráðuneytanna, sem falin verði hin eiginlega stefnumótun um málaflokkinn í landinu.[19]

---

14 Sjá t.d. Ziman, J.: "A neural net model of innovation." Science and Public Policy, Vol. 18, nr 1, Feb. 1991, bls. 65-75, Kline, S. J. og Rosenberg, N.: "An Overview of Innovation." bls. 275-305, í Landau, R. og Rosenberg, N. (ritstj.): The Positive Sum Strategy. National Academy Press, Washington D.C., 1986.

15 Um tillögur að breyttum skilningi á hugtakinu "tækni", sjá t.d gögn sem rædd voru á fundi Vísindanefndar OECD í mars 1993, m.a. Branscomb, L.: "Critical Technologies: Technology under Unspecified Policies", og Georghiou, L. og Loveridge, D.: "Critical Technologies -- A Brief Review."

16 "Til viðbótar er núverandi skipan ráðanna þannig að þau efla ekki umræðu sem væri undirstaða betri markmiðssetningar í vísinda- og tæknistefnu.", bls. 7.

17 "Sem stendur er í raun engin samhæfing í nýtingu mannafla og fjármagns til rannsókna- og þróunarstarfsemi, og enn síður er fylgt langtímastefnu um skiptingu þeirra.", bls. 6.

18 "Starfsemi Vísindaráðs hefur að miklu leyti snúist um veitingu styrkja úr Vísindasjóði. Vísindráð hefur í minna mæli iðkað gerð áætlana um þróun vísindasviða og ráðgjöf til stjórnvalda um vísindastefnu.", bls. 9.

19 Sjá skýrslu OECD 1992, bls. 7-9, greinar 30 - 40.

Fram hefur komið gagnrýni á fyrirkomulag við tilnefningar fulltrúa í Rannsóknaráð og Vísindaráð. Í samtölum nefndarinnar við talsmenn rannsókna-, þróunar- og menntakerfisins kom fram að áhrif Háskóla Íslands í Vísindaráði eru talin of mikil og öðrum stofnunum sé mismunað að því leyti. Um fulltrúa í Rannsóknaráði gildi að þar skorti á nærveru ráðuneyta sem bera ábyrgð á rannsóknastarfsemi, þ.e. heilbrigðisráðuneyti og umhverfisráðuneyti, en jafnframt mætti halda því fram að þessi ráðuneyti ættu með eðlilegum hætti að eiga fulltrúa í Vísindaráði. Einnig er óljóst hvernig háttað er sambandi fulltrúa í ráðinu við ráðuneytin sem tilnefna þá til setu þar; hvort skilaboð ráðuneytanna berist inn á borð ráðsins í umfjöllun þess um stefnu, áherslur og verkefnaval, og hvort ráðuneytin heyra frá fulltrúum sínum í ráðinu af starfseminni sem ráðið gengst fyrir.

Rekstrarleg hagkvæmnissjónarmið mæla gegn skiptingu. Skiptingin gæti torveldað framkvæmd stefnu stjórnvalda um leið og hún veikir vísindakerfið sjálft í samskiptum þess við fjárveitinga- og ríkisvaldið. Málaflokkar og sjónarmið, sem ganga þvert á skiptinguna, þurfa sérmeðferð og gagnstæð sjónarmið mætast sjaldnar. Þetta er m.a. afleiðing af þeirri dreifingu rannsóknastarfseminnar undir mörg ráðuneyti og deilingu verkefnasviða á fleiri stofnanir, sem vikið var að hér að ofan.

Álit nefndarinnar

Að mati nefndarinnar er ástæða til þess að taka gagnrýni OECD alvarlega. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi verkefnanna sem "ráðherraráði" OECD-tillögunnar var ætlað, þ.e. samræmd stefnumótun um áherslur og fjármögnun vísinda- og tæknistarfseminnar á æðsta stigi stjórnsýslunnar. Þess vegna álítur nefndin að íhuga verði tvo kosti til að ná því markmiði sem skýrsla OECD telur brýnast: Önnur leiðin væri sú að öll yfirstjórn vísinda- og tæknimála verði sameinuð á hendi eins ráðherra sem fari með málin í ríkisstjórn. Hin leiðin væri að ábyrgð ráðherra á vísinda- og tæknimálum í sínum málaflokkum verði með þeim hætti sem nú er, en komið verði á reglubundinni umfjöllun á vegum ríkisstjórnarinnar um málaflokkinn í heild. Að mati nefndarinnar er samræmd umfjöllun brýn vegna þess að vísinda- og tæknistarfsemi heyrir nú undir fjölmörg ráðuneyti og sú hætta er fyrir hendi að nauðsynleg samræming náist ekki og mikilvæg sjónarmið komist ekki til skila.

Nefndin telur brýnt að styrkja stjórnsýsluhlutverk menntamálaráðuneytisins á þessu sviði. Þannig telur hún æskilegt að í tengslum við þær skipulagsbreytingar, sem standa fyrir dyrum í menntamálaráðuneytinu, verði hugað að því að vísindaþátturinn heyri undir sérstaka háskóla- og vísindaskrifstofu ráðuneytisins í framtíðinni.

Jafnframt telur nefndin það nauðsynlegt að sameina umræðu og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu í einu ráði, þar sem mismunandi sjónarmið og hagsmunir mætast á einum vettvangi. Með einu ráði er viðurkennd brýn nauðsyn þess að vísinda- og tæknikerfið og hagsmunaaðilar verði samstíga ef vísindi og tækni eiga að geta þróast með þeim hætti sem æskilegt er og geta svarað kröfum sem til þeirra eru gerðar. Tryggja verður að ráðið eigi jafnan greiðan aðgang að ráðherra og ríkisstjórn, en einnig að starfshópi ráðuneytanna sem lögð er áhersla á að taki til starfa þegar vorið 1993. Með þeirri áherslu á skýrari markmiðssetningu rannsókna- og þróunarstarfseminnar, sem í skýrslu þessari er lagt til að verði tekin upp, er mikilvægt að skipulagsleg umgjörð starfseminnar lúti markmiðunum sem að er stefnt og styðji að þeim verði náð. Það er skoðun nefndarinnar að skiptingin í tvö ráð, þar sem annað skal sinna rannsóknastarfsemi, sem stunduð er án tillits til hagnýtingar í bráð, en hinu er ætlað að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstarfsemi, sem tekur mun meira tillit til hagsmuna atvinnulífs, sé úr takti við það sem raunverulega á sér stað í starfseminni og rakið var hér að framan. Sú aukna áhersla, sem hér er lögð á að efla stefnumótandi hlutverk yfirstjórnar rannsókna- og þróunarmála í

landinu, krefst þess beinlínis að umfjöllunin fari fram í einu Vísinda- og tækniráði[20] sem eigi vel skipulagt samstarf við samstarfshóp á vegum þeirra ráðuneyta sem kosta og bera ábyrgð á fjölþættri starfsemi þeirra stofnana sem að þessum málum vinna.

Sú tillaga, sem á eftir fylgir, er að mati nefndarinnar, leið til þess að gera vísinda- og tæknistarfsemina sýnilegri stjórnvöldum og almenningi. Einn talsmaður samræmdrar stefnu innan þessa málaflokks gagnvart ríkisstjórn, ráðuneytum, Alþingi, atvinnulífi og almenningi er líklegri til þess að fá málum þokað til réttrar áttar en kerfið sem nú hefur verið við lýði frá árinu 1987. Eitt ráð, sem starfrækir tvo sjóði er styrkja rannsókna- og þróunarverkefni sem lúta mismunandi úthlutunarreglum, er að mati nefndarinnar nauðsynleg forsenda þess að samræmis verði gætt í stefnumótun við ráðstöfun fjár sjóðanna til verkefna sem tengjast þeim markmiðum sem stjórnvöld setja.

Til lengri tíma litið hlýtur sameining ábyrgðar á vísindamálum þjóðarinnar á æðsta stigi stjórnvaldsins að vera það sem að er stefnt. Það mætti gera með þeim hætti að sérstök ráðherranefnd fjallaði reglulega um þessi mál í samráði við Vísinda- og tækniráð og aðra aðila, samanber tillögur OECD-sérfræðinganna. Nefndin gerir þó ekki tillögur í því efni. Slík breyting verður að mati nefndarinnar að hafa lengri aðdraganda, og því er lögð til sú málamiðlun að komið verði á samstarfshópi ráðuneytanna um vísinda- og tæknimálefni sem hafi það verkefni að fjalla í umboði ráðherranna um fjárveitingarbeiðnir vísinda- og tæknistofnana og um áherslur sem birtast í stefnu yfirstjórnar vísinda- og tæknimála. Starfshópurinn geri tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til rannsókna- og þróunarstarfsemi í heild og þær verði ræddar sérstaklega í tengslum við undirbúning fjárlaga. Náið samstarf þarf að hafa við Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð, og síðar Vísinda- og tækniráð við undirbúning tillagnanna. Nefndin leggur til að starfshópur þessi taki til starfa þegar vorið 1993 vegna undirbúnings fjárlaga 1994.

Hér á eftir fara nokkrar röksemdir nefndarinnar fyrir því að stofnað verði eitt ráð sem fjalli í umboði ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknimálefni og ákveði styrkveitingar úr Vísindasjóði og Rannsóknasjóði, sem lagt er til að verði aðskildir eins og verið hefur.

Röksemdir fyrir breytingu:

- Það er meginmarkmið að tengja öfluga vísinda- og tæknistarfsemi í landinu betur efnahagsstefnu stjórnvalda og nýsköpunarviðleitni fyrirtækja. Tenging af þessu tagi er forsenda þess að starfsemin geti skilað því sem til er ætlast af henni, um leið og auðveldara verður að rökstyðja nauðsyn stuðnings, opinberra sem einkaaðila, við hana. Þessari tengingu verður best náð með því að komið verði á samstarfsnefnd ráðuneyta sem fjallar um fjárveitingar ríkisins til þessa málaflokks í heild. Jafnframt verði einu vísinda- og tækniráði komið á laggirnar til þess að tryggja skilvirkari umræðu um málefnin en hægt er í núverandi kerfi með tveimur ráðum og samstarfsnefnd með óljóst umboð.
- Með einu ráði verður vísinda- og tæknikerfið sýnilegra og skiljanlegra öðrum en þeim sem vinna innan þess eða hafa náin samskipti við það. Eitt ráð er öflugri talsmaður vísinda og tækni á vettvangi stjórnmála, hjá stjórnvöldum, fjárveitinganefnd og ekki síst í augum atvinnulífs og almennings. Þannig verða hagsmunir vísinda- og tæknikerfisins betur tryggðir, um leið og líkur aukast á því að skilaboð og þarfir atvinnulífs og stjórnvalda og annarra viðskiptavina eigi greiðari leið að vísinda- og tæknistofnunum.
- Í einu ráði er vettvangur skoðanaskipta, samráðs, samræmingar og samvinnu þvert á verksvið margra ráðuneyta og stofnana á þeirra vegum. Komist verður hjá skörun í verkefnavali og uppbyggingu um leið og líkur minnka á því að mikilvæg svið verði vanrækt.

---

20 Ráðið er hér kallað Vísinda- og tækniráð til þess að undirstrika að átt er við sameiningu tveggja ráða með aðskilin verkefni. Við lagasetningu mætti hugsa sér að ráðinu yrði gefið annað nafn, t.d. Vísindaráð, með tilvísun til þess víða skilnings sem nefndin telur rétt að leggja í hugtakið "vísindi".

- Í einu ráði verður með markvissari hætti unnt að fylgjast með straumum og tækifærum sem skapast innan vísinda- og tæknistarfseminnar og einnig með því hvers atvinnulífið þarfnast á hverjum tíma. Sjónarmið beggja eiga jafn greiða leið inn í þá umræðu sem fer fram í ráðinu. Sú umræða er nauðsynleg vegna þeirrar þróunar sem gerir flestar atvinnugreinar í ört vaxandi mæli háðar rannsóknum og þróunarstarfsemi. Þannig getur vísinda- og tæknikerfið brugðist betur við óskum umhverfisins, en þær óskir eru um leið tækifæri til þess að efla rannsóknir til muna.
- Í einu ráði verður komist hjá formlegri aðgreiningu í hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir. Sú aðgreining er raunar víða á undanhaldi í mótun og framkvæmd vísindastefnu, enda á hún við enn færri rök að styðjast en áður var talið og er haldlítil sem lýsing á því samspili vísinda og tækni sem er einkenni rannsókna- og þróunarstarfsemi sem stunduð er. Eitt ráð skynjar betur þá staðreynd að samvinna ólíkra vísinda- og tæknigreina er sífellt þýðingarmeiri, jafnt í rannsóknum án hagrænna markmiða sem í rannsóknum sem hafa slík markmið einnig að leiðarljósi, og er einnig leið til þess að draga úr afleiðingum dreifingar verkefnasviða á margar stofnanir og ráðuneyti. Eitt ráð, þar sem mætast fulltrúar af ólíkum sviðum vísinda, stjórnsýslu og hagsmuna, á auðveldara með að móta stefnu fyrir starfsemina þar sem viðurkennt er tvíþætt hlutverk vísinda og tækni: að efla efnahag og bæta afkomu og skilja jafnframt gerð samfélagsins, náttúruna og menninguna og takast á við fylgifiska tæknibreytinga.

Tillaga nefndarinnar

Nefndin gerir tillögu í fjórum liðum um yfirstjórn vísinda- og tæknimála í landinu: Í fyrsta lagi er lagt til að komið verði á starfshópi ráðuneyta, í öðru lagi er gerð tillaga um eitt ráð sem leysi núverandi Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins af hólmi, í þriðja lagi er tillaga um skipulag starfseminnar á vegum hins nýja ráðs og í fjórða lagi er lagt til að styrkt verði stjórnsýsla menntamálaráðuneytisins í þessum málaflokki:

1. Samstarfshópur ráðuneyta

Nefndin leggur til að ríkisstjórnin fjalli sérstaklega um vísinda- og tæknimálefni í heild við undirbúning fjárlaga. Til undirbúnings þessari umfjöllun verði kallaður saman starfshópur ráðuneyta, sem hafa vísinda- og tæknistarfsemi á verksviði sínu, undir forystu menntamálaráðuneytisins. Starfshópurinn geri árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til málaflokksins og leggi drög að fjárveitingum til fleiri ára. Starfshópnum er ætlað að tryggja að samhengi verði milli stefnumótunar um vísinda- og tæknimál og fjárveitinga til þeirra frá hinu opinbera. Þess vegna þarf hópurinn að hafa náið samband við Rannsóknaráð og Vísindaráð, og síðar Vísinda- og tækniráð. Starfshópurinn taki til starfa þegar vorið 1993 vegna undirbúnings fjárlaga 1994.

2. Vísinda- og tækniráð Íslands

Vísinda- og tækniráð Íslands leysir núverandi Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð af hólmi. Í ráðinu sitja þrír meðlimir tilnefndir af skólum á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar, þrír meðlimir tilnefndir af málsvörum hagnýtra rannsókna í landinu, þ.e. af rannsóknastofnunum atvinnuveganna og öðrum stofnunum utan Háskóla Íslands sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi, og þrír meðlimir ráðsins eru valdir af ríkisstjórn að tillögu menntamálaráðherra. Meðlimir, sem valdir eru af ríkisstjórn, skulu m.a. valdir með tilliti til þekkingar og reynslu úr atvinnulífi og skilnings á þýðingu nýsköpunar, rannsókna- og þróunarstarfsemi fyrir vísindastarfsemina og atvinnulífið í landinu. Meðlimir ráðsins eru skipaðir af menntamálaráðherra og eru ekki sérstakir fulltrúar

þeirra aðila sem tilnefna þá, heldur skal kappkostað að velja til setu í ráðinu einstaklinga sem eru þekktir að víðsýni og hæfni. Tilnefningu skóla á háskólastigi verður þannig háttað að hver skóli tilnefni þrjá meðlimi sem skulu vera hæfir vísindamenn. Málsvarar hagnýtra rannsókna og atvinnulífs, hver um sig, tilnefna á sama hátt þrjá meðlimi með reynslu úr atvinnulífi og af rannsóknum og tæknibreytingum í atvinnurekstri. Í reglugerð skal tilgreint hvaða aðilar tilnefna einstaklinga til setu í ráðinu. Úr þessum hópum skipar menntamálaráðherra 9 meðlimi til setu í ráðinu til 3 ára. Menntamálaráðherra skipar formann, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Verkefni Vísinda- og tækniráðs eru stefnumótun um málefni sem varða vísindi og tækni í landinu. Ráðið veitir ríkisstjórn og Alþingi ráðgjöf um þessi málefni. Ráðið aðstoðar við undirbúning og tekur þátt í störfum samstarfshóps ráðuneytanna um vísinda- og tæknimálefni. Ráðið annast þátttöku í alþjóðasamstarfi í vísinda- og tæknimálum fyrir Íslands hönd. Ráðið leitar, sem þurfa þykir, innanlands og utan, faglegrar aðstoðar í umfjöllun sinni um sérfræðileg málefni, og í úttektum og mati á rannsóknastarfseminni, framkvæmd hennar og á árangri.

Ráðið skal koma á fót óháðum faglegum ráðgjafarnefndum á helstu sviðum með það hlutverk að efla faglega umræðu og veita ráðgjöf í umfjöllun ráðsins um fagleg efni. Faglegar nefndir ráðsins skulu starfa á sviði hug- og félagsvísinda, líf- og læknisfræði, náttúruvísinda, tækniþróunar og nýsköpunar í atvinnulífi og e.t.v. á fleiri sviðum. Fagnefndirnar skulu koma saman eftir því sem þurfa þykir.



Að öðru leyti annast Vísinda- og tækniráð þau verkefni sem getið er 1., 2., 13. og 17. grein laga nr. 48/1987 um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og

Rannsóknasjóð, eftir því sem við á í ljósi þeirrar breyttu áherslu og skipulags sem hér er lagt til að verði gerð .

Fela má Vísinda- og tækniráði í umboði ríkisstjórnar að hafa meiri áhrif á skiptingu á hluta þess fjárlagaramma sem varið er til rannsókna- og þróunarstarfsemi á fjárlögum. Slíkt fæli í sér valddreifingu en tryggði um leið betri tengsl við stefnumörkun í málaflokknum.

Styrkveitingar úr sjóðunum eru formlega ákveðnar af Vísinda- og tækniráði að fenginni tillögu starfsnefnda sem ráðið velur árlega fyrir hvorn sjóð um sig. Starfsnefndirnar skulu hvor um sig skipaðar þremur meðlimum sem ekki eiga aðild að Vísinda- og tækniráði. Skipan meðlima í starfsnefndirnar tekur mið af þeim mismunandi kröfum sem gerðar eru til verkefna sem sjóðirnir styrkja. Í starfsnefnd fyrir Vísindasjóð skulu sitja meðlimir sem hafa víðtæka reynslu af vísindastarfi, innsýn í málefnið og skilning á margþættu hlutverki vísinda í nútímaþjóðfélagi. Í starfsnefnd Rannsóknasjóðs sitja meðlimir sem, auk víðtækrar vísindalegrar reynslu, búa yfir þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu og þekkja vel þarfir þess og möguleika. Starfsnefndir leita sjálfar faglegrar aðstoðar, án afskipta ráðsins. Úthlutunarstefna sjóðanna er ákveðin af Vísinda- og tækniráði og tekur mið af stefnumótun ráðsins.

3. Skipulag skrifstofu Vísinda- og tækniráðs

Vísinda- og tækniráð rekur skrifstofu sem annast framkvæmd ákvarðana ráðsins, starfrækir Rannsóknasjóð og Vísindasjóð, auk deilda sem byggðar eru upp á grundvelli verkefna sem ráðinu er ætlað að sinna. Skrifstofan þjónar ráðinu og framkvæmir ákvarðanir þess. Hún þjónar og starfsnefndum sjóðanna og fagnefndum sem ráðið kallar saman um einstök mál o.s.frv.



Skrifstofan annast fyrir hönd menntamálaráðuneytisins framkvæmd erlends samstarfs, m.a. þátttöku Íslands í evrópskri rannsókna- og þróunarsamvinnu á grundvelli EES-samningsins, COST, ESF, EUREKA, norrænt samstarf og annað samstarf í þessum og skyldum efnum á grundvelli milliríkjasamninga sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað. Hún annast einnig önnur verkefni sem henni eru falin.

4. Vísinda- og háskólaskrifstofa menntamálaráðuneytis

Vegna aukinnar þýðingar vísinda- og tæknimálefna verði stjórnsýsla menntamálaráðuneytisins treyst á komandi árum, m.a. vegna þess að vísindi og tækni eru verkefni sem ganga þvert á starfssvið flestra ráðuneyta. Í ljósi skýrari tengingar vísinda- og tæknistarfsins við þjóðfélagsleg markmið er og veruleg þörf fyrir samræmingu og samráð við önnur ráðuneyti. Nefndin telur að sérstök skrifstofa vísinda- og háskólamálefna eigi að starfa innan menntamálaráðuneytisins. Nefndin telur æskilegt að tillit verði tekið til þessa við þær skipulagsbreytingar á starfi ráðuneytisins sem standa fyrir dyrum.

5. Alþjóðlegt samstarf

Staðan

Samstarf við erlendar mennta- og rannsóknastofnanir er grundvallaratriði fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi hér á landi og hefur reyndar verið um langa hríð. Langflestir, sem lokið hafa æðri menntagráðum, hafa stundað nám sitt við erlendar menntastofnanir og líkur benda til þess að í veigamiklum greinum verði enn svo í framtíðinni. Þetta samstarf tekur á sig margvíslegar myndir fyrir utan það að nemendur sækja á eigin vegum um námsvist við erlendar stofnanir og rækta samband sitt við stofnanirnar eftir að námi lýkur. Milliríkjasamningar og fjölþjóðasamstarf, sem Íslendingar eiga aðild að, bjóða upp á ýmis tækifæri, bæði til framhaldsmenntunar og rannsóknasamvinnu. Samstarfssamningar eru auk þess í gildi milli einstakra stofnana og fyrirtæki og einstakir vísindamenn hafa komið sér upp mikilvægu neti samstarfsaðila í öðrum löndum.

Á undanförnum árum hefur norrænt samstarf verið fyrirferðarmikið. Með því hefur íslenskum vísindamönnum og stofnunum veist aðgangur að þekkingu og ekki síst vinnubrögðum sem gagnast nú þegar sóknarfæri eru að opnast á grundvelli samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Í Norðurlandasamstarfinu hefur til skamms tíma einnig mátt sækja norrænt fé til stuðnings mörgum samstarfsverkefnum. Hlutur Íslands, t.d. af ráðstöfunarfé Norræna iðnaðarsjóðsins, hefur undanfarin ár numið margfaldri þeirri upphæð sem Íslendingar hafa lagt til sjóðsins.[21] Þetta fé hefur skipt miklu fyrir uppbyggingu rannsókna á ýmsum sviðum. Rétt er einnig að minna á starfrækslu Norrænu eldfjallastöðvarinnar hér.

Samstarf við þjóðir Evrópu fer mjög vaxandi. Fyrir hönd menntamálaráðuneytisins starfrækir Háskóli Íslands Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknaþjónusta háskólans er rekstraraðili Sammenntar (COMETT-áætlun Evrópubandalagsins) hér á landi. Vísindaráð er fyrir hönd ráðuneytisins aðili að m.a. European Science Foundation og norrænu samstarfi, m.a. NorFA og NOS-nefndum, og Rannsóknaráð ríksins annast m.a. málefni EUREKA-samvinnunnar hér og tekur þátt í starfsemi OECD um vísinda- og tæknimálefni, svo og í COST. Hafrannsóknastofnun annast alþjóðsamstarf um hafrannsóknir og fiskifræði.

Þessi upptalning, sem hvergi nærri er tæmandi, verður að nægja til þess að bregða ljósi á erlent samstarf og þýðingu þess.

Sóknarfæri í alþjóðlegu samstarfi

Ýmsir möguleikar opnast með gildistöku EES-samnings. Menntamálaráðuneytið hefur þegar haft frumkvæði að aðgerðum til þess að auðvelda Íslendingum að færa sér þessa möguleika

21 Sjá ársskýrslur sjóðsins.

í nyt, svo og aðra möguleika á grundvelli samvinnu í Evrópu. Meðal annars hafa Rannsóknaráð og Vísindaráð, sem falin hefur verið umsjón með þátttöku í rannsóknaráætlunum Evrópubandalagsins, unnið að skipulagningu á því hvernig skal háttað miðlun upplýsinga um tækifæri til samstarfs við aðila hér á landi. Ráðin hafa nú þegar unnið umtalsvert starf til kynningar á þriðju rannsóknaráætlun EB, svo og á þeirri fjórðu, sem í vændum er. Menntamálaráðuneytið hefur þegar heimilað að sérstakur alþjóðafulltrúi verði fenginn til starfa hjá Vísindaráði og Rannsóknaráði til að sinna þessu verkefni. Starfsmaðurinn verður sameiginlegur starfsmaður ráðanna.

Það er skoðun nefndarinnar að án tafar verði að efla enn frekar viðbúnað Íslands til þess að við getum orðið fullgildir þátttakendur í þessu samstarfi. Nefndin vill því draga athyglina að tillögum, sem fram eru komnar af þessu tilefni, t.d. um ráðningu sérstaks vísindafulltrúa menntamálaráðuneytisins við sendiráðið í Brussel, og um þörfina á að verja fjármunum til þess að styrkja getu okkar til þátttöku í rannsóknaáætlunum á vegum EB. Verkefni vísindafulltrúa í Brussel verða annars vegar að koma upplýsingum og sjónarmiðum Íslendinga á framfæri ytra og hins vegar að koma upplýsingum heim.

Það er ennfremur skoðun nefndarinnar að huga verði að ýmsum breytingum í rannsóknastarfinu hér heima. M.a. eru styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna veittir til eins árs úr hérlendum sjóðum. Verkefni í alþjóðlegu samstarfi standa hins vegar að jafnaði í 3-5 ár og er fjármögnun tryggð allan tímann, sem verkefnið stendur, þegar í upphafi. Athygli nefndarinnar var dregin að þeirri staðreynd að verkefnin, sem um er að ræða í rannsóknaráætlunum Evrópubandalagsins, eru mun stærri en þau sem íslenskir vísindamenn eiga að venjast. Nokkrir viðmælendur nefndarinnar töldu rétt að velta því fyrir sér hvort íslenskar stofnanir væru að jafnaði ekki of veikar til þess að geta tekið fullgildan þátt í samstarfi af þessu tagi. Aðrir viðmælendur voru þessu sjónarmiði ósammála, og að fenginni reynslu hvöttu þeir til þess að sóknarfærin yrðu skoðuð af alvöru.

Bent hefur verið á að ótrygg staða og fjöldi lausráðinna vísindamanna við rannsóknastofnanir hér á landi veikti umsóknir íslenskra stofnanana í alþjóðlega samvinnu. Til úrbóta er lagt til að komið verði á styrkjum til lengri tíma, t.d. 3-4 ára, fyrir þá sem lokið hafa framhaldsmenntun og eru að hasla sér völl. Styrkir yrðu veittir, eftir samkeppni hverju sinni, til stofnana sem gætu valið hæfustu vísindamennina úr hópi umsækjenda og gætt samfellu í viðfangsefnum og uppbyggingu stofnana. Með þessum hætti er hægt að styrkja þær rannsóknir sem þegar er unnið að á stofnununum í stað þess að fjölga sífellt sviðum sem fengist er við rannsóknir á.

Að síðustu minnir nefndin á að þrátt fyrir þau sóknarfæri, sem sjáanleg eru á vettvangi aukins vísindasamstarfs á grundvelli EES-samningsins, sé rétt að beina athygli að öðrum leiðum til samstarfs við erlendar vísinda- og rannsóknastofnanir.

Tillögur nefndarinnar

- Enn frekar verði efldur viðbúnaður til þess að við getum orðið fullgildir þátttakendur í Evrópusamstarfinu. Nú þegar verði gengið frá ráðningu sérstaks vísindafulltrúa menntamálaráðuneytisins við sendiráðið í Brussel. Að auki þarf að efla innviði rannsóknakerfisins hér á landi, m.a. til þess að íslenskir vísindamenn geti lagt það af mörkum sem geri þá áhugaverða samstarfsaðila, og til þess að geta neytt þeirra færa sem bjóðast.
- Styrki til rannsókna- og þróunarverkefna þarf að veita til lengri tíma en nú er gert og tryggja fjármögnun allan tímann, sem verkefnið stendur, þegar í upphafi.
- Komið verði á styrkjum til 3-4 ára fyrir þá sem lokið hafa framhaldsmenntun og eru að hasla sér völl. Styrkir þessir yrðu veittir til stofnana eða rannsóknarfyrirtækja sem gætu valið hæfustu vísindamennina úr hópi umsækjenda.

- Nefndin minnir á að beina þarf athygli að öðrum leiðum til samstarfs við erlendar vísinda- og rannsóknastofnanir en þeirri sem felst í aukinni Evrópusamvinnu á vegum Evrópubandalagsins.

6. Mat og úttektir

Úttektir og mat á frammistöðu og árangri er algengt í vísindastarfsemi erlendis, bæði í starfsemi stofnana og rannsókna-, vísinda- eða tækniráða. Hvað útbreiddast er líklega vísindalegt mat á innihaldi greina sem berast til birtingar í viðurkenndum vísindatímaritum og dómar um hæfni vísindamanna til þess að gegna stöðum við mennta- og rannsóknastofnanir. Í vöxt færist að gerðar eru úttektir á stöðu og árangri vísindastofnana, rannsóknasviða og umfangsmeiri verkefna. Þá er einnig metið hvernig hefur tekist að framfylgja stefnu sem mörkuð hefur verið, hvernig fjármagn hefur nýst, o.s.frv. Hér er um að ræða að meta orðinn hlut, þ.e. hvernig til hefur tekist. Umsóknir um styrki til rannsóknaverkefna eru metnar með svipuðum aðferðum. Þar er þó um að ræða að meta líkur á að markmið verkefnanna náist með því fyrirkomulagi, fjármagni og mannafla sem fyrirhugað er að nota í verkefninu, auk þess sem lagt er mat á líklegt markaðsgildi aðferða eða afurða sem til verða í rannsókna- og þróunarstarfinu.

Úttektir af því tagi, sem hér hafa verið nefndar, eru stundaðar með reglubundnum hætti í mörgum löndum. Þar er reglubundið mat notað til þess:

- að stýra og forgangsraða fjárveitingum til stofnana og verkefna,
- að lagfæra skipulag stofnana, breyta verklagi og viðfangsefnum.
- að kanna hve stór rannsóknaverkefni, sem standa nokkur ár og kosta umtalsvert fé, eru álitleg áður en þau hefjast, en einnig um miðbik tímans sem þau standa til þess að meta hvort rétt sé að málum staðið, og loks í lokin þegar árangur liggur fyrir,
- að hafa áhrif á starfslýsingar, t.d. á stöðum prófessora,
- og síðast en ekki síst að meta árangur af rannsókna- og þróunarverkefnum eftir að þeim er lokið. Þá er metið hvort markmiðin, sem að var stefnt, hafi náðst og hvort niðurstöðurnar komi að því gagni sem ætlast var til. Árangur af starfsemi stofnana er einnig metinn með svipuðum hætti.

Hér á landi hefur þessari aðferð, með fáeinum undantekningum, lítið verið beitt. Menn bera fyrir sig smæð, innbyrðis tengsl í litlu þjóðfélagi, svokallaðar sérístenskar aðstæður og viðfangsefni sem ekki hafa breiða skírskotun til hins alþjóðlega vísindasamfélags. Þá hefur "Yalta"-samkomulagið um fjárveitingar verkað letjandi á að meta frammistöðu stofnana.

Nefndin telur að þessu þurfi að breyta. Mikilvægt er að frammistöðumat verði að reglubundnum þætti í starfsemi stofnana, stjórnvalda og ekki síst verkefnabundinna sjóða. Fundir nefndarinnar með forsvarsmönnum úr íslenskum rannsóknum styðja þessa afstöðu. Jafnframt álítur nefndin að eðlilegt sé að sömu kröfur um vinnubrögð og markmið séu gerðar til vísindastarfs og gerðar eru til annarrar starfsemi sem kostuð er af opinberu fé. Starfseminni þarf að haga þannig að hægt sé að leggja mat á hana. Slíkt mat er þó engan veginn einfalt og varast verður að nota mælistikur sem gera það að verkum að einhverjir þættir starfseminnar njóti ekki sannmælis. Nefndin leggur samtímis áherslu á að í allri kröfugerð á hendur vísinda- og tæknistarfseminnar skuli virða grundvallaratriði vísindastarfsins um val á kenningum og aðferðum, en undirstrikar um leið að þetta frelsi er ekki sjálfgefið og það leggur þungar skyldur á herðar þeim sem leggja stund á eða stjórna vísinda- og tæknistarfsemi: Vísindi og rannsóknir eru ekki einangrað fyrirbæri heldur hluti af stærri heild sem á heimtingu á því að vandað sé til vinnubragða og að einnig sé tekist á við verkefni sem hafa almannaheill að leiðarljósi. Það er því

bæði sanngjörn krafa almennings og stjórnvalda, og í samræmi við vísindaleg vinnubrögð og starfshætti, að starfseminni sé gefið tækifæri til þess að sanna ágæti sitt með mati á mikilvægi hennar, árangri og samanburði við það sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Sú aukna áhersla á hlutverk vísinda og tækni í efnahagsstefnu stjórnvalda, sem er rauður þráður þessarar skýrslu, kallar á að úttektir og mat, á frammistöðu og framkvæmd, verði stundað með reglubundnum hætti hér, til að byggja undir ákvarðanir og stefnu stjórnvalda og fyrirtækja, koma á forgangsröðun verkefna, efla starfsemi vísinda- og tæknikerfisins og auka gæði starfseminnar. Tilgangurinn er m.a. sá að fá samanburð á þeirri starfsemi, sem hér er rekin, við skylda starfsemi í öðrum löndum. Stöðumat af þessu tagi er undirstaða þeirrar eflingar vísinda- og tæknistarfsins sem nefndin leggur til að verði ráðist í. Það aðhald, sem fæst af reglubundnu mati, beinir starfseminni í réttar áttir.

Nefndin álítur að nauðsynlegt sé að fá aðstoð erlendis frá í einhverjum mæli til þessara verka eins og gert hefur verið, t.d. þegar OECD hefur gert úttektir hér á landi, og þegar rannsóknastofnanir hafa verið skoðaðar, t.d. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Keldur og stofnanir innan Háskóla Íslands.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að úttektir, sem erlendir aðilar hafa verið fengnir til þess að gera hér á landi, hafa svo til eingöngu fjallað um raunvísindi og starfsemi á rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Á þessu eru fáar undantekningar, sem þó hafa beinst fremur að eintökum þáttum, en ekki að því að skoða heildarsamhengið og meta það í ljósi rannsóknastarfsemi á alþjóðlegum vettvangi. Hug-, félags- og lífvísindi hafa ekki verið athuguð skipulega með þessum hætti. Vísindaráð hefur þegar gert tillögu um að slík úttekt verði gerð. Nefndin tekur undir tillöguna og telur tímabært að fram fari athugun á stöðu og starfsemi í þessum vísindum hér á landi. Hún leggur til að úttektin fari fram á árinu 1994 og vandað verði til hennar. Til verksins verður að fá aðstoð erlendra sérfræðinga.

Tillögur nefndarinnar

- Lagt er til að tekið verði upp með reglubundnum hætti að meta árangur og framkvæmd rannsókna- og þróunarverkefna hér á landi. Niðurstöðurnar verði notaðar til þess að stýra fjármagni til rannsóknastarfseminnar, móta stefnu um hana og velja viðfangsefni að hluta.
- Meta þarf stöðu og árangur á einstökum rannsóknasviðum og rannsókna- og menntastofnunum, þannig að samanburður fáist við sambærilega starfsemi annars staðar. Niðurstöðurnar verði notaðar til þess að finna hvaða þætti starfseminnar ber að styrkja, í þeim tilgangi að gera íslenska rannsókna- og þróunarstarfsemi áhugaverðan samstarfsaðila erlendis.
- Nefndin leggur til að úttekt fari fram á stöðu hug- félags- og lífvísindarannsókna hér á landi. Einnig verði brugðið ljósi á starfsemi þeirra stofnana sem að þessum rannsóknum vinna. Nefndin leggur til að úttektin liggi fyrir í árslok 1994.

7. Útgáfumál

Undir þessum lið er bæði fjallað um útgáfu vísindarita í hefðbundnum skilningi, en einnig um miðlun á niðurstöðum úr verkefnum sem kostuð eru með styrkjum úr t.d. Rannsóknasjóði.

Hver er vandinn?

Af viðræðum nefndarinnar við ýmsa aðila má ráða að nokkur mismunur er á aðstöðu vísindamanna til þess að fá birtar greinar um rannsóknir sínar og er beinlínis vandi í sumum tilvikum. Ástæðan virðist einkum vera sú að viðfangsefnin eru einatt svo staðbundin að greinaskrif um þau hafa ekki þá víðtæku skírskotun sem krafa er gerð til um greinar sem birtar

eru í viðurkenndum tímaritum erlendis. Samstarf vísindastofnana og fyrirtækja gæti leitt til þess að hagsmunir fyrirtækja hindri vísindamenn í því að birta niðurstöður úr rannsóknum sem unnið er að í samstarfi. Ekki hefur borið á að þetta sé vandi hér á landi eins og er víða erlendis. Vísindamenn á sviði raunvísinda, líf- og læknisfræði eiga, að því að talið er, auðveldara með af fá birtar greinar í erlendum viðurkenndum tímaritum en þeir sem stunda hug- og félagsvísindi.

Háskólarnir og einstakar rannsóknastofnanir stunda útgáfu fræðirita, upplýsingarita og gefa auk þess út skýrslur um einstök verkefni og yfirlit yfir rannsóknir sem stundaðar eru. Einstök bókaforlög í landinu stunda útgáfu á fræðiritum af ýmsum toga.

Í starfsreglum fyrir Rannsóknasjóð er gert ráð fyrir því að niðurstöður séu almannaeign og skuli birtar, nema ef fyrirtæki, sem tekið hafa þátt í rannsóknunum, óski trúnaðar vegna þess að umsókn um einkaleyfi sé í undirbúningi. Þegar fyrirtæki óska leyndar er um leið gerð krafa um endurgreiðslu á styrk Rannsóknasjóðs samkvæmt ákvæðum sem er að finna í samningi sem gerður er þegar til styrkveitingar sjóðsins kemur.

Nokkuð brestur á að Rannsóknasjóður hafi með skipulegum hætti gengist fyrir birtingu á niðurstöðum úr verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt. Niðurstöður komast þó til skila gegnum virka þátttöku fyrirtækja í verkefnum sem styrkt eru. Flestar stofnanir, þar sem unnið er fyrir styrkfé frá sjóðnum, gefa og út ritraðir eða skýrslur. Þannig dreifast niðurstöður úr verkefnunum. Það er þó mat Rannsóknaráðs að þörf sé á yfirliti yfir niðurstöður úr verkefnum sem Rannsóknasjóður hefur styrkt og er unnið að slíkum yfirlitum á nokkrum sviðum á vegum ráðsins.

Leiðir til úrbóta

Hug- og félagsvísindadeild Vísindaráðs hefur í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki sem ætlaðir eru til að efla útgáfu á fræðiritum. Athygli nefndarinnar var dregin að fyrirkomulagi Norðmanna í þessum efnum. Þar annast Universitetsforlaget í Ósló útgáfu á flestum meiriháttar fræðiritum sem gefin eru út í Noregi. Forlagið gefur bæði út rit á norsku og á erlendum tungumálum.

Hér er einnig rétt að nefna ráðunautafundi sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins efnir til árlega og eiga ríkan þátt í því að niðurstöður og ný þekking kemst til skila til hagsmunaaðilanna með skilvirkum hætti. Þá hefur Læknadeild Háskóla Íslands efnt til læknisfræðidaga, þar sem fluttur er fjöldi fyrirlestra um rannsóknir. Þessir fyrirlestrar hafa verið fjölsóttir, bæði af leikum og lærðum. Í þessum tilvikum er ekki um hefðbundna útgáfustarfsemi að ræða en þessi aðferð er mikilvæg leið til þess að koma áleiðis til notenda niðurstöðum og árangri úr rannsókna- og þróunarstarfseminni, en það skiptir einmitt höfuðmáli.

Tillögur nefndarinnar

- Nefndin leggur til að í samstarfi þeirra aðila, sem stunda og fjármagna rannsókna- og þróunarstörf í landinu, verði kannað hvort grundvöllur sé til þess að taka höndum saman um að koma útgáfumálunum á fastari grundvöll, t.d. í samvinnu við bókaforlög í landinu.
- Þá telur nefndin rétt að fylgst verði með reynslu af frumkvæði Hug- og félagsvísindadeildar Vísindasjóðs og íhugað hvort aðrir aðilar, sem fjármagna rannsóknir, skuli gera ráð fyrir kostnaði við útgáfu eða dreifingu á niðurstöðum með öðrum hætti í styrkveitingum sínum.
- Nefndin hvetur til þess að fleiri leiðir en hefðbundin útgáfa vísindarita verði kannaðar í þeim tilgangi að upplýsa almenning, stjórnvöld og starfssystkin um rannsóknir vísindamanna.

8. Höfundarréttur og einkaleyfismál

Mismunandi staða

Niðurstöður rannsókna geta falið í sér einkaleyfishæfar upplýsingar. Mismunur er á rétti starfsmanna til hagnýtingar á niðurstöðum til einkaleyfisumsókna, eftir því hvort þeir eru starfsmenn Háskóla Íslands eða rannsóknastofnana atvinnulífsins. Við Háskóla Íslands er lögð áhersla á að starfsmenn hans eigi fyrsta rétt til hagnýtingar á niðurstöðum, m.a. í þessum tilgangi. Þó hefur verið gerður samningur við a.m.k. einn starfsmann skólans þess efnis að einkaleyfisþóknun, sem þriðji aðili greiðir vegna einkaleyfis sem aflað hefur verið m.a. á grundvelli rannsókna starfsmannsins, skiptist að jöfnu milli hans og stofnunarinnar sem hann vinnur við. Við rannsóknastofnanir atvinnulífsins er hins vegar sá háttur hafður á að stofnunin sjálf á fyrsta rétt til þess að hagnýta niðurstöður til að afla einkaleyfis. Ef stofnunin ekki nýtir sér þennan rétt fellur hann í skaut starfsmönnum sem hlut eiga að máli.

Þá er einnig rétt að íhuga þann mun sem er á höfundarrétti að niðurstöðum og rétti til að nota niðurstöður til einkaleyfisumsóknar. Réttur vísindamanna til að birta niðurstöður í vísindagreinum takmarkast einatt í samstarfi við aðila sem hyggjast nýta niðurstöðurnar til efnahagslegs ávinnings, þar sem birting á niðurstöðum, áður en sótt hefur verið um einkaleyfi, kemur í veg fyrir að hægt sé að sækja um slíkt leyfi. Ráðstöfunarréttur á færslum um athuganir og niðurstöður vísindamanna, sem unnið hafa að verkefnum á vegum opinberrar stofnunar, var tilefni málaferla sem eru nýafstaðin á lægra dómsstigi. Viðbrögðin við niðurstöðu dómsins kalla á að höfundarréttur vísindamanna og skyld mál verði þegar tekin til gagngerrar athugunar.

Aukin samvinna

Mismunur á rétti starfsmanna til nota á niðurstöðum rannsókna í því skyni að sækja um einkaleyfi og óvissan, sem virðist ríkja um höfundarrétt að niðurstöðum og færslum á athugunum í rannsóknaverkefnum, hlýtur að koma upp á yfirborðið í ríkara mæli en verið hefur hér. Aukin samvinna Háskólans við rannsóknastofnanir atvinnulífsins, m.a. um rannsóknatengt framhaldsnám, beinir kastljósi að þessum málum. Væntanlegt aukið erlent samstarf um rannsóknir, m.a. á grundvelli EES-samningsins, dregur athyglina einnig að þessu.

Tillögur nefndarinnar

- Gefi endanleg dómsniðurstaða í málaferlum, um höfundarrétt vísindamanna að niðurstöðum og skráðum athugunum í rannsóknaverkefnum á stofnunum, tilefni til breytinga, leggur nefndin til að gagngger endurskoðun fari fram á þessum málum til þess að komið verði í veg fyrir að þau setji stein í götu samstarfs háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Nefndin beinir því jafnframt til þeirra, sem styrkja verkefni sem unnið er að í samvinnu fyrirtækja og stofnana, að þannig verði búið um hnútana þegar í upphafi samstarfs að ekki komi til fleiri deilumála af þessu tilefni. Þá verður að tryggja réttarstöðu bæði stofnana og starfsmanna að þessu leyti.

9. Stofnanir og fyrirtæki á landsbyggðinni

Staðreynd er að rannsókna- og þróunarstarfseminnni er að mestu leyti fyrir komið á þéttbýlissvæðinu á suð-vestur horni landsins. Nokkrar stofnanir starfrækja útibú á landsbyggðinni. Hafrannsóknastofnun starfrækir útibú í Vestmannaeyjum, í Ólafsvík og á Akureyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur rekið tilraunastöðvar úti um land og bútæknideild stofnunarinnar er staðsett á Hvanneyri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir útibú í Vestmannaeyjum, á Ísafirði, á Akureyri og í Neskaupstað. Veiðimálastofnun rekur starfsemi á

nokkrum stöðum á landinu og Tilraunastöð Skógræktar ríkisins starfrækir útibú á Húsavík. Á Akureyri er Rannsóknastofnun Háskólans þar í uppbyggingu í samvinnu við nokkrar rannsóknastofnanir atvinnulífsins. Samkvæmt upplýsingum Rannsóknaráðs ríkisins eru hlutfallslega fá fyrirtæki á landsbyggðinni sem leggja að marki stund á rannsókna- og þróunarstarfsemi. Þau sem hana stunda gera það undantekningarlítið í samvinnu við rannsóknastofnanir.

Áhrif af dreifingu

Rétt er að gera sér grein fyrir því að kostir og ókostir við dreifingu rannsókna- og þróunarstofnana um landið verða ekki eingöngu metnir út frá hugsanlegum jákvæðum áhrifum á byggðina sem tekur við starfseminni. Skoða verður málið í stærra samhengi þar sem eftirfarandi þættir hljóta að verða í brennidepli: Áhrif á starfsemi stofnana, geta þeirra til þess að sinna verkefnum, tengsl við aðrar rannsóknastofnanir með aðgangi að sérfræðingum þeirra, tækjakosti og fræðibókasöfnum, kostnaður við flutninginn sjálfan, bæði beinn og óbeinn, líkur á því að atvinnustarfsemi spretti upp í tengslum við starfsemina, framboð á hæfum starfskröftum, framboð á félagslegri þjónustu fyrir þá sem fluttir eru, framboð á atvinnu fyrir maka, o.s.frv. Kostir, sem nábýli við slíkar stofnanir færir heimamönnum í skaut, kunna að vega nokkuð á móti líklegu óhagræði í rekstri, m.a. vegna aðfanga og aukinna ferðalaga starfsmanna og viðskiptavina stofnunarinnar.

Á fundum var látið í ljósi það álit að útibúin hefðu litlu skilað fyrir rannsóknastarfsemi stofnana. Til þess væru einingarnar of litlar og vanbúnar tækjum og mannafla. Á hinn bóginn hefðu útibúin miðlað þekkingu til notenda og stutt við þróunarviðleitni. Þar sem fyrirtæki á staðnum taka virkan þátt í rannsókna- og þróunarstarfi væri og grundvöllur fyrir starfsemi af þessu tagi, að því tilskildu að takist að byggja upp rannsóknarumhverfi sem er lífvænlegt að aðstöðu og mannafla. Sem dæmi um þetta var nefnd sú starfsemi sem fer nú fram í samvinnu rannsóknastofnana og Háskólans á Akureyri, og vísir að þróunarsetri rannsóknastofnunar og fyrirtækja á Ísafirði. Til álita kemur að byggja upp starfsemi sem sinnir sérstökum verkefnum öðrum en þeim sem unnið er að á stofnunum sem fyrir eru. Engu að síður þarf að huga að þeim atriðum sem reiknast til kostnaðar, umfram það sem hlýst af uppbyggingunni einni og sér. Áhersla var lögð á að frumkvæði heimamanna, en ekki ákvarðanir stjórnvalda, skipti sköpum ef efla ætti rannsókna- og þróunarstarfsemi úti á landi.

Flestir viðmælendur nefndarinnar lögðu eindregið til að varlega yrði farið í hugmyndum um flutning rannsóknastofnana út á land. Þeir minntu á reynslu Dana af því að safna fiskiðnaðarrannsóknum saman í Hirtshals á Norður-Jótlandi í stofnun sem heitir "Nordsjö-centret". Þrátt fyrir ágæta aðstöðu og aðbúnað, bæði í tækjum, bókakosti og húsnæði, skorti það sem máli skiptir: Starfsfólk með þá færni og getu sem til þarf fæst ekki til starfa við stofnunina. Helsta skýringin er sú að umhverfið býður ekki upp á sambærileg tengsl við aðra fræðimenn, samstarf við aðrar rannsóknastofnanir o.s.frv.

Á fundum nefndarinnar með Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins var varað við ómarkvissri dreifingu rannsóknastarfseminnar um landið, án þess að hugað sé að áhrifum þess á starfsemina og að þjóðhagslegum rökum.

Leiðir til úrbóta

Nefndin telur að reynslan hér, sem reyndar er studd reynslu annarra þjóða, t.d. Dana og Kanadamanna,[22] sýni að ávinningur að því að skipta rannsóknastofnunum og dreifa þeim um landið sé enginn og geti reyndar leitt til þess að dragi úr getu þeirra til þess að takast á við brýn

22 Sjá t.d. Lacroix, R. og Martin, F. : Government and the decentralization of R&D. Research Policy, 17 árgangur, hefti nr. 6, 1988, bls. 363-373.

verkefni í þágu landsmanna. Engu að síður telur nefndin mikilvægt að hagsmunaaðilar á landsbyggðinni eigi jafnan aðgang að rannsóknastarfseminni í landinu og þeir sem búa í nábýli við hana. Þessu verður hins vegar að ná eftir öðrum leiðum en þeirri að dreifa starfseminni. Nýjar leiðir í upplýsingamiðlun kunna að bjóða ýmsa möguleika í þessu efni. Jafnframt er að hugsanlegt að byggðasjónarmið gætu komið til álita í gjaldskrám stofnana sem selja þjónustu til fyrirtækja á landsbyggðinni. Nefndin vekur, þrátt fyrir það sem sagt var hér að framan, athygli á þeirri staðreynd að bættar samgöngur innanlands gera að verkum að staðsetning stofnana í heild skiptir minna máli en áður, sé gætt þeirra sjónarmiða sem nefnd hafa verið hér að ofan.

Ef svo fer að ákveðið er að flytja starfsemi rannsóknastofnana út á landsbyggðina verður að tryggja að myndaðar verði starfhæfar einingar 8-10 vísindamanna hið minnsta, að viðbættu aðstoðarfólki. Leið til þess væri sú að setja saman útibú fleiri stofnana á einum stað í því augnamiði að byggja faglega hvetjandi umhverfi, líkt og er að gerast t.d. á Akureyri, til þess að kostir samstarfs vísindamanna úr fleiri greinum njóti sín, nýta betur en ella tækjakost og hindra óþarfa margföldun í uppbyggingu.

Tillögur nefndarinnar

- Nefndin leggur til að öll áform, sem gera ráð fyrir eflingu rannsókna- og þróunarstarfsemi á landsbyggðinni, miði að því að starfseminni verði safnað saman í miðstöðvar á fáum stöðum, t.d. þannig að útibú fleiri stofnana verði sett niður á sama stað. Fyrirmynd að þessu er að finna í samstarfi Háskólans á Akureyri við rannsóknastofnanir atvinnulífsins. Verkefni slíkra miðstöðva verði vel skilgreind og í samræmi við rannsóknaáherslur í starfi móðurstofnana. Hlutverk miðstöðva af þessu tagi verði einnig að miðla þekkingu til notenda. Nefndin leggur áherslu á að þar sem miðstöðvar af þessu tagi rísa séu til staðar forsendur í atvinnulífi til virkrar þátttöku, m.a. frumkvæði og vilji heimamanna.
- Áfram verði unnið að því að efla samstarf Háskólans á Akureyri og rannsóknastofnana atvinnulífsins og fyrirtækja.

10. Niðurlag

Helsta tillaga nefndarinnar er sú að málstök varðandi vísindi og tækni verði samræmd og gerð skilvirkari en nú er. Tilgangurinn er sá að fjármagn og mannafli, sem varið er til þessarar starfsemi, skili betri árangri en nú er, hvort sem um er að ræða rannsóknir til skilnings á menningu okkar, þjóðfélagi eða til þess að efla atvinnulíf, greiða úr vandkvæðum þess eða til þess að efla nýsköpun í því. Til þess að ná slíkum markmiðum þarf að skoða betur forsendur starfseminnar, skipulag hennar og verkefnaval. Mikilvægur þáttur í þessari viðleitni er að auka verður það fjármagn sem Íslendingar verja til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Þetta er brýnt til þess að skapa, til lengri tíma litið, forsendur til þess að breikka þann grunn sem afkoma okkar byggist á. Þetta er einnig brýnt til þess að nýta betur, en nú er gert, þá miklu fjárfestingu sem þjóðin hefur lagt í menntun og vísindalega þjálfun ungmenna. Aukin sóknarfæri í samstarfi við erlendar þjóðir krefjast meiri fjármuna er varið hefur verið í því skyni til þessa. Til viðbótar má nefna að tækjabúnaður, sem er nauðsynlegur til vísindastarfsemi, verður sífellt dýrari, en aðgangur að rannsóknastofum, sem eru vel búnar tækjum, er einnig liður í því að nýta betur fjárfestinguna í menntun og vísindalegri þjálfun.

Nefndin telur engu að síður tímabært að spurt verði hvort það eitt að veita meira fjármagni til vísinda og tækni sé nokkur trygging fyrir því að starfsemin blómgist og beri ávöxt. Því má halda fram að allt eins kunni að vera að betur megi nýta bæði mannafla og fjármagn á þessu sviði. Hér er ekkert fullyrt í þessu efni en nefndin bendir á nauðsyn þess að rækilega verði

athugað með skipulegu mati hvort svar fáist við þessari spurningu sem gerist sífellt áleitnari þegar harðnar á dalnum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta er eitt brýnasta verkefni yfirstjórnar vísinda- og tæknimála að mati nefndarinnar. Það er öllum ljóst að öflug og markviss vísinda- og tæknistarfsemi er í raun besta röksemdin fyrir ríflegum framlögum til þessara mála.

Í landi, þar sem minna fé kemur í hlut þessarar starfsemi en þörf krefur, ber nauðsyn til þess að láta þær rannsóknir ganga fyrir sem mikilvægastar eru. Margs er þó að gæta þegar eitt verkefni er talið öðru brýnna. Finna þarf jafnvægi milli áherslu á efnahagslega þýðingu rannsókna- og þróunarstarfseminnar í þágu nýsköpunar í atvinnulífi, og þeirrar nauðsynjar að skynja og skilja þau tækifæri, og jafnframt hættur sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir. Vísindi og tækni eru einn mikilvægast þátturinn í þeirri viðleitni sem miðar að því að varðveita reynslu okkar og menningararf kynslóðanna og tengja þau verðmæti leit að nýrri þekkingu og lausnum. Því er brýn nauðsyn að styrkja innviði menningar okkar og samfélags með öflugu vísinda- og tæknistarfi til þess að við getum fært okkur tækifærin í nyt um leið og varast þarf afleiðingar óheftrar vísinda- og tæknihyggju.

Það er þetta jafnvægi sjónarmiða sem er grundvallaratriði í skýrslunni og þeim tillögum sem gerðar eru til þess að efla og styrkja starfsemina sjálfa og umfjöllun um hana. Gengið er út frá nauðsyn þess að ólík viðhorf mætist og takist á um ákvarðanir um málefni sem varða vísindi og tækni.

Ágrip af bóka- og ritlista

(Í listanum eru aðeins tilgreind fáein rit sem nefndin hefur stuðst við. Þeim er sameiginlegt að þau eru öll aðgengileg.)

Ársskýrsla Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins 1990 og 1991.
Ársskýrslur Norræna iðnaðarsjóðsins 1990 og 1991.
Branscomb, L.: "Critical Technologies: Technology under Unspecified Policies". OECD 1993
Georghiou, L. og Loveridge, D.: "Critical Technologies -- A Brief Review." OECD 1993
Kline, S. J. og Rosenberg, N.: "An Overview of Innovation." bls. 275-305, í Landau, R. og Rosenberg, N. (ritstj.): The Positive Sum Strategy. National Academy Press, Washington D.C., 1986.
Lacroix, R. og Martin, F. :" Government and the decentralization of R&D." Research Policy, 17 árgangur, hefti nr. 6, 1988, bls. 363-373.
Nefnd um ráðstöfun hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja, endurskoðaðar tillögur 12. janúar 1993.
Nordisk FoU-statistik for 1989 og statsbudsjettanalyse 1991. Nordisk Industrifond, Information nr 7/1991.
OECD: Review of National Science, Technology and Innovation Policies: Iceland, Part II, Examiners' Report
Petersen, J. S. og Wiig, O.: "Udviklingen i FoU-indsatsen i Norden i 1980´erne." Vitenskaps- og teknologi-indikatorer for Norden. Nordisk Industrifond, Informasjon nr 3/1992, bls. 26-47.
Technology in a Changing World. OECD 1991.
Ziman, J.: "A neural net model of innovation." Science and Public Policy, Vol. 18, nr 1, Feb. 1991, bls. 65-75.

1174. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist við umsagnir er henni bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frumvarpið felur í sér heimild landbúnaðarráðherra til að taka upp samninga við Stéttarsamband bænda um breytingar á búvörusamningi. Stéttarsambandi bænda verði heimilt að semja um að sauðfjárbændur verðir leystir frá því að verða að framleiða a.m.k. 80% upp í greiðslumark sitt til að eiga rétt á fullum beingreiðslum. Einnig felst í frumvarpinu að bændum, sem eiga rétt til elli- og örorkulífeyris, verði skapað aukið svigrúm í landgræðslustörfum og veittur kostur á að draga saman búskap án þess að það hafi tilfinnanlegan tekjumissi í för með sér.

Innan nefndarinnar var sérstaklega rætt um lokamálslið 2. mgr. frumvarpsins þar sem segir að heimilt sé að ákveða að efri mörk greiðslumarks verði mishá eftir landsvæðum. Nefndin vekur athygli á að þar sem framleiðsluheimildir miðast við bújarðir en ekki landshluta yrðu slíkar aðgerðir að taka til einstakra bújarða. Þar sem um er að ræða samninga sem Stéttarsamband bænda verður aðili að sér nefndin ekki ástæðu til að leggja fram tillögu um breytingu á texta frumvarpsins.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1993.

Egill Jónsson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Guðni Ágústsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Eggert Haukdal.
Einar K. Guðfinnsson.		Árni R. Árnason.

1175. Framhaldsnefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin afgreiddi frumvarpið upphaflega frá sér með breytingum 5. nóvember sl. Ýmsar athugasemdir komu fram við málið við 2. umr. þess og tók nefndin því frumvarpið á ný til umfjöllunar. Nefndin leggur nú til breytingar á frumvarpinu sem miða að því að stytta það og gera það skýrara. Um leið kallar nefndin aftur fyrri breytingartil-

lögur á þskj. 270. Þau atriði, sem lagt er til að felld séu brott, eru þess eðlis að annaðhvort er hægt að kveða á um þau í reglugerð eða þau má leiða af eðli máls.

Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að þingið afgreiði frumvarpið og bendir í því sambandi á að svæðislýsing smárása í hálfleiðurum er undirstaða hátækniiðnaðar í dag. Þó ekki séu hannaðar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum hér á landi nú getur til þess komið innan tíðar að smárásir verði framleiddar hér, sbr. t.d. umræðu um fríiðnaðarsvæði hér á landi. Þá er nauðsynlegt að fyrir hendi sé raunhæf vernd og því er mikilvægt að vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum verði lögfest sem fyrst hér á landi. Önnur mikilvæg ástæða til þess að þetta frumvarp verði lögfest sem fyrst er vegna alþjóðaskuldbindinga okkar. Evrópubandalagið (EB) setti tilskipun 1986 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, sbr. tilskipun ráðherraráðs EB frá 16. desember 1986 (87/54/EBE). Sú tilskipun tók aðeins til ríkisborgara EB-ríkja. En með ákvörðun ráðherraráðsins, dags. 31. maí 1988, var verndin tímabundið einnig látin ná til ríkisborgara ákveðinna landa sem veittu ríkisborgurum EB vernd á þessu sviði eða þar sem unnið var að því að veita ríkisborgurum EB slíka vernd. Þessi ákvörðun ráðherraráðsins tók til íslenskra ríkisborgara. Hinn 21. desember 1992 var áðurnefnd ákvörðun ráðherraráðsins gerð ótímabundin af hálfu EB á grundvelli upplýsinga um að unnið væri að því að veita ríkisborgurum EB samsvarandi vernd á Íslandi.

Nefndin vill einnig benda á að þörf er á sérlögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum þar sem hönnun þeirra telst ekki uppfinning í skilningi einkaleyfalaga og því ekki hægt að vernda hönnun þeirra samkvæmt þeim. Ekki er heldur unnt að vernda hönnun svæðislýsinga smárása með lögum um hönnunarvernd þar sem það er hluti af hugtakaskilgreiningu svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum að hún hafi ákveðna tæknilega virkni. Hönnunarvernd tekur hins vegar eingöngu til verndar á útliti vöru að því marki sem það ræðst ekki af tæknilegum tilgangi vörunnar.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að greinin verði stytt verulega. Efni 2. mgr., sem lagt er til að verði felld niður, leiðir af eðli máls og því er ekki þörf sérstaks ákvæðis. Sama gildir um efni 4. og 5. mgr. að því leyti sem lagt er til að þær verði felldar niður.
2. Við 2. gr. Í frumvarpsgreininni er að finna hugtakaskilgreiningar sem byggðar eru á tilskipun EB um sama efni. Lagt er til að þessum skilgreiningum verði sleppt. Ef síðar verður talin þörf á slíkum skilgreiningum má setja þær í reglugerð.
3. Við 3. gr. Í frumvarpsgreininni er kveðið á um hver sé rétthafi verndar og hvernig með skuli farið ef svæðislýsing er hönnuð í vinnusambandi eða samkvæmt annars konar samningi. Lagt er til að þessu ákvæði sé sleppt þar sem eðlilegra er að kveðið sé á um slíkt í sérlögum sem taki til allra hugverkaréttinda.
4. Við 5. gr. Lagt er til að felld verði niður skilgreiningin í 2. tölul. á því hvað teljist hagnýting í atvinnuskyni. Einnig er breytt framsetningu 3. tölul. þar sem í upphaflegu frumvarpi var hugtakavilla, sbr. nefndarálit iðnaðarnefndar 5. nóvember sl. Að lokum er lagt til að meginefni þess sem áður var í 1.–4. tölul. 6. gr. frumvarpsins verði fellt inn í 5. gr. og verði 2. mgr. greinarinnar. Um er að ræða nýtt orðalag en ekki felst í því efnisbreyting.
5. Við 6. gr. Lagt er til að efni 5. tölul. 6. gr. verði sérstök grein. Efni hennar tekur til hvernig með skuli fara ef einhver hagnýtir sér í atvinnuskyni smárás sem framleidd hefur verið andstætt þessum lögum án þess að hafa vitneskju um að svo sé. Þetta getur t.d. átt við þá sem flytja inn sjónvörp eða tölvur. Ef einhver lendir í því að

kaupa tölvu fyrir atvinnurekstur sinn sem hefur í sér smárás sem er framleidd andstætt þessu frumvarpi má sá hinn sami halda áfram að nota tölvuna í atvinnurekstri sínum þótt svo sé ástatt um innviði tölvunnar. Hins vegar er rétthafa svæðislýsingarinnar, sem smárásin er framleidd eftir, heimilt að krefjast þess að viðkomandi greiði sér sanngjarnar bætur frá því tímamarki sem honum mátti vera ljóst að smárásin var framleidd í bága við lög.

6. Við 8. gr. Lagt er til, sbr. nefndarálit 5. nóvember sl., að sérákvæði þau, sem er að finna í 3. og 4. málsl. greinarinnar, falli niður og venjulegur fyrningarfrestur gildi.
7. Við 9. gr. Lagt er til að 2. málsl. greinarinnar falli brott þar sem hann er óþarfur.
8. Við 11. gr. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Engin þörf er á sérstökum aðlögunartíma þar sem ekki verður um að ræða skráningu réttinda samkvæmt lögunum. Einnig er ljóst að hefjast þarf handa svo fljótt sem unnt er um að veita ríkisborgurum annarra þjóða, sem veitt hafa íslenskum ríkisborgurum réttarvernd, samsvarandi vernd. Slíkt verður gert með reglugerð.

Kristín Einarsdóttir og Páll Pétursson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1993.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Svavar Gestsson.	Finnur Ingólfsson.	Vilhjálmur Egilsson.
	Guðjón A. Kristjánsson.	

1176. Svar [182. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvert er hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva?*
2. *Hverjar voru heildartekjur sjóðsins 1991?*
3. *Hverjir skipa stjórn og úthlutunarnefnd þessa sjóðs?*
4. *Hverjir hlutu styrk úr sjóðnum 1991 og 1992, hversu háan og til hvaða verkefna?*
5. *Hvernig hefur verið staðið að auglýsingum eftir styrkumsóknum, almennt og á þessu ári sérstaklega?*
6. *Hvernig er háttað skilagreinum um þau verkefni sem veitt hefur verið til?*

1. Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu, sbr. 10. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Samkvæmt reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva, nr. 69/1986, sbr. reglugerð nr. 166/1991, um breytingu á þeirri reglugerð, veitir sjóðurinn íslenskum útvarpsstöðvum og innlendum framleiðendum dagskrárefnis framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu.

2. Heildartekjur sjóðsins árið 1991 voru 88.652.272 kr. Nánari upplýsingar um rekstur sjóðsins koma fram í ársskýrslum fyrir árin 1990 og 1991, sjá fskj. I.

3. Í stjórn sjóðsins eiga nú sæti Björg Einarsdóttir rithöfundur og Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík. Formaður sjóðsins hefur ekki verið skipaður, en Hrafn Gunnlaugsson hefur nú látið af störfum sem formaður sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.

4. Upplýsingar um hverjir hlutu styrk úr sjóðnum 1991 og 1992, hversu háan og til hvaða verkefna koma fram í fskj. I–III.

5. Samkvæmt upplýsingum Menningarsjóðs útvarpsstöðva var fram til ársins 1992 almennt ekki auglýst eftir styrkumsóknum. Þótti að mati þáverandi sjóðstjórnar ekki þörf á að auglýsa opinberlega þar sem eingöngu útvarpsstöðvar áttu rétt á styrkjum úr sjóðnum. Eftir breytingu á reglugerð á árinu 1991, sbr. reglugerð nr. 166/1991, þar sem heimilað var að úthluta styrkjum einnig til sjálfstætt starfandi dagskrárgerðarmanna, var farið að auglýsa eftir umsóknum. Það var gert með auglýsingu í öllum dagblöðum í janúar 1992. Úthlutun fór síðan fram í febrúar og mars það ár. Upplýsingar um þá sem hlutu styrki í það skipti og fjárhæð þeirra koma fram í fskj. II. Í desember sl. var aftur auglýst í öllum dagblöðum (og með skjáauglýsingum á báðum sjónvarpsstöðvunum) eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 10. febrúar 1993. Ákvörðun stjórnar um styrkveitingar af þessu tilefni liggja nú fyrir, sbr. fskj. IV.

6. Samkvæmt upplýsingum sjóðsins var það skilyrði ávallt sett við afgreiðslu styrkja á árinu 1992 að styrkþegar skiluðu framvinduskýrslu innan sex mánaða frá móttöku hans. Allir þeir aðilar, sem fengið hafa styrki eftir hinum nýju reglum, hafa skilað slíkum framvinduskýrslum og í flestum tilfellum hafa verið veittir framhaldsstyrkir til verkefnanna. Sams komar skilyrði voru sett við greiðslu styrkja vegna úthlutunar sem fram fór í mars sl.

Fylgiskjal I.

Menningarsjóður útvarpsstöðva:

ÁRSREIKNINGUR 1990

Áritun endurskoðenda.
(12. október 1992.)

Ársreikning þennan fyrir Menningarsjóð útvarpsstöðva, árið 1990 höfum við gert eftir bókhaldi sjóðsins, sem við höfum fært.

Ársreikningurinn, sem er á bls. 1 - 6, hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir nr. 1 - 8.

Með tilvísun til sundurliðunar nr. 1 viljum við benda á að yfirlit um auglýsingatekjur hafa aðeins borist um þau tímabil er þar koma fram og að flestar stöðvarnar eru í vanskilum.

Framlag til Sinfoníuhljómsveitar Íslands er uppreiknað 25% af rekstrarútgjöldum hljómsveitarinnar skv. fjárlögum fyrir árið 1990.

Engin endurskoðun hefur farið fram af okkar hálfu.

Endurskoðunarmiðstöðin
— Coopers & Lybrand hf.

Valdimar Ólafsson,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 1990

	Skýringar	1990	1989
Rekstrartekjur			
Menningarsjóðsgjöld	1	83.855.737	35.904.402
Rekstrargjöld			
Framlög	2	82.140.000	65.917.500
Laun og launatengd gjöld	3	856.773	271.576
Annar rekstrarkostnaður	4	323.582	360.097
		83.320.355	66.549.173
Rekstrarhagnaður		535.382	(30.644.771)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	5	11.733.032	10.976.830
Rekstrarhagnaður (tap) yfirfærður á óráðstafað eigið fé til næsta árs		12.268.414	(19.667.941)

Efnahagsreikningur 31. desember 1990

Eignir	Skýringar	1990	1989
Veltufjármunir			
Óbundnar bankainnistæður		33.452.774	27.240.247
Viðskiptakröfur	6	23.335.201	15.726.207
Eignir samtals		56.787.975	42.966.454

Skuldir og eigið fé

Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	7	40.173.079	38.619.972
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	16.614.896	4.346.482
Skuldir og eigið fé samtals		56.787.975	42.966.454

Skýringar

1. Menningarsjóðsgjald

Ríkisútvarpið nóv. 1989 - des. 1990	62.240.183
Íslenska útvarpsfélagið hf sept. 1989 - des. 1990	12.409.287
Íslenska sjónvarpsfélagið hf júlí - des. 1990	7.555.007
Aðalstöð maí - júní og nóv. - des. 1990	1.563.451
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf	71.499
Tækifærisútvarp	16.310
	83.855.737

2. Framlög

Sinfoníuhljómsveit Íslands	39.990.000
Ríkisútvarpið	23.000.000
Íslenska útvarpsfélagið hf	6.000.000
Íslenska sjónvarpsfélagið hf	12.750.000
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf	400.000
	82.140.000

3. Laun og launatengd gjöld

Nefndarlaun	382.800
Laun framkvæmdastjóra	445.000
Launaskattur	28.973
	856.773

4. Annar rekstrarkostnaður

Sími og burðargjöld	800
Auglýsingar	2.400
Fundakostnaður	9.420
Reikningsleg aðstoð	147.867
Lögfræðileg aðstoð	163.095
	323.582

Skýringar

5. Vaxtatekjur

Vextir af bankainnistæðu	2.469.355
Dráttarvaxtatekjur	9.263.677
	11.733.032

6. Viðskiptakröfur

Ríkisútvarpið	3.985.603
Íslenska útvarpsfélagið hf	16.981.709
Íslenska sjónvarpsfélagið hf	119.886
Útvarp aðalstöð	109.641
Tækifærisútvarp	10.820
Lögheimtan hf	2.127.542
	23.335.201

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Sinfoníuhljómsveit Íslands	40.037.500
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf	3.885
Rót hf	342
Ógreidd laun og launatengd gjöld	131.352
	40.173.079

8. Óráðstafað eigið fé

Yfirfært frá fyrra ári	4.346.482
- Rekstrarhagnaður skv. rekstrarreikningi	12.268.414
	16.614.896

ÁRSREIKNINGUR 1991

Áritun endurskoðenda.
(15. október 1992.)

Ársreikning þennan fyrir Menningarsjóð útvarpsstöðva, árið 1991 höfum við gert eftir bókhaldi sjóðsins, sem við höfum fært.

Ársreikningurinn, sem er á bls. 1 - 6, hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir nr. 1 - 8.

Með tilvísun til sundurliðanar nr. 1 viljum við benda á að yfirlit um auglýsingatekjur hafa aðeins borist frá Ríkisútvarpinu og Íslenska útvarpsfélaginu hf. Aðrar stöðvar hafa ekki sent yfirlit eða aðeins yfirlit um hluta ársins. Varðandi skuld sjóðsins við Ríkisútvarpið, sbr. sundurliðun nr. 7, viljum við benda á að upplýsingar vantar hvað varðar dráttarvexti frá þessum aðila og öðrum.

Framlag til Sinfoníuhljómsveitar Íslands er uppreiknað 25% af rekstrarútgjöldum hljómsveitarinnar skv. fjárlögum fyrir árið 1991.

Engin endurskoðun hefur farið fram af okkar hálfu.

Endurskoðunarmiðstöðin
— Coopers & Lybrand hf.

Valdimar Ólafsson,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 1991

	Skýringar	1991	1990
Rekstrartekjur			
Menningarsjóðsgjöld	1	88.652.272	83.855.737
Rekstrargjöld			
Framlög	2	64.600.000	82.140.000
Laun og launatengd gjöld	3	771.256	856.773
Annar rekstrarkostnaður	4	1.086.159	323.582
		66.457.415	83.320.355
Rekstrarhagnaður		22.194.857	535.382
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	5	5.357.044	11.733.032
Rekstrarhagnaður (tap) yfirfærður á óráðstafað eigið fé til næsta árs		27.551.901	12.268.414

Efnahagsreikningur 31. desember 1991

Eignir	Skýringar	1991	1990
Veltufjármunir			
Óbundnar bankainnistæður		58.627.763	33.452.774
Viðskiptakröfur	6	24.462.533	23.335.201
Eignir samtals		83.090.296	56.787.975

Skuldir og eigið fé

Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	7	38.923.499	40.173.079
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8	44.166.797	16.614.896
Skuldir og eigið fé samtals		83.090.296	56.787.975

Skýringar

1. Menningarsjóðsgjald

Ríkisútvarpið	58.495.874
Íslenska útvarpsfélagið hf	28.090.049
Aðalstöð, janúar - júní	1.306.662
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf, desember	66.494
Ferskur miðill	693.193
	88.652.272

2. Framlög

Sinfoníuhljómsveit Íslands	31.000.000
Ríkisútvarpið	25.000.000
Íslenska útvarpsfélagið hf	8.000.000
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf	600.000
	64.600.000

3. Laun og launatengd gjöld

Nefndarlaun	127.600
Laun framkvæmdastjóra	600.000
Launaskattur	43.656
	771.256

4. Annar rekstrarkostnaður

Sími og burðargjöld	520
Auglýsingar	134.938
Fundakostnaður	11.670
Ritföng, prentun og pappír	725
Lögfræðileg aðstoð	938.306
	1.086.159

Skýringar

5. Vaxtatekjur

Vextir af bankainnistæðu	5.282.051
Dráttarvaxtatekjur	74.993
	5.357.044

6. Viðskiptakröfur

Íslenska útvarpsfélagið hf	23.595.342
Eyfirska sjónvarpsfélagið	12.879
Útvarp aðalstöð	777.352
Tækifærisútvarp	1.970
Lögheimtan hf	74.990
	24.462.533

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Sinfoníuhljómsveit Íslands	31.047.500
Ríkisútvarpið	7.838.981
Rót hf	342
Ógreidd laun og launatengd gjöld	36.676
	38.923.499

8. Óráðstafað eigið fé

Yfirfært frá fyrra ári	16.614.896
- Rekstrarhagnaður skv. rekstrarreikningi	27.551.901
	44.166.797

Bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1992.
(Lagt fram á fundi stjórnar 9. febrúar 1993.)

Staða 1. janúar 1992: 60.164.123.53 kr.

Tekjur: Framlög útvarpsstöðva 64.402.426 kr., vaxtatekjur 3.110.419 kr. Tekjur námu samtals 67.512.845 kr.

Gjöld: Styrkir til dagskrárgerðar 46.690.000 kr., laun stjórnar 630.000 kr., laun ritara 580.000 kr., annar rekstrarkostnaður, kostnaður vegna úthlutunar, auglýsingar í dagblöðum, leiga á sal, risna, kostnaður vegna funda, ljósritun, rekstrarvörur, póstkostnaður, launatengd gjöld o.s.frv. 720.800 kr. Gjöld námu samtals 48.620.800 kr.

Staða 1. janúar 1993: 79.356.800 kr.

Viðskiptakröfur (eftirfarandi tölur byggja á áætlunum þar sem skýrslum um auglýsingatekjur hefur ekki verið skilað)*:* Íslenska útvarpsfélagið hf. 50.000.000 kr., Aðalstöðin 7.000.000 kr., Sólin 3.000.000 kr. Samtals 60.000.000 kr.

Skuldir: Sinfóníuhljómsveit Íslands, vegna ársins 1991, 45.500.000 kr., Sinfóníuhljómsveit Íslands, vegna ársins 1992, 48.000.000 kr. Samtals 93.500.000 kr.

Skuldir eru miðaðar við 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar eins og hann er áætlaður á fjárlögum fyrir árin 1991 og 1992. Sé miðað við 25% af framlagi ríkisins samkvæmt fjárlögum fyrir þessi ár eru tölurnar þessar:

Fyrir árið 1991 23.500.000 kr. og fyrir árið 1992 24.750.000 kr. Samtals 48.250.000 kr.

Eignir: Óbundin bankainnstæða 1. janúar 1993 79.356.168 kr., viðskiptakröfur 60.000.000 kr. Eignir samtals 139.356.168 kr.

Eigið fé: 45.856.168 kr. (miðað við 25% af rekstrarkostnaði), 91.106.168 kr. (miðað við 25% af framlagi ríkisins).

Davíð Þór Björgvinsson.

Fylgiskjal II.

Fundargerð stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva.
(1. febrúar 1992.)

Laugardaginn 1. febrúar 1992 kom stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva saman til fundar á Hótel Sögu. Fundurinn hófst kl. 11. Fundarefnið var úthlutun styrkja til framleiðslu dagskrárefnis. Mættir voru Hrafn Gunnlaugsson formaður, Björg Einarsdóttir og Guðni Guðmundsson. Auk þeirra sat fundinn Davíð Þór Björgvinsson, ritari stjórnar.

Eftirtaldir aðilar mættu á fundinn til að gera stjórn sjóðsins frekari grein fyrir umsóknum sínum: Viðar Víkingsson, Hilmar Oddsson, Bjarni Kristjánsson, fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins, Þorsteinn Helgason, Sveinn Magnússon, ide film, Baldur Hermannsson, Hringsjá, Ásthildur Kjartansdóttir, Egill Eðvarðsson, Páll Steingrímsson og Guðjón Arngrímsson.

Eftir að rætt hafði verið við framangreinda aðila var ákveðið að úthuta styrkjum sem hér segir:

Viðar Víkingsson: „Á Stóra-Hrauni". Undirbúningur að leiknum heimildamyndaflokki, 2.000.000 kr.

Kvikmyndafélagið Nýja Bíó: Heimildamynd um Stephan G. Stephansson, 1.000.000 kr.

Íslenska útvarpsfélagið hf.: Sjónvarpsþættir um umhverfisvernd, 3.500.000 kr.

Þorsteinn Helgason: Undirbúningur að heimildamynd um Tyrkjaránið, 1.000.000 kr.

Ide film (Helgi Felixson og Sveinn Magnússon): Heimildamynd um sögu lýðveldisins, 2.000.000 kr.

Hringsjá (Baldur Hermannsson): „Þjóð í hlekkjum hugarfarsins". Sjónvarpsmyndaflokkur um þverstæður í atvinnulífi Íslendinga, 3.000.000 kr.

Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir: „Mín liljan fríð". Heimildamynd með leiknum atriðum um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund og skáldsögur hennar, 2.500.000 kr.

Egill Eðvarðsson: „Blóðskömm". Undirbúningur að leikinni heimildamynd, 1.000.000 kr.

Páll Steingrímsson: Heimildamynd um sögu tónlistar á Íslandi, 1.500.000 kr.

Hillingar — Saga Film: „Maður í frakka". Leikin sjónvarpsmynd, 2.000.000 kr.

Guðjón Arngrímsson: Handrit og heimildamynd um erfðir og umhverfisáhrif, 500.000 kr.

Ríkisútvarpið, hljóðvarp:

a. Hrafnkelssaga rödduð, 500.000 kr.
b. Þáttaröð um hinn „burleska" frásagnarhátt í bókmenntum Íslendinga, Frakka og Spánverja, 500.000 kr.
c. Gamanleikur — til að láta semja handrit að íslenskum gamanleikjum, 2.000.000 kr.
d. Framleiðsla útvarpsleikrits á vegum LA, 400.000 kr.
e. Íslensk framleiðsla .., 450.000 kr.

Ríkisútvarpið Egilsstöðum: Hvalveiðar við Austurland, 140.000 kr.

Ríkisútvarpið, sjónvarp:

a. Sögustaðir (heimildamynd), 4.000.000 kr.
b. Söngleikir, 1.200.000 kr.
c. Hálendi Íslands (heimildamynd), 1.000.000 kr.
d. Skólasaga (heimildamynd), 1.000.000 kr.
e. Jónas Hallgrímsson (heimildamynd), 3.000.000 kr.
f. Íslenskir vísindamenn (heimildamynd), 3.000.000 kr.

Aðalstöðin: Upphaf og uppruni skipulagðrar fjölmiðlunar á Íslandi, 900.000 kr.

Finnbogi Hermannsson: Heimildaþættir um menningarsögu Ísafjarðar milli stríða, 240.000 kr.

Styrkir námu samtals 38.330.000 kr.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13.30.

Fylgiskjal III.

Menningarsjóður útvarpsstöðva:

Tilkynning um úthlutun styrkja úr Menningarsjóði Útvarpsstöðva.
(15. september 1992.)

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva hefur fjallað um framvinduskýrslur vegna verkefna sem veittur var styrkur til í febrúar sl. Alls bárust skýrslur frá 11 aðilum. Ákveðið hefur verið að úthluta framhaldsstyrkjum alls að fjárhæð 13.000.000 kr. til eftirtalinna verkefna:

Viðar Víkingsson: „Á Stóra Hrauni", 1.000.000 kr.

Þorsteinn Helgason: Heimildamynd um Tyrkjaránið, 1.000.000 kr.

Idefilm (Helgi Felixson og Sveinn Magnússon): Bjarkarlauf — heimildamynd um sögu lýðveldisins, 1.000.000 kr.

Hringsjá (Baldur Hermannsson): „Þjóð í hlekkjum hugarfarsins". Sjónvarpsmynd um þverstæður í atvinnulífi Íslendinga, 3.500.000 kr.

Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir: „Mín liljan fríð". Heimildamynd um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund og skáldsögur hennar, 3.500.000 kr.

Egill Eðvarðsson: „Blóðskömm". Leikin heimildamynd, 1.000.000 kr.

Guðjón Arngrímsson: Heimildamynd um erfðir og umhverfisáhrif, 1.000.000 kr.

Að auki var samþykkt að veita Einari Kárasyni og Friðrik Þór Friðrikssyni styrk að fjárhæð 1.000.000 kr. til að hefja undirbúning að gerð kvikmyndar eftir skáldsögum þess fyrrnefnda, „Þar sem djöflaeyjan rís" og „Gulleyjan".

Hrafn Gunnlaugsson.
Björg Einarsdóttir.
Guðni Guðmundsson.

Fylgiskjal IV.

Fréttatilkynning frá Menningarsjóði útvarpsstöðva.

Úthlutað var úr Menningarsjóði útvarpsstöðva á fundi stjórnar 20. mars 1993. Í stjórn sjóðsins eiga sæti Hrafn Gunnlaugsson formaður, Björg Einarsdóttir og Guðni Guðmundsson. Hrafn Gunnlaugsson tók ekki þátt í úthlutun.

Alls bárust umsóknir frá 85 einstaklingum og fyrirtækjum um styrki til 166 verkefna, samtals að fjárhæð 415 millj. kr. Úthlutað var samtals 79.645.000 kr. Auk þess var tveimur aðilum, Agli Eðvarðssyni og Viðari Víkingssyni, veitt skilyrt loforð um styrk að fjárhæð 10 millj. kr. til handa hvorum.

I. STYRKIR TIL FRAMLEIÐSLU SJÓNVARPSEFNIS

1. Framhaldsstyrkir til eldri verkefna.

Baldur Hermannsson: „Þjóð í hlekkjum hugarfarsins", 2,4 millj. kr.

Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir: „Draumur um draum", sjónvarpsþáttur um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund, 2,4 millj. kr.

Helgi Felixson og Sveinn Magnússon: „Bjarkarlauf", heimildamynd um sögu lýðveldisins, 1 millj. kr.

Íslenska kvikmyndasamsteypan hf.: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar, 2 millj. kr.

Þorsteinn Helgason: Heimildamynd um Tyrkjaránið, 2 millj. kr.

Guðjón Arngrímsson: „Worlds Apart" — heimildamynd um erfðir og umhverfisáhrif, 2,5 millj. kr.

2. Styrkir til nýrra verkefna.

Saga Film: Leikin heimildamynd um líf og starf Jóns Sigurðssonar forseta, 3 millj. kr.

Birgir Sigurðsson: Heimildamynd um íslenskt almúgafólk, 3,5 millj. kr.

Pegasus: „Ljáðu mér vængi", sjónvarpsmyndaflokkur eftir sögum Ármanns Kr. Einarssonar um Árna í Hraunkoti, 3 millj. kr.

Þorvaldur Gylfason: „Að byggja land", sjónvarpsmynd um atvinnuþróun á Íslandi, 4 millj. kr.

Kvikmyndafélag Íslands hf.: Heimildamynd um lífshlaup Eggerts V. Briem eðlisfræðings, 1 millj. kr.

Hjálmtýr Heiðdal: „Hellisheiðarvegur", 500 þús. kr.

Valdimar Leifsson og Bryndís Kristjánsdóttir: „Listakonan sem Ísland hafnaði", sjónvarpsmynd um Nínu Sæmundsson, fyrstu höggmyndalistakonu Íslands, 2 millj. kr.

Rammsýn: „Til þess eru vítin . . .", þáttaröð fyrir sjónvarp eftir handriti Einars Más Guðmundssonar, 3 millj. kr.

Jón Egill Bergþórsson: Handrit að heimildamynd um Jóhann Sigurjónsson, 500 þús. kr.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson: Þáttaröð um hugmyndahvarf Íslendinga á 20. öld, 1,1 millj. kr.

Valur Ingimundarson og Árni Snævarr: „Baráttan fyrir alþjóðaviðurkenningu", markmið Austur-Þjóðverja á Íslandi 1950–1973 (sjónvarpsmynd), 2 millj. kr.

Jón Hermannsson: „Sjávarnýtingin", sjónvarpsmynd um nýtingu á auðlindum sjávar, 2 millj. kr.

Finnbogi Hermannsson: „Snillingurinn á Hólmi", heimildamynd um Bjarna Runólfsson á Hólmi og samstarfsmenn hans, 800 þús. kr.

Ríkisútvarpið, sjónvarp:

a. „Og hún á þessum aldri", stuttmynd fyrir sjónvarp, 5,6 millj. kr.
b. „Blái hatturinn", skemmtidagskrá með samnefndum söng- og leikhópi, 2 millj. kr.
c. Heimildamynd um Guðmund Hannesson lækni, 1,5 millj. kr.
d. Heimildamynd um Jón úr Vör, 3 millj. kr.
e. „Þið munið hann Jörund", 7 millj kr.

Íslenska útvarpsfélagið hf. (Stöð 2):

a. Sjónvarpsmynd um Kristján Jóhannsson óperusöngvara, 7 millj. kr.
b. „Sporðaköst", sjónvarpsþáttaröð um stangveiði, 5 millj. kr.
c. Sjónvarpsþáttur um leiðtogafundinn í Reykjavík, 4 millj. kr.

II. STYRKIR TIL FRAMLEIÐSLU HLJÓÐVARPSEFNIS

Ríkisútvarpið, hljóðvarp:

a. *Rás 1:* Ýmis verkefni, 2,445 millj. kr.
b. *Rás 2:* Sögur úr kaupstaðaferð, 600 þús. kr.
c. *Rúv. Austurlandi:* „Byggð í Breiðuvík", 100 þús. kr.
d. *Rúv. Ísafirði:* „Gengið um Skutulsfjarðareyri", 100 þús. kr.
e. *Rúv. Akureyri:* Þáttur um Ingimar Eydal, 200 þús. kr.

Aðalstöðin: „Íslenska, það er málið", 1,5 millj. kr.

Ágúst Þór Árnason: Útvarpsþættir um söguleg réttarhöld, 300 þús. kr.

Inga Huld Hákonardóttir: „Konur og kristni", útvarpsþættir, 200 þús. kr.

F.h. stjórnar,

Davíð Þór Björgvinsson.

1177. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Sigríði Ingvarsdóttur og Helga I. Jónsson frá Dómarafélagi Íslands og Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara. Umsagnir bárust frá BHMR, Blaðamannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómsmálaráðuneyti, Lögmannafélagi Íslands, Rithöfundasambandi Íslands og ríkissaksóknara.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Jón Helgason.

Alþingi, 6. maí 1993.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. Ingi Björn Albertsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.

1178. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. og 4.–5. mgr. falli brott.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrði er að um eigið verk hönnuðar sé að ræða og að svæðislýsingin sé ekki almennt þekkt.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðið „útleigu“ í lok 2. tölul. falli brott.
   b. Í stað orðanna „hálfleiðara sem framleiddur“ í 3. tölul. komi: smárásar sem framleidd.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Einkaréttur tekur ekki til:
      1. afritunar svæðislýsinga smárása sem ekki tengist atvinnurekstri,
      2. afritunar svæðislýsinga smárása sem gerð er í rannsókna- eða fræðsluskyni,
      3. svæðislýsingar smárása sem hefur orðið til vegna atferlis sem 2. tölul. þessarar málsgreinar tekur til,
      4. athafna sem 1. mgr. tekur til eftir að svæðislýsing smárásar sem nýtur verndar skv. 1. gr. hefur verið sett á markað af rétthafa eða með samþykki hans.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Einstaklingi, sem eignast hefur smárás sem hefur verið framleidd, hagnýtt í atvinnuskyni eða flutt inn andstætt lögum þessum, er heimilt að hagnýta sér hana í atvinnuskyni eða flytja hana inn svo fremi sem viðkomandi vissi ekki að svo væri ástatt um smárásina né hafði gildar ástæður til að halda að svo væri. Að beiðni rétthafa skal úrskurða honum sanngjarnar bætur ef slík hagnýting í atvinnuskyni eða innflutningur á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að smárásin hafi verið framleidd andstætt lögum þessum.
6. Við 8. gr. 3. og 4. málsl. falli brott.
7. Við 9. gr. Síðari málsliður falli brott.
8. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

1179. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um hönnunarvernd.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Gunnar Guttormsson, forstjóra Einkaleyfastofunnar, og lögfræðingana Ellý K. J. Guðmundsdóttur og Ástu Valdimarsdóttur sem eru ásamt Gunnari Guttormssyni höfundar frumvarpsins. Þá barst nefndinni umsögn um frumvarpið frá Form Ísland, félagi áhugamanna um hönnun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar eru að mestu leyti orðalagsbreytingar sem miða að því að gera ákvæði frumvarpsins skýrari.

Kristín Einarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1993.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Guðjón Guðmundsson.	Svavar Gestsson.
Páll Pétursson.		Finnur Ingólfsson.

1180. Breytingartillögur [212. mál]

við frv. til l. um hönnunarvernd.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „þegar á heildina er litið“ í síðari málsgrein komi: að heildarútliti.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „getur stofnast“ í upphafi greinarinnar komi: verður til.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „þegar á heildina er litið“ komi: að heildarútliti.
4. Við 7. gr. Á eftir orðinu „Parísarsamþykktinni“ í fyrri málslið bætist: um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „eða gjörðum hönnuðar“ í 2. tölul. komi: frá hönnuði eða sem raktar verða til gjörða hans.
6. Við 9. gr. 3. mgr. orðist svo:

   Hafi tveir eða fleiri sjálfstæðir aðilar, án þess að vita hver af öðrum, unnið að sams konar eða mjög svipaðri hönnun sem hver í sínu lagi uppfyllir skilyrði 2. gr. skal:

   a. hver hönnun njóta óskráðrar verndar, en
   b. réttur til skráðrar verndar tilheyra þeim er fyrstur leggur inn umsókn um skráningu.

7. Við 10. gr. Orðin „rétthafi, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða annar“ í upphafi fyrri málsgreinar falli brott.
8. Við 11. gr. 6. mgr. orðist svo:
   Nú hefur skráður rétthafi eða nytjaleyfishafi hafið notkun eða undirbúning notkunar gegn betri vitund um rétt annars aðila til hönnunarverndar og á ákvæði 5. mgr. þá ekki við.
9. Við 12. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðið „markaðssetningu“ falli brott.
   b. Orðin „á hinu Evrópska efnahagssvæði“ falli brott.
10. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
    Krefjast má rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.
    Ef krafa um rannsókn skv. 1. mgr. kemur fram við innlagningu umsóknar skulu skráningaryfirvöld framkvæma rannsókn svo fljótt sem verða má og láta umsækjanda í té niðurstöður hennar. Nú eru þau tilvik, sem nefnd eru í 1. mgr., fyrir hendi og skal þá hafna umsókninni. Umsókn verður þó ekki afskrifuð fyrr en umsækjanda hefur, innan tilskilins frests, gefist kostur á að tjá sig um synjunina.
    Fyrir rannsókn samkvæmt þessari grein skal greiða tilskilið gjald.
11. Við 19. gr. Í stað orðsins „kanna“ í upphafi 1. mgr. komi: rannsaka.
12. Við 22. gr. Í stað orðanna „vegna gjörða hans“ í lok 1. mgr. komi: upplýsinga sem raktar verða til gjörða hans.
13. Við 25. gr. Orðin „annars konar“ í 3. tölul. falli brott.
14. Við 34. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „yrðu“ í 4. mgr. komi: verða.
    b. Í stað orðanna „má senda honum“ í lok 5. mgr. komi: skal senda honum og málsaðilum.
15. Við 36. gr. Í stað „69. gr.“ í 3. mgr. komi: ákvæðum.
16. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
    Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara og gjöld samkvæmt þeim. Gjöldin skulu taka mið af kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

1181. Nefndarálit [88. mál]

um till. til þál. um jöfnunartoll á skipasmíðaverkefni.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá ASÍ, Félagi íslenskra iðnrekenda, Félagi málmiðnaðarmanna, fjármálaráðuneytinu, Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Málm- og skipasmíðasambandi Íslands, Málmi, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands, utanríkisráðuneytinu, Verkamannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin telur málið allrar athygli vert. Fékk það jákvæðar umsagnir hjá ýmsum þeim

aðilum sem nefndin leitaði til. Nefndin leggur til að úttekt fari fram á málinu á grundvelli gildandi laga og þeirra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

1182. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá ASÍ, BHMR, BSRB, fjármálaráðuneytinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar eru orðalagsbreytingar sem miða að því að gera orðalag hennar skýrara.

Alþingi, 6. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Guðjón Guðmundsson.	Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

1183. Breytingartillaga [158. mál]

við till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er.

1184. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneyti Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá BHMR, Neytendasamtökunum, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að í ljósi þeirrar yfirlýsingar um að væntanlegt sé stjórnarfrumvarp um verðtryggingu fjárskuldbindinga verði málinu **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Halldór Ásgrímsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Guðjón Guðmundsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1185. Framhaldsnefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hélt fund 5. maí sl. Á fundinn komu að eigin ósk formaður húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins til þess að ræða og skýra sjónarmið sín gagnvart alvarlegum ásökunum félagsmálaráðherra í garð húsnæðismálastjórnar og embættismanna Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lögðu þeir fram gögn varðandi málið og svörðuðu spurningum nefndarmanna.

Telur minni hlutinn rétt að framlögð gögn séu birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 6. maí 1993.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Jón Kristjánsson.	Ingbjörg Pálmadóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til félagsmálaráðherra.
(5. maí 1993.)

Í ræðu yðar á Alþingi í gærkvöldi, sem sjónvarpsstöðin Sýn flutti, kom fram hörð gagnrýni á Húsnæðisstofnunina fyrir sitthvað, sem þér tölduð miður farið í starfsemi hennar. Af því tilefni skal þetta sagt:

Húsnæðisstofnunin hefur alla tíð lagt kapp á náið og gott samstarf við félagsmálaráðuneytið. Þar af leiðandi hefur hún lagt áherzlu á að veita því allar þær upplýsingar, sem beðið hefur verið um, hverju sinni, eins fljótt og frekast hefur verið kostur. Embættismenn hafa ætíð verið boðnir og búnir til þess að greina frá öllu því, sem ráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum um, og leitast við að gera það svo skjótt sem mögulegt hefur verið. Öllum erindum hefur alltaf verið svarað og svör hafa aldrei verið vísvitandi dregin á langinn. Allar ásakanir um seinagang og dræm svör, jafnvel engin, hafa því ekki við nein rök að styðjast.

Það er rétt að húsnæðismálastjórn tók ákvörðun um sölu á áhöldum og skrifstofubúnaði í hönnunardeild stofnunarinnar, jafnframt því, sem hún tók ákvörðun um að halda eftir teikningasafni hennar og ýmsum tækjum. Allt var það gert að ráði s.n."Einkavæðingarnefndar" og sérstaks starfshóps, er þér settuð á laggirnar um sl. áramót. Jafnframt er ljóst, að allt var málið unnið með vitund ráðuneytisins, er fylgdist náið með gangi mála og gerði bæði munnlega og skriflega athugasemdir við það, er það taldi ástæðu til. Af hálfu stofnunarinnar var engin tilraun gerð til að leyna ráðuneytið einu eða neinu í þessu efni. Ekki er heldur betur vitað en ráðuneytinu hafi verið fullkunnugt um samninginn allan áður en hann var undirritaður og er ekki nema gott eitt um það að segja. Annað mál er það, að skv. álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands er það húsnæðismálastjórn, sem ber ábyrgð gagnvart Alþingi á starfsemi byggingarsjóðanna, fjárreiðum öllum og eignum stofnunarinnar. Það er því ótvírætt svo að það var í fullu samræmi við gildandi lög

að stjórnin tæki ákvörðun um ráðstöfun á áhöldum og skrifstofubúnaði, sem ákveðið var að selja, að höfðu samráði við ráðuneytið.

Allar launagreiðslur í þessari stofnun eru í föstum skorðum og hafa alla tíð verið. Reikningar fyrir yfirvinnu starfsmanna og nefndastörf hafa um ára og áratugaskeið verið sendir launadeild fjármálaráðuneytisins, er hefur afgreitt þá með eðlilegum hætti. Hafi komið fram athugasemdir eða fyrirspurnir hefur þeim ætíð verið svarað tafarlaust, enda hefur samstarfið við þá deild alltaf verið með ágætum. Ekki er annað vitað en þetta hafi gerzt með fullri vitund félagsmálaráðuneytisins. Hafi það óskað eftir upplýsingum þ.a.l. hafa þær sömuleiðis verið veittar og engin tilraun gerð til að leyna einu eða neinu; nú síðast með ítarlegu bréfi hinn 7.apríl sl. Það er því eigi maklegt að bera stofnuninni annað á brýn.

Í ræðu yðar kemur fram, að Húsnæðisstofnunin hafi snúið sér beint til Alþingis og óskað eftir því að gerðar yrðu tilteknar breytingar á húsnæðislöggjöfinni, án vitundar eða samráðs við félagsmálaráðuneytið. Þetta er ekki rétt. Þvert á móti hefur ráðuneytinu verið skrifað á undanförnum mánuðum í þeirri von, að það gengist fyrir sérstökum breytingum á löggjöfinni. Afrit af þeim bréfum fylgja hér með. Þau eru þessi:

1) Bréf, ds. 4. marz sl., varðandi breytingu á lögum um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum.

2) Bréf, ds. 4. marz sl., varðandi þá hugmynd, að veitt verði lán úr Byggingarsjóði verkamanna til endurbóta og lagfæringa á fjölbýlishúsum, sem félagslegar eignaríbúðir eru í. Með bréfi, ds. 17. 3. sl., var ráðuneytinu send kostnaðaráætlun, er að vísu barst því ekki fyrr en fáum dögum síðar vegna mistaka í útsendingu.

3) Bréf, ds. 4. marz sl., þar sem talið er mjög brýnt að gerð verði lagfæring á 90. gr. l., þar sem fjallað er um útreikning á söluverði félagslegra íbúða

4) Bréf, ds. 5. marz sl., varðandi afstöðu húsnæðismálastjórnar til fyrirliggjandi tillagna í þ.a.l. frv. t. l. um niðurfellingu á skyldusparnaði ungmenna.

5) Bréf, ds. 24. september 1992, þar sem lagabreytingatillögu varðandi gjaldskrá er komið á framfæri við ráðuneytið.

Í öllum þessum bréfum er hugmyndum og tillögum um lagabreytingar komið á framfæri við félagsmálaráðuneytið, að sjálfsögðu í þeirri von, að ráðuneytið myndi leggja þær fyrir Alþingi. Það er því ekki rétt að ráðuneytið hafi verið sniðgengið í þessum efnum.

Með vinsemd og virðingu,

Sigurður E. Guðmundsson.

Fskj. 1.

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(4. mars 1993.)

Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febrúar sl. var samþykkt umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er nú liggur fyrir Alþingi. Þar er m.a. að finna ábendingu um breytingu á lögum um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum. Hún er á þessa leið:

"Mikil ásókn er frá þeim aðilum sem fengið hafa úthlutað almennum kaupleiguíbúðum að fá þær fluttar milli kerfa og þeim breytt í félagslegar kaupleiguíbúðir. Þau rök eru færð fram fyrir þessum óskum að erfitt eða ómögulegt sé að koma almennum kaupleiguíbúðum í notkun þar sem enginn áhugi sé á slíkum íbúðum. Þessu valdi þung greiðslubyrði af lánum þessara íbúða. Það stafar af tvennu. Annars vegar eru vextir á lánum til almennra kaupleiguíbúða mun hærri en vextir á lánum til félagslegra íbúða og hins vegar er hluti lánsins (20%) með mun skemmri lánstíma en tíðkast um aðrar félagslegar íbúðir. Hinu fyrra er erfitt að breyta, en húsnæðismálastjórn leggur til að breytt verði ákvæðum 52. og 54. gr. laganna, þannig, að lánað verði eitt lán sem svarar til 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði til 43 ára".

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(4. mars 1993.)

Í bréfi yðar, ds. 7. janúar sl. er leitað eftir umsögn húsnæðismálastjórnar varðandi þá hugmynd, að veitt verði lán úr Byggingarsjóði verkamanna, að óbreyttum lögum, til endurbóta og lagfæringa á úthliðum (útveggjum) fjölbýlishúsa, sem félagslegar eignaríbúðir eru í, víðs vegar í landinu; í þeim tilvikum þar sem hús þessi liggja undir stórskemmdum. Húsnæðismálastjórn hefur fjallað um þetta erindi og kemur niðurstaða hennar fram í umsögn þeirri, um fyrirliggjandi frv. t. l. um brt. á l. um þessa stofnun, er hún samþykkti á fundi sínum hinn 18. febrúar sl. Er hún á þá leið, að brýnt sé að lagaheimildir verði veittar fyrir lánveitingum til meiri háttar endurbóta á félagslegum íbúðum.

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(17. mars 1993.)

Hér með er yður send áætlun frá félagsíbúðadeild þessarar stofnunar, ds.16. 3. 1993, um kostnað við endurbætur á útveggjum fjölbýlishúsa, sem félagslegar íbúðir eru í, svo sem þér óskuðuð eftir í bréfi yðar, ds. 7. janúar sl. Hér er um að ræða byggingar þær, sem stofnuninni er kunnugt um, en að sjálfsögðu kunna þær að vera fleiri. Þess skal einnig getið, að af hálfu hennar hefur engin úttekt farið fram á ásigkomulagi þessara bygginga og því er áætlunin harla lausleg; sannast sagna fremur til þess fallin að gefa hugmynd um stærð vandans en hitt, að hún sé í föstum skorðum.

Byggingarsjóður verkamanna:

Viðgerðir vegna byggingargalla (áætlun).

1. Ísafjörður	fjölbýlishús	Hlíðarvegur 3-7	18 íbúðir	kr.	47.870.000.-
2. Bolungarvík	raðhús	Móholt 2-4-6-8	4 íbúðir	kr.	2.000.000.-
3. Hvammstangi	raðhús	Fífusund 1-9	4 íbúðir	kr.	1.500.000.-
4. Hvammstangi	raðhús	Fífusund 11-21	5 íbúðir	kr.	2.000.000.-
5. Grundarfjörður	fjölbýlishús	Sæból 33-35	8 íbúðir	kr.	10.000.000.-
6. Stykkishólmur	fjölbýlishús	Skúlagata 9	8 íbúðir	kr.	5.000.000.-
7. Akranes	fjölbýlishús	Höfðabraut 14	16 íbúðir	kr.	20.000.000.-
8. Hafnarfjörður					(20-30.000.000.-)
9. Vestmannaeyjar	fjölbýlishús	Áshamar 75	18 íbúðir	kr.	15.000.000.-
10. Stöðvarfjörður	fjölbýlishús	Heiðmörk 15-19	8 íbúðir	kr.	6.000.000. -
11. Búðahreppur	fjölbýlishús		8 íbúðir	kr.	6.000.000.-
		Alls:	97 íbúðir		kr. 115.370.000.-
					(20-30.000.000)
		Áætlað:			Ca. 150 m.kr.

Fskj. 3.

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(4. mars 1993.)

Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febrúar sl. var samþykkt umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er nú liggur fyrir Alþingi. Þar er m.a. að finna ábendingu um breytingu á lögum um lán til byggingar á almennum kaupleiguíbúðum. Hún er á þessa leið:

"Mjög brýnt er einnig að gerð verði lagfæring á 90. gr. laganna, þar sem fjallað er um útreikning á söluverði félagslegra íbúða, sem byggðar eru samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Lagt er til, að útreikningur verði samræmdur við ákvæði núverandi reglugerðar, þ.e. 99. gr. reglugerðar nr. 46/1991".

Fskj. 4.

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(5. mars 1993.)

Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 18. febrúar sl. var samþykkt umsögn um fyrirliggjandi frv. t. l. um brt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 2. lið I. kafla er fjallað sérstaklega um afstöðu stjórnarinnar til Skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, sbr.VIII. kafla l.nr. 86/1988, m.s.brt. Þar segir svo:

"Meirihluti húsnæðismálastjórnar er sammála því að leggja niður núverandi skyldusparnaðarkerfi. Skiptar skoðanir eru um það hvort ástæða eða nauðsyn beri til þess að koma á nýju frjálsara kerfi í stað þess, sem nú er við lýði.Þrír kostir koma til greina, að mati stjórnarinnar. Í fyrsta lagi að leggja alfarið niður skyldusparnað ungmenna.Í öðru lagi að fækka undanþágum verulega og lækka sparnaðarhlutfall samfara því. Í þriðja lagi að loka núverandi kerfi en taka upp frjálst sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk, þar sem hið opinbera annaðist innheimtu sparnaðar og legði framlag á móti sparnaði sparandans."

Í IV. kafla umsagnarinnar segir síðan svo:

"Húsnæðismálastjórn hefur haft til skoðunar breytingar á fyrirkomulagi skyldusparnaðar ungs fólks, að beiðni félagsmálaráðherra. Meginniðurstöður þeirra athugana má draga saman í eftirfarandi:

a) Vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna og rýmri reglna um undanþágur eru það nú tiltölulega fáir í hverjum árgangi sem spara til lengri tíma og mynda umtalsverðar innstæður á skyldusparnaðarreikningum.
b) Mikil velta er út og inn af reikningum á hverju ári og samfara því er mikill umsýslukostnaður hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.
c) Skattaleg friðindi tengd skyldusparnaði féllu niður við upptöku staðgreiðslukerfis skatta 1988, þrátt fyrir að skattfriðindi hafi haldist á frjálsum húsnæðissparnaðarreikningum og ávöxtunarkjör skyldusparnaðar ungs fólks því verið mun lakari en húsnæðissparnaðarreikninga.
d) Miklar breytingar hafa átt sér stað á fjármagnsmarkaði frá því að skyldusparnaðarkerfinu var hleypt af stokkunum og framboð á sparnaðarkostum margfaldast, auk þess sem ávöxtunarkjör hafa tekið stakkaskiptum.

Allt þetta mælir með því að taka skyldusparnaðarkerfið til gagngerrar endurskoðunar. Á hinn bóginn er ljóst, að umtalsverður hópur fólks á aldrinum 16-26 ára notar núverandi kerfi til reglubundins og varanlegs sparnaðar. Sé það gert myndast innstæður, sem geta skipt sköpum við íbúðarkaup eða íbúðarbyggingu, þegar að því kemur. Álitamál er hvað þessi hópur, sem leitar snemma út á vinnumarkaðinn, mun gera ef kerfið er lagt niður. Mun hann finna sér annan sparnaðarkost eða mun niðurlagning kerfisins leiða til aukningar á neyslu á kostnað sparnaðar og því veikja möguleika þessa hóps til íbúðarkaupa, þegar til lengri tíma er litið? Við þessari spurningu er ekkert einhlítt svar.

Til umræðu í húsnæðismálastjórn hafa verið einkum þrír kostir, eins og áður er getið. Í fyrsta lagi að leggja kerfið alfarið niður, í öðru lagi að þrengja verulega möguleika til úttekta, þ.e. fækka undanþágum, og í þriðja lagi að loka núverandi kerfi en taka upp frjálst sparnaðarkerfi fyrir ungt fólk. Meðfylgjandi eru drög að frumvarpi um nýtt sparnaðarkerfi sem miðað er til ungmenna. Kerfið er valfrjálst, en gert er ráð fyrir að skattakerfið annist innheimtu sparifjárins. Ennfremur er hugsanlegt, að hið opinbera legði fram framlag á móti framlagi sparandans, með svipuðum hætti og gert er á húsnæðissparnaðarreikningum. Húsnæðismálastjórn hefur enga afstöðu tekið til þessara frumvarpsdraga, en leggur þau fram til skoðunar fyrir nefndina. Meirihluti húsnæðismálastjórnar mæli hins vegar með því, að valinn verði fyrsti kosturinn, sem nefndur var að ofan".

Fskj. 5.

Bréf húsnæðismálastjórnar til félagsmálaráðuneytis.
(24. september 1992.)

Á fundi húsnæðismálastjórnar 17. september sl. var tekið fyrir erindi yðar í bréfi, dags. 14. júlí sl. (Tilv. 4110). Með vísan til þess gerði húsnæðismálastjórn neðangreinda samþykkt á framangreindum fundi sínum:

Tillaga að breytingum á lögum nr. 86/1988, með síðari breytingum.

Viðbót við 7. gr laganna:

Húsnæðismálastjórn skal setja Húsnæðisstofnum gjaldskrá vegna vanskilainnheimtu á lánum stofnunarinnar.

Heimilt er að vanskilakostnaður verði ákveðið jöfnunargjald á hvert skuldabréf þannig að jafnræðis verði gætt og skuldarar greiði sama gjald hvar sem þeir búa á landinu.

Greinargerð.

Núverandi gjaldskrá stofnunarinnar, sem gefin var út 14. júlí 1992 og birt í Lögbirtingablaðinu 31. júlí 1992, er byggð á skaðleysissjónarmiðum. Við setningu gjaldskrárinnar var gjald ákveðið þannig að áætlaður var kostnaður stofnunarinnar vegna vanskilainnheimtu og honum síðan jafnað niður á áætlaðan fjölda greiðsluáskorana og nauðungarsölubeiðna. Ljóst er að út af getur brugðið með slíkt mat vegna breyttra forsendna og því er nauðsynlegt að stofnunin hafi beina lagaheimild til gjaldtöku.

Þá er í 2. mgr. lagt til að heimilt verði að jafna sérstökum kostnaði niður á skuldara þannig að jafnræðis sé gætt hvar sem þeir búa á landinu.

1186. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta snýst um tvö atriði, annars vegar um að auðvelda innlendum framleiðendum að blanda saman íslenskum fiski og fiski veiddum á öðrum hafsvæðum og hins vegar nýja gjaldtöku í formi þjónustugjalda á sjávarútveginn.

Hvað varðar fyrra atriðið telur minni hlutinn að ekki hafi verið færð fyrir því sannfærandi rök að brennandi nauðsyn sé á því að þessi lagabreyting verði gerð. Réttara er að fara varlega í að leyfa samblöndun fiskafurða af Íslandsmiðum og fiskafurða af öðrum hafsvæðum. Íslendingar þurfa umfram allt að huga að langtímahagsmunum í þessu sambandi og þá hlýtur að vera mikilvægast að tryggja að kaupendur afurða okkar trúi og treysti því að þeir séu að kaupa alíslenska gæðavöru.

Breytingartillaga meiri hlutans er þó til bóta því að þar er sjávarútvegsráðherra einungis gefin heimild til að veita undanþágu ef af vinnslutæknilegum ástæðum er ekki hægt að halda hráefnunum aðgreindum.

Síðari frumvarpsgreininni er minni hlutinn algerlega andvígur vegna þess að þar er verið að auka skattheimtu af sjávarútveginum. Það er með ólíkindum ef ríkisstjórnin ætlar að hafa það sína lokakveðju áður en Alþingi er sent heim að bæta nýjum álögum á sjávarútveginn sem hefur naumast nokkru sinni staðið verr.

Anna Ólafsdóttir Björnsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 6. maí 1993.

Jóhann Ársælsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Stefán Guðmundsson.

1187. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru tvíþættar: Í fyrsta lagi er 1. gr. frumvarpsins breytt þannig að það er gert að meginreglu að innfluttar sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til endurútflutnings, skuli aðgreindar frá innlendum afurðum þar til þær eru fluttar úr landi í stað þess að ráðherra hafi, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, heimild til að krefjast slíkrar aðgreiningar. Í breytingartillögunni er sjávarútvegsráðherra hins vegar heimilað að veita undanþágu frá meginreglunni. Í öðru lagi er sú breyting gerð á 2. gr. frumvarpsins að tiltekið er að upphæð þess gjalds, sem Fiskistofa innheimtir fyrir þjónustu sína, skuli miðast við að það standi undir kostnaði Fiskistofunnar við þjónustuna en í frumvarpinu var ekki tiltekið neitt hámark á gjaldið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 5. maí 1993.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm. Árni R. Árnason. Vilhjálmur Egilsson.

Tómas Ingi Olrich. Guðjón A. Kristjánsson.

1188. Breytingartillögur [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÖS, ÁRÁ, VE, TIO, GAK).

1. Við 1. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Innfluttum sjávarafurðum skal ætíð haldið aðgreindum frá innlendum uns þær eru fluttar úr landi. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þegar slíkum aðskilnaði verður ekki við komið af vinnslutæknilegum ástæðum.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „gjald fyrir þjónustu“ í fyrri efnismálsgrein komi: gjald til að standa undir kostnaði við þjónustu.

1189. Tillaga til þingsályktunar [594. mál]

um rannsóknir á botndýrum við Ísland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Hafrannsóknastofnun vinna áætlun um frekari rannsóknir á botndýrum við Ísland með megináherslu á tegundir sem vænlegar eru til nýtingar.

Áætlunin skipi rannsóknarsvæðum í forgangsröð og áætli fjárþörf rannsóknanna. Meta skal hversu mikinn hluta rannsóknanna megi vinna í samvinnu við útgerðarmenn og fyrirtæki sem þegar nýta botndýr.

Tilgangur rannsóknanna verði meðal annars að leita nýrra miða og meta veiðiþol stofna. Jafnframt verði gerðar tillögur um hvernig best verði staðið að ráðgjöf og stuðningi við þróun og vinnslu á vannýttum botndýrum og markaðssetningu afurðanna.

Greinargerð.

Sú tillaga, sem hér er flutt, byggir á þremur þingsályktunartillögum sem sjávarútvegsnefnd hefur haft til umfjöllunar á þessu þingi. Þessar tillögur eru:

1. Tillaga um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði, 108. mál þingsins.
2. Tillaga um könnun á nýtingu ígulkera, 358. mál þingsins.
3. Tillaga um stuðning við tilraunaveiðar og þróun veiðarfæra vegna veiða á ígulkerum, 393. mál þingsins.

Við gerð tillögunnar var einnig höfð hliðsjón af upplýsingum sem nefndin aflaði sér í heimsókn sem hún fór í til Hafrannsóknastofnunar í mars sl.

Nefndarmenn eru sammála um að brýnt sé að leggja áherslu á rannsóknir á þeim tegundum sem þegar eru nýttar, hörpudiski og ígulkerum, sem og að afla áreiðanlegrar vitneskju um útbreiðslusvæði og veiðiþol botndýrastofna.

1190. Nefndarálit [267. mál]

um till. til þál. um veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Útflutningsráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 5. maí 1993.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Guðjón A. Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Tómas Ingi Olrich.
Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Árni R. Árnason.

1191. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneytinu Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra. Umsagnir bárust frá ASÍ, Félagi fasteignasala, Húseigendafélaginu og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu er að finna þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að Fasteignamat ríkisins geti orðið að B-hluta stofnun eins og gert er ráð fyrir samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Tillögurnar ganga annars vegar út á að bæta inn í frumvarpið ákvæði um skipunartíma stjórnar Fasteignamats ríkisins og hins vegar að takmarka leyfi stofnunarinnar til gjaldtöku við raunverulegan kostnað þjónustunnar.

Alþingi, 6. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Ingi Björn Albertsson.		Sólveig Pétursdóttir.

1192. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SP, IBA, GuðjG, RG).

1. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
   a. Við fyrri efnismálsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skal stjórnin tilnefnd til fjögurra ára.
   b. Við síðari efnismálsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skal gjaldtaka stofnunarinnar aldrei vera umfram heildarkostnaðinn við að veita þá þjónustu sem greitt er fyrir.
2. Við 5. gr. Orðin „og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim“ í lok fyrri efnismálsgreinar falli brott.

1193. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Minni hluti nefndarinnar telur að það sé ekki fullunnið í nefndinni og hafa umsagnir verið að berast eftir að afgreiðslu þess lauk. Einnig er mjög óljóst hvernig haga eigi gjaldtöku fyrir þjónustu stofnunarinnar og ekkert liggur fyrir um að breytingin, sem lögð er til í frumvarpinu, sé til einföldunar á því flókna kerfi sem er á mati fasteigna.

Minni hlutinn mælir því ekki með afgreiðslu málsins á þessu stigi og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 6. maí 1993.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór Ásgrímsson.

1194. Breytingartillaga [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 5. gr. Í stað orðanna „önnur möt“ í fyrri málslið síðari efnismálsgreinar komi: annað mat.

1195. Skýrsla [595. mál]

iðnaðarráðherra um útflutning raforku um sæstreng.

(Lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

Inngangur

Umræður um möguleika á beinum útflutningi raforku frá Íslandi hafa farið fram annað veifið undanfarna áratugi og athuganir á þeim gerðar af raforkumálastjóra og síðar Orkustofnun. Á síðustu misserum hafa þessir möguleikar verið kannaðir af meiri alvöru en áður í ljósi tækniframfara og þeirra breytinga sem eru að verða í orkumálum heimsins, meðal annars með vísan til þess að nauðsynlegt er að leita leiða til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið og öðrum mengandi áhrifum orkuvinnslu. Þær athuganir hafa Landsvirkjun og Markaðsskrifstofa annast.

Útflutningur raforku frá Íslandi til Bretlands eða meginlands Evrópu er stórt verkefni - ekki einungis á íslenskan mælikvarða heldur einnig á alþjóðlegan mælikvarða. Reynsla af hliðstæðum verkefnum er takmörkuð og vegalengd og sjávardýpi eru meiri en fordæmi eru fyrir. Áður en unnt er að taka endanlega ákvörðun um raforkuútflutning þarf að fara fram umfangsmikið og kostnaðarsamt undirbúningsstarf. Þess er ekki að vænta að útflutningur geti hafist fyrr en í fyrsta lagi um miðjan fyrsta áratug næstu aldar. Allt veldur þetta því að vanda þarf allan undirbúning sérstaklega vel.

Nauðsynlegt er að tímanlega verði mótuð stefna um útflutning raforku sem víðtæk samstaða getur náðst um. Stefnan þarf að taka jafnt til efnahagslegra og lagalegra sjónarmiða. Ekki er síður brýnt að landnýting og umhverfismál verði vandlega skoðuð. Nokkurt landsvæði fer undir vatn, ef ráðist verður í stórvirkjanir á hálendinu. Á hinn bóginn ber einnig að líta til þess að útflutningur raforku mun í viðtökulöndunum koma í stað raforku sem ella væri unnin í kola- eða jarðgasstöðvum eða þá í kjarnorkuverum. Með útflutningi vatnsorku gætu Íslendingar lagt nokkuð af mörkum til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið og annarri mengun. Þannig eru tvær hliðar á umhverfislegu mati á framkvæmdum sem þessum. Víðtæk kynning þarf að fara fram á áformum um virkjanir, einkum meðal íbúa þeirra landshluta þar sem þeim er ætlaður staður.

Móta þarf stefnu um þátttöku erlendra aðila og hverjir eigi að verða eigendur virkjana og sæstrengs. Bæði þýsk og hollensk raforkufyrirtæki hafa sýnt áhuga á að taka þátt í slíku verkefni reynist tæknilegur og fjárhagslegur grundvöllur fyrir því. Hollensku fyrirtækin

hafa þegar hafið forathugun á útflutningi raforku frá Íslandi um sæstreng til Hollands í samvinnu við Reykjavíkurborg. Margt bendir til þess að heppilegt væri fyrir íslenska hagsmuni að sæstrengsfyrirtækið - eignarhaldsfélagið - hefði heimilisfang utan Íslands. Með öllu er ljóst að Íslendingar hafa ekki bolmagn til að ráðast í slíkt verkefni án erlends hlutafjár. Ekki síst af þessum sökum þarf að ákveða gjald fyrir virkjunarleyfi þannig að útflutningur raforku verði fýsilegur kostur fyrir íslenskt þjóðarbú. Gjaldið hlýtur meðal annars að ráðast af markaðsaðstæðum á raforkumarkaði erlendis, flutningskostnaði orkunnar og tækifærum til nýtingar hennar innanlands.

Tenging með sæstreng við raforkukerfi annarra þjóða myndi meðal annars auka öryggi í orkubúskap landsins og stuðla að betri nýtingu innlendra orkulinda.

Mikilvægt er að stefnan sem mótuð verður í þessu máli njóti víðtæks stuðnings almennings og Alþingi fylgist með undirbúningi þess. Víðtækur stuðningur er nauðsynlegur bæði fyrir innlenda og erlenda aðila sem að málinu koma. Það væri til lítils að verja háum fjárhæðum í undirbúning útflutnings ef ekki reyndist vilji til hans þegar á hólminn er komið. Því þarf að meta kostnað og ávinning af sæstreng til Evrópu af yfirvegun og raunsæi.

Tilgangur þessarar skýrslu er að hefja leit að svari við stórri spurningu: Viljum við nýta orkulindir Íslands á þennan hátt?

Við gerð skýrslunnar var haft samráð við fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Landsvirkjun, Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, Orkustofnun, Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun.

1. Samantekt

1. Samkvæmt orkuspá sem gefin var út árið 1992 er gert ráð fyrir að árið 2015 verði einungis búið að nýta rúm 10% þeirrar raforku sem talið er að innlendu orkulindirnar standi undir með hagkvæmum hætti, eða 5,2 af 50 TWh/ári ef ekki kemur til meiri raforkufrekur iðnaður í landinu eða útflutningur á raforku.

2. Þar sem aðeins lítill hluti orkulindanna hefur verið nýttur og markaðsöflun erfið er ekki rétt að líta á útflutning raforku og uppbyggingu raforkufreks iðnaðar sem kosti er útiloka hvorn annan. Fyrst og fremst verður stefnt að útflutningi raforku til viðbótar við sölu innanlands.

3. Samkvæmt spá sem Evrópubandalagið gaf út síðastliðið haust um langtímahorfur í orkumálum ríkja bandalagsins er því spáð að raforkunotkun muni vaxa um 2 - 2,4% á ári til aldamóta en um 1,6% á árunum upp úr aldamótum.

4. Um 60% af raforkunni sem notuð er í Evrópu er unnin með brennslu jarðefnaeldsneytis. Til þess að sporna gegn auknum gróðurhúsaáhrifum er mikilvægt að dregið verði úr brennslu eldsneytis við raforkuvinnslu. Jafnframt er vaxandi þrýstingur á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og að skattur verði lagður á losun koltvísýrings og orkunotkun.

5. Ætla má að raforka frá Íslandi muni einkum eiga í samkeppni við raforku frá kjarnorku-, kola- og jarðgasorkuverum.

6. Talið er að markað fyrir raforku frá Íslandi verði helst að finna í fjórum löndum, Belgíu, Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi,

7. Brýnt er að lögfesta samræmda auðlindalöggjöf til að tryggja íslenskt forræði yfir auðlindum landsins, sérstaklega ef til koma fjárfestingar einkaaðila, bæði erlendra og innlendra.

8. Fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindum er grunnregla í alþjóðarétti. Jafnframt hvílir sú skylda á stjórnvöldum að auðlindirnar séu nýttar til framfara og gagns fyrir íbúana.

9. Landsvirkjun er lögum samkvæmt meginraforkuvinnslufyrirtæki landsins, en hefur ekki einkarétt til raforkuvinnslu. Ákvörðun um aðild Landsvirkjunar að útflutningi á raforku um sæstreng þarf að taka mið af afstöðu eigenda um framtíðarþróun þess og af því hversu mikla áhættu þeir telja eðlilegt að fyrirtækið taki og af mati stjórnvalda á slíkri áhættu fyrir raforkunotendur í landinu. Mikilvægt er að reynsla Landsvirkjunar af undirbúningi virkjana og framkvæmdum við þær nýtist ef virkjað verður til útflutnings óháð því hvernig eignaraðild verður háttað.

10. Á Íslandi hafa innlendir opinberir aðilar og fyrirtæki á þeirra vegum einir átt og rekið raforkumannvirki. Á þessu þarf að verða breyting ef af útflutningi raforku verður, sem er svo umfangsmikið verkefni að bein erlend eignaraðild þarf að koma til. Jafnframt þarf að tryggja forræði Íslendinga yfir orkulindunum. Mögulegir fjárfestar eru erlendar orkuveitur, innlend orkufyrirtæki, fjárfestar sem sækjast eftir langtímaávöxtun fjár og loks framleiðendur á rafbúnaði og stórir orkunotendur.

11. Setja þarf lagalega umgjörð um undirbúning virkjana og virkjanaframkvæmdir sem tengjast útflutningi raforku. Komi til stofnunar félags til að annast rekstur virkjana og sæstrengs þarf að setja um það sérstök lög.

12. Stefna um nýtingu orkulindanna og undirbúningur að hugsanlegum útflutningi raforku frá Íslandi byggir eðlilega á stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum: Á leið til sjálfbærrar þróunar. Í henni er lögð áhersla á nýtingu vatnsafls og jarðvarma í viðleitni til sjálfbærrar þróunar. Sama er gert í framkvæmdaáætlun fyrir 21. öldina og rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem undirritaðar voru á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro í júní 1992.

13. Útflutning raforku ef til kemur ber að skoða í alþjóðlegu samhengi. Því ber einnig að líta til þess að með útflutningi raforku frá Íslandi eða með framleiðslu raforkufrekra afurða geta Íslendingar lagt nokkuð af mörkum til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

14. Fram þarf að fara vandað og heilstætt umhverfismat á verkefninu þar sem litið verði á áhrif raforkuútflutningsins bæði hér á landi og annars staðar.

15. Sæstrengur milli Íslands og Skotlands yrði um 935 km langur og þyrfti að liggja um hafsvæði þar sem dýpi er allt að 1.100 metrar. Vegalengdin til Hollands og Þýsklands er nálega tvöfalt lengri en til Skotlands eða um 1.800 km.

16. Orkuflutningsgeta eins sæstrengs er 4.100 til 4.400 GWh á ári og afltapið 6 - 10%, hvoru tveggja háð því hvort landtakan verður í Skotlandi eða á meginlandi Evrópu.

17. Talið er að kostnaður við virkjanir, flutningslínur, sæstrengi og umbreytistöðvar sé 252 milljarðar króna fyrir tvo strengi til Skotlands, en 358 milljarðar króna ef landtakan er í Hollandi eða Þýskalandi. Til samanburðar má nefna að verg landsframleiðsla hér á landi var 382 milljarðir króna árið 1992.

18. Áætluð arðsemi verkefnisins miðað við nokkur dæmi um samkeppnisverð í Skotlandi, Þýskalandi og Hollandi er á bilinu 6,8 til 10,1% og hefur þá ekki verið tekið tillit til skattgreiðslna eða gjaldtöku til ríkisins.

19. Framkvæmdir vegna útflutnings raforku um sæstreng hafa talsverða sérstöðu borið saman við fjárfestingarkosti á alþjóðavettvangi. Í fyrsta lagi vegna þess að í heiminum hefur tæknilega séð aldrei verið framkvæmt jafn stórt verkefni á sviði raforkuútflutnings um sæstreng og í öðru lagi vegna þess að það er mjög fjárfrekt jafnvel á alþjóðlegan mælikvarða. Aðilar sem þekkja vel til fjármagnsmarkaðarins telja að helst komi til greina að stofna aðskilin fyrirtæki um framkvæmdir og rekstur.

20. Skipta má áhættu við verkefnið í tvo meginþætti. Annars vegar er áhætta vegna framkvæmda og hins vegar vegna reksturs. Áhætta vegna framkvæmda er að miklu leyti tæknilegs eðlis. Rekstraráhættan er hins vegar bæði tæknileg og efnahagsleg.

21. Margt mælir með því að eignarhaldsfélag sem stofnað kynni að verða og legði til það fjármagn sem þarf til verkefnisins eigi heimili utan Íslands.

22. Til þess að tryggja að þjóðarbúið hafi eðlilegar tekjur af útflutningi raforku um sæstreng er bent á leyfisgjald fyrir virkjunarrétt auk venjulegrar skattlagningar.

23. Efnahagslegum áhrifum af útflutningi raforku um sæstreng má í grófum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar áhrif á framkvæmdatíma og hins vegar áhrif á rekstrartíma.

24. Sett hefur verið upp dæmi til að meta þjóðhagsleg áhrif framkvæmdanna. Miðað er við að lagðir verði tveir strengir sem verði í eigu erlendra aðila, en virkjanir að hálfu leyti og þau borin saman við ákveðið viðmiðunardæmi sem gerir ráð fyrir efnahagslegu jafnvægi og fremur hægum hagvexti. Niðurstaðan er sú að verg landsframleiðsla verður mest 5,5% meiri á framkvæmdaskeiðinu og rúmlega 3% meiri að framkvæmdunum loknum en í grunndæminu. Munur á þjóðarframleiðslu verður mun minni eða um 1,4% í lok tímabilsins. Erlendar skuldir verða í lok framkvæmdatímans um 8 prósentustigum hærri en í viðmiðunardæminu, mælt sem hlutfall af landsframleiðslu.

25. Mannaflaþörf við virkjana- og línuframkvæmdir vegna tveggja sæstrengja er talin rúmlega 11.000 ársverk sem dreifast á áratug.

26. Tenging með sæstreng við raforkukerfi annarra þjóða myndi meðal annars auka öryggi í orkubúskap landsins og stuðla að betri nýtingu vatnsorku á Íslandi.

27. Virkjanarannsóknir vegna hugsanlegs útflutnings raforku munu síðar meir nýtast fyrir raforkuframleiðslu vegna annarra þarfa þótt ekkert yrði úr útflutningi. Þetta mælir með því að innlendir aðilar kosti og eigi niðurstöður þeirra þar til að annað kynni að verða ákveðið með hliðsjón af horfum um útflutning.

28. Undirbúningskostnaður er svo mikill að leita þarf eftir þátttöku erlendra samstarfsaðila, hugsanlegra eignaraðila síðar, til þess að taka þátt í honum. Gert er ráð fyrir aðild bæði ríkisins og Landsvirkjunar að undirbúningi útflutnings raforku um sæstreng. Meta þarf athuganir sem Landsvirkjun, iðnaðarráðuneytið og stofnanir ríkisins hafa gert sem framlag til undirbúningsfélags.

29. Þátttaka í undirbúningsfélagi myndi með umsömdum hætti gefa rétt til þátttöku í sæstrengsfyrirtæki ef úr því verður.

30. Á vegum iðnaðarráðuneytisins verði hafist handa um nauðsynlegan undirbúning vegna stofnunar undirbúningsfélags um sæstreng.

2. Orkulindir og orkunotkun innanlands

2.1 Orkulindir Íslendinga til raforkuvinnslu

Áætlað er að tæknilega sé unnt að vinna um 64 TWh á ári af rafmagni úr vatnsorku á Íslandi (TWh = 1000 GWh). Af þessu er talið að virkja megi um 30 TWh á ári með svo lágum kostnaði að áhugavert sé í tengslum við raforkufrekan iðnað og útflutning án þess að umhverfinu sé raskað að marki. Mat á hversu mikla raforku má vinna úr jarðvarma er mun flóknara. Einungis háhiti verður nýttur til raforkuvinnslu. Varlega áætlað er talið að hún geti út frá sömu forsendum um hagkvæmni og umhverfisáhrif verið um 20 TWh á ári. Samtals mætti því vinna um 50 TWh á ári af raforku úr orkulindunum með hagkvæmum hætti og án óviðunandi umhverfisáhrifa.

Ef litið er á dreifingu orkulindanna um landið er vatnsorkan einkum á Norður-, Austur- og Suðurlandi, en jarðhitinn á Reykjanesi, Suðurlandi og austanverðu Norðurlandi. Raforkuvinnslan fer nú að mestu fram á Suðurlandi.

Raforkuvinnslukerfið getur nú annað um 5 TWh forgangsorkumarkaði á ári. Í dag er því búið að virkja um 10% þeirrar raforku sem talið er að innlendu orkulindirnar standi undir með hagkvæmum hætti.

Staðan í undirbúningi nýrra vatnsafls- og jarðgufuvirkjana er mjög misjöfn eftir virkjunarkostum og svæðum. Sumir virkjunarkostirnir eru nánast tilbúnir til útboðs og framkvæmda meðan aðrir hafa verið mjög lítið kannaðir. Í viðauka er listi yfir hugmyndir um vatnsaflsvirkjanir og nokkrar jarðgufuvirkjanir þar sem þeim er raðað eftir hækkandi stofnkostnaði á orkueiningu samkvæmt núverandi áætlunum, sem sumar hverjar eru raunar ófullkomnar. Líklegt er að hagkvæmt verði að virkja í Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fjöllum í tengslum við útflutning raforku.

2.2 Orkunotkun og -vinnsla

Miklar breytingar hafa orðið á heildarnotkun orku innanlands á síðustu áratugum. Í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar voru innflutt kol langmikilvægasti orkugjafi Íslendinga, með um 79% notkunarinnar. Olían kom næst með 15%, en innlendu orkulindirnar — mór, jarðvarmi og vatnsorka — voru samtals með 6%. Árið 1989, fimmtíu árum síðar, voru hlutföllin sem hér segir: Kol 3%, olía 36%, jarðvarmi 43% og vatnsorka 18%. Innlendu orkugjafarnir juku þannig hlutdeild sína úr nálægt 6% árið 1939 í 61% árið 1989.

Afar örar breytingar hafa orðið í raforkunotkun Íslendinga síðustu áratugina. Áratuginn 1959 til 1969 jókst raforkuvinnslan að meðaltali um 6,4% á ári, langmest síðasta árið eftir að álbræðsla í Straumsvík hófst. Það ár var aukningin rúmlega 25%. Áratuginn 1969 til 1979 jókst raforkuvinnslan um 12,4% á ári að meðaltali. Þessa miklu aukningu má fyrst og fremst rekja til álbræðslunnar í Straumsvík, þannig að aukningin var að meðaltali um 26% á ári fyrstu fjögur árin. Áratuginn 1979 til 1989 jókst raforkuvinnslan um 4,4% á ári. Frá 1989 hefur aukningin verið um 0,7% á ári.

Tafla 2.1 Vinnsla raforku og verg raforkunotkun 1992

	GWh	%
Vinnsla raforku		
Vatnsorka	4305	94,8
Jarðhiti	230	5,1
Dieselolía	5	0,1
Samtals	4540	100,0
Tegundir raforku		
Forgangsorka	3870	85,2
Ótrygg orka	670	14,8
Verg raforkunotkun		
Raforkufrekur iðnaður	2221	48,9
Almenn raforkunotkun	2319	51,1

Tafla 2.1 sýnir vinnslu raforku árið 1992 eftir orkugjöfum og verga raforkunotkun eftir tegundum og notkunarflokkum. Aðeins Norðmenn og Kanadamenn nota meiri raforku á hvert mannsbarn en Íslendingar.

2.3 Orkuspár

Við mótun stefnu í orkumálum gegna spár um raforkunotkun á næstu árum og áratugum þýðingarmiklu hlutverki. Lokaundirbúningur og framkvæmdir við virkjanir taka langan tíma, oft fimm ár eða lengur. Því getur ónákvæm spá um raforkuþörf kostað umtalsverða fjármuni, vegna óþarfra fjárfestinga, reynist spáin of há eða vegna mikils kostnaðar við vinnslu raforku í olíustöðvum eða jafnvel orkuskort, reynist spáin of lág.

Orkuspárnefnd er samstarfsvettvangur nokkurra helstu fyrirtækja, stofnana og samtaka á sviði orkumála auk Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar um gerð orkuspár. Nefndin gaf út fyrstu spána um raforkunotkun árið 1977, en hin nýjasta var gefin út árið 1992.

Tafla 2.2 sýnir spá Orkuspárnefndar um orkunotkun Íslendinga árið 2015, annars vegar án nýrrar stóriðju og hins vegar að viðbættu álveri á Keilisnesi með 200 þúsund tonna framleiðslugetu. Notkunin 1990 er sýnd til samanburðar.

Eins og taflan ber með sér er ekki gert ráð fyrir að eldsneytisnotkun vaxi svo neinu nemur á þessum aldarfjórðungi fram til 2015. Bætt nýting eldsneytis í nýrri hreyflum í farartækjum, svo sem bílum, flugvélum og skipum, ásamt aðlögun í stærð fiskiskipaflotans að veiðiþoli nytjastofna, vegur samkvæmt spánni upp fjölgun farartækja, sem verður samfara betri efnahag.

Tafla 2.2 Orkunotkun Íslendinga árið 1990 og 2015 samkvæmt spám Orkuspárnefndar

	1990	2015
Eldsneyti, PJ [1)]	34,3	35,3
Raforka (forgangsorka), GWh	3796	5192
% af ódýrri orkugetu (30 +20 = 50 TWh/ári)	7,6	10,4
Að viðbættu álveri á Keilisnesi	3796	7997
% af ódýrri orkugetu (50 TWh/ári)	7,6	16
Jarðhiti, til annarra nota en raforkuvinnslu:		
Unnin orka úr jörðu, PJ	32,0	42,4
% af tæknilega vinnanlegum jarðhita (35 EJ/ári)	0,09	0,12

[1)] 1 PJ = 278 GWh.

Taflan sýnir einnig að án frekari stóriðju verður einungis búið að virkja 10,4% þeirrar raforku, eða 5,2 af 50 TWh/ári, sem talin er vinnanlega úr vatnsorku og háhitajarðvarma á svo ódýran hátt að hagkvæmt geti verið fyrir raforkufrekan iðnað. Ef 200 þús. tonna álframleiðsla á ári í væntanlegu álveri á Keilisnesi er bætt við hækkar þetta hlutfall í 16% 2015. Meginhlutinn er því enn ónýttur.

Loks sýnir taflan að hverfandi hluti hins tæknilega nýtanlega jarðhita verður nýttur árið 2015 samkvæmt þessum forsendum. Eins og vikið var að hér að framan er lítið vitað um hve mikinn hluta hans er hagkvæmt að vinna.

Þar sem unnt er að virkja mun hraðar en almennur markaður fyrir orkuna vex verður það fyrst og fremst skortur á markaði fyrir orkuna sem takmarkar nýtingu á orkulindunum, og þar með þjóðhagslegan ávinning af þeim. Gagnstætt því sem við á um mörg önnur lönd, bæði í Evrópu og annarsstaðar, er vandamálið hérlendis ekki orkuöflun heldur fyrst og fremst skortur á markaði fyrir íslenska orku, þ.e. orku sem hvorki mengar umhverfið né veldur breytingum á lofthjúpi jarðar.

3. Stóriðja og útflutningur um sæstreng

Sala á raforku um sæstreng til annarra landa er um margt áhugavert verkefni ef slíkur útflutningur skilar nægilegum arði. Umtalsverður munur er á beinum útflutningi raforku og raforkusölu til stóriðju. Hér má nefna stöðugleika markaðarins sem byggir bæði á sölu til erlendra neytenda og til iðnaðar erlendis. Sveiflur í orkuverði eru ekki eins miklar og verða með því fyrirkomulagi að orkuverð fylgi afurðaverði á hrávörumarkaði, t.d. álmarkaði. Orkusala um sæstreng getur þannig virkað sem mótvægi við orkusölu til stóriðju og aukið stöðugleika í orkubúskap landsmanna. Loks getur raforkusala um sæstreng skapað gjaldeyristekjur og skilað virðisauka hérlendis.

Sá virðisauki sem líklegt er að orkusala um sæstreng geti skilað upp úr aldamótum er hins vegar tiltölulega lítill sem hlutfall af landsframleiðslu. Miðað við tvo sæstrengi gæti raforkuútflutningur numið um 18% af þeirri orku sem áhugavert gæti verið að virkja í tengslum við orkufrekan iðnað. Miðað við horfur nú gæti slíkur útflutningur aukið landsframleiðslu um 3-4% til lengri tíma, umfram það sem annars yrði, og mun minna á mælikvarða þjóðarframleiðslu. Að því þarf að stefna að tryggja Íslendingum aukinn hlut í virðisaukanum með innheimtu leyfisgjalds fyrir virkjanarrétt sem er háð markaðsaðstæðum fyrir raforkuna erlendis. Benda má á að á byggingartíma virkjana myndast virðisauki á Íslandi vegna framkvæmdanna. Einnig gæti önnur framleiðsla hérlendis sem tengist verkefninu með beinum hætti aukið innlendan virðisauka.

Þegar tekið er tillit til hversu erfið markaðsöflun hefur verið fyrir raforku til stórnotenda innanlands má segja að ekki sé ástæða til að líta á útflutning raforku og uppbyggingu raforkufreks iðnaðar sem kosti er útiloki hvor annan. Fyrst og fremst yrði stefnt að útflutningi á raforku til viðbótar sölu innanlands. Beinn samanburður á þjóðhagslegri hagkvæmni við stóriðju sem orkunýtingarkost þjónar því takmörkuðum tilgangi öðrum en að vera almennt upplýsingaratriði þar til markaður fyrir íslenska raforku jafnar framboð. Meginstefnan varðandi útflutning raforku verður að taka mið af þessari staðreynd.

Þótt beinn þjóðhagslegur arður af uppbyggingu stóriðju yrði líklega meiri en af útflutningi sama orkumagns við núverandi aðstæður mun tenging Íslands við raforkukerfi Evrópu gera kleift að nýta vatnsorkuna betur til raforkuvinnslu en þegar íslenska kerfið er einangrað. Auk þess tryggir tengingin betur öryggi afhendingar orku innanlands sem getur bætt möguleikana til þess að laða orkufrekan iðnað að landinu. Hér er því um að ræða styrkingu á íslenskum orkubúskap sem ekki kemur fram þegar einstök verkefni eru metin. Loks er þess að geta að vatnsorka eyðist ekki þótt hún sé nýtt og þótt raforka sé flutt út í nokkra áratugi má síðar hætta því og nýta orkuna innanlands eftir að flutningsvirkin hafa verið afskrifuð, ef slíkt er talið álitlegt. Þannig bendir ýmislegt til að heppilegt geti verið að huga samtímis að útflutningi raforku og nýtingu hennar innanlands.

Að öllu samanlögðu virðist útflutningur raforku um sæstreng geta verið góður kostur ef nægilega hátt verð fæst fyrir orkuna.

4. Raforkumarkaður Evrópu

4.1 Almennt

Að undanförnu hefur umræðan um orkumál í Evrópu einkum mótast af vaxandi áhyggjum af umhverfismálum, slæmu ástandi kjarnorkuvera, aðalega í austurhluta álfunnar, og vangaveltum um framtíðarskipulag í orkumálum ríkja Evrópubandalagsins.

Haustið 1992 kom út á vegum Evrópubandalagsins skýrsla um langtímahorfur í orkumálum ríkja bandalagsins. Þar er því spáð að raforkunotkun bandalagsríkjanna muni vaxa all hratt fram til aldamóta, eða um 2,0-2,4% á ári. Þessa niðurstöðu má bera saman við 1,3-1,6% árlegan vöxt allrar orkunotkunar Evrópu á sama tímabili. Á árunum upp úr aldamótum er búist við hægari vexti raforkunotkunar, eða um 1,6% árlega. Búist er við örari vexti í raforkunotkun í Suður-Evrópu en í norðlægari hluta álfunnar. Um 60% raforku í Evrópu er framleidd með brennslu jarðefnaeldsneytis. Brennsla kola á þar stærstan hlut.

Í skýrslunni er bent á mikilvægi umhverfismála fyrir þróun í orkumálum Evrópu á næstu áratugum. Einnig er bent á að samrunaþróunin í Evrópu muni hafa mikil áhrif á orkunotkun og að samkeppni muni fara harðnandi. Aukin samkeppni þýðir meðal annars að vaxandi áhersla verður lögð á hreinleika, öryggi og orku sem flytja má og dreifa með tiltölulega auðvelum hætti.

Umræður um umhverfismál hafa einnig snúist um þátt kjarnorku í raforkuframleiðslu og þá hættu sem talin er samfara notkun kjarnorkunnar og við geymslu úrgangs frá kjarnorkuverum. Talsverður og vaxandi þrýstingur hefur verið á að draga úr notkun kjarnorku, einkum innan EB og þá sérstaklega í Þýskalandi og Hollandi. Í Þýskalandi hefur mikill þrýstingur verið á lokun kjarnorkuvera og hefur öllum kjarnorkuverum í austurhluta landsins verið lokað af öryggisástæðum. Fallið hefur verið frá byggingu nýrra kjarnorkuvera.

4.2 Orkuskattar

Sú vakning sem átt hefur sér stað í umhverfismálum hefur orðið tilefni til þess að leitað er ýmissa leiða til að draga úr mengandi áhrifum af framleiðslu orku og notkun hennar, þ.e. losun koltvísýrings og annarra efna út í andrúmsloftið. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur samþykkt áætlun um samræmdar aðgerðir til þess að draga úr losun koltvísýrings og bæta orkunýtingu. Meðal annars má nefna aukna áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og áform um skatta á losun koltvísýrings og orkunotkun.

Í framangreindri áætlun EB um vöxt orkumarkaðarins er ekki tekið tillit til áforma um orkuskatt samkvæmt tillögum framkvæmdastjórnarinnar. Slíkur skattur yrði lagður að hálfu á orku og að hálfu á losun koltvísýrings. Í skýrslu EB er skoðaður sá möguleiki að slíkur skattur verði lagður á strax árið 1993 og hækki síðan í jöfnum skrefum til ársins 2000. Í upphafi er gert ráð fyrir að skatturinn samsvari um 3 USD á hráolíufat en verði

kominn í 10 USD á hráolíufat um aldamót. Tillögur um það hvernig skatturinn breytist með almennum verðlagsbreytingum hafa ekki verið mótaðar enn.

Gert er ráð fyrir að í EB verði heildarorkunotkun um aldamót 2,4% minni en ella vegna skattsins og raforkunotkun 1,2% minni, sem jafngildir því að rúmlega hálfs árs vöxtur í raforkueftirspurn hverfi. Búist er við mestum áhrifum af skattinum í Belgíu og Hollandi. Ekki er gert ráð fyrir að skatturinn verði lagður á nema önnur OECD-ríki grípi til svipaðra ráðstafana því ein meginforsenda EB hefur verið að skatturinn skekki ekki samkeppnisstöðu atvinnulífs í EB gagnvart öðrum OECD-ríkjum.

Í mars sl. undirrituðu umhverfisráðherrar sex EB-ríkja af tólf yfirlýsingu um stuðning við áform um orkuskatt. Að yfirlýsingunni stóðu umhverfisráðherrar Þýskalands, Danmerkur, Lúxemborgar, Belgíu, Ítalíu og Hollands. Umhverfisráðherra Frakka í fyrri stjórn lét í ljós stuðning við orkuskatt en einungis ef kjarnorka yrði undanþegin.

Á fundi umhverfis- og orkuráðherra EB-ríkja, þann 23. apríl, náðist áfangi að víðtækara samkomulagi. Á fundinum voru það fyrst og fremst Bretar sem lögðust gegn áformum um skattinn. Frakkar héldu þó fast við kröfuna um að kjarnorkan verði undanþegin. Þá náðist samkomulag um vissar undanþágur gagnvart Spáni, Portúgal, Grikklandi og Írlandi. Rétt er að taka fram að það eru fjármálaráðherrar EB-ríkja sem hafa lokaorðið í þessu máli. Næsti fundur þeirra verður 7. júní nk.

Víða eru uppi áætlanir um svipaðan orkuskatt og stungið hefur verið upp á í EB ríkjunum. Þannig lagði Clinton Bandaríkjaforseti fram áætlun um orkuskatt í stefnuræðu sinni á Bandaríkjaþingi í febrúar sl. Tilhögun þessa skatts yrði þó nokkuð annað en tillaga framkvæmdastjórnar EB gerir ráð fyrir þar sem hann myndi einungis verða lagður á orku en ekki á losun koltvísýrings. Um er að ræða skatt sem er ákveðin fjárhæð á orkueiningu nema hvað skatturinn er hærri á olíu. Áætlun Clintons gerir þannig til dæmis engan greinarmun á vatnsorku og jarðgasi. Enginn skattur mun lagður á vind- og sólarorku, en hærri skattur á olíu. Í áætlun Bandaríkjaforseta er gert ráð fyrir að skatturinn verði fyrst lagður á þann 1. júlí 1994 og verði hækkaður í jöfnum árlegum þrepum til 1. júlí 1996. Þegar skatturinn hefur náð fullum þunga er gert ráð fyrir að hann samsvari 3,50 USD á hráolíufat. Þá er miðað við skattinn eins og hann leggst á olíu. Ekki er ljóst með hvaða hætti gert er ráð fyrir að skatturinn fylgi þróun verðlags. Gert er ráð fyrir að í Bandaríkjunum muni skatturinn hafa leitt til um 1,4% minni orkunotkunar um næstu aldamót. Enn er óvíst hvort úr þessum áformum verður í Bandaríkjunum og eins má ætla að skatturinn taki breytingum í meðförum þingsins.

Tafla 4.1 Áætlaðir orkuskattar í EB og Bandaríkjunum

Tegund orku	*EB 2000*	*Bandaríkin 1996*
Almennt	0,70 ECU/GJ	0,20 ECU/GJ [1]
Olía	0,70 ECU/GJ	0,47 ECU/GJ
Vind- og sólar og jarðvarmi	0	0
Skattur á CO2	9,4 ECU/t	0
Samtals reikn. á hráolíufat	10 USD/fat	3,5 USD/fat

[1] 1 GJ = 278 kWh.

Orkuskattur EB mundi bitna helst á þeim orkuverum sem brenna kolum og olíu til raforkuvinnslu og bæta þannig samkeppnisstöðu raforkuvera sem nota jarðgas, kjarnorku og vatnsafl. Í skýrslu EB er ekki gert ráð fyrir að skatturinn hafi nein áhrif á áætlanir um notkun kjarnorku fram til aldamóta vegna þess hversu langan tíma tekur að breyta áformum um byggingu kjarnorkuvera. Til samanburðar má nefna að orkuskattur í Bandaríkjunum mun einkum stuðla að aukinni notkun jarðgass og minni olíunotkun. Ekki er búist við að skatturinn hafi mikil áhrif á val orkugjafa við framleiðslu á raforku því einungis um 4% af raforku í Bandaríkjunum er framleidd með olíu, en um 55% með kolum. Skatturinn mun heldur ekki leiða til þess að jarðgas verði ódýrara en kol. Þess ber þó að geta að margt er enn óljóst um útfærslu skattsins.

Á þessu stigi virðist tillaga framkvæmdastjórnar EB um orkuskatt geta haft mun meiri áhrif á raforkuvinnslu en skattheimtuáform Clintons. Ekki er ljóst hvort bandalagið telur áætlun Bandaríkjaforseta ganga nægilega langt til að EB telji sér fært að samþykkja tillögur framkvæmdastjórnarinnar eða stíga skref í þá veru. Jafnvel þótt EB teldi orkuskatt Clintons ganga nægilega langt er enn ósvarað mörgum spurningum um áform annarra OECD-ríkja og þar með hvort tillögurnar nái fram að ganga.

4.3 Samkeppnisfærir orkugjafar

Ætla má að í Bretlandi eða á meginlandi Evrópu verði raforka frá Íslandi einkum í samkeppni við raforku frá kjarnorku-, kola- eða jarðgasorkuverum. Orkuskattar geta ráðið nokkru um hver þessara orkugjafa fær besta samkeppnisstöðu. Raforkuvinnsla í vatnsorkuverum er undanskilin þar sem vatnsorka hefur víða verið svo til fullnýtt. Það er helst vatnsorka í Noregi og á Balkanskaga sem gæti breytt þessari mynd.

Í skýrslu EB er nefnt að þegar litið sé fram á miðja næstu öld, sé erfitt að sjá fyrir orkubúskap án kjarnorku. Þess vegna sé nauðsynlegt að halda opnum möguleikum á notkun hennar. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir að kjarnorka haldi áfram að gegna mikilvægu hlutverki í raforkuframleiðslu þrátt fyrir vaxandi andstöðu almennings eins og áður hefur verið vikið að.

Tafla 4.2 Áætlað kostnaðarverð raforku um næstu aldamót í kr/kWh
Verðlag 1991 - Gengi í des. 1992

	Kjarnorka	Kol	Jarðgas
Belgía	2,29	2,49	2,62
Frakkland	2,06	3,18	3,44
Þýskaland	3,23	4,97	
Bretland	3,04	2,94	2,84

Heimild: OECD-IEA Standing Group on Long Term Co-operation, sept. 1992.

Í töflu 4.2 er borið saman áætlað kostnaðarverð vegna raforkuframleiðslu eftir orkugjöfum og löndum. Í sumum löndum virðist raforka framleidd með kolum geta verið samkeppnishæf að minnsta kosti á meðan umhverfisáhrif slíkrar framleiðslu eru ekki talin of alvarleg. Aðalástæðan er hversu stór forði kola er til í heiminum auk þess sem eftirspurn eftir kolum hefur minnkað. Athygli vekur hátt verð á kolaframleiddri raforku í Þýskalandi en miðað er við verðlag á innlendum brúnkolum.

Raforka sem framleidd er með jarðgasi er almennt ekki samkeppnisfær við raforku úr kolum í Evrópu nema í Bretlandi. Þá er miðað við verð á kolum á heimsmarkaði. Verð á kolum innan EB er nokkru hærra og því er frekar búist við að hlutdeild innfluttra kola geti vaxið. Skattar á orku og koltvísýring gætu breytt þessari mynd jarðgasi í hag. Í skýrslu EB er þó gert ráð fyrir að kol muni áfram gegna stóru hlutverki í raforkuframleiðslu í Evrópu. Skattur á orku og koltvísýring getur hvatt til tækniframfara í raforkuvinnslu úr eldsneyti sem miða að því að draga úr losun koltvísýrings. Búast má við að raforka frá Íslandi þurfi að keppa við endurbættar aðferðir við vinnslu á raforku úr jarðgasi og kolum.

4.4 Markaðskönnun

Í fyrra fékk Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar ráðgjafarfyrirtækið Caminus Energy ásamt Sumitomo bankanum til að vinna athugun á markaðshorfum í Evrópu fyrir raforku sem flutt yrði út frá Íslandi eftir árið 2000.

Það er skoðun þessara aðila að það séu einkum þrjú lönd, Þýskaland, Holland og Belgía, sem geti verið vænlegur markaður fyrir íslenska raforku. Það sem gerir þessi lönd sérlega áhugaverð er stærð þýska markaðarins og vaxandi áhyggjur af umhverfismálum, sérstaklega í Þýskalandi og Hollandi. Líklegt er að þörf sé á viðbótarraforku í Belgíu upp úr aldamótum þótt markaðurinn þar sé mjög háður því hvort Frakkland verði áfram aflögufært með raforku í jafn ríkum mæli og nú er.

Þessir aðilar telja að einnig ætti að huga að raforkumarkaði í Englandi, Wales, Finnlandi og Svíþjóð þótt horfur þar virðist ekki eins vænlegar. Líklegt þykir að England, Wales og Svíþjóð hafi næga afkastagetu í raforkukerfum sínum að minnsta kosti til aldamóta. Þessu

til viðbótar má búast við að útflutningur Norðmanna á raforku til Finnlands og Svíþjóðar myndi reynast Íslendingum erfið samkeppni. Gerð er stuttlega grein fyrir horfum á orkumarkaði í Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Englandi og Wales hér á eftir.

Þýskaland

Í Þýskalandi einkennist þróunin af minnkandi notkun í austurhluta landsins þar sem mikil endurbygging iðnaðar á sér stað. Ólíklegt þykir að um aldamót hafi raforkueftirspurn þar náð sama eftirspurnarstigi og var 1989. Í vesturhluta landsins hefur hún hins vegar farið vaxandi.

Sérfræðingar Caminus búast ekki við að kjarnorkuver sem þegar hefur verið lokað verði opnuð á ný. Það þykir ólíklegt að ákvörðun verði tekin um byggingu nýrra kjarnorkuvera í Þýskalandi fyrir aldamót bæði af umhverfisástæðum og vegna nægrar afkastagetu í raforkukerfinu. Það þykir einnig líklegt að notkun brúnkola muni halda áfram að minnka vegna mengunar.

Vaxandi þrýstingur er á að fleiri kjarnorkuverum verði lokað enda er afkastageta þýska raforkukerfisins sé næg til aldamóta. Það er fyrst og fremst þess vegna sem búast má við að Þýskaland geti orðið vænlegur markaður fyrir raforku héðan. Einnig er nokkur þrýstingur frá Evrópubandalaginu um að Þjóðverjar minnki notkun kola. Algengt er að afkastageta eins kjarnorkuvers jafngildi um það bil flutningsgetu tveggja sæstrengja frá Íslandi, eða um 1000 MW.

Þýsk og norsk raforkufyrirtæki eru í samvinnu að kanna tengingu raforkukerfa sinna með sæstrengjum með um 600 km löngum sæstrengjum. Um er að ræða tvö verkefni. Þá hefur verið ákveðið að leggja sæstreng milli suður Svíþjóðar og Þýskalands og milli Sjálands og Þýskalands.

Holland

Í Hollandi er í orkuáætlun stjórnarinnar gert ráð fyrir því að um verði að ræða nokkurn orkusparnað frá því sem nú er. Settar hafa verið verulegar takmarkanir á mengandi útblástur frá raforkuverum og bygging nýrra kolaorkuvera er takmörkunum háð. Eftirspurn eftir raforku hefur þó vaxið mun hraðar en spáð hefur verið og samtök raforkuframleiðenda gera ráð fyrir að eftirspurn muni halda áfram að vaxa af nokkrum þrótti.

Gert er ráð fyrir að um miðjan tíunda áratuginn verði 15-20% af raforkueftirspurn Hollendinga fullnægt með innflutningi raforku. Miðað við orkuspár virðist ólíklegt að þörf verði á auknu raforkuframboði í Hollandi fram til ársins 2002. Þrátt fyrir þetta kanna Hollendingar nú möguleika á auknum innflutningi raforku vegna aukins vægis umhverfissjónarmiða heima fyrir.

Hollensk og norsk raforkufyrirtæki hafa skrifað undir viljayfirlýsingar um að undirbúa viðskipti milli fyrirtækja í löndunum með raforku um sæstrengi. Slíkir strengir yrðu um

600 km langir. Um tvö verkefni er að ræða. Þá hafa hollensk raforkufyrirtæki og Reykjavíkurborg hafið forathugun á flutningi raforku frá Íslandi til Hollands.

Belgía

Í Belgíu hefur verið fallið frá áformum um byggingu nýrra kolaorkuvera vegna aukins vægis umhverfissjónarmiða þar í landi. Í þeirra stað er nú aukin áhersla lögð á raforkuver sem knúin eru jarðgasi. Af öryggisástæðum hefur belgíska stjórnin hafnað öllum aðgangi þriðju landa að raforku og gaskerfi landsins. Þá er átt við flutning frá einu landi til annars í gegnum Belgíu. Þrátt fyrir þetta eru raforkuviðskipti við Frakkland veruleg en árið 1990 nam innflutningur þaðan um 20% af raforkunotkun Belga.

Algert bann hefur verið lagt við byggingu nýrra kjarnorkuvera og árið 1991 var fallið frá áformum um nýtt kjarnorkuver. Spáð er mikilli aukningu í raforkunotkun á næstu árum auk þess sem gert er ráð fyrir að gömul raforkuver verði tekin úr rekstri. Af þessu leiðir að Belgar þurfa að auka verulega afkastagetu í nýjum orkuverum í raforkukerfi sínu á næstu árum og að þörf verður á töluverðum innflutningi raforku. Auk áherslu á umhverfismál er töluverð áhersla lögð á að raforkuframleiðslan byggist á fleiri orkugjöfum.

England og Wales

Nýlegar deilur vegna áforma um lokun breskra kolanáma hafa leitt til þess að pólitískur þrýstingur hefur beinst að aukinni notkun á breskum kolum til raforkuframleiðslu. Mikil óvissa ríkir um framtíðina í þessum efnum því umhverfissjónarmið mæla með minni notkun á kolum og bresk kol standa innfluttum kolum að baki frá hakvæmnissjónarmiði. Engu að síður er hætt við að innflutningur á raforku verði litinn óhýru auga að minnsta kosti til skamms tíma litið.

Áform eru um að stórauka notkun jarðgass við raforkuframleiðslu Breta á þessum áratug. Að auki eru áform um að bæta við kjarnorkuveri og að styrkja flutningskerfið á milli Skotlands og Englands, en Skotar eru sem stendur aflögufærir um raforku. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir nokkurri orkuþörf í Englandi og Wales umfram það sem fyrirsjáanlegt er að raforkukerfið muni anna. Ástæðan er bæði aukinn markaður og úrelding eldri raforkuvera. Þessi raforkuþörf er þó óstöðug í eðli sínu og óvíst er hversu vel þessi markaður muni henta fyrir útflutning héðan. Á hinn bóginn er hugsanlegt að grundvallarbreytingar geti orðið í orkustefnu Breta. Af þessum ástæðum er ekki hægt að útiloka England og Wales sem mögulegan raforkumarkað. Það styrkir þessa skoðun að myndað hefur verið félag um hagkvæmniathugun á 730 km löngum sæstreng frá Suður-Noregi til Englands með aðild breskra og norskra orkufyrirtækja og framleiðenda búnaðar og strengja.

Athuganir Landsvirkjunar benda til þess að Skotland geti verið heppilegur staður til að taka sæstreng á land. Þaðan væri unnt að flytja raforkuna með raflínum á landi til Englands. Slíkt myndi þó kalla á styrkingu í raforkuflutningskerfinu innan Skotlands og á milli Skotlands og Englands. Ástæða er til að nefna að forsvarsmenn skoskra orkuvinnslufyrirtækja hafa sýnt áhuga á íslenskri raforku um miðjan fyrsta áratug næstu aldar.

5. Tenging raforkukerfis Íslands við raforkumarkað Evrópu

5.1 Meginsjónarmið

Útflutning á raforku um sæstreng til Evrópuríkja með samtengingu raforkukerfis Íslands og grannríkjanna má skoða sem hluta af víðtækri þróun í Evrópu. Stefnumótun Íslendinga í orkumálum verður því óhjákvæmilega að taka mið af orkustefnu Evrópuríkja; orkustefnu sem mótast af sameiginlegum hagsmunum ríkjanna af því að nýta orkuna sem best í vinnslu, umbreytingu, flutningi, dreifingu og hjá notendum.

Útflutning raforku frá Íslandi ber að meta sem sjálfstæðan kost í orkunýtingu þessara ríkja. Hann mun byggjast á því að vinna megi raforku hér á landi sem innlendir kaupendur eru ekki að á samningstíma um raforkuútflutning og því að orka frá slíkum orkuverum sé samkeppnisfær á Evrópumarkaði. Á samningstímanum verður jafnframt að vera unnt að greiða niður allar fjárfestingar af verkefninu í heild þannig að það skili viðunandi arði.

Uppbygging og þróun raforkufyrirtækja hefur löngum verið á vegum opinberra aðila í sumum löndum Evrópu, bæði vinnsla, flutningur og dreifing, en í öðrum löndum hafa einkaaðilar annast hana undir eftirliti hins opinbera. Opinber þátttaka og afskipti af orkumálum réðst oft og tíðum af náttúrulegri einokun. Síðari þróun með stofnun sjálfstæðs flutningsréttar um meginlínukerfi hefur myndað grundvöll fyrir samkeppni á sviði framleiðslu og sölu á raforku. Sú samkeppni er fyrst um sinn aðallega í heildsölu á raforku á skyndimarkaði.

5.2 Orkustefna í Evrópu

Innan Evrópubandalagsins er miðað að því að ná aukinni hagkvæmni í framleiðslu og dreifingu raforku með því að stuðla að samkeppni og afnámi einokunar, þ.e. að raforkuframleiðsla og dreifing byggist á markaðslausnum. Íslensk orkustefna þarf að taka mið af þessum breyttu sjónarmiðum.

5.3 Meginstefna - ákvæði Orkusáttmála Evrópu

Orkusáttmáli Evrópu nefnist viljayfirlýsing sem undirrituð var í Haag í Hollandi hinn 17. des. 1991 af ráðherrum 48 ríkja þar á meðal iðnaðar- og viðskiptaráðherra Íslands og fulltrúum tveggja ríkjabandalaga. Aðilar að orkusáttmála Evrópu eru öll OECD-ríkin nema Nýja-Sjáland, ríki Austur-Evrópu og flest þeirra lýðvelda sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Ríkjasamböndin eru Evrópubandalagið (EB) og Samband sjálfstæðra ríkja (SSR).

Megininntak Orkusáttmálans er yfirlýsing um þann ásetning aðildarríkjanna að stefna að frjálsum og óhindruðum aðgangi að orkulindum og orkumörkuðum innan aðildarlandanna og að frjálsri verslun með orku og orkuafurðir; allt þó innan ramma fullveldis ríkja og fullveldisréttar þeirra yfir orkulindum sínum. Einnig lýsa aðilar sáttmálans yfir vilja sínum til samvinnu sín á milli í orkumálum, þar á meðal í mótun orkustefnu, orkurannsóknum o.fl.

Höfuðtilgangur þessa samstarfs er að koma á samfelldum orkumarkaði innan aðildaríkja sáttmálans og að heimsmarkaður fyrir orku verði sem skilvirkastur. Verðmyndun á orku verði á markaðsgrundvelli en um leið verði umhverfissjónarmiða gætt. Aðilarnir stefna að sameiginlegum eða samræmdum aðgerðum á fjölmörgum sviðum orkumála.

5.4 Lagaleg útfærsla Orkusáttmála Evrópu

Gert er ráð fyrir að á grundvelli sáttmálans verði gerður svonefndur *Grunnsamningur* er verði lögformlega bindandi fyrir þá sem að honum standa og að auki nokkrar lögformlega bindandi bókanir við sáttmálann. Þessir samningar eru í undirbúningi sem stendur en hefur miðað hægar en búist var við. Þess er þó vænst að þeim ljúki á árinu 1993. Auk *Grunnsamningsins* er nú unnið að þremur bókunum: um kolvetni (olíu og jarðgas), kjarnorku og umhverfisþátt orkumála.

Þær efnisgreinar Orkusáttmálans sem mestu máli skipta, og jafnframt þær sem erfiðast reynist að ná samkomulagi um lagalega útfærslu á, eru (1) aðgangur að orkulindum, (2) aðgerðir sem miða að því að efla fjárfestingur og vernda þær, (3) frjáls gegnumflutningur á orku og orkuafurðum frá vinnslulandi til markaðslands gegnum land þriðja aðila og (4) umhverfisþáttur orkumála.

Þær greinar *Grunnsamningsins* sem vænst er að skipti mestu máli fyrir útflutning raforku frá Íslandi eru ákvæðin um (1) aðgang að orkulindum, (2) aðgang að mörkuðum og (3) gegnumflutning; sérstaklega sá hluti þeirra sem lýtur að aðgangi þriðja aðila að raforkuflutningskerfi lands. Sem fyrr segir gengur Orkusáttmálinn út frá fullveldisrétti ríkis yfir orkulindum sínum, þannig að íslensk stjórnvöld ákveða ein hvort og hversu hratt orkulindir hér á landi verða virkjaðar til útflutnings. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin er það grundvallarsjónarmið sáttmálans að allir aðilar hans hafi sama rétt til fjárfestinga og framkvæmda á grundvelli þeirrar ákvörðunar.

Enn eru ákvæði *Grunnsamningsins* um þetta atriði ekki frágengin. Þau gætu falið í sér landskjararegluna, þ.e. að allir aðilar sáttmálans eigi sama rétt, en með vissum undantekningum þar sem borgarar heimalandsins ættu meiri rétt. Annað sjónarmið sem Norðmenn hafa aðallega verið talsmenn fyrir er að bestukjara regla (MFN) með gagnkvæmnisákvæðum milli aðila sáttmálans skuli gilda um forstig fjárfestingar, þ.e. undirbúning hennar, leyfisveitingar o.s.frv.. Þetta sjónarmið Norðmanna hafa t.d. Íslendingar, Ástralíumenn og Ungverjar stutt.

Ákvæði um gegnumflutning geta einnig skipt miklu fyrir Ísland við að markaðssetja raforku sína í Evrópu. Líklegasta niðurstaðan er sú, að aðgangur þriðja aðila að raforkuflutningskerfum landa á milli markaðs- og vinnslulands verði tryggður í grundvallaratriðum, en með vissum takmörkunum er lúta að flutningsgetu og öryggi orkuafhendingar í gegnumflutningslandinu. Með gildistöku samningsins um EES fæst réttur til gegnumflutnings innan efnahagssvæðisins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og með vissum takmörkunum varðandi flutningsgetu kerfisins í gegnumflutningslandinu.

Loks geta ákvæði *Grunnsamningsins* um umhverfismál og umhverfismálabókunin haft jákvæða þýðingu fyrir raforkuútflutning frá Íslandi í þá átt að skapa honum hagstæðari skilyrði.

6. Nýjar áherslur í orkumálum og útflutningur raforku

6.1 Afnota- og hagnýtingarréttur orkulindanna

Í fjölmörgum öðrum ríkjum, þar á meðal nágrannaríkjum okkar í V-Evrópu, hefur fyrir löngu verið ákveðið í löggjöf að jarðefni og orka í iðrum jarðar séu almenningseign og undir umsjón hins opinbera. Ekki hafa komið fram rök er leiða ættu til annarrar niðurstöðu hérlendis. Skýr ákvæði um yfirráð yfir auðlindunum eru einnig mikilvæg vegna samskipta og samninga Íslendinga við aðrar þjóðir til þess að tryggja íslenskt forræði yfir auðlindum landsins. Svo sem síðar verður vikið að er brýnt að lögfesta samræmda auðlindalöggjöf er tryggi þetta.

6.2 Eignarhald á orkumannvirkjum

Á Íslandi hafa innlendir opinberir aðilar og fyrirtæki á þeirra vegum einir átt og rekið raforkumannvirki. Á þessu þarf að verða breyting ef útflutningur raforku kemur til, sem er svo umfangsmikið verkefni að bein erlend eignaraðild þarf að koma til.

Meginsjónarmiðið sem gilt hefur um íslenskt eignarhald raforkumannvirkja verður því að endurskoða og byggja verður á sveigjanleika varðandi eignarhald. Greina verður á milli forræðis landsmanna yfir auðlindunum og eignarhalds á orkumannvirkjum. Til að draga úr áhættu íslenska ríkisins er eðlilegt að verkefnið verði fjármagnað án þess að beinar ábyrgðir íslenska ríkisins eða annarra eigenda komi til þó fjármagnskostnaður verði meiri. Þess í stað verði fyrirtækið væntanlega fjármagnað á verkefnisgrundvelli (framkvæmdafjármögnun) þannig að eigendur leggi fram nauðsynlegt eiginfjárframlag, t.d. þriðjung til helming heildarfjárfestingar. Til frekari tryggingar geri aðstandendur bindandi sölusamninga, veiti verklokaábyrgð o.fl. Mögulegir fjárfestar eru helst erlendar orkuveitur og innlend orkufyrirtæki og framleiðendur á virkjanabúnaði og rafbúnaði þar meðtaldir sæstrengsframleiðendur. Þá koma einnig til greina einstakir fjárfestar, aðallega þeir sem sækjast eftir langtímaávöxtun fjár.

6.3 Orkunýting á grundvelli fullveldis yfir náttúruauðlindum

Drög að sameiginlegri orkustefnu Evrópuríkja byggja á því að fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindunum sé virt. Fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindunum er viðurkennd grunnregla í alþjóðarétti. Er þessi regla staðfest í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 16. des. 1966, sem flest ríki samtakanna eru aðilar að. Þá hefur Allsherjarþingið staðfest nokkrar yfirlýsingar þar um, m.a. þann 14. desember 1962.

Brýnt er að setja með samræmdum hætti lög um eignarhald auðlinda í jörðu á íslensku landi og netlögum, svo og um eignarhald að orku fallvatna á Íslandi. Þetta er enn brýnna ef til fjárfestinga einkaaðila til nýtingar þessara auðlinda kemur, hvort sem um innlenda eða erlenda aðila er að ræða. Hlutverk löggjafans er að setja skýrar reglur sem leiða til skynsamlegrar hagnýtingar auðlindanna. Tryggja þarf traustar reglur um leyfisveitingar, leyfisgjöld og hagnýtingarrétt, en eyða réttaróvissu, sem tafið getur nýtingu auðlindanna

eða leitt til óeðlilegra krafna einstaklinga til greiðslu fyrir auðlindir, sem verða ekki nýttar nema fyrir atbeina ríkisvaldsins.

Í iðnaðarráðuneytinu hafa verið samin frumvörp um eignarhald á auðlindum í jörðu og um virkjunarrétt fallvatna sem verið hafa til umfjöllunar í ríkisstjórn. Brýnt er að lög um þessi mál verði afgreidd frá Alþingi sem fyrst. Óvissa um eignarhald orkulinda getur orðið hemill á nauðsynlegar rannsóknir, því erfitt er að réttlæta fjárveitingar úr almannasjóðum til rannsókna á auðlindum sem ekki er vitað um eignarhald á. Þá þarf einnig að breyta lögum um raforkuver til að staðfesta ramma um virkjanarannsóknir og væntanleg virkjanaleyfi.

6.4 Staða Landsvirkjunar

Samkvæmt lögum nr. 42/1983 er Landsvirkjun meginraforkuöflunarfyrirtæki landsmanna og hefur þegar samkvæmt lögum og samningum við ríkisvaldið öðlast rétt til að reisa nokkrar af þeim stórvirkjunum sem fullhannaðar eru, svo sem Fljótsdalsvirkjun og stækkun Búrfellsvirkjunar. Í tengslum við Atlantsálssamningana er gert ráð fyrir lagabreytingu þar sem kveðið er svo á í „ákvæði til bráðabirgða" við raforkuveralögin nr. 60/1981, að Landsvirkjun byggði Fljótsdalsvirkjun, stækkaði Búrfellsvirkjun og Kröfluvirkjun til að mæta orkuþörf vegna þessa fyrirhugaða álvers. Þá hefur Landsvirkjun lagt í kostnað við rannsóknir og hönnun frekari virkjana í samræmi við lögfestan tilgang fyrirtækisins um að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur í 3. tl. 2. gr. laga nr. 42/1983. Ákvörðun um virkjunarframkvæmdir og virkjunarröð verða því að taka mið af undirbúningsvinnu Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hefur ekki einkarétt til raforkuframleiðslu. Það leiðir því ekki af framansögðu að fyrirtækið annist allar virkjunarframkvæmdir á Íslandi. Ákvörðun um aðild Landsvirkjunar að útflutningi raforku þarf því að taka mið af afstöðu eigenda fyrirtækisins um framtíðarþróun þess og af því hversu mikla áhættu telst eðlilegt að leggja á raforkunotendur í landinu vegna útflutningsstarfsemi þess fyrirtækis sem sér þeim fyrir yfirgnæfandi hluta raforkunnar. Við núverandi aðstæður í þjóðarbúskap Íslendinga virðist skynsamlegt að draga úr áhættu vegna fjárfestinga, sem ráðist er í fyrir erlent lánsfé. Þessi sjónarmið leiða til þeirrar niðurstöðu að rétt sé að hafa fjárhagslega aðild Landsvirkjunar í lágmarki. Hins vegar er nauðsynlegt og sjálfsagt að nýta reynslu Landsvirkjunar af virkjanaframkvæmdum og ríkisvaldið mun þurfa að styðjast við áætlanagerð Landsvirkjunar og Orkustofnunar við útgáfu frekari rannsókna- og virkjunarleyfa ef til útflutnings raforku kemur.

Staða Landsvirkjunar sem megin raforkuöflunarfyrirtækis landsins leiðir til þess að náið samráð þarf að vera milli aðila að sæstrengsverkefninu og hennar um undirbúning framkvæmda. Hugsanlegt er einnig að Landsvirkjun gerði samning um sölu á raforku um sæstrenginn frá núverandi virkjunum sínum og viðbótarvirkjunum sem síðar kynnu að vera byggðar vegna innanlandsþarfar.

Gera verður ráð fyrir að Landsvirkjun eigi aðild að undirbúningi sæstrengsverkefnis og hugsanlega einnig hinu sérstaka fyrirtæki um sæstrengsframkvæmdir. Nánari ákvörðun

um aðild Landsvirkjunar að útflutningi raforku yrði að taka í ljósi undirbúningsvinnunnar og eftir því sem um semst.

6.5 Lagaleg umgjörð undirbúnings framkvæmda

Auk þess sem setja þarf samræmda auðlindalöggjöf vegna undirbúnings stórframkvæmda tengdum útflutningi á raforku er æskilegt að endurbæta lagalega umgjörð um undirbúning virkjana og virkjanaframkvæmdir. Eðlilegt væri að setja sérlög um fyrstu framkvæmdina en aðlaga síðar almenna löggjöf sem mest að þeirri útfærslu orkusáttmála Evrópu sem áður var fjallað um. Með auðlindalöggjöfinni yrði fyrst og fremst kveðið á um nýtingarrétt (eignarrétt) auðlinda, en Alþingi yrði ætlað að veita heimild til allra stærri virkjana.

Meginlöggjöf um ráðgerðar virkjanaframkvæmdir er nú að hluta í lögum um raforkuver og að hluta í Landsvirkjunarlögum. Með hliðsjón af því sem að framan greinir er eðlilegt að setja lagalegan ramma um virkjunarframkvæmdir með breytingu á lögum nr. 60/1981 um raforkuver. Sérákvæði um sæstrengsfyrirtækið mætti síðan setja í heimildarlög um stofnun og starfrækslu fyrirtækis sem stofnað yrði til að leggja, eiga og reka sæstreng milli Íslands og Evrópu og reisa og reka raforkuver til framleiðslu á raforku til sölu á erlendum mörkuðum.

6.6 Kaupréttur og kaupskylda íslenskra aðila á virkjunum

Íslenskir aðilar t.d. ríkið eða Landsvirkjun kynnu að hafa hag af því að eignast eftir nokkurt árabil virkjanir sem reistar yrðu í þágu útflutnings og til lengri tíma litið gætu einnig upphaflegir fjárfestar viljað selja hluta af eignum sæstrengsfyrirtækisins. Hugsanlegt væri að semja á þann hátt að íslenska ríkið eignaðist virkjanir án endurgjalds við lok samningstíma eða öðlist kauprétt á þeim eftir fyrirfram ákveðinn tíma á áður umsömdu verði.

7. Umhverfismál

7.1 Alþjóðleg sjónarmið

Á síðustu tveimur áratugum hafa viðhorf til umhverfismála gjörbreyst bæði hér á landi og erlendis. Þessar breytingar koma fram á öllum sviðum þjóðlífsins. Afstaða almennings til umhverfismála veitir stjórnvöldum virkt aðhald og hefur knúið á um breytta stefnu meðal annars á sviði orkumála. Með stofnun umhverfisráðuneytis hefur mótun stefnu á sviði umhverfismála og framkvæmd hennar verið skipaður fastari sess. Nýlega var birt stefna og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum: Á leið til sjálfbærrar þróunar. Í henni er m.a. lögð áhersla á nýtingu vatnsafls og jarðavarma í viðleitninni til sjálfbærrar þróunar. Eðlilega er hún sá grundvöllur sem byggt verður á við mótun stefnu um nýtingu orkulindanna og við undirbúning að hugsanlegum raforkuútflutningi frá Íslandi.

Þjóðir heims hafa skuldbundið sig til aukinnar ábyrgðar og þátttöku í framgangi sjálfbærrar þróunar um allan heim. Hugsanlegan útflutning raforku ber því að skoða í alþjóðlegu ljósi. Þetta var staðfest á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Rio de Janeiro í júní 1992. Á ráðstefnunni voru samþykkt framkvæmdaáætlun - „Agenda 21" - fyrir 21. öldina og rammasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í þeim er kveðið á um markmið og leiðir sem þjóðum heims ber að hafa að leiðarljósi með það fyrir augum að stuðla að sjálfbærri þróun og verndun umhverfis um allan heim. Í þeim er meðal annars lögð rík áhersla á aukna nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa. Í loftslagssáttmálanum er einnig hvatt til samvinnu þjóða til að ná markmiðum sáttmálans og sem mestum árangri í að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Við mótun stefnu um nýtingu orkulindanna ber okkur að fylgja þessum samningum.

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er stefnt að því að losun gróðurhúsaloftegunda vegna innlendrar neyslu verði ekki meiri við lok aldarinnar en hún var á árinu 1990. Með útflutningi raforku eða með framleiðslu raforkufrekra afurða geta Íslendingar lagt nokkuð af mörkum til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Þetta er í anda þeirra alþjóðlegu samninga sem vikið er að hér að framan. Þannig myndi minna útstreymi koltvísýrings út í andrúmsloftið samfara tæplega 3 TWh raforkuútflutningi á ári sem kæmi í stað kolaraforku í Evrópu, vega að fullu á móti losun koltvísýrings vegna starfsemi á Íslandi og við flutninga til og frá landinu. Flutningur um einn sæstreng af þeirri gerð sem rætt er um er talinn vera 4,1 til 4,4 TWh á ári.

7.2 Umhverfismat

Virkjun orkulindanna — bæði vatnsorku og jarðvarma — fylgir óhjákvæmilega nokkur röskun umhverfis. Með markvissum undirbúningi og skipulagi á nýtingu landsins má hins vegar draga úr áhrifum framkvæmda á umhverfið og koma í veg fyrir óbætanlega eða óþarfa röskun. Þetta verður best gert með skipulegu mati á umhverfisáhrifum — umhverfismati. Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi lagafrumvarp þar að lútandi. Í því er meðal annars kveðið á um að umhverfismat skuli fram fara vegna allra meiriháttar framkvæmda á sviði orkumála.

Við umhverfismat ber að leggja heilstætt mat á verkefnið, það er virkjanaframkvæmdir, lagningu háspennulína og sæstrengs og það að raforka frá Íslandi kemur að öllum líkindum í stað raforku sem ella yrði unnin með kolum eða jarðgasi, eins og áður er vikið að. Það eru því tvær hliðar á niðurstöðu matsins.

7.3 Umhverfisáhrif virkjunarframkvæmda

Hér á eftir verður fjallað um nokkra helstu þætti umhverfismála sem tengjast hugsanlegum virkjunarframkvæmdum í Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fjöllum, sem taka þarf tillit til í áætlunum um hagnýtingu þessara vatnsfalla til raforkuvinnslu. Líklegt er að hagkvæmast sé að virkja í þessum ám í tengslum við raforkuútflutning. Einnig verður lítillega vikið að virkjunarhugmyndum í Efri-Þjórsá.

Landsvirkjun hefur látið yfirfara og bera lauslega saman allar fyrri hugmyndir um tilhögun virkjana á vatnasviði Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Var það gert til að fá gleggri mynd af hagkvæmni mismunandi leiða og af umhverfisáhrifum.

Þrenns konar tilhögun virkjana kemur til greina:

- Virkjun ánna í eigin farvegi.
- Virkjun Jökulsár á Fjöllum í eigin farvegi, en að Jökulsá á Brú verði veitt til Fljótsdals.
- Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú verði veitt til Fljótsdals.

Undanfarna tvo áratugi hefur samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO) fjallað um umhverfisathuganir vegna meiriháttar framkvæmda á sviði orkumála. Í febrúar 1992 ákvað nefndin að láta gera samanburð á umhverfisáhrifum sex mismunandi virkjunarleiða Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú þar sem ánum er veitt til Fljótsdals. Þar er fjallað um landslag og jarðfræði, gróðurfar og landnýtingu, fuglalíf, áhrif á hreindýr og ferðamennsku, af þeim mönnum sem best þekkja til þessara málaflokka á svæðinu. Niðurstaða þessarar úttektar liggur fyrir í meginatriðum. Helstu niðurstöður eru:

- Æskilegra er talið að veita Jökulsá á Fjöllum til Jökuldals um Arnardal fremur en um Fagradal ef ákveðið verður að veita Jökulsá á Fjöllum yfir til Fljótsdals.
- Talið er að Hálslón, sem er miðlun fyrir Jökulsá á Brú, kunni að hafa mikil áhrif á vorbeit hreindýra í hörðum vorum og því kunni að vera nauðsynlegt að halda eins lágu vatnsborði og mögulegt er.
- Mikilvægt er að friða Dimmugljúfur og verði stíflustæði Hálslóns því að vera við Fremri-Kárahnjúk eða sunnar.

Fyrirhugað lónstæði í Arnardal er að miklu leyti á gróðurvana landi. Af um 80 km^2 lónstæði eru um 13 km^2 taldir vera gróðurlendi miðað við lónhæð 548 m yfir sjávarmáli.

Hálslón er að verulegu leyti gróið land. Af um 33 km^2 flatarmáli lóns miðað við 610 m yfir sjávarmáli er 21,5 km^2 gróið land.

Í niðurstöðum úttektarinnar er einnig gerð grein fyrir þeim rannsóknum á náttúrufari sem ráðast þarf í ef af virkjunaráformum verður. Ekki hefur verið fjallað um skýrsluna í umhverfisráðuneyti, stofnunum þess, iðnaðarráðuneyti eða SINO.

Á árinu 1992 var unnið við rannsóknir og samanburð virkjunarkosta í Efri-Þjórsá, meðal annars var kannaður virkjunarkostur með heilboruðum jarðgöngum frá lóni við Norðlingaöldu niður undir Sultartangalón. Skurðtilhögun sú, sem fyrri áætlanir miðuðust við, mætti verulegri andstöðu vegna þeirrar röskunar sem hún olli á afrétti Gnúpverja.

Rannsóknir á vistfræðilegum þáttum virkjunar Efri-Þjórsár hafa verið stundaðar allt frá árinu 1970. Hafa þessar rannsóknir einkum beinst að Þjórsárverum og áhrifum miðlunar þar á umhverfið. Á árinu 1992 vann Náttúrufræðistofnun Íslands ítarlega náttúru- og gróðurfarsúttekt á virkjunarsvæðinu inn að Norðlingaöldu og að mati á helstu umhverfisþáttum fyrir mismunandi virkjunartilhögun. Við mat á umhverfisþáttum mismunandi virkjunarkosta kom fram að tilhögun jarðganga hefur hverfandi umhverfisáhrif borið saman við aðrar leiðir og því hefur verið ákveðið að beina frekari rannsóknum og áætlunum að þeim kosti. Kostnaðaráætlanir við Fljótsdalsvirkjun benda til þess að hagkvæmni og umhverfissjónarmið geti reyndar farið saman að vissu marki þegar jarðgangalausnir eru notaðar.

Virkjanir í Efri Þjórsá byggjast á miðlunarlóni við Norðlingaöldu og því er mikilvægt að miðlunarstærð lónsins verði vandlega valin. Þjórsárverin eru sem kunnugt er friðlýst og í auglýsingu um friðlýsingu þeirra frá desember 1981 segir að stærð lónsins sé háð þeim takmörkunum að „slík lónmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs“ eins og segir í auglýsingu menntamálaráðuneytisins.

Talið er að vistfræðilegum áhrifum vegna myndunar lóns við Norðlingaöldu megi skipta í þrjá meginþætti:

- Skerðing á gróðurlendi í Þjórsárverum og neðan þeirra.
- Landrof og hugsanlegur uppblástur út frá strönd lónsins.
- Áhrif breytilegrar vatnsstöðu á gróður og jarðveg einkum á flötu landi með þurrlendisgróðri.

Sú miðlun við Norðlingaöldu, sem miðað hefur verið við allt frá árinu 1980, mun skerða gróðurlendi um 16 km^2, þar af skerðist gróður innan Þjórsárvera um 6 km^2, úr 60 km^2 í 54 km^2.

8. Tækniathuganir

8.1 Tæknilegar athuganir Pirelli og Vattenfall á sæstreng til Skotlands

Sæstrengur milli Íslands og Skotlands yrði um 935 km langur og þyrfti að liggja um hafsvæði þar sem dýpi er allt að 1.100 m. Svo langur jafnstraumssæstrengur hefur ekki verið lagður áður. Lengsti strengur sem lagður hefur verið, af þeirri gerð sem hér um ræðir, er Fenno-Scan strengurinn milli Svíþjóðar og Finnlands en hann er 200 km langur. Sá strengur sem fer dýpst í dag er sæstrengur yfir Skagerak, milli Noregs og Danmerkur, en hann fer niður á um 570 m dýpi.

Til þess að láta meta hvort hægt væri að framleiða og leggja slíkan sæstreng samdi Landsvirkjun við strengframleiðandann Pirelli á Ítalíu, sem er einn af þremur framleiðendum í Evrópu, sem hafa reynslu af hönnun svipaðra sæstrengja. Til að meta niðurstöður Pirelli fékk Landsvirkjun Vattenfall Engineering í Svíþjóð og Verkfræðistofuna Afl til ráðgjafar. Niðurstaða af athugun Pirelli var gefin út í skýrslu í nóvember 1992.

Helstu niðurstöður ráðgjafanna eru þær að tæknilega sé mögulegt að flytja raforku um jafnstraumssæstreng á milli Íslands og Skotlands. Flutningsgeta eins strengs getur verið um 550 MW miðað við núverandi framleiðslutækni, en líklegt er að flutningsgetan aukist með tækniframförum. Orkuflutningsgeta eins sæstrengs verður um 4.400 GWh á ári eða um það bil jafn mikil og öll raforkunotkun á Íslandi í dag. Afltöp í jafnstraumskerfinu í heild eru áætluð um 34 MW.

Landsvirkjun gerir ráð fyrir að ljúka megi tæknilegri forathugun á næstu fimm til sex árum. Eftir að ákvörðun liggur fyrir telur Pirelli að ljúka megi undirbúningi, framleiða og leggja einn sæstrengs milli Íslands og Skotlands á 4 - 6 árum eftir því hvort tvær eða fjórar sæstrengsverksmiðjur framleiða strenginn. Ef lagðir verða tveir strengir er áætlað að þurfi 6 - 10 ár til framleiðslunnar.

Til þess að leggja sæstrenginn þarf sérútbúið skip. Aðeins tvö slík kapalskip eru nú til í Evrópu og þyrfti að útbúa þau sérstaklega til verksins. Slík skip eru einnig nauðsynleg til viðgerða á strengnum á hafi úti. Lagning strengsins myndi einungis standa stuttan tíma á hverju ári sem strengurinn er í framleiðslu. Strengurinn yrði varinn með stálhlíf auk þess sem gert er ráð fyrir því að verja hann enn frekar með því að grafa hann niður í sjávarbotninn, misdjúpt eftir aðstæðum.

SÆSTRENGUR FRÁ ÍSLANDI
HUGSANLEGIR LANDTÖKUSTAÐIR



8.2 Lega strengsins og rekstur hans

Áætlun Pirelli gerir ráð fyrir að sæstrengurinn verði lagður út frá sunnanverðum Reyðarfirði í austurátt og síðan suðaustur eftir norðanverðum hryggnum milli Íslands og Færeyja. Til þess að auðvelda bilanaleit er æskilegt að strengurinn komi á land í Færeyjum og þar er hægt að gera nauðsynlegar mælingar ef þörf krefur. Í áætlun Pirelli er ekki gert ráð fyrir að rafmagn verði tekið úr strengnum til nota í Færeyjum. Landtaka í Skotlandi er áætluð skammt austan við Dounreay.

Vattenfall og Pirelli telja helstu tæknileg vandkvæði tengjast aðferðum við bilanaleit og viðgerða á strengnum. Þær aðferðir sem í dag eru notaðar við bilanaleit þarf að þróa betur ef þær eiga að nýtast við sæstreng milli Íslands og Skotlands. Einnig þarf að þróa samsetningarhólka til viðgerða á strengnum, sem þurfa að þola þann vatnsþrýsting sem er á 1.100 m sjávardýpi. Sæstrengur af svipaðri gerð, sem fer niður á sama dýpi, verður væntanlega lagður innan tveggja ára milli Ítalíu og Grikklands og fyrir hann þarf að þróa og framleiða slíka samsetningarhólka. Auk þessa þarf að þróa frekar þær aðferðir sem nota má til að grafa sæstreng í sjávarbotn á miklu dýpi.

Þegar meta á rekstraröryggi slíks strengs er helst hægt að styðjast við þá reynslu sem fengin er af rekstri sambærilegra strengja annars staðar. Að mati Pirelli eru aðeins fáir strengir sambærilegir að allri gerð og frágangi og sæstrengurinn frá Íslandi til Skotlands. Pirelli áætlar að bilanir geti orðið á 4 - 5 ára fresti og miðað við áætlaðan viðgerðartíma verður rekstrartími sæstrengsins sjálfs að meðaltali 97,6 % eða 8.550 klukkustundir á ári. Áætlaður endingartími sæstrengs sem þessa er um 30 ár. Bilana- og viðhaldstími umbreytistöðva og jafnstraumslína kemur þar til viðbótar og er þá rekstrartími jafnstraumssambandsins í heild áætlaður um 96 % eða um 8.400 stundir á ári.

Næstu athuganir varðandi tæknileg efni ættu að beinast að öðrum þáttum jafnstraumssambandsins. Einnig þarf að gera rekstrareftirlíkingar af raforkukerfum beggja landanna til að ákvarða þær stærðir sem helst hafa áhrif á hönnun jafnstraumssambandsins. Auk þess þarf að kanna rekstrarhagkvæmni beggja kerfanna eftir að jafnstraumssambandið verður tekið í notkun. Líklegt er að vinna megi nokkru meiri orku í íslenska raforkukerfinu en nú er gert og ná þannig fram aukinni hagkvæmni.

Varðandi lagningu sjálfs sæstrengsins er æskilegt að næstu skref í athugunum beinist að gerð botnkorta og auk þess jarðfræðiathugunum á sjávarbotni sem nýttust fyrir val á strengleið. Athuga þarf ýmis atriði sem hafa áhrif á rekstur strengsins svo sem veiðiálag fiskiskipa á einstökum svæðum og meta þá vörn sem velja þarf á strengleiðinni. Kanna þarf og velja landtök fyrir sæstrenginn í Skotlandi, Færeyjum og á Íslandi og velja þarf stað fyrir jarðskaut jafnstraumssambandsins og hanna jarðskautið og jarðskautslínu frá umbreytistöð.

8.3 Sæstrengur til meginlands Evrópu

Þrátt fyrir það að athugun Pirelli hafi einskorðast við sæstreng milli Íslands og Skotlands er talið að niðurstöður hennar megi yfirfæra á sæstreng milli Íslands og meginlands

Evrópu. Þann fyrirvara þarf þó að gera að viss vandkvæði kunna að vera á því að leggja streng yfir Norðursjóinn vegna olíu- og gasvinnslu sem þar er auk alls kyns annarra strengja á sjávarbotninum. Þau atriði eru alls ókönnuð sem og hugsanleg landtaka strengsins í Þýskalandi eða Hollandi.

Sæstrengur til meginlands Evrópu yrði um tvöfalt lengri en strengur til Skotlands eða rúmlega 1800 km. Því þyrfti meiri afkastagetu til framleiðslu hans og/eða lengri framleiðslutíma. Einnig eru bilanalíkur meiri. Ef niðurstöður Pirelli um áætlaða bilanatíðni sæstrengs og umbreytistöðva eru yfirfærðar á streng til meginlandsins má gera ráð fyrir að rekstrartími jafnstraumssambandsins í heild verði um 94% eða 8.200 stundir á ári samanborið við 96% eða 8.400 stundir þegar um er að ræða streng til Skotlands. Einnig tapast meiri orka í streng á lengri leið til meginlandsins. Að teknu tilliti til þessara atriða má gera ráð fyrir að orkuflutningsgeta strengs til meginlandsins geti verið um 4.100 GWh á ári eða um 300 GWh minni en sæstrengs til Skotlands. Afltöp í jafnstraumskerfinu ef strengurinn er lagður til meginlandsins eru samtals um 56 MW sem er 22 MW meira tap en í hálfu skemmri streng til Skotlands.

9. Lagaleg sjónarmið vegna lagningar sæstrengs

9.1 Almennt

Í þessum kafla verður stuttlega vikið að lagalegum sjónarmiðum sem hafa ber í huga vegna lagningar sæstrengs til útflutnings á raforku. Ekki verður fjallað um sjónarmið vegna flutnings raforku um land til sjávar en almennar reglur orkulaga, svo og laga um Landsvirkjun, eru skýrar þar um. Í þessum kafla er við það miðað að sæstrengurinn verði lagður í sjó við austurströnd Íslands og verði tekin á land við Færeyjar. Síðan yrði strengurinn lagður í sjó að nýju frá Færeyjum og tekinn á land við strendur Bretlandseyja eða á meginlandi Evrópu. Sambærileg sjónarmið eiga við hvort sem um flutning til Bretlandseyja eða meginlands Evrópu yrði að ræða. Hafa ber þó í huga að réttur eignaraðila að strengjum eða leiðslum sem þegar eru lagðar er mjög ríkur, svo sem síðar verður að vikið. Samningar geta því orðið flóknari ef strengur er lagður um hafsvæði þar sem mikið er af leiðslum fyrir svo sem er í Norðursjó. Strengurinn myndi liggja um þrjú svæði sem ólík lagaleg sjónarmið taka til. Þessi þrjú svæði eru:

- Landhelgi þeirra ríkja sem í hlut eiga (12 mílur),
- efnahagslögsaga ríkja og
- úthafið.

Skal vikið að hverju svæði sérstaklega.

9.2 Úthafið

Umferðarréttur um úthafið er í meginatriðum frjáls. Þó þarf að taka meginreglur alþjóðalaga til frekari athugunar því þær kunna að setja almennar takmarkanir sem huga þarf að.

Við lagningu sæstrengs þarf að huga að rétti eigenda þeirra sæstrengja, leiðslna og annarra eigna sem fyrir eru í úthafinu. Verður að því nánar vikið í 9.5. hér að aftan.

9.3 Efnahagslögsaga ríkja

Í þeim tilvikum þar sem ríkin sem sæstrengurinn yrði lagður um hafa lýst yfir 200 mílna efnahagslögsögu gilda almennt sömu sjónarmið um frjálsan umferðarrétt og gilda varðandi úthafið. Þetta á við um Ísland. Umferðarrétturinn kann þó að vera takmarkaðri vegna réttar strandríkis til að setja reglur um vissa þætti er varða hagnýtingu auðlinda í hafinu og á eða undir hafsbotni innan efnahagslögsögunnar. Áður en ákvörðun um legu sæstrengsins er tekin þarf að fara yfir reglur þess ríkis sem umferð er fyrirhuguð um. Gildandi takmarkanir geta haft áhrif á endanlega ákvörðun um legu strengsins.

9.4 Landhelgi ríkja

Ákvæði 79. gr. hafréttarsáttmálans veita ríkjum rétt til að setja skilyrði fyrir lagningu sæstrengja og leiðslna innan landhelgi ríkjanna (nú algengast 12 mílur). Þá veitir 21. gr. hafréttarsáttmálans strandríki rétt til að setja lög um siglingar, vernd sæstrengja og leiðslna, fiskveiðar, mengunarvarnir, vísindarannsóknir, tollamál, útflutningseftirlit o.fl.

Meginreglan er sú að aðilum sé heimilt að leggja sæstreng innan landhelgi ríkja, en uppfylla þarf öll skilyrði sem ríkin kunna að setja. Þá þarf að semja við landeigendur að sjó um rétt til að leggja sæstrenginn um hafsbotn utan eignarlands, svo langt sem fullkominn eignarréttur nær skv. lögum viðkomandi lands. Sömu sjónarmið eiga þar við og um samninga um afnot lands á þeim stað og upp af þeim stað, sem strengurinn er lagður í sjó.

Vegna ríkrar heimildar ríkis til að setja reglur innan landhelgi sinnar verður sæstrengur vart lagður um landhelgi þess nema með leyfi ríkisins sem í hlut á. Væntanlega myndi eigandi sæstrengs ekki aðeins óska eftir beinu leyfi til lagningar strengs heldur og væntanlega óska eftir að ríkisstjórnin sem í hlut á setji reglur um vernd sæstrengsins innan landhelginnar, t.d. bann við fiskveiðum yfir strengnum að tilteknu dýpi.

9.5 Réttur þeirra sem fyrir eru

Ef leggja á sæstrenginn yfir mannvirki, strengi, leiðslur eða aðrar eignir sem fyrir eru þarf leyfi þess aðila sem þær eignir á, óháð því hvort um opinbera- eða einkaaðila sé að ræða. Sömu sjónarmið eiga við á hverju hinna þriggja svæða er að ofan greinir. Huga þarf vel að þessum þætti við endanlega ákvörðun um legu sæstrengsins.

10. Arðsemisathuganir

10.1 Kostnaðaráætlanir og orkuöflun

Virkjanir og línur

Þær virkjanir sem tvímælalaust er hagkvæmast að reisa fyrir orkuútflutning, með tilliti til stærðar, staðsetningar og kostnaðar eru stórvirkjanir á Austurlandi, þ.e. í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú og hugsanlega svonefnd Hraunavirkjun austan Fljótsdals, auk Fljótsdalsvirkjunar. Orkugeta þessara virkjana er samtals 11.000 - 12.000 GWh/ári en þar af rúmlega 8.000 GWh/ári í tveim þeim fyrst nefndu. Leysa þarf mörg vandamál einkum að því er varðar áhrif virkjana á umhverfið. Fleiri virkjunarsvæði koma einnig til greina eins og Þjórsársvæðið en þar má virkja til viðbótar því sem nú er gert um 3.200 GWh/ári svo og Jökulsárnar í Skagafirði.

Í því dæmi sem hér er gerð grein fyrir er gert ráð fyrir nokkurri innlendri stóriðju áður en til virkjunar fyrir sæstreng kemur. Í þessu tilviki er virkjunarkostnaður töluvert meiri en ef ekki væri gert ráð fyrir álverum, en kostnaður vegna línulagna er minni.

Nokkur óvissa er um nákvæmlega hvaða virkjanir reynast hagkvæmastar því það er háð öðrum áformum um nýtingu raforkunnar. Hið sama á við um línulagnir en þar getur jafnvel munað meiru hvað varðar virkjanakostnað.

Tafla 10.1 Stofnkostnaður vegna virkjana og sæstrengs

Milljónir króna - Verðlag í des. 1992 *)

	1 strengur		2 strengir	
	Skotland	Holland eða Þýskaland	Skotland	Holland eða Þýskaland
Virkjanir	67800	67800	132200	132200
Háspennulínur	6800	6800	13200	13200
Samtals	74600	74600	145400	145400
Sæstrengur og umbreytistöðvar	55450	110900	106150	212300
Alls	130050	185500	251550	357700

*) Reiknað án vaxta á byggingartíma.

Sæstrengur og umbreytistöðvar

Til áætlaðs stofnkostnaðar í skýrslu Pirelli er talinn kostnaður við framleiðslu og lagningu sæstrengs, nauðsynlegar forrannsóknir og undirbúning. Áætlanirnar eru gerðar fyrir sæstreng til N-Skotlands og miðast við aðstæður á þeirri leið. Ef strengur yrði lagður alla leið til Þýskalands eða Hollands er tæplega helmingur leiðarinnar í Norðursjó þar sem dýpi er innan við 100 m og ætti því lagning strengsins að vera auðveldari og ódýrari. Á móti kemur að í Norðursjónum eru gjöful fiskimið og meiri skipaumferð sem gerir hugsanlega kröfu um meiri niðurgröft í sjávarbotninn, auk þess sem fara þarf yfir eða

krækja hjá olíu- og gaslögnum á sjávarbotni. Þá þarf að semja við viðkomandi ríki um rétt til að leggja strenginn.

Þar sem lagning strengs þessa leið hefur ekki verið skoðuð sérstaklega, er kostnaðaráætlun fyrir streng til Hollands eða Þýskalands byggð á sömu einingarverðum og fyrir streng milli Íslands og N-Skotlands og er því um ónákvæmara mat að ræða. Kostnaður við umbreytistöðvar, loftlínur, jarðskaut og jarðskautslínur er áætlaður af ráðgjöfum Landsvirkjunar. Jafnframt þessu var rekstrarkostnaður metinn út frá áætluðum fjölda bilana, viðgerðarkostnaði og rekstri og viðhaldi endabúnaðar. Mat á viðgerðarkostnaði er frá Pirelli, en annar rekstrarkostnaður er metinn með hliðsjón af upplýsingum frá Vattenfall Engineering.

10.2 Dæmi um arðsemismat

Í forsendum arðsemismatsins er gert ráð fyrir að stofnað verði eitt hlutafélag um framkvæmdir og rekstur virkjana og strengs. Arðsemismatið einskorðast við einn streng þar sem ekki er gert ráð fyrir að tveir strengir geti verið arðbærir ef einn er það ekki. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir séu fjármagnaðar að helmingi með lánsfé og að helmingi með hlutafjárframlögum. Vextir og afborganir af lánum eru ekki greidd á framkvæmdatíma heldur hefjast þær greiðslur strax á fyrsta ári eftir að framkvæmdum lýkur.

Reiknað er með að lán séu til 15 ára, talið frá upphafi rekstrar, og að þau beri 6,5% raunvexti. Þar sem gert er ráð fyrir að verkefnið sé fjármagnað án ábyrgða aðstandenda eru þeir vextir sem reiknað er með 1 prósentustigi hærri en þeir vextir sem Landsvirkjun hefur reiknað með í sínum virkjunaráætlunum, en Landsvirkjun nýtur ríkisábyrgðar.

Í arðsemismatinu er ekki gert ráð fyrir sköttum, leyfisgjaldi fyrir virkjanarétt o.þ.h. Áhrif slíkra liða á arðsemina eru hins vegar skoðuð með næmnigreiningu.

Reiknað er með 40 ára endingartíma virkjana og riðstraumsháspennulína en 30 ára endingartíma sæstrengs, umbreytistöðva og annarra mannvirkja tengdum strengnum. Gert er ráð fyrir að sæstrengur til meginlandsins verði framleiddur og lagður innan sömu tímalengdar og sæstrengur til Skotlands en það þýðir að fleiri verksmiðjur þarf til að framleiða hann.

Mynd 10.1 Dæmi um samkeppnisverð orku um sæstreng



1) Miðað við verð frá kolakynntum orkuverum eftir aldamót

Mynd 10.1 sýnir mismunandi forsendur um orkuverð eftir löndum. Hvað Þýskaland varðar er gert ráð fyrir sama verði og gert er í áætlunum fyrir ný kolaorkuver miðað við tímabilið upp úr aldamótum. Hér er miðað við upplýsingar frá rafveitunni í Hamborg (HEW) en spár Alþjóða orkumálastofnunarinnar eru á svipuðum nótum. Verð tengt útflutningi til Hollands er skv. meðaltali spáa Samtaka raforkuframleiðenda í Hollandi, SEP. Verð merkt Skotland eru skv. niðurstöðu athugunar Caminus Energy um markaðsverð í Englandi og Wales. Svokallað hátilvik er miðað við bjartari efnahagshorfur en lágtilvikið og almennt hagstæðari aðstæður á orkumarkaði. Í engu þessara tilvika er reiknað með sköttum á orku eða á losun koltvísýrings. Miðað er við að ensku verðin gildi fyrir Skotland. Líklega má þó búast við lægra verði í Skotlandi, meðal annars vegna orkuflutnings suður til Englands.

Nokkra athygli vekur munur á spám um verð, einkum munurinn á milli Þýskalands og Hollands. Þetta er sagt með hliðsjón af því að áform um samrunaþróun í markaðsmálum raforku í Evrópu og aukna samkeppni ættu að leiða til minni verðmismunar að teknu tilliti til flutningskostnaðar. Taka verður þennan mun sem vísbendingu um þá óvissu sem er í spám af þessu tagi.

10.3 Niðurstöður arðsemismats

Í töflu 10.2 má sjá helstu niðurstöður arðsemismatsins. Hreint núvirði er reiknað miðað við 6,5% reiknivexti. Svo lágir reiknivextir verða að teljast með lægsta móti miðað við gefnar forsendur um fjármögnun.

Helstu niðurstöður eru að í öllum tilvikum virðist fyrirtækið skila arðsemi sem er yfir 6,5% reiknivöxtum. Eins áður segir tekur markaðsverð í Skotlandi þó ekki mið af flutningskostnaði til Englands. Ef endanlegur markaður er Í Englandi má vænta lakari niðurstöðu en taflan sýnir. Lausleg athugun á flutningskostnaði gefur til kynna að hann geti samsvarað um 10% af meðalverði. Eins og sjá má í umfjöllun um áhættuþætti hér að

aftan gæti flutningskostnaðurinn þýtt 0,8 prósentustiga lakari heildararðsemi og 1,2 prósentustiga lakari arðsemi eigin fjár.

Tafla 10.2 Arðsemi eins sæstrengs og virkjana
Miðað við dæmi um samkeppnisverð sbr. mynd 10.1

	Innri arðsemi, %		Hreint núvirði í m. kr	
	Heildar fjár	Eigin fjár	Heildarfjár	Eigin fjár
Skotland - lág	7,1%	7,4%	5885	5487
Skotland - há	8,9%	10,1%	22697	22298
Þýskaland	8,3%	9,2%	22549	21984
Holland	6,8%	6,9%	3726	3161

10.4 Áhættuþættir

Úflutningur raforku frá Íslandi um sæstreng er viðameira og flóknara en önnur hliðstæð verkefni sem ráðist hefur verið í annars staðar í heiminum. Verkefnið er einnig mjög fjárfrekt, jafnvel á alþjóðlegan mælikvarða. Þessi tvö atriði þýða að líta verður á verkefnið sem áhættusamt.

Skipta má áhættunni í tvo meginþætti eftir því hvort hún er tæknilegs eða fjárhagslegs eðlis. Hér er skoðuð næmni fyrir breytingum í forsendum um fjárhagsþætti verkefnisins, þ.e. vexti, orkuverð, skatta, leyfisgjald fyrir virkjunarrétt o.þ.h. og stofnkostnað. Í reynd geta frávik í stofnkostnaði einnig verið tilkomin vegna tæknilegra atriða.

Í töflu 10.3 má sjá næmni arðsemi heildarfjár og arðsemi eiginfjár fyrir frávikum í forsendum. Hér er miðað við einn sæstreng og einungis skoðuð tilvikin fyrir Skotland (lágtilvik) og Þýskaland. Frávik í forsendum þessara tilvika auðkenna áhættuþætti prýðilega. Taflan sýnir breytingu í innri arðsemi vegna gefinnar breytingar í hverjum áhættuþætti fyrir sig.

Tafla 10.3 Næmni fyrir frávikum í forsendum
Breyting í innri arðsemi

	Hækkun	Innri arðsemi heildarfjár		Innri arðsemi eigin fjár	
	um	Skotland - lág	Þýskaland	Skotland - lág	Þýskaland
Raunvextir	1%-stig	0,0%	0,0%	-0,5%	-0,6%
Orkuverð	10%	0,8%	0,9%	1,2%	1,4%
Skattar, leyfisgjöld o.þ.h.	1000 m.kr	-0,7%	-0,5%	-1,0%	-0,7%
Stofnkostnaður					
Virkjanir og línur	10%	-0,5%	-0,4%	-0,7%	-0,6%
Sæstrengur og tilheyrandi	10%	-0,3%	-0,5%	-0,5%	-0,9%

Af töflunni er ljóst að gagnvart eigendum eru breytingar raunvaxta einn stærsti áhættuþáttur verkefnisins. Þetta er í rökréttu samhengi við það hversu verkefnið er fjárfrekt og segja má að raunvaxtastig geti haft afgerandi áhrif á það hvort orka héðan verður samkeppnisfær erlendis eða ekki. Af töflunni má ráða að hækkun raunvaxta um 1 prósentustig hefur ámóta áhrif á arðsemi eiginfjár og 5% lækkun orkuverðs og 10% hækkun stofnkostnaðar virkjana og háspennulína.

11. Fjármögnunarkostir

Umfang framkvæmda og tæknistig ráða miklu um þá áhættu sem vænta má að fjármögnunaraðilar taki mið af. Umfang framkvæmda þýðir að miklir fjármunir eru í húfi og tæknileg óvissa er töluverð.

Framkvæmd þessi nýtur nokkurrar sérstöðu samanborið við aðra fjárfestingarkosti á alþjóðavettvangi. Í fyrsta lagi er verkefnið viðameira og flóknara en önnur sæstrengsverkefni sem til þessa hefur verið ráðist í og í öðru lagi er verkefnið mjög fjárfrekt, jafnvel á alþjóðlegan mælikvarða. Þessi sérstaða er einnig helsta takmörkun á framgang verkefnisins sökum þess hve fjármögnun er erfið. Hér skiptir einnig miklu máli smæð hagkerfisins og núverandi skuldsetning. Vegna mikillar áhættu eru framkvæmdir sem eru rétt svo tæknilega mögulegar yfirleitt fjármagnaðar af ríkisstjórnum, annaðhvort beint af fjárlögum eða með opinberri ábyrgð á lánum. Sá möguleiki er þó alls ekki fyrir hendi í þessu tilviki hvað varðar ábyrgðir íslenska ríkisins.

Við undirbúning þessa verkefnis hefur verið rætt við ýmsa aðila sem þekkja möguleika á fjármögnun. Helst virðist koma til greina að stofna sérstakt fyrirtæki um framkvæmdir og rekstur (þ.e. „single purpose company").

Það virðist ekki hyggilegt að Íslendingar láti reyna á sitt eigið lánstraust til að fjármagna framkvæmdir vegna virkjana og sæstrengs. Erlent eignarhald er því grunnforsenda þess að af framkvæmdum geti orðið. Með erlendu eignarhaldi er átt við að félag um rekstur og byggingu virkjana og strengs sé í eigu aðila með aðsetur erlendis.

Einnig kemur til greina að stofna fleiri en eitt fyrirtæki eftir því hvernig framkvæmdir eru skilgreindar og hvernig fjármögnun er hagað. Þá virðist koma til greina að stofna sérstakt eignarhaldsfélag um virkjanir og sæstreng og annað félag um rekstur þeirra. Slíkum spurningum verður hins vegar ekki svarað til fullnustu nema að undangenginni nánari athugun á arðsemi, áhættu og fjármögnunarkostum.

11.1 Áhættuþættir

Skipta má áhættunni í tvo meginþætti. Annars vegar er áhætta vegna framkvæmda og hins vegar rekstraráhætta. Áhætta vegna framkvæmda er að miklu leyti tæknilegs eðlis og varðar ýmsar verkfræðilegar áætlanir, verklok og framkvæmdakostnað. Vænta má þess að lánadrottnar krefjist einhvers konar trygginga fyrir sem flestum þessara þátta.

Rekstraráhætta er bæði tæknileg og efnahagsleg. Einn stærsti áhættuþáttur um rekstur virkjana og sæstrengs varðar sölu raforkunnar og verðlagningu hennar en einnig má búast við að bilanatíðni strengs verði álitinn stór áhættuþáttur ekki síst í ljósi lengdar strengsins, þess dýpis sem hann verður lagður á og legu hans í Norður Atlantshafi. Aðrir helstu áhættuþættir í rekstri eru vaxtabreytingar og sveiflur í gengi gjaldmiðla. Áhætta vegna vaxtabreytinga getur verið umtalsverð vegna þess hve mikið fjármagn þarf til verkefnisins. Það er óhjákvæmilegt að lánardrottnar krefjist þess að áður en framkvæmdir hefjist liggi fyrir áætlun um vörn gegn aðaláhættuþáttum í rekstri. Hér er að sjálfsögðu fyrst að nefna

langtímasamning um orkusölu og orkuverð. Fyrirkomulag fjármögnunar ræður hins vegar miklu um vaxta- og gengisáhættu og því geta lánadrottnar haft töluverð áhrif á þá þætti.

11.2 Takmörkun ábyrgðar

Frá sjónarhóli fjármögnunaraðila þykir áhætta vegna framleiðslu sæstrengs og lagningar hans mun meiri en áhætta vegna virkjanaframkvæmda. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ekki hefur áður verið ráðist í lagningu svo langs sæstrengs niður á svo mikið dýpi sem hér um ræðir. Ef stofnuð verða aðskilin félög um virkjanir og sæstreng í því skyni að einangra tæknilega áhættuþætti þykir sýnt að fjármögnun sæstrengs þurfi alfarið að vera með hlutafjárframlögum. Virkjanir mætti þá fjármagna að verulegu leyti með framkvæmdalánum þar sem tryggingar einskorðast við eignir, framtíðartekjur og hagnað (efnahag og rekstur) virkjunarfélagsins. Þó er ljóst að verulegt framlag hlutafjár er einnig nauðsynlegt ef ekki verður um ábyrgðir utan félagsins að ræða. Í þessu sambandi má nefna að í Bandaríkjunum og Kanada eru virkjanir í einkaeign yfirleitt ekki fjármagnaðar með lánsfé að meira en hálfu leyti. Virkjanir í opinberri eigu eru fjármagnaðar að mun stærri hluta með lánsfé jafnvel 90-100%.

Ef stofnað er sameiginlegt félag um virkjanir og sæstreng mætti hugsanlega fá lánsfé með tryggingum sem takmarkast við efnahag og rekstur félagsins en hlutafé þyrfti að vera umtalsvert, jafnvel helmingur. Ljóst er að slík veðbönd geta haft nokkur áhrif á mögulega ráðstöfun fjár af reikningum félagsins, meðal annars ráðstöfun skattgreiðslna fyrstu árin.

Þó að fjármögnunartryggingar geti einskorðast við efnahag og rekstur félagsins er ljóst að þörf verður á einhvers konar ábyrgðum eigenda til að fjármagn fáist, meðal annars tryggingu fyrir verklokum. Einnig er talið nauðsynlegt að fyrir liggi langtímasamningur um orkusölu. Líklegt er að til viðbótar verði krafist ýmis konar hliðarsamninga á milli félagsins og aðstandenda þess. Til dæmis má ætla að leggja þurfi til hliðar a.m.k. eins árs afborganir og vexti af lánum áður en til greiðslu ýmissa gjalda kemur. Sumitomo bankinn hefur látið í té dæmigerða forgangsröðun greiðslna af reikningum félags eins og þess sem hér um ræðir, sjá töflu 11.1.

Tafla 11.1 Dæmi um kvöð á forgangsröð greiðslna

• Rekstrargjöld.
• Leyfisgjald, afgjald.
• Skattar.
• Greiðslur vaxta og fjármagnsgjalda vegna forgangslána.
• Áður gjaldfallnar afborganir forgangslána.
• Afborganir forgangslána á gjalddaga.
• Tillag í varasjóði, m.a. vegna viðhalds og síðari afborgana og vaxta af lánum.
• Greiðslur vaxta og fjármagnsgjalda vegna víkjandi lána.
• Afborganir víkjandi lána á gjalddaga.
• Arðgreiðslur.

Heimild: Sumitomo Bank, Project Finance.

11.3 Aðsetur

Lögformlegt aðsetur félags eða félaga hefur nokkra þýðingu einkum vegna öflunar fjármagns og skattlagningar. Æskilegt er talið að aðsetur sæstrengsfélagsins sé erlendis vegna betri möguleika á öflun fjármagns og vegna áhrifa á lánstraust þjóðarbúsins. Lögformlegt aðsetur ræður til hvaða þjóðar skuldir félagsins eru taldar. Ekki kemur til álita að telja skuldir sæstrengsfélagsins með þjóðarskuldum Íslendinga. Það kann þó að vera nægjanlegt að einungis eignarhaldsfélag hafi aðsetur erlendis.

11.4 Lánshæfi og lántökur

Eftir að félag hefur verið stofnað er nauðsynlegt að óháðir aðilar meti lánshæfi þess. Þyki það mat viðunandi er unnt að hefjast handa við öflun fjármagns. Fjármagnskostnaður félagsins ræðst að verulegu leyti af þessum þætti því bankar krefjast hærri vaxta eftir því sem áhættan er meiri og lánshæfið minna.

Ólíklegt er að nægilega löng lán fáist til að lánstími falli að endingartíma fjárfestingarinnar. Lengstu lán í framkvæmdafjármögnun til þessa eru 17,5 ár vegna jarðgasvinnslu í Bretlandi. Hins vegar má búast við að endingartími sæstrengs geti verið um tvöfalt lengri en það og endingartími virkjana er talinn 80-100 ár. Núverandi virkjanir eru afskrifaðar á 40 árum. Sökum þessa misvægis í endingartíma fjárfestinga og mögulegrar lengdar lána verður líklega þörf á endurfjármögnun félagsins með einum eða öðrum hætti. Í grundvallaratriðum koma hér til greina nýir lánasamningar eða hlutafjáraukning.

12. Skattlagning orkufyrirtækja

12.1 Inngangur

Skattlagning orkufyrirtækja hefur notið sérstöðu hér á landi. Í fyrsta lagi eru orkufyrirtækin sem flest eða öll eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga undanþegin tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs, svo sem almennt er um opinber þjónustufyrirtæki hér á landi. Í öðru lagi hefur þótt rétt að leggja ekki viss gjöld á stórframkvæmdir, þ.m.t. orkuframkvæmdir, með sama hætti og almennt eru lögð á til sveitarfélaga. Á þetta sjónarmið við um gjöld sem leggjast á stærri mannvirki, aðföng til framkvæmda, vissar tegundir mannvirkja eða veltu. Tilgangur þessara undanþága hefur verið að hvetja til orkuuppbyggingar.

12.2 Skattlagning tekna af orkuvinnslu

Meginskattlagning fyrirtækja hér á landi og í Evrópu er í formi tekju- og virðisaukaskatts og það leiðir af þeim meginsjónarmiðum sem að ofan greinir að leggja bera slíka skatta til grundvallar á sviði orkuvinnslu. Gjöld sem lögð eru á hreina eign, eða veltu, t.d. fasteignaskattar, byggingaleyfi, o.fl. gjöld til sveitarfélaga leggjast hins vegar óeðlilega þungt á stórframkvæmdir sem þessar. Þetta sjónarmið hefur verið viðurkennt vegna virkjanaframkvæmda og stóriðju hér á landi og því samið sérstaklega um slík gjöld. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir aðlögun nokkurra slíkra gjalda í samningum um útflutning á raforku, sbr. 12.3. hér á eftir.

Við ákvörðun um tekjuskattlagningu þarf að huga að tvennu:

- Almennri samræmingu skattlagningar hér á landi og
- samræmingu skattlagningar orkufyrirtækja í Evrópuríkjum.

12.3 Gjöld til sveitarfélaga

Svo sem fyrr er vikið að, er nauðsynlegt að huga að gjaldtöku sem leggst á veltu eða fasteignir sérstaklega þegar um stórframkvæmdir er að ræða. Hafa ber í huga að samræmd skattlagningarstefna þarf ekki að þýða að ekki sé eðlilegt að aðlaga einstaka gjaldtöku að sérstökum tilvikum. Hvað sveitarfélög varðar er einkum nauðsynlegt að athuga gjöld sem leggjast á fasteignir, svo sem fasteignaskatt, holræsagjald, vatnsskatt, gatnagerðargjöld og byggingarleyfisgjöld, en ljóst er að þessi gjöld leggjast óeðlilega þungt á stór virkjanamannvirki. Mikilvægt er að setja efri mörk á fasteignamat á slíkum mannvirkjum, en síðan má leggja gjöldin á með samræmdum hætti.

Nánari útfærsla þessara hugmynda þarf að taka mið af ýmsum þáttum þegar til kemur, m.a. skattlagningar orkumannvirkja í nágrannaríkjunum.

Þegar meta á gjaldtöku af virkjunum til sveitarfélaga má einnig hafa í huga að virkjunaraðilar annast yfirleitt allar framkvæmdir, þ.e. vegalagningu, lýsingu, öflun vatns til byggingarframkvæmda, byggingareftirlit, skipulag svæðis og svo framvegis, að teknu

tilliti til ákvæða vegna skipulags- og umhverfismála. Tiltölulega lítill kostnaður leggst því á viðkomandi sveitarfélag vegna þjónustu.

12.4 Framtíðar skattlagning orkufyrirtækja

Tenging Íslands við orkukerfi Evrópu mun hafa margvísleg áhrif á íslensk orkumál önnur en þau sem varða beinlínis útflutning orkunnar.

Viðskipti með raforku teljast til vöruviðskipta skv. EES-samningunum og sérstök skattlagning á útflutta orku sem ekki er lögð á orkusölu innanlands fær því ekki staðist. Mismunun í skattlagningu á orkusölu hvort heldur sala er til útflutnings eða notkunar innan lands samræmist heldur ekki samræmdri orkustefnu Evrópu.

Til lengri tíma litið verður t.d. að telja eðlilegt að tekjuskattur sé lagður á orkufyrirtækin, en ekki verður fjallað nánar um það mál í þessari skýrslu.

Rétt er að hafa í huga að greiðsla virkjunaraðila á leyfisgjaldi til ríkisins getur skilað ríkissjóði umtalsverðum tekjum.

Árleg leyfisgreiðsla, leigutekjur, til eigenda eða handhafa réttinda eru samningsbundnar greiðslur afnotahafa til rétthafa en ekki skattlagning. Hafa ber í huga að í þeim mæli sem Alþingi kynni að ákveða einkaaðilum hlutdeild í slíku gjaldi yrði hún grundvöllur tekjuskattsálagningar með venjulegum hætti.

13. Áhrif á íslenskt efnahagslíf og byggð

Mati á hugsanlegum efnahagslegum áhrifum útflutnings á raforku um sæstreng má í megin dráttum skipta í tvennt:

1) Mat á tímabundnum áhrifum á hagsveifluna á framkvæmdatímabili.
2) Mat á varanlegum áhrifum þegar tekjur af sölu koma inn.

Þjóðhagsstofnun hefur gert tilraun til að leggja lauslegt mat á hvort tveggja og er því lýst hér á eftir. Taka ber fram að töluverð óvissa ríkir enn um ýmsar forsendur. Ekki er lagt neitt mat á áhrifin af sæstrengnum sjálfum, framleiðslu hans eða lagningu. Hér er gert ráð fyrir að hann sé í eigu félags með aðsetur erlendis sem þýðir meðal annars að skuldir vegna hans koma ekki fram í íslenskum þjóðhagsstærðum. Einnig leiðir af þessu að áfangastaður raforkunnar sem á að flytja út er stöðvarveggur við afriðilsstöð strengsins.

13.1 Helstu forsendur

Forsendur um fjárfestingu í virkjunum vegna sæstrengjanna tveggja eru sýndar á mynd 13.1. Gert er ráð fyrir að fyrri strengurinn yrði tekinn í notkun árið 2005, en sá síðari árið 2010. Fjárfesting vegna hvorrar virkjanaraðar um sig gæti numið 71-74 milljörðum kr. (verðlag des. 92), svo samanlagður kostnaður yrði um 145 milljarðar kr. Þessu til viðbótar kemur síðan fjárfesting í línum sem reiknað er með að nemi um 10% af virkjanafjárfestingu. Þegar framkvæmdir standa sem hæst (árið 2004) nemur fjárfestingin tæpum 20 milljörðum kr. Til samanburðar má nefna að verg landsframleiðsla á árinu 1992 var 382 milljarðar kr. og heildarfjárfesting sama ár var um 65 milljarðar kr. Framkvæmdir eru því, þegar mest lætur, af stærðargráðunni 5% af VLF og um þriðjungs viðbót við heildarfjárfestingu í landinu.

Í þeim reikningum sem hér eru kynntir er gert ráð fyrir að 1,5 krónur, eða nálægt 24 bandarísk mills, fáist fyrir hverja kWh við afriðilsstöð hérlendis. Þetta er það verð sem gefur að meðaltali um það bil sömu arðsemi sæstrengs og virkjana. Þetta verð þýðir rúma 12 milljarða kr. í tekjur af orkusölu á ári, sem yrði væntanlega um 7% af útflutningstekjum. Ennfremur er gert ráð fyrir að eignarhald á virkjunum verði að hálfu innlent og að 57% af virkjanakostnaði verði innlendur (miðað við verðlag 1989). Gert er ráð fyrir u.þ.b. 6,5% raunvöxtum af erlendum lánum vegna verkefnisins. Ennfremur er gert ráð fyrir að helmingur hagnaðar renni úr landi í samræmi við skiptingu eignarhalds.



13.2 Dæmi um þjóðhagsleg áhrif

Þjóðhagsleg áhrif framkvæmdanna og fyrstu áhrif orkusölunnar eru metin með því að bæta talnaforsendunum, sem voru raktar hér að framan, án nokkurra annarra breytinga, ofaná ákveðið viðmiðunardæmi sem sett er fram. Höfuðeinkenni viðmiðunardæmisins er efnahagslegt jafnvægi og fremur hægur hagvöxtur. Þegar þetta er gert fæst m.a. niðurstaðan sem er sýnd á mynd 13.2. Verg landsframleiðsla (VLF) verður mest rúmum 5% meiri á framkvæmdaskeiðinu en ella og 3-4% meiri að framkvæmdunum loknum en annars yrði. Hér er um mismun milli fjárhæða að ræða, ekki mismun á hagvexti. Eins og sjá má á mynd 13.3 eykst viðskiptahalli verulega þessi 5 ár, sem gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar standi yfir í reikningunum, mest um 3,5% af VLF. Þarna er búið að taka tillit til erlendra eiginfjárframlaga, sem eins og áður sagði, nema 50% af stofnkostnaði. Á lokaári framkvæmdanna eru erlendar skuldir orðnar 8 prósentustigum meiri en ella hefði orðið, mælt sem hlutfall af VLF. Þetta og arðgreiðslur til erlendra eignaraðila eru ástæðurnar fyrir því að þjóðarframleiðsla eykst talsvert minna en landsframleiðsla á mynd 13.2, en þjóðarframleiðsla er það sem til skiptanna er innanlands þegar greiddir hafa verið vextir af erlendum lánum.



Hver þróun erlendra skulda verður er auðvitað mjög háð forsendum, m.a. um raforkuverð, raunvexti á erlendum skuldum, og síðast en ekki síst um hagstjórn.

Ýmsir aðrir þættir gætu breytt þessari mynd að verulegu leyti svo sem annar framkvæmdaferill og önnur eignaraðild, t.d. aukin bein aðild erlendra aðila að virkjunarframkvæmdum. Erlend eiginfjárframlög umfram það sem gert er ráð fyrir hér myndu lækka erlendar skuldir frá því sem sýnt er á mynd 13.3 en væntanlega yrði varanleg hækkun þjóðarframleiðslu minni en kemur fram á mynd 13.2. Á móti myndi áhætta okkar minnka. Ennfremur er líklegt að svo umfangsmiklar framkvæmdir kæmu að einhverju leyti í hlut erlendra verktaka, sem þýddi að innlendur þáttur virkjanakostnaðarins myndi lækka. Viðskiptajöfnuður yrði þá óhagstæðari og erlendar skuldir hærri.

Einnig verður að minna á að gert er ráð fyrir að allar aðrar forsendur séu þær sömu í strengsdæminu og því dæmi sem haft var til viðmiðunar. Þetta þýðir m.a. óbreytt útgjöld hins opinbera og óbreytta skattbyrði, sem leiðir til bættrar afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það ber ennfremur að ítreka að þessir reikningar eru byggðir á afar lauslegum forsendum um marga þætti og ber engan veginn að skoða sem endanlega niðurstöðu. Þær tölur sem hér eru settar fram gefa aðeins grófa vísbendingu. Einnig ber að benda á að hér er ekki um eiginlegt arðsemismat að ræða og segja reikningarnir lítið um hvort verkefnið sé hagkvæmt samkvæmt venjulegum mælikvörðum eins og t.d. innri arðgjöf eða hreinu núvirði.



13.3 Dæmi um áhrif virkjanaframkvæmda á atvinnulíf landsbyggðarinnar

Samkvæmt framreikningi Byggðastofnunar á mannafla til ársins 2012 má gera ráð fyrir því að framboð vinnuafls vaxi um 1.600 ársverk árlega að jafnaði á landinu öllu. Þá er miðað við atvinnuþátttöku eins og hún var árið 1990. Reikna má með 900-1.000 ársverkum karla en 600-700 ársverkum kvenna. Skipting á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins fer mjög eftir því hvernig búferlaflutningar skiptast á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Ef jafnmargir flytja af landsbyggðinni og var að meðaltali árin 1990-1992 verður nær öll aukning mannafla á höfuðborgarsvæðinu, aðeins 130-150 ársverk á landsbyggðinni árlega. Ef jöfnuður verður í flutningum skiptist aukning mannafla svo til jafnt á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Telja má víst að atvinnuástand hafi mikil áhrif á fólksflutninga. Þannig urðu nettó flutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins mun minni árið 1992 heldur en undangengin ár. En árið 1992 varð mikil aukning á atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Gangi sú áætlun um virkjanaframkvæmdir eftir sem miðað er við verða samfelldar virkjanaframkvæmdir út þennan áratug og þann næsta. Við þær aðstæður er óhætt að reikna með að dragi verulega úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins. Hér verður miðað við að mannaflaaukningin verði svipuð og væru flutningar í jafnvægi. Vöxtur mannafla á landsbyggðinni verður þá tæplega 800 ársverk á ári en rúmlega 800 ársverk á ári á höfuðborgarsvæðinu.

Virkjanir vegna tveggja strengja krefjast um 10.300 ársverka og að auki 1.000 ársverka vegna línulagna. Gert er ráð fyrir að mannafli við virkjanagerð og línulagnir dreifist eins og sýnt er á myndinni.



Þegar framkvæmdir verða komnar í fullan gang árið 2002 verða að jafnaði um 1.000 ársverk unnin fram til ársins 2010 en sveiflur eru innan tímabilsins. Ekki er ljóst hvernig mannafli við línugerð dreifist á ár en reikna má með 100 ársverkum að jafnaði á sama tíma.

Mjög erfitt er að segja til um hvernig mannafli við virkjnangerðina skiptist á milli landshluta. Hér verður einfaldlega reiknað með því að hlutdeild landbyggðarinnar verði sú sama og hlutdeild hennar í byggingariðnaði almennt sem var 44% árið 1990. Samkvæmt þessu fær landsbyggðin um 500 ársverk í sinn hlut að jafnaði árin 2002-2010.

Líta má á vinnu við virkjanaframkvæmdir sem útflutningsstarfsemi að minnsta kosti frá sjónarhóli þeirra byggðarlaga sem virkjanir verða staðsettar í. Til að meta margfeldisáhrif af útflutningstörfum eru hér notaðar viðteknar vinnuaðferðir. Fyrir landsbyggðina í heild má reikna með að eitt starf myndist í framleiðslu til eiginnota fyrir hvert starf í útflutningi. Jafnframt er litið á aðflutt vinnuafl vegna virkjanaframkvæmda sem nokkurs konar ferðamenn sem kalla á þjónustu í héraði. Athuganir hafa sýnt að tekjumargfeldisáhrif af ferðmannaþjónustu eru á bilinu 0,2 -0,3 af hverri krónu sem eytt var. Ef reiknað er með að um fjórðungi tekna sé varið innan landshlutans gætu um 50 störf myndast vegna þessa. Samkvæmt þessu má reikna með að um 550 störf verði til á landsbyggðinni sem óbein áhrif af virkjanaframkvæmdunum. Heildarfjöldi starfa sem myndast verður þá um 1.050 ársverk á tímabilinu 2002 til 2010. Þetta er um einn sjötti af framboði nýrra ársverka á landsbyggðinni í heild á þessu tímabili en reikna má með að áhrifin verði hlutfallslega mun meiri á Suður- og Austurlandi. Athuga ber þó að óvíst er að margfeldisáhrifin náist fram að fullu á þeim tíma sem framkvæmdir standa yfir auk þess sem reynslan sýnir að áhrif virkjanagerðar á atvinnulíf eru tímabundin.

14. Áhrif á orkukerfið og nýtingu orkulindanna

Tenging við orkukerfi annarra þjóða með sæstreng færir með sér aukið öryggi í orkubúskap þjóðarinnar. Sökum hættu á bilunum er nauðsynlegt að tryggja varaafl vegna strengsins í því landi sem orkan er send til. Þetta þýðir að ef upp koma áföll í orkuöflunarkerfinu á Íslandi má hugsanlega draga úr útflutningi á raforku og nýta erlent varaafl vegna strengsins fyrir íslenska raforkukerfið. Til dæmis gæti verið um það að ræða að orkuvinnsla einhverra virkjana dytti tímabundið út. Þetta öryggi væri áfram til staðar þótt sæstrengurinn bilaði, þar sem virkjanir vegna hans væru á Íslandi. Slíkt myndi vera mikils virði, einkum fyrir þær framleiðslugreinar á Íslandi sem þola illa rafmagnsleysi, eins og t.d. áliðnaður.

Sæstrengur mun væntanlega einnig leiða til þess að unnt verður að tímasetja nýjar virkjanir á Íslandi betur með tilliti til markaðsaðstæðna en nú er mögulegt. Þannig mætti byggja upp markaðinn að nokkru leyti áður en nýjar virkjanir taka til starfa. Slíkt er þó háð samningum um verð á varaafli frá orkukerfum annarra ríkja um sæstrenginn.

Ef til vill er hagkvæmt að leggja sæstreng sem getur flutt meiri orku en sem svarar grunnorkunni sem um hann yrði flutt. Myndi þá skapast svigrúm til þess að selja afgangsorku um kapalinn, t.d. upp að því marki sem uppsett afl í íslenska raforkukerfinu og tiltækt vatnsrennsli myndi setja hverju sinni.

15. Umfang framkvæmda vegna virkjana og lagningar sæstrengs

Framkvæmdir tengdar útflutningi raforku um sæstreng gætu orðið mestu framkvæmdir sem verið hafa hér á landi um áratuga skeið. Þetta á við jafnvel þótt einungis sé vísað til fjárfestinga í virkjunum og línum á landi. Til viðbótar koma síðan fjárfestingar í umbreytistöðvum og sæstreng, eða strengjum innan og utan íslenskrar landhelgi.

Fjárfestingar í virkjunum og línum fyrir hvorn streng gætu numið 78-81 milljörðum kr. ef reiknað er án vaxta á byggingartíma. Mest gæti fjárfesting orðið um 20 milljarðar kr. eða um 5% af landsframleiðslu og um þriðjungs viðbót við heildarfjárfestingu. Tímaferil fjárfestinga í virkjunum og línum má sjá á mynd **13.1** hér að framan.

Fjárfesting í sæstreng og umbreytistöðvum gæti numið á bilinu 55-212 milljörðum króna eftir því hvort um einn eða tvo sæstrengi er að ræða og eftir því hvort selt er til meginlands Evrópu eða Bretlandseyja. Þá er reiknað með vöxtum á byggingartíma. Erfitt er að henda reiður á því hversu mikil bein umsvif yrðu hér á landi vegna fjárfestingar í sæstreng og umbreytistöðvum því það er að sjálfsögðu háð þátttöku innlendra aðila í rannsóknum og undirbúningi, framleiðslu sæstrengsins og fjármögnun. Í þessari skýrslu hefur verið litið á hugsanlega framleiðslu sæstrengs hérlendis sem sérstakt skoðunarefni og utan þessarar umfjöllunar en nefna má að Hollendingar og Reykjavíkurborg hafa efnt til athugunar sem meðal annars nær til slíkrar framleiðslu hérlendis. Ástæða er til að benda á að alþjóðlegt útboð yrði án efa viðhaft til að tryggja sem lægstan kostnað við slíkt risaverkefni sem hér um ræðir.

Eins og þegar hefur komið fram er gert ráð fyrir að til framkvæmda við virkjanir og línur þurfi um 5.000 ársverk vegna hvors strengs. Mest gæti vinnuaflsnotkun orðið um 1.500 ársverk, árið 2004. Ef miðað er við áframhaldandi sama mannaflavöxt í byggingarstarfsemi og undanfarinn áratug gæti þetta samsvarað um 11% af mannafla í byggingarstarfsemi. Ef reiknað er með óbreyttri hlutdeild byggingarstarfsemi í vinnuaflsnotkun samsvarar hámarksvinnuaflsþörf rúmlega 1% af heildarvinnuafli.

Þó hér sé um verulega aukna vinnuaflsnotkun að ræða er mesta vinnuaflsnotkun hlutfallslega minni en reiknað hefur verið með vegna álvers- og orkuframkvæmda við hugsanlegt nýtt álver Atlantsáls og töluvert minna en vegna fjárfestingar Ísal þegar mest lét. Áætlun um vinnuaflsnotkun vegna orkuframkvæmda í tengslum við virkjanir og línur fyrir tvo sæstrengi má sjá á mynd 15.1.



Þessum framkvæmdum myndi fylgja veruleg aukning atvinnu því án efa yrði um að ræða marga íslenska starfsmenn sem kunna hér vel til verka.

16. Fyrirkomulag undirbúningsvinnu

Þær athuganir sem gera þarf áður en ákvörðun er tekin um hvort eða hvenær ráðast eigi í framkvæmdir sem miði að útflutningi raforku um sæstreng má skipta í eftirfarandi átta þætti:

- Tæknilegar athuganir tengdar virkjunum og flutningslínum.
- Tæknilegar athuganir tengdar lagningu strengs.
- Umhverfisrannsóknir.
- Rannsóknir tengdar rekstri sæstrengs og samtengingu orkukerfa.
- Kostnaðarathuganir á einstökum þáttum.
- Markaðsrannsóknir.
- Hagkvæmniathugun.
- Athugun á fjármögnunarkostum.

Sumar þessara athugana eru þegar hafnar að einhverju leyti en ljóst er að leggja þarf verulegt fé í áframhaldandi athuganir áður en ákvörðunartaka um framhaldið er möguleg. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinnan skiptist í tvo áfanga þar sem hvor áfangi um sig taki um 3 ár:

- Áfangi 1: 1993-1995
  Rannsóknir vegna virkjana: Umhverfisathuganir, rannsóknir á vettvangi, kostnaðarmat, o.fl.
  Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 120 m.kr.
  Rannsóknir vegna sæstrengs og umbreytistöðva: Umhverfisrannsóknir, gagnaöflun, kostnaðarmat o.fl.
  Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 80 m.kr.
  Áætlaður kostnaður samtals í 1. áfanga er um 200 m.kr. Áætlanir um kostnað eru lauslegar eðli málsins samkvæmt.

- Áfangi 2: 1996-1998
  Rannsóknir vegna virkjana: Ítarleg hagkvæmniathugun, gerð útboðsgagna, hönnun, o.fl. Áætlaður kostnaður 600 m.kr.
  Rannsóknir vegna sæstrengs: Ítarlegar athuganir á staðsetningu og leið, hönnun, ítarleg hagkvæmniathugun, undirbúningur útboðs o.fl.
  Áætlaður kostnaður 200 m.kr.
  Áætlaður kostnaður samtals í 2. áfanga er um 800 m.kr. Þessar áætlanir eru enn lauslegri en kostnaðaráætlun í fyrri áfanga.

Þeir þættir sem helst má ætla að ráði fyrirkomulagi undirbúningsvinnunnar eru:

- Áhætta.
- Fjárþörf.
- Tækniþekking.
- Eignarhald og virkjunarréttur.

- Möguleikar til að hafa áhrif á ákvörðun.
- Þátttaka í eignarhaldsfélagi um sæstreng.
- Aðgangur að niðurstöðum undirbúningsvinnu.
- Væntanlegt markaðsverð á niðurstöðum undirbúningsvinnu.
- Áhrif fyrirkomulagsins á möguleika til fjármögnunar verkefnisins.
- Áhrif fyrirkomulagsins á möguleika til að koma verkefninu í framkvæmd.

Áhætta: Það er áhættusamt að leggja fé í athuganir vegna sæstrengs. Fyrirfram er óvíst hvort af arðbærum sæstrengsframkvæmdum getur orðið. Því kann svo að fara að það fé sem lagt er í slíkar athuganir tapist eða nýtist seint. Mikilvægt er að skipuleggja rannsóknir vandlega.

Fjárþörf: Þær athuganir sem ráðast þarf í eru nokkuð fjárfrekar því samkvæmt fyrirliggjandi mati gæti þurft að verja til þeirra um 1 milljarði kr. á næstu árum. Ástæða gæti því verið til að kanna áhuga erlendra aðila á þátttöku í þessum athugunum. Hér koma til greina bæði orkufyrirtæki og framleiðendur á búnaði vegna virkjana og strengja.

Tækniþekking: Hér er átt bæði við þekkingu á kostum landsins og þekkingu á rafmagnstæknilegum atriðum. Það er t.d. ljóst að Landsvirkjun, Orkustofnun og fleiri opinberir aðilar hafa safnað upplýsingum á undanförnum áratugum sem leggja má til grundvallar. Ekki kemur til greina að sú þekking verði látin í té endurgjaldslaust. Í orkulögum er beinlínis kveðið á um að sá sem nýtir rannsóknir Orkustofnunar endurgreiði þann kostnað. Þetta sjónarmið getur stutt þátttöku ríkisins og/eða Landsvirkjunar í undirbúningsvinnu. Í þessari undirbúningsvinnu myndi upplýsingasöfnun vera haldið áfram og því verða til ný þekking sem gæti nýst óbeint við aðrar framkvæmdir. Í því skyni að kostnaði sé haldið í lágmarki er æskilegt að aðstandendur undirbúningsvinnu hafi yfir að ráða þekkingu á rafmagnstæknilegum atriðum. Slíkt dregur úr hættu á útgjöldum vegna óþarfa athugana.

Eignarhald virkjunarréttar: Vafasamt getur verið að fara út í athuganir á virkjunarkostum þar sem annar aðili hefur þegar aflað sér virkjunarréttar. Þetta á t.d. við ef farið væri út í athuganir á kostum þar sem Landsvirkjun hefur verið veittur virkjunarréttur. Þetta sjónarmið gæti stutt beina aðild Landsvirkjunar að undirbúningsvinnu.

Möguleikar til að hafa áhrif á ákvörðun: Líklegt er að aðilar að undirbúningsvinnu hafi öðrum fremur möguleika á að hafa áhrif á með hvaða hætti niðurstöður verði notaðar.

Þátttaka í eignarhaldsfélagi um sæstreng: Í þeirri viðleitni að fjármagna undirbúningsvinnu er mögulegt að takmarka aðgang að eignarhaldsfélagi um sæstrengsframkvæmdir við aðild að undirbúningsvinnu. Þessi réttur gæti verið framseljanlegur í formi sölu á niðurstöðum undirbúningsvinnu.

Aðgangur að niðurstöðum undirbúningsvinnu: Ljóst er að aðgangur að niðurstöðunum er verðmætur í sjálfum sér. Hluti niðurstaða getur haft almennara gildi en að vera einangraður við verkefnið um sæstreng frá Íslandi eða sæstreng yfir höfuð. Þetta á við um allar virkjunarrannsóknir þar sem slíkar athuganir nýtast síðar í meira eða minna mæli.

Væntanlegt markaðsverð á niðurstöðum undirbúningsvinnu: Eins og að framan segir gætu niðurstöður undirbúningsvinnu verið framseljanlegar. Þannig öðlast þær tiltekið markaðsverð og það getur verið ávöxtunarleið út af fyrir sig að taka þátt í fjármögnun undirbúningsvinnu. Áhætta samfara ávöxtun í þessu formi er augljóslega mikil en möguleikar á ávöxtun fjár með þessum hætti geta verið umtalsverðir.

Áhrif fyrirkomulagsins á möguleika til fjármögnunar verkefnisins og til að koma verkefninu í framkvæmd: Lagaleg staða aðila í samstarfi um undirbúning framkvæmda getur haft áhrif á möguleika til fjármögnunar verkefnisins. Hér er meðal annars um að ræða eignarrétt á niðurstöðum athugana. Óljós lagaleg atriði geta spillt fyrir möguleikum á að koma verkefninu í framkvæmd reynist niðurstöður jákvæðar.

Af þessum atriðum er ljóst hversu mikilvægt skipulag undirbúningsvinnu er. Formfesta í samskiptum og samstarfi er mikilvæg en svigrúm til að bregðast við bæði jákvæðum og neikvæðum niðurstöðum skiptir einnig miklu máli.

Finna þarf heppilegt form fyrir þessa undirbúningsvinnu með samningum við aðila sem taka vilja þátt í honum. Samstarfsformið þarf að taka mið af hinum ólíku þáttum í undirbúningsvinnunni.

Sú staðreynd að virkjunarrannsóknir geta nýst vegna raforkuöflunar til annarra verkefna en útflutnings um sæstreng þýðir að sá þáttur gæti fallið að þeirri starfsemi sem Orkustofnun og Landsvirkjun hafa þegar með höndum. Jafnframt þarf að huga að hagkvæmni raforkukerfisins í heild en ekki líta á einstakar virkjanir sem einangrað fyrirbæri. Möguleikar á nýtingu raforkunnar til annarra verkefna þýða að meiri líkur eru á að þessi þáttur rannsóknanna skili arði. Í ljósi núverandi fyrirkomulags um orkunýtingu gætu Orkustofnun og Landsvirkjun því annast þennan hlut undirbúningsrannsókna að einhverju leyti. Hvað fjárþörf áhrærir er talið að um sé að ræða um helming fjárþarfar vegna undirbúningsvinnu. Verði af sæstrengsframkvæmdum gætu ríkið og Landsvirkjun selt aðstandendum framkvæmdanna niðurstöður rannsókna sinna á tilteknum virkjunarkostum, eða hugsanlega lagt þær fram sem hlutafjárframlag í sæstrengsfyrirtækið. Rannsóknir sem eru beint tengdar sjálfum sæstrengnum munu ekki skila arði nema af lagningu hans verði.

Til að vinna að undirbúningnum gæti verið heppilegt að stofna undirbúningsfélag. Aðilar að slíku félagi gætu jafnvel verið fyrirtæki utan raforkugeirans svo fremi sem ekki sé talin hætta á hagsmunaárekstrum. Þátttaka fyrirtækja í raforkugeiranum er þó hiklaust æskileg vegna þekkingar á málefninu og þeim áhrifum sem aðilar geta haft á framgang málsins.

Eðlilegt er að aðstandendur undirbúningsfélagsins öðlist rétt til þátttöku í félagi um sæstreng og virkjanir í samræmi við framlag sitt til undirbúningsins. Þennan rétt mætti gera framseljanlegan þannig að þeir aðilar að undirbúningsfélagi sem ekki hefðu áhuga á áframhaldandi þátttöku gætu selt rétt sinn til áhugasamra aðila.

17. Stefna um útflutning raforku um sæstreng.

Stefnumótun af Íslands hálfu um útflutning raforku um sæstreng þarf meðal annars að taka mið af eftirfarandi atriðum:

1. Forathuganir benda til þess að útflutningur raforku um sæstreng sé tæknilega fær leið til að nýta orkulindir Íslands. Þess vegna er mikilvægt að kanna vandlega hvort slíkur útflutningur þjóni íslenskum hagsmunum, skili viðunandi arði í samanburði við aðra fjárfestingarkosti og hvort samstaða náist um að nýta orkulindirnar á þennan hátt.

2. Útflutningur raforku um sæsteng er svo umfangsmikið verkefni að leita þarf nýrra leiða um eignarhald á virkjunum og sæstreng. Aðild traustra, erlendra aðila virðist nauðsynleg forsenda þess að ráðist verði í verkefnið.

3. Gjald fyrir virkjunarrétt - virkjunarleyfi - virðist vera heppilegur farvegur til að tryggja tekjur íslenska þjóðarbúsins af útflutningi orku um sæstreng. Til að treysta grundvöll slíks gjalds er nauðsynlegt að setja löggjöf um eignarrétt á orkulindum þjóðarinnar - fallvatna og háhitasvæða.

4. Tenging með sæstreng við raforkukerfi annarra þjóða myndi meðal annars auka öryggi í orkubúskap landsins og stuðla að betri nýtingu innlendra orkuvera.

5. Undirbúningskostnaður er svo mikill að leita þarf eftir þátttöku erlendra samstarfsaðila til þess að taka þátt í honum, m.a. með stofnun sérstaks undirbúningsfélags.

6. Hérlendir aðilar að undirbúningsfélagi yrðu iðnaðarráðuneyti, Landsvirkjun og markaðsskrifstofa þeirra. Leitað yrði eftir þátttöku evrópskra orkufyrirtækja, Evrópubandalagsins og annarra áhugasamra aðila um þessar framkvæmdir, þar á meðal framleiðenda búnaðar.

7. Meta þarf þær athuganir sem þegar hafa verið gerðar á vegum iðnaðarráðuneytisins, Landsvirkjunar, Markaðsskrifstofunnar og annarra opinberra stofnana sem framlag til undirbúningsfélags.

8. Þátttaka í undirbúningsfélagi myndi með fyrirfram umsömdum hætti skapa rétt til þátttöku í sæstrengsfyrirtæki ef úr því verður.

9. Með markvissum undirbúningi og skipulagi á virkjun orkulindanna verði dregið úr áhrifum framkvæmda á umhverfið eins og kostur er. Fram fari vandað umhverfismat á verkefninu í heild þar sem einnig verði tekið tillit til áhrifa raforkuinnflutnings á umhverfi í öðrum löndum, þar með talin áhrif sem koma öllum jarðarbúum að gagni.

10. Víðtæk kynning fari tímanlega fram á virkjunaráformum einkum meðal íbúa þeirra landshluta þar sem virkjunum og mannvirkjum þeim tengd er ætlaður staður.

11. Mörg rök mæla með því að sæstrengsfyrirtækið - eignarhaldsfélagið - eigi heimili utan Íslands. Ekki er ástæða til að nýta lánstraust Íslands vegna þessara framkvæmda nema að mjög takmörkuðu leyti.

12. Á vegum iðnaðarráðuneytisins verði hafist handa um nauðsynlegan undirbúning vegna stofnunar undirbúningsfélags um útflutning raforku.

Viðauki

Nokkrum vatnsafls- og jarðgufuvirkjunum raðað eftir stofnkostnaði á orkueiningu

Orkuver:	*Orkugeta*	*Kostnaður*	*Kr/kWh/a*
Stækkun Blöndulóns	155	172	1,1
Nesjavellir 1	180	934	5,2
Nesjavellir 2	180	1 417	7,9
Búrfell+Kvíslaveita+Þórisvatn	610	6 504	10,7
FDV+Hraunavirkjun	3 170	35 870	11,3
FDV2	4 000	45 678	11,4
Arnardv+Brúarv	4 175	50 492	12,1
Vatnsfell [1)]	940	12 708	13,5
Sultartangi	900	12 489	13,9
Efri-Þjórsárv Sigalda Hrauneyjarfoss	890	12 378	13,9
Búðarháls [1)]	730	10 448	14,3
Hraunavirkjun	1 950	28 454	14,6
Efri-ÞJ. veitur að vestan	176	2 627	14,9
Urriðafoss	930	13 889	14,9
Bjarnarflag	120	1 800	15,0
Merkigil	1 200	18 183	15,2
FDV	1 325	20 408	15,4
Villinganes	600	9 686	16,1
Efri-Þjórsá	1 340	22 132	16,5
Jarðgufuvirkjun	120	2 000	16,7
Síðuvötn	1 500	26 000	17,3
Efri-Hvítá	800	14 000	17,5
Markarfljót	900	16 000	17,8
Gláma	450	9 160	20,4

[1)] Miðað við að Efri-Þjórsá sé veitt í Þórisvatn

1196. Svar [495. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um sambýli fyrir geðfatlaða.

Hvað líður uppbyggingu sambýla fyrir geðfatlaða?

Eins og kunnugt er tóku ný lög um málefni fatlaðra gildi 1. september 1992. Í lögunum eru tekin af tvímæli um rétt geðfatlaðra til þjónustu en eldri lög þóttu ekki tryggja þennan rétt með afgerandi hætti. Jafnframt er kveðið á um sérstakt átak í uppbyggingu þjónustu í þágu geðfatlaðra, sbr. ákvæði um Framkvæmdasjóð fatlaðra í lögunum.

Frá gildistöku hinna nýju laga hafa svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra sérstaklega látið málefni geðfatlaðra til sín taka. Fyrst í stað hefur vinna á þeirra vegum yfirleitt beinst að því að afla gagna um þjónustuþörf geðfatlaðra á svæðunum jafnframt því sem skrifstofurnar hafa undirbúið það sérstaklega að veita þessum hópi fatlaðra þjónustu með því að afla sér nauðsynlegrar fræðslu og þekkingar.

Sérstaklega er spurt um uppbyggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Sambýli eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra einn valkostur í búsetuúrræðum þeirra. Nú eru starfrækt tvö sambýli fyrir geðfatlaða samkvæmt lögunum, annað á Akureyri en hitt í Reykjavík. Ljóst er að þörf er á að fjölga sambýlum. Hins vegar er ekki síður þörf fyrir annars konar búsetuúrræði fyrir geðfatlaða og er þá einkum átt við félagslegar íbúðir með nauðsynlegri stoðþjónustu (heimaþjónustu og liðveislu). Ný viðhorf í málefnum fatlaðra hafa einkum falist í áherslu á síðastnefnda atriðið svo sem sjá má í hinum nýju lögum, sbr. ákvæði laganna um húsnæðismál og Framkvæmdasjóð. Af þeim ástæðum hefur af hálfu félagsmálaráðuneytisins verið lögð meginhersla á að kanna hvort ekki sé unnt að ná mestum árangri með sérstöku átaki í uppbyggingu félagslegra íbúða fyrir geðfatlaða ásamt stoðþjónustu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að taka höndum saman við sveitarfélög við framkvæmdina þar sem þeim er skylt að veita geðfötluðum heimaþjónustu auk þess sem þau eru stærstu framkvæmdaraðilar að byggingu félagslegra íbúða. Í þessu skyni ritaði félagsmálaráðherra borgarstjóranum í Reykjavík bréf 23. nóvember sl. og óskaði eftir samstarfi við Reykjavíkurborg „til þess að bæta úr óöryggi geðfatlaðra viðvíkjandi búsetu þeirra“ eins og segir í bréfinu.

Á fundi með borgarstjóranum í Reykjavík í upphafi þessa árs var ákveðið að fela aðstoðarmanni félagsmálaráðherra ásamt félagsmálastjóranum í Reykjavík að vinna að framhaldi þessa máls. Hafa þeir átt samstarf við svæðisskrifstofu Reykjavíkur í málefnum fatlaðra, landlæknisembættið og Geðhjálp um framkvæmd málsins. Jafnframt hafa átt sér stað viðræður við geðlækna um málið. Þetta undirbúningsstarf er nú á lokastigi. Um er að ræða hugmyndir um að keyptar verði 15–20 íbúðir fyrir geðfatlaða fyrir 25–30 einstaklinga og að Reykjavíkurborg annist heimaþjónustu en frekari liðveisla yrði veitt af svæðisskrifstofu Reykjavíkur. Veitt yrði fjármagn úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til kaupa á íbúðunum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, en íbúðirnar yrðu að öðru leyti fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun. Rétt er að taka fram að stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra hefur yfir að ráða fjárupphæð til að fjármagna fyrirhuguð íbúðakaup þegar ákvarðanir liggja fyrir.

Samkvæmt framansögðu hefur verið ákveðið að leggja mesta áherslu á það búsetuform sem álitið er að henti geðfötluðum best og komi best til móts við þarfir þeirra með hliðsjón af núverandi aðstæðum. Engu að síður verður leitast við að koma á fót fleiri sambýlum fyrir geðfatlaða eftir því sem fé fæst til á fjárlögum.

1197. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá fjármálaráðuneyti Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra og Snorra Olsen deildarstjóra.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar telur að mál þetta þurfi að taka upp í víðara samhengi, sbr. frumvarp til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl., 321. mál, sem fjárlaganefnd vísaði til nefndarinnar til umfjöllunar. 1. minni hlutinn hvetur ríkisstjórnina til þess að taka mið af ákvæðum frumvarpsins við undirbúning fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir næsta ár og að þessi ákvæði eða önnur sambærileg verði lögfest á komandi hausti. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Guðjón Guðmundsson.

Sólveig Pétursdóttir.

1198. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir þær umsagnir sem borist hafa. Eru þær allar jákvæðar. 2. minni hluti nefndarinnar telur afar brýnt að nú þegar séu sett í lög ákvæði um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda. Ekki er ástæða til að bíða eftir að botn fáist í þá vinnu sem farið hefur fram á vegum fjárlaganefndar um málið.

Annar minni hluti leggur því til að málið verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1993.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór Ásgrímsson.

1199. Frumvarp til laga [596. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1975, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93.)

1. gr.

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal 0,09% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu. Skal gjaldstofn þess vera velta, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts svo og tekjuútsvars ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

b. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., og orðast svo:

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer 200–499 í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar: 848 Hugbúnaðarþjónusta; 865 Rakarastofur; 866 Hárgreiðslu- og snyrtistofur; 867 Ljósmyndastofur.

Undanþegin gjaldinu er eftirfarandi starfsemi:

— Fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

— Fiskiðnaður, atvinnugreinanúmer 203, 204, 312, 313, 314; Slátrun- og kjötiðnaður, atvinnugreinanúmer 201; Mjólkuriðnaður, atvinnugreinanúmer 202, sbr. atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

c. 2. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðast svo:

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal skipta að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna eða þær renna óskiptar til félags sem myndað verður með samruna þessara samtaka. Félögin ráðstafa tekjunum til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Þau skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

d. 3. gr. laganna, sem verður 4. gr., orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994 og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald samkvæmt þeim árið 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

Iðnaðarmálagjaldið lækkar í 0,06% árið 1996 á gjaldstofn ársins 1995 og lækkar í 0,03% árið 1997 á gjaldstofn ársins 1996.

Iðnaðarmálagjald skal leggja á í síðasta sinn árið 1997 á gjaldstofn ársins 1996. Eftir það falla lögin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er að gera breytingar á lögum um iðnaðarmálagjald vegna þess að aðstöðugjald hefur verið fellt niður og einnig stendur til að breyta rekstrarformi Iðnlánasjóðs og fella niður iðnlánasjóðsgjald.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem greiða gjaldið verði þeir sömu og hingað til, að því undanskildu að lagt er til að hugbúnaðarþjónusta eða hugbúnaðariðnaður falli undir iðnað í skilningi laganna.

Helstu breytingar, sem felast í frumvarpinu, eru þessar:

Gjaldstofninn verður nú velta, sbr. skilgreiningu 11. og 12. gr. laga um virðisaukaskatt, í stað gamla aðstöðugjaldsstofnsins.

Gjaldhlutfallið verður 0,09%. Þetta hlutfall tryggir svipaðar tekjur af þessu gjaldi og verið hefur undanfarin ár.

Þar sem Sölustofnun lagmetis hefur verið lögð niður og Samband íslenskra samvinnufélaga hefur ekki lengur með höndum neinn iðnrekstur geta þessir aðilar ekki verið viðtakendur iðnaðarmálagjalds.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarmálagjaldið lækki í áföngum. Fyrst úr 0,09% í 0,06% árið 1996 og úr 0,06% í 0,03% árið 1997. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarmálagjaldið verði innheimt í síðasta sinn árið 1997 og verði eftir það úr sögunni.

Forsenda þess að iðnaðarmálagjaldið lækki í áföngum og falli að lokum brott er að frumvarp til laga um Íslenska fjárfestingarbankann hf. nái fram að ganga, enda er þetta frumvarp lagt fram í tengslum við frumvarpið um ÍFB.

Fylgiskjal.

Iðnaður.

Byggt á atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

30 Fiskiðnaður
203 Frysting, söltun og hersla
204 Síldarsöltun
312 Hvalvinnsla
313 Lifrarbræðsla, lýsishreinsun og -hersla
314 Síldar- og fiskmjölsvinnsla

31 Matvælaiðnaður annar en fiskiðnaður
201 Slátrun og kjötiðnaður
202 Mjólkuriðnaður
205 Niðursuða, niðurlagning o.fl.
206 Brauð- og kökugerð
207 Kexgerð
208 Sælgætisgerð

209 Annar matvælaiðnaður
211 Áfengisiðnaður
213 Öl- og gosdrykkjagerð
220 Tóbaksiðnaður

32 Vefjariðnaður, skó- og fatagerð, sútun o.fl.
231 Ullarþvottur, spuni og vefnaður
232 Prjónavöruframleiðsla
233 Veiðarfæraiðnaður
239 Spunavöruiðnaður ót. a.
241 Skógerð önnur en gúmmískógerð
243 Fatagerð
244 Framleiðsla á öðrum vefnaðarvörum
291 Sútun og önnur verkun skinna
293 Leðurvörugerð

33 Trjávöruiðnaður
252–259 Ýmis trjávöruiðnaður
261 Húsgagnagerð, innréttingasmíði o.fl.

34 Pappírsiðnaður
272 Pappa- og pappírsvörugerð
281–284 Prentun blaðaútgáfa o.fl.

35 Efnaiðnaður
311 Kemískur undirstöðuiðnaður
315 Málningar-, lakk- og límgerð
319 Sápu- og þvottaefnagerð
329 Asfalt- og tjörupappagerð
398 Plastvöruiðnaður ót. a.

36 Steinefnaiðnaður
332 Gleriðnaður, þar með talin speglagerð
333 Leirsmíði, postulínsiðnaður
334 Sementsgerð
335 Grjót-, malar- og sandnám
336 Saltvinnsla, sjóefnavinnsla
339 Steinsteypugerð og annar steinefnaiðnaður

37 Ál- og kísiljárnsframleiðsla
341 Kísiljárnframleiðsla
342 Álframleiðsla

38 Málmsmíði, vélaviðgerðir, skipasmíðar og -viðgerðir
350 Málmsmíði, vélaviðgerðir
381 Skipasmíði, skipaviðgerðir

39 Ýmis iðnaður og viðgerðir
386 Flugvélaviðgerðir
389 Önnur flutningatækjagerð og viðgerðir
391 Smíði og viðgerðir mælitækja
394 Skartvörugerð, góðmálmasmíði
395 Smíði og viðgerðir hljóðfæra
397 Burstagerð o.fl.
399 Iðnaður ót. a.

50 Byggingarstarfsemi
410 Bygging og viðgerð mannvirkja
420 Byggingarstarfsemi einkaaðila í eigin þágu
425 Eigin vinna húsbyggjenda og bænda vegna nýframkvæmda
431 Vega- og brúargerð opinberra aðila
432 Hafnar- og vitaframkvæmdir opinberra aðila
433 Raforkuvera- og raforkuframkvæmdir
434 Símaframkvæmdir
438 Starfsemi Viðlagasjóðs
439 Önnur byggingarstarfsemi opinberra aðila
450 Unglingavinna sveitarfélaga
490 Starfsemi ræktunarsambanda o.fl.
491 Húsasmíði
492 Húsamálun
493 Múrun
494 Pípulagning
495 Rafvirkjun
496 Veggfóðrun, gólfdúkalagning
497 Teppalögn o.fl.

Ýmis annar iðnaður.
242 Skóviðgerðir
300 Gúmvörugerð, hjólbarðaviðgerðir
370 Smíði og viðgerð raftækja
383 Bílaviðgerðir o.fl.
385 Reiðhjólaviðgerðir
393 Úra- og klukkuviðgerðir
848 Hugbúnaðarþjónusta
865 Rakarastofur
866 Hárgreiðslu- og snyrtistofur
867 Ljósmyndastofur.

1200. Þingsályktun [160. mál]

um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innan lands.

1201. Þingsályktun [352. mál]

um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.

1202. Frumvarp til laga [444. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Dani, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1965 í Marokkó.
2. Andri Lars Guðmundsson, barn í Reykjavík, f. 5. júlí 1992 í Reykjavík.
3. Anna María Guðmundsdóttir, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. janúar 1956 á Sauðárkróki.
4. Antun, Lucic, fiskvinnslumaður á Djúpavogi, f. 3. ágúst 1949 í Júgóslavíu.
5. Arnar Gunnlaugsson, verkamaður í Keflavík, f. 28. desember 1948 í Reykjavík.
6. Biondani, Sarah, yfirkennari í Reykjavík, f. 15. júlí 1948 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
7. Bonilla, Victor, aðstoðarprentari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1968 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Bradley, Sean Aloysius, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1957 á Írlandi. Fær réttinn 23. september 1993.
9. Caballa, Maria Lourdes, saumakona í Reykjavík, f. 30. júní 1956 á Filippseyjum.
10. Cabero, Grisel Urquieta, nemi á Seltjarnarnesi, f. 28. júní 1961 í Bólivíu.
11. Cariglia, John Julius, nemi á Akureyri, f. 14. ágúst 1974 á Akureyri.
12. Cariglia, Nicholas John, læknir á Akureyri, f. 6. desember 1946 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

13. Cisneros, Evangeline Rodrigo, verkakona á Akureyri, f. 5. febrúar 1951 á Filippseyjum.
14. Cupal, Concordia Hinampas, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1945 á Filippseyjum.
15. Deriveau, Marie Nicole Antoinette Lizin, skelvinnslukona í Stykkishólmi, f. 2. mars 1944 í Zaire.
16. Dervic, Izudin, knattspyrnuþjálfari í Hafnarfirði, f. 22. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
17. Dicdican, Emiliana Apostol, húsmóðir á Djúpavogi, f. 8. ágúst 1958 á Filippseyjum.
18. El Asri, Mohamed, fiskvinnslumaður í Reykjavík, f. 8. mars 1967 í Marokkó. Fær réttinn 17. september 1993.
19. Faber, Berta Lucille, kennari í Hafnarfirði, f. 21. september 1962 í Saudi-Arabíu.
20. Fei, Hou Xiao, íþróttaþjálfari í Reykjavík, f. 26. nóvember 1956 í Kína.
21. Gala, Domenico, verkamaður í Hafnarfirði, f. 13. október 1965 á Ítalíu.
22. Gao, Li, verkakona í Kópavogi, f. 1. desember 1957 í Kína.
23. Garcia, Genaida Talledo, verkakona í Reykjavík, f. 3. apríl 1959 á Filippseyjum. Fær réttinn 7. júlí 1993.
24. Gledhill, Margrét, talsímavörður í Reykjavík, f. 29. nóvember 1966 í Englandi.
25. Grigory Reimarsson, verkamaður í Borgarnesi, f. 13. febrúar 1971 í fyrrum Sovétríkjunum.
26. Guðrún Dalia Salómonsdóttir, barn í Reykjavík, f. 8. janúar 1981 í Reykjavík.
27. Hansen, Annette Marie, verkakona á Akureyri, f. 27. september 1968 á Akureyri.
28. Hassan, Mohammed Sameh, þjónn í Keflavík, f. 25. mars 1965 í Egyptalandi.
29. Huntingdon-Williams, Martin Edward, arkitekt í Reykjavík, f. 13. júlí 1955 í Englandi.
30. Jarotram, Kanlaya, verkakona í Hveragerði, f. 30. nóvember 1966 í Tælandi.
31. Jerman, Stanko, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 12. október 1951 í Júgóslavíu.
32. Jimma, Mamo Dabaly Huru, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. 9. október 1962 í Kenýa.
33. Juul, Jancy Jutta, húsmóðir á Hvammstanga, f. 25. ágúst 1944 í Færeyjum.
34. Kader, Metin, hótelstarfsmaður í Reykjavík, f. 18. janúar 1961 í Tyrklandi. Fær réttinn 7. september 1993.
35. Kawy, Mahdia Mohamed Abdel, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. ágúst 1946 í Egyptalandi.
36. Kemtiko, Gertraude Maria, fóstra á Seltjarnarnesi, f. 20. nóvember 1936 í Austurríki.
37. Knowles, Roy David, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 3. júlí 1958 í Englandi.
38. Kolandavelu, Suresh Samuel Madhukar, vélvirki í Reykjavík, f. 10. febrúar 1954 á Indlandi.
39. Kostic, Luca, íþróttaleiðbeinandi á Akranesi, f. 12. september 1958 í Júgóslavíu.
40. Kostic, Svetlana, húsmóðir á Akranesi, f. 5. febrúar 1963 í Júgóslavíu.
41. Kristín Ragnhild Ragnvaldsdóttir, nemi í Kópavogi, f. 5. maí 1969 í Reykjavík.
42. Kristjánsson, Linda Karen, nemi í Reykjavík, f. 19. október 1960 í Kanada.
43. Legaspi, Maria Meriam Gerarman, verkakona á Akureyri, f. 21. ágúst 1957 á Filippseyjum.
44. Maguire, Anna Catherine, tónlistarkona í Reykjavík, f. 28. desember 1959 í Englandi. Fær réttinn 23. september 1993.

45. Martino, Anthony, sölumaður í Reykjavík, f. 21. júlí 1945 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
46. McCormick, Charles Edwin, vélamaður í Njarðvík, f. 26. nóvember 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
47. Munoz, Marietta Calma, iðnverkakona á Akureyri, f. 27. október 1961 á Filippseyjum.
48. Niclasen, Ása Thurid, húsmóðir í Grindavík, f. 7. apríl 1943 í Færeyjum.
49. Nielsen, Fryolf Arvid Vilfred, verkstjóri á Eyrarbakka, f. 13. apríl 1933 í Færeyjum.
50. Nielsen, Jens Jørgen Fischer, lyfjafræðingur í Reykjavík, f. 1. janúar 1917 í Danmörku.
51. Palmero, Juan Francisco Valencia, verkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1960 á Spáni.
52. Passaro, Leno Hreiðar, sjómaður á Siglufirði, f. 22. nóvember 1972 í Englandi.
53. Passaro, Renzo Gustav, nemi á Siglufirði, f. 2. janúar 1976 í Englandi.
54. Patterson, Gordon Herbert Matthew, vélvirki í Vogum, f. 30. desember 1957 í Skotlandi.
55. Paulsen, Eyrún Petrina, hárgreiðslukona í Hafnarfirði, f. 8. febrúar 1946 í Hafnarfirði.
56. Perez, Eva Batulan, verkakona í Ólafsvík, f. 9. nóvember 1965 á Filippseyjum.
57. Piras, Vincenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 17. maí 1964 á Ítalíu.
58. Porca, Salih, knattspyrnumaður í Reykjavík, f. 30. nóvember 1965 í Júgóslavíu.
59. Poulsen, Ib Georg, næturvörður í Reykjavík, f. 16. mars 1944 í Danmörku.
60. Puawkloom, Ladda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. ágúst 1963 í Tælandi.
61. Puttha, Suphan, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. desember 1962 í Tælandi.
62. Qase, Amal, nemi í Reykjavík, f. 25. desember 1963 í Sómalíu.
63. Qin, Zhang Xiao, líffræðingur á Seltjarnarnesi, f. 3. apríl 1955 í Kína.
64. Sanchez, Gladys Noemi Shedan, verkakona í Reykjavík, f. 22. júlí 1954 í Perú.
65. Scala, Róbert Paul, sjómaður í Reykjavík, f. 29. ágúst 1963 í Reykjavík.
66. Shwaiki, Ibrahim Barakat Salem, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 í Jórdaníu.
67. Si Said, Allaoua, verkamaður í Reykjavík, f. 23. mars 1958 í Frakklandi.
68. Slamnig, Suncana, píanókennari á Egilsstöðum, f. 8. september 1959 í Júgóslavíu.
69. Tassinari, Lorenzo, verkamaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1959 á Ítalíu.
70. Terrazas, Anna Lísa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 13. mars 1969 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
71. Thomsen, Julian Jón, lagermaður í Reykjavík, f. 28. febrúar 1973 í Reykjavík.
72. Truong, My Hoa, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 18. maí 1959 í Víetnam. Fær réttinn 30. september 1993.
73. Valadbigi, Behzad, verkamaður í Reykjavík, f. 16. ágúst 1956 í Íran. Fær réttinn 21. september 1993.
74. Velemir, Slavko, sjómaður á Skagaströnd, f. 1. janúar 1964 í Júgóslavíu.
75. Wardum, Eyðstein, sjómaður í Garðabæ, f. 7. apríl 1965 í Færeyjum.
76. West, David, prestur í Reykjavík, f. 21. júní 1943 á Norður-Írlandi.
77. Wuthitha, Sukalaya, framreiðslukona í Keflavík, f. 8. september 1965 í Tælandi.
78. Yeatman, Bronwen, póstafgreiðslukona á Stöðvarfirði, f. 4. júní 1954 á Nýja-Sjálandi.

79. Zamudio Ayjarí, Redy Luz, leiðsögumaður á Ísafirði, f. 14. október 1961 í Perú.
80. Överby, Gunnar Atli, sjómaður í Reykjavík, f. 26. október 1951 í Noregi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1203. Frumvarp til laga [450. mál]

um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. HLUTI
GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum, sem Ísland hefur gert við önnur ríki og með heimild í lögum þessum, má fullnægja hér á landi eftirtöldum viðurlagaákvörðunum:

a. Ákvörðunum dómstóla um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki með dómi eða annarri úrlausn að lokinni málsmeðferð samkvæmt lögum um réttarfar í sakamálum.
b. Ákvörðunum stjórnvalda um fésektir, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki.

Í samræmi við samninga skv. 1. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort fullnusta á ákvörðunum íslenskra dómstóla um fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna verði falin stjórnvöldum í öðrum ríkjum. Sama gildir um innheimtu sekta, framkvæmd réttindasviptingar eða upptöku eignar samkvæmt lögreglustjórasátt sem sakborningur hefur samþykkt.

2. gr.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970 gilda ákvæði 5.–21., 28.–37. og 40.–42. gr. laga þessara.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um flutning dæmdra manna, frá 21. mars 1983, gilda ákvæði 22.–25., 28.–34., 38. og 40.–42. gr. laga þessara.

Heimilt er að gera tvíhliða eða marghliða samninga við ríki, sem fullgilt hafa samninga skv. 1. eða 2. mgr., um viðbætur við þá til þess að auðvelda framkvæmd meginreglna þeirra.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvernig fari um könnun þess hvort fullnægja megi erlendum viðurlagaákvörðunum hér á landi eða íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis. Ákvæði 26.–34. og 39.–42. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur dómsmálaráðuneytið ákveðið, þótt ekki sé í gildi samningur skv. 1. gr., að fullnægja megi hér á landi samkvæmt lögum þessum viðurlagaákvörðun um sektir, frjálsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna sem íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur hlotið samkvæmt dómi eða annarri ákvörðun dómstóls í öðru ríki. Með sama hætti er heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að ákveða að fullnusta á viðurlagaákvörðun íslensks dómstóls um sektir, frjálsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna, sem maður með ríkisborgararétt eða fasta búsetu í öðru ríki hefur hlotið hér á landi, verði falin stjórnvöldum í því ríki.

Þegar ákveðið er að flytja fullnustu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 4. mgr. 2. gr. eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um fullnustu viðurlaga eða aðrar aðgerðir sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl.

5. gr.

Með evrópskum refsidómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun sem fullnægja má samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Með útivistardómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun skv. 1. mgr. sem tekin er án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögum samkvæmt ákvörðuninni hafi komið sjálfur fyrir dóm við meðferð málsins.

Þegar í lögum þessum er fjallað um viðurlög er, nema annað sé tekið fram, átt við fésektir, frjálsræðissviptingar, réttindasviptingar og upptöku eigna.

2. HLUTI
FULLNUSTA ERLENDRA VIÐURLAGAÁKVARÐANA HÉR Á LANDI
I. KAFLI
Fullnusta evrópskra refsidóma hér á landi.
A. Skilyrði fyrir fullnustu.

6. gr.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsidómi, nema samkvæmt beiðni stjórnvalda í öðru ríki.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsidómi ef:

a. dómurinn er ekki endanlegur eða ef ekki er unnt að fullnægja honum að lögum þess ríkis sem biður um fullnustu,
b. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, er ekki refsiverður að íslenskum lögum eða dómþoli hefði ekki, af öðrum ástæðum en greinir í g-lið 1. mgr. 7. gr., bakað sér refsiábyrgð hér á landi ef verknaðurinn hefði verið framinn hér,
c. dómþoli er ekki búsettur hér á landi nema fullnusta hér auki líkur á félagslegri endurhæfingu hans eða um frjálsræðissviptingarviðurlög sé að ræða sem unnt er að fullnægja í framhaldi af fullnustu annarra slíkra viðurlaga hér á landi eða dómþolinn sé frá Íslandi,

d. fullnusta hér á landi væri andstæð grundvallarreglum íslenskra laga,
e. fullnusta hér á landi væri andstæð þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins,
f. dómur fyrir sama afbrot hefur þegar gengið hér á landi eða sakborningur þegar gengist undir lögreglustjórasátt fyrir það,
g. dómþoli hefur með endanlegum dómi, sem kveðinn hefur verið upp í öðru ríki en því sem biður um fullnustu, verið sýknaður eða dæmdur til viðurlaga fyrir sama verknað sem þegar hefur verið fullnægt eða verið er að fullnægja eða viðurlög hafa fallið niður vegna fyrningar, náðunar eða sakaruppgjafar í því ríki; sama gildir ef dómþoli hefur í slíkum dómi verið sakfelldur en honum ekki gerð sérstök refsing,
h. fullnusta hér á landi væri að öðru leyti andstæð samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

7. gr.

Heimilt er að hafna beiðni um fullnustu á evrópskum refsidómi ef:
a. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, telst stjórnmálaafbrot eða varðar við herlög,
b. gild ástæða er til að ætla að dómur hafi gengið eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða stjórnmálaskoðana dómþola,
c. rannsókn stendur yfir hér á landi vegna verknaðar sem leiddi til viðurlaganna, ákæra hefur verið gefin út, ákveðið hefur verið að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórasátt eða tekin hefur verið ákvörðun um að höfða ekki mál vegna verknaðarins,
d. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, var ekki framinn í því ríki sem biður um fullnustu,
e. ekki er talið unnt að fullnægja viðurlögunum hér á landi,
f. telja má að ríki, sem biður um fullnustu, geti fullnægt viðurlögunum,
g. dómþoli var ekki orðinn 15 ára gamall þegar afbrotið var framið,
h. viðurlög teldust fyrnd ef beitt væri ákvæðum 83. og 83. gr. a almennra hegningarlaga.

Hafi í því ríki, sem biður um fullnustu, verið framkvæmd aðgerð sem rýfur fyrningu samkvæmt lögum þess ríkis skal sú aðgerð hafa sömu áhrif hér á landi þegar metið er hvort h-liður 1. mgr. eigi við.

8. gr.

Ef viðurlög í erlendum dómi eru ákvörðuð fyrir tvö eða fleiri afbrot og eigi er heimilt að fullnægja þeim vegna þeirra allra skal fallist á beiðni varðandi þau afbrot sem heimilt er að fullnægja, enda sé í dómnum eða í beiðni um fullnustu tilgreint hvaða hluti viðurlaganna eigi við um það eða þau afbrot sem fullnægja skilyrðum um fullnustu viðurlaga hér á landi.

B. Könnun á beiðni um fullnustu.

9. gr.

Beiðni um fullnustu erlendrar viðurlagaákvörðunar skal send dómsmálaráðuneytinu.

Telji ráðuneytið augljóst að beiðnin varði ekki evrópskan refsidóm eða að ekki sé heimilt að fullnægja dómnum hér á landi vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. skal þegar hafna beiðninni. Ef um útivistardóm er að ræða skal þó ekki hafna beiðni af þeirri ástæðu einni að hann sé ekki endanlegur.

Dómsmálaráðuneytið kannar hvort hafna beri beiðni vegna ástæðna er greinir í einstökum liðum 1. mgr. 7. gr.

Sé beiðni ekki þegar hafnað skal hún send ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

10. gr.

Ríkissaksóknari leggur málið fyrir héraðsdóm nema annað leiði af 16. eða 19.–21. gr. Ef beiðnin lýtur að upptöku á eignum annars manns en dómþola skal höfðað sérstakt mál gegn þeim manni nema hann hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins í erlenda ríkinu.

Dómþola skal gefinn kostur á að tjá sig um fullnustubeiðni og skal hann yfirheyrður fyrir dómi ef hann óskar þess. Ef dómþoli er sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu skal dómurinn þó, að honum fjarstöddum, meta hvort hafna beri beiðni, sbr. 1. mgr. 11. gr., þótt hann hafi óskað eftir því að koma fyrir dóm.

11. gr.

Í málum, sem lögð eru fyrir héraðsdóm skv. 10. gr., ákveður hann hvort hafna beri beiðni vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. eða b- eða h-liða 1. mgr. 7. gr.

Dómstóllinn metur ekki að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðarins.

12. gr.

Telji dómurinn að heimilt sé að fullnægja viðurlögunum hér á landi ákveður hann, í samræmi við ákvæði 13.–15. gr. laga þessara, ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

Hafi dómurinn metið hvort skilyrði séu til þess að fallast á beiðni að dómþola fjarstöddum, vegna þess að hann var sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu, skal þó ekki ákvarða ný viðurlög fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að koma fyrir dóm.

13. gr.

Hafi frjálsræðissvipting verið dæmd í erlenda dómnum má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en í þeim dómi. Þetta á við þótt frjálsræðissviptingin sé styttri en stysta frjálsræðissvipting sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum.

Séu viðurlögin sektir ákveður dómstóllinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, sektarfjárhæð sem í íslenskum krónum samsvarar þeirri sekt sem dæmd var. Fjárhæðin skal þó ekki fara fram úr þeirri hámarkssektarfjárhæð sem liggur við sambærilegu afbroti samkvæmt íslenskum lögum.

Í stað fésekta samkvæmt erlendri viðurlagaákvörðun má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en fésektir.

14. gr.

Þegar viðurlög eru ákvörðuð skv. 13. gr. skal, að því leyti sem unnt er, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt, þar með talið þess tíma sem dómþoli hefur verið í haldi eða gæsluvarðhaldi vegna afbrotsins í erlenda ríkinu eða hér á landi. Að teknu tilliti til þessa tíma er heimilt að ákveða vægari viðurlög en ella yrðu ákveðin fyrir afbrotið eða að viðurlög verði að öllu leyti felld niður.

15. gr.

Hafi tiltekin fjárhæð eða verðmæti verið gerð upptæk í erlenda dómnum ákveður dómurinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Ef upptæka fjárhæðin er hærri en sú fjárhæð sem gerð yrði upptæk samkvæmt íslenskum lögum ef málið væri rekið hér á landi skal dómurinn lækka fjárhæðina til samræmis við réttarframkvæmd hér á landi.

Hafi munur verið gerður upptækur í erlenda dómnum skal hann því aðeins gerður upptækur hér að íslensk lög heimili slíka eignaupptöku vegna sambærilegs afbrots.

Ef upptaka bitnar á öðrum manni en dómþola skal dómurinn því aðeins taka ákvörðun um upptöku að hún væri heimil samkvæmt íslenskum lögum ef málið hefði verið rekið fyrir dómstólum hér á landi.

16. gr.

Varði beiðni eingöngu innheimtu sekta eða upptöku eigna er ríkissaksóknara heimilt, í stað þess að leggja málið fyrir dóm skv. 10. gr., að kanna sjálfur skilyrði þess að fullnægja megi ákvörðun hér á landi og gefa dómþola kost á að ljúka málinu að hætti 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fallist dómþoli ekki á þessa málsmeðferð leggur ríkissaksóknari málið fyrir dóm skv. 1. mgr. 10. gr.

C. Þvingunaraðgerðir.

17. gr.

Hafi ríki, sem fullgilt hefur samninginn um alþjóðlegt gildi refsidóma, beðið um fullnustu viðurlaga getur ríkissaksóknari ákveðið að dómþoli skuli handtekinn og lagt fyrir dóm beiðni um að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Sama gildir ef ríki hefur tilkynnt dómsmálaráðuneytinu að það ætli að biðja um fullnustu viðurlaga og óskað eftir að dómþoli verði handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Skilyrði þess að heimilt sé að handtaka dómþola og úrskurða hann í gæsluvarðhald eru:

a. að verknaðurinn sem hann er dæmdur fyrir geti að íslenskum lögum varðað þyngri refsingu en 1 árs fangelsi og
b. að ástæða sé til að ætla að hann hyggist koma sér undan fullnustu viðurlaganna eða, ef um útivistardóm er að ræða, að óttast megi að hann spilli sakargögnum.

Í stað gæsluvarðhalds getur ríkissaksóknari lagt fyrir dóm beiðni um að úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála verði beitt. Heimilt er að beita þeim úrræðum þótt viðurlög við broti að íslenskum lögum séu vægari en um getur í a-lið 2. mgr.

Heimilt er óháð eðli brots og viðurlögum að handtaka og úrskurða dómþola í gæsluvarðhald eða beita hann úrræðum skv. 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef hann hefur ekki fasta búsetu hér á landi og ástæða er til að ætla að hann muni yfirgefa landið til að komast undan fullnustu viðurlaganna.

Gæsluvarðhaldi skal ljúka í síðasta lagi þegar samanlagður gæsluvarðhaldstími hér á landi og sá tími, sem dómþoli hefur verið í haldi erlendis, er orðinn jafnlangur og sá tími sem hann var dæmdur til frjálsræðissviptingar samkvæmt erlenda dómnum. Þegar dómþoli er úrskurðaður í gæsluvarðhald áður en beiðni um fullnustu berst skal hann látinn laus þegar hann hefur verið í haldi í 18 daga og beiðni um fullnustu hefur ekki borist innan þess tíma.

18. gr.

Hafi verið beðið um fullnustu á evrópskum refsidómi er heimilt að leggja hald á eign sem gerð er upptæk samkvæmt honum ef heimilt væri að leggja hald á eignina samkvæmt íslenskum lögum væri málið rekið hér á landi. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um haldlagningu. Ákvæði X. kafla laga um meðferð opinberra mála um tryggingarráðstafanir eiga við um fullnustu evrópskra refsidóma.

D. Sérákvæði um útivistardóma.

19. gr.

Þegar ríkissaksóknara er send til meðferðar beiðni um fullnustu á útivistardómi skal hann annast um að dómþola verði tilkynnt um dóminn og fullnustubeiðni og að honum verði bent á að hann geti innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar gert kröfu til ríkissaksóknara um endurupptöku málsins. Setji dómþoli ekki fram slíka kröfu skal með málið farið samkvæmt ákvæðum 10.–16. gr.

Krefjist dómþoli innan tilskilins frests að málið verði endurupptekið af viðkomandi dómstóli í erlenda ríkinu endursendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu gögn málsins sem endursendir gögnin til stjórnvalda í erlenda ríkinu og tilkynnir þeim um kröfuna.

Krefjist dómþoli þess að með málið verði farið fyrir íslenskum dómstóli eða krefjist hann endurupptöku máls án þess að tilgreina hvar hann óski að með málið verði farið leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm sem metur hvort taka eigi málið upp að nýju.

20. gr.

Þegar krafa skv. 3. mgr. 19. gr. berst héraðsdómi gefur dómurinn út fyrirkall til dómþola um að mæta við þinghald í málinu. Án samþykkis dómþola má þinghald ekki fara fram fyrr en liðnir eru 21 dagur frá því að honum var birt fyrirkallið.

Mæti dómþoli ekki enda þótt honum hafi verið birt fyrirkall eða telji dómurinn af öðrum ástæðum ekki rök til endurupptöku málsins skal kröfu dómþola hafnað. Þegar slík ákvörðun er orðin endanleg skal farið með málið í samræmi við 10.–16. gr.

Ef dómurinn verður við kröfu um endurupptöku er honum heimilt að meta skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðar, svo og beiðni um fullnustu útivistardóms, þótt ekki væri unnt að höfða mál vegna hans hér á landi vegna ákvæða almennra hegningarlaga um refsilögsögu eða aðeins mætti höfða það samkvæmt sérstökum fyrirmælum dómsmálaráðherra eða annarra aðila og án þess að tekið sé tillit til ákvæða almennra hegningarlaga um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Skilyrði refsiábyrgðar skulu metin samkvæmt íslenskum lögum með sama hætti og ef sambærilegt afbrot væri framið hér á landi. Rannsókn og aðrar aðgerðir, vegna málsmeðferðar erlendis samkvæmt lögum þess ríkis, skulu viðurkenndar þannig að þær hafi sama gildi og þær hefðu farið fram hér á landi. Slíkum aðgerðum skal þó ekki veitt víðtækara gildi en þær höfðu samkvæmt lögum í erlenda ríkinu.

21. gr.

Endurupptaki dómstóll í erlenda ríkinu mál skv. 19. gr., að kröfu dómþola, fellur beiðni um fullnustu viðurlaganna niður. Hafni erlendi dómstóllinn því að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný og sé slík ákvörðun endanleg skal með málið farið skv. 10.–16. gr.

II. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

22. gr.

Heimilt er að fullnægja hér á landi viðurlögum sem fela í sér frjálsræðissviptingu og hafa verið dæmd eða ákvörðuð á annan hátt af dómstóli vegna refsiverðs verknaðar í ríki sem fullgilt hefur samninginn um flutning dæmdra manna, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi,
b. að dómþoli hafi samþykkt að viðurlögum verði fullnægt hér á landi,
c. að verknaðurinn, sem viðurlögin voru dæmd fyrir, sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum,
d. að eftir sé að fullnægja a.m.k. 6 mánuðum af viðurlagatíma þegar beðið er um fullnustu hér á landi eða sérstakar ástæður mæli með að fullnusta verði flutt hingað til lands,
e. að dómurinn sé endanlegur.

Að uppfylltum öðrum skilyrðum en d-liðar 1. mgr. er heimilt að fullnægja hér á landi ótímabundnum viðurlögum.

Beiðni erlendra stjórnvalda um fullnustu hér á landi skal send dómsmálaráðuneytinu sem kannar hvort skilyrði séu til þess að verða við henni.

Dómsmálaráðuneytið getur einnig óskað eftir því við erlent ríki að fullnusta fari fram hér á landi.

23. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlögum skv. 1. mgr. 22. gr. skal annaðhvort:

a. halda áfram að fullnægja erlendu viðurlögunum eða
b. breyta viðurlögunum þannig að í stað viðurlagaákvörðunar erlenda dómsins verði ákvörðuð ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

Dómsmálaráðuneytið ákveður í hverju tilviki hvort viðurlögum verði fullnægt hér skv. a- eða b-lið 1. mgr.

24. gr.

Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. a-lið 1. mgr. 23. gr. skal fullnægja viðurlögunum án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot.

Dómsmálaráðuneytið skal breyta viðurlögunum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Ekki skal breyta tímalengd viðurlaganna nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

25. gr.

Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. felur dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara að leggja málið fyrir héraðsdóm til ákvörðunar á nýjum viðurlögum í stað hinna erlendu.

Þegar ný viðurlög eru ákvörðuð skal:

a. ekki meta að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsiábyrgðar vegna verknaðarins,
b. ekki breyta viðurlögum, sem fela í sér frjálsræðissviptingu, í fjárhagsleg viðurlög,
c. miða við þau viðurlög sem yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum,
d. ekki ákvarða þyngri viðurlög en í erlendu viðurlagaákvörðuninni þótt þau séu vægari en vægustu viðurlög sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot að íslenskum lögum,
e. láta að fullu koma til frádráttar þann hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt.

Sé dómþoli fluttur hingað til lands áður en viðurlög eru ákvörðuð samkvæmt þessari grein er heimilt og skal að jafnaði úrskurða hann í gæsluvarðhald þar til endanlegur dómur liggur fyrir. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru hans.

III. KAFLI
Fullnusta annarra erlendra viðurlagaákvarðana hér á landi.

26. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðunum samkvæmt heimild í 4. mgr. 2. gr. getur dómsmálaráðuneytið, á grundvelli samkomulags við annað ríki, ákveðið hvernig ákvæðum I. og IV. kafla eða II. og IV. kafla 2. hluta laga þessara skuli beitt í samskiptum Íslands og hlutaðeigandi ríkis enda þótt í slíkri ákvörðun felist frávik frá ákvæðum þessara kafla laganna.

27. gr.

Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðun skv. 3. gr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort ný viðurlög skuli ákvörðuð hér á landi. Þegar það er gert ákveður ráðuneytið jafnframt hvort mál skuli lagt fyrir dóm skv. I. eða II. kafla 2. hluta laganna. Í slíkum tilvikum gilda almenn ákvæði þessara kafla um það hvernig ákvarða skuli ný viðurlög.

Þegar ekki eru ákvörðuð ný viðurlög skal dómsmálaráðuneytið breyta viðurlögunum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Viðurlögunum skal fullnægt án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot. Þegar um frjálsræðissviptingu er að ræða skal ekki breyta tímalengd hennar nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

Innheimta má sektir þótt sektarfjárhæð sé hærri en hæstu sektir sem dæmdar yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot. Það sama gildir um upptöku eigna.

Ekki er heimilt að fullnægja viðurlögum samkvæmt þessari grein á þann hátt að þau verði talin þyngri en viðurlögin sem voru dæmd eða ákvörðuð í erlenda ríkinu. Við ákvörðun á viðurlögum skal, að því leyti sem unnt er og í samræmi við samkomulag við hlutaðeigandi erlent ríki, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt í erlenda ríkinu. Þegar um frjálsræðissviptingu er að ræða skal taka tillit til þess hluta hennar sem þegar hefur verið fullnægt og þess tíma sem dómþoli var í haldi eða gæsluvarðhaldi í erlenda ríkinu eða hér á landi vegna afbrotsins.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

28. gr.

Lög um meðferð opinberra mála gilda um varnarþing, meðferð mála, beitingu þvingunarúrræða, kæru og áfrýjun eftir því sem við getur átt, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Fullnusta viðurlaga, sem fer fram hér á landi samkvæmt lögum þess, skal framkvæmd í samræmi við almennar reglur íslenskra laga um fullnustu sambærilegra viðurlaga hér á landi nema annað sé ákveðið í lögum þessum eða samningum við erlend ríki.

29. gr.

Þegar ríkissaksóknari leggur mál fyrir héraðsdóm til þess að meta hvort fullnægja megi erlendri viðurlagaákvörðun hér á landi eða til þess að ákvarða ný viðurlög skal það gert án þess að gefin sé út ákæra í málinu.

Héraðsdómur tekur ákvörðun í málinu með dómi.

30. gr.

Nú er dómþoli sviptur frelsi í erlenda ríkinu á þeim tíma er hann er fluttur til Íslands til þess að fullnægja megi viðurlögum sem dæmd eða ákvörðuð hafa verið í erlenda ríkinu og er þá ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi vegna fullnustu viðurlaga né skerða frelsi hans á annan hátt vegna annars afbrots en þess sem beiðnin um fullnustu lýtur að og framið var áður en hann var fluttur hingað til lands nema stjórnvöld í erlenda ríkinu hafi samþykkt það eða dómþoli hafi samfellt í 45 daga átt þess kost að yfirgefa Ísland en ekki gert það eða komið hingað til lands á ný eftir að hafa yfirgefið landið.

Ákvæði 1. mgr. skulu þó eigi hindra að hann verði sendur úr landi, honum vísað brott eða að gerðar verði ráðstafanir til að rjúfa fyrningu sakar.

31. gr.

Fullnusta skal stöðvuð ef erlenda ríkið tilkynnir að það hafi fallist á beiðni dómþola um náðun, veitt honum sakaruppgjöf eða enduruptekið erlenda dóminn eða það tilkynnir að í því ríki hafi verið tekin önnur ákvörðun sem samkvæmt lögum þess ríkis leiðir til þess að eigi sé lengur heimilt að fullnægja viðurlögunum.

32. gr.

Sé um sektarrefsingu að ræða er eigi heimilt að innheimta hér á landi þann hluta sektar sem dómþoli hefur greitt stjórnvöldum í erlenda ríkinu. Ákvarðanir um afborganir eða fresti á greiðslu sektar, sem teknar hafa verið af stjórnvöldum í erlenda ríkinu áður en beðið var um fullnustu hér á landi, halda gildi sínu.

Heimilt er að ákveða vararefsingu vegna sekta sem fullnægja á hér á landi samkvæmt lögum þessum ef slíkt er heimilt samkvæmt lögum þess ríkis sem bað um fullnustu. Þetta á ekki við ef það ríki hefur tekið fram að eigi skuli ákvarða slíka vararefsingu.

Sektir, sem innheimtar eru samkvæmt lögum þessum, svo og peningar og munir sem gerðir eru upptækir samkvæmt ákvæðum laganna, eru eign ríkissjóðs. Hafi munur verið gerður upptækur hér á landi getur dómsmálaráðuneytið, samkvæmt beiðni þess ríkis sem bað um fullnustu, samþykkt að hann verði afhentur því ríki.

33. gr.

Sakarkostnaður, sem fellur til hér á landi vegna málsmeðferðar í framhaldi af beiðni um að fullnægt verði hér á landi erlendum viðurlögum, skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin réttargæsluþóknun, saksóknar- og málsvarnarlaun.

Þegar útivistardómur er endurupptekinn, að kröfu dómþola, er heimilt í samræmi við almennar reglur laga að dæma hann til greiðslu sakarkostnaðar.

Heimilt er að endurkrefja dómþola um kostnað vegna flutnings hans hingað til lands.

34. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlendu ríki, samþykkt að útlendingur, sem flytja á milli ríkja samkvæmt ákvæðum í samningi skv. 1. gr. vegna fullnustu eða málsmeðferðar, verði fluttur um íslenskt yfirráðasvæði enda sé hann fluttur vegna viðurlagaákvörðunar sem unnt væri að fullnægja samkvæmt íslenskum lögum. Við slíkan gegnumflutning skal frjálsræðissvipting halda sér nema erlenda ríkið biðji um að dómþoli verði látinn laus. Sé hann hafður í haldi skal með hann farið hér á landi svo sem almennt gildir um handtekna menn eða gæsluvarðhaldsfanga.

3. HLUTI
FULLNUSTA ÍSLENSKRA VIÐURLAGAÁKVARÐANA ERLENDIS
I. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

35. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og ætla má að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

36. gr.

Ef erlent ríki er beðið um að fullnægja viðurlögum samkvæmt útivistardómi og dómþoli setur þar fram kröfu um að íslenskur dómstóll taki málið upp að nýju leggur ríkissaksóknari, eftir að honum hafa borist gögn málsins, það fyrir þann héraðsdóm sem kvað upp útivistardóminn. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 1. mgr. 20. gr.

Sé kröfu um endurupptöku synjað og sé sú ákvörðun endanleg skal ríkissaksóknari þegar tilkynna það dómsmálaráðuneytinu sem tilkynnir stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þá ákvörðun.

Sé fallist á kröfu um endurupptöku skal beiðni um fullnustu erlendis þegar afturkölluð.

37. gr.

Þegar dómþoli er kvaddur til að mæta fyrir dóm hér á landi vegna kröfu hans um endurupptöku máls og hann yfirgefur erlenda ríkið af þeirri ástæðu er ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi til að fullnægja viðurlögum eða að öðru leyti skerða frelsi hans vegna annars afbrots sem framið var áður en hann yfirgaf erlenda ríkið nema þess hafi verið getið í fyrirkalli að slíkum aðgerðum kynni að verða beitt, hann hafi samþykkt það skriflega eða honum hafi samfellt í 15 daga, eftir að íslenskur dómstóll tók endanlega ákvörðun vegna kröfu

hans um endurupptöku, verið unnt að yfirgefa landið en hann ekki gert það eða komið hingað á ný eftir að hafa yfirgefið landið án þess að hann hafi verið kvaddur fyrir dóm vegna kröfu sinnar um endurupptöku málsins.

Fallist dómþoli skriflega á þær aðgerðir sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu þau stjórnvöld, sem taka ákvörðun um þær aðgerðir, senda dómsmálaráðuneytinu afrit eða ljósrit af samþykki dómþola og skal ráðuneytið þegar tilkynna stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þetta.

II. KAFLI
Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

38. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í a–e-liðum 1. mgr. 22. gr. og ætla má að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

III. KAFLI
Fullnusta samkvæmt öðrum samningum eða einstökum ákvörðunum.

39. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum á grundvelli samninga skv. 4. mgr. 2. gr. eða með heimild í 1. mgr. 3. gr.

Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að skilyrði fyrir flutningi í viðkomandi samningi kæmu í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlagaákvörðunum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

40. gr.

Þegar þess hefur verið farið á leit við erlent ríki að það fullnægi viðurlögum er ekki heimilt að hefja fullnustu sömu viðurlaga hér á landi nema dómþoli sé hér í gæsluvarðhaldi eða um sé að ræða viðurlög sem fela í sér frjálsræðissviptingu.

Fullnægja skal þó viðurlögunum hér á landi ef beiðni um fullnustu erlendis er afturkölluð áður en erlenda ríkið tilkynnir að það ætli að taka beiðnina til efnislegrar meðferðar eða þegar erlenda ríkið tilkynnir að það hafni beiðni um fullnustu. Sama gildir ef erlenda ríkið hættir við að fullnægja viðurlögunum eða eigi er unnt að fullnægja þeim þar.

41. gr.

Þegar beðið er um fullnustu erlendis á íslenskri viðurlagaákvörðun er felur í sér frjálsræðissviptingu og dómþoli er sviptur frelsi hér á landi eða er hér staddur skal flytja hann til erlenda ríkisins eins fljótt og unnt er eftir að það ríki hefur tilkynnt að það fallist á beiðni um fullnustu og hefur heitið að virða meginreglur 30. gr. um þann sem sviptur er frelsi í erlendu ríki og fluttur hingað til lands nema íslensk stjórnvöld hafi veitt samþykki skv. 42. gr.

42. gr.

Þegar fullnægja á íslenskri viðurlagaákvörðun erlendis, sbr. 41. gr., getur dómsmálaráðuneytið samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlenda ríkinu samþykkt, án tillits til takmarkana skv. 30. gr. og án tillits til þess hvort erlenda ríkið hafi gefið slíkt heiti sem um er getið í 41. gr., að dómþoli verði ákærður, dæmdur eða sviptur frelsi í því ríki til þess að fullnægja megi viðurlögum eða beittur þvingunarúrræðum eða frelsi hans takmarkað á annan hátt vegna annars afbrots sem framið var áður en hann var fluttur til erlenda ríkisins og ekki var dæmt í þeim dómi sem beðið var um fullnustu á í erlenda ríkinu. Slíkt samþykki er einungis heimilt að veita ef unnt hefði verið að framselja dómþola til viðkomandi ríkis vegna afbrotsins og gildir það jafnvel þótt framsal kæmi ekki til greina vegna ákvæða um lágmarkstíma dæmdra viðurlaga.

Sé það augljóst af því sem fram kemur í beiðninni að eigi sé heimilt að veita umbeðið samþykki skal dómsmálaráðuneytið þegar hafna henni. Í öðrum tilvikum skal ríkissaksóknari tilkynna dómþola um beiðnina og samkvæmt beiðni hans leggja málið fyrir héraðsdóm til þess að meta hvort lagaskilyrði séu til staðar svo að verða megi við henni. Telji dómurinn að lagaskilyrði séu ekki fyrir hendi skal beiðninni hafnað.

4. HLUTI
GILDISTAKA O.FL.

43. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

45. gr.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma nema hún hafi verið ákvörðuð eftir að samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis. Dómsmálaráðuneytið getur þó ákveðið samkvæmt samkomulagi við viðkomandi ríki að ákvæði samningsins gildi einnig um ákvarðanir sem teknar voru áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

Samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun sem tekin var áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

1204. Þingsályktun [537. mál]

um fullgildingu Evrópusamninga um viðurkenningu og fullnustu refsidóma.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 895.

1205. Frumvarp til laga [397. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal skipulagt í samvinnu við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1206. Frumvarp til laga [305. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika.

Með *útvarpi*, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar útsendingu dagskárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hóp og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðju.

Útvarpsstöð er sá aðili sem leyfi hefur til útvarps samkvæmt lögum þessum.

Útvarpsdagskrá í skilningi laga þessara er heildarsamsetning dagskárliða í útvarpi.

Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi og felur í sér kynningu vöru eða þjónustu.

Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.

Kostun er hvers konar framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi skv. 3.–6. gr. laga þessara og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt. Útvarpsréttarnefnd veitir einnig leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva. Slík leyfi eru einvörðungu háð ákvæðum 5. og 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Fjarskiptaeftirlit ríkisins úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir og gefur út leyfisbréf til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Í síðara tilfellinu skal hafa samráð við samgönguráðuneytið.

4. gr.

3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna skiptist í tvo stafliði og orðast svo:

(3. a.)

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þær skulu kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

Ákvæði lagagreinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

(3. b.)

Útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða.

Telji þessir aðilar að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

5. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis.

Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða.

Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa svo sem hér segir:

a. Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárliði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að að rjúfa með auglýsingatíma á þann veg að auglýsingum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.
b. Útsendingu kvikmynda, þar með talinna kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.
c. Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum skulu líða að minnsta kosti 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

Óheimilt er að skjóta auglýsingum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn.

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða veitingu þjónustu. Hlutfall auglýsinga innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Auglýsingar á borð við bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu skulu ekki fara fram yfir eina klukkustund á dag, án þess þó að skerða ákvæði þessarar málsgreinar.

Duldar auglýsingar eru bannaðar.

Í auglýsingum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:

Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, þó aldrei frétta eða fréttatengdra þátta, svo framarlega sem kostunaraðili hefur ekki áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar. Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárliði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

Kostaðar sjónvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með nafni og/eða vörumerki kostunaraðila í upphafi og/eða lok dagskrár.

7. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrárefni útvarpsstöðva óbreyttu og óstyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar, sjá þó 2. mgr. 2. gr. Samgönguráðuneytið setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Fjarskiptaeftirlits ríkisins.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Heimil er öllum móttaka útvarpsdagskrár sem send er um gervitungl og ætluð almenningi til beinnar móttöku, enda verði henni ekki endurvarpað. Samgönguráðuneytið setur reglur um móttöku frá fjarskiptatunglum.

Um flutning útvarpsefnis um fjarskiptatungl milli fastra stöðva, þegar ekki er um tilbúna dagskrá að ræða sem ætluð er almenningi, gilda eingöngu ákvæði fjarskiptalaga.

Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp um þráð og/eða þráðlaust á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervitungl, er háð samþykki útvarpsstöðvarinnar sem dagskrána sendir og samþykki samgönguráðuneytisins ef um fjarskiptatungl er að ræða.

9. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði 2.–7. mgr. 4. gr. og 4. gr. a eiga einnig við um starfsemi Ríkisútvarpsins.

10. gr.

Við 15. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta

fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1207. Þingsályktun [116. mál]

um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands.

1208. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Leitað var álits umhverfisnefndar sem mælti með því að tillagan næði fram að ganga með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ástæða breytingartillögunnar er sú að staða kísilgúrnáms af botni Mývatns hefur skýrst frá því að tillagan var flutt með útgáfu námaleyfis 7. apríl sl.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með fyrrnefndri breytingartillögu.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sigbjörn Gunnarsson.

1209. Breytingartillaga [173. mál]

við till. til þál. um atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Frá allsherjarnefnd.

Síðari málsliður tillgr. falli brott.

1210. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Í stað 17. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:
   a. Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður: **Húsnæðissparnaður unga fólksins.**
   b. Fyrri málsgrein 111. gr. laganna orðast svo:
      Öllum einstaklingum á aldrinum 16–21 árs, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 113. gr., skal skylt að leggja til hiðar 8% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 21 árs. Fé það, sem þannig safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.
   c. Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:
      1. 1. mgr. orðast svo:
         Þegar sá sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. mgr. 111. gr. hefur náð 21 árs aldri eða byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt.
      2. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Húsnæðismálastjórn tekur ákvörðun um vexti af innlánum að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra.
      3. Í stað „26 ára“ í 3. mgr. kemur: 21 árs.
   d. A–c liðir 113. gr. falla brott.
   e. 116. gr. (102. gr.) laganna orðast svo:
      Nú gerir launagreiðandi ekki skil á skyldusparnaði sem hann hefur tekið af launum starfsmanns síns og getur launþegi þá, að liðnum tveimur mánuðum frá útborgun launa, óskað eftir innlausn kröfunnar hjá félagsmálaráðuneytinu eða þeim aðila sem ráðuneytið hefur samið við um að annast slík mál.

Sinni launagreiðandi ekki áskorun um að greiða skuldina skal krafan innleyst og skuldin greidd úr ríkissjóði inn á reikning skyldusparanda hjá Byggingarsjóði ríkisins, enda liggi fyrir framsal skyldusparanda á kröfunni til ríkissjóðs. Þetta skal gert innan fjögurra mánaða frá því krafa launþegans var sett fram. Greiða skal höfuðstól og samfellda dráttarvexti eins og þeir eru auglýstir hverju sinni af Seðlabanka Íslands. Krafan skal studd gögnum um fjárhæð hennar og gjalddaga, svo sem launaseðlum eða skilagrein launagreiðanda.

Heimilt er að greiða kröfu vegna skyldusparnaðar sem fallið hefur í gjalddaga eftir 1. júlí 1988, enda sé ekki liðinn lengri tími en fjögur ár frá útborgun launa. Ekki skiptir máli hvort bú launagreiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða ekki.

Á innleysta skyldusparnaðarkröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands, svo og innheimtukostnaður.

Kröfu skyldusparanda vegna vangreidds skyldusparnaðar og kröfu ríkissjóðs vegna innleystrar skyldusparnaðarkröfu fylgir lögtaksréttur, sbr. lög nr. 29/1985.

1211. Breytingartillögur [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:
   Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir.
2. Við 1. gr.
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul.:
      1. Í stað orðanna „meiri hluta greiddra atkvæða“ í 2. mgr. komi: samþykki.
      2. Orðin „meiri hluta greiddra atkvæða“ í 3. mgr. falli brott.
   b. Við 1. málsl. 3. tölul. bætist: enda liggi fyrir samþykki viðkomandi sveitarstjórna eða a.m.k. 25% kjósenda í hverju sveitarfélagi.

1212. Breytingartillögur [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Við 3. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa tíu menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og þrír skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „umsjón“ í 1. tölul. komi: eftirlit.
   b. 2. tölul. orðist svo: Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
   c. Við greinina bætist tveir nýir töluliðir, 5. og 6. tölul., svohljóðandi:
      5. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og byggingarsjóðanna.
      6. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
3. Við 5. gr. 3. mgr. falli brott.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, V, svohljóðandi:
   Á árinu 1993 er húsnæðismálastjórn heimilt að veita lántakendum frest til allt að sex mánaða á greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta, að hluta eða að öllu leyti, af lánum veittum til íbúðaöflunar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hefur tekið við í skiptum fyrir húsbréf.
   Frest skv. 1. mgr er einungis heimilt að veita ef atvinnuleysi, langvarandi veikindi eða aðrar sambærilegar ástæður valda slíkum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega að hann getur ekki staðið skil á greiðslum vegna lánanna.

1213. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er eitt fjölmargra mála sem Alþingi hefur fjallað um í vetur og tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Með þeim lagabreytingum, sem hér eru lagðar til, er verið að samræma þær reglur sem gilda um opinber innkaup, útboð o.fl. því sem gildir innan Evrópubandalagsins.

Nefndin fékk frumvarpið til meðferðar snemma hausts og var þá unnið nokkuð í málinu en það síðan sent aftur til fjármálaráðuneytisins til frekari skoðunar. Fjöldi umsagna barst um málið með töluverðum athugasemdum sem að dómi minni hlutans hefði þurft að athuga mun betur en gert var, enda er hér um stórt og viðamikið mál að ræða sem snertir fjölda opinberra stofnana og innlenda verktaka. Það er niðurstaða minni hlutans að þetta viðamikla mál hefði þurft ítarlegri umfjöllun í nefndinni og því er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 6. maí 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson.

1214. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er eitt af þeim mörgu frumvörpum sem Alþingi hefur fjallað um á yfirstandandi þingi og tengist samningnum um EES. Nefndin hafði afar lítinn tíma til að fjalla um þetta mál en í umsögnum komu fram ábendingar um fleiri atriði sem athuga þurfi í lögum þessum. Því er það skoðun minni hlutans að málið þarfnist nánari athugunar og leggur hann til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson.

1215. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Hér er á ferð eitt af þeim frumvörpum sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið er til komið vegna þeirra ákvæða sem felast í bókun 3 í EES-samningnum en hún kveður á um að heimilt verði að flytja inn ýmsar landbúnaðarvörur, þar með taldar einstakar mjólkur- og kjötvörur sem ekki hefur verið heimilt að flytja inn hingað til. Bókunin stríðir gegn núgildandi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og því þarf að breyta þeim verði samningurinn að veruleika. Samkvæmt nýsamþykktum tollalögum er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld m.a. á inn-

fluttar landbúnaðarvörur. Það er túlkun ríkisstjórnarinnar á bókun 3 að heimilt sé að leggja á slík gjöld en ekki er ljóst hvort Evrópubandalagið fellst á þá túlkun m.a. vegna orðanna hljóðan í bókun 3. Endanlegt samkomulag um landbúnaðarþátt samningsins liggur þó ekki fyrir.

Í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans felst að innflutningur landbúnaðarvara, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbúnaðarráðherra og gengið út frá því að sá innflutningur sem leyfður verður eigi sér fyrst og fremst stað þegar innlend framleiðsla fullnægir ekki eftirspurn, með nokkrum undantekningum þó. Þá er og kveðið á um að ráðherra geti, þrátt fyrir þær takmarkanir sem áður er greint frá, heimilað innflutning í samræmi við fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Íslendingar eru aðilar að, enda sé verðjöfnunargjöldum beitt. Þetta þýðir að almenna reglan er sú að innflutningur landbúnaðarvara er undir stjórn landbúnaðarráðherra en hann getur heimilað (eða verður að heimila) innflutning í samræmi við þá samninga sem Íslendingar gera við önnur ríki, þó þannig að verðjöfnunargjöldum verði beitt til þess að íslenskur landbúnaður standist samjöfnuð við innflutninginn.

Það liggur fyrir að fjármálaráðuneytið er ekki sátt við hvernig að þessum málum er staðið í frumvarpinu, enda heyrir álagning jöfnunargjalda undir það ráðuneyti. Þann þátt málsins hefði þurft að athuga betur, en hart er deilt innan stjórnarliðsins um samskipti ráðuneyta fjármála og landbúnaðar um verðjöfnunargjöldin og vinnubrögð við afgreiðslu málsins.

Minni hlutinn er sammála því að nauðsynlegt sé að standa vörð um hagsmuni íslensks landbúnaðar andspænis samkeppni utan frá en telur rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á framkvæmd samningsins um EES og þeim umdeildu áhrifum sem hann mun hafa m.a. á íslenskan landbúnað. Undirritaðir nefndarmenn munu því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 6. maí 1993.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Ragnar Arnalds.

1216. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún umsagnir frá flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og VSÍ.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að íslensk fyrirtæki, sem hafa starfsstöð innan varnarsvæðisins, skuli greiða gjöld til heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í samræmi við það sem tíðkast á starfssvæði þess utan varnarsvæðisins. Til þessa hefur Flugmálastjórn greitt þann hluta gjalda sem ella hefðu komið í hlut eftirlitsskyldrar starfsemi með íslenskum fyrirtækjum innan varnarsvæðisins samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðis-

eftirlit, nr. 81/1988. Nefndinni þykir rétt að sömu lög gildi innan og utan varnarsvæðisins hvað þetta varðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddar afgreiðslu málsins voru Þuríður Pálsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1217. Breytingartillögur [486. mál]

við frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

	Þús. kr.
Við 1. gr.	
a. Við Tilfærslur og ósundurliðað ríkisfé	
Fyrir „56.216.258“ kemur	54.582.827
b. Við Veitt löng lán, innlend, gengisbundin	
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	
Fyrir „14.429.486“ kemur	14.142.150
c. Við Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	
Fyrir „3.648.701“ kemur	3.361.365
d. Við Tekin löng lán, erlend	
Fyrir „67.953.125“ kemur	66.319.694

1218. Breytingartillaga [276. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1993 skal starfa þriggja manna nefnd er félagsmálaráðherra skipar er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal kanna svipaða löggjöf á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af henni.

1219. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Þorkel Helgason, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Margréti Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Pétur Sigurðsson, formann Atvinnuleysistryggingasjóðs, frá fjármálaráðuneyti Halldór Árnason skrifstofustjóra og Ólaf Hjálmarsson deildarstjóra, frá Landssambandi aldraðra Ólaf Jónsson formann og Guðríði Ólafsdóttur framkvæmdastjóra og frá Sjálfsbjörgu Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðing, Tryggva Friðjónsson framkvæmdastjóra, Arnór Pétursson fulltrúa og Sigurrós M. Sigurjónsdóttur fulltrúa. Umsagnir bárust frá ASÍ, Bandalagi íslenskra sérskólanema, BSRB, BHMR, Búnaðarfélagi Íslands, fjármálaráðuneytinu, Hinu íslenska kennarafélagi, Kennarasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Landssamtökum atvinnulausra, Læknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sjálfsbjörgu, Stéttarsambandi bænda, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, VSÍ og Öryrkjabandalagi Íslands.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem snúa að fjórum atriðum. Í fyrsta lagi verði 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, felld brott en meginhluti hennar verði felldur inn í 1. gr. laganna. Í öðru lagi verði uppsetningu og orðalagi laganna breytt þannig að þau geti heyrt undir hvern þann ráðherra sem ákveðið er í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969. Er það gert vegna þess að fyrirhugað er að flytja atvinnuleysistryggingar til félagsmálaráðuneytis. Atvinnuleysistryggingar þykja eiga betur heima í því ráðuneyti sem fer með málefni er varða atvinnuleysi. Stefnt er að því að þessi breyting verði um næstu áramót. Í þriðja lagi er lögð til breyting á 11. gr. frumvarpsins sem varðar frádrátt elli- og örorkulífeyris, sem og örorkustyrks, frá atvinnuleysisbótum. Í fjórða lagi er lögð til breyting á gildistökuákvæði. Verður hér á eftir gerð grein fyrir hverri breytingartillögu um sig.

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 1. gr. Annars vegar komi orðið „ráðherra“ í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“, sbr. skýringar hér að framan. Hins vegar bætist við ný málsgrein sem áður var efnislega 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.
2. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að 3. gr. laganna falli brott ásamt 2. og 4. gr.
3. Lögð er til breyting á 4. gr. í samræmi við það sem áður hefur verið sagt um flutning atvinnuleysistrygginga til félagsmálaráðherra. Skal Tryggingastofnun ríkisins falið að gegna ákveðnum verkefnum nema ráðherra ákveði annað. Þá er lagt til að við 4. gr. bætist tvær málsgreinar sem eru samhljóða 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna fyrir utan að síðari málslið 2. mgr. 7. gr. er sleppt en þar er kveðið á um að ráðherra skeri úr ágreiningi ef ekki næst samkomulag um þóknun til Tryggingastofnunar. Er lagt til að ákvæðinu verði sleppt vegna þess að samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar gæti niðurstaðan orðið sú að um tvo ráðherra yrði að ræða.
4. Þá er lögð til breyting á 6. gr. en efni 3.–5. tölul. á heima í einum tölulið.
5. Lögð er til breyting á 10. gr. í samræmi við væntanlegan flutning atvinnuleysistrygginga milli ráðuneyta.

6. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur, skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Það sem komi til frádráttar verði því einungis grunnlífeyrir og ígildi hans en ekki aðrar bætur lífeyristrygginga.
7. Lögð er til leiðrétting á 12. gr.
8. Lögð er til breyting á 13. gr. og vísast til skýringa í 5. tölul. hér að framan.
9. Loks er lögð til breyting á gildistöku laganna í 17. gr. en lagt er til að þau öðlist gildi 1. júlí nk. Ákvæði um sjálfstætt starfandi einstaklinga (2. mgr. 1. gr.) taki þó ekki gildi fyrr en 1. okt. nk. en vankantar munu vera á að það taki gildi fyrr sökum tæknilegra ástæðna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm. Sólveig Pétursdóttir. Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Sigríður A. Þórðardóttir. Björn Bjarnason.

1220. Breytingartillögur [554. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SigG, LMR, SP, SAÞ, BBj).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í síðari málsgrein komi: ráðherra.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veitir stéttarfélögum aðild að sjóðnum eftir umsókn þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2., 3. og 4. gr. laganna falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna orðast svo:
   Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðsstjórnar.
   Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila.
   Handbært fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til.

4. Við 6. gr.
   a. 3. tölul. fyrri málsgreinar orðist svo: Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu. Til að finna dagvinnustundir sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi var hætt. Til að finna dagvinnustundir sjómanna skal margfalda fjölda skráningardaga með 8. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið í tryggingaskyldri vinnu a.m.k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma eftir að hann varð 16 ára.
   b. 4. og 5. tölul. fyrri málsgreinar falli brott.
5. Við 10. gr. Í stað orðsins „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í síðari málslið 2. mgr. komi: ráðherra.
6. Við 11. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Elli- og örorkulífeyrir svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.
7. Við 12. gr. Inngangsmálsgrein orðist svo:
   Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi.
8. Við 13. gr. Greinin orðast svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð sem ráðuneytið lætur gera.
   b. 2. mgr. orðast svo:
      Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eftir því sem við á.
9. Við 17. gr. Í stað 1. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna skulu þó ekki taka gildi fyrr en 1. október 1993.

1221. Skaðabótalög. [326. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 596.

1222. Lög [444. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1202.

1223. Lög [450. mál]

um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1203.

1224. Lög [449. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 775.

1225. Lög [397. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1205.

1226. Lög [305. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 1206.

1227. Frumvarp til laga [557. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun er heyrir undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Stofnunin skiptist í tvær deildir, rannsókna- og þróunardeild og prófa- og matsdeild.

3. gr.

Helstu verkefni rannsókna- og þróunardeildar eru:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála með sérstakri áherslu á verkefni er haft geta hagnýta og/eða fræðilega þýðingu fyrir uppeldis- og menntamál í landinu.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.
3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála.

4. gr.

Helstu verkefni prófa- og matsdeildar eru:

1. Sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa. Kennarar skulu taka þátt í prófagerð.
2. Hafa umsjón með mati á úrlausnum slíkra prófa, sérstaklega lokaprófs viðkomandi skólastigs.
3. Sjá um mat á skólastarfi. Niðurstöður slíks mats skal birta opinberlega að jafnaði á fjögurra ára fresti.
4. Ráðgjöf til menntamálaráðherra um aðalnámsskrá grunnskóla og námsskrá framhaldsskóla ef þurfa þykir í ljósi mats stofnunarinnar á starfi skólanna og þróunar í skólastarfi.

5. gr.

Starfi stofnunarinnar stýrir forstöðumaður, ráðinn til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora við Háskóla Íslands. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

6. gr.

Háskólakennurum, kennurum og öðrum sérfræðingum í opinberri þjónustu er heimilt að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum innan stofnunarinnar að fengnu samþykki forstöðumanns.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd til fimm ára í senn er vera skal forstöðumanni stofnunarinnar til faglegrar ráðgjafar. Í nefndinni skulu eiga sæti sex fulltrúar, einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi og skal annar þeirra vera grunnskólakennari og hinn framhaldsskólakennari, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Háskólans á Akureyri og einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

8. gr.

Meta skal starf stofnunarinnar á þriggja ára fresti af þar til kvöddum sérfræðingum sem ráðgjafarnefnd og ráðherra kalla til.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 69/1988, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, og 65. gr. laga nr. 49/1991. Úr 68. gr. sömu laga falla brott orðin „skólum, skólastarfi“, svo og önnur lagaákvæði er fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1228. Frumvarp til laga [306. mál]

um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitir sjóðurinn fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna.

Stjórn Menningarsjóðs hefur með höndum árlega úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði.

3. gr.

Til Menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.
b. Fjárveiting sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1993 skulu 15 milljónir króna frá uppgjöri Bókaútgáfu Menningarsjóðs renna til Menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum.

Á árinu 1993 skal a-liður 3. gr. ekki koma til framkvæmda.

Menntamálaráð, sem kosið var af Alþingi samkvæmt lögum nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal leyst frá störfum við gildistöku laga þessara.

1229. Frumvarp til laga [406. mál]

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 700 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið sjóðinn um greiðslu krafna skv. a–d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.

b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna, enda þótt launakrafa hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991.

Sjóðstjórn úrskurðar um ágreining um greiðsluskyldu.

1230. Þingsályktun [232. mál]

um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna samkvæmt eftirfarandi framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu 1993–1997.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

A. Starfsmannamál ríkisins.

1. *Ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu.*

Ítrekuð verði sú skylda ríkisstofnana að auglýsa allar lausar stöður til umsóknar. Í auglýsingu um starf skal koma fram hvatning til þess kynsins sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein eða hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um starfið.

2. *Ákvæði um ráðningar í störf.*

Það kynið, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein, skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari.

3. *Almennt ákvæði um starfsmenntun í atvinnulífinu.*

Ráðuneyti og ríkisstofnanir móti sérstaka stefnu í starfsmenntunarmálum. Í henni skal þess gætt að kynin hafi jafna möguleika til framhaldsmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru í því skyni að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

4. *Ákvæði um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum.*

Ríkisstjórninni er falið að ná því markmiði að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki miðað við 30% í hverri nefnd. Þegar leitað er eftir tilnefningu við skipun í opinbera nefnd verði framvegis óskað eftir nafni karls og konu þannig að markmiði þessu verði náð. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum.

5. *Sveigjanlegur vinnutími.*

Í þeim tilgangi að gera starfsmönnum kleift að samræma betur fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi skulu ráðuneyti og ríkisstofnanir gefa starfsmönnum kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem við verður komið.

6. *Bifreiðastyrkir.*

Í 6. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, launatengd fríðindi, bifreiðastyrki, vinnuaðstæður og veitingu hvers konar hlunninda. Störf skulu því skilgreind með hliðsjón af því hvort bílastyrkja sé þörf.

7. *Starfsmat — starfslýsingar.*

Kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna fari fram í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Taka skal tillit til reynslu og þekkingar sem starfsmenn hafa öðlast, t.d. við ólaunuð umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf. Öllum atvinnurekendum ber skylda til að framfylgja ákvæði 4. gr. jafnréttislaganna. Lagt er fyrir stjórnvöld að þau framfylgi ákvæðinu.

B. Verkefni ráðuneyta og stofnana á þeirra vegum.

Hér fer á eftir kafli varðandi einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum og eru ráðuneytin hvert um sig ábyrg fyrir framkvæmd einstakra liða sem undir þau heyra.

1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1.1. *Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.*

Markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Auglýst verði eftir konum til starfa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að ná þessu markmiði, sbr. 5. og 7. gr. jafnréttislaga.

1.2. *Nauðgunarbrot.*

Á árinu 1984 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að kanna rannsóknir og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta. Eftirfarandi tillögur nefndarinnar koma til framkvæmda á gildistíma þessarar áætlunar:

1.2.1. *Meðferð opinberra mála.*

Dregið verði úr skaðlegum áhrifum kynferðisbrota og málsmeðferðar á brotaþola og tryggðar bætur fyrir fjártjón og miska. Jafnframt verði refsivörslukerfið styrkt í baráttunni við refsiverð brot.

1.2.2. *Haldin verði námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu.*
Jafnframt verði fræðsla varðandi kynferðisafbrot og heimilisofbeldi aukin í grunnnámi lögreglumanna og verði þáttur í endurmenntunarnámskeiðum þeirra.

1.3. *Staða kvenna innan kirkjunnar.*
Dómsmálaráðuneytið beini þeim tilmælum til biskupsstofu að staða kvenna innan kirkjunnar verði sérstaklega skoðuð. Einkum verði kannað hlutfall kynjanna í ýmsum nefndum og ráðum innan kirkjunnar, svo sem sóknarnefndum og kirkjuráði. Óskað verði eftir því að biskupsstofa beiti sér fyrir því með tilmælum og fræðslu að unnið verði að því að jafna hlutfall kynjanna í trúnaðarstörfum hjá þjóðkirkjunni.

2. Félagsmálaráðuneytið.
2.1. *Staða karla í breyttu samfélagi.*
Skipuð verði sérstök ráðgjafarnefnd til tveggja ára sem hafi það hlutverk að virkja karla í jafnréttisumræðunni þannig að sjónarmið þeirra komist til skila. Einum starfsmanni skrifstofu jafnréttismála verði falið að fylgja ákvörðunum nefndarinnar eftir.

2.2. *Jafnréttisráðgjafi.*
Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á tímabilinu til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Enn fremur vinni hann í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur. Jafnframt sinni jafnréttisráðgjafi, eftir því sem þörf krefur, jafnréttisstarfi á sviði menntamála og fjölskyldu-, félags- og heilbrigðismála í samvinnu við jafnréttisnefndir og starfsfólk viðkomandi ráðuneyta og stofnana.
Mikilvægt er að starf jafnréttisráðgjafa efli starfsemi atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafa. Komið verði á fót, til reynslu, miðstöð í einu kjördæmi þar sem saman starfi atvinnuráðgjafi og jafnréttisráðgjafi sem vinni m.a. að málefnum kvenna í landbúnaði.

2.3. *Vinnuvernd.*
2.3.1. *Úttekt á hefðbundnum kvennastörfum.*
Gerð verði úttekt á nokkrum hefðbundnum kvennastörfum, svo sem umönnunar- og þjónustustörfum, með það að markmiði að draga fram tengslin milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum. Með niðurstöðum úttektarinnar verði lagður grunnur að tillögum til að bæta vinnuumhverfið. Jafnframt verði lögð áhersla á kynningu og umræðu í þeim tilgangi að auka skilning á atvinnusjúkdómum sem tengjast hefðbundnum kvennastörfum og koma í veg fyrir þá.

2.3.2. *Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.*
Gerð verði könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum verði unnið markvisst að því að auka umræðu um og vinna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Sett verði ákvæði varðandi kynferðislega áreitni í viðeigandi löggjöf.

2.4. *Launamunur kynjanna.*

Á árunum 1993 og 1994 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi innan þeirra. Verkefnið verði unnið í samráði við norræna jafnlaunaverkefnið á Íslandi.

2.5. *Starfsmenntun.*

Lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, verði nýtt sérstaklega til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og stuðla að auknu atvinnuöryggi þeirra. Á undanförnum árum hefur félagsmálaráðuneytið stutt starfsmenntunarnámskeið fyrir ófaglærðar konur, sem t.d. annast ræstingar og standa að matvælaframleiðslu. Áfram skal lögð áhersla á stuðning ráðuneytisins við slíkt námskeiðahald.

2.6. *Orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli.*

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verði falin nánari úrvinnsla gagna um búferlaflutninga, með sérstöku tilliti til kynferðis þeirra sem flutt hafa af landsbyggðinni eða hafa slíkan flutning í hyggju. Stofnunin hefur kannað ástæður búferlaflutninga fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins.

2.7. *Rekstur kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis og sifjaspella.*

Skipuð verði nefnd sem geri úttekt á og setji fram tillögur um það hvernig tryggja megi sem best rekstrargrundvöll félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella. Í henni eigi sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka.

2.8. *Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar.*

Unnið skal að heildarstefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Landsnefnd um alþjóðaár fjölskyldunnar 1994 mun leggja fram tillögur þar að lútandi. Í tillögunum verði sérstök áhersla lögð á stuðningsaðgerðir varðandi uppeldi og umönnun meðlima fjölskyldunnar. Jafnframt skal þess gætt að einstaklingar innan fjölskyldunnar eigi kost á að taka þátt í atvinnulífinu samhliða heimilisstörfum.

3. Fjármálaráðuneytið.

3.1. *Stjórnsýslufræðsla ríkisins.*

3.1.1. *Sérstök námskeið fyrir konur.*

Stjórnsýslufræðsla ríkisins skipuleggi sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu og hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veiti þeim möguleika á stöðuhækkunum.

3.1.2. *Sérstök námskeið fyrir stjórnendur.*

Skipulögð verði sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna.

3.2. *Nefndaskipan.*

Í nefndum á vegum fjármálaráðuneytis, er fjalla um launakjör, þóknanir og hlunnindi, verði skipan háttað þannig að hún samrýmist ákvæðum 12. gr. laga nr. 28/1991.

3.3. *Lög um tekjuskatt og eignarskatt.*
Við endurskoðun núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt verði gætt jafnréttissjónarmiða karla og kvenna.

3.4. *Lög um lífeyrissjóði.*
Sett verði lög um lífeyrissjóði. Við þá lagasetningu verði tillit tekið til jafnréttis kvenna og karla, jafnframt verði réttindi heimavinnandi fólks athuguð sérstaklega.

3.5. *Gagnasöfnun.*
Fjármálaráðuneyti geri reglulega, í samráði við félagsmálaráðuneyti, athuganir á starfskjörum ríkisstarfsmanna. Þessar athuganir verði gerðar með tilliti til karla og kvenna.

4. Forsætisráðuneytið.
4.1. *Fjarvinnslustofur.*
Fjarvinnsla verði efld og Byggðastofnun verði falið að vekja athygli opinberra stofnana á verkefnum sem henta til fjarvinnslu og aðstoða þær eins og þurfa þykir.

4.2. *Laun kvenna og karla.*
Þjóðhagsstofnun gefi áfram reglulega út yfirlitsskýrslu um tekjur einstaklinga. Þar komi fram atriði eins og tekjur eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, aldri, kyni og enn fremur tekjudreifing.

4.3. *Efling heimilisiðnaðar.*
Heimilisiðnaður og verkmenntun verði efld og stuðningur við hönnun í smáiðnaði verði aukinn. Til hliðsjónar verði hafðar niðurstöður nefndar um eflingu heimilisiðnaðar, en nefndin hefur m.a. kynnt sér atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og þróun smáiðnaðar á Norðurlöndum.

5. Hagstofan.
5.1. *Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.*
Hagstofunni verði falið að gefa reglubundið út litla handbók sem hafi að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi, en Hagstofan tekur þátt í norrænu verkefni um útgáfu slíkra upplýsinga.
Við reglubundna hagskýrslugerð verði, svo sem unnt er og þar sem það á við, unnar og birtar tölur fyrir bæði kynin sérstaklega.

5.2. *Tölfræðileg úttekt á sifjamálum.*
Hagstofan haldi áfram og auki við tölfræðilegar upplýsingar um sifjamál.

5.3. *Eignarréttur að fasteignum.*
Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins verði falið að vinna úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar verði að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni. Við skýrslugerðina ber að gæta þess að engir einstaklingar séu þar greinanlegir.

5.4. *Tölfræðileg úttekt á launamun kvenna og karla.*

Lokið verði við úrvinnslu gagna Hagstofunnar um launamun kynjanna og útgáfa fari sem fyrst fram.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1. *Lög um fæðingarorlof.*

Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs og til greiðslna í fæðingarorlofi óháð því hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða starfsmann á almennum vinnumarkaði. Jafnframt verði gildandi lög um fæðingarorlof endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

6.2. *Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins.*

Athugað verði hvort jafnrétti ríki við útreikninga örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. hvort hefðbundið mat á hlutverkum kynja sé hugsanlega lagt til grundvallar.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

7.1. *Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.*

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipi sérstaka nefnd til þess að gera úttekt á stöðu kvenna í iðnaði og móta tillögur í þá átt að jafna hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum.

7.2. *Fræðslustarfsemi.*

Unnið verði áfram í samráði við Iðntæknistofnun að námskeiðum sem nýtast konum sérstaklega. Dæmi um slík námskeið eru: Verkstjórn, stofnun og rekstur fyrirtækja, fjarnám í ferðaþjónustu og leiðbeinendanámskeið í starfsfræðslu.

7.2.1. *Námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu.*

Lagt er til að Iðntæknistofnun fái sérstaka fjárveitingu til að undirbúa og efna til tveggja daga námskeiða fyrir konur í sveitarfélögum og dreifbýli. Fjallað verði fyrst og fremst um stefnumótun og frumkvæði, leiðir til að meta hugmyndir með hliðsjón af mismunandi forsendum og aðferðum. Einnig verði kennt að gera verk-, tíma- og kostnaðaráætlanir þannig að hugmyndunum sé breytt í framkvæmanleg verkefni.

7.3. *Áherslur.*

Lögð verði áhersla á endurmenntun og starfsmenntun fyrir konur er vilja fara að nýju út á atvinnumarkaðinn og takast á hendur störf í iðnaði.

Efld verði fræðsla um störf í iðnaði og þjónustugreinum, á þann veg að þau höfði ekki síður til kvenna en karla og mætti slík fræðsla verða til þess að hvetja konur til starfa í óhefðbundnum kvennagreinum.

Stuðlað verði að því að þekking og menntun kvenna nýtist að jöfnu á við karla við ákvarðanatöku og stjórnunarstöður hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana iðnaðarins.

7.4. *Þróunarverkefni.*

Hafið verði fjögurra ára þróunarverkefni í einu byggðarlagi með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Verkefnið verði unnið m.a. í samvinnu við atvinnuráðgjafa svæðisins og Byggðastofnun.

7.5. *Jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum.*

Ráðuneytið fylgi því eftir við ríkisbankana að gerð verði sérstök áætlun um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum hjá bönkum. Samband íslenskra bankamanna er einnig aðili að þessari áætlunargerð og er að henni unnið.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1. *Félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið athugi ýmis opinber réttindi kvenna í landbúnaði og geri tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Samhliða þessari athugun verði kannaðir möguleikar kvenna á landsbyggðinni til að njóta ýmiss konar félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

8.2. *Atvinnumál kvenna í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið styður það markmið að gera átak til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni og er reiðubúið til samstarfs við félagasamtök landbúnaðarins við það verkefni.

Í tengslum við átak í atvinnumálum kvenna til sveita verði skipulögð námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja. Námskeiðin taki mið af viðfangsefninu á hverjum stað.

8.3. *Fræðsla fyrir konur í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Fræðslan taki til félagskerfis landbúnaðarins, starfa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Jafnframt verði staða landbúnaðarins kynnt og ýmis félagsleg réttindi kvenna á landsbyggðinni.

Leitast verði við að fjölga konum í trúnaðarstörfum á vegum hagsmunasamtaka bænda.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. *Samfelldur skóladagur.*

Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum og að daglegur skólatími yngstu barnanna og árlegur kennslutími verði lengdur.

9.2. Menntamálaráðuneytið vinnur samkvæmt tillögum nefndar um eflingu jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum. Nefndin starfaði á vegum ráðuneytisins og skilaði hún áliti um framkvæmd jafnréttisfræðslu árið 1990. Stefnt er að því að framkvæmdin taki fjögur ár. Helstu atriðin eru:

9.2.1. *Fræðslufundir og námskeið.*

Starfsfólk allra skólastiga eigi kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum. Þar verði fjallað um stöðu kynja í þjóðfélaginu, starfshætti í skólum, samskipti, sjálfsvitund nemenda o.fl. Þetta á einnig við um fóstru- og kennaranema.

9.2.2. *Starfsmannastefna skóla.*

Starfsmannastefna skóla verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir nemenda séu ekki of einhæfar.

9.2.3. *Námsefni.*
Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

9.2.4. *Náms- og starfsfræðsla.*
Náms- og starfsfræðsla fléttist inn í nám á öllum skólastigum en verði sérstakur þáttur í námi eldri nemenda grunnskóla og í framhaldsskólum.

9.2.5. *Nám í fjölskyldufræðum.*
Í grunn- og framhaldsskólum verði boðið upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

9.2.6. *Fræðsluefni fyrir foreldra.*
Samið verði fræðsluefni fyrir foreldra og forráðamenn barna um stöðu kynja í skólum.

9.2.7. Á háskólastigi verði kennsla og rannsóknir í kvennafræðum efldar.

9.2.8. *Skipun framkvæmdanefndar.*
Skipuð hefur verið þriggja manna framkvæmdanefnd til þriggja ára. Hlutverk hennar verði m.a. að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð er í skýrslu starfshópsins um jafna stöðu kynja í skólum og sjá til þess að lögum um jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla, er varðar menntun, sé framfylgt. Nefndin starfi í samvinnu við aðila frá þeim menntastofnunum sem málin varða.

10. Samgönguráðuneytið.
10.1. *Störf hjá stofnunum sem falla undir samgönguráðuneytið.*
Í stofnunum, sem falla undir samgönguráðuneytið, er meiri hluti þeirra starfa, sem iðn-, tækni- eða háskólamenntun þarf til, unninn af körlum. Hið sama á við um vinnuflokka. Áfram verður unnið að því að jafna hlut kynjanna í þessum störfum.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.
11.1. *Gæðaátak í sjávarútvegi.*
Mikill meiri hluti kvenna við sjávarsíðuna um allt land vinnur við fiskiðnað. Í tengslum við gæðaátak sjávarútvegsins, sem nú fer fram, verði sérstaklega skoðað á hvern hátt nýta megi reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna.

11.2. *Þjónustustörf tengd sjávarútvegi.*
Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins hefur nokkuð verið unnið að því að færa ýmis þjónustustörf tengd sjávarútvegi frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.
Lagt er til að áfram verði haldið á þessari braut og að hinar margvíslegu þjónustugreinar tengdar þessari atvinnugrein verði skoðaðar með það í huga að auka fjölbreytni í störfum við sjávarsíðuna. Við þá athugun verði þess sérstaklega gætt að reynsla og hæfni kvenna á viðkomandi stað verði nýtt.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1. *Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.*

Umhverfisráðuneytið hefur samið jafnréttisáætlun og hefur hlutaðeigandi stofnunum, sem heyra undir ráðuneytið og hafa 20 starfsmenn eða fleiri, verið falið að semja slíka áætlun.

Þar sem því verður við komið verður stefnt að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu. Boðið verður upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður við komið. Umhverfisráðuneytið vinnur markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum sem tengjast ráðuneytinu og er ávallt vakin athygli á 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og starfshópa.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. *Staða kvenna í utanríkisþjónustunni.*

Utanríkisráðuneytið kanni hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni. Í framhaldi af því verði settar fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir.

Settar hafa verið reglur sem auka möguleika á starfsframa ritara. Frekari útfærsla fari fram.

13.2. *Konur í þróunarríkjunum.*

Í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna. Öll þróunarverkefni taki þannig mið af því að vinna kvenna í þróunarlöndunum er undirstaða viðkomandi samfélags og að bætt staða þeirra er forsenda framþróunar.

Ráðnar verði konur á vegum Þróunarsamvinnustofnunarinnar til að fylgja slíku starfi eftir.

1231. Breytingartillaga [306. mál]

við frv. til l. um Menningarsjóð.

Frá Svavari Gestssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Í stjórn Menningarsjóðs sitja þrír fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningum frá Rithöfundasambandi Íslands, Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og heimspekideild Háskóla Íslands. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

1232. Svar [443. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skólamáltíðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur völ á skólamáltíðum?

Í fyrstu var talið að hægt væri að vinna upplýsingar um þetta upp úr gögnum sem safnað var í tengslum við könnun sem vinnuhópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins stóð að vorið 1991. Við nánari athugun kom í ljós að frumgögnin voru ekki aðgengileg og skýrsla, sem unnin var í kjölfar könnunarinnar, gefur ekki beint svar við fyrirspurninni eins og hún er orðuð. Fyrirspurnin var því send til fræðslustjóra og óskað eftir upplýsingum frá þeim um skólamáltíðir á sérstöku eyðublaði.

Þegar upplýsingar fræðslustjóra eru teknar saman kemur eftirfarandi fram:

	Nemendur alls	Máltíð	Hlutfall af nem.fj.umd.	Málsv.	Hlutfall af nem.fj.umd.	Nesti	Hlutfall af nem.fj.umd.
Reykjavík	13.251					13.251	100,00
Reykjanes	11.296	667	5,90	4.467	39,54	672	5,95
Vesturland	2.639	623	23,61			2.016	76,39
Vestfirðir	1.684	156	9,26			1.190	70,67
Norðurland vestra	1.820	824	45,27			1.120	61,54
Norðurland eystra	4.354	847	19,45	731	16,79	2.776	63,76
Austurland	2.183	335	15,35			453	20,75
Suðurland	3.487	1.108	31,78	789	22,63	457	13,11
Samtals	**40.714**	**4.560**	**11,20**	**5.987**	**14,71**	**21.935**	**53,88**

Upplýsingarnar ná til almennra grunnskóla sem samtals eru með 32.482 nemendur eða tæp 80% nemenda í landinu. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þau rúm 20% nemenda sem á vantar.

Miðað við fyrirliggjandi gögn njóta 11,2% nemenda máltíða í skólum. Skólamáltíðir eru að sjálfsögðu í öllum heimavistarskólum en í öðrum skólum eru þær algengastar í aksturskólum. 14,7% nemenda í grunnskólum landsins fá léttan málsverð í skólanum (t.d. súpu, brauð, ávexti). 53,9% nemenda fá ekki málsverð í skólanum heldur er gert ráð fyrir að þeir hafi með sér nesti að heiman.

Reykjavík hefur sérstöðu að því leyti að allir nemendur þurfa að koma með nesti að heiman. Á Norðurlandi vestra er hæst hlutfall nemenda sem fá máltíð í skólanum eða 43,7%. Í Reykjanesumdæmi er hæst hlutfall nemenda sem fá léttan málsverð í skóla eða 39,5%.

Um ítarlegri niðurstöður eftir fræðsluumdæmum vísast í eftirfarandi upplýsingar frá fræðslustjórum. Þar er einnig að finna nöfn þeirra skóla sem bjóða skólamáltíðir.

Skólamáltíðir — allt landið.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	92	30.876	3	553	11	5.198	68	21.208
Heimanaksturssskólar	46	2.080	45	2.064	0	0	1	16
Heimavistarskólar	8	287	8	287	0	0	0	0
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	55	7.596	33	1.656	3	789	27	3.457
Samtals	**201**	**40.839**	**89**	**4.560**	**14**	**5.987**	**68**	**24.681**

Skólamáltíðir — Reykjavík.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	28	13.251					28	13.251
Samtals	28	13.251					28	13.251

Frá fræðslustjóra Reykjavíkur.

(7. apríl 1993.)

Hvað viðkemur erindi í bréfi dags. 1. apríl sl. um skólamáltíðir er því til að svara að allir skólar í Reykjavík flokkast undir heimangönguskóla þar sem nemendur koma með nesti að því viðbættu að í þeim öllum eru til sölu mjólkur- og ávaxtadrykkir.

Á unglingastigi eru auk þess sums staðar á boðstólum samlokur eða nemendur smyrja sjálfir brauð og selja enda eru margir þeirra í skólanum á hádegi.

Virðingarfyllst,
Áslaug Brynjólfsdóttir.

Skólamáltíðir — Reykjanesumdæmi.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	22	9.473	1	538	9	4.467	2	672
Heimanaksturssskólar	1	22	1	22	0	0	0	0
Heimavistarskólar	0	0	0	0	0	0	0	0
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	6	1.801	1	107	0	0	0	0
Samtals	**29**	**11.296**	**3**	**667**	**9**	**4.467**	**2**	**672**

	Nemar	Deildir	Full máltíð	Létt máltíð	Nesti
Heimangönguskólar:					
Digranesskóli	505	23		x	
Kópavogsskóli	383	20		x	
Snælandsskóli	494	24		x	
Þinghólsskóli	193	9		x	
Hjallaskóli	581	28		x	
Mýrarhúsaskóli	448	19			x
Valhúsaskóli	224	9			x
Garðaskóli	551	26		x	
Lækjarskóli	405	23		x	
Víðistaðaskóli	624	31		x	
Öldutúnsskóli	731	35		x	
Klébergsskóli	107	10	x		
Holtaskóli	538	25	x	x	
Heimanakstursskóli:					
Ásgarðsskóli	22	2	x		
Samtals	**5.806**	**284**	**3**	**10**	**2**

Skólamáltíðir — Vesturlandsumdæmi.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	2	921	1	9	0	0	2	912
Heimanakstursskólar	2	95	2	95				
Heimavistarskólar								
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	11	1.623	9	519	0	0	7	1.104
Samtals	**15**	**2.639**	**12**	**623**	**0**	**0**	**9**	**2.016**

Frá fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis.

(14. apríl 1993.)

Vísað er til bréfs ráðuneytis frá 1. apríl með ósk um upplýsingar um einsetinn skóla, sem þegar hefur verið svarað, og um skólamáltíðir vegna fyrirspurnar á Alþingi. Jafnframt var óskað upplýsinga um skiptingu nemenda í heimangöngu-, heimanaksturs- og heimavistarnemendur. Skal hér reynt að gera þeirri skiptingu nokkur skil:

Skólar	Heimang.	Heimanak.	Heimavist	Alls
Brekkubæjarskóli	440			440
Grundaskóli	481			481
Heiðarskóli	3	111		114
Andakílsskóli	19	13		32
Kleppjárnsreykir	13	113		126
Varmaland		59	48	107
Borgarnes	170	191[1]		361
Laugagerði		67		67
Staðarsveit		28		28
Hellissandur	85	33[2]		118
Ólafsvík	203	6		209
Eyrarsveit	152	11		163

Skólar	Heimang.	Heimanak.	Heimavist	Alls
Stykkishólmur	225	15		240
Búðardalur	58	15		73
Laugaskóli		10	70	80
Samtals	**1.849**	**672**	**118**	**2.639**

[1] Af þessum nemendum er 29 ekið úr dreifbýli og eru þau jafnframt þau einu sem fá máltíð í skólanum. Hin eru í meira en 1.500 m fjarlægð í bænum.
[2] Nemendum frá Rifi og Gufuskálum er ekið í skóla.

Skólar	Máltíð	Létt máltíð	Nesti	Alls
Brekkubæjarskóli	9[1]		431	440
Grundaskóli			481	481
Heiðarskóli	114			114
Andakílsskóli	32			32
Kleppjárnsreykir	126			126
Varmaland	107			107
Borgarnes	29		332	361
Laugagerði	67			67
Staðarsveit	28			28
Hellissandur			118	118
Ólafsvík			209	209
Eyrarsveit	11		152	163
Stykkishólmur	15		225	240
Búðardalur	15[2]		58	73
Laugaskóli	70		10	80
Samtals	**623**		**2.016**	**2.639**

[1] Níu nemendur sérdeildar frá máltíð í skólanum.
[2] Taldir eru aðeins akstursnemendur sem alltaf frá máltíðir en aðrir nemendur skólans eiga þess einnig kost og notfæra sér þann möguleika stundum.

Við þessar skrár má bæta til frekari skýringa að í þeim skólum þar sem nemendur koma með nesti er yfirleitt seld mjólk og aðrar mjólkurvörur frá Mjólkursamsölunni svo sem jógúrt, þykkmjólk, kakómjólk og ýmiss konar ávaxtasafar og í nokkrum skólum einnig brauð og samlokur, einkum þó fyrir nemendur eldri árganga sem eiga lengri daglega dvöl í skólanum. Er slík sala oftast á vegum skólans en í nokkrum tilfellum rekin af nemendafélagi.

Yfirleitt er um að ræða fullkomið mötuneyti í stærri skólunum þar sem nemendur fá heita máltíð og sums staðar auk þess hressingu er þeir koma í skólann eða áður en þau fara heim. Á þeim stöðum þar sem nemendum er ekið úr dreifbýli til þéttbýlisstaðar er víðast sérstök aðstaða fyrir þá þar sem þeir geta hvílst eða lært í biðtíma og fá næringu, oftast heita máltíð en stundum súpu og brauð þegar kennsludagurinn er styttri.

Með góðri kveðju,
Snorri Þorsteinsson, fræðslustjóri.

Skólamáltíðir — Vestfjarðaumdæmi.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman*	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	5	338					5	338
Heimanaksturskólar								
Heimavistarskólar	1	16	1	16				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	14	1.330	8	140			7	1.190
Samtals	**21**	**1.684**	**9**	**156**			**12**	**1.520**

* Ekki alltaf nesti hjá elstu nemendum í þessum skólum.

	Nemendur	Máltíð mötuneyti	Nesti að heiman
Blandaðir skólar:			
Grunnskólinn Ísafirði	594		x
Grunnskólinn Bolungarvík	233		x
Reykhólaskóli	51	x	
Grunnskólinn Barðaströnd	18	x	
Grunnskólinn Rauðasandi	16	x	
Grunnskólinn Bíldudal	71		x
Grunnskólinn Þingeyri	92		x
Grunnskólinn Núpi	8	x	
Grunnskólinn Holti	17	x	
Finnbogastaðaskóli	14	x	
Grunnskólinn Drangsnesi	26		x
Grunnskólinn Hólmavík	114		x
Grunnskólinn Broddanesi	7	x	
Grunnskólinn Borðeyri	9	x	
Grunnskólinn Suðureyri	60		x
Heimangönguskólar:			
Grunnskólinn Patreksfirði	159		x
Grunnskólinn Tálknafirði	72		x
Grunnskólinn Flateyri	59		x
Grunnskólinn Súðavík	44		x
Klúkuskóli	4		x
Heimavist:			
Grunnskólinn Reykjanesi	16	x	

Skólamáltíðir — Norðurlandsumdæmi vestra.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	5	1.121					5	1.121
Heimanaksturskólar	13	699	13	699				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	1	125	1	125				
Samtals	**19**	**1.820**	**14**	**824**			**5**	**1.121**

	Nemendafjöldi	Máltíðir
Heimangönguskólar:		
Grunnskóli Siglufjarðar	300	
Barnaskóli Sauðárkróks	211	
Gagnfræðaskóli Sauðárkróks	275	
Grunnskólinn Blönduósi	210	
Höfðaskóli Skagaströnd	126	
Heimanakstursskólar:		
Barnaskóli Staðarhrepps Vestur-Hún.	11	x
Laugarbakkaskóli	127	x
Vesturhópsskóli	14	x
Húnavallaskóli	105	x
Steinsstaðaskóli	40	x
Akraskóli	22	
Grunnskóli Staðarhepps Skagafirði	6	
Grunnskóli Rípurhrepps	10	
Grunnskóli Skefilsstaðahrepps	3	
Grunnskólinn Hólum	31	x
Grunnskólinn Hofsósi	62	x
Sólgarðaskóli Fljótum	13	x
Blandaðir skólar:		
Varmahlíðarskóli	125	x

Skólamáltíðir — Norðurlandsumdæmi eystra.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	14	3.260	1	6	2	731	11	2.523
Heimanakstursskólar	9	653	9	653				
Heimavistarskólar	2	74	2	74				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	7	367	3	114			5	253
Samtals	**32**	**4.354**	**15**	**847**	**2**	**731**	**16**	**2.776**

Skólamáltíðir — Austurlandsumdæmi.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	12	1.379					11	1.258
Heimanakstursskólar	6	74	5	58			1	16
Heimavistarskólar	5	197	5	197				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	6	533	6	80			6	453
Samtals	**29**	**2.183**	**16**	**335**			**18**	**1.727**

	Máltíð/mötuneyti	Nesti að heiman[1]
Heimangönguskólar:		
Seyðisfjarðarskóli		x
Nesskóli		x
Grunnskólinn á Eskifirði		x
Grunnskólinn á Bakkafirði		x
Grunnskóli Borgarfjarðar		x
Egilsstaðaskóli		x
Grunnskólinn á Mjóafirði		x
Grunnskóli Reyðarfjarðar		x
Grunnskólinn á Stöðvarfirði		x
Hafnarskóli		x
Heppuskóli[2]		x
Verkmenntaskóli Austurlands.[2]		x
Heimanaksturssskólar:		
Grunnskólinn í Norðfjarðarhreppi		x
Grunnskólinn í Beruneshreppi	x	
Grunnskólinn í Geithellnahreppi	x	
Grunnskólinn í Mýrahreppi	x	
Hrollaugsstaðaskóli	x	
Grunnskólinn í Hofgarði	x	
Heimavistarskólar:		
Brúarásskóli	x	
Skjöldólfsstaðaskóli	x	
Hallormsstaðaskóli	x	
Grunnskólinn á Eiðum	x	
Alþýðuskólinn á Eiðum	x	
Blandaðir skólar[2]:		
Vopnafjarðarskóli	x	x
Fellaskóli	x	x
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	x	x
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	x	x
Grunnskólinn á Djúpavogi	x	x
Nesjaskóli	x	x

[1] Mjólk víða á boðstólum í skólunum.
[2] Sjoppa er rekin í skólanum.
[3] Mötuneyti er fyrir börnin sem ekið er til skóla en aðrir koma með nesti að heiman.

Skólamáltíðir — Suðurlandsumdæmi.

	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	4	1.133					4	1.133
Heimanaksturssskólar	15	537	15	537				
Heimavistarskólar								
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	10	1.817	5	571	3	789	2	457
Samtals	**29**	**3.487**	**20**	**1.108**	**3**	**789**	**6**	**1.590**

	Nemendur	Mötuneyti	Létt máltíð	Nesti
Blandaðir skólar:				
Sandvíkurskóli, 1.–5. b.	369			x
Sólvallaskóli, 6.–10. b.	363		x	
Kirkjubæjarskóli, 1.–10. b.	100	x		
Víkurskóli, 1.–10. b.	75		x	
Hvolsskóli, 1.–10. b.	175	x		
Grunnskólinn Hellu, 1.–10. b.	137	x		
Grunnskólinn Stokkseyrarhreppi, 1.–10. b.	88			x
Flúðaskóli, 1.–10. b.	131	x		
Grunnskólinn Laugarvatni, 1.–8. b.	28	x		
Grunnskólinn í Hveragerði 1.–10. b.	351		x	
Heimangönguskólar:				
Barnaskóli Vestmannaeyja, 1.–10. b.	448			x
Hamarsskóli Vestmannaeyjum, 1.–10. b.	344			x
Barnaskólinn Eyrarbakka, 1.–10. b.	99			x
Grunnskólinn Þorlákshöfn, 1.–10. b.	243			x
Heimanakstursskólar:				
Ketilsstaðaskóli, 1.–7. b.	34	x		
Grunnskólinn Skógum, 1.–8. b.	27	x		
Seljalandsskóli, 1.–7. b.	24	x		
Grunnskóli Austur-Landeyjahrepps, 2.–7. b.	25	x		
Grunnskóli Vestur-Landeyjahrepps, 1.–7. b.	13	x		
Grunnskóli Fljótshlíðar, 1.–7. b.	26	x		
Laugalandsskóli, 1.–10. b.	84	x		
Grunnskóli Djúpárhrepps, 1.–7. b.	23	x		
Grunnskólinn Gaulverjabæjarhreppi, 1.–7. b.	17	x		
Grunnskólinn Hraungerðishreppi, 1.–7. b.	27	x		
Villingaholtsskóli, 1.–7. b.	37	x		
Brautarholtsskóli, 1.–7. b.	23	x		
Gnúpverjaskóli, 1.–7. b.	36	x		
Reykholtsskóli, 1.–10. b.	93	x		
Ljósafossskóli, 1.–8. b.	48	x		

1233. Svar [585. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Margrétar Frímannsdóttur um viðgerð á húsi Þjóðminjasafnsins.

1. *Hefur samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fallist á að hefja framkvæmdir við nýbyggingu fyrir Þjóðminjasafnið?*

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur ekki fallist á framkvæmdir við nýbyggingu við Þjóðminjasafnið. Nefndinni hefur ekki borist erindi þar um.

2. *Hvenær hefjast viðgerðir á Þjóðminjasafninu á þessu ári fyrir þær 100 millj. kr. sem ætlaðar eru til verksins á fjárlögum?*

Hvað varðar upplýsingar um áformaðar framkvæmdir á þessu ári vísast til byggingarnefndar og menntamálaráðuneytis. (Fjárveiting til endurbóta á þessari húseign í fjárlögum 1993 er 90 millj. kr. en ekki 100 millj. kr. eins og segir í fyrirspurninni.)

3. *Hve miklu fé hefur þegar verið varið til endurbóta á húsnæði Þjóðminjasafnsins 1991 og 1992, sundurliðað eftir árum?*

Greiðslur til endurbóta á húsnæði Þjóðminjasafnsins 1991 og 1992 eru sem hér segir:

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1991:

	Þús. kr.
Húseign við Suðurgötu, viðhald	15.732
Húseign við Suðurgötu, endurbætur	5.189
Samtals greitt 1991	**21.551**

Greitt 1992 samkvæmt upplýsingum Ríkisbókhalds:

Húseign við Suðurgötu, endurbætur	17.969
Alls greitt 1991 og 1992	**39.520**

1234. Nefndarálit [486. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Minni hlutinn hefur fjallað um málið og hefur verið rætt við ýmsa aðila.

Nefndin hefur fengið á sinn fund fulltrúa fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar þar sem aðilar hafa gert grein fyrir þeim sjónarmiðum er liggja að baki afstöðu þeirra til reikningsins. Ágreiningur er á milli ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um hvernig farið skuli með reikningsfærslur í ríkisreikningi. Þar til slíkt álit liggur fyrir telur minni hlutinn rétt að fresta afgreiðslu málsins.

Í ljósi þessa leggur minni hlutinn til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ríkisreikningsnefnd, sem er ætlað það hlutverk samkvæmt lögum að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, hefur ekki skilað áliti um ágreiningsmál um frágang ríkisreiknings samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1993.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Guðrún Helgadóttir. Jón Kristjánsson.

Guðmundur Bjarnason. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1235. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og kallað til viðræðna við sig fulltrúa Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis og fengið skýringar og svör þeirra um einstök atriði.

Meiri hluti nefndarinnar telur að fullnægjandi skýringar hafi fengist á öllum efnisatriðum frumvarpsins og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1993.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnlaugur Stefánsson.	Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.

1236. Nefndarálit [566. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um efni hennar Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Sjálfur fríverslunarsamningurinn er með hefðbundnu sniði og í honum eru sams konar öryggisákvæði og í öðrum fríverslunarsamningum sem ríki EFTA hafa gert að undanförnu. Þessi öryggisákvæði öðlast hins vegar nýja merkingu þegar Ísrael á í hlut þar sem það hefur hertekið og innlimað í ríki sitt stór svæði sem byggð eru Palestínumönnum.

Það er algerlega á valdi stjórnvalda í Ísrael, eins og annarra aðila að sambærilegum samningum, að ákveða hvenær og hvernig þeir beita öryggisákvæðunum. Þannig segir í 24. gr. samningsins að ekkert ákvæði samningsins komi „í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar: a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum, b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni“. Í krafti þessa ákvæðis geta stjórnvöld í Ísrael sem hægast beitt fyrirtæki Palestínumanna á herteknu svæðunum hvers kyns viðskiptahindrunum og gert þeim erfitt og jafnvel ókleift að stunda viðskipti við fyrirtæki EFTA-ríkjanna.

Samningnum fylgir samkomulag milli EFTA-ríkja og Ísraels um útflutning frá „yfirráðasvæðunum“. Þar tekur Ísrael að sér að „koma á fyrirkomulagi sem gerir slíkan útflutning kleifan án hindrana af hálfu stjórnvalda“. Í þessu samkomulagi segir m.a. að „arabískum verslunarráðum á yfirráðasvæðum verði heimilað að gefa út vottorð um uppruna“. Eftir því sem næst verður komist er lítið hald í þessu ákvæði þar sem stjórnvöld í Ísrael hafa beitt því fyrir sig í samskiptum við EB að slíkir aðilar séu ekki til.

Hinn pólitíski þáttur þessa samnings hlýtur að vega þungt og þingmenn verða að svara þeirri áleitnu spurningu hvort rétt sé að taka upp fríverslun við ríki sem byggir á kynþáttaaðskilnaðarstefnu og hefur margsinnis gerst brotlegt við Genfarsáttmálana um stríðsglæpi og vernd óbreyttra borgara á stríðstímum, nú síðast með því að reka hundruð Palestínumanna í útlegð úr eigin landi. Þá hefur Ísrael neitað að virða ályktanir Sameinuðu þjóðanna um sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og mannréttindabrot Ísraelsmanna á herteknu svæðunum.

Þá vísar minni hlutinn til ályktunar Alþingis frá 18. maí 1989 um deilur Ísraels og Palestínumanna sem birt er með nefndarálitinu sem fskj. I.

Minni hlutinn telur hvorki pólitískar né viðskiptalegar forsendur til að gera þennan samning. Með samningnum er ekki hægt að tryggja frjáls og hindrunarlaus viðskipti við fyrirtæki Palestínumanna á herteknu svæðunum né koma í veg fyrir að þeim sé mismunað í viðskiptum. Minni hlutinn leggst því gegn afgreiðslu þessa máls og mun greiða atkvæði gegn staðfestingu á samningnum.

Alþingi, 6. maí 1993.

Páll Pétursson, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Steingrímur Hermannsson.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal I.

Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna.

(Samþykkt á Alþingi 18. maí 1989.)

Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.

Fylgiskjal II.

Félagið Ísland-Palestína:

Nokkrir áherslupunktar varðandi viðskiptamál Palestínu.
(5. maí 1993.)

Eftirfarandi kröfur þarf að gera til Ísraelsstjórnar og hernámsyfirvalda:

1. að inn- og útflutningur verði gefinn frjáls, án milligöngu Ísraelsmanna,
2. að leyfa byggingu hafnar í Gaza fyrir inn- og útflutning Palestínumanna,
3. að Palestínumönnum verði leyft að fjárfesta á herteknu svæðunum, án sérstakra hafta,
4. að herteknu svæðin verði losuð úr herkví og lokun þeirra aflétt, þannig að fólk komist m.a. til vinnu út fyrir svæðin,
5. að frjáls viðskipti verði leyfð á milli Jerúsalem og annarra hluta Palestínu.

Grundvallarkrafan er að Ísrael virði allar ályktanir Sameinuðu þjóðanna sem varða Palestínu, Ísrael og herteknu svæðin.

1237. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd leitaði umsagna um frumvarpið og fór yfir þær er bárust á fundi 9. desember sl. Á fundi nefndarinnar 16. desember var um það rætt að láta umfjöllun þessa máls fylgja meðferð stjórnarfrumvarps um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, sem er 302. mál yfirstandandi þings. Meðferð þess frumvarps varð eigi lokið og brá þá meiri hluti nefndarinnar á það ráð á fundi 5. maí sl.

að afgreiða frumvarpið um breytingu á einni grein gildandi laga um fuglaveiðar og fuglafriðun frá nefndinni.

Þessari málsmeðferð er minni hluti nefndarinnar ósamþykkur og vísar m.a. til eftirfarandi atriða sem fram koma um málið í umsögnum til nefndarinnar.

Frá Náttúrufræðistofnun Íslands:

Frumvarpsins er auðsjáanlega þörf vegna aðildar Íslands að EES svo að Íslendingar og erlendir ríkisborgarar sitji við sama borð. Það opnar þá einnig fyrir óheftar veiðar útlendinga, en íslensk lög og reglugerðir hafa löngum miðað að því að koma sem mest í veg fyrir veiðar útlendinga.

Hér er gerð breyting á 5. gr. laga nr. 33/1966, en eftir sem áður takmarkar reglugerð um skotvopn og skotfæri (nr. 16/1978), sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1977, erlendum ríkisborgurum í reynd aðgang að íslenskum veiðilendum ... Þrátt fyrir frumvarpsbreytinguna setur reglugerðin erlendum veiðimönnum skorður, nema henni verði breytt samhliða frumvarpinu sem þá er á hendi dómsmálaráðherra. Það er svo annað mál að 3. liður reglugerðarinnar hefur verið brotinn allra seinustu ár því að Íslendingar hafa flutt inn útlenda veiðimenn eins og um ferðaþjónustu væri að ræða. Veiðar útlendinga hafa verið kynntar í erlendum bæklingum sem hluti af ferðaþjónustu bænda. Nýlega flutti Íslendingur inn norska blaðamenn gagngert til þess að kynna þessa hlið ferðaþjónustu. Þetta er augljóslega gert með atvinnusjónarmið í huga. Íslendingarnir þekkja ekki útlendingana persónulega og er því greinilega um brot að ræða.

Veiðum útlendinga hafa einnig fylgt lögbrot sem eru fólgin í því að þeir hafa farið með fenginn úr landi án þess að hafa tilskilin útflutningsleyfi frá umhverfisráðuneyti. Allur útflutningur á fuglum er háður leyfum að rjúpu undanskilinni. Eftirlit með því hvað er flutt út af fuglum er nánast ekkert nema sérstakar ábendingar um yfirvofandi brot hafi komið fram. Frumvarpið opnar á það að útlendingar geti komið til landsins og stundað fuglaveiðar, t.d. rjúpnaveiðar, í atvinnuskyni. Þeir mættu flytja allar þær rjúpur sem þeir vilja úr landi án leyfa. Nýtt frumvarp til laga um fuglafriðun og fuglaveiðar gerir ráð fyrir að leyfi þurfi einnig vegna útflutnings á rjúpum. Meðan hér á landi er engin stýring á hve mikið einstakir veiðimenn mega veiða af fuglum er ekki á bætandi að erlendir ríkisborgarar geti veitt hér óheft. Frumvarp til veiðilaga, sem nú er í danska þinginu og kom fram af sömu ástæðu og ofangreint frumvarp, miðar að því að takmarka veiðar í almenningum við sportveiðar eingöngu. Þannig mætti einnig fara að hér á landi og þá sitja Íslendingar og útlendingar við sama borð.

Fuglaverndarfélag Íslands segir m.a. í umsögn:

Með samþykkt þessa frumvarps getur verið að ásókn í veiðar aukist hér á landi vegna þess að fleiri aðilum er leyft að veiða fugla. Í greinargerð með frumvarpinu kemur ekkert fram (og það er einkennilegt) hve mikil áhrif samþykkt þessa frumvarps hefði á veiðiásókn. Það er ekki einu sinni metið hve margir aðilar gætu átt hér veiðirétt á sama tíma eftir hugsanlega samþykkt samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Með tilvísun í ofangreint og að fuglategundir hér á landi þola misvel auknar veiðar sér Fuglaverndarfélagið sér ekki fært að mæla með þessu frumvarpi nema í tengslum við endurskoðun fuglaverndarlaga þar sem tekið er að nýju á friðun eða ófriðun einstakra tegunda og þá með tilliti til breyttrar (aukinnar) ásóknar í veiðar hér á landi.

Frá stjórn Búnaðarfélags Íslands:

Stjórnin vísar til svohljóðandi samþykktar búnaðarþings:

„Búnaðarþing ályktar að ekki sé aðkallandi sem stendur að veita undanþágu þá frá lögum nr. 33/1926, um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem frumvarp til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir.

Lagt er til að frumvarpið verði ekki að lögum.

Til vara: Verði frumvarpið samt afgreitt sem lög vill búnaðarþing hvetja til ýtrustu varfærni varðandi heimildir útlendinga til skotveiða hér á landi. Það bendir í því sambandi á svipaða leið og Danir hyggjast fara gagnvart EB, að réttur útlendinga til fuglaveiða sé bundinn við þá sem lögheimili eiga í landinu, enda sé ekki um veiðar í atvinnuskyni að ræða.

Frá Stéttarsambandi bænda:

Stéttarsambandið bendir á að óvissa ríkir um eignarrétt á ýmsum óbyggðum svæðum á hálendi landsins og harðvítugar deilur hafa að undanförnu spunnist milli skotveiðimanna og landeigenda hérlendis um rétt til skotveiða.

Stéttarsambandið telur nauðsynlegt að skýrari línur fáist í þessum málum áður en erlendum mönnum verði heimilaðar skotveiðar hér á landi og leggur því til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað.

Frá Eyþingi á Húsavík:

Stjórn Eyþings álítur að hér sé á ferðinni viðkvæmt mál sem þurfi að gaumgæfa mjög vandlega. Stjórnin telur að þörf sé á sérstakri lagasetningu um þetta mál og í því efni verði fylgt fordæmi Dana sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins. Rétt er að sú lagasetning taki á fleiri þáttum málsins en fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir, svo sem veiðum í atvinnuskyni.

Minni hlutinn tekur eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögnum þessara aðila. Engin haldbær rök hafa komið fram um að eitthvað liggi á að afgreiða þetta frumvarp. Fyrir umhverfisnefnd liggur stjórnarfrumvarp, 302. mál, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Ekki vannst tími til að afgreiða það mál frá nefndinni nú, en að líkindum mun það koma fram og fá afgreiðslu á næsta þingi.

Tilefni þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar er samningurinn um EES sem enn er ekki genginn í gildi. Fjölmörg stjórnarfrumvörp, sem til eru komin vegna samningsins, eru enn óafgreidd og bíða næsta þings. 29. apríl 1993 var staðan þannig að af 68 tilgreindum EES-frumvörpum höfðu aðeins 26 verið samþykkt, þrjú lágu óafgreidd í ríkisstjórn og fimm voru ókomin til ríkisstjórnarinnar frá ráðuneytum. Í hópi frumvarpa, sem ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um, er frumvarp um eignarhald á auðlindum í jörðu sem varðar umráðarétt jarðhita, m.a. á afréttum og í almenningum. Hið sama gildir um frumvarp um virkjunarrétt fallvatna. Það sætir furðu að með þessi stórmál í uppnámi skuli stjórnarmeirihlutinn þrýsta á um afgreiðslu á máli sem þessu sem hlotið hefur mjög takmarkaða athugun í þingnefnd og tengist mörgum álitamálum um eignar- og umráðarétt afrétta og almenninga og lögsögu í óbyggðum.

Hvað sem varðar almenn viðhorf til þess að veita útlendingum, sem hér öðlast búsetu, m.a. í skjóli EB-réttar, sama rétt og Íslendingum er ráðlegast að leysa áður ýmis undirstöðuatriði. Þetta á m.a. við um það frumvarp sem hér um ræðir, en því tengjast mörg óleyst vandamál á sviði skipulags- og eignarréttarmála í óbyggðum. Staðan gjörbreytist á mörgum sviðum ef EES-samningurinn verður staðreynd. Þetta á ekki síst við um kaup á fasteignum, landi og hlunnindum og inn í þá mynd kemur aðgangur að almenningum, m.a. í stöðuvötnum.

Ákvæði um atvinnu- og búseturétt hér á landi gjörbreytist með tilkomu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Samkvæmt honum öðlast ríkisborgarar EES-ríkja og fjölskyldur þeirra varanlegan rétt til búsetu í ríki innan svæðisins eftir að hafa fengið þar vinnu og öðlast við það svonefnt dvalarleyfi. Þá fá ríkisborgarar EES-ríkja svonefndan **staðfesturétt** til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi, m.a. sem sjálfstætt starfandi aðilar. Er þeim og fjölskyldum þeirra einnig veittur réttur til áframhaldandi búsetu eftir að þeir hafa hætt rekstri og eru reglur viðkomandi tilskipunar sambærilegar og fyrir launafólk. Þetta ber að hafa í huga þegar nú er litið á tillögur um að binda réttindi og skyldur manna við lögheimili óháð ríkisfangi.

Minni hlutinn vekur athygli á eftirfarandi atriðum sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu þar sem orðrétt er vitnað til álitsgerðar Ólafs W. Stefánssonar, Stefáns M. Stefánssonar og Tryggva Gunnarssonar „Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi" sem gefinn var út í júní 1992 (leturbreyting minni hluta):

„Nýting þessa fuglaveiðiréttar getur ekki orðið tilefni þess að reyni á stofnsetningarrétt samkvæmt EES-samningnum að því marki að þessi réttindi séu sérstaklega keypt til að leigja þau út en hins vegar er ekki útilokað að erlendur aðili, sem nyti EES-réttar, stofnaði til atvinnustarfsemi sem fælist í því að skipuleggja ferðir þar sem þátttakendur færu til fuglaveiða á umræddum svæðum.

Talið er að EB-réttur og þá EES-samningurinn girði ekki fyrir að áskilnaður sé gerður um sérstök tengsl við viðkomandi ríki til þess að hlutaðeigandi fái heimild til að nýta almannarétt, svo sem veiðirétt, af því tagi sem hér er fjallað um. Þannig getur aðili, sem nýtur EES-réttar og kemur til landsins sem ferðamaður, **væntanlega ekki** gert kröfu um að fá sama rétt og innlendur aðili til fuglaveiða utan eignarlands, EN HÉR KOMA HINS VEGAR UPP MARKATILVIK. Ef um er að ræða aðila sem nýtur EES-réttar og hefur fasta búsetu hér á landi á grundvelli launþegaréttar eða sem sjálfstæður atvinnurekandi er vafasamt að hægt sé að neita honum um heimild til að nýta slíka frjálsa veiðiheimild umfram þær takmarkanir sem einnig gilda gagnvart Íslendingum sem búsettir eru í landinu."

Þá er enn fremur rétt að vekja athygli á eftirfarandi athugasemd með frumvarpinu:

„Við þetta má bæta að Danir eru nú að undirbúa frumvarp til laga um veiði og stjórn villtra dýrastofna (forslag til lov om jagt og vildtforvaltning) þar sem lagt er til að réttur til fuglaveiða í danskri landhelgi verði takmarkaður við þá sem lögheimili eiga í Danmörku **enda sé ekki um að ræða veiðar í atvinnuskyni**. Breyting þessi er m.a. rökstudd með tilvísun í Rómarsamninginn."

Þetta danska frumvarp fékkst ekki lagt fram til skoðunar í nefndinni né heldur voru undirtektir við að skilyrða umrædda heimild þannig að ekki sé um að ræða veiðar í atvinnuskyni. Þetta er alvörumál, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að farið sé að flytja inn útlenda veiðimenn eins og um ferðaþjónustu sé að ræða.

Fyrir afgreiðslu þessa máls úr umhverfisnefnd lágu fyrir upplýsingar um starf sérstakrar stjórnskipaðrar nefndar á vegum forsætisráðuneytis sem vinnur að mótun tillagna um eignarrétt að afréttum og almenningum. Hafi þessi stjórnskipaða nefnd samið drög að frumvarpi sem send hafi verið ráðuneytinu í desember 1992. Ákvörðun um þessi efni með lagasetningu á vegum Alþingis eða úrskurði dómstóla má teljast undirstaða þess að unnt sé að rækja eftirlit og framfylgja reglum er kveða á um landnot í almenningum og á afréttum. Í stað hálfkáks og lítt yfirvegaðra breytinga, eins og m.a. er stofnað til með þessu frumvarpi, verða að koma heildstæð tök á málefnum óbyggða og almenninga því að öðrum kosti er einni mikilvægustu auðlind þjóðarinnar stefnt í mikla hættu.

Með vísan til þessa og atriða, sem fram munu koma í framsögu með þessu nefndaráliti, leggur minni hlutinn til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1993.

Hjörleifur Guttormsson.

1238. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Um nokkurt skeið hefur verið uppi ágreiningur um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga. Hefur sá ágreiningur verið milli fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og einnig milli einstakra þingmanna. Fjárlagafrumvörp hafa verið lögð fram á greiðslugrunni en ekki rekstrargrunni. Við gerð fjáraukalaga hefur síðan verið tilhneiging til að taka inn ýmsar skuldbindingar sem ekki eru komnar til greiðslu en aðrar ekki. Af því leiðir að verið er að blanda saman tveimur aðferðum, þ.e. greiðslugrunni sem á að sýna inngreiðslur og útgreiðslur úr ríkissjóði og rekstrargrunni sem til viðbótar greiðslum sýnir einnig ýmsar skuldbindingar ríkisins.

Við afgreiðslu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem var þriðja frumvarp sinnar tegundar það ár og til þess gert að stemma af lokatölur fjárlaga, var tekinn inn nýr liður í 3. gr., Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 1.458.282 þús. kr. Hækkaði við það gjaldahlið frumvarpsins sem þessu nam. Í nefndaráliti fjárlaganefndar með frumvarpinu segir um það:

„Tillaga þessi á rætur að rekja til laga nr. 39/1990, um verðjöfnunargjald sjávarútvegsins, en samkvæmt þeim var Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins m.a. lagður niður. Í ákvæðum til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Meðal skulda, sem ríkissjóður yfirtók, var yfirdráttur á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1.458.283 þús. kr. Þann 1. nóvember 1990 undirritaði þáverandi fjármálaráðherra skuldabréf til handa Seðlabanka Íslands að sömu fjárhæð til greiðslu á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá bankanum.“

Þar var því verið að taka inn í fjáraukalagafrumvarp skuldbindingar ríkissjóðs í formi undirritaðs skuldabréfs. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðu athugasemd við þessa málsmeðferð í nefndinni og í umræðum en stóðu þó að sameiginlegu nefndaráliti með fyrirvara. Ekki var ágreiningur um að upphæðin hlyti að koma inn í ríkisreikning en setja þyrfti skýrari reglur áður en hægt væri að taka einstakar skuldbindingar inn í fjáraukalög.

Hér er verið að afgreiða annað fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 1991. Fyrra frumvarpið var samþykkt með lögum nr. 75/1991. Þar var einnig gerð breyting á 3. gr. til hækkunar um 700 millj. kr. vegna skuldbindingar í fasteignakaupum. Í nefndaráliti fjárlaganefndar segir þar um afstöðu minni hlutans:

„Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni telja álitamál hvort á að færa skuldbindingar ríkissjóðs vegna fasteignakaupa sérstaklega með þeim hætti sem hér er lagt til, enda eru þessi uppgjörsmál ríkissjóðs í nánari athugun og hafa þeir því um það sérstakan fyrirvara."

Nú ber svo við að við afgreiðslu þessa síðara fjáraukalagafrumvarps fellst meiri hluti nefndarinnar ekki á röksemdir Ríkisendurskoðunar fyrir því að taka inn skuldbindingar sem orðið hafa til með sama hætti og þær sem hér er vísað til á undan, þ.e. með undirritun skuldabréfa fyrir hönd ríkissjóðs. Hér er um að ræða eftirfarandi atriði:

1. Lántökur Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn 275 millj. kr.
2. Yfirtaka lána vegna Byggðastofnunar 1,2 milljarðar króna.
3. Niðurfelling lána vegna Hitaveitu og Rafveitu Seyðisfjarðar 100 millj. kr.

Auk þess er ágreiningur um meðhöndlun á fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Undirritaðir nefndarmenn telja að hér gæti misræmis í uppsetningu fjáraukalaga þar sem ýmist er verið að taka inn skuldbindingar ríkissjóðs eða ekki og virðist faglegt mat ekki ráða þar för.

Meðan ekki eru óumdeildar og skýrar reglur um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga og ríkisreikningsnefnd hefur ekki skilað tillögum og breytingum á gerð fjárlaga og ríkisreiknings teljum við að bíða hefði átt með afgreiðslu þar til ríkisreikningsnefnd hefur lokið störfum.

Samkvæmt framansögðu kjósum við að sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar hlýtur að taka ábyrgð á misvísandi vinnubrögðum sínum.

Alþingi, 7. maí 1993.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, frsm. Guðmundur Bjarnason. Jón Kristjánsson.

Guðrún Helgadóttir. Margrét Frímannsdóttir.

1239. Nefndarálit [539. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1992 til athugunar. Frumvarp þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1992. Alþingi samþykkti í desembermánuði 1992 fjáraukalög, nr. 118/1992, en það fól í sér auknar greiðsluheimildir frá fjárlögum 1992 um tæpa 3 milljarða króna. Með frumvarpi þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992.

Fram hefur komið að í væntanlegum fjáraukalögum fyrir árið 1993 verði heimild til að flytja milli ára fjárveitingar vegna viðhalds- og stofnkostnaðar og enn fremur í nokkrum tilvikum rekstrargjöld vegna aðhalds og sparnaðar í rekstri á árinu 1992.

Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 2.491 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 1.330 millj. kr. en á móti eru greiðsluheimildir lækkaðar um 3.821 millj. kr.

Við afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu gerðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins grein fyrir einstökum viðbótargreiðsluheimildum sem óskað var eftir frekari skýringum á. Þá kallaði nefndin til fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem gerði grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar sem fram koma m.a. í skýrslu hennar um framkvæmd fjárlaga árið 1992.

Að lokinni athugun fjárlaganefndar á frumvarpinu og að teknu tilliti til þeirra skýringa, sem hún hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun, fellst hún á tillögur þær um viðbótarfjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sturla Böðvarsson, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.
Gunnlaugur Stefánsson.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.
Össur Skarphéðinsson.		Guðjón Guðmundsson.

1240. Nefndarálit [486. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 til athugunar.

Fyrir nefndina hafa komið fulltrúar fjármálaráðuneytis, sem hafa gert grein fyrir uppsetningu reikningsins, og ríkisendurskoðandi sem gerði grein fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings vegna endurskoðunar ríkisreiknings 1991.

Í endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er lagt til af hálfu yfirskoðunarmanna að ríkisreikningur verði samþykktur með eftirtöldum breytingum:

1. Að framlag að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01–173, verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlag í ríkisreikningi ársins 1992.
2. Að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.
3. Niðurstöðutölur reikningsins breytist til samræmis við þetta.

Í áritun Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi fyrir árið 1991 segir m.a.: „Í ríkisreikningi 1991 er framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands fært til gjalda hjá forsætisráðuneytinu. Þetta er byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest voru 24. janúar 1992 og heimila fjármálaráðherra að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr. á því ári. Fjármálaráðherra hefur þegar nýtt þessa heimild samkvæmt samkomulagi við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Það er álit Ríkisendurskoðunar að færa beri nefnt framlag til gjalda í ríkisreikningi 1992 í stað 1991 og því sýnir rekstrarreikningur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 verri afkomu sem þessu nemur."

Í bréfi fjármálaráðherra og ríkisbókara til forseta Alþingis segir m.a. um ofangreint efni: „Gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Skuldbindingar, sem falla til á fjárhagsárinu, eru færðar til bókunar samkvæmt stöðu verkefna. Þetta á t.d. við vegagerð, hafnagerð og byggingarframkvæmdir, svo og ábyrgðir ríkissjóðs sem augljóslega eru tapaðar. Hvenær bókun á sér stað ræðst þannig af mati á því, hvenær til skuldbindinganna er stofnað, en ekki af hinni formlegu afgreiðslu Alþingis. Með þessu telur ráðuneytið að ríkisreikningurinn gefi sem réttasta mynd af efnahag ríkissjóðs á hverjum tíma."

Nefndin hefur fengið á sinn fund fulltrúa fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar þar sem aðilar hafa gert grein fyrir þeim sjónarmiðum er liggja að baki afstöðu þeirra til þessa tiltekna máls. Meiri hlutinn nefndarinnar telur óviðunandi að slíkur ágreiningur komi upp milli ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og að reikningsfærslur í ríkisreikningi séu þess vegna óvissu háðar. Mikilvægt er að samræmis sé gætt við færslur á skuldbindingum ríkissjóð. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að allar athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, er varða reikningsskil ríkisins, verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar og ríkisreikningsnefnd taki þær til umfjöllunar.

Samkvæmt lögum er ríkisreikningsnefnd ætlað það hlutverk að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi er lögum er ætlað að tryggja. Í nefndinni eiga sæti ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi, hagstofustjóri og fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands.

Fyrrverandi fjármálaráðherra ákvað á árinu 1990 að beita sér fyrir heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Verkefnið er unnið á vegum ríkisreikningsnefndar. Nefndinni er kunnugt um að ríkisreiknings-

nefnd hefur að undanförnu lagt mikla vinnu í þetta verkefni og hillir nú undir lok þess. Meiri hlutinn leggur á það þunga áherslu að ríkisreikningsnefnd ljúki verkefninu sem allra fyrst.

Í áritun löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist þetta á heimildarákvæði til fjármálaráðherra samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. janúar 1992 og fjármálaráðherra hefur þegar nýtt sér, sbr. samkomulag við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Í ljósi athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, Ríkisendurskoðunar og löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands við ríkisreikning ársins 1991 og reikninga Framkvæmdasjóðs telur meiri hlutinn eðlilegt að sama athugasemd fylgi ríkisreikningi 1991. Er með því samræmi milli reiknings Framkvæmdasjóðs og ríkisreiknings, en hvorugum reikningnum breytt. Þá skal tekið fram að ekki er deilt um ábyrgð ríkissjóðs á fjárhag Framkvæmdasjóðs Íslands.

Þá leggja yfirskoðunarmenn ríkisreiknings enn fremur til að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð. Er það í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar við fjárlagalið hafnamála.

Í fjárlögum fyrir árið 1992 og árið 1993 voru undir liðnum veitt framlög til að mæta afborgunum og fjármagnskostnaði vegna ofangreindrar lántöku. Meiri hlutinn mun við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994 taka tillit til athugasemda yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar er þetta tiltekna mál varða og haga framlögum í samræmi við það.

Að lokinni athugun nefndarinnar á frumvarpinu og með vísun til þess sem segir í nefndaráliti leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt.

Með nefndaráliti þesssu fylgir greinargerð Ríkisendurskoðunar frá 21. apríl 1993 um árangur við innheimtu opinberra gjalda.

Alþingi, 6. maí 1993.

Sturla Böðvarsson, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Árni M. Mathiesen.	Össur Skarphéðinsson.	Guðjón Guðmundsson.

Á fylgiskjali með nefndaráliti meiri hlutans var birt greinargerð Ríkisendurskoðunar frá 21. apríl 1993 um árangur við innheimtu opinberra gjalda. Um greinargerðina vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

1241. Frumvarp til laga [2. mál]

um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara hefur einkarétt til hagnýtingar hennar samkvæmt lögum þessum.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er háð því að um nýsköpun sé að ræða, annaðhvort í heild eða að hluta. Skilyrði er að um eigið verk hönnuðar sé að ræða og að svæðislýsingin sé ekki almennt þekkt.

2. gr.

Verndar samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir ríkisborgarar eða þeir sem hafa fasta búsetu hér á landi. Einnig njóta verndar þau fyrirtæki og lögaðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að réttarvernd samkvæmt lögum þessum skuli einnig taka til ríkisborgara í þeim ríkjum sem veita íslenskum ríkisborgurum sams konar rétt.

3. gr.

Í einkarétti aðila á hagnýtingu svæðislýsingar smárása í hálfleiðara felst eftirfarandi:

1. Réttur til afritunar svæðislýsingar smárása sem nýtur verndar skv. 1. gr. laganna.
2. Réttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni.
   Hagnýting í atvinnuskyni þýðir sala, leiga, langtímaleiga eða önnur notkun svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni eða tilboð gerð í þeim tilgangi.
3. Réttur til innflutnings svæðislýsingar eða smárásar sem framleidd var með þeirri svæðislýsingu til nota í atvinnuskyni.

Einkaréttur tekur ekki til:

1. afritunar svæðislýsinga smárása sem ekki tengist atvinnurekstri,
2. afritunar svæðislýsinga smárása sem gerð er í rannsókna- eða fræðsluskyni,
3. svæðislýsingar smárása sem hefur orðið til vegna atferlis sem 2. tölul. þessarar málsgreinar tekur til,
4. athafna sem 1. mgr. tekur til eftir að svæðislýsing smárásar, sem nýtur verndar skv. 1. gr., hefur verið sett á markað af rétthafa eða með samþykki hans.

4. gr.

Einstaklingi, sem eignast hefur smárás sem hefur verið framleidd, hagnýtt í atvinnuskyni eða flutt inn andstætt lögum þessum, er heimilt að hagnýta sér hana í atvinnuskyni eða flytja hana inn svo fremi sem viðkomandi vissi ekki að svo væri ástatt um smárásina né hafði gildar ástæður til að halda að svo væri. Að beiðni rétthafa skal úrskurða honum sanngjarnar bætur ef slík hagnýting í atvinnuskyni eða innflutningur á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að smárásin hafi verið framleidd andstætt lögum þessum.

5. gr.

Einkaréttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum stofnast þegar svæðislýsing er fyrst áfest eða árituð. Einkarétturinn fellur niður 10 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsing var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Einkarétturinn fellur niður 15 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsingin var fyrst kynnt ef hún hefur ekki enn þá verið notuð í atvinnuskyni.

6. gr.

Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn rétti þeim er lög þessi veita aðila, er skylt að bæta honum tjón það er af hefur hlotist. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en nemur hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

8. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1242. Lög [406. mál]

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1229 (sbr. 700).

1243. Lög [557. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1227.

1244. Breytingartillaga [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað 3. málsl. 1. mgr. 2. tölul. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Atkvæðisbærir við þessa atkvæðagreiðslu eru þeir sem eru skráðir með lögheimili í hverju sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 1. september 1993 og eiga kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar skv. 19. gr. Að öðru leyti fer um atkvæðagreiðsluna eftir ákvæðum III. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

b. Í stað lokamálsliðar 3. tölul. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Sömu reglur og tímamörk gilda um seinni tillögu og þá fyrri að því undanskildu að kjörskrá skal þá miðuð við íbúaskrá þjóðskrár 1. janúar 1994. Jafnframt gilda sömu ákvæði um ákvarðanir í framhaldi af almennri atkvæðagreiðslu og gilda um fyrri tillögu.

Greinargerð.

Eftir afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu til 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að fjalla um málið og fengið á fund sinn Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra.

Eftir að málið var afgreitt úr félagsmálanefnd komu fram ábendingar frá Hagstofu Íslands um að við samningu frumvarpsins hefði láðst að kveða með skýrum hætti á um kjörskrárgerð vegna atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga, svo og við hvaða tíma kjörskrá skuli miðuð. Ekki verður stuðst við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar sem þau miða við almennar kosningar í maímánuði fjórða hvert ár og tímamörk sem miðast við lok framboðsfrests. Slíku er ekki til að dreifa í þessu sambandi. Lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar fela ekki heldur í sér nokkra þá vinnureglu sem heimfæra má upp á sérstakar atkvæðagreiðslur eins og þær sem hér er gert ráð fyrir.

Í lögum um sveitarstjórnarkosningar segir að lög um kosningar til Alþingis skuli gilda eftir því sem við á og með þeim frávikum sem sveitarstjórnarlög ákveða. Í samræmi við þetta gerir breytingartillaga nefndarinnar ráð fyrir að kjörskrá verði miðuð við 1. september 1993 þegar kosið verður um fyrri tillögu og við 1. janúar 1994 verði kosið um síðari tillögu. Þessi tímamörk miðast við að unnt verði að vinna kjörskrá og leggja hana fram nógu tímanlega. Þá er lagt til að kosningarréttur miðist við skráða íbúa samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

1245. Þingsályktun [533. mál]

um fullgildingu samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 891.

1246. Þingsályktun [534. mál]

um staðfestingu breytinga á samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 892.

1247. Þingsályktun [535. mál]

um fullgildingu alþjóðasamnings um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 893.

1248. Þingsályktun [536. mál]

um fullgildingu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 894.

1249. Þingsályktun [567. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 934.

1250. Frumvarp til laga [363. mál]

um framkvæmd útboða.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Lög þessi gilda þó ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

Orðskýringar.

2. gr.

Útboð: Þar sem kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í það verk, vöru eða þjónustu sem verið er að bjóða út. Tilboðanna er aflað frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Kaupandi: Með kaupanda er í þessum lögum átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Bjóðandi: Með bjóðanda er í þessum lögum átt við þann sem býður í það verk, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

Forval: Val kaupanda á þeim sem fá að taka þátt í lokuðu útboði.

Auglýsingar um útboð.

3. gr.

Almenn útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar. Bjóðendur skulu hafa aðgang að upplýsingum sem tilgreina nafn kaupanda eða umboðsmanns hans, það sem verið er að bjóða út, hvaða frestur er til að skila tilboði og hver skilatími þess er sem verið er að bjóða út.

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal ætíð vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

4. gr.

Við lokað útboð skal senda sérstaka orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 3. gr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

Afturköllun tilboðs.

5. gr.

Afturkalli bjóðandi tilboð sitt fyrir opnun tilboða er hann ekki bundinn af boði sínu. Afturköllun er því aðeins gild að hún sé gerð skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti.

Opnun tilboða.

6. gr.

Öll tilboð, sem gerð eru á grundvelli sama útboðsins, skal opna samtímis, á þeim stað og tíma sem kveðið var á um í auglýsingu eða sérstakri tilkynningu, sbr. þó 7. gr. Bjóðendum eða fulltrúum þeirra skal heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

7. gr.

Óheimilt er að opna tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðum. Þó er heimilt að opna tilboð sem borist hafa með símbréfi á opnunarstað tilboða áður en skilafrestur er runninn út, enda hafi gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarpóstsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram.

8. gr.

Lesa skal upp nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboðs. Einnig skal lesa upp og skrá kostnaðaráætlun sé þess kostur. Gæta skal þess að lesa alltaf samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum. Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.

Frestur til að taka tilboði.

9. gr.

Í útboðsskilmálum skal tilgreint hversu lengi bjóðandi skuli bundinn af tilboði sínu. Hafi svar við tilboði ekki borist innan þess frests sem tilgreindur var er hann ekki lengur bundinn af tilboði sínu.

10. gr.

Hafi kaupandi hafnað tilboði er það ekki lengur bindandi fyrir bjóðanda.

11. gr.

Bjóðandi er ekki lengur bundinn af tilboði sínu ef kaupandi tekur tilboði annars bjóðanda.

Val á tilboði.

12. gr.

Tilboði, sem er í verulegum atriðum í ósamræmi við útboðsskilmála, skal eigi tekið. Frávikstilboð eru heimil nema annað sé sérstaklega tekið fram.

13. gr.

Sé um almennt útboð að ræða er kaupanda heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Þetta gildir þó með þeirri takmörkun sem kemur fram í 12. gr.

14. gr.

Sé um lokað útboð að ræða er kaupanda einungis heimilt að taka hagstæðasta tilboði, eða hafna þeim öllum.

Sé hagstæðasta tilboð ekki jafnframt það lægsta ber kaupanda að senda bjóðendum, sem áttu lægri tilboð en það sem tekið var, greinargerð með rökstuðningi um valið á tilboðinu eins fljótt og mögulegt er.

15. gr.

Sé um lokað útboð að ræða er einungis heimilt að taka við tilboðum frá þeim sem boðið hefur verið að gera tilboð.

16. gr.

Samanburður á tilboðum og ákvörðun um hvaða tilboði skuli tekið eða við hvern bjóðanda skuli samið skulu fara fram á grundvelli útboðsskilmála.

Höfnun á tilboði.

17. gr.

Vilji kaupandi ekki taka tilboði sem borist hefur skal hann skýra bjóðanda frá því formlega eigi síðar en í lok þess frests sem hann hefur til að taka tilboði.

18. gr.

Hafi útboð farið fram er kaupanda óheimilt að efna til útboðs að nýju eða semja um framkvæmd þess eftir öðrum leiðum en útboðsgögn kveða á um fyrr en öllum þátttakendum hefur skriflega verið greint ítarlega frá ástæðum þess að öllum tilboðum hafi verið hafnað.

Samþykki tilboðs.

19. gr.

Eftir að kaupandi hefur tekið tilboði bjóðanda og bjóðanda hefur verið formlega tilkynnt um það er kominn á samningur milli þeirra þess efnis sem útboðsgögn og tilboðið kveða á um.

20. gr.

Brot á lögum þessum leiðir til bótaábyrgðar samkvæmt almennum reglum, jafnframt því sem útboðið er í heild sinni lýst ógilt. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1251. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 18% — átján af hundraði —. Fyrrgreind lágmarksfjárhæð er miðuð við verðlag í byrjun árs 1993 og skal breytast í upphafi hvers árs í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu.

   Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi félagi frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmörkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.
2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum löggilts endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 68. gr.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Í stað síðari málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þeim samvinnufélögum, sem starfrækja innlánsdeildir við gildistöku laga þessara og ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 2. gr. a, ber að fullnægja skilyrðunum eigi síðar en 31. desember 1994. Að öðrum kosti skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar frá og með 1. janúar 1995.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 29. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

1252. Frumvarp til laga [210. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um fyrirtæki og stofnanir sem veita almenningi fjármálaþjónustu, hér eftir nefndar fjármálastofnanir. Þær eru samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóðir.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir.
5. Hérlend útibú erlendra fjármálastofnana sem hafa með höndum starfsemi skv. 1.–4. tölul.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 7. og 8. gr. laganna gildi einnig um aðra aðila sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að notuð verði til að þvætta peninga.

2. gr.

Fjármálastofnun skal ekki í starfsemi sinni taka þátt í að varðveita, yfirfæra eða hagnýta eign eða breyta henni úr einu eignarformi í annað þegar vitneskja eða rökstuddur grunur er til staðar um að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

II. KAFLI
Hlutverk fjármálastofnana.

3. gr.

Við upphaf viðskiptasambands skal starfsmaður fjármálastofnunar krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.

Einnig skal krefjast þess að viðskiptamaður, sem ekki er í föstu viðskiptasambandi skv. 1. mgr., framvísi persónuskilríkjum þegar hann á í viðskiptum með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma er viðskiptin eiga sér stað eða viðskiptin fara fram í einni eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri skal krefjast framvísunar persónuskilríkja um leið og vitneskja fæst um fjárhæðina og ljóst er að hún er hærri en að framan greinir.

Ef grunur leikur á að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni skal krefjast þess af viðskiptamanni að hann framvísi persónuskilríkjum þótt um sé að ræða viðskipti með lægri fjárhæð en skv. 2. mgr.

4. gr.

Þegar viðskiptaaðili er fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf ekki að krefjast persónuskilríkja skv. 3. gr. Það sama gildir þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi í nafni viðskiptaaðila í sambærilegri stofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins nema grunur leiki á að viðskiptin tengist broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

5. gr.

Hafi starfsmaður fjármálastofnunar vitneskju eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

6. gr.

Fjármálastofnun skal varðveita ljósrit af persónuskilríkjum þeim sem krafist er skv. 3. gr. eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum eða viðskiptasambandi lýkur.

7. gr.

Fjármálastofnun skal láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni og tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara eða lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, skal láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna rannsóknarinnar.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal ríkissaksóknara tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

8. gr.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu fjármálastofnunar, eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki frá stofnuninni vitneskju um að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

9. gr.

Fjármálastofnun skal hafa innra eftirlit sem miðar að því að hindra að stofnunin sé notuð til viðskipta sem tengjast afbrotum. Í þeim tilgangi skal stofnunin m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Fái bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlit í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni skal það tilkynnt til ríkissaksóknara.

11. gr.

Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum telst það ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum.

12. gr.

Fjárhæð skv. 2. mgr. 3. gr. skal bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Seðlabanki Íslands auglýsir fjárhæðina í Lögbirtingablaði, miðað við 1. janúar ár hvert.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot á ákvæðum 3., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. varða sektum. Vanræksla á að láta ríkissaksóknara eða lögreglu í té upplýsingar skv. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. varðar einnig sektum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 9. gr. öðlast gildi sex mánuðum síðar.

1253. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ákvæði VI. kafla laga þessara taka einnig til framkvæmda á vegum sveitarstjórna,

samtaka þeirra og stofnana. Sama gildir um framkvæmdir annarra aðila sem reknir eru að mestu leyti á kostnað ríkis eða sveitarstjórna eða annarra opinberra aðila eða lúta yfirstjórn þessara aðila eða ef rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríki eða sveitarstjórn eða öðrum opinberum aðilum.

Ef þeir opinberu aðilar, sem getið er um í 1., 2. og 4. mgr., starfa á sviði viðskipta eða iðnaðar skulu þeir ekki háðir ákvæðum VI. kafla, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

2. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, með 11 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verður: **Opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu.** Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til verksamninga þar sem útboðsverðmæti er jafnt eða hærra en þau mörk sem getið er um í 22. gr. og gerðir eru af þeim aðilum sem getið er um í 1. gr. Ákvæði kaflans gilda einnig þegar aðilar skv. 1. gr. greiða meira en helming kostnaðar við verk sem annar aðili býður út og semur um. Jafnframt gilda ákvæði kaflans um verksamninga fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, fjarskiptum eða flutningum með almenningsvögnum á grundvelli sérleyfa eða annars konar einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir verksamninga séu ekki háðar ákvæðum þessa kafla.

b. (22. gr.)

Skylt er að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði verk sem áætlað er að nemi 5 milljónum evrópskra mynteininga (ECU) eða meira án virðisaukaskatts.

Við mat á verðmæti verksins skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 24. gr. er send til birtingar.

Við útreikning fjárhæðar verks skal ekki eingöngu byggja á heildarfjárhæð þess heldur skal einnig taka með í þann útreikning verðmæti aðfanga sem nauðsynleg eru við framkvæmdir og verkkaupi lætur verktaka í té.

c. (23. gr.)

Nú er verki skipt í áfanga þar sem hver áfangi er viðfangsefni sérstaks verksamnings og skal þá við mat á verðmæti verksins miða við samanlagða fjárhæð einstakra áfanga. Ekki þarf að taka með í þann útreikning áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessa hluta ekki 20% af áætlaðri heildarfjárhæð allra verkáfanganna.

Óheimilt er að skipta verki í áfanga í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða út verk skv. 22 gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (24. gr.)

Verkkaupi skal í sérstakri kynningarauglýsingu lýsa megineinkennum þeirra verka

sem hann hyggst bjóða út. Jafnframt er verkkaupa skylt að auglýsa þau verk sem hann hefur ákveðið að bjóða út. Þá er verkkaupa, sem gert hefur verksamning, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð verksamnings hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. mgr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í þess konar auglýsingum aðrar upplýsingar um útboðið en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (25. gr.)

Nú telur verktaki að stjórnvald eða annar verkkaupi, sem lög þessi taka til, hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings sem felur í sér brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (26. gr.)

Fjármálaráðuneytið getur, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, gripið til eftirfarandi aðgerða fram að þeim tíma er tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt:

1. Stöðvað um stundarsakir útboð og gerð verksamnings.
2. Breytt ákvörðun verkkaupa, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, breyta útboðsauglýsingum, útboðsgögnum og útboðsskilmálum.

Nú vill kærandi ekki una úrlausn fjármálaráðuneytis skv. 1. mgr. og getur hann þá borið ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings undir dómstóla, sbr. þó 29. gr.

g. (27. gr.)

Verkkaupi er bótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara hefur í för með sér fyrir verktaka. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

h. (28. gr.)

Telji eftirlitsstofnun EFTA áður en tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt að við gerð verksamnings hafi verið brotið gegn ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa getur hún hafið rannsókn á meintu broti.

Eftir að verkkaupa hefur borist tilkynning frá eftirlitsstofnun EFTA eða fjármálaráðuneyti um að stofnunin telji að um brot hafi verið að ræða skal verkkaupi innan viku frá því að fyrri tilkynningin berst senda fjármálaráðuneyti:

a. staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu eða
b. rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

Fjármálaráðherra getur beitt heimildum þeim sem getið er um í 26. gr. ef eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt að hún telji að um brot hafi verið að ræða.

i. (29. gr.)

Ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings verður ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

Ákvörðun verður ekki kærð til fjármálaráðuneytis eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

j. (30. gr.)

Verkkaupa er skylt að veita fjármálaráðuneyti upplýsingar um þá verksamninga sem hann hefur gert og eru yfir þeim mörkum sem getið er um í 22. gr.

k. (31. gr.)

Fjármálaráðuneytið skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara. Innkaupastofnun ríkisins skal annast útboð á Evrópsku efnahagssvæði fyrir þau sveitarfélög sem þess óska. Einnig skal hún vera sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis varðandi framkvæmd útboða á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi verktaka og val á tilboðum.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

4. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði 9.–14. gr. laga þessara gilda eingöngu um útboð og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma sex nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (9. gr.)

Á hinu Evrópska efnahagssvæði skulu boðin út innkaup þeirra aðila sem getið er um í 3. gr., svo og sveitarfélaga, samtaka þeirra, stofnana og fyrirtækja. Jafnframt skulu boðin út innkaup annarra opinberra aðila sem eru undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af opinberum aðilum. Starfi þessir aðilar á sviði viðskipta eða iðnaðar er þeim það þó ekki skylt, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir samninga um innkaup verði ekki boðnir út á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. (10. gr.)

Skylda til útboðs tekur til innkaupa á vörum sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1.–4. tölul. þessarar greinar. Með innkaupum er átt við kaup, leigu, fjármögnunarleigu og kaupleigu. Samningur telst vera samningur um innkaup, jafnvel þótt hann feli í sér flutning á ákvörðunarstað og uppsetningu.

1. 200.000 evrópskum mynteiningum (ECU) enda sé ekki um að ræða innkaup sem falla undir 2.–4. tölul.
2. 130.000 ECU vegna innkaupa á vörum sem getið er um í viðauka við lög þessi enda séu innkaupin ekki á vegum sveitarfélaga.
3. 400.000 ECU ef innkaupin eru gerð af aðila sem sinnir flutningum með almenningsvögnum, orkuveitu, vatnsveitu, flugvallar- eða hafnargerð.
4. 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af Pósti og síma eða öðrum sambærilegum stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu. Með innkaupum samkvæmt þessum tölulið er einnig átt við kaup á hugbúnaðarþjónustu sem sérstaklega er ætluð til notkunar í fjarskiptum.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda einnig um innkaup þeirra fyrirtækja sem stunda þá starfsemi sem þar greinir á grundvelli sérleyfa eða annars konar einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

c. (11. gr.)

Þegar gerðir eru samningar um leigu, fjármögnunarleigu eða kaupleigu skal við mat á verðmæti samningsins taka mið af heildarkostnaði út samningstímann. Ef samningur er ótímabundinn skal við það miðað að hann hafi verið til 48 mánaða.

Þegar gerður er samningur sem endurnýja á innan ákveðins tíma skal við mat á verðmæti hans taka mið af sambærilegum samningum sem gerðir voru annaðhvort á síðasta reikningsári eða síðustu 12 mánuðum fyrir samningsgerð.

Þegar innkaupum á sambærilegri vöru er deilt í nokkra hluta skal við mat á verðmæti innkaupanna tekið mið af samanlagðri fjárhæð einstakra hluta.

Óheimilt er að skipta innkaupum á ákveðnu magni vöru í hluta í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða innkaupin út.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (12. gr.)

Í sérstakri kynningarauglýsingu í upphafi hvers reikningsárs skal tilkynnt um heildarvörukaup eftir vöruflokkum ef áætluð fjárhæð þeirra innkaupa sem ráðgert er að bjóða út á næstu 12 mánuðum er jöfn eða hærri en 750.000 ECU án virðisaukaskatts. Jafnframt er skylt að auglýsa þau innkaup sem ákveðið hefur verið að bjóða út. Þá er kaupanda, sem gert hefur samning um innkaup, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð samnings um innkaup hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. gr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingunni. Jafnframt er óheimilt að birta í þess konar auglýsingum aðrar upplýsingar um innkaupin en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (13. gr.)

Nú telur bjóðandi að stjórnvöld hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð samnings um innkaup sem felur í sér brot á ákvæðum laga þessara um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (14. gr.)

Um meðferð kæru, úrræði vegna kæru, bótaskyldu, valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA, eftirlit og hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins fer skv. 26.–31. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda og val á tilboðum.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á viðauka til samræmis við þær breytingar sem verða á þeim köflum í tollskrá sem viðaukinn vísar til. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

VIÐAUKI

Í viðauka þessum er kveðið á um þær vörur sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Við flokkun á vörunum er fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. Kaflaheiti vísar til samsvarandi kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

25. kafli:	Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement
26. kafli:	Málmgrýti, gjall og aska
27. kafli:	Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax
	nema:
	úr 2710: Eldsneyti fyrir sérstakar vélar

28. kafli: Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna
nema:
úr 2808: Sprengiefni
úr 2811: Sprengiefni
úr 2812: Táragas
úr 2825: Sprengiefni
úr 2829: Sprengiefni
úr 2834: Sprengiefni
úr 2844: Eiturefni
úr 2845: Eiturefni
úr 2847: Sprengiefni

29. kafli: Lífræn efni
nema:
úr 2904: Sprengiefni
úr 2905: Sprengiefni
úr 2908: Sprengiefni
úr 2909: Sprengiefni
úr 2912: Sprengiefni
úr 2913: Sprengiefni
úr 2914: Eiturefni
úr 2915: Eiturefni
úr 2917: Eiturefni
úr 2920: Eiturefni
úr 2921: Eiturefni
úr 2922: Eiturefni
úr 2925: Sprengiefni
úr 2926: Eiturefni
úr 2928: Sprengiefni

30. kafli: Vörur til lækninga

31. kafli: Áburður

32. kafli: Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifilitir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek

33. kafli: Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvörur og snyrtivörur eða hreinlætisvörur

34. kafli: Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, tannvax og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum

35. kafli: Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím

37. kafli: Ljósmynda- og kvikmyndavörur

38. kafli: Ýmsar kemískar vörur
nema:
úr 3823: Eiturefni

39. kafli: Plast og vörur úr því
nema:
úr 3912: Sprengiefni

40. kafli:	Gúmmí og vörur úr því nema: úr 4011: Skotheldir hjólbarðar
41. kafli:	Óunnar húðir og skinn (þó ekki loðskinn) og leður
42. kafli:	Vörur úr leðri; reiðtygi og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekkar hirslur; vörur úr dýraþörmum (þó ekki silkiormaþörmum)
43. kafli:	Loðskinn og loðskinnsgervi; framleiðsla úr þeim
44. kafli:	Viður og vörur úr viði; viðarkol
45. kafli:	Korkur og vörur úr korki
46. kafli:	Framleiðsla úr strái, úr espartó eða öðrum fléttiefnum; körfugerðarvörur og tágasmíði
47. kafli:	Deig úr viði eða öðru trefjakenndu sellulósaefni; úrgangur og rusl úr pappír eða pappa
48. kafli:	Pappír eða pappi; vörur úr pappírsdeigi, pappír eða pappa
49. kafli:	Prentaðar bækur, blöð, myndir og aðrar vörur prentiðnaðar; handrit, vélrit og uppdrættir
65. kafli:	Höfuðfatnaður og hlutar til hans
66. kafli:	Regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, setustafir, svipur, keyri og hlutar til þeirra
67. kafli:	Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum eða dún; gerviblóm; vörur úr mannshári
68. kafli:	Vörur úr steini, gipsefni, sementi, asbesti, gljásteini eða áþekkum efnum
69. kafli:	Leirvörur
70. kafli:	Gler og glervörur
71. kafli:	Náttúrulegar eða ræktaðar perlur, eðalsteinar eða hálfeðalsteinar, góðmálmar, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur; mynt
73. kafli:	Vörur úr járni eða stáli
74. kafli:	Kopar og vörur úr honum
75. kafli:	Nikkill og vörur úr honum
76. kafli:	Ál og vörur úr því
78. kafli:	Blý og vörur úr því
79. kafli:	Sink og vörur úr því
80. kafli:	Tin og vörur úr því
81. kafli:	Aðrir ódýrir málmar; keramíkmelmi; vörur úr þeim
82. kafli:	Verkfæri, áhöld, eggjárn, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málmi; hlutar til þeirra úr ódýrum málmi nema: úr 8207: Verkfæri úr 8209: Verkfæri, hlutar
83. kafli:	Ýmsar vörur úr ódýrum málmi

84. kafli: Kjarnakljúfar, katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra
nema:
úr 8401: Kjarnakljúfar
úr 8407 og úr 8408: Brunahreyflar
úr 8411 og úr 8412: Hverflar og aðrir hreyflar
úr 8456, úr 8457, úr 8458, úr 8459, úr 8460, úr 8461, úr 8462 og úr 8463: Smíðavélar
úr 8471: Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar
úr 8473: Hlutar og fylgihlutir til véla í nr. 8471

85. kafli: Rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara
nema:
úr 8517: Fjarskiptabúnaður á línu
úr 8525: Senditæki

86. kafli Eimreiðar, vagnar og hlutar til þeirra fyrir járnbrautir eða sporbrautir; sporbúnaður og tengihlutar fyrir járnbrautir eða sporbrautir og hlutar til þeirra; hvers konar vélrænn umferðarmerkjabúnaður (þar með talinn rafknúinn)
nema:
úr 8601: Brynvarðar rafmagnseimreiðar
úr 8602: Aðrar brynvarðar eimreiðar
úr 8604: Viðgerðarvagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir
úr 8604 og 8605: Brynvarðir járnbrautar- eða sporbrautarvagnar
úr 8606: Vöruflutningavagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir

87. kafli: Ökutæki, þó ekki járnbrautar- eða sporbrautarvagnar, og hlutar og fylgihlutir til þeirra
nema:
úr 8701: Dráttarvélar
úr 8702, 8703 og 8704: Ökutæki til hernaðarnota
úr 8705: Gálgabifreiðar til að lyfta biluðum ökutækjum og flytja þau
úr 8710: Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja
úr 8711: Mótorhjól
úr 8716: Tengivagnar

89. kafli: Skip, bátar og fljótandi mannvirki
nema:
úr 8906: Herskip

90. kafli: Áhöld og tækjabúnaður til optískra nota, ljósmyndunar, kvikmyndunar, mælinga, prófunar, nákvæmnisvinnu, lyflækninga eða skurðlækninga; hlutar og fylgihlutir til þeirra
nema:
úr 9005: Sjónaukar
úr 9012: Smásjár
úr 9013: Leysitæki; önnur optísk tæki og áhöld ót. a. í þessum kafla
úr 9015: Fjarmælar
úr 9018: Áhöld og tæki til lækninga
úr 9019: Tæki til mekanóterapí
úr 9021: Búnaður til réttilækninga
úr 9022: Tækjabúnaður sem byggir á notkun röntgengeisla
úr 9030: Mælar til að mæla og prófa rafmagnsstærðir

91. kafli: Klukkur og úr og hlutar til þeirra

92. kafli: Hljóðfæri; hlutar og fylgihlutir til þess konar vara

94. kafli: Húsgögn, rekkjubúnaður, dýnur, rúmbotnar, púðar og áþekkur stoppaður húsbúnaður; lampar og ljósabúnaður, ót. a.; ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar; forsmíðaðar byggingar
nema:
9401.1000: Sæti til nota í flugvélum

96. kafli: Ýmsar framleiddar vörur.

1254. Þingsályktun [104. mál]

um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð,
b. að kanna hvernig þurfi að breyta núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð til þess að mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna vegi og tengd samgöngumannvirki í auknum mæli á annan hátt en nú er gert,
c. að kanna hvaða áhrif annars konar fjármögnun en með framlögum úr Vegasjóði samkvæmt núgildandi lögum hefði á uppbyggingu samgöngukerfisins,
d. að kanna möguleika á að auka og bæta nýtingu tekjustofna Vegasjóðs.

1255. Þingsályktun [225. mál]

um rannsóknar-, forvarna- og fræðslustörf um gigtsjúkdóma.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 273.

1256. Þingsályktun [505. mál]

um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 857.

1257. Þingsályktun [351. mál]

um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um rannsóknir og þróun fiskeldis á Íslandi fram til aldamóta. Áætlunin skal taka til bæði eldis ferskvatnsfiska og sjávarfangs. Sérstaklega verði kannað hvernig unnt sé að nýta sem best þau fiskeldismannvirki sem nú þegar hafa verið byggð.

Markmið áætlunarinnar skal vera að móta stefnu þannig að fyrir aldamót verði Íslendingar í fremstu röð þjóða hvað varðar þekkingu á eldi fiska og annars sjávarfangs.

1258. Þingsályktun [132. mál]

um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,
b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi,
c. hvernig unnt sé að bæta aðgang atvinnulausra að menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,
d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið.

1259. Frumvarp til laga [455. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra getur, á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr., ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður á milli heimalanda og afrétta. Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Um málsmeðferð tillögu að skipulagi miðhálendisins fer skv. 16. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1260. Lög [363. mál]

um framkvæmd útboða.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1250.

1261. Lög [2. mál]

um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1241.

1262. Lög [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1251.

1263. Lög [548. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 908.

1264. Lög [454. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 790.

1265. Lög [231. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 288.

1266. Lög [210. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1252.

1267. Lög [34. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1253.

1268. Lög [243. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1990.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 312.

1269. Lög [455. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1259.

1270. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leitað umsagnar fjölda aðila og vísast í því sambandi til nefndarálits meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar. Nefndin hefur fengið á sinn fund Þorkel Helgason, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Pétur Sigurðsson, stjórnarformann Atvinnuleysistryggingasjóðs, Margréti Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, Guðríði Ólafsdóttur og Ólaf Jónsson frá Landssambandi aldraðra, Jóhann Pétur Sveinsson, Arnór Pétursson, Sigurrós Sigurjónsdóttur og Tryggva Friðjónsson frá Sjálfsbjörg og fulltrúa fjármálaráðuneytisins, Ólaf Hjálmarsson og Halldór Árnason.

Að undanförnu hafa komið æ betur í ljós alvarlegir annmarkar á núgildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Frumvarpið bætir að vissu leyti úr nokkrum verstu göllunum en nær þó harla skammt. Stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahags- og atvinnumálum er að festa í sessi mikið og viðvarandi atvinnuleysi og er brýnt að breytingar á lögunum um atvinnuleysistryggingar taki mið af þeim staðreyndum. Minni hlutinn gerir breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins í þeim tilgangi að tryggja réttarstöðu atvinnulausra og bæta lífsafkomu þeirra. Námsmönnum er veittur ákveðinn aðgangur að sjóðnum og jafnframt er reynt að tryggja að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eru atvinnulausir, verði ekki fyrir sérstakri skerðingu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í fyrsta lagi leggur minni hlutinn til tvær breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Annars vegar er gert ráð fyrir að tilgreind verði í greininni þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo að sjálfstætt starfandi einstaklingar teljist vera atvinnulausir. Hins vegar er lagt til að við greinina verði bætt nýrri málsgrein um bótarétt þeirra sem lokið hafa eða

hætt námi. Mikill fjöldi námsmanna lýkur námi á ári hverju. Æ erfiðara verður fyrir þennan hóp að fá atvinnu, enda þrengist sífellt um á vinnumarkaði og atvinnuleysi eykst stöðugt. Því er nauðsynlegt að huga sérstaklega að stöðu þessa fólks við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þá þykir minni hlutanum einnig rétt að kveðið verði á um bótarétt þeirra sem sviptir hafa verið frelsi sínu í a.m.k. 12 mánuði með dómi. Er hér gert ráð fyrir að viðkomandi geti fengið bætur eftir að frelsissviptingu lýkur. Lagt er til að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd greinarinnar að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í öðru lagi er lagt til að í 4. gr. verði nánar kveðið á um reikningshald Atvinnuleysistryggingasjóðs en gert er í frumvarpinu. Minni hlutinn leggur til sömu breytingar og meiri hluti nefndarinnar til viðbótar því að í greininni verði kveðið á um að útgjöldum sjóðsins vegna manna þeirra sem lokið hafa eða hætt námi og þeirra sem sviptir hafa verið frelsi með dómi annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar skuli haldið aðgreindum í reikningum sjóðsins.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 8. gr. frumvarpsins þannig að umsækjandi haldi bótarétti sínum þótt hann komist ekki til skráningarstaðar sökum veikinda, enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði.

Í fjórða lagi leggur minni hluti nefndarinnar til að biðtími eftir atvinnuleysisbótum falli niður. Þetta er mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að atvinnuleysi er orðið viðvarandi hér á landi.

Í fimmta lagi er gerð breyting á 2. mgr. 23. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum, þannig að bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, skuli að auki greidd 8% í stað 4% af hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga. Með þessari breytingu fá atvinnulausir um 170 kr. á dag með hverju barni á framfæri í stað aðeins 85 kr. eins og nú er.

Í sjötta lagi er lagt til að 11. gr. frumvarpsins falli brott þannig að bætur elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki frá greiðslum almannatrygginga. Við þetta ákvæði frumvarpsins hefur komið fram mikil gagnrýni frá flestum þeim er fengu málið til umsagnar, sérstaklega þó Landssambandi aldraðra, Öryrkjabandalaginu og Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra. Staðreyndin er sú að þegar þrengist um á vinnumarkaðnum og til uppsagna kemur hjá fyrirtækjum eða stofnunum er hinum fötluðu og ellilífeyrisþegum fyrst sagt upp störfum og þeir eiga jafnframt erfitt með að fá störf aftur. Gangi þessi skerðing eftir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir munu þeir líklega flýta töku lífeyris úr lífeyrissjóðum. Að flýta töku lífeyris um einn mánuð þýðir ½% skerðingu á lífeyri. Einstaklingur, sem flýtir töku lífeyris um þrjú ár, þ.e. tekur lífeyri 67 ára í stað 70 ára, verður fyrir 18% skerðingu. Þá má geta þess að ellilífeyrisþegar hafa farið út af vinnumarkaðnum til þess að rýma fyrir yngra fólki sem hefur verið atvinnulaust. Þetta hafa ellilífeyrisþegar gert í trausti þess að atvinnuleysisbæturnar kæmu í staðinn fyrir þær vinnutekjur sem þeir hefðu á vinnumarkaði þar til greiðslur úr lífeyrissjóðum færu að berast. Þessi breyting mun hafa í för með sér verulega skerðingu eða um allt að 10.000 kr. á mánuði.

Í sjöunda lagi leggur minni hlutinn til að 2. mgr. 25. gr. laganna verði breytt þannig að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til þeirra sem ekki eru í stéttarfélagi, eru sjálfstætt starfandi og þeirra sem lokið hafa eða hætt námi.

Í áttunda lagi er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna. Skal henni lokið fyrir árslok 1985.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að þegar lögin um atvinnuleysistryggingar verða tekin til heildarendurskoðunar eins og ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir verði staða bænda sem misst hafa stóran hluta fullvirðisréttar skoðuð sérstaklega.

Alþingi, 6. maí 1993.

Finnur Ingólfsson, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ingibjörg Pálmadóttir.

Margrét Frímannsdóttir.

1271. Breytingartillögur [554. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (FI, IP, ISG, MF).

1. Við 1. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem tilkynnt hafa til opinberra aðila eða annarra aðila sem stjórn sjóðsins metur jafngilda að þeir hafi engar tekjur eða tekjuígildi af rekstri, og hafa ekki hafið störf sem launamenn og eru sannanlega í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Þeir sem lokið hafa námi, svo og þeir sem sviptir hafa verið frelsi með dómi í a.m.k. 12 mánuði, skulu eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þeir sem hætta námi skulu þó ekki eiga rétt á bótum fyrr en 40 dögum eftir að þeir hætta námi. Ráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.
2. Við 4. gr. Efnisgreinin orðist svo:
   Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.
   Sjóðsstjórn er heimilt að ákveða annað fyrirkomulag með samþykki ráðherra.
   Útgjöldum sjóðsins vegna launamanna skal haldið aðgreindum í reikningum sjóðsins frá útgjöldum vegna þeirra sem lokið hafa eða hætt námi og þeirra sem sviptir hafa verið frelsi með dómi annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar.
   Sjóðurinn skal greiða Tryggingastofnun þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila.
   Handbært fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til.

3. Við 8. gr. Greinin hljóði svo:
   20. gr. laganna orðast svo:
   Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig einu sinni í viku hjá vinnumiðlun.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.
   Nú veikist umsækjandi og heldur hann þá bótarétti sínum enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði þótt hann komist ekki til skráningarstaðar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setur skráningarreglur samkvæmt þessari grein.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Á 22. gr. laganna verða svofelldar breytingar:
   a. Seinni málsliður 2. mgr. fellur brott.
   b. 3. mgr. fellur brott.
5. Á eftir 10. gr. frumvarpsins komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „4%“ í 2. mgr. 23. gr. kemur: 8%.
6. Við 11. gr. Greinin falli brott.
7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra setur reglugerð um skipan úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til þeirra sem ekki eru í stéttarfélagi, eru sjálfstætt starfandi og þeirra sem lokið hafa eða hætt námi.
8. Við frumvarpið bætist ný grein (18. gr.) svohljóðandi:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, IV, svohljóðandi:
   Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1995.

1272. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Sigríði Ingvarsdóttur og Helga I. Jónsson frá Dómarafélagi Íslands og Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara. Umsagnir bárust frá BHMR, Blaðamannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómsmálaráðuneyti, Lögmannafélagi Íslands, Rithöfundasambandi Íslands og ríkissaksóknara.

Í frumvarpi þessu er lagt til að 108. gr. almennra hegningarlaga verði felld brott en efni hennar er að refsivert sé að hafa í frammi móðganir eða ærumeiðandi aðdróttanir við eða um opinberan starfsmann þegar hann gegnir skyldustarfi sínu.

Skýrt hefur verið frá því að í framhaldi af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 25. júní 1992, í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi, skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur um viðbrögð við dóminum. Var nefndinni sérstaklega falið að kanna hvort þörf sé á slíkri vernd opinberra starfsmanna sem 108. gr. almennra hegningarlaga gerir ráð fyrir. Jafnframt var nefndinni falið að kanna hvort ekki sé tímabært að lögtaka mannréttindasáttmála Evrópu. Er nefndin að vinna að málinu.

Skiptar skoðanir hafa komið fram um hvort fella eigi brott ákvæði 108. gr. Kom m.a. fram í umsögn Lögmannafélags Íslands að slíkt væri óþarft. Úrskurður Mannréttindadómstólsins fæli í sér að skýra bæri ákvæðið rýmri skilningi en ekki þyrfti að fella það brott. Enn fremur kom fram í umsögn Dómarafélagsins að eðlilegt væri að opinberir starfsmenn þyrftu ekki að standa sjálfir í málarekstri vegna ómaklegra árása út af skyldustörfum sínum og væri einnig um að ræða opinbera hagsmuni af því að þau embætti og stofnanir, sem starfsmennirnir koma fyrir, nytu verndar. Varhugavert væri að fella 108. gr. úr gildi án þess að annað ákvæði kæmi í staðinn sem tryggði þessa mikilvægu hagsmuni með sambærilegum hætti.

Þess ber að geta að annar flutningsmanna frumvarpsins, Kristinn H. Gunnarsson, kom með breytingartillögu við málið í nefndinni þar sem lagt var til að 108. gr. orðaðist svo: Hver sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Undirrituðum nefndarmönnum þykir full þörf á því að ákvæði 108. gr. verði könnuð og þar sem fram hefur komið að nefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði, mun væntanlega gera tillögur í málinu nk. haust er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Björn Bjarnason.

Ey. Kon. Jónsson.

1273. Tillaga til þingsályktunar [597. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 7. maí 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, og standi sú frestun til septemberloka.

1274. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur í umfjöllun sinni um málið skoðað umsagnir hafnarstjórna víðs vegar af landinu. Einnig lágu fyrir umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, hafnasambandi sveitarfélaga og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Í mörgum af þessum umsögnum komu fram alvarlegar athugasemdir og tillögur um breytingar og ákveðin tilmæli um að fresta málinu þannig að betri tími gæfist til að ræða ýmis ágreiningsefni. Mikill ágreiningur er um þá skipan sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. að hafnir geti orðið hlutafélag sem megi taka þátt í öðrum atvinnurekstri enda þótt þær hafi verið byggðar upp fyrir opinber framlög. Þá er mjög mikill ágreiningur um þær breytingar sem gert er ráð fyrir á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarmannvirkjum.

Ákvæði um 25% álag á vörugjöld, sem renni í Hafnabótasjóð, er mótmælt kröftuglega af mörgum aðilum. Þessu til viðbótar er fjölmörgum atriðum mótmælt í umsögnunum.

Minni hlutinn er samþykkur mörgu af því sem fram kemur í umsögnunum og hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá fram breytingar á ákvæðum frumvarpsins. Í umræðum á fundum nefndarinnar kom hins vegar í ljós að enginn vilji var fyrir hendi hjá meiri hlutanum til að koma til móts við sjónarmið minni hlutans.

Minni hlutinn telur að þetta mál sé ekki nægilega undirbúið þótt vissulega hafi gefist nægur tími til undirbúnings þar sem málið var lagt fram á síðasta þingi. Minni hlutinn gerði þá strax miklar athugasemdir við frumvarpið.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki viljað taka tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið og vill afgreiða málið með smávægilegum breytingum.

Minni hlutinn mótmælir þessum fyrirætlunum harðlega. Ágreiningur er um mörg og mikilvæg atriði í frumvarpinu. Telur minni hlutinn að ekki þjóni tilgangi að flytja breytingartillögur við málið og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. maí 1993.

Jóhann Ársælsson, frsm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Guðni Ágústsson.

Stefán Guðmundsson.

1275. Breytingartillaga [167. mál]

við till. til þál. um aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins.

Frá forsætisnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að undirbúa af hálfu Alþingis 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins 1994.

Forsætisnefnd skal skila heildartillögum fyrir haustið 1993 þannig að tillögur hennar megi koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994.

1276. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra og Hagstofu Íslands.

Í máli þessu er gert ráð fyrir að þeim sem búa á dvalarheimili fyrir aldraða eða í húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum sé heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Minni hluti nefndarinnar bendir á að lög um lögheimili eru tiltölulega ný af nálinni og við setningu þeirra laga var sérstaklega fjallað um málefni aldraðra. Þá er bent á að einn helsti tilgangur þeirrar lagasetningar var að tryggja að jafnan færi saman lögheimili manns og föst búseta. Hugtakið föst búseta er þungamiðjan í núverandi lögum. Þegar þessi lög voru sett þótti nauðsynlegt að skapa meiri festu um ákvörðum lögheimilis en verið hafði vegna þess að margháttuð réttindi og skyldur eru háð lögheimilisskráningu. Því skiptir miklu að um hana gildi skýrar reglur sem unnt sé að framfylgja með einföldum og sanngjörnum hætti. Sú regla að menn séu skráðir þar sem þeir búa hefur um langt skeið verið í löggjöf nágrannaþjóðanna og þykir þar sjálfsögð. Þar eru jafnframt nær engar undantekningar leyfðar. Hér á landi gera lögin ráð fyrir undantekningum þegar í hlut eiga tilteknir hópar þegnanna sem eru tilneyddir til að dveljast tímabundið fjarri þeim stöðum þar sem þeir hafa fasta búsetu. Um alla þessa hópa gildir að gengið er út frá því að um tímabundna dvöl sé að ræða. Ljóst er að þeir sem flytjast á dvalarheimili aldraðra koma þangað til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Á þessum hópum er því greinilegur eðlismunur. Á það hefur verið bent að öðlist þetta frumvarp lagagildi muni það grafa undan lögunum og valda vandkvæðum við framkvæmd þeirra. Gætu menn hagað lögheimilisskráningu að vild sinni og látið lögheimili sitt standa á allt öðrum stað en þeir búa yrði sjálft lögheimilishugtakið marklaust.

Formanni nefndarinnar hefur borist bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. maí sl., þar sem lagt er til að frumvarpið verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi. Jafnframt óskar sambandið eftir því að stjórn þess verði gefinn kostur á að kanna málið betur, taka það til frekari umfjöllunar og gefa um það efnislega umsögn.

Núgildandi lögheimilislög voru samþykkt á Alþingi 21. apríl 1990 og tóku gildi 5. maí 1990. Lagafrumvarpið olli engum ágreiningi þegar það var til meðferðar á Alþingi, en ein meginforsenda þess frumvarps var það ákvæði sem nú er gerð tillaga um að breyta. Minni hlutinn telur alls ekki þá reynslu komna á þetta ákvæði að ástæða sé til að breyta því. Á hinn bóginn er sjálfsagt að framkvæmd þess og áhrif séu könnuð. Er það því tillaga minni hluta nefndarinnar að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1993.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Björn Bjarnason.

1277. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar (SigG, LMR, SP, ÞurP, GHH).

1. Við 11. gr. Greinin falli brott.
2. Við 12. gr. Greinin falli brott.
3. Við 15. gr. Greinin falli brott.

1278. Lög [276. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1116.

1279. Frumvarp til laga [212. mál]

um hönnunarvernd.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnun samkvæmt lögum þessum merkir útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar í tví- eða þrívídd. Lögin taka ekki til hönnunar þegar aðeins er af tæknilegum ástæðum völ á einum möguleika varðandi útlit eða gerð vöru.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur samkvæmt lögunum öðlast einkarétt til hönnunar sem hagnýtt verður í atvinnulífi.

2. gr.

Einungis sérstæð hönnun nýtur verndar samkvæmt lögum þessum.

Sérstæð telst sú hönnun sem ekki hefur fyrir upphafsdag, sbr. 6. gr., verið gerð aðgengileg kunnáttumönnum á viðkomandi sviði og frá sjónarhóli notenda er, að heildarútliti, verulega frábrugðin hönnun sem þeir þekkja.

3. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar:

1. ef hún eða notkun hennar brýtur gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. ef hún:
   a. felur heimildarlaust í sér einkenni eða merki sem um getur í 117. gr. almennra hegningarlaga eða einkenni sem eru svo lík öðrum merkjum eða einkennum sem aðrir eiga löglegt tilkall til að villast má á þeim og hönnuninni.
   b. felur heimildarlaust í sér ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- og sveitarfélaga eða opinber skoðunar- og gæðamerki.

4. gr.

Hönnunarvernd verður til með tvennum hætti:

a. með skráningu á grundvelli umsóknar, sbr. 14. gr.,
b. með því að gera vöru, sem hönnunin einkennir, aðgengilega almenningi.

5. gr.

Í skráðri hönnunarvernd felst að aðrir en rétthafi mega ekki heimildarlaust framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, flytja inn eða safna birgðum af vöru sem frá sjónarhóli notenda er, að heildarútliti, eins eða mjög lík hinni skráðu hönnun.

Í óskráðri hönnunarvernd felst að beina eftirlíkingu af hönnun má ekki framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, safna birgðum af né flytja inn án heimildar rétthafa.

6. gr.

Upphafsdagur skráðrar hönnunarverndar er umsóknardagur hér á landi, sbr. þó 4. mgr. 19. gr.

Upphafsdagur óskráðrar hönnunarverndar er sá dagur þegar hönnun verður fyrst aðgengileg almenningi.

7. gr.

Hafi sá er sækir um hönnunarvernd hér á landi á síðustu sex mánuðum fyrir umsóknardag sótt um vernd á sömu hönnun á grundvelli hönnunarlaga (mynsturlaga) eða laga um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri, enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Sama rétt eiga þeir sem sótt hafa um vernd á hönnun í ríki sem ekki er aðili að Parísarsamþykktinni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess um hönnunarvernd eða vernd smáeinkaleyfa eru í aðalatriðum í samræmi við samþykktina.

8. gr.

Hönnun getur talist sérstæð, sbr. 2. gr., þótt hún hafi birst almenningi allt að 12 mánuðum fyrir umsóknardag (griðtími), enda sé hún birt fyrir atbeina:

1. hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans,
2. aðila sem byggir á upplýsingum frá hönnuði eða upplýsingum sem raktar verða til gjörða hans.

9. gr.

Réttur til hönnunarverndar (hönnunarréttur) tilheyrir hönnuði eða þeim sem öðlast hefur rétt hans.

Hafi tveir eða fleiri aðilar unnið sameiginlega að hönnun tilheyrir hönnunarverndin þeim sameiginlega.

Hafi tveir eða fleiri sjálfstæðir aðilar, án þess að vita hver af öðrum, unnið að sams konar eða mjög svipaðri hönnun sem hver í sínu lagi uppfyllir skilyrði 2. gr. skal:

a. hver hönnun njóta óskráðrar verndar, en
b. réttur til skráðrar verndar tilheyra þeim er fyrstur leggur inn umsókn um skráningu.

Sé krafist forgangsréttar skv. 7. gr. skal taka mið af forgangsréttardegi varðandi mat á rétti til skráðrar verndar, sbr. b-lið 3. mgr.

10. gr.

Nú hefur aðili notað í atvinnuskyni hér á landi sömu eða mjög svipaða hönnun er annar hefur fengið verndaða með skráningu. Er honum þá heimilt að halda sömu hagnýtingu áfram að því tilskildu að hann hafi verið í góðri trú og að hagnýting hafi hafist áður en umsókn um vernd á hinni skráðu hönnun var lögð inn. Sama á við um þann sem undir sömu kringumstæðum hafði gert verulegar ráðstafanir til að hagnýta hönnunina í atvinnuskyni hér á landi.

Réttur skv. 1. mgr. telst hluti af viðkomandi atvinnustarfsemi og verður ekki framseldur einn sér.

11. gr.

Sá sem telur sig eiga tilkall til hönnunarverndar, sbr. 9. gr., er sótt hefur verið um skráningu á eða skráð hefur verið á nafn annars aðila getur krafist þess fyrir dómi að skráningin verði færð á hans nafn. Sá sem á rétt á að vera skráður sem meðeigandi hönnunarverndar getur krafist þess að vera skráður sem slíkur.

Mál skv. 1. mgr. skal höfða innan tveggja ára frá því skráning er birt í riti skráningaryfirvalda, sbr. 5. mgr. 13. gr. Frestur þessi á ekki við ef eiganda skráðrar hönnunar var kunnugt um að hann ætti ekki löglegt tilkall til hönnunarverndarinnar er hún var skráð eða framseld honum.

Í hönnunarskrá, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal getið um málshöfðun skv. 2. mgr. og niðurstöðu máls.

Verði eigendaskipti á skráðri hönnunarvernd á grundvelli dóms, sbr. 1. mgr., falla nytjaleyfi og önnur réttindi niður við skráningu hins nýja rétthafa. Eigendaskipta skal getið í hönnunarskrá.

Hafi skráður rétthafi hönnunarverndar eða nytjaleyfishafi notað hönnunina eða gert ráðstafanir þar að lútandi áður en mál skv. 1. mgr. er höfðað er viðkomandi heimilt að halda áfram notkun að því tilskildu að hann innan tveggja mánaða óski eftir almennu nytjaleyfi hjá hinum nýja, skráða rétthafa. Nytjaleyfið skal veita í sanngjarnan tíma með sanngjörnum skilmálum.

Nú hefur skráður rétthafi eða nytjaleyfishafi hafið notkun eða undirbúning notkunar gegn betri vitund um rétt annars aðila til hönnunarverndar og á ákvæði 5. mgr. þá ekki við.

12. gr.

Hafi rétthafi hönnunarverndar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöru er nýtur hönnunarverndar eða heimilað slíkt getur hann ekki hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu á vörunni.

II. KAFLI
Skráningaryfirvöld o.fl.

13. gr.

Málefni samkvæmt lögum þessum falla undir iðnaðarráðherra.

Einkaleyfastofan fer með framkvæmd laganna. Með skráningaryfirvöldum er átt við þá stofnun nema annað sé tekið fram.

Einkaleyfastofan heldur hönnunarskrá og tekur hún til skráðrar hönnunarverndar fyrir landið allt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í málum er varða hönnunarvernd. Nefndin úrskurðar í málum er til hennar verður skotið og varða ákvarðanir skráningaryfirvalda. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

Í riti, sem Einkaleyfastofan gefur út, skal birta skráningar og tilkynningar samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Umsókn, skráning o.fl.

14. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar. Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast vernduð.

Nafn hönnuðar skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsækjandi skal greiða tilskilin gjöld vegna umsóknar.

Umsókn má hafa að geyma stutta lýsingu á hönnuninni. Einnig geta skráningaryfirvöld óskað eftir því að slík lýsing sé lögð fram. Lýsingin hefur ekki áhrif á umfang hönnunarverndar.

Heimilt er að leggja fram líkan af hönnun. Hafi líkan verið lagt fram telst það ákvarðandi varðandi útlit eða gerð hönnunar.

Nánar skal kveðið á um innihald og frágang umsóknar í reglugerð.

15. gr.

Rétthafi hönnunarverndar, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því sem viðkemur umsókn og skráningu.

Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

16. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi í viðauka Locarno-sáttmálans sem upphaflega var gerður 8. október 1968. Slík flokkun hefur ekki áhrif á umfang verndar.

17. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun er mynda samstæðu. Hver hluti hönnunarsamstæðu verður að tilheyra sama undirflokki samkvæmt Locarno-sáttmálanum, sbr. 16. gr. Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

18. gr.

Krefjast má rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.

Ef krafa um rannsókn skv. 1. mgr. kemur fram við innlagningu umsóknar skulu skráningaryfirvöld framkvæma rannsókn svo fljótt sem verða má og láta umsækjanda í té niðurstöður hennar. Nú eru þau tilvik, sem nefnd eru í 1. mgr., fyrir hendi og skal þá hafna umsókninni. Umsókn verður þó ekki afskrifuð fyrr en umsækjanda hefur, innan tilskilins frests, gefist kostur á að tjá sig um synjunina.

Fyrir rannsókn samkvæmt þessari grein skal greiða tilskilið gjald.

19. gr.

Skráningaryfirvöld skulu rannsaka:

a. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 1. og 3. gr.,
b. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 14., 15. og 17. gr.

Telji skráningaryfirvöld að umsókn uppfylli ekki skilyrði skv. a-lið 1. mgr. skal henni hafnað. Hönnun verður þó ekki afmáð úr hönnunarskrá fyrr en umsækjanda hefur innan tilskilins frests gefist kostur á að tjá sig um ákvörðun skráningaryfirvalda.

Teljist umsókn ekki uppfylla skilyrði skv. b-lið 1. mgr. skal umsækjanda gert viðvart og honum gefinn kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests. Ef umsækjandi tjáir sig ekki eða gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að lagfæra umsóknina áður en fresturinn rennur út skal hún afskrifuð.

Ef umsækjandi í framhaldi af ábendingu skv. 3. mgr. gerir þær lagfæringar á umsókn sinni sem skráningaryfirvöld telja að breyti umsókn efnislega skal upphafsdagur hennar teljast sá dagur er breytingarnar bárust yfirvöldum.

20. gr.

Þegar umsókn er í samræmi við settar reglur skal hönnun sú, sem umsóknin tekur til, skráð og umsækjanda látin í té staðfesting um að svo hafi verið gert.

Skráning hönnunarverndar skal birt í sérstöku riti er skráningaryfirvöld gefa út.

21. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal ávallt vera aðgengileg almenningi þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

Frá skráningu hönnunarverndar er umsókn aðgengileg almenningi.

Samkvæmt beiðni umsækjanda má fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

IV. KAFLI
Gildistími og endurnýjun.

22. gr.

Hönnun, sem uppfyllir skilyrði 2. gr., nýtur verndar án skráningar í tvö ár frá upphafsdegi skv. 2. mgr. 6. gr. hafi hún komið fyrir almenningssjónir fyrir tilstilli hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans. Sama á við ef þriðji aðili birtir hönnun á grundvelli upplýsinga frá hönnuði eða upplýsinga sem raktar verða til gjörða hans.

Um leið og hönnunarvernd er skráð fellur úr gildi vernd á sams konar eða líkri hönnun sem sami aðili er eigandi að.

Ef skráð hönnunarvernd fellur síðar úr gildi eða sætir ógildingu öðlast óskráð vernd ekki gildi á ný.

23. gr.

Skráð hönnunarvernd gildir í fimm ár frá því umsókn var lögð inn, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Umsókn um endurnýjun ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi skal lögð inn hjá skráningaryfirvöldum í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist skráningaryfirvöldum ekki umsókn um endunýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráningin afmáð úr hönnunarskrá.

Í riti skráningaryfirvalda skal birta tilkynningu um að skráning hafi verið afmáð.

V. KAFLI
Ógilding skráningar og réttur til áfrýjunar.

25. gr.

Ógilda má hönnunarvernd með dómi:

1. ef hún uppfyllir ekki skilyrði 1. eða 2. gr.,
2. ef ákvæði 3. gr. eiga við,
3. ef hönnun brýtur í bága við eldri hugverkaréttindi.

26. gr.

Skráningaryfirvöld geta lýst skráða hönnunarvernd ógilda samkvæmt kröfu sem grundvallast á ákvæðum 1.–3. tölul. 25. gr. og berst skráningaryfirvöldum innan tveggja ára frá skráningardegi.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og rökstudd. Greiða skal tilskilið gjald vegna slíkrar kröfu.

Komi fram krafa um ógildingu skal rétthafa hinnar skráðu hönnunarverndar tilkynnt um það og honum gefið tækifæri til að tjá sig um kröfuna.

27. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, er heimilt að höfða mál skv. 25. gr. eða gera kröfu um ógildingu skv. 26. gr.

28. gr.

Ef höfðað hefur verið mál þar sem gerð er krafa um að skráning hönnunarverndar verði færð á nafn annars aðila, sbr. 1. mgr. 11. gr., eða um ógildingu skráðrar hönnunar, sbr. 25. gr., verður skráning ekki afmáð fyrr en meðferð málsins fyrir dómstólum er lokið og afrit dóms hefur borist Einkaleyfastofunni.

Komist skráningaryfirvöld að þeirri niðurstöðu að skráning skuli ógilt skal hún afmáð. Tilkynna skal málsaðilum um ógildingu hönnunarverndar þegar í stað.

Tilkynni rétthafi skráðrar hönnunarverndar bréflega að hann afsali sér hönnunarvernd ber að afmá skráninguna.

29. gr.

Hönnunarvernd, sem er ógilt með dómi eða af skráningaryfirvöldum, telst ógild frá upphafi.

30. gr.

Aðilar máls geta skotið endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda til áfrýjunarnefndar, sbr. 4. mgr. 13. gr. Tilkynning um áfrýjun skal berast áfrýjunarnefnd innan tveggja mánaða frá því að skráningaryfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé gjaldið ekki greitt skal vísa áfrýjun frá.

VI. KAFLI
Framsal, nytjaleyfi o.fl.

31. gr.

Rétt til hönnunarverndar má framselja ásamt atvinnurekstri þeim sem hönnunin er notuð í eða einan sér.

Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn og eignast framsalshafi þá rétt til hönnunarverndar sem rekstrinum tilheyrir nema um annað hafi verið samið.

32. gr.

Hafi rétthafi hönnunarverndar veitt öðrum leyfi til að nota hönnun sína í atvinnuskyni má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema sérstaklega hafi verið um það samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja leyfið ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

33. gr.

Nytjaleyfishafa er, að fengnu samþykki rétthafa verndarinnar, heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarvernd.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem rétthafi hönnunarverndar á frumkvæði að, enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

34. gr.

Hvers kyns aðilaskipti að skráðri hönnunarvernd skal færa í hönnunarskrá samkvæmt tilkynningu aðila og gegn tilskildu gjaldi.

Framsal á skráðu nytjaleyfi skal því aðeins fært í hönnunarskrá að nytaleyfishafi sanni að hann hafi samþykki eiganda hönnunarverndarinnar fyrir framsalinu.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið úr gildi skal það afmáð úr hönnunarskrá.

Sé um samskráningu að ræða verða aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild sinni.

Mál varðandi hönnunarvernd má jafnan höfða gegn þeim sem er skráður rétthafi í hönnunarskrá og tilkynningar skráningaryfirvalda skal senda honum og málsaðilum.

Breytingar í hönnunarskrá varðandi rétthafa eða nytjaleyfishafa skal birta í riti skráningaryfirvalda.

VII. KAFLI
Refsing, viðurlög o.fl.

35. gr.

Unnt er að krefjast lögbanns við athöfn sem þegar hefur hafist eða er sannanlega yfirvofandi og brýtur eða mun brjóta gegn hönnunarrétti.

36. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn einkarétti þeim, er hönnunarvernd veitir, skal sæta sektum. Eftir aðstæðum getur refsing verið varðhald eða fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Mál samkvæmt þessari grein skulu rekin í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.

37. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Sá sem hagnast hefur af broti gegn hönnunarrétti án þess þó að um ásetning eða gáleysi sé að ræða skal greiða hæfilegt endurgjald. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

38. gr.

Hafi hönnunarréttur verið skertur getur dómstóll mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari misnotkun hönnunarverndar. Unnt er að ákveða að vöru, sem hönnun einkennir, verði breytt á tiltekinn hátt, hún ónýtt eða afhent rétthafa hönnunarverndar. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi vöru eða öðlast umráðarétt yfir henni og ekki hefur sjálfur framið brot gegn hönnunarrétti.

39. gr.

Rétt til að höfða mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sá sem telur hagsmuni sína skerta.

Mál skv. 37. og 38. gr. skulu rekin sem almenn einkamál en kröfur skv. 37. gr. er einnig heimilt að setja fram í opinberu máli.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara og gjöld samkvæmt þeim. Gjöldin skulu taka mið af kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá staðfestingu þeirra.

1280. Þingsályktun [290. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4150	4368	4456	4545
2. Þungaskattur, árgjald	520	552	562	573
3. Þungaskattur, km-gjald	1390	1444	1473	1502
4. Bætt innheimta þungaskatts	0	52	52	52
1.2. Fært í ríkissjóð	-344	-143	-125	-139
	5716	6273	6418	6533
1.3. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1550	927	463	0
Samtals	7266	7200	6881	6533

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	129	133	133	133
2. Tæknilegur undirbúningur	98	101	101	101
3. Umferðartalningar og vegaeftirlit	35	36	36	36
4. Eftirlaunagreiðslur	7	7	7	7
	— 269	— 277	— 277	— 277
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	261	273	283	288
2. Malarvegir	284	298	304	309
3. Vegir með bundnu slitlagi	157	170	174	182
4. Brýr	28	31	32	34
	— 730	— 772	— 793	— 813
2. Vetrarþjónusta	530	597	618	638
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	370	453	473	484
2. Endurnýjun malarslitlaga	180	206	216	216
3. Styrkingar og endurbætur	230	278	278	288
4. Viðhald brúa og varnargarða	90	103	103	103
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	90	103	103	103
6. Vatnaskemmdir	80	92	93	93
	— 1040	— 1235	— 1266	— 1287
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	537	509	752	950
2. Sérstök verkefni	271	219		
3. Höfuðborgarsvæðið	413	373	385	475
4. Stórverkefni	669	726	708	430
5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	1550	926	463	0
	3440	2753	2308	1855
2. Þjóðbrautir	283	277	295	343
3. Girðingar og uppgræðsla	25	26	27	27
	— 3748	— 3056	— 2630	— 2225
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	132	139	139	139
2. Smábrýr	11	15	15	15
	— 143	— 154	— 154	— 154
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
1. Aðalfjallvegir	21	27	29	29
2. Aðrir fjallvegir	12	14	15	15
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	22	24	24
4. Vegir á Þingvöllum	1	1	0	0
5. Reiðvegir	7	8	9	9
	— 56	— 72	— 77	— 77
2.6. Til sýsluvega:	160	186	186	186
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	232	268	278	288
2.8. Til tilrauna:	28	32	33	33
2.9. Til flóabáta:	330	551	569	555
Samtals	7266	7200	6881	6533

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
02	Um Djúpá				10
06	Skaftá–Holtsvegur	10	18		26
11	Um Mýrdalssand		3		
14	Vík–Hvammsá	20	31		
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá	11			
06	Vegamót við Hveragerði				14
240	Stórhöfðavegur				
01	Hraunhamar–Stórhöfði		8	15	
30	Skeiða- og Hrunamannavegur				
06	Flúðir–Haukholt	10			
07	Um Brúarhlöð		5		
31	Skálholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Laugarás	18		21	
03	Laugarás–Biskupstungnabraut			31	31
34	Eyrarbakkavegur				
02	Lýsing við Selfoss	2			
05	Um Ölfusárós		2		
35	Biskupstungnabraut				
08	Laugarvatnsvegur–Geysir				10
36	Þingvallavegur				
01–04	Álftavatn–Þingvellir	1		21	
37	Laugarvatnsvegur				
03–04	Laugardalshólar–Biskupstungnabraut		18		32
1	Suðurlandsvegur				
01	Klifurrein í Lækjarbotnum			13	
02	Reiðgöng				21
1	Vesturlandsvegur				
15	Grjótvörn	10			
19	Um Botnsá		21		
40	Hafnarfjarðarvegur				
04	Undirgöng í Garðabæ	35			
41	Reykjanesbraut				
03	Undirgöng	6			
04–09	Endurbætur og gatnamót	13	8	2	24
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Víknavegur		7	22	
415	Álftanesvegur				
06	Lýsing		11		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll				31
431	Hafravatnsvegur				
02	Í Reykjahverfi			21	
1	Vesturlandsvegur				
05	Við Borgarnes				8
50	Borgarfjarðarbraut				
03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir				38
04	Deildartunga–Kaðalstaðir	40			
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		15		
54	Ólafsvíkurvegur				
05–06	Núpá–Stóraþúfa	11			
07	Lágafell–Fróðárheiði	10	12	34	12
57	Snæfellsnesvegur				
12	Búlandshöfði				29
60	Vestfjarðavegur				
08	Búðardalur–Klofningsvegur			35	10
10	Gilsfjörður			33	59
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður			7	74
27	Vestfjarðagöng	115	111	134	101
1	Norðurlandsvegur				
21	Heiðarsporður–Reitsgil	5			
75	Sauðárkróksbraut				
05	Við Sauðárkrók (lýsing)	3			
06	Um Vesturós		22		
76	Siglufjarðarvegur	42	24	70	62
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	58	13		
04	Krossastaðir–Ólafsfjarðarvegur				15
17	Fosshóll–Aðaldalsvegur			8	38
20	Helluvað–Skútustaðir	5		11	
21	Garður–Geiteyjarströnd			33	21
23–27	Kísiliðja–Biskupsháls	5	16	26	21
85	Norðausturvegur				
06	Húsavík–Höfðagerðissandur				30
10	Vogar–Krossdalur		43	13	
25–27	Þistilfjörður–Brekknaheiði	8	8	10	16
87	Kísilvegur			4	
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
01	Um Þverá	4			
845	Aðaldalsvegur				
02	Staðarbraut–Syðrafjall		10	12	
1	Austurlandsvegur				
10	Dimmidalur–Skóghlíð	20	29	18	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
11	Skóghlíð–Fellabær				10
11	Við Fellabæ	5	5		
13	Egilsstaðanes		10		
21	Um Breiðdalsá	22	35		
23–24	Krossá–Búðaá				14
35	Þorgeirsstaðir–Skarðsdalur	5			
85	Norðausturvegur				
04–06	Hafnarvegur–Hvammsgerði			31	31
92	Norðfjarðarvegur				
10	Göng–Skuggahlíð			19	5
93	Seyðisfjarðarvegur				
02	Borgarfjarðarvegur–Langahlíð			16	35
02–03	Miðhúsaá–Efristafur	20	16		
96	Suðurfjarðavegur				
02–03	Eyri–Vattarnes	10		21	41
917	Hlíðarvegur				
04–06	Hérað–Vopnafjörður	12	7	31	31
	Austurlandsgöng	1	1	2	3
	Óráðstafað			38	47
	Samtals	537	509	752	950

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
11	Um Mýrdalssand	13	24		
1	Suðurlandsvegur				
05	Göngubrú á Ölfusá	9			
1	Vesturlandsvegur				
01	Um Botnsá		16		
53	Hvítárvallavegur				
01	Tunguá–Hvanneyri		46		
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Brókarlækur–Hestlækur	65			
05–06	Núpá–Stóraþúfa	8			
60	Vestfjarðavegur				
01	Gilsfjörður	6	3		
27	Vestfjarðagöng	1	23		
61	Djúpvegur				
01	Tenging Inn-Djúps	22			
25	Óshlíð	15	8		
1	Norðurlandsvegur				
21	Heiðarsporður–Reitsgil	19			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós		27		
76	Siglufjarðarvegur				
10	Um Strákagöng	10			
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	45	31		
92	Norðfjarðarvegur				
10	Göng–Skuggahlíð	40	17		
917	Hlíðarvegur				
04–06	Hérað–Vopnafjörður	18	24		
	Samtals	271	219		

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur		61	51	
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur		52	46	22
13	Í Mosfellsbæ				41
41	Reykjanesbraut				
02	Breiðholtsbraut–Fífuhvammsvegur				31
04–09	Endurbætur og gatnamót	33	12	34	73
411	Arnarnesvegur				
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	12	14	14	8
413	Breiðholtsbraut				
01	Suðurlandsvegur–Jaðarsel	120			
	Sæbraut	31			
	Ánanaust	26			
	Eiðsgrandi	5			
	Bústaðavegur	21			
	Miklabraut		71	12	60
	Vesturlandsvegur				56
	Greiðsla skulda í Reykjavík	134	139	183	184
	Fífuhvammsvegur	31	24		
	Vífilsstaðavegur			45	
	Samtals	413	373	385	475

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
18	Um Markarfljót	5			
60	Vestfjarðavegur				
10	Gilsfjörður	10	24	98	241
75	Sauðárkróksbraut				
06	Um Vesturós	11	69		
1	Austurlandsvegur				
21	Breiðdalsá	84	10		
	Óráðstafað			5	12
	Samtals	110	103	103	253

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
	Vestfjarðagöng	554	618	597	167
	Austurlandsgöng	5	5	8	10
	Samtals	559	623	605	177
	Stórverkefni samtals	669	726	708	430

1.5. Framkvæmdaátak í atvinnumálum.

Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót	51	74		
36	Þingvallavegur				
01–04	Álftavatn–Þingvellir	44		15	
37	Laugarvatnsvegur				
03–04	Laugardalshólar–Biskupstungnabraut	35	3	23	
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur			5	
1	Vesturlandsvegur				
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur	30			
45	Garðskagavegur				
00	Reykjanesbraut–Víknavegur	43	21	16	
417	Bláfjallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll		21		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Vesturlandsvegur				
13	Um Hellistungur	60	31		
57	Snæfellsnesvegur				
08	Um Hraunsfjörð	63	45		
12	Um Búlandshöfða		10	43	
60	Vestfjarðavegur				
03	Um Suðurá	16			
63	Bíldudalsvegur				
03	Hálfdan	180	51		
68	Hólmavíkurvegur				
01	Fjarðarhorn–Borðeyri		51	52	
1	Norðurlandsvegur				
14	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	79	52	10	
21	Heiðarsporður–Reitsgil	10			
76	Siglufjarðarvegur				
09–10	Utan Lambanesreykja			15	
1	Norðurlandsvegur				
01–02	Grjótá–Engimýri	66	24		
20	Helluvað–Skútustaðir		46	43	
82	Ólafsfjarðarvegur				
05	Norðan Dalvíkur	62	16		
1	Austurlandsvegur				
10	Um Jökulsá á Dal	30	31		
21-22	Ós–Krossá	16			
23-24	Krossá–Búðaá	52	21		
41-42	Uppsalir–Reynivellir	40	36		
44	Fjallsá		25	62	
46	Kvíá–Hnappavellir	40			
46	Hnappavellir–Irpugilslækur	35	10		
	Samtals	952	568	284	

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
03	Rauðavatn–Vesturlandsvegur		43	37	
1	Vesturlandsvegur				
12	Höfðabakki–Suðurlandsvegur	64			
413	Breiðholtsbraut				
01	Suðurlandsvegur–Jaðarsel	60	31		
	Geirsgata	66			
	Miklabraut	68	111	56	
	Fífuhvammsvegur	52			
	Samtals	310	185	93	

Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
08	Um Kúðafljót	170	31		
61	Djúpvegur				
25	Óshlíð	59	31		
1	Norðurlandsvegur				
23–27	Kísiliðja–Biskupsháls	24	44	86	
1	Austurlandsvegur				
10	Jökulsá á Dal	35	67		
	Samtals	288	173	86	
	Framkvæmdaátak samtals	1550	926	463	

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur				
02	Hrafntóftir–Ásvegur				25
26	Landvegur				
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut nyrðri	7	14		10
202	Prestbakkavegur				
01	Breiðabólsstaður–Prestbakki	1			
203	Geirlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Stjórn	2			
204	Meðallandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Fossar			11	
208	Búlandsvegur				
01	Suðurlandsvegur–Búland				5
210	Ljótarstaðavegur				
01	Búlandsvegur–Snæbýli			2	
215	Reynishverfisvegur				
01	Suðurlandsvegur–Norðurfoss		4		
239	Eldfellsvegur				
01	Um Eldfell	9	4	7	
248	Markarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Stóramörk			2	
250	Dímonarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Fljótshlíðarvegur			7	
253	Gunnarshólmavegur				
01	Voðmúlastaðir–Gunnarshólmi	8		2	3
255	Akureyjarvegur				
01	Strandarhjáleiga–Njálsbúð	8		2	3
261	Fljótshlíðarvegur				
02	Kirkjulækur–Hlíðarendi	12			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
262	Vallarvegur				
01	Um Efrahvol		2		
264	Rangárvallavegur				
01	Suðurlandsvegur–Keldur			2	
273	Bugavegur				
01	Suðurlandsvegur–Vetleifsholt		4		
275	Ásvegur				
02	Um Háfshverfi		6		
282	Ásmundarstaðavegur				
01	Suðurlandsvegur–Ásmundarstaðir				4
286	Hagabraut				
02	Um Saurbæ			7	
32	Þjórsárdalsvegur				
01	Skeiðavegur–Stóranúpsvegur		4		10
33	Gaulverjabæjarvegur				
01	Suðurlandsvegur–Hamarsvegur		7	11	
35	Biskupstungnabraut				
06	Reykjavegur–Einholtsvegur		14		
07	Einholtsvegur–Laugarvatnsvegur			6	12
304	Oddgeirshólavegur				
01	Suðurlandsvegur–Oddgeirshólar	5			5
305	Villingaholtsvegur				
03	Krókur–Lækjarbakki	13	3	9	
310	Votmúlavegur				
01	Eyrarbakkavegur–Gaulverjabæjarvegur	1			
316	Kaldaðarnesvegur				
01	Eyrarbakkavegur–Hreiðurborg				2
321	Skeiðháholtsvegur				
01	Skeiðavegur–Skeiðavegur		7		
326	Hælsvegur				
01	Ýmsir staðir			2	
329	Mástunguvegur				
01	Skáldabúðir–Laxárdalur	2			
345	Kaldbaksvegur				
01	Um Hruna	5			
356	Tjarnarvegur				
01	Um Vatnsleysu		2		
374	Hvammavegur				
01	Suðurlandsvegur–Suðurlandsvegur				4
48	Kjósarskarðsvegur				
01	Um Laxá		5		
425	Nesvegur				
01	Hafnir–Saltverksmiðja	21	16	4	
431	Hafravatnsvegur				
01	Sólvellir–Hafravatn			18	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
461	Meðalfellsvegur				
01	Um Meðalfellsvatn				15
50	Borgarfjarðarbraut				
03–04	Bæjarsveitarvegur–Kleppjárnsreykir			16	36
53	Hvítárvallavegur				
01–02	Tunguá–Hvanneyri			10	
503	Akrafjallsvegur				
01	Ytrihólmur–Akranes				10
504	Leirársveitarvegur				
01	Að Heiðarskóla	20			
505	Melasveitarvegur				
01	Snjóastaðir				5
515	Flókadalsvegur				
01	Snjóastaðir			8	
518	Hálsasveitarvegur				
04	Snjóastaðir		7		
540	Hraunhreppsvegur				
01	Snjóastaðir				5
567	Kolviðarnesvegur				
01	Að Laugagerðisskóla	9			
574	Útnesvegur				
01	Um Klifhraun		29	10	
582	Hálsbæjavegur				
01	Snjóastaðir			4	
586	Haukadalsvegur				
01	Um Haukadalsvatn	10			
590	Klofningsvegur				
07	Fagridalur–Hjallar	10	12		
607	Reykhólasveitarvegur				
01	Vestfjarðavegur–Reykhólar			10	
612	Örlygshafnarvegur				
01	Um Skápadal	11			10
614	Kollsvíkurvegur				
01	Örlygshafnarvegur–Tunga	4			
624	Ingjaldssandsvegur				
01	Vestfjarðavegur–Núpur	4			
633	Vatnsfjarðarvegur				
01	Djúpvegur–Reykjanes	12			
635	Snæfjallastrandarvegur				
01	Djúpvegur–Nauteyri				15
643	Strandavegur				
06	Kolbeinsvík–Byrgisvík		10		
645	Drangsnesvegur				
01	Strandavegur–Drangsnes		10	21	10
03	Drangsnes–Bær		9		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
711	Vatnsnesvegur				
01	Hvammstangi–Skarð	12			
722	Vatnsdalsvegur				39
733	Blöndudalsvegur	2	9		
734	Svartárdalsvegur		14		
745	Skagavegur				
04–05	Hafnaá–Keta	2	9		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Héraðsdalsvegur–Austurdalsvegur			34	
767	Hólavegur	18	2		
83	Grenivíkurvegur				
03	Gljúfurá–Grenivík	4			
807	Skíðadalsvegur				
01	Sakka–Hofsá				17
811	Hjalteyrarvegur				
02	Bakkavegur–Hjalteyri	5			
829	Eyjafjarðarbraut eystri				
02	Litlihamar–Rútsstaðir				18
833	Illugastaðavegur				
01	Norðurlandsvegur–Skógar	27	21	16	
836	Vaglaskógarvegur				
01	Hróastaðir–Mörk	6			
848	Mývatnsvegur				
01	Norðurlandsvegur–Vagnbrekka		21	27	
01	Neslandavík–Kísilvegur				16
85	Norðausturvegur				
10	Hlíðarvegur–Deildarlækur		19	5	6
94	Borgarfjarðarvegur				
06–07	Selfljót–Vatnsskarð			17	10
08	Skriður–Framnes	17	1		
919	Sunnudalsvegur				
01	Hlíðarvegur–Refstaður		12		
931	Upphéraðsvegur				
04	Brekkugerði–Hengifossá	1			21
08	Hafursá–Freyshólar	8			
941	Flugvallarvegur Egilsstöðum	3			
951	Vestdalseyrarvegur				
02	Seyðisfjörður–Vestdalseyri	4			
953	Mjóafjarðarvegur			10	
	Óráðstafað			15	17
	Samtals	283	277	295	343

2.4. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri.

	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.	1996 m.kr.
Djúpá í Fljótshverfi (1)	25			
Fnjóská (836)	27			
Kráká (1)	9			
Fjallsá (1)	38			
Laxá (848)	33	12		
Botnsá (1)		22		
Laxá (48)		19		
Hraunsfjörður (57)		24		
Seyðisá (F37)		17		
Fuglabjargaá (85)		9		
Bessastaðaá (931)		16		
Laxá í Nesjum (1)		20		
Skillandsá (37)			19	
Yfirfall við Hrauneyjarfossvirkjun			8	
Laxá á Breið (574)			17	
Selfljót (94)			57	
Eyvindará (93)			31	51
Húsá í Mýrdal (1)				14
Jökulfall á Kerlingarfjallavegi				10
Þverá í Brekkudal (60)				10
Húseyjarkvísl (1)				31
Djúpá hjá Krossi (1)				16
Óráðstafað			7	7
Samtals	132	139	139	139

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli nálægt Tungnaá hjá Haldi að Sigölduvirkjun.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Tungufljótsbrúar að Fjallabaksleið nyrðri.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að flugstöð.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun og Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Dalsseli fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Dalsseli um Borgareyrar á Landveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Rafholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Suðurlandsveg á Lónsheiði.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.

36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Suðurlandsveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóranúpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur að Leifsstöð.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, yfir Víknaveg, um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík, um Njarðvík og Keflavík, yfir Garðskagaveg nálægt hesthúsum, um Miðnesheiði til Sandgerðis.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af hringveginum, vegamótum Suður- og Vesturlandsvegar, við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að Eiðistorgi.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.

412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs á Reykjanesbraut í Mjódd.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Moldahrauni, um Engidal, út á Álftanes, um Landakot og Sviðholt og aftur á Álftanesveg gegnt vegamótum Bessastaðavegar.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Suðurlandsvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells og á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut við Trésmiðjuna Ramma.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík um Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.

502 Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Akrafjallsvegur: Af Grundartangavegi hjá Klafastöðum um Innrahólm að Akranesi.
504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Hvammi.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka III.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandi.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.

536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsvegi hjá Hörðubóli að vegamótum að Vífilsdal.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Spágilsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthváls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.

63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, að vegamótum Kollsvíkurvegar innst í Örlygshöfn, nærri Geitagili.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur að Hænuvík.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði að Feigsdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal að Sveinseyri.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Ástúni á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.

72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóraósi að Hvammstanga.

74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.

75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.

76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.

77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.

702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.

703 Hálsabæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.

704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.

705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.

711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.

712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.

714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.

715 Víðidalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, austan Víðidalsár, á Norðurlandsveg vestan Lækjamóta.

716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.

717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.

721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.

722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.

724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.

726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Snæringsstöðum.

728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.

731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.

732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.

733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.

734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.

741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vindheimavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá á Laufskálaheiði, að vegamótum við Hólaveg hjá fiskeldisstöð.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða að Sigríðarstöðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Akurbakka.

85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss meðfram flugvelli að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Áslaksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg að Brávöllum.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi á Akureyri, um Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.

835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Illugastaðavegi hjá Skógum, yfir Fnjóská, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
863 Kröfluvegur: Af Norðurlandsvegi austan Námaskarðs um Hlíðardal að Kröfluvirkjun.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.

85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Dölum.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.

951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
984 Hoffellsvegur: Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að vegamótum við Miðfell.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Hlíðarbergi.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokka.

3.2.1. Stofnbrautir.

1 Suðurlandsvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri - Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur - Skálholtsvegur og
Laugarvatnsvegur - Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut - Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut - Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut - Sandgerði.
46 Víknavegur.
49 Nesbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
415 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur:
Grindavíkurvegur - Þórkötlustaðir.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur - Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur - Vesturlandsvegur.
51 Akranesvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur - Borgarfjarðarbraut.

53 Hvítárvallavegur:
Vesturlandsvegur - Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur - Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur - Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur - Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur - Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur - Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur - Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.
1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

3.2.2. Þjóðbrautir.
Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. Aðalfjallvegir.

F22 Fjallabaksleið nyrðri: Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið: Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur: Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur: Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið: Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið: Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið: Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

3.4. Ferjuleiðir.

1. **Þorlákshöfn–Vestmannaeyjar.**
   Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Reykjavík–Akranes.**
   Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
3. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
   Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir í reglulegum áætlunarferðum farþegar og bílar með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. **Stykkishólmur–Skáleyjar–Reykhólar.**
   Til Skáleyja er flutt frakt frá Stykkishólmi og Reykhólum eftir því sem þörf er á og eru farþegar einnig í þeim ferðum.
5. **Ísafjörður–Bæir–Æðey–Vigur.**
   Til Bæja á Snæfjallaströnd, Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
6. **Árskógsströnd–Hrísey.**
   Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

7. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
   Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
8. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
   Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

1281. Þingsályktun [566. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 933.

1282. Frumvarp til laga [554. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hættir eru eigin atvinnurekstri og eru atvinnulausir og í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn, enda fullnægi þeir skilyrðum reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veitir stéttarfélögum aðild að sjóðnum eftir umsókn þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

2. gr.

2., 3. og 4. gr. laganna falla niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Tekjur af tryggingagjaldi samkvæmt lögum um tryggingagjald.
b. Framlag ríkissjóðs skv. 15. gr.
c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á III. kafla laganna:

1. Heiti III. kafla verður: **Um tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.**
2. 9., 11., 12. og 13. gr. falla niður.
3. 10. gr. orðast svo:

   Til Atvinnuleysistryggingasjóðs rennur hlutfall af tekjum af tryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.
4. 15. gr. orðast svo:

   Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi skv. 10. gr.

   Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist mánaðarlega en fullnaðarskil skulu gerð þegar tekjur af tryggingagjaldi skv. 10. gr. liggja fyrir.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Dvelja hér á landi.
3. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu. Til að finna dagvinnustundir sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi var hætt. Til að finna dagvinnustundir sjómanna skal margfalda fjölda skráningardaga með 8. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið í tryggingaskyldri vinnu a.m.k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma eftir að hann varð 16 ára.
4. Sanna með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun að hann hafi í upphafi bótatímabils verið atvinnulaus þrjá eða fleiri heila vinnudaga, að jafnaði samfellt.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

7. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 8 vikur ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir þegar bótaþegi sækir námskeið verkalýðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að 8 vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans samkvæmt framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en 8 vikur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans. Styrkur þessi má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

8. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar skal gera á 21. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo:

4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu að hann hafi stundað vinnu í samfellt 6 vikur eftir að hann missti bótaréttinn.

b. 6. tölul. orðast svo:

6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili eða af öðrum ástæðum metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda. Um missi bótaréttar samkvæmt þessum tölulið gilda ákvæði 4. tölul.

10. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga sem hann er atvinnulaus frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 5. mgr. 24. gr., enda hafi tekjur hans síðustu 6 mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði.

Nú voru tekjur viðkomandi síðustu 6 mánuði fyrir skráningu hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Nánari reglur um útreikning biðtíma skal ráðherra setja með reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar.

Nú fær bótaþegi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda, þó aldrei meira en miðað við 8 klst. fyrir hvern sólarhring. Þessi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt bótaþegans til atvinnuleysisbóta.

Gefa skal atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hinn atvinnulausi ekki slíkum tilboðum fellur hann af bótum að loknu hverju bótatímabili í 16 vikur. Þátttaka í námskeiðum eða átaksverkefnum í skemmri tíma en 8 vikur skerðir biðtímann að loknu hverju bótatímabili hlutfallslega.

11. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.

12. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður með hvaða hætti skuli úthlutað til bótaþega sem ekki eru í stéttarfélagi og sjálfstætt starfandi.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð sem ráðuneytið lætur gera.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eftir því sem við á.

14. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t.d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

15. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir fatlaða. Ekki mega slík lán þó nema meira en 40% stofnkostnaðar. Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjungi rekstrarhalla slíkra stöðva, enda mæli stjórnarnefnd um málefni fatlaðra með því að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til eftirtalinna verkefna:

1. endurþjálfunar starfsmannahópa sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta,
2. að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni,
3. þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar skulu gerðar á VIII. kafla laganna:

a. 39. gr. orðast svo:

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Í lok 40. gr. kemur tilvísun í lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota í stað laga nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

c. 41. gr. orðast svo:

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði, en ítrekað brot í 1–2 ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins sem úrskurðar endanlega um málið. Úthlutunarnefnd skal tilkynna sjóðstjórn um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein.

Nú hefur bótaþegi aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi, sbr. 1. mgr., og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 2. mgr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna skulu þó ekki taka gildi fyrr en 1. október 1993. Þegar lögin hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella þau ásamt öðrum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar inn í meginmál laganna og gefa þau út að nýju svo breytt.

1283. Lög [587. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1148.

1284. Þingsályktun [139. mál]

um íbúðaverð á landsbyggðinni.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 160.

1285. Þingsályktun [158. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er.

1286. Lög [306. mál]

um Menningarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1228.

1287. Frumvarp til laga [515. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði X. kafla laga þessara skal félagsmálaráðherra á árunum 1993 og 1994 beita sér fyrir sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga. Það skal gert í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög. Í stað ákvæða um aðdraganda, undirbúning og framkvæmd sameiningar í X. kafla laganna skal við þá sameiningu byggt á eftirfarandi:

1. Landshlutasamtök skulu fyrir 15. júní 1993 kjósa fimm til níu manna umdæmanefndir á starfssvæðum allra landshlutasamtaka sveitarfélaga.

   Hlutverk umdæmanefnda er að gera tillögur að nýrri skiptingu hvers landshluta í sveitarfélög í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Jafnframt er hlutverk þeirra að hafa yfirumsjón með kynningu á sameiningartillögum og að sjá um almenna atkvæðagreiðslu um þær.

Tillögur umdæmanefnda skulu vera tilbúnar fyrir 15. september 1993. Tveimur umræðum í sveitarstjórnum um tillögur umdæmanefnda skal lokið án atkvæðagreiðslu sveitarstjórna innan sex vikna frá því að tillögur eru lagðar fram. Almennri atkvæðagreiðslu um tillögurnar skal lokið innan tíu vikna frá sama tíma.

Umboð umdæmanefnda fellur niður þegar þær hafa lokið störfum og í síðasta lagi 31. mars 1994.

2. Umdæmanefndir ákveða hver fyrir sig í samráði við landshlutasamtök og sveitarfélög á svæðinu hvenær almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um sameiningartillögu. Atkvæðagreiðsla skal fara fram samtímis á starfssvæði hverra landshlutasamtaka. Atkvæðisbærir við þessa atkvæðagreiðslu eru þeir sem eru skráðir með lögheimili í hverju sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 1. september 1993 og eiga kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar skv. 19. gr. Að öðru leyti fer um atkvæðagreiðsluna eftir ákvæðum III. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

   Hljóti tillaga umdæmanefndar meiri hluta greiddra atkvæða í öllum þeim sveitarfélögum sem málið varðar skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur nauðsynleg atriði. Tilkynning um ákvarðanir þessar skal send félagsmálaráðuneytinu sem ákveður hvenær sameining fer fram og auglýsir hana í Stjórnartíðindum.

   Hljóti tillaga umdæmanefndar ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna enda hamli ekki landfræðilegar aðstæður.

3. Verði ekki af sameiningu á grundvelli atkvæðagreiðslu skv. 2. tölul. að framan er umdæmanefnd heimilt að leggja fram nýja tillögu. Skal það gert fyrir 15. janúar 1994. Sömu reglur og tímamörk gilda um seinni tillögu og þá fyrri að því undanskildu að kjörskrá skal þá miðuð við íbúaskrá þjóðskrár 1. janúar 1994. Jafnframt gilda sömu ákvæði um ákvarðanir í framhaldi af almennri atkvæðagreiðslu og gilda um fyrri tillögu.
4. Fyrir 1. júní 1993 skal félagsmálaráðherra skipa sérstaka samráðsnefnd um sameiningarmál sveitarfélaga. Starfstími nefndarinnar er til ársloka 1994. Samráðsnefndin skal skipuð fulltrúum tilnefndum af þingflokkum á Alþingi, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti. Nefndin skal m.a. vera umdæmanefndum til ráðuneytis.
5. Kostnaður við störf umdæmanefnda og samráðsnefndar skal greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en kostnaður við atkvæðagreiðslur skal greiddur af viðkomandi sveitarfélögum.
6. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1288. Frumvarp til laga [80. mál]

um mat á umhverfisáhrifum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.

Leyfisveitandi: Lögbært yfirvald sem veitir endanlegt leyfi til framkvæmda.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Skipulagsstjóri ríkisins annast framkvæmd laganna.

4. gr.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Lög þessi hagga ekki strangari ákvæðum annarra laga um mat á umhverfisáhrifum.

Beita skal ákvæðum skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, við framkvæmd þessara laga eins og þau geta átt við.

5. gr.

Eftirtaldar framkvæmdir eru háðar umhverfismati:

1. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km^2 lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkja og/eða breytinga á árfarvegi.
2. Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira.
3. Lagning háspennulína með 33 KV spennu eða hærri.
4. Efnistökustaðir (malarnám) á landi 50.000 m^2 eða stærri að flatarmáli eða þar sem fyrirhuguð efnistaka er meiri en 150.000 m^3.
5. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða.
6. Förgunarstöðvar fyrir eitraðan og hættulegan úrgang og almennar sorpeyðingarstöðvar þar sem skipuleg förgun eða urðun á sorpi og úrgangi fer fram.
7. Verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbræðsla á steypujárni, stáli og áli.

8. Efnaverksmiðjur.
9. Lagning nýrra vega, járnbrauta og flugvalla.
10. Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

Enn fremur eru háðar mati á umhverfisáhrifum þær framkvæmdir sem taldar eru upp í fylgiskjali með lögum þessum en ekki eru tilgreindar í 1. mgr.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að aðrar framkvæmdir skuli háðar slíku mati í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

6. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

7. gr.

Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun og hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni og aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar.

Skipulagsstjóri birtir innan tveggja vikna tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum skv. 1. mgr. með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

8. gr.

Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
b. ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum.

Þegar ákvörðun skipulagsstjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta hana opinberlega.

9. gr.

Framkvæmdaraðili sér um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og ber kostnað af því.

Skipulagsstjóri ríkisins setur almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins að teknu tilliti til sérákvæða í lögum og alþjóðlegra skuldbindinga.

10. gr.

Í mati á umhverfisáhrifum skal tilgreina á viðeigandi hátt áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunna að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu.

Innan tveggja vikna frá því að skipulagsstjóri hefur tekið á móti niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum skal hann birta þær með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá auglýsingu.

11. gr.

Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt niðurstöður mats á umhverfisáhrifum skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Í úrskurði felst að:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
b. krafa er gerð um frekari könnun einstakra þátta eða
c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd.

Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta úrskurðinn eða útdrátt úr honum opinberlega.

Almenningur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði skipulagsstjóra, svo og niðurstöðum matsins.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis skipulagsstjóra ríkisins af málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Í leyfi til framkvæmda ber leyfisveitanda að taka fullt tillit til niðurstaðna mats á umhverfisáhrifum og úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

14. gr.

Úrskurð skipulagsstjóra skv. 8. og 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur fyrir viðkomandi aðila.

Áður en umhverfisráðherra kveður upp úrskurð sinn skal hann leita umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

15. gr.

Umhverfisráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lög þessi skulu endurskoðuð jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, og byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, ásamt síðari breytingum.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.

Fylgiskjal.

Skrá yfir þær framkvæmdir sem ætíð eru háðar umhverfismati, sbr. I. viðauka við tilskipun 85/337/EBE.

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. Varmaorkuver og önnur brennsluver með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst og kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kílóvatts heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).
3. Mannvirki eingöngu ætluð til langtímageymslu eða endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi.
4. Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.
5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og afurðum sem innihalda asbest: fyrir afurðir úr asbestsementi með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum og fyrir aðra notkun asbests ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu.
7. Lagning vega, hraðbrauta[1] og langra járnbrauta, svo og flugvalla[2] með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
8. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
9. Förgunarstöðvar þar sem eitraður og hættulegur úrgangur er brenndur, hlýtur efnameðhöndlun eða er urðaður.

[1] Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“: hraðbraut samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

[2] Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“: flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samþykktinni frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

1289. Breytingartillögur [554. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (ISG, FI, IP, MF).

1. Við 9. gr. Á eftir 1. málsl. efnismálsgreinar b-liðar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „16 vikur“ í 2. málsl. 5. efnismgr. komi: 8 vikur.
3. Við 11. gr. Orðin „svo og örorkustyrkur“ falli brott.

1290. Þingsályktun [597. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1273.

1291. Lög [212. mál]

um hönnunarvernd.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1279.

1292. Lög [553. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 918.

1293. Lög [554. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1282.

1294. Þingsályktun [594. mál]

um rannsóknir á botndýrum við Ísland.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1189.

1295. Lög [546. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 906.

1296. Lög [515. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1287.

1297. Þingsályktun [516. mál]

um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 873.

1298. Lög [80. mál]

um mat á umhverfisáhrifum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1288.